Aðrar tekjur. Á heildina litið má ætla að aðrar tekjur ríkissjóðs verði um 1,2 milljörðum króna umfram áætlun og munar þar mest um auknar vaxtatekjur og neyslu- og leyfisgjöld. Áætlun fjárlaga um hagnað af sölu eigna, þar á meðal á hlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, hefur ekki verið breytt þar sem ekki hefur verið gengið frá endanlegu sölufyrirkomulagi þegar þetta er ritað. Hins vegar er skráð sölugengi hlutabréfa í FBA um þessar mundir verulega umfram forsendur fjárlaga og því ljóst að sala á því gengi skilar mun meiri tekjum en áætlun fjárlaga gerir ráð fyrir.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2000

Áætlun frumvarpsins um tekjur ríkissjóðs árið 2000 gerir ráð fyrir að þær skiptist eins og sýnt er í meðfylgjandi yfirliti.

Horfur fyrir árið í heild. Töluverðra breytinga er að vænta í efnahagsmálum á næsta ári. Eftir mikinn hagvöxt undanfarin ár er nú spáð 2,7% hagvexti á árinu 2000. Aukning þjóðarútgjalda verður um 2½% samanborið við 4,3% aukningu á þessu ári og tæplega 12% aukningu í fyrra. Einkaneysla, samneysla og fjárfesting aukast einnig á bilinu 2-2½% samkvæmt spánni. Almennur vöruinnflutningur dregst saman um 1,2% samanborið við lítilsháttar aukningu árið 1999 og 18% aukningu á síðasta ári. Í forsendum fyrir fjárlög ársins 1999 var miðað við að verðbólgan yrði 2½% að meðaltali og að hækkunin innan ársins yrði 3%. Ýmislegt hefur orðið þess valdandi að verðbólgan á árinu verður heldur meiri. Nú er gert ráð fyrir að verulega dragi úr verðhækkunum á næsta ári og að neysluverðsvísitalan hækki um nálægt 2½% frá upphafi til loka ársins, samanborið við um 4½% hækkun á árinu 1999. Meðalhækkunin milli ára yrði þó meiri vegna mikilla hækkana á síðari hluta ársins, eða á bilinu 3½-4%.

Miðað við þessar þjóðhagsforsendur er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs verði um 205 milljarðar króna á árinu 2000, eða um 10,5 milljörðum króna hærri en áætlað er fyrir árið í ár. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Gert er ráð fyrir að álagðir skattar á tekjur og hagnað einstaklinga og fyrirtækja geti numið rúmlega 51 milljarði króna á árinu 2000, samanborið við um 47 milljarða króna árið 1999.

Skattar á tekjur og hagnað 1998-2000

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Áætlun 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.
Einstaklingar	35.589	35.420	39.046	41.656
Tekjuskattur einstaklinga	31.687	32.810	34.874	37.340
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	615	770	922	960
Fjármagnstekjuskattur	2.752	1.300	2.700	2.800
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	535	540	550	556
Fyrirtæki	7.155	7.413	8.342	9.550
Samtals	**42.744**	**42.833**	**47.388**	**51.206**

Einstaklingar. Undanfarin ár hefur hlutfall tekjuskatts einstaklinga farið lækkandi í samræmi við þá ákvörðun Alþingis að lækka skatthlutfallið um 4%. Síðasti áfangi lækkunarinnar kom til framkvæmda við síðustu áramót. Þannig hefur skatthlutfallið lækkað úr 30,4% árið 1996 í 26,4% árið 1999. Að meðtöldu útsvari sveitarfélaga hafa tekjuskattar einstaklinga lækkað úr 42% árið 1996 í rúmlega 38%. Þessu til viðbótar er nú heimilt að

undanþiggja frá skatti allt að 2% viðbótarframlag einstaklinga í lífeyrissjóð, umfram þau 4% sem þegar eru undanþegin tekjuskatti. Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar verður reglum um millifærslu á persónuafslætti breytt í áföngum þannig að ónýttur persónuafsláttur maka nýtist að fullu. Á næsta ári kemur fyrsti áfangi þessarar breytingar til framkvæmdar og verður þá hægt að nýta 85% af persónuafslætti maka í stað 80% eins og nú er. Áætlað er að fyrsti áfangi breytingarinnar kosti ríkissjóð um 100 m.kr. Gert er ráð fyrir að í heild muni álagðir skattar á tekjur og hagnað einstaklinga hækka um tæpa 4 milljarða króna milli ára og nema rúmlega 41 milljarði króna á árinu 2000. Áætlun um tekjuskatta einstaklinga tekur mið af áætluðum launahækkunum milli ára, samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar, og þeim breytingum á tekjuskatti einstaklinga sem hér hafa verið nefndar. Talið er að laun hækki um 4-5% að meðaltali á milli áranna 1999 og 2000. Reiknað er með að tekjuskattar einstaklinga verði tæplega 38 milljarðar króna árið 2000 samanborið við tæplega 36 milljarða króna árið 1999. Hér er tekið tillit til áætlaðra breytinga á álögðum hátekjuskatti á næsta ári sem reiknað er með að hækki í hátt við almennar tekjubreytingar. Gert er ráð fyrir að tekjur af fjármagnstekjuskatti verði um 2,8 milljarðar króna árið 2000 sem er heldur meira en á þessu ári. Rétt er að undirstrika ákveðna óvissu varðandi fjármagnstekjuskattinn þar sem erfitt hefur reynst að spá fyrir um þróun fjármagnsliða. Þannig hafa tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti verið töluvert hærri á þessu ári en reiknað var með í tekjuáætlun fjárlaga. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra breytist lítið milli ára og er talið nema 556 m.kr. á árinu 2000.

Fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að tekjuskattar lögaðila verði um 9½ milljarður króna sem er rúmum milljarði hærra en í áætlun fyrir árið 1999. Hér gætir áhrifa góðrar afkomu í atvinnulífinu á þessu ári, en almennt hækkar tekjuskattur fyrirtækja í takt við þróun landsframleiðslu. Greiðslur álversins vegna svokallaðs umframframleiðslugjalds munu væntanlega lækka á næsta ári þar sem verðþróun á álmarkaði hefur verið fremur óhagstæð að undanförnu. Þetta gjald er í raun tekjuskattur og í fullu samræmi við tekjuskatt annarra fyrirtækja nema hvað gert er ráð fyrir ákveðnu lágmarki á hverju ári. Rétt er að ítreka að álagningu á lögaðila á yfirstandandi ári er ekki lokið og því kann þessi áætlun að breytast.

Tryggingagjöld og launaskattar. Heildartekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum og launasköttum verða rúmir 18,2 milljarðar króna árið 2000 sem er um 1 milljarði meira en áætlun fyrir yfirstandandi ár hljóðar upp á. Tekjur af almennu tryggingagjaldi, sem fer til að mæta fjárþörf almannatrygginga, hækka um 500 m.kr. í samræmi við fyrirliggjandi spá um launahækkanir. Atvinnutryggingagjald, sem rennur í Atvinnuleysistryggingasjóð, hækkar um 180 m.kr. miðað við áætlun fyrir 1999. Þjóðhagsstofnun reiknar með svipuðu atvinnuleysi á næsta ári og á yfirstandandi ári, eða um 2%. Loks er reiknað með að tekjur af ábyrgðargjaldi launa hækki í samræmi við launahækkanir.

Eignarskattar. Álagðir eignarskattar á árinu 2000 verða um 8,8 milljarðar króna sem er rúmlega 300 m.kr. hækkun frá árinu 1999. Eignarskattar einstaklinga hækka óverulega milli ára og verða rétt um 2 milljarðar króna, en eignarskattar fyrirtækja hækka um 300 m.kr. þannig að álagning þeirra gæti numið um 2,6 milljörðum króna. Erfðafjárskattur er talinn skila sömu upphæð og á yfirstandandi ári sem og tekjur af stimpilgjaldi sem verða um 2,8 milljarðar. Loks er þess vænst að tekjur af ýmsum sértækum eignarsköttum skili um 900 m.kr. í tekjur á næsta ári.

Eignarskattar 1998 - 2000

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Áætlun 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.
Eignarskattur einstaklinga	1.936	2.059	1.973	2.028
Eignarskattar lögaðila	1.863	2.256	2.277	2.590
Erfðafjárskattur	523	480	575	575
Stimpilgjöld	2.644	2.678	2.779	2.779
Sértækir eignarskattar	823	894	847	863
Samtals	**7.788**	**8.367**	**8.451**	**8.835**

Skattar á vörur og þjónustu. Skattar á vörur og þjónustu eru taldir verða um 106 milljarðar króna á árinu 2000, eða um 5 milljörðum hærri en á árinu 1999. Álagning þessara skatta endurspeglar almenn efnahagsumsvif á hverjum tíma, einkum þróun neysluútgjalda heimilanna og almenns vöruinnflutnings.

Skattar á vörur og þjónustu 1998-2000

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Áætlun 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.
Virðisaukaskattur	**59.282**	**61.871**	**62.756**	**66.220**
Vörugjöld	**21.742**	**21.870**	**23.724**	**24.621**
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	2.436	2.297	2.485	2.489
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	494	710	766	777
Vörugjald af ökutækjum	4.970	4.257	5.781	5.645
Vörugjald af bensíni	1.603	1.975	1.928	2.084
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.089	5.483	5.410	5.655
Flutningsjöfnunargjöld	707	688	774	688
Áfengisgjald	5.033	4.769	5.036	5.620
Ýmis vörugjöld	1.411	1.691	1.544	1.663
Hagnaður af einkasölu ÁTVR	2.908	2.908	2.917	3.120
Tollar og aðflutningsgjöld	2.329	2.634	2.965	3.027
Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1.447	1.388	1.517	1.466
Bifreiðaskattar	5.776	5.754	6.365	6.714
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	780	920	950	970
Samtals	**94.263**	**97.345**	**101.194**	**106.138**

Virðisaukaskattur. Virðisaukaskattur skilar um þriðjungi heildartekna ríkissjóðs samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga og er því langstærsti tekjustofn ríkissjóðs. Áætlun um tekjur af virðisaukaskatti tekur mið af spá Þjóðhagsstofnunar um þróun þeirra þátta sem ráða mestu um álagningarstofn virðisaukaskatts. Þar vegur einkaneyslan einna þyngst, en gert er ráð fyrir að hún aukist um 2,5% á næsta ári. Aðrir þættir sem hafa áhrif á virðisaukaskattstekjurnar eru tiltekinn hluti samneyslunnar, fjárfesting í íbúðarhúsnæði, fjárfesting opinberra aðila að stórum hluta, og ýmis rekstrarútgjöld einkaaðila sem undanskilin eru reglum um endurgreiðslu á útlögðum virðisaukaskatti. Miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar má reikna með því að álagningarstofn virðisaukaskatts aukist um 5,5% milli ára. Sé gengið út frá því að ekki verði breyting á innheimtu skattsins frá því sem reiknað er með á þessu ári, má gera ráð fyrir að tekjur af virðisaukaskatti aukist til samræmis við breytingu á reiknuðum stofni. Samkvæmt þessum forsendum er því áætlað að tekjur af virðisaukaskatti á næsta ári verði rúmlega 66 milljarðar króna eða um 3½ milljarði hærri en gert er ráð fyrir á þessu ári.

Almenn vörugjöld. Gert er ráð fyrir að almenn vörugjöld, bæði af innfluttum vörum sem og innlendri framleiðslu, skili rúmlega 3 milljörðum króna til ríkissjóðs á árinu 2000 sem er því sem næst óbreytt frá áætlun yfirstandandi árs. Hér gætir einkum áhrifa af minni innflutningi á næsta ári en reiknað er með að almennur innflutningur dragist saman á næsta ári um rúmlega 1%.

Vörugjald af ökutækjum. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af innflutningi bifreiða verði rúmlega 5,6 milljarðar króna á árinu 2000. Það er tæplega 100 m.kr. lægri upphæð en spáð er fyrir árið 1999 þar sem gert er ráð fyrir að heldur dragi úr innflutningi bifreiða á næsta ári. Í áætlun ársins 2000 er búist við að fluttar verði inn um 19.000 bifreiðar sem er 3% samdráttur frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1999.

Vörugjald af bensíni. Þetta gjald leggst á innflutningsverð á bensíni og hafa tekjur ríkissjóðs af gjaldinu fram að þessu að langmestu leyti verið háðar heimsmarkaðsverði á eldsneyti. Nú er fyrirhugað að breyta þessari gjaldtöku og miða hana við fasta krónutölu fremur en verðmæti innflutnings hverju sinni. Breytingin mun hafa í för með sér minni sveiflur í tekjum ríkissjóðs og jafnframt má búast við að verð á bensíni til neytenda verði ekki eins viðkvæmt fyrir breytingum heimsmarkaðsverðs og nú er. Í tekjuáætlun er miðað við að gjald fyrir hvern lítra verði kr. 10,50 og að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði alls rétt rúmir 2 milljarðar króna. Í þessu felst umtalsverð lækkun frá gildandi heimsmarkaðsverði á bensíni sem nú er miðað við, eða á bilinu 2-2,50 krónur á hvern lítra. Fjárhæð gjaldsins tekur mið af meðalverði því sem nú er miðað við á bensíni á heimsmarkaði síðustu ár. Áhrif breytingarinnar á tekjur ríkissjóðs, miðað við þessar forsendur, eru um 400 m.kr. á ársgrundvelli.

Sérstakt vörugjald af bensíni. Gjaldstofninn er ákveðin krónutala á hvern lítra af seldu bensíni og renna tekjurnar til Vegagerðarinnar. Forsendur um markaða tekjustofna til Vegagerðar (bensíngjald og þungaskatt) eru í samræmi við síðustu vegáætlun sem samþykkt var á Alþingi. Á þessum forsendum eru áætlaðar tekjur af bensíngjaldi um 5,6 milljarðar króna á árinu 2000, eða um 275 m.kr. hækkun frá árinu 1999.

Aðrir sértækir veltuskattar. Undir þennan lið fellur hagnaður af eignasölu, tollar og aðflutningsgjöld og ýmsir sértækir þjónustuskattar. Í heild er gert ráð fyrir að tekjur af öðrum sértækum veltusköttum verði 7,6 milljarðar króna, eða um 450 m.kr. hærri upphæð er gert er ráð fyrir á þessu ári.

Bifreiðaskattar. Bifreiðaskattar eru tvíþættir, bifreiðagjöld og þungaskattur. Samanlagt er áætlað að þessi gjöld skili 6,7 milljörðum króna árið 2000 sem er um 350 m.kr. aukning frá yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að bifreiðagjöld skili 2,7 milljörðum króna í ríkissjóð, eða 200 m.kr. meira en 1999. Þungaskattur er markaður tekjustofn sem rennur til Vegagerðarinnar. Hann er innheimtur af dísilbifreiðum bæði sem fast árgjald og sérstakt gjald á hvern ekinn kílómetra. Talið er að tekjur af þungaskatti geti numið 3,9 milljörðum króna árið 2000 sem er um 170 m.kr. hækkun frá árinu 1999. Tekjur vegna fasts árgjalds gætu orðið um 1,7 milljarður króna, en tekjur af kílómetragjaldi gætu orðið um 2,2 milljarðar. Í undirbúningi er endurskoðun á reglum um þungaskatt, m.a. í framhaldi af áliti samkeppnisráðs um mismun á samkeppnisaðstöðu sem fellst í núverandi reglum um þungaskatt.

Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld. Hér eru á ferðinni fjölmörg neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld. Samanlagt er áætlað að þessi gjöld muni skila tæplega 1 milljarði króna í tekjur á árinu 2000 sem er svipuð upphæð og á árinu 1999.

Aðrir skattar. Tekjur ríkissjóðs af öðrum sköttum en fjallað hefur verið um hér að framan eru áætlaðar tæplega 400 m.kr. fyrir árið 2000. Þetta er svipuð upphæð og árið 1999. Undir þessum tekjulið eru ýmis gjöld á atvinnurekstur, svo sem framleiðslugjald af áli o.fl.

Aðrar rekstrartekjur. Gert er ráð fyrir að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs verði um 15,6 milljarðar króna á árinu 2000, eða rúmlega 100 milljónum króna hærri en á árinu 1999. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur, vaxtatekjur og neyslu- og leyfisgjöld verði að mestu óbreytt milli ára.

Arðgreiðslur og leigutekjur. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur til ríkissjóðs verði tæplega 3 milljarðar króna árið 2000 sem er svipuð upphæð og reiknað er með á þessu ári þar sem búist er við að afkoma þeirra fyrirtækja sem greiða arð í ríkissjóð verði svipuð á næsta ári og á yfirstandandi ári.

Vaxtatekjur. Áætlað er að vaxtatekjur ríkissjóðs verði um 8 milljarðar króna árið 2000. Búist er við að álagðir dráttarvextir muni nema um 4,5 milljörðum króna og vextir af endurlánum ríkissjóðs eru áætlaðir 3,4 milljarðar króna.

Neyslu- og leyfisgjöld. Í heild er áætlað að neyslu- og leyfisgjöld, sem eru flokkuð sem rekstrartekjur, nemi 3,9 milljörðum króna sem er áþekk upphæð og á yfirstandandi ári. Afnotagjöld RÚV verða um 1,6 milljarðar króna sem er svipuð upphæð og 1999. Þá er gert ráð fyrir að tekjur af lendingargjöldum muni skila rúmlega 500 m.kr. á næsta ári. Auk þess falla undir þennan lið dómsmálagjöld og þinglýsingargjöld.

Sektir o.fl. Gert er ráð fyrir að aðrar tekjur undir þessum lið verði um 665 m.kr. á árinu 2000 sem er svipuð fjárhæð og í endurskoðaðri áætlun yfirstandandi árs.

Sala eigna. Reiknað er með að hagnaður af sölu eigna ríkisins verði rétt um 4 milljarðar króna á næsta ári. Að svo stöddu liggur ekki fyrir endanleg áætlun um með hvaða hætti þessara tekna verður aflað, en ljóst er að hátt verðmæti þeirra eigna sem rætt hefur verið um að selja gerir það að verkum að ríkissjóður á ýmissa kosta völ. Rétt er að hafa í huga að hér er einungis um að ræða söluhagnað seldra hlutabréfa, þ.e. söluverðmæti umfram bókfært verð.

Fjárframlög. Áætlað er að fjárframlög frá opinberum aðilum verði tæplega 800 m.kr. árið 2000 sem er um 100 m.kr. hækkun milli ára.

3 Gjöld

Í kaflanum er fjallað um áætluð heildargjöld A-hluta ríkisjóðs árið 2000, skiptingu þeirra hagrænt og eftir málaflokkum. Gerð er grein fyrir meginbreytingum á yfirstandandi ári og helstu nýmælum í frumvarpinu. Loks er fjallað um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og verkefna. Frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi ársins 2000 í samræmi við forsendur þjóðhagsáætlunar. Nánari grein er gerð fyrir verðlagsforsendum í kafla 3.3 hér á eftir. Allar tölur og umfjöllun eru miðaðar við áætlaðan rekstrargrunn, nema annað sé tekið fram.

3.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2000 eru áætluð 190 milljarðar króna og aukast um 2,7 milljarða króna frá endurskoðaðri áætlun um útgjöld árið 1999, en um 7,6 milljarða króna frá fjárlögum 1999. Að frátöldum lífeyrisskuldbindingum hækka gjöldin um 4 milljarða króna, eða um 2,3%, svarar það til 1,5% lækkunar að raungildi frá áætlun. Hagvöxtur er talinn verða 2,4% á næsta ári og lækka útgjöldin í heild um 1,5% sem hlutfall af landsframleiðslu.

Heildargreiðslur úr ríkissjóði árið 2000 eru áætlaðar um 177 milljarðar króna samanborið við 190 milljarða króna útgjöld. Mismunurinn á greiðslum og útgjöldum, eða rúmlega 13 milljarðar króna, skýrist einkum af þrennu. Í fyrsta lagi eru áfallnar lífeyrisskuldbindingar starfsmanna ríkisins áætlaðar 5,8 milljarðar króna umfram það sem greitt er til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu. Í öðru lagi er mismunur innheimtra og áfallinna vaxtagjalda ríkissjóðs um 3,5 milljarðar króna. Loks er áætlað að afskrifaðar skattkröfur nemi 4 milljörðum króna.

Framsetning gjaldahliðar. Í frumvarpinu er útgjöldum til verkefna skipt niður á almennan rekstur, viðhald og stofnkostnað. Til frádráttar kemur sá hluti útgjalda sem fjármagnaður er með sértekjum. Með sértekjum er átt við greiðslur notenda fyrir veitta þjónustu eða vöru sem opinberir aðilar í markaðstengdri starfsemi selja og eru ekki lögákveðnar. Þá eru innbyrðis viðskipti ríkisaðila sýnd sem sértekjur.

Í frumvarpinu er einnig sýnd fjármögnun á útgjöldum til verkefna að frádregnum sértekjum. Sú fjármögnun er ýmist greiðsla úr ríkissjóði, hlutdeild í ríkistekjum eða kemur fram sem breyting á viðskiptareikningi. Með greiðslu úr ríkissjóði er átt við ráðstöfun á almennum skatttekjum ríkissjóðs og mörkuðum tekjustofnum til verkefna. Hlutdeild í ríkistekjum er sá hluti útgjalda sem fjármagnaður er með lögákveðnum tekjum sem eru greiðsla fyrir tiltekna þjónustu eða verkefni ríkisins og koma fram á tekjuhlið frumvarpsins. Mörkin milli sértekna og innheimtra ríkistekna geta verið óljós og ráðast einkum af því hvort

gjaldið tekur mið af þeirri þjónustu sem látin í té gegn greiðslu þess. Viðskiptahreyfingar verða þegar mismunur er á lögbundnum útgjöldum ársins og ákvörðun um greiðslur úr ríkissjóði. Mismunurinn kemur þá ýmist fram sem skuld eða inneign á viðskiptareikningi.

Í séryfirliti 3 á bls. 217 er gerð grein fyrir mörkuðum tekjum á árinu 2000 og ráðstöfun þeirra til verkefna og stofnana. Markaðar tekjur vísa til þess að tilteknir aðilar eða verkefni eiga ákveðinn hluta í viðkomandi tekjustofni og geta myndað kröfu á hendur ríkissjóði. Samkvæmt yfirliti 3 eru markaðar tekjur samtals 35.156 m.kr. Þar af er lagt til að 524 m.kr. verði skertar með ákvæðum í 6. gr. frumvarpsins og 2.378 m.kr. færist sem viðskiptahreyfing og sýnir kröfur á ríkissjóð. Helstu kröfur á ríkissjóð eru vegna sjóðsöfnunar atvinnuleysistrygginga, inneignar markaðra tekna til vegagerðar, framlaga til viðhalds og stofnkostnaðar menningarbygginga og inneignar ofanflóðasjóðs. Síðasttöldu þrír liðirnir eru tilkomnir vegna áforma um frestun framkvæmda árið 2000 til að draga úr þenslu á byggingamarkaði. Í séryfirliti 4, bls. 223, eru sýnd lögbundin framlög, þ.e. framlög úr ríkissjóði sem ákvarðast af öðrum lögum en fjárlögum. Lögbundin framlög nema samtals 5.508 m.kr. á árinu 2000.

Horfur 1999. Heildarútgjöld samkvæmt fjárlögum 1999, sem Alþingi samþykkti 20. desember 1998, námu 182,4 milljörðum króna. Frá þeim tíma hafa komið fram ný útgjaldatilefni vegna launabreytinga og ýmissa ófyrirséðra atvika. Einnig hafa ýmis sparnaðaráform ekki gengið eftir. Þá hafa auknar tekjur ríkissjóðs leitt til þess að markaðir tekjustofnar og lögbundin útgjöld hækka. Á móti vegur minna atvinnuleysi og hærri tekjur heimilanna sem koma fram í minni vaxta- og barnabótum og minni útgreiðslu tekjutryggingar almannatrygginga. Að öllu samanlögðu er áætlað að útgjöld verði 5 milljörðum króna umfram fjárlög og verður sótt um nauðsynlegar viðbótarfjárheimildir í fjáraukalögum fyrir árið 1999. Mestu munar um umframútgjöld í rekstri sjúkrastofnana sem áætlað er að nemi ríflega 2 milljörðum króna á árinu. Útlit er fyrir að stofnanir er heyra undir menntamálaráðuneyti verði 500 m.kr. umfram fjárlög og að úrskurðir kjaranefndar og Kjaradóms og kjarasamningar verði samtals 500 m.kr. Til að mæta launabreytingum eru 400 m.kr. á launa- og verðlagslið fjármálaráðuneytis. Af rekstrar- og neyslutilfærslum er áætlað að sjúkratryggingar fari 700-800 m.kr. fram úr heimildum fjárlaga, einkum lyfja-, læknis- og tannlæknakostnaður. Þá hækka framlög til sókna og kirkjugarða um 135 m.kr. vegna lögbundinna viðmiðana við tekjustofna og útlit er fyrir að útgjöld vegna búvöruframleiðslu verði 100-200 m.kr. umfram fjárlög vegna hækkunar á grundvallarverði. Á móti vega 350 m.kr. minni greiðslur atvinnuleysisbóta en áætlað var og 270 m.kr. minni greiðslur vaxtabóta. Þá er áætlað að vaxtagjöld verði 400-500 m.kr. innan fjárlaga. Stofnkostnaður verður 500 m.kr. hærri en áformað var vegna ákvörðunar ríkistjórnarinnar um átak í vegamálum og ýmsar aðrar framkvæmdir verða um 200 m.kr. umfram forsendur fjárlaga og vega þar þyngst heimildarákvæði skv. 7. gr. fjárlaga. Nánar verður fjallað um útgjaldahorfur ríkissjóðs í greinargerð með frumvarpi til fjáraukalaga 1999 sem lagt verður fram á Alþingi á næstunni.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2000. Ríkisstjórnin ákvað um miðjan júní s.l., að tillögu fjármálaráðherra, útgjaldaramma fyrir hvert ráðuneyti og að tekjuafgangur á rekstrargrunni yrði ekki lægri en 1% af vergri landsframleiðslu, eða sem nemur 6-7 milljörðum króna. Um miðjan ágúst skiluðu ráðuneytin skiptingu á framlögum til einstakra verkefna og stofnana. Að venju voru útgjaldahorfur endurmetnar í ljósi endurskoðunar á þjóðhagsforsendum, breytinga á lögbundnum útgjöldum og endurmats á vöxtum og lífeyrisskuldbindingum. Þá voru einnig teknar ákvarðanir um frestun framkvæmda og um aðrar aðgerðir til að ríkisfjármálin styddu vel við stefnu stjórnvalda í efnahagsmálum. Fjármálaráðherra gerði tillögur um útgjaldahlið frumvarpsins sem ríkisstjórn og stjórnarþingflokkarnir samþykktu undir lok ágúst.

Rekstrargjöld A- hluta ríkissjóðs, þ.e. laun og önnur gjöld að frádregnum sértekjum, eru áætluð 81,8 milljarðar króna. Rekstrargjöldin aukast um 2,4% frá áætlaðri útkomu ársins 1999. Þar af lækka lífeyrisskuldbindingar um 1,3 milljarða króna á milli ára. Að frádregnum lífeyrisskuldbindingum og launa- og verðlagsbreytingum aukast rekstrargjöldin um 0,5% milli ára að raungildi.

Í fjárlagafrumvarpinu er lögð áhersla á aðhald í rekstrargjöldum ríkissjóðs með því að takmarka ný verkefni og styrkja þann rekstur sem fyrir er, ýmist með því að ráðuneyti taki á veikleikum í rekstri eða með viðbótarfjárveitingu þar sem slíkt var talið óhjákvæmilegt. Áhersla verður lögð á að bæta framkvæmd fjárlaga svo rekstur stofnana verði innan fjárheimilda og þörf fyrir viðbótarfjárheimildir í fjáraukalögum fari minnkandi. Samhliða auknum áhrifum stjórnenda á rekstri stofnana er nauðsynlegt að þeir beri ábyrgð til samræmis, líkt og gerist í öðrum atvinnurekstri. Jafnframt verður unnið að úttektum og hagræðingarverkefnum innan einstakra ráðuneyta, sem ætlað er að skila bættri þjónustu á lægra verði en nú er.

Helstu áherslumál í rekstrargjöldum frumvarpsins eru aukin framlög til mennta- og velferðarmála. Í menntamálum eru framlög aukin til að styrkja rekstur háskóla og framhaldsskóla. Þá eru í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar, lögð til fleiri á úrræði fyrir börn og unglinga með geðræn vandamál og áfengis- og vímuefnavanda. Framlög til sambýla fatlaðra í Reykjavík og á Reykjanesi eru aukin í samræmi við stefnumörkun þar um. Þá er veitt fé til að styrkja núverandi rekstur sjúkrastofnana og lögð eru til aukin framlög til að fjölga hjúkrunarrýmum fyrir aldraða.

Sértekjur nema samtals 10,2 milljörðum króna samanborið við 9,4 milljarða króna í fjárlögum 1999. Hækkun umfram verðlagsbreytingar stafar af leiðréttingu á sértekjum ýmissa stofnana að raunverulegu umfangi, þar vegur þyngst hækkun sértekna og rekstrargjalda Háskóla Íslands um tæpar 300 m.kr. Sértekjur sem hlutfall af rekstrargjöldum án lífeyrisskuldbindinga er óbreytt frá fjárlögum, eða um 12%. Til samanburðar eru sértekjur í ríkisreikningi 1998 rúmlega 11,2 milljarðar króna.

Heildarútgjöld ríkissjóðs, hagræn skipting

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Fjárlög 1999	Áætlun 1999	Frumvarp 2000	Breyting milli ára 1999-2000
Rekstrargjöld					
Laun	49 887	51 726	53 814	55 996	2 182
Lífeyrisskuldbindingar	20 811	7 910	7 910	6 600	-1 310
Önnur gjöld	24 783	26 547	27 609	29 422	1 814
Þjónustutekjur	-11 226	-9 439	-9 419	-10 235	- 817
Rekstrargjöld samtals	**84 255**	**76 744**	**79 914**	**81 783**	**1 869**
Neyslu- og rekstrartilfærslur					
Lífeyristryggingar	16 063	17 760	17 690	18 860	1 170
Sjúkratryggingar	8 537	8 760	9 515	9 160	- 355
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5 395	5 601	5 801	5 830	29
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	4 552	4 950	5 000	5 410	410
Barnabætur	4 167	3 950	3 860	3 630	- 230
Vaxtabætur	3 822	4 130	3 860	4 480	620
Atvinnuleysistryggingasjóður	2 438	2 697	2 347	2 385	38
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	3 247	3 191	3 221	3 695	474
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 727	1 810	1 810	2 010	200
Framlag til sókna og kirkjugarða	1 744	1 868	2 003	2 167	164
Ríkisútvarpið	1 568	1 625	1 625	1 625	0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	18 490	15 712	16 231	16 972	742
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**71 749**	**72 054**	**72 963**	**76 224**	**3 262**
Fjármagnskostnaður	**15 964**	**15 000**	**14 520**	**14 000**	**- 520**
Viðhald					
Vegagerðin	3 277	3 664	3 664	3 746	82
Annað	791	650	673	943	271
Viðhald samtals	**4 068**	**4 314**	**4 337**	**4 689**	**353**
Fjárfesting					
Vegagerðin	3 805	4 494	4 994	4 964	- 30
Háskólar og framhaldsskólar	1 811	1 394	1 409	1 378	- 31
Heilbrigðisstofnanir	1 052	1 137	1 262	1 059	- 203
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	675	740	740	650	- 90
Hafnarframkvæmdir	423	678	678	495	- 183
Ofanflóðasjóður	448	500	500	400	- 100
Flugvellir	587	587	612	583	- 29
Annað	4 797	4 734	5 337	3 775	-1 562
Fjárfesting samtals	**13 598**	**14 264**	**15 531**	**13 304**	**-2 228**
Gjöld samtals	**189 634**	**182 376**	**187 265**	**190 000**	**2 735**

Launagjöld. Heildarlaunagjöld A-hluta og stofnana eru áætluð 62,6 milljarðar króna, þar af eru 6,6 milljarðar króna lífeyrisskuldbindingar. Eftir afgreiðslu fjárlaga 1999 hafa Kjaradómur og kjaranefnd fellt úrskurði um launakjör og skipt hefur verið niður fjárveitingu af launa- og verðlagslið frumvarpsins vegna úrskurða sem ekki tókst að meta fyrir

afgreiðslu fjárlaga. Áætlað er að lífeyrisskuldbindingar lækki um 1,3 milljarða króna frá fjárlögum 1999. Almennar launaforsendur fjárlaga byggja á að laun hækki um 3% í byrjun árs 2000. Er það í samræmi við kjarasamninga ríkisins sem gilda til októberloka á næsta ári og eiga við um allflesta ríkisstarfsmenn. Á launa- og verðlagslið frumvarpsins er gert ráð fyrir 460 m.kr. til að mæta ófyrirséðum launakostnaði á árinu 2000.

Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög. Neyslu- og rekstrartilfærslur nema samtals 76,2 milljörðum króna í frumvarpinu og hækka að raungildi um 1,3% á milli ára. Bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur nema 32,8 milljörðum króna, eða sem nemur 43% af heildartilfærslum. Framlög til lífeyristrygginga aukast um 3,5% að raungildi og bætur til félagslegrar aðstoðar um 5%. Atvinnuleysisbætur standa nánast í stað á milli ára.

Framlög vegna búvöruframleiðslu eru áætluð 5,8 milljarðar króna og standa nánast í stað í krónutölu frá áætlun þessa árs, en hækka um 1% að raungildi frá fjárlögum 1999, einkum vegna aukins greiðslumarks í mjólkurframleiðslu. Gert er ráð fyrir að vaxtabætur aukist talsvert frá áætlun þessa árs eða um ríflega 600 m.kr. Skýrist það af flýtingu á greiðslu vaxtabóta til kaupárs fasteignar. Barnabætur lækka um 6% vegna áframhaldandi hækkunar á tekjum heimila.

Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er áætlað 3,7 milljarðar króna samanborið við 3,2 milljarða króna í fjárlögum 1999. Hækkun framlags skýrist af tengingu þess við útsvarsstofn og tekjur ríkissjóðs. Hækka framlögin því langt umfram verðbreytingu á þeim útgjöldum sem sjóðnum er ætlað að standa undir. Svipaða sögu er að segja um framlög til sókna og kirkjugarða sem hækka um 16% frá fjárlögum þar sem þau fylgja breytingum á tekjuskattsstofni á milli ára.

Loks má nefna að framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka um 200 m.kr., eða um 11% frá fyrra ári, sem skýrist að mestu af breytingum á úthlutunarreglum. Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur aukast um ríflega 1 milljarð króna þar af eru 280 m.kr. til aukinnar þjónustu hjúkrunarheimila, 100 m.kr. til þróunarsjóðs EFTA og 60 m.kr. til þróunarmála.

Fjármagnskostnaður. Áfallnir gjaldfærðir vextir og lántökukostnaður af lánum ríkissjóðs eru áætlaðir 14 milljarðar króna árið 2000 og lækka um 1 milljarð króna frá fjárlögum 1999. Í samanburði við ríkisreikning 1998 er lækkunin 2 milljarðar króna. Skýringin á lækkun vaxta felst í bættri afkomu ríkissjóðs og vaxandi lánsfjárafgangi sem gefur tilefni til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Í áætluninni er gengið út frá að vaxtastig verði svipað og á árinu 1999. Greiddir vextir eru áætlaðir 10,6 milljarðar króna og færist mismunur á greiddum og gjaldfærðum vöxtum sem 3,4 milljarða króna viðskiptahreyfing. Mismunur á greiddum og gjaldfærðum vöxtum kemur nær alfarið fram á sparisjóðsreikningum og ríkisverðbréfum þar sem vextir eru greiddir í einu lagi við innlausn.

Viðhaldsverkefni. Áformað er að verja 4,7 milljörðum króna til viðhalds á vegum og byggingum samanborið við 4,4 milljarða króna á yfirstandandi ári. Hækkun á viðhaldi bygginga á milli ára skýrist nær alfarið af breyttri framsetningu á fjárreiðum Fasteigna ríkissjóðs sem veldur 260 m.kr. hækkun. Af viðhaldsfénu er 3,7 milljörðum króna varið til vegagerðar og aukast þau framlög um 2% á milli ára. Til samanburðar er áætlað að byggingarvísitala hækki um 3% á sama tíma.

Stofnkostnaður. Heildarfjárfesting A-hluta er áætluð 13,3 milljarðar króna samanborið við 15,5 milljarða króna samkvæmt áætlun þessa árs. Stofnkostnaður lækkar þannig um 2,2 milljarða króna á milli ára eða um 14%. Lækkun stofnkostnaðar er vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að fresta framkvæmdum til að sporna við þenslu í efnahagslífinu og kemur lækkunin fram á öllum helstu stofnkostnaðarliðum ríkisins. Kæmi ekki til frestunar á stofnkostnaði hefðu framlög aukist á milli ára vegna markaðra tekjustofna og samþykktra vega- og hafnaáætlana. Þá voru uppi áform um að ljúka við stóra áfanga í nokkrum byggingum sem verður frestað um sinn. Þar sem um frestun á framkvæmdum er að ræða myndast 450 m.kr. krafa á markaðar tekjur og sýnt er sem viðskiptahreyfing í séryfirliti 3 yfir markaðar tekjur vegagerðar og 160 m.kr. viðskiptahreyfing vegna Endurbótasjóðs menningarstofnana. Helstu verkefni sem er lagt til að verði frestað eru 550 m.kr. í vegamálum, 350 m.kr. í hafnamálum og 160 m.kr. hjá Endurbótasjóði menningarstofnana. Samgönguráðherra mun á haustþingi leggja til breytingu á vega- og hafnaáætlun til samræmis við framangreind áform. Þá er lögð til nokkur frestun á framkvæmdum við barnaspítala, þjónustuskála Alþingis, styrkja til fráveitna sveitarfélaga og ofanflóðasjóðs, eða 100 m.kr. á hvern framangreindra liða sé miðað við fjárlög 1999. Aðrir liðir eru minni og skiptast á marga liði. Nánar er fjallað um frestun framkvæmda í köflum um hvert ráðuneyti og málaflokka þeirra.

3.2 Rannsóknir og þróunarstarfsemi

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram vilji til að auka veg menntunar og rannsókna sem eru forsenda fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Samstarfshópur ráðuneyta um rannsóknir og þróun hefur undirbúið yfirlit um útgjöld ríkisins vegna rannsókna- og þróunarstarfsemi í samvinnu við Rannsóknarráð Íslands. Í framhaldinu, þegar málið er komið í fastari skorður, er fyrirhugað að fjallað verði um útgjöld til rannsóknarmála í langtímaáætlun fyrir ríkisbúskapinn.

Áætlað er að heildarútgjöld ríkisins til rannsókna hafi numið 4,5 milljörðum króna árið 1995, 5,3 milljörðum króna árið 1997 og 6,9 milljörðum króna árið 1998, þegar leiðrétt hefur verið fyrir tvítalningu. Útgjöldin eru, áætluð á sömu forsendum, 6,3 milljarðar í fjárlögum 1999 og 6,5 milljarðar króna í fjárlagafrumvarpinu.

Framlag úr ríkissjóði til rannsókna er talið hafa numið 3,3 milljörðum króna árið 1995, 3,8 milljörðum króna árið 1997 og 5,2 milljörðum króna árið 1998. Áætlað er að framlagið

verði 5,1 milljarður króna í fjárlögum 1999 og 5,5 milljarðar króna í fjárlagafrumvarpi 2000. Sértekjur stóðu undir liðlega 30% heildarútgjalda 1995-1998, en sé leiðrétt fyrir tvítalningu er hlutfallið á bilinu 25–29%.

Yfirlit um útgjöld til rannsóknarmála er unnið upp úr ríkisreikningi áranna 1995, 1997 og 1998, fjárlögum 1999 og fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000. Farið hefur verið yfir fjárreiður allra ríkisaðila og hlutur rannsókna áætlaður með hliðsjón af könnun sem Rannsóknarráð Íslands gerði árið 1997 meðal þeirra sem stunda rannsóknir. Ætlunin er að þróa áfram aðferðir til að áætla með meiri nákvæmni útgjöld til rannsókna en verið hefur og verða tölur leiðréttar sé tilefni til slíks. Jafnframt er það viðfangsefni næstu ára að þróa og birta mælikvarða á þann árangur sem leiðir af rannsóknum.

Í þessari umfjöllun eru útgjöld til rannsókna m.a. flokkuð eftir því í hvaða ráðuneytum þau eiga uppruna og markmiðum með rannsóknarstarfsemi. Til þess að bera megi niðurstöðurnar saman við fjölþjóðlegar tölur var fylgt leiðbeiningum frá OECD um mat á útgjöldum til rannsókna og um flokkun eftir markmiðum með rannsóknarstarfsemi. Gerð yfirlits sem þessa er ýmsum annmörkum háð og skulu þeir helstu nefndir. Bókhald ríkisaðila er í fæstum tilvikum skipulagt þannig að gjöld og tekjur vegna rannsókna séu fullkomlega aðgreind frá fjárreiðum annarrar starfsemi eða að sameiginlegum kostnaði sé skipt með nákvæmni niður á kostnaðarstaði og afurðir sem látnar eru öðrum í té. Því verður oft að byggja á huglægu mati forráðamanna. Nákvæmni í mati á útgjöldum ræðst einnig af því hvernig farið er með tölur í bókhaldi. Hér skal þrennt nefnt. Í fyrsta lagi að allur stofnkostnaður ríkisaðila er færður til gjalda á því ári sem hann fellur til, en ekki færður til eigna og síðan afskrifaður smám saman, eins og einkaaðilar gera. Þetta leiðir bæði til þess að útgjöld til byggingar húsa, smíði rannsóknarskipa og kaupa á dýrum tækjum, valda sveiflum á milli ára og því að kostnaður við fjárbindingu í aðstöðu sem komið var upp á fyrri árum kemur ekki inn í tölurnar sem hér eru birtar. Í öðru lagi hafa stofnanir borið, frá og með árinu 1998, stærri hluta lífeyrisgjalda ársins vegna starfsmanna sinna í stað þess að greiða þau af sameiginlegri fjárveitingu. Bókhald ríkisins sýnir að þessu leyti réttari tölur. Í þriðja lagi var flokkun tekna breytt á árinu 1998 með lögum um fjárreiður ríkisins, þannig að skilgreining sértekna var þrengd og tekjur af ýmsum lögbundnum gjöldum teknar inn í A-hluta ríkisins. Að lokum færa nokkrir ríkisaðilar framlög sem þeir fá áfram til annarra aðila sem stunda rannsóknir, ýmist framlög ríkissjóðs eða innlendra og erlendra styrktaraðila. Þessar tekjur eru því að hluta til tvítaldar í bókhaldi ríkisins. Reynt er að leiðrétta fyrir síðast nefnda atriðinu í meðfylgjandi töflum.

Áætlað er að útgjöld menntamálaráðuneytisins til rannsóknarmála verði um 3,9 milljarðar króna á árinu 2000 sem er 55% af útgjöldum ríkisins til rannsóknarmála. Ætla má, með hliðsjón af síðustu árum, að þar af fari um 0,4 milljarðar króna í tilfærslur frá einum A-hluta aðila til annars. Útgjöld ráðuneytisins til rannsóknarmála eru talin hækka í frumvarpinu um 384 m.kr. frá fjárlögum 1999. Mest munar um aukin útgjöld háskólanna og er gert ráð fyrir að hluti hækkunarinnar sé fjármagnaður með sértekjum. Hlutfall mennta-

málaráðuneytisins af heildarumfangi rannsókna var um 50% hin árin sem hér eru til skoðunar. Áætlað er að 16% útgjalda rannsóknarmála árið 2000 séu greidd af sértekjum, saman borið við 14% í fjárlögum 1999 og 19% í ríkisreikningi 1998. Næst umsvifamest er sjávarútvegsráðuneytið, með 1,3 milljarða króna til rannsóknarmála á árinu 2000 sem er 19% útgjalda ríkisins til rannsóknarmála. Útgjöld þess til rannsóknarmála lækka um 240 m.kr. milli áranna 1999 og 2000. Helsta skýringin er sú að tímabundin 300 m.kr. útgjöld vegna smíði hafrannsóknaskips á árinu 1999 falla niður, en þau eru fjármögnuð með sértekjum frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Útgjöld vegna smíði skipsins voru áætluð 1,6 milljarðar króna í fjárlögum 1998, en reyndust nema 575 m.kr. það ár og skýrist munurinn á framkvæmdahraða við smíði skipsins. Af þeirri fjárhæð voru 438 m.kr. greiddar með sértekjum. Áætlað er að 24% útgjalda sjávarútvegsráðuneytisins verði greidd af sértekjum á árinu 2000. Að öðru leyti er vísað til skýringa við breytingar milli ára í umfjöllun um hvert ráðuneyti. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þróun útgjalda til rannsóknarmála hjá ráðuneytunum.

	Reikningur 1995	Reikningur 1997	Reikningur 1998	Fjárlög 1999	Frumvarp 2000
Menntamálaráðuneyti	2.371,0	2.799,0	3.843,0	3.394,0	3.854,0
Sjávarútvegsráðuneyti	1.066,0	1.200,0	1.939,0	1.561,0	1.321,0
Landbúnaðarráðuneyti	411,0	422,0	501,0	472,0	486,0
Iðnaðarráðuneyti	398,0	474,0	524,0	463,0	474,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	237,0	279,0	319,0	377,0	375,0
Umhverfisráðuneyti	181,0	270,0	298,0	273,0	291,0
Samgönguráðuneyti	46,0	69,0	64,0	72,0	67,0
Forsætisráðuneyti	27,0	30,0	39,0	41,0	54,0
Viðskiptaráðuneyti	10,0	22,0	24,0	25,0	27,0
Utanríkisráðuneyti	2,0	2,0	2,0	12,0	15,0
Félagsmálaráðuneyti	7,0	8,0	11,0	9,0	10,0
Fjármálaráðuneyti	7,0	5,0	7,0	12,0	9,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	0,0	0,0	0,0	8,0	7,0
Hagstofa Íslands	0,0	0,0	0,0	0,0	3,0
Samtals	**4.763,0**	**5.580,0**	**7.571,0**	**6.719,0**	**6.993,0**

Útgjöld menntastofnana til rannsóknarmála eru áætluð 2,5 milljarðar króna í fjárlagafrumvarpinu, sem er 39% heildarútgjalda ríkisins til rannsóknarmála þegar leiðrétt er fyrir innbyrðis viðskiptum A-hluta aðila. Næst mest eru umsvif rannsóknastofnana atvinnuveganna, 2 milljarðar króna. Útgjöld þeirra til rannsóknarmála eru talin lækka um liðlega 200 m.kr. frá fjárlögum 1999 og felst skýringin í smíði hafrannsóknaskips eins og áður hefur komið fram. Opinberar rannsóknastofnanir eru þriðju í röðinni með 0,9 milljarða króna útgjöld til rannsóknarmála. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þróun útgjalda til rannsóknarmála eftir flokkum aðila sem fást við rannsóknir.

	Reikningur 1995	Reikningur 1997	Reikningur 1998	Fjárlög 1999	Frumvarp 2000
Menntastofnanir	1.600,0	1.987,0	2.458,0	2.188,0	2.548,0
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	1.703,0	1.904,0	2.569,0	2.262,0	2.050,0
Opinberar rannsóknastofnanir	709,0	839,0	945,0	892,0	914,0
Rannsóknaráð Íslands og sjóðir	161,0	197,0	470,0	243,0	339,0
Áætlanir og verkefni	84,0	85,0	121,0	321,0	332,0
Alþjóðlegar stofnanir og annað erlent	170,0	183,0	237,0	253,0	253,0
Sjálfseignarstofnanir	65,0	87,0	90,0	105,0	108,0
Samtals	**4.492,0**	**5.282,0**	**6.890,0**	**6.264,0**	**6.544,0**
Tilfærslur innan A-hluta ríkisins	270,0	297,0	681,0	454,0	449,0
Samtals	**4.762,0**	**5.579,0**	**7.571,0**	**6.718,0**	**6.993,0**

Flokkun rannsókna eftir því á hvaða sviði markmið þeirra liggur bendir til að 2,4 milljörðum króna verði varið á árinu 2000 til almennrar þróunar í vísindum, sem eru 37% af útgjöldum til rannsóknarmála sé leiðrétt fyrir tvítalningi á tilfærslum innan A-hluta ríkisins. Útgjöld á þessu sviði eru talin aukast um 353 m.kr. frá fjárlögum 1999. Mestu munar um aukin útgjöld menntastofnana. Áætlað er að 2,3 milljörðum króna hafi verið varið á þessu sviði árið 1998. Lækkun um 263 m.kr. frá reikningi 1998 til fjárlaga 1999 skýrist einkum með útgjöldum Háskóla Íslands sem greidd voru af sértekjum og ekki var áætlað fyrir í fjárlögum, en tekið hefur verið tillit til í fjárlagafrumvarpinu. Útgjöld til rannsókna á sviði fiskveiða eru áætluð 1 milljarður króna í frumvarpinu. Þau voru 1,6 milljarðar króna samkvæmt reikningi 1998 og 1,3 milljarðar króna í fjárlögum 1999. Smíði hafrannsóknaskips skýrir mestan hluta þessara breytinga. Á því tímabili sem er til skoðunar er mest hækkun útgjalda á sviði sem nefnist sjóðir Rannsóknarráðs og Íslenska upplýsingasamfélagið, úr 142 m.kr. í 502 m.kr. Auk útgjalda vegna Íslenska upplýsingasamfélagsins er helsta skýringin breytt meðferð á fjárreiðum Vísindasjóðs á árinu 1998 þegar útgjöld hans í A-hluta ríkisins hækkuðu um 218 m.kr. frá fyrra ári. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þróun útgjalda til rannsókna eftir því á hvaða sviðum markmiðin með þeim liggja.

	Reikningur 1995	Reikningur 1997	Reikningur 1998	Fjárlög 1999	Frumvarp 2000
Almenn þróun vísinda	1.505,0	1.891,0	2.347,0	2.084,0	2.437,0
Fiskveiðar	794,0	914,0	1.598,0	1.269,0	1.029,0
Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi	545,0	540,0	636,0	588,0	608,0
Félagsleg þjónusta	428,0	429,0	538,0	541,0	530,0
Sjóðir Rannís og Íslenska upplýsingasamfélagið	142,0	178,0	272,0	397,0	502,0
Iðnaður	385,0	454,0	510,0	449,0	463,0
Heilsuvernd	246,0	289,0	332,0	337,0	362,0
Umhverfismál	162,0	250,0	266,0	239,0	250,0
Orkumál	180,0	208,0	248,0	206,0	211,0
Annað	59,0	60,0	71,0	79,0	80,0
Samgöngur og skipulag	46,0	69,0	71,0	75,0	73,0
Samtals	**4.492,0**	**5.282,0**	**6.889,0**	**6.264,0**	**6.545,0**
Tilfærslur innan A-hluta ríkisins	270,0	297,0	681,0	454,0	449,0
Samtals	**4.762,0**	**5.579,0**	**7.570,0**	**6.718,0**	**6.994,0**

3.3 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og verkefna. Frumvarpið er sett fram á rekstrargrunni og á að ná yfir allar fjárskuldbindingar sem ríkissjóður áformar að stofna til á fjárlagaárinu. Vakin er sérstök athygli á því að stofnanir eða verkefni kunna að eiga inni ónýtta fjárheimild frá þessu ári eða skulda ríkissjóði eða öðrum aðilum vegna uppsafnaðs halla í árslok. Heildarumfang á rekstri stofnana árið 2000 kann því að verða meira eða minna eftir því hver staða fjárheimilda verður í árslok 1999. Forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á að farið sé að fjárheimildum og er óheimilt að stofna til skulda utan ríkissjóðs án heimildar í fjárlögum.

Frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi ársins 2000 í samræmi við gildandi kjarasamninga og forsendur þjóðhagsáætlunar. Í frumvarpinu hækka launaliðir stofnana og tryggingabætur um 3% í samræmi við gildandi kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Rekstrartilfærslur sem ekki eru tengdar launum, vísitölum eða gengi hækka ekki. Þá eru almenn rekstrargjöld stofnana hækkuð um 3% á milli ára. Sértekjur stofnana sem ráðast af útseldri vinnu eða þjónustu eða er ætlað að standa undir tilteknum kostnaði eru hækkaðar um 3%. Viðhalds- og fjárfestingaliðir taka ekki verðlagsbreytingum. Á launa- og verðlagslið, sem færður er undir fjármálaráðuneyti, eru færðar 1.110 m.kr. til að mæta breytingum sem kunna að verða umfram framangreindar forsendur. Um nánari skýringar er vísað í umfjöllun um þann lið í kaflanum um fjármálaráðuneytið.

Málefnaflokkun ríkisútgjalda [1]

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Fjárlög 1999	Áætlun 1999	Frumvarp 2000	Breyting milli ára 1999-2000
Almenn opinber þjónusta	9 851	9 546	9 931	10 613	682
Löggæsla og öryggismál	8 047	8 359	8 680	8 736	56
Fræðslumál	15 040	14 896	15 201	16 081	880
Heilbrigðismál	40 513	42 343	44 519	45 713	1 194
Almannatryggingar og velferðarmál	36 528	39 000	39 270	40 687	1 417
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	1 551	1 754	1 764	1 689	- 75
Menningar- og kirkjumál	6 618	7 233	7 468	7 692	224
Eldsneytis- og orkumál	1 473	1 649	1 694	1 594	- 100
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	10 758	10 845	11 294	11 021	- 273
Iðnaðarmál	560	464	511	573	63
Samgöngumál	10 209	11 673	12 226	12 208	- 18
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	3 624	3 244	3 267	3 328	62
Önnur útgjöld ríkissjóðs	44 863	31 369	31 441	30 064	-1 378
Samtals	**189 635**	**182 376**	**187 265**	**190 000**	**2 735**

1) Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.349,6	1.407,2	1.665,0	18	23
Neyslu- og rekstrartilfærslur	53,0	50,2	50,2	0	-5
Stofnkostnaður og viðhald	71,9	207,8	78,5	-62	9
Samtals	**1.474,5**	**1.665,2**	**1.793,7**	**8**	**22**
Greitt úr ríkissjóði	1.460,8	1.665,2	1.793,7	8	23
Innheimt af ríkistekjum	0,0	0,0	0,0	-	-
Viðskiptahreyfingar	13,7	0,0	0,0	-	-
Samtals	**1.474,5**	**1.665,2**	**1.793,7**	**8**	**22**

Heildarútgjöld æðstu stjórnar ríkisins árið 2000 eru áætluð 1.812 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 18 m.kr. Gjöld umfram tekjur eru 1.794 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði.

Útgjöld æðstu stjórnar eftir málefnaflokkum



Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.665 m.kr. og hækka um 258 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um launahækkanir í samræmi við úrskurð Kjaradóms, 86 m.kr., þing Norðurlandaráðs, 29 m.kr. og kristnihátíð, 27 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 50 m.kr. og er óbreytt milli ára. Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 79 m.kr. og er það 129 m.kr. lækkun milli ára. Vegur þar þyngst frestun framkvæmda á Alþingisreit.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	86,2	92,6	119,4	28,9	38,5
Alþingi	946,1	1.066,0	1.213,4	13,8	28,3
Framkvæmdir á Alþingisreit	20,0	100,0	0,0	-100,0	-
Ríkisstjórn	90,5	95,5	109,1	14,2	20,6
Hæstiréttur	51,5	56,0	65,4	16,8	27,0
Umboðsmaður Alþingis	45,7	50,9	56,7	11,4	24,1
Ríkisendurskoðun	190,4	204,2	229,7	12,5	20,6
Samtals	**1.430,4**	**1.665,2**	**1.793,7**	**7,7**	**25,4**

101 Embætti forseta Íslands. Útgjöld embættis forseta Íslands hækka um 26,8 m.kr. Þar vega þyngst 8,5 m.kr. til afleysinga og aukins launakostnaðar á skrifstofu embættisins og handhafa forsetavalds. Opinberar heimsóknir í tilefni árþúsundamótanna kalla á aukin framlög að fjárhæð 8,1 m.kr. Fyrirhugað er að endurnýja bifreið forseta Íslands og er gert ráð fyrir 4 m.kr. framlagi. Farið er fram á 2 m.kr., sem er tímabundið framlag, til að yfirfara lagnir og endurgera hluta hússins að Laufásvegi 72. Loks verði 2,5 m.kr. veitt til að uppfæra tæknibúnað og endurnýja húsbúnað að Bessastöðum.

201 Alþingi. Framlag til Alþingis hækkar um 147,4 m.kr., eða um 14%. Þar af nemur launakostnaðar vegna úrskurðar Kjaradóms frá maí sl. 65 m.kr. Framlag vegna þings Norðurlandaráðs hér á landi á næsta ári er 29 m.kr. Kostnaður Alþingis vegna hátíðahalda til að minnast 1000 ára afmæli kristnitöku nemur 27 m.kr. Gert er ráð fyrir að verja 10 m.kr. til kaupa á hús- og tæknibúnaði fyrir skrifstofur Alþingis. Tímabundið framlag til átaks í upplýsingamálum, 18 m.kr., fellur niður.

301 Ríkisstjórn. Framlag hækkar um 13,6 m.kr., þar af eru 10,4 m.kr. vegna úrskurðar Kjaradóms frá 8. maí sl.

401 Hæstiréttur. Framlag hækkar um 9,4 m.kr. að stærstum hluta vegna úrskurðar Kjaradóms frá 8. maí sl.

610 Umboðsmaður Alþingis. Lagt er til að 2,6 m.kr. verði veitt til að mæta hærri launakostnaði og 1,5 m.kr. til kaupa á tæknibúnaði.

620 Ríkisendurskoðun. Gert er ráð fyrir 11,3 m.kr. hækkun útgjalda vegna starfsmannakostnaðar. Farið er fram á 3 m.kr. framlag vegna aukinnar aðkeyptrar þjónustu stofnunarinnar af sjálfstætt starfandi endurskoðendum. Tímabundin fjárveiting að upphæð 4,5 m.kr. er ætluð til kaupa á tæknibúnaði.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	409,4	527,4	981,7	86	140
Neyslu- og rekstrartilfærslur	304,5	274,5	173,7	-37	-43
Stofnkostnaður og viðhald	419,2	538,3	509,8	-5	22
Samtals	**1.133,1**	**1.340,2**	**1.665,2**	**24**	**47**
Greitt úr ríkissjóði	1.069,6	1.280,7	1.604,4	25	50
Innheimt af ríkistekjum	50,7	59,5	60,8	2	20
Viðskiptahreyfingar	12,8	0,0	0,0	-	-100
Samtals	**1.133,1**	**1.340,2**	**1.665,2**	**24**	47

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2000 eru áætluð 1.684 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 19 m.kr. Gjöld umfram tekjur eru 1.665 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.604 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 61 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum.

Útgjöld forsætisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.665 m.kr. og hækka um 454 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þyngst vegur aukinn kostnaður vegna hátíðahalda á árinu 2000 til að minnast 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi og landafundanna í N-Ameríku. Heildarhækkun vegna árþúsundamótanna er 356 m.kr. Einnig færist rekstur embættis ríkislögmans, 26 m.kr., frá fjármálaráðuneyti til forsætisráðuneytis.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 174 m.kr. samanborið við 275 m.kr. í fjárlögum 1999. Lækkunin er vegna þess að tímabundið framlag í Lýðveldissjóð, 100 m.kr., fellur niður.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 510 m.kr., og er að stærstum hluta framlag til Byggðastofnunar. Viðhalds- og stofnkostnaður lækkar um 28 m.kr. milli ára, sem skýrist annars vegar af því að vegaframkvæmdum við Þingvelli er að mestu lokið og hins vegar vegna frestunar á 4 m.kr. viðhaldi og stofnkostnaði fasteigna í umsjón ráðuneytisins.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	123,9	112,0	129,8	15,9	4,8
Ýmis verkefni	217,2	239,0	605,3	153,3	178,7
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**341,1**	**356,0**	**740,1**	**107,9**	**117,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 364,1 m.kr. að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum. Breytingar á fjárveitingum tengjast flestar viðfangsefnum sem færast undir liðinn *190 Ýmis verkefni*, eins og nánar er skýrt frá hér að neðan.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur 129,8 m.kr. og hækkar um 17,8 m.kr. milli ára. Áætlað er fyrir 6 m.kr. framlagi til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga nr. 27/1999, um eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera. Þá er lagt til að veita 2 m.kr. til að mæta auknum umsvifum aðalskrifstofu forsætisráðuneytis í upplýsingamálum. Gert er ráð fyrir framlagi að fjárhæð 6 m.kr. til að mæta tímabundnum kostnaði aðalskrifstofu ráðuneytisins til að minnast upphafs kristni á Íslandi og landafundanna.

190 Ýmis verkefni. Kostnaður við ýmis verkefni ráðuneytisins nemur 605,3 m.kr. og hækkar um 366,3 m.kr. frá fjárlögum 1999. Skýrist hækkunin að mestu af kostnaði vegna 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi og verkefna landafundanefndar.

Viðamikil hátíðahöld eru áformuð um allt land á árinu 2000 til að minnast kristnitökunnar og nemur heildarkostnaður á næsta ári 324,5 m.kr. Hæst ber tveggja daga hátíð á Þingvöllum í byrjun júlí. Lagt er til að veita 58,1 m.kr. til kynningar á íslenskri forn- og nútímamenningu í Vesturheimi á 1000 ára afmæli landafunda Leifs Eiríkssonar og til að efla tengsl við Vestur-Íslendinga. Fyrirhuguð er viðamikil sýning á vegum landafundanefndar í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Endanlegur frágangur dagskrár til að minnast landafundanna mun liggja fyrir í haust. Heildarkostnaður landafundanefndar á árinu 2000 er áætlaður 195,5 m.kr. Verkefnisstjóri í Kanada á vegum landafundanefndar tilheyrir framvegis utanríkisráðuneytinu. Biskupsstofa fyrirhugar að halda ráðstefnu um samleið trúar og vísinda á nýrri öld og lagt er til að forsætisráðuneytið greiði helming kostnaðar eða 9,3 m.kr.

Byggðamál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 221 Byggðastofnun.

*211 **Byggðastofnun.*** Framlag til Byggðastofnunar nemur 502 m.kr. og er óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar af renna 300 m.kr. til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni, 65 m.kr. renna til atvinnuráðgjafar og 137 m.kr. til almennra verkefna stofnunarinnar. Nánar er gerð grein fyrir starfsemi Byggðastofnunar í C-hluta fjárlagafrumvarpsins.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 211 Þjóðhagsstofnun; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Safnahús; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	51,3	29,9	28,5	-4,7	-44,4
Mannvirkjagerð á Bessastöðum	119,7	0,0	0,0	-	-100,0
Þjóðhagsstofnun	103,4	121,5	119,6	-1,6	15,7
Norræna ráðherranefndin	107,0	92,1	91,9	-0,2	-14,1
Umboðsmaður barna	15,2	13,9	16,4	18,0	7,9
Safnahús	12,1	19,5	54,6	180,0	351,2
Óbyggðanefnd	0,0	19,9	20,4	2,5	-
Ríkislögmaður	0,0	0,0	26,6	-	-
Lýðveldissjóður	100,0	100,0	0,0	-100,0	-100,0
Húsameistari ríkisins	3,7	0,0	0,0	-	-100,0
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	32,6	81,4	40,1	-50,7	23,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	4,0	25,0	525,0	-
Samtals	**545,0**	**482,2**	**423,1**	**-12,3**	**-22,4**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks lækkar að raungildi um 67,2 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagshækkanir. Þyngst vegur að fjárlagaliðurinn Lýðveldissjóður með 100 m.kr. framlagi fellur niður í samræmi við ákvæði laga um sjóðinn og að 40 m.kr. framlag til vegabóta á Þingvöllum fellur niður þar sem þeim framkvæmdum lýkur á þessu ári. Á móti vegur 25,8 m.kr. framlag til nýs fjárlagaliðar fyrir ríkislögmann, en embættið hefur verið flutt til ráðuneytisins frá fjármálaráðuneyti í kjölfar breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins, og að gert er ráð fyrir tímabundnu framlagi að fjárhæð 25 m.kr. til kaupa á skrifstofubúnaði fyrir Safnahúsið við Hverfisgötu. Aðrar breytingar eru minni en nánar er greint frá þeim í skýringum við viðkomandi fjárlagaliði.

201 ***Fasteignir forsætisráðuneytis.*** Byggingardeild forsætisráðuneytis hefur umsjón með rekstri- og viðhaldi Stjórnarráðshúss, Bessastaða, Staðastaðar, ráðherrabústaðar í Tjarnargötu og ráðherrabústaðar á Þingvöllum. Gjöld á þessum lið nema 28,5 m.kr. og er þá gert er ráð fyrir frestun viðhaldskostnaðar að upphæð 2 m.kr.

211 ***Þjóðhagsstofnun.*** Lögð er til 2,5 m.kr. hækkun rekstrargjalda vegna launabreytinga. Tímabundnir samningar, sem nema 8,5 m.kr., um loftslagsverkefni renna út í lok árs 1999. Rekstrarkostnaður árið 2000 er áætlaður 119,3 m.kr. að frádregnum sértekjum, þar af greiðir Seðlabanki Íslands helminginn samkvæmt samkomulagi frá 1974. Hlutdeild Seðlabanka innheimtist sem hlutdeild í ríkistekjum.

231 ***Norræna ráðherranefndin.*** Framlag til Norrænu ráðherranefndarinnar nemur 91,9 m.kr. og er óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1999. Framlagið rennur annars vegar til Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytis, 19,6 m.kr., og hins vegar til Norrænu ráðherranefndarinnar, 73,4 m.kr.

241 ***Umboðsmaður barna.*** Lagt er til að framlag til umboðsmanns barna hækki um 2 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar í nýju húsnæði. Heildarframlag til embættisins verður 16,4 m.kr.

251 ***Safnahús.*** Áformað er að þjóðmenningarhús verði opnað í gamla safnahúsinu við Hverfisgötu á sumardaginn fyrsta árið 2000. Starfsemi í húsinu verður aðallega tvíþætt. Þar verða menningarsögulegar sýningar, fastar og tímabundnar, og hluti hússins verður notaður undir fundastofur sem nýtast munu stjórnsýslu, ferðaþjónustu og fleiri aðilum. Lagt er til að framlag til Safnahúss við Hverfisgötu hækki um 33,5 m.kr. Hækkun er annars vegar tímabundið framlag til tækjakaupa, 25 m.kr., og hins vegar vegna ráðningar starfsmanna, 8,5 m.kr. Heildarframlag til Safnahúss að frádregnum sértekjum er 54,6 m.kr.

271 ***Ríkislögmaður.*** Embætti ríkislögmanns færist frá fjármálaráðuneyti til forsætisráðuneytis. Framlag til embættisins er 26,6 m.kr. sem er óbreytt að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs.

902 ***Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.*** Framlag til þjóðgarðsins lækkar um 31,5 m.kr. og skýrist að stærstum hluta af því að vegaframkvæmdum vegna hátíðahalda ársins 2000 er að mestu lokið. Rekstrarkostnaður hækkar um 3,5 m.kr. en viðhaldskostnaður lækkar um 2 m.kr.

996 ***Íslenska upplýsingasamfélagið.*** Lögð er til 21 m.kr. hækkun á sérstöku framlagi til verkefna á sviði upplýsingasamfélagsins, þannig að þau verði alls 25 m.kr. Þar af eru 4 m.kr. ætlaðar til fjarfundabúnaðar í 20 sveitarfélögum og er 21 m.kr. ætluð til sameiginlegra verkefna ráðuneyta. Verkefni skiptast þannig að 7 m.kr. eru til miðlunar reglugerða á Veraldarvefnum, 5 m.kr. til þarfagreiningar, hönnunar og forritunar á Stjórnarráðsvefnum sem upplýsingaveitu fyrir almenning og 9 m.kr. til samræmingar og þróunar á Stjórnarráðsvefnum.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	11.774,7	11.598,6	12.733,9	10	8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5.573,1	5.965,3	6.321,1	6	13
Stofnkostnaður og viðhald	2.453,3	2.354,5	2.144,5	-9	-13
Samtals	**19.801,1**	**19.918,4**	**21.199,5**	**6**	7
Greitt úr ríkissjóði	18.364,4	17.716,1	18.969,5	7	-
Innheimt af ríkistekjum	1.102,6	2.202,3	2.230,0	1	-
Viðskiptahreyfingar	334,1	-	-	-	-
Samtals	**19.801,1**	**19.918,4**	**21.199,5**	**6**	-

Heildargjöld menntamálaráðuneytisins árið 2000 eru áætluð 23.130,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.931,4 m.kr. en þær nema 8,3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 21.199,5 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 18.969,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.230 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 12.733,9 m.kr. og hækka um 1.135,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk hækkunar vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga munar mest um 265 m.kr. til að efla rekstur framhaldsskóla, 260 m.kr. vegna launaþróunar í stofnunum og úrskurða kjaranefndar um launakjör og 200 m.kr. vegna fjölgunar háskólanema og breytinga á námsframboði háskóla.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 6.321,1 m.kr. samanborið við 5.965,3 m.kr. í fjárlögum 1999 og er það 355,8 m.kr. hækkun. Auk hækkunar vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga vegur þyngst 140 m.kr. hækkun til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 60,5 m.kr. tímabundin hækkun til menningarviðburða í Reykjavíkurborg og 28,9 m.kr. hækkun til Kvikmyndasjóðs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.144,5 m.kr. og er það 210 m.kr. lækkun milli ára. Útgjöld hækka um 70 m.kr. vegna samnings um framkvæmdir við Háskólann á Akureyri, um 25 m.kr. vegna framkvæmda við Háskóla Íslands og um 20 m.kr. vegna rannsókna og þróunar í upplýsingatækni og umhverfismálum. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að fresta 79 m.kr. áformum um framkvæmdir háskólastofnana, 80 m.kr. vegna framhaldsskóla og 160 m.kr. vegna menningarstofnana.

Útgjöld menntamálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld eru áætluð 351,8 m.kr. sem er 23,8 m.kr. hækkun og skýrist af breytingum á launum og samsetningu starfsliðs á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Háskólar- og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 201-208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniskóli Íslands; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála; 225 Samvinnuháskólinn; 227 Viðskiptaháskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknarráð Íslands; 234–239 rannsóknasjóðir; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. 228 Listaháskólinn og 234 Ritlauna-og rannsóknasjóður prófessora eru nýir fjárlagaliðir.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 7.743,2 m.kr. sem er 1.017,9 m.kr. hækkun. Sé leiðrétt fyrir flutningi myndlistarnáms yfir á háskólastig er hækkunin 874,9 m.kr. Gjöldin skiptast þannig að 6.173,5 m.kr. fara til almenns rekstrar, 433,2 m.kr. í rekstrartilfærslur og 1.136,5 m.kr. til viðhalds- og stofnkostnaðar. Áætlað er að sértekjur nemi 1.283,3 m.kr. sem er um 20,8% af rekstrargjöldum og hækki um 321,1 m.kr. frá fjárlögum. Mestu munar um 270 m.kr. leiðréttingu á gjöldum og tekjum Háskóla Íslands sem eru vanmetin í fjárlögum. Sértekjur málefnaflokksins voru 1.408,5 m.kr. á árinu 1998 samkvæmt ríkisreikningi. Umframgjöld að fjárhæð 6.459,9 m.kr. eru fjármögnuð með 5.859,9 m.kr. greiðslum úr ríkissjóði og innheimtu 600 m.kr. ríkistekna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	3.032,1	2.641,2	2.877,6	9,0	-5,1
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	99,5	104,1	110,3	6,0	10,9
Raunvísindastofnun Háskólans	166,7	159,8	171,2	7,1	2,7
Stofnun Sigurðar Nordals	10,1	11,3	12,7	12,4	25,7
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	69,6	64,8	72,0	11,1	3,4
Orðabók Háskólans	19,5	19,1	20,7	8,4	6,2
Íslensk málstöð	14,9	13,9	14,6	5,0	-2,0
Örnefnastofnun Íslands	7,1	9,8	11,7	19,4	64,8
Háskólinn á Akureyri	346,1	316,4	368,5	16,5	6,5
Tækniskóli Íslands	265,0	255,3	263,3	3,1	-0,6
Kennaraháskóli Íslands	594,1	601,9	649,8	8,0	9,4
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	15,7	17,2	17,7	2,9	12,7
Samvinnuháskólinn	52,5	57,1	58,9	3,2	12,2
Viðskiptaháskólinn í Reykjavík	51,2	155,7	211,9	36,1	313,9
Listaháskóli Íslands	152,0	143,0	156,9	9,7	3,2
Rannsóknarráð Íslands	50,9	50,9	64,7	27,1	27,1
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	57,0	62,0	75,6	21,9	32,6
Rannsóknir og þróun í upplýsingat. og umhv.	0,0	65,0	85,0	30,8	-
Vísindasjóður	243,1	170,0	170,0	0,0	-30,1
Tæknisjóður	347,2	200,0	200,4	0,2	-42,3
Bygginga- og tækjasjóður	124,7	74,0	77,0	4,1	-38,3
Rannsóknarnámssjóður	33,0	30,0	30,0	0,0	-9,1
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	115,4	263,0	254,0	-3,4	120,1
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	87,9	66,9	172,3	157,5	96,0
Alþjóðleg samskipti	271,1	316,5	313,1	-1,1	15,5
Samtals	**6.226,4**	**5.868,9**	**6.459,9**	**10,1**	**3,8**

Rekstrargjöld og rekstrartilfærslur að frádregnum sértekjum eru 5.323,4 m.kr. og hækka um 657,8 m.kr. Auk almennra launa- og verðlagsbreytinga eru helstu skýringar eftirfarandi: Launagjöld hækka um 195,5 m.kr. vegna breytinga á kjörum starfsmanna í háskólastofnunum, þar af eru 111 m.kr. vegna úrskurðar kjaranefndar um laun prófessora. Þá hækka gjöld um 209,5 m.kr. vegna breytinga á námsframboði og auknum rannsóknum, þar á meðal er 8 m.kr. framlag í nýjan launasjóð höfunda fræðirita. Flutningur myndlistarnáms af framhaldsskólastigi yfir á háskólastig skýrir 143 m.kr. hækkun en á móti kemur 31,2 m.kr. lækkun við það að framlög til símenntunar og fjarvinnslu færast yfir á málefnaflokk framhaldsskóla og 8 m.kr. lækkun við tilfærslu framlags yfir á málefnaflokkinn Annað. Reikningstölur 1998 og fjárlagatölur 1999 í töflunni að framan hafa verið leiðréttar með tilliti til þessara tilfærslna.

Stofnkostnaður og viðhald er áætlað 1.136,5 m.kr. og hækkar um 39 m.kr. frá fjárlögum. Helstu breytingar eru þær að útgjöld til rannsóknar- og þróunarmála hækka um 23 m.kr. og framkvæmdir við háskólabyggingar aukast um 16 m.kr.

Gerð reiknireglna um kostnað við kennslu í háskólum, sem unnið hefur verið að á

síðustu árum, er að ljúka og mun menntamálaráðuneytið gefa þær út á næstunni í samræmi við lög um háskóla. Í reglunum er námi skipt í nokkra flokka og reiknað út meðalverð á nemanda sem stundar fullt nám til viðurkennds lokaprófs í hverjum flokki. Gert er ráð fyrir að nota flokka og verðhlutföll sem eru í töflunni hér á eftir. Áætlað er að greiða nálægt 300 þús.kr. fyrir hverjar 30 einingar sem hver innritaður nemandi í lægsta verðflokki, gengur til prófa í. Verðhlutföll fyrir annað nám eru sýnd í töflunni. Frá þannig reiknuðu verði dregst m.a. skrásetningargjald nemenda og fjárhæð vegna fjárbindingar í húsnæði sem þegar hefur verið byggt fyrir fé ríkisins og er umfram fermetraviðmiðun í hverjum flokki.

Verðflokkar	Verð-hlutföll
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	1,0
Styttra nám á sviði verk- og raunvísinda, tæknifræði, tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. til fellst í æfingakennslu.	1,6
Hjúkrunarnám og annað hliðstætt sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	1,7
Lengra nám í raunvísindum, verk- og tæknifr. sem m.a. felst í verkl. æfingum og í notkun sérhæfðs búnaðar.	2,3
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	3,1
Nám í tannlækningum sem uppfyllir sömu skilyrði og læknisfræði en er háð meiri fjöldatakmörkunum.	5,2

Menntamálaráðuneytið áformar að ljúka á næstu mánuðum samningum við háskólana um þjónustu þeirra og verkefni þar sem ákvörðun um fjárframlög vegna kennsluþáttarins í starfsemi þeirra verður byggð á reglunum en framlög til rannsókna ekki. Eftir er að útfæra reglurnar með tilliti til listnáms á háskólastigi.

Haustið 1998 voru 8.598 nemendur skráðir samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands, þar af 194 í undirbúningsdeildum á framhaldsskólastigi, 416 í fjarnámi og 220 í Myndlista- og handíðaskóla Íslands en Listaháskóli Íslands tók við nemendum hans í haust. Tölur um fjölda innritaðra í haust liggja ekki endanlega fyrir en þó virðist um verulega fjölgun að ræða einkum í styttra námi. Ekki liggur heldur nákvæmlega fyrir hversu margar einingar náms háskólanemendur taka á ári. Aðeins Háskóli Íslands hefur gefið upp tölur og benda þær til að ígildi 70% skráðra nemenda sé í fullu námi. Bæði í fjárlögum 1999 og í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun nemenda og er því spáð að á næstu árum fjölgi þeim um 3-4% á ári m.a. vegna stærri aldursárganga og aukins námsframboðs í háskólum.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 Háskóli Íslands. Heildargjöld skólans eru áætluð 3.800,3 m.kr. og hækka um 473,1 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar af eru 2.552,6 m.kr. fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði, sem er 151,4 m.kr. hækkun og 325 m.kr. fjármagnaðar með hlutdeild í ríkistekjum sem er 25 m.kr. hækkun. Rekstrargjöld eru áætluð 3.428,8 m.kr. og hækka um 348,3 m.kr. auk almennra launa- og verðlagsbreytinga. Á móti þeim er

áætlað að komi 922,7 m.kr. sértekjur sem er 272,6 m.kr. hækkun og nema sértekjur 26,9% rekstrargjalda. Rekstrargjöld hækka um 135,7 m.kr. vegna breyttra launakjara starfsmanna og munar þar mestu um launahækkun prófessora. Samkvæmt úrskurði kjaranefndar um laun prófessora er stofnaður nýr fjárlagaliður 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Á hann eru færðar 60 m.kr. af framlagi til háskólans í samræmi við greiðslur til prófessora úr sambærilegum sjóðum innan skólans á síðustu árum. Rekstrargjöld og sértekjur eru hækkuð um 250 m.kr. með hliðsjón af reiknings-tölum síðustu ára og verður að gera ráð fyrir að stærsti hluti þessara auknu gjalda verði styrkveitingar rannsóknarsjóða til einstaklinga og stofnana sem háskólinn hefur milli-göngu um. Útgjöld og sértekjur hækka um 22,6 m.kr. vegna hlutdeildar skólans í áætluðum sóknargjöldum sbr. fjárlagalið 06-735 Sóknargjöld. Tekjur af sóknargjöldum hafa verið vanáætlaðar í fjárlögum, en þær fara vaxandi og er áætlað að hlutur skólans nemi samtals 51,6 m.kr. á árinu. Gert er ráð fyrir að háskólinn verji 325 m.kr. til byggingarframkvæmda, viðhalds, tækja- og búnaðarkaupa. Upphæðin er fjármögnuð af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands, sbr. lið 22-201 í B-hluta, og er það 25 m.kr. hækkun. Meðtaldar eru 20 m.kr. í afborganir og vexti af langtímalánum sem happdrættið tók vegna Náttúrufræðihúss og Nýja-Garðs, þar sem eignarhluti háskólans í þessum eignum eykst í samræmi við það sem happdrættið greiðir vegna lánanna. Á fjárlagalið 269 Háskólar- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður, er að auki áætlað fyrir 43 m.kr. framlagi til háskólans eins og í fjárlögum 1999 vegna samkomu-lags um að ríkissjóður leggi 80 m.kr. til byggingar Náttúrufræðihúss. Miðað er við að skólinn leggi Tilraunastöðinni að Keldum og Raunvísindastofnun til tækjakaupafé.

*202 **Tilraunastöð Háskólans að Keldum.*** Rekstrargjöld eru áætluð 173,6 m.kr. Framlag hækkar um 4 m.kr. vegna launakostnaðar en á móti kemur að 0,9 m.kr. tímabundin fjárveiting til að ráða dýralækni fellur niður.

*203 **Raunvísindastofnun Háskólans.*** Rekstrargjöld eru áætluð 271,7 m.kr. Framlag hækkar um 6,5 m.kr. vegna launakostnaðar auk þess sem fjárhagslegt svigrúm stofnunarinnar eykst við það að hún er hætt að taka þátt í launagreiðslum háskóla-prófessora eftir að kjaranefnd úrskurðaði um launakjör þeirra.

*204 **Stofnun Sigurðar Nordals.*** Rekstrargjöld eru áætluð 13,7 m.kr. Framlag hækkar um 1 m.kr. vegna launaþróunar hjá stofnuninni.

*205 **Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.*** Rekstrargjöld eru áætluð 77 m.kr. Framlag hækkar um 5 m.kr. vegna launaþróunar hjá stofnuninni.

*206 **Orðabók Háskólans.*** Rekstrargjöld eru áætluð 26 m.kr. Framlag hækkar um 1 m.kr. vegna launaþróunar hjá stofnuninni.

207 Íslensk málstöð. Rekstrargjöld eru áætluð 18,4 m.kr. Framlag hækkar um 1 m.kr. vegna launakostnaðar. Á móti kemur 0,7 m.kr. lækkun í samræmi við samning um að menntamálaráðuneytið greiði tímabundið áskrift fyrir menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi að orðabanka á Veraldarvefnum. Fyrir áskriftina eru greiddar rúmlega 2,5 m.kr. árið 2000.

208 Örnefnastofnun Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 12,3 m.kr. Framlag hækkar um 1,6 m.kr. vegna launaþróunar hjá stofnuninni og til að mæta kostnaði við aukin verkefni eftir að lög nr. 14/1998, um stofnunina, tóku gildi.

210 Háskólinn á Akureyri. Rekstrargjöld eru áætluð 386,8 m.kr. sem er 51,8 m.kr. hækkun milli ára. Framlög til kennslu hækka um 25 m.kr. vegna aukins launakostnaðar og um 16,5 m.kr. til að mæta kostnaði við fjölgun námsmissera á námsbrautum sem þegar hafa verið ákveðnar og tekið til starfa. Á móti kemur að 0,5 m.kr. eru færðar af viðfangsefnalið rannsókna á 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora samanber úrskurð kjaranefndar um launakjör prófessora.

215 Kennaraháskóli Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 708,6 m.kr. í frumvarpinu og hækka um 47,2 m.kr. frá fjárlögum. Hækkunin á að mestu rót sína að rekja til laga nr. 137/1997, um skólann, sem tóku gildi í ársbyrjun 1998. Í fyrsta lagi er 13,9 m.kr. hækkun vegna aukins launakostnaðar í skólanum eftir að um það bil 30 kennarar á framhaldsskólastigi færðust á háskólastig og vegna úrskurðar kjaranefndar um launakjör prófessora. Samkvæmt kjarasamningi hafa háskólakennarar minni kennsluskyldu en framhaldsskólakennarar, þar sem þeir hafa skyldu til að sinna rannsóknum. Í öðru lagi eru 10 m.kr. vegna kostnaðar við skrifstofuhald og ýmsa þjónustu við nemendur og kennara. Að síðustu er 5 m.kr. hækkun á framlögum til rannsóknarleyfa kennara, rannsóknarsjóðs og vinnumatssjóðs. Á móti kemur að 1,5 m.kr. eru færðar af lið skólans á fjárlagalið 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Prófessorar skólans geta sótt um greiðslur úr sjóðnum í stað þess að sækja í vinnumatssjóð skólans eins og hingað til.

223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Rekstrargjöld eru áætluð 74,7 m.kr. í frumvarpinu sem er 6,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Auk verðlagsbreytinga er áætlað fyrir 4 m.kr. hækkun sem fjármögnuð er með sértekjum sem stofnunin fær samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið fyrir umsjón með framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum. Er fé veitt til verkefnisins á lið 720 Grunnskólar, almennt.

*227 **Viðskiptaháskólinn í Reykjavík.*** Framlag til reksturs Viðskiptaháskólans er 211,9 m.kr. og hækkar um 56,2 m.kr. frá fjárlögum 1999. Hækkunin skýrist að mestu af fjölgun nemenda milli ára samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Skólinn hóf rekstur árið 1998 með um 200 nemendur og er gert ráð fyrir í samningnum að þeir verði 370 árið 1999, 478 árið 2000 og 502 árið 2001. Ríkið ber ekki kostnað af nemendum umfram þennan fjölda.

*228 **Listaháskóli Íslands.*** Á þessum nýja fjárlagalið er áætlað fyrir 168,9 m.kr. rekstrarútgjöldum á fyrsta starfsári skólans og 156,9 m.kr. framlagi til hans. Skólinn, sem er sjálfseignarstofnun, tók við nemendum og rekstri Myndlista- og handíðaskóla Íslands með samningi við menntamálaráðuneytið sem gildir frá 1. ágúst 1999 í tvö ár. Með myndlistarnáminu færist á þennan fjárlagalið 92 m.kr. framlag af lið 561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands í fjárlögum 1999 auk 51 m.kr. framlags Reykjavíkurborgar vegna þátttöku í kostnaði við myndlistarnám. Að auki er áætlað fyrir liðlega 9 m.kr. hækkun ríkisframlags samkvæmt samningnum og 4,9 m.kr. almennri launa og verðlagshækkun. Gert er ráð fyrir að endurskoða samninginn þannig að frá ágúst árið 2000 verði framlög ákveðin á grundvelli reiknireglna. Einnig er miðað við að gera sérstakan samning um að skólinn annist rekstur leiklistarmenntunar á háskólastigi skólaárið 2000–2001 og ráðuneytið hætti þá starfrækslu Leiklistarskóla Íslands. Stefnt er að heildarsamningi við skólann um listmenntun á háskólastigi frá og með ágúst 2001.

*231 **Rannsóknarráð Íslands.*** Rekstrargjöld og tilfærslur eru áætluð 86,9 m.kr. og hækka um 14,4 m.kr. frá fjárlögum. Hækkunin skýrist annars vegar af 8 m.kr. framlagi til nýs launasjóðs höfunda fræðirita. Sjóðurinn mun greiða starfslaun til höfunda alþjóðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku. Ætlunin er að veita styrki sem svara til 5 árslauna lektora við háskóla sem er sama viðmiðun og kveðið er á um í lögum um listamannalaun. Þriggja manna stjórn annast úthlutun úr sjóðnum sem að öðru leyti verður í umsjá Rannsóknarráðs Íslands. Hins vegar er um að ræða 4,1 m.kr. framlag til að mæta auknum launakostnaði og kostnaði við þátttöku í 5. rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróunarstarf.

*234 **Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.*** Framlag á þennan nýja fjárlagalið er 75,6 m.kr. Af þeirri fjárhæð koma 60 m.kr. af fjárlagalið Háskóla Íslands, 1,5 m.kr. af fjárlagalið Kennaraháskóla Íslands og 0,5 m.kr. af fjárlagalið Háskólans á Akureyri. Samkvæmt úrskurði kjaranefndar um mitt ár 1998 skal í ársbyrjun 1999 taka til starfa ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora sem þeir geta sótt um greiðslur úr fyrir nýsköpun og árangur í rannsóknum. Fram til þess tíma gátu prófessorar sótt í vinnumatssjóði háskólanna. Kjaranefnd setur reglur um hinn nýja sjóð og ber ríkissjóði að leggja til hans 12,5% af föstum mánaðarlaunum og föstum einingagreiðslum allra prófessora.

*235 **Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum.*** Framlag á þennan lið er 85 m.kr. sem er 20 m.kr. hækkun frá fjárlögum í samræmi við markáætlun Rannsóknarráðs Íslands sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að beita sér fyrir. Miðað er við að árangur áætlunarinnar verði metinn á árinu 2000 og að áætluninni ljúki með a.m.k. 95 m.kr. framlagi árin 2001–2004. Samtals er áætlað að veita 580 m.kr. til verkefnisins.

*238 **Bygginga- og tækjasjóður.*** Áætlað er að útgjöld sjóðsins verði 77 m.kr. sem er 3 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Sjóðurinn fær tekjur af einkaleyfisgjaldi sem lagt er á Happdrætti Háskóla Íslands og veitir styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði svo og til að byggja eða kaupa húsnæði til rannsóknar- og þróunarstarfa. Á síðustu árum hefur mestur hluti styrkja komið í hlut rannsóknastofnana sem ríkið rekur.

*269 **Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*** Framlag á fjárlagaliðinn nemur 254 m.kr. sem er 9 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1999. Lækkunin er vegna frestunar á áformum um 70 m.kr. framkvæmdir við Kennaraháskóla Íslands og 9 m.kr. útgjöld til viðhalds og tækjakaupa Tækniskóla Íslands. Á móti kemur að framkvæmd við Háskólann á Akureyri eykst um 70 m.kr. Framlagið skiptist þannig:

Rekstrargrunnur	Frumvarp 2000 m.kr.
Háskólinn á Akureyri, innréttingar 130 m.kr., búnaður 10 m.kr.	140,0
Kennaraháskóli Íslands, búnaður og viðhald	45,0
Háskóli Íslands. Atvinnudeildarhús HÍ afhent menntamálaráðuneyti	43,0
Tækniskóli Íslands, búnaður og viðhald	16,0
Aðrar háskólastofnanir, búnaður og viðhald	10,0
Samtals	**254,0**

*299 **Háskóla- og rannsóknastarfsemi.*** Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 172,3 m.kr. sem er 68,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Helstu breytingar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er áætlað fyrir 101 m.kr. framlagi á óskiptum viðfangsefnalið til að ljúka samningum við háskóla um verkefni þeirra og fjárveitingar á grundvelli reiknireglna sem menntamálaráðuneytið setur, svo og til að mæta kostnaði við fjölgun háskólanemenda og tilfærslu nemenda milli reikniflokka. Í öðru lagi eru 31,2 m.kr. færðar af fjárlagaliðnum yfir á nýjan lið 451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni. Hér er um að ræða framlög sem í fjárlögum 1999 eru áætluð til fjarkennslu á háskólastigi, Þróunarseturs Vestfjarða og undirbúnings miðstöðva fyrir háskólanám og endurmenntun á Austurlandi og Vesturlandi. Að lokum eru 6 m.kr. færðar af óskiptum lið yfir á 996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna sérnáms á háskólastigi.

985 Alþjóðleg samskipti. Heildargjöld eru áætluð 313,1 m.kr. sem er 3,4 m.kr. lækkun frá fjárlögum og skýrist af gengisþróun gjaldmiðla. Aðildargjöld vegna samstarfs við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eru áætluð 242,8 m.kr. sem er lækkun um 7,2 m.kr. frá fjárlögum. Fyrir afgreiðslu fjárlaga þarf að endurskoða fjárhæðina með tilliti til fjárlagafrumvarps ESB sem venjulega er afgreitt í desember ár hvert. Viðfangsefni *190 Alþjóðleg samskipti* hækkar um 2,8 m.kr., þar af eru 2 m.kr. vegna kostnaðar við aðild Íslendinga að Evrópska skólanetinu, EUN. Á *1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* er áætlað fyrir 11,5 m.kr. framlagi til Fulbrightstofnunarinnar, sem er 1 m.kr. hækkun. Áætlað er að framlög landanna verði jafn há árið 2000.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301–309 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 350–365 Framhaldsskólar; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni; 506–551 Framhaldsskólar; 562–564 Listaskólar; 571 Sjómannaskólahúsið; 581 Verslunarskóli Íslands og 610 Fasteignir héraðsskóla.

Þær breytingar eru frá fjárlögum að 451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni bætist við en 561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands og 606 Framhaldsskólinn Skógum falla niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Framhaldsskólar	6.707,6	6.576,5	7.018,3	6,7	4,6

Heildargjöld eru áætluð 7.458,4 m.kr. sem er 324,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Sé leiðrétt fyrir 126,7 m.kr. tilfærslu verkefna milli málefnaflokka ráðuneytisins er hækkunin 451,6 m.kr. Reikningstölur 1998 og fjárlagatölur 1999 í töflunni að framan hafa verið leiðréttar með tilliti til þessara tilfærslna. Gjöldin skiptast þannig að 6.850,4 m.kr. fara til almenns rekstrar og rekstrartilfærslna, 210 m.kr. til viðhaldsverkefna og 398 m.kr. til stofnkostnaðar. Áætlað er að sértekjur nemi 440,1 m.kr., og standi undir 5,9% gjalda, þar af eru 200 m.kr. vegna húsaleigu sem skólarnir greiða til fjárlagaliðar fasteigna framhaldsskóla og er tekjunum varið til viðhalds þeirra. Í fjárlögum 1999 eru sértekjur áætlaðar 433,2 m.kr. en þær námu 455,3 m.kr. á árinu 1998. Umframgjöld sem fjármögnuð eru með greiðslum úr ríkissjóði og innheimtu ríkistekna eru áætluð 7.018,3 m.kr.

Rekstrargjöld og rekstrartilfærslur hækka um 208,2 m.kr. auk almennra launa- og verðlagsbreytinga, en um 334,9 m.kr. sé leiðrétt fyrir tilfærslu verkefna milli málefnaflokka ráðuneytisins. Í fyrsta lagi er um að ræða tilfærslu á 145,9 m.kr. gjöldum af lið Myndlista- og handíðaskóla Íslands yfir á fjárlagalið 228 Listaháskóli Íslands. Í öðru lagi er um að

ræða 31,2 m.kr. tilfærslu frá fjárlagalið 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi yfir á 451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni og að lokum 12 m.kr. tilfærslu af lið fyrir símenntun yfir á 996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna verkefna á sviði fjarvinnslu. Þá falla niður 3 m.kr. tímabundið framlag til Myndlistarskólans í Reykjavík, 2,4 m.kr. tímabundið framlag til Myndlista- og handíðaskóla Íslands og 0,5 m.kr. tímabundið framlag til Myndlistarskólans á Akureyri.

Helstu hækkanir eru í fyrsta lagi 100 m.kr. til að mæta meiri kostnaði við rekstur framhaldsskóla en fjárlög gera ráð fyrir. Af þeirri fjárhæð er 50 m.kr. skipt í samræmi við reiknireglur til að efla almennan rekstur, skrifstofuþjónustu og stjórnun skólanna en 50 m.kr. verður úthlutað til sérstakra hagræðingarverkefna. Í öðru lagi eru 90 m.kr. vegna skipulags-, stjórnunar- og umsjónarstarfa kennara í framhaldsskólum. Um árabil hefur verið áætlað að kostnaður við störfin næmi 30% til viðbótar kennslulaunum en nú er miðað við 35%. Í þriðja lagi er 44 m.kr. hækkun til kaupa á búnaði fyrir skóla. Alls er áætlað fyrir 116 m.kr. til eignakaupa. Í fjórða lagi hækkar framlag til sérkennslu um 35 m.kr. Í fimmta lagi er áætlað fyrir 24 m.kr. hækkun vegna stoðþjónustu, reksturs og leigu á húsnæði Iðnskólans í Hafnarfirði í samræmi við samning. Í sjötta lagi er um að ræða 27 m.kr. hækkun til að mæta áhrifum af úrskurði kjaranefndar um launakjör skólameistara. Í sjöunda lagi er áætlað fyrir 18,8 m.kr. hækkun til Fullorðinsfræðslu fatlaðra til að bæta skólanum að fullu hækkanir sem orðið hafa samkvæmt kjarasamningum framhaldsskólakennara. Loks er veitt 12 m.kr. framlag til að standa undir framkvæmd ákvæða framhaldsskólalaga um kjarnaskóla í starfsmenntun. Aðrar breytingar eru minni, eða samtals 16 m.kr.

Áætlun um útgjöld til kennslu í dagskóla allra framhaldsskóla nema Fullorðinsfræðslu fatlaðra, Verslunarskólans og listaskólanna er byggð á reiknilíkani framhaldsskóla. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á líkaninu með hliðsjón af reikningstölum skólanna fyrir árið 1998. Nú er úthlutað meiru til skrifstofuþjónustu, reksturs á tölvubúnaði, skipulags-, stjórnunar- og umsjónarstarfa. Þá hefur líkaninu verið breytt til að taka meira tillit til viðbótarkostnaðar sem landsbyggðarskólar með færri en 300 nemendur verða fyrir vegna staðsetningar og smæðar. Framlög til fámennra landsbyggðarskóla hækka um 40 m.kr. umfram það sem almennt gerist.

Ráðuneytið hefur gert samninga við alla skóla, sem áætlað er fyrir með reiknilíkani, um verkefni þeirra og fjárframlög. Á árinu 1998 voru gerðir samningar til þriggja ára við sjálfseignarstofnanir um rekstur hússtjórnarskóla á Hallormsstað og í Reykjavík. Menntamálaráðherra hefur skrifað undir þriggja ára samning við Viðskipta- og tölvuskólann um styrk við skólann sem bundinn er ákveðnum skilyrðum og er háður samþykki Alþingis. Nær hann til kennslu allt að 300 nemenda og er gert ráð fyrir að greiða um 17 m.kr. árið 2000 af óskiptri fjárveitingu til framhaldsskóla. Samningur við Verslunarskóla Íslands frá árinu 1992 er í endurskoðun enda byggir hann á eldri framhaldsskólalögum. Sjálfseignarstofnunin Skógar sagði upp samningi um rekstur Framhaldsskólans Skógum frá haustinu 1999. Stefnt er að samkomulagi við heimaaðila um viðhald og vörslu eigna Skógaskóla.

Áætlað er fyrir kennslu í dagskóla og almennum rekstrarkostnaði framhaldsskóla sem falla undir reiknilíkan á viðfangsefnalið *1.01 Almennur rekstur*. Rekstrargjöld skóla á þessum viðfangsefnaliðum eru 5.243,4 m.kr. sem er 220,9 m.kr. hækkun umfram verðlag.

Framlag til hvers skóla byggir á áætlun um nám, nemendafjölda og þátttöku nemenda í prófum. Menntamálaráðuneytið mun gera upp við skólana þegar prófþátttaka liggur fyrir og getur framlagið því tekið breytingum. Í samningi við skólana er gert ráð fyrir að þeir geti sótt um viðbótarframlag ef aðsókn bendir til að nemendur verði meira en 5% fleiri en áætlað er og jafnframt að þeir skili framlagi ef nemendur reynast vera meira en 5% færri.

Gert er ráð fyrir að um 16.800 nemendur verði á árinu 2000 skráðir í nám í dagskóla framhaldsskólanna, þar af 15.800 í skólum sem fá framlag samkvæmt reiknilíkani. Þetta er lítils háttar fækkun frá áætlun 1999 og skýrist með flutningi myndlistarnáms á háskólastig og fækkun í aldursárgöngum. Gert er ráð fyrir að dagskólanemendum haldi áfram að fækka til ársins 2004.

Framlög til skóla eru að miklu leyti byggð á fjölda nemandaígilda. Nemandaígildi er mælikvarði á hversu mikið nám nemendur stunda og fæst með því að deila 17,5 námseiningum upp í samtölu námseininga í skólanum á einni önn, en það er sá einingafjöldi sem nemandi í fullu námi gengur til prófa í á einni önn. Áætlað er, með hliðsjón af reynslutölum, að ígildi 90,5% skráðra nemenda séu í fullu námi en í fjárlögum 1999 er miðað við að hlutfallið sé 90%. Í fjárlögum 1998 var miðað við 88%. Áætlað er að hlutur verknáms fari lítillega vaxandi í skólunum. Við fjárlagagerð síðustu ára hefur verið byggt á upplýsingum um þátttöku nemenda í sérhverjum áfanga sem er kenndur í framhaldsskólunum. Áfangar eru flokkaðir í bóklega eða verklega áfanga og útbúin vísitala námsframboðs, sem gefur til kynna samsetningu náms í skólunum og breytingar milli ára. Bóklegir áfangar fá vægistöluna 1,0 og er gert ráð fyrir að við góðar aðstæður megi auðveldlega kenna 25 nemendum saman. Hreinir verklegir áfangar fá töluna 2,08 og er gert ráð fyrir að við góðar aðstæður séu 12 nemendur saman í hóp. Við útreikninga á framlögum er miðað við að meðalstærð hópa sé 77,46% af framangreindri viðmiðun. Vísitala námsframboðs er áætluð 1,216 vegna ársins 2000, en hún var 1,208 í fjárlögum 1999 og 1,195 í fjárlögum 1998. Vísitalan er lægst hjá Framhaldsskólanum á Laugum 1,051 en hæst hjá Iðnskólanum í Hafnarfirði 1,61. Meðalkostnaður á nemandaígildi í dagskóla, án sérverkefna, er áætlaður um 365 þús.kr. Hann er lægstur í fjölmennum bóknámsskólum en hæstur hjá fámennum skólum á landsbyggðinni eða á bilinu 400–600 þús.kr. Kostnaður á nemanda listaskólanna er síðan mun hærri. Kennsluhúsnæði framhaldsskóla er áætlað 171 þúsund fermetrar eða liðlega 11 fermetrar á hvert nemandaígildi. Húsnæði er afar misskipt milli skóla. Kvennaskólinn sem býr þrengst er með 5,5 fermetra á nemandaígildi. Meðfylgjandi tafla sýnir útgjöld vegna kennslu í dagskóla og almennan rekstrarkostnað allra framhaldsskólanna, ásamt fjölda nemandaígilda, vísitölu námsframboðs og stærð kennsluhúsnæðis sem lagt er til grundvallar áætlanagerð.

	Nemanda-ígildi 1999	Nemanda-ígildi 2000	Vísitala náms-framboð	Fermetrar kennslu-húsnæðis	Ferm. á nemanda	Heildar gjöld m.kr.	Þús.kr. á nemanda-ígildi
Framhaldsskólinn á Laugum	91	87	1,051	3.500	40,2	45,0	517
Menntaskólinn í Reykjavík	880	820	1,058	5.730	7,0	249,9	305
Menntaskólinn á Akureyri	562	571	1,061	7.334	12,8	186,6	327
Menntaskólinn við Hamrahlíð	879	891	1,064	7.194	8,1	282,6	317
Kvennaskólinn í Reykjavík	495	501	1,073	2.750	5,5	160,8	321
Menntaskólinn við Sund	761	738	1,090	6.590	8,9	230,3	312
Menntaskólinn á Egilsstöðum	268	225	1,095	2.570	11,4	86,7	385
Flensborgarskóli	576	531	1,095	6.512	12,3	193,1	364
Fjölbrautaskólinn Ármúla	673	718	1,097	4.325	6,0	233,6	325
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	73	64	1,101	903	14,1	32,8	513
Menntaskólinn á Laugarvatni	140	135	1,114	2.595	19,2	61,7	457
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	526	526	1,123	5.137	9,8	177,6	337
Framhaldsskólinn á Húsavík	148	143	1,136	1.700	11,9	60,4	422
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	398	370	1,151	4.250	11,5	128,3	347
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	208	218	1,155	3.172	14,6	88,2	405
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	705	647	1,157	5.969	9,2	217,3	336
Menntaskólinn í Kópavogi	904	913	1,160	9.266	10,1	311,1	341
Fjölbrautaskóli Suðurlands	629	718	1,163	7.531	10,5	247,8	345
Framhaldsskóli Vestfjarða	211	235	1,190	3.915	16,7	98,2	418
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.198	1.185	1,194	10.450	8,8	412,2	348
Fjölbrautaskóli Vesturlands	592	564	1,196	6.686	11,9	202,1	358
Verkmenntaskólinn á Akureyri	939	951	1,267	11.328	11,9	360,6	379
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	90	60	1,280	2.015	33,6	37,4	623
Verkmenntaskóli Austurlands	144	112	1,304	3.495	31,2	69,0	616
Borgarholtsskóli	498	505	1,410	10.500	20,8	222,4	440
Vélskóli Íslands	210	228	1,489	4.720	20,7	115,3	506
Iðnskólinn í Reykjavík	1.274	1.322	1,570	14.575	11,0	583,2	441
Iðnskólinn í Hafnarfirði	288	326	1,611	4.450	13,7	149,2	458
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	-	801	33,4	9,9	413
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	24	24	-	840	35,0	11,9	496
Leiklistarskóli Íslands	24	24	-	1.453	60,5	19,4	808
Tónlistarskólinn í Reykjavík	17	17	-	-	-	14,5	853
Listdansskólinn	14	14	-	1.004	71,7	21,5	1.536
Verslunarskóli Íslands	980	980	-	7.873	8,0	294,5	301
Samtals	**15.443**	**15.387**	**1,216**	**171.133**	**11,1**	**5.615,1**	**365**

Rekstrargjöld á viðfangsefnalið 1.09 Önnur verkefni hjá viðkomandi skólum eru samtals 382,5 m.kr. sem er 36,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum umfram verðlagsbreytingu. Þyngst vegur hækkun Iðnskólans í Hafnarfirði um 48 m.kr. vegna aukins húsnæðis og samnings um rekstur stoðþjónustu, en gert er ráð fyrir að sértekjur skólans hækki á móti um 16 m.kr. Rekstrarkostnaður ríkisins vegna heimavista hækkar um 27,6 m.kr. umfram verðlagsbreytingu og er áætlaður 73 m.kr. Ríkið rekur heimavistir fyrir samtals u.þ.b. 890 nemendur í 17.100 fermetra húsnæði og er framlag ríkisins áætlað til jafnaðar 82 þús.kr. á nemanda án kostnaðar við fjárbindingu, en viðhald húsnæðisins er greitt af leigutekjum. Á móti kemur

að áætlað er að rekstur kvöldskóla dragist saman um 30,9 m.kr og kosti 180,3 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að ríkið greiði 107,6 m.kr. en nemendur það sem á vantar. Haustið 1998 var 2.551 nemandi skráður í kvöldskólanám og er gert ráð fyrir að þeim fækki. Þá eru 7 m.kr. færðar af Fjölbrautaskóla Suðurnesja á 451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni og tímabundið 1,6 m.kr. framlag til hagræðingar í Framhaldsskólanum í A-Skaftafellssýslu fellur niður.

Útgjöld Verslunarskóla Íslands og hússtjórnarskóla eru áætluð samkvæmt samningum við rekstraraðila með hliðsjón af reiknilíkani framhaldsskóla en útgjöld listaskóla eru áætluð á hefðbundinn hátt, samtals 414,9 m.kr. Framlag til Verslunarskólans er 288,5 m.kr. og hækkar, auk verðlagsbreytinga, um 30,6 m.kr. í samræmi við endurskoðaða viðmiðun um nemendafjölda. Framlag til hækkar um 3 m.kr. umfram verðlagsbreytingu og um 5 m.kr. til Listdansskólans vegna launahækkana og skrifstofuþjónustu. Gert er ráð fyrir að Listaháskóli Íslands taki við rekstri Leiklistarskólans haustið 2000.

318 ***Framhaldsskólar, stofnkostnaður.*** Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 398 m.kr. og lækka um 80 m.kr. frá fjárlögum. Gert er ráð fyrir að fresta framkvæmdum að fjárhæð 80 m.kr. Þar vega þyngst 35 m.kr. framkvæmdir sem áformaðar voru vegna Menntaskólans í Reykjavík og 10 m.kr. framkvæmdir við Sjómannaskólahúsið. Einnig er frestað hönnunarvinnu og smærri framkvæmdum að fjárhæð 35 m.kr.

Rekstrargrunnur	Frumvarp 2000 m.kr.
Framhaldsskólar í Reykjavík, óráðstafað	65,0
Borgarholtsskólinn í Reykavík, uppgjör samkvæmt samningi	20,0
Sjómannaskólahús	30,0
Menntaskólinn í Kópavogi, uppgjör samkvæmt samningi	90,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, uppgjör samkvæmt samningi	70,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	5,0
Framhaldsskólar við Eyjafjörð, óráðstafað	50,0
Framhaldsskólinn á Húsavík	5,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	30,0
Óráðstafað til framkvæmda	23,0
Tæki og búnaður, óráðstafað	10,0
Samtals	**398,0**

319 ***Framhaldsskólar, almennt.*** Heildargjöld á þessum fjárlagalið eru 693,4 m.kr. og hækka um 80,8 m.kr. frá fjárlögum. Breytingar, aðrar en verðlags, eru eftirfarandi: Liðurinn *1.12 Orlof kennara* hækkar um 3 m.kr. í samræmi við bókun í kjarasamningi framhaldsskólakennara um að menntamálaráðherra muni beita sér fyrir fjölgun um a.m.k. eitt orlof kennara skólaárið 1999/2000 og annað skólaárið 2000/2001 til viðbótar þeim 20 orlofum sem samið er um í kjarasamningi. Auk þess er áætlað fyrir

námsorlofi eins skólameistara á liðnum. Hækkun á lið *1.14 Sérkennsla* er 35 m.kr. Þar af eru 10 m.kr. ætlaðar til að greiða kostnað nemenda sem þegar fá sérkennslu, 15 m.kr. til að bæta við námsári í sérkennslu haustið 2000 og 10 m.kr. til ýmissa verkefna sem tengjast lesblindum nemendum á grunn- og framhaldsskólastigi. Á *1.16 Nýjungar í skólastarfi* er áætlað fyrir 12 m.kr. framlagi til að standa undir framkvæmd ákveða framhaldsskólalaganna um kjarnaskóla í starfsmenntun. Einnig er gert ráð fyrir 2 m.kr. framlagi til reksturs Röde Kors United World College sem er alþjóðlegur menntaskóli í Noregi sem öll Norðurlöndin eru aðilar að. Ríkisstjórnin samþykkti árið 1991 að Ísland greiði fyrir tvo nemendur, einn íslenskan og einn utan Norðurlanda. Framlag til *1.27 Íslenskukennsla* hækkar um 2 m.kr. til að mæta aukinni eftirspurn eftir íslenskukennslu fyrir nýbúa. Niður fellur 0,5 m.kr. tímabundið framlag til Myndlistarskólans á Akureyri og 3 m.kr. til húsnæðismála Myndlistarskólans í Reykjavík. Framlög til fjarkennsluverkefna á Norðurlandi vestra og á Suðurlandi, samtals 14 m.kr., eru færð yfir á lið 451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni.

Á óskiptum lið er áætlað fyrir 92 m.kr. til að mæta kostnaði við fjölgun nemenda, óvæntum kostnaði og sérstökum hagræðingarverkefnum í skólum sem hafa ekki náð að fella rekstur sinn að fjárheimild. Framlag á liðnum lækkar um 19,3 m.kr. frá fjárlögum. Mestu munar að sérstöku 40 m.kr. framlagi í fjárlögum 1999 til fámennra skóla á landsbyggðinni er skipt á milli níu skóla með færri en 300 nemendur. Þá eru 31,8 m.kr. færðar af liðnum yfir á Verslunarskóla Íslands og listaskóla til að mæta kostnaði við rekstur skólanna. Á móti kemur 50 m.kr. framlag til að lagfæra fjárhagsstöðu nokkurra framhaldsskóla sem að óbreyttu ná ekki að aðlaga rekstur sinn að fjárveitingum. Áformað er að yfirfara rekstur skólanna og forsendur fyrir fjárveitingum til þeirra í þeim tilgangi að ná jafnvægi í rekstri. Fjárhæðinni verður að hluta til úthlutað til sérstakra hagræðingarverkefna í samræmi við samninga við skólana.

441 ***Fullorðinsfræðsla fatlaðra.*** Framlag á þennan fjárlagalið er 106,3 m.kr. sem er 21,8 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Auk verðlagshækkana eru bættar að fullu hækkanir sem rekja má til kjarasamninga framhaldsskólakennara, m.a. minni kennsluskyldu.

451 ***Símenntun og fjarvinnsluverkefni.*** Framlag á þennan nýja fjárlagalið er 41,4 m.kr. Í fjárlögum er veitt fé til styrktar ýmsum verkefnum á sviði símenntunar og fjarkennslu á landsbyggðinni, bæði á framhalds- og háskólastigi. Yfirleitt er um að ræða samstarfsverkefni nokkurra aðila. Unnið hefur verið að gerð samninga um framkvæmd verkefnanna og til þess að bæta yfirsýn eru framlögin sameinuð á einum lið. Framlögin koma af eftirfarandi liðum: 299-1.12 Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Austurlandi, 5,2 m.kr., 299-1.13 Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Vesturlandi, 7 m.kr., 299-1.21 Fjarkennsla á háskólastigi, 12 m.kr., 299-1.23 Þróunarsetur Vestfjarða, 7 m.kr., 319-1.51 Fjarkennsluverk-

efni á Norðurlandi vestra, 7 m.kr., 319-1.53 Fjarkennsluverkefni á Suðurlandi, 7 m.kr. og 353-1.90 Fjölbrautaskóli Suðurnesja, önnur verkefni, 7 m.kr. Til lækkunar kemur 12 m.kr. tilfærsla af fjárlagaliðnum yfir á 996 Íslenska upplýsingasamfélagið þar sem m.a. er áætlað fyrir mótframlagi vegna uppbyggingar á fjarkennslu.

Grunnskólar og leikskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar almennt	89,8	89,5	101,2	13,1	12,7
Námsgagnastofnun	274,5	258,5	266,2	3,0	-3,0
Samtals	**364,3**	**348,0**	**367,4**	**5,6**	**0,9**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 467,6 m.kr. sem er 9 m.kr. hækkun umfram verðlagsbreytingar. Annars vegar er 4 m.kr. hækkun framlags vegna kostnaðar við framkvæmd samræmdra prófa. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála annast framkvæmd prófanna samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Hins vegar er 5 m.kr. hækkun vegna endurnýjunar samnings við samtök höfundaréttarhafa um ljósritun í skólum landsins. Áætlað er að ljósritaðar hafi verið nálægt 58 milljón blaðsíður í grunnskólum og framhaldsskólum í landinu á síðasta ári sem samsvarar um 970 blaðsíðum á hvern nemanda og þar af sé um fjórðungur gjaldskyldur.

Námsaðstoð

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun á námskostnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.727,0	1.810,0	2.010,0	11,0	16,4
Jöfnun á námskostnaði	170,4	259,8	267,5	3,0	57,0
Samtals	**1.897,4**	**2.069,8**	**2.277,5**	**10,0**	**20,0**

Heildargjöld eru áætluð 2.277,5 m.kr. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er áætlað 2.010 m.kr. og hækkar auk verðlagsbreytinga um 140 m.kr. vegna breytinga á útlánareglum og þar sem vænst er fleiri lántakenda. Fjallað er um Lánasjóðinn í athugasemdum við C-hluta.

Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 902–919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhús; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 975 Menningarsjóður útvarpsstöðva; 976 Menningarsjóður; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður og 982 Listir, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðminjasafn Íslands	140,6	135,4	134,2	-0,9	-4,6
Þjóðskjalasafn Íslands	84,1	77,5	90,0	16,1	7,0
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	288,6	316,0	317,7	0,5	10,1
Listasafn Einars Jónssonar	7,5	6,8	9,1	33,8	21,3
Listasafn Íslands	62,4	74,5	77,4	3,9	24,0
Blindrabókasafn Íslands	38,0	38,8	41,6	7,2	9,5
Söfn, ýmis framlög	23,4	20,5	25,5	24,4	9,0
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	413,5	535,0	370,0	-30,8	-10,5
Ríkisútvarpið	1.568,2	1.625,0	1.625,0	0,0	3,6
Íslenski dansflokkurinn	71,4	50,3	57,0	13,3	-20,2
Þjóðleikhús	382,5	367,0	378,0	3,0	-1,2
Sinfóníuhljómsveit Íslands	147,1	154,9	160,0	3,3	8,8
Menningarsjóður útvarpsstöðva	93,0	130,0	120,0	-7,7	29,0
Menningarsjóður	14,7	13,0	13,0	0,0	-11,6
Listasjóðir	167,6	159,7	164,5	3,0	-1,8
Húsafriðunarsjóður	30,5	25,5	25,5	0,0	-16,4
Listskreytingasjóður	9,3	8,0	8,0	0,0	-14,0
Kvikmyndasjóður	132,7	176,4	205,8	16,7	55,1
Listir, framlög	343,3	356,4	433,4	21,6	26,2
Samtals	**4.018,4**	**4.270,7**	**4.255,7**	**-0,4**	**5,9**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 4.359,6 m.kr. sem er 13,4 m.kr. lækkun frá fjárlögum. Gjöldin skiptast þannig að 997,1 m.kr. fara til almenns rekstrar, 3.121,1 m.kr. til rekstrartilfærslna og 487,5 m.kr. til viðhalds- og stofnkostnaðar. Áætlað er að afla 57,4 m.kr. sértekna á móti rekstrargjöldum eða sem nemur 1,5% og að 46,5 m.kr. stofnkostnaður verði greiddur með sértekjum. Í fjárlögum 1999 eru sértekjur áætlaðar 102,3 m.kr. en þær reyndust vera 198,6 m.kr. á árinu 1998.

Áætlað er rekstrargjöld og rekstrartilfærslur hækki um 113,4 m.kr. umfram verðlagsbreytingar. Mestu munar um 60,5 m.kr. tímabundið framlag til menningarviðburða í Reykjavíkurborg árið 2000, 28,6 m.kr. framlag til íslenskrar kvikmyndagerðar samkvæmt samkomulagi við samtök í íslenskri kvikmyndagerð, 22,5 m.kr. stuðning við ýmsa menningarstarfsemi og 18,8 m.kr. til reksturs listasafna, einkum vegna launahækkana. Þá er

áætlað að rekstrargjöld Menningarsjóðs útvarpsstöðva lækki um 10 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur af auglýsingum í útvarpi.

Stofnkostnaður lækkar um 160 m.kr. vegna frestunar framkvæmda Endurbótasjóðs menningarbygginga auk þess fellur niður tímabundið 7 m.kr. framlag til að gera íslenskar fornbókmenntir aðgengilegar á Netinu og 5 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á Kaupangi á Vopnafirði.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

902 Þjóðminjasafn Íslands. Heildargjöld eru áætluð 144,7 m.kr. sem er 0,9 m.kr. lækkun frá fjárlögum. Tímabundið 5 m.kr. framlag í fjárlögum til byggða- og minjasafna fellur niður, en á móti kemur hækkun vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Rekstrargjöld eru áætluð 95,7 m.kr. og hækka um 10 m.kr. umfram verðlagsbreytingu. Kostnaður við rekstur fasteigna og þjónustu við stofnanir, m.a. vegna móttöku og varðveislu skjala, hefur reynst vera meiri en fjárlög gera ráð fyrir.

905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Heildargjöld eru áætluð 368,2 m.kr. Lokaframlag ríkisins til Íslenskra fornbókmennta á Netinu í fjárlögum 1999 að fjárhæð 7 m.kr. fellur niður. Alls var veitt 21 m.kr. til verkefnisins sem var unnið í samstarfi við Cornell háskóla í Bandaríkjunum og Stofnun Árna Magnússonar.

906 Listasafn Einars Jónssonar. Rekstrargjöld eru áætluð 9,5 m.kr. og hækka auk verðlagsbreytinga um 2 m.kr. vegna launaþróunar og ýmissa breytinga á safnahúsi og lóð.

907 Listasafn Íslands. Heildargjöld eru áætluð 91 m.kr. og hækkar framlag um 1 m.kr. umfram almennt verðlag vegna launabreytinga. Miðað er við að safnið afli 13,6 m.kr. sértekna sem er álíka há fjárhæð og miðað er við í fjárlögum, en árið 1998 námu tekjurnar 22,4 m.kr.

909 Blindrabókasafn Íslands. Heildargjöld eru áætluð 42,7 m.kr. og hækka um 1 m.kr. vegna launabreytinga.

919 Söfn, ýmis framlög. Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 25,5 m.kr. og hækka um 5 m.kr. Breytingar eru annars vegar 3 m.kr. framlag til reksturs hönnunarsafns í samræmi við samning milli menntamálaráðuneytisins, Garðabæjar og þjóðminjaráðs. Samningurinn sem nær til ársloka 2003 gerir ráð fyrir að á tímabilinu skuli stjórnarnefnd ráðleggja um uppbyggingu safnsins og gera tillögur um framtíðarhlutverk þess. Menntamálaráðuneytið leggur safninu til húsnæði og greiðir laun en annan rekstrar-

kostnað greiða ráðuneytið og Garðabær að jöfnu. Hins vegar er áætlað fyrir 2 m.kr. hækkun til fornleifaskráningar og fornleifarannsókna umfram það starf sem fer fram á vegum Þjóðminjasafnsins.

969 ***Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*** Fjárframlag til viðhalds- og stofnkostnaðar menningarbygginga verður 370 m.kr. samanborið við 535 m.kr. í fjárlögum. Innheimtar tekjur af sérstökum eignarskatti eru áætlaðar 626 m.kr. og er gert ráð fyrir að þar af fari 320 m.kr. til framkvæmda á vegum Endurbótasjóðs menningarbygginga, en áformuðum 160 m.kr. framkvæmdum verði frestað. Þær skiptast þannig að 100 m.kr. eru vegna Þjóðminjasafns Íslands, 50 m.kr. vegna Þjóðskjalasafn og 10 m.kr. eru smærri framkvæmdir. Miðað er við að mismunurinn renni í ríkissjóð. Niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á Kaupangi á Vopnafirði. Á fjárlagaliðnum er eins og í fjárlögum 1999 áætlað fyrir 50 m.kr. framlagi til að greiða af lánum sem Ríkisútvarpið tók vegna framkvæmda við langbylgjumastur að Gufuskálum og að Eiðum og er það lokagreiðsla. Samtals nemur þátttaka ríkissjóðs í uppbyggingu langbylgjukerfisins 200 m.kr. á fjórum árum.

Ráðgert er að framlagi Endurbótasjóðs verði skipt þannig, en skv. lögum er það stjórn sjóðsins sem ákveður endanlega úthlutun:

Rekstrargrunnur	Frumvarp 2000 m.kr.
Þjóðmenningarhús við Hverfisgötu	95,0
Þjóðminjasafn	50,0
Verndun gamalla húsa	50,0
Landsbókasafn-Háskólabókasafn, bókageymslur í Reykholti	50,0
Byggðasöfn	25,0
Þjóðleikhús	10,0
Þjóðskjalasafn	10,0
Aðrar framkvæmdir og óráðstafað	30,0
Samtals	**320,0**

972 ***Íslenski dansflokkurinn.*** Rekstrargjöld eru áætluð 61,1 m.kr. sem er 6,8 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Framlag hækkar um 5 m.kr. vegna launahækkana starfsmanna og aukins rekstrarkostnaðar eftir flutning á aðstöðu dansflokksins í Borgarleikhúsið.

975 ***Menningarsjóður útvarpsstöðva.*** Framlag til sjóðsins er áætlað 120 m.kr. sem er 10 m.kr. lækkun frá fjárlögum. Sjóðurinn fær lögbundnar tekjur af menningarsjóðsgjaldi, sem er 10% og leggst á verð allra auglýsinga í útvarpi. Hlutverk sjóðsins er að veita framlög til að efla efla innlendra dagskrárgerð, þeirri sem má verða til menningarauka og fræðslu. Auk þess greiðir hann hlut Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem áætlaður er 68,8 m.kr.

981 Kvikmyndasjóður. Heildargjöld sjóðsins eru áætluð 205,8 m.kr. og hækka um 28,6 m.kr. að raungildi. Hækkunin er í samræmi við samkomulag um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð sem gert var í árslok 1998. Í því er gert ráð fyrir að framlag í Kvikmyndasjóð hækki til viðbótar um 35 m.kr. árið 2001 og um 30 m.kr. árið 2002 og nemi þá samtals 270 m.kr.

982 Listir, framlög. Heildargjöld eru áætluð 433,4 m.kr. sem er 77 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Framlag til Bókasafnssjóðs höfunda hækkar um 0,5 m.kr. og verður 18,3 m.kr. Sjóðurinn úthlutar til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, enda séu bækur þeirra notaðar í bókasöfnum. Framlag til Bókmenntakynningarsjóðs verður 6,5 m.kr. og hækkar um 1 m.kr. Menntamálaráðuneytið hefur gert samning við sjóðinn um verkefni hans og hann opnað skrifstofu. Gert er ráð fyrir 1 m.kr. hækkun til starfsemi áhugaleikfélaga til að styrkja félög á landsbyggðinni. Framlag á lið *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa* hækkar um 2,5 m.kr. og verður 22,5 m.kr. Ætlunin er að gera tímabundna samninga um fjárstuðning við atvinnuleikhópa í samræmi við heimild í leiklistarlögum og að greiða styrk til leiklistarráðs af liðnum en ekki af óskiptum lið eins og hingað til. Viðfangsefnið *1.25 Starfsemi hljómsveita* fær 3 m.kr. hækkun og *1.28 Barnamenningarsjóður* fær 0,5 m.kr. hækkun en sjóðurinn styrkir menningarstarf sem ætlað er börnum og unglingum. Framlag á viðfangsefnalið *1.40 Samningur við Akureyrarbæ* um menningarstarfsemi hækkar um 3 m.kr. og nemur 41,3 m.kr. Gildandi samningur, sem gerður er með stoð í lögum um reynslusveitarfélög, rennur út í árslok. Þar sem umsamið fyrirkomulag hefur líkað vel er nýr samningur í undirbúningi. Framlag til *1.80 Listahátíð í Reykjavík* hækkar um 10,5 m.kr. og verður 16 m.kr. í samræmi við væntanlegan samning milli rekstraraðila hátíðarinnar. Á viðfangsefnalið *1.82 Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000* er áætlað fyrir 100 m.kr. framlagi til Reykjavíkurborgar samkvæmt samningi þar að lútandi og hækkar það um 50 m.kr. milli ára. Samningurinn gerir ráð fyrir 235 m.kr. heildargreiðslu ríkisins og að lokagreiðslan, 50 m.kr., verði innt af hendi á árinu 2001. Að lokum hækkar framlag á óskiptum lið um 9 m.kr. og verður 42,4 m.kr. Niður fellur tímabundið 7 m.kr. framlag í fjárlögum 1999 til að gera tónhandrit Jóns Leifs aðgengileg til útgáfu og flutnings. Heildarframlag til verkefnisins var 12 m.kr.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 804 Kvikmyndaskoðun; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 472,8 m.kr. og skiptist þannig að 313,8 m.kr. eru vegna rekstrar og rekstrartilfærslna og 159 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Rekstrargjöld og rekstrartilfærslur hækka um 27,6 m.kr. milli ára en stofnkostnaður um 3 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	25,4	20,1	20,7	3,0	-18,5
Kvikmyndaskoðun	7,9	7,1	7,0	-1,4	-11,4
Ýmis fræðistörf	18,9	22,0	20,3	-7,7	7,4
Norræn samvinna	10,1	13,5	29,0	114,8	187,1
Æskulýðsmál	32,2	45,0	43,5	-3,3	35,1
Ýmis íþróttamál	142,6	143,1	154,4	7,9	8,3
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,2	153,0	136,0	-11,1	-
Ýmislegt	40,8	54,7	60,1	9,9	47,3
Samtals	**278,1**	**458,5**	**471,0**	**2,7**	**69,4**

Helstu breytingar á fjárlagaliðum eru eftirfarandi.

983 Ýmis fræðistörf. Rekstrartilfærslur á þessum fjárlagalið eru 20,3 m.kr. sem er 1,7 m.kr. lækkun frá fjárlögum. Niður fellur tímabundið 5 m.kr. framlag til kynningar á íslenskum og norrænum fræðum, en á móti kemur tímabundið 3 m.kr. framlag til að skrifa sögu Þjóðleikhússins. Við bætast þrír nýir viðfangsefnaliðir. Sá fyrsti er *1.15 Sögufélagið* með 0,5 m.kr. framlag. Annar er *1.16 Hið íslenska fornritafélag* með 0,5 m.kr. Að lokum er *1.23 Hið íslenska bókmenntafélag* með 1 m.kr. framlag. Þessir aðilar hafa fengið styrki af viðfangsefnunum *1.10 Fræðistörf* og *1.11 Styrkir til útgáfumála*, sem lækka hvor um sig, um 1 m.kr.

984 Norræn samvinna. Rekstrartilfærslur á þessum lið eru áætlaðar 29 m.kr. sem er 15,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Breytingin skýrist annars vegar af 17 m.kr. framlag til styrktar norrænu menningarmóti ungmenna sem stendur til að halda í Reykjavík í júní á næsta ári. Í fjáraukalagafrumvarpi 1999 er gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi til undirbúnings mótsins. Hins vegar fellur niður 1,5 m.kr. tímabundið framlag vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

988 Æskulýðsmál. Gjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 43,5 m.kr. Breytingar frá fjárlögum eru þær að niður fellur 3 m.kr. tímabundið framlag til Bandalags íslenskra skáta en á móti er framlag til æskulýðsrannsókna aukið um 1,5 m.kr.

989 Ýmis íþróttamál. Framlög á þennan fjárlagalið er 154,4 m.kr. sem er 11,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Helstu breytingar eru þær að áætlað er fyrir 8 m.kr. tímabundnu framlagi til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands vegna sumarólympíuleika í Sydney í Ástralíu árið 2000. Einnig er gert ráð fyrir tímabundnu 6 m.kr. framlagi vegna þátttöku í Ólympíuleikum fatlaðra í Sydney árið 2000. Framlag til íþróttasjóðs hækkar um 2 m.kr. og verður 18,3 m.kr. Í íþróttalögum er gert ráð fyrir heimild til að styrkja íþróttarannsóknir, útbreiðslu- og fræðsluverkefni auk verkefna sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar. Færðar eru 1,7 m.kr. á *125 Skákskóli Íslands* af *122 Launasjóður stórmeistara í skák* vegna launa stórmeistara sem jafnframt er skólastjóri Skákskólans í samræmi við tillögur skólanefndar skólans. Á nýjum viðfangsefnalið *655 Íþróttamannvirki í Vesturbyggð* er áætlað fyrir 5 m.kr. tímabundinni fjárveitingu til endurbóta á íþróttamannvirkjum í Vesturbyggð í tilefni af unglingamóti UMFÍ sem verður haldið þar árið 2000. Kostnaðaráætlun heimamanna gerir ráð fyrir 19,7 m.kr. heildarkostnaði. Í fjáraukalagafrumvarpi 1999 er einnig áætlað fyrir 5 m.kr. framlagi og verður framlag ríkisins því alls 10 m.kr. Á óskiptum lið er áætlað fyrir 13,5 m.kr. framlagi til uppbyggingar íþróttaaðstöðu á Egilsstöðum þar sem ráðgert er að halda landsmót ungmennasambandanna árið 2001. Þetta er 5,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1999. Áformað er að veita sömu leiðis 13,5 m.kr. til framkvæmdanna í fjárlögum 2001 og mun framlag ríkisins því alls nema 35 m.kr. á þremur árum. Á óskiptum lið er einnig áætlað fyrir 3 m.kr. tímabundnu framlagi til styrktar Skíðaskólanum í Kerlingarfjöllum, þar sem snjóleysi á svæðinu hefur leitt til tekjutaps. Skólinn fékk 12,5 m.kr. framlag á árunum 1997 og 1998 og er lagt til að hann fái 2,4 m.kr. í fjárlögum ársins 2001. Framlag til skólans er því áætlað samtals 17,9 m.kr. á fjórum árum. Niður falla tímabundin framlög til eftirtalinna aðila: Skáksambands Íslands vegna Ólympíuskákmóts í Elista í Kalmykiu, 1,5 m.kr., Handknattleikssambands Íslands, 14 m.kr. Samtals var 42 m.kr. veitt til sambandsins á þremur árum. Þá fellur niður framlag til Bridgesambands Íslands, 3 m.kr., vegna byggingarframkvæmda. Samtals nam framlag ríkissjóðs til sambandsins 9 m.kr. á þremur árum.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Framlag á liðinn er áætlað 136 m.kr. sem er hækkun um 1 m.kr. frá fjárlögum. Á liðinn eru færðar 6 m.kr. af lið 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 12 m.kr. af 451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni, en á móti kemur 17 m.kr. lækkun. Áætlað er að verja framlaginu í samræmi við tillögur sérstakrar verkefnisstjórnar sem hér segir: Kennsluhugbúnaður, 38 m.kr.; kennaramenntun, 36 m.kr.; uppbygging fjarkennslu, 20 m.kr.; sérnám á háskólastigi, 16 m.kr.; Þróunarsjóður framhaldsskóla, 12 m.kr.; þróunarskólar á sviði upplýsingatækni, 10 m.kr. og fjarkennsla á grunnskólastigi í íslensku fyrir Íslendinga erlendis, 4 m.kr.

999 Ýmislegt. Framlag á þennan lið verður 60,1 m.kr. og hækkar um 5,4 m.kr. Þrennt skýrir hækkunina. Í fyrsta lagi er framlag til reksturs Gunnarsstofnunar aukið um 3 m.kr. og nemur þá 7 m.kr. Hlutverk hennar er að leggja rækt við bókmenntir með áherslu á ritverk og ævi Gunnars Gunnarssonar, auk ýmissa annarra verkefna á sviði menningar. Í öðru lagi hækkar rekstrarframlag til Snorrastofu um 1,4 m.kr. í samræmi við samning um starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar Snorrastofa í Reykholti frá árinu 1996. Að auki hækkar framlag til Snorrastofu um 1 m.kr. til að viðhalda og efla bókasafn sem það dr. Jakob Benediktsson, heitinn, ráðstafaði til eflingar menningar- og fræðastarfi í Reykholti. Gerður verður samningur til allt að 10 ára við sjálfseignarstofnunina um umsjón safnsins.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.109,9	1.992,5	2.295,2	15	9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	674,5	996,9	1.229,9	23	82
Stofnkostnaður og viðhald	510,7	195,8	166,8	-15	-67
Samtals	**3.295,1**	**3.185,2**	**3.691,9**	**16**	**12**
Greitt úr ríkissjóði	2.967,3	2.696,9	3.164,7	17	7
Innheimt af ríkistekjum	427,0	488,3	527,2	8	23
Viðskiptahreyfingar	-99,2	-	-	-	-
Samtals	**3.295,1**	**3.185,2**	**3.691,9**	**16**	**12**

Heildarútgjöld utanríkisráðuneytisins eru áætluð 3.762 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 70 m.kr., en þær nema um 2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur nema 3.692 m.kr. en af þeirri fjárhæð eru 3.165 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 572 m.kr. með innheimtu af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.295 m.kr. og hækka um 303 m.kr. frá fjárlögum 1999. Þar vegur þyngst 130 m.kr. aukið framlag vegna þátttöku Íslands í heimssýningunni í Hannover í Þýskalandi árið 2000 og 92 m.kr. aukning á rekstrargjöldum sendiráða og fastanefnda.

Neyslu- og rekstrartilfærslur nema 1.230 m.kr. og hækka um 233 m.kr. Helstu breytingarnar eru 100 m.kr. í þróunarsjóð EFTA, sem er tímabundið framlag, og 60 m.kr. aukið framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 167 m.kr. og lækkar um 29 m.kr. Þar vegur þyngst að 70 m.kr. framlag til byggingar sendiráðs í Berlín og 14 m.kr. stofnframlag vegna fastanefndar Íslands í Vín falla niður. Framlag til byggingar sendiherrabústaðar í Berlín er áætlað 50 m.kr. á árinu 2000.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum sem nemur alls 8 m.kr. Um er að ræða frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum undir liðnum 320 Sendiráð almennt að fjárhæð 4 m.kr., 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli 3 m.kr. og loks er gert ráð fyrir frestun framkvæmda hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins, 1 m.kr.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Heildargjöld þessa málefnaflokks nema 779 m.kr. og hækka um 193 m.kr. milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	491,2	546,3	570,6	4,4	16,2
Ýmis verkefni	25,8	14,0	179,0	-	-
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0.0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	20,0	24,0	20,0	-
Samtals	**517,0**	**585,3**	**778,6**	**33,0**	**50,6**

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Heildargjöld nema 570,6 m.kr. og hækka um 24,3 m.kr. frá fjárlögum 1999. Gjöld á viðfangsefninu *1.01 Yfirstjórn* hækka um 11,1 m.kr. og nema 471,5 m.kr. Helstu breytingar má rekja til þess að styrkja þarf flestar skrifstofur ráðuneytisins vegna aukinna verkefna á vettvangi alþjóðamála og fjölgunar sendiskrifstofa. Hækkun vegna þessa er 62,6 m.kr. Vegna þátttöku á heimssýningunni í Hannover eru 35 m.kr. millifærðar af yfirstjórn yfir á ýmis verkefni og framlög vegna formennsku í Norðurlandaráði og Evrópuráðinu falla niður, samtals 16,5 m.kr. Útgjöld *1.02 Varnarmálaskrifstofa* hækka um 4,2 m.kr. og verða 60 m.kr. Hækkun, 1,5 m.kr., kemur til vegna aukinna verkefna í tengslum við friðarsamstarf og þátttöku Íslands í friðargæslu- og mannúðarverkefnum. Aðrar breytingar má rekja til verðlagsbreytinga. Framlag til viðfangsefnisins *1.53 Þýðingarmiðstöð* hækkar um 15 m.kr. Ætlunin er að flytja starfsemina í stærra húsnæði og fjölga starfsmönnum. Þá fellur niður tímabundið framlag til viðfangsefnis *1.91 Undirbúningur að stofnun nýrra sendiráða,* 15 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að 165 m.kr. verði varið til að undirbúa þátttöku Íslands í heimssýningunni í Hannover árið 2000 og hækkar framlagið um 130 m.kr. milli ára.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Gert er ráð fyrir að verja 24 m.kr. til þessa fjárlagaliðar. Framlaginu verður varið til uppsetningar á málaskrá Stjórnarráðsins hjá og fastanefndum erlendis.

Keflavíkurflugvöllur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og 211 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld þessa málefnaflokks nema 762 m.kr. og hækka um 30 m.kr. milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	289,2	310,6	319,6	2,9	10,5
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	357,5	421,3	442,4	5,0	23,7
Samtals	**646,7**	**731,9**	**762,0**	**4,1**	**17,8**

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld verða 319,6 m.kr. og hækka um 9,3 m.kr. frá fjárlögum 1999. Hækkun rekstrarkostnaðar stafar fyrst og fremst af launa- og verðlagsbreytingum.

211 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld flugmálastjórnar eru talin nema 442,4 m.kr. og hækka um 21,1 m.kr. eða um 5% milli ára. Gjöldin eru alfarið fjármögnuð af lendingargjöldum og sértekjum og ekki kemur til framlags úr ríkissjóði af

almennum skatttekjum til þessarar stofnunar. Miðað er við að 25% af lendingargjöldum sé varið til þátttöku í kostnaði við rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Framlag Flugmálastjórnar til Flugstöðvarinnar er 112 m.kr. sem er 21 m.kr. hækkun milli ára. Alls verður 43 m.kr. varið til viðhalds og nýrra framkvæmda. Lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli og fjöldi farþega sem fara um völlinn hafa verið sem hér segir á árunum 1985-1998:

Fjöldi í þúsundum	Lendingar	Farþegar héðan	Farþegar hingað	Farþegar millilending	Farþegar samtals
1985	4,0	182,0	183,0	201,0	567,0
1986	4,3	213,0	212,0	179,0	604,0
1987	5,3	263,0	259,0	226,0	749,0
1988	5,7	266,0	266,0	274,0	806,0
1989	5,9	263,0	260,0	179,0	701,0
1990	6,3	272,0	272,0	192,0	735,0
1991	6,4	278,0	279,0	184,0	741,0
1992	6,4	279,0	277,0	201,0	756,0
1993	6,4	284,0	284,0	193,0	761,0
1994	6,6	313,0	310,0	220,0	843,0
1995	7,3	345,0	343,0	242,0	930,0
1996	7,8	375,0	373,0	277,0	1.025,0
1997	8,4	391,0	390,0	317,0	1.098,0
1998	9,4	429,0	431,0	367,0	1.227,0
Samtals	**90,2**	**4.153,0**	**4.139,0**	**3.252,0**	**11.543,0**

Frá árinu 1985 hefur fjöldi lendinga og farþega sem fara um flugvöllinn rúmlega tvöfaldast. Á síðustu fimm árum hefur umferð um flugvöllinn aukist jafnt og þétt eða að jafnaði um 10 % milli ára.

Sendiráð og fastanefndir

Öll sendiráð og fastanefndir Íslands á erlendri grund tilheyra þessum málefnaflokki. Sendiráð og fastanefndir eru nú 17 að tölu og hefur þeim fjölgað um eina stofnun frá fjárlögum 1999. Er það aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð og fastanefndir	953,0	823,7	902,1	9,5	-5,3
Sendiráð, almennt	304,9	157,1	138,6	-11,8	-54,5
Samtals	**1.257,9**	**980,8**	**1.040,7**	**6,1**	**-17,3**

Heildarframlag til málaflokksins nemur 1.041 m.kr. og hækkar um 60 m.kr. milli ára eða um rúmlega 6%. Framlag til rekstrar eykst um 92 m.kr. en lækkar um 32 m.kr. til framkvæmda.

Helstu breytingar á framlögum til einstakra sendiráða og fastanefnda eru sem hér segir: Útgjöld *306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO* hækka um 32,3 m.kr. Gert er ráð fyrir 17 m.kr. framlagi til að taka á leigu stærra húsnæði fyrir skrifstofu sendiráðs Íslands í París og bæta við starfsmanni. Þá verði 15 m.kr. varið til að kosta fulltrúa Íslands hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, sem hefur aðsetur í Róm. Útgjöld til viðfangsefnis *315 Aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg* eru 19,6 m.kr. Ákveðið var að opna aðalræðisskrifstofu í Winnipeg til þess meðal annars að fylgja eftir verkefnum landafundanefndar og styrkja viðskipta- og menningartengsl við Kanada. Útgjöld *301 Sendiráð Íslands í Berlín* hækka um 12,9 m.kr. þar vegur þyngst hærri rekstrarkostnaður sameiginlegrar byggingar Norðurlandanna í Berlín og hærri húsaleigukostnaður vegna starfsfólks sendiráðsins. Aftur á móti fellur niður 17 m.kr. framlag til *318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu* vegna tímabundinnar formennsku Íslands í Evrópuráðinu árið 1999.

Framlag til viðfangsefnisins *320 Sendiráð, almennt* lækkar um 18,5 m.kr. Þar vegur þyngst að 70 m.kr. framlag til byggingar sendiráðs í Berlín fellur niður. Lagt er til að 50 m.kr. verði varið til byggingar sendiherrabústaðar í Berlín. Í fjáraukalögum 1998 var gert ráð fyrir 102 m.kr. fjárheimild til kaupa á lóð undir bústað sendiherra Íslands í Berlín og hefja undirbúning að byggingu bústaðarins. Tímabundið 14 m.kr. stofnframlag til fastanefndar Íslands í Vín fellur niður. Loks er gert ráð fyrir að útgjöld vegna skólagjalda barna þeirra starfsmanna í utanríkisþjónustunni sem eru búsettir erlendis, hækki um 12 m.kr.

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	177,0	234,0	294,0	25,6	66,1
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	172,0	149,5	163,7	9,5	-4,8
Alþjóðastofnanir	405,1	358,7	476,9	33,0	17,7
Samtals	**754,1**	**742,2**	**934,6**	**25,9**	**23,9**

Fjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 935 m.kr. og hækkar um 192 m.kr. Helstu breytingar eru 100 m.kr. framlag í Þróunarsjóð EFTA og 60 m.kr. hækkun á framlagi til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

390 ***Þróunarsamvinnustofnun Íslands.*** Lagt er til að framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verði aukið um 60 m.kr. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar frá því í október 1997, en þar var samþykkt að fjárveiting til stofnunarinnar yrði 250-300 m.kr. árið 2000. Framlag Íslands til þróunarsamvinnu hefur verið mun lægra en annarra þróaðra landa og þá einkum lægra en annarra Norðurlanda.

391 ***Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.*** Framlög til þessa liðar nema 163,7 m.kr. og hækka um 14,2 m.kr. milli ára. Lagt er til að nemendum við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna verði fjölgað úr sex í níu og framlag til skólans verði hækkað um 7,5 m.kr. Að lokum er lagt til að 5 m.kr. verði varið til að mennta tvo nemendur til meistaragráðu við Jarðhitaháskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

401 ***Alþjóðastofnanir.*** Framlag til alþjóðastofnana nemur 476,9 m.kr. og hækkar um 118,2 m.kr. milli ára. Þar vegur þyngst 100 m.kr. framlag í Þróunarsjóð EFTA. Með EES-samningnum tóku EFTA-ríkin á sig þær skyldur að greiða í þróunarsjóð til að jafna lífskjör innan EES-svæðisins. Samkomulag varð um greiðslur í sjóðinn frá árinu 1994 til og með ársins 1998. Í lok tímabilsins kom krafa frá þeim ríkjum Evrópusambandsins, sem fá fyrirgreiðslu úr sjóðnum, um að EFTA-ríkin greiddu áfram til sjóðsins. Niðurstaða samningaviðræðna var sú að EFTA-ríkin samþykktu að greiða í sjóðinn í fimm ár til viðbótar, eða til ársins 2003. Þar af er hlutur Íslands 100 m.kr. á ári en hann miðast við ákveðið hlutfall af þjóðarframleiðslu. Gert er ráð fyrir samsvarandi fjárveitingu í frumvarpi til fjáraukalaga 1999. Loks er lagt til að 19 m.kr. verði varið til viðfangsefnis *1.85 Friðargæsla.* Kemur það til vegna fjölgunar starfsmanna á vegum Íslands í friðargæslusveitum í Kósóvó.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn *611 Útflutningsráð* er eini liðurinn í þessum málaefnaflokki. Framlag til Útflutningsráðs nemur 176 m.kr. og er það jafnhátt tekjum sem markaðsgjald iðnaðarins skilar. Hækkar framlagið um 31 m.kr. vegna aukinna tekna af markaðsgjaldi.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.327,2	1.197,5	1.314,3	10	-1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	6.700,8	7.078,2	7.217,2	2	8
Stofnkostnaður og viðhald	723,3	392,6	382,9	-2	-47
Samtals	**8.751,3**	**8.668,3**	**8.914,4**	**3**	**2**
Greitt úr ríkissjóði	8.592,9	8.575,3	8.811,4	3	-
Innheimt af ríkistekjum	126,2	93,0	103,0	11	-
Viðskiptahreyfingar	32,2	0,0	0,0	-	-
Samtals	**8.751,3**	**8.668,3**	**8.914,4**	**3**	**2**

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2000 eru áætluð 9.443 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 529 m.kr. en þær nema 5,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 8.914 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 8.811 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 103 m.kr. með hlutdeild í ríkistekjum.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.314 m.kr. og hækka um 117 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 36 m.kr. aukið framlag til yfirdýralæknis, 24 m.kr. til landbúnaðarskóla og 15 m.kr. til aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytis. Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 7.217 m.kr. samanborið við 7.078

m.kr. í fjárlögum 1999. Þyngst vegur hækkun á beinum greiðslum til bænda, 296 m.kr., á móti kemur að hætt verður að niðurgreiða loðdýrafóður, 53 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 383 m.kr. og er það 10 m.kr. lækkun milli ára meðal annars vegna þess að dregið verður úr framlögum ríkisins um 23 m.kr. til Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	112,7	103,9	118,8	14,3	5,4
Ýmis verkefni	69,0	90,1	89,0	-1,2	29,0
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**181,7**	**200,0**	**213,8**	**6,9**	**17,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 9,3 m.kr. að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum og eru skýrast í næstu tveim fjárlagaliðum.

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur 118,8 m.kr. og hækkar um 14,9 m.kr. milli ára. Farið er fram á 5 m.kr. framlag til ráða sérfræðing á sviði garðyrkju. Framlag til skrifstofunnar hækkar um 2,5 m.kr. vegna launa og rekstrargjalda bifreiðar sem umhverfisráðuneytið greiddi að hálfu áður. Einnig hækkar kostnaður skrifstofunnar um 1,2 m.kr. vegna skólagjalda fyrir börn fulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Loks hækkar framlag til almenns rekstrar skrifstofunnar um 6,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Framlag til liðarins verður 89 m.kr. Helstu breytingar frá fjárlögum 1999 er 2,5 m.kr. lækkun framlags til hagræðingar og stuðningsverkefna vegna framkvæmdar búvörusamninga. Tímabundið framlag, 2 m.kr., til visnurannsókna fellur niður. Gert er ráð fyrir 2 m.kr. hækkun á framlagi til plöntukaupa fyrir landgræðsluverkefni samkvæmt samkomulagi við Skógræktarfélag Íslands.

Landbúnaðarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 211 Rannsóknarstofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 222 Veiðimálastjóri; 233 Yfirdýralæknir; 236 Aðfangaeftirlit ríkisins; 261 Bændaskólinn á Hvanneyri; 271 Bændaskólinn á Hólum; 283 Garðyrkjuskóli ríkisins og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	165,6	166,9	171,7	2,9	3,7
Veiðimálastofnun	31,0	31,2	32,9	5,4	6,1
Veiðimálastjóri	12,7	13,3	13,9	4,5	9,4
Yfirdýralæknir	209,3	217,6	265,2	21,9	26,7
Aðfangaeftirlit ríkisins	9,3	11,7	13,1	12,0	40,9
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	127,4	113,6	121,1	6,6	-4,9
Bændaskólinn á Hólum	112,5	106,9	116,6	9,1	3,6
Garðyrkjuskóli ríkisins	70,2	71,2	75,8	6,5	8,0
Hagþjónusta landbúnaðarins	14,1	14,4	15,2	5,6	7,8
Samtals	**752,1**	**746,8**	**825,5**	**10,5**	**9,8**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks hækkar um 29,5 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Þyngst vega fjárlagaliðirnir 233 Yfirdýralæknir, sem hækkar um 47,6 m.kr., Bændaskólinn á Hólum hækkar um 9,7 m.kr. og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hækkar um 7,5 m.kr.

*211 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.*** Rekstrargjöld hækka um 9,1 m.kr., en 4,3 m.kr. tímabundið framlag til tækjakaupa fellur niður.

*233 **Yfirdýralæknir.*** Framlag ríkisins hækkar um 47,6 m.kr. Þar munar mest um 33,9 m.kr. vegna úrskurðar kjaranefndar um laun héraðsdýralækna. Lagt er til að 5 m.kr. renni til sérstakra smitsjúkdómarannsókna vegna alþjóðasamninga og 10 m.kr. renni til aukins eftirlits með sláturhúsum sem er að mestu fjármagnað með hlutdeild í ríkistekjum. Loks fellur niður 7 m.kr. tímabundið framlag vegna biðlauna dýralækna.

*261 **Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.*** Framlög til skólans eru áætluð 121,1 m.kr. og hækka um 7,5 m.kr. frá fjárlögum 1999, að mestu vegna rekstrarkostnaðar.

*271 **Bændaskólinn á Hólum.*** Framlag til skólans er áætlað 116,6 m.kr. og hækkar um 9,7 m.kr. frá fjárlögum 1999, þar af eru 8 m.kr. vegna samnings um bleikjukynbætur sem nær til ársins 2006. Gert er ráð fyrir frestun nýframkvæmda að fjárhæð 4 m.kr.

*283 **Garðyrkjuskóli ríkisins.*** Heildarútgjöld eru áætluð 75,8 m.kr. Framlög til reksturs hækka um 4,6 m.kr.

Skógrækt og landgræðsla

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 324 Landgræðslusjóður; 331 Héraðsskógar; 341 Átak í landgræðslu og skógrækt; og 343 Suðurlandsskógar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landgræðsla ríkisins	228,5	231,4	238,7	3,2	4,5
Skógrækt ríkisins	185,1	169,5	177,4	4,7	-4,2
Landgræðslusjóður	2,5	0,0	0,0	-	-
Héraðsskógar	56,3	67,2	67,9	1,0	20,6
Átak í landgræðslu og skógrækt	83,5	95,0	110,0	15,8	31,7
Suðurlandsskógar	28,8	30,0	40,0	33,3	38,9
Samtals	**584,7**	**593,1**	**634,0**	**6,9**	**8,4**

Heildarútgjöld eru áætluð 634 m.kr. sem er 7% hækkun frá fyrra ári. Skógrækt ríkisins hækkar um 7,9 m.kr. og Landgræðsla ríkisins hækkar um 7,3 m.kr. Átak í landgræðslu og skógrækt hækkar um 15 m.kr., Suðurlandsskógar hækka um 10 m.kr., en samningar um Suðurlandsskóga og til Átaks í skógrækt og landgræðslu falla niður í lok ársins 2000.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu og 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Heildarframlag nemur 5.805 m.kr., sem er hækkun um 5,2% frá fjárlögum 1999.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	3.119,4	3.330,0	3.590,0	7,8	15,1
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	2.250,2	2.186,0	2.215,0	1,3	-1,6
Samtals	**5.369,6**	**5.516,0**	**5.805,0**	**5,2**	**8,1**

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Framlagið nemur 3.590 m.kr. á árinu 2000 sem er 7,8% hækkun frá fjárlögum 1999. Beinar greiðslur til bænda vegna mjólkurframleiðslu hækka um 250 m.kr. Hækkunin er í fyrsta lagi vegna 4,26% hækkunar á grundvallarverði mjólkur í janúar síðastliðinn, í öðru lagi vegna þess að heildargreiðslumark hækkar um 0,99% frá 1. september 1998 eða um 1 milljón lítra og í þriðja lagi vegna almennrar verðlagshækkunar á næsta ári. Niðurgreiðsla ríkisins nemur kr. 30,09 fyrir hvern framleiddan lítra. Greiðsla til Lífeyrissjóðs bænda vegna kúabænda hækkar um 10 m.kr. eða um 5,26% frá fyrra ári, en lífeyrisgreiðslan er tengd beingreiðslum.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Framlag árið 2000 til fjárlagaliðarins nemur 2.215 m.kr. Verðlagsuppfærsla nemur 64 m.kr. en á móti kemur samningsbundin lækkun upp á 35 m.kr. vegna lækkunar á framlagi til hagræðingar og vöruþróunar um 5 m.kr. og uppkaup á fullvirðisrétti lækka um 30 m.kr. Þess má geta að samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995 miðast beingreiðslur til bænda við 396.360 ærgildi. Beinar greiðslur til bænda nema 1.598 m.kr. sem er föst tala að raungildi út samningstímann. Samkvæmt samningi skulu ónýttar beingreiðslur renna til sameiginlegra markaðsaðgerða. Aðrar greiðslur undir liðnum eru 81 m.kr. sem renna til Lífeyrissjóðs bænda, 227 m.kr. til að niðurgreiða ull og gærur, 243 m.kr. í vaxta- og geymslukostnað, 44 m.kr. til hagræðingar og vöruþróunar og 22 m.kr. til umhverfisverkefna. Samningur um sauðfjárframleiðslu rennur út árið 2000.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 811 Bændasamtök Íslands; 813 Framleiðsluráð landbúnaðarins; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 823 Lánasjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 826 Stofnverndarsjóður búfjár; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 829 Útflutningsgjald á hross; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir; 843 Fiskiræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	463,3	249,2	262,4	5,3	-43,4
Framleiðsluráð landbúnaðarins	83,2	116,6	51,3	-56,0	-38,3
Búnaðarsjóður	185,6	187,0	187,0	0,0	0,8
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	175,0	175,0	170,0	-2,9	-2,9
Lánasjóður landbúnaðarins	174,2	147,0	150,0	2,0	-13,9
Verðmiðlun landbúnaðarvara	110,0	110,0	100,0	-9,1	-9,1
Stofnverndarsjóður búfjár	0,8	1,8	1,0	-44,4	25,0
Fóðursjóður	309,7	340,0	340,0	0,0	9,8
Garðávaxtasjóður	0,0	0,0	0,0	-	-
Útflutningsgjald á hross	15,2	25,0	16,0	-36,0	5,3
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	205,0	66,5	43,5	-34,6	-78,8
Fiskeldisrannsóknir	37,6	22,9	22,9	0,0	-39,1
Fiskræktarsjóður	22,3	13,9	15,0	7,9	-32,7
Greiðslur vegna riðuveiki	40,7	72,0	52,0	-27,8	27,8
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	25,0	85,5	25,0	-70,8	0,0
Samtals	**1.847,6**	**1.612,4**	**1.436,1**	-	-

Heildarútgjöld eru áætluð 1.436 m.kr. og er það um 176 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1999. Mestu ræður lögbundin 65 m.kr. lækkun hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins, tímabundið framlag, 53 m.kr., til að greiða niður loðdýrafóður fellur niður, framlag ríkisins til Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins lækkar um 23 m.kr., heimild til greiðslu bóta vegna riðu lækkar um 20 m.kr. og útflutningsgjald á hross lækkar um 7,5 m.kr. Hins vegar hækkar framlag til Bændasamtaka Íslands um 13 m.kr.

*811 **Bændasamtök Íslands.*** Framlag til Bændasamtakanna verður 262,4 m.kr. og hækkar um 13,2 m.kr., annars vegar eru 8,2 m.kr. vegna jöfnunar á aksturskostnaði dýralækna og hins vegar hækkar framlag ríkisins um 5 m.kr. vegna leiðbeiningarþjónustu bænda. Gerður var á árinu samningur til fimm ára við Bændasamtök Íslands og Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

*813 **Framleiðsluráð landbúnaðarins.*** Heildarútgjöld á þessum lið eru 51,3 m.kr. Verðskerðingargjöld lækka samtals um 65 m.kr. sbr. lög nr. 130/1998, um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993 með síðari breytingum. Verðskerðingargjald kindakjöts, 59,7 m.kr., fellur niður samkvæmt lögum. Verðskerðingargjald nautakjöts lækkar um 5,6 m.kr.

*821 **Framleiðnisjóður landbúnaðarins.*** Samningsbundið framlag til sjóðsins lækkar um 5 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 170 m.kr. framlagi ríkissjóðs. Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna í C-hluta frumvarpsins.

*823 **Lánasjóður landbúnaðarins.*** Framlag til sjóðsins hækkar um 3 m.kr. vegna aukinna ríkistekna. Alls er gert ráð fyrir 150 m.kr. framlagi árið 2000. Nánari upplýsingar eru í C-hluta frumvarpsins.

*824 **Verðmiðlun landbúnaðarvara.*** Heildargjöld á þessum fjárlagalið eru 100 m.kr. Verðmiðlunargjald mjólkur og kindakjöts lækkar samtals um 10 m.kr. sbr. lög nr. 130/1998.

*826 **Stofnverndarsjóður búfjár.*** Ríkistekjur og gjöld liðarins lækka um 0,8 m.kr. vegna minni útflutnings hrossa og lækkunar á útflutningsgjaldi.

*827 **Fóðursjóður.*** Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tekjur sjóðsins eru andvirði tolla af innfluttu fóðri og hráefnum. Áætlað er að tekjur sjóðsins verði þær sömu og á yfirstandandi ári, 340 m.kr.

829 Útflutningsgjald á hross. Framlag til sjóðsins lækkar um 9 m.kr. vegna minni útflutnings og lækkunar á gjaldi. Gjaldið greiðist í sérstakan útflutningssjóð sem er í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorða. Alþingi samþykkti á árinu breytingu á lögum nr. 161/1994, um útflutning á hrossum. Gjaldið skal vera kr. 6.800, sem er kr. 1.200 lækkun á hvert útflutt hross. Gert er ráð fyrir að fjöldi útfluttra hrossa verði 2.300 árið 2000. Greiða skal 5% gjaldsins í Stofnverndarsjóð sem starfar skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Heildargjöld sjóðsins eru áætluð 16 m.kr.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Áætlaðar heimildir fjárlaga til þessa fjárlagaliðar eru 43,5 m.kr. á árinu 2000, en þar af eru 10,5 m.kr. greiddar af ríkissjóði og 33 m.kr. fjármagnaðar með leigutekjum. Jarðasjóður er starfræktur við jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins samkvæmt lögum nr. 34/1992, um Jarðasjóð. Hlutverk hans er að kaupa jarðir bænda sem hafa afsalað sér framleiðslurétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði og aðstoða sveitarfélög með lánveitingum við eigendaskipti að jörðum. Til umsjónar hjá Jarðasjóði teljast um 620 jarðir þar af er ein af hverjum fjórum jörðum í eyði og 57 jarðir eru í umsjón undirstofnana ráðuneytisins, þar af hefur Skógrækt ríkisins, 24 jarðir, Landgræðsla ríkisins, 14 jarðir, landbúnaðarskólar sjá um 11 jarðir, Rannsóknastofnun landbúnaðarins 7 jarðir og Veiðimálastofnun, 1 jörð. Framlag til sjóðsins lækkar um 23 m.kr. vegna endurskipulagningar á sölu ríkisjarða. Verulegur rekstrarvandi hefur myndast vegna mikilla útgjalda síðustu árin og verður nú leitast við að vinna á honum.

843 Fiskiræktarsjóður. Framlag til sjóðsins hækkar um 1,1 m.kr. vegna aukningar í hlutdeild ríkistekna. Alls nemur framlagið 18,1 m.kr.

851 Greiðslur vegna riðuveiki. Liðurinn hét áður Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar. Heimild til bóta vegna riðuveiki lækkar um 20 m.kr. þar sem bótaréttur verður þrengdur. Undanfarin ár hafa bætur vegna riðu verið um 40 m.kr. á ári. Heimildin fyrir árið 2000 er 52 m.kr.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Samkvæmt lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, skal 25 m.kr. framlag falla niður í árslok 1999. Fyrirhugað er að endurmeta verkefnið og er sérstök nefnd er að störfum sem mun leggja fram tillögu um framhald þess.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.205,0	1.503,7	1.565,1	4	30
Neyslu- og rekstrartilfærslur	210,5	151,4	129,0	-15	-39
Stofnkostnaður og viðhald	901,7	813,1	726,1	-11	-19
Samtals	**2.317,2**	**2.468,2**	**2.420,2**	**-2**	**4**
Greitt úr ríkissjóði	2.166,7	2.416,2	2.368,2	-2	9
Innheimt af ríkistekjum	40,2	52,0	52,0	-	29
Viðskiptahreyfingar	110,3	-	-	-	-
Samtals	**2.317,2**	**2.468,2**	**2.420,2**	**-2**	**4**

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytisins eru áætluð 2.808 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 388 m.kr., en þær nema 14% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.420 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.368 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 52 m.kr. eru innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.565 m.kr. og hækka um 61 m.kr. milli ára. Helstu orsakir hækkunarinnar eru þær að framlag til Hafrannsóknastofnunarinnar hækkar um 54 m.kr., framlag til Fiskistofu hækkar um 21 m.kr. og loks lækkar framlag til ýmissa verkefna um 10 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 22 m.kr. Þar vegur þyngst 11 m.kr. millifærsla til Fiskistofu og 10 m.kr. til Hagstofu, samkvæmt samningi um upplýsingaöflun í sjávarútvegi.

Viðhalds- og stofnkostnaður lækkar um 87 m.kr. Þyngs vegur 90 m.kr. lækkun á stofnkostnaðartilfærslum til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins vegna lækkunar á ríkistekjum af gjaldi á aflamark. Loks er gert ráð fyrir 10 m.kr. framlagi til Matvælaseturs Háskólans á Akureyri.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum sem nemur alls 17 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir 7 m.kr. frestun á byggingu rannsóknastofnana sjávarútvegsins, 7 m.kr. lækkun á rekstrarkostnaði Fiskistofu og loks 3 m.kr. lækkun á framlagi til reksturs Hafrannsóknastofnunarinnar.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis eftir málefnaflokkum



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld málefnaflokksins lækka um 28 m.kr. milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	107,6	133,5	127,1	-4,8	18,1
Ýmis verkefni	143,1	144,2	122,3	-15,2	-14,5
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**250,7**	**280,7**	**252,4**	**-10,1**	**0,7**

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. Útgjöld nema um 127,1 m.kr. og lækka um 6,4 m.kr. frá fjárlögum 1999. Tímabundnar fjárveitingar, að fjárhæð 12 m.kr. falla niður, annars vegar 8 m.kr. vegna Norrænu fiskimálaráðstefnunnar og hins vegar 4 m.kr. framlag til að koma á fót upplýsingamiðstöð sjávarútvegsins. Loks er gert ráð fyrir að veita 2 m.kr. til aðalskrifstofu vegna aukins umfangs á þýðingum á ESB-gerðum og birtingu þeirra í Stjórnartíðindum.

190 Ýmis verkefni. Heildargjöld nema 122,3 m.kr. og lækka um 21,9 m.kr. milli ára. Helstu breytingar eru að 23,2 m.kr. framlag á viðfangsefninu *1.42 Verktakasamningur um upplýsingaöflun* er millifært vegna samnings sem gerður hefur verið við Fiskistofu og Hagstofu um upplýsingaöflun í sjávarútvegi. Framlag á viðfangsefninu *1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits* lækkar um 15,7 m.kr. sem kemur til vegna þess að 20,7 m.kr. tímabundið framlag til stofnunar fjareftirlitsins fellur niður en á móti kemur 5 m.kr. framlag til að standa straum af ýmsum kostnaði við rekstur kerfisins

fyrsta árið. Gert er ráð fyrir 10 m.kr. framlagi til viðfangsefnisins *6.05 Stofnkostnaður matvælaseturs* og 5 m.kr. til að mæta rekstrarkostnaði matvælasetursins.

Rannsóknir og eftirlit

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Hafrannsóknastofnunin; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla; 210 Sjóður til síldarrannsókna; 211 Kvótaþing; 213 Verðlagsstofa skiptaverðs; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Gjöld þessa málefnaflokks hækka um 70 m.kr. milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	676,2	775,1	828,8	6,9	22,6
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	112,0	112,3	111,9	-0,4	-0,1
Fiskistofa	335,9	375,3	396,6	5,7	18,1
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	67,0	45,0	45,0	0,0	-32,8
Bygging hafrannsóknaskips	1,1	0,0	0,0	-	-100,0
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	136,2	0,0	0,0	-	-100,0
Sjóður til síldarrannsókna	0,0	7,0	7,0	0,0	-
Kvótaþing	11,3	16,3	16,0	-1,8	41,6
Verðlagsstofa skiptaverðs	7,3	20,6	21,3	3,4	191,8
Gengismunasjóður	0,5	0,0	0,0	-	-100,0
Ríkismat sjávarafurða	0,5	0,0	0,0	-	-100,0
Veiðarfærarannsóknir	-2,1	0,0	0,0	-	-100,0
Tækjasjóður matvælarannsókna	-18,1	0,0	0,0	-	-100,0
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	9,6	12,6	5,6	-55,6	-41,7
Sjávarútvegshús, undirbúningur	-3,1	0,0	0,0	-	-100,0
Matvæla- og sjávarútvegsgarður	-55,3	0,0	0,0	-	-100,0
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	86,2	83,3	85,6	2,8	-0,7
Samtals	**1.365,2**	**1.447,5**	**1.517,8**	**4,9**	**11,2**

202 Hafrannsóknastofnunin. Gjöld umfram tekjur nema 828,8 m.kr. og hækka um 53,7 m.kr. Framlag til reksturs nýs hafrannsóknaskips og til rannsókna í Suðurdjúpi hækkar um 20 m.kr. og verður 45 m.kr. Með tilkomu nýja hafrannsóknaskipsins gjörbreytast möguleikar til rannsókna suðvestur af landinu sem miða að því að athuga útbreiðslu vannýttra tegunda t.d. laxsíldar, búra, smokkfisks og túnfisks. Einnig verða gerðar ýmsar umhverfisrannsóknir til að byggja upp þekkingu sérfræðinga okkar á lífsskilyrðum í hafinu.

Gert er ráð fyrir 13,4 m.kr. til ýmissa rannsókna sem skiptast milli þriggja verkefna. Í fyrsta lagi til rannsókna á skyldleika karfastofna, þ.e. hvort úthafskarfi og djúpkarfi eru erfðafræðilega skyldir stofnar. Verkefnið er styrkt af Tæknisjóði Rannsóknaráðs Íslands og eigendum úthafskarfaveiðiskipa. Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstakri

fjárveitingu til rannsókna á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins og loks er gert ráð fyrir fjárveitingu í samstarfsverkefni með fleiri Evrópuþjóðum sem beinist að greiningu erfðaefnis í nokkrum tegundum þorskfiska. Verkefnið er styrkt af ESB.

204 ***Fiskistofa.*** Útgjöld Fiskistofu umfram sértekjur nema 396,6 m.kr. og hækka um 21,3 m.kr. milli ára. Þar af koma 11 m.kr. vegna millifærslu samkvæmt samningi um upplýsingaöflun í sjávarútvegi frá liðnum Ýmis verkefni. Framlag til viðfangsefnisins *1.01 Landamærastöðvar* hækkar um 6,8 m.kr. sem kemur til af flutningi landamæra ESB við heilbrigðisskoðun á fiski og fiskmeti.

207 ***Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla.*** Tekjur af upptöku ólögmæts sjávarafla eru áætlaðar 45 m.kr. Þeim verður að mestu varið til hafrannsókna og eftirlits með fiskveiðum samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðherra.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn er stofnun í C-hluta sem hefur tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á skip, 90 m.kr., og á aflamark, 560 m.kr., samtals 650 m.kr., sem er 90 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Tekjur þessar eru skilgreindar sem ríkistekjur sem síðan er veitt til sjóðsins í A-hluta fjárlaga. Nánari grein er gerð fyrir starfsemi sjóðsins í C-hluta.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	7.338,5	7.499,4	7.998,9	7	9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.868,1	2.026,1	2.328,1	15	25
Stofnkostnaður og viðhald	296,2	391,7	436,9	12	48
Samtals	**9.502,8**	**9.917,2**	**10.763,9**	**9**	**13**
Greitt úr ríkissjóði	9.463,3	9.855,0	10.700,3	9	13
Innheimt af ríkistekjum	82,8	62,2	63,6	2	-23
Viðskiptahreyfingar	-43,3	0,0	0,0	-	-
Samtals	**9.502,8**	**9.917,2**	**10.763,9**	**9**	**13**

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2000 eru áætluð um 11.050 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð um 280 m.kr. en þær nema 2,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru rúmlega 10.760 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru um 10.700 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði en tæplega 65 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð um 8.000 m.kr. og hækka um 500 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um 351 m.kr. launa- og verðlagshækkanir milli ára. Þá er gert ráð fyrir að rekstrarútgjöld aukist um 50 m.kr. vegna Schengen-samstarfs og um 25 m.kr. við það að Útlendingaeftirlitið verður að sjálfstæðri stofnun. Framlag til að mæta kostnaði við veikinda- og barnsburðarleyfi starfsmanna löggæslu- og sýslumannsembætta hækkar um 30 m.kr. Á móti vegur að nokkrir liðir lækka frá gildandi fjárlögum og munar þar mest um 34 m.kr. lækkun á framlagi til kosninga.

Neyslu- og rekstrartilfærslur verða um 2.330 m.kr. samanborið við um 2.030 m.kr. í fjárlögum 1999. Nær öll hækkunin, um 300 m.kr., stafar af hækkun lögboðinna framlaga vegna sóknar- og kirkjugarðsgjalda en þau fylgja hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli ára.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður um 435 m.kr. og er það um 45 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru rúmlega 50 m.kr. hækkun stofnkostnaðar vegna Schengen-samstarfs og 35 m.kr. hækkun framlags til byggingar húsnæðis fyrir sýslumanninn í Stykkishólmi. Einnig er gert ráð fyrir að veittar verði tímabundið 12 m.kr. til svokallaðs TETRA-fjarskiptakerfis lögreglunnar. Aðrir stofnkostnaðarliðir lækka á móti. Má þar nefna að framlag að fjárhæð 10 m.kr. til byggingar húsnæðis fyrir sýslumanninn á Hólmavík fellur niður og að áætluð útgjöld til upplýsingakerfa sýslumanna lækka um 25 m.kr. Fjárhæðin er flutt til annarra liða og færist þar sem rekstrargjöld.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum sem nemur alls um 52 m.kr. með frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða stofnkostnaði. Munar þar mest um 23 m.kr. frestun á fyrirhuguðu framlagi vegna undirbúnings að nýju fangelsi á höfuðborgarsvæðinu og um 14 m.kr. lækkun kostnaðar við undirbúning að byggingu nýs varðskips. Einnig lækkar framlag til kaupa á lögreglubifreiðum um 6 m.kr. og framlag til stofnkostnaðar héraðsdómstóla um 5 m.kr.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 105 Lögbirtingablað; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	174,3	172,6	173,7	0,6	-0,3
Stjórnartíðindi	-0,7	3,7	3,8	2,7	-
Lagasafn	0,0	0,2	0,0	-	0,0
Lögbirtingablað	22,4	26,0	26,0	0,0	16,1
Kosningar	8,1	35,9	1,6	-95,5	-80,2
Ýmis verkefni	24,6	39,5	54,1	37,0	119,9
Ráðstöfunarfé	2,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	16,0	13,0	-18,8	-
Samtals	**230,7**	**301,9**	**280,2**	**-7,2**	**21,5**

Heildarframlag til málefnaflokksins er áætlað 280 m.kr. á næsta ári og svarar það til 20 m.kr. lækkunar að raungildi frá gildandi fjárlögum. Fjárlagaliðurinn *111 Kosningar* lækkar um 34,3 m.kr. þar sem fjárveiting til alþingiskosninga sem voru á þessu ári fellur niður en gert er ráð fyrir nokkru framlagi vegna hugsanlegra forsetakosninga á næsta ári. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Rekstrargjöld nema 173,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 10 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum og millifærslum framlaga yfir á aðra fjárlagaliði. Fyrir skipan núverandi ríkisstjórnar gegndi dóms- og kirkjumálaráðherra einnig embætti sjávarútvegsráðherra og voru útgjöld vegna ráðherrabifreiðar færð hjá sjávarútvegsráðuneyti. Nú er áætlað fyrir launum ráðherrabílstjóra og rekstri bifreiðar hjá dómsmálaráðuneyti og er sá kostnaður talinn nema um 5 m.kr. á ári. Gerð verður tillaga um sambærilega hækkun í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999. Þá er gert ráð fyrir að fjárveiting til rekstrar aðalskrifstofunnar hækki um 6 m.kr. og er þar tekið mið af umsvifum og verkefnum ráðuneytisins. Í frumvarpinu er einnig fyrirhugað að millifæra alls 13 m.kr. frá aðalskrifstofunni til annarra liða. Dómsmálaráðuneytið hefur gert samning við Skráningarstofuna hf., sem er hlutafélag í eigu ríkisins, um rekstur Tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins. Við þá breytingu var lögð niður tölvudeild ráðuneytisins og 8 m.kr. millifærðar á nýtt viðfangsefni, *490-1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins*. Nánar er fjallað um samninginn undir þeim lið. Einnig hefur verið gerð sú breyting á framsetningu framlaga til fastanefnda á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis að framlag til þeirra færist á einn lið, *190-1.10 Fastanefndir*. Við það færast um 6 m.kr. frá aðalskrifstofunni til þessa nýja viðfangsefnis.

190 Ýmis verkefni. Heildarframlag að frádregnum sértekjum er áætlað 54,1 m.kr. á næsta ári samanborið við 39,5 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Hækkunina er að stórum hluta að rekja til nýs viðfangsefnis, *1.10 Fastanefndir*, en áætluð útgjöld þess á næsta ári eru 42,7 m.kr. en á móti eru áætlaðar 16,6 m.kr. í sértekjur. Á þessu viðfangsefni er áætlað fyrir útgjöldum allra fastanefnda sem starfa á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Í fjárlögum 1999 var áætlað fyrir nokkrum þeirra á fjárlagalið aðalskrifstofu og eru 6 m.kr. fluttar af aðalskrifstofu yfir á þetta viðfangsefni. Má þar nefna réttarfarsnefnd, sifjalaganefnd og náðunarnefnd. Aðrar nefndir voru færðar á önnur viðfangsefni á þessum fjárlagalið og falla þau nú niður og fjárheimildir þeirra, 13 m.kr., færast á *1.10 Fastanefndir*. Má þar nefna tölvunefnd, örorkunefnd og mannanafnanefnd. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að veita 6,4 m.kr. til fastanefnda. Annars vegar er um að ræða 2,4 m.kr. hækkun til tölvunefndar þar sem verkefni nefndarinnar hafa vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum. Hins vegar bætist við 4 m.kr. framlag til nýrrar nefndar, Rannsóknarnefndar umferðarslysa, sem skipuð hefur verið í samræmi við ákvæði gildandi

laga. Að lokum er tekið inn nýtt viðfangsefni, *1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður.* Framlag til þess er 1 m.kr. og er því ætlað að standa undir tilfallandi kostnaði við ýmis mál sem tengjast rekstri dómstóla.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í 150 m.kr. fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag til íslenska upplýsingasamfélagsins lækkar um 3 m.kr. og verður 13 m.kr. Þar af eru 11 m.kr. ætlaðar til að mæta kostnaði við umsjón og þróun á miðlun lagagagna á veraldarvefnum og 2 m.kr. til tilraunaverkefnis um rafrænar kosningar.

Dómsmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð og 235 Bætur brotaþola.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur Íslands	54.7	45,8	48,3	5,5	-11,7
Héraðsdómstólar	458,0	456,6	500,8	9,7	9,3
Málskostnaður í opinberum málum	71,4	83,6	92,3	10,4	29,3
Opinber réttaraðstoð	46,1	44,7	45,6	2,0	-1,1
Bætur brotaþola	30,7	40,0	40,0	0,0	30,3
Samtals	**660,9**	**670,7**	**727,0**	**8,4**	**10,0**

Gert er ráð fyrir að framlag til þessa málefnaflokks hækki um 2,2 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagsbótum. Breytinguna er að rekja í fyrsta lagi til 1,2 m.kr. hækkunar á húsaleigu hjá Hæstarétti og héraðsdómi Norðurlands eystra, en þessi tvö embætti eru í umsjá Fasteigna ríkissjóðs, og í öðru lagi til nýs viðfangsefnis, *1.20 Réttargæslumenn,* undir fjárlagalið fyrir málskostnað í opinberum málum. Framlag viðfangsefnisins er 6,2 m.kr. en með breytingu á lögum um meðferð opinberra mála er nú skylt að skipa réttargæslumann þegar um kynferðisbrot er að ræða ef brotaþoli er yngri en 18 ára. Í þriðja lagi lækkar framlag til tækja- og búnaðarkaupa héraðsdómstóla um 5 m.kr. og verður 11,5 m.kr. á næsta ári. Lækkunin er til að mæta áformum frumvarpsins um sparnað og frestun stofnkostnaðar.

Löggæsla og öryggismál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 321 Almannavarnir ríkisins; 325 Neyðarsímsvörun; 331 Umferðarráð; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslumál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingaeftirlitið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	54,8	63,2	65,0	2,8	18,6
Ríkislögreglustjóri	216,3	248,9	350,1	40,7	61,9
Lögregluskóli ríkisins	45,7	75,0	80,2	6,9	75,5
Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.528,5	1.447,6	1.455,6	0,6	-4,8
Almannavarnir ríkisins	34,4	46,8	50,9	8,8	48,0
Neyðarsímsvörun	26,3	56,0	57,7	3,0	119,4
Umferðarráð	87,1	83,0	88,9	7,1	2,1
Áfengis- og fíkniefnamál	3,5	38,5	36,5	-5,2	-
Ýmis löggæslukostnaður	103,8	117,3	49,5	-57,8	-52,3
Húsnæði löggæslustofnana	21,7	10,0	10,0	0,0	-53,9
Landhelgisgæsla Íslands	855,3	816,0	840,3	3,0	-1,8
Landhelgissjóður Íslands	-25,3	0,0	0,0	-	-
Schengen-samstarf	5,9	96,2	199,6	-	-
Útlendingaeftirlitið	0,0	0,0	67,0	-	-
Samtals	**2.958,0**	**3.098,5**	**3.351,3**	**8,2**	**13,3**

Útgjöld stofnana og verkefna á sviði löggæslu og öryggismála aukast alls um 252,8 m.kr. eða um 161,4 m.kr. að raungildi frá fjárlögum 1999. Rekstrargjöld hækka um 191,4 m.kr. en þar af eru 33,8 m.kr. aukin útgjöld á nýjum fjárlagalið, *398 Útlendingaeftirlitið*, og 50 m.kr. hækkun framlags vegna Schengen-samstarfs. Nokkrar tilfærslur eru gerðar á framlögum innan málefnaflokksins og skýrir það m.a. hækkun hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Tilfærsluframlög málefnaflokksins lækka um 2 m.kr. þar sem tímabundið framlag til átaks í fíkniefnavörnum í Reykjanesbæ fellur niður.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar hækkar um 63,4 m.kr. milli ára. Stafar það að mestu af auknum útgjöldum vegna Schengen-samstarfs og TETRA-fjarskiptakerfis hjá ríkislögreglustjóra, eins og nánar er skýrt frá undir viðkomandi fjárlagaliðum.

Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum eru helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eftirfarandi:

303 Ríkislögreglustjóri. Útgjöld embættisins hækka um 93,2 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru 86,9 m.kr. vegna tilflutninga á verkefnum og fjárveitingum frá og til annarra liða og eru 15,9 m.kr. vegna reksturs en 71 m.kr. vegna stofnkostnaðar. Af millifærslum stofnkostnaðar vegur þyngst að tekið er inn nýtt viðfangs-

efni, *6.11 Bifreiðir*, en þau útgjöld voru áður færð á fjárlagaliðina *390 Ýmis löggæslumál* og *311 Lögreglustjórinn í Reykjavík*. Alls eru áætlaðar 64 m.kr. til bifreiðakaupa á næsta ári en gert er ráð fyrir að kaupin verði að hluta fjármögnuð með sölu bifreiða eða sem nemur 9 m.kr. Á þessu ári var tekin upp sú nýbreytni að ríkislögreglustjóri annast rekstur lögreglubíla á landsvísu og leigir embættunum lögreglubíla. Í framhaldi af því er ríkislögreglustjóra falið að fara með ráðstöfun þess fjár sem ætlað er til bifreiðakaupa. Framlagið lækkar um 6 m.kr. frá þessu ári og er það til að mæta áformum um sparnað og frestun stofnkostnaðar. Á móti eru 4 m.kr. færðar af viðfangsefninu *1.05 Innheimta sekta* yfir á bifreiðaliðinn en á næsta ári stefnir í að kostnaður vegna innheimtu sekta lækki frá því sem verið hefur. Gert er ráð fyrir að ráðstafa þeirri fjárhæð til endurnýjunar á bifreið með myndavélabúnaði sem ætluð er til þess að annast eftirlit og sektir. Þá er gert ráð fyrir 22 m.kr. framlagi á öðru nýju viðfangsefni, *6.01 Tæki og búnaður*, en það er tvíþætt. Í fyrsta lagi færist umsjón með ráðstöfun fjárveitinga vegna tækja og búnaðar lögreglunnar á landsvísu af safnlið dómsmálaráðuneytis til ríkislögreglustjóra. Framlag til fjárlagaliðarins *390 Ýmis löggæslumál* lækkar um 10 m.kr. af þeim sökum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 12 m.kr. tímabundnu framlagi í eitt ár til kaupa á notendabúnaði vegna svokallaðs TETRA-fjarskiptakerfis fyrir lögreglu. Fyrirhugað er að endurnýja fjarskiptakerfi lögreglunnar til að ná fram auknu öryggi og hagræði. Núverandi kerfi er orðið gamalt og úr sér gengið og erfitt að útvega varahluti og viðhaldsþjónustu. Af millifærslum á rekstrarframlögum munar mest um að framlag ríkislögreglustjóra lækkar um 33,2 m.kr. við það að Útlendingaeftirlitið verður aðskilið frá rekstri embættisins og fært á sérstakan lið, *398 Útlendingaeftirlitið*. Í öðru lagi hefur forræði með sérsveit færst frá lögreglunni í Reykjavík til ríkislögreglustjóra og hækkar framlag til ríkislögreglustjóra því um 23,5 m.kr. en lækkar samsvarandi hjá lögreglunni í Reykjavík. Í þriðja lagi eru millifærðar 20,4 m.kr. af viðfangsefninu *390-1.11 Eftirlit með ökuritum* til embættis ríkislögreglustjóra. Því framlagi er ætlað að standa undir launakostnaði lögreglumanna sem hafa eftirlit með aksturs- og hvíldartíma ökumanna flutningabifreiða. Gert er ráð fyrir að starfsmenn umferðardeildar ríkislögreglustjóra hafi umsjón með þessu verkefni. Loks eru færðar til embættisins 9,2 m.kr. sem ætlaðar eru til viðhalds og þróunar á hugbúnaði lögreglunnar en í gildandi fjárlögum er áætlað fyrir þessum útgjöldum á lið *491-6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna*.

305 Lögregluskóli ríkisins. Rekstrargjöld lögregluskólans eru áætluð 80,2 m.kr. samanborið við 75 m.kr. á þessu ári. Hækkunin milli ára, 5,2 m.kr., stafar að mestu af útgjöldum sem leiðir af stækkun á húsrými skólans og af auknu starfi framhaldsdeildar.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að framlag embættisins á næsta ári verði 1.455,6 m.kr. sem er óbreytt að raungildi frá fjárlögum þessa árs að frátöldum

tveimur millifærslum til annarra liða. Annars vegar er um að ræða 23,5 m.kr. lækkun vegna sérsveitar en forræði hennar hefur verið fært til ríkislögreglustjóra. Hins vegar fellur niður framlag að fjárhæð 21 m.kr. til bifreiðakaupa en framlag til ríkislögreglustjóra hækkar samsvarandi þar sem embættið annast nú rekstur lögreglubíla á landsvísu og leigir öðrum lögregluembættum lögreglubíla. Embætti Lögreglustjórans í Reykjavík hefur átt við rekstrarvanda að etja síðustu ár og var framlag til embættisins hækkað verulega bæði í fjárlögum 1999 og fjáraukalögum 1998. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999 verður jafnframt lagt til að veittar verði 110 m.kr. til að mæta rekstrarhalla ársins 1998. Forsenda þeirrar aukafjárveitingar er að þær ráðstafanir sem embættið hefur gert á þessu ári með það að augnamiði að draga úr rekstrarkostnaði dugi til þess að rekstur embættisins verði framvegis innan ramma fjárlaga. Dómsmálaráðherra hyggst skipa nefnd sem á að fjalla um mannaflaþörf og framtíðarskipulag löggæslu og hvernig unnt verður að ná settum markmiðum um þjónustu við borgarana.

321 ***Almannavarnir ríkisins.*** Útgjöld Almannavarna eru áætluð 50,9 m.kr. á næsta ári og hækka um 3 m.kr. að raungildi vegna nýráðningar starfsmanns sem á að vinna að áhættugreiningarverkefnum.

341 ***Áfengis- og fíkniefnamál.*** Framlag verður 36,5 m.kr. og lækkar um 2 m.kr. þar sem tímabundið framlag til átaks í fíkniefnavörnum í Reykjanesbæ fellur niður.

390 ***Ýmis löggæslumál.*** Framlag til þessa safnliðar lækkar alls um 67,8 m.kr. Þrjú viðfangsefni, samtals að fjárhæð 70,4 m.kr., falla niður, *1.11 Eftirlit með ökuritum*, *6.01 Tæki og búnaður* og *6.10 Bifreiðir*. Framlag til ríkislögreglustjóra hækkar samsvarandi enda mun embættið hafa umsjón með þeim verkefnum eins og greint er frá í umfjöllun um þann fjárlagalið. Framlag til viðfangsefnisins *1.10 Ýmis löggæslukostnaður* hækkar um 20 m.kr. til að gera dómsmálaráðuneytinu kleift að koma betur til móts við kostnað lögregluembætta vegna veikinda og barnsburðarleyfa lögreglumanna og ýmsum minni háttar ófyrirséðum útgjöldum hjá smærri embættum þannig að ekki þurfi að leita eftir aukafjárveitingum af þeim tilefnum. Sambærileg tillaga er gerð um safnlið sýslumannsembætta, *490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta*. Á móti þessari hækkun fellur niður 4,5 m.kr. framlag á sama viðfangsefni sem veitt var tímabundið vegna Evrópuráðstefnu Interpol. Loks lækkar viðfangsefnið *1.13 Undirbúningur að smíði varðskips* um 13,9 m.kr. og verður 5 m.kr. Lækkunin er til að mæta áformum frumvarpsins um sparnað og frestun stofnkostnaðar en gert er ráð fyrir að framlagið nægi þó til að ljúka undirbúningi þannig að smíði skipsins verði tilbúin til útboðs í lok ársins 2000.

397 ***Schengen-samstarf.*** Áætluð útgjöld á næsta ári eru 199,6 m.kr. en þar af eru 135,6 m.kr. stofnkostnaður. Rekstrargjöld hækka milli ára sem nemur 50 m.kr. og er helmingurinn hækkun til frambúðar en hinn helmingurinn tímabundinn. Hækkun til frambúðar skýrist í fyrsta lagi af því að gert er ráð fyrir að svokölluð SIRENE-skrifstofa (Supplementary Information Request at National Entry) taki að hluta til starfa á síðari hluta næsta árs. Sú skrifstofa mun bera ábyrgð á þeim hluta Schengen upplýsingakerfisins sem tilheyrir Íslandi og verður tengiliður lögreglusamvinnu samkvæmt Schengen-samningnum. Í öðru lagi er fyrirhugað að efla landamæravörslu og eftirlit með henni. Í því skyni þarf m.a. að þjálfa sérfræðinga til eftirlits með fölsuðum ferðaskilríkjum og til að leiðbeina almennt um landamæravörslu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir árlegu framlagi til þjálfunar og símenntunar lögreglumanna í tengslum við Schengen-samstarfið. Tímabundin hækkun að fjárhæð 25 m.kr. á næsta ári er vegna átaks í fræðslu og þjálfun starfsmanna, ferðakostnaðar við þjálfun erlendis og til annars undirbúnings en fyrirhugað er að Norðurlöndin hefji þátttöku í samstarfinu næsta haust. Framlag til stofnkostnaðar fjárlagaliðarins hækkar um 53,4 m.kr. og skýrist af sameiginlegu útboði Norðurlanda vegna upplýsingakerfis fyrir Schengen-samstarfið og öðrum kostnaði vegna aðlögunar á hugbúnaði og kaupa á tækjabúnaði fyrir landamærastöðvar. Stofnkostnaðurinn er þá áætlaður alls um 136 m.kr. á næsta ári en gert er ráð fyrir að hann lækki niður í 6,2 m.kr. árið 2001 og verður þeim áfanga verkefnisins þar með lokið.

398 ***Útlendingaeftirlitið.*** Með breyttum lögum um eftirlit með útlendingum flyst Útlendingaeftirlitið frá ríkislögreglustjóra og verður að sérstakri stofnun. Umsvif eftirlitsins verða svipuð og verið hefur en við bætist staða forstöðumanns og stofnunin flyst í annað húsnæði. Við þessar breytingar eykst rekstarkostnaður um 10 m.kr. Einnig mun útgáfa vegabréfa heyra undir Útlendingaeftirlitið á grundvelli nýrra laga um vegabréf. Íslensk vegabréf eru nú tölvulesanleg og leiðir það til breytinga og kostnaðarauka við framleiðslu þeirra sem nemur um 15 m.kr. Að frátöldum launa- og verðlagsbótum verður útgjaldaauki vegna breytinga á lögum um Útlendingaeftirlit og vegabréfaútgáfu þá um 25 m.kr. Samhliða þessu lækkar framlag til embættis ríkislögreglustjóra um 33,2 m.kr. og framlag til útgáfu vegabréfa á fjárlagalið *490 Ýmis kostnaður sýslumannsembætta* um 7 m.kr. en þessi framlög færast eftirleiðis á fjárlagalið Útlendingaeftirlitsins. Í stórum dráttum má gera ráð fyrir að um þriðjungur af rekstrarkostnaði hins nýja Útlendingaeftirlits verði vegna útgáfu vegabréfa. Á móti munu tekjur af sölu vegabréfa renna í ríkissjóð.

Sýslumenn

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumannsembætti, rekstur	2.508,0	2.504,7	2.615,3	4,4	4,3
Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður	148,0	153,3	197,2	28,6	33,2
Húsnæði og búnaður	135,0	137,0	137,8	0,6	2,1
Samtals	**2.791,0**	**2.795,0**	**2.950,3**	**5,6**	**5,7**

Útgjöld málefnaflokksins hækka um 155,3 m.kr. frá fjárlögum 1999 en það svarar til um 74 m.kr. hækkunar að raungildi. Helstu breytingar sem fyrirhugaðar eru í rekstri sýslumannsembætta eru þær að lögreglumönnum fjölgar um einn hjá sýslumannsembættunum á Hólmavík, Eskifirði og í Hafnarfirði. Sambærilegar tillögur verða gerðar í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999. Þá er gert ráð fyrir að framlag til sýslumannsembættisins í Kópavogi hækki um 2,5 m.kr. vegna mikillar fólksfjölgunar og aukningu verkefna í kjölfarið hjá embættinu. Hjá sýslumanninum í Reykjavík er fyrirhugað að hefja tilraunaverkefni við að veita þjónustu fyrir foreldra sem eiga í umgengnis- og forsjárdeilum. Markmiðið er að leita sátta í slíkum málum áður en til stjórnvaldsúrskurðar eða dóms kemur. Veitt er 1 m.kr. til verkefnisins. Rekstrarkostnaður hækkar alls um 17,2 m.kr. hjá nokkrum sýslumannsembættum vegna leigugreiðslna til Fasteigna ríkissjóðs og annars húsnæðiskostnaðar. Stefnt hefur verið að því að færa allar fasteignir sýslumannsembætta sem eru í eigu ríkisins í umsjá Fasteigna ríkissjóðs. Sú tilhögun leiðir til reglulegra viðhalds og þar með lægri kostnaðar til lengri tíma. Eignir hafa verið færðar í áföngum en á næsta ári er fyrirhugað að færa allar eignir sýslumannsembætta sem eftir eru. Eftir sem áður leigja nokkur embætti húsnæði hjá öðrum en ríkinu.

Haustið 1998 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem falið var að fara yfir rekstur sýslumannsembætta með það fyrir augum að samræma fjárveitingar til embættanna, stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna til rekstrar og þjónustu sýslumanna og auðvelda samanburð á kostnaði einstakra verkefna. Nefndin hefur unnið að gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta. Verkið reyndist umfangsmeira en í fyrstu var ætlað en stefnt er að því að niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir í upphafi næsta árs.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Fjárlagaliðurinn hækkar um 43,9 m.kr. frá fjárlögum 1999. Útgjöld liðarins skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ýmis sameiginlegur kostnaður	38,5	28,2	42,0	48,9	9,1
Útgáfa ökuskírteina	0,0	15,6	11,8	-24,4	-
Kostnaður við löggæslunám	14,0	0,0	0,0	-	-
Kostnaður skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs	79,7	87,8	88,9	1,3	11,5
Gagnalínukostnaður	15,8	21,7	17,7	-18,4	12,0
Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	0,0	0,0	36,8	-	-
Samtals	**148,0**	**153,3**	**197,2**	**28,6**	**33,2**

Viðfangsefnið *1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður* hækkar um 10 m.kr. á næsta ári til þess að gera dómsmálaráðuneytinu kleift að koma betur til móts við kostnað sýslumannsembætta vegna veikinda og barnsburðarleyfa starfsmanna og ýmsum minni háttar ófyrirséðum útgjöldum hjá smærri embættum þannig að ekki þurfi að leita eftir aukafjárveitingum af þeim tilefnum. Sambærileg tillaga er gerð á safnlið löggæslukostnaðar, *390 Ýmis löggæslumál*. Viðfangsefnið *1.11 Útgáfa vegabréfa og ökuskírteina* í fjárlögum þessa árs breytir um heiti og verður *1.11 Útgáfa ökuskírteina*. Framlag lækkar um 7 m.kr. en hækkar að sama skapi á fjárlagalið *398 Útlendingaeftirlitið* þar sem sú stofnun mun framvegis sinna vegabréfaútgáfu. Í ljós hefur komið að galli hefur verið í framleiðslu á nýrri gerð ökuskírteina. Í sumum skírteinum hverfa myndirnar smám saman og verða skírteinin ónothæf eftir 1-2 ár. Framlag til útgáfu ökuskírteina hækkar um 3 m.kr. til að bæta úr þessu en um 2 m.kr. af því er tímabundinn kostnaður þar til búið verður að endurnýja þau skírteini sem gefin hafa verið út á undanförnum tveimur árum. Viðfangsefnið *1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs* lækkar um 1,5 m.kr. þar sem sýslumannsembættin hætta smám saman að greiða fyrir afnot af fasteignamatsskrá þegar tölvufærsla þinglýsinga hefur verið tekin upp hjá embættunum í tengslum við Landskrá fasteigna. Nýja þinglýsingarkerfið verður tekið í notkun á þessu ári hjá embættunum á Selfossi, í Kópavogi og á Akranesi. Fjárveiting viðfangsefnisins *1.60 Gagnalínukostnaður* lækkar um 5,6 m.kr. Í fjárlögum ársins 1999 var viðfangsefnið hækkað sem þessu nemur þar sem fyrirhugað var að gera samning við Hagstofu Íslands um dagleg afrit af þjóðskrá. Ekki hefur orðið af því og er gjaldtaka óbreytt en nýtt fyrirkomulag á miðlun þessara upplýsinga og gjaldtöku er til skoðunar. Á móti hækkar framlag til viðfangsefnisins um 1,1 m.kr. vegna aukins kostnaðar við tölvutengingar sýslumanna, lögreglu og dómstóla milli kerfa sem tengjast starfsemi lögreglunnar, aðfarargerðum sýslumanna, lögskráningu sjómanna, innheimtu og bókhaldskerfa ríkisbókhalds, kerfa Tryggingastofnunar ríkisins o.fl. Að lokum er tekið inn nýtt viðfangsefni, *1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins*, og eru útgjöld þess áætluð 36,8 m.kr. á næsta ári. Í janúar sl. var gerður samningur til 3 ára milli dómsmálaráðuneytisins og Skráningarstofunnar hf., sem er hlutafélag í eigu ríkisins, um rekstur Tölvumiðstöðvar dómsmálaráðu-

neytisins og undirbúning að upplýsingakerfum fyrir Schengen-samstarfið. Á móti lækkar framlag til aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytis um 8 m.kr. og framlag til upplýsingakerfa sýslumanna um 15 m.kr. Að samanlögðu eykst því árlegur rekstrarkostnaður tölvumiðstöðvar ráðuneytisins um 13,8 m.kr.

*491 **Húsnæði og búnaður sýslumanna.*** Framlag fjárlagaliðarins er nær óbreytt frá fjárlögum 1999 þar sem hækkanir og lækkanir vegast á. Viðfangsefnið *6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi* hækkar um 35 m.kr. og verður 75 m.kr. Framlagið er ætlað til að ljúka byggingu lögreglu- og sýsluskrifstofu í Stykkishólmi en verklok eru fyrirhuguð á næsta ári. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna, án búnaðarkaupa, er áætlaður 135 m.kr. Framlag að fjárhæð 10 m.kr. til viðfangsefnisins *6.19 Húsnæði sýslumanns á Hólmavík* fellur niður en fyrirhugað er að framkvæmdum ljúki fyrri hluta næsta árs. Að lokum lækkar framlag til viðfangsefnisins *6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna* um 24,2 m.kr. vegna millifærslna á aðra liði. Annars vegar færist 15 m.kr. framlag á nýtt viðfangsefni, *490-1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins* og hins vegar færist 9,2 m.kr. framlag til ríkislögreglustjóra. Gert er ráð fyrir að ríkislögreglustjóri hafi eftirleiðis með höndum þann hluta upplýsingakerfa stofnana dóms- og kirkjumálaráðuneytis sem snýr að viðhaldi og þróun á hugbúnaði lögreglunnar.

Fangelsismál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	51,1	44,4	46,1	3,8	-9,8
Rekstur fangelsa	347,9	393,8	426,2	8,2	22,5
Ýmis fangamál	12,9	12,8	12,8	0,0	-0,8
Viðhald fangelsisbygginga	6,8	10,0	10,0	0,0	47,1
Fangelsisbyggingar	39,2	15,0	7,0	-	-
Samtals	**457,9**	**476,0**	**502,1**	**5,5**	**9,7**

Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum er rekstrarkostnaður óbreyttur frá fjárlögum 1999. Framlag til fangelsisbygginga lækkar um 8 m.kr. og verður 7 m.kr. Á þessu ári lauk framkvæmdum við Litla-Hraun en á næsta ári er fyrirhugað að nota framlagið til að hefja undirbúning að byggingu nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu.

Kirkjumál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 701 Biskup Íslands; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðsgjöld; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Biskup Íslands	625,5	670,7	744,7	11,0	19,1
Kirkjumálasjóður	105,3	114,0	130,1	14,1	23,6
Kristnisjóður	35,2	36,4	41,2	13,2	17,0
Kirkjugarðsgjöld, hlutur kirkjugarða	409,0	435,0	488,0	12,2	19,3
Kirkjugarðasjóður	17,3	26,0	42,0	61,5	142,8
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	931,8	1.014,0	1.152,0	13,6	23,6
Sóknargjöld til annarra trúfélaga	70,0	67,0	90,0	34,3	28,6
Sóknargjöld til Háskóla Íslands	37,8	29,0	52,0	79,3	37,6
Jöfnunarsjóður sókna	172,4	183,0	213,0	16,4	23,5
Samtals	**2.404,3**	**2.575,1**	**2.953,0**	**14,7**	**22,8**

701 ***Biskup Íslands.*** Framlag til fjárlagaliðarins lækkar um 8,1 m.kr. þar sem tímabundnar fjárveitingar til að standa undir kostnaði við stöðu prests í Evrópu og í Grafarvogi falla niður. Að öðru leyti eru áætluð rekstrargjöld óbreytt að raungildi og í samræmi við samning ríkis og kirkju sem gerður var á síðasta ári. Hefur þá jafnframt verið tekið tillit til 63 m.kr. hækkunar vegna endurmats á launafjárveitingu í kjölfar úrskurðar um laun presta, prófasta og biskups sem kjaranefnd kvað upp 30. desember 1998 en tók gildi frá 1. ágúst 1998. Framlag í Kristnisjóð tekur mið af þeim launabreytingum og hækkar um 4,8 m.kr. frá fyrra ári. Framlag að fjárhæð 3 m.kr. sem veitt var tímabundið í eitt ár til viðfangsefnisins *6.25 Dómkirkjan* fellur niður.

733-736 ***Kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld.*** Kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld hækka alls um 300 m.kr. frá fjárlögum 1999 og um 460 m.kr. frá fjárlögum 1998, eða sem nemur um 27%. Þessi lögboðnu framlög aukast í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 1997 og 1998. Framlög til Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna tekur einnig mið af heildarfjárhæð sóknargjalda. Í fjárlögum 1998 og 1999 var kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis veitt undanþága frá greiðslu í kirkjugarðasjóð. Undanþága þessi var tímabundin og gengur nú til baka. Fjárhagsstaða kirkjugarða var til athugunar í nefnd sem skilaði áliti á árinu 1997. Fulltrúar ríkisins í nefndinni töldu þörf fyrir að auka tekjur kirkjugarða um 12% vegna skerðinga sem orðið hefðu á þeim í kjölfar lagabreytinga. Í framhaldi af því var kirkjugarðsgjaldið hækkað um 4% haustið 1997. Að meðtöldum þeim hækkunum sem síðan hafa orðið er ljóst að umskipti verða á fjárhagstöðu kirkjugarða.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.109,0	2.982,6	3.218,4	8	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	6.595,7	7.132,6	7.220,1	1	9
Stofnkostnaður og viðhald	808,4	685,0	605,0	-12	-25
Samtals	**10.513,1**	**10.800,2**	**11.043,5**	**2**	5
Greitt úr ríkissjóði	10.402,4	10.743,5	10.986,8	2	6
Innheimt af ríkistekjum	208,4	56,7	56,7	0	-73
Viðskiptahreyfingar	-97,7	0,0	0,0	0	-100
Samtals	**10.513,1**	**10.800,2**	**11.043,5**	**2**	**5**

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2000 eru áætluð 11.336 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 292 m.kr. en þær nema 2,6% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 11.044 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 10.987 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 57 m.kr. innheimtar með ríkistekjum. Gjöld umfram sértekjur hækka því á milli ára um 243 m.kr. sem er 21 m.kr. raunlækkun gjalda.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.218 m.kr. og hækka um 236 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru launa- og verðlagsbætur 96 m.kr. Sú breyting verður á framsetningu að 72 m.kr. færast af rekstrargjöldum yfir á neyslu- og rekstrartilfærslur. Raunhækkun rekstrarútgjalda á milli ára er því 212 m.kr. Meðal nýrra verkefna er 70 m.kr. framlag til bráðamóttöku fyrir unglinga með geðraskanir og hegðunarvandkvæði og 30 m.kr. framlag til nýs langtímameðferðarheimilis fyrir unglinga í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar. Þá er 100 m.kr. framlag til málefna fatlaðra þar af 68 m.kr. í rekstrargjöld og 32 m.kr. í tilfærslur. Framlögin eru byggð á tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að fjalla um biðlista eftir þjónustu hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 7.220 m.kr. samanborið við 7.133 m.kr. í fjárlögum 1999 og hækkar um 87 m.kr. Þar af eru launa- og verðlagsbætur 171 m.kr. og því lækka neyslu- og rekstrartilfærslur í raun sem nemur 85 m.kr. og er þar um að ræða rúmlega 300 m.kr. lækkun framlaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna minni útgreiðslu bóta, minni framlaga til námskeiða, átaksverkefna og annarra úrræða. Á móti hækka framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 240 m.kr. og 72 m.kr. færast af rekstrargjöldum á tilfærslulið vegna breytinga á framsetningu.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður um 605 m.kr. og lækkar um 80 m.kr. frá fjárlögum 1999. Lækkunin skýrist að fullu af lækkun á framlagi til niðurgreiðslu vaxta af veittum lánum til leiguíbúða Íbúðalánasjóðs.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum sem nemur alls 93 m.kr. Þar af eru 80 m.kr. lækkun til Íbúðalánasjóðs sem áður er nefnd og niðurfelling 13 m.kr. framlaga sem veitt hafa verið til aðila vinnumarkaðarins.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Ráðuneyti

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	140,8	136,8	144,7	5,8	2,8
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**140,8**	**141,8**	**149,7**	**5,6**	**6,3**

Heildargjöld ársins 2000 hækka um 4 m.kr. auk verðlagsbreytinga. Þar af eru 1,5 m.kr. vegna nýrrar eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga og 2,5 m.kr. til aukinna verkefna og til að mæta veikleika í rekstri aðalskrifstofu.

Húsnæðismál

Einn fjárlagaliðir telst til þessa málefnaflokks: 205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir. Útgjöld á liðnum eru 100 m.kr. og lækka um 80 m.kr. vegna lækkunar á framlagi til niðurgreiðslu vaxta af veittum lánum á árinu 2000 til leiguíbúða Íbúðalánasjóðs.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 311 Jafnréttisráð og 331 Vinnueftirlit ríkisins. Heildarframlag ársins 2000 hækkar um 19 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	22,1	25,6	35,6	39,1	61,1
Jafnréttisráð	31,7	36,1	37,1	2,8	17,0
Vinnueftirlit ríkisins	231,8	218,6	226,5	3,6	-2,3
Samtals	**285,6**	**280,3**	**299,2**	**6,7**	**4,8**

302 ***Ríkissáttasemjari.*** Útgjöld embættisins samkvæmt frumvarpinu verða 36 m.kr. samanborið við 26 m.kr. í fjárlögum 1999. Þar af eru 9 m.kr. vegna hærri húsaleigu í nýju húsnæði embættisins.

331 ***Vinnueftirlit ríkisins.*** Útgjöld eftirlitsins eru áætluð 226,5 m.kr. samanborið við 218,6 m.kr. í fjárlögum 1999. Þar af eru sértekjur 34,7 m.kr. Útgjöld eftirlitsins eru að mestu fjármögnuð með innheimtu lögboðinna gjalda. Þar vegur þyngst framlag af tryggingagjaldsstofni en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lækka hluta Vinnueftirlits ríkisins af tryggingagjaldi úr 0,055% í 0,048% en það hlutfall skilar um 169 m.kr. á næsta ári samanborið við 162 m.kr. á árinu 1999.

Málefni barna og ungmenna

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 400 Barnaverndarstofa og 401 Barnaverndarráð. Heildarútgjöld ársins 2000 eru áætluð 467 m.kr. samanborið við 352 m.kr. í fjárlögum 1999 og er hækkunin rúmar 115 m.kr. Þar af eru launa- og verðlagsbætur 14 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	285,0	339,3	452,5	33,4	58,8
Barnaverndarráð	13,3	12,3	14,7	19,5	10,5
Samtals	**298,3**	**351,6**	**467,2**	**32,9**	**56,6**

400 ***Barnaverndarstofa.*** Framsetningu viðfangsefna er breytt á þessum fjárlagalið frá fyrra ári og viðfangsefni *1.21. Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs* er fært á viðfangsefnið *1.20 Heimili fyrir börn og unglinga.* Útgjöld Barnaverndarstofu verða samkvæmt frumvarpinu 453 m.kr. samanborið við 339 m.kr. í fjárlögum 1999. Af 116 m.kr. hækkun er gert ráð fyrir að 70 m.kr. verði varið til að koma á fót bráðamóttöku

fyrir 8-10 unglinga með geðraskanir og hegðunarvandkvæði, svo sem vímuefnaneyslu og afbrotahneigð. Tillaga þessi er í samræmi við niðurstöður nefndar sem skipuð var samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar í febrúar sl. til þess að fjalla um meðferðarmál unglinga. Stofnuninni er ætlað að taka við hlutverki neyðarvistunar Stuðla, þar með talin lögregluvistun, auk þess að sinna að hluta bráðavistun sem barna- og unglingageðdeild Landspítalans hefur annast. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 30 m.kr. fjárveitingu til rekstrar langtímameðferðarheimilis á vegum Barnaverndarstofu sem staðsett verður á landsbyggðinni.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700-722 Málefni fatlaðra og tengdar stofnanir; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
700 Málefni fatlaðra	138,6	226,6	156,8	-30,8	13,2
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	521,2	625,9	755,0	20,6	44,9
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	457,7	495,0	600,0	21,2	31,1
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	98,8	123,0	126,9	3,2	28,5
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	65,4	68,9	78,3	13,6	19,8
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	124,5	134,0	146,1	9,0	17,3
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	315,3	329,2	345,2	4,9	9,5
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	94,6	98,9	119,4	20,7	26,2
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	179,2	181,7	203,9	12,2	13,8
710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	60,3	-	-	-	-
711 Styrktarfélag vangefinna	309,1	297,1	312,9	5,3	1,2
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	134,2	135,2	142,6	5,5	6,3
722 Sólheimar, Grímsnesi	114,6	117,8	121,3	3,0	5,9
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	103,9	103,3	113,6	10,0	9,3
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	305,6	235,0	235,0	0,0	-23,1
Samtals	**3.022,9**	**3.171,6**	**3.457,0**	**9,0**	**14,4**

Útgjöld árið 2000 eru samkvæmt frumvarpinu 3.457 m.kr. og hækka um 285 m.kr. frá fjárlögum 1999 þar af eru launa- og verðlagsbætur 93 m.kr. Meðal nýrra útgjalda í þessum málefnaflokki er 100 m.kr. framlag til málefna fatlaðra sem er ráðstafað í samræmi við tillögu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að fjalla um biðlista eftir þjónustu hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Verður 35 m.kr. ráðstafað til verkefna á fjárlagalið 700 Málefni fatlaðra, 31 m.kr. til 701 Málefni fatlaðra, Reykjavík og 26 m.kr. til 702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi.

700 Málefni fatlaðra. Útgjöld á fjárlagaliðarins lækka úr 227 m.kr. í 156,8 m.kr. og skýrist lækkunin fyrst og fremst af færslum gjalda milli fjárlagaliða. Alls flytjast 60 m.kr. yfir á svæðisskrifstofur í Reykjavík og á Reykjanesi til nýrra sambýla og 11 m.kr. á Svæðisskrifstofu Austurlands vegna nýs sambýlis þar. Þá falla niður tvö tímabundin framlög í fjárlögum 1999. Annars vegar til Ásgarðs, handverkstæðis, og hins vegar til fjölskyldu sem annast hefur tvö alvarlega veik börn sín. Meðal nýrra útgjalda er gert ráð fyrir 27 m.kr. hækkun vegna áforma um að endurnýja samninga við sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir og félagasamtök sem veita fötluðum þjónustu á grundvelli ákvæða laga um reynslusveitarfélög eða laga um málefni fatlaðra. Ætlunin er að leita áframhaldandi samninga við reynslusveitarfélögin Akureyri og Vestmannaeyjar en samningar við þau renna út um áramótin. Þá er ætlunin að leita samninga við Félagsþjónustu Þingeyinga og Sveitarfélagið Hornafjörð á grundvelli 13. gr. laga um málefni fatlaðra, en þessir samningar hafa verið lausir frá síðustu áramótum. Einnig verður leitað eftir framlengingu á samningi við Félagsþjónustu Reykjavíkur um rekstur tveggja skammtímavista fyrir fötluð börn í Reykjavík. Fjárlagaliður 700-1.50 hækkar um 8 m.kr. til að mæta auknum launagreiðslum í langtímaveikindum og barnsburðarleyfum starfsmanna á heimilum og stofnunum fyrir fatlaða. Samningur sem var í gildi milli ráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga, um átak í ferlimálum fatlaðra, rann út um síðustu áramót og hefur ekki verið endurnýjaður.

701-708 Málefni fatlaðra. Útgjöld á fjárlagaliðum svæðisskrifstofa eru áætluð 2.375 m.kr. samanborið við 2.056 m.kr. í fjárlögum 1999. Hækkunin nemur 318 m.kr. þar af eru 69 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta. Hækkunin skýrist m.a. af millifærslu framlaga til sex nýrra sambýla í Reykjavík og á Reykjanesi sem hófu rekstur síðari hluta árs 1999 og hefur fjárveiting til þeirra verið aukin um 44 m.kr. fyrir heilt rekstrarár. Enn fremur er gert ráð fyrir 22 m.kr. til að efla skammtímaþjónustu í Reykjavík og á Reykjanesi, 15 m.kr. til að efla dagvistun og 20 m.kr. til fjögurra nýrra sambýla sem hefja rekstur haustið 2000. Framlögin eru í samræmi við tillögur biðlistanefndar. Í gildi eru samningar við Múlalund og Öryrkjabandalagið sem renna út í árslok 1999 en gert er ráð fyrir að samningarnir verði framlengdir að gildistíma loknum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 14 m.kr. framlagi til að mæta veikleikum í rekstri nokkurra stofnana utan Suðvesturlands. Þá er 7,6 m.kr. aukið framlag til þjónustu við fatlaða á Norðurlandi vestra m.a. vegna aukinnar dagvistunar og liðveislu en fyrri hluta árs 1999 var undirritaður þjónustusamningur á grundvelli 13. gr. laga um málefni fatlaðra við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Loks eru áform um að gera verksamning við Ullarvinnslu frú Láru á Seyðisfirði um aðstoð við fatlaða á almennum vinnumarkaði auk annarra smærri verkefna.

*711 **Styrktarfélag fatlaðra.*** Fjárveiting þessa fjárlagaliðar nemur 313 m.kr. og hækkar um 15,8 m.kr. frá fyrra ári. Þar af eru launa- og verðlagsbreytingar 9 m.kr. en auk þess er gert ráð fyrir fjárveitingu til að bæta rekstrarstöðu Styrktarfélags vangefinna og sambýla og dagvista að Bjarkarási og Lyngási. Þá er veitt 7 m.kr. til 750 Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til að gera stofnuninni kleift að ráða lækni og háskólamenntaða sérfræðinga til að auka þjónustu m.a. við einhverfa og börn með höfuðáverka.

Sveitarfélög

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Heildargjöld ársins 2000 eru áætluð 3.695 m.kr. samanborið við 3.456 m.kr. í fjárlögum 1999 og er hækkunin 239 m.kr. frá fyrra ári.

*801 **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.*** Útgjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 3.695 m.kr. samanborið við 3.456 m.kr. í fjárlögum 1999. Almennt rekstrarframlag til sjóðsins er áætlað 3.430 m.kr. þar af eru 294 m.kr. til viðfangsefnis *1.12 Jöfnun húsaleigubóta* samkvæmt samkomulagi sem gert var við Samband íslenskra sveitarfélaga við breytingu á lögum um húsaleigubætur. Framlagið hækkar frá fyrra ári sem nemur verðlagsbótum. Framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru á viðfangsefni *1.10 Jöfnunarsjóður* 3.111 m.kr. en auk þess er lagt til að framlengja 25 m.kr. tímabundið framlag til jöfnunar skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar. Framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er ákvarðað með tvennum hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Annars vegar er 2.195 m.kr. framlag úr ríkissjóði sem er miðað við 1,4% af innheimtum tekjum ríkisins af beinum og óbeinum sköttum. Hins vegar eru lagðar til sjóðsins 916 m.kr. sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Lögbundin framlög til sjóðsins hækka því um 231 m.kr. frá fyrra ári. Loks er 265 m.kr. framlag á viðfangsefni *6.21 Einsetning grunnskóla* sem er óbreytt frá fyrra ári en samkomulag er um að ríkissjóður veiti árlega allt að 265 m.kr. fram til ársins 2001 til að styrkja sveitarfélög við að koma á einsetningu grunnskóla. Á móti skal Jöfnunarsjóður leggja fram 135 m.kr. á ári og skal fjármagninu varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði grunnskólabygginga í sveitarfélögum með yfir 2000 íbúa.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 972 Bjargráðasjóður; 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu og 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Heildargjöld málefnaflokksins samkvæmt frumvarpinu eru áætluð 2.682 m.kr. samanborið við 3.005 m.kr. í fjárlögum 1999 sem er 323 m.kr. lækkun frá fyrra ári.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bjargráðasjóður Íslands	15,0	15,0	30,0	100,0	100,0
Vinnumálastofnun	225,5	123,9	137,9	11,3	-38,8
Vinnumál	44,0	43,7	22.5	-48,5	-48,9
Ábyrgðasjóður launa	154,0	117,0	100,0	-14,5	-35,1
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.586,3	2.656,0	2.343,0	-11,8	-9,4
Félagsmálaskóli alþýðu	20,8	23,2	21,6	-6,9	3,8
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	20,6	25,9	26,7	3,1	29,6
Samtals	**3.066,2**	**3.004,7**	**2.681,7**	**-10,7**	**-12,5**

972 ***Bjargráðasjóður.*** Samkvæmt frumvarpinu verða útgjöld Bjargráðasjóðs 30 m.kr. samanborið við 15 m.kr. í fjárlögum 1999. Hækkun framlaga skýrist af bágri stöðu sjóðsins og að óbreyttu mun sjóðurinn ekki geta mætt auknum styrkveitingum vegna umtalsverðra kaltjóna og grasbrests á árinu 1999 sem líklegt er að komi til útborgunar á næsta ári.

980 ***Vinnumálastofnun.*** Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð 138 m.kr. samanborið við 124 m.kr. í fjárlögum 1999 sem er 14 m.kr. hækkun. Þar af eru 4 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Að öðru leyti skýrist hækkunin alfarið af 10 m.kr. tilfærslu viðfangsefnis *1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit* sem áður var ætlað fyrir á fjárlagalið 981 Vinnumál.

981 ***Vinnumál.*** Heildargjöld eru áætluð 23 m.kr. og lækka um 21 m.kr. Þar af skýrist 10 m.kr. vegna flutnings viðfangsefnisins *1.30 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit* yfir á fjárlagalið 980 Vinnumálastofnun. Auk þess er gert ráð fyrir að útgjöld vegna viðfangsefnis *1.90 Ýmislegt* lækki og niður falli 13 m.kr. framlag til aðila vinnumarkaðarins.

982 ***Ábyrgðasjóður launa.*** Áætlað er að framlag til sjóðsins nemi 100 m.kr. samanborið við 117 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Lækkun útgjalda sjóðsins er í samræmi við fækkun vinnulaunakrafna við gjaldþrotaskipti undanfarin ár. Sjóðurinn er fjármagnaður með tekjum af ábyrgðargjaldi og er gjaldstofn þess sá sami og stofn tryggingagjalds. Hlutfall ábyrgðargjalds af gjaldstofni skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir hvert ár í senn. Hlutfall ábyrgðargjalds af gjaldstofni var 0,04% árið 1999 og í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttu hlutfalli.

984 ***Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Heildarútgjöld sjóðsins eru áætluð 2.343 m.kr. að frádregnum 42 m.kr. sértekjum samanborið við 2.656 m.kr. í fjárlögum 1999. Samkvæmt þjóðhagsspá var gert ráð fyrir 2,5% atvinnuleysi í forsendum fjárlaga 1999 en horfur

eru á að atvinnuleysi verði nokkru lægra eða um 2%. Í þjóðhagsspá fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir óverulegum breytingum og í forsendum frumvarpsins er miðast við 2,2% atvinnuleysi. Atvinnuleysisbætur lækka til samræmis um 290 m.kr. á viðfangsefni *1.11 Atvinnuleysisbætur* en á móti kemur 53 m.kr. hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga. Þá eru 5 m.kr. færðar af viðfangsefninu á *1.45 Starfsmenntasjóðir*. Viðfangsefnið *1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði* lækka um 85 m.kr. vegna lækkunar á útgjöldum til átaksverkefna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	2.461,0	2.050,0	1.808,0	-11,8	-26,5
Umsýslukostnaður Vinnumiðlunar	50,0	51,5	53,0	2,9	6,0
Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana	-	103,0	106,0	2,9	-
Styrkir til fiskvinnslustöðva	100,0	135,0	139,0	3,0	39,0
Kjararannsóknarnefnd	20,0	21,0	21,0	0,0	5,0
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	200,0	200,0	115,0	-42,5	-42,5
Framlög og styrkir	35,0	35,0	35,0	0,0	0,0
Starfsmenntasjóðir	50,0	50,0	55,0	10,0	10,0
Rekstur úthlutunarnefnda	50,0	51,5	53,0	2,9	6,0
Samtals	**2.966,0**	**2.697,0**	**2.385,0**	**-11,6**	**-19,6**

985 Félagsmálaskóli alþýðu. Útgjöld til skólans eru 22 m.kr. og fellur niður 2 m.kr. tímabundið framlag til að efla trúnaðarmannafræðslu.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 950 Rekstrarhagræðing og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Útgjöld ársins 2000 eru áætluð 194 m.kr. og lækka um 25 m.kr. frá fjárlögum 1999 auk 4 m.kr. vegna launa- og verðbreytinga. Þar vegur þyngst að fellt er niður 20 m.kr. tímabundið framlag til að taka á móti flóttamönnum sem settust að á Blönduósi. Þá er fellt niður 5 m.kr. tímabundið framlag til Súðavíkurhrepps til eftirfylgni og áfallahjálpar. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðbreytingum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	27.150,3	27.788,5	30.102,9	8	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	33.937,3	36.931,6	39.632,5	7	17
Stofnkostnaður og viðhald	1.318,5	1.606,1	1.523,2	-5	16
Samtals	**62.406,1**	**66.326,2**	**71.258,6**	**7**	14
Greitt úr ríkissjóði	62.548,1	66.194,3	71.126,7	7	14
Innheimt af ríkistekjum	35,9	106,9	106,9	0	198
Viðskiptahreyfingar	-177,9	25,0	25,0	0	-114
Samtals	**62.406,1**	**66.326,2**	**71.258,6**	**7**	**14**

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2000 eru áætluð 74.327 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.068 m.kr. en þær nema 4,1% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 71.259 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 71.127 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 107 m.kr. innheimtar með ríkistekjum. Mismunurinn, 25 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs. Útgjöld ráðuneytisins í heild aukast um 4.932 m.kr. Þar vega þyngst 1.936 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Þá er 1.400 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn sjúkrahúsa, hjúkrunar- og heilbrigðisstofnana og heilsugæslu. Loks má nefna 1.127 m.kr. hækkun á tilfærslum til almannatrygginga að frátöldum verðbreytingum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 30.103 m.kr. og hækka um 2.314 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar af eru um 1.125 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn spítala, heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva og 933 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 39.633 m.kr. samkvæmt frumvarpinu samanborið við 36.932 m.kr. í fjárlögum 1999 sem er 2.701 m.kr. aukning frá fyrra ári. Þar af eru 1.003 m.kr. vegna launa- og verðlagsbóta, 1.127 m.kr. hækkun tilfærslna til almannatrygginga að frátöldum verðbreytingum eins og áður er nefnt. Þá er um 275 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn daggjaldastofnana og 284 m.kr. framlag til fjögurra nýrra hjúkrunarheimila sem komin verða í heilsársrekstur.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.523 m.kr. samanborið við 1.606 m.kr. í fjárlögum 1999 og lækkar því um 83 m.kr. Meðal nýrra framkvæmda eru viðbyggingar við Hjúkrunarheimilið á Hólmavík og Heilbrigðisstofnunina Egilsstöðum. Hins vegar lækkar

fjármagn til barnaspítala vegna tafa sem hafa orðið á framkvæmdum, þótt áfram sé gert ráð fyrir verulegum framkvæmdum við það mannvirki.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum sem nemur alls 1.260 m.kr. Þar vega þyngst áform um allt að 1.000 m.kr. lækkun lyfjaútgjalda frá því sem ella hefði orðið, sem gert er ráð fyrir að náist með margþættum aðgerðum í lyfjamálum á næsta ári. Þá lækka framlög um 100 m.kr. frá fjárlögum 1999, vegna tafa sem hafa orðið á framkvæmdum við barnaspítala. Enn fremur lækkar kostnaður við blóð- og meinefnafræðirannsóknir um 50 m.kr. og gert er ráð fyrir að sameinuð innkaup og heildarútboð á rekstrar- og sjúkravörum stofnana í heilbrigðisþjónustu skili 50 m.kr. sparnaði. Loks er gert ráð fyrir 60 m.kr. tímabundinni frestun á framlagi til stofnframkvæmda og viðhalds.

Útgjöld heilbrigðisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbr.- og trygg.málaráðuneyti, aðalskrifstofa	208,1	216,6	227,9	5,2	9,5
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
**Samtals ..... **	**208,1**	**224,6**	**235,9**	**5,0**	**13,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 11 m.kr. frá fjárlögum 1999. Þar vega þyngst 3,5 m.kr. aukin útgjöld ráðuneytisins vegna tilkomu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði en gert er ráð fyrir að leyfisgjöld rekstrarleyfishafa munu síðar mæta öllum

útgjöldum vegna gagnagrunnsins. Enn fremur hyggst ráðuneytið leggja fram frumvarp til laga um lífsýnasöfn. Áætlað er að aukinn kostnaður vegna frumvarpsins nemi 3,5 m.kr. auk 1,5 m.kr. vegna sérstakrar tímabundinnar kynningar sem gert er ráð fyrir að efnt verði til fyrir gildistöku verði frumvarpið að lögum. Að lokum er gert ráð fyrir 1,3 m.kr. hækkun framlags til greiðslu húsaleigu af viðbótarhúsnæði aðalskrifstofu. Loks er fellt niður 5 m.kr. tímabundið framlag vegna árs aldraðra 1999.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva; 208 Slysatryggingar og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn Tryggingastofnunar	553,8	613,5	628,2	2,4	13,4
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	4.551,5	4.950,0	5.410,0	9,3	18,9
Lífeyristryggingar	16.064,2	17.760,0	18.860,0	6,2	17,4
Sjúkratryggingar	8.547,3	8.760,0	9.160,0	4,6	7,2
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa	0,0	700,0	720,0	2,9	-
Slysatryggingar	495,2	440,0	455,0	3,4	-8,1
Eftirlaunasjóður aldraðra	250,4	250,0	225,0	-10,0	-10,1
Samtals	**30.462,3**	**33.473,5**	**35.458,2**	**5,9**	**16,4**

Bætur almannatrygginga hækkuðu um 4% 1. janúar 1999 og í mars sl. ákvað ríkisstjórnin að hækka grunnlífeyri almannatrygginga um 7% frá og með 1. apríl 1999. Jafnframt var ákveðið að hækka bifreiðakaupastyrki og vasapeninga þeirra sem dvelja á stofnunum og hafa ekki aðrar tekjur. Þá tók gildi 1. janúar 1999 reglugerð um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar, sem kveður á um hækkun frítekjumarka vegna tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega. Í forsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir 3% hækkun bóta almannatrygginga í upphafi árs 2000. Þar til viðbótar er gert er ráð fyrir 1% hækkun á óskiptum lið á launa- og verðlagsmálum. Samkvæmt verðlagsforsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að neysluverðsvísitala hækki um nálægt 2,5% innan árs árið 2000. Forsendur um hækkun bóta verða endurmetnar fyrir árslok í ljósi verðlagsþróunar á þessu og næsta ári. Gert er ráð fyrir greiðslu 20% orlofsuppbótar og 30% desemberuppbótar sem er óbreytt frá fyrra ári. Útgjöld tryggingamála eru áætluð 35.458 m.kr. samanborið við 33.474 m.kr. í fjárlögum 1999. Hækkun milli ára er því 1.985 m.kr. eða 5,9%.

201 ***Tryggingastofnun ríkisins.*** Útgjöld yfirstjórnar tryggingamála eru áætluð 711 m.kr. þar af eru 628 m.kr. framlög úr ríkissjóði og sértekjur 83 m.kr. Launa- og verðlagsbreytingar nema 17 m.kr., en liðurinn hækkar í heild um 14,7 m.kr. Lagt er til 5,6 m.kr. framlag vegna fjölgunar læknisskoðana í kjölfar breyttra laga um örorkumat sem kveða á um að örorkumat verði eingöngu byggt á læknisfræðilegum forsendum. Hins vegar eru 8 m.kr. færðar af liðnum vegna starfsmanna tryggingaráðs, á fjárlagalið 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, undir viðfangsefnið *1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga*, en nefndin hefur tekið yfir að hluta fyrri verkefni tryggingaráðs samkvæmt nýjum ákvæðum í lögum um almannatryggingar.

203 ***Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.*** Útgjöld til bóta vegna félagslegrar aðstoðar eru áætluð 5.410 m.kr. samanborið við 4.950 m.kr. í fjárlögum 1999. Samkvæmt áætlun Tryggingastofnunar ríkisins, byggðri á útgjöldum fyrstu sex mánuði ársins, er áætlað að heildargjöld yfirstandandi árs nemi 5.015 m.kr. eða 65 m.kr. umfram heimildir fjárlaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 460 m.kr. auknu framlagi til þessa liðar. Þar af er 100 m.kr. hækkun heimilisuppbótar til viðbótar verðlagsbótum vegna breytinga á vinnureglum frá 1. mars sl. sem miða að því að einstaklingar með börn á framfæri skuli eiga kost á heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót. Þá er gert ráð fyrir 90 m.kr. hækkun til að mæta auknum útgjöldum vegna ákvörðunar um hækkun vasapeninga fyrr á þessu ári. Loks hækka bifreiðakaupastyrkir um 50 m.kr. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar fyrr á árinu. Aðrar breytingar eru í samræmi við endurskoðun áætlana í ljósi útgjalda fyrstu sex mánuði ársins og ráðast að mestu leyti af breytingu á fjölda bótaþega og verðlagsbreytingum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	192,9	210,0	230,0	9,5	19,2
Umönnunarbætur	541,3	580,0	660,0	13,8	21,9
Makabætur	28,3	30,0	30,0	0,0	6,0
Ekkju- og ekklabætur	69,5	75,0	75,0	0,0	7,9
Endurhæfingarlífeyrir	145,2	200,0	205,0	2,5	41,2
Barnalífeyrir vegna menntunar	54,4	58,0	65,0	12,1	19,5
Heimilisuppbót	1.448,3	1.565,0	1.730,0	10,5	19,5
Sérstök heimilisuppbót	139,1	150,0	155,0	3,3	11,4
Uppbætur	1.832,1	2.000,0	2.125,0	6,3	16,0
Bifreiðakaupastyrkir	100,5	82,0	135,0	64,6	34,3
Samtals	**4.551,6**	**4.950,0**	**5.410,0**	**9,3**	**18,9**

204 ***Lífeyristryggingar.*** Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 18.860 m.kr. á árinu 2000 samanborið við 17.760 m.kr. í fjárlögum 1999. Samkvæmt spá byggðri á afkomu fyrstu sex mánuði ársins verða greiðslur lífeyristrygginga á yfirstandandi ári 17.675

m.kr. eða 85 m.kr. innan ramma fjárlaga 1999. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að greiðsla lífeyristrygginga vegna ellilífeyris hækki um 440 m.kr. auk verðlagsbóta. Þar af eru 320 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar fyrr á árinu um 7% hækkun grunnlífeyris og 120 m.kr. vegna fjölgunar bótaþega. Þá er gert ráð fyrir að greiðsla örorkulífeyris hækki um 150 m.kr. auk verðbóta. Þar af eru 110 m.kr. vegna 7% hækkunar grunnlífeyris og 40 m.kr. vegna fjölgunar bótaþega. Hækkun fjárveitinga til tekjutryggingar ellilífeyrisþega skýrist fyrst og fremst af verðlagsbreytingum. Greiðsla örorkustyrks hækkar um 40 m.kr. sem skýrist af 7% hækkun grunnlífeyris og fjölgun bótaþega. Aðrar breytingar ráðast af framreikningi útgjalda og áætlunum um fjölda bótaþega.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	4.193,3	4.450,0	5.040,0	13,3	20,2
Örorkulífeyrir	1.474,9	1.600,0	1.800,0	12,5	22,0
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	5.845,7	6.500,0	6.650,0	2,3	13,8
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.008,0	2.410,0	2.480,0	2,9	23,5
Örorkustyrkir	227,1	240,0	280,0	16,7	23,3
Barnalífeyrir	842,8	945,0	980,0	3,7	16,3
Fæðingarorlof	1.434,4	1.575,0	1.590,0	1,0	10,8
Annað	38,0	40,0	40,0	0,0	5,3
Samtals	**16.064,2**	**17.760,0**	**18.860,0**	**6,2**	**17,4**

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 9.160 m.kr. samanborið við 8.760 m.kr. í fjárlögum 1999. Sé miðað við útgjöld fyrstu 6 mánuði ársins er áætlað að útgjöld sjúkratrygginga verði 9.491 m.kr. eða um 730 m.kr. hærri en heimildir fjárlaga 1999. Miðað við fjárlög 1999 hækka útgjöld sjúkratrygginga um 400 m.kr. á milli ára. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lækniskostnaður hækki um 240 m.kr., en lækniskostnaður stefnir í 1.950 m.kr. á árinu 1999 sé byggt á spá fyrstu sex mánuði ársins eða 200 m.kr. framyfir heimildir fjárlaga. Hækkunin stafar af fjölgun læknisverka og af breytingum er gerðar voru á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Þá hafa sparnaðaráform í fjárlögum 1999 ekki gengið eftir. Stefnt er að rekstrarlegum aðskilnaði rannsóknarstofa sjúkrahúsa í Reykjavík frá öðrum sjúkrahússrekstri m.a. til að auka útboð á rannsóknarþjónustu spítalanna og ýmissa rannsókna vegna utanspítalaþjónustu. Gert er ráð fyrir að útboð leiði til 50 m.kr. lækkunar lækniskostnaðar vegna blóð- og meinefnafræðirannsókna. Áætlað er að tannlæknakostnaður hækki um 115 m.kr. frá fjárlögum 1999. Stóran hluta af hækkuninni má rekja til kostnaðar umfram fjárlög í ár, eða 90 m.kr. Umframkostnaður skýrist annars vegar af fjölgun aðgerða og hins vegar var greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlæknakostnaði breytt með reglugerð frá 1. janúar 1999 sem gefur m.a. ellilífeyrisþegum aukin réttindi. Hækkun

sjúkratrygginga vegna þjálfunar nemur 40 m.kr. sem rekja má til breytinga Alþingis á ákvæðum um örorkumat í lögum um almannatryggingar en þær miða að því að koma einstaklingum fyrr í endurhæfingu til að auka starfshæfni þeirra og koma í veg fyrir varanlega örorku. Mun Tryggingastofnun gera samninga við endurhæfingarstofnanir um endurhæfingu einstaklinga og er áætlað að þessi kostnaður sparist á tveimur árum í minni örorkugreiðslum. Þá eru 22 m.kr. ætlaðar til að mæta auknum kostnaði við sjúkraflutninga og ferðir innan lands auk 5 m.kr. vegna breytingar á reglugerð um ferðakostnað sjúklinga. Gert er ráð fyrir 11 m.kr. til að fjölga sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingum í heimahjúkrun um 3 stöðugildi. Lyfjaútgjöld stefna 300 til 400 m.kr. fram úr áætlun fjárlaga á árinu 1999 þrátt fyrir ráðstafanir til að lækka þau um 320 m.kr. Þær aðgerðir náðu ekki fram að ganga því að ný og dýrari lyf komu á markaðinn, sem breyttu niðurstöðum ársins. Í forsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir 12% hækkun lyfjakostnaðar á milli ára m.a. vegna þess að sífellt eru sett á markað ný og dýrari lyf. Sama þróun hefur átt sér stað hjá nágrannalöndunum og því hafa Norðurlöndin ákveðið að leita sameiginlegra leiða til að fást við þessa miklu aukningu. Þannig er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður aukist um 700-800 m.kr. frá fjárlögum ef ekkert er að gert. Með margþættum aðgerðum, sem lýst er hér á eftir, er hins vegar áætlað að sporna við vexti lyfjaútgjalda og ná fram 170 m.kr. lækkun á milli ára. Áformað er að endurskoða heildsölu- og smásöluálagningu lyfja og ráðast í aukin útboð á lyfjum til að bæta og styrkja skynsamlegt og hagkvæmt lyfjaval jafnt innan sem utan heilbrigðisstofnana. Þá verður áfram unnið að gerð leiðbeininga, ráðgjöf verður efld, auk þess sem gripið verður til ýmissa annarra ráða. Loks er áformað að taka upp nýtt fyrirkomulag á niðurgreiðslum almannatrygginga vegna lyfja, að sænskri og danskri fyrirmynd, sem gerir mögulegt að flytja að einhverju leyti greiðsluþátttöku ríkisins frá einstaklingum, sem að jafnaði nota lítið lyf, yfir til einstaklinga eða sjúklinga sem raunverulega þurfa á meiri og dýrari lyfjum að halda. Gert er ráð fyrir að allar þær ráðstafanir sem áformað er að grípa til leiði til allt að 1.000 m.kr. lækkunar kostnaðar frá því sem annars hefði orðið.

207 ***Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.*** Áætlaðar greiðslur til þessa liðar verða 720 m.kr. samanborið við 700 m.kr. á fyrra ári og skýrist hækkunin alfarið af launa- og verðlagsbreytingu. Útgjöldin voru áður færð undir sjúkratryggingar og er ætlað að standa undir greiðslum vegna röntgen- og blóðmeinarannsókna sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	1.854,6	1.750,0	1.990,0	13,7	7,3
Lyf	3.989,2	4.100,0	3.930,0	-4,1	-1,5
Hjálpartæki	623,5	670,0	700,0	4,5	12,3
Hjúkrun í heimahúsum	89,2	75,0	95,0	26,7	6,5
Þjálfun	525,6	580,0	665,0	14,7	26,5
Tannlækningar	777,0	810,0	950,0	17,3	22,3
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	85,3	98,0	130,0	32,7	52,4
Brýn meðferð erlendis	329,5	370,0	375,0	1,4	13,8
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	51,5	42,0	50,0	19,0	-2,9
Sjúkradagpeningar	188,2	215,0	225,0	4,7	19,6
Annað	33,7	50,0	50,0	0,0	48,4
Samtals	**8.547,3**	**8.760,0**	**9.160,0**	**4,6**	**7,2**

208 ***Slysatryggingar.*** Í ljósi útkomu fyrstu sex mánuði ársins er gert ráð fyrir að heildarútgreiðslur nemi 400 m.kr. eða 40 m.kr. undir heimildum fjárlaga 1999. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að útgjöld slysatrygginga verði 455 m.kr. árið 2000 samanborið við 440 m.kr. í fjárlögum 1999. Áætlað er að bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar hækki um 25 m.kr. en á móti lækki bætur vegna framfærslu um 15 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að stjórnunarkostnaður hækki um 5 m.kr. og greiðslur úr ríkissjóði hækki því í heild um 15 m.kr.

214 ***Eftirlaunasjóður aldraðra.*** Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum verði 225 m.kr. þar af verði 200 m.kr. greiddar með framlagi úr ríkissjóði og 25 m.kr. með því að sjóðurinn gangi á eigið fé. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 113/1994 og er lífeyrir greiddur til þeirra sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 311 Héraðslæknir í Reykjavík; 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins; 330 Manneldisráð; 393 Lyfjamál; 395 Lyfjaeftirlit ríkisins og 396 Lyfjanefnd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	94,8	77,7	103,0	32,6	8,6
Héraðslæknir í Reykjavík	18,3	15,5	17,6	13,5	-3,6
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	8,8	8,0	9,4	17,5	7,0
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	102,0	91,8	94,6	3,1	-7,3
Sjónstöð Íslands	47,9	47,1	48,6	3,2	1,4
Geislavarnir ríkisins	37,8	31,2	32,0	2,6	-15,4
Manneldisráð	10,7	11,5	11,8	2,6	10,8
Lyfjamál	6,9	7,4	7,6	2,7	9,7
Lyfjaeftirlit ríkisins	20,0	20,6	20,6	0,0	2,8
Lyfjanefnd	47,2	47,1	47,1	0,0	-0,1
Samtals	**394,4**	**357,9**	**392,3**	**9,6**	**-0,5**

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru samkvæmt frumvarpinu 392 m.kr. samanborið við 358 m.kr. í fjárlögum 1999. Helstu breytingar, fyrir utan launa- og verðlagsbætur, er 18 m.kr. framlag til landlæknisembættis til að styrkja rekstrarstöðu þess. Verkefni embættisins hafa aukist á undanförnum árum en meðal nýrra verkefna eru áform um að embættið fari með faglegt eftirlit með lækningatækjum, samkvæmt frumvarpi til laga um lækningatæki sem ráðuneytið hyggst leggja fram. Tilgangur frumvarpsins er að bæta eftirlit með lækningatækjum og hrinda í framkvæmd ESB-tilskipunum um lækningatæki. Gert er ráð fyrir að í frumvarpinu verði ákvæði um gjaldtöku sem standi að verulegu leyti undir eftirlitinu. Verði frumvarpið að lögum er áætlað að kostnaður verði mestur í upphafi og eru 2 m.kr. af framangreindri fjárhæð tímabundnar í tvö ár. Meðal annarra verkefna embættisins er framkvæmd laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, en gert er ráð fyrir að rekstrarleyfishafi greiði gjald til að mæta útlögðum kostnaði embættisins. Loks hefur viðfangsefni *1.65 Heilsuefling* á fjárlagalið 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, verið fært á fjárlagalið embættisins undir viðfangsefnið *1.01 Yfirstjórn*. Útgjöld Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar eru óbreytt frá fyrra ári. Heilbrigðisráðuneyti áformar að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum á yfirstandandi þingi og verður þar nánar kveðið á um skipan og fjármögnun lyfjaeftirlits.

Sjúkrastofnanir og heilsugæsla

Undir málaefnaflokkinn falla sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili og spannar hann því vítt svið. Útgjöld samkvæmt frumvarpinu eru 33.694 m.kr. samanborið við 30.843 m.kr. í fjárlögum 1999. Hækkun frá fjárlögum 1999 er 2.852 m.kr. og skýrist að nokkrum hluta af 1.400 m.kr. framlagi til að bæta rekstrargrunn stofnananna. Auk framlags til að mæta rekstrarvanda stofnana er gert ráð fyrir að veita tæplega 740 m.kr. til sjúkrahúsa á Suðvesturlandi og 540 m.kr. til hjúkrunarheimila og annarra sjúkrastofnana.

Umfjöllun kaflans er skipt í fimm hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um sjúkrahús á Suðvesturlandi og á Akureyri, í öðrum hluta um heilbrigðisstofnanir, í þeim þriðja um heilsugæslustöðvar sem reknar eru án starfstengsla við sjúkrastofnanir og í fjórða hluta er fjallað um aðrar sjúkrastofnanir, þ.e. hjúkrunarheimili og endurhæfingarstofnanir. Að lokum er fjallað stofnkostnað og tækjakaup.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús	19.312,6	19.399,5	20.782,1	7,1	7,6
Heilbrigðisstofnanir	3.001,6	2.896,9	3.184,0	9,9	6,1
Heilsugæslustofnanir	2.134,7	2.451,6	2.692,7	9,8	26,1
Aðrar sjúkrastofnanir	5.816,2	6.094,5	7.035,4	15,4	21,0
Samtals	**30.265,1**	**30.842,5**	**33.694,2**	**9,2**	**11,3**

1. Sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús. Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 371 Ríkisspítalar; 373 Sjúkrahús í Reykjavík; 375 Sjúkrahús Reykjavíkur; 379 Sjúkrahús, óskipt; 400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði; 711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi; 785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi og 791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd heildargjöld þeirra stofnana sem undir liðinn falla og samanburður við reikning 1998 og fjárlög 1999. Samkvæmt frumvarpinu verða útgjöld þessara stofnana í heild 20.782 m.kr. samanborið við 19.400 m.kr. í fjárlögum 1999. Hækkunin nemur því 1.383 m.kr. eða 7%. Þar vegur þyngst 650 m.kr. hlutur stofnananna í þeim 1.400 m.kr. sem lagðar eru til styrktar rekstri þeirra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.782,0	1.897,8	2.021,0	6,5	13,4
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	38,9	192,3	72,6	-62,2	86,8
Ríkisspítalar	9.702,4	9.485,4	10.079,0	6,3	3,9
Sjúkrahús í Reykjavík	0,0	300,0	309,0	3,0	-
Sjúkrahús Reykjavíkur	5.799,7	5.570,1	6.209,0	11,5	7,1
Sjúkrahús, óskipt	16,1	19,0	0,0	-	-
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	361,7	376,9	407,8	8,2	12,8
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	676,9	666,4	715,0	7,3	5,6
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	423,6	400,5	433,8	8,3	2,4
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	511,4	491,1	534,9	8,9	4,6
Samtals	**19.312,6**	**19.399,5**	**20.782,1**	**7,1**	**7,6**

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Útgjöld sjúkrahússins verða samkvæmt frumvarpinu 2.093 m.kr. þar af eru sértekjur 72 m.kr. og framlag ríkissjóðs 2.021 m.kr. samanborið

við 1.898 m.kr. í fjárlögum 1999. Af 123 m.kr. hækkun eru 56 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga og 63 m.kr. er aukið framlag til óbreyttrar starfsemi. Þá eru 4 m.kr. færðar af liðnum til upplýsingamála.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Rekstrargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 75 m.kr. samanborið við 114 m.kr. í fjárlögum 1999 og er það 40 m.kr. lækkun á milli ára sem skýrist af 34 m.kr. millifærslum. Annars vegar til reksturs endurhæfingar- og hjúkrunarheimila og hins vegar 6 m.kr. vegna starfsmanns lyfjanefndar sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þá eru sértekjur hækkaðar um 50 m.kr. en gert er ráð fyrir að sameina innkaup allra heilbrigðisstofnana í landinu, þar með talin sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og hjúkrunar- og endurhæfingarheimili, og er áætlað að sameiginleg innkaup á vöru og þjónustu og samræmd útboð skili 50 m.kr. í tekjur umfram gjöld. Loks er stofnkostnaður á liðnum lækkaður um 30 m.kr. sem er liður í frestun framkvæmda árið 2000.

371 Ríkisspítalar. Rekstrarútgjöld Ríkisspítala eru áætluð í frumvarpinu 10.779 m.kr. án stofnkostnaðar og viðhalds samanborið við 10.085 m.kr. árið 1999 og er það 694 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Auk 314 m.kr. hækkunar vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga er 273 m.kr. framlag til að mæta rekstrarhalla samkvæmt rekstraráætlun og 60 m.kr. til framgangskerfis hjúkrunarfræðinga. Þá eru 30 m.kr. færðar af liðnum til upplýsingamála. Loks er lagt til að veittar verði 15 m.kr. til að fjölga sérhæfðu starfsfólki á barna- og unglingageðdeild í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnar fyrr á árinu.

375 Sjúkrahús Reykjavíkur. Rekstrarútgjöld Sjúkrahúss Reykjavíkur verða samkvæmt frumvarpinu 6.566 m.kr., án stofnkostnaðar og viðhalds, þar af eru 647 m.kr. greiddar með sértekjum. Rekstrargjöld sjúkrahússins hækka því um 561 m.kr. frá fjárlögum 1999. Þyngst vegur 300 m.kr. fjárveiting til að mæta rekstrarhalla samkvæmt rekstraráætlun auk 191 m.kr. hækkunar vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga. Til framgangskerfis hjúkrunarfræðinga eru lagðar 40 m.kr. og 16 m.kr. færðar af liðnum til upplýsingamála. Þá eru lagðar 8 m.kr. til öryggisgæslu á slysa- og bráðamóttökudeild. Loks eru færðar til sjúkrahússins tæpar 6 m.kr. vegna starfsmanns lyfjanefndar sjúkrahúsanna í Reykjavík.

379 Sjúkrahús, óskipt. Á þessum fjárlagalið var áætlað fyrir ýmsum tímabundnum framlögum til athugana á verkefnaskiptingu og rekstrarformi sjúkrahúsa. Felldar eru niður 19 m.kr. sem eftir stóðu á þessum lið.

Útgjöld vegna annarra heilbrigðisstofnana á Suðvesturlandi verða samkvæmt frumvarpinu 2.242 m.kr. samanborið við 2.082 í fjárlögum 1999, þar af eru 160 m.kr. greiddar með sértekjum. Framlag ríkissjóðs hækkar um 157 m.kr. þar af eru 72 m.kr. til að mæta

rekstrarhalla sjúkrasviðs stofnana samkvæmt rekstraráætlun og 10 m.kr. til heilsugæslusviðs auk almennra launa- og verðlagsbreytinga sem nema 62 m.kr. Þá er færð til gjalda af lið 500 Heilsugæslustöðvar, almennt, 7 m.kr. rekstrarleiga á tölvubúnaði til Heilbrigðisstofnananna á Selfossi og Suðurnesjum og rúmlega 1 m.kr. sem er millifærð rekstrarleiga vaktbifreiða til hvorrar stofnunar um sig. Loks eru 4 m.kr. millifærðar af sjúkratryggingum til St. Jósefsspítala vegna ferliverkasamninga.

2. Heilbrigðisstofnanir. Undir þennan kafla falla fjárlagaliðir 715 til 781, þ.e. sjúkrahús og heilsugæslustöðvar sem rekin eru sameiginlega, að frátöldum stofnunum á Suðvesturlandi og fjallað er um hér að framan. Framlög til stofnana eru sýnd í meðfylgjandi töflu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
St. Fransiskusspítali	163,7	166,4	181,0	8,8	10,5
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	106,6	116,5	126,3	8,4	18,5
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	386,9	385,4	418,5	8,6	8,2
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	69,8	72,4	78,4	8,3	12,4
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	55,6	54,8	60,8	10,9	9,4
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	136,3	129,6	140,7	8,6	3,2
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	186,5	187,3	202,9	8,3	8,8
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	385,8	382,5	411,6	7,6	6,7
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	184,1	187,4	204,6	9,2	11,2
Heilbrigðisstofnunin Húsavík	339,7	321,9	351,5	9,2	3,5
Heilbrigðisstofnunin Austurlandi	685,3	607,4	699,0	15,1	2,0
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	301,3	285,3	308,7	8,2	2,5
Samtals	**3.001,6**	**2.896,9**	**3.184,0**	**9,9**	**6,1**

Á árinu tók til starfa Heilbrigðisstofnun Austurlands með sameiningu heilbrigðisstofnana á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Neskaupstað og heilsugæslustöðvanna á Vopnafirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og á Djúpavogi. Hafa niðurstöðutölur þessara stofnana, vegna ríkisreiknings 1998 og fjárlaga 1999 verið færðar undir fjárlagalið 777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Útgjöld stofnananna í heild, samkvæmt frumvarpinu, nema 3.184 m.kr. samanborið við 2.811 m.kr. í fjárlögum 1999, að frátöldum rekstri heilsugæslustöðvanna á Austurlandi sem hækka samanburð við fjárlög 1999 um 86 m.kr. Hækkunin nemur því 373 m.kr. Í hækkuninni vegur þyngst 190 m.kr. fjárveiting til að leiðrétta rekstrargrunn stofnananna samkvæmt rekstraráætlun auk launa- og verðlagsbóta sem nema 92 m.kr. Þá hefur 20 m.kr. framlag verið millifært vegna rekstrarleigu á tölvubúnaði og 11 m.kr. vegna rekstrarleigu á vaktbifreiðum. Meðal nýrra verkefna er lagt til að 30 m.kr. verði veittar til að hagræða og efla heilbrigðisþjónustu á Austurlandi í kjölfar sameiningar stofnana. Þá er lögð til 2,6

m.kr. hækkun fjárveitingar til Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ til að standa undir auknum kostnaði við nýtt og stærra húsnæði heilsugæslustöðvarinnar á Þingeyri. Loks er lagt til 2,4 m.kr. aukið framlag til reksturs endurhæfingarhúss við Heilbrigðisstofnunina Sauðárkróki en viðbyggingin var tekin í notkun haustið 1999 samkvæmt samningi og verður komið í heilsársrekstur.

Þjónustusamningur milli ráðuneytis og Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki tók gildi í ársbyrjun 1999 og gildir til þriggja ára. Drög að þjónustusamningum fyrir aðrar heilbrigðisstofnanir, þ.e. sameinuð sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, liggja fyrir og er stefnt að því að ljúka sem flestum þeirra.

3. Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús. Undir þennan kafla falla stofnanir á fjárlagaliðum 500 til 586 og liðurinn 378 Læknishéraðasjóður. Þær breytingar eru gerðar á framsetningu að með stofnun Heilbrigðisstofnunarinnar Austurlandi eru heilsugæslustöðvarnar á Vopnafirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og á Djúpavogi færðar á fjárlagalið 777 Heilbrigðisstofnun Austurlands. Enn fremur hafa heilsugæslustöðvarnar á Hvolsvelli og Hellu verið sameinaðar undir einum fjárlagalið 574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi.

Útgjöld til liðarins 500 Heilsugæslustöðvar, almennt, er áætlaður 299 m.kr. þar af eru 159 m.kr. til almenns rekstrar, 27 m.kr. til óskipts viðhalds og 113 m.kr. til tölvuvæðingar og kaupa annarra tækja og búnaðar. Í heild eru rekstrargjöld 77 m.kr. lægri en í fjárlögum 1999 sem skýrist af 52 m.kr. rekstrarframlagi sem er fært af liðnum til heilsugæslustöðva vegna rekstrarleigu á tölvubúnaði og 24 m.kr. vegna rekstrarleigu vaktbifreiða. Gert er ráð fyrir að framlög til tölvuvæðingar hækki um 38 m.kr. Þar af eru 34 m.kr. til að gera þjónustusamning á vegum heilsugæslustöðvar vegna sjúkraskrárkerfisins Sögu. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir 4 m.kr. framlagi til rekstrar á víðnetskerfi heilsugæslustöðva

Á liðnum 501 Sjúkraflutningar eru 10 m.kr. áætlaðar til launagreiðslna sjúkraflutningamanna við heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni sem urðu frá síðustu áramótum starfsmenn heilsugæslustöðva. Fyrir þann tíma var starfið unnið á vegum deilda innan Rauða kross Íslands. Þá er 6 m.kr. hækkun á framlagi til sjúkraflugs en launakostnaður bakvakta hefur aukist vegna vinnutímatilskipunar á Evrópska efnahagssvæðinu. Áformað er að gera þjónustusamninga við flugrekstraraðila um rekstur sjúkraflugs á öllu landinu og eiga þeir samningar að taka gildi árið 2000.

Til heilsugæslustöðva er gert ráð fyrir 125 m.kr. framlagi til leiðréttingar á rekstrargrunni þeirra samkvæmt rekstraráætlun auk 35 m.kr. framlags til að bæta að fullu aukinn kostnað þeirra vegna afleysinga, vaktfría og námsleyfa heilsugæslulækna samkvæmt kjarasamningum og kjaranefndarúrskurði. Þá eru sértekjur Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík lækkaðar um 20 m.kr. Loks er 8,5 m.kr. aukið framlag til Læknavaktarinnar ehf. þar sem samningur kveður á um aukin framlög, fari móttökur og vitjanir 6% umfram viðmiðunarmörk.

4. Aðrar sjúkrastofnanir. Hér undir falla hjúkrunarheimili, endurhæfingarstofnanir og áfengismeðferðarstofnanir. Sú breyting er gerð á framsetningu að framlög til nokkurra hjúkrunarheimila eru færð af liðnum 495 Daggjaldastofnanir yfir á sérstaka fjárlagaliði. Þeir eru 414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu, 415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði, 416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði, 417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn.

Heildarútgjöld stofnana sem falla undir þennan flokk nema 7.035 m.kr. samanborið við 6.095 m.kr. í fjárlögum 1999 sem 941 m.kr. hækkun á milli ára. Framlag til leiðréttingar á rekstrargrunni nemur um 400 m.kr. Þá er 284 m.kr. framlag til fjögurra nýrra hjúkrunarheimila í Reykjavík, Garðabæ, Hveragerði og Fáskrúðsfirði sem verða komin í heilsársrekstur á árinu. Gert er ráð fyrir 15 m.kr. tímabundnu framlagi til Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið til byggingar nýrrar álmu fyrir unglinga- og göngudeild að Vogi og er það síðasta framlag af þremur. Enn fremur er veitt 20 m.kr. framlag til reksturs deildarinnar. Enn fremur er lagt til að 11 m.kr. tímabundin fjárveiting til Reynslusveitarfélagsins Hafnar í Hornafirði verði framlengd. Samningurinn við reynslusveitarfélagið rennur út í árslok 1999. Loks er veitt 3 m.kr. framlag á liðinn 490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna til að ráða sálfræðing svo að unnt verði að bjóða skjólstæðingum stofnunarinnar sálfræðiþjónustu.

Ráðuneytið hefur haft til athugunar breytingar á greiðslukerfi hjúkrunarheimila í því skyni að sameina greiðslur samkvæmt föstum fjárlögum og daggjöldum í eitt samræmt greiðslukerfi. Um þessar mundir liggur ekki fyrir hvort fyrirhugaðar breytingar á greiðslukerfi hjúkrunarheimila kunni að hafa áhrif á framhald þjónustusamninga við hjúkrunarheimili. Gert er þó ráð fyrir að þjónustusamningur við Reykjalund verði undirritaður á haustmánuðum og að samningurinn gildi til nokkurra ára. Á árinu var undirritaður þjónustusamningur við Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands. Samningurinn gildir í 5 ár frá 1. janúar 2000 og rúmast fjármögnun hans innan fjárheimilda ráðuneytisins.

5. Stofnkostnaður og tækjakaup. Hér er fjallað á einum stað um framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á fjárlagaliðum: 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; og 371 Ríkisspítalar; 375 Sjúkrahús Reykjavíkur; 385 Framkvæmdasjóður aldraðra og 500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

Útgjöld til stofnkostnaðar á þessum liðum eru alls 1.390 m.kr. samanborið við 1.407 m.kr. í fjárlögum 1999 og lækka því framlögin í heild um 17 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlög hækki um 76 m.kr. á fjárlagaliðnum 375 Sjúkrahús Reykjavíkur. Þar af eru 50 m.kr. til viðhalds á húseignum og 26 m.kr. framlag til að mæta brottfalli 15% kostnaðarþátttöku Reykjavíkurborgar í viðhaldi sjúkrahússins sem féll niður þegar samið var um að ríkið tæki yfir reksturinn. Viðfangsefnið *6.01 Tæki og búnaður* hækkar um 12 m.kr. af sömu ástæðu. Á móti kemur niðurfelling á 10 m.kr. tímabundnu framlagi til tækjakaupa til rannsókna á sjúkdómum í meltingarvegi. Auk þess er felld niður 13 m.kr. tímabundin fjár-

veiting af viðfangsefni *1.60 Tækjakaup, óskipt* á fjárlagalið 371 Sjúkrahús og læknisbústaðir, sem var veitt til kaupa röntgentækis við Heilbrigðisstofnunina Patreksfirði og til endurbóta á St. Fransiskusspítala, Stykkishólmi. Gert er ráð fyrir 182 m.kr. framlagi á viðfangsefni *6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða* sem er óbreytt frá fyrra ári. Meðal verkefna eru viðbygging og endurbætur við Hjúkrunarheimilið á Hólmavík en Framkvæmdasjóður aldraða mun fjármagna framkvæmdirnar að 40% hluta á móti 45% hluta ríkissjóðs. Þá hefur verið gerður verksamningur um að byggja við Heilbrigðisstofnunina á Egilsstöðum m.a. til að auka aðstöðu heilsugæslustöðvar. Þá er í gildi verksamningur sem undirritaður var í lok síðasta árs um endurbætur á Heilsugæslustöðinni á Akureyri og standa framkvæmdir yfir. Þá er unnið að framkvæmdum við D-álmu Sjúkrahúss Suðurnesja og samkvæmt verksamningi er gert ráð fyrir að framkvæmdum þessa áfanga ljúki í október 2000. Framkvæmdir við Heilbrigðisstofnunina Hvammstanga hefjast samkvæmt verksamningi á næsta ári og þeim lýkur í árslok.

Vegna tafa á framkvæmdum við Barnaspítala er fjárveitingin lægri á næsta ári en í fjárlögum 1999, eða 85 m.kr. Þar til viðbótar eru í sjóði 215 m.kr. og eru því samtals 300 m.kr. til ráðstöfunar á næsta ári. Lagt er til að fresta 30 m.kr. framlagi til viðfangsefnisins *6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar* á fjárlagalið 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi en á viðfangsefninu standa eftir 50 m.kr. Loks er lögð til 30 m.kr. tímabundin frestun á framlagi á viðfangsefni *5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt* á liðnum 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 621 Forvarnasjóður og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Sú breyting er gerð á framsetningu að þrjú ný viðfangsefni eru færð á fjárlagalið 399 Heilbrigðismál: *1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga, 1.15 Nefnd um rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði* og *1.15 Vísindasiðanefnd.* Viðfangsefni *1.65 Heilsuefling* er fært yfir til 301 Landlæknir og sameinað viðfangsefninu *1.01 Yfirstjórn.*

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	58,2	64,3	68,8	7,0	18,2
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	308,4	333,8	349,4	4,7	13,3
Forvarnasjóður	66,7	55,0	60,6	10,2	-9,1
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	103,0	52,0	-49,5	-
Samtals	**433,3**	**556,1**	**530,8**	**-4,5**	**22,5**

Heildarútgjöld málefnaflokksins lækka um 25 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af lægri framlögum til 996 Íslenska upplýsingasamfélagsins. Af einstökum fjárlagaliðum hækkar 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi um 16 m.kr. Þar vegur þyngst 10,7 m.kr. framlag til *1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga* sem tekur yfir að hluta fyrri verkefni tryggingaráðs. Færðar eru yfir 7,9 m.kr. af fjárlagalið 201 Tryggingastofnun ríkisins. Þá er gert ráð fyrir 3 m.kr. framlagi til *1.15 Vísindasiðanefnd* þar sem störf nefndarinnar hafa reynst mun umfangsmeiri en fyrirhugað var. Áætlað er að útgjöld vegna *1.15 Nefnd um rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði* verði um 41 m.kr. en nefndin hefur umsjón með gerð og starfrækslu gagnagrunnsins. Gert er ráð fyrir að sértekjur af útgáfu rekstrarleyfis standi undir kostnaði ráðuneytisins við undirbúning, útgáfu rekstrarleyfis og eftirlit. Fjárlagaliðurinn 340 Málefni fatlaðra hækkar um 2,7 m.kr. til að jafna greiðsluþátttöku sjúklinga á Endurhæfingarstöðvum hjarta- og lungnasjúklinga í Reykjavík og Akureyri. Útgjöld forvarnasjóðs hækkar um 5,6 m.kr. vegna aukinna tekna af hlutdeild sjóðsins í áfengisgjaldi. Samningur heilbrigðisráðuneytis og Krabbameinsfélags Íslands um krabbameinsleit rann út á árinu. Samningaviðræður standa yfir og er gert ráð fyrir að nýr samningur verði a.m.k. til fimm ára.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Útgjöld liðarins íslenska upplýsingasamfélagið verða 52 m.kr. samanborið við 103 m.kr. í fjárlögum fyrra árs. Annars vegar er 26 m.kr. sérstakt framlag úr ríkissjóði sem lækkar um 1 m.kr. frá fyrra ári og hins vegar er 26 m.kr. mótframlag stofnana til sameiginlegra og hagkvæmari lausna í upplýsingamálum og lækkar það um 50 m.kr. frá fjárlögum 1999. Markmiðið er að byggja upp samhæfða upplýsingastarfsemi og koma í veg fyrir að stofnanir leiti mismunandi lausna. Fjármagninu sem varið verður til upplýsingamála er þannig ætlað að skila meiri árangri þegar fram í sækir. Helstu verkefni eru: samræmd uppbygging sjúkraskrárkerfa, þróun heilbrigðisnets heilbrigðisþjónustunnar, uppbygging fjarlækninga og notkun fjarfundabúnaðar, samhæfing upplýsinga- og rekstrarkerfa, gerð heilsuvefs fyrir almenning og upplýsingaþjónusta fyrir í heilbrigðisþjónustu.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	24.359,7	15.928,8	15.270,1	-4	-37
Neyslu- og rekstrartilfærslur	13.083,6	8.538,5	8.803,5	3	-33
Stofnkostnaður og viðhald	1.446,4	1.090,5	957,8	-12	-34
Samtals	**38.889,7**	**25.557,8**	**25.031,4**	**-2**	**-36**
Greitt úr ríkissjóði	14.196,3	14.182,8	14.985,1	6	6
Innheimt af ríkistekjum	174,0	105,0	96,3	-8	-45
Viðskiptahreyfingar	24.519,4	11.270,0	9.950,0	-12	-59
Samtals	**38.889,7**	**25.557,8**	**25.031,4**	**-2**	**-36**

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2000 eru áætluð um 26.950 m.kr. á rekstrargrunni. Frá því dragast sértekjur að fjárhæð 1.920 m.kr. en þær eru 7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru um 25.030 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru um 14.985 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði en um 95 m.kr. innheimtar með ríkistekjum. Mismunurinn, 9.950 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs. Viðskiptahreyfingar lækka um 1.320 m.kr. frá fjárlögum 1999 og skýrist það að stærstum hluta af því að áætlað er að lífeyrisskuldbindingar sem falla á ríkissjóð á árinu 2000, en koma ekki til greiðslu fyrr en síðar, dragist saman milli ára.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 15.270 m.kr. og lækka um 660 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar vegast á breytingar sem eru bæði til lækkunar og hækkunar. Af lækkun rekstrargjalda vegur þyngst að gert er ráð fyrir að aukning á lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna ríkisstofnana í A-hluta verði 1.310 m.kr. minni en samkvæmt fjárlögum 1999. Þá hafa breytingar á framsetningu fjárlagafrumvarpsins í för með sér um 200 m.kr. lækkun. Stafar það í fyrsta lagi af því að með breyttri viðfangsefnaskiptingu á fjárreiðum Fasteigna ríkissjóðs færast 270 m.kr. sem viðhaldskostnaður í stað rekstrargjalda áður. Í öðru lagi eru tekjur að fjárhæð um 95 m.kr., sem Fasteignamat ríkisins aflar með sölu gagna úr fasteignamatsskrá, nú færðar sem ríkistekjur en voru settar fram sem sértekjur í fjárlögum 1999. Í þriðja lagi fellur niður um 25 m.kr. fjárveiting við það að fjárlagaliður embættis ríkislögmanns er fluttur til forsætisráðuneytis. Af hækkunum sem verða á rekstrargjöldum ráðuneytisins munar mest um launa- og verðlagsbætur að fjárhæð um 560 m.kr. en þar af eru um 460 m.kr. færðar á almennan launa- og verðlagsmálalið frumvarpsins til samræmis við verðlagsforsendur þjóðhagsáætlunar. Þá hækka rekstrargjöld um 100 m.kr. vegna endurmats á áætlun um afskrifaðar skattkröfur og

um 50 m.kr. vegna hærri áætlunar um fjármagnstekjuskatt sem lagður er á vaxtatekjur ríkissjóðs.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 265 m.kr. og verður um 8.800 m.kr. samanborið við um 8.540 m.kr. í fjárlögum 1999. Helstu breytingar sem verða á tilfærsluframlögum milli ára eru þær að gert er ráð fyrir um 350 m.kr. hækkun á vaxtabótum, einkum vegna flýtingar útgreiðslna til kaupárs fasteigna, og að um 250 m.kr. eru færðar á almennan launa- og verðlagsmálalið frumvarpsins til samræmis við verðlagsforsendur þjóðhagsáætlunar. Á móti vegur að áætlað er að barnabætur lækki sem nemur um 320 m.kr. en þar gætir áhrifa af auknum tekjum heimilanna.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 960 m.kr. og er það um 130 m.kr. lækkun milli ára. Eins og áður getur hækkar viðhaldskostnaður um 270 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á fjárreiðum Fasteigna ríkissjóðs en rekstrargjöld ráðuneytisins lækka í sama mæli. Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs að fjárhæð 105 m.kr. fellur niður þar sem áætlað er að eignir sjóðsins standi undir skuldbindingum. Þá fellur niður 80 m.kr. framlag af lið til að mæta útgjöldum sem leiða af heimildum í 7. gr. frumvarpsins og færist til iðnaðarráðuneytisins. Þar er um að ræða framlag til stuðnings við atvinnusköpun á landsvæðum sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju. Í fjárlögum 1999 voru 70 m.kr. veittar til smíði viðbyggingar við Tryggingastofnun ríkisins en þeim framkvæmdum lýkur á árinu og fellur fjárheimildin því niður. Loks færist rúmlega 60 m.kr. fjárveiting af stofnkostnaði til smíði á nýju tekjubókhaldi ríkisins yfir í rekstur hugbúnaðarkerfa fyrir fjármál ríkisins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur auk þess verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum sem nemur alls 80 m.kr. með frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða stofnkostnaði. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með ríkisútgjöldunum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Útgjöld fjármálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisfjárhirsla og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	326,0	330,7	354,0	7,0	8,6
Ríkisbókhald	174,4	195,7	201,5	3,0	15,5
Ríkisfjárhirsla	36,0	40,6	41,8	3,0	16,1
Ríkislögmaður	27,2	25,8	0,0	-100,0	-100,0
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**563,6**	**598,8**	**603,3**	**0,8**	**7,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 13 m.kr. frá fjárlögum 1999 að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Hefur þá verið tekið tillit til þess að fjárveiting til embættis ríkislögmanns færist til forsætisráðuneytis í kjölfar breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins. Breytingar á fjárveitingum málaflokksins snúa allar að aðalskrifstofu fjármálaráðuneytis.

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 6 m.kr. hækkun hjá aðalskrifstofunni til að mæta lögfræðikostnaði við að gæta hagsmuna ríkisins í málum sem varða afmörkun Óbyggðanefndar á þjóðlendum. Þá eru 5 m.kr. ætlaðar til að standa straum af kostnaði við aukin verkefni á sviði langtímaáætlana og stefnumótunar í ríkisfjármálum. Á móti vegur niðurfelling á 8 m.kr. framlagi sem veitt var tímabundið vegna nefndar um vandamál sem tengjast ártalinu 2000. Loks eru 10 m.kr. færðar til aðalskrifstofunnar af viðfangsefnunum *950-1.90 Rekstrarhagræðing* og *999-1.13 Kjarasamningar*, sem lækka jafn mikið. Sú tilfærsla á framlögum tengist auknum útgjöldum við undirbúning og gerð kjarasamninga sem leiða af því að hluti starfsmannaskrifstofu ráðuneytisins var færður til Ríkisbókhalds.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður; 261 Ríkistollstjóri og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	411,3	390,0	437,0	12,1	6,2
Skattstofur	593,2	611,5	637,3	4,2	7,4
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	39,9	147,1	127,2	-13,5	218,8
Yfirskattanefnd	65,7	73,4	79,1	7,8	20,4
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	72,4	71,4	86,8	21,6	19,9
Innheimtukostnaður	168,6	143,0	147,3	3,0	-12,6
Ríkistollstjóri	128,1	135,4	135,3	-0,1	5,6
Tollstjórinn í Reykjavík	459,8	521,6	537,0	3,0	16,8
Samtals	**1.939,0**	**2.093,4**	**2.187,0**	**4,5**	**12,8**

Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum er gert ráð fyrir að fjárveitingar til stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála aukist um 24 m.kr. Er þar einkum um að ræða fjárveitingar til að mæta auknum rekstrarkostnaði nokkurra stofnana vegna ýmissa nýrra verkefna sem leiða af lagabreytingum. Fjárveitingar til skattstofa breytast einungis sem nemur launa- og verðlagshækkunum.

201 Ríkisskattstjóri. Fjárveiting til embættisins hækkar alls um 47 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar af eru 21,5 m.kr. vegna tilfærslna á framlögum frá öðrum fjárlagalið ráðuneytisins og 12,5 m.kr. vegna launa- og verðlagshækkana. Hækkun milli ára nemur því 13 m.kr. að raungildi. Framlög sem flutt eru til embættis ríkisskattstjóra eru vegna nokkurra verkefna sem hafa verið í mótun undanfarin ár og hafa verið færð undir liðinn 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld en þeim framlögum hefur að stærstum hluta verið veitt til embættisins innan ársins. Þar af eru 9 m.kr. vegna aukins kostnaðar við starfsmannahald og útgáfumál eftir að hafin var álagning á fjármagnstekjuskatti, 5,5 m.kr. vegna bindandi forúrskurða um álitaefni í skattamálum sem embættinu hefur verið falið að veita og birta með almennum hætti, 4 m.kr. vegna vörslu á ársreikningum fyrirtækja og eftirlits með skilum þeirra og 3 m.kr. vegna starfs við eftirlit með vörugjaldsskilum sem fært var til embættisins frá skattstofum. Í fjárlögum þessa árs er veitt 5 m.kr. framlag til að undirbúa breytingar á framtals- og álagningarkerfum ríkisins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlagið hækki um 6 m.kr. og verði 11 m.kr. á næsta ári til að ljúka þeim undirbúningi en falli síðan niður. Þá hækkar fjárveiting um 5 m.kr. til að mæta kostnaði við eftirlit á skilum á viðbótarlífeyrisiðgjaldi sem embættinu hefur verið falið og um 3,5 m.kr. vegna vinnu við álagningu og innheimtu búnaðargjalds og vegna hækkunar sem orðið hefur á póstburðargjöldum. Loks fellur niður 2,5 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til að setja upp búnað í tengslum við fyrirframgreiðslur á vaxtabótum vegna húsnæðislána.

*212 **Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld.*** Á þessum fjárlagalið fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 10 m.kr. sem veitt var í fjárlögum 1999 til átaks í gæða- og þjónustumálum skattkerfisins. Hins vegar er gert er ráð fyrir að framlag að fjárhæð 2 m.kr., sem einnig var veitt í fjárlögum 1999 til athugunar á virðisaukaskattkerfinu, verði framlengt um eitt ár þar sem það verkefni hefur reynst viðameira og tímafrekara en áður var ætlað. Þá er fjárheimild viðfangsefnisins *1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld* hækkuð um 10 m.kr. til að gera fjármálaráðuneytinu kleift að koma betur til móts við kostnað skattstofa af veikindum og barnsburðarleyfum starfsmanna og ýmsum minni háttar ófyrirséðum útgjöldum hjá smærri embættunum þannig að þau þurfi ekki að leita eftir aukafjárveitingum af þeim tilefnum. Loks eru 21,5 m.kr. fluttar til embættis ríkisskattstjóra og 6,3 m.kr. til embættis ríkistollstjóra eins og nánar er greint frá undir þeim fjárlagaliðum.

*214 **Yfirskattanefnd.*** Fjárveiting til nefndarinnar er aukin um 3,9 m.kr. í frumvarpinu þar sem fyrirhugað er að starfsemi hennar flytji í nýtt húsnæði. Við það hækka leigugreiðslur og verða 9,9 m.kr. á ári í stað 2 m.kr. í núverandi húsnæði og aðrir rekstrarliðir vegna húsnæðis hækka um 1,1 m.kr. Alls mun húsnæðiskostnaður yfirskattanefndar því hækka um 9 m.kr. vegna nýja húsnæðisins. Í fjárlögum þessa árs hefur þegar verið áætlað fyrir 5,1 m.kr. vegna aukins húsnæðiskostnaðar og er hækkuninni í frumvarpinu ætlað mæta því sem á vantar. Jafnframt fellur niður 0,5 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið í fjárlögum 1999 vegna kostnaðar við flutninginn.

*215 **Skattrannsóknarstjóri ríkisins.*** Rekstrarframlag embættisins hækkar um 12,9 m.kr. Þar af eru 6 m.kr. til aukinna rannsókna á vanskilum á vörslufé, 5,9 m.kr. til þess að ráða löggiltan endurskoðanda og leggja meiri áherslu á bókhaldsþátt refsimála vegna skattsvika í samræmi við nýlega dóma og loks 1 m.kr. til að mæta hækkun húsaleigu í kjölfar stækkunar á húsrými embættisins.

*261 **Ríkistollstjóri.*** Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á fjárveitingu til stofnunarinnar. Breytingarnar eru bæði til hækkunar og lækkunar þannig að framlag úr ríkisjóði verður eftir sem áður það sama og í fjárlögum þessa árs. Launa- og verðlagshækkanir nema alls 3,7 m.kr. Þá eru framlög vegna útflutningsskýrslna og tölvuvæðingar í tengslum við þær, alls að fjárhæð 6,3 m.kr., flutt til stofnunarinnar frá liðnum 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld þar sem þau voru færð áður. Framlag hækkar um 3,2 m.kr. vegna hækkana á töxtum fyrir viðhald á hugbúnaðarkerfum hjá Skýrr hf. og um 1,5 m.kr. vegna aukins kostnaðar við símaþjónustu, bókhald og fleiri rekstrarþætti sem voru samnýttir með Tollstjóranum í Reykjavík þegar embættin höfðu aðsetur í sama húsi. Einnig er gert ráð fyrir að veitt verði tímabundið framlag í eitt ár að fjárhæð 2 m.kr. til hugbúnaðargerðar og tengingar við sameiginlegt upplýsinganet og miðlægan

gagnabanka EFTA- og ESB-ríkja. Á móti þessum útgjaldatilefnum vegur að felldar eru niður 9 m.kr. af rekstrarframlagi stofnunarinnar í kjölfar þess að gengið hefur verið frá leigu á nýju húsnæði fyrir hana til 13 ára. Með samningnum hefur leiga næstu þriggja ára jafnframt verið greidd fyrirfram á þessu ári og verður gert ráð fyrir þeim útgjöldum í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999. Loks falla niður 7,8 m.kr. sem veittar voru tímabundið í fjárlögum 1999 til að standa straum af kostnaði við flutning stofnunarinnar í nýja húsnæðið.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun.

Áætlaðar áfallnar lífeyrisskuldbindingar á árinu 2000 og greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri sundurliðast þannig:

M.kr.	Lífeyris-skuldbindingar	Greiddar uppbætur
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild	5.980	393
Lífeyrissjóður alþingismanna	175	182
Lífeyrissjóður ráðherra	45	37
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, B-deild	315	29
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	70	122
Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	15	77
Samtals	**6.600**	**840**

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknaðar skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati á nýjum áunnum lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna á árinu sem eru umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga því A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum lífeyrisskuldbindingum með iðgjöldum. Áætlað er að þessar lífeyrisskuldbindingar aukist um 13,3 milljarða króna á árinu 2000 og verði þar með orðnar nærri 147,3 milljarðar króna í lok ársins. Þar af er talið að 5,4 milljarða króna megi rekja til launa og verðlagsbreytinga. Sá hluti hækkunarinnar kemur ekki fram á gjaldahlið frumvarpsins heldur færist til skuldar um endurmatsreikning við uppgjör ríkisreiknings. Af því sem þá stendur eftir, eða sem nemur um 7,9 milljörðum króna, eru 1,3 milljarðar króna vegna hækkunar á lífeyrisiðgjöldum atvinnuveitanda úr 6% í 11,5% sem gerð var í byrjun ársins 1998 og hefur verið færð á launalið einstakra stofnana. Sú hækkun á iðgjöldum gengur upp í greiðslur verðlagsuppbóta til lífeyrissjóðanna. Nýjar skuldbindingar vegna lífeyris-

réttinda, sem áætlað er að ríkisstarfsmenn ávinni sér á árinu og færðar eru á þennan lið í frumvarpinu, nema því 6,6 milljörðum króna samanborið við 7,9 milljarða króna samkvæmt áætlun fjárlaga fyrir árið 1999 og 20,8 milljarða króna samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1998. Þessi mikla lækkun á nýjum skuldbindingum miðað við árið 1998 stafar af því að á árinu 2000 hafa að mestu fjarað út áhrif af nýju launakerfi sem samið var um í kjarasamningum ársins 1997. Sú kerfisbreyting leiddi til þess að stór hluti af föstum yfirvinnugreiðslum og aukagreiðslum ríkisstarfsmanna færðist inn í dagvinnulaun þeirra og hafði í för með sér stórauknar skuldbindingar hjá ríkissjóði þar sem lífeyrisgreiðslur taka mið af dagvinnulaunum.

Greiðslur úr ríkissjóði sem færast á þennan lið á árinu 2000 vegna verðlagsuppbóta á lífeyri eru áætlaðar 840 m.kr. samanborið við 730 m.kr. samkvæmt áætlun fjárlaga fyrir árið 1999. Hefur þá verið tekið tillit til framangreindra 1,3 milljarða króna sem færðar eru um fjárveitingar til einstakra ríkisstofnana. Lífeyrisskuldbindingar starfsmanna ríkisfyrirtækja og lánastofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda og skuldar í reikningum þeirra og er þeim ætlað að standa skil á greiðslunum þegar þær falla til eða gera þær upp með skuldabréfi til lengri tíma.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málefnaflokks teljast tveir fjárlagaliðir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	4.167,0	3.950,0	3.630,0	-8,1	-12,9
Vaxtabætur	3.822,4	4.130,0	4.480,0	8,5	17,2
Samtals	**7.989,4**	**8.080,0**	**8.110,0**	**0,4**	**1,5**

811 Barnabætur. Áætlað er að greiddar barnabætur lækki um 320 m.kr. frá gildandi fjárlögum og nemi 3.630 m.kr. á árinu 2000. Skýrist það af því að barnabætur skerðast hlutfallslega vegna tekna sem eru yfir tilteknum viðmiðunarmörkum, frá 5% til 11% eftir fjölda barna. Almennar launahækkanir hafa því í för með sér aukinn frádrátt á bótunum við ákvörðun þeirra við skattálagningu árið eftir. Launahækkanir hafa verið umfram forsendur fjárlaga 1999 og bæturnar því ofmetnar fyrir yfirstandandi ár en auk þess er gert ráð fyrir áhrifum af áætluðum tekjubreytingum næsta árs. Í áætluninni hefur verið tekið tillit til þess að bótafjárhæðir hækka um 2,5% á árinu 2000 í samræmi við gildandi lög.

821 Vaxtabætur. Áætlað er að á árinu 2000 verði greiddar 4.480 m.kr. í vaxtabætur vegna húsnæðiskaupa einstaklinga. Er það um 350 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Breytingin er tvíþætt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir um 150 m.kr. lækkun á bótunum

vegna endurskoðunar á forsendum áætlunarinnar um fjölda einstaklinga, skuldsetningu, vaxtagjöld og tekjubreytingar milli ára. Þar vegur þyngst að bæturnar skerðast sem nemur 6% af tekjum. Almennar launahækkanir hafa því í för með sér aukinn frádrátt á bótunum við ákvörðun þeirra við skattálagningu árið eftir. Launahækkanir hafa verið umfram forsendur fjárlaga 1999 og bæturnar því ofmetnar fyrir yfirstandandi ár en auk þess er gert ráð fyrir áhrifum af áætluðum tekjubreytingum næsta árs. Í öðru lagi er talið að vaxtabætur aukist um 500 m.kr. á árinu 2000 vegna breytinga á lögum um tekjuskatt sem gerðar voru á 122. löggjafarþingi árið 1998 samhliða setningu nýrra laga um húsnæðismál. Áhrif þessara lagabreytinga eru annars vegar þau að greiddar vaxtabætur aukast um 120 m.kr. árlega á tímabilinu 1999 til 2009 vegna um 1.000 einstaklinga sem öðlast rétt til vaxtabóta en hefðu annars tekið lán með niðurgreiddum vöxtum í félagslega húsnæðiskerfinu. Hins vegar eru vaxtabætur til þeirra sem festa kaup á húsnæði eftir 1. janúar 1999 greiddar út ársfjórðungslega fyrirfram á kaupári eigna, en ekki árið eftir, eins og fyrri lög mæltu fyrir um. Áætlað er að útstreymi vaxtabóta aukist um 170 m.kr. árið 1999 og um 380 m.kr. á ársgrundvelli næstu 5-8 árin þar á eftir vegna þessarar flýtingar á greiðslum. Í kostnaðarmati með lagafrumvörpunum var reiknað með að flýtingin á greiðslunum leiddi til um 500 m.kr. útgjaldaauka á ári en sú áætlun hefur verið endurskoðuð. Í þessari áætlun hefur verið tekið tillit til þess að bótafjárhæðir hækka um 2,5% á árinu 2000 í samræmi við gildandi lög.

Ríkisábyrgðir, fjármagnstekjuskattur og afskrifaðar kröfur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur; 971 Ríkisábyrgðir og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	4.775,7	3.900,0	4.000,0	2,6	-16,2
Fjármagnstekjuskattur	324,1	300,0	350,0	16,7	8,0
Ríkisábyrgðir	0,0	105,0	0,0	-100,0	0,0
Tapaðar kröfur og tjónabætur	1,1	210,0	210,0	0,0	-
Samtals	**5.100,9**	**4.515,0**	**4.560,0**	**1,0**	**-10,6**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks hækkar um 45 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Áætlað er að afskrifaðar skattkröfur ríkissjóðs verði 100 m.kr. hærri en í fjárlögum 1999. Þar er um að ræða gjaldfærslu á rekstrargrunni sem hefur ekki áhrif á greiðsluhreyfingar hjá ríkissjóði. Þá er reiknað með að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum hækki um 50 m.kr. milli ára. Engin breyting er gerð á fjárheimild til að mæta ófyrirséðum tjónum hjá ríkisaðilum sem þeir eru ekki tryggðir fyrir. Eðli máls samkvæmt

eru áætlanir um þessa þrjá liði fjárlaga háðar talsverðri óvissu. Loks er gert ráð fyrir að rekstrartekjum af áhættugjaldi fyrir ríkisábyrgðir og ábyrgðargjaldi ríkisábyrgða verði ekki veitt í Ríkisábyrgðasjóð á næsta ári þar sem eignir sjóðsins eru taldar standast á við skuldbindingar hans.

Verðlagsmál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Fjárlagafrumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2000. Samkvæmt gildandi samningum við nær öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna hækka laun um 3% þann 1. janúar 2000. Launaliðir stofnana í frumvarpinu hafa verið hækkaðir sem því nemur og er þá gert ráð fyrir að sú hækkun verði einnig úrskurðuð til þeirra ríkisstarfsmanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum Kjaradóms og kjaranefndar, eins og raunin hefur orðið undanfarin ár. Sama á við um þann þátt rekstrartilfærslna viðeigandi fjárlagaliða sem svarar til launa. Flestir kjarasamningar stéttarfélaga ríkisstarfsmanna gilda til loka októbermánaðar árið 2000 en óvíst er hvort samningar hafa þá tekist um kjarabreytingar sem hafi áhrif á launaútgjöld síðustu tveggja mánaða ársins. Önnur rekstrargjöld stofnana en laun hafa verið hækkuð um 3% í samræmi við forsendur þjóðhagsáætlunar um almennar verðlagsbreytingar, eins og þær lágu fyrir við lokafrágang frumvarpsins, og sértekjur einnig þar sem það á við.

Á fjárlagaliðinn er færð 460 m.kr. launaheimild til þess að mæta óvissum launaútgjöldum sem kynnu að leiða af kjarasamningum seint á árinu 2000 og hugsanlegum breytingum kjaranefndar á launum þeirra ríkisstarfsmanna sem nefndin úrskurðar um. Þá er gert ráð fyrir samsvarandi tilfærsluheimild að fjárhæð 250 m.kr. vegna hugsanlegra breytinga á bótum almannatrygginga og á launaþætti rekstrartilfærslna til sjálfseignarstofnana. Loks eru 400 m.kr. færðar á liðinn sem heimild fyrir öðrum rekstrargjöldum þar sem á þessu stigi ríkir nokkur óvissa um bilið milli efri og neðri marka almennrar verðlagsþróunar til næsta árs. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ef frávik frá verðlagsforsendum þess verða innan 2% skekkjumarka verði þessar heimildir felldar niður með fjáraukalögum ársins 2000. Með þessu móti leggi ríkið sitt af mörkum til að hafa aðhald með áhrifum af verðbreytingum í rekstrarkostnaði stofnana. Reynist verðlagsþróun verða umfram þetta kann hins vegar að reynast nauðsynlegt að nýta heimildirnar að einhverju marki til að dreifa auknum framlögum til stofnana eftir mati á hverju tilviki.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 901 Framkvæmdasýslan; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir

ríkissjóðs; 984 Fasteignir ríkissjóðs; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 995 Skýrsluvélakostnaður; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignamat ríkisins	199,8	115,6	258,5	123,6	29,4
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	-0,8	320,0	240,0	-25,0	-
Framkvæmdasýslan	6,3	3,6	3,8	5,6	-39,7
Ríkiskaup	2,3	0,0	0,0	0,0	-100,0
Rekstrarhagræðing	0,0	5,0	0,0	-100,0	0,0
Lánasýsla ríkisins	32,9	53,0	54,6	3,0	66,0
Framkvæmdasjóður Íslands	74,1	0,0	0,0	0,0	-100,0
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	12,2	15,2	15,6	2,6	27,9
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	222,8	115,0	18,0	-84,3	-91,9
Fasteignir ríkissjóðs	38,2	0,0	0,0	0,0	-100,0
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	100,0	100,0	0,0	-
Skýrsluvélakostnaður	633,2	648,0	618,5	-4,6	-2,3
Framkvæmdir við iðnaðarlóð	493,8	0,0	0,0	0,0	-100,0
Flekkuvík, jarðarkaup	159,9	0,0	0,0	0,0	-100,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	12,0	8,0	-33,3	-
Ýmislegt	611,1	558,2	544,1	-2,5	-11,0
Samtals	**2.485,8**	**1.945,6**	**1.861,1**	**-4,3**	**-25,1**

Framlög til stofnana og verkefna sem tilheyra þessum málaflokki lækka um 84,5 m.kr. miðað við gildandi fjárlög og eru helstu breytingar eftirfarandi:

402 Fasteignamat ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 136 m.kr. í frumvarpinu að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það að stórum hluta af breyttri framsetningu á fjárreiðum en um 94 m.kr. sem áður voru færðar sem sértekjur hjá stofnuninni fyrir sölu upplýsinga úr fasteignamatsskrá eru nú færðar sem ríkistekjur á tekjuhlið A-hluta ríkissjóðs. Við það hækka gjöld umfram sértekjur sem þessu nemur en ríkistekjunum verður varið til að fjármagna þau og framlag úr ríkissjóði verður því óbreytt eftir sem áður. Einnig hefur verið gert ráð fyrir 7 m.kr. hækkun á framlagi til stofnunarinnar þar sem fyrirhugað er að koma á fót Landskrá fasteigna, í samræmi við lagafrumvarp sem gert er ráð fyrir að verði til umfjöllunar á haustþingi, en við það falla niður greiðslur fyrir afnot af fasteignamatsskrá frá Ríkisskattstjóra, 5,5 m.kr., og embættum sýslumanna, 1,5 m.kr. Í samræmi við þessi áform um uppbyggingu á Landskrá fasteigna hækkar fjárveiting stofnunarinnar jafnframt um 15 m.kr. til að mæta auknum útgjöldum við rekstur tölvukerfa fyrir gagnasafnið. Þá er gert ráð fyrir 10 m.kr. hækkun á húsaleigu, en stofnunin mun í byrjun ársins 2000 flytja í nýtt húsnæði þar sem húsaleiga verður 12,5 m.kr. á ári í stað 2,5 m.kr. í núverandi húsnæði. Loks er gert ráð fyrir 10 m.kr. tímabundnu framlagi í eitt ár til kaupa á nýjum húsbúnaði í tengslum við flutningana.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildaákvæðum skv. 7. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Sú breyting verður frá fjárlögum 1999 að gert er ráð fyrir að 80 m.kr. af fjárveitingu liðarins færist á viðfangsefnið *11-299-1.48 Átak til atvinnusköpunar* hjá iðnaðarráðuneyti. Þar er um að ræða framlag sem einkum hefur verið ætlað til stuðnings við atvinnusköpun á landsvæðum sem ekki njóta góðs af uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði. Gert hefur verið ráð fyrir þessum stuðningi með heimild í 7. gr. fjárlaga nokkur undanfarin ár en eðlilegra þykir að setja hann fram með fjárveitingu á sérstöku viðfangsefni í fjárlögunum. Sérstök umfjöllun er um 7. grein frumvarpsins í kafla 8 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa framkvæmda við húsbyggingar á vegum ríkisins. Fjárveiting liðarins lækkar í frumvarpinu um 97 m.kr. frá fjárlögum 1999. Í fyrsta lagi fellur niður framlag að fjárhæð 70 m.kr. sem veitt var tímabundið til að fjármagna að hluta endurbætur innanhúss og viðbyggingu við húsnæði Tryggingarstofnunar ríkisins að Laugavegi 114-116. Í öðru lagi er framlag til framkvæmda við byggingar Stjórnarráðsins lækkað um 17 m.kr. til að mæta áformum frumvarpsins um sparnað og frestun framkvæmda. Í þriðja lagi fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 10 m.kr. til framkvæmda við Sölvhól, húsnæði menntamálaráðuneytisins, þar sem þeim lýkur á þessu ári. Loks fellur niður 10 m.kr. fjárveiting vegna húsnæðis Listaskóla. Á móti vegur að gert er ráð fyrir 10 m.kr. fjárveitingu til viðhalds á stjórnarráðsbyggingum.

984 Fasteignir ríkissjóðs. Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Útgjöldin felast einkum í yfirstjórn og rekstrar- og viðhaldskostnaði húsnæðisins. Í frumvarpinu eru fjárreiður starfseminnar settar fram með breyttri skiptingu á viðfangsefni en ekki er gert ráð fyrir framlagi til hennar úr ríkissjóði fremur en áður. Með breyttri framsetningu færast sértekjur á rekstrarviðfangsefni sem áður voru settar fram á viðhaldsviðfangsefni. Að auki er gert ráð fyrir verulegri veltuaukningu í starfseminni. Að samanlögðu hafa þessar breytingar í för með sér að viðhaldskostnaður hækkar um 278 m.kr. frá fjárlögum 1999 en rekstrarkostnaður lækkar í sama mæli.

995 Skýrsluvélakostnaður. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til reksturs, viðhalds og smíði á tölvukerfum fyrir fjármálakerfi ríkisins lækki um 43,4 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Stafar það að mestu af lækkun stofnkostnaðar til að mæta áformum frumvarpsins um sparnað og frestun framkvæmda. Þá er gert ráð fyrir til-

færslu á framlögum milli viðfangsefna fjárlagaliðarins á þann veg að 63,5 m.kr. falla niður af framlagi til stofnkostnaðar við nýtt tekjubókhaldskerfi ríkisins þar sem smíði kerfisins verður að mestu lokið á árinu 2000. Á móti hækka framlög til tveggja annarra viðfangsefna jafn mikið. Þar af eru 42,5 m.kr. til reksturs á tekjubókhaldskerfinu, en kerfið fer í fullan rekstur á næsta ári, og 20,5 m.kr. til reksturs á skattvinnslukerfum, en útgjöld við rekstur þeirra kerfa hafa farið vaxandi undanfarin ár. Loks er flutt til fjárlagaliðarins 1 m.kr. sem færð var á liðinn 996 Íslenska upplýsingasamfélagið í fjárlögum 1999 vegna verkefnis um miðlun upplýsinga úr tekjubókhaldi ríkisins til almennings en verkefninu lýkur á þessu ári.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í 150 m.kr. fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag liðarins lækkar um 4 m.kr. frá fjárlögum 1999 og verður 8 m.kr. Fyrirhugað er að verja öllu framlaginu til tilraunaverkefnis um rafræn opinber viðskipti.

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærð á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Yfirlit á næstu síðu sýnir skiptingu gjalda á viðfangsefni undir þessum lið.

Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum lækkar fjárveiting til fjárlagaliðarins um 20,6 m.kr. Þar vegur þyngst að áætlað er að framlag í Lífeyrissjóð bænda lækki um 15 m.kr. samhliða fækkun bótaþega. Þá lækkar viðfangsefnið *1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður* um 5,5 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að greiðslur fyrir afnot Ríkisskattstjóra af fasteignamatsskrá falli niður í tengslum við uppbyggingu á Landskrá fasteigna. Einnig er gert ráð fyrir að flytja framlög til tveggja annarra liða. Annars vegar eru 5 m.kr. færðar af *1.12 Kjarasamningar* á *aðalskrifstofu fjármálaráðuneytis*, en í kjölfar skipulagsbreytinga hefur hluti þeirra útgjalda færst inn í ráðuneytið, og hins vegar eru 4 m.kr. færðar af 190 Óviss útgjöld á íslenska upplýsingasamfélagið til að fjármagna helming kostnaðar við tilraunaverkefni um rafræn opinber innkaup. Á móti vegur að áætlað er fyrir 7 m.kr. útgjöldum á nýju viðfangsefni, *6.91 Hagræðingarmál.* Það framlag er ætlað til að standa straum af kostnaði ráðuneytisins við undirbúning verkefna á sviði nýjunga í ríkisrekstri og hagræðingarmálum. Þar er meðal annars um að ræða ýmsan kostnað við undirbúning einkaframkvæmdarverkefna og við þarfagreiningar og forkannanir vegna eignamála ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	23,0	35,8	36,8	2,8	60,0
Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	0,0	24,1	24,8	2,9	-
Greiðslur f. ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni .	12,6	5,1	6,3	23,5	-50,0
Kjarasamningar	11,7	18,3	13,7	-25,1	17,1
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	25,2	31,3	32,2	2,9	27,8
Kjararannsóknir	7,2	5,9	6,1	3,4	-15,3
Ýmis sameiginlegur kostnaður	15,2	21,4	17,3	-19,2	13,8
Styrkur til stjórnmálaflokka sbr. heimild í 7. gr.	130,0	136,0	136,0	0,0	4,6
Ýmsar endurgreiðslur	56,1	50,0	50,0	0,0	-10,9
Breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings	1,8	0,0	0,0	0,0	-100,0
Endurgreiðslur til sveitarfélaga	0,0	20,0	20,0	0,0	-
Lífeyrissjóður bænda	97,4	115,0	100,0	-13,0	2,7
Ýmsar nefndir	7,1	3,4	3,5	2,9	-50,7
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,6	1,5	1,5	0,0	-6,3
Dómkröfur	113,1	53,0	54,6	3,0	-51,7
Kjaradómur og kjaranefnd	19,2	12,9	13,3	3,1	-30,7
Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	44,3	0,0	0,0	0,0	-100,0
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	0,3	5,0	5,0	0,0	-
Óviss útgjöld	31,0	19,5	16,0	-17,9	-48,4
Rekstrarkostn. biðreikn. Útvegsb. Íslands	2,9	0,0	0,0	0,0	-100,0
Tæki og búnaður	11,1	0,0	0,0	0,0	-100,0
Hagræðingarmál	0,0	0,0	7,0	-	-
Samtals	**610,8**	**558,2**	**544,1**	**-2,5**	**-10,9**

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.762,6	1.779,9	1.929,8	8	9
Neyslu- og rekstrartilfærslur	412,9	407,4	421.9	4	2
Stofnkostnaður og viðhald	7.975,8	9.426,8	9.787,6	4	23
Samtals	**10.151,3**	**11.614,1**	**12.139,3**	**5**	**20**
Greitt úr ríkissjóði	10.214,2	12.080,9	12.144,4	1	19
Innheimt af ríkistekjum	106,8	188,0	225,1	20	111
Viðskiptahreyfingar	-169,7	-654,8	-230,2	-65	36
Samtals	**10.151,3**	**11.614,1**	**12.139,3**	**5**	**20**

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2000 eru áætluð 13.263 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.124 m.kr. en þær nema 8,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 12.139 m.kr. Greiðslur með beinu framlagi úr ríkissjóði og innheimt af ríkistekjum nema alls 12.370 m.kr. og færist mismunurinn, 230 m.kr., til lækkunar sem viðskiptahreyfing við ríkissjóð.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.930 m.kr. og hækka um 150 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru að framlög til rekstrar Flugmálastjórnar hækka um 51 m.kr. Framlag til Ferðamálaráðs hækkar um 20 m.kr. vegna endurbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum. Loks er gert ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu og til ýmissa verkefna hækki um 24 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur verða 422 m.kr. og hækka um 15 m.kr. milli ára. Munar þar mestu um 20 m.kr. framlag til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu. Aftur á móti fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 1999 til tækniþróunarverkefna á sviði flugmála í Namibíu.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 9.788 m.kr. og hækkar um 361 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Stærstu breytingarnar eru 552 m.kr. hækkun til vegamála og 183 m.kr. lækkun á framlagi til Siglingastofnunar.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir frestun framkvæmda frá fyrri áformum sem nemur alls 1.000 m.kr. Þar af eru 550 m.kr. vegna frestunar framkvæmda hjá Vegagerðinni, 350 m.kr. hjá Siglingastofnun Íslands og loks er gert ráð fyrir að fresta framkvæmdum við flugvelli landsins fyrir um 100 m.kr. Samgönguráðherra mun á haustþingi leggja fram tillögu um breytingu á veg- og hafnaáætlun til samræmis við framangreind áform. Þá er gert ráð fyrir 30 m.kr. tekjum af innheimtu á leiðaflugsgjöldum, þar af er 10

m.kr. gjald fyrir þjónustu Veðurstofu, en framlög ríkissjóðs lækka um 20 m.kr. Gert er ráð fyrir að þetta skili ríkisjóði samtals 90 m.kr. en gjaldtakan yrði framkvæmd í þremur þrepum. Nánar er vikið að áformum um aðhald í ríkisútgjöldum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 22 m.kr. frá fjárlögum 1999.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	159,0	141,2	151,7	7,4	-4,6
Ýmis verkefni	202,5	286,6	297,8	3,9	47,1
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**361,5**	**432,8**	**454,5**	**5,0**	**25,7**

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa. Útgjöld nema 151,7 m.kr. og hækka um 10,5 m.kr. Þar vega þyngst aukin verkefni á sviði flugmála 2,9 m.kr. og aukinn kostnaður vegna fulltrúa ráðuneytisins í Brussel 1,2 m.kr. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

190 Ýmis verkefni. Heildargjöld eru 298,8 m.kr. og hækka um 11,2 m.kr. milli ára. Útgjöldin skiptast á viðfangsefni eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárlögum m.kr.
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	12,9	19,0	19,0	0,0
Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	1,9	10,0	0,0	-10,0
Landflutningasjóður	0,0	5,1	5,1	0,0
Rannsóknanefnd sjóslysa	16,2	16,9	17,4	0,5
Lög- og réttindaskráning sjómanna	0,9	1,4	1,4	0,0
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	2,0	3,0	3,0	0,0
Slysavarnaskóli sjómanna	51,6	45,1	46,5	1,4
Tilkynningarskylda íslenskra skipa	19,8	23,7	21,1	-2,6
GPS-staðsetningarkerfi	0,0	7,5	7,7	0,2
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,0	1,1	1,1	0,0
Slysavarnafélag Íslands	19,2	31,7	31,7	0,0
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa	0,6	38,0	32,3	-5,7
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	20,0	15,3	10,6	-4,7
Landsbjörg	11,0	11,0	11,0	0,0
Flugeftirlitsnefnd	2,0	2,9	0,0	-2,9
Flugskóli Íslands	3,1	9,7	9,7	0,0
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0	1,0	1,0	0,0
Ferðamál og markaðsstarf	25,5	10,0	10,0	0,0
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	0,0	30,0	50,0	20,0
Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	0,0	4,0	4,0	0,0
Ferðamál í Scoresbysundi á Grænlandi	0,0	0,0	15,0	15,0
Athugun á öryggi fiskiskipa	0,0	1,2	1,2	0,0
Samtals	**188,7**	**287,6**	**298,8**	**11,2**

Gert er ráð fyrir að framlag til viðfangsefnisins *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu* hækki um 20 m.kr. og verði 50 m.kr. Lagt til að veittar verði 15 m.kr. til uppbyggingar ferðamála í Scoresbysundi á Grænlandi. Til stendur að bæta samgöngur til staðarins með lengingu flugbrautar en við það mun ferðamönnum á vegum íslenskra aðila væntanlega fjölga. Framlag til tækniþróunarverkefnis í Namibíu á sviði flugmála,10 m.kr., fellur niður. Tímabundið 3,2 m.kr. framlag til viðfangsefnis *1.24 Tilkynningarskylda íslenskra skipa* fellur niður ásamt sérstöku 5,7 m.kr. framlagi til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu skipa. Loks fellur niður 5 m.kr. styrkur sem ríkissjóður veitti til að byggja upp Almannavarna- og björgunarskólann á Gufuskálum. Þegar sérleyfi í flugi lögðust af á árinu 1997 dró verulega úr verkefnum flugeftirlitsnefndar. Lagt er til að fjárveiting til nefndarinnar 2,9 m.kr. verði færð yfir til aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Vegamál

Til þessa málaefnaflokks telst 211 Vegagerðin. Útgjöld Vegagerðarinnar eru 9.110 m.kr. og skiptast eins og lýst er í töflu á næstu blaðsíðu:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	329,8	335,0	346,0	3,3	4,9
Styrkir til sérleyfishafa	16,0	54,0	54,0	0,0	237,5
Þjónusta	1.611,9	1.734,0	1.765,0	1,8	9,5
Viðhald	1.352,7	1.548,0	1.589,0	2,6	17,5
Þéttbýlisvegir	312,5	382,0	392,0	2,6	25,4
Nýframkvæmdir	3.156,5	3.637,0	4.043,0	11,2	28,1
Landsvegir	67,8	67,0	76,0	13,4	12,1
Tilraunir	74,9	78,0	91,0	16,7	21,5
Safnvegir	187,4	196,0	217,0	10,7	15,8
Styrkvegir	20,5	26,0	31,0	19,2	51,2
Reiðvegir	18,9	26,0	31,0	19,2	64,0
Ferjur og flóabátar	278,8	464,0	475,0	2,4	70,4
Samtals	**7.427,7**	**8.547,0**	**9.110,0**	**6,6**	**22,6**

Samkvæmt þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1998-2002 er gert ráð fyrir að heildarútgjöld til Vegagerðarinnar verði 9.126 m.kr. Í fjárlögum 1999 var ákveðið að hækka styrk til sérleyfishafa úr 20 m.kr. í 54 m.kr. sem er 34 m.kr. hækkun á heildargjöldum til Vegagerðarinnar. Heildarútgjöld til vegamála samkvæmt þingsályktun eru því 9.160 m.kr.

Í samræmi við sérstaka samþykkt ríkisstjórnar er gert ráð fyrir að fjárveiting til nýframkvæmda hækki um 500 m.kr. Samkvæmt samþykktinni verður veitt 500 m.kr. viðbótarframlag á ári til vegamála á tímabilinu 1999 til 2002, eða alls 2.000 m.kr. Fyrsta árið er um lánsfé að ræða en bein framlög hin þrjú árin. Lánsféð verður endurgreitt á þriðja tímabili gildandi langtímaáætlunar, eða á árunum 2007 til 2010. Fyrirhugað er að viðbótarframlögin verði nýtt til að flýta hluta stórverkefna, sem tilgreind eru í langtímaáætlun í vegamálum, í samræmi við vinnureglur sem mótaðar voru við gerð þeirrar áætlunar. Þá er gert ráð fyrir 500 m.kr. framlagi í fjáraukalögum 1999. Loks er lagt til að Vegagerðin fresti öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum fyrir 550 m.kr. á næsta ári til að draga úr þenslu í nýframkvæmdum. Heildargjöld Vegagerðarinnar eru því 9.110 m.kr. samanborið við 8.547 m.kr. á yfirstandandi ári og hækka um 563 m.kr. milli ára. Því til viðbótar greiðir Vegagerðin 40 m.kr. af lánum til ríkissjóðs, sem er afborgun af láni vegna vegtengingar við Hvalfjarðargöng. Samtals eru greiðslur úr ríkissjóði því 9.150 m.kr.



Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 9.600 m.kr., að frádregnu umsýslugjaldi, og er það í samræmi við tekjuáætlun fjárlaga. Nánar er gerð grein fyrir forsendum teknanna í 2. kafla um tekjur A-hluta. Fjárhæðin rennur óskipt til Vegagerðarinnar. Mismunurinn á mörkuðum tekjum og greiðslum úr ríkissjóði, eða 450 m.kr., færist sem viðskiptahreyfing á mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar eins og kemur fram í séryfirliti 3 bls. 217. Vegagerðin myndar samsvarandi inneign hjá mörkuðum tekjum til vegamála.

Siglingamál

Undir þennan málefnaflokk fellur ein stofnun, 335 Siglingastofnun Íslands. Heildargjöld eru 791,6 m.kr. umfram sértekjur og lækka um 170,5 m.kr. milli ára.

Gert er ráð fyrir 367,4 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnis *6.70 Hafnamannvirki,* og lækkar um 186,7 m.kr. milli ára. Samkvæmt þingsályktun um hafnaáætlun fyrir árin 1999 til 2002 er gert ráð fyrir að fjárveitingar til nýframkvæmda verði 698,7 m.kr. og hækki um 144,6 m.kr. milli ára. En þar sem lagt hefur verið til að ríkissjóður leiti leiða til að fresta fyrirhuguðum nýframkvæmdum er gert ráð fyrir að fresta hafnaframkvæmdum fyrir 332 m.kr. Einnig er lagt til að 10 m.kr. verði millifærðar annars vegar 5,3 m.kr. á nýtt viðfangsefni *6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði* og hins vegar 4,7 m.kr. á viðfangsefnið *6.76 Ferjubryggjur.* Aðrar breytingar samtals 10,7 m.kr. má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til sjóvarna hækki um 20 m.kr. og verði 71 m.kr. á ári næstu fimm árin.

Tímabundið 9 m.kr. framlag í Hafnabótasjóð, sem kom til vegna niðurfellingar á skuldum hafnarsjóðs Breiðdalshrepps, fellur niður. Einnig er gert ráð fyrir að 18 m.kr. framlag til Hafnabótasjóðs verði fellt niður árið 2000 til að mæta útgjaldamarkmiðum ríksstjórnarinnar.

Að lokum er lagt til að framlag til rekstrar Siglingastofnunar hækki um 12,7 m.kr. milli ára. Þar af er áætlað að verja 6 m.kr. til að endurnýja hugbúnað fyrir skipaskráningu og lögskráningu.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd framlög til nýframkvæmda í höfnum og lækkun á skuldum ríkissjóðs vegna fyrri hafnaframkvæmda, en það kemur fram sem viðskiptahreyfing í framsetningu fjárlaga.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Nýframkvæmdir í höfnun	554,1	367,4	-33,7
Lækkun skulda ríkissjóðs vegna fyrri hafnaframkvæmda	238,9	188,0	-21,3
Samtals, greiðslur úr ríkissjóði	**793,0**	**555,4**	**-55,0**

Af 555 m.kr. útgjöldum ríkissjóðs vegna hafnamannvirkja á næsta ári eru 196 m.kr. fjármagnaðar með sérstöku vörugjaldi samkvæmt hafnalögum. Aðrir markaðir tekjustofnar Siglingastofnunar eru vitagjald, 90 m.kr., og skipagjald, 58 m.kr.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Flugmálastjórn; 472 Flugvellir og 481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Heildargjöld á næsta ári eru áætluð 1.500 m.kr. samanborið við 1.418 m.kr. í fjárlögum 1999 og hækka um 82 m.kr.

*471 **Flugmálastjórn.*** Lagt er til að heildarframlag verði 545 m.kr. á næsta ári og hækki um 65,4 m.kr. að frádreginni hækkun á sértekjum milli ára. Skýrist hækkunin aðallega af eftirfarandi: Áætlað er að framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, hækki um 12,2 m.kr. milli ára, en á móti hækka innheimtar ríkistekjur Flugmálastofnunar samsvarandi. Gert er ráð fyrir 10 m.kr. framlagi vegna kaupa á veðurupplýsingum frá Veðurstofu, þar sem samsvarandi fjárhæð verður innheimt af gjaldi sem leggst á innanlandsflug. Þetta mun ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir 9,3 m.kr. framlagi til að koma á fót heilsufarsskoðun fyrir flugliða. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að tilnefna fulltrúa í eina af fastanefndum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, og er framlag vegna þess 7 m.kr. Þá er lagt til að tímabundið 6 m.kr. framlag verði veitt vegna launagreiðslna til nema í flugumferðarstjórn. Á síðast liðnu ári var ákveðið að hætta að greiða nýjum nemum í flugumferðarstjórn laun á námstímanum. Þessi ákvörðun Flugmálastjórnar var ekki kynnt nægilega vel og því ekki hægt að komast hjá launagreiðslum til þeirra nema sem hófu nám 1. febrúar 1999. Sambærilega tillögu er að finna í fjáraukalögum 1999. Loks er lagt til að 5 m.kr. verði varið til að ljúka uppsetningu flugskýlis á flugminjasafninu á Hnjóti.

*472 **Flugvellir.*** Áætlað er að heildarframlag til flugvalla verði 936,9 m.kr. sem er 15,8 m.kr. hækkun milli ára.

Gert er ráð fyrir að framlög til reksturs og viðhalds flugvalla verði 385,5 m.kr. og hækki um 19,8 m.kr. milli ára. Þyngst vegur 8 m.kr. fjárveiting til flugstöðvarinnar á Akureyri. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagsbreytinga.

Framlag til viðfangsefnis 6.80 Flugvellir, framkvæmdir, verður 519 m.kr. og lækkar um 13 m.kr. milli ára. Í upphaflegri áætlun um framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll var gert ráð fyrir að framlag til flugvallarins árið 2000 yrði 340 m.kr., sem er 133 m.kr. hækkun milli ára. Nú er gert ráð fyrir að fresta 100 m.kr. af upphaflegri áætlun um framkvæmdir við flugvöllinn. Þegar hefur verið samið við verktaka um frestunina og miðast framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll við það. Að lokum er gert ráð fyrir að framkvæmdir við aðra flugvelli dragist saman um 46 m.kr. sem er í samræmi við flugmálaáætlun áranna 1998 til 2001.

Framlag til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar hækkar um 9 m.kr. í samræmi við flugmálaáætlun, fer úr 55 m.kr. í 64 m.kr. árið 2000. Nánari grein er gerð fyrir framkvæmdum við Flugstöðina í C-hluta frumvarpsins.

Markaðar tekjur flugmálaáætlunar er flugvallagjald sem talið er nema 711 m.kr. á næsta ári og hækkar um 113 m.kr. milli ára. Hækkunina má rekja til endurmats á tekjum af flugvallagjaldinu og til verðlagsbreytinga.

Póst- og fjarskiptamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 512 Póst- og fjarskiptastofnunin. Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 117 m.kr. og hækka um 9 m.kr. milli ára. Hækkunin kemur til vegna endurskoðunar á ríkistekjum.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Útgjöld næsta árs nema 166 m.kr. og hækka um 24 m.kr. milli ára. Þar vegur þyngst 20 m.kr. hækkun á framlagi til viðfangsefnisins *1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir* og verður 35,8 m.kr. í fjárlögum næsta árs. Samkvæmt skýrslu, sem starfshópur skilaði árið 1995, er áætlað að kostnaður við nauðsynlegar endurbætur við aðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum nemi allt að 210 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	473,5	505,9	531,9	5	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.002,1	1.032,6	1.176,2	14	17
Stofnkostnaður og viðhald	48,8	82,3	81,3	-1	67
Samtals	**1.524,4**	**1.620,8**	**1.789,4**	**10**	**17**
Greitt úr ríkissjóði	1.434,2	1.513,3	1.682,3	11	17
Innheimt af ríkistekjum	77,8	107,5	107,1	0	38
Viðskiptahreyfingar	12,4	-	-	-	-
Samtals	**1.524,4**	**1.620,8**	**1.789,4**	**10**	**17**

Heildargjöld iðnaðarráðuneytisins eru áætluð 2.356 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 566 m.kr., sem eru 24% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur nema 1.789 m.kr. en af þeirri fjárhæð eru 1.682 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 107 m.kr. með ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum nema 532 m.kr. og hækka um 26 m.kr. milli ára. Útgjöld aðalskrifstofu aukast um 10 m.kr. og ýmis orkumál hækka um 4 m.kr. vegna breytinga á skipulagi orkumála.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 144 m.kr. og verða 1.176 m.kr. Þar vegur þyngst 80 m.kr. framlag til átaks í atvinnumálum á landsvæðum sem ekki njóta góðs af stóriðju. Er þar um tilfærslu af heimildargrein fjárlaga að ræða og leiðir því ekki til aukinna útgjalda. Lagt er til að fjárveiting vegna kvikmyndagerðar á Íslandi verði 50 m.kr. til samræmis við ný lög þar um.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum, ásamt því að afla aukinna rekstrartekna, sem nema alls 53 m.kr. Þar af eru 50 m.kr. vegna frestunar framkvæmda við styrkingu dreifikerfis í sveitum og 3 m.kr. vegna ýmissa hagræðingarmála.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	75,0	63,0	75,0	19,0	0,0
Einkaleyfastofan	51,3	57,5	57,1	-0,7	11,3
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**126,3**	**128,5**	**140,1**	**9,0**	**10,9**

Gjöld umfram tekjur nema 140 m.kr. og hækka um 10 m.kr. frá fjárlögum 1999. Þar vega þyngst 8 m.kr. aukin útgjöld til aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir; 245 Samtök iðnaðarins; 299 Iðja og iðnaður og loks nýr fjárlagaliður 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðntæknistofnun Íslands	96,1	113,9	115,9	1,8	20,6
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	56,3	61,6	62,8	1,9	11,5
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	61,9	14,0	14,3	2,1	-76,9
Samtök iðnaðarins	125,0	117,0	125,0	6,8	0,0
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	0,0	0,0	50,0	-	-
Iðja og iðnaður	145,7	86,5	172,1	99,0	-
Samtals	**485,0**	**393,0**	**540,1**	**37,4**	**11,4**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks umfram sértekjur eru 540 m.kr. og hækka um 147 m.kr. frá fjárlögum 1999. Þar vega þyngst 80 m.kr. fjárveiting vegna átaks í atvinnumálum á landsvæðum sem ekki njóta góðs af stóriðju og 50 m.kr. framlag vegna endurgreiðslu til kvikmyndaframleiðenda vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

*251 **Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.*** Á síðasta þingi voru samþykkt lög nr. 43/1999, um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslan nemi 12% af kostnaði sem fellur til hér á landi. Hlutfallið lækkar í 9% árin 2003 til 2005. Mikil óvissa ríkir um hversu mikinn kostnaðarauka lögin munu hafa í för með sér þar sem útgjöldin ráðast af fjölda mynda sem framleiddar eru hér á landi og framleiðslukostnaði þeirra. Gert er ráð fyrir 50 m.kr. fjárveitingu til verkefnisins.

*299 **Iðja og iðnaður, framlög.*** Heildargjöld nema 172,1 m.kr. og hækka um 85,6 m.kr. milli ára. Þar af eru 80 m.kr. vegna millifærslu frá fjármálaráðuneytinu til átaks í atvinnumálum á landsvæðum sem ekki njóta góðs af stóriðju. Fellur þar með niður heimild í 7. gr. fjárlagafrumvarpsins, en í staðinn verði sett fram sérgreind fjárveiting til þessara verkefna.

Orkumál

Fjárlagaliðir 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður og 399 Ýmis orkumál falla undir þennan málefnaflokk. Útgjöld nema alls 1.109 m.kr. og hækka um 10 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	219,3	212,0	216,9	2,3	-1,1
Orkusjóður	27,3	77,3	77,3	0,0	183,2
Ýmis orkumál	666,5	810,0	815,0	0,6	22,3
Samtals	**913,1**	**1.099,3**	**1.109,2**	**0,9**	**21,5**

399 Ýmis orkumál. Gjöld á þessum lið nema 815 m.kr. og hækka um 5 m.kr. milli ára. Framlag til viðfangsefnis 1.18 Hitaveitur á köldum svæðum hækkar um 40 m.kr. og verður 85 m.kr. Gert er ráð fyrir að nýjar hitaveitur á köldum svæðum fái styrki í samræmi við þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999 til 2001 sem verði að hluta varið til að aðstoða húseigendur sem þurfa að skipta um ofnkerfi til að geta tengst hitaveitunni. Allmargar umsóknir um styrki hafa borist en gert er ráð fyrir að styrkir taki mið af fimm ára niðurgreiðslum á rafhitun á viðkomandi svæði. Niðurgreiðslurnar falla niður þegar notendur geta tengst viðkomandi hitaveitu. Framlag til viðfangsefnisins *1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum* nemur 81 m.kr. og lækkar um 69 m.kr. milli ára. Þar af er 50 m.kr. lækkun til að mæta útgjaldamarkmiðum ríkissjóðs um frestun fyrirhugaðra framkvæmda og 30 m.kr. vegna millifærslu á nýtt viðfangsefni *1.23 Þróunarverkefni og fleira*. Loks er gert ráð fyrir að framlag Rafmagnsveitna ríkisins til að styrkja dreifikerfi í sveitum hækki um 11 m.kr. milli ára vegna hærri arðgreiðslu í ríkissjóð.

Áætluð arðgreiðsla Rafmagnsveitna ríkisins í ríkissjóð er 202 m.kr., en var 150 m.kr. á yfirstandandi fjárlagaári. Samkvæmt sérstöku samkomulagi ríkisins og Rafmagnsveitnanna er gert ráð fyrir að 65% af arðgreiðslu stofnunarinnar sé varið til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 5% til þróunarverkefnis á vegum Rafmagnsveitnanna. Á árinu 1995 var ákveðið að lækka árlega arðkröfu um 20 m.kr. árunum 1997-2001 til að mæta tjóni á raforkukerfi Rafmagnsveitnanna. Samkvæmt ofangreindu þá ættu 131 m.kr. að koma til að styrkja dreifikerfið, en þar sem ákveðið hefur verið að fresta fyrirhuguðum framkvæmdum fyrir 50 m.kr. til að mæta útgjaldamarkmiðum ríkissjóðs lækkar framlagið í 81 m.kr. Loks er gert ráð fyrir samtals 30 m.kr. framlagi til þróunarverkefna og tjónabóta í samræmi við áðurnefnt samkomulag.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	391,9	553,0	578,4	5	48
Neyslu- og rekstrartilfærslur	737,0	719,1	681,6	-5	-8
Stofnkostnaður og viðhald	7,0	4,2	4,2	0	-40
Samtals	**1.135,9**	**1.276,3**	**1.264,2**	**-1**	**11**
Greitt úr ríkissjóði	1.070,9	1.051,9	1.039,8	-1	-3
Innheimt af ríkistekjum	55,7	224,4	224,4	0	303
Viðskiptahreyfingar	9,3	-	-	-	-
Samtals	**1.135,9**	**1.276,3**	**1.264,2**	**-1**	**11**

Heildargjöld ráðuneytisins eru áætluð 1.292 m.kr. og frá dragast sértekjur að fjárhæð 28 m.kr. Gjöld umfram tekjur nema 1.264 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.040 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 224 m.kr. með innheimtu af ríkistekjum. Gjöld umfram tekjur lækka um 12 m.kr. milli ára.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 578 m.kr. og hækka um 25 m.kr. milli ára. Þar vegur þyngst 11 m.kr. hækkun á framlagi til aðalskrifstofu og 8 m.kr. hærri fjárveiting til Samkeppnisstofnunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 38 m.kr. Helstu breytingar eru að framlag til flutningssjóðs olíuvara og sements lækkar um 53 m.kr. vegna endurskoðunar á ríkistekjum. Framlag til ýmissa viðskipta- og bankamála hækkar um 15 m.kr., til kynningar á alþjóðlegum viðskiptafélögum.



Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	97,9	87,2	98,6	13,1	0,7
Ýmis verkefni	24,9	17,0	32,7	92,4	31,3
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**122,8**	**107,2**	**134,3**	**25,3**	**9,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 27 m.kr. milli ára. Þar vegur þyngst tímabundið 21 m.kr. framlag vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga. Af þeirri fjárhæð skal verja 15 m.kr. vegna þjónustusamnings milli viðskiptaráðuneytisins, Verslunarráðs Íslands og Fjárfestingarstofnunar um kynningu á alþjóðlegum viðskiptafélögum innan lands og erlendis og 6 m.kr. vegna starfs eins starfsmanns sem sinnir þessum málum í ráðuneytinu. Samningurinn gildir til loka árs 2001.

Viðskiptamál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 302 Löggildingarstofa; 402 Fjármálaeftirlitið; 902 Samkeppnisstofnun og 999 Ýmis viðskiptamál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Löggildingarstofa	151,7	144,3	150,1	4,0	-1,1
Vátryggingaeftirlitið	46,0	0,0	0,0	-	-100,0
Fjármálaeftirlitið	0,0	224,4	224,4	0,0	-
Samkeppnisstofnun	93,2	97,4	105,4	8,2	13,1
Ýmis viðskiptamál	15,0	15,0	15,0	0,0	0,0
Samtals	**305,9**	**481,1**	**494,9**	**2,9**	**61,8**

Heildargjöld að frádregnum sértekjum nema 495 m.kr. og hækka um 14 m.kr. milli ára. Framlag til Samkeppnisstofnunar hækkar um 8 m.kr., meðal annars vegna ráðningar sérfræðings í samkeppnismálum, og til Löggildingarstofu um 6 m.kr.

Flutningsjöfnun

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 811 Flutningssjóður olíuvara og 821 Flutningssjóður sements.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	560,2	550,0	485,0	-11,8	-13,4
Flutningssjóður sements	147,0	138,0	150,0	8,7	2,0
Samtals	**707,2**	**688,0**	**635,0**	**-7,7**	**-10,2**

Tilgangur sjóðanna er að jafna vöruverð með jöfnun flutningskostnaðar þannig að verðið sé hið sama hvar sem er á landinu. Gjöld sem lögð eru á olíuvörur og sement í þessu skyni eru talin til ríkistekna og endurdreifing þeirra til gjalda á móti. Heildarútgjöld flutningssjóðs olíuvara eru áætluð 485 m.kr. og lækka um 65 m.kr. milli ára. Áætlunin gerir ráð fyrir almennri lækkun á gjaldskrá í landflutningum. Gjöld flutningssjóðs sements eru áætluð 150 m.kr. og hækka um 12 m.kr. frá síðustu fjárlögum.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	276,4	258,9	289,3	12	5
Neyslu- og rekstrartilfærslur	0,1	3,8	3,8	0	-
Stofnkostnaður og viðhald	11,0	24,6	20,6	-16	87
Samtals	**287,5**	**287,3**	**313,7**	**9**	**9**
Greitt úr ríkissjóði	199,1	207,3	233,7	13	**17**
Innheimt af ríkistekjum	88,7	80,0	80,0	0	**-10**
Viðskiptahreyfingar	-0,3	0,0	0,0	-	-
Samtals	**287,5**	**287,3**	**313,7**	**9**	**9**

Heildargjöld Hagstofu Íslands árið 2000 nema 330 m.kr. Frá dragast 16 m.kr. sértekjur. Gjöld umfram tekjur eru 314 m.kr. Opinbert framlag til stofnunarinnar er kostað af 80 m.kr. ríkistekjum og 234 m.kr. framlagi úr ríkissjóði. Hækkun framlags úr ríkissjóði er 26 m.kr. frá fjárlögum 1999. Umfram almennar verðlagshækkanir eru 10 m.kr. vegna hagskýrslugerðar um sjávarútveg, sem flyst frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá er áætlað að veita 10 m.kr. til lögbundinnar neysluvörukönnunar sem fer fram fimmta hvert ár. Farið er fram á 5 m.kr. til að undirbúa á manntal fyrir árið 2001, sem er unnið úr stjórnsýsluskrám. Þessi aðferð ætti að spara allt að 60% af kostnaði við hefðbundið manntal, en sá sparnaður kemur fram í fjárlagafrumvarpi 2001. Íslenska upplýsingasamfélagið fær 3 m.kr. framlag frá ríkissjóði og 3 m.kr. aukaframlag frá aðalskrifstofu Hagstofunnar til að vinna að gagnagrunni um landsvæði og byggðir á Íslandi. Verkefnið er unnið í samvinnu við Þjóðhagsstofnun, Byggðastofnun og Hagþjónustu landbúnaðarins. Loks rennur út tímabundið framlag að fjárhæð 10 m.kr. til kaupa á tölvukerfi vegna þjóðskrár og hlutafjárskrár.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.217,8	1.220,3	1.308,1	7	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	595,9	745,7	835,5	12	40
Stofnkostnaður og viðhald	674,1	764,5	567,5	-26	-16
Samtals	**2.487,8**	**2.730,5**	**2.711,1**	**-1**	**9**
Greitt úr ríkissjóði	2.489,3	2.723,0	2.703,6	-1	9
Innheimt af ríkistekjum	49,1	7,5	7,5	0	-85
Viðskiptahreyfingar	-50,6	-	-	-	-
Samtals	**2.487,8**	**2.730,5**	**2.711,1**	**-1**	**9**

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2000 eru áætluð um 3.035,2 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 324,1 m.kr. en þær nema tæpum 11% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.711,1 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.703,6 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 7,5 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.308,1 m.kr. og hækka um 87,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Munar þar mest um aukið framlag til Landmælinga Íslands 22,4 m.kr., 17,6 m.kr. vegna aukinna umsvifa aðalskrifstofu og 13,2 m.kr. vegna kostnaðar við framkvæmd nýsamþykktra laga um náttúruvernd. Aðrar breytingar eru smærri. Launa- og verðlagsbætur nema 34,8 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 835,5 m.kr. samanborið við 745,7 m.kr. í fjárlögum 1999. Þyngst vegur aukið framlag til vinnu við svæðis- og aðalskipulaga 77 m.kr., og 5 m.kr. vegna loftgæðatilskipunar EES-samnings.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 567,5 m.kr. og er það 197 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru frestun á styrkveitingum vegna fráveitna sveitarfélaga 100 m.kr. og frestun framkvæmda á vegum ofanflóðasjóðs 100 m.kr.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum og öflun aukinna rekstrartekna sem nemur alls 220 m.kr. Þar af eru 205 m.kr. vegna frestunar á fyrirhuguðum framkvæmdum eða stofnkostnaði og 15 m.kr. vegna aukinna rekstrartekna. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með ríkisútgjöldum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.



Ráðuneyti

Til þessa málaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	143,7	132,5	150,1	13,3	4,5
Ýmis verkefni	99,0	117,8	117,6	-0,2	18,8
Ráðstöfunarfé	0,0	4,0	5,0	25,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	4,0	14,0	250,0	-
Samtals	**242,7**	**258,3**	**286,7**	**11,0**	**18,1**

*101 **Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Gjöld aðalskrifstofu eru áætluð 150,1 m.kr. og er það 17,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Munar þar mestu um 8 m.kr. aukinn kostnað við nefndir og sérfræðivinnu sem unnin er á vegum ráðuneytisins. Í öðru lagi er aukinn kostnaður við ráðherrabifreið og ritara 4,3 m.kr., en nú er það fyrirkomulag ekki lengur við lýði að umhverfisráðuneytið deili ráðherra með öðru ráðuneyti eins og verið hefur undanfarin fjögur ár. Í þriðja lagi eykst kostnaður við sendifulltrúa í Brussel um 2 m.kr. Tímabundið 1 m.kr. framlag til kaupa á tölvubúnaði fellur niður.

*190 **Ýmis verkefni.*** Útgjöld þessa fjárlagaliðar verða 117,6 m.kr. og skiptast á viðfangsefni eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu. Helstu breytingar fyrir utan launa- og verðlagshækkanir eru þær að viðfangsefnið *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* lækkar um 5 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnum undirbúnings- og stofnkostnaði við að koma á fót

PAME-skrifstofu (Protection of the Arctic Marine Environment) og um 3 m.kr. vegna tímabundinnar fjárveitingar til Staðardagskrár 21. Á móti kemur 3 m.kr. hækkun vegna framkvæmdar áætlunar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Gert er ráð fyrir sömu upphæð í frumvarpi til fjáraukalaga 1999 til þessarar áætlunar. Framlag til *1.35 Umhverfisvöktun* lækkar um 2 m.kr. þar sem tímabundið framlag til rannsókna á þrávirkum klórkolefnissamböndum í fuglum fellur niður. Viðfangsefnið *1.40 Alþjóðastofnanir* hækkar um 3 m.kr. vegna greiðslu aðildargjalda nokkurra nýlegra staðfestra alþjóðasamninga. Útgjöld *1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál* hækka um 2,5 m.kr. vegna hærri rekstrarkostnaðar við nefndina.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ýmis umhverfisverkefni	15,6	28,9	24,4	-15,6	56,4
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	10,3	12,5	12,6	0,8	22,3
Umhverfisvöktun	28,0	30,0	28,0	-6,7	0,0
Alþjóðastofnanir	10,2	11,7	14,7	25,6	44,1
CAFF-skrifstofa	12,5	12,8	13,2	3,1	5,6
Rannsóknastöð að Kvískerjum	5,0	5,0	5,1	2,0	2,0
Vernd Breiðafjarðar	1,5	1,5	1,5	0,0	0,0
Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,6	2,6	2,6	0,0	0,0
Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	3,0	3,0	3,0	0,0	0,0
Náttúruverndarráð	4,0	4,0	4,0	0,0	0,0
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	5,7	5,8	8,5	46,6	49,1
Samtals	**98,4**	**117,8**	**117,6**	**-0,2**	**19,5**

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Til þessa fjárlagaliðar eru veittar 14 m.kr. og fara þær til stafrænnar kortagerðar (IS50). Lítið er til af grunnkortum á stafrænu formi af landinu en slík kort eru meðal annars forsenda samræmdrar vinnu við landupplýsingar hér á landi.

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 205 Náttúruvernd ríkisins; 210 Veiðistjóri; 213 Hreindýraráð; 221 Hollustuvernd ríkisins; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 285 Spilliefnasjóður og 289 Endurvinnslan hf., skilagjald.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	8,6	6,1	6,3	3,3	-26,7
Náttúruvernd ríkisins	62,1	72,3	87,5	21,0	40,9
Veiðistjóri	54,3	46,5	50,9	9,5	-6,3
Hreindýraráð	10,1	6,0	6,0	0,0	-40,6
Hollustuvernd ríkisins	181,7	165,5	183,4	10,8	0,9
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	162,9	200,0	100,0	-50,0	-38,6
Spilliefnasjóður	68,7	163,2	162,8	-0,2	137,0
Endurvinnslan hf., skilagjald	412,0	450,0	450,0	0,0	9,2
Samtals	**960,4**	**1.109,6**	**1.046,9**	**-5,7**	**9,0**

Rekstrargjöld málaefnaflokksins hækka um 25,9 m.kr. frá fyrra ári en neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 5,4 m.kr. Viðhalds- og stofnkostnaður lækkar um 94 m.kr. á milli ára. Helsta ástæðan er sú að ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélög leggi í eins umfangsmiklar framkvæmdir á sviði fráveitna og á árinu 1998 en samkvæmt lögum er ríkissjóði heimilt að greiða allt að 20% af staðfestum heildarkostnaði framkvæmda næstliðins árs.

205 Náttúruvernd ríkisins. Útgjöld verða 87,5 m.kr. sem er hækkun um 15,2 m.kr. milli ára. Helstu ástæður eru aukið umfang stofnunarinnar í kjölfar nýsamþykktra laga um náttúruvernd. Stofnunin er nú með lögformlega skyldu til að gefa umsagnir um skipulagsáætlanir, mat á umhverfisáhrifum, umsagnir um rannsóknarleyfi á jarðhitasvæðum o.fl. Einnig felur bráðabirgðaákvæði í lögunum, um frágang efnistökusvæða, í sér nýtt verkefni. Náttúruvernd ríkisins á að gera áætlun um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota, gera áætlun um svæði sem eru í notkun, sé hún ekki fyrir hendi, og þá skal stofnunin meta kostnað og hafa umsjón með frágangi á námum. Einnig er náttúruvernd í landhelgi og í efnahagslögsögu Íslands ein af nýjungum laganna. Að auki á að gera átak í að kynna hlutverk Náttúruverndar ríkisins en bæklingar og skilti á friðlýstum svæðum eru enn með nafni Náttúruverndarráðs. Lagt er til að innheimtur verði aðgangseyrir að friðlýstum svæðum og tekjum verði varið til uppbyggingar þeirra svæða þar sem aðgangseyrir er tekinn. Áætlað er að á árinu 2000 verði innheimtar um 15 m.kr.

210 Veiðistjóri. Gert er ráð fyrir að heildargjöld verði 50,9 m.kr. Hækkun frá gildandi fjárlögum stafar af tímabundnu 3 m.kr. framlagi til 5 ára til rannsókna á mink. Tjón af völdum minka hefur farið vaxandi og miðar rannsóknin að því að finna leiðir til að útrýma mink úr náttúru landsins.

*221 **Hollustuvernd ríkisins.*** Gjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum eru áætluð 183,4 m.kr. Hækkun frá fyrra ári um 17,9 m.kr. skýrist einkum af fjórum þáttum. Í fyrsta lagi er tímabundin 7 m.kr. fjárveiting vegna tilskipunar um markaðssetningu varnarefna annarra en þeirra sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju. Í öðru lagi eru 5 m.kr. áætlaðar vegna loftgæðatilskipunar EES-samningsins. Áætlað er að kostnaðurinn verði um 10 m.kr. á ári en gert hefur verið samkomulag um að ákveðin sveitarfélög komi að verkefninu og greiði helming á móti ríkissjóði. Í þriðja lagi er 4 m.kr. varið til að endurnýja hluta af tækjabúnaði stofnunarinnar og í fjórða lagi eru 2 m.kr. ætlaðar til að mæta kostnaði við formennsku í einni af undirnefndum Norðurskautsráðsins (AMAP). Launa- og verðlagsbætur nema 4,9 m.kr. Ætlast er til að sértekjur stofnunarinnar aukist um 5 m.kr. m.a. vegna leiðréttingar á gjaldskrám og lækkar ríkisframlag sem því nemur og er það liður í áformum um útgjaldalækkun.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	143,7	128,7	214,0	66,3	48,9
Landmælingar Íslands	137,7	132,3	152,7	15,4	10,9
Brunamálastofnun ríkisins	84,0	89,0	87,0	-2,2	3,6
Ofanflóðasjóður	448,4	500,0	400,0	-20,0	-10,8
Samtals	**813,8**	**850,0**	**853,7**	**0,4**	**4,9**

*301 **Skipulagsstofnun.*** Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð 214 m.kr. að frádregnum sértekjum. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 82,4 m.kr. því samkvæmt skipulags- og byggingarlögum ber ríkissjóði að greiða helming kostnaðar við gerð aðal- og svæðisskipulaga. Þessi hækkun stafar annars vegar af kostnaði við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 35 m.kr., en heildarkostnaðurinn er áætlaður 140 m.kr. og verður kostnaðarhlut ríkissjóðs skipt á þetta ár og næsta, samtals 70 m.kr. Til svæðisskipulaga utan höfuðborgarsvæðisins eru áætlaðar 11 m.kr. Hins vegar stafar hækkunin af kostnaðarþátttöku í aðalskipulagsvinnu sveitarfélaga 31 m.kr., en samkvæmt skipulags- og byggingarlögum skulu öll sveitarfélög hafa gert nýtt aðalskipulag fyrir lok árs 2008. Áformað er að endurskoða fyrirkomulag á greiðslu ríkissjóðs vegna skipulaga m.a. með hliðsjón af því að aðskilja rekstur Skipulagsstofnunar og tilfærslur til sveitarfélaga. Ráðgert er að breikka gjaldstofn skipulagsgjalds og að sá hluti renni í ríkissjóð eða 45 m.kr.

*310 **Landmælingar Íslands.*** Gjöld stofnunarinnar eru áætluð 152,7 m.kr. og er það 20,4 m.kr. hækkun frá núgildandi fjárlögum. Veitt er 30 m.kr. framlag til stafrænnar kortagerðar fyrir allt landið á árinu 2000 en markmiðið er að til verði innan 5 ára stafrænn kortagrunnur sem hefur þekkta viðmiðun og uppfyllir lágmarkskröfur sem notendur gera til slíkra gagna. Hluti verksins er unninn af bandarísku kortastofnuninni NIMA og er áætlað að hlut hennar megi meta til eins milljarðs króna. Framlag til að mæta kostnaði vegna aðsetursskipta lækkar um 7,8 m.kr. og færðar eru 5 m.kr. af fjárlagalið stofnunarinnar á lið 14-996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Framlög til kaupa á tækjum og búnaði lækkar tímabundið um 2 m.kr. til að mæta útgjaldamarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

*321 **Brunamálastofnun ríkisins.*** Framlag til stofnunarinnar nemur 87 m.kr. sem er lækkun um 2 m.kr. frá fjárlögum. Þessi lækkun stafar af tímabundinni 2 m.kr. lækkun á kaupum á tækjum og búnaði til að mæta útgjaldamarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

*381 **Ofanflóðasjóður.*** Lögð er til tímabundin 100 m.kr. frestun á framkvæmdum við snjóflóðavarnir til að mæta útgjaldamarkmiðum ársins 2000. Frestunin kemur fram sem viðskiptahreyfing á mörkuðum tekjum og eignast sjóðurinn kröfu hjá ríkissjóði.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málaefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	104,6	118,2	128,8	9,0	23,1
Náttúrustofur	15,2	28,5	30,1	5,6	98,0
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	10,8	16,3	15,7	-3,7	45,4
Veðurstofa Íslands	340,3	349,6	349,2	-0,1	2,6
Samtals	**470,9**	**512,6**	**523,8**	**2,2**	**11,2**

*401 **Náttúrufræðistofnun Íslands.*** Heildargjöld eru áætluð 128,8 m.kr. sem er hækkun um 10,6 m.kr. Öll hækkunin kemur fram í rekstri og munar þar mest um ráðningu kerfisfræðings að stofnuninni 5 m.kr. Veruleg aukning hefur orðið á tölvuumsvifum stofnunarinnar undanfarin ár með fjölgun verkefna sem mörg hver eru unnin í sérhönnuðum tölvukerfum. Einnig er gert ráð fyrir 3 m.kr. í að skrá og rannsaka jarðefnanámur og 3 m.kr. eru til tækjakaupa. Til lækkunar kemur að tímabundið framlag vegna jarðfræðikorta 2,5 m.kr. fellur niður.

403 Náttúrustofur. Lagt er til að 4 m.kr. verði varið til þess að koma á fót náttúrustofu í Sandgerði. Náttúrustofur eru nú í Neskaupstað, í Vestmannaeyjum, á Bolungarvík, í Stykkishólmi og á Sauðárkróki, en umhverfisráðherra er heimilt að styrkja starfrækslu einnar náttúrustofu í hverju kjördæmi.

407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Heildarútgjöld eru áætluð 15,7 m.kr. og lækka lítillega milli ára vegna tímabundinnar lækkunar á framlögum til kaupa á tækjum og búnaði. Stofnunin er samstarfsvettvangur þeirra sem sinna málefnum norðurslóða hér á landi og er ætlað að efla umhverfisrannsóknir á norðurslóðum og stuðla að sjálfbærri þróun og efla þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi á því svæði.

410 Veðurstofa Íslands. Gert er ráð fyrir að heildargjöld stofnunarinnar, að frádregnum sértekjum, verði 349,2 m.kr. Rekstrargjöld hækka um 7,6 m.kr. sem skýrist af tvennu. Annars vegar er aukinn kostnaður vegna vaktgreiðslna 5 m.kr. og hins vegar 3 m.kr. til að mæta kostnaði við dósentstöðu í veðurfræði við Háskóla Íslands, en Veðurstofan leggur m.a. til rannsóknaraðstöðu. Stofn- og viðhaldskostnaður lækkar um 8 m.kr. sem stafar af 15 m.kr. niðurfellingu á tímabundinni fjárveitingu til tækjakaupa en á móti kemur 7 m.kr. nýtt framlag til kaupa á sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum. Gerð er tillaga um að stofnunin afli sértekna af veðurþjónustu við innanlandsflug. Áformað er að gjaldið verði sett á í þremur áföngum og komi að fullu til framkvæmda á árinu 2002. Framlag úr ríkissjóði lækkar því um 10 m.kr. af þessum völdum.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 1998 m.kr.	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Spariskírteini	5.773,0	5.000,0	4.600,0	-8,0	-20,3
Ríkisbréf	1.221,0	1.400,0	1.050,0	-25,0	-14,0
Önnur innlend lán	367,0	350,0	350,0	0,0	-4,6
Skammtímalán	1.070,0	1.050,0	1.050,0	0,0	-1,9
Erlend lán	6.698,0	6.200,0	5.120,0	-17,4	-23,6
Erlend veltilán	657,0	800,0	1.650,0	106,3	151,1
Innlendur lántökukostnaður	151,0	150,0	150,0	0,0	-0,7
Erlendur lántökukostnaður	27,0	50,0	30,0	-40,0	11,1
Samtals	**15.964,0**	**15.000,0**	**14.000,0**	**-6,7**	**-12,3**

Gjaldfærðir vextir af lánum ríkissjóðs og lántökukostnaður eru áætlaðir 14 milljarðar króna á árinu 2000 og lækka um 1 milljarð króna frá fjárlögum 1999 en um 2 milljarða króna frá reikningi 1998. Greiddir vextir eru áætlaðir tæplega 10,6 milljarðar króna. Mismunur á gjaldfærðum og greiddum vöxtum stafar að stærstum hluta af því að afföll ríkisverðbréfa og áfallnir vextir spariskírteina eru ekki greiddir fyrr en við innlausn.

Áætlað er að vaxtagjöld vegna spariskírteina lækki um 400 m.kr. miðað við fjárlög 1999 og um 1,2 milljarða króna miðað við reikning 1998. Reiknað er með því að vaxtagjöld vegna ríkisbréfa og annarra innlendra skulda ríkissjóðs lækki einnig verulega. Hins vegar er talið að vaxtagjöld vegna skammtímalána innan lands, ríkisvíxla, verði óbreytt.

Vaxtagjöld langra erlendra lána eru talin lækka um 1,1 milljarð króna frá fjárlögum 1999 en um 1,6 milljarða króna frá ríkisreikningi 1998. Hins vegar hækka vextir erlendra veltilána um 0,9 milljarða króna frá fjárlögum 1999. Skýringin er sú að afborgunum af erlendum lánum hefur að undanförnu verið mætt með því að hagnýta fyrirliggjandi samninga ríkissjóðs um lántökur til skamms tíma. Frekari ákvarðanir um stýringu erlendra lána verða teknar í ljósi markaðsaðstæðna á hverjum tíma. Að samanlögðu er áætlað að gjaldfærðir erlendir vextir lækki um tæplega 200 m.kr. á árinu 2000 samanborið við árið 1998.

Mikill lánsfjárafgangur ríkissjóðs hefur gert það kleift að innleysa ríkisverðbréf fyrir gjalddaga. Hefur það ýmist verið gert með uppboðum eða kauptilboðum á Verðbréfaþingi Íslands. Það sem af er árinu 1999 hafa ríkisverðbréf að andvirði liðlega 2 milljarða króna verið forinnleyst með þessum hætti. Verði áframhald á forinnlausnum á árinu 2000 munu vaxtagjöld lækka nokkru meira en reiknað er með í þessari áætlun. Áhrif forinnlausnar á greidda vexti eru hins vegar til hækkunar umfram það sem hér er gert ráð fyrir.

Í áætlunum er miðað við að vaxtastig á árinu 2000 verði svipað og á árinu 1999 og að gengisþróun hafi ekki áhrif á vaxtagjöld yfir heildina litið. Lækkun vaxtagjalda skýrist því einkum af lækkun á höfuðstóli lána. Áætlað er að höfuðstóll skulda ríkissjóðs lækki úr 237 milljörðum króna í árslok 1998 í tæplega 212 milljarða króna í árslok 2000 að teknu tilliti til endurmats vegna verðlags- og gengisþróunar.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja. Sú breyting hefur orðið frá fjárlögum 1999 að rekstri Lyfjabúðar Háskóla Íslands hefur verið hætt.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári, óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Sama er að segja um afskriftir. Til fjármunatekna og fjármagnsgjalda teljast meðal annars gjöld og tekjur vegna verðbreytingafærslu samkvæmt tekjuskattslögum. Séu óverðtryggðar eignir meiri en óverðtryggðar skuldir, hækka gjöldin og öfugt. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess. Frá hagnaði eða tapi eru dregnar fjárhæðir sem ekki koma til greiðslu eða verða innheimtar á árinu. Hér er meðal annars um að ræða afskriftir, verðbreytingafærslu, reiknaða vexti, gengismun og nettó breytingar á lífeyrisskuldbindingum.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta á árinu 2000 eru áætlaðar 26,1 milljarður króna og rekstrargjöld 24,8 milljarðar króna. Hvort tveggja hækkar um 7,8% milli ára. Að teknu tilliti til 2,5 milljarða króna framlags frá A-hluta ríkisins og óreglulegra liða er áætlað að hagnaður B-hluta nemi samtals 3,7 milljörðum króna sem er um 170 m.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum 1999. Samkvæmt ríkisreikningi 1998 var framlag A-hluta 2,4 milljarðar króna og samanlagður hagnaður 2,7 milljarðar króna. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skilar mestum hagnaði, 3 milljörðum króna sem er 300 m.kr. meira en í fjárlögum 1999. Gert er ráð fyrir að Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli verði með 330 m.kr. hagnað sem er 140 m.kr. verri afkoma en áætlað er í fjárlögum og skýrist að mestu á auknum lífeyrisgjöldum. Greiðslur í ríkissjóð eru áætlaðar 3,4 milljarðar króna eins og í fjárlögum. Fjárfesting er áætluð 2,4 milljarðar króna og eykst um 319 m.kr. frá fjárlögum. Mestu munar um 1,4 milljarða króna byggingaframkvæmdir við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 767 m.kr. framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins og 200 m.kr. hjá Ríkisútvarpinu. Lántökur eru áætlaðar 1,6 milljarðar króna sem er 640 m.kr. hækkun frá fjárlögum, aðallega vegna flugstöðvarinnar.

Hér á eftir er fjallað nánar um rekstur og fjárreiður þeirra fyrirtækja í B-hluta sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.
Rekstrartekjur	24.212,7	26.115,0
Rekstrargjöld	-22.955,4	-24.763,7
Fjámunatekjur og fjármagnsgjöld	-313,0	-281,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**944,3**	**1.070,3**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.429,9	2.525,7
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	166,8	112,0
Hagnaður (-tap)	**3.541,0**	**3.708,0**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	3.541,0	3.708,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	1.888,0	1.824,5
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-22,5	-8,0
Handbært fé frá rekstri	**5.406,5**	**5.524,5**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-2.117,0	-2.436,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	22,0	213,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-2.095,0**	**-2.223,0**
Tekin löng lán	975,0	1.615,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-510,5	-796,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-3.474,0	-3.733,0
Annað	-292,0	-360,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.301,5**	**-3.274,0**
Breyting á handbæru fé	10,0	27,5
Handbært fé í ársbyrjun	1.455,4	1.291,5
Handbært fé í árslok	1.465,4	1.319,0

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur verði 2.020 m.kr. sem er um 8% hækkun frá fjárlögum og að fjármagnstekjur nemi 15 m.kr. Rekstrargjöld eru áætluð 1.635 m.kr. sem er um 9% hækkun. Vinningar og sölulaun breytast með veltu og nema þau yfir 65% af gjöldum en annar rekstrarkostnaður breytist tiltölulega lítið. Samkvæmt lögum nr. 13/1973 hefur fyrirtækið einkaleyfi til reksturs peningahappdrættis hér á landi til ársloka 2003. Leyfisgjaldið er 20% af nettóársarði og er sýnt í fjárreiðum fyrirtækisins sem hluti af kostnaði við reksturinn áður en hagnaður er reiknaður. Leyfisgjald er áætlað 77 m.kr. sem er 3 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Rennur það samkvæmt lögum nr. 61/1994 í Bygginga- og tækjasjóð sem er í vörslu Rannsóknarráðs Íslands og áætlað er fyrir undir lið 02-238 Bygginga- og tækjasjóður. Hagnaður af rekstrinum er áætlaður 324 m.kr. samanborið við 313 m.kr. í áætlun fjár-

laga og 319 m.kr. samkvæmt ríkisreikningi 1998. Hagnaðinum er varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands, viðhalda háskólabyggingum og háskólalóðinni, koma á fót og efla rannsóknarstofur við deildir háskólans svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem háskólinn telur sér nauðsynlegt að eignast. Áætlað er að fyrirtækið greiði 305 m.kr. til skólans sem er 26 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga. Þessu til viðbótar kemur að fyrirtækið hefur á undanförnum árum tekið lán til að flýta framkvæmdum við Nýja-Garð og Náttúrufræðihús. Afborganir og vextir af láni eru færðir sem framlag til Háskólans og mun það nema 20 m.kr. árið 2000. Alls er því áætlað að tekjur Háskólans af rekstri happdrættisins nemi 325 m.kr. á árinu 2000, samanber lið 02-201 Háskóli Íslands.

*971 **Ríkisútvarpið.*** Rekstrargjöld eru áætluð 2.635 m.kr. sem er lítils háttar lækkun frá áætlun fjárlaga, en rekstrartekjur eru áætlaðar 960 m.kr. sem er rúmlega 6% hækkun. Áætlunin miðast við að áfram verði unnið að hagræðingu í rekstri fyrirtækisins og að jöfnuði verði náð í reglulegri starfsemi í stað 395 m.kr. taps á árinu 1998. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur minnki úr 80 m.kr. í 50 m.kr. enda er gengið á sjóði vegna flutnings sjónvarpsins í Útvarpshús. Talið er að afnotagjöld hljóðvarps og sjónvarps skili 1.625 m.kr. tekjum eins og í fjárlögum, en gjaldið hækkaði síðast um 5% þann 1. desember 1998. Áætlað er fyrir 50 m.kr. lokaframlagi ríkisins vegna afborgana láns sem tekið var til framkvæmda við langbylgjumastur að Gufuskálum og á Eiðum. Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum árið 2000.

*973 **Þjóðleikhúsið.*** Rekstrargjöld eru áætluð 520 m.kr. sem er nær óbreytt frá áætlun fjárlaga 1999. Gert er ráð fyrir að leikhúsið afli 120 m.kr. tekna samanborið við 155 m.kr. í áætlun fjárlaga 1999. Framlag til rekstrar úr A-hluta fjárlaga er 378 m.kr. og nemur hækkunin áætlaðri verðlagsbreytingu milli ára. Samkvæmt þessari áætlun er gert ráð fyrir að rekstrartap á árinu 2000 nemi ekki hærri fjárhæð en þeim hluta lífeyrisskuldbindinga sem ekki eru greiddar á árinu.

*974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Framlag A-hluta fjárlaga er áætlað 160 m.kr. og hækkar um 3,3% frá fjárlögum og framlag Reykjavíkurborgar, Seltjarnarness og Menningarsjóðs útvarpsstöðva er áætlað samtals 121 m.kr. Rekstrartekjur eru áætlaðar 42 m.kr. sem er tæplega 5% hækkun. Þannig er gert ráð fyrir að heildargjöld hljómsveitarinnar geti numið 391 m.kr. án þess að tap af rekstrinum nemi hærri fjárhæð en svarar til þess hluta lífeyrisskuldbindinga sem ekki verður greiddur á árinu.

23 Utanríkisráðuneyti

*101 **Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli.*** Gert er ráð fyrir því að hagnaður af reglulegri starfsemi Fríhafnarinnar verði um 330 m.kr. og lækki um 140 m.kr. frá fjárlögum 1999. Rekstrartekjur eru áætlaðar 3.300 m.kr. og hækka um 6% frá fjárlögum á meðan rekstrargjöld eru áætluð 2.950 m.kr. og hækka um ríflega 12%. Ástæður verri afkomu er því einkum að leita í auknum rekstrargjöldum. Þar ber hæst hækkun lífeyrisgjalda um ríflega 100 m.kr. og nema áætlaðar lífeyrisskuldbindingar um 412 m.kr. Verður sú áætlun endurskoðuð fyrir afgreiðslu fjárlaga. Þá hækkar húsaleiga og þátttaka í sameiginlegum kostnaði við rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar einnig umtalsvert og er gert ráð fyrir að Fríhöfnin greiði um 300 m.kr. vegna þessa. Eigi að síður er gert ráð fyrir óbreyttri arðgreiðslu í ríkissjóð, 410 m.kr. og er þá gengið út frá því að greiðslur til Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna aukist ekki. Meðal rekstrargjalda er áætlað fyrir 200 m.kr. áfengisgjaldi í ríkissjóð á árinu 2000.

*114 **Flugstöð Leifs Eiríkssonar.*** Rekstrartekjur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eru áætlaðar 754 m.kr. á árinu 2000, borið saman við rúmar 736 m.kr. á árinu 1998. Þar af nema húsaleigutekjur um 523 m.kr. og innritunargjald um 159 m.kr., en áætlað er að farþegum sem greiða gjaldið fjölgi um ríflega 5%. Þá er gert ráð fyrir að farþegum sem greiða farþegaskatt fjölgi í 474 þúsund árið 2000 eða um tæp 13%. Önnur rekstrargjöld eru áætluð um 395 m.kr. og hækka um ríflega 6% frá 1998. Af þeirri fjárhæð er áætlað að verja um 85 m.kr. í viðhaldsverkefni. Fjármagnskostnaður er áætlaður um 249 m.kr. Að teknu tilliti til þessa er áætlað að Flugstöð Leifs Eiríkssonar muni skila um 110 m.kr. hagnaði af reglulegri starfsemi á árinu 2000 sem er 80 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1999. Gert er ráð fyrir að framlag úr A-hluta nemi 176 m.kr. Annars vegar er um að ræða 112 m.kr. framlag af lið 03-211 Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli eða sem svarar til um 25% af áætluðum lendingargjöldum á flugvellinum á næsta ári. Framlag þetta er greiðsla fyrir þá aðstöðu sem sköpuð er á flughlöðum, aðliggjandi þjónustusvæðum og vegum við stöðina. Hins vegar er um að ræða 64 m.kr. framlag frá flugmálaáætlun á lið 10-472 Flugvellir og er það samkvæmt samkomulagi sem gert var um hlut flugstöðvarinnar í tekjum af flugvallarskatti. Áætlað er að verja um 235 m.kr. til afborgana af eldri lánum flugstöðvarinnar á árinu 2000. Þá er gert ráð fyrir að verja 1.353 m.kr. til fjárfestinga sem að mestu ganga til stækkunar flugstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð 1.200 m.kr. á árinu 2000 og hækkar um 675 m.kr. frá fjárlögum 1999 vegna stækkunar flugstöðvarinnar. Stækkun er nauðsynleg bæði vegna fjölgunar farþega sem um flugvöllinn fara, sem og vegna þess að flugstöðin þarf að standast kröfur sem eru gerðar í tengslum við aðild Íslands að Schengen. Nú er áætlað að byggingarkostnaður vegna stækkunar flugstöðvarinnar verði um eða yfir 3 milljarðar króna og að framkvæmdum ljúki árið 2001.

*118 **Ratsjárstofnun.*** Ratsjárstofnun sér um rekstur og viðhald á fjórum ratsjárstöðvum, á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Miðnesheiði og á Stokksnesi. Þá rekur Ratsjárstofnun hugbúnaðarmiðstöð á Keflavíkurflugvelli, þar sem rekstur og viðhald á hugbúnaði íslenska loftvarnakerfisins fer fram, sem og innkaup og birgðahald. Gert er ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði með álíka hætti á árinu 2000 og í ár. Starfsmenn eru samtals um 73 og eru heildarútgjöld Ratsjárstofnunar áætluð 910 m.kr. á árinu 2000. Hækka þau um nálega 22% sem að mestu stafar af breyttri framsetningu bókhalds stofnunarinnar. Ýmis gjöld sem til þessa hafa verið færð í bókhald bandarískra stjórnvalda, sem greiðir allan rekstur stofnunarinnar, eru nú færð í bókhald Ratsjárstofnunar.

*121 **Umsýslustofnun varnarmála.*** Gert er ráð fyrir að velta stofnunarinnar dragist nokkuð saman milli ára og að rekstrartekjur og rekstrargjöld standist á og verði 100 m.kr., en fjármagnstekjur nettó verði um 1 m.kr. þannig að hagnaður af reglulegri starfsemi verði 1 m.kr. Samdráttur skýrist að mestu af því að stofnunin hefur nú nær eingöngu tekjur af sölu bifreiða í sífellt harðari samkeppni við almenna bílasölu. Stofnunin hefur gripið til aðgerða í kjölfar umtalsverðs hallareksturs á árinu 1998. Aðgerðirnar felast annars vegar í lækkun rekstrargjalda með fækkun starfsmanna og hins vegar aukningu tekna með með því að leigja út húsnæði sem losnað hefur um vegna samdráttar í umsvifum. Með þessu móti gerir stofnunin ráð fyrir að endar nái saman og að skil fyrirtækisins í ríkissjóð verði 1 m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti

*101 **Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Rekstrartekjur fyrirtækisins eru áætlaðar 11.732 m.kr. á næsta ári en það er 1.147 m.kr. aukning frá áætlun fjárlaga fyrir árið 1999. Söluáætlun áfengis byggir á gildandi verðskrá og vörusamsetningu í sölu undanfarna tólf mánuði en miðast við að selt magn aukist um 7% á næsta ári. Sala á tóbaki hefur aukist nokkuð eftir samdrátt sem varð á síðasta ári og hefur verið tekið tillit til þess í áætluninni.

Rekstrargjöld ársins 2000 eru áætluð 8.708 m.kr. og hækka um 819 m.kr. frá yfirstandandi ári. Skýrist það að hluta af aukinni vörunotkun í samræmi við söluáætlun en einnig kemur til fjölgun verslana með hærri launa- og húsnæðiskostnaði. Þá eykst sölu- og dreifingakostnaður vegna fjölgunar samstarfssamninga um rekstur vínbúða. Afskriftir hækka einnig nokkuð milli ára þar sem gert er ráð fyrir aukningu á eignum með hátt afskriftarhlutfall. Loks hækkar fjármagnskostnaður í kjölfar þess að fyrirtækið gerði upp lífeyrisskuldbindingar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með skuldabréfi til langs tíma. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð 60 m.kr. en þar vegur þyngst að áformað er að taka í gagnið nýtt upplýsinga- og bókhaldskerfi á árinu 2000.

Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 3.120 m.kr. til ríkissjóðs á árinu 2000 en það er um 210 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Þar af eru 2.874 m.kr. skil á tóbaksgjaldi, 76 m.kr. eru hlutdeild ríkissjóðs í hagnaði af versluninni en afgangurinn kemur til lækkunar á sjóðstöðu fyrirtækisins sem hefur verið mjög góð undanfarin ár.

30 Samgönguráðuneytið

471 ***Alþjóðaflugþjónustan.*** Ísland er aðili að samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Í samningnum felst að 95% af kostnaði Flugmálastjórnar, Landssíma Íslands hf. og Veðurstofu Íslands við rekstur alþjóðaflugþjónustunnar er greiddur af flugrekendum í formi yfirflugsgjalda og tekur til þeirra flugvéla er fljúga yfir flugstjórnarsvæði Íslands. Yfirflugsgjöld eru ákvörðuð árlega og taka mið af raunkostnaði við rekstur alþjóðaflugþjónustunnar og flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður 1.471 m.kr. á næsta ári. Tekjur af yfirflugsgjöldum eru áætlaðar 1.398 m.kr. en 73,2 m.kr. er framlag íslenska ríkisins og kemur sem tilfærsla úr A-hluta. Tekjur og gjöld hækka um rúmlega 250 m.kr., og er hækkun gjalda milli ára til komin vegna launahækkana og lífeyrisskuldbindinga, auk fjárfestinga sem er lokið og verða afskrifaðar á næstu 10 árum. Alþjóðaflugþjónustan áformar að fjárfesta fyrir um 30 m.kr. á árinu auk þess er gert ráð fyrir að afborganir af lánum verði um 110 m.kr. Þetta mun fjármagnað þannig að tekið verður 65 m.kr. lán og 75 m.kr. koma frá rekstri.

31 Iðnaðarráðuneyti

321 ***Rafmagnsveitur ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að velta verði um 5 milljarðar króna og að 230 m.kr. halli verði á rekstrinum. Rekstrarhallinn stafar fyrst og fremst af rekstri á óarðbærum rekstrareiningum í dreifbýli. Raforka sem fyrirtækið selur, er í auknum mæli keypt frá öðrum raforkuframleiðendum. Þrátt fyrir rekstrartap er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi um 800 m.kr., en þar er aðallega um afskriftir fastafjármuna að ræða. Í ljósi rekstrarstöðu fyrirtækisins er lántaka, allt að 350 m.kr., óhjákvæmileg á árinu 2000 til þess að unnt sé að standa við skuldbindingar og skyldur fyrirtækisins.

Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995, skulu fyrirtækið greiða arð í ríkissjóð sem nemur 2% af bókfærðu eigin fé við næstliðin áramót. Samkvæmt samningnum mun arðgreiðsla til ríkissjóðs nema 202 m.kr. Í samningnum er ákvæði um að ríkissjóður endurgreiði 70% arðsins, annars vegar 65% til styrkingar á dreifikerfi í sveitum og hins vegar 5% til rannsókna og þróunarverkefna. Ákveðið hefur verið að fresta framkvæmdum við

dreifikerfi í sveitum um 50 m.kr. á árinu 2000. Að teknu tilliti til þess skiptist arðgreiðslan þannig að 81 m.kr. er endurgreidd til að styrkja dreifikerfi í sveitum og færist á lið 11-399-1.16 í A-hluta, 10 m.kr. eru endurgreiddar til rannsóknar- og þróunarverkefna og 20 m.kr. endurgreiddar vegna óveðurstjóns, samkvæmt sérstöku samkomulagi, og færist á lið 11-399-1.23 í A-hluta. Að lokum rennur 41 m.kr. í ríkissjóð.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin. Sá munur er þó m.a. á áætlunum B- og C-hluta að reiknuð gjöld vegna verðbreytinga samkvæmt skattalögum eru sýnd sérstaklega hjá lánastofnunum í C-hluta.

Heildarfjármunatekjur lánastofnana í C-hluta eru áætlaðar 27,7 milljarðar króna árið 2000 sem er 30,7% hækkun frá fjárlögum. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð 25,7 milljarðar króna og er hækkunin 12,3%. Bæði fjármunatekjur og fjármagnsgjöld margra sjóða virðast vera vanáætluð í fjárlögum og er leiðrétt fyrir því. Þannig hefur neikvæður vaxtamunur veittra og tekinna lána Byggingarsjóða ríkisins og verkamanna, sem nú eru reknir af Íbúðalánasjóði, verið að minnka og er áætlað að fjármunatekjur verði 1,5 milljörðum króna hærri en í fjárlögum og fjármagnsgjöld einnig 0,6 milljörðum króna hærri. Áætlaðar fjármunatekjur húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs hækka um 1,8 milljarð króna umfram fjármagnsgjöld, hjá Nýsköpunarsjóði er hækkunin 0,5 milljarðar króna umfram fjármagnsgjöld og 0,3 milljarðar króna hjá leiguíbúðasjóði Íbúðalánasjóðs. Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga eru áætluð 1,2 milljarðar króna eins og í fjárlögum en framlög í afskriftasjóð útlána minnka um 10% og eru áætluð 0,7 milljarðar króna. Hreinar fjármunatekjur eru því taldar verða jákvæðar um 110 m.kr. í stað þess að vera neikvæðar um 3.610 m.kr. í fjárlögum.

Framlag úr ríkissjóði er nánast óbreytt frá fjárlögum, um 3,7 milljarðar króna. Hæst ber 2 milljarða króna framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 650 m.kr. framlag til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og um 500 m.kr. til Byggðastofnunar. Rekstrarafgangur er áætlaður 2,3 milljarðar króna árið 2000 samanborið við 2,6 milljarða króna tap í fjárlögum. Mestu munar að húsbréfadeild er talin bæta afkomu sína um 1,5 milljarða króna, byggingarsjóðirnir bæta afkomu um 1,1 milljarð króna, Þróunarsjóður um 1 milljarð króna og Nýsköpunarsjóður um 0,7 milljarð króna. Einnig er áætlað að afkoma Lánasjóðs íslenskra námsmanna batni um 0,2 milljarð króna.

Að teknu tilliti til rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri muni nema 10,3 milljörðum króna samanborið við 4,9 milljarða króna í fjárlögum. Veitt löng lán eru áætluð 41,7 milljarðar króna sem er 28% hækkun frá fjárlögum. Áætlað er að innheimta 13,5 milljarða króna í afborganir af veittum löngum lánum sem er 3,7 milljörðum minna en áætlað er í fjárlögum. Mestu munar að talið er að innheimtar afborganir vegna byggingarsjóðanna verði 5,8 milljörðum króna minni en fjárlög gera ráð fyrir, en á móti kemur að innheimtar afborganir leiguíbúðadeildar aukast um 1,3 milljarða króna og húsbréfadeildar

um 0,8 milljarða króna. Tekin löng lán eru talin nema 46,2 milljörðum króna samanborið við 37,4 milljarða króna í fjárlögum. Þau aukast um 1 milljarð króna umfram afborganir af teknum löngum lánum. Samkvæmt þessu er áætlað að handbært fé lánastofnana aukist um 2,4 milljarða króna milli ára og nemi 15,7 milljörðum króna í árslok 2000.

Hér á eftir er fjallað nánar um fjárreiður þeirra lánastofnana í C-hluta sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1999 m.kr.	Frumvarp 2000 m.kr.
Fjármunatekjur	21.241,7	27.692,4
Fjármagnsgjöld	-22.877,6	-25.702,5
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-1.202,4	-1.187,5
Framlög í afskriftasjóð útlána	-771,4	-692,0
Hreinar fjármunatekjur	**-3.609,7**	**110,4**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	3.649,3	3.659,3
Aðrar rekstrartekjur	326,0	411,0
Önnur rekstrargjöld	-2.946,6	-1.879,7
Hagnaður (- tap)	**-2.581,0**	**2.301,0**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	-2.581,0	2.301,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	7.466,0	8.070,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	31,1	-75,0
Handbært fé frá rekstri	**4.916,1**	**10.296,0**
Veitt löng lán	-32.705,0	-41.731,0
Afborganir af veittum löngum lánum	17.237,5	13.488,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	64,0	63,0
Annað, nettó	-1.430,0	-1.063,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-16.833,5**	**-29.243,0**
Tekin löng lán	37.430,0	46.198,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-27.548,6	-26.349,5
Annað, nettó	430,0	-150,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**10.311,4**	**19.698,5**
Breyting á handbæru fé	-1.606,0	751,5
Handbært fé í ársbyrjun	11.572,8	14.922,5
Handbært fé í árslok	9.966,8	15.674,0

41 Forsætisráðuneyti

*221 **Byggðastofnun.*** Framlag til stofnunarinnar á lið 01-221 í A-hluta frumvarpsins er 502 m.kr. eins og í fjárlögum yfirstandandi árs. Þar af eru 300 m.kr. ætlaðar, bæði árin, sem framlag til stofnunar eignarhaldsfélaga í samræmi við byggðaáætlun fyrir árin 1999–2001. Unnið er að stofnun félaganna. Ráðgert er að ljúka endurskipulagningu stofnunarinnar í ár sem leiði til þess að rekstrarkostnaður lækki um 35 m.kr. frá fjárlögum 1999 og verði 165 m.kr. á árinu 2000. Starfsfólki hefur fækkað og skrifstofum lokað, en í staðinn gerðir þjónustusamningar við atvinnuþróunarfélög. Áætlað er að greiða 102 m.kr. vegna samninganna árið 2000. Loks er áætlað að veita styrki að fjárhæð 40 m.kr. Reikningstölur 1998 gefa til kynna að fjármunatekjur og gjöld séu verulega vanáætluð í fjárlögum yfirstandandi árs og er þetta leiðrétt í frumvarpinu nú. Framlög í afskriftasjóð útlána eru áætluð 150 m.kr. samanborið við 100 m.kr. í fjárlögum. Þetta er vegna mikillar áhættu í lánastarfsemi sjóðsins. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar 75 m.kr. og er talið að þær geti staðið undir rekstrarkostnaði við lánastarfsemina. Gert er ráð fyrir 290 m.kr. hagnaði og er það 46 m.kr. betri afkoma en áætlað fjárlög 1999 gera ráð fyrir, en ríflega 300 m.kr. betri afkoma en á árinu 1998 en þá var stofnunin gerð upp með halla. Mestu munar um aukið ríkisframlag og lækkun rekstrarkostnaðar frá árinu 1998. Áætlað er að veita 1,6 milljarða króna í ný lán og til þess þarf stofnunin að fá heimild til að taka 1,8 milljarða króna að láni enda þarf hún að endurgreiða 1,2 milljarða króna vegna tekinna lána. Áætlað er að stofnunin innheimti 900 m.kr. í afborganir á veittum lánum.

42 Menntamálaráðuneyti

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Framlag úr ríkissjóði er áætlað 2.010 m.kr. sem er 200 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Framlagið nemur 55% af áætluðum útlánum sjóðsins sem er í samræmi við útreikninga Ríkisendurskoðunar til að halda eiginfjárstöðu sjóðsins óbreyttri. Þá eru áætlaðar 55 m.kr. vegna vaxtastyrks sem er ætlað að bæta námsmönnum fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt til námsláns á hverjum tíma. Áætlað er 30 m.kr. framlag vegna ríkisábyrgðagjalds og 5 m.kr. vegna málskotsnefndar. Gert er ráð fyrir að fjármunatekjur nemi 1.245 m.kr. og hækki um 6,4% milli ára einkum vegna endurmats á veittum lánum. Fjármagnsgjöld eru áætluð nær óbreytt milli ára, 1.935 m.kr., vegna lækkandi vaxta. Rekstrartekjur hækka um 2 m.kr. vegna aukinna innheimtugjalda, en heimilt er að innheimta greiðslugjald af nýjum námslánum. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 254 m.kr. sem er 22 m.kr. hækkun. Þar af er vaxtastyrkur 55 m.kr. Gangi áætlunin eftir verður 474 m.kr. hagnaður af rekstri sjóðsins. Afkoma sjóðsins hefur farið batnandi og er skýringin sú að við

ákvörðun ríkisframlags er tekið mið af framtíðarkostnaði sjóðsins af vaxtamuni á veittum og teknum lánum. Afkomutölur benda til þess að eiginfjárstaða sjóðsins sé að styrkjast vegna lækkandi meðalvaxta af teknum lánum. Útlán sjóðsins eru áætluð 3.490 m.kr. árið 2000. Þau aukast vegna hækkunar á frítekjumarki lánþega og 5% hækkunar námslána sem ríkisstjórnin ákvað í mars 1999, auk þess sem reiknað er með 1% fjölgun lánþega og 3% gengis- og verðlagsbreytingu milli ára. Gert er ráð fyrir að innheimta námslána aukist um 150 m.kr. og nemi 1.950 m.kr. Fjárfesting er áætluð 23 m.kr. sem er 7 m.kr. hækkun. Gert er ráð fyrir að lántökur sjóðsins verði 3,2 milljarðar króna. sem er 100 m.kr. aukning frá fjárlögum 1999. Afborganir lána eru áætlaðar 2,3 milljarðar króna. sem er einnig 100 m.kr. hækkun. Gert er ráð fyrir að áætlun sjóðsins verði endurskoðuð fyrir afgreiðslu fjárlaga.

44 Landbúnaðarráðuneyti

821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Tekjur hans eru einkum tvenns konar. Starfsfé sem Alþingi ákveður með fjárlögum hverju sinni og tekjur af kjarnfóðurgjaldi skv. 33. gr. laga nr. 99/1993. Hlutverk sjóðsins er að hvetja til atvinnuuppbyggingar í sveitum og að stuðla að hagræðingu og nýsköpun í búvöruframleiðslu. Fjármagn hefur verið lagt til eflingar nýrra búgreina gegn verulegu framlagi bænda, en sjóðurinn hefur að hámarki lagt hverri framkvæmd til 30% kostnaðar. Þá hefur Framleiðnisjóður í vaxandi mæli stutt við rannsóknir og þekkingaröflun í samvinnu við rannsóknastofnanir og Rannsóknaráð Íslands. Stuðningur við fræðslu og endurmenntun bænda hefur einnig verið ríkur þáttur í starfi sjóðsins. Áætlað er fyrir 170 m.kr. framlagi ríkisins til sjóðsins á fjárlagalið 04-821 í A-hluta. Það minnkar um 5 m.kr. í samræmi við nýlegan samning ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Einnig er gert ráð fyrir minni tekjum sjóðsins af kjarnfóðurgjaldi. Sjóðstjórn mætir þessu með skarpari forgangsröðun verkefna. Vegna minnkandi tekna er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði með 42,8 m.kr. tap á árinu 2000 samanborið við 12,1 m.kr. hagnað 1998. Áætlað er að handbært fé minnki um 80 m.kr. milli áranna 1998 og 2000.

823 Lánasjóður landbúnaðarins. Sjóðurinn tók í ársbyrjun 1998 við starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins sbr. lög nr. 68/1997. Tekjur hans eru af búnaðargjaldi sem samkvæmt lögum nemur 2,65% og leggst á verðmæti innlendrar búvöru. Gjaldið skilaði 161 m.kr. tekjum árið 1998, en áætlað er að það skili 150 m.kr. á næsta ári, miðað við 147 m.kr. í ár. Gert er ráð fyrir að á árinu 2000 nemi vaxtatekjur 950 m.kr. og vaxtagjöld 925 m.kr. Gangi þetta eftir skilar sjóðurinn 5 m.kr. hagnaði árið 2000 samanborið við 25 m.kr. hagnað í fjárlögum 1999 og 11 m.kr. hagnað árið 1998.

45 Sjávarútvegsráðuneyti

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Þróunarsjóðs, eftir breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 94/1994 í árslok 1996, er að taka við þróunarsjóðsgjöldum, fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins og hlutafjárdeildar, innheimta skuldabréf í eigu deilda sjóðsins og greiða skuldbindingar hans. Þá skal sjóðurinn taka lán til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknarskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Umsvif sjóðsins hafa farið minnkandi. Fjármunatekjur eru áætlaðar 215 m.kr. á árinu 2000 sem er 55 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1999. Fjármagnsgjöld eru áætluð 322 m.kr. og lækka um 98 m.kr. milli ára. Hreinar fjármunatekjur sjóðsins eru því neikvæðar um 73 m.kr. árið 2000. Þróunarsjóður sjávarútvegsins fær annars vegar tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á skip, 90 m.kr., og þróunarsjóðsgjaldi á aflamark, 560 m.kr. Þessar tekjur eru færðar sem ríkistekjur og er áætlað fyrir 650 m.kr. framlagi til sjóðsins, á lið 05-811 í A-hluta frumvarpsins, sem er 90 m.kr. lækkun frá fjárlögum 1999. Lækkunin kemur til vegna verulegra hækkana á verðmæti þorsks umfram flestar aðrar tegundir og því fækkar úthlutuðum þorskígildislestum í heild. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 1.046 m.kr. en afborganir af veittum lánum 479 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki lán til að mæta aukinni fjárþörf á næsta ári heldur verði gengið á handbært fé.

47 Félagsmálaráðuneyti

Íbúðalánasjóður

Þann 1. janúar 1999 tóku gildi lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, og fólu þau í sér veigamiklar breytingar á húsnæðislánakerfinu. Húsnæðisstofnun ríkisins var lögð niður og við hlutverki hennar tók Íbúðalánasjóður. Byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna voru sameinaðir og hættu jafnframt að veita lán. Gert er ráð fyrir að nettórekstrarkostnaður Íbúðalánasjóðs á árinu 2000 verði 252 m.kr. Er það 43,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Talið er að tekjur sjóðsins hækki úr 266,5 m.kr. samkvæmt fjárlögum 1999 í 340 m.kr. á árinu 2000, eða um 73,5 m.kr. Mestu munar um 33,9 m.kr. sem bæði eru færðar til gjalda og tekna vegna breyttrar framsetningar í bókhaldi sjóðsins. Þá er gert ráð fyrir 17,3 m.kr. leigutekjum af húsnæði sjóðsins á Suðurlandsbraut 24, en ráðgert er að sjóðurinn flytji í hentugra húsnæði á árinu 2000 svo hægt sé að bæta þjónustu við viðskiptavini og hagræða í rekstri umfram það sem núverandi húsnæði gefur kost á. Áætlað er fyrir 9 m.kr. til þessa og 19,8 m.kr. í leigugjöld. Heildargjöld eru áætluð 592 m.kr. samanborið við 500 m.kr. í fjárlögum 1999. Þar af eru 63,9 m.kr. skýrðar með breytingum á reikningsskilum sjóðsins. Útlagður kostnaður vegna kröfulýsinga, stimpilgjalda o.fl., að fjárhæð 33,9 m.kr., var áður dreginn frá tekjum af innheimtu vanskila en er nú færður til gjalda hjá Íbúðalánasjóði. Þá er kostnaður við íbúðir sem Íbúðalánasjóður leysir til sín á uppboðum nú færður

með rekstrarkostnaði svo hann verði sýnilegur. Húsnæðisstofnun ríkisins færði þennan kostnað á viðskiptareikning viðkomandi eignar og síðan út með því að hækka afskriftasjóð útlána. Áætlað er að þessi kostnaður nemi um 30 m.kr. á árinu 1999 og er gert ráð fyrir sömu fjárhæð á árinu 2000.

Undanfarið hefur verið unnið að lækkun á viðhaldskostnaði tölvubúnaðar sjóðsins með því að endurnýja búnað og auka sjálfvirkni sem skilar hagræðingu við afgreiðslu. Áætlað er fyrir 25 m.kr. kostnaði við þróunarvinnu í tengslum við útboð á tengingu sjóðsins við Reiknistofnun bankanna. Ákveðið er að útboðið fari fram á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 252 m.kr. nettórekstrarkostnaði. Að teknu tilliti til 30 m.kr. gjaldfærslu vegna eigna sem sjóðurinn leysir til sín er áætlað að rekstrarkostnaður nemi 222 m.kr. samanborið við 233 m.kr. í fjárlögum 1999. Þannig lítur út fyrir að markmiðum um lækkun rekstrarkostnaðar verði náð þegar á árinu 2000 þótt umsvif Íbúðalánasjóðs hafi aukist verulega. Þá er rekstrarkostnaður talinn verða tæpum 30 m.kr. lægri en hjá Húsnæðisstofnun ríkisins samkvæmt reikningi 1998 eftir að framsetning á fjárreiðum hefur verið samræmd.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Í lögum um húsnæðismál er kveðið á um að fjárhagur húsbréfadeildar skuli aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Íbúðalánasjóðs. Rekstrartekjur húsbréfadeildarinnar eru áætlaðar 92 m.kr. og rekstrargjöld 321 m.kr. Hreinar fjármunatekjur nema 1.612 m.kr. og því áætlað að deildin verði rekin með 1.383 m.kr. hagnaði á árinu 2000. Í fjárlögum ársins 1999 var gert ráð fyrir 141 m.kr. tapi á starfseminni og skýrist þessi breyting milli áranna einkum af tvennu. Annars vegar af ónákvæmni í þeirri áætlun sem fjárlög byggja á, en sú áætlun einkennist af varfærni þar sem ýmsar veigamiklar forsendur voru óljósar þegar hún var gerð. Hins vegar skýrist breyting milli ára með aukinni eftirspurn eftir lánum sem hefur leitt til breytinga á samsetningu tekna og gjalda hjá sjóðnum. Endurskoðuð áætlun fyrir árið 1999 bendir til 1 milljarðs króna hagnaðar af húsbréfadeild.

Handbært fé frá rekstri er áætlað 9,9 milljarðar króna. Útgáfa húsbréfa er áætluð 30,4 milljarðar króna samanborið við um 24 milljarða króna í fjárlögum 1999. Innheimtar afborganir af áður veittum lánum, fasteignaveðbréfum, nema aftur á móti 4,4 milljörðum króna. Skýring á 6,4 milljarða króna hækkun útlána er aukin eftirspurn eftir lánum á árinu 1999. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir 32 milljarða króna útlánum á árinu 1999 ef anna á allri eftirspurn eftir lánum. Þetta er 8 milljarða króna hækkun frá fjárlögum, eða sem nemur 33%.

Gert er ráð fyrir að húsbréfadeildin taki ný lán með því að gefa út húsbréf fyrir samtals 29,3 milljarða króna á árinu 2000. Afborganir af áður teknum lánum eru áætlaðar 12,2 milljarðar króna. Hrein lánsfjárþörf nemur því 17 milljörðum króna.

*205 **Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir.*** Með nýjum lögum um húsnæðismál varð til sérstakur lánaflokkur vegna leiguíbúða og er hann aðgreindur frá annarri starfsemi. Samkvæmt ákvæði IX. til bráðabirgða í lögunum er heimilt til ársloka 2000 að veita lán til leiguíbúða með óbreyttum lánskjörum. Fjöldi og upphæð lána skal taka mið af framlagi ríkissjóðs í fjárlögum og áætluðum kostnaði.

Samtals er gert ráð fyrir að lána 2,4 milljarða króna til leiguíbúða og annarra lánaflokka árið 2000 samanborið við 1,1 milljarð króna í fjárlögum 1999. Aukninguna má rekja til þess að gert er ráð fyrir útlánum til fleiri leiguíbúða á árinu 2000 en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1999. Af þessari fjárhæð er áætlað að lán til nýrra leiguíbúða nemi 1.764 m.kr. á árinu 2000. Þá er miðað við að veitt verði lán til allt að 280 íbúða og að meðalverð þeirra sé um kr. 7 m.kr. Framlag úr ríkissjóði til að mæta vaxtamun inn- og útlána vegna leiguíbúða sveitarfélaga er 100 m.kr. Stjórn Íbúðalánasjóðs mun ákveða vaxtakjör útlána með hliðsjón af framansögðu áður en til útlána kemur. Að öðru leyti er þessi lánaflokkur fjármagnaður með innheimtum afborgunum og sölu húsnæðisbréfa fyrir 1.460 m.kr.

*211 **Íbúðalánasjóður, viðbótarlán.*** Með nýjum lögum um húsnæðismál varð til nýr lánaflokkur, viðbótarlán, sem koma í stað lána til félagslegra eignaíbúða úr Byggingarsjóði verkamanna. Viðbótarlán koma til viðbótar almennum húsbréfalánum og geta numið allt að 25% af matsverði íbúðar. Lánin eru veitt að beiðni húsnæðisnefndar sveitarfélags og við veitingu þeirra skal höfð hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðastærð og gerð húsnæðis lánsumsækjanda. Lánin eru veitt á ábyrgð sveitarfélaga og er varasjóði ætlað að bæta einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum. Til að standa undir hugsanlegu tjóni Íbúðalánasjóðs greiða sveitfélög 5% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu til varasjóðs.

Gert er ráð fyrir að veitt verði viðbótarlán að fjárhæð 1.960 m.kr. árið 2000 til kaupa á 1.400 íbúðum. Þar af er áætlað í samræmi við fyrri reynslu, að um 550 lántakendur færi sig úr eldra félagslega kerfi og í stað þeirra komi því 550 nýir aðilar og taki viðbótarlán. Auk þessa er talið að um 250 aðilar skipti um íbúð á árinu þannig að þeir fari úr húsnæði með lánum sem veitt voru af Byggingarsjóði verkamanna og í íbúð með viðbótarláni. Loks er gert ráð fyrir 600 nýjum íbúðum með viðbótarláni. Er það nokkuð meira en verið hefur undanfarin ár og í samræmi við endurskoðaða áætlun fyrir árið 1999.

*215 **Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna.*** Áætlað er að tap af rekstrinum nemi 1,3 milljarðar króna en reiknað hafði verið með 2,5 milljarða króna tapi á árinu 1999. Þessi afkomubati stafar aðallega af því að neikvæður vaxtamunur veittra og tekinna lána Byggingarsjóðanna hefur minnkað. Ástæða þess að saman

dregur á þessu sviði er bæði sú að eldri og óhagstæðari lán sjóðanna hafa verið greidd niður og að endurfjármögnun eldri lána fer nú fram á verðbréfamarkaði þar sem markaðsvextir eru jafnvel lægri en útlánavextir viðkomandi sjóða. Framlag í afskriftasjóð útlána er áætlað það sama og á árinu 1998, enda hafa vanskil verið lítil að undanförnu og fátt sem bendir til þess að þau aukist.

Innheimtar afborgarnir af veittum lánum eru áætlaðar um 3,4 milljarðar króna og jafnframt er gert ráð fyrir að út fari 139 m.kr. sem lokagreiðsla skyldusparnaðar, en endurgreiðslu hans á að ljúka 1. janúar 2000. Afborganir af teknum lánum eru rúmlega 8,7 milljarðar króna. Þannig vantar um 6,5 milljarða króna til að mæta fjárþörf sjóðanna og verður henni mætt með sölu húsnæðisbréfa.

50 Samgönguráðuneyti

335 ***Hafnabótasjóður.*** Hlutverk Hafnabótasjóðs er að veita lán og styrki til hafnargerðar og bæta tjón á hafnamannvirkjum. Í samræmi við 11. gr. hafnalaga nr. 23/1994, skal sérstakt vörugjald, sem greitt er fyrir afnot hafna, renna til Hafnabótasjóðs. Gert er ráð fyrir að gjaldið skili 196 m.kr. á árinu 2000 og rennur það til Siglingastofnunar Íslands vegna verkefna sjóðsins. Hafnabótasjóði er ekki ætlað framlag úr ríkissjóði árið 2000, en í fjárlögum 1999 er það 18 m.kr. Fjármunatekjur eru áætlaðar 47 m.kr. Gert er ráð fyrir 11 m.kr. reiknuðum gjöldum vegna verðbreytinga og 100 m.kr. í önnur rekstrargjöld. Þau skiptast þannig að styrkir til framkvæmda nema 60 m.kr., tjónastyrkir 30 m.kr., eignarskattur 8 m.kr. og almenn rekstrargjöld 2 m.kr. Mikil óvissa er um hversu há fjárhæð fer í tjónastyrki, en á síðustu árum hafa þeir verið frá því að vera óverulegir og allt upp í 70 m.kr. Árið 1998 voru þeir um 20 m.kr. Verði tjónastyrkir yfir meðallagi mun sjóðurinn ganga á eigið fé. Áætlanir sjóðsins gera ráð fyrir að tap á starfseminni aukist um 32 m.kr. og verði 64 m.kr. árið 2000. Gert er ráð fyrir að veitt verði löng lán að fjárhæð 20 m.kr. og 20 m.kr. í skammtímalán. Skammtímalánin eru m.a. veitt til að fjármagna hlut ríkisins þegar t.d. þarf að flýta framkvæmdum til að forða skemmdum á mannvirkjum.

651 ***Ferðamálasjóður.*** Sjóðurinn stuðlar að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum. Honum er ætlað að veita einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði og að veita lán til annarra þátta svo framarlega sem það felur í sér þróun íslenskra ferðamála. Útlán eru á sömu kjörum og lán sem sjóðurinn tekur hverju sinni. Sjóðnum er heimilt að veita framlög til byggingar gistirýmis og gerast eignaraðili að gistiaðstöðu þar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlagið má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.

Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði 150 m.kr. veitt í ný lán og að innheimta 140 m.kr. afborganir af veittum lánum. Áætlað er að sjóðurinn taki 100 m.kr. að láni og greiði 64 m.kr. í afborganir. Sjóðurinn var að verulegu leyti endurfjármagnaður á árinu 1999 og lækka vaxtagjöld við það úr 70 m.kr. í 65 m.kr. Gangi áætlanir eftir verður hagnaður sjóðsins 6,4 m.kr. á árinu 2000 sem 7,6 m.kr. lakari afkoma en gert er ráð fyrir í fjárlögum 1999. Hreinar fjármunatekjur munu þá dragast samsvarandi saman.

51 Iðnaðarráðuneyti

Rannsóknanefnd sjóslysa 166
Rannsóknarnámssjóður 38
Rannsóknarnefnd umferðarslysa 297

Rannsóknarráð Íslands 36, 244, 245, 258, 263, 376
Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir 38
Rannsóknaskip 84
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 172, 351
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 84, 293
Rannsóknastofnun landbúnaðarins 73, 217, 286, 290
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála 35, 258, 262, 271
Rannsóknastöð að Kvískerjum 179
Rannsóknastöðin Mógilsá 77
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum 179
Rannsóknir og eftirlit 293
Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum 37, 264
Rannsóknir og þróunarstarfsemi 244
Ratsjárstofnun 7, 193, 370
Raunvísindastofnun Háskólans 32, 261
Reiðvegir 167
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól 162, 338
Rekstrargjald vegna starfssemi á sviði póst- og fjarskipta 221
Rekstrargjöld A- hluta ríkissjóðs 241
Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið 157
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs 5
Rekstur flugvalla 169
Reykjalundur, Mosfellsbæ 137
Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000 ..... 60, 275
Reynslusveitarfélagið Akureyri 137, 142
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður 138, 142
Reynslusveitarfélög 109
Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 90
Réttargæslumenn 90, 298
Ritakaupasjóður 31
Rithöfundalaun 223
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 37, 261, 262, 263
Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag 26
Ríkisábyrgðasjóður 338
Ríkisábyrgðir 9, 383
Ríkisbókhald 153, 332
Ríkisendurskoðun 24, 252
Ríkisfjárhirsla 153, 332
Ríkiskaup 161, 338
Ríkislögmaður 29, 254, 256
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 65
Ríkislögreglustjóri 92, 219, 299
Ríkissaksóknari 90, 299
Ríkissáttasemjari 109, 309
Ríkisskattstjóri 154, 332, 333
Ríkisspítalar 127, 323, 324, 327

Ríkisstjórn 24, 251
Ríkisstjórnarákvarðanir 163, 339
Ríkistollstjóri 158, 332, 334
Ríkisútvarpið 7, 57, 188, 216, 272, 274, 368, 385
Ríkisverðbréf 365

S

Safnahús 28, 254, 255
Safnvegir 167
Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag 26
Sala eigna 21, 238
Sala hlutabréfa og eignarhluta 6
Sambýli Akranesi 112
Sambýli Borgarnesi 112
Sambýli Selfossi 115
Sambýli Stigahlíð 71 111
Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli 111
Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 154
Sameinuðu þjóðirnar, UN 70
Samgönguráðuneyti 166, 343
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa 166, 344
Samheitaverðskrá lyfja 130
Samkeppnisstofnun 176, 355
Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn 71
Samningur við Akureyrarbæ 275
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi 60, 275
Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða 114
Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra 113
Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða 114
Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða 115
Samræmd próf 53
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 48, 275
Samskipti við Vestur-Íslendinga 64
Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar 170
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 134
Samtök iðnaðarins 172, 221, 351
Samvinnuháskólinn 36, 258
Sauðfjárveikivarnir 74
Schengen-samstarf 95, 299, 302
Sektir o.fl. 21, 238
Seljahlíð, Reykjavík 136
Sendiherrabústaður í Berlín 69
Sendiráð 281
Sendiráð Íslands í Berlín 66, 282
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu 68

Sendiráð Íslands í Helsinki 69
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 66
Sendiráð Íslands í London 66
Sendiráð Íslands í Moskvu 66
Sendiráð Íslands í Ósló 67
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO 67, 282
Sendiráð Íslands í Peking 68
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 67
Sendiráð Íslands í Washington 67
Sendiráð, almennt 69, 282
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka 23
Sérkennsla 42, 270
Sérstakar greiðslur í landbúnaði 82, 288, 290
Sérstakt vörugjald af bensíni 237
Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni 220
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs 221
Sérstakur eignarskattur, lögaðilar 217
Sérstakur eignaskattur, einstaklingar 217
Sérstakur tekjuskattur 18
Sérstök fræðsluverkefni 53
Sérstök heimilisuppbót 122
Sértekjur 241
Siðaráð 124
Siglingamál 347
Siglingastofnun Íslands 168, 221, 343, 347
Sinfóníuhljómsveit Íslands 7, 58, 190, 272, 274, 368
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 164
Símenntun og fjarvinnsluverkefni 49, 264, 265, 266, 269, 270, 277
Sjálfsbjörg Akureyri 126
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 135
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa 166
Sjávarútvegsráðuneyti 83
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa 83, 292
Sjávarútvegsráðuneytið 291
Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna 70
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs 6, 225
Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum 137
Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit 173
Sjóður til síldarrannsókna 85, 293
Sjómannaskólahúsið 52, 265, 269
Sjómannastofur 119
Sjónstöð Íslands 125, 321
Sjóvarnargarðar 168
Sjúkradagpeningar 123
Sjúkraflug 138
Sjúkraflutningar 138, 326

Sjúkraflutningar og ferðir innan lands 123
Sjúkraflutningaráð 124
Sjúkrahús á Suðvesturlandi 323
Sjúkrahús í Reykjavík 128, 323
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi 127, 323, 324, 327, 328
Sjúkrahús og læknisbústaðir 129, 327, 328
Sjúkrahús Reykjavíkur 17, 128, 323, 324, 327
Sjúkrahús, óskipt 324
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis 123
Sjúkrastofnanir 322
Sjúkrastofnanir SÁÁ 134
Sjúkratryggingar 122, 216, 317, 319
Skaftholt 115
Skammtímalán ríkissjóðs 6
Skammtímavistun Hólabergi 115
Skammtímavistun Víðihlíð 9 115
Skammtímavistun, Reykjadal 112
Skatta- og tollamál 332
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld 157, 332, 333, 334
Skattar á launagreiðslur 18
Skattar á tekjur einstaklinga 233
Skattar á tekjur fyrirtækja 234
Skattar á tekjur og hagnað 18, 232, 233
Skattar á vöru og þjónustu 19, 232, 235
Skatteftirlit 154, 157
Skattrannsóknarstjóri ríkisins 158, 332, 334
Skattstofa Austurlands 156
Skattstofa Norðurlands eystra 155
Skattstofa Norðurlands vestra 155
Skattstofa Reykjaness 156
Skattstofa Suðurlands 156
Skattstofa Vestfjarða 155
Skattstofa Vestmannaeyja 156
Skattstofa Vesturlands 154
Skattstofan í Reykjavík 154
Skattstofur 333
Skatttekjur ríkissjóðs 18
Skattur á fjármagnstekjur 18
Skattvinnslukerfi 164
Skáksamband Íslands 62
Skákskóli Íslands 62, 277
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ 115
Skálholtsskóli 106
Skálholtsstaður 106
Skerðingarákvæði 11, 388
Skilagjald á einnota umbúðir 222

Skipagjald 221
Skipting ríkissjóðstekna 1998 231
Skipulag miðhálendis 182
Skipulagsgjald 222
Skipulagsmál 362
Skipulagsstofnun 182, 222, 362
Skógrækt og landgræðsla 287
Skógrækt ríkisins 77, 287, 290
Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 77
Skógræktarfélag Íslands 72, 285
Skólaakstur 54
Skólaíþróttir 62
Skráningarstofan hf. 297, 304
Skriðuklaustur 63
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna 87, 293
Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF 179
Skýrsluvélakostnaður 163, 339, 340
Slysatryggingar 123, 317, 321
Slysavarnafélag Íslands 166
Slysavarnaráð 124
Slysavarnaskóli sjómanna 166
Snorrastofa 63, 278
Sóknargjöld 108, 223, 261, 305, 306
Sóknargjöld til annarra trúfélaga 108
Sóknargjöld til Háskóla Íslands 108
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 108
Sólheimar Grímsnesi 116
Sólvangur, Hafnarfirði 127
Spariskírteini 365
Spilliefnagjald 222
Spilliefnasjóður 181, 222, 360
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi 146
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði 131, 323
Staðlaráð 173
Stafkirkja í Vestmannaeyjum 26
Starfsemi atvinnuleikhópa 60, 275
Starfsemi áhugaleikfélaga 60
Starfsemi hljómsveita 60, 275
Starfsmenntasjóður 118
Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir 83
Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit 118, 313
Stimpilgjöld 19
Stígamót 119
Stjórnarráðsbyggingar 162
Stjórnarráðshús 26
Stjórnartíðindi 88, 296

Stofnkostnaður matvælaseturs 83, 293
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 33, 261
Stofnun Sigurðar Nordals 33, 261
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 184, 363, 364
Stofnverndarsjóðsgjald búfjár 218
Stofnverndarsjóður búfjár 80, 218, 288, 289
Styrking dreifikerfis í sveitum 174, 353
Styrkir til fiskvinnslustöðva 118
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 181, 360
Styrkir til sérleyfishafa 167
Styrkir til útgáfumála 60, 276
Styrktarfélag vangefinna 115
Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr. 164
Styrkvegir 167
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 50
Suðurlandsskógar 78, 287
Sumardvalarheimili í Reykjadal 126
Sundabúð II, Vopnafirði 131
Sunnuhlíð, Kópavogi 132
Sveinsbréf 217
Sýslumaðurinn á Akranesi 96
Sýslumaðurinn á Akureyri 100
Sýslumaðurinn á Blönduósi 98
Sýslumaðurinn á Eskifirði 101
Sýslumaðurinn á Hólmavík 98
Sýslumaðurinn á Húsavík 100
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli 103
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði 102
Sýslumaðurinn á Ísafirði 98
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli 65, 279, 280
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði 100
Sýslumaðurinn á Patreksfirði 97
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki 99
Sýslumaðurinn á Selfossi 103
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði 101
Sýslumaðurinn á Siglufirði 99
Sýslumaðurinn í Bolungarvík 97
Sýslumaðurinn í Borgarnesi 96
Sýslumaðurinn í Búðardal 97
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði 104
Sýslumaðurinn í Keflavík 104
Sýslumaðurinn í Kópavogi 105
Sýslumaðurinn í Neskaupstað 101
Sýslumaðurinn í Reykjavík 95
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi 96
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum 103

Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal 102
Sýslumenn 303
Söfn 57, 272, 273
Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu 166
Söfn, ýmis framlög 57, 273
Sögufélagið 60, 276

T

Tannlækningar 123
Tannverndarsjóður 131, 223
Tapaðar kröfur og tjónabætur 162, 337
Tekin löng lán ríkissjóðs 6
Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 231, 233
Tekjubókhaldskerfi 163
Tekjubókhaldskerfi ríkisins 341
Tekjuhorfur 1999 ..... 230, 231
Tekjujöfnuður A-hluta ríkissjóðs 5
Tekjur af sértækum eignarsköttum 235
Tekjur af stimpilgjaldi 235
Tekjur af þróunarsjóðsgjaldi 235
Tekjur A-hluta ríkissjóðs 230
Tekjuskattur einstaklinga 18
Tekjuskattur, lögaðilar 18
Tekjutrygging ellilífeyrisþega 122
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega 122
TETRA-fjarskiptakerfi 300
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 163
Tilkynningaskylda íslenskra skipa 166
Tilraunagróðurhús 75
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 32, 261
Tilraunastöðin Stóra-Ármóti 72
Tilraunaverkefni um rafrænar kosningar 298
Tjónabætur 162
Tollar og aðflutningsgjöld 19
Tollaðstaða á Seyðisfirði 168, 347
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 65
Tollstjórinn í Reykjavík 159, 332
Tóbaksvarnir 131, 223
Tónlist fyrir alla 60
Tónlistarsaga Íslands 61
Tónlistarskólinn í Reykjavík 52
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 164
Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög 243
Tryggingagjöld 18, 232
Tryggingagjöld og launaskattar 18, 234

Tryggingamál ... 317
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ... 119, 220, 312
Tryggingastofnun ríkisins ... 121, 317, 318, 329, 331
Tæknisjóður ... 37
Tækniskóli Íslands ... 35, 258, 264
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands ... 111
Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins ... 105, 297, 304, 305
Tölvumiðstöð fatlaðra ... 111
Tölvunefnd ... 297

U

Umboðsmaður Alþingis ... 24, 251
Umboðsmaður barna ... 28, 254, 255
Umferðarráð ... 93, 219, 299
Umferðaröryggiseftirlitsgjald ... 219
Umhverfisráðuneyti ... 179, 358
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 179, 359
Umhverfisverkefni ... 78
Umhverfisvernd ... 360
Umhverfisvöktun ... 179, 360
Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins ... 220
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar ... 118
Umsýslustofnun varnarmála ... 7, 194, 370
Umönnunarbætur ... 122
Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku ... 26
Undirbúningur að smíði varðskips ... 94, 301
Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Austurlandi ... 264, 270
Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á Vesturlandi ... 270
Ungmennafélag Íslands ... 61
Uppbygging ferðamála í Scoresbysundi á Grænlandi ... 166
Upplýsingakerfi sýslumanna ... 105, 300, 305
Utanríkisráðuneyti ... 5, 64, 278, 280, 369
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 64, 280

Ú

Úrskurðarnefnd almannatrygginga ... 130, 318, 328, 329
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál ... 179, 360
Úrskurðarnefnd upplýsingalaga ... 26
Útboðs- og einkavæðingarverkefni ... 26
Útflutningsgjald á hross ... 81, 218, 288, 290
Útflutningsráð Íslands ... 71, 217, 283
Útgáfa hæstaréttardóma ... 90
Útgáfa lagasafns ... 88
Útgáfa norræns dómasafns ... 89

Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár 130
Útgáfa úrskurða í skattamálum 157
Útgáfa ökuskírteina 105, 304
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 160, 338, 340
Útlendingaeftirlitið 95, 295, 299, 300, 302, 304
Útvarpsréttarnefnd 63
Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða 138

V

Varnarmálaskrifstofa 64, 280
Vaxta- og geymslukostnaður 78
Vaxtabætur 161, 216, 336
Vaxtagjöld ríkissjóðs 5, 186, 365
Vaxtatekjur ríkissjóðs 5, 20, 238
Veðurstofa Íslands 185, 363, 364
Veðurþjónusta fyrir millilandaflug 185
Vefsetur fjárlaga 4
Vegagerðin 167, 216, 220, 345, 346, 347
Vegamál 345
Veiðieftirlitsgjald 219
Veiðileyfi hreindýraráðs 222
Veiðimálastjóri 73, 285
Veiðimálastofnun 73, 285, 290
Veiðistjóri 180, 221, 360, 361
Veitt löng lán ríkissjóðs 6, 384
Veitt stutt lán ríkissjóðs 6
Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur 157
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 165
Verðlagsforsendur 248
Verðlagsmál 338
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 72
Verðlagsráð sjávarútvegsins 83
Verðlagsstofa skiptaverðs 86, 293
Verðmiðlun landbúnaðarvara 80, 218, 288, 289
Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins 218
Verðskerðingargjöld landbúnaðarins 218
Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk 218
Verðtilfærslugjald á mjólk 78
Verkefni á sviði húsnæðismála 119
Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga 131
Verkfræðistofnun 31
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva 123, 317, 320
Verkmenntaskóli Austurlands 46
Verkmenntaskólinn á Akureyri 46
Verktakasamningur um upplýsingaöflun 292

Vernd Breiðafjarðar 179
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum 114
Verndaður vinnustaður Selfossi 115
Verndaður vinnustaður, Örvi 112
Verslunarskóli Íslands 53, 265, 266, 269
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 62
Vetrarsamgöngur og völuflutningar 166
Vextir 365
Vélskóli Íslands 49
Viðhald fangelsisbygginga 106
Viðhald sjúkrahúsa 328
Viðhald sjúkrahúsa, óskipt 129
Viðhald stjórnarráðsbygginga 162
Viðskipta- og tölvuskólinn 266
Viðskiptaháskólinn í Reykjavík 36, 258, 263
Viðskiptaráðuneyti 175, 354
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 175, 355
Vinnueftirlit ríkisins 110, 219, 309
Vinnumál 118, 312, 313
Vinnumálastofnun 117, 312, 313
Vinnustofa Blindrafélagsins 111
Vinnustofan Ás 115
Virðisaukaskattur 19, 236
Virkjanarannsóknir 174
Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi 116
Vistheimilið Bjarg 136
Vistheimilið Skálatúni 116
Vistheimilið Tjaldanesi 112
Vistun geðfatlaðra 111
Vistun ósakhæfra afbrotamanna 136, 327
Vitabyggingar 168
Vitagjald 221
Víðines 135
Vísindasiðanefnd 130, 328, 329
Vísindasjóður 37
Vörugjöld 19
Vörugjald af bensíni 236
Vörugjald af ökutækjum 236

Y

Yfirdýralæknir 74, 217, 285, 286
Yfirfasteignamatsnefnd 159
Yfirlit ríkisfjármála 227
Yfirskattanefnd 157, 332, 334

Ý

Ýmis fræðistörf 60, 275, 276
Ýmis innheimtukostnaður 158
Ýmis íþróttamál 62, 275, 277
Ýmis löggæslukostnaður 94, 301
Ýmis löggæslumál 301
Ýmis orkumál 174, 352, 353
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta 105, 301, 303
Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda 69
Ýmis umhverfisverkefni 179, 359
Ýmis viðskipta- og bankamál 175
Ýmis viðskiptamál 177, 355
Ýmsar endurgreiðslur 165
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 162, 339, 340
Ýmsar tekjur 238

Þ

Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi 64
Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni 27
Þéttbýlisvegir 167
Þjóðgarðar og friðlýst svæði 180
Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur 179
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 29, 254, 256
Þjóðhagsforsendur tekjuáætlunar 230
Þjóðhagsstofnun 27, 234, 254, 255, 357
Þjóðkirkja Íslands 106
Þjóðleikhús 58
Þjóðleikhúsið 7, 189, 368
Þjóðlendur 332
Þjóðminjasafn Íslands 15, 55, 273, 274
Þjóðskjalasafn Íslands 55, 273, 274
Þjóðskráin 178
Þjónustumiðstöð Vonarlandi 114
Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili 127
Þóknun Kvótaþings fyrir skráningu á kvótatilboðum 219
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 70
Þróunarmál 282
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 70, 282, 283
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 70, 282, 283
Þróunarsetur Vestfjarða 264, 270
Þróunarsjóðsgjald á aflamark 219
Þróunarsjóðsgjald á skip 219
Þróunarsjóður EFTA 71
Þróunarsjóður leikskóla 53

Þróunarsjóður sjávarútvegsins 8, 86, 202, 216, 219, 294, 373, 377
Þróunarstarf í grunnskólum 53
Þungaskattur 19, 157, 220, 237
Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald 220
Þungaskattur, fast árgjald 220
Þýðingamiðstöð 64
Þýðingarsjóður 60

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 5, 23, 250
Æskulýðsmál 61, 275, 276
Æskulýðsrannsóknir 61
Æskulýðsráð ríkisins 61

Ö

Ökuhermar fyrir grunnskólabörn 93
Ökunám 93
Örnefnastofnun Íslands 34, 262
Örorkulífeyrir 122
Örorkustyrkur 122
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE 71

Athugasemd.

Fjárlagafrumvarpið er í tveimur hlutum. Að þessu sinni er fyrri hlutinn, stefna og horfur, prentaður aftan við seinni hlutann:

Stefna og horfur.

Inngangur.

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis, en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast fjárlagaafgreiðslu í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt undir lok haustþings, síðari hluta desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær, auk sérstakra yfirlita.

Í fyrsta kafla er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum 1999. Í þriðja kafla er fjallað um framvindu efnahagsmála að undanförnu, horfur ársins 2000 og til lengri tíma litið. Í fjórða kafla er yfirlit yfir helstu þætti lánamála ríkissjóðs. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um efnahags- og ríkisfjármál.

Lagagreinar frumvarpsins:

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Skerðingarákvæði.
7. gr. Heimildir.

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffang fjármálaráðuneytisins er *www.stjr.is/fjr*.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga.

Í þessum kafla er fjallað um megináherslur ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum með sérstöku tilliti til framvindunnar undanfarin misseri og markmiða fjárlagafrumvarpsins.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2000 er lagt fram með hagstæðari niðurstöðu en þekkst hefur hér á landi um mjög langt árabil, hvort sem litið er á tölur um afgang eða þær skoðaðar

í hlutfalli við landsframleiðslu. Rekstrarafgangur ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu er áætlaður 15 milljarðar króna, eða sem svarar til 2,2% af landsframleiðslu. Lánsfjárjöfnuður er talinn verða enn hagstæðari, eða tæplega 24 milljarðar króna. Til samanburðar má nefna að fjárlög ársins 1999 voru afgreidd með 2,4 milljarða króna afgangi, en nú er áætlað að endanleg niðurstaða verði nálægt 7½ milljarði, eða um 1,2% af landsframleiðslu. Lánsfjárjöfnuður ársins 1999 er jafnframt talinn verða um 20 milljarðar króna, samanborið við 17 milljarða afgang árið 1998. Samanlagt nemur lánsfjárafgangur áranna 1998–2000 því rúmlega 60 milljörðum króna. Öllu því fjármagni er unnt að verja til uppgreiðslu lána eða til að bæta stöðu ríkissjóðs að öðru leyti. Þrátt fyrir þetta hefur hlutur ríkisins af landsframleiðslunni farið minnkandi og er ráðgert að útgjöld ríkisins á næsta ári verði um 27,7% af VLF í stað 29,2% á þessu ári.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs.



Eins og ofangreindar tölur bera með sér er í frumvarpinu lögð meginhersla á að nýta hagstætt árferði til þess að reka ríkissjóð með verulegum afgangi og skapa með því svigrúm til að greiða niður skuldir. Þessi stefnumörkun er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá síðasta vori þar sem meðal annars er kveðið á um nauðsyn aðhaldssamrar hagstjórnar og að ríkissjóður skuli rekinn með umtalsverðum afgangi. Við núverandi aðstæður er fátt mikilvægara svo sporna megi við viðskiptahalla og þenslu í efnahagslífinu.

Þróun efnahagsmála hér á landi að undanförnu hefur verið hagstæð og flestir mælikvarðar á afkomu þjóðarbúskaparins jákvæðir. Hagvöxtur hefur verið á bilinu 5–6% síðustu fjögur ár, þ.e. tvöfalt meiri en gengur og gerist í helstu nágrannaríkjum. Kaupmáttur heimilanna hefur aukist meira á undanförnum árum en dæmi eru um hér á landi, eða um nálægt fjórðung síðan 1995. Þetta jafngildir 5–6% kaupmáttaraukningu á ári að jafnaði, sem er þrisvar sinnum meira en í helstu viðskiptalöndunum. Atvinnuleysi er um 2% og er hvergi lægra sé tekið mið af aðildarríkjum OECD. Verðbólga hefur verið mjög lítil allt fram á þetta ár, eða á bilinu 1½–2½%. Staða ríkisfjármála hefur færst til betri vegar að undanförnu og horfur eru á myndarlegum afgangi í fjárlögum á næstu árum ef rétt er að málum staðið.

Þessar staðreyndir sýna svo ekki verður um villst að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur skilað umtalsverðum árangri. Jafnframt hefur Ísland skipað sér á bekk með þeim þjóðum sem sýnt hafa hvað bestan árangur í efnahags- og ríkisfjármálum að undanförnu. Þegar horft er til baka til þess tíma er hér ríkti óðaverðbólga og óstöðugleiki var landlægur verður þetta að teljast ótrúlega góður árangur eins og fram hefur komið í skýrslum OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sömu sögu er að segja af þeim fyrirtækjum sem hafa skoðað stöðu íslenskra efnahagsmála með það fyrir augum að meta lánshæfi Íslands. Niðurstaða

þessara aðila hefur verið á sama veg, að staða efnahagsmála sé traust og umbætur í stjórn efnahagsmála undanfarin ár hafi skilað mikilvægum árangri og komið Íslandi í hóp þeirra ríkja sem best standa í þessu tilliti. Jákvæð umsögn þessara aðila hefur síðan skilað sér með áþreifanlegum hætti í þjóðarbúið í formi lægri vaxta af erlendum lánum því að lánstraust íslenska ríkisins þjónar sem viðmiðun fyrir aðra íslenska lántakendur.

Heimilin í landinu hafa einnig notið þessa árangurs í ríkum mæli eins og sést best á því að útgjöld þeirra til ýmissa málaflokka hafa stóraukist að undanförnu, hvort sem litið er til almennra neysluútgjalda eða fjárfestinga í íbúðarhúsnæði í kjölfar aukins kaupmáttar. Það er enn fremur til marks um bætta stöðu heimilanna að vanskil þeirra hafa minnkað. Þessa sér einnig stað í almennum fyrirtækjarekstri, hvort sem litið er til hefðbundinna atvinnugreina eða fyrirtækja í nýjum greinum sem hafa haslað sér völl að undanförnu, bæði innan lands og utan. Bætt staða atvinnulífsins hefur skilað sér í aukinni velmegun með afgerandi hætti.

Þótt mikill uppgangur hafi verið í efnahagslífinu að undanförnu er fyllsta ástæða til þess að fara að öllu með gát við stjórn efnahagsmála. Á þessu ári hefur gætt tilhneigingar til aukinnar verðbólgu, sem meðal annars má rekja til hækkunar olíuverðs á alþjóðamarkaði. Auk þess hafa miklar launahækkanir og aukinn kaupmáttur leitt til aukinnar eftirspurnar innan lands, sem aftur hefur leitt til nokkurrar verðhækkunar, ekki síst á fasteignamarkaði. Aukin innlend eftirspurn hefur einnig leitt til umtalsverðs viðskiptahalla frá árinu 1998, en horfur eru á að hann fari nokkuð minnkandi. Engu að síður er mikilvægt að fylgja áfram aðhaldssamri efnahagsstefnu sem miðar að því að treysta stöðugleika í verðlagi og skapa þannig skilyrði fyrir áframhaldandi hagvexti.

Við þessar aðstæður eru veigamikil rök fyrir því að treysta stöðu ríkisfjármála enn frekar. Þannig er mikilvægt að sterk staða ríkisfjármála myndi mótvægi við viðskiptahallann og stuðli þannig að auknum þjóðhagslegum sparnaði. Ríkisstjórnin hefur reyndar beitt sér fyrir auknum þjóðhagslegum sparnaði með ýmsum öðrum hætti, meðal annars með átaki til að efla frjálsan lífeyrissparnað landsmanna. Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum á árinu 1999 hefur ótvírætt dregið úr innlendri eftirspurn. Með fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2000 er gengið enn lengra og gert ráð fyrir helmingi meiri rekstrarafgangi en horfur eru á árið 1999. Veigamikill þáttur í auknu aðhaldi er frestun opinberra framkvæmda á ýmsum sviðum til þess að draga úr mikilli þenslu á þessu sviði. Jafnframt hefur ýmsum hugmyndum og áformum um ný verkefni verið slegið á frest. Með þessu leggur ríkisvaldið sitt lóð á vogarskálarnar til þess að unnt verði að varðveita efnahagslegan stöðugleika.

Traust afkoma ríkissjóðs gerir kleift að greiða niður skuldir ríkissjóðs og grynnka á vaxta- og greiðslubyrði næstu ára. Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að þessu markmiði. Sú vinna hefur skilað þeim árangri að í stað langvarandi hallareksturs og skuldasöfnunar hafa skuldir ríkissjóðs lækkað um meira en fimmtung frá 1995 til ársloka 1998 og horfur eru á frekari lækkun á þessu og næsta ári. Samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði nálægt 30% í árslok 2000 samanborið við 51% í árslok 1995.

Staða ríkisfjármála er ekki einungis hagstæð í samanburði við fyrri ár heldur einnig með tilliti til stöðunnar í helstu nágrannaríkjunum. Þannig er Ísland eitt fárra aðildarríkja OECD þar sem ríkissjóður skilar afgangi. Í flestum ríkjanna er halli sem nemur á bilinu 1–2% af landsframleiðslu. Jafnframt er skuldastaða hins opinbera betri hér en víða annars staðar. Í þessu felst hins vegar ekki að unnt sé að slaka á þeirri ábyrgu og aðhaldssömu efnahagsstefnu sem hér hefur verið fylgt að undanförnu.

Rétt er að vekja athygli á tveimur mismunandi mælikvörðum á afkomu ríkissjóðs, þ.e. annars vegar bókfærðri afkomu á rekstrargrunni og hins vegar lánsfjárjöfnuði. Báðir mæli-

kvarðar eiga rétt á sér. Fyrri mælikvarðinn sýnir mat á afkomu ríkissjóðs að teknu tilliti til áfallinna, en ógreiddra, skuldbindinga. Síðari mælikvarðinn, lánsfjárjöfnuður, mælir hins vegar það raunverulega fjármagn sem er til ráðstöfunar og er því sú stærð sem skiptir mestu fyrir áhrif ríkisfjármála á efnahagslífið hverju sinni. Lánsfjárjöfnuður er mælikvarði á hvort fylgt er aðhaldssamri eða undanlátssamri stefnu, hvort ríkissjóður þarf að fjármagna rekstur sinn með lántökum eða ekki. Stórfelldur lánsfjárafgangur á árunum 1998–2000 sýnir ótvírætt að ríkisstjórnin hefur fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum sem hindrar þenslu í efnahagslífinu og stuðlar að auknum stöðugleika.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi sölu á eignarhlut ríkisins í ýmsum fyrirtækjum eins og kveðið er á um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt er ráðgert að þær tekjur sem eignasalan skilar gangi einvörðungu til þess að lækka skuldir ríkisins. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að sala ríkiseigna skili tæplega 4 milljarða króna söluhagnaði á árinu 2000.

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum á sviði skattamála sem einkum hafa miðað að því að treysta samkeppnisstöðu atvinnulífsins og draga úr atvinnuleysi, tryggja afkomu hinna tekjulægri, stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu og bæta lífskjör. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að skattbreytingar gangi ekki gegn þeirri þróun sem er í helstu nágrannaríkjunum. Breytingarnar hafa einkum miðað að því að lækka skatthlutföll, en á sama tíma að fækka undanþágum frá skatti og stuðla þannig að breiðari skattstofnum. Alþjóðlegur samanburður er Íslandi fremur hagstæður enda höfum við ekki fallið í sömu gryfju og margar nágrannaþjóðir, þ.e. að reyna að leysa öll mál í gegnum skatta- og tilfærslukerfin. Fyrir vikið hefur skattbyrðin haldist innan þolanlegra marka enda sýna skýrslur OECD að skattbyrði hér á landi er með því lægsta sem þekkist í aðildarríkjum þeirra samtaka.

Mikilvægt er að samhæfa stefnuna í skattamálum almennri efnahagsstefnu. Jafnframt hlýtur stefnan í skattamálum í vaxandi mæli að taka mið af þeim breytingum sem hafa orðið á alþjóðavettvangi þar sem frelsi í viðskiptum á öllum sviðum hefur leyst höft, boð og bönn af hólmi. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru tilgreind nokkur atriði sem mikilvægt er að hafa að leiðarljósi við endurskoðun skattalöggjafarinnar. Þannig er brýnt að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið með það fyrir augum að draga enn frekar úr neikvæðum jaðaráhrifum í skattkerfinu. Með ákvörðun Alþingis um skattlagningu fjármagnstekna var stigið mikilvægt skref í átt til samræmingar í skattlagningu. Nú þarf að huga að næstu skrefum sem lúta að lækkun og samræmingu eignarskatta. Í dag njóta sumar tegundir eigna skattfrelsis á meðan aðrar eignir eru að fullu skattlagðar. Loks þarf að taka til sérstakrar skoðunar samspil bótakerfis almannatrygginga, greiðslna úr lífeyrissjóðum, skattkerfis og sparnaðar í efnahagslífinu. Á næstu árum og áratugum blasir við hlutfallsleg aukning eldra fólks sem mun að óbreyttu hafa í för með sér aukin útgjöld til lífeyris-, heilbrigðis- og umönnunarmála. Verkefni stjórnvalda er að leita leiða til að bregðast við þessu án þess að skattbyrði aukist.

Á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að því að endurskoða ýmsa þá þætti í ríkisrekstrinum sem betur mega fara með það fyrir augum að auka hagkvæmni og bæta þjónustu. Hér má nefna aukin útboð ýmissa verkefna og framkvæmda, stækkun og sameiningu stofnana, auk þess sem ríkið kaupir þjónustu í vaxandi mæli af einkaaðilum. Jafnframt hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga verið hert. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut, meðal annars með því að samhliða auknu sjálfstæði stjórnenda ríkisstofnana verði gerðar ríkari kröfur um árangur og ábyrgð þeirra á rekstrinum.

Það er óumdeilt að stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á undanförnum árum hefur skilað miklum árangri, sama á hvaða mælikvarða er litið. Stefna ríkisstjórnarinnar, eins og hún birtist í þessu fjárlagafrumvarpi, miðar að því að treysta stöðugleikann í sessi og stuðla að áframhaldandi hagvexti og batnandi lífskjörum í landinu. Það er lykilatriði í þessu samhengi að nýta byrinn til að treysta stöðu ríkisfjármála enn frekar en orðið er og skila ríkissjóði með enn meiri rekstrarafgangi á árinu 2000 en í ár. Það er meginmarkmið þessa frumvarps.

2 Helstu þættir ríkisfjármála.

Í þessum kafla eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps fyrir árið 2000. Einnig er gerð grein fyrir horfum í ríkisfjármálum á yfirstandandi ári. Aðeins er stiklað á meginatriðum en nánar er fjallað um einstaka þætti síðar í greinargerðinni, einkum í síðari hluta frumvarpsins.

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 1999.

Fjárlög ársins 1999 voru afgreidd með 2,4 milljarða króna tekjuafgangi. Heildartekjur voru áætlaðar 184,8 milljarðar króna og útgjöldin 182,4 milljarðar króna. Þá var gert ráð fyrir að lánsfjárafgangur yrði 16,7 milljarðar króna.

Nú hafa áætlanir um tekjur og útgjöld ríkissjóðs árið 1999 verið endurskoðaðar meðal annars í ljósi afkomu fyrstu átta mánuði ársins og endurskoðunar á þjóðhagsspá. Staða ríkisfjármála er nú talsvert betri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Samtals er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 10 milljörðum króna hærri en áætlað var í fjárlögum, en útgjöldin verði um 5 milljörðum króna umfram heimildir fjárlaga. Tekjuafgangur ríkissjóðs árið 1999 er því áætlaður 7,5 milljarðar króna og eykst um 5 milljarða króna frá fjárlögum. Lánsfjárafgangur er áætlaður ríflega 20 milljarðar króna og hækkar um tæplega 4 milljarða króna.

Traust staða ríkisfjármála og vaxandi lánsfjárafgangur hafa skapað svigrúm fyrir atvinnufyrirtæki til að fjárfesta og stuðlað að auknum hagvexti og umsvifum í efnahagslífinu. Er það mikil breyting frá þeim tíma er ríkissjóður nánast þurrkaði upp allt fjármagn á markaði og þurfti einnig að leita nýrrar lántöku á erlendum markaði. Áformað er að ríkissjóður nýti aukinn lánsfjárafgang til að greiða áfram niður skuldir, sem hefur skilað sér í því að vaxtagjöld ríkisins lækka um 2 milljarða króna frá árinu 1998 til ársins 2000.

Í áætlun fjárlaga var talið að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1999 gætu numið 184,8 milljörðum króna á rekstrargrunni. Þessi áætlun byggði á fyrirliggjandi þjóðhagsforsendum í árslok 1998 og áætlaðri niðurstöðu ársins 1998. Þessar forsendur hafa báðar breyst. Annars vegar sýnir innheimta tekna það sem af er árinu, að heildarumsvif og tekjubreytingar í efnahagslífinu eru meiri en áætlað var sem aftur skilar sér í auknum tekjum í ríkissjóð. Hins vegar sýndi niðurstaða ríkisreiknings fyrir árið 1998, sem birtur var fyrir skömmu, talsvert meiri tekjur en gengið var út frá í fyrri áætlunum. Þannig er nú talið að heildartekjur ríkissjóðs í ár verði um 10 milljörðum króna hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má nær alfarið rekja til hærri tekna og meiri umsvifa í efnahagslífinu en búist var við í lok síðasta árs. Þannig hafa tekjuskattar einstaklinga og félaga skilað um 4½ milljarði króna meira en áætlað var. Jafnframt hefur innflutningur aukist og er þess nú vænst að skattar á vörur og þjónustu skili tæplega 4 milljörðum meiri tekjum en gert var með í fjárlögum. Í heild er því talið að tekjur ríkissjóðs á árinu 1999 verði tæplega 195 milljarðar króna.

Talið er að tekjuskattar einstaklinga geti skilað rúmlega 3½ milljarði króna meiri tekjum en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Þessi hækkun stafar fyrst og fremst af meiri launabreytingum og minna atvinnuleysi sem skilar sér í tekjuskatti umfram áætlanir.

Önnur skýring er að tekjur af fjármagnstekjuskatti hafa farið verulega fram úr áætlun. Í fjárlögum var reiknað með að tekjur af fjármagnstekjuskatti yrðu 1,3 milljarðar króna en endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að álagning fjármagnstekjuskatts skili ríkissjóði tekjum upp á 2,7 milljarða. Hér munar mestu að breytingar á lögum um skattlagningu fjármagnstekna virðast hafa haft meiri áhrif á ráðstöfun eignatekna en reiknað hafði verið með, auk þess sem stóraukin velta á fjármagnsmarkaði hefur skilað auknum tekjum í ríkissjóð. Þá er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila skili 0,9 milljörðum króna meiri tekjum en áður hafði verið reiknað með.

Tekjur ríkissjóðs af sköttum á vöru og þjónustu eru að mestu háðar veltu í hagkerfinu. Misjafnt er á hvaða stigi skattlagningin á sér stað. Virðisaukaskatturinn leggst á endanlega notkun, en vörugjöld og ýmsir sértækir veltuskattar leggjast á vörur við innflutning. Á þessu ári hefur veltuaukningin verið heldur meiri en reiknað var með í forsendum fjárlaga. Sérstaklega hefur innflutningur á ýmsum vörum sem bera tiltölulega háan skatt verið meiri en reiknað hafði verið með. Tekjur af veltusköttum aukast því líklega um 4 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga. Þar af eru tæplega 2 milljarðar vegna aukinna tekna af vörugjöldum, um 900 milljónir vegna virðisaukaskatts og um 600 milljónir vegna tekna af bifreiðasköttum.

Á heildina litið er talið að aðrar tekjur ríkissjóðs verði um 1,1 milljarði króna umfram áætlun fjárlaga og munar þar mest um auknar vaxtatekjur og neyslu- og leyfisgjöld. Áætlun fjárlaga um hagnað af sölu eigna, þ.á m. hlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, hefur ekki verið breytt þar sem ekki hefur verið gengið frá endanlegu sölufyrirkomulagi þegar þetta er ritað. Hins vegar er skráð sölugengi hlutabréfa í FBA um þessar mundir verulega umfram forsendur fjárlaga og því ljóst að sala á því gengi skilar mun meiri tekjum en áætlun fjárlaga gerir ráð fyrir.

Útgjöld ríkissjóðs árið 1999 hafa verið endurskoðuð í ljósi niðurstöðu fyrstu átta mánaða ársins ásamt því að byggt er á upplýsingum frá ráðuneytum og stofnunum. Frá samþykkt fjárlaga hafa komið fram ný útgjaldatilefni vegna launabreytinga og ýmissa ófyrirséðra atvika. Einnig hafa sum sparnaðaráform ekki gengið eftir. Þá hafa auknar tekjur ríkissjóðs leitt til þess að markaðir tekjustofnar og lögbundin útgjöld hækka. Á móti vegur minna atvinnuleysi og hærri tekjur heimilanna sem koma fram í minni vaxta- og barnabótum, minni útgreiðslu tekjutryggingar almannatrygginga og atvinnuleysisbóta. Þá leiðir lækkandi skuldastaða ríkissjóðs til minnkandi vaxtagjalda.

Nú er áætlað að útgjöldin á yfirstandandi ári nemi um 187,3 milljörðum króna og aukist um 5 milljarða króna frá fjárlögum. Þar af aukast rekstrargjöld stofnana og verkefna um rúmlega 3 milljarða króna og rekstrar og neyslutilfærslur um tæplega 1 milljarð króna. Fjárfesting og viðhald stefna í 1,3 milljarða króna umfram fjárlög en vaxtagreiðslur verða um 0,5 milljörðum króna innan áætlunar.

Af rekstrargjöldum eru ríflega 2 milljarðar króna vegna umframútgjalda í heilbrigðiskerfinu og um 0,5 milljarðar í menntamálum, einkum framhaldsskólum. Þá verður kostnaður vegna kjaraúrskurða og kjarasamninga 0,5 milljarðar króna, en á launa- og verðlagslið er áætlað fyrir 0,4 milljörðum til að mæta launabreytingum.

Af neyslutilfærslum munar mest um umframútgjöld sjúkratrygginga sem stefna tæplega 800 m.kr. umfram fjárlög, mest vegna lyfja-, læknis- og tannlæknakostnaðar. Þá stefna greiðslur vegna búvöruframleiðslu 200 m.kr. fram úr fjárlögum og loks hækkuðu bætur almannatrygginga umfram forsendur. Á móti vegur að atvinnuleysi er minna en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir og lækka útgreiddar bætur um 350 m.kr. frá fjárlögum. Þá lækka vaxta- og barnabætur vegna aukinna tekna heimilanna.

Stofnkostnaður og viðhald verða um 1,3 milljörðum umfram fjárlög og vegur þar þyngst ákvörðun ríkisstjórnarinnar um 500 m.kr. sérstakt átak í vegamálum á landsbyggðinni auk þess sem ýmsar framkvæmdir og útgjöld samkvæmt ákvæðum 7. gr. fjárlaga verða umfram fjárlög.

Nettó lántökur ríkissjóðs 1995–2000.



Nokkrar breytingar verða á lánahreyfingum ríkissjóðs frá fjárlögum ársins vegna aukins lánsfjárafgangs og endurskoðaðra áforma um niðurgreiðslu skulda á árinu. Þannig er lánsfjárjöfnuðurinn nú áætlaður um 20 milljarðar króna samanborið við 16,7 milljarða króna í fjárlögum. Niðurgreiðsla á skuldum umfram nýjar lántökur er áætluð 16,5 milljarðar króna samanborið við 23,4 milljarða króna í fjárlögum 1999. Mismunurinn kemur að óbreyttu fram í bættri sjóðstöðu við Seðlabanka. Ákvörðun um ráðstöfun á lánsfjárafgangi mun sem fyrr ráðast af stöðunni á peningamarkaði og hugsanlegum áhrifum á efnahagslífið.

2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps ársins 2000.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs fari áfram batnandi. Rekstrarafgangur er áætlaður 15 milljarðar króna og hækkar um 12½ milljarð frá áætlun fjárlaga 1999. Tekjuafgangurinn svarar til 2,2% af vergri landsframleiðslu. Meginmarkmið frumvarpsins er að nýta bætta afkomu til að draga úr þenslu í efnahagslífinu og greiða niður skuldir ríkissjóðs eða bæta stöðu ríkissjóðs að öðru leyti.

Afkoma ríkissjóðs 1998–2000.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 1998	Fjárlög 1999	Áætlun 1999	Frumvarp 2000
Tekjur	180,8	184,8	194,8	205,0
Gjöld	189,6	182,4	187,3	190,0
Tekjujöfnuður	**-8,8**	**2,4**	**7,5**	**15,0**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	17,5	4,6	2,7	1,2
Handbært fé frá rekstri	**8,7**	**7,0**	**10,2**	**16,2**
Fjármunahreyfingar [2]	8,1	9,7	10,3	7,7
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**16,8**	**16,7**	**20,5**	**23,9**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

Handbært fé frá rekstri, það er sá hluti af lánsfjárafgangi sem regluleg starfsemi ríkissjóðs er að skila, er áætlað rúmlega 16 milljarðar króna og vex um rúmlega 9 milljarða frá fjárlögum 1999. Lánsfjárafgangur, eða sá hluti sem er til ráðstöfunar til niðurgreiðslu skulda að teknu tilliti til fjármunahreyfinga og sölu eigna, nemur samkvæmt frumvarpinu 23,9 milljörðum króna samanborið við 20,5 milljarða samkvæmt áætlun um útkomu yfirstandandi árs og um 16,7 milljarða króna í fjárlögum 1999. Uppsafnaður lánsfjárafgangur frá 1998 til 2000 stefnir því í ríflega 60 milljarða króna. Gangi áætlanir frumvarpsins eftir munu heildarskuldir ríkissjóðs lækka úr 51% af landsframleiðslu í lok árs 1995 í 30% árið 2000.

Áætlað er að heildarlántökur ríkissjóðs, fyrirtækja ríkisins og sjóða muni nema alls tæplega 60 milljörðum króna árið 2000. Afborganir þessara aðila af eldri lánum eru áætlaðar um 55 milljarðar króna og verða því lántökurnar nettó um 5 milljarða króna, eða sem nemur 0,7% af vergri landsframleiðslu. Lítil umsvif hins opinbera á lánsfjármarkaði skapa áframhaldandi svigrúm fyrir atvinnulíf og heimili og draga úr þrýstingi á vaxtastigið. Til að vinna á móti þenslu hefur Seðlabankinn gripið til hertra reglna um lausafjárstöðu og hækkað vexti í endurhverfum viðskiptum bankans. Í kjölfarið hafa vextir hækkað á árinu, en ljóst er að fjármál ríkisins þurfa að leika lykilhlutverk í aðhaldi við innlendri eftirspurn.

Til að vega á móti þenslu er nauðsynlegt að ríkissjóður haldi sig til hlés og skili nægjanlegum afgangi til að vinna á móti hagsveiflunni. Eins og fram hefur komið er áformað að ríkissjóður verði rekinn með umtalsverðum tekjuafgangi, eða 2,2% af vergri landsframleiðslu. Þá er lánsfjárafgangur verulegur á yfirstandandi og næsta ári og verður honum ráðstafað í samræmi við stöðuna á lánsfjármarkaði og í efnahagslífinu.

Töluverðra breytinga er að vænta í efnahagsmálum á næsta ári. Eftir mikinn hagvöxt undanfarin ár er nú spáð rúmlega 2½% hagvexti á árinu 2000. Þjóðarútgjöld eru talin aukast um 2½% samanborið við 4½% aukningu á þessu ári og tæplega 12% aukningu í fyrra. Einkaneysla, samneysla og fjárfesting aukast einnig á bilinu 2–2½% samkvæmt spánni. Í forsendum fjárlaga 1999 var miðað við að verðbólgan yrði 2½% að meðaltali og að hækkunin innan ársins yrði 3%. Ýmislegt hefur orðið þess valdandi að verðbólgan á árinu verður heldur meiri en þá var reiknað með. Hins vegar er gert ráð fyrir að verulega dragi úr verðhækkunum á næsta ári og að neysluverðsvísitalan hækki um nálægt 2½% frá upphafi til loka

ársins, samanborið við um 4½% hækkun á árinu 1999. Meðalhækkunin milli ára yrði þó meiri vegna mikilla hækkana á síðari hluta ársins, eða á bilinu 3½–4%.

Minni hagvöxtur á næsta ári veldur því að vænta má minni tekjuauka ríkissjóðs en að undanförnu. Í heild er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 205 milljarðar króna á árinu 2000 sem er um 10½ milljarðs króna aukning frá áætlun ársins 1999. Þar af er reiknað með um 2,1 milljarðs króna aukningu í tekjusköttum einstaklinga, 0,5 milljarða króna hækkun á tryggingagjöldum og um 2,7 milljarða króna aukningu í veltusköttum. Tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu eru taldar lækka úr 30,3% árið 1999 í 29,8% árið 2000.

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2000 eru áætluð 190 milljarðar króna og aukast um 2,7 milljarða króna frá áætluðum útgjöldum árið 1999, en um 7,6 milljarða króna frá fjárlögum 1999. Að frátöldum lífeyrisskuldbindingum hækka gjöldin um 4 milljarða króna, eða um 2,3%. Heildarútgjöld lækka þannig um 1,5% að raungildi frá áætlaðri útkomu þessa árs. Hagvöxtur er talinn verða 2,4% á næsta ári og lækka útgjöldin í heild um 1,5% sem hlutfall af landsframleiðslu eða úr 29,2% í 27,7%.

Heildargreiðslur úr ríkissjóði árið 2000 eru áætlaðar tæplega 177 milljarðar króna samanborið við 190 milljarða króna gjaldfærð útgjöld. Mismunurinn á greiðslum og útgjöldum, eða rúmlega 13 milljarðar króna, skýrist einkum af þrennu. Í fyrsta lagi eru áfallnar en ógreiddar lífeyrisskuldbindingar starfsmanna ríkisins áætlaðar 5,8 milljarðar króna. Í öðru lagi er mismunur innheimtra og áfallinna vaxtagjalda ríkissjóðs um 3,5 milljarðar króna. Loks er áætlað að afskrifaðar skattkröfur nemi 4 milljörðum króna.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á aðhald í rekstri ríkisins og tekið er á umframútgjöldum stofnana sem orðið hafa á þessu ári. Þá er áfram unnið að eflingu þeirra málaflokka sem ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á, einkum velferðar- og menntamála. Samkvæmt málefnaflokkun ríkisútgjalda eftir samræmdum alþjóðastöðlum aukast framlög til heilbrigðismála um tæp 13% frá árinu 1998 og um 11% til almannatrygginga og velferðarmála og tæplega 7% til fræðslumála. Tímabundin framlög til hátíðahalda sem tengjast árinu 2000 aukast.

Í frumvarpinu eru áform um frestun umtalsverðra framkvæmda, eða sem nemur ríflega 2 milljörðum króna miðað við yfirstandandi ár. Kæmi ekki til frestunar hefði stofnkostnaður aukist á milli ára, vegna markaðra tekjustofna til vegagerðar, og áforma sem uppi voru um að ljúka stórum byggingaráföngum.

Helsti vandi á útgjaldahlið í ár er rekstrarkostnaður í heilbrigðiskerfinu umfram heimildir fjárlaga. Við undirbúning frumvarpsins var lögð áhersla á að greina þann vanda og gerðar tillögur um 1,4 milljarða króna í viðbótarframlög til að styrkja rekstur heilbrigðisstofnana. Í frumvarpi til fjáraukalaga verður einnig lögð til veruleg hækkun á framlögum þessa árs. Ljóst er að áfram verður að vinna að tillögum um hvernig brugðist verði við miklum og vaxandi útgjöldum í heilbrigðiskerfinu. Nú er til endurskoðunar fyrirkomulag í heilbrigðisþjónustu með það að markmiði að skoða möguleika á breyttu rekstrarformi einstakra þjónustuþátta eða stofnana heilbrigðisþjónustunnar. Kannaðir verða möguleikar á auknu samstarfi og verkaskiptingu sjúkrastofnana þannig að nýjungar og fjölbreytni í rekstri fái notið sín. Meðal annars verði skilið á milli hlutverks ríkisins sem kaupanda þjónustunnar annars vegar og veitanda hennar hins vegar.

Unnið verður að endurskoðun á almannatryggingakerfinu og samspili þess við skattkerfið og lífeyrissjóðakerfið með það að leiðarljósi að umfang og kostnaður við stjórnsýslu verði sem minnstur, framkvæmd einfaldari og samræmd til gagns fyrir bótaþega. Fram undan eru breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar og hlutfallsleg aukning ellilífeyrisþega. Í ljósi þess er nauðsynlegt að hyggja að framtíðarskipulagi kerfisins og kanna áhrif þessara breytinga á ríkisfjármál og frjálsan lífeyrissparnað.

Á vegum ráðuneyta verður áfram unnið að endurskipulagningu og hagræðingarverkefnum með það að markmiði að bæta þjónustu og draga úr kostnaði. Áfram verður unnið að nýskipan í ríkisrekstri, m.a. með auknum útboðum og sameiningu og styrkingu stofnana, þjónustusamningum og auknu svigrúmi og ábyrgð stjórnenda. Kostir einkaframkvæmdar verða áfram nýttir þar sem það á við, stefnt að einfaldari og skilvirkari ríkisrekstri og stuðlað að aukinni ráðdeild í meðferð opinberra fjármuna. Gera þarf eðlilegar arðsemiskröfur til fyrirtækja í eigu ríkisins og gæta að því að allur kostnaður við þjónustu ríkissjóðs komi fram, sérstaklega á þeim sviðum þar sem einstaklingar eru í áþekkri starfsemi. Mörkin milli einkareksturs og þess sem hingað til hefur verið talinn eðlilegur hluti af opinberri starfsemi eru sífellt að verða óljósari með meiri fjölbreytileika í atvinnulífinu. Ríkissjóður þarf því sífellt að endurskoða hlutverk sitt og gæta að því að samkeppnisstaða milli einkaaðila og ríkisins verði sem jöfnust og nýta í auknum mæli þjónustu einstaklinga og samanburð við einkamarkað.

3 Yfirlit lánsfjármála.

Í þessum kafla er fjallað um stöðu ríkissjóðs á lánamarkaði og áhrif ríkisfjármála á innlendan lánsfjármarkað. Gerð er grein fyrir lántökuáformum ríkissjóðs, ráðstöfun lánsfjár til nýrra endurlána og afborgana á erlendum lánum.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að greiða tæplega 35 milljarða króna af lánum ríkissjóðs. Lántökur ríkissjóðs eru áætlaðar 18,5 milljarðar króna. Lántökur ríkissjóðs á árinu 1998 voru um 28 milljarðar og afborganir lána liðlega 37 milljarðar króna. Samtals munu því afborganir lána umfram lántökur nema liðlega 25 milljörðum króna á tveimur árum gangi áætlanir eftir. Fyrirsjáanlegt er að áframhald verður á þessari þróun á árinu 2000. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að afborganir lána verði liðlega 27,5 milljarðar króna og lántökur um 5 milljarðar króna.

Heildarlántökur ríkissjóðs og fyrirtækja og sjóða í B- og C-hluta fjárlaga auk Landsvirkjunar, nema um 77 milljörðum króna á árinu 1999 og áætlað er að lánsfjárþörfin verði tæplega 60 milljarðar á árinu 2000. Árlegar afborganir eru liðlega 64 milljarðar króna 1999 og um 55 milljarðar króna árið 2000. Nettó lántökur eru því áætlaðar tæplega 13 milljarðar króna á þessu ári og um 5 milljarðar á árinu 2000. Á næsta ári eru áætlaðar lántökur með sölu húsbréfa að fjárhæð tæplega 30 milljarðar króna en afborganir nema um 12 milljörðum króna.

Ríkissjóður hefur undanfarin tvö ár aukið afborganir með uppkaupum á ríkisverðbréfum á innlendum markaði. Uppkaupin eru ýmist gerð með kauptilboðum á Verðbréfaþingi Íslands eða með uppboðsformi. Þessar aðgerðir hafa miðast við að fækka útistandandi flokkum ríkisverðbréfa og stækka þá sem eftir eru. Þar sem sjóðstaða verður áfram mjög góð er fyrirhugað að halda aðgerðunum áfram. Forinnlausn, það sem eftir er árs 1999, er nú áætluð 7 milljarðar króna og á næsta ári er ráðgert að forinnleysa ríkisverðbréf að fjárhæð 9 milljarðar króna.

Á árinu 1999 mun ríkissjóður greiða af erlendum lánum sem nemur 17,1 milljarði króna. Til að draga úr áhrifum þessara afborgana á gjaldeyrismarkað verður þeim að mestu leyti mætt með erlendum veltilánum. Sú lántaka er á mjög góðum kjörum. Afborganir af erlendum lánum verða tæplega 11 milljarðar króna á næsta ári. Þeim verður líklega að einhverju leyti mætt með erlendri lántöku til að draga úr hugsanlegum áhrifum þeirra á gjaldeyrismarkað hér á landi.

Góð staða ríkissjóðs að undanförnu hefur leitt til þess að tekist hefur að lækka skuldir ríkissjóðs verulega. Í árslok 1998 voru skuldir ríkissjóðs um 238 milljarðar króna og áætlað

er að þær verði um 229 milljarðar króna í árslok 1999 og 211 milljarðar í árslok 2000. Hefur þá verið tekið tillit til endurmats skulda með tilliti til verðlags og gengis.

Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) voru skuldir ríkissjóðs um 40% í árslok 1998 en þetta hlutfall mun lækka í rúmlega 35% í árslok 1999 og í rúmlega 30% í árslok 2000 gangi áætlanir eftir.

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF.



Umfang ríkisábyrgða er meira en sem nemur beinum skuldum og er áætlað að beinar ríkisábyrgðir umfram skuldir nemi um 190 milljörðum króna í árslok 1999. Til samanburðar voru þessar ríkisábyrgðir um 154 milljarðar í árslok 1997. Hækkun beinna ríkisábyrgða á fyrst og fremst rætur að rekja til starfsemi Íbúðalánasjóðs. Ríkissjóður ber einnig ábyrgð á skuldum ríkisfyrirtækja og fjármálastofnana í ríkiseign. Óbeinar ríkisábyrgðir eru ekki metnar reglulega en með sölu ríkisfyrirtækja og breyttu rekstrarformi hafa þær farið lækkandi á undanförnum árum.

Vegna góðrar stöðu ríkissjóðs hafa lántökur minnkað mjög mikið. Á árinu 1998 tók ríkissjóður lán að fjárhæð 28 milljarðar króna, þar af voru lántökur innan lands um 20 milljarðar króna. Á sama tíma námu afborganir af lánum ríkissjóðs um 37 milljarðar króna. Í ár er áætlað að lántökur nemi um 18,5 milljörðum króna og að afborganir verði um 35 milljarðar króna. Á árinu 2000 eru lántökur áætlaðar 5 milljarðar króna og afborganir rúmlega 27 milljarðar króna.

Sé litið á nettó lántökur ríkissjóðs innan lands voru þær jákvæðar um tæpan einn milljarð króna á árinu 1998. Á árinu 1999 er áætlað að nettó lántökur verði neikvæðar um 15 milljarða króna ef áætlanir um forinnlausn ganga eftir. Umskiptin eru því mikil á þessu ári. Ríkissjóður dregur hvorki til sín innlent lánsfjármagn né þrýstir vaxtastiginu upp á við eins og verið hefur um langt árabil heldur þvert á móti.

Óhjákvæmilega leiðir framangreind þróun til þess að vægi ríkisverðbréfa á innlendum verðbréfamarkaði minnkar. Undanfarin ár hefur hlutdeild spariskírteina og ríkisbréfa í útgefnum skuldabréfum hér á landi verið á bilinu 30 til 45%. Það sem af er þessu ári er hlutfallið innan við 10%. Sem fyrr er þó afar mikilvægt að viðhalda stórum flokkum ríkisverðbréfa þar sem þau eru kjölfesta og viðmiðun á verðbréfamarkaði. Endurgreiðslur lána og lántökur ríkissjóðs munu á næstu misserum taka mið af þessu.

Á undanförnum árum hafa markvisst verið byggðir upp fáir, stórir markflokkar fyrir spariskírteini, ríkisverðbréf og ríkisvíxla. Jafnframt hafa ákveðnir viðskiptavakar tryggt að sífellt liggja fyrir kaup- og sölutilboð í þessa flokka þannig að verðmyndun á þeim endurspegli ástandið á fjármagnsmarkaðnum. Þessi þróun leggur grunn að því að viðhalda markaðsstöðu ríkisverðbréfa og lækka vexti á þeim.

Staða markflokka ríkisverðbréfa í september 1999.



Lánveitingar ríkissjóðs til ríkisfyrirtækja, sjóða eða aðila utan ríkiskerfisins hafa minnkað á síðustu árum. Mestu veldur að lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs er ekki lengur mætt með lánveitingum úr ríkissjóði. Endurgreiðslur vegna endurlána ríkissjóðs námu liðlega 10 milljörðum króna á árinu 1998 og lánveitingar voru tæplega 8 milljarðar króna. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að endurgreiðslur verði um 7 milljarðar króna og veitt verði lán að fjárhæð tæplega 5 milljarðar króna. Á árinu 2000 er áætlað að endurgreiðslur og veitt lán verði svipuð og í ár.

Vextir á spariskírteinum hafa hækkað nokkuð á þessu ári í kjölfar talsverðrar lækkunar á síðasta ári. Þannig voru vextir á 5 ára spariskírteinum um 4,3% í janúar, þeir hækkuðu í 4,6% í febrúar og voru 4,8% í ágúst sl. Vextir 16 ára skuldabréfa komust lægst í 3,6% í janúar en voru um 3,9% í ágúst sl. Í sögulegu samhengi eru vextir spariskírteina því lágir um þessar mundir. Ríkisvíxlavextir hafa hækkað um tæplega 90 vaxtapunkta á árinu og voru um 8,5% á 3 mánaða víxlum í ágúst sl. Ávöxtun ríkisbréfa til 5 ára hefur á sama tímabili hækkað um liðlega 150 vaxtapunkta. Helsta skýring á hækkun á vöxtum ríkisvíxla eru aðhaldsaðgerðir Seðlabankans sem felast bæði í strangari lausafjárreglum og vaxtahækkun í endurhverfum viðskiptum bankans.

4 Framvinda og horfur í efnahagsmálum.

Framvinda efnahagsmála hefur undanfarin ár borið þess merki að vel ári í íslenskum þjóðarbúskap. Hagvöxtur er meiri en gerist í nágrannalöndunum, atvinnuleysi dregst saman og er nú orðið meðal þess minnsta sem þekkist í iðnríkjunum, fjárfesting fer vaxandi og kaupmáttur eykst jafnt og þétt. Samtímis hefur tekist að halda verðbólgunni í skefjum þótt gætt hafi þenslu á allra síðustu misserum. Stóraukin útlán lánastofnana til fyrirtækja og heimila á árinu hafa orðið þess valdandi að áherslur í efnahagsstjórn um jafnvægi og stöðug-

leika verða enn mikilvægari. Í þessum kafla verður fyrst gerð grein fyrir stöðu og horfum efnahagsmála í heiminum. Síðan verður fjallað um framvinduna hér á landi, áætlanir fyrir næsta ár og loks horfur í efnahags- og ríkisfjármálum til næstu ára.

4.1 Alþjóðleg efnahagsþróun.

Eftir óvissuástand á síðustu tveimur árum ríkir nú meira jafnvægi í alþjóðlegum efnahagsmálum. Kreppan í Asíulöndunum virðist að mestu yfirstaðin og ástandið í Rússlandi og Brasilíu er betra en fyrir örfáum misserum. Á sama tíma hefur lítið dregið úr uppsveiflunni í Bandaríkjunum og í mörgum Evrópuríkjum ríkir nú meiri bjartsýni en fyrr á þessu ári. Spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hagvöxt í iðnríkjunum gerir ráð fyrir um 2½% hagvexti á þessu ári og því næsta, sem er um ½% meir en stofnunin spáði síðast.

Margt bendir til þess að yfirstandandi hagvaxtarskeiði í bandarísku efnahagslífi, sem orðið er eitt hið lengsta í sögunni, fari nú senn að ljúka. Vaxandi viðskiptahalli og spenna á vinnumarkaði auka líkurnar á að verðbólga færist í aukana. Flestir sérfræðingar telja að það sé einungis spurning um tíma hvenær efnahagslíf í Bandaríkjunum fer að hægja á sér. Að vísu heyrist sú skoðun æ oftar að uppsveiflan í Bandaríkjunum sé upphafið að nýju hagvaxtarskeiði sem rekja megi til upplýsinga- og tölvutækninnar. Hagvöxtur geti því vel haldið áfram nálægt 3–4% á ári án þess að efnahagsjafnvægið raskist og verðbólga fylgi í kjölfarið. Víðast er þó talið að hagvöxtur umfram 2½–3% á ári geti ekki samrýmst almennum efnahagsstöðugleika til lengdar.

Í Evrópu hefur efnahagsástand farið batnandi, bæði innan ESB sem og í þeim ríkjum sem standa utan sambandsins. Lækkun evrunnar gagnvart Bandaríkjadal hefur tvímælalaust orðið til þess að styrkja samkeppnisstöðu Evrópulandanna og þar með skapað forsendur fyrir auknum hagvexti. Um leið er greinilegt að gengisþróunin leiðir ekki til þess að verðbólguvæntingar í Evrópu aukist. Það má því segja að fyrstu skrefin í sameiginlegri peningastjórnun myntbandalagsins hafi skilað árangri og lofi góðu um framtíðina.

Spár alþjóðastofnana byggjast á því að ríki Evrópu og Asíu fylli á næstu tveimur til þremur árum það skarð sem væntanlegur samdráttur í Bandaríkjunum mun skilja eftir. Gangi þetta eftir, má búast við því að verðbólgan haldist í skefjum, hagvöxtur verði viðunandi og áfram verði unnið að umbótum í ríkisfjármálum og því að styrkja undirstöðu efnahagslífsins í iðnríkjunum. En óvissuþættirnir eru margir og reynslan sýnir að skjótt skiptast veður í lofti á sviði alþjóðlegra efnahagsmála. Hátt gengi á hlutabréfamörkuðum, sérstaklega í Bandaríkjunum, er ekki til þess fallið að auka trú á hægfara aðlögun efnahagslífsins að minnkandi hagvexti. Sömuleiðis blasir við að skipulagsvandi í mörgum iðnríkjum, sérstaklega í Evrópu og Asíu, er mikill og á honum verður að taka fyrr eða síðar. Skuldir hins opinbera eru víða gífurlegar og við blasir vandi vegna stækkandi hópa aldraðra og fyrirsjáanlegs kostnaðar vegna lífeyris- og velferðarmála. Flest iðnríkjanna hafa enn sem komið er lítið gert til að leysa þennan vanda. Til viðbótar má nefna efnahagsvanda þróunarlanda og fyrrum ríkja Austur-Evrópu sem enn standa iðnríkjunum langt að baki og eiga mörg hver erfitt uppdráttar við að þróa viðunandi efnahagsumhverfi. Það má því segja að enn séu blikur á lofti þótt í bráð virðist sem viðunandi jafnvægi ríki í heimsbúskapnum.

4.2 Framvinda og horfur hér á landi.

Frá því að núverandi hagvaxtarskeið hófst árið 1996 hefur hagvöxtur sjaldan eða aldrei verið jafn mikill og stöðugur og undanfarin fjögur ár. Á þessu ári er gert ráð fyrir því að hagvöxtur verði 5,8%, en í fyrra nam hann 5,1%. Frá árinu 1996 hefur landsframleiðsla aukist að raungildi um 5,5% á ári að meðaltali. Einungis Írland getur skákað þessum árangri innan

OECD og óvíða annars staðar í heiminum er að finna dæmi um sambærilegan hagvöxt. Aukinn útflutningur og fjárfesting hefur borið hagvöxtinn uppi, fyrst og fremst í stóriðju en fjárfesting hefur einnig aukist mikið í öðrum atvinnugreinum. Á síðustu tveimur árum hefur uppsveiflan einkennst af aukinni einkaneyslu. Efnahagslífið hefur því fylgt hefðbundnu hagsveiflumynstri. Fyrst með vexti útflutnings- og samkeppnisgreina og aukinni fjárfestingu, sem leiðir til vaxandi innlendrar eftirspurnar, sem síðan byggir upp þrýsting á vöru- og vinnumarkaði.

Þannig ber núverandi efnahagsástand öll merki þess að toppi hagsveiflunnar sé náð og að á næstu árum fari heldur að hægja á. Í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir töluverðum breytingum og að hagvöxtur lækki úr tæplega 6% í tæplega 3%. Minni hagvöxtur á næsta ári skýrist fyrst og fremst af hægari vexti þjóðarútgjalda auk þess sem vöxtur útflutningsgreina verður mun minni en á þessu ári. Þannig er spáð 2,4% aukningu þjóðarútgjalda á næsta ári samanborið við 4% vöxt í ár. Útflutningur vöru og þjónustu eykst um 2,6% á næsta ári en á þessu ári er reiknað með 8,3% aukningu útflutnings. Innflutningur eykst um 2% samkvæmt spánni sem er ívið minni aukning en á yfirstandandi ári. Í heild er því spáð að landsframleiðsla á næsta ári aukist um 2,7%.

Þjóðhagsyfirlit 1996–2000.

	m.kr.	Magnbreytingar, %[1]				
	Spá			Bráðab.	Áætlun	Spá
	2000	1996	1997	1998	1999	2000
Einkaneysla	421.910	6,4	6,0	11,0	6,0	2,5
Samneysla	147.703	1,0	3,1	3,7	3,4	2,5
Fjárfesting	133.698	27,4	10,5	23,4	-0,1	2,1
Birgðabreytingar	0	-0,7	0,0	0,3	-0,3	0,0
Þjóðarútgjöld	703.311	7,6	6,2	12,1	4,0	2,4
Útflutningur vöru og þjónustu	234.982	10,0	6,0	2,4	8,3	2,6
Innflutningur vöru og þjónustu	251.177	16,7	8,6	22,1	3,4	2,0
Landsframleiðsla	**687.116**	**5,7**	**5,3**	**5,1**	**5,8**	**2,7**
Viðskiptajöfnuður	-28.933	-1,6	-1,4	-5,7	-4,6	-4,2

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Margt skýrir þá jákvæðu efnahagsþróun sem hér hefur ríkt á undanförnum árum. Má þar nefna erlendar fjárfestingar í stóriðju og uppbyggingu orkuvera, hagfelldar ytri aðstæður og velgengni í sjávarútvegi, almenna markaðsvæðingu íslensks efnahagslífs þar sem ítök hins opinbera hafa smám saman minnkað og hlutverki einkaaðila er gert hærra undir höfði. Síðast en ekki síst hefur hagstjórn í ríkara mæli stuðst við almennar leikreglur fremur en sértækar aðgerðir.

Í atvinnulífinu hefur þetta meðal annars komið fram í óvenjuhagstæðri framleiðniþróun. Frá árinu 1996 hefur framleiðnin að meðaltali vaxið um 2,6% á ári. Þær gífurlegu sveiflur sem fyrr á árum einkenndu íslenskt efnahagslíf og áttu upptök sín að rekja til sjávarútvegs, virðast nú að mestu horfnar jafnframt því sem tengsl heildarstærða í efnahagslífinu við þróun í sjávarútvegi eru ekki jafn sterk og áður var.

Hagvöxtur og framleiðni 1990–2000.



Í heild hefur afkoma fyrirtækja batnað samhliða uppsveiflunni í þjóðarbúskapnum. Afkoman er vissulega breytileg eftir greinum og er greinilegt að fyrirtæki í ýmsum tæknigreinum eru í mikilli sókn. Einnig hefur afkoma í sjávarútvegi verið viðunandi, sérstaklega í þeim fyrirtækjum sem stunda veiðar og vinnslu uppsjávartegunda.

Það er ekki hvað síst stóraukin fjárfesting í atvinnulífinu sem skýrir uppsveiflu í íslensku atvinnulífi á undanförnum árum. Eftir mikla lægð í upphafi þessa áratugar, þar sem hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu varð lægra en það hafði verið allt frá því á stríðsárunum, jókst fjárfestingin fyrst vegna stóriðjuframkvæmda en síðan fylgdu aðrar greinar í kjölfarið. Á síðasta ári jókst heildarfjárfesting í atvinnulífinu um tæp 36% og sem hlutfall af landsframleiðslu fór hún í 21% samanborið við tæplega 17% að meðaltali árin 1990–1995. Í ár er reiknað með því að fjárfesting standi nánast í stað en aukist lítillega á næsta ári. Aukningu atvinnuvegafjárfestingar má að langmestu leyti rekja til sjávarútvegs þar sem í smíðum er nokkur fjöldi fiskiskipa sem kemur til landsins á næsta ári. Einnig verður hafist handa við stækkun álvers Norðuráls í Hvalfirði. Í orkugeiranum er reiknað með samdrætti eftir óvenju miklar fjárfestingar á undanförnum tveimur árum.

Samkvæmt könnun sem gerð var á vegum Þjóðhagsstofnunar í apríl síðastliðnum ríkti umframeftirspurn á vinnumarkaðnum. Framboð á störfum var meira en eftirspurnin. Að vísu mældist atvinnuleysið á þeim tíma 2,2% en í því sambandi verður að hafa í huga að þau störf sem laus eru hverju sinni þurfa ekki endilega að henta þeim sem eru í atvinnuleit. Frá því að þessi könnun var gerð hefur ekkert lát orðið á framboði á lausum störfum auk þess sem atvinnuleysi heldur áfram að minnka.

Atvinnuleysi 1980–2000.



Atvinnuleysið á síðasta ári var 2,8% og á þessu ári er reiknað með því að það verði 2% að meðaltali. Spá fyrir næsta ár gerir ráð svipuðu atvinnuleysi og í ár.

Sveiflur í atvinnuþátttöku eru einkennandi þáttur í íslensku hagkerfi og hafa sett mark á efnahagsþróunina með afgerandi hætti. Óvenjumikið atvinnuleysi fylgdi efnahagslægðinni á fyrri hluta áratugarins jafnframt því sem mjög dró úr atvinnuþátttöku á vinnumarkaði. Árið 1995 þegar atvinnuleysið náði hámarki og varð 5%, var hlutfall þeirra sem voru á vinnumarkaði 75,7% miðað við heildarmannafla. Í uppsveiflunni hefur atvinnuþátttaka vaxið jafnt og þétt samhliða því sem dregið hefur úr atvinnuleysi. Á síðasta ári hafði atvinnuþátttaka aukist í 77,1% sem samsvarar um 1.800 ársverkum. Til viðbótar kemur sú aukning sem orðið hefur á þeim fjölda útlendinga sem fá tímabundið atvinnuleyfi hér á landi. Í fyrra var fjöldi slíkra leyfa um 2.200 og hafði þá fjölgað um rúmlega 40% frá árinu þar á undan. Fyrstu sjö mánuði ársins var heildarfjöldi atvinnuleyfa kominn í tæp 1.500. Þessi mikli sveigjanleiki á vinnumarkaði hefur án efa leitt til þess að þrýstingur á verðlag og laun hefur þrátt fyrir allt verið innan viðráðanlegra marka.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur vaxið jafnt og þétt frá árinu 1995. Umsamdar launahækkanir hafa á þessu tímabili leitt til meiri og varanlegri kaupmáttarauka en áður hefur sést. Jafnframt því hefur tekjuskattur einstaklinga verið lækkaður verulega. Þá hefur ástand á vinnumarkaði verið með þeim hætti að umtalsvert launaskrið hefur orðið, einkum í þeim greinum þar sem vinnuaflseftirspurnin er hvað mest. Í byrjun ársins hækkuðu almenn taxtalaun um tæp 4% en launavísitalan hefur hækkað um 5% það sem af er árinu og má reikna með að yfir árið í heild verði hækkunin um 7%. Miðað við verðlagshorfur má því gera ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækki að meðaltali um 5% á yfirstandandi ári.

Kaupmáttur launa 1993–1999.



Flestir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir í febrúar næstkomandi og því ríkir mikil óvissa um launaþróun á næsta ári. Í forsendum þjóðhagsáætlunar er gert ráð fyrir að laun hækki almennt í byrjun árs í takt við það sem gerðist á þessu ári, en í þeim kjarasamningum sem gilda fram á næsta ár, meðal annars hjá hinu opinbera, hækka laun um 3% í janúar. Út frá þessum forsendum og miðað við þá verðlagsspá sem gengið er út frá í þjóðhagsáætlun má reikna með því að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 1–1½% á árinu 2000.

Á síðasta ári urðu á vissan hátt þáttaskil í efnahagsþróuninni þegar innlend eftirspurn jókst stórlega. Fram að þeim tíma hafði uppsveiflan fremur einkennst af aukningu útflutnings og fjárfestingar án þess að veruleg röskun yrði á innra jafnvægi í hagkerfinu. Aukin innlend eftirspurn, sérstaklega aukin einkaneysla og fjárfesting á síðasta ári, gerði það hins vegar að verkum að þjóðarútgjöldin jukust langt umfram þjóðartekjurnar. Í heild jukust þjóðarútgjöldin um rúmlega 12% að raungildi á síðasta ári á sama tíma og þjóðartekjurnar jukust um 7%.

Afleiðingin var sú að viðskiptahallinn jókst úr 1,4% af landsframleiðslu árið 1997 í 5,7% á síðasta ári. Framvindan á þessu ári bendir ekki til þess að veruleg breyting verði á viðskiptahalla. Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að hallinn lækki á þessu ári í 4,6% af landsframleiðslu og á næsta ári í 4,2%. Þetta segir þó ekki alla söguna þar sem gert er ráð fyrir að innflutningur á skipum og flugvélum nær þrefaldist og verði 10–12 milljarðar króna. Samkvæmt þessum áætlunum dregur verulega úr innflutningi neysluvöru. Þrátt fyrir óverulega minnkun á viðskiptahalla á næsta ári má ætla að gjaldeyrisstaðan vænkist þar sem sérstakur innflutningur vegna fjárfestinga verður væntanlega fjármagnaður á almennum skuldabréfamarkaði erlendis með löngum lánum. Viðskiptahallinn er engu að síður aðvörun þótt vissulega séu aðstæður nú aðrar en á árum áður þegar efnahagsþróunin einkenndist af samfelldum viðskiptahalla, gengisfellingum og verðbólgu. Í raun endurspeglar þessi halli á viðskiptum við útlönd fyrst og fremst þá miklu uppsveiflu sem ríkir í hagkerfinu. Þannig verður að líta á viðskiptahallann í samhengi við raungengi krónunnar, afkomu fyrirtækja og stöðu ríkisfjármála áður en lagt er mat á það hvort núverandi staða samrýmist áframhaldandi stöðugleika. Þannig má segja að með auknum viðskiptahalla hafi þrýstingi verið létt af innlendum framleiðsluþáttum þar sem eftirspurnin beindist fremur að erlendum en innlendum aðilum. Slík staða getur vissulega gengið tímabundið, en kallar á jafnvægi til lengdar.

Vaxandi innlend eftirspurn á ekki hvað síst rætur að rekja til aukinnar lántöku heimilanna hjá bönkum og fjármálastofnunum. Fyrstu átta mánuði ársins jukust þessi útlán um 15% miðað við sama tíma í fyrra og stöðugt er boðið upp á ný form lántöku og skuldsetningar. Vaxandi samkeppni á fjármagnsmarkaði og tiltrú einstaklinganna á að atvinnu- og efnahagshorfur til framtíðar séu bjartar hafa bæst við kaupmáttaraukninguna og aukið enn frekar fjárhagslegt svigrúm til neyslu og fjárfestingar. Eftirspurn eftir bílum og varanlegum neysluvörum af ýmsu tagi ber þessari þróun skýrt vitni og nú á allra síðustu misserum hefur fasteignasala stóreflst, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, og fasteignaverð hækkað verulega í kjölfarið.

Nýskráning bifreiða 1993–1999.



Í forsendum fyrir fjárlög ársins 1999 var miðað við að verðbólgan yrði 2½% að meðaltali og að hækkunin innan ársins yrði 3%. Ýmislegt hefur orðið þess valdandi að verðbólgan á árinu verður heldur meiri en þá var reiknað með. Olíuverð hefur hækkað verulega allt frá áramótum þegar heimsmarkaðsverð stóð mjög lágt. Þannig hefur bensínverð hérlendis hækkað um 25% frá áramótum sem óhjákvæmilega hefur haft töluverð áhrif á innlenda verðlagsþróun. Sértækar hækkanir, eins og hækkun á iðgjöldum bifreiðatrygginga fyrr á árinu, hafa einnig haft sitt að segja og hækkandi fasteignaverð hefur leitt til hækkunar á húsnæðislið neysluverðsvísitölunnar.

Raunverð fasteigna 1993–1999.



Gengi krónunnar lækkaði framan af árinu ólíkt því sem gerðist í fyrra. Við það bættist síðan sá þrýstingur sem hátt eftirspurnarstig hefur í för með sér. Sú spurning sem er hvað áleitnust um þessar mundir er hvort verðbólguhjólið fari að snúast á ný. Hækkun neysluverðsvísitölunnar í september leiðir óhjákvæmilega til þess að slíkar vangaveltur gera vart við sig. Reynsla síðustu ára sýnir hins vegar að þau efnahagslögmál sem gilda meðal annarra iðnríkja gilda einnig hér á landi. Þótt íslenska hagkerfið sé á margan hátt sérstakt, vegna mikilvægis sjávarútvegs, hefur komið skýrt í ljós að aukin samkeppni, bæði innan lands sem og gagnvart útlöndum, skilar því aðhaldi sem þarf til að markaðsöflin fái notið sín og skapað þá efnahagslegu umgjörð sem er forsenda stöðugleikans. En stjórnvöld verða að grípa inn í þegar þess gerist þörf, bæði með aðgerðum á sviði peninga- og ríkisfjármála. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir að verulega dragi úr verðhækkunum á árinu og að neysluverðsvísitalan hækki um nálægt 2½% frá upphafi til loka ársins, samanborið við um 4½% hækkun á árinu 1999. Meðalhækkunin milli ára yrði þó meiri vegna mikilla hækkana á síðari hluta ársins, eða á bilinu 3½–4%.

Seðlabankinn hefur í þrígang á árinu, nú síðast í september, gripið til vaxtahækkunar til að auka aðhald í peningamálum auk þess sem bankinn breytti lausafjárreglum fyrir lánastofnanir í því skyni að takmarka getu lánastofnana til skammtímafjármögnunar á útlánum. Frá því að þessar reglur voru settar hefur lausafjárstaða innlánsstofnana styrkst, sem og skammtímastaðan gagnvart útlöndum. Því virðist sem aðgerðir bankans hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt.

Skammtímavextir og lausafjárstaða innlánsstofnana 1997–1999.



Aukinn vaxtamunur gagnvart útlöndum á seinni hluta ársins hefur leitt til þess að gengi krónunnar hefur farið hækkandi og þannig skapað aðhald að innlendri framleiðslu og beint eftirspurn fremur að innfluttum varningi. Slík þróun kann að þykja varhugaverð í ljósi mikils viðskiptahalla, en á móti vegur að hækkun á gengi krónunnar hefur jákvæð verðlagsáhrif auk þess sem trúverðugleiki peningastefnunnar eykst.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að dregið verði úr framkvæmdum til þess að sporna við þenslu og auka svigrúm einkaaðila í hagkerfinu. Einkum hefur verið litið til verkefna sem ætla má að vegi þungt svo sem byggingaframkvæmda og vegagerð. Þannig er miðað við að fjárfesting hins opinbera dragist saman á næsta ári um rétt tæp 5% og þar af minnki umfang byggingaframkvæmda á vegum hins opinbera um rúmlega 8%.

Jákvæð rekstrarafkoma og hinn mikli lánsfjárafgangur sem verið hefur á ríkissjóði að undanförnu vegur upp á móti skuldasöfnun heimila og fyrirtækja sem birtist í vaxandi viðskiptahalla og minnkandi þjóðhagslegum sparnaði á síðustu tvö ár.

Þjóðhagslegur sparnaður og sparnaður hins opinbera 1990–2000.



Frá árinu 1997 hefur þjóðhagslegur sparnaður, sem byggist á vergri þjóðarframleiðslu að frádreginni einkaneyslu og samneyslu, lækkað úr 17,2% af landsframleiðslu í 15,3% á þessu ári. Þjóðhagslegum sparnaði má skipta í sparnað einkaaðila annars vegar og hins opinbera hins vegar. Svona mælt hefur sparnaður hins opinbera farið hækkandi á undanförnum árum úr 1,6% árið 1995 í 5,2% á síðasta ári. Á þessu ári eru horfur á að sparnaður hins opinbera hækki enn og fari í 5,5% af landsframleiðslu og verði því sem næst óbreyttur á næsta ári.

Fram undir miðjan þennan áratug einkenndust fjármál hins opinbera af miklum hallarekstri. Þrátt fyrir að miðað hafi í rétta átt og hallinn minnkað ár frá ári var afkoma ríkissjóðs, miðað við uppgjör þjóðhagsreikninga, enn neikvæð um 1½% af landsframleiðslu árið 1996. Frá þeim tíma hefur staða ríkisfjármála batnað jafnt og þétt og stefnir í að vera jákvæð á yfirstandandi ári um sem svarar til rúmlega 1% af landsframleiðslu á sama mælikvarða. Hins vegar hefur afkoma sveitarfélaganna verið neikvæð allan þennan áratug. Mikilvægur mælikvarði á efnahagsleg áhrif ríkisfjármála er mat á svonefndum kerfishalla eða -afgangi þar sem rekstrarafkoma ríkissjóðs er greind í tvennt: Annars vegar í þátt sem má tengja beint við efnahagsástandið á hverjum tíma og hins vegar kerfishallann eða -afganginn sem leiðir af kerfislægri samsetningu ríkisfjármálanna á hverjum tíma á tekju- og gjaldahlið. Útreikningar af þessu tagi eru vissulega mikilli óvissu háðir en gefa engu að síður vísbendingu um hvert stefnir og hver staðan er hverju sinni. Innan Evrópusambandsins eru mælikvarðar af þessum toga mikið notaðir, en hér á landi hefur þeim lítið verið beitt fram að þessu.

Afkoma ríkissjóðs 1990–2000.



Meðfylgjandi mynd sýnir mat á stöðu ríkisfjármála hér á landi miðað við þær reiknireglur sem notaðar eru innan ESB fyrir tímabilið 1990 til 2000. Í upphafi áratugarins voru ríkisfjármálin mjög erfið viðureignar og kerfislægur halli mældist rúmlega 4% af landsframleiðslu. Á sama tíma voru hagsveifluáhrif jákvæð um ½% af landsframleiðslu. Efnahagslægðin sem stóð fram undir miðjan áratug hafði mjög neikvæð áhrif á ríkisfjármálin en þá hófst núverandi efnahagsuppsveifla. Hvað kerfislæga þáttinn varðar má segja að hann hafi batnað jafnt og þétt allt tímabilið. Þannig hefur stjórnvöldum tekist með markvissum hætti að snúa ríkisfjármálastefnunni við og myndað umtalsverðan kerfislægan afgang sem verið hefur um ½–1% af landsframleiðslu á síðustu árum. Sú stefna sem birtist í fjárlagafrumvarpinu felur í sér að kerfislægur afgangur vex úr rúmlega ½% af landsframleiðslu í um 1%. Þannig skila ríkisfjármálin jákvæðu framlagi til stöðugleikans á næsta ári.

Tekjuafgangur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, samkvæmt uppgjöri þjóðhagsreikninga,[1] hefur einnig batnað mikið á síðustu árum. Á þessu ári má gera ráð fyrir að tekjuafgangur hins opinbera verði um 8 milljarðar, eða um 1,2% af landsframleiðslu og árið 2000 verði afgangurinn rúmir 10 milljarðar. Halli á rekstri sveitarfélaga, sem reiknað er með að verði á bilinu 2–2½ milljarður króna, hefur þau áhrif að minni afgangur er á opinbera geiranum í heild en á ríkissjóði. Engu að síður er afkoma hins opinbera allgóð samanborið við það sem almennt gerist í OECD-ríkjunum, þar sem gert er ráð fyrir að hallinn verði áfram um 1–2% af landsframleiðslu.

Í þeim forsendum sem liggja til grundvallar áætlun til næstu fjögurra ára er ekki gert ráð fyrir frekari stóriðjuframkvæmdum þar sem ekki liggja fyrir endanlegar ákvarðanir um slíkt. Auk þess byggir spáin á þeirri forsendu að vöxtur sjávarafurðaframleiðslunnar verði nokkru lægri að meðaltali en á undanförnum árum. Að öðru leyti eru forsendur spárinnar sambærilegar við spár alþjóðastofnana um framvindu í heimsbúskapnum á næstu árum. Þannig er gert ráð fyrir því að hagvöxtur í viðskiptalöndunum verði 2½% að meðaltali á næstu fjórum árum og að verðbólgan verði um 2% að meðaltali á sama tíma. Því má segja að sú jákvæða framvinda sem mátt hefur sjá undanfarin misseri haldist óbreytt.

Efnahagsþróunin hér á landi mun þó verða með töluvert öðrum hætti á næstu árum en hingað til gangi þessi spá eftir. Í stuttu máli miðast langtímaspáin við að meira jafnvægi komist á efnahagsmálin á næsta ári og að hagvöxtur verði umtalsvert minni en á undanförnum fjórum árum. Þannig hverfur sú spenna, sem byggst hefur upp í efnahagslífinu á allra síðustu árum, smám saman og um leið skapast forsendur fyrir stöðugleika til langs tíma. Spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir rúmlega 2% hagvexti að meðaltali á tímabilinu 2001–2004 sem er um 3½% undir meðaltali áranna 1996–1999. Útflutningur eykst um 2½% að jafnaði á tímabilinu. Á innflutningshlið gætir áhrifa minni eftirspurnar og því lækkar viðskiptahallinn jafnt og þétt á tímabilinu og er kominn í 2½% af landsframleiðslu árið 2004. Þróun á vinnumarkaði markast af minni hagvexti þar sem óhjákvæmilega dregur úr vinnuaflseftirspurn og því eykst atvinnuleysið eftir því sem á líður. Að vísu er ekki um mikla aukningu að ræða en engu að síður gerir spáin ráð fyrir því að í lok tímabilsins verði atvinnuleysið komið í 3½% af vinnuafli.

Þessar aðstæður á vinnumarkaði gera það að verkum að ekki er óeðlilegt að miða við að launahækkanir á tímabilinu verði ekki meiri en svo að þrýstingur á verðlag haldist í lágmarki. Þar með verði verðbólgan að meðaltali 2½% á tímabilinu og kaupmáttaraukningin 1% á ári að jafnaði.

Miðað við þessar forsendur og þá efnahagsþróun sem hér hefur verið lýst, mun staða ríkissjóðs verða sterk á tímabilinu. Rekstrarafgangur eykst úr 15 milljörðum króna árið 2000 í 23 milljarða árið 2004. Þrátt fyrir að minnkandi hagvöxtur hafi í för með sér minni tekjuauka og þrengri staða á vinnumarkaði leiði til aukinna útgjalda, sýnir þessi framreikningur að kerfislægur afgangur ríkissjóðs mun ekki lækka frá þeirri stöðu sem gengið er út frá í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2000 heldur þvert á móti hækka og stefna í 3% af landsframleiðslu miðað við fyrirliggjandi langtímaspá.

---

[1] Uppgjörsaðferð þjóðhagsreikninga víkur frá framsetningu fjárlaga og ríkisreikningi í nokkrum atriðum. Lífeyrisskuldbildingar ríkisstarfsmanna eru ekki færðar á eitt tiltekið ár heldur dreift yfir lengri tíma. Söluhagnaður af eignasölu er ekki talinn til tekna og að síðustu eru afskrifaðar skattakröfur vegna gjaldþrota ekki færðar á eitt tiltekið ár heldur dreift yfir lengri tíma. Söluhagnaður af eignasölu er ekki talinn til tekna og að síðustu eru afskrifaðar skattakröfur vegna gjaldþrota ekki færðar til gjalda heldur á endurmatsreikning og að hluta til lækkunar tekna.

Kerfisafgangur 1998–2004.



Forsendur eru því fyrir að lánsfjárafkoma ríkissjóðs verði áfram jákvæð þannig að unnt verði lækka heildarskuldir ríkissjóðs enn frekar. Miðað við þessar forsendur yrði skuldahlutfallið komið í um 15% af landsframleiðslu árið 2004.

Mikilvægt er að hafa í huga að framreikningar af þessu tagi eru mikilli óvissu háðir. Langtímaáætlun gegnir fyrst og fremst því hlutverki að styrkja ríkisfjármálin með því að auka vægi áætlana sem byggja á stefnumörkun til langs tíma. Með því móti er hægt að mæta fyrirsjáanlegum útgjaldavanda, svo sem vegna aukinna lífeyrisskuldbindinga og fjölgunar ellilífeyrisþega. Nýleg athugun um áhrif hagvaxtar á afkomu hins opinbera á Norðurlöndum, sem gerð var fyrir tilstuðlan fjármála- og efnahagsmálaráðherra landanna, sýnir að ef hagvöxtur breytist um 1% hér á landi, þá breytist afkoma hins opinbera um ½% sem hlutfall af landsframleiðslu til sömu áttar. Reyndar sýnir þessi athugun að ríkisfjármálin á hinum Norðurlöndunum eru enn viðkvæmari fyrir breytingum í hagvexti, enda er opinberi geirinn umfangsmeiri þar en hér á Íslandi. Niðurstaðan sýnir hversu mikil áhrif efnahagsástand hefur á afkomu hins opinbera, en hún sýnir einnig hve mikilvægt það er fyrir stjórnvöld að marka stefnu sem miðast við horfur til lengri tíma svo að hægt sé að skapa svigrúm til að mæta áföllum í framtíðinni.

Þjóðhagsforsendur frumvarps til fjárlaga 2000.

	Fjárlög 1999	Áætlun 1999	Frumvarp 2000
I. Helstu þjóðhagstærðir, magnbreytingar — %			
Einkaneysla	6,0	6,0	2,5
Samneysla	3,5	3,4	2,5
Fjárfesting	-5,0	-0,1	2,1
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	3,3	4,3	2,4
Útflutningur vöru og þjónustu	5,2	8,3	2,6
Innflutningur vöru og þjónustu	1,0	3,4	2,0
Almennur vöruinnflutningur án olíu	0,3	0,6	-1,4
Verg landsframleiðsla	5,0	5,8	2,7
Þjóðartekjur	4,8	4,8	2,7
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar — %			
Ráðstöfunartekjur á mann	7,6	8,4	4,8
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	5,0	5,0	1,3
Þjóðartekjur á mann	2,6	3,8	1,7
Vísitala neysluverðs	2,5	3,2	3,5
Byggingarvísitala	4,2	2,3	3,0
Innflutningsverðlag	1,0	1,7	1,4
Verðvísitala samneyslu	5,6	7,3	4,9
Verðvísitala landsframleiðslu	2,9	3,4	4,2
Viðskiptakjör, vörur	1,6	-1,6	0,8
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,5	2,0	2,0

Töfluviðauki.

Tafla 1 **Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1990–2000.**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [1]	1997	1998 [3]	Áætlun 1999	Frumvarp 2000
Handbært fé frá rekstri [2]	**-4 517**	**-12 891**	**-7 398**	**-9 698**	**-7 457**	**-9 040**	**-12 241**	**606**	**8 754**	**10 100**	**16 200**
Veitt stutt lán, nettó	-2 079	73	2 090	- 24	2 248	- 487	- 546	-1 249	-2 425	- 400	- 385
Veitt löng lán, nettó	- 522	-1 954	-2 062	- 621	-9 477	-9 150	41	- 530	5 600	2 850	2 085
Hlutafé og stofnfjárframlög	- 123	- 233	- 43	- 410	- 158	- 75	- 208	- 83	-1 265	- 300	- 300
Sala hlutabréfa og eignarhluta	71	357	238	55	73	109	246	631	6 150	8 300	6 300
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-7 170**	**-14 648**	**-7 175**	**-10 698**	**-14 771**	**-18 643**	**-12 708**	**- 625**	**16 814**	**20 550**	**23 900**
Lántökur, nettó	**9 915**	**9 290**	**10 210**	**12 134**	**14 729**	**17 806**	**12 755**	**400**	**-9 510**	**-16 425**	**-22 500**
Innlend lántaka	7 175	3 216	5 494	8 090	3 568	2 192	5 485	6 858	841	-	-
Ný lán	10 098	8 819	9 315	12 831	9 845	13 237	25 025	17 677	19 576	-	-
Afborganir	2 923	5 603	3 821	4 741	6 277	11 045	19 540	10 819	18 735	-	-
Erlend lántaka	2 740	6 074	4 716	4 044	11 161	15 614	7 270	-6 458	-10 351	-	-
Ný lán	3 966	7 339	9 044	5 203	20 474	18 839	16 470	1 305	8 452	-	-
Afborganir	1 226	1 265	4 328	1 159	9 313	3 225	9 200	7 763	18 804	-	-
Seðlabanki Íslands, nettó	**-2 031**	**- 755**	**- 776**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**
Greiðsluafkoma	**714**	**-6 113**	**2 259**	**1 436**	**- 42**	**- 837**	**47**	**- 225**	**7 304**	**4 125**	**1 400**
Hlutfall af VLF, %											
Handbært fé frá rekstri	-1,2	-3,2	-1,9	-2,4	-1,7	-2,0	-2,5	0,1	1,5	1,6	2,4
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-2,0	-3,7	-1,8	-2,6	-3,4	-4,1	-2,6	-0,1	2,9	3,2	3,5
Greiðsluafkoma	0,2	-1,5	0,6	0,3	0,0	-0,2	0,0	0,0	1,2	0,6	0,2

[1] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.100 milljónir króna árið 1996 og 4.000 milljónir króna árið 1997.

[2] Þessi stærð, að viðbættum hagnaði af sölu eigna, fer nálægt því að sýna afkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni eins og hann var skilgreindur í eldra uppgjöri.

[3] Frávik frá ríkisreikningi skýrist af 2,9 milljarða króna afföllum af teknum lánum.

Tafla 2 **Skipting ríkissjóðstekna.**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Fjárlög 1999	Áætlun 1999	Frumvarp 2000	Breyting milli ára 1999–2000
1. Skatttekjur	**161 219**	**165 995**	**174 656**	**184 801**	**10 145**
Skattar á tekjur og hagnað	42 744	42 833	47 388	51 206	3 818
Þar af einstaklingar	35 589	35 420	39 046	41 656	2 610
Þar af lögaðilar	7 155	7 413	8 342	9 550	1 208
Tryggingagjöld og launaskattar	16 088	17 100	17 243	18 227	984
Eignarskattar	7 788	8 367	8 451	8 835	384
Skattar á vörur og þjónustu	94 263	97 345	101 194	106 138	4 944
Virðisaukaskattur	59 282	61 871	62 756	66 220	3 464
Vörugjöld	21 742	21 870	23 742	24 604	862
Aðrir sértækir veltuskattar	6 683	6 930	7 371	7 630	259
Bifreiðaskattar	5 776	5 754	6 365	6 714	349
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	780	920	960	970	10
Aðrir skattar	336	350	380	395	15
2. Aðrar rekstrartekjur	**15 581**	**14 329**	**15 610**	**15 586**	**- 24**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2 406	2 947	2 873	2 948	75
Vaxtatekjur	8 381	7 011	8 008	8 022	14
Neyslu- og leyfisgjöld	4 272	3 736	4 103	3 951	- 151
Annað	521	635	627	665	38
3. Sala eigna	**2 471**	**3 716**	**3 716**	**3 766**	**50**
4. Fjármagnstilfærslur	**340**	**50**	**50**	**50**	**0**
5. Fjárframlög	**1 235**	**728**	**728**	**797**	**69**
Heildartekjur ríkissjóðs	**180 846**	**184 817**	**194 760**	**205 000**	**10 240**

Tafla 3 Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Fjárlög 1999	Áætlun 1999	Frumvarp 2000	Breyting milli ára 1999–2000
Rekstrargjöld					
Laun	49 887	51 726	53 814	55 996	2 182
Lífeyrisskuldbindingar	20 811	7 910	7 910	6 600	-1 310
Önnur gjöld	24 783	26 547	27 609	29 422	1 814
Þjónustutekjur	-11 226	-9 439	-9 419	-10 235	- 817
Rekstrargjöld samtals	**84 255**	**76 744**	**79 914**	**81 783**	**1 869**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	16 063	17 760	17 690	18 860	1 170
Sjúkratryggingar	8 537	8 760	9 515	9 160	- 355
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5 395	5 601	5 801	5 830	29
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð	4 552	4 950	5 000	5 410	410
Barnabætur	4 167	3 950	3 860	3 630	- 230
Vaxtabætur	3 822	4 130	3 860	4 480	620
Atvinnuleysistryggingasjóður	2 438	2 697	2 347	2 385	38
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	3 247	3 191	3 221	3 695	474
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 727	1 810	1 810	2 010	200
Framlag til sókna og kirkjugarða	1 744	1 868	2 003	2 167	164
Ríkisútvarpið	1 568	1 625	1 625	1 625	0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	18 490	15 712	16 231	16 972	742
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**71 749**	**72 054**	**72 963**	**76 224**	**3 262**
Fjármagnskostnaður	**15 964**	**15 000**	**14 520**	**14 000**	**- 520**
Viðhald					
Vegagerðin	3 277	3 664	3 664	3 746	82
Annað	791	650	673	943	271
Viðhald samtals	**4 068**	**4 314**	**4 337**	**4 689**	**353**
Fjárfesting					
Vegagerðin	3 805	4 494	4 994	4 964	-30
Háskólar og framhaldsskólar	1 811	1 394	1 409	1 378	-31
Heilbrigðisstofnanir	1 052	1 137	1 262	1 059	-203
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	675	740	740	650	-90
Hafnarframkvæmdir	423	678	678	495	-183
Ofanflóðasjóður	448	500	500	400	-100
Flugvellir	587	587	612	583	-29
Annað	4 797	4 734	5 337	3 775	-1.562
Fjárfesting samtals	**13 598**	**14 264**	**15 531**	**13 304**	**-2 228**
Gjöld samtals	**189 634**	**182 376**	**187 265**	**190 000**	**2 735**

Tafla 4 Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum.[1]

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Fjárlög 1999	Áætlun 1999	Frumvarp 2000	Breyting milli ára 1999–2000
Almenn opinber þjónusta	9 851	9 546	9 931	10 613	682
Löggæsla og öryggismál	8 047	8 359	8 680	8 736	56
Fræðslumál	15 040	14 896	15 201	16 081	880
Heilbrigðismál	40 513	42 343	44 519	45 713	1 194
Almannatryggingar og velferðarmál	36 528	39 000	39 270	40 687	1 417
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	1 551	1 754	1 764	1 689	- 75
Menningar- og kirkjumál	6 618	7 233	7 468	7 692	224
Eldsneytis- og orkumál	1 473	1 649	1 694	1 594	- 100
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	10 758	10 845	11 294	11 021	- 273
Iðnaðarmál	560	464	511	573	63
Samgöngumál	10 209	11 673	12 226	12 208	- 18
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	3 624	3 244	3 267	3 328	62
Önnur útgjöld ríkissjóðs	44 863	31 369	31 441	30 064	-1 378
Samtals	**189 635**	**182 376**	**187 265**	**190 000**	**2 735**

[1] Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

Tafla 5 Veitt og tekin lán ríkissjóðs.[1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Áætlun 1999	Frumvarp 2000
Tekin lán	**119 344**	**137 530**	**166 116**	**195 569**	**213 924**	**232 585**	**239 246**	**241 168**	**237 764**	**228 974**	**211 494**
Seðlabanki Íslands	1 810	757	13	6	-	-	-	-	-	-	-
Spariskírteini	37 602	46 175	51 793	60 796	69 008	74 140	73 889	84 424	82 865	83 094	76 002
Ríkisbréf	76	1 257	2 487	6 012	5 563	5 768	8 366	11 258	15 846	10 821	7 496
Ríkisvíxlar	8 066	8 244	12 545	13 742	14 630	16 406	15 811	12 296	15 209	13 209	13 209
Aðrir innlendir aðilar	12 011	13 144	12 005	12 709	11 090	9 010	8 962	6 562	6 526	5 632	5 429
Erlend lán	59 779	67 953	87 273	102 304	113 633	127 261	132 218	126 628	117 318	116 218	109 358
Lánveitingar	**52 806**	**63 091**	**67 700**	**64 968**	**69 066**	**77 266**	**71 023**	**69 309**	**86 496**	**87 000**	**87 000**
Veitt lán	34 022	37 902	41 654	46 875	55 469	64 134	63 663	65 278	64 739	64 000	64 000
Lán tengd innlendu verðlagi	18 306	22 071	22 644	26 405	36 965	45 176	50 565	52 885	53 215	-	-
Gengisbundin lán	15 716	15 831	19 010	20 470	18 504	18 958	13 098	12 393	11 524	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	18 784	25 189	26 046	18 093	13 597	13 132	7 360	4 031	21 757	23 000	23 000
Nettó lántökur ríkissjóðs	**66 538**	**74 439**	**98 416**	**130 601**	**144 858**	**155 319**	**168 223**	**171 859**	**151 268**	**141 974**	**124 494**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	44,2	45,9	40,8	33,2	32,3	33,2	29,7	28,7	36,4	38,0	41,1
Hlutfall af VLF, % [2]											
Tekin lán	**32,4**	**34,1**	**41,6**	**47,2**	**49,0**	**51,3**	**49,1**	**45,3**	**40,4**	**35,4**	**30,6**
Þar af erlend lán	16,4	17,1	21,9	24,9	26,1	28,2	27,3	23,9	20,0	-	-
Veitt lán	**9,2**	**9,4**	**10,4**	**11,3**	**12,7**	**14,1**	**13,0**	**12,2**	**11,0**	**13,6**	**12,7**
Þar af gengisbundin lán	4,3	4,0	4,8	5,0	4,3	4,2	2,7	2,3	2,0	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	5,0	6,2	6,5	4,3	3,1	2,9	1,5	0,8	3,7	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**18,1**	**18,6**	**24,7**	**31,6**	**33,2**	**34,3**	**34,6**	**32,3**	**25,7**	**21,8**	**18,0**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.
[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 6 **Fjármál ríkissjóðs 1990–2000.**[1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Bráðab. 1998	Áætlun 1999	Áætlun 2000
Heildartekjur	**105 783**	**119 328**	**120 981**	**118 456**	**124 296**	**130 454**	**143 590**	**150 056**	**169 169**	**183 569**	**192 586**
1. Beinir skattar	29 267	38 199	39 345	39 763	42 778	46 871	53 237	54 286	61 988	67 346	70 753
2. Óbeinir skattar	69 562	72 601	72 143	70 105	71 816	74 115	81 149	86 187	97 873	107 014	113 272
3. Vaxtatekjur	4 596	6 210	5 868	5 870	6 387	6 211	6 203	5 888	6 132	6 407	6 086
4. Aðrar tekjur	2 358	2 317	3 625	2 719	3 315	3 258	3 001	3 694	3 176	2 802	2 475
Heildarútgjöld	**117 827**	**130 516**	**130 544**	**132 237**	**137 736**	**142 015**	**150 929**	**147 308**	**159 978**	**173 114**	**180 062**
1. Samneysla	44 741	49 596	50 112	53 389	55 257	58 676	59 993	60 711	71 099	79 234	84 963
– þar af afskriftir	1 508	1 736	1 813	1 917	1 981	2 096	2 254	2 388	2 563	2 743	2 876
2. Vaxtagjöld	11 370	12 962	12 875	13 678	14 795	16 499	15 812	15 606	16 187	14 723	14 195
3. Framleiðslustyrkir	12 281	11 351	12 227	9 526	8 551	8 545	8 676	8 796	9 028	8 964	8 781
4. Tekjutilfærslur	34 871	39 767	40 831	42 200	43 658	47 003	51 980	51 465	52 437	56 946	60 316
5. Fjármunamyndun	6 338	7 100	6 434	8 025	8 290	7 316	8 486	6 336	7 423	8 521	7 578
6. Fjármagnstilfærslur	9 735	11 476	9 877	7 335	9 166	6 072	8 235	6 783	6 367	7 469	7 105
Tekjuafgangur / halli	**-12 044**	**-11 187**	**-9 563**	**-13 781**	**-13 440**	**-11 560**	**-7 339**	**2 748**	**9 191**	**10 455**	**12 524**

[1] Þessi tafla sýnir afkomu ríkissjóðs miðað við rekstrargrunn í samræmi við þjóðhagsreikningauppgjör. Þessi uppgjörsaðferð víkur aðeins frá uppgjörsaðferð fjárlaga og ríkisreiknings. Veigamesti munurinn er sá að til gjalda eru einungis færðar þær lífeyrisskuldbindingar ríkisstarfsmanna sem tengjast launagreiðslum ársins. Hagnaður af sölu eignarhluta ríkisins í félögum er ekki talinn til tekna. Og að síðustu eru afskrifaðar skattakröfur vegna gjaldþrots ekki færðar til gjalda heldur á endurmatsreikning og að hluta til lækkunar tekna.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 7 **Fjármál sveitarfélaga 1990–2000.**[1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Áætlun 1999	Áætlun 2000
Heildartekjur	**26 623**	**30 144**	**31 482**	**30 996**	**31 935**	**34 924**	**40 027**	**48 243**	**53 677**	**59 788**	**63 117**
1. Beinir skattar	9 590	11 342	11 570	6 905	7 188	8 258	8 662	8 788	9 750	10 209	10 478
2. Óbeinir skattar	13 699	14 952	15 767	19 820	19 912	21 170	23 082	31 670	37 031	42 162	44 892
3. Vaxtatekjur	998	1 067	808	833	547	517	528	633	630	659	689
4. Aðrar tekjur	2 335	2 783	3 337	3 438	4 287	4 980	7 756	7 151	6 266	6 758	7 058
Heildarútgjöld	**26 427**	**30 759**	**33 195**	**35 737**	**38 765**	**36 370**	**40 453**	**51 230**	**57 468**	**62 444**	**65 299**
1. Samneysla	15 125	17 620	19 679	21 373	23 498	24 075	28 054	35 681	40 391	44 658	48 224
– þar af afskriftir	521	583	641	683	724	747	795	875	935	995	1 052
2. Vaxtagjöld	1 533	1 755	1 633	1 703	2 010	2 174	2 101	2 199	2 419	2 529	2 644
3. Framleiðslustyrkir	672	969	998	978	1 055	947	1 379	1 331	1 397	1 467	1 541
4. Tekjutilfærslur	1 845	1 661	2 294	2 628	3 018	2 703	2 990	3 128	3 255	3 431	3 616
5. Fjármunamyndun	8 040	9 128	9 582	9 721	9 357	6 398	6 930	9 486	10 852	11 395	10 597
6. Fjármagnstilfærslur	- 267	210	- 351	17	550	819	- 206	280	89	- 41	- 271
Tekjuafgangur / halli	**196**	**- 614**	**-1 713**	**-4 741**	**-6 831**	**-1 446**	**- 425**	**-2 987**	**-3 791**	**-2 656**	**-2 182**

[1] Þessi tafla sýnir afkomu sveitarfélaga, miðað við rekstrargrunn í samræmi við þjóðhagsreikningauppgjör.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 8 **Fjármál hins opinbera 1990–2000.**[1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Bráðab. 1998	Áætlun 1999	Áætlun 2000
Heildartekjur	**131 160**	**147 938**	**150 271**	**147 528**	**153 680**	**162 757**	**178 091**	**193 567**	**219 168**	**239 328**	**251 502**
1. Beinir skattar	42 966	53 151	55 112	59 584	62 690	68 040	76 319	85 956	99 019	109 508	115 645
2. Óbeinir skattar	79 152	83 943	83 714	77 009	79 004	82 373	89 811	94 976	107 623	117 223	123 750
3. Vaxtatekjur	5 728	7 324	6 827	6 794	7 014	6 803	6 784	6 556	6 807	7 111	6 820
4. Aðrar tekjur	3 313	3 518	4 619	4 141	4 973	5 541	5 177	6 079	5 719	5 486	5 286
Heildarútgjöld	**143 265**	**159 562**	**161 492**	**165 967**	**174 316**	**176 154**	**185 820**	**193 674**	**213 626**	**231 428**	**241 059**
1. Samneysla	69 989	78 157	80 375	84 818	89 424	94 080	100 358	107 810	124 112	137 584	147 707
– þar af afskriftir	2 029	2 319	2 454	2 600	2 705	2 843	3 049	3 263	3 498	3 738	3 928
2. Vaxtagjöld	12 903	14 716	14 508	15 381	16 804	18 673	17 913	17 805	18 606	17 252	16 839
3. Framleiðslustyrkir	12 953	12 320	13 225	10 504	9 607	9 492	10 054	10 127	10 425	10 431	10 322
4. Tekjutilfærslur	25 603	28 773	30 296	32 765	33 822	36 147	37 098	38 311	39 241	42 556	45 113
5. Fjármunamyndun	14 378	16 228	16 016	17 747	17 647	13 714	15 416	15 822	18 275	19 916	18 175
6. Fjármagnstilfærslur	9 468	11 686	9 526	7 353	9 717	6 891	8 029	7 063	6 456	7 428	6 834
Tekjuafgangur / halli	**-12 105**	**-11 624**	**-11 221**	**-18 439**	**-20 636**	**-13 396**	**-7 729**	**- 107**	**5 542**	**7 900**	**10 443**

[1] Þessi tafla sýnir afkomu hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, miðað við rekstrargrunn í samræmi við þjóðhagsreikningauppgjör. Þessi uppgjörsaðferð víkur aðeins frá uppgjörsaðferð fjárlaga og ríkisreiknings. Veigamesti munurinn er sá að til gjalda eru einungis færðar þær lífeyrisskuldbindingar ríkisstarfsmanna sem tengjast launagreiðslum ársins. Hagnaður af sölu eignarhluta ríkisins í félögum er ekki talinn til tekna. Og að síðustu eru afskrifaðar skattakröfur vegna gjaldþrots ekki færðar til gjalda heldur á endurmatsreikning og að hluta til lækkunar tekna.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 9 **Skuldir og kröfur opinberra aðila 1990–2000.**[1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Áætlun 1999	Áætlun 2000
Heildarskuldir hins opinbera	**134 542**	**154 183**	**185 639**	**220 084**	**245 071**	**267 611**	**274 447**	**279 351**	**279 985**	**274 609**	**260 606**
Innlendar skuldir	74 562	85 612	95 466	113 296	126 467	135 881	138 088	145 149	153 667	148 391	139 748
Erlendar skuldir	59 980	68 571	90 173	106 788	118 604	131 730	136 359	134 202	126 318	126 218	120 858
Kröfur hins opinbera	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**76 905**	**79 577**	**88 313**	**82 925**	**82 820**	**101 086**	**102 227**	**102 884**
Veitt lán	40 870	44 546	48 346	54 091	61 559	70 760	71 249	74 449	74 909	74 727	75 384
Skatta- og viðskiptakröfur	23 158	30 385	30 781	22 814	18 018	17 553	11 676	8 371	26 177	27 500	27 500
Hreinar skuldir hins opinbera	**70 514**	**79 252**	**106 512**	**143 180**	**165 494**	**179 298**	**191 522**	**196 532**	**178 899**	**172 382**	**157 722**
Ríkissjóður	66 537	74 439	98 417	130 602	144 858	155 390	168 224	172 256	151 298	141 974	124 494
Bæjar- og sveitarfélög	6 347	7 288	10 194	14 552	22 185	25 130	24 190	25 039	28 288	31 026	33 784
Almannatryggingar	**-2 370**	**-2 475**	**-2 099**	**-1 974**	**-1 549**	**-1 222**	**- 892**	**- 763**	**- 687**	**- 618**	**- 556**
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]											
Heildarskuldir hins opinbera	182 011	196 596	231 113	244 694	259 990	277 551	278 656	280 792	279 985	268 982	248 622
Hreinar skuldir hins opinbera	96 190	101 994	132 940	159 276	175 484	185 898	194 436	197 454	178 899	168 850	150 469
Hlutfall af VLF, %											
Skuldir hins opinbera	**36,9**	**38,8**	**46,7**	**53,5**	**56,3**	**59,3**	**56,5**	**52,7**	**47,7**	**42,8**	**37,9**
Innlendar skuldir	20,5	21,6	24,0	27,5	29,1	30,1	28,4	27,4	26,2	23,1	20,3
Erlendar skuldir	16,5	17,3	22,7	25,9	27,3	29,2	28,1	25,3	21,5	19,7	17,6
Kröfur hins opinbera	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,7**	**18,3**	**19,6**	**17,1**	**15,6**	**17,2**	**15,9**	**15,0**
Hreinar skuldir hins opinbera	**19,4**	**20,0**	**26,8**	**34,8**	**38,0**	**39,7**	**39,4**	**37,1**	**30,5**	**26,9**	**27,1**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu, en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 10

	1990	1991	1992
Vísitölur (1990 = 100)			
Neysluverðsvísitala	100,0	106,8	110,8
Byggingarvísitala	100,0	107,9	110,9
Launavísitalan	100,0	108,3	111,5
Meðalgengi	100,0	100,0	100,5
Verðvísitala samneyslu	100,0	108,3	112,3
Verðvísitala einkaneyslu	100,0	106,9	111,9
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	100,0	107,8	111,7
Ráðstöfunartekjur á mann	100,0	109,5	110,9
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	100,0	102,5	100,2
Breyting milli ára, %			
Neysluverðsvísitala	14,8	6,8	3,7
Byggingarvísitala	19,2	7,9	2,8
Launavísitalan	9,2	8,3	2,9
Meðalgengi	11,4	-	0,5
Verðvísitala samneyslu	11,2	8,3	3,7
Verðvísitala einkaneyslu	16,8	6,9	4,7
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	9,5	7,8	3,6
Ráðstöfunartekjur á mann	9,5	9,5	1,3
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-4,6	2,5	-2,3

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Verðlags- og launaþróun 1990–2000.

1993	1994	1995	1996	1997	Bráðab. 1998	Áætlun 1999	Spá 2000
115,3	117,0	119,0	121,7	123,9	125,9	130,0	135,2
113,3	116,2	119,8	125,3	131,2	135,9	139,0	143,2
113,1	114,4	119,6	127,2	134,2	146,7	156,6	164,4
108,9	114,5	114,4	114,3	112,0	110,0	110,6	110,6
115,9	117,8	122,4	129,3	134,7	149,4	160,3	167,8
117,1	118,9	121,1	123,9	126,1	128,2	132,3	137,6
114,5	116,8	120,0	122,3	126,5	133,2	137,7	143,6
108,6	110,2	115,5	121,6	129,3	142,6	154,6	162,9
94,2	94,2	97,1	100,0	104,4	113,2	119,0	120,6
4,1	1,5	1,7	2,3	1,8	1,7	3,2	4,0
2,1	2,6	3,1	4,6	4,7	3,6	2,3	3,0
1,4	1,2	4,5	6,4	5,4	9,4	6,7	5,0
8,3	5,2	-0,1	-0,1	-2,0	-1,8	0,5	-
3,2	1,7	3,9	5,6	4,2	10,9	7,3	4,7
4,6	1,6	1,8	2,3	1,8	1,7	3,2	4,0
2,5	2,0	2,8	1,9	3,4	5,3	3,4	4,3
-2,1	1,5	4,8	5,3	6,3	10,3	8,4	5,4
-6,0	0,0	3,1	3,0	4,4	8,5	5,0	1,3

Tafla 11 **Þjóðhagsyfirlit 1990–2000.**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Áætlun 1999	Spá 2000
Einkaneysla	223 176	248 366	248 339	248 182	256 949	272 708	296 840	320 314	361 593	395 730	421 910
Samneysla	69 990	78 157	80 375	84 818	89 424	94 080	100 358	107 810	124 019	137 651	147 703
Fjárfesting	70 103	76 173	69 589	64 177	65 876	65 950	87 322	98 818	125 365	127 424	133 698
Neysla og fjárfesting alls	363 269	402 696	398 303	397 177	412 249	432 738	484 520	526 942	610 977	660 806	703 311
Birgðabreytingar	-4 247	- 891	- 486	1 016	- 26	2 285	-1 202	- 222	1 143	-	-
Þjóðarútgjöld alls	**359 022**	**401 804**	**397 817**	**398 193**	**412 223**	**435 023**	**483 318**	**526 720**	**612 120**	**660 806**	**703 311**
Útflutningur vöru og þjónustu	124 936	125 671	121 597	135 694	157 436	161 250	176 863	190 945	204 659	223 439	234 982
Innflutningur vöru og þjónustu	119 556	130 491	121 782	122 466	134 631	144 725	173 727	187 716	230 207	242 350	251 177
Verg landsframleiðsla	**364 402**	**396 984**	**397 632**	**411 421**	**435 028**	**451 548**	**486 454**	**529 949**	**586 572**	**641 894**	**687 116**
Verg þjóðarframleiðsla	**351 921**	**386 350**	**388 717**	**401 671**	**421 351**	**439 246**	**475 793**	**519 338**	**579 639**	**631 952**	**674 946**
Magnbreytingar milli ára, %											
Einkaneysla	0,5	4,1	-4,5	-4,5	1,9	4,2	6,4	6,0	11,0	6,0	2,5
Samneysla	4,4	3,2	-0,8	2,3	3,7	1,3	1,0	3,1	3,7	3,4	2,5
Fjármunamyndun	3,0	2,0	-11,3	-11,4	-1,1	-2,8	27,4	10,5	23,4	-0,1	2,1
Þjóðarútgjöld alls	**1,5**	**5,1**	**-5,3**	**-4,1**	**1,5**	**3,1**	**7,6**	**6,2**	**12,1**	**4,0**	**2,4**
Útflutningur vöru og þjónustu	0,0	-5,9	-1,9	7,1	10,0	-2,1	10,0	6,0	2,4	8,3	2,6
Innflutningur vöru og þjónustu	1,0	5,7	-8,0	-8,6	4,2	3,8	16,7	8,6	22,1	3,4	2,0
Verg landsframleiðsla	**1,2**	**1,1**	**-3,3**	**1,0**	**3,7**	**1,0**	**5,7**	**5,3**	**5,1**	**5,8**	**2,7**
Verg þjóðarframleiðsla	**1,2**	**1,5**	**-3,3**	**0,9**	**3,0**	**1,5**	**6,4**	**5,2**	**6,2**	**5,2**	**2,4**
Vergar þjóðartekjur	**0,6**	**3,2**	**-4,3**	**-0,9**	**2,6**	**1,9**	**4,8**	**6,2**	**7,7**	**4,8**	**2,7**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 12 **Greiðslujöfnuður við útlönd.**

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Áætlun 1999	Spá 2000
Vöruskiptajöfnuður	**4 800**	**-3 079**	**- 76**	**12 268**	**19 662**	**13 366**	**1 201**	**254**	**-25 053**	**-17 931**	**-15 187**
Útfluttar vörur	**92 452**	**91 560**	**87 833**	**94 658**	**112 655**	**116 607**	**125 690**	**131 213**	**136 598**	**150 027**	**157 132**
Sjávarafurðir	69 898	73 236	69 881	74 571	84 838	86 694	92 056	93 648	99 280	102 280	106 934
Ál og kísiljárn	12 017	9 841	9 710	10 619	13 523	15 515	15 917	18 906	21 629	28 490	31 853
Annað	10 537	8 483	8 242	9 468	14 294	14 398	17 717	18 659	15 689	19 256	18 345
Innfluttar vörur	**87 652**	**94 639**	**87 909**	**82 390**	**92 993**	**103 241**	**124 489**	**130 959**	**161 651**	**167 958**	**172 319**
Sérstakur vöruinnflutningur	14 047	13 107	12 237	7 086	9 441	10 219	12 609	15 392	25 160	27 250	30 950
Almennur innflutningur	73 605	81 532	75 672	75 304	83 552	93 022	111 880	115 567	136 491	140 708	141 369
þar af olía	8 343	7 406	7 088	7 357	7 237	6 949	9 192	9 408	7 572	8 757	9 432
Þjónustujöfnuður	**- 149**	**-2 283**	**- 619**	**211**	**2 185**	**3 169**	**1 935**	**2 975**	**- 495**	**- 981**	**-1 008**
Þjónustutekjur	31 794	33 383	33 415	40 314	43 824	44 643	51 173	59 732	68 061	73 411	77 850
Þjónustugjöld	31 943	35 666	34 034	40 103	41 639	41 474	49 238	56 757	68 556	74 392	78 858
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-12 401**	**-12 686**	**-11 305**	**-12 142**	**-13 462**	**-12 808**	**-11 125**	**-10 849**	**-7 936**	**-10 380**	**-12 738**
Viðskiptajöfnuður	**-7 750**	**-18 048**	**-12 000**	**337**	**8 385**	**3 727**	**-7 989**	**-7 620**	**-33 484**	**-29 292**	**-28 933**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-2,1	-4,6	-3,0	0,1	1,9	0,8	-1,6	-1,4	-5,7	-4,6	-4,2

Heimild: Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki Íslands.

Tafla 13 Útlánaþróun og vextir.

Stöðutölur í milljónum króna	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Jan.-júní 1998	Jan.-júní 1999
Útlánaflokkun lánakerfisins (eignir)										
Ríkissjóður og -stofnanir	83 518	94 123	118 487	129 488	145 059	146 850	151 741	151 898	148 663	142 121
Bæjar- og sveitarfélög	25 612	28 650	33 527	36 884	41 273	43 103	43 924	51 135	47 441	53 006
Atvinnufyrirtæki	285 168	313 747	334 652	329 743	327 160	360 089	420 714	509 831	453 549	573 359
Heimili	211 270	237 367	262 518	289 054	317 915	350 609	385 846	443 127	407 348	470 937
Alls	605 568	673 887	749 184	785 169	831 407	900 651	1002 225	1155 991	1057 001	1239 423
Breyting milli ára (%)										
Ríkissjóður og -stofnanir	23,8	12,7	25,9	9,3	12,0	1,2	3,3	0,1	-	-4,4
Bæjar- og sveitarfélög	12,9	11,9	17,0	10,0	11,9	4,4	1,9	16,4	-	11,7
Atvinnufyrirtæki	8,0	10,0	6,7	-1,5	-0,8	10,1	16,8	21,2	-	26,4
Heimili	23,7	12,4	10,6	10,1	10,0	10,3	10,1	14,8	-	15,6
Alls	15,4	11,3	11,2	4,8	5,9	8,3	11,3	15,3	-	17,3
Breytingar innan árs (%)										
M1 með vöxtum (M1=Peningamagn)	19,9	1,3	5,4	10,7	9,6	8,5	16,4	17,6	16,7	25,0
M3 með vöxtum (M3=Peningamagn og sparifé)	14,4	3,8	6,5	2,3	3,7	6,8	8,7	15,1	14,2	20,3
Útlán og markaðsverðbréf lánakerfisins	15,4	11,3	11,2	4,8	5,9	8,3	11,3	15,3	5,5	7,2
Útlán innlánsstofnana	11,5	5,7	7,0	-0,1	0,8	12,4	16,6	33,8	10,3	13,0
Meðaltöl (%)										
Endurhverf verðbréfakaup	20,4	12,5	8,4	5,3	6,9	6,6	6,9	7,3	7,2	7,9
1–3 mán. ríkisvíxlar á Verðbréfaþingi	-	-	8,3	4,7	7,1	6,8	6,9	7,3	7,2	7,8
5 ára ríkisbréf á Verðbréfaþingi (óvtr.)	-	-	-	-	-	9,2	8,7	7,7	7,9[1]	7,9[1]
Spariskírteini á Verðbréfaþingi (vtr.)	8,1	7,4	6,7	5,0	5,6	5,5	5,3	4,7	4,8	4,3
Húsbréf á Verðbréfaþingi (vtr.)	8,3	7,5	7,1	5,3	5,9	5,6	5,5	4,9	5,0	4,5
Munur á skammtímavöxtum á Íslandi og erlendis				-0,4	1,6	2,5	2,7	2,9	2,8	4,2

1) Meðalkaupkrafa.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 14 **Fjármunamyndun 1997–2000.**

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar [1] frá fyrra ári %			
	1997	1998	Áætlun 1999	Spá 2000	1997	1998	Áætlun 1999	Spá 2000
Fjárfesting alls	**98 817**	**125 365**	**127 424**	**133 698**	**10,5**	**23,4**	**-0,1**	**2,1**
I Atvinnuvegir	**63 185**	**87 775**	**86 064**	**90 798**	**17,9**	**35,7**	**-3,5**	**3,2**
Landbúnaður	2 922	3 300	3 400	3 300	9,2	11,3	1,3	-5,3
Fiskveiðar	1 764	4 500	3 100	10 350	-65,6	151,8	-31,8	226,7
Vinnsla sjávarafurða	4 181	5 200	4 500	5 000	-11,6	20,8	-14,9	8,3
Ál- og kísiljárnframleiðsla	11 159	10 340	4 800	5 000	75,3	-9,3	-54,3	1,6
Annar iðnaður	8 623	10 125	10 100	10 500	13,0	15,2	-1,7	1,5
Rafvirkjanir og rafveitur	7 785	14 400	15 000	7 500	125,0	80,3	2,5	-51,3
Hitaveitur	1 035	2 000	2 000	2 000	-20,9	85,5	-2,2	-2,9
Vatnsveitur	683	800	800	800	31,4	12,4	-2,1	-2,9
Byggingarstarfsemi o.fl.	3 246	4 300	5 000	5 000	23,7	32,5	15,1	-1,9
Verslunar- og skrifstofuhúsn. o.fl.	6 948	8 300	10 000	10 300	43,9	14,6	17,8	-
Samgöngur	6 015	12 510	13 064	14 548	6,6	100,8	2,3	10,4
Póstur, sími, útvarp og sjónvarp	2 816	4 700	5 300	6 000	2,3	63,4	11,1	10,4
Tölvu- og skrifstofubúnaður	6 009	7 300	9 000	10 500	-0,7	20,7	22,8	14,4
II Íbúðarhús	**19 115**	**19 790**	**21 860**	**23 800**	**-6,1**	**0,0**	**8,0**	**5,0**
III Starfsemi hins opinbera	**16 517**	**17 800**	**19 500**	**19 100**	**6,6**	**3,7**	**7,5**	**-4,9**
Vegir og brýr	3 485	3 900	4 500	4 500	0,8	8,1	13,8	-2,9
Götur og holræsi	3 752	3 900	4 100	4 300	22,9	0,4	3,7	1,9
Byggingar hins opinbera	9 280	10 000	10 900	10 300	3,4	3,4	6,6	-8,2
Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF, %								
Þjóðhagslegur sparnaður	17,2	15,9	15,3	15,2	-	-	-	-
Heildarfjárfesting	18,6	21,4	19,9	19,5	-	-	-	-
Birgðabreytingar	-	0,2	-	-	-	-	-	-
Mismunur=viðskiptajöfnuður	-1,4	-5,7	-4,5	-4,2	-	-	-	-

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 **Opinberar framkvæmdir 1990–2000.**

Milljónir króna	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Bráðab. 1999	Spá 2000
Verðlag hvers árs:											
Vegir og brýr	2 290	2 602	2 641	4 442	3 982	3 546	3 268	3 485	3 900	4 500	4 500
Götur og holræsi	2 565	3 373	3 156	3 290	3 548	2 690	2 887	3 752	3 900	4 100	4 300
Skólar og íþróttamannvirki	2 720	2 950	3 220	4 085	4 200	3 900	4 100	4 500	5 000	5 600	5 500
Sjúkrahús	1 490	1 920	1 680	1 559	1 540	1 450	1 250	1 200	1 250	1 400	1 600
Félagsheimili og kirkjur	280	280	720	668	460	715	685	780	700	700	700
Aðrar byggingar hins opinbera	3 480	3 650	3 150	2 988	2 900	2 735	2 700	2 800	3 050	3 200	2 500
Samtals	**12 825**	**14 775**	**14 567**	**17 032**	**16 630**	**15 036**	**14 890**	**16 517**	**17 800**	**19 500**	**19 100**
Verðlag 1998:											
Vegir og brýr	3 040	3 208	3 142	5 155	4 530	3 927	3 551	3 666	3 900	4 399	4 271
Götur og holræsi	3 406	4 158	3 755	3 818	4 037	2 979	3 137	3 947	3 900	4 008	4 081
Skólar og íþróttamannvirki	3 611	3 637	3 831	4 741	4 778	4 319	4 456	4 734	5 000	5 474	5 220
Sjúkrahús	1 978	2 367	1 999	1 809	1 752	1 606	1 358	1 262	1 250	1 369	1 518
Félagsheimili og kirkjur	372	345	857	775	523	792	744	821	700	684	664
Aðrar byggingar hins opinbera	4 620	4 500	3 748	3 468	3 299	3 029	2 934	2 946	3 050	3 128	2 373
Samtals	**17 028**	**18 215**	**17 331**	**19 767**	**18 920**	**16 650**	**16 181**	**17 376**	**17 800**	**19 062**	**18 127**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2000.

(Lögð fram af forsætisráðherra 1. október 1999.)

I. Inngangur og yfirlit um helstu niðurstöður.

Þróun efnahagsmála á Íslandi hefur verið einstaklega hagstæð undanfarin ár. Saman hefur farið mikill vöxtur, stöðugleiki í verðlagsmálum, næg atvinna og ört batnandi lífskjör. Síðastliðin fjögur ár hefur hagvöxtur verið rúmlega 5% að jafnaði — tvöfalt örari en í helstu viðskiptalöndum — verðbólga hefur verið svipuð og í iðnríkjunum, atvinnuleysi hefur verið bægt frá og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur aukist um ríflega 20%. Þetta hagvaxtarskeið á sér vart hliðstæðu í sögu lýðveldisins.

Að baki þessari hagstæðu þróun liggja margar ástæður. Mestu máli skipta þó án efa markaðsumbætur og stöðugleiki undangenginna ára. Þessar umbætur, sem miðað hafa að því að efla samkeppni og skýra leikreglur efnahagslífsins, hafa leitt af sér stórfellda framleiðniaukningu. Á sama tíma hefur ríkt stöðugleiki á verðlagssviðinu og ytri skilyrði þjóðarbúsins verið hagfelld. Við þetta bætast miklar fjárfestingar í orkufrekum iðnaði. Traust efnahagsumhverfi hefur jafnframt glætt vöxt í mörgum öðrum greinum atvinnulífsins. Hagvöxtur síðustu ára hefur því hvílt á breiðum grunni.

Eins og gefur að skilja eru takmörk fyrir því hversu lengi hagvöxtur getur verið jafnmikill og hann hefur verið hér á landi undanfarin fjögur ár án þess að tefla í tvísýnu stöðugleikanum. Enginn vafi er á því að 5% vöxtur og þar yfir er umfram jafnvægisvöxt til lengri tíma í þróuðu hagkerfi. Það sem gert hefur svona mikinn vöxt mögulegan undanfarin ár er einkum tvennt: annars vegar voru framleiðsluþættir vannýttir áður en hagvaxtarskeiðið hófst og hins vegar framleiðniumskiptin sem fylgdu umræddum markaðsumbótum.

Mynd 1. Verðbólga á Íslandi og í iðnríkjunum 1991–2000.



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, september 1999.

Nú er svo komið að óhjákvæmilegt er að hægja á efnahagsstarfseminni til að koma í veg fyrir að verðbólga fari úr böndum. Eins og verðmælingar síðustu mánaða sýna virðist verðbólga byrjuð að grafa um sig og við því verður að bregðast með markvissum hætti. Þetta

verður gert með því að beita ríkisfjármálum og peningamálum til aðhalds. Þannig verður ríkissjóður rekinn með verulegum afgangi á næsta ári og stjórn peningamála verður miðuð við það að tryggja stöðugleikann. Markmiðið verður að ná „mjúkri lendingu" í efnahagslífinu en í því felst að vaxtarhraðinn fari úr 5% í 2,5%–3% sem er svipaður hagvöxtur og gert er ráð fyrir að meðaltali í iðnríkjunum. Slíkur vöxtur ætti að samrýmast verðstöðugleika og tryggja jafnframt framhald hagvaxtarskeiðsins eins vel og á verður kosið. Það verður hins vegar vandasamt verkefni að finna réttar áherslur í hagstjórn til að ná þessu markmiði.

Í ljósi aðhaldssamrar efnahagsstefnu eru horfur á mun hægari vexti þjóðarútgjalda á næsta ári og jafnframt er því spáð að útflutningur aukist minna en á þessu ári. Fyrir vikið verður hagvöxtur umtalsvert minni eða 2,7% borið saman við 5,8% eins og stefnir í fyrir þetta ár. Næstu árin þar á eftir er spáð nokkru minni vexti eða um 2% að jafnaði þegar litið er til áranna 2001–2004. Þess ber þó að geta að hér er ekki tekið tillit til nýrra stóriðjusamninga nema stækkunar Norðuráls um 30 þúsund tonn. Ef yfirstandandi samningar við Norsk Hydro leiða til niðurstöðu samkvæmt yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium AS frá því í júní síðastliðnum yrði hagvöxturinn auðvitað meiri en þessi spá gerir ráð fyrir.

Mynd 2. Þróun þjóðartekna og þjóðarútgjalda 1990–2004.
Vísitala, 1995 = 100.



Á þessum forsendum dregur úr þenslu í þjóðarbúskapnum og verðbólga hjaðnar á ný. Þannig er gert ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 2½% frá upphafi til loka næsta árs samanborið við 5% á þessu ári. Það felur í sér að hækkunin milli áranna 1999 og 2000 verði nálægt 4% samanborið við 3,2% milli áranna 1998 og 1999. Í þessu felst að almennar launabreytingar lagi sig að hægari vexti í þjóðarbúskapnum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist einungis um 1–1½% eftir mjög mikinn vöxt undanfarin ár. Atvinna verður áfram yfrin þótt búast megi við að eitthvað slakni á spennu á vinnumarkaði.

Nauðsyn þess að draga úr vexti umsvifa og eftirspurnar í þjóðarbúskapnum birtist í fleiri myndum. Þannig hefur verið verulegur halli á viðskiptum við útlönd undanfarin ár vegna mikillar einkaneyslu og fjárfestingar. Horfur eru á því að hallinn verði viðvarandi á næstu árum en hann fer þó minnkandi á forsendum þeirrar spár sem hér liggur til grundvallar. Það

er mikilvægt að svo verði því halli leiðir til erlendrar skuldasöfnunar sem gerir þjóðarbúið verr í stakk búið til að taka ágjöfum sem gætu birst í sveiflum í þjóðhagslegum skilyrðum.

Þegar á allt er litið hefur náðst mikill árangur í íslenskum þjóðarbúskap á undanförnum árum. Þessi árangur hefur fleytt Íslandi í hóp þeirra þjóða sem standa fremst í efnahagsmálum á alla mikilvæga mælikvarða í þessum efnum. Ríkisstjórnin mun byggja á þessum grunni með frekari markaðsumbótum og hagstjórn sem miðar að stöðugleika og jafnvægi. Í því skyni verður áfram unnið að sölu ríkisfyrirtækja, eflingu samkeppni og ríkisfjármálum og peningamálum verður beitt til að draga úr eftirspurn og umsvifum. Þannig má framlengja hagvaxtarskeiðið á sama tíma og stöðugleikinn er festur í sessi.

Hér á eftir er lýst stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Í framhaldi er fjallað um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum. Jafnframt fylgja rammagreinar um valin efni, viðauki um hagvöxt í ljósi sögunnar og töfluviðauki.

II. Efnahagsstefnan.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí síðastliðnum eru sett fram markmið efnahagsstefnunnar á næstu missirum og árum. Meginmarkmiðið er að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum, skapa skilyrði fyrir áframhaldandi hagvöxt og auka þjóðhagslegan sparnað. Stöðugt verðlag og bætt samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs er forsenda nýrra starfa til að mæta auknu framboði vinnuafls. Stefna í gengis- og peningamálum svo og í fjármálum ríkisins miðast við að ná fram þessum markmiðum.

Helstu atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að því er varðar efnahags- og atvinnumál eru:

— Að viðhalda jafnvægi í ríkisfjármálum og lækka skuldir ríkissjóðs með markvissum hætti.
— Að vinna áfram að nýskipan í ríkisrekstri.
— Að efna til markvissra aðgerða til þess að auka almennan sparnað.
— Að endurskoða skattalöggjöfina með það að markmiði m.a. að draga úr jaðaráhrifum og mismunun innan skattkerfisins.
— Að halda áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja, einkum þeirra sem eru í samkeppni við fyrirtæki í eigu einkaaðila.
— Að auka fjölbreytni atvinnulífs og útflutningsgreina.
— Að örva starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og styðja frumkvöðla í atvinnulífinu.
— Að treysta undirstöður byggðar í landinu í samræmi við nýsamþykkta þingsályktun um það efni.
— Að vinna að sem víðtækastri sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið.
— Að efna til víðtæks samráðs stjórnvalda við bændur og samtök þeirra um framtíðarskipulag íslensks landbúnaðar til að tryggja hagkvæmni í greininni og skapa þeim sem landbúnað stunda sem besta afkomu.
— Að breyta skipulagi orkumála þannig að samkeppni verði innleidd til að auka hagkvæmni og lækka orkuverð.
— Að auka veg ferðaþjónustu m.a. með öflugu kynningarátaki á helstu mörkuðum.
— Að efla upplýsingaiðnað þannig að til verði ný störf um allt land sem höfða ekki síst til ungs fólks.
— Að vinna að því að framsækin atvinnuþróunarstefna geti byggt á frjóu rannsóknar- og nýsköpunarumhverfi.
— Skólastarf verði áfram eflt, einkum starfsnám og verkmenntun á framhaldsskólastigi.

— Að endurskoða almannatryggingakerfið svo og samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóðakerfið.

Stefnan í peningamálum.

Meginviðfangsefni stefnunnar í peningamálum hefur að undanförnu falist í að skapa aðhald gegn þenslu og vaxandi verðbólguhættu. Jafnframt hefur útlánaþensla og fjármögnun með erlendum lánum til skamms tíma verið áhyggjuefni í ljósi öryggis og stöðugleika fjármálakerfisins í heild. Til að bregðast við þessum aðstæðum hefur Seðlabankinn hækkað stýrivexti sína þrisvar á þessu ári, samtals um 1,5 prósentustig, í framhaldi af 0,3 prósentustiga hækkun í september 1998. Auk þess setti Seðlabankinn að nýju kvöð á lánastofnanir um að þær skyldu ráða yfir ákveðnu lágmarki lausafjár. Skammtímavaxtamunur gagnvart útlöndum hefur í framhaldi af þessu verið um 5½ prósentustig, sem er hærra en nokkru sinni síðan hömlum var að fullu létt af fjármagnshreyfingum á milli Íslands og umheimsins árið 1995. Raunverulegt aðhaldsstig peningastefnunnar jókst þó ekki að sama skapi, þar sem verðbólga hefur aukist. Stýrivextir Seðlabankans voru því lægri í lok sumars en í byrjun árs á mælikvarða raunvaxta.

Í ljósi vaxandi verðbólgu mun stefnan í peningamálum áfram verða aðhaldssöm. Ákvarðanir um aðgerðir munu að einhverju leyti ráðast af gengi krónunnar, en hækkun þess myndi stuðla að lægri verðbólgu. Um þessar mundir er mikilvægt að slá á verðbólguvæntingar og það takmarkar svigrúm fyrir peningastefnuna að taka tillit til annarra markmiða, svo sem að draga úr viðskiptahalla. Viðskiptahallinn er afleiðing mikillar innlendrar eftirspurnar og ónógs þjóðhagslegs sparnaðar. Hann getur til lengdar grafið undan stöðugleika í gengismálum og því er brýnt að aðgerðir á öðrum sviðum dragi úr hallanum. Þar er aukið framlag hins opinbera til þjóðhagslegs sparnaðar öruggasta og fljótlegasta leiðin, eins og stefnt er að í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár.

Sem fyrr segir hefur Seðlabankinn þegar hækkað vexti sína þrisvar á þessu ári. Sá munur var þó á þessum aðgerðum að vaxtahækkunin í febrúar hafði það að leiðarljósi að styrkja gjaldeyrisforða, draga úr innlendri eftirspurn og styrkja þannig undirstöður stöðugleika í gengismálum. Samtímis var tilkynnt um nýja lausafjárkvöð á lánastofnanir. Vaxtahækkanirnar í júní og september beindust hins vegar að því að slá á vaxandi verðbólgu með hækkun á gengi krónunnar. Gengi krónunnar hafði styrkst um meira en 1% síðla september frá vaxtahækkun Seðlabankans um miðjan júní.

Mikill munur skammtímanafnvaxta hér á landi og í viðskiptalöndum bendir til verulegs peningaaðhalds. Sama má segja um þá staðreynd að skammtímavextir eru nú svipaðir eða hærri en óverðtryggðir vextir til langs tíma. Hins vegar draga auknar verðbólguvæntingar úr aðhaldsstiginu þar sem skammtímaraunvextir verða lægri en ella. Það dregur einnig úr áhrifunum að hækkun skammtímavaxta hefur farið saman við tilhneigingu verðtryggðra langtímavaxta til að lækka, sem einkum kom fram á árinu 1998, en einkaneysla og fjárfesting eru mun næmari fyrir langtímaraunvöxtum en skammtímavöxtum. Meginástæða þessarar þróunar er að líkindum afnám hafta á fjármagnshreyfingar við útlönd sem er smám saman að þrýsta vöxtum hér á landi niður að erlendum vöxtum, en einnig hefur aukinn seljanleiki skuldabréfa á eftirmarkaði stuðlað að lækkun þeirra. Um miðjan september sl. voru verðtryggðir langtímavextir svipaðir og í upphafi ársins en óverðtryggðir vextir hafa hækkað samhliða aukinni verðbólgu og hækkun stýrivaxta Seðlabankans. Hugsanlegt er því að aðhaldsaðgerðir Seðlabankans hafi hamlað gegn frekari lækkun langtímavaxta sem kynt hefði enn meira undir innlendri eftirspurn.

Vöxtur peninga- og útlánastærða fór stigvaxandi á síðasta ári og á sama tíma snerist lausafjárstaða innlánsstofnana úr því að vera jákvæð í að vera stórlega neikvæð. Þessi þróun hélt áfram í byrjun þessa árs og í febrúar ákvað Seðlabankinn að setja reglur um laust fé lánastofnana. Með reglunum var sett lágmark á lausafjárstöðu lánastofnana sem hlutfall af ráðstöfunarfé þeirra. Aðlögunartíma lauk 21. júlí sl. og er nú gerð sú krafa að lausafjárhlutfallið sé að lágmarki 1,5%.

Tilgangur þessara reglna er fyrst og fremst sá að stuðla að varkárni í rekstri lánastofnana og að koma í veg fyrir að útlán þeirra og fjárfestingar séu í óhóflegum mæli fjármögnuð með skammtímalánum frá öðrum lánastofnunum og Seðlabankanum. Þá hafa reglurnar óbein áhrif á erlenda skammtímastöðu. Vegna slakrar lausafjárstöðu höfðu reglurnar þau áhrif til skamms tíma að rýra útlánagetu lánastofnana, sem voru að sínu leyti æskileg hliðaráhrif. Hins vegar er ólíklegt að þær muni hafa varanleg áhrif á vöxt útlána, þar sem lánastofnanir munu laga sig að þeim.

Ljóst var að þessar reglur hefðu ýmsar óæskilegar hliðarverkanir. Sum bréf teljast til lauss fjár en önnur ekki þótt í mörgum tilvikum megi telja að séu auðseljanleg á markaði. Þetta kann að leiða til þess að vaxtarófið brenglist þar sem eignir sem teljast til lausafjár verða eftirsóknarverðari en aðrar. Því var í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og lánastofnanir hleypt af stokkunum vinnu við þróun nýrra reglna um laust fé þar sem laust fé og lausafjárskuldir eru metnar með víðtækari hætti. Þróun nýrra reglna er vel á veg komin og hugsanlegt er að þær geti tekið gildi á komandi vetri. Seðlabankinn hyggst þó ekki slaka á þeim varúðarsjónarmiðum sem liggja að baki núverandi reglum.

Sú gengisstefna, sem fylgt hefur verið, hefur reynst vel hér á landi á undanförnum árum, en hagstæð efnahagsþróun síðustu ára hefur auðveldað framkvæmd stefnu stöðugleika í gengismálum. Ekki eru uppi nein áform um breytingar á hinni formlegu stefnu í gengismálum. Gengið gæti hins vegar hugsanlega hreyfst meira innan vikmarkanna í því skyni að stuðla að lágri verðbólgu og draga úr hættu á að innlendir sem erlendir fjárfestar fari að líta á mjög fast gengi sem óbeina ríkisábyrgð á bak við fjárfestingar á íslenskum fjármagnsmarkaði. Einnig verður áfram fylgst með framvindu gengismála í heiminum, einkum á evrusvæðinu, og áhrifum þeirra á íslenskt efnahagslíf.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 2000 gerir ráð fyrir að vöxtur innlendrar eftirspurnar verði hóflegur og verulega dragi úr hagvexti. Gangi þessar spár eftir ætti að draga úr þeirri umframeftirspurn á vöru- og vinnumörkuðum sem nú ógnar verðstöðugleika á Íslandi. Stefnan í peninga- og gengismálum mun áfram mótast af því meginmarkmiði að draga úr þeirri þenslu, sem enn ríkir, og skapa skilyrði til þess að endurheimta þann verðstöðugleika sem verið hefur undanfarin ár.

Stefnan í ríkisfjármálum.

Þróun efnahagsmála hér á landi hefur verið hagfelld á flesta mælikvarða á afkomu þjóðarbúskaparins. Staða ríkisfjármála hefur færst til betri vegar að undanförnu og horfur á myndarlegum og vaxandi afgangi á fjárlögum á næstu árum. Jafnframt hefur skuldastaða ríkisins batnað verulega að undanförnu enda hefur hagstæð afkoma ríkissjóðs verið nýtt til þess að greiða niður skuldir og búa þannig í haginn fyrir framtíðina.

Þessar staðreyndir sýna að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur skilað umtalsverðum árangri. Jafnframt hefur Ísland skipað sér á bekk með þeim þjóðum sem sýna hvað bestan árangur í efnahags- og ríkisfjármálum að undanförnu. Íslensk stjórnvöld hafa enda fengið jákvæða umfjöllun í skýrslum OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, bæði vegna þeirra áherslubreytinga sem orðið hafa í hagstjórn og ýmissa skipulagsbreytinga sem ríkisstjórnin

hefur beitt sér fyrir á mörgum sviðum efnahagslífsins, á fjármálamarkaði, í opinberum rekstri með aukinni áherslu á hagræðingu og markaðsvæðingu, í lífeyrismálum og víðar. Sömu sögu er að segja af þeim fyrirtækjum sem hafa skoðað stöðu íslenskra efnahagsmála með það fyrir augum að meta lánshæfi. Jákvæð umsögn þessara aðila hefur síðan skilað sér með áþreifanlegum hætti í þjóðarbúið í formi lægri vaxta af erlendum lánum.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2000 er lagt fram með hagstæðari niðurstöðu en þekkst hefur hér á landi um mjög langt árabil, hvort sem litið er á tölur um afgang eða þær skoðaðar í hlutfalli við landsframleiðslu. Rekstrarafgangur ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu er áætlaður 15 milljarðar króna, eða sem svarar til 2,2% af landsframleiðslu. Lánsfjárjöfnuður er talinn verða enn hagstæðari, eða tæplega 24 milljarðar króna. Til samanburðar má nefna að fjárlög ársins 1999 voru afgreidd með 2,4 milljarða króna afgangi, en nú er áætlað að endanleg niðurstaða verði nálægt 7½ milljarði, eða um 1,2% af landsframleiðslu. Lánsfjárjöfnuður ársins 1999 er jafnframt talinn verða um 20 milljarðar króna, samanborið við 17 milljarða afgang árið 1998. Samanlagt nemur lánsfjárafgangur áranna 1998–2000 því rúmlega 60 milljörðum króna. Öllu því fjármagni er unnt að verja til uppgreiðslu lána eða til að bæta stöðu ríkissjóðs að öðru leyti.

Eins og ofangreindar tölur bera með sér er í frumvarpinu lögð megináhersla á að nýta hagstætt árferði til þess að reka ríkissjóð með verulegum afgangi og skapa með því svigrúm til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Þessi stefnumörkun er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá síðasta vori þar sem meðal annars er kveðið á um nauðsyn aðhaldssamrar hagstjórnar og að ríkissjóður skuli rekinn með umtalsverðum afgangi. Við núverandi aðstæður er fátt mikilvægara svo sporna megi gegn viðskiptahalla og þenslu í efnahagslífinu.

Þótt mikill uppgangur hafi þannig verið í efnahagslífinu að undanförnu er fyllsta ástæða til þess að fara að öllu með gát við stjórn efnahagsmála. Á þessu ári hefur gætt tilhneigingar til aukinnar verðbólgu, sem meðal annars má rekja til hækkunar olíuverðs á alþjóðamarkaði. Auk þess hafa miklar launahækkanir og aukinn kaupmáttur leitt til aukinnar eftirspurnar innan lands, sem aftur hefur leitt til nokkurrar verðhækkunar, ekki síst á fasteignamarkaði. Aukin innlend eftirspurn hefur einnig leitt til umtalsverðs viðskiptahalla frá árinu 1998, en horfur eru á að hann fari minnkandi á næstu árum. Engu að síður er mikilvægt að fylgja áfram aðhaldssamri efnahagsstefnu sem miðar að því að treysta stöðugleika í verðlagi og skapa þannig skilyrði fyrir áframhaldandi hagvexti.

Við þessar aðstæður eru veigamikil rök fyrir því að treysta stöðu ríkisfjármála enn frekar. Þannig er mikilvægt að sterk staða ríkisfjármála myndi mótvægi við viðskiptahallann og stuðli þannig að auknum þjóðhagslegum sparnaði. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir auknum þjóðhagslegum sparnaði með ýmsum öðrum hætti, meðal annars með átaki til að efla hinn frjálsa lífeyrissparnað landsmanna. Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum á árinu 1999 hefur ótvírætt hamlað gegn innlendri eftirspurn. Með fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2000 er gengið enn lengra og gert ráð fyrir helmingi meiri rekstrarafgangi en horfur eru á árið 1999. Veigamikill þáttur í auknu aðhaldi er frestun opinberra framkvæmda á ýmsum sviðum til þess að hamla gegn mikilli þenslu. Jafnframt hefur ýmsum hugmyndum og áformum um ný verkefni verið slegið á frest. Með þessu leggur ríkisvaldið sitt lóð á vogarskálarnar til þess að unnt verði að varðveita efnahagslegan stöðugleika.

Traust afkoma ríkissjóðs gerir kleift að greiða niður skuldir ríkissjóðs og grynnka á vaxta- og greiðslubyrði næstu ára. Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að þessu markmiði. Sú vinna hefur skilað þeim árangri að í stað langvarandi hallareksturs og skuldasöfnunar hafa skuldir ríkissjóðs lækkað um meira en fimmtung af landsframleiðslu frá 1995 til ársloka 1998 og horfur eru á frekari lækkun á þessu og næsta ári. Samkvæmt áætlun fjárlaga-

frumvarpsins er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði nálægt 30% í árslok 2000 samanborið við 51% í árslok 1995.

Stefnan í atvinnumálum.

Í atvinnumálum verður áfram unnið að því að treysta stöðu hinna hefðbundnu atvinnugreina. Þannig verður unnið að því að ná sem víðtækastri sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið án þess að raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni. Í landbúnaði verður efnt til víðtæks samráðs stjórnvalda við bændur og samtök þeirra um framtíðarskipulag íslensks landbúnaðar til að tryggja hagkvæmni í greininni og skapa þeim sem landbúnað stunda sem besta afkomu.

Mikilvæg undirstaða allra atvinnugreina er aukin menntun og þekking. Það eru einnig forsendur aukinnar fjölbreytni í atvinnulífinu. Upplýsingatækni og rannsóknir gegna hér veigamiklu hlutverki.

Ein árangursríkasta leiðin til að auka framleiðni íslensks atvinnulífs er að nýta nýjungar í upplýsinga- og fjarskiptatækni. Ávinningurinn af því er meiri fyrir Ísland en flestar aðrar þjóðir, sökum fjarlægðar frá stórum mörkuðum. Þessi nýja tækni mun nýtast litlum fyrirtækjum einkar vel og draga úr því óhagræði sem stafar af fjarlægð landsins frá erlendum mörkuðum. Ríkisstjórnin telur mikilvægt að umgjörð rafrænna viðskipta sé sem tryggust og að óþarfa lagahindranir standi ekki í vegi fyrir eðlilegri þróun á þessu sviði.

Þróun á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni hefur nú þegar gert framtaksömum mönnum kleift að skapa ný störf á landsbyggðinni, störf sem að öðrum kosti hefðu verið unnin á höfuðborgarsvæðinu. Ríkisstjórnin vill stuðla að áframhaldandi þróun í þessa átt og efla upplýsingaiðnaðinn þannig að til verði ný störf um allt land – ekki síst störf sem höfða til ungs fólks.

Víðtækar athuganir á vegum OECD á síðustu árum hafa sýnt fram á að verulegan hluta efnahagslegra og þjóðfélagslegra framfara megi rekja beint og óbeint til nýjunga á sviði vísinda og tækni og fjárfestingar í menntun. Hér á landi hefur fjárfesting síðustu 20 ára í menntun og rannsóknum verið að skila sér í ríkum mæli að undanförnu. Íslenskir vísindamenn hafa staðið sig vel í alþjóðlegum samanburði og þátttaka þeirra í alþjóðasamvinnu fer hraðvaxandi. Efnahagsumbætur þær sem ríkisstjórnin hrinti af stað fyrir nokkrum árum hafa leitt til aukins stöðugleika og frelsis á fjármálamarkaði. Það hefur að undanförnu leyst úr læðingi áhættufé sem mjög hefur örvað myndun og vöxt hátæknifyrirtækja og flýtt fyrir hagnýtingu nýrrar þekkingar í atvinnulífinu. Þetta mun eiga sinn þátt í örum hagvexti og atvinnusköpun hér á landi síðustu ár.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er því lögð áhersla á mikilvægi vísinda- og tækniþekkingar fyrir efnahagslegar og félagslegar framfarir. Gert er ráð fyrir margvíslegum aðgerðum til að efla hlut vísinda- og tæknimenntunar á háskólastigi og ýta undir rannsóknir, þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins til að auka fjölbreytni atvinnuveganna. Ríkisstjórnin mun leita leiða til að endurskipuleggja og samhæfa betur starfsemi rannsókna- og skólastofnana í þágu þekkingaruppbyggingar og þjónustu fyrir atvinnulífið. Jafnframt verður hugað að því að skattareglur og reglur um einkaleyfi og verndun þekkingarverðmæta örvi fyrirtæki til rannsókna- og þróunarvinnu. Einnig mun ríkisstjórnin leita leiða til að efla grunnrannsóknir til að tryggja sem best langtímaþarfir atvinnulífs og þjóðlífs og að hér á landi verði aðstaða til að taka við og meta nýja þekkingu í vísindum og tækni og sinna margvíslegum rannsóknum á sviði félags- og menningarmála. Öflug þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, m.a. við önnur Norðurlönd, lönd innan Evrópusambandsins, Bandaríkin o.fl., er mikilvægur þáttur í uppbyggingu vísindalegrar færni, aukinnar virkni og yfirfærslu á alþjóðlegri þekkingu til íslenskra stofnana. Rannsóknarráði Íslands, RANNÍS, hefur verið falið að gera tillögur í þess-

um efnum til ríkisstjórnarinnar, samræma aðgerðir eftir því sem kostur er og gera með reglubundum hætti menntamálaráðherra og ríkisstjórn grein fyrir stöðu Íslands í þessum efnum.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að marghátttuðum skipulagsbreytingum í ýmsum atvinnugreinum, sem hafa að meira eða minna leyti verið undir stjórn hins opinbera. Hér má nefna fjármagnsmarkað, fjarskiptamarkað og raforkumarkað. Fjármagnsmarkaður hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Hann hefur dafnað vel við hagstæð ytri skilyrði og ráðist hefur verið í miklar skipulagsbreytingar sem auka munu samkeppnishæfni hans í vaxandi erlendri samkeppni. Síðan að velheppnaðri hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna og endurskipulagningu fjárfestingarlánasjóðakerfisins lauk hefur verið unnið að því að draga úr eignarhaldi ríkisins á fjármálafyrirtækjum og skrá þau á markaði. Á þessu kjörtímabili er stefnt að því að selja hlutabréf ríkisins í fjármálafyrirtækjum með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við söluna verður þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum.

Á undanförnum árum hefur skipan raforkumála tekið miklum breytingum víða erlendis. Þessar breytingar hafa í megindráttum falist í því að skilja í sundur þá þætti raforkukerfisins sem eðlilegt þykir að háðir verði sérleyfi og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið. Leitast er við að nýta kosti frjálsrar samkeppni, einkum í vinnslu og sölu raforku. Þessar breytingar hafa tekist vel og er það nú skoðun flestra að samkeppnisumhverfi skili að jafnaði bestum árangri í vinnslu og sölu. Ríkisstjórnin hyggst breyta skipulagi orkumála þannig að samkeppni verði innleidd til að auka hagkvæmni og lækka orkuverð. Um leið verði unnið að jöfnun orkuverðs og gæði þjónustunnar jafnframt aukin.

Skipulagsbreytingarnar á fjármagnsmarkaði, fjarskiptamarkaði og orkumarkaði munu áfram stuðla að aukinni samkeppni í hagkerfinu sem kemur bæði fyrirtækjum og heimilum til góða á næstu árum.

III. Ástand og horfur.

1. Staða og horfur í þjóðarbúskapnum.

1.1 Helstu niðurstöður.

Undanfarin 4 ár hefur íslenskur þjóðarbúskapur búið við einstaka hagsæld. Nærri lætur að landsframleiðsla hafi vaxið um fjórðung á þessu tímabili. Horfur eru hins vegar á því að á árinu 2000 hægi á vexti þjóðarútgjalda og af þeim sökum verði hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu nokkuð minni en undanfarin ár eða um 2,7%. Til samanburðar er áætlað að vöxtur landsframleiðslu á árinu 1999 verði um 5,8%. Reyndar má segja að hægari vöxtur þjóðarútgjalda sé forsenda þess að verðstöðugleiki undanfarinna ára verði varðveittur. Verðlagshækkanir hafa verið meiri á þessu ári en um nokkurt skeið og mun meiri en í viðskiptalöndum okkar. Þjóðhagsstofnun spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 5% innan ársins og 3,2% milli áranna 1998 og 1999. Gangi spá um hægari vöxt þjóðarútgjalda eftir er þess hins vegar að vænta að það dragi úr þrýstingi á verðlag. Spá Þjóðhagsstofnunar gerir því ráð fyrir því að á árinu 2000 hækki vísitala neysluverðs um 2½% frá upphafi til loka árs og nálægt 4% milli áranna 1999 og 2000.

Aðrar helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

— Horfur á vinnumarkaði eru góðar. Reiknað er með að árið 2000 atvinnuleysi verði að meðaltali svipað og á þessu ári eða um 2%.

— Áætlanir benda til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækki um tæplega 5% í ár. Þar sem kjarasamningar á almennum markaði renna út í febrúar ríkir töluverð óvissa um þróun kaupmáttar á næsta ári. Gert er ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunar-

tekna á mann aukist í takt við kaupmátt ráðstöfunartekna í helstu viðskiptalöndum eða á bilinu 1–1½%.

— Gert er ráð fyrir að á árinu 2000 hægi á vexti út- og innflutnings. Spáð er að vöxtur útflutnings vöru og þjónustu verði um 2½% og vöxtur innflutnings 2%. Áætlaður vöxtur útflutnings á þessu ári er tæp 8½% og vöxtur innflutnings tæp 3½%. Reiknað er með að lítils háttar rýrnun á viðskiptakjörum á þessu ári gangi til baka á því næsta.
— Áfram er gert ráð fyrir miklum halla á viðskiptum við útlönd. Reiknað er með 29 milljarða króna viðskiptahalla á árinu 1999 eða 4½% af landsframleiðslu og að hann verði svipaður á næsta ári. Flest bendir til að halli á viðskiptum við útlönd verði áfram umtalsverður á árunum 2001–2004, en fari þó minnkandi.
— Mikill viðskiptahalli endurspeglast í aukningu erlendra skulda þjóðarbúsins. Hrein erlend skuld var um áramót 48,3% af landsframleiðslu. Reiknað er með að þetta hlutfall hækki um 1,5 prósentustig fyrir lok næsta árs.
— Allt stefnir í það að afkoma hins opinbera haldi áfram að batna. Áætlað er að tekjuafgangur ríkis og sveitarfélaga verði um 8 milljarðar króna á þessu ári samkvæmt uppgjöri Þjóðhagsstofnunar en hann var um 5½ milljarður króna árið 1998. Á næsta ári er gert ráð fyrir því að tekjuafgangur verði 10½ milljarður króna.
— Horfur eru á því að árlegur hagvöxtur verði að meðaltali um 2% á árunum 2001–2004. Þess ber að geta að þessi framreikningur er mjög háður forsendum um ytri skilyrði þjóðarbúsins svo og ýmsum öðrum forsendum, t.d. er varða framleiðniþróun. Þá er í honum ekki gert ráð fyrir neinni viðbótarstóriðju eftir stækkun Norðuráls í 90.000 tonn.

1.2 Yfirlit þjóðhagsspár.

Áætlað er að vöxtur landsframleiðslu í ár verði 5,8%. Er þetta nokkuð meiri hagvöxtur en áður var gert ráð fyrir. Skýrist það fyrst og fremst af því að ekki er útlit fyrir samdrátt í fjárfestingu frá fyrra ári eins og áður hafði verið reiknað með við lok ýmissa stórra framkvæmda. Þar koma til auknar byggingaframkvæmdir vegna íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Áætlað er að einkaneysla aukist í takt við aukinn kaupmátt ráðstöfunartekna eða um 6%. Mikill hagvöxtur byggist að hluta á hröðum vexti útflutnings sem skýrist m.a. af auknum útflutningi áls og kísiljárns og auknum tekjum af ferðamönnum. Auk þess hefur hægt mjög á aukningu innflutnings og því vex landsframleiðslan hraðar en þjóðarútgjöld. Viðskiptahalli verður þó áfram mikill eða um 29 milljarðar króna sem samsvarar 4,6% af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir að jöfnuður þáttatekna verði öllu óhagstæðari í ár en í fyrra vegna aukinna vaxtagreiðslna af erlendum lánum sem leiðir til þess að þjóðarframleiðsla vex hægar en landsframleiðsla eða um 5,2%. Vegna lakari viðskiptakjara en á síðasta ári er áætlað að þjóðartekjur aukist aðeins minna, eða um 4,8%. Verri viðskiptakjör má rekja til lægra verðs á útfluttu áli og kísiljárni auk hækkunar á innfluttri olíu.

Yfirlit þjóðhagsspár.

	1999	Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
				Áætlun	Spá
	m.kr.	1997	1998	1999	2000
Einkaneysla	395.730	6,0	11,0	6,0	2,5
Samneysla	137.651	3,1	3,7	3,4	2,5
Fjármunamyndun	127.424	10,5	23,4	-0,1	2,1
Þjóðarútgjöld alls	**660.806**	**6,2**	**12,1**	**4,0**	**2,4**
Útflutningur vöru og þjónustu	223.439	6,0	2,4	8,3	2,6
Innflutningur vöru og þjónustu	242.350	8,6	22,1	3,4	2,0
Landsframleiðsla	**641.894**	**5,3**	**5,1**	**5,8**	**2,7**
Þjóðarframleiðsla	**631.952**	**5,2**	**6,2**	**5,2**	**2,4**
Viðskiptakjaraáhrif	-	0,9	1,4	-0,4	0,3
Þjóðartekjur	**631.952**	**6,2**	**7,7**	**4,8**	**2,7**
Viðskiptajöfnuður	**-29.292**	-	-	-	-
% af landsframleiðslu	-	-1,4	-5,7	-4,6	-4,2
Breyting kaupmáttar ráðstöfunart. á mann (%)	-	4,5	8,5	4,8	1,3
Breyting neysluverðs (%)	-	1,8	1,7	3,2	3,9

Spáð er að töluvert dragi úr vexti landsframleiðslu á næsta ári og að hagvöxtur verði um 2,7%. Reiknað er með að það hægi á vexti einkaneyslu með hægari vexti kaupmáttar. Hins vegar er því spáð að í stað samdráttar í ár aukist fjárfesting nokkuð hraðar á næsta ári. Þar gætir helst kaupa og endurbóta á fiskiskipum, áframhaldandi vaxtar í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði og stækkunar Norðuráls. Gert er ráð fyrir að vöxtur þjóðarútgjalda verði 2,4%. Vöxtur landsframleiðslu umfram þjóðarútgjöld skýrist af hraðari vexti útflutnings en innflutnings. Jafnframt er gert ráð fyrir að vöxtur bæði útflutnings og innflutnings verði hægari árið 2000 en í ár. Að vísu er reiknað með svipaðri aukningu í útflutningi sjávarafurða og í ár, en á móti kemur töluvert minni aukning í útflutningi áls. Talið er að gæta muni mettunaráhrifa í innflutningi varanlegra neysluvara og að minna verði flutt inn af rekstrarvörum og fjárfestingarvörum til annarra en stóriðju. Gert er ráð fyrir að viðskiptahalli verði svipaður að krónutölu og í ár en þó öllu lægra hlutfall af landsframleiðslu eða 4,2% í stað 4,6%. Í samræmi við auknar skuldir þjóðarbúsins munu vaxtagreiðslur aukast og halli á jöfnuði þáttatekna vaxa áfram á næsta ári. Af þessum sökum er því spáð að vöxtur þjóðarframleiðslu verði 0,3 prósentustigum lægri en vöxtur landsframleiðslu eða 2,4%. Gert er ráð fyrir að rýrnun viðskiptakjara í ár gangi til baka á næsta ári og þjóðartekjur hækki því öllu meira en þjóðarframleiðslan eða um 2,7%.

1.3 Efnahagshorfur á næstu árum.

Á undanförnum árum hefur Þjóðhagsstofnun birt áætlun um horfur í efnahagsmálum til næstu ára. Þetta er framreikningur byggður á spá fyrir árið 2000 og gefnum forsendum um ytri aðstæður þjóðarbúsins og stefnu í efnahagsmálum á árunum eftir 2000 og gefur því einungis vísbendingar um það sem koma skal.

Rammi 1. Hagvaxtarspár.

Spár um hagvöxt eru í eðli sínu ónákvæmar og skyldi því ávallt taka með fyrirvara um þær forsendur sem að baki liggja. Grunnur hagvaxtarspáa er stærðfræðileg nálgun á raunveruleikanum, þar sem sambönd hagstærða hafa verið nálguð með tölfræðilegum aðferðum. Þegar grunnurinn liggur fyrir er tekið tillit til sérstakra aðstæðna á hverjum tíma í þeim tilvikum þar sem vitað er um frávik frá reiknuðum forsendum og einnig er tekið tillit til efnahagsstefnu á hverjum tíma. Spár um hagvöxt eru því í raun framreikningur sem byggir á fortíðinni að gefnum forsendum um ytri stærðir og efnahagsstefnu.

Frá því spá er gefin út þar til hún er endurskoðuð geta forsendur um ytri stærðir og efnahagsstefnu breyst töluvert. Á sama tíma hafa eldri gögn e.t.v. verið endurskoðuð vegna fyrri ára sem breyta þá þeim grunni sem framreikningurinn byggir á. Fyrsta spá er að jafnaði gefin út nokkru áður en nýtt ár rennur upp. Margt getur breyst þar til niðurstaðan liggur fyrir, sem yfirleitt er ekki fyrr en að liðnum nokkrum árum.

Vegna eðlis framreikninga er sérstaklega erfitt að spá umskiptum í þjóðarbúskapnum og sjást þess glöggt merki í síðustu uppsveiflu efnahagslífsins hér á landi. Eftir stöðnunartímabil frá 1988–1993 var spáð 2,6% samdrætti í landsframleiðslu árið 1994 í þjóðhagsáætlun haustið 1993. Ekki var á þeim tíma hægt að sjá fyrir þann efnahagsbata er fram kom á árinu, en áætlanir um hagvöxt fóru stighækkandi með hverri endurskoðun og hagvöxtur mældist að lokum 3,5% á árinu 1994. Mismunur fyrstu spár og endanlegrar niðurstöðu var því 6,1 prósentustig. Fyrstu áætlanir um hagvöxt árið 1995 voru um 1,4% hagvöxt og niðurstaða ársins var ekki langt frá þeirri áætlun eða 1%. Við endurskoðun spár milli fyrstu spár og endanlegrar spár fóru áætlanir um hagvöxt hins vegar í 3%. Á árunum 1996–1999 hafa fyrstu spár um hagvöxt verið mun lægri en síðustu tölur segja til um. Þannig var í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1997 gert ráð fyrir 2,5% hagvexti, en nú er ætlað að hagvöxtur á því ári hafi numið 5,3% og munar þar 2,8 prósentustigum.

Í meðfylgjandi töflu eru sýndar spár og áætlanir um hagvöxt eins og þær birtust í þjóðhagsáætlun og Þjóðarbúskapnum ár hvert fyrir árin 1994–1999.

Áætlanir um hagvöxt frá 1994–1999.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Dagsetning spár						
október, 1993	-2,6					
mars, 1994	-1,1					
október, 1994	1,9	1,4				
apríl, 1995	2,8	3,0				
október, 1995	2,8	3,2	2,0			
febrúar, 1996	3,5	2,0	3,0			
október, 1996	3,6	2,1	5,5	2,5		
apríl, 1997	3,5	1,2	5,7	3,5		
október, 1997		1,0	5,2	4,5	3,5	
mars, 1998		1,0	5,5	5,0	4,6	
október, 1998			5,6	4,4	5,2	4,6
mars, 1999			5,7	5,2	5,0	4,8
október, 1999				5,3	5,1	5,8

Hagvöxtur hefur verið óvenjumikill hér á landi síðustu ár, en svo virðist sem nú sjái fyrir enda þessa mikla hagvaxtarskeiðs. Framleiðslugeta hagkerfisins er að heita fullnýtt og hagvexti því nokkur takmörk sett á næstu árum.

Framreikningarnir taka mjög mið af þeim forsendum sem gefnar eru og ná til tímabilsins 2001–2004. Hér eru spár alþjóðastofnana um hagvöxt á næstu árum lagðar til grundvallar. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur í OECD ríkjunum nemi um 2,5% að meðaltali og verðbólga mælist um 1,8% á ári frá 2001 til 2004. Minni óvissa ríkir nú um efnahagsþróun á alþjóðavettvangi en um nokkurt skeið. Þó er ljóst að einstök ríki eru komin mislangt í efnahagsuppsveiflunni. Sum búa við hraðan hagvöxt á meðan önnur eru mun skemmra á veg komin.

Gert er ráð fyrir að mjög dragi úr vexti helstu þjóðhagsstærða á næstu árum þótt ekki sé í þessum framreikningi gert ráð fyrir samdrætti í efnahagslífinu. Þannig er gert ráð fyrir að hagvöxtur á árunum 2001–2004 verði um 2% að meðaltali sem er töluvert minni vöxtur en á árunum 1996–1999 þegar vöxturinn var að meðaltali 5½% og heldur hægir á vexti frá því sem áætlað er á árinu 2000, þegar gert er ráð fyrir 2,7% vexti. Í kjölfar mikillar aukningar í einkaneyslu á undanförnum árum er nú búist við 1½% vexti að meðaltali á ári á tímabilinu frá 2001–2004. Gert er ráð fyrir svipuðum launabreytingum og í helstu viðskiptalöndum okkar, eða á bilinu 3–4%. Þá er búist við að dragi úr verðbólguhraðanum frá því sem gert er ráð fyrir á árunum 1999 og 2000 og verðbólga mælist að meðaltali 2½% á tímabilinu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann eykst þannig um ríflega 1% á ári.

Forsendur spárinnar gera ráð fyrir heldur minni vexti samneyslu en á undanförnum árum eða á bilinu 2–2½%. Þá er gert ráð fyrir að í kjölfar mikilla fjárfestinga síðastliðin ár dragi mjög úr vexti fjárfestingar á næstu árum og hann nemi um 2% á ári að meðaltali. Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu helst þannig nokkuð stöðug frá árinu 2000 og nemur um 19% af landsframleiðslu.

Þá er gert ráð fyrir að útflutningur vaxi heldur hraðar en innflutningur. Reiknað er með að framleiðsla sjávarafurða aukist um 2% á ári á tímabilinu frá 2001–2004 og að álver Norðuráls verði stækkað um helming og framleiðsla í þeim hluta álversins hefjist á árinu 2001. Þá er gert ráð fyrir vexti í framleiðslu annarra útflutningsafurða. Árlegur vöxtur útflutnings í heild er því áætlaður 2½%. Á móti er gert ráð fyrir minni vexti þjóðarútgjalda en á undanförnum árum og þannig minni vexti innflutnings eða sem nemur 1½–2%. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn minnki þegar líða tekur á tímabilið, þótt að meðaltali nemi hann um 3% af landsframleiðslu á tímabilinu frá 2001–2004. Þetta veldur áframhaldandi skuldasöfnun erlendis en búist er við að erlendar skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu hækki fram til ársins 2001, en eftir það haldist hlutfallið nokkuð stöðugt eða um 52–53% af landsframleiðslu.

Gert er ráð fyrir að verð helstu útflutningsafurða þróist í takt við erlent verðlag, að því undanskildu að gert er ráð fyrir heldur meiri hækkun álverðs og verðs kísiljárns, sem er í samræmi við spár alþjóðastofnana. Þannig fara viðskiptakjör batnandi á tímabilinu.

Með minni umsvifum í efnahagslífinu minnkar spurn eftir vinnuafli og atvinnuleysi eykst. Ekki er þó hér gert ráð fyrir miklum breytingum á atvinnuleysi og reiknað með að það verði 3% að meðaltali. Gera má ráð fyrir að vöxtur í framleiðni vinnuafls minnki á næstu árum, en hann hefur verið mjög mikill í uppsveiflunni. Hér er gert ráð fyrir að hann verði um 1½% sem er svipað og gert er ráð fyrir í nágrannaríkjum okkar.

Óvissuþættir þessara framreikninga eru margir. Fyrst má telja óvissu um niðurstöður þeirra kjarasamninga sem gerðir verða á næstu árum sem munu hafa mikil áhrif á efnahagsþróun, ekki síst á verðlagsþróun. Þá er alltaf mikil óvissa um framleiðslu sjávarafurða, þótt ýmislegt bendi til að aflabrögð ættu að vera allgóð á næstu árum. Hér er ekki gert ráð fyrir

stóriðjuframkvæmdum öðrum en stækkun Norðuráls, en hugsanlegt er að ráðist verði í fleiri stóriðjuframkvæmdir á þessu tímabili.

2. Alþjóðleg efnahagsmál.

Þegar horft er til helstu kennileita í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi er nú kyrrara yfir að líta en verið hefur um nokkurt skeið. Fjármálaerfiðleikarnir sem settu svip sinn á framvinduna árin 1997 og 1998 virðast að mestu að baki og við blasir jafnari hagþróun í heimsbúskapnum. Þannig gera alþjóðaefnahagsstofnanir ráð fyrir að hagvöxtur glæðist í Japan og Evrópu á næstu missirum en minnki aftur á móti í Bandaríkjunum. Svipaða sögu er að segja af hagvaxtarhorfum í öðrum löndum. Í flestum tilvikum er reiknað með hægari hagvexti þar sem þenslueinkenni hafa komið fram og örari vexti þar sem illa hefur gengið. Þessi jafnvægisleitni er þemað í spám alþjóðaefnahagsstofnana.

Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum.

Hlutfallslegar breytingar (%) nema annað sé tekið fram.

	1997	1998	Áætlun 1999	Spá 2000
Hagvöxtur	**4,2**	**2,5**	**2,8**	**3,4**
Iðnríki	3,2	2,2	2,6	2,6
Bandaríkin	3,9	3,9	3,7	2,6
Evrusvæðið	2,4	2,8	2,1	2,8
Japan	1,4	-2,8	0,2	1,0
Þróunarríki	5,8	3,2	3,5	4,7
Nýmarkaðsríki	2,2	-0,2	0,2	2,3
Rússland	0,9	-4,6	-2,0	–
Asía	6,6	3,7	5,2	5,3
Alþjóðaviðskipti	**9,9**	**3,6**	**3,7**	**6,1**
Hráolíuverð	**-5,4**	**-32,1**	**16,3**	**4,6**
Verðbólga				
Iðnríki	2,1	1,6	1,4	1,8
Þróunarríki	9,2	10,3	7,0	5,8
Nýmarkaðsríki	28,2	20,9	40,3	18,5
Vextir, LIBOR, 6 mánaða				
Bandaríkjadollarar	5,8	5,5	5,4	6,0
Japönsk jen	0,7	0,6	0,1	0,2
Evra	3,5	3,7	2,8	3,0

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, september 1999.

Þótt þannig gæti bjartsýni í alþjóðaefnahagsmálum um þessar mundir er rétt að vekja athygli á því að óvissa ríkir um þessar spár eins og jafnan áður. Í því sambandi skiptir líklega mestu máli að sú aðlögun að jafnari vexti sem gert er ráð fyrir kann að verða skrykkjóttari en nú verður séð fyrir. Þannig er t. d. spáð „mjúkri lendingu“ í bandarísku efnahagslífi, þ.e. að jafnt og þétt hægi á efnahagsstarfseminni niður í vöxt sem fær staðist til lengdar. En lend-

ingin gæti auðvitað orðið hörð, t.d. ef verð á hlutabréfum lækkaði snarlega, og þá vaknaði spurningin um hvort eftirspurn og umsvif á evrusvæðinu og í Japan ykjust nægilega mikið og hratt til að vega á móti niðursveiflunni í Bandaríkjunum. Jafnframt gæti mikill viðskiptahalli í Bandaríkjunum leitt af sér snögga lækkun á gengi dollarans. Slík hækkun gæti valdið ýmsum aðlögunarerfiðleikum í heimsbúskapnum við núverandi aðstæður.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir nú 2,6% hagvexti í iðnríkjunum á þessu ári og sama vexti á árinu 2000. Þótt vöxturinn í heild breytist ekki verða miklar breytingar milli einstakra ríkja. Til marks um það bera Bandaríkin uppi hagvöxtinn á þessu ári, áætlað er að hann verði 3,7%, en reiknað er með að hann lækki í 2,6% á árinu 2000. Á móti vegur að vöxturinn í Japan er talinn fara úr nánast engu í 1% á næsta ári og á evrusvæðinu er spáð 2,8% vexti í stað 2,1% í ár. Búist er við að hagvöxtur í öðrum ríkjum en iðnríkjunum — þróunarlöndunum og nýmarkaðsríkjum — aukist á ný og því eykst heimsframleiðslan um 3,4% á næsta ári borið saman við 2,8% á þessu ári.

Verðbólga er innan viðunandi marka í öllum iðnríkjunum um þessar mundir. Þá er miðað við að hún sé innan við 3,0%. Ekki er gert ráð fyrir breytingu í þessum efnum milli áranna 1999 og 2000 þótt spáð sé ívið meiri verðbólgu á næsta ári, eða 1,8% í stað 1,4% á þessu ári. Engu að síður er verðbólga áhyggjuefni í nokkrum ríkjum þar sem þenslu hefur gætt, svo sem í Bandaríkjunum, Noregi og Danmörku. Þá verður Ísland að teljast til þessara landa enda er verðbólga nú meiri hér en í öðrum iðnríkjum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reiknar með að vextir hækki nokkuð á næsta ári, einna mest í Bandaríkjadollurum. Vaxtahækkunin er þó víðast hvar varla meiri en sem samsvarar aukinni verðbólgu. Töluverður munur verður áfram á vöxtum milli landa. Til að mynda er spáð að sex mánaða Libor vextir í Bandaríkjadollurum verði að meðaltali um 6% á næsta ári, um 3% í evrum og 0,2% í jenum.

Eins og við er að búast er talið að atvinnuástand muni batna þar sem hagvöxtur færist í aukana og öfugt þar sem hann fer minnkandi. Þegar til iðnríkjanna er litið í heild er hins vegar spáð óbreyttu atvinnuástandi milli áranna 1999 og 2000, eða 6,7% atvinnuleysi. Evrópa sker sig úr í þessu sambandi. Þar er atvinnuleysi víða um eða yfir 10%, en fer að vísu hægt minnkandi með vaxandi hagvexti.

Að öllu samanlögðu fela þessar horfur í sér hagstæðar ytri aðstæður fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Eftirspurn og umsvif munu samkvæmt þessu fara vaxandi á mikilvægum mörkuðum fyrir íslenskar afurðir. Engu að síður er rétt að minna á að óvissa ríkir um ýmsar forsendur þessarar spár.

3. Fjármagnsmarkaður.

3.1 Vextir og gengi.

Ástand á peningamarkaði, þ.e. markaði með verðbréf með skamman líftíma, endurspeglar jafnan ástand í efnahagsmálum á hverjum tíma. Seðlabankinn notar peningamarkað til vaxtastýringar og á honum fara einnig fram viðskipti vegna tímabundinnar fjármagnsþarfar markaðsaðila. Merki um mikinn uppgang í efnahagslífinu á þessu ári hafa komið skýrt fram í vaxtastigi á peningamarkaði. Seðlabankinn hefur þrívegis á árinu hækkað vexti í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir, fyrst í febrúar um 0,4 prósentustig, þá í júní um 0,5 prósentustig og loks í september um 0,6 prósentustig. Vextir í endurhverfum viðskiptum eru nú 9%. Með þessu móti var leitast við að styrkja gengi krónunnar og draga úr innlendri eftirspurn enda ýmis teikn á lofti um að verðstöðugleika væri ógnað.

Mynd 3. Gengi og vaxtamunur gagnvart útlöndum.



Heimild: Seðlabanki Íslands (vikuleg gögn).

Vextir annarra bréfa á peningamarkaði hafa fylgt vöxtum í viðskiptum lánastofnana við Seðlabankann. Ávöxtun 3 mánaða ríkisvíxla hefur t.d. hækkað um 1½ prósentustig frá áramótum. Samhliða hækkunum hérlendis hafa skammtímavextir lækkað í mörgum viðskiptalöndum okkar. Skýring þessa er að víða hefur hagvöxtur verið mun hægari en hér á landi og frekar þurft að styðja við innlenda eftirspurn en draga úr henni. Munur 3 mánaða vaxta hér á landi og í viðskiptalöndunum hefur því aukist mjög það sem af er árinu. Var hann 3½ prósentustig í upphafi árs en 5½ prósentustig eftir síðustu vaxtahækkun Seðlabankans. Með hliðsjón af verðhækkunum síðustu mánaða má búast við áframhaldandi aðhaldi í peningamálum.

Þegar á heildina er litið hafa orðið litlar breytingar á gengi íslensku krónunnar það sem af er ári. Gengisvísitala krónunnar var um áramót rúm 113 stig en um 112½ stig eftir vaxtahækkunina í september. Gengið styrktist tímabundið í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabankans í febrúar en tók svo að lækka á ný og náði lágmarki í maí þegar gengisvísitalan fór í rúmlega 114½ stig. Raunar var það yfirlýst stefna Seðlabankans við vaxtahækkunina í febrúar að gengið hækkaði ekki að ráði. Spornaði bankinn við hækkun krónunnar með kaupum á gjaldeyri á markaði og jók þannig gjaldeyrisforðann. Gengið hefur styrkst nokkuð eftir vaxtahækkanirnar í júní og september. Mikill vaxtamunur við útlönd ætti að veita krónunni áframhaldandi stuðning.

Skuldabréfamarkaður, þ.e. markaður með verðbréf til lengri tíma, hefur á árinu einkennst af minnkandi hlutdeild ríkisskuldabréfa og væntingum um frekari uppkaup af hálfu ríkisins. Minna framboð af ríkisskuldabréfum hefur að öðru óbreyttu áhrif til lækkunar vaxta. Hið sama má segja um bætt aðgengi að erlendu lánsfé en erlend lán hafa vaxið mjög hratt.

Ýmsir aðrir þættir hafa fremur haft áhrif til hækkunar en lækkunar vaxta á verðbréfamarkaði. Þar ber fyrst að telja reglur um lausafjárkvöð á lánastofnanir sem settar voru í mars. Tilgangur reglnanna var að draga úr áhættu í lánakerfinu ekki síst vegna töku erlendra skammtímalána til endurlána. Eðli málsins samkvæmt draga lausafjárreglur úr eftirspurn eftir skuldabréfum (og hækka þ.a.l. ávöxtunarkröfuna) en auka eftirspurn eftir þeim bréfum sem til lauss fjár teljast svo sem ríkisvíxlum til skemmri tíma en 90 daga. Í öðru lagi hafa lífeyrissjóðir leitað í auknum mæli í erlend verðbréf til ávöxtunar á fé sínu og hefur það dregið úr

tilhneigingu til lækkunar vaxta á innlendum skuldabréfamarkaði. Í þriðja lagi má nefna að gott efnahagsástand hefur að öðru jöfnu áhrif til aukinnar eftirspurnar eftir fjármagni og þar af leiðandi til hækkunar vaxta.

Að öllu samanlögðu eru áhrif fyrrgreindra þátta lítt breyttir vextir á verðtryggðum skuldabréfum. Þannig var t.d. ávöxtunarkrafa 5 ára spariskírteina 4,7% um áramót en 4,6% síðla september.

Auk áðurnefndra áhrifaþátta á verðtryggða vexti þá ræðst ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa af verðbólguvæntingum og af óvissu um verðbólgu enda hefur slík óvissa áhrif á áhættuálag. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa umfram verðtryggð bréf hefur aukist í samræmi við verðlagsþróun á árinu. Seint í september var ávöxtunarkrafa 5 ára ríkisbréfa 9¼% en var 7½% um áramót. Þannig hefur „verðbólguálag" á óverðtryggð bréf vaxið úr 2,7 prósentustigum um áramót í 4½ prósentustig miðað við 5 ára bréf.

Af ýmsum ástæðum er fremur að vænta lækkunar en hækkunar verðtryggðra vaxta á skuldabréfamarkaði á næstu mánuðum. Í fyrsta lagi má nefna minnkandi framboð ríkisskuldabréfa. Fjármálaráðherra hefur falið Lánasýslu ríkisins að greiða upp ríkisskuldabréf fyrir allt að 7 milljarða króna umfram sölu fyrir áramót og hefur þegar gætt þrýstings til lækkunar vaxta af þessum sökum. Í öðru lagi er aðlögunartímabili lausafjárreglna lokið og ættu þær því ekki að valda frekari þrýstingi til hækkunar vaxta. Í þriðja lagi er ekki ólíklegt að eitthvað hægi á erlendum verðbréfakaupum lífeyrissjóða á síðari hluta ársins og að aukning í hreinni eign þeirra birtist því að töluverðu leyti sem aukin eftirspurn eftir skuldabréfum á innanlandsmarkaði. Slík þróun mundi einnig styðja við gengi krónunnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að á næsta ári hægi á hagvexti og ætti því að draga úr vexti almennrar eftirspurnar eftir lánsfé.

Mikið hefur dregið úr veltu á markaði með ríkisbréf og spariskírteini ríkissjóðs það sem af er ári. Velta ríkisbréfa á VÞÍ var um þriðjungi minni á fyrstu átta mánuðum þessa árs en á sama tímabili í fyrra og velta spariskírteina um tveimur þriðju hlutum minni. Bent hefur verið á a.m.k. þrjár mögulegar skýringar á svo mikilli veltulækkun: Minna framboð ríkisskuldabréfa, setningu lausafjárreglna og óvissu varðandi uppkaup ríkisskuldabréfa. Telja verður að allar þessar skýringar hafi eitthvert gildi. Samdráttur framboðs ríkisskuldabréfa hefur dregið úr virkni markaðarins en er vart nægjanlegur til að skýra jafn afgerandi minnkun viðskipta og raun ber vitni. Í kjölfar tilkynningar um lausafjárreglur dró úr viðskiptum með ríkisskuldabréf. Markaðsaðilar kunna ennþá að vilja fara varlega þar til ljóst er hvernig lausafjárreglur verða endurskoðaðar og hvenær nýjar reglur taka gildi. Varanleg áhrif lausafjárreglna á veltu á skuldabréfamarkaði ættu að vera lítil sem engin. Það sem mælir gegn afgerandi áhrifum lausafjárreglna á skuldabréfamarkað er að viðskipti með húsbréf hafa aukist í samræmi við aukið framboð þrátt fyrir að færa megi góð rök fyrir því að lausafjárreglur ættu að hafa svipuð áhrif á viðskipti með húsbréf og ríkisskuldabréf. Óvissa vegna uppkaupa á ríkisskuldabréfum ætti hins vegar að koma skýrast fram í viðskiptum með ríkisskuldabréf. Óvissan hefur verið tvenns konar. Annars vegar um magn uppkaupa en einnig um markaðsáhrif þegar vænst er svo mikillar minnkunar á framboði ríkisskuldabréfa. Aukin óvissa birtist m.a. í auknum mun kaup- og sölutilboða í ríkisskuldabréf og hafði munurinn aukist nokkuð fyrir setningu lausafjárreglna. Munur kaup- og sölutilboða húsbréfa hefur hins vegar ekki aukist.

Mynd 4. Staða og velta spariskírteina ríkissjóðs á VÞÍ.



Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagtölur mánaðarins, VÞÍ og Lánasýsla ríkisins (mánaðarleg gögn).

3.2 Hlutabréfamarkaður.

Lífleg viðskipti hafa verið með hlutabréf það sem af er þessu ári. Fyrstu átta mánuði ársins voru viðskipti með hlutabréf á VÞÍ alls 21,7 milljarðar króna. Utanþingsviðskipti voru á sama tíma 50 milljarðar króna þannig að heildarviðskipti með hlutabréf skráð á VÞÍ fyrstu átta mánuði ársins voru 71,7 milljarðar króna. Þetta er veruleg veltuaukning frá fyrra ári en allt árið 1998 voru viðskipti með hlutabréf á VÞÍ um 12,7 milljarðar króna og heildarvelta skráðra hlutabréfa um 32 milljarðar króna. Þrátt fyrir mikla aukningu er velta sem hlutfall af markaðsvirði enn lítil á alþjóðlegan mælikvarða en þetta hlutfall gefur vísbendingu um hversu virk verðmyndun er á markaði. Síðustu tólf mánuði var veltuhlutfallið um 10% á VÞÍ en 50–85% á hinum Norðurlöndunum. Horfur eru á því að þetta hlutfall haldi áfram að hækka á næstu árum. Áframhaldandi einkavæðing bankanna og annarra ríkisfyrirtækja mun án efa hafa áhrif til hækkunar veltuhlutfallsins. Einnig er ekki ólíklegt að aukið umfang hlutabréfamarkaðarins stuðli að hærra veltuhlutfalli en fjölmörg fyrirtæki eru með áform um skráningu á VÞÍ á næstu missirum. Rafræn skráning eignarhalds á verðbréfum sem fyrirhugað er að hefjist síðar á þessu ári minnkar viðskiptakostnað og mun þ.a.l. stuðla að aukinni veltu. Síðast en ekki síst gæti tenging við viðskiptakerfi erlendra kauphalla orðið vatn á myllu íslensks hlutabréfamarkaðar. Tenging við erlendar kauphallir er nú til athugunar hjá VÞÍ en þróunin í Evrópu og víðar hefur verið til aukins samstarfs kauphalla og samruna viðskiptakerfa þeirra. Slík tenging mundi vafalaust auka áhuga erlendra aðila á íslenska hlutabréfamarkaðinum þegar fram líða stundir. Algengt er á hlutabréfamörkuðum að eignarhlutdeild erlendra fjárfesta í bréfum miðað við markaðsvirði sé veruleg. Til að mynda er þessi hlutdeild um þriðjungur á hlutabréfamarkaðinum í Ósló, sem nýlega ákvað að ganga til samstarfs við kauphallirnar í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. Erlendir fjárfestar geta því haft töluverð áhrif á veltu og þar með verðmyndun á markaði.

Fyrstu átta mánuði ársins fjölgaði skráðum félögum um sjö á VÞÍ og eru skráð hlutafélög nú alls 74 talsins. Um miðjan september var heildarmarkaðsvirði skráðra félaga um 310 milljarðar króna en var um 230 milljarðar í byrjun árs. Þessa aukningu markaðsvirðis má að mestu leyti rekja til hækkunar hlutabréfaverðs. Aukið umfang hlutabréfamarkaðarins ber auknu mikilvægi hans í þjóðarbúskapnum glöggt vitni og hlutabréfaeign verður sífellt al-

mennari. Samkvæmt skattframtölum áttu 50 þúsund manns hlutabréf um síðustu áramót og hafði þeim fjölgað um 5.500 frá árinu áður.

Mynd 5. Mánaðarleg hlutabréfavelta á VÞÍ og gildi úrvalsvísitölu í lok hvers mánaðar 1997–99.



Heimild: Verðbréfaþing Íslands.

Nokkurrar bjartsýni gætti í upphafi árs á hlutabréfamarkaði enda mátti ljóst vera að afkoma skráðra félaga á VÞÍ hafði batnað töluvert á árinu 1998. Hækkaði hlutabréfaverð fram í miðjan apríl en tók þá að lækka. Sérfræðingar á fjármálamarkaði voru á þessum tíma sammála um það að hlutabréfaverð væri orðið mjög hátt eftir miklar hækkanir mánuðina á undan. Þá komu fram vísbendingar um aukna verðbólgu og líklegt er að væntingar markaðsaðila um að Seðlabankinn mundi bregðast við með hækkun stýrivaxta hafi haft einhver áhrif til lækkunar hlutabréfaverðs. Undir lok júnímánaðar tók hlutabréfaverð að hækka hratt á nýjan leik. Afkomuspár fyrir fyrstu sex mánuði ársins sem verðbréfafyrirtæki birtu um það leyti gerðu á heildina litið ráð fyrir verulegri aukningu hagnaðar frá fyrra ári. Afkoma fyrirtækja á VÞÍ á fyrri helmingi ársins var síðan almennt heldur betri en spáð hafði verið sem stuðlaði að frekari hækkun hlutabréfaverðs. Um miðjan september hafði Úrvalsvísitala Aðallista hækkað um tæp 22% frá áramótum og Heildarvísitala Aðallista um 23%.

Hagnaður þeirra 40 fyrirtækja á Aðallista VÞÍ sem hafa almanaksárið að reikningsári og skiluðu milliuppgjöri bæði á þessu og á síðasta ári var um 7,8 milljarðar króna fyrstu sex mánuði þessa árs. Jókst hann um u.þ.b. 2,4 milljarða króna eða meira en 40% sé miðað við hagnað sömu fyrirtækja fyrri hluta síðasta árs. Árið 1998 jókst hagnaður fyrirtækja á Aðallista um u.þ.b. þriðjung. Sé tekið mið af þessum mikla afkomubata síðustu misseri og stöðu þjóðarbúskaparins í hagsveiflunni er ekki óeðlilegt að hægi á vexti hagnaðar enda benda útreikningar til þess að markaðsaðilar geri ráð fyrir því. Þannig eru nú minni væntingar um árlegan raunvöxt hagnaðar félaga á Aðallista byggðar inn í hlutabréfaverð en um tvenn síðastliðin áramót. Í mati á væntingum um raunvöxt hagnaðar, sem sýnt er á mynd 6, er miðað við heildarhagnað síðustu 12 mánaða sem tölur lágu fyrir um á hverjum tíma. Enn fremur er gert

ráð fyrir því að ávöxtunarkrafa á fjárfestingu í hlutabréfum sé 6% umfram ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa til langs tíma.

Mynd 6. Væntingar um vöxt hagnaðar.



4. Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður.

4.1 Umhverfi utanríkisviðskipta.

Á undanförnum missirum hefur verð á hrávörum sveiflast mikið. Eftir töluverða lækkun á verði áls, kísiljárns og olíu á síðasta ári hefur verð þessara vara farið hækkandi á þessu ári. Þessar verðbreytingar hafa haft áhrif bæði á innflutnings- og útflutningshlið íslensks þjóðarbúskapar og leitt af sér sveiflur á viðskiptakjörum. Á árinu 1998 bötnuðu viðskiptakjör vöru og þjónustu um 4,2%, aðallega vegna hækkunar á fiskverði og lækkunar á olíuverði, sem vógu upp lækkun á álverði og verði kísiljárns.

Mynd 7. Raungengi krónunnar miðað við hlutfallslegt neysluverð og launakostnað.

Vísitölur, 1990 = 100.



Fyrstu sjö mánuði þessa árs lækkaði innflutningsverð á vörum um 1,9% en útflutningsverð lækkaði um 0,1%, sem þýðir að viðskiptakjör vöru fyrstu sjö mánuði ársins bötnuðu um 1,8%. Mikil hækkun olíuverðs á heimsmarkaði að undanförnu er ekki að fullu komin fram í innflutningstölunum, en búist er við að lækkunin frá fyrra ári gangi að verulegu leyti til baka á þessu ári. Hækkun olíuverðs má rekja til samkomulags OPEC ríkjanna í mars um að draga úr olíuframleiðslu og loforða nokkurra olíuframleiðenda utan OPEC um að gera slíkt hið sama. Gert er ráð fyrir að innflutningsverð olíu verði að meðaltali um 5% hærra á næsta ári en í ár og er þá ekki reiknað með hækkunum á heimsmarkaði umfram þær sem þegar eru orðnar. Ekki er búist við mikilli breytingu á fiskverði á þessu ári, eða 0,5% hækkun milli ársmeðaltala. Álverð lækkaði nær stöðugt í fyrra og náði lágmarki í upphafi þessa árs. Þrátt fyrir að álverð hafi hækkað að undanförnu er gert ráð fyrir að meðalverð þessa árs verði lægra en meðalverð síðasta árs. Sömu sögu er að segja um verð á kísiljárni. Í heild er því búist við að viðskiptakjör vöru og þjónustu verði um 1% lakari í ár en á síðasta ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir að lækkunin gangi til baka og viðskiptakjör batni um 1%.

Einn mikilvægasti mælikvarði á umhverfi utanríkisviðskipta er raungengi, en raungengi miðað við neysluverðsvísitölu mælir hversu hátt verðlag er hér á landi miðað við helstu viðskiptalönd okkar, mælt í íslenskum krónum. Raungengi var mjög stöðugt á árunum 1995 og 1996, en hækkaði á árinu 1997 um 1% og um 1½% í fyrra. Á þessu ári er gert ráð fyrir svipaðri hækkun raungengis og á síðasta ári, eða 1½%. Raungengi miðað við launakostnað hefur hækkað mun meira vegna launahækkana hér á landi umfram launahækkanir í helstu viðskiptalöndunum. Á þennan mælikvarða hækkaði raungengið um 2½% á árinu 1997 og um 4½% á árinu 1998. Á þessu ári er gert ráð fyrir að raungengi miðað við launakostnað hækki um ½%.

4.2 Vöruútflutningur.

Fyrstu sjö mánuði þessa árs hefur vöruútflutningur aukist um 8,3% á föstu verði. Útflutningur sjávarafurða í heild hefur dregist saman um 1,8% á þessu tímabili. Útflutningur á afurðum landfrystingar, síldarsöltunar og saltfiskverkunar hefur dregist saman. Á hinn bóginn hefur útflutningur á afurðum sjófrystingar, skreiðarverkunar og fiskmjölsverksmiðja aukist. Mest er þó aukning í útflutningi á ferskum og kældum fiski. Þrátt fyrir samdrátt í útflutningi það sem af er ári, er búist við að framleiðsla sjávarafurða aukist um 2% fyrir árið í heild.

Útflutningur á landbúnaðarafurðum hefur aukist töluvert það sem af er þessu ári, eða um nær 30%, en er þó einungis 1½% af útflutningi á tímabilinu.

Útflutningur á iðnaðarvörum hefur aukist um ríflega 25% á fyrstu sjö mánuðum ársins. Þar munar mestu um meiri útflutning á áli, aðallega vegna aukinnar framleiðslu Norðuráls. Fyrir árið í heild er búist við að álframleiðsla aukist um 27½%. Útflutningur á kísiljárni hefur nánast staðið í stað það sem af er ári, en búist er við töluverðri aukningu fyrir árið í heild, eða yfir 30%. Framleiðsla kísiljárns í fyrra var með minna móti vegna niðurskurðar á umframorku og á þessu ári verður þriðji ofn kísiljárnverksmiðjunnar tekinn í notkun. Töluverð aukning er einnig í útflutningi á iðnaðarvörum eins og veiðarfærum, rafeindavogum og vélum til fiskverkunar.

Verðmæti útfluttra skipa og flugvéla er töluvert meira það sem af er þessu ári en á því síðasta. Í fyrra nam verðmæti útfluttra skipa og flugvéla 2,3 milljörðum króna á árinu öllu en það sem af er þessu ári hafa verið flutt út skip og flugvélar að verðmæti 3½ milljarður króna og búist við að upphæðin nemi 5 milljörðum fyrir árið í heild.

Á árinu 1999 er búist við að útflutningsframleiðslan aukist um 8% að magni frá árinu 1998 á meðan spáð er aukningu vöruútflutnings í heild um 9,7% frá fyrra ári. Horfur eru á töluvert minni vexti vöruútflutnings á árinu 2000. Búist er við að framleiðsla sjávarafurða aukist um 2,5%. Sömu aukningar er vænst í álframleiðslu, en reiknað er með að kísiljárnframleiðsla aukist um ríflega 40% milli áranna 1999 og 2000 vegna gangsetningar þriðja ofns Íslenska járnblendifélagsins. Þá er búist við að önnur útflutningsframleiðsla aukist um 7,5%. Í þessu felst að útflutningsframleiðsla í heild aukist um 4,1% á árinu 2000, en vegna minni útflutnings skipa og flugvéla vaxi vöruútflutningur í heild um 2,2% á árinu 2000.

4.3 Vöruinnflutningur.

Vöruinnflutningur hefur vaxið hröðum skrefum síðustu árin og í fyrra jókst vöruinnflutningur um 22,3% frá fyrra ári. Á þessu ári hefur innflutningur haldið áfram að vaxa, en þó mun hægar en undanfarin ár.

Mynd 8. Mánaðarleg þróun almenns innflutnings 1996–99.

Vísitala, 1990=100.



Vöruinnflutningur fyrstu sjö mánuði ársins var um 3,6% meiri að magni en á sama tíma í fyrra. Munar þar mest um mikinn innflutning á bifreiðum en hann jókst um 27% miðað við sama tíma í fyrra. Innflutningur á öðrum neysluvörum jókst um ríflega 7% á sama tíma.

Í kjölfar mikilla fjárfestinga í stóriðju undanfarin ár hefur innflutningur fjárfestingarvara lítið aukist það sem af er ári, eða sem nemur 1,7%. Á hinn bóginn hefur innflutningur á skipum aukist um nær helming það sem af er ári samanborið við sama tíma í fyrra. Innflutningur á flugvélum er svipaður og í fyrra, en Flugleiðir keyptu eina vél til landsins á fyrri hluta árs í fyrra og einnig á þessu ári.

Innflutningur á eldsneyti hefur aukist um 10% það sem af er ári og munar mestu um mikinn innflutning á gasolíu sem er 20% meiri í ár en á fyrstu sjö mánuðum ársins í fyrra. Á hinn bóginn hefur innflutningur almennra rekstrarvara dregist saman fyrstu sjö mánuði ársins samanborið við sama tíma í fyrra.

Fyrir árið í heild er nú gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur aukist um einungis ½% að magni milli áranna 1998 og 1999 og búist er við að vöruinnflutningur í heild vaxi um 2,1% á árinu 1999, samanborið við 22,3% vöxt í fyrra. Á komandi ári er gert ráð fyrir að almennur innflutningur dragist saman um 1–1½% og spila þar saman mettunaráhrif vegna mikils innflutnings varanlegra neysluvara að undanförnu, minni vöxtur innflutnings fjárfestingarvara til annarra en stóriðju og minni vöxtur innflutnings rekstrarvara. Vegna innflutn-

ings skipa, flugvéla og stækkunar Norðuráls verður vöxtur vöruinnflutnings í heild nálægt 1%.

4.4 Þjónustujöfnuður.

Þjónustuviðskipti Íslendinga hafa aukist ár frá ári. Í fyrra jukust þjónustutekjur um 13% að magni, en á þessu ári er búist við aukningu sem nemur 5½%. Hröð aukning þjónustutekna hefur þó ekki skilað sér í hagstæðari þjónustujöfnuði þar sem vöxtur þjónustugjalda hefur verið enn hraðari. Á síðasta ári jukust þjónustugjöld um 21½% og á þessu ári er gert ráð fyrir aukningu sem nemur 6½%. Halli var á jöfnuði þjónustuviðskipta á síðasta ári sem nam hálfum milljarði króna og á þessu ári er gert ráð fyrir versnandi þjónustujöfnuði, eða sem nemur eins milljarðs króna halla. Gert er ráð fyrir að úr vexti þjónustutekna og -gjalda dragi á komandi ári og þjónustutekjur vaxi um 3½% á meðan þjónustugjöld vaxi um 4½% og halli á þjónustuviðskiptum við útlönd verði nær óbreyttur frá fyrra ári.

4.5 Ferðaþjónusta.

Erlendum ferðamönnum heldur áfram að fjölga hér á landi og gera má ráð fyrir að á þessu ári komi um 256 þúsund erlendir ferðamenn til landsins sem er rúmlega 10% aukning frá því í fyrra. Á árinu 1998 voru heildartekjur af erlendum ferðamönnum 26,3 milljarðar króna en í ár er gert ráð fyrir að þessar tekjur verði u.þ.b. 28½ milljarður sem samsvarar 5½% hækkun að raungildi milli ára. Þrátt fyrir verulegar árstíðasveiflur í komum erlendra ferðamanna til landsins benda tiltækar upplýsingar til að veruleg fjölgun sé á erlendum gestum utan háannatíma. Á árinu 1990 var hlutfall þeirra ferðamanna sem kom á tímabilinu frá byrjun maí til ágústloka 64% en í ár er áætlað að þetta hlutfall verði 57%.

Mynd 9. Fjöldi erlendra ferðamanna.



Þannig er meðaltalsaukning í fjölda erlendra ferðamanna á tímabilinu 1990–1998 um 7% á fyrsta ársfjórðungi og rúmlega 8% á þeim fjórða. Aukningin á öðrum og þriðja ársfjórðingi er á bilinu 5–6%. Í ár sýna gistináttaskýrslur 14% aukningu í fjölda gistinátta fyrstu fjóra mánuði ársins borið saman við sama tíma í fyrra. Á sama tíma jókst fjöldi ferðamanna um 16%. Gera má ráð fyrir að á árinu komi rúmlega 254 þúsund Íslendingar frá útlöndum og er

það 12% aukning frá í fyrra. Áætluð útgjöld Íslendinga erlendis á árinu eru 31½ milljarður króna sem er um 10½% raunhækkun frá fyrra ári.

4.6 Jöfnuður þáttatekna.

Jöfnuður þáttatekna er jafnan neikvæður vegna vaxtagreiðslna af erlendum skuldum. Við breytt uppgjör á viðskiptahalla sem Seðlabankinn tók upp á síðasta ári er tekið tillit til metinnar ávöxtunar verðbréfaeignar Íslendinga erlendis og hliðstæðra tekna erlendra aðila hérlendis. Meðal annars vegna þessa lækkaði halli þáttatekna úr 10½ milljarði króna á árinu 1997 í tæplega 7 milljarða króna á árinu 1998. Á þessu ári er gert ráð fyrir að jöfnuður þáttatekna verði neikvæður um 9,9 milljarða króna og rúmlega 12 milljarðar króna á árinu 2000. Aukinn halli er aðallega tilkominn vegna mikils viðskiptahalla að undanförnu og aukinna vaxtagreiðslna hans vegna.

4.7 Viðskiptajöfnuður.

Á árunum 1993–1995 var viðskiptajöfnuður jákvæður þrjú ár í röð, í fyrsta sinn frá stofnun lýðveldisins. Á þessum árum var mikill afgangur á vöruskiptum við útlönd, eða á bilinu 12–20 milljarðar króna sem náði að vega upp miklar vaxtagreiðslur vegna erlendra lána. Á árinu 1996 fór afgangur á vöruskiptum við útlönd niður í 1,2 milljarða og niður í 250 milljónir á árinu 1997. Á árinu 1998 urðu síðan mikil umskipti þegar halli á vöruskiptum við útlönd var 25 milljarðar króna. Halla þennan má að hluta rekja til mikils innflutnings vegna framkvæmda við stóriðju, en einnig til mikils innflutnings neysluvara, enda nam aukning einkaneyslu 11% á árinu 1998. Viðskiptahallinn í heild nam 33½ milljarði króna á árinu 1998, sem svarar til 5,7% af landsframleiðslu þess árs. Ekki er búist við miklum umskiptum á þessu ári þar sem gert er ráð fyrir að vöruskiptahallinn nemi 17,9 milljörðum króna og viðskiptahallinn 29 milljörðum króna sem svarar til 4,6% af landsframleiðslu. Á komandi ári er búist við að útflutningur vaxi hraðar en innflutningur og vöruskiptahallinn fari í 15,2 milljarða króna en viðskiptahallinn verði svipaður, eða 29 milljarðar króna, sem jafngildir 4,2% af landsframleiðslu ársins 2000. Í þessu sambandi er rétt að nefna að gert er ráð fyrir töluverðum innflutningi skipa og flugvéla á næsta ári.

Mynd 10. Viðskiptajöfnuður 1980–2000.

Hlutfall af landsframleiðslu.



4.8 Fjármagnshreyfingar.

Viðskiptahalli undanfarinna ára ber það með sér að heildarútgjöld þjóðarinnar eru meiri en tekjur hennar. Hallann verður að fjármagna með erlendu fé. Hrein erlend skuld þjóðarbúsins hefur því vaxið hratt síðastliðin tvö ár og hækkað sem hlutfall af landsframleiðslu þrátt fyrir mikinn hagvöxt. Hlutfall hreinnar skuldar af landsframleiðslu jókst úr 46,1% árið 1997 í 48,3% í fyrra og reiknað er með frekari hækkunum í ár og á næstu árum. Erlend fjármögnun getur tekið á sig ýmsar myndir. Um getur verið að ræða beina fjárfestingu erlendra aðila og verðbréfakaup þeirra hér á landi umfram beina fjárfestingu og verðbréfakaup Íslendinga erlendis eða lántöku innlendra aðila erlendis umfram endurgreiðslur erlendra lána. Með öðrum orðum: ef viðskiptajöfnuður er neikvæður verður fjármagnsjöfnuður að vera jákvæður. Undanfarin tvö ár hefur ríkissjóður greitt upp erlend lán. Einnig hafa verðbréfakaup Íslendinga erlendis aukist langt umfram fjármagnsinnstreymi til landsins vegna kaupa á innlendum verðbréfum. Aðrar fjármagnshreyfingar hafa því vegið bæði upp á móti þessum hreyfingum og viðskiptahallanum. Að nokkrum hluta hefur verið um að ræða beinar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi en mest af þessum hreyfingum fæst þó skýrt með lántökum innlánsstofnanna og annarra aðila erlendis. Mikill vaxtamunur og stöðugt gengi íslensku krónunnar hefur gert slíkar lántökur hagstæðar og þannig hvatt til fjármagnsinnstreymis af þessu tagi. Fyrstu sex mánuði ársins var fjármagnsjöfnuður jákvæður um 16½ milljarð króna samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabankans. Nettó fjármagnsútstreymi vegna verðbréfakaupa var rúmir 5 milljarðar. Þá jukust ýmsar eignir erlendis um 22 milljarða króna. Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst um 0,7 milljarða króna og var 31 milljarður króna um mitt ár. Á móti kemur nettó bein fjárfesting erlendra aðila hér á landi sem nam 6 milljörðum króna og nettó lántaka erlendis sem nam 38 milljörðum króna.

5. Atvinnuvegir.

5.1 Framleiðsla og framleiðni.

Þegar fjallað er um framleiðslubreytingar eða hagvöxt í þjóðarbúskapnum á líðandi ári eða fyrir nýliðin ár hefur venjan verið sú að líta á útgjaldahlið þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd, og þannig hefur niðurstaða fengist um framleiðsluna. Framleiðslan hefur því verið áætluð með óbeinum hætti, það er með því að áætla útgjöld og birgðabreytingar. Hins vegar er einnig unnt að áætla hana með beinum hætti, þ.e. að áætla framleiðslu í einstökum atvinnugreinum líkt og gert er í framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga. Gallinn við þessa aðferð er hins vegar sá að upplýsingar um einstakar atvinnugreinar liggja mun seinna fyrir en um útgjöldin. Miðað við núverandi tilhögun skýrslusöfnunar er það ekki fyrr en lokið er úrvinnslu úr ársreikningum fyrirtækja að fá má mynd af framleiðslubreytingum eftir einstökum atvinnugreinum og framleiðslunni í heild. Á grundvelli ýmissa annarra vísbendinga, svo sem um útflutning og veltubreytingar samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum og almennar verðbreytingar, má þó fara nokkuð nærri um framleiðslubreytingar helstu atvinnuvega. Þessar breytingar eru síðan vegnar saman eftir hlutdeild einstakra atvinnuvega í landsframleiðslu. Í eftirfarandi töflu er leitast við að áætla framleiðsluna eftir atvinnugreinum og eru niðurstöður bornar saman við útgjaldahlið.

Áætlaðar framleiðslubreytingar eftir atvinnugreinum.
Frá fyrra ári, %.

	1997	1998	1999
Landbúnaður	0,0	3,5	0,0
Fiskveiðar og -vinnsla	-1,1	-5,6	2,9
Iðnaður án fiskvinnslu	2,9	7,5	7,8
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	6,5	11,0	10,0
Byggingarstarfsemi	14,6	15,0	8,0
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	6,2	10,0	5,0
Samgöngur og önnur þjónusta	6,1	4,9	3,6
Starfsemi hins opinbera	3,1	3,0	3,4
Samtals	**4,7**	**5,2**	**4,8**
Til samanburðar:			
Magnbreyting landsframleiðslu	**5,3**	**5,1**	**5,8**
Framleiðnibreyting	**2,8**	**2,4**	**2,5**

Þessi þrjú ár er talið að landsframleiðslan hafi vaxið um 4½–5% á ári samkvæmt vísbendingum um framleiðslubreytingar í einstökum atvinnugreinum en útgjaldauppgjörið sem jafnan er miðað við sýnir nokkru meiri vöxt eða 5–6%. Líðandi ár er fjórða árið í röð sem sýnir hagvöxt um eða yfir 5% og er þetta mun meiri vöxtur en verið hefur hérlendis um langt árabil og einnig langt yfir meðaltali OECD-ríkjanna en meðalhagvöxtur þeirra árin 1997–99 er áætlaður 2½%. Til þess að ná þessum mikla hagvexti hérlendis hefur þurft nokkru fleira fólk og er talið að ársverkum hafi fjölgað um 2–3% á ári. Þessi aukning nemur tæpum helmingi af aukningu hagvaxtar og samkvæmt því hefur framleiðni vinnuaflsins aukist umtalsvert þessi ár, eða um það bil 2½% á ári.

Vöxturinn er misjafn eftir greinum og í ljós kemur að á árunum 1997 og 1998 óx framleiðslan mest í byggingarstarfsemi, orkubúskap, verslun og þjónustu einkaaðila. Aftur á móti varð samdráttur í sjávarútvegi bæði árin. Talið er að í ár verði vöxturinn nokkru jafnari eftir greinum en vísbendingar eru þó enn af skornum skammti.

Út frá þessum tölum og vægi einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu má fá nokkra hugmynd um framlag einstakra atvinnugreina til aukningar landsframleiðslunnar þessi ár.

Áætluð hlutdeild einstakra atvinnugreina í hagvexti, %

	1997	1998	1999
Landbúnaður	0,0	0,1	0,0
Fiskveiðar og -vinnsla	-0,2	-0,8	0,4
Iðnaður án fiskvinnslu	0,4	0,9	1,0
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	0,3	0,5	0,5
Byggingarstarfsemi	1,0	1,1	0,6
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	0,8	1,4	0,7
Samgöngur og önnur þjónusta	2,0	1,6	1,2
Starfsemi hins opinbera	0,4	0,4	0,4
Samtals	**4,7**	**5,2**	**4,8**

Rammi 2. Framleiðni og hagsveiflur.

Á kvarða landsframleiðslu á mann eru Íslendingar í 6. sæti meðal OECD ríkjanna. Góða stöðu Íslands í þessu tilliti má að nokkru leyti rekja til þess að atvinnuþátttaka er hvergi jafn mikil og á Íslandi og vinnutími er óvíða lengri. Áætlanir um landsframleiðslu á vinnustund gefa allt aðra mynd og erum við þar í 18. sæti meðal aðildarríkjanna. Þetta gefur vísbendingu um að framleiðni sé lægri á Íslandi en í öðrum OECD ríkjum. Samanburður á tímakaupi hér á landi og erlendis hníga til sömu áttar.

Athuganir á framleiðni á Íslandi benda til þess að langtímavöxtur framleiðni hafi verið um 1,5%. Í alþjóðlegum samanburði er þessi framleiðniaukning í lægri kantinum. Síðustu árin hefur þó heildarframleiðni (sk. total factor productivity) vaxið hraðar eða um 2–3%.

Mikilvægt er að greina hvort þessi framleiðniaukning sé tilfallandi eða til frambúðar. Framleiðniþróun undanfarinna ára er gerð skil í meðfylgjandi mynd. Þar sést að framleiðni er umtalsverðum sveiflum undirorpin.



Myndin sýnir að framleiðni vex jafnan þegar uppsveifla er í hagkerfinu og er sú ályktun í hátt við það sem hagfræðin kennir. Ýmsar ástæður eru fyrir þessu. Í fyrsta lagi leiðir aukin eftirspurn til betri nýtingar framleiðsluþáttanna. Í öðru lagi fylgja hagsveiflur tækniframförum og í kjölfarið kemur til fjárfesting byggð á hinni nýju tækni. Í þriðja lagi eru markaðir ófullkomnir og framleiðsla einkennist af vaxandi afrakstri. Það hefur í för með sér að aukin notkun framleiðsluþáttanna leiðir til hlutfallslega meiri framleiðslu og þar af leiðandi meiri framleiðni. Að síðustu má svo nefna að heildarframleiðni vex þegar framleiðsla í vaxandi greinum eykst á kostnað hinna sem hægar vaxa.

Vart eru dæmi í mannkynssögunni um jafnstórstígar tækniframfarir og orðið hafa í heiminum á undanförnum áratugum og eitt megineinkenni alþjóðavæðingarinnar er skjót útbreiðsla tækninnar. Þrátt fyrir þetta hefur framleiðni í hinum vestræna heimi vaxið hægt frá 1973. Þessi mótsögn hefur verið nefnd mótsögn Solows.

Síðustu árin hefur efnahagsástand breyst mjög til hins betra í nokkrum löndum, einkum Bandaríkjunum og Bretlandi. Þar hefur hagkerfið sýnt ýmis merki um þenslu án þess að verðbólga hafi vaxið, á sama tíma og atvinnuleysi hefur minnkað og ekki verið lægra um langt árabil. Möguleikar þjóðarbúskaparins til vaxtar án verðbólgu takmarkast við fjölgun á vinnumarkaði og framleiðniaukningu. Þessi niðurstaða hefur því leitt ýmsa hagfræðinga til þess að álykta að grundvallarbreytingar á umgjörð efnahagsmála hafi átt sér stað.

Þeir sem lengst ganga í þessa átt tala um „nýja hagkerfið“ sem lúti öðrum lögmálum en áður giltu. Hið nýja er alþjóðavæðingin og upplýsingatæknin sem nú loksins er að koma fram í framleiðnitölum. Vaxtarskilyrði hins nýja hagkerfis eru að mati þeirra sem halda þessu fram til muna meiri en áður var.

Það sem öðru fremur ræður hagsæld þjóða er grunngerð efnahagslífs og skipta þá stofnanir og markaðir mestu. Umtalsverðar umbætur hafa átt sér stað á ýmsum þáttum efnahagslífsins á Íslandi og víst að þær hafa bætt framleiðniskilyrði þjóðarbúsins. Aukna framleiðni síðustu ára má því vafalítið rekja að töluverðu marki til þessara umbóta.

Samkvæmt þessu virðist mega rekja meira en helming hagvaxtarins á árinu 1997 og 1998 til verslunar og þjónustu án hins opinbera. Vísbendingar um líðandi ár benda til þess að vöxtur framleiðslunnar verði borinn uppi af fleiri atvinnugreinum en verið hefur.

5.2 Afkoma.

Um langt árabil hefur Þjóðhagsstofnun reist afkomuathuganir sínar á úrtaksathugunum úr skattframtölum fyrirtækja. Þessar athuganir hafa verið byggðar á 1.600 til 1.800 fyrirtækjum úr velflestum atvinnugreinum og var einkum byggt á stórum og meðalstórum fyrirtækjum. Nú er að verða á þessu breyting því skattayfirvöld eru að taka í notkun staðlað skattframtal fyrir flesta rekstraraðila. Hafa þau nú að mestu komið í stað úrtaksathugana Þjóðhagsstofnunar. Árið 1997 var fyrsta árið sem efni lá fyrir um samkvæmt þessari nýju heimild og var gerð grein fyrir niðurstöðum í síðustu þjóðhagsáætlun. Enn sem komið er liggja ekki fyrir fyrstu niðurstöður úr staðlaða skattframtalinu fyrir árið 1998 en þeirra er að vænta fljótlega og verður þá gerð grein fyrir þeim.

Aftur á móti hefur áður verið gerð grein fyrir afkomu þeirra fyrirtækja sem skráð voru á Verðbréfaþingi Íslands á liðnu ári. Þar kom í ljós að hagnaður 36 fyrirtækja nam 9,1 milljarði eða 5,5% af tekjum en árið áður hafði hagnaður þessara sömu fyrirtækja verið 5% af tekjum. Afkoma þessara fyrirtækja batnaði því ótvírætt á árinu 1998 frá fyrra ári en þó verður að telja hæpið að þessi breyting sé vísbending um heildina.

Til þess að fá nokkra mynd af afkomuþróuninni á árinu 1999 hefur Þjóðhagsstofnun tekið saman yfirlit yfir afkomu 61 fyrirtækis á Verðbréfaþingi Íslands á fyrri hluta árs 1999 og til samanburðar sama tímabil og sömu fyrirtæki 1998, sjá töflu hér að neðan. Yfirlitið nær til þeirra fyrirtækja sem höfðu skilað árshlutareikningum til Verðbréfaþingsins fyrir ágústlok 1999 og hafa almanaksárið að reikningsári.

Nærri lætur að þessi 61 fyrirtæki nái til fjórðungs af áætlaðri heildarveltu atvinnurekstrarins. Heildarvelta þessara fyrirtækja var 136 milljarðar króna á fyrri hluta þessa árs og hafði aukist um tæp 9% frá sama tíma í fyrra. Í heild batnaði afkoma þessara fyrirtækja um 1,9% af tekjum á fyrri hluta ársins samanborið við sama tíma í fyrra og reyndist hagnaður af reglulegri starfsemi vera 7% af tekjum. Að teknu tilliti til óreglulegra tekna og gjalda og tekju- og eignarskatta varð hagnaður tímabilsins nokkru lægri eða 6% af tekjum. Þrátt fyrir þennan bata á heildina litið versnaði afkoma sjávarútvegs verulega og afkoma iðnaðar lítillega. Á móti bættu verslun og fjármálafyrirtæki stöðu sína og tap Flugleiða af reglulegri starfsemi varð mun minna en á fyrri hluta árs 1998.

Rekstraryfirlit 61 fyrirtækis á Verðbréfaþingi Íslands á fyrri hluta árs 1998–99.

		Fjöldi fyrirtækja	Rekstrartekjur, m.kr.	Hagnaður af reglulegri starfsemi	
				m.kr.	% af tekjum
Sjávarútvegur:	1998	15	24.590	2.577	10,5
	1999	15	23.358	1.685	7,2
Iðnaður:	1998	11	9.924	491	4,9
	1999	11	10.687	460	4,3
Verslun:	1998	11	53.851	457	0,8
	1999	11	59.910	1.088	1,8
Samgöngur:	1998	3	20.996	-1.096	-5,2
	1999	3	21.981	-264	-1,2

		Fjöldi fyrirtækja	Rekstrartekjur, m.kr.	Hagnaður af reglulegri starfsemi m.kr.	Hagnaður af reglulegri starfsemi % af tekjum
Fjármálastofnanir:	1998	16	12.103	4.035	33,3
	1999	16	15.792	6.583	41,7
Þjónusta:	1998	5	3.630	196	5,4
	1999	5	4.595	292	6,3
Samtals:	**1998**	**61**	**125.095**	**6.659**	**5,3**
	1999	**61**	**136.323**	**9.844**	**7,2**

Afkomutölur fyrirtækja á Verðbréfaþingi ná til takmarkaðs fjölda fyrirtækja og byggja á niðurstöðum bókhaldsins fyrir liðinn tíma. Til þess að fá mynd af heildinni allt árið er einna nærtækast að framreikna niðurstöður ársreikninga 1997 til 1998 og 1999 og er þá byggt á grundvelli bestu vitneskju um þróun heildarstærða eins og þær eru áætlaðar í þjóðhagsáætlun. Þá er einkum átt við breytingar launa, verðlags og hagvaxtar. Niðurstöður þessara áætlana fyrir atvinnureksturinn í heild 1997–99 eru sýndar í meðfylgjandi töflu.

Vert er að leggja áherslu á að spáin fyrir árið 1999 byggir á lauslegu mati. En á grundvelli þessarar spár og sambærilegum tölum fyrri ára má ætla að hagur atvinnurekstrarins muni verða svipaður á þessu ári og í fyrra. Hreinn hagnaður á árinu 1999 er nú áætlaður rösk 3% af tekjum en þá er eftir að taka tillit til tekju- og eignarskatta. Í krónum nemur hagnaðurinn um 34 milljörðum en til samanburðar var hann áætlaður tæpur 31 milljarður á liðnu ári. Undanfarin fjögur ár, 1995–98, hefur hagnaðurinn verið á bilinu 3¼–3¾% af tekjum.

Annar mælikvarði á afkomu atvinnurekstrar er hagnaðurinn í hlutfalli við eigið fé, þ.e. arðsemi eigin fjár, eftir greiðslu tekju- og eignarskatta. Á þennan mælikvarða litið er arðsemin á árinu 1999 nú áætluð 5½%, en var á bilinu 5–5½% á árunum 1996–98. Arðsemin fór yfir 6% árið 1995, en var 4½% árið 1994.

Lauslegt mat á hagnaði atvinnurekstrar 1997–99 í milljörðum króna.

	1997	Áætlun 1998	Áætlun 1999	%-breytingar 1997–98	%-breytingar 1998–99
Rekstrartekjur	**865,3**	**957,8**	**1048,1**	**10,7**	**9,4**
– Aðföng	592,3	655,6	717,4	10,7	9,4
= Vergar þáttatekjur	**273,0**	**302,2**	**330,7**	**10,7**	**9,4**
– Laun og eigin laun	182,4	204,8	225,5	12,3	10,1
– Afskriftir	45,1	49,3	52,6	9,4	6,6
– Vextir	15,9	17,1	18,1	7,5	5,8
Hreinn hagnaður fyrir tekju- og eignarskatta	**29,6**	**30,9**	**34,4**	**4,5**	**11,3**
% af rekstrartekjum	3,4	3,2	3,3		
Eigið fé í atvinnurekstri í árslok	370	410	440		
Arðsemi eigin fjár	**5,2**	**5,4**	**5,5**		

Á grundvelli helstu niðurstaðna úr þjóðhagsspá fyrir árið 2000 má fá nokkra mynd af líklegri afkomu atvinnurekstrar á komandi ári. Niðurstöður þessara áætlana benda til þess að hagnaður atvinnurekstrarins verði áþekkur eða lítið eitt betri en á þessu ári. Sama er að segja um arðsemi eigin fjár. Vert er þó að leggja áherslu á að þessar niðurstöður byggja meðal

annars á forsendum þjóðhagsspár um launaþróun á árinu 2000 og eru afar næmar fyrir breytingum á henni.

Mynd 11. Hreinn hagnaður atvinnurekstrar og arðsemi eigin fjár.



Þær afkomuáætlanir sem hér hefur verið lýst má einnig nota til þess að meta greiðsluafkomu atvinnurekstrarins, þ.e. hverju atvinnureksturinn skilar til fjárfestinga. Greiðsluafkomuna má skilgreina sem hreinan hagnað að viðbættum afskriftum en að frádregnum fjárfestingum ársins og tekju- og eignarsköttum. Ætla má að á árinu 1998 hafi reksturinn skilað um 80 milljörðum króna til þess að mæta fjárfestingum atvinnurekstrarins á árinu auk tekju- og eignarskatta. Þessa tvo liði má hins vegar áætla rétt tæpa 100 milljarða króna, þannig að sé litið á atvinnureksturinn í heild má ætla að um 20 milljarða króna vanti á að greiðsluafkoman hafi verið á sléttu. Þess ber þó að geta í þessu sambandi að stóriðjuframkvæmdir vega þungt í fjárfestingum ársins og þær nema álíka eða litlu hærri fjárhæð en greiðsluhallinn í heild. Þær eru aftur á móti að verulegu leyti fjármagnaðar með sérstökum lántökum eða framlögum eigenda en ekki nema að óverulegu leyti af fé úr rekstri. Að teknu tilliti til þessa má því ætla að á árinu 1998 hafi hinn almenni atvinnurekstur ekki þurft að auka skuldir sínar þegar á heildina er litið.

Spár fyrir árið 1999 benda til nokkurs samdráttar í fjárfestingum atvinnurekstrarins eftir mikinn vöxt undanfarin ár. Nú er talið að fjármunamyndun atvinnurekstrarins verði um 2 milljörðum króna minni en 1998 og með hliðsjón af því er greiðsluhallinn áætlaður um 10 milljarðar í stað 20 milljarða árið áður. Skuldir atvinnurekstrarins í heild ættu því að aukast sem þessu nemur.

5.3 Laun og hagnaður.

Þegar landsframleiðslan hefur verið lækkuð um óbeina skatta en framleiðslustyrkjum bætt við fæst hugtak sem nefnt er vergar þáttatekjur. Þessum tekjum er síðan skipt upp milli launþega og þess sem fjármagnið ber úr býtum. Í hlut launþega koma laun og launatengd gjöld en það sem fjármagnið ber úr býtum er hagnaður atvinnurekstrarins og þá er átt við hagnað

áður en afskriftir, vextir eða arður hafa verið dregin frá. Í þessari framsetningu eru beinir skattar hvorki dregnir frá launum né hagnaði.

Mynd 12. Verg hlutdeild fjármagns í þátta-tekjum á Íslandi og í öðrum löndum.



Niðurstöður útreikninga fyrir atvinnurekstur á Íslandi 1990–99 eru sýndar á meðfylgjandi mynd en þar er hagnaðarhlutfallið birt, þ.e. hlutfall hagnaðar af vergum þáttatekjum, og til samanburðar eru sýndar tölur fyrir OECD í heild á sama tíma, auk Noregs og Danmerkur. Rétt er að hafa nokkurn fyrirvara um sambærileik þessara talna, sérstaklega á það við um samanburð á launahlutfallinu milli landa en síður um mat á sveiflunum. Öðru fremur er vandinn tengdur mati á reiknuðum launum sjálfstætt starfandi atvinnurekenda en hvað Ísland varðar þá hafa laun þeirra verið áætluð þau sömu og hjá launþegum í sömu atvinnugrein en það er sama aðferð og OECD hefur beitt.

Eins og vænta mátti og fram kemur á myndinni sveiflast hagnaðarhlutfallið mun meira á Íslandi en í OECD löndunum í heild. Hins vegar kemur í ljós þegar litið er á einstök lönd innan OECD að töluverðar sveiflur koma fram í hlutfallinu. Á myndinni eru sýndar tölur fyrir Danmörk og Noreg og þótt þar komi fram talsverðar sveiflur jafnast þær ekki á við tölurnar fyrir Ísland, með þeirri undantekningu þó að lækkun hagnaðarhlutfallsins í Noregi undanfarin tvö ár er meiri en í öðrum löndum sem samanburðurinn nær til.

Á þessum áratug komst hlutfallið hæst hér á landi á árinu 1994 en varð lægst árið 1991. Áætlanir benda til þess að hlutfallið hafi lækkað á liðnu ári og sömu þróunar gæti í ár. Athyglisvert er að sama má segja um þróunina í ýmsum öðrum löndum OECD.

5.4 Fjárfesting atvinnuveganna og erlend fjárfesting.

Fjárfesting atvinnuveganna fór minnkandi frá 1987 allt fram til ársins 1995 þegar hún náði lágmarki, og nam einungis 7,4% af landsframleiðslu. Á árinu 1996 urðu mikil umskipti þegar hafist var handa við þær stóriðjuframkvæmdir sem nú sér fyrir endann á. Fyrst var hafist handa við að stækka álver ÍSAL í Straumsvík, síðan hófst bygging álvers Norðuráls á Grundartanga og að lokum stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Jafnframt

var lagt í virkjanaframkvæmdir til að tryggja þessum orkufreka iðnaði rafmagn til framleiðslu.

Á árunum 1996–98 óx fjárfesting atvinnuveganna um nálægt 150%, eða sem nemur að meðaltali 35% á ári þessi þrjú ár. Mest var aukningin vegna byggingar og stóriðjuvera og tengdra virkjanaframkvæmda, en á árinu 1998 tók einnig að gæta aukningar í fjárfestingu í öðrum greinum, eins og fiskveiðum, hitaveituframkvæmdum, byggingastarfsemi og samgöngum.

Á árinu 1998 nam fjárfesting atvinnuveganna 15% af landsframleiðslu og hafði því tvöfaldast sem hlutfall af landsframleiðslu frá árinu 1995. Á þessu ári er gert ráð fyrir dálitlum samdrætti í fjárfestingu atvinnuveganna, eða sem nemur 3,5%. Framkvæmdum vegna álvera er lokið og framkvæmdum vegna stækkunar járnblendiverksmiðju lýkur á þessu ári og því gætir samdráttar í fjárfestingu í þeim greinum. Á hinn bóginn er töluverður vöxtur í byggingu íbúðarhúsnæðis, byggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og kaupum á tölvu- og skrifstofubúnaði. Á næsta ári er gert ráð fyrir að fjárfesting atvinnuveganna aukist um 3,2%. Veruleg aukning er í fjárfestingu í fiskveiðum, aðallega vegna smíði nokkurra stórra tog- og nótaskipa erlendis sem væntanleg eru til landsins á næsta ári. Mikið hefur verið um breytingar á eldri fiskiskipum síðustu árin og gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram. Þá gætir einnig aukinnar fjárfestingar í samgöngum, fjarskiptum og skrifstofubúnaði. Einnig er í áætluninni gert ráð fyrir stækkun álvers Norðuráls úr 60 þúsund tonna framleiðslugetu í 90 þúsund tonn á næsta ári. Að undanskildum framkvæmdum við stækkun Norðuráls er áætlað að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 2,5% á næsta ári í stað 3,2% aukningar. Hugsanlegt er að samningar takist um byggingu álvers við Reyðarfjörð og samkvæmt tímaáætlun mundu þær framkvæmdir hefjast á næsta ári.

Samhliða aukinni fjárfestingu atvinnuveganna hefur fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri aukist hratt. Fjárfesting erlendra aðila er að stórum hluta í ál- og járnblendiverksmiðjum. Fjármunaeign erlendra aðila jókst lítið sem ekkert á árinu 1995, en eftir það tók hún að vaxa, um 4,8 milljarða króna á árinu 1996, 10,7 milljarða á árinu 1997 og 7,8 milljarða á árinu 1998. Fram til þessa hefur fjárfesting erlendra aðila nánast eingöngu verið í stóriðju, en að undanförnu hafa erlendir aðilar í auknum mæli fjárfest í öðrum greinum, eins og verslunar-, þjónustu- og tæknifyrirtækjum.

Mynd 13. Fjárfesting atvinnuveganna 1980–2000.

Vísitala, 1990=100.



Með opnum fjármagnsmarkaða, þróun hlutabréfamarkaðar og almennum efnahagsaðstæðum og skattaumhverfi líku því sem er í nágrannaríkjum okkar má búast við því að fjárfesting erlendra aðila hér á landi aukist jafnt og þétt á næstu árum og dreifist jafnframt á fleiri atvinnugreinar en nú er.

5.5 Afli.

Þjóðhagsstofnun reiknar með að heildarafli landsmanna verði um 1.780 þúsund tonn á árinu 1999 samanborið við 1.680 þúsund tonn árið 1998. Aukningin liggur aðallega í því að loðnuaflinn er talinn aukast um 50 þúsund tonn og fari úr 750 þúsund tonnum í 800 þúsund tonn. Þá er gert ráð fyrir að um 9 þúsund tonn af þorski og um 11 þúsund tonn af rækju veiðist utan Íslandsmiða.

Á föstu verði er gert ráð fyrir að afli aukist um 1%. Áætlað er að þorskafli aukist um 10,7% og afli af öðrum botnfiski aukist um 9,4%. Gert er ráð fyrir að samdráttur í öðrum afla verði 19% á föstu verði. Þar af minnkar rækjuafli um 33,8% og loðnuafli um 14%.

Miðað við fyrstu átta mánuði ársins lítur út fyrir einhvern samdrátt frá fyrra ári í hráefniskaupum innlendrar fiskvinnslu á botnfiski af erlendum fiskiskipum. Sama er að segja um kaup á loðnu og kolmunna af erlendum veiðiskipum.

Af rúmlega 110 þúsund tonna loðnuafla, sem þegar hefur verið landað á sumarvertíðinni, komu um 32 þúsund tonn úr erlendum skipum og af um 60 þúsund tonna kolmunnaafla komu um 10 þúsund tonn úr erlendum skipum. Þetta er 30% minni löndun loðnu- og kolmunnaafla úr erlendum skipum en á sama tíma á síðasta ári.

Afli og aflaverðmæti 1999–2000.

	Afli, þús. tonn		Breyting aflaverðmætis á föstu verði
	Áætlun 1999	Spá 2000	1999–2000, %
Þorskur	269	269	0
Annar botnfiskur	277	253	-8,7
Síld	95	100	17,4
Íslandssíld	202	202	0
Loðna	800	1.043	39,1
Humar	1,5	1,5	0
Rækja	42	42	0
Hörpudiskur	8	10	22,5
Kolmunni	75	75	0
Annað	8	8	0
Botnfiskur	546	523	-4,0
Annar afli	1.230	1.480	17,8
Samtals	1.776	2.003	1,5

Afli af fjarmiðum varð nokkru meiri árið 1998 en árið áður og áætla má að útflutningsverðmæti þess afla hafi verið 8 milljarðar króna sem er 1 milljarði meira en árið 1997. Gert er ráð fyrir að samanlagt útflutningsverðmæti afla af fjarmiðum á árinu 1999 verði um 8 milljarðar króna. Að teknu tilliti til allra þessara þátta gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða á árinu 1999 aukist um 2% frá árinu 1998.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað veiðiheimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Í áætlunum sínum gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að afli kvótabundinna tegunda á Íslandsmiðum verði í samræmi við ákvarðanir sjávarútvegsráðuneytisins en þó að teknu tilliti til ónýttra aflaheimilda sem flytjast á milli ára. Varðandi veiðar sem ekki eru háðar kvóta er byggt á reynslu undanfarinna ára.

Gert er ráð fyrir að þorskafli af Íslandsmiðum á nýbyrjuðu fiskveiðiári verði 260 þúsund tonn sem er hið sama og á síðasta fiskveiðiári. Reiknað er með að annar botnfiskafli dragist saman um 8,7%. Þá er gert ráð fyrir að annar afli aukist um 17,8%, þar af loðnu- og síldarafli um 30% en rækjuafli standi í stað.

Að öllu samanlögðu gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að framleiðsla sjávarafurða á milli áranna 1999 og 2000 aukist um 2,5%. Þessi áætlun er þó með þeim fyrirvara að úthafskarfaveiðar verði óbreyttar frá því sem nú er en um það ríkir nokkur óvissa.

6. Vinnumarkaður.

6.1 Atvinnuþátttaka og atvinna.

Árið 1999 hefur einkennst af mikilli eftirspurn eftir vinnuafli og hefur atvinnuþátttakan ekki verið meiri síðan 1990.

Niðurstöður úr atvinnukönnunum Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar sýna vaxandi eftirspurn eftir vinnuafli. Hagstofa Íslands skilgreinir atvinnuþátttöku þannig að sá sem vinnur meira en eina klukkustund í viðmiðunarvikunni telst þátttakandi, sem og þeir sem eru án atvinnu en eru virkir í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka miðast við aldursbilið 16–74 ára. Samkvæmt þessari könnun var atvinnuþátttakan 82,3% á árinu 1998 og hafði aukist um 1,3 prósentustig frá fyrra ári. Í síðustu könnunum Hagstofunnar hefur atvinnuþátttakan mælst með mesta móti.

Atvinnukannanir Þjóðhagsstofnunar byggjast á mati á fjölda ársverka samkvæmt launamiðum og upplýsingum launagreiðenda og ná til aldurshópsins 15–65 ára. Samkvæmt könnuninni fjölgaði ársverkum um 3.900 á milli áranna 1997 og 1998 eða um 3,2%.. Mat á atvinnuþátttöku fæst með því að bæta fjölda atvinnulausra við fjölda ársverka. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar var atvinnuþátttakan 77,1% árið 1998 og hafði þá vaxið um 1,4 prósentustig frá árinu 1995.

Atvinnukannanir Þjóðhagsstofnunar á þessu ári hafa gefið til kynna meiri vilja atvinnurekenda til að fjölga starfsfólki en sambærilegar kannanir í fyrra. Þessar kannanir sýna þó mikið misvægi eftir landshlutum, þar sem viljinn til að bæta við starfsfólki er eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1997 og 1998 vildu atvinnurekendur bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu fjölga starfsfólki. Spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir að störfum fjölgi um 3.900 ársverk eða sem nemur 3,0% af vinnuafli á árinu 1999 og að atvinnuþátttaka verði meiri en á árinu 1998, eða um 77½%. Á árinu 2000 er áætlað að atvinnuþátttakan verði svipuð og á þessu ári, sem þýðir fjölgun um 1.100 ársverk.

Framboð á íslenskum vinnumarkaði hefur aukist vegna fjölgunar fólks á vinnualdri og vegna þess að hærra hlutfall þessa fólks er nú á vinnumarkaði. Aukið framboð má einnig rekja til fleiri erlendra starfsmanna. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru gefin út 777 ný tímabundin atvinnuleyfi á sjö fyrstu mánuðum ársins samanborið við 673 á sama tímabili síðasta árs. Hingað til hafa einkum fiskvinnsla, málmsmíði, hótel og heilbrigðisstofnanir leyst skort á vinnuafli með því að ráða fólk utan Evrópska efnahagssvæðisins. Nú eru vísbendingar um að fleiri greinar leiti eftir vinnuafli út fyrir svæðið til að leysa úr bráðri vinnuaflsþörf. Áætlað er að íbúum landsins fjölgi um 1.700 vegna millilandaflutninga á þessu ári og að vinnuframboð aukist fyrir vikið um 1.000 manns.

Í samanburði við lönd innan OECD er atvinnuþátttakan mikil á Íslandi. Einungis í Danmörku, Noregi og Sviss er atvinnuþátttakan meiri en þar var hún í kringum 80% á árinu 1998. Að meðaltali var atvinnuþátttakan 67% í löndum ESB og um 77% í Bandaríkjunum.

6.2 Atvinnuleysi.

Atvinnuleysi hefur minnkað hratt að undanförnu. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði að meðaltali 2% á þessu ári. Hefur það lækkað um 3 prósentustig frá árinu 1995 er það náði hámarki og hefur ekki verið minna síðan árið 1991.

Á síðasta ári voru 3.788 manns atvinnulausir að meðaltali allt árið en það samsvaraði 2,8% af fólki á vinnumarkaði. Þetta er töluverð fækkun frá árinu 1997 þegar atvinnuleysi mældist 3,9%. Atvinnuleysi hefur minnkað frekar á þessu ári. Ef bornir eru saman fyrstu sjö mánuðir áranna 1998 og 1999, þá hefur atvinnuleysi að meðaltali minnkað úr 3,2% í 2,1%.

Það sem af er árinu 1999 hefur atvinnulausum fækkað í öllum landshlutum. Á höfuðborgarsvæðinu var 2,3% mannaflans án atvinnu á fyrstu sjö mánuðum ársins 1999, eða 1.926 manns, samanborið við 3,1% á sama tímabili í fyrra. Á landsbyggðinni dró einnig úr atvinnuleysi á fyrstu sjö mánuðum ársins, en þó ekki eins mikið. Mældist atvinnuleysi 1,8%, eða rúmlega 1.000 manns, samanborið við 2,4% af mannaflanum á sama tímabili í fyrra. Hlutfallslega mest dró úr atvinnuleysi á Vesturlandi eða um 41%, en minnst á Vestfjörðum eða um 1% enda var atvinnuleysi lægst í þeim landshluta á síðasta ári.

Fyrstu sjö mánuði ársins voru að meðaltali 1,4% karla og 3,0% kvenna á vinnumarkaði án atvinnu. Á sama tímabili í fyrra var atvinnuleysi 1,8% meðal karla og 4,1% meðal kvenna. Atvinnuleysi hefur minnkað í öllum aldurshópum en þó mest meðal ungs fólks. Í aldurshópnum 16–24 ára var atvinnuleysið um 6% á árinu 1998, en var komið niður í 3,9% í aprílkönnun Hagstofunnar.

Oft er erfitt fyrir þá sem verið hafa lengi atvinnulausir að fá vinnu aftur. Á atvinnuleysistímum er hætt við að hlutfall þeirra sem verið hafa án atvinnu lengi fari vaxandi. Árið 1990 höfðu 20% atvinnulausra verið án vinnu í sex mánuði eða lengur. Frá þeim tíma jókst þetta hlutfall til ársins 1997 og var þá komið í 27% en lækkaði í 22,9% í fyrra. Í samanburði við önnur lönd innan OECD er þetta hlutfall lágt, einungis Noregur er með lægra hlutfall meðal evrópskra aðildarríkja. Ætla má að það sé vísbending um að atvinnuleysið hafi ekki náð að skjóta eins föstum rótum hér á landi og það hefur gert í öðrum þróuðum ríkjum. Á árinu 1998 var atvinnuleysi hvergi minna en hér á landi meðal OECD ríkjanna. Að meðaltali nam atvinnuleysið 9,7% á meðal aðildarríkja OECD í Evrópu og áætlað er að það minnki í 9,5% á þessu ári.

Atvinnuhorfur virðast vera nokkuð bjartar það sem eftir er þessa árs og á næsta ári. Ljóst er að mörgum stórum verkefnum er nú lokið eða er að ljúka, en ný verkefni eru hafin eða eru að hefjast. Í því sambandi má nefna fyrirhugaða stækkun Norðuráls og áætlanir um nýtt verslunarhúsnæði. Almenn spurn eftir vinnuafli verður áfram mikil á næsta ári.

Þjóðhagsstofnun spáir að atvinnuleysi verði að meðaltali 2% í ár og verði svipað á næsta ári. Spá OECD fyrir árin 1999 og 2000 gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði hvergi lægra í aðildarríkjunum. Fyrir OECD í heild er spáð 7,0% atvinnuleysi á árunum 1999 og 2000.

6.3 Byggðaþróun.

Byggðaþróun í landinu einkennist nú af því að til landsins flytur fleira fólk en frá því og straumur fólks af landsbyggðinni heldur áfram. Staða landshlutanna í atvinnumálum er mismunandi. Sums staðar eru áform um nýja starfsemi og framkvæmdir en annars staðar er stöðnun.

Rammi 3. Atvinnuástand og atvinnuþátttaka.

Með atvinnuþátttöku er átt við það að einstaklingur sé annaðhvort starfandi eða í atvinnuleit og sé í þeim skilningi þátttakandi á vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka eykst yfirleitt þegar vel árar í hagkerfinu en dregst að sama skapi saman í niðursveiflu. Þetta má glögglega sjá á meðfylgjandi mynd sem lýsir sambandi atvinnuþátttöku (sem hlutfalli af mannfjölda á aldrinum 15–64 ára) og atvinnuleysis á Íslandi síðustu 15 ár. Svipuð tengsl atvinnuþátttöku og atvinnuleysis má finna víða annars staðar en tengslin virðast þó með sterkasta móti hér á landi. Á hinn bóginn gefa hagmælingar til kynna að raunlaun hafi lítil áhrif á atvinnuþátttöku. Er það í samræmi við niðurstöður margra erlendra rannsókna. Á myndinni má sjá að atvinnuþátttaka jókst raunar töluvert á „skattlausa árinu" 1987 en hafa ber í huga að um mjög mikla breytingu á raunlaunum var þar að ræða. Að auki var breytingin tímabundin en gild hagfræðileg rök hníga að því að áhrif slíkrar raunlaunabreytingar yrðu minni til lengri tíma litið.



Fylgni atvinnuþátttöku og atvinnuleysis er helst skýrð með letjandi áhrifum atvinnuleysis á fólk í atvinnuleit („discouraged worker effect"). Atvinnuleit fylgir kostnaður. Gott atvinnuástand eykur líkurnar á því að einstaklingar í starfsleit finni starf við sitt hæfi og þar með að atvinnuleit sé kostnaðarins virði. Það hvetur einstaklinga til þess að leita sér að starfi og því fjölgar fólki á vinnumarkaði. Við slæmt atvinnuástand gildir hið gagnstæða.

Aukin atvinnuþátttaka í uppsveiflu veitir hagkerfinu meira svigrúm til framleiðsluaukningar en ætla mætti ef einungis væri höfð hliðsjón af fjölda atvinnulausra. Rannsóknir hafa raunar sýnt að breytingar í fjölda starfandi einstaklinga hér á landi verða fremur skýrðar með breytilegri atvinnuþátttöku en breytingum í atvinnuleysi.[1] Þó eru vísbendingar þess efnis að ný störf hafi í auknum mæli verið fyllt af fólki á atvinnuleysisskrá hin síðari ár þegar atvinnuleysi hefur verið hátt í sögulegu samhengi. Í þeirri uppsveiflu sem hagkerfið hefur búið við síðastliðin 4 ár hefur aukin atvinnuþátttaka leitt til þess að vöxtur vinnuframboðs hefur verið tæplega 60% meiri en hann hefði verið við óbreytta atvinnuþátttöku. Á þessu tímabili hefur aukningu vinnuaflseftirspurnar verið mætt nokkuð jöfnum höndum með aukinni atvinnuþátttöku og minnkun atvinnuleysis.

[1] Axel Hall, Gylfi Magnússon, Gylfi Zoëga, Sigurður Ingólfsson, Sveinn Agnarsson og Tryggvi Þór Herbertsson (1998), „Áhrif EMU á íslenskan vinnumarkað", Fjármálatíðindi, 45. árg., fyrra hefti, bls. 29–52.
Magnús Harðarson og Páll Harðarson (1999), „A New Macroeconometric Model for Iceland: A Status Report", óbirt handrit, Þjóðhagsstofnun, maí 1999.

Búferlaflutningar milli landa.

Á fyrri hluta ársins 1999 fluttu fleiri íslenskir ríkisborgarar til landsins en frá því. Þetta hefur ekki gerst síðan 1992 en brottfluttir íslenskir ríkisborgarar umfram aðflutta eru tæplega fjögur þúsund á þessum áratug. Brottfluttum Íslendingum heldur áfram að fækka en aðfluttum fjölgar. Framhald er á aukningu á fjölda aðfluttra erlendra ríkisborgara til landsins en fjöldi brottfluttra helst nokkurn veginn stöðugur. Ef svo heldur sem horfir má ætla að á þriðja þúsund manns með erlent ríkisfang flytji til landsins í ár. Áætlað er að fjölgun íbúa landsins vegna millilandaflutninga nemi um 1.700 manns.

Mynd 14. Búferlaflutningar milli landa 1989–99.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Búferlaflutningar innan lands.

Búferlaflutningar innan lands það sem af er árinu 1999 benda til að þeir séu mjög í sama fari og fyrri ár og að brottfluttir umfram aðflutta af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins verði álíka margir og árið 1998. Þó hafa orðið nokkrar breytingar á flutningum milli svæða. Viðsnúningur er á Suðurlandi frá brottflutningi í að flutningar innan lands eru nokkurn veginn í jafnvægi. Brottflutningur innan lands hefur aukist mest á Norðurlandi eystra og það stefnir í að fækkun vegna innan landsflutninga á Vestfjörðum og Austurlandi verði meiri en árið 1998 eða um 3% af íbúafjölda. Mismunur brottfluttra og aðfluttra stefnir í 2,8% af íbúafjölda Norðurlands vestra og 2,1% af íbúafjölda austurkjördæmisins. Annars staðar er hann minni. Allir landshlutar bæta við íbúafjölda með aðflutningi fólks frá útlöndum. Á landsbyggðinni er þar mest um erlent fiskverkafólk og flóttamenn að ræða.

Mynd 15. Búferlaflutningar á fyrra árshelmingi 1999, eftir landssvæðum.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Íbúaþróun á höfuðborgarsvæðinu.

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu mun að öllum líkindum fjölga meira á yfirstandandi ári en nokkru sinni. Hlutfallslegur vöxtur mannfjölda gæti orðið meiri en hann hefur orðið í áratug. Náttúruleg fjölgun á svæðinu er áætluð rétt tæplega 1%. Mismunur aðfluttra og brottfluttra í innan landsflutningum er áætlaður um 1.750 manns eða rétt rúmlega 1% viðbót við mannfjölda. Því til viðbótar er nú áætlað að til svæðisins flytjist frá útlöndum rúmlega 1.100 fleiri en þeir sem fara utan. Það er viðbót um 0,7%. Að samanlögðu má því reikna með að fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu í ár verði allt að 4.500 manns eða 2,7%. Svo mikill hlutfallslegur vöxtur hefur ekki átt sér stað síðan 1988 en þá var mikill aðflutningur fólks frá útlöndum. Sú fjölgun leiddi af sér spurn eftir 1.700–1.800 íbúðum og fjölgun á vinnumarkaði sem nam um 2.300 ársverkum. Þetta er mikil breyting frá því sem var fyrir 2 árum. Á árunum 1993 til 1997 drógu millilandaflutningar úr fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu en árið 1998 snerist dæmið við.

Staða atvinnuþróunar á landsbyggðinni.

Þróun og staða einstakra landshluta er mjög mismunandi. Þannig er uppgangur og aukning starfa á flestum stöðum á Vesturlandi, sérstaklega á Akranessvæði og í Grundarfirði. Hið sama á við um vesturhluta Suðurlandsundirlendisins og Suðurnes. Bæði þessi svæði njóta nálægðarinnar við höfuðborgarsvæðið og á Vesturlandi eru að koma fram áhrif samgöngubótarinnar sem Hvalfjarðargöngin eru og stóriðjunnar á Grundartanga. Í mörgum héruðum hafa ekki orðið umtalsverðar úrbætur í atvinnumálum. Víða eru hins vegar uppi áform um ný fyrirtæki og framkvæmdir. Nefna má orkuframkvæmdir og stóriðju á Austurlandi, raforkuframkvæmdir og fjárfestingar í ferðaþjónustu á Vestfjörðum og áform um nýtingu háhita í S-Þingeyjarsýslu, á Suðurlandi og Suðurnesjum. Í Eyjafirði eru byggingaráform fyrir iðnað, þjónustu, verslanir og skrifstofur. Í Skagafirði standa fyrir dyrum fjárfestingar í ferðaþjónustu, iðnaði og fiskeldi sem gætu skapað um 40 störf, öll í útflutningsframleiðslu.

Alls staðar á landsbyggðinni hafa átt sér stað miklar skipulagsbreytingar í atvinnulífinu sem sums staðar hafa leitt til fækkunar starfa. Á Vestfjörðum hafa nær 300 störf í fiskvinnslu verið lögð niður en 50–60 komið í staðinn, auk um 70 nýrra starfa í upplýsingaiðnaði. Þar hefur einnig átt sé stað endurskipulagning í þjónustugreinum. Fækkun starfa í fiskvinnslu á sér stað víðar. Nokkuð er um nýjungar í atvinnulífinu sem hafa leitt til fjölgunar starfa svo sem í upplýsingaiðnaði og ferðaþjónustu en einnig í iðnaði. Víðast er skortur á vinnuafli, einkum fólki með menntun og þjálfun. Atvinnuleysi hefur minnkað og allmargir á atvinnuleysisskrá eru í hlutastörfum. Sums staðar hafa fyrirtæki lagt í þjálfunarverkefni til að bjóða því fólki vinnu sem erfiðast hefur átt með að fá atvinnu í kjölfar skipulagsbreytinga. Ástandið er verst í þeim sveitabyggðum sem háðastar eru sauðfjárrækt og liggja langt frá öðrum atvinnumöguleikum.

7. Verðlag.

Síðustu tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 4,9%. Er þetta mesta 12 mánaða hækkun vísitölunnar í nærri 6 ár. Spá Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir því að vísitalan hækki um 5% innan þessa árs. Til samanburðar hækkaði vísitala neysluverðs um einungis 1,3% á árinu 1998. Þrátt fyrir að hækkun verðlags sé nokkuð meiri en spár höfðu gert ráð fyrir kemur þessi þróun ekki á óvart. Ýmis teikn hafa verið á lofti um nokkurt skeið sem bent hafa til aukinnar verðbólguhættu. Eftirspurn hefur vaxið mun hraðar en afkastageta þjóðarbúsins þrátt fyrir mikinn framleiðnivöxt og betri nýtingu framleiðsluþáttanna, vinnuafls og fastafjármuna. Vexti eftirspurnar hefur að nokkru leyti verið mætt með auknum innflutningi. Þetta hefur dregið úr þrýstingi á verðlag innan lands en jafnframt leitt til mikils viðskiptahalla. Engu að síður var á árinu 1998 farið að gæta verðhækkana á innlendum liðum neysluverðsvísitölunnar en þá hækkuðu þeir um 3,5%. Hagstæð þróun innflutningsverðlags hélt þá aftur af verðlagshækkunum en á árinu 1998 lækkaði verðlag erlendra vara um 3,2%. Hafði sú lækkun bein áhrif til um 1% lækkunar neysluverðsvísitölunnar. Með áframhaldandi vexti eftirspurnar var ljóst að þrýstingur á verðlag innlendra liða neysluverðsvísitölunnar mundi aukast enn frekar og ekki mætti mikið út af bera til þess að verðstöðugleika yrði ógnað.

Verðhækkun á húsnæði vegur þungt í hækkun neysluverðsvísitölunnar síðastliðna tólf mánuði en húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað ört vegna mikillar eftirspurnar. Húsnæðisliður vísitölunnar hefur hækkað um 12,8% á tímabilinu sem veldur 1,5% hækkun neysluverðs. Verð á innlendum vörum hefur hækkað um 4,3% og verð innlendrar þjónustu svipað eða um 4,4%. Bensínverð hefur hins vegar hækkað um 17,3%, sem veldur 0,7% hækkun vísitölunnar. Einnig hafa innfluttar matvörur hækkað töluvert í verði eða um 6,6%. Verð annarra innfluttra vara en bensíns og matvara hefur hins vegar hækkað lítið sem skýrist m.a. af stöðugu gengi krónunnar og lítilli verðbólgu í viðskiptalöndum okkar. Því er meðaltalshækkun allra innfluttra neysluvara síðastliðna tólf mánuði töluvert minni en hækkun innlendra liða vísitölunnar eða 3,1%.

Mynd 16. Breytingar á vísitölu neysluverðs 1990–99.



Þjóðhagsstofnun spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 3,2% á milli áranna 1998 og 1999 og 5% frá upphafi til loka árs 1999. Þá er gert ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 2½% frá upphafi til loka ársins 2000, en það felur í sér um 4% hækkun milli áranna 1999 og 2000. Spáin gerir ráð fyrir stöðugu gengi og um 1½% verðbólgu í helstu viðskiptalöndum. Reiknað er með nokkuð minni framleiðnivexti á milli ára en undanfarin ár eða 1½% sem er svipaður framleiðnivöxtur og OECD gerir ráð fyrir í aðildarríkjunum. Í launaforsendu spárinnar er reiknað með lítið eitt minni kaupmáttaraukningu en í ríkjum OECD enda hefur kaupmáttur vaxið mjög ört hér á landi undanfarin ár. Kjarasamningar renna út á næsta ári og veldur það nokkurri óvissu um launa- og verðlagsþróun.

Spá Þjóðhagsstofnunar er í takt við spár annarra sérfræðinga en þær gera ráð fyrir 4,7–5,1% verðbólgu frá upphafi til loka árs 1999. Væntingar um aukna verðbólgu koma einnig fram í hækkun verðbólguálags á óverðtryggð ríkisbréf eins og kemur fram í kaflanum um fjármagnsmarkaði, en það er nú um 4½ prósentustig sé miðað við 5 ára ríkisskuldabréf samanborið við 2,7 prósentustig um sl. áramót.

8. Heimilin.

8.1 Kjaramál og launaþróun.

Á útmánuðum 1997 voru gerðir kjarasamningar til þriggja ára. Samningar á hinum almenna vinnumarkaði eru í gildi til 15. febrúar næstkomandi en flestir samningar opinberra starfsmanna renna út í lok október árið 2000. Óvissa um niðurstöðu samninganna setur nokkurt mark á launa- og verðbólguspá þjóðhagsáætlunar fyrir árið 2000.

Kaupmáttarþróun á samningstímabilinu hefur verið hagstæð og miðað við launavísitölu hefur kaupmáttur launa hækkað um rúm 15% til júlí 1999. Eina samningsbundna almenna launahækkunin á þessu ári varð í upphafi ársins ýmist 3,5% eða 3,65%. Kjarasamningar Sambands íslenskra bankamanna áttu að renna út þann 1. september sl., en samningar tókust í júní um framlengingu þeirra til loka ársins 2000. Samningurinn fól í sér 0,3% hækkun við undirskrift og 80 þúsund króna eingreiðslu og þá kveður samningurinn á um 3,5% hækkun þann 1. janúar nk. Þá felldi Kjaradómur úrskurð um laun í maí og kjaranefnd hefur fellt ýmsa úrskurði á árinu, en undir Kjaradóm og kjaranefnd heyra allt að 1.000 opinberir starfsmenn.

Nokkrir aðlögunarsamningar hjá hinu opinbera voru og gerðir á fyrri hluta ársins, en aðeins örfáir samningar eru enn ófrágengnir.

Á þessu ári er útlit fyrir að launavísitalan hækki um tæp 7%. Nokkuð hefur dregið úr hækkunum hennar á undanförnum mánuðum og hefur hún mælt 0,1% hækkun milli mánaða sem er ívið minna en áður var reiknað með. Miðað við að verðbólgan verði 3,2% eins og hér er spáð felur hækkun launavísitölu í sér að kaupmáttur launa hækki u.þ.b. 3½% frá 1998 til 1999.

Gagngerar breytingar hafa verið gerðar á launakönnun kjararannsóknarnefndar og vegna viðamikils undirbúnings þessara breytinga varð hlé á útgáfustarfsemi nefndarinnar um nokkurt skeið. Nú hefur nefndin gefið út upplýsingar um laun og launaþróun á almenna vinnumarkaðnum fyrir 4. ársfjórðung 1998 og 1. ársfjórðung 1999. Niðurstöður kjararannsóknarnefndar sýna meiri hækkanir en launavísitala Hagstofunnar fyrir almenna markaðinn sem nemur 1 prósentustigi. Gefur þetta til kynna að launavísitalan feli í sér vanmat á launahækkunum á almenna markaðnum, en úrtak Hagstofu er mun minna en það sem kjararannsóknarnefnd notar.

Eins og fyrr segir verða kjarasamningar lausir á næsta ári og skapar það óvissu um kjaraþróun. Örðugt er að spá fyrir um niðurstöður kjarasamninga. Spá um launa- og kaupmáttarþróun á næsta ári verður því byggð á forsendu sem tekur mið af framreikningi OECD um launa- og kaupmáttarþróun á almennum markaði í helstu viðskiptalöndum okkar sem sýnd er í eftirfarandi töflu.

Niðurstaðan er sú að launahækkanir í viðskiptalöndunum verði 3,5% að meðaltali frá 1999 til 2000. Nokkur munur er á einstökum löndum og ræður þar miklu að í þeim löndum þar sem góður gangur hefur verið í efnahagslífinu, svo sem í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum, er gert ráð fyrir launahækkunum umfram meðaltal eða á bilinu 4,2–5,3%. Kaupmáttur launa í viðskiptalöndunum mun samkvæmt þessu yfirliti aukast um 1,7% að meðaltali. Með vísan til þessa og þekktra breytinga á næsta ári er því miðað við 5% launahækkun milli 1999 og 2000.

Áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar í viðskiptalöndunum 1999–2000, %.

	Gengisvog	Launabreyting	Verðbólga	Kaupmáttur
Bandaríkin	24,1	4,2	1,8	2,4
Bretland	13,4	4,3	2,4	1,9
Frakkland	4,6	2,3	1,1	1,2
Kanada	1,4	2,9	2	0,9
Ítalía	2,1	2,5	1,5	1,0
Japan	5,4	-0,9	-0,6	-0,3
Þýskaland	13,8	2,4	1,2	1,2
Danmörk	9,2	5,3	2,6	2,6
Finnland	1,2	3,5	1,5	2,0
Noregur	8,3	4,3	2,3	2,0
Svíþjóð	3,9	3,7	1	2,7
Belgía	1,5	2,6	1,4	1,2
Sviss	2,4	1,8	0,8	1,0
Holland	4,5	3,3	2	1,3
Portúgal	1,4	4	2,3	1,7
Spánn	3,0	2,5	2,2	0,3
Meðaltal viðskiptalanda	100,0	3,5	1,7	1,7

Heimild: OECD Economic Outlook, júní 1999.

Hafa verður í huga að laun hafa hækkað til muna meiri hér á landi en í viðskiptalöndunum á undanförnum árum, eða um 23½% árin 1997–99 samanborið við 11,3% ytra. Kaupmáttur hefur á þessum árum aukist um 15,7% hér á landi en um rúm 6% í viðskiptalöndunum. Að baki þessari hagstæðu þróun hefur legið veruleg framleiðniaukning á Íslandi umfram það sem orðið hefur í viðskiptalöndunum. Þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir að framleiðni aukist svipað og í viðskiptalöndunum á næsta ári eða 1½% og svigrúm til launahækkanna verður því minna en ella.

8.2 Ráðstöfunartekjur.

Tölur um staðgreiðsluskyldar tekjur, þ.e. launatekjur, reiknuð laun, bætur almannatrygginga, lífeyrir m.m., fyrstu sjö mánuði ársins sýna hækkun um rúmlega 10% frá sama tímabili í fyrra. Vísbendingar eru um að launatekjurnar hafi hækkað ívið meira eða um allt að 11%. Við samanburð launatekna og launavísitölu verður að hafa í huga að launavísitölunni er ætlað að sýna þróun dagvinnulauna meðallaunþega en launatekjurnar taka til allra launa og allra launþega. Breytingar launateknanna fela þannig í sér hækkun dagvinnulauna, breytingar á yfirvinnu og fjölgun launþega. Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að ársverkum (ígildi fulls starfs) fjölgi um 3% frá 1998 til 1999. Þá er einnig ástæða til að ætla að vinnutími hafi lengst hjá mörgum stéttum. Greiðslur Tryggingastofnunar vegna lífeyris og bóta eru um 7½% hærri á fyrstu sjö mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra.

Tekjuskattshlutfall var lækkað um 1 prósentustig eða úr 27,41% í 26,41% í upphafi ársins. Á hinn bóginn hækkaði meðalútsvar í staðgreiðslu um 0,32% af tekjum, þannig að staðgreiðsluhlutfall er 38,34% sem er lækkun um 0,68 prósentustig. Persónuafsláttur var lækkaður lítillega, en skattleysismörkin hækkuðu í 60.848 kr. á mánuði, sem er hækkun um 1,6%. Hafa ber í huga að iðgjald til lífeyrissjóðs er nú að fullu frádráttarbært frá tekjum til skatts og þá er 2% iðgjald af viðbótarlífeyrissparnaði frádráttarbært hjá þeim sem spara með þeim hætti. Tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum einstaklinga hafa aukist umtalsvert á þessu ári því mikil tekjuhækkun hefur vegið upp lækkun skatthlutfallsins. Þar sem persónuafsláttur hækkar minna en tekjurnar þyngist skattbyrði beinna skatta nokkuð á þessu ári.

Að öllu samanlögðu er hér reiknað með að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækki um tæplega 5% á þessu ári. Í fyrri spá var gert ráð fyrir að kaupmáttur hækkaði ívið meira, eða um 5½%, en endurskoðun spárinnar stafar af meiri verðbólgu og af þyngri skattbyrði en reiknað var með. Mikil óvissa er um framvindunina yfir á næsta ár. Miðað við 5% hækkun launa, 1% fjölgun starfa og um 4% verðbólgu má gera ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hækki um 1–1½% á næsta ári.

8.3 Einkaneysla og sparnaður.

Margt bendir til þess að einkaneysla landsmanna aukist verulega á yfirstandandi ári. Áætluð aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna milli áranna 1998 og 1999 er tæplega 6% í heild og óbreyttur eða minnkandi sparnaður heimila bendir til þess að einkaneyslan aukist í takt við þróun kaupmáttar ráðstöfunartekna eða nokkuð umfram hana. Þannig sýna tölur um veltu fyrstu sex mánuði ársins 6% magnaukningu í atvinnugreinum sem tengjast einkaneyslu svo sem verslun, þjónustu og samgöngum. Í öðru lagi má nefna aukningu innflutnings á neysluvörum á tímabilinu frá janúar til júlí 1999 miðað við sama tíma 1998, sem í heild nam 12% á föstu verðlagi. Innflutningur á mat- og drykkjarvörum til heimilisnota jókst um 5½% og innflutningur nokkurra annarra neysluvara svo sem heimilistækja, fatnaðar, lyfja, áfengis og tóbaks jókst um 7½% að magni frá fyrra ári. Einnig má benda á 27% aukningu innflutnings fólksbifreiða fyrstu sjö mánuði ársins 1999.

Ferðalög landsmanna hafa aukist mjög á árinu en meðaleyðsla í hverri ferð virðist lækka með fjölgun ferða enda fara margir fleiri en eina ferð árlega. Samkvæmt greiðslujafnaðartölum á fyrra árshelmingi 1999 jukust útgjöld Íslendinga í útlöndum um 10½% miðað við sama tímabil 1998. Miðað við þær tölur og spár fyrir seinni árshelming 1999 stefnir í að útgjöldin verði í ár tæplega 12% hærri en í fyrra.

Aukning á kreditkortanotkun heimila fyrstu sjö mánuði ársins er veruleg sem gefur vísbendingu um aukna neyslu. Heildarveltan jókst um 19% á föstu verði 1999, þar af 17% innan lands. Færslufjöldinn jókst heldur minna þannig að meðalúttekt hækkar nokkuð. Debetkortanotkun jókst enn meira eða um rúmlega 20% en þar gætir enn áhrifa kerfisbreytingar frá tékkanotkun sem minnkaði um 3% á sama tíma. Debetkort voru í maílok 251.800 og hefur fjölgað um 14,2% frá sama tíma í fyrra en um 3,5% frá áramótum. Á síðasta ári fjölgaði kreditkortum um 2,4% og voru í lok síðasta árs 167.048 talsins. Í lok apríl var fjöldi kreditkorta 166.728 og hafði þannig fækkað nokkuð frá áramótum.

Að öllu samanlögðu er nú áætlað að einkaneyslan muni aukast um 6% milli áranna 1998 og 1999. Meðfylgjandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu einkaneyslunnar á síðasta ári samanborið við árið 1990 ásamt magnbreytingu einstakra liða árin 1994–1999.

Mynd 17. Þróun helstu liða í einkaneyslu 1980–99.

Vísitölur, 1990 = 100.



Eins og undanfarin ár eru það einkum kaup á varanlegum neysluvörum sem bera uppi aukningu einkaneyslunnar. Kaup á þessum vörum eru talin aukast um 15% á árinu og vega þar kaup á einkabifreiðum hvað þyngst. Mikil aukning er einnig í útgjöldum vegna kaupa á húsgögnum, heimilistækjum, ferðalögum, menntun og afþreyingu. Á undanförnum árum hefur vægi þessara þátta sömuleiðis farið vaxandi á sama tíma og vægi matvæla, drykkjarvara, fatnaðar og húsnæðiskostnaðar hefur farið hlutfallslega lækkandi.

Á næsta ári er því spáð að einkaneyslan aukist töluvert minna en í ár eða um 2,5% m.a. vegna þess að talið er að kaupmáttaraukning verði töluvert minni og þess vænst að neyslulán til heimila aukist minna en árið 1999. Þá er talið að gæta muni mettunaráhrifa í kaupum á varanlegum neysluvörum svo sem heimilistækjum og einkafarartækjum. Kaup á þessum vörum hafa aukist mjög frá árinu 1994 þegar núverandi hagvaxtartímabil hófst.

Ekki eru vísbendingar um að sparnaður heimilanna hafi aukist í fyrra og ekki heldur horfur á að hann aukist á þessu ári. Aðgengi heimilanna að lánsfé hefur batnað mjög á undanförnum árum og skuldir heimilanna hafa vaxið í kjölfarið. Þannig námu skuldir heimilanna 443 milljörðum króna í árslok 1998, sem er hækkun um 57 milljarða frá árinu áður, eða um 15%. Bráðabirgðatölur um skuldastöðu heimilanna við innlánsstofnanir á fyrri árshelmingi 1999 sýnir 30% aukningu umfram verðbólgu miðað við sama tímabil í fyrra. Skuldaaukningin er einkum í skuldum öðrum en húsnæðisskuldum, en þó hafa íbúðalán aukist mjög mikið samfara aukinni eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og miklum verðhækkunum á húsnæðismarkaðinum. Skuldir heimilanna jukust lítillega sem hlutfall af ráðstöfunartekjum milli áranna 1997 og 1998, en útlit er því fyrir því að þetta hlutfall hækki nokkuð á þessu ári.

Einkaneysla 1990–99.

	Hlutfallsleg skipting, %		Magnbreyting frá fyrra ári, %					
							Bráðab.	Áætl.
	1990	1998	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Matur, drykkjarvara og tóbak	25,5	20,9	-0,3	1,7	3,4	1,5	6,1	4,4
Fatnaður	7,8	7,0	7,6	5,0	4,0	4,0	10,4	4,0
Húsnæði, ljós og hiti	17,6	14,5	1,5	1,5	2,0	1,1	1,0	1,0
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki	7,9	8,5	7,1	5,1	8,2	7,6	17,2	4,1
Lyf og læknishjálp	1,7	2,0	4,1	3,0	4,0	1,8	5,2	3,3
Flutningatæki og samgöngur	13,8	18,1	-1,4	13,3	13,9	14,6	16,9	13,6
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál	10,3	11,9	4,9	5,2	6,0	8,3	15,6	6,2
Ýmsar vörur og þjónusta	11,8	13,4	5,5	7,7	5,3	7,9	13,1	5,4
Einkaneysla innan lands alls	**96,5**	**96,3**	**2,4**	**4,9**	**5,6**	**5,7**	**10,2**	**5,7**
Útgjöld Íslendinga erlendis	7,5	7,8	-3,1	-0,8	10,5	9,8	21,0	10,6
Útgjöld útlendinga á Íslandi	3,9	4,0	6,7	11,3	-4,8	3,2	16,8	5,4
Einkaneysla alls	**100,0**	**100,0**	**1,9**	**4,2**	**6,4**	**6,0**	**11,0**	**6,0**
Þar af:								
Óvaranlegar neysluvörur	40,4	35,7	-0,7	3,1	3,9	3,1	6,6	4,4
Hálfvaranlegar neysluvörur	13,6	13,0	6,3	5,5	4,1	5,2	12,2	5,3
Varanlegar neysluvörur	10,6	15,2	5,7	12,3	21,1	17,1	25,9	15,1
Þjónusta	35,4	36,1	3,5	4,6	3,6	5,0	7,7	3,3

Áætlanir Seðlabanka um fjáreignir benda til að fjáreignir heimila hafi vaxið umfram skuldir undanfarin tvö ár eftir margra ára aukningu skulda umfram eignir árin þar á undan. Þessar áætlanir gefa til kynna að hreinn sparnaður heimilanna, þ.m.t. lífeyrissjóðir, gæti hafa numið 5–6% af landsframleiðslu árið 1998, en 1–1½% árin 1993 og 1994.

8.4 Húsnæðismarkaður.

Í fyrra var reiknað með að íbúðabyggingar myndu aukast um 5% á árunum 1998 og 1999. Nýjar upplýsingar benda til að vaxandi umsvif í íbúðabyggingum séu seinna á ferðinni en upphaflega var reiknað með. Þannig varð engin aukning í nýbyggingum á íbúðarhúsnæði á árinu 1998 en gert er ráð fyrir að fjárfesting í íbúðarhúsnæði muni aukast um 8% í ár og aftur um 5% á því næsta. Þessa töf má vafalítið rekja til mikilla fjárfestinga á öðrum sviðum og skorts á iðnaðarmönnum.

Kaupmáttaraukning undanfarinna ára og litlar nýbyggingar hafa leitt til vaxandi viðskipta með eldra húsnæði. Upplýsingar um verðþróun undanfarna mánuði gefa til kynna verulega umframeftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Þannig eru raunverðshækkanir á íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu töluvert umfram almennar verðhækkanir. Á hinn bóginn má ætla að verð íbúðarhúsnæðis hafi lækkað eða staðið í stað utan höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 18. Raunverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, 1990–99.

Vísitala, 1990 = 100.



9. Hið opinbera.

Allt bendir til þess að afkoma hins opinbera haldi áfram að batna í ár og á því næsta. Áætlaður tekjuafgangur ársins 1999 nemur um 8 milljörðum króna samkvæmt uppgjöri Þjóðhagsstofnunar. Árið 1998 varð tekjuafgangur af búskap hins opinbera sem nam 5½ milljarði króna en það var í fyrsta skipti frá byrjun 9. áratugarins sem hið opinbera skilaði verulegum tekjuafgangi. Á árinu 2000 er gert ráð fyrir 10½ milljarðs króna tekjuafgangi.

Mynd 19. Tekjur, gjöld og skuldir hins opinbera 1980–2000.

Hlutföll af landsframleiðslu.



Uppgjör Þjóðhagsstofnunar á búskap hins opinbera fylgir þjóðhagsreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna. Veigamesti munurinn á því uppgjöri og ríkisreikningi er að hagnaður af sölu eignarhluta ríkisins í félögum er ekki færður til tekna í uppgjöri þjóðhagsreikninga heldur færður á endurmatsreikning. Þá eru afskrifaðar skattakröfur vegna gjaldþrots ekki færðar til gjalda heldur á endurmatsreikning og að hluta til lækkunar tekna. Að síðustu má nefna að einungis eru færðar til gjalda þær viðbótar lífeyrissjóðsskuldbindingar sem tengjast launagreiðslum ársins.

9.1 Ríkisfjármál.

Á fjárlögum þessa árs var þriðja árið í röð stefnt að tekjuafgangi á búskap A-hluta ríkissjóðs eða um 2½ milljarði króna á rekstrargrunni. Vegna meiri hagvaxtar og meiri launahækkana en ráð var fyrir gert við gerð fjárlaga stefnir nú í 5 milljarða króna hagstæðari afkomu. Tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 10 milljörðum króna hærri en í fjárlögum ársins, sem skýrist einkum af meiri tekjuskatti einstaklinga og fyrirtækja og af meiri tekjum af veltusköttum, svo sem virðisaukaskatti og vörugjöldum. Á gjaldahlið er reiknað með að útgjöldin aukist um 5 milljarða króna umfram fjárlög meðal annars vegna aukinna launaútgjalda og rekstrar- og neyslutilfærslna.

Í uppgjöri Þjóðhagsstofnunar á fjármálum ríkissjóðs sem eins og áður sagði fylgir þjóðhagsreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna er áætlað að tekjuafkoma ríkissjóðs verði jákvæð um 10½ milljarð króna á árinu 1999 eða 1,6% af landsframleiðslu. Þetta er nokkuð hagstæðari niðurstaða en árið á undan er tekjuafkoman nam rúmum 9 milljörðum króna. Þá er reiknað með að tekjur ríkissjóðs mælist 28,6% af landsframleiðslu sem er um 0,2 prósentustigum lægra hlutfall en árið á undan og útgjöldin um 27,0%, sem er 0,3 prósentustigum lægra hlutfall en árið 1998.

Mynd 20. Afkoma ríkissjóðs 1980–2000.

Hlutfall af landsframleiðslu.



Með hliðsjón af fjárlögum ársins 2000 er gert ráð fyrir að tekjuafkoma ríkissjóðs verði nokkuð betri á næsta ári eða rúmlega 12½ milljarður króna á árinu samkvæmt uppgjörsstaðli Þjóðhagsstofnunar. Þá er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs lækki um ½ prósentustig af landsframleiðslu og útgjöldin um 0,8 prósentustig.

9.2 Fjármál sveitarfélaga.

Í áætlunum um fjármál sveitarfélaga er gert ráð fyrir að tekjuhalli þeirra verði nokkru minni í ár en í fyrra eða ríflega 2½ milljarður króna sem er um 4½% af tekjum þeirra. Til samanburðar er áætlaður tekjuhalli ársins 1998 um 3,8 milljarðar króna eða 7% af heildartekjum. Talið er að heildartekjur sveitarfélaga nemi um 60 milljörðum króna á þessu ári og heildarútgjöld þeirra ríflega 62 milljörðum króna eða 9,7% af landsframleiðslu.

Samkvæmt lauslegum framreikningi má áætla að tekjuhalli sveitarfélaganna verði ríflega 2 milljarðar króna á næsta ári og að hlutfall tekna sveitarfélaga af landsframleiðslu mælist svipað og í ár en að útgjöld þeirra lækki lítillega á sama mælikvarða.

Fjármál sveitarfélaga 1997–2000.

	Í milljörðum króna				Hlutfall af landsframleiðslu, %			
	1997	1998	1999	2000	1997	1998	1999	2000
Heildartekjur	48,2	53,7	59,8	63,1	9,1	9,2	9,3	9,2
Heildarútgjöld	51,2	57,5	62,5	65,3	9,7	9,8	9,7	9,5
Tekjuafgangur	-3,0	-3,8	-2,7	-2,2	-0,6	-0,6	-0,4	-0,3

9.3 Fjármál hins opinbera.

Áætlanir benda til að tekjuafkoma hins opinbera verði jákvæð um 8 milljarða króna á þessu ári eða sem nemur 1,2% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoma ársins 1998 5½ milljarður króna eða 0,9% af landsframleiðslu. Áætlaðar heildartekjur hins opinbera eru 239½ milljarður króna sem er um 6% hækkun að raungildi frá fyrra ári miðað við

neysluverð. Áætluð heildarútgjöld eru 231½ milljarður króna sem er ríflega 5% raunaukning frá síðasta ári.

Síðustu þrjú árin hafa útgjöld hins opinbera mælst svipuð á mælikvarða landsframleiðslunnar. Vegna verulegra launahækkana opinberra starfsmanna hefur hlutfall samneyslunnar af landsframleiðslu þó stigið nokkuð og mælist í ár 21½%. Vaxtaútgjöld hafa hins vegar lækkað verulega sem hlutfall af landsframleiðslu vegna lækkunar á skuldum hins opinbera. Rekstrartilfærslur og útgjöld til fjárfestinga hafa sömuleiðis farið lækkandi mælt á þennan kvarða en þó ekki í sama mæli.

Með hliðsjón af fjárlögum og áætlunum um fjármál sveitarfélaga er gert ráð fyrir að tekjuafkoma hins opinbera árið 2000 verði jákvæð um 10½ milljarð króna í tekju- og útgjaldauppgjöri þjóðhagsreikninga eða sem svarar til um 1½% af landsframleiðslu samanborið við 1,2% í ár. Reiknað er með að tekjur hins opinbera verði 251½ milljarður króna eða 36,7% af landsframleiðslu, sem felur í sér lækkun um 0,6 prósentustig frá árinu 1999. Einnig er gert ráð fyrir að útgjöld lækki sem hlutfall af landsframleiðslu og verði rúmlega 241 milljarður króna eða 35,1% af landsframleiðslu samanborið við 36,1% í ár. Þessi hlutfallslækkun skýrist fyrst og fremst af lítilli aukningu útgjalda annarra en samneyslu. Samneyslan eykst um 2½% að raungildi milli ára og verður svipað hlutfall af landsframleiðslu og árið 1999 eða 21½%. Útgjöld eins og vaxtaútgjöld og fjárfestingarútgjöld halda áfram að lækka sem hlutfall af landsframleiðslu.

Yfirlit um fjármál hins opinbera 1998–2000.

Milljarðar króna.

	Brb.	Áætlun	Spá	Hlutfall af VLF, %		
	1998	1999	2000	1998	1999	2000
Heildartekjur	219,2	239,3	251,5	37,4	37,3	36,7
1. Skatttekjur	206,8	226,7	239,4	35,2	35,4	34,9
2. Aðrar tekjur	12,5	12,6	12,1	2,1	2,0	1,8
Heildarútgjöld	213,7	231,4	241,1	36,4	36,1	35,1
1. Samneysla	124,1	137,6	147,7	21,2	21,5	21,5
— þar af afskriftir	3,5	3,7	3,9	0,6	0,6	0,6
2. Önnur útgjöld	93,0	97,6	97,3	15,8	15,2	14,2
Tekjuafgangur	5,5	7,9	10,4	0,9	1,2	1,5

Áætlun fjárlaga um lánsfjárþörf nær til ríkissjóðs, lánasjóða hins opinbera og ríkisfyrirtækja. Samkvæmt þessum áætlunum var gert ráð fyrir að hrein lánsfjárþörf þessara aðila í ár yrði 2 milljarðar króna. Nú benda nýjar áætlanir til þess að lánsfjárþörf þessara aðila verði mun meiri en áformað var eða rúmlega 9 milljarðar króna. Mestu munar þar um aukna lánsfjárþörf opinbera húsnæðiskerfisins, sem fer um 13 milljörðum króna fram úr áætlun. Lánsfjárafgangur A-hluta ríkissjóðs er nú áætlaður 20½ milljarður króna eða 4 milljörðum króna meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þá er áætlun um ríflega 7 milljarða króna lánsfjárþörf annarra opinberra aðila talin standast.

Heildarskuldir hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, eru áætlaðar ríflega 275 milljarðar króna á árinu 1999 sem er 42,8% af landsframleiðslu. Þá er reiknað með að hreinar skuldir þess verði 172,4 milljarðar króna eða 26,9% af landsframleiðslu. Erlend lán eru tæplega helmingur heildarskulda hins opinbera.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1998–2000.

Milljarðar króna.

	Útkoma 1998	Áætlun 1999	Breyting frá fyrra ári	Spá 2000
Hrein lánsfjárþörf, alls	5,3	9,1	3,8	3,4
— Ríkissjóður A-hluti	-16,8	-20,5	-3,7	-23,9
— Húsnæðiskerfið	15,0	22,4	7,4	18,6
— Aðrir opinberir aðilar	7,1	7,2	0,1	8,7
Hrein lánsfjárþörf % af VLF	0,9	1,4	0,5	0,5

Viðauki.

Hagvöxtur á Íslandi í ljósi sögunnar.

Á síðustu 100 árum hafa Íslendingar færst úr hópi fátækustu þjóða Evrópu í hóp ríkustu þjóða heims. Þegar spurt er um skýringar á þessari lífskjarabyltingu 20. aldar er komið við kviku íslenskrar nútímasögu.

Miklu máli skiptir að á 19. öld naut Ísland góðs af vaxandi eftirspurn eftir fiski í Evrópu og nálægðinni við Bretland sem sóttist eftir matvælum og hráefnum frá vanþróaðri löndum og miðlaði til þeirra ódýrum varningi og nýjungum í atvinnuefnum. Íslendingar tóku að beina æ stærri hluta af framleiðslu sinni til útflutnings og við það efldist markaðsbúskapur í landinu. Flutningar fólks úr sveitum í bæi og breytt atvinnuskipting sem þeim fylgdi, aukin verkaskipting og sérhæfing starfa leiddu til hagkvæmari nýtingar á vinnuafli og fjármagni og örvuðu hagvöxt. Afnám vistarbands og önnur aðlögun samfélagsstofnana að markaðsbúskap verkuðu í sömu átt. Um aldamótin fóru Íslendingar að hagnýta sér fiskimiðin svo um munaði með því að taka upp nútímatækni í sjávarútvegi. Síðan þá hafa Íslendingar jafnan verið duglegir að tileinka sér nýja tækni sem hefur verið uppspretta mikils hagvaxtar á 20. öld. Skortur á fjármagni var þó athafnalífi lengi fjötur um fót en ríkisvaldið gegndi mikilvægu hlutverki bæði við útvegun fjármagns og mótun fjármálakerfisins. Þá varð það Íslendingum til happs að þeir nutu tiltölulega hagstæðra viðskiptakjara á 20. öld, ólíkt mörgum öðrum hráefnaframleiðendum. Loks má nefna að þjóðin var nokkuð vel menntuð á evrópskan mælikvarða og auðveldaði það henni að tileinka sér tækni og nýjungar úr atvinnulífi annarra landa. Allir þessir þættir áttu þátt í því að móta nútímalegt hagvaxtarþjóðfélag á Íslandi.

Miðað við tuttugustu öldina virðast fyrri aldir kyrrstæðar. Auðvitað urðu breytingar á hagkerfi landsmanna fyrr á tíð en stöðugleikinn var meira áberandi en breytingarnar. Traustir mælikvarðar á þróun lífskjara eru ekki til um eldri tíma. Þó má nefna að lítil sem engin varanleg fólksfjölgun frá hámiðöldum fram á 19. öld bendir til þess að ekki hafi orðið róttækar breytingar á framleiðslukerfinu eða lífskjörum fólks. Ýmsar vísbendingar eru um að lífskjör hafi jafnvel versnað á 17. og 18. öld, m.a. urðu hungursóttir tíðari en fyrr á tímum. Af þeim takmörkuðu rannsóknum sem til eru á líkamshæð Íslendinga má álykta að þeir hafi verið lægri vexti á 18. öld en á öðrum tímum.

Öldum saman höfðu Íslendingar framfæri sitt af höfuðatvinnuvegunum tveim, landbúnaði og sjávarútvegi. Atvinnuhættir og tækni breyttust ekki að ráði fram á 19. öld og festust fáar aðrar nýjungar en prjónaskapur í sessi. Lítið fjármagn var bundið í atvinnutækjum, ræktun lands var takmörkuð en treyst var á það sem náttúran gaf af sér. Í slíkum náttúrubúskap höfðu landsmenn nóg að bíta og brenna þegar árferði var gott en sultu heilu hungri þegar ár-

ferði var slæmt. Öryggisþröskuldur samfélagsins var mjög lágur. Félagskerfið örvaði ekki framleiðslu vegna þess að flestir bændur voru leiguliðar sem bjuggu við ótrygga ábúð og þungar álögur af hendi landeigenda. Verslunarfyrirkomulagið var á löngum tímabilum óhagstætt landsmönnum en kjör í utanlandsverslun skiptu miklu máli vegna þess að sumar nauðsynjavörur gátu bændur ekki framleitt sjálfir svo sem færi, öngla og ljái.

Verg landsframleiðsla á mann í nokkrum löndum Evrópu 1870–1990.

Jafnvirðisgildi bandarískra dollara 1990 skv. Geary-Khamis aðferð.

	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð	Bretland	V-Evrópa
1870	1.000	1.927	1.107	1.303	1.664	3.263	1.969
1913	2.054	3.764	2.050	2.275	3.096	5.032	3.482
1929	2.507	4.883	2.639	3.158	3.869	5.255	4.358
1938	2.868	5.544	3.486	3.945	4.725	5.983	4.685
1945	5.298	4.874	3.350	3.665	5.568	6.737	4.099
1952	5.074	6.691	4.540	5.284	6.996	6.987	5.836
1973	11.470	13.416	10.768	10.229	13.494	11.992	12.527
1982	15.973	14.969	13.226	13.825	15.055	12.826	14.489
1990	18.038	17.953	16.604	16.897	17.695	16.302	17.474

Heimildir: Angus Maddison, *Monitoring the World Economy 1820–1992*. OECD (Paris, 1995), bls. 23, 172, 194–97.
Guðmundur Jónsson, *Hagvöxtur og iðnvæðing. Þróun landsframleiðslu á Íslandi 1870–1945*. Þjóðhagsstofnun (væntanleg).

Á fyrstu áratugum 19. aldar fóru atvinnuhagir Íslendinga smám saman að batna. Árferði var tiltölulega hagfellt eftir 1820 og bændur fóru að selja meira af afurðum sínum á erlenda markaði enda fékkst gott verð fyrir ull og tólg fram undir miðja öldina. Sjósókn jókst einnig og var það ekki síst því að þakka að Íslandskaupmenn fóru að verka saltfisk og selja á markaði í Suðurlöndum. Rétt fyrir miðja öldina var saltfiskur orðin helsta útflutningsafurð Íslendinga. Saltfisköldin stóð í blóma fram á fjórða áratug 20. aldar þegar markaðir drógust stórlega saman vegna kreppu, viðskiptaerfiðleika og borgarastyrjaldar á Spáni.

Þrátt fyrir nokkurn hagvöxt og vaxandi fólksfjölda fram eftir 19. öld urðu engar grundvallarbreytingar á hagkerfinu. Þjóðhagsreikningar sýna að árið 1870 var Ísland í hópi fátækari landa Evrópu og stóð nær löndum Suður- og Austur-Evrópu í lífskjörum en löndum Vestur-Evrópu. Landsframleiðsla á mann var þá um 1000 Bandaríkjadalir á verðlagi ársins 1990 eða aðeins helmingur af meðaltali 12 Vestur-Evrópulanda (sjá töflu). Ein helsta tækninýjungin sem fram kom á 19. öldinni voru þilskipin og er tímabilið 1870–1905 jafnan kallað skútuöldin. Afli þilskipa nam þó aldrei meira en tæpum 40% af heildarafla þegar mest var í upphafi 20. aldar.

Á síðustu áratugum 19. aldar hófst iðnvæðing á Íslandi. Venjulega er upphaf íslensku iðnvæðingarinnar tengt vélvæðingu sjávarútvegs skömmu eftir aldamót en iðnvæðing var fólgin í fleiru en tækninýjungum. Breytingar urðu á atvinnuskiptingu landsmanna löngu áður en vélvæðing kom til sögunnar. Sjávarútvegur var í sókn og sjávarbyggðir efldust frá því snemma á 19. öld. Eftir miðja öldina steðjuðu ýmis vandræði að landbúnaði, m.a. fjárkláði og offjölgun í sveitum, sem ýttu undir fólksflutninga eftir 1870. Margir lögðu leið sína til Vesturheims en vaxandi fjöldi leitaði sér framfæris í sjávarútvegi, verslun og öðrum þjónustugreinum. Gífurlegir fólksflutningar úr sveitum, þéttbýlismyndun, vöxtur borgaralegra atvinnugreina og aukin verkaskipting stuðluðu að meiri og hagkvæmari framleiðslu til sjávar og sveita. Íslendingar voru að hverfa frá hinu gamla búskaparlagi landbúnaðarsamfélagsins og snúa sér

eindregið að markaðsframleiðslu, sérstaklega með því að stórauka verslun við útlönd. Utanlandsverslunin gaf þjóðinni færi á að hagnýta miklu betur en áður verðmætustu auðlindina, fiskimiðin.

Upp úr aldamótum hófst vélvæðing í sjávarútvegi er farið var að setja vélar í fiskibáta og flytja inn gufuknúna togara. Vélvæðingin gekk yfir næstu áratugina fram til 1930 en um það leyti var árabátaútgerðin að syngja sitt síðasta og seglskip horfin úr fiskiskipaflotanum. Hin stórvirku veiðitæki leiddu til meiri afkastaaukningar en áður hafði þekkst, fiskafli jókst úr tæpum 80 þúsund tonnum 1901 í meira en 400 þúsund tonn árið 1930 á meðan vinnuafli við fiskveiðar og -vinnslu fjölgaði úr 5.900 manns í 9.800 manns eða um tvo þriðju hluta. Vöxtur sjávarútvegs örvaði aðra atvinnuvegi, ekki síst byggingarstarfsemi, verslun og aðra þjónustu.

Allar þessar breytingar stuðluðu að auknum og varanlegum hagvexti og segja má að um og eftir 1890 hafi nútímalegt hagvaxtarsamfélag haldið innreið sína á Íslandi. Árin fram að fyrri heimsstyrjöld voru mikið framfaraskeið í efnahagslífi og var þá nær samfelldur hagvöxtur. Ísland gerði betur en að fylgja þróaðri löndum Evrópu eftir, það tók að saxa á forskot þeirra. Á tímabilinu 1890–1913 óx landsframleiðsla á mann að meðaltali um ríflega 2% á ári samanborið við 1½% í Vestur-Evrópu. Árið 1913 nam landsframleiðsla á mann á Íslandi tæpum 60% af meðaltali landsframleiðslu Vestur-Evrópuþjóða.

Heimsstyrjöldin fyrri batt enda á tiltölulega friðsælt framfaraskeið í Evrópu og í hönd fór tímabil mestu sundrungar og eyðileggingar heimssögunnar, markað af heimsstyrjöldunum tveim. Framfarir urðu samt á mörgum sviðum íslensks efnahagslífs, vélvæðing breiddist út til fleiri atvinnugreina, framleiðsla á raforku jókst allnokkuð, ræktunarbúskapur með hjálp dráttarvéla og tilbúins áburðar ruddi sér til rúms í landbúnaði og síldveiðar urðu stór þáttur í sjávarútvegi. Þessi nýmæli dugðu þó ekki til að halda uppi svipuðum hagvexti og í Vestur-Evrópu. Þrátt fyrir nokkurn hagvöxt á þriðja áratugnum drógust Íslendingar aftur úr öðrum Vestur-Evrópuþjóðum á tímabilinu 1913–1929. Í kreppunni miklu jókst landsframleiðsla hins vegar hraðar eða um 1½% á móti tæplega 1% í Vestur-Evrópu. Hagvöxtur var þó minni á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum.

Mynd 21. Landsframleiðsla á Íslandi og Vestur-Evrópu 1870–1990.

Jafnvirðisgildi bandaríska dollara 1990.



Heimsstyrjöldin síðari markar alger þáttaskil í hagsögu Íslands því þá drógu Íslendingar aðrar Evrópuþjóðir uppi í lífskjörum. Á meðan þjóðarbúskapur flestra ríkja dróst saman og beið jafnvel mikinn hnekki skapaði styrjöldin svo hagstæðar aðstæður fyrir Ísland að hagvöxtur varð þar meiri en í nokkru landi Evrópu. Landsframleiðsla á mann jókst að jafnaði um ríflega 9% á ári 1938–1945 og eru því stríðsárin síðari einhver mestu hagvaxtarár sem um getur á Íslandi. Í stríðslok voru Íslendingar komnir í hóp tekjuhæstu þjóða heims. Af ríkjum Evrópu voru þjóðartekjur aðeins hærri í Bretlandi og Svíþjóð.

Þrátt fyrir gífurlegar fjárfestingar í sjávarútvegi og landbúnaði varð afturkippur í þjóðarbúskapnum á fyrstu árunum eftir stríð. Fiskveiðiþjóðir við Atlantshaf efldu sjávarútveg að nýju eftir stríð og verndarstefna í landbúnaði og fiskveiðum sótti í sig veðrið í Evrópu. Aukaverkanir góðærisins voru einnig að koma betur í ljós þar sem verðlag hafði hækkað miklu meira en í helstu viðskiptalöndum. Stjórnvöld gripu til víðtækra viðskiptahafta og útflutningsstyrkja í því skyni að að rétta halla á viðskiptum við útlönd og bæta hag útflutningsgreina. Samdráttur var í efnahagslífi fram til 1952 en þá tók atvinnulíf að vaxa ört að nýju. Heita má að tímabilið 1952–1982 hafi verið nokkuð samfellt vaxtarskeið ef undan er skilinn mikill afturkippur 1967–1968 þegar síldveiðar brugðust. Árlegur hagvöxtur á mann var tæp 4% á Íslandi en rúm 3% í Vestur-Evrópu á tímabilinu 1952–1982. Þetta gerðist þrátt fyrir mikla verðbólgu og lausatök við stjórn efnahagsmála lengst af tímabilinu. Hinn mikla hagvöxt má að stórum hluta þakka stækkun fiskveiðilögsögunnar og sífellt öflugri og þróaðri fiskveiðiflota.

Á níunda áratugnum lauk hinu einstaka vaxtarskeiði eftirstríðsáranna og við tók stopull hagvöxtur og jafnvel samdráttur. Árlegur meðalvöxtur landsframleiðsla á mann var aðeins rúmlega ½% á tímabilinu 1982–1993 sem rekja má að stórum hluta til samdráttar í fiskafla. Þrátt fyrir það var landsframleiðsla yfir meðaltali Vestur-Evrópuríkja í lok áratugarins. Miklar skipulagsbreytingar urðu í atvinnulífi á þessum tíma og jafnframt fór fram róttækt endurmat á hagstjórn fyrri ára þar sem leitað var markaðslausna í meira mæli en áður hafði tíðkast. Þessar breytingar lögðu grundvöll undir hagþróun tíunda áratugarins.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1997-2000

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1997	Bráðab. 1998	Áætl. 1999	Spá 2000	1997	Bráðab 1998	Áætl. 1999	Spá 2000
1. Einkaneysla	320.314	361.593	395.730	421.910	6,0	11,0	6,0	2,5
2. Samneysla	107.810	124.019	137.651	147.703	3,1	3,7	3,4	2,5
3. Fjármunamyndun	98.818	125.365	127.424	133.698	10,5	23,4	-0,1	2,1
4. Neysla og fjárfesting alls	526.942	610.977	660.806	703.311	6,2	11,9	4,3	2,4
5. Birgðabreytingar [2]	-222	1.143	0	0	0,0	0,3	-0,3	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	526.720	612.120	660.806	703.311	6,2	12,1	4,0	2,4
7. Útflutningur vöru og þjónustu	190.945	204.659	223.439	234.982	6,0	2,4	8,3	2,6
8. Innflutningur vöru og þjónustu	187.716	230.207	242.350	251.177	8,6	22,1	3,4	2,0
9. Verg landsframleiðsla	**529.949**	**586.572**	**641.894**	**687.116**	**5,3**	**5,1**	**5,8**	**2,7**
10. Jöfnuður þáttatekna o.fl.	-10.611	-6.933	-9.942	-12.171	-	-	-	-
11. Rekstrarframlög	-238	-1.003	-438	-567	-	-	-	-
12. Viðskiptajöfnuður (7.–8.+10.+11.)	-7.620	-33.484	-29.292	-28.933	-	-	-	-
13. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**519.338**	**579.639**	**631.952**	**674.946**	**5,2**	**6,2**	**5,2**	**2,4**
14. Viðskiptakjaraáhrif [3]	-	-	-	-	0,9	1,4	-0,4	0,3
15. Vergar þjóðartekjur	-	-	-	-	6,2	7,7	4,8	2,7
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-	-	-	-	-1,4	-5,7	-4,6	-4,2

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

[3] Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1997-2000

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1997	Bráðab. 1998	Áætl. 1999	Spá 2000	1997	Bráðab. 1998	Áætl. 1999	Spá 2000
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	93.648	99.280	102.280	106.934	-1,0	-5,3	2,0	2,5
Ál	15.419	20.087	24.987	26.892	15,8	41,8	27,6	2,5
Kísiljárn	3.647	2.761	3.503	4.961	-0,1	-17,1	34,3	40,2
Annað	13.458	13.398	14.249	15.624	5,1	1,1	7,5	7,5
Samtals	**126.172**	**135.526**	**145.019**	**154.411**	**1,6**	**1,2**	**8,0**	**4,1**
Útflutt skip og flugvélar	5.201	2.292	5.008	2.721	-	-	-	-
Breyting útflutningsvörubirgða	160	1.220	0	0	-	-	-	-
Vöruútflutningur alls	**131.213**	**136.598**	**150.027**	**157.132**	**1,9**	**-2,1**	**9,7**	**2,2**
Vöruinnflutningur alls	**130.959**	**161.651**	**167.958**	**172.319**	**5,9**	**22,3**	**2,1**	**0,9**
Almennur vöruinnflutningur	115.567	136.491	140.708	141.369	4,7	17,9	0,7	-1,2
þ.a. olía	9.408	7.572	8.757	9.432	-1,2	3,8	2,3	2,6
þ.a. annað	106.159	128.919	131.952	131.937	5,2	18,8	0,6	-1,4
Sérstakur vöruinnflutningur	15.392	25.160	27.250	30.950	27,0	63,9	6,5	11,2
Vöruskiptajöfnuður	**254**	**-25.053**	**-17.931**	**-15.187**	-	-	-	-
Þjónustutekjur	59.732	68.061	73.411	77.850	17,5	13,0	5,5	3,5
Þjónustugjöld	56.757	68.556	74.392	78.858	16,0	21,5	6,7	4,5
Þjónustujöfnuður	2.975	-495	-981	-1.008	-	-	-	-
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-10.611**	**-6.933**	**-9.942**	**-12.171**	-	-	-	-
Rekstrarframlög [2]	-238	-1003	-438	-567	-	-	-	-
Viðskiptajöfnuður	-7.620	-33.484	-29.292	-28.933	-	-	-	-

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Tilfærslur nettó frá útlöndum aðrar en launa- og eignatekjur og fjármagnstilfærslur.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1997-2000

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1997	1998	Áætl. 1999	Spá 2000	1997	1998	Áætl. 1999	Spá 2000
Fjármunamyndun alls	**98.818**	**125.365**	**127.424**	**133.698**	**10,5**	**23,4**	**-0,1**	**2,1**
I Atvinnuvegir	**63.185**	**87.775**	**86.064**	**90.798**	**17,9**	**35,7**	**-3,5**	**3,2**
1. Landbúnaður	2.922	3.300	3.400	3.300	9,2	11,3	1,3	-5,3
2. Fiskveiðar	1.764	4.500	3.100	10.350	-65,6	151,8	-31,8	226,7
3. Vinnsla sjávarafurða	4.181	5.200	4.500	5.000	-11,6	20,8	-14,9	8,3
4. Ál- og kísiljárnframleiðsla	11.159	10.340	4.800	5.000	75,3	-9,3	-54,3	1,6
5. Annar iðnaður	8.623	10.125	10.100	10.500	13,0	15,2	-1,7	1,5
6. Rafvirkjanir og rafveitur	7.785	14.400	15.000	7.500	125,0	80,3	2,5	-51,3
7. Hitaveitur	1.035	2.000	2.000	2.000	-20,9	85,5	-2,2	-2,9
8. Vatnsveitur	683	800	800	800	31,4	12,4	-2,1	-2,9
9. Byggingarstarfsemi o.fl.	3.246	4.300	5.000	5.000	23,7	32,5	15,1	-1,9
10. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	6.948	8.300	10.000	10.300	43,9	14,6	17,8	0,0
11. Samgöngur	6.015	12.510	13.064	14.548	6,6	100,8	2,3	10,4
12. Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	2.816	4.700	5.300	6.000	2,3	63,4	11,1	10,4
13. Tölvu- og skrifstofubúnaður	6.009	7.300	9.000	10.500	-0,7	20,7	22,8	14,4
II Íbúðarhús	**19.115**	**19.790**	**21.860**	**23.800**	**-6,1**	**0,0**	**8,0**	**5,0**
III Starfsemi hins opinbera	**16.517**	**17.800**	**19.500**	**19.100**	**6,6**	**3,7**	**7,5**	**-4,9**
1. Vegir og brýr	3.485	3.900	4.500	4.500	0,8	8,1	13,8	-2,9
2. Götur og holræsi	3.752	3.900	4.100	4.300	22,9	0,4	3,7	1,9
3. Byggingar hins opinbera	9.280	10.000	10.900	10.300	3,4	3,4	6,6	-8,2

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

Tafla 4. Landsframleiðsla 1989 -1998

Milljónir króna, á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum, 1990=100

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	Bráðab 1998
1. Einkaneysla	190.254	223.176	248.366	248.339	248.182	256.949	272.708	296.840	320.314	361.593
2. Samneysla	60.341	69.989	78.158	80.374	84.818	89.424	94.080	100.358	107.810	124.019
3. Fjármunamyndun	58.698	70.103	76.173	69.589	64.177	65.876	65.950	87.322	98.818	125.365
4. Birgðabreytingar	-8.143	-4.247	-891	-486	1.016	-26	2.285	-1.202	-222	1.143
5. Þjóðarútgjöld alls	301.150	359.021	401.805	397.817	398.193	412.223	435.023	483.318	526.720	612.120
6. Útflutningur alls	106.282	124.936	125.671	121.597	135.694	157.436	161.250	176.863	190.945	204.659
6.1 Vörur, fob	80.072	92.452	91.560	87.833	94.658	112.654	116.607	125.690	131.213	136.598
6.2 Þjónusta	26.210	32.484	34.111	33.764	41.036	44.782	44.643	51.173	59.732	68.061
7. Frádr.: Innflutningur alls	99.240	119.959	130.491	121.782	122.466	134.631	144.725	173.727	187.716	230.207
7.1 Vörur, fob	72.603	87.657	94.634	87.908	82.386	92.992	103.251	124.489	130.959	161.651
7.2 Þjónusta	26.637	32.302	35.857	33.874	40.080	41.639	41.474	49.238	56.757	68.556
8. Verg landsframleiðsla	**308.192**	**363.998**	**396.985**	**397.632**	**411.421**	**435.028**	**451.548**	**486.454**	**529.949**	**586.572**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-11.164	-12.481	-10.635	-8.915	-9.750	-13.677	-12.302	-10.661	-10.611	-6.933
10. Verg þjóðarframleiðsla	**297.028**	**351.517**	**386.350**	**388.717**	**401.671**	**421.351**	**439.246**	**475.793**	**519.338**	**579.639**
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga	-4.122	-7.504	-15.455	-9.100	3.478	9.128	4.223	-7.525	-7.382	-32.481
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob	7.469	4.795	-3.074	-75	12.272	19.662	13.356	1.201	254	-25.053
11.2 Þjónustujöfnuður	-427	182	-1.746	-110	956	3.143	3.169	1.935	2.975	-495
11.3 Launa- og eignat. frá útl., nettó	-11.164	-12.481	-10.635	-8.915	-9.750	-13.677	-12.302	-10.661	-10.611	-6.933
12. Óbeinir skattar	72.152	79.152	83.943	83.714	77.009	79.004	82.373	89.811	94.976	107.623
13. Framleiðslustyrkir	12.835	12.953	12.319	13.225	10.504	9.607	9.492	10.054	10.127	10.425
14. Afskriftir af fjármunaeign	37.308	43.692	47.933	50.881	54.144	56.452	57.702	59.911	62.987	66.963
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuvirði (15.=10.-12.+13.-14.)	200.403	241.625	266.793	267.346	281.022	295.501	308.663	336.125	371.502	415.478
Hlutfallsleg skipting										
1. Einkaneysla	61,7%	61,3%	62,6%	62,5%	60,3%	59,1%	60,4%	61,0%	60,4%	61,6%
2. Samneysla	19,6%	19,2%	19,7%	20,2%	20,6%	20,6%	20,8%	20,6%	20,3%	21,1%
3. Fjármunamyndun	19,0%	19,3%	19,2%	17,5%	15,6%	15,1%	14,6%	18,0%	18,6%	21,4%
4. Birgðabreytingar	-2,6%	-1,2%	-0,2%	-0,1%	0,2%	0,0%	0,5%	-0,2%	0,0%	0,2%
5. Þjóðarútgjöld alls	97,7%	98,6%	101,2%	100,0%	96,8%	94,8%	96,3%	99,4%	99,4%	104,4%
6. Útflutningur alls	34,5%	34,3%	31,7%	30,6%	33,0%	36,2%	35,7%	36,4%	36,0%	34,9%
6.1 Vörur, fob	26,0%	25,4%	23,1%	22,1%	23,0%	25,9%	25,8%	25,8%	24,8%	23,3%
6.2 Þjónusta	8,5%	8,9%	8,6%	8,5%	10,0%	10,3%	9,9%	10,5%	11,3%	11,6%
7. Frádr.: Innflutningur alls	32,2%	33,0%	32,9%	30,6%	29,8%	30,9%	32,1%	35,7%	35,4%	39,2%
7.1 Vörur, fob	23,6%	24,1%	23,8%	22,1%	20,0%	21,4%	22,9%	25,6%	24,7%	27,6%
7.2 Þjónusta	8,6%	8,9%	9,0%	8,5%	9,7%	9,6%	9,2%	10,1%	10,7%	11,7%
8. Verg landsframleiðsla	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-3,6%	-3,4%	-2,7%	-2,2%	-2,4%	-3,1%	-2,7%	-2,2%	-2,0%	-1,2%
10. Verg þjóðarframleiðsla	**96,4%**	**96,6%**	**97,3%**	**97,8%**	**97,6%**	**96,9%**	**97,3%**	**97,8%**	**98,0%**	**98,8%**
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga	-1,3%	-2,1%	-3,9%	-2,3%	0,8%	2,1%	0,9%	-1,5%	-1,4%	-5,5%
12. Óbeinir skattar	23,4%	21,7%	21,1%	21,1%	18,7%	18,2%	18,2%	18,5%	17,9%	18,3%
13. Framleiðslustyrkir	4,2%	3,6%	3,1%	3,3%	2,6%	2,2%	2,1%	2,1%	1,9%	1,8%
14. Afskriftir af fjármunaeign	12,1%	12,0%	12,1%	12,8%	13,2%	13,0%	12,8%	12,3%	11,9%	11,4%
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuvirði	65,0%	66,4%	67,2%	67,2%	68,3%	67,9%	68,4%	69,1%	70,1%	70,8%
Magnvísitölur 1990=100										
1. Einkaneysla	99,5	100,0	104,1	99,5	95,0	96,8	100,9	107,3	113,7	126,2
2. Samneysla	95,8	100,0	103,2	102,3	104,6	108,5	109,9	111,0	114,4	118,7
3. *Fjármunamyndun*	97,1	100,0	102,0	90,6	80,2	79,4	77,1	98,2	108,5	133,8
4. Þjóðarútgjöld alls	98,5	100,0	105,1	99,5	95,4	96,9	99,9	107,5	114,2	128,1
5. Útflutningur alls	100,0	100,0	94,1	92,3	98,7	108,5	104,9	115,5	122,4	125,3
5.1 Vörur	101,4	100,0	92,1	91,2	95,9	107,5	105,2	114,7	116,9	114,5
5.2 Þjónusta	95,7	100,0	99,7	95,3	106,9	111,2	104,3	117,6	138,2	156,2
6. Frádr.: Innflutningur alls	99,0	100,0	105,4	97,0	88,7	92,4	95,9	111,9	121,6	148,4
6.1 Vörur	99,7	100,0	104,9	96,9	83,3	89,6	95,4	111,2	117,8	144,1
6.2 Þjónusta	97,0	100,0	106,6	97,2	103,3	99,9	97,4	113,8	131,9	160,2
7. Verg landsframleiðsla	**98,8**	**100,0**	**101,2**	**97,8**	**98,8**	**102,3**	**102,9**	**108,8**	**114,6**	**120,4**
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	100,5	100,0	88,7	85,5	89,2	111,4	99,6	92,0	102,7	72,7
9. Verg þjóðarframleiðsla	**98,8**	**100,0**	**101,6**	**98,3**	**99,1**	**102,0**	**103,1**	**109,4**	**115,1**	122,1
10. Vergar þjóðartekjur	**99,4**	**100,0**	**103,3**	**98,9**	**98,0**	**100,5**	**102,5**	**107,4**	**114,0**	122,7

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Verðvísitala 1990=100										
1. Einkaneysla	85,5	100,0	106,9	111,9	117,0	119,0	121,1	124,0	126,2	128,3
2. Samneysla	90,0	100,0	108,3	112,3	115,8	117,8	122,3	129,2	134,6	149,3
3. Fjármunamyndun	86,3	100,0	106,5	109,6	114,1	118,4	122,0	126,8	129,9	133,6
4. Þjóðarútgjöld alls	85,0	100,0	106,5	111,4	116,3	118,6	121,3	125,2	128,4	133,1
5. Útflutningur alls	85,5	100,0	106,9	105,5	110,0	116,1	123,0	122,6	124,8	130,7
5.1 Vörur	85,4	100,0	107,5	104,2	106,8	113,3	119,9	118,5	121,4	129,0
5.2 Þjónusta	86,2	100,0	105,3	109,1	118,2	123,9	131,8	134,0	133,1	134,1
6. Frádr.: Innflutningur alls	83,8	100,0	103,2	104,7	115,2	121,5	125,8	129,4	128,7	129,3
6.1 Vörur	83,1	100,0	102,9	103,5	112,9	118,4	123,5	127,7	126,9	128,0
6.2 Þjónusta	85,9	100,0	104,1	107,9	120,1	129,0	131,8	134,0	133,2	132,5
7. Verg landsframleiðsla	**85,6**	**100,0**	**107,8**	**111,7**	**114,5**	**116,8**	**120,5**	**122,8**	**127,0**	**133,8**
8. Verg þjóðarframleiðsla	**85,5**	**100,0**	**108,1**	**112,5**	**115,3**	**117,5**	**121,2**	**123,7**	**128,4**	**135,0**
%-breyting frá fyrra ári, magn										
1. Einkaneysla	-4,2%	0,5%	4,1%	-4,5%	-4,5%	1,9%	4,2%	6,4%	6,0%	11,0%
2. Samneysla	3,0%	4,4%	3,2%	-0,8%	2,3%	3,7%	1,3%	1,0%	3,1%	3,7%
3. Fjármunamyndun	-7,9%	3,0%	2,0%	-11,3%	-11,4%	-1,1%	-2,8%	27,4%	10,5%	23,4%
4. Þjóðarútgjöld alls	-4,4%	1,5%	5,1%	-5,3%	-4,1%	1,5%	3,1%	7,6%	6,2%	12,1%
5. Útflutningur alls	2,9%	0,0%	-5,9%	-1,9%	7,0%	9,9%	-3,3%	10,0%	6,0%	2,4%
5.1 Vörur	3,5%	-1,4%	-7,9%	-1,0%	5,1%	12,2%	-2,2%	9,1%	1,9%	-2,1%
5.2 Þjónusta	1,1%	4,5%	-0,3%	-4,4%	12,2%	4,1%	-6,3%	12,7%	17,5%	13,0%
6. Frádr.: Innflutningur alls	-10,3%	1,0%	5,4%	-8,0%	-8,6%	4,2%	3,8%	16,7%	8,6%	22,1%
6.1 Vörur	-10,9%	0,3%	4,9%	-7,6%	-14,1%	7,6%	6,5%	16,6%	5,9%	22,3%
6.2 Þjónusta	-8,3%	3,0%	6,6%	-8,9%	6,3%	-3,3%	-2,5%	16,8%	16,0%	21,5%
7. Verg landsframleiðsla	**0,3%**	**1,2%**	**1,2%**	**-3,3%**	**0,9%**	**3,6%**	**0,6%**	**5,7%**	**5,3%**	**5,1%**
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	8,0%	-0,5%	-11,3%	-3,6%	4,2%	24,9%	-10,6%	-7,7%	11,6%	-29,2%
9. Verg þjóðarframleiðsla	**-0,1%**	**1,2%**	**1,6%**	**-3,3%**	**0,8%**	**2,9%**	**1,0%**	**6,2%**	**5,2%**	**6,2%**
10. Vergar þjóðartekjur	**-1,6%**	**0,6%**	**3,3%**	**-4,3%**	**-0,9%**	**2,6%**	**1,9%**	**4,8%**	**6,2%**	**7,7%**
%-breyting frá fyrra ári, verð										
1. Einkaneysla	23,3%	17,0%	6,9%	4,7%	4,6%	1,6%	1,8%	2,3%	1,8%	1,7%
2. Samneysla	15,9%	11,2%	8,3%	3,7%	3,2%	1,7%	3,9%	5,6%	4,2%	10,9%
3. Fjármunamyndun	26,2%	15,9%	6,5%	3,0%	4,1%	3,7%	3,0%	4,0%	2,5%	2,8%
4. Þjóðarútgjöld alls	21,6%	17,6%	6,5%	4,6%	4,4%	2,0%	2,3%	3,2%	2,6%	3,6%
5. Útflutningur alls	26,3%	16,9%	6,9%	-1,3%	4,3%	5,6%	5,9%	-0,3%	1,8%	4,7%
5.1 Vörur	25,4%	17,1%	7,5%	-3,1%	2,5%	6,1%	5,8%	-1,2%	2,5%	6,3%
5.2 Þjónusta	29,3%	16,1%	5,3%	3,6%	8,3%	4,9%	6,3%	1,7%	-0,7%	0,8%
6. Frádr.: Innflutningur alls	31,5%	19,3%	3,2%	1,4%	10,0%	5,5%	3,5%	2,9%	-0,5%	0,5%
6.1 Vörur	31,4%	20,4%	2,9%	0,6%	9,1%	4,9%	4,3%	3,4%	-0,7%	0,9%
6.2 Þjónusta	31,4%	16,4%	4,1%	3,7%	11,3%	7,4%	2,2%	1,6%	-0,6%	-0,5%
7. Verg landsframleiðsla	**19,8%**	**16,8%**	**7,8%**	**3,6%**	**2,5%**	**2,0%**	**3,2%**	**1,9%**	**3,4%**	**5,3%**
Meðalmannfjöldi ársins, þús.	252,746	254,788	257,965	261,103	263,783	266,006	267,380	268,927	270,915	273,794
Magnvísitala, 1990=100	99,2	100,0	101,2	102,5	103,5	104,4	104,9	105,5	106,3	107,5
Magnvísitölur á mann										
1. Einkaneysla	100,3	100,0	102,8	97,1	91,8	92,7	96,1	101,6	107,0	117,5
2. Samneysla	96,6	100,0	101,9	99,8	101,1	103,9	104,7	105,2	107,6	110,4
3. Fjármunamyndun	97,9	100,0	100,8	88,4	77,5	76,0	73,5	93,1	102,0	124,5
4. Þjóðarútgjöld alls	99,3	100,0	103,8	97,1	92,1	92,8	95,2	101,9	107,4	119,2
5. Útflutningur alls	100,8	100,0	92,9	90,0	95,4	103,9	100,0	109,4	115,2	116,6
6. Frádr.: Innflutningur alls	99,8	100,0	104,1	94,6	85,6	88,5	91,4	106,0	114,3	138,1
7. Verg landsframleiðsla	**99,6**	**100,0**	**100,0**	**95,5**	**95,4**	**98,0**	**98,1**	**103,1**	**107,8**	**112,1**
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	101,3	100,0	87,6	83,5	86,1	106,7	94,9	87,1	96,6	67,7
9. Verg þjóðarframleiðsla	**99,6**	**100,0**	**100,4**	**95,9**	**95,7**	**97,7**	**98,2**	**103,7**	**108,2**	**113,7**
10. Vergar þjóðartekjur	**100,2**	**100,0**	**102,0**	**96,5**	**94,7**	**96,3**	**97,7**	**101,7**	**107,2**	**114,2**
Landsframleiðsla á mann í dollurum										
1. VLF á mann, skráð gengi dollars	21.377	24.527	26.085	26.464	23.071	23.382	26.105	27.201	27.559	30.126
2. VLF á mann, jafnvirðisgildi dollars	16.538	17.307	17.957	18.326	18.814	19.446	22.163	23.553	25.111	26.580

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur og gengi 1991-2000

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Áætlun 1999	Spá 2000
I Vísitölur 1990=100										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	109,5	110,9	108,5	110,2	115,4	121,5	129,3	142,7	154,3	162,4
Laun [1]	108.3	111.5	113.1	114.4	119.6	127.2	134.2	146.8	157.5	169.0
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	106,8	110,8	115,3	117,0	119,0	121,7	123,9	126,0	130,0	135,1
Byggingarvísitala	107,9	110,9	113,3	116,2	119,8	125,3	131,2	135,9	139,0	143,2
Kaupmáttur [2]										
Ráðstöfunartekjur á mann	102,5	100,1	94,1	94,1	97,0	99,9	104,4	113,2	118,7	120,2
Laun [1]	101.4	100.7	98.1	97.8	100.5	104.6	108.3	116.5	121.1	125.1
Gengi										
Meðalverð erlendra gjaldmiðla [3]	100,0	100,5	108,8	114,5	113,6	113,8	112,3	110,5	111,1	111,1
Raungengi miðað við verð	102,6	102,6	97,1	91,7	91,8	92,1	92,9	94,4	95,6	98,0
Raungengi miðað við laun	102,9	106,3	96,5	89,9	93,0	93,7	96,1	100,2	100,5	102,0
II Breytingar frá fyrra ári, %										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	9,5	1,3	-2,1	1,5	4,8	5,3	6,4	10,3	8,2	5,3
Laun [1]	8,3	2,9	1,4	1,2	4,5	6,4	5,4	9,4	6,7	5,0
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	6,8	3,7	4,1	1,5	1,7	2,3	1,8	1,7	3,2	3,9
Byggingarvísitala	7,9	2,8	2,1	2,6	3,1	4,6	4,7	3,6	2,3	3,0
Kaupmáttur [2]										
Ráðstöfunartekjur á mann	2,5	-2,3	-6,0	0,0	3,0	3,0	4,5	8,5	4,8	1,3
Laun [1]	1.4	-0.7	-2,6	-0.3	2.8	4.1	3.6	7.6	4.0	3.3
Gengi										
Meðalverð erlendra gjaldmiðla [3]	0,0	0,5	8,3	5,2	-0,8	0,2	-1,3	-1,6	0,5	0,0
Raungengi miðað við verð	2,6	0,0	-5,4	-5,5	0,1	0,3	0,9	1,6	1,3	2,5
Raungengi miðað við laun	2,9	3,3	-9,2	-6,9	3,5	0,7	2,6	4,3	0,3	1,5

Skýringar:

[1] Miðað við launavísitölu Hagstofu Íslands.

[2] Miðað við neysluverðsvísitölu.

[3] Miðað við viðskiptavog.

Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1991-2000

Þúsund tonn	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	Bráðab. 1999	Spá 2000
Þorskur	307	267	261	215	203	204	209	243	269	269
Annar botnfiskur	348	318	324	343	308	298	268	257	277	253
Ýsa	54	46	47	58	60	56	43	41	45	38
Ufsi	99	78	70	63	47	39	37	31	32	30
Karfi	97	94	97	95	89	68	73	69	74	65
Úthafskarfi	8	14	20	47	29	53	39	47	45	45
Steinbítur	18	16	13	13	13	15	12	12	13	13
Grálúða	35	32	34	28	27	22	19	11	12	10
Skarkoli	11	11	13	12	11	11	11	7	7	3
Annað	27	28	32	27	31	34	34	40	50	50
Síld	79	123	117	130	110	100	71	77	95	100
Íslandssíld	-	-	-	21	174	165	220	200	202	202
Loðna	260	798	941	754	716	1.179	1.319	750	800	1.043
Kolmunni	-	-	-	-	-	-	11	69	75	75
Humar	2	2	2	2	1	2	1	1	1	1
Rækja	38	47	56	75	84	90	83	63	42	42
Hörpudiskur	10	12	12	8	8	9	10	10	8	10
Annað	5	7	4	6	5	12	7	9	8	8
Heildarafli	1.049	1.575	1.716	1.555	1.609	2.059	2.199	1.679	1.776	2.003
Breytingar heildaraflaverðmætis frá fyrra ári á föstu verði[1], %:										
Samtals	-5,9	-1,5	3,1	-0,5	-0,6	8,1	-1,1	-7,8	1,0	1,5
Samtals án loðnu	-2,1	-6,9	2,0	-0,8	-1,7	0,0	-4,8	-1,8	3,0	-2,8

Skýringar:

[1] Magnvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflamagnið á föstu verði. Aflamagn áranna 1990-1993 er á verðlagi ársins 1990. Aflamagn áranna 1993-1995 er á verðlagi ársins 1995 og aflamagn áranna 1996-2000 er á verðlagi ársins 1997. Allur afli, heima og erlendis, er verðlagður á meðalverði útfluttra sjávarafurða. Meðalverðið er fundið með því að deila afla upp úr sjó upp í verðmæti útflutnings eftir fisktegund.

Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1960-2000 [1)]

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári
1960	26,3	3,2%	25,1	1,3%
1961	26,3	-0,1%	25,9	3,3%
1962	28,5	8,3%	28,3	9,1%
1963	31,4	10,3%	31,2	10,4%
1964	34,5	9,9%	35,1	12,4%
1965	37,0	7,3%	38,8	10,6%
1966	40,2	8,7%	42,2	8,7%
1967	39,7	-1,3%	40,3	-4,5%
1968	37,6	-5,5%	37,8	-6,2%
1969	38,4	2,4%	38,8	2,7%
1970	41,3	7,5%	43,6	12,2%
1971	46,7	13,1%	50,3	15,5%
1972	49,6	6,2%	53,3	6,0%
1973	53,0	6,8%	59,5	11,6%
1974	56,0	5,7%	60,4	1,5%
1975	56,4	0,6%	57,3	-5,1%
1976	59,7	6,0%	62,5	9,0%
1977	65,0	8,8%	70,1	12,1%
1978	68,8	5,9%	74,4	6,1%
1979	72,2	4,9%	75,5	1,5%
1980	76,3	5,7%	78,8	4,4%
1981	79,6	4,3%	81,5	3,5%
1982	81,3	2,2%	82,6	1,3%
1983	79,5	-2,2%	79,6	-3,7%
1984	82,8	4,1%	82,3	3,4%
1985	85,6	3,3%	84,7	2,9%
1986	90,9	6,2%	92,2	8,9%
1987	98,7	8,6%	102,1	10,7%
1988	98,6	-0,1%	101,1	-1,0%
1989	98,8	0,3%	99,4	-1,6%
1990	100,0	1,2%	100,0	0,6%
1991	101,2	1,2%	103,3	3,3%
1992	97,8	-3,3%	98,9	-4,3%
1993	98,8	0,9%	98,0	-0,9%
1994	102,3	3,6%	100,5	2,6%
1995	102,9	0,6%	102,5	1,9%
1996	108,8	5,7%	107,4	4,8%
1997	114,6	5,3%	114,0	6,2%
1998	120,4	5,1%	122,7	7,7%
1999	127,4	5,8%	128,5	4,8%
2000	130,8	2,7%	132,1	2,7%

Skýringar:

[1)] Bráðabirgðatölur fyrir 1998, áætlun fyrir 1999 og spá fyrir 2000.

3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

14. gr. laganna orðast svo:
Greiða skal 10,50 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni.

2. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:
Auk vörugjalds skv. 14. gr. skal greiða sérstakt vörugjald, bensíngjald, af bensíni. Af blýlausu bensíni skal greiða 28,60 kr. af hverjum lítra og af öðru bensíni skal greiða 30,43 kr. af hverjum lítra.

3. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

17. gr. laganna orðast svo:
Bensín sem verður notað eða hefur sannanlega verið notað á flugvélar skal undanþegið vörugjaldi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 1. gr. nær til bensínbirgða sem til eru í landinu við gildistöku laga þessara umfram 10.000 lítra hjá hverjum eiganda. Endurgreiða skal mismun á gjaldi skv. 1. gr. og vörugjaldi sem greitt var skv. 14. gr. laga nr. 29/1993 eins og það var fyrir gildistöku laga þessara. Skal í því sambandi miðað við að eldri birgðir séu seldar fyrst.

Eigendur birgða skulu tilkynna tollstjóra um birgðir sínar innan sjö daga frá gildistöku þessara laga. Þeir skulu jafnframt aðstoða tollstjóra við að kanna birgðir óski hann þess. Eigendur birgða skulu veita tollstjóra upplýsingar um birgðahald og sölu birgða fyrir gildistöku þessara laga, sé þess óskað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum er vörugjald af bensíni 97% af tollverði. Með frumvarpi þessu er lagt til að gjaldið verði föst krónutala, 10,50 kr. af hverjum lítra af bensíni. Auk þess er lagt á bensín sérstakt vörugjald, bensíngjald, sem rennur til vegagerðar. Það er 28,60 kr. af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 30,43 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni. Samkvæmt gildandi lögum hefur fjármálaráðherra heimild til að hækka þetta sérstaka vörugjald af bensíni í hlutfalli við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar. Í frumvarpinu er lagt til að þessi heimild falli brott enda er slík heimild ekki eðlileg í ljósi þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórnarskránni með 15. og 16. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995. Af sömu ástæðu er lagt

til að flugvélabensín verði undanþegið gjaldinu með lögum en ekki ákvörðun ráðherra eins og verið hefur.

Með því að taka upp fast gjald í krónum á bensín í stað hlutfallsgjalds er dregið verulega úr þeim sveiflum sem breytingar á heimsmarkaðsverði á bensíni hafa á útsöluverð innan lands. Fjárhæð gjaldsins, 10,50 kr., er lægri en framreiknað meðaltal undanfarinna fimm ára eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Þó ber að hafa í huga að gjaldið var óvenju lágt á síðari hluta ársins 1998 og fyrri hluta þessa árs.

Meðaltal vörugjalds af bensíni í krónum á hvern lítra árin 1994–98. Framreiknað til verðlags í júlí 1999.

Ár	1994	1995	1996	1997	1998	Meðaltal
Krónur	10,35	9,85	11,07	12,22	9,30	**10,56**

Miðað við heimsmarkaðsverð á bensíni seinni hluta september 1999 samsvarar 97% vörugjald um 12,80 kr. vörugjaldi á hvern lítra af bensíni. Vörugjald af bensíni skv. 1. gr. frumvarpsins ætti því að leiða til rúmlega tveggja krónu lækkunar á gjaldinu sjálfu frá því sem nú er. Að teknu tilliti til áhrifa af virðisaukaskatti gæti útsöluverð því lækkað um 2,80 kr. á hvern lítra. Þessi lækkun svarar til 400 milljóna króna á heilu ári miðað við framangreindar forsendur. Þar sem bráðabirgðaákvæði kveður á um endurgreiðslur vörugjalds er þess að vænta að frumvarpið hafi áhrif á bensínverð þegar í stað. Forsendur fjárlagafrumvarps taka mið af þessari breytingu.

Þróun vörugjalds af bensíni.

Fram til ársins 1993 var lagður 50% tollur á bensín. Með lögum nr. 29/1993 var hann felldur niður og í stað þess lagt á 90% vörugjald. Samhliða þessari breytingu var sérstakt bensíngjald afnumið, en það var fyrst lagt á 1. janúar 1993 sem liður í almennum efnahagsráðstöfunum og nam 4,50 kr. á hvern lítra.

Með lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum, var vörugjaldið hækkað úr 90% í 97% og kom sú hækkun í stað 1,3% landsútsvars.

Í töflunni hér að framan kemur fram hvert 97% vörugjald af bensíni hefur verið að meðaltali í krónum á hvern lítra undanfarin fimm ár. Útreikningarnir byggjast á upplýsingum úr innflutningsskýrslum og er vörugjaldið framreiknað til verðlags í júlí 1999 samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar.

Þróun 97% vörugjalds af bensíni frá janúar 1994 til september 1999. Krónur á hvern lítra, framreiknaðar til verðlags í júlí 1999.



x) Tala fyrir september byggist á áætlun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að vörugjald af bensíni verði föst krónutala, 10,50 kr. af hverjum lítra af bensíni.

Um 2. gr.

Eins og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild ráðherra til að hækka bensín í hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar verði felld brott. Því er lagt til að krónutala bensíngjalds verði sú sama og nú er samkvæmt reglugerð nr. 255/1993 um vörugjald af eldsneyti, sbr. reglugerð nr. 356/1999. Breytingin hefur því engin áhrif á núverandi gjaldtöku.

Um 3. gr.

Lagt er til að heimild ráðherra til að hækka bensíngjald í hlutfalli við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar verði felld brott.

Um 4. gr.

Lagt er til að heimild ráðherra til að undanþiggja bensín til nota á flugvélar vörugjaldi verði felld brott. Þess í stað verði mælt fyrir um að bensín sem er notað eða muni sannanlega verða notað á flugvélar sé undanþegið vörugjaldi. Þessi breyting hefur engin áhrif á núverandi gjaldtöku af flugvélabensíni.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um endurgreiðslu vörugjalds af birgðum umfram 10.000 lítra af bensíni. Það mun leiða til þess að áhrif breytinganna á útsöluverð á bensíni koma fram fyrr en ella hefði orðið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til í fyrsta lagi að vörugjald af bensíni verði innheimt sem föst krónutala í stað þess að vera hlutfall, 97%, af innflutningsverði bensíns að viðbættum viðeigandi gjöldum. Sú breyting er lögð til í þeim tilgangi að draga úr áhrifum breytinga á heimsmarkaðsverði bensíns á útsöluverð þess hér á landi og þar með á almenna verðlagsþróun innan lands. Fjárhæð gjaldsins á hvern lítra samkvæmt frumvarpinu er í samræmi við forsendur frumvarps til fjárlaga ársins 2000 en nokkru lægri en vörugjaldið sem lagt er á miðað við núverandi heimsmarkaðsverð á bensíni. Haldist heimsmarkaðsverðið óbreytt til loka ársins gætu tekjurnar af vörugjaldinu því orðið nokkru lægri en ella verði frumvarp þetta að lögum. Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að felld verði niður heimild fjármálaráðherra til að hækka sérstakt vörugjald – bensíngjald – í hlutfalli við hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar. Í stað þess yrði þá að breyta lögum þegar ástæða þætti til að breyta bensíngjaldinu, t.d. vegna verðlagsþróunar. Tekjum af sérstöku vörugjaldi er varið til vegagerðar. Til að þær tekjur og samsvarandi útgjöld til vegamála haldist óbreytt eða svipuð miðað við núgildandi lög verður að gera ráð fyrir að bensíngjaldinu verði breytt reglulega í samræmi við forsendur fjárlaga og vegáætlunar hverju sinni.

4. Frumvarp til laga [4. mál]

um skattfrelsi norrænna verðlauna.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirtalin norræn verðlaun skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari:

1. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.
2. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.
3. Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.
4. Norrænu leikskáldaverðlaunin.
5. Norrænu barnabókaverðlaunin.
6. Nóbelsverðlaunin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að núgildandi lög nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, með síðari breytingum, verði felld úr gildi. Í gildandi lögum er kveðið á um að bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari. Auk þess er fjármálaráðherra veitt heimild til að kveða á um það í reglugerð að önnur sambærileg menningarverðlaun séu undanþegin skattskyldu. Hafa í áranna rás bæst við nokkur önnur verðlaun, síðast umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild fjármálaráðherra til að undanþiggja tiltekin norræn verðlaun skattskyldu verði afnumin enda er slík heimild ekki eðlileg í ljósi þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórnarskránni með 15. og 16. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995. Þess í stað er lagt til að talið verði upp í lögum með tæmandi hætti hvaða verðlaun eru undanþegin skattskyldu. Hafa nokkur verðlaun verið felld brott þannig að lögin eru þrengri en síðastgildandi reglugerð um þetta efni, sbr. fylgiskjal I. Rétt er að hafa í huga að samkvæmt almennum ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt eru öll verðlaun skattskyld, jafnt innlend sem erlend.

Jafnframt er lagt til að afnumið verði núgildandi ákvæði um að eingöngu íslenskir ríkisborgarar njóti skattfrelsis. Núgildandi orðalag mismunar skattþegnum eftir ríkisfangi, enda er í 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, kveðið á um hverjir eru skattskyldir hér á landi og þar er að meginreglu til miðað við heimilisfesti manna en ekki ríkisfang.

Fylgiskjal I.

Reglugerð um skattfrelsi norrænna menningarverðlauna.

1. gr.

Eftirtalin norræn menningarverðlaun skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari þegar þau falla íslenskum ríkisborgurum í skaut:

1. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.
2. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.
3. Norrænu leikskáldaverðlaunin.
4. Sonning verðlaunin.
5. Clara Lachmann verðlaunin.
6. Bjartsýnisverðlaun Bröstes.
7. Bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar.
8. Norrænu barnabókaverðlaunin.
9. Verðlaun Stofnunar í samanburðarlögfræði við Stokkhólmsháskóla.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, sbr. 64. gr. laga nr. 111/1992, um

breytingar í skattamálum, öðlast þegar gildi og kemur fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1995 vegna tekna á árinu 1994, sbr. þó 2. mgr.

Þeir sem fengið hafa verðlaun skv. 1. gr. á árunum 1992 og 1993 og greitt hafa af þeim tekjuskatt og útsvar geta sótt um endurupptöku álagðra gjalda til skattstjóra, sem er heimilt að lækka tekjuskattsstofn til samræmis við reglu 1. gr.

Fjármálaráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F.h.r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 113/1995, um skattfrelsi norrænna menningarverðlauna.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr tölul. svohljóðandi: Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, sbr. 64. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, öðlast þegar gildi og kemur fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1999 vegna tekna á árinu 1998.

Fjármálaráðuneytinu, 8. mars 1999.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skattfrelsi norrænna verðlauna.

Frumvarpið miðar að því að laga gildandi lög um skattfrelsi verðlauna Norðurlandaráðs að breyttum aðstæðum en ekki er gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

5. Frumvarp til laga [5. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Í stað orðanna „skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans bætast“ í 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: skal þá óráðstöfuðum persónuafslætti annars makans bætt.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skal óráðstöfuðum persónuafslætti annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., bætt við persónuafslátt hins með eftirfarandi hætti:

a. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999 skal bæta 85% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.
b. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 skal bæta 90% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.
c. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2002 vegna tekna á árinu 2001 skal bæta 95% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar eru í frumvarpi þessu lagðar til breytingar á reglum um ráðstöfun persónuafsláttar á milli hjóna og fólks sem býr saman í óvígðri sambúð, sbr. 4. mgr. 63. gr. Reglum um millifærslu á persónuafslætti verður breytt í áföngum þannig að ónýttur persónuafsláttur maka mun nýtast að fullu við álagningu á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999 kemur fyrsti áfangi þessara breytinga til framkvæmda og verður þá hægt að nýta 85% af ónýttum persónuafslætti maka í stað 80% eins og nú er. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs lækki um 100 m.kr. á árinu 2000 vegna þessa fyrsta áfanga. Þegar breytingin er að fullu komin til framkvæmda árið 2003 má gera ráð fyrir að árlegt tekjutap ríkissjóðs verði nálægt 400 m.kr. miðað við sömu forsendur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæðum laga um ráðstöfun persónuafsláttar verði breytt á þann veg að heimilt verði að millifæra ónýttan persónuafslátt að fullu milli maka. Miðað er við að breytingin taki gildi í áföngum fram að skattálagningu ársins 2003 vegna tekna ársins 2002. Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs lækki um 100 m.kr. fyrir hver 5% af persónuafslættinum sem heimilað væri að færa á milli maka miðað við núverandi tekjuskatta af einstaklingum. Lækkunin á tekjunum yrði þá orðin alls um 400 m.kr. árið 2003 og árlega eftir það. Talið er að útgjöld ríkissjóðs vegna þessara breytinga yrðu óveruleg.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 3.–6. mgr. 10. gr. og 11. og 12. gr. kemur ný grein, er verður 11. gr., sem orðast svo:

Einstökum aðilum, öðrum en ríkissjóði, og skyldum og/eða fjárhagslega tengdum aðilum er óheimilt að eiga meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka. Viðskiptabanki skal reglulega tilkynna Fjármálaeftirlitinu um samsetningu hluthafa og án tafar ef eignarhlutur einstaks aðila fer yfir fyrrgreind mörk. Hluthafi í viðskiptabanka skal tafarlaust gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi hann ástæðu til að ætla að eign hans í viðskiptabanka kunni að yfirstíga fyrrgreind mörk.

Skyldir aðilar og/eða fjárhagslega tengdir skulu teljast:

1. Hjón eða sambýlisaðilar.
2. Skyldmenni í beinan legg, bræður eða systur, systkinabörn, systkini föður eða móður eða tengdir aðilar með sama hætti vegna ættleiðingar. Foreldrar, börn, bræður og/eða systur maka eða sambýlisaðila.
3. Samstæða félaga, móðurfélög og dótturfélög.
4. Ef einstakur aðili (einstaklingur eða lögaðili) á meira en 35% eignarhlut eða atkvæðisrétt í lögaðila eða ef einstakur aðili eða skyldir aðilar eiga samanlagt meira en 35% eignarhlut eða atkvæðisrétt í tveimur lögaðilum eða fleiri skulu þeir aðilar teljast fjárhagslega tengdir.

Nú fer eignarhlutur einstaks aðila eða skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila yfir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. vegna atvika sem hlutaðeigandi fær ekki við ráðið og skal viðkomandi aðili eða aðilar þá svo fljótt sem við verður komið, og eigi síðar en innan sex mánaða, gera ráðstafanir til að samræma eignarhlut sinn nefndum ákvæðum 1. mgr. Ráðherra getur að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins ákveðið að eignarhlut sem svo er til kominn og er umfram mörk 1. mgr. fylgi eigi atkvæðisréttur svo lengi sem það ástand varir.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., sem orðast svo:

Um hámarkshlutafjáreign einstakra aðila og skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila í lánastofnun skulu gilda ákvæði 11. gr. laga nr. 113/1996.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

3. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sé eignarhlutur einstakra aðila eða skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila í viðskiptabanka eða lánastofnun fyrir ofan mörk 1. efnismgr. 1. gr. laga þessara við gildistöku þeirra er ráðherra heimilt að veita hlutaðeigandi allt að tveggja ára aðlögunartíma til að gera fullnægjandi ráðstafanir til að samræma eignarhlut sinn áðurnefndum ákvæðum. Ráðherra getur við slíkar aðstæður beitt ákvæðum 3. efnismgr. 1. gr. laga þessara um takmörkun atkvæðisréttar.

Greinargerð.

Óþarfi er að fara mörgum orðum um tilefni þessa frumvarps. Mikil umræða hefur verið um sölu á eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og reyndar einnig áður um stofnun þess banka og breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög. Mikið vantar á að vandað hafi verið til vinnubragða í þessu sambandi þó svo að horft sé fram hjá pólitískum ágreiningi um þessar breytingar sem slíkar. Leikreglur og nauðsynlegar lagabreytingar voru ekki undirbúnar og gerðar fyrir fram. Nú, þegar fyrstu skref í einkavæðingu ríkisviðskiptabankanna með hlutafjárútboðum hafa verið stigin, tæpur helmingur af eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hefur verið seldur og sala á hinum helmingnum er í fullum gangi, blossar upp síðbúin umræða um nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild að bönkunum.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til breytinga á lögum um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., þar sem leitað var eftir heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í bankanum, var reyndar fjallað um þetta mál, sjá þskj. 256, 229. mál 123. löggjafarþings. Þar sagði í greinargerð eftirfarandi: „Hefur ríkisstjórnin í því efni haft að leiðarljósi nauðsyn þess að

hámarka verðmæti hlutafjár ríkissjóðs í bönkunum, tryggja ódýra, heilsteypta og örugga þjónustu á fjármagnsmarkaði með aukinni samkeppni, og þar af leiðandi hagkvæmari rekstri bankanna, og *að tryggja dreifða eignaraðild*, en um leið að fá til samstarfs innlenda og erlenda kjölfestufjárfesta sem hraðað geta framþróun fjármagnsmarkaðarins."

Ljóst er að þessi orð og önnur sem fallið hafa um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum duga skammt ef vilji er ekki fyrir hendi til að tryggja til frambúðar dreifða eignaraðild. Reglur um hámarkskaup hvers einstaks aðila í frumsölu bréfa eru gagnslitlar ef engar takmarkanir gilda síðan í viðskiptum með sömu bréf á eftirmarkaði. Augljóst er að til þurfa að koma lagaákvæði sem takmarka varanlega hámarkseign einstakra aðila, sambærileg þeim sem þekkt eru víða erlendis og þekkt eru bæði í innlendum og erlendum lögum í ýmsum annars konar tilvikum. Má þar sem dæmi nefna þær takmarkanir sem eru á hámarkseign erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, sérstaklega í sjávarútvegi. Einnig mætti nefna þær breytingar sem gerðar voru nýlega á lögum um stjórn fiskveiða til að sporna við samþjöppun á eignarhaldi veiðiheimilda. Þau lög fela í sér takmörkun á hámarkseign einstakra fyrirtækja eða tengdra aðila í veiðiheimildum í einstökum tegundum og í heild. Í ýmsum nálægum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við eru takmarkanir hvað varðar hámarkseign einstakra aðila í fjármálastofnunum og reyndar ýmsum öðrum greinum, svo sem í fjölmiðlum, vel þekktar.

Óhjákvæmilegt er að Alþingi taki af skarið í þessu máli og láti á það reyna hvaða innstæður eru fyrir fullyrðingum um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild og sporna við samþjöppun á eignarhaldi í mikilvægum innlendum fjármálastofnunum. Viðbúið er að um setningu slíkra reglna geti orðið pólitískar deilur en því verður varla á móti mælt að skynsamlegt sé fyrir okkur Íslendinga að fara varlega í þessum efnum. Slíkar takmarkanir eða reglur er alltaf hægt að rýmka síðar meir ef áhyggjur af samþjöppun og fákeppni reynast ástæðulausar. Varla getur sakað að hafa vaðið fyrir neðan sig. Eins kæmi til greina að skoða rýmri mörk hvað hámarkseign í fjármálastofnun snertir þegar í hlut eiga viðskiptabankar, sparisjóðir eða aðrar lánastofnanir. Gæti það einkum átt við ef bankar eða aðrar lánastofnanir vildu starfrækja þjónustufyrirtæki á fjármálasviði sem hefði starfsleyfi sem lánastofnun. Þær reglur sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru einfaldar en að mati flutningsmanna fullnægjandi til að setja hámarkshlutafjáreign og ítökum einstakra aðila í viðskiptabönkum og öðrum mikilvægum lánastofnunum takmörk.

7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram mat samkvæmt lögum nr. 63/1993 á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt.

Greinargerð.

Að fengnum umsögnum.

Þingsályktunartillaga þessi er nú flutt í fjórða sinn. Hún var fyrst flutt vorið 1998 á 122. löggjafarþingi og endurflutt að hausti á 123. löggjafarþingi og þá send út til umsagnar. Umsagnir bárust frá 16 aðilum og voru tíu þeirra meðmæltir tillögunni og studdu mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, en sex umsagnaraðilar lögðust gegn því. Þeir sem studdu tillöguna voru: Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST), Náttúrufræðistofnun Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Félag leiðsögumanna, Náttúruverndarráð, Landvernd, Sveitarstjórn Norður-Héraðs, Skipulagsstofnun og Ferðamálaráð Íslands. Þeir sem lögðust gegn lögformlegu mati voru: Bæjarstjórn Austur-Héraðs, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, iðnaðarráðuneytið, Landsvirkjun, Orkustofnun og umhverfisráðuneytið. Tillagan fékk hins vegar ekki í þetta sinn þá umfjöllun í umhverfisnefnd að leiddi til nefndarálits. Því var tillagan flutt í þriðja sinn á sumarþingi í júní sl., á 124. löggjafarþingi. Í umræðum um tillöguna á þinginu kom í ljós að ný staða mundi að öllum líkindum vera komin upp í umhverfisnefnd þar sem meiri hluti nefndarmanna hafði lýst yfir stuðningi við efni tillögunnar. Það nægði þó ekki til að fá tillöguna afgreidda frá nefndinni, svo að hún var send út til umsagnar. Aftur svöruðu 16 aðilar og enn var meiri hluti meðmæltur tillögunni eða átta en sex aðilar lýstu sig ósammála efni hennar. Þeir sem voru meðmæltir voru: Náttúruvernd ríkisins, Landvernd, Náttúruverndarráð, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Samtök útivistarfélaga, Útivist, Ferðaklúbburinn 4x4 og sveitarstjórn Norður-Héraðs, en þeir sem mæltu gegn henni voru: Landsvirkjun, Orkustofnun, Vinnuveitendasamband Íslands, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, umhverfissvið Austur-Héraðs og umhverfisráðuneytið.

Einn umsagnaraðili, Ferðamálaráð Íslands, hefur breytt um afstöðu frá fyrri umsögn, þegar það lýsti sig fylgjandi lögformlegu mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar, og tekur nú ekki afstöðu.

Þá ber að gera sérstaka grein fyrir umsögn Skipulagsstofnunar. Í fyrri umsögn sinni, dags. 9. nóvember 1998, styður stofnunin að virkjunin verði sett í hið lögformlega ferli og segir þar: „Skipulagsstofnun telur að í ljósi breyttra viðhorfa og löggjafar í umhverfismálum sé eðlilegt að fram fari formlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem háðar eru mati samkvæmt 5. gr. laga nr. 63/1993, þrátt fyrir að þær falli undir II bráðabirgðaákvæði þeirra. Fjögur og hálft ár er liðið frá tímamörkum bráðabirgðaákvæðisins, en samkvæmt nefndaráliti umhverfisnefndar, þar sem gerð er grein fyrir breytingartillögu þeirri sem bráðabirgðaákvæðið byggist á, var tilgangur þess að gefa „hlutaðeigandi aðilum nokkurn aðlögunartíma vegna þeirra breyttu réttarreglna sem lagðar eru til í frumvarpinu“.“

Í nýrri umsögn stofnunarinnar, dags. 16. júlí 1999, er ekki tekin afstaða til þess hvort virkjunin skuli sæta lögformlegu mati, en þar kemur fram að samvinnunefndin sem vann að gerð svæðisskipulags miðhálendisins og staðfest var af umhverfisráðherra 10. maí 1999, gerði í úrskurði sínum fyrirvara við virkjanaframkvæmdirnar. Að honum verður vikið síðar í greinargerð þessari. En þá kemur fram nýr flötur í málinu og skal nú vitnað orðrétt í umsögn Skipulagsstofnunar. Þar segir:

„Ekki er fyrir hendi aðalskipulag Fljótsdalshrepps en áður en hægt verður að hefja framkvæmdir við virkjun þarf sveitarstjórn að auglýsa tillögu að deiliskipulagi virkjunarsvæðisins. Það verður síðan hlutverk sveitarstjórnar að fjalla um og svara þeim athugasemdum sem kunna að berast við deiliskipulagstillöguna. Samþykki sveitarstjórn deiliskipulagið sendir hún það til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga,

nr. 73/1997. Þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi fyrir virkjun, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Fari ekki fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt lögum nr. 63/1993 má ætla að sú umræða sem hefði orðið í tengslum við það, verði þess í stað í tengslum við deiliskipulagið og það verði því hlutverk Fljótsdalshrepps en ekki Skipulagsstofnunar að vinna úr hugsanlegum athugasemdum."

Í þessu sambandi ber að athuga að allir landsmenn koma til með að hafa rétt til athugasemda um deiliskipulagstillögu sveitarstjórnarinnar og síðan eftir afgreiðslu sveitarstjórnar, kærurétt til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Sú úrskurðarnefnd hefði svo síðasta orðið á stjórnsýslustigi því að úrskurðir hennar eru fullnaðarúrskurðir samkvæmt lögunum og verður ekki skotið til umhverfisráðherra. Þeir sem vefengdu niðurstöðu nefndarinnar yrðu því að leita til dómstóla.

Heimildarlög og virkjunarleyfi.

Með lögum nr. 60/1981 var ríkisstjórninni heimilað að semja við Landsvirkjun, m.a. um að reisa og reka virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun). Árið 1982 var svo gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar um yfirtöku virkjunarinnar auk Blönduvirkjunar og Villinganesvirkjunar. Hinn 23. mars 1983 voru samþykkt á Alþingi ný lög um Landsvirkjun og voru ákvæði um Fljótsdalsvirkjun felld inn í þau. Með þingsályktun um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu 6. maí 1982 ályktaði Alþingi um virkjanaröð þannig að Blönduvirkjun skyldi verða næsta stórvirkjun landsins en á eftir henni yrði ráðist í byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Með breytingu á lögum um raforkuver, með lögum nr. 74/1990, var ályktun um röðun virkjana frá 1982 felld úr gildi og skyldi röð við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar. Þó var í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir að ráðist yrði í Fljótsdalsvirkjun sem næstu virkjun ef samningar næðust um byggingu álbræðslu á Keilisnesi á grundvelli yfirlýsingar frá 13. mars 1990.

Hinn 24. apríl 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, 210 MW að stærð ásamt aðalorkuveitum. Í bréfinu segir að með vísan til vatnalaga muni ráðuneytið birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu varðandi hina ráðgerðu virkjun „þar sem þeim er hagsmuna eiga að gæta, er gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við virkjunaráformin. Er leyfi þetta bundið því skilyrði, að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra vandamála, sem upp kunna að rísa vegna slíkra athugasemda, að höfðu samráði við ráðuneytið." Í umræddri auglýsingu var vísað til framlagðra gagna um virkjunina. Átta athugasemdir bárust í kjölfar auglýsingarinnar, bæði varðandi tilhögun og umhverfisáhrif virkjunarinnar. Allar voru þessar athugasemdir frá málsmetandi aðilum og tóku allar utan ein á málum út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Þessir átta aðilar voru: hreppsnefnd Fljótsdalshrepps, Ferðamálasamtök Austurlands, Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, Menningarmálaráð Egilsstaða, Náttúruverndarráð (nú Náttúruvernd ríkisins) og eigendur jarðarinnar Langhúsa í Fljótsdalshreppi.

Það er athyglisvert að virkjunarleyfið er ekki tímabundið á nokkurn hátt og má spyrja hvort réttlætanlegt sé að leyfi af því tagi sem hér um ræðir geti gilt um aldur og ævi þegar einföld byggingarleyfi, sem veitt eru skv. 44. og 45. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, falla úr gildi ef ekki er hafist handa við framkvæmdir eða framkvæmdir stöðvast af einhverjum ástæðum í tiltekinn tíma, 12 mánuði eða lengur.

Lög um mat á umhverfisáhrifum.

Árið 1993 voru sett lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Markmið laganna er skv. 1. gr. „að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana". Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati og eru þar efst á blaði „vatnsorkuvirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 3 km^2 lands fara undir vatn vegna stíflumannvirkjanna og/eða breytinga á árfarvegi". Þess má geta að lagning nýrra vega og þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan byggða eru matsskyldar. Í bráðabirgðaákvæði II við lögin segir: „Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum." Vegna þessa ákvæðis og virkjunarleyfis sem gefið var út 1991 virðist að óbreyttu ekki lagaskylda að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, nema til komi breytingar á virkjunartilhögun. En um þetta atriði hafa menn deilt. Við upprifjun þess ferlis sem fram fór þegar lögin um mat á umhverfisáhrifum voru samin og bráðabirgðaákvæði II var sett inn í frumvarpið virðist ljóst að þeir sem komu að málinu hafi haft aðrar framkvæmdir en Fljótsdalsvirkjun í huga. Allt bendir til þess að menn hafi metið það sem svo að Fljótsdalsvirkjun hafi verið ákveðin og afgreidd, og þannig ekki fallið undir ákvæði laganna, enda var á þeim tíma búið að bjóða virkjanaframkvæmdirnar út og menn voru að deila um útfærsluatriði á borð við línulagnir og þess háttar. Þegar svo ekkert virtist ætla að verða af samningum um orkusölu til álbræðslu á Keilisnesi var framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun slegið á frest. Svo var það ekki fyrr en í ágústlok 1997 að álbræðsla Norsk Hydro á Reyðarfirði kom inn í landsmálaumræðuna. Þar með var Fljótsdalsvirkjun aftur komin í brennidepil og þá fyrst var farið að nota bráðabirgðaákvæði II úr lögunum um mat á umhverfisáhrifum í sambandi við þá framkvæmd. Það er því mikil rangtúlkun, sem borið hefur á hjá virkjunarsinnum og jafnvel ráðherrum, að Alþingi hafi fjallað um Fljótsdalsvirkjun 1993 þegar lögin um mat á umhverfisáhrifum voru samþykkt í þinginu og með bráðabirgðaákvæðinu ákveðið að Fljótsdalsvirkjun væri undanþegin lögformlegu mati.

Verndargildi Eyjabakkasvæðisins.

Fegurð og verndargildi Eyjabakkasvæðisins sem færi undir miðlunarlón Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt fyrirliggjandi virkjunaráætlun eru almennt viðurkennd. Eyjabakkasvæðið hefur lengi verið á náttúruminjaskrá og þegar Náttúruverndarráð ályktaði um virkjun Jökulsár í Fljótsdal 26. mars 1981 var það með miklum trega að ráðið vildi „fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun, telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega. Sú afstaða mótast m.a. af því að samkomulag hefur tekist um varanlega verndun Þjórsárvera, sem frá sjónarmiði náttúruverndar og samkvæmt niðurstöðum rannsókna á báðum þessum svæðum eru talin enn mikilvægari hálendisvin." Í ítarlegri greinargerð Náttúruverndarráðs um málið segir m.a.:

„Eyjabakkar eru gróskumikið flæðiland í fögru umhverfi. Á hálendinu eru fá gróðurlendi á borð við þá. Fyrst og fremst eru það Þjórsárver við Hofsjökul, Hvítárnes og örfáir staðir á Möðrudalsöræfum. Allir þessir staðir eru hentugir fyrir miðlunarlón vegna virkjana, en jafnframt er náttúruverndargildi þeirra mikið. Náttúruverndarráð telur ekki annað koma til greina en þyrma einhverjum þessara svæða, og því þarf að líta á þau í samhengi þegar áformað er að taka eitthvert þeirra undir miðlunarlón."

Umsögn Náttúruverndarráðs endurspeglar á heildina litið fremur veika stöðu þess og náttúruverndar í landinu á þessum tíma.

Mikil breyting hefur orðið á viðhorfum til verndunar hálendissvæða síðan 1981 að heimild til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal var sett í lög og mikil breyting hefur orðið á ferðalögum Íslendinga, sem í auknum mæli sækjast nú eftir ferðum um eigið land og þá ekki síst ferðum upp á hálendið. Menn eru farnir að átta sig á gildi lítt snortinnar náttúru og æ frekar farnir að líta á hana sem sameiginlega auðlind þjóðarinnar, auðlind sem er í hættu vegna gamalla og kannski úreltra ákvæða í lögum, auðlind sem ber í sér möguleika á aukinni hagsæld, ef menn einungis opna augun fyrir möguleikum hennar.

Jafnvel þótt Náttúruverndarráð hafi á sínum tíma talið sig vera að bjarga Þjórsárverum frá eyðileggingu vegna virkjanahugmynda sjá menn nú að sú björgunaraðgerð er að mistakast. Þjórsárver eru í stórkostlegri hættu vegna framkvæmda við Kvíslaveitur, þau hafa stórskemmst við fimmta áfanga þeirra framkvæmda og að þeim steðjar enn meiri ógn með áformum um sjötta áfanga. Þannig er það orðið ljóst að þótt Náttúruverndarráð hafi talið sig vera að bjarga Þjórsárverum á sínum tíma með því að gefa eftir Eyjabakka er sú aðgerð léttvæg núna og eykur það enn á kröfu náttúruverndarsinna um að staldrað verði við í virkjanagleðinni.

Framhaldsrannsóknir á náttúrufari Eyjabakkasvæðisins hafa gert mönnum ljósari en áður þýðingu þess, m.a. fyrir heiðagæsastofninn. Margir forkunnarfagrir fossar í Jökulsá í Fljótsdal hafa einnig vakið menn til umhugsunar um það sem tapast mundi með virkjun árinnar. Landslagsmyndanir á svæðinu eru að öllum líkindum einstakar í heiminum. Þar er að finna jökulruðninga sem ekki er vitað til að séu nema á tveimur stöðum hérlendis. Þar er gróður í yfir 650 m hæð svo kraftmikill að undrum sætir. Þar finnast meira að segja plöntur sem alla jafna er einungis að finna á láglendi. Þá má nefna að landið hentar afskaplega vel til gæsabeitar, sem getur farið illa með viðkvæmara land, en virðist ekki vinna á þykkri gróðurþekju Eyjabakkasvæðisins. Svæði það sem um ræðir fullnægir öllum skilyrðum til að vera útnefnt sem Ramsar-svæði og hefur Náttúruvernd ríkisins hvað eftir annað bent á mikilvægi þess, m.a. í nýrri umsögn sem nefnd var hér að framan og rituð var 27. ágúst 1999. Þá hefur Náttúruvernd ríkisins ásamt Náttúruverndarráði beitt sér fyrir því að tillaga Náttúruverndarsamtaka Austurlands, NAUST, sem mótuð var á níunda áratugnum og fjallar um friðlýsingu Snæfells og Vesturöræfa næði fram að ganga. Virðist einkum fyrirstaða hjá virkjunaraðilum við framgang þeirrar sjálfsögðu verndaraðgerðar.

Þörf á víðtæku mati.

Þrátt fyrir margháttaða viðleitni Náttúruverndarráðs og áhugamanna um náttúruvernd til að fá fram heildstætt mat á verndargildi hálendisins og einstakra þátta í náttúrufari þess hefur takmarkaður árangur náðst til þessa. Fjárveitingar til slíkrar vinnu hafa verið litlar sem engar á sama tíma og miklu fé er varið til rannsókna á hagnýtingu vatnsaflsins og undirbúnings einstakra virkjana.

Hinn 24. apríl 1989 samþykkti Alþingi þingsályktun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa á vegum Náttúruverndarráðs í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Drög að slíkri áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar fyrir árslok 1990 og áætlunin fullbúin til staðfestingar síðar."

Þessu verki hefur enn ekki verið lokið þrátt fyrir nokkra viðleitni til að þoka því áfram, aðallega í samstarfi iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs í svonefndri SINO-nefnd, sem sett var á fót þegar árið 1972. Þá samþykkti ríkisstjórnin í febrúar 1997 framkvæmdaáætlun um umhverfismál, sem nefnd var *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun*

til aldamóta. Þráðurinn hefur nú verið spunninn áfram og skipuð verkefnisstjórn sem ætlað er það hlutverk að gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma undir kjörorðunum *Maður – nýting – náttúra.* Verkefnið er á forræði iðnaðarráðherra en umhverfisráðherra er samráðsaðili. Hefur það verið gagnrýnt að umhverfisráðherra skuli vera undir iðnaðarráðherra settur í málefni sem á rætur í náttúru Íslands og umsýslu með hana sem heyrir einmitt undir umhverfisráðuneytið, eðli málsins samkvæmt.

Svæðisskipulag – ástæða til endurskoðunar.

Í tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins til 2015, sem unnin var á vegum samvinnunefndar héraðsnefnda sveitarfélaga á árunum 1994–97 og skilað í maí 1997, segir um Fljótsdalsvirkjun á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal: „Hugsanlega tengd Kárahnjúkavirkjun, stærð allt að 1.200 GWh/ári. Fyrirvari um lónastærðir á Eyjabakkasvæðinu. Gildi Eyjabakkasvæðisins vegna sérstæðs gróðurfars, dýralífs, landslags o.fl. er svo mikið að ástæða er til að endurskoða tilhögun virkjunar samkvæmt gildandi lögum. Svæðið hefur einnig mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna. Gert er ráð fyrir að skoðaðir verði til hlítar möguleikar á að virkja saman Jökulsá á Brú (Kárahnjúkavirkjun) og Jökulsá í Fljótsdal með þeim hætti að Kárahnjúkalón geti nýst sem miðlun fyrir bæði vatnasviðin. Heimiluð með lögum 1981 og leyfi ráðherra var veitt fyrir 1.5.1994. Virkjunin er því aðeins matsskyld ef um breytingar er að ræða frá upphaflegum áætlunum."

Í umsögn samvinnunefndarinnar í ágúst 1998 um innsendar athugasemdir eftir auglýsingu 6. júní til 10. desember 1997 segir svo um Fljótsdalsvirkjun og Norðlingaölduveitu: „Heimild samvinnunefndarinnar til þess að setja fyrirvara um útfærslur einstakra stórframkvæmda á borð við virkjanir snýr að ýmsum grundvallaratriðum skipulagsvinnu. Andi skipulagslaganna er að hlutverk svæðisskipulags sé að samræma og samþætta mismunandi hagsmuni í landnotkun. Nefndin telur að eðlilegt sé að endurmeta 15 ára gömul áform með tilliti til breyttra forsendna, m.a. nýrrar tækni og breyttra viðhorfa til umhverfismála. Gert er ráð fyrir að bæði Fljótsdalsvirkjun og Norðlingaölduveita geti komið til framkvæmda á skipulagstímanum í einhverri mynd. Gerðir eru fyrirvarar um stærð miðlunarlóna á gróðurlendum í 600 m y.s. sem eru meðal stærstu fuglabyggða hálendisins. Á landnotkunaruppdráttum 2 og 3 eru annars vegar sýnd náttúruverndarsvæði og hins vegar orkuvinnslusvæði. Á Eyjabakkasvæðinu koma báðir þessir landnotkunarflokkar við sögu sem er í samræmi við skipulagsuppdráttinn, þ.e. blönduð landnotkun."

Krafa margra um mat á umhverfisáhrifum.

Rúm átján ár eru liðin frá því að heimildarlög voru sett um virkjunina og átta og hálft ár frá því að þáverandi iðnaðarráðherra, Jón Sigurðsson, gaf út virkjunarleyfi. Þá eru liðin sex ár frá setningu laga um mat á umhverfisáhrifum og í þeim lögum er ákvæði sem skyldar stjórnvöld til að endurskoða þau lög samhliða endurskoðun skipulags- og byggingarlaga. Þá lagaskyldu hafa stjórnvöld hunsað og hafa þau þar með lengt líftíma margumtalaðs bráðabirgðaákvæðis II, sem notað er til að skjóta stórframkvæmdum á borð við Fljótsdalsvirkjun fram hjá þeim leikreglum sem Alþingi hefur samþykkt að skuli gilda í landinu. Í þessu sambandi má einnig geta um tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/11/EC frá 3. mars 1997, en samkvæmt henni eru gerðar nokkrar breytingar á fyrri tilskipun sambandsins um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Í 3. gr. þeirrar tilskipunar er gert ráð fyrir að stjórnvöld aðildarríkja Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins hafi tveggja ára frest til að breyta löggjöf sinni og færa hana til samræmis við nýju ákvæðin, eða til 14. mars 1999. Þessari skyldu hafa íslensk stjórnvöld brugðist. Því er alveg ljóst að með því að samþykkja

áskorun til ríkisstjórnarinnar um að mat fari fram á umhverfisáhrifum virkjunarinnar, eins og lögbundið er um hliðstæð mannvirki, legði Alþingi sitt af mörkum til að unnið sé í anda þeirra laga sem gilda í landinu. Meti ríkisstjórnin það síðan svo að einhverjar lagabreytingar þurfi til, eins og bent hefur verið á í umræðunni upp á síðkastið, ætti að vera hægur vandi að gera þær. Annað eins hefur nú þurft til að framsækin og eðlileg þróun geti átt sér stað, þróun sem tekur tillit til viðhorfsbreytinga í samfélaginu.

Krafa samfélagsins er alveg skýr. Samkvæmt skoðanakönnunum eru 80% þjóðarinnar þeirrar skoðunar að Fljótsdalsvirkjun eigi að sæta lögformlegu mati á umhverfisáhrifum. Reyndar sýna skoðanakannanir einnig að meiri hluti þjóðarinnar er á móti því að Eyjabökkum verði sökkt með uppistöðulóni. Náttúruverndarsamtök Austurlands, NAUST, hafa ítrekað talað fyrir verndun Eyjabakkasvæðisins og nú liggur fyrir útfærð tillaga frá samtökunum um Snæfellsþjóðgarð. Félag um verndun hálendis Austurlands sem stofnað var 1997 hefur beitt sér fyrir því að áform um virkjun Jökulsár í Fljótsdal fari í mat á umhverfisáhrifum. Það hafa Náttúruverndarsamtök Íslands einnig gert ásamt fjölda útivistarfélaga. Almenningur hefur komið saman á fjölmennum fundum til að bera fram þessa sömu kröfu og ótal greinar hafa verið skrifaðar í blöð og tímarit.

Náttúruverndarráð hefur formlega óskað eftir því við umhverfisráðherra að Snæfell og Vesturöræfi verði friðlýst og Eyjabakkasvæðið tilnefnt Ramsar-svæði. Í greinargerð frá ráðinu, sem dagsett er 10. júní 1998, segir: „Áður en ákvarðanir verða teknar um nýtingu vatnsfalla norðan Vatnajökuls þarf að liggja fyrir úttekt á verndargildi þeirra og nýtingu. Nú, þegar unnið er að skipulagi miðhálendisins er sjálfsagt að líta á alla virkjunarkostina í einu og móta síðan stefnu þar um til framtíðar."

Við vitum að vinna af þessu tagi er nú í gangi og vonandi verða sjónarmið náttúru- og umhverfisverndar hafin til vegs í rammaáætluninni sem unnið er að. Það yrði þjóðinni til mikils tjóns ef skammtímahagsmunir verða látnir vega þyngra en framtíðarsýn sem byggist á sjálfbærri þróun. Þjóðinni er þörf á áræðnum ákvörðunum sem virkja sköpunargáfu og framkvæmdamátt fólksins. Stjórnvöld bera ábyrgð á að sú framtíðarsýn sem meiri hluti þjóðarinnar ber í hugskoti sínu fái dafnað.

Með því að samþykkja áskorun til ríkisstjórnarinnar um að mat fari fram á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, eins og lögbundið er um hliðstæð mannvirki, legði Alþingi sitt af mörkum til að sem skýrust mynd lægi fyrir og viðhorf almennings kæmu fram um málið og fengju notið sín. Það er lýðræði sem þjóðin á rétt á.

Með tillögunni var fylgiskjal: Hvað fer forgörðum við Fljótsdalsvirkjun? Helgi Hallgrímsson og Skarphéðinn G. Þórisson (Mbl. 9. júlí 1998).

8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um skipan nefndar um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem athugi hlutverk og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Þar til nefndin hefur skilað álitsgerð verði öllum frekari áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og einkaframkvæmd slegið á frest.

Greinargerð.

Á liðnu sumri hafa glögglega komið í ljós alvarlegar brotalamir á einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta á við um þætti sem lúta að rekstri og þjónustu stofnana sem hafa verið einkavæddar og ekki síður á þetta við um sjálfa framkvæmd einkavæðingarinnar. Á verðbréfamarkaði skortir aðhald og eftirlit en einnig hefur komið í ljós við sölu og undirbúning á frekari sölu fjármálastofnana að mjög skortir á að sett séu lög og reglur sem komi í veg fyrir samþjöppun á eignarhaldi í samræmi við yfirlýstan vilja stjórnvalda.

Sú þingsályktunartillaga sem hér er lögð fram var einnig flutt á 124. löggjafarþingi en þeir atburðir sem orðið hafa í sumar hafa enn frekar sýnt fram á hve mikilvægt er að staldra við, endurmeta fyrri áform með hliðsjón af eigin reynslu og annarra þjóða sem farið hafa líkar leiðir. Í framhaldinu verði mótuð stefna í ljósi framtíðarsýnar sem víðtæk sátt geti ríkt um í þjóðfélaginu.

Á undanförnum árum hefur nokkrum opinberum stofnunum verið breytt í hlutafélög með það fyrir augum að markaðsvæða starfsemi þeirra og í sumum tilvikum hafa þau verið seld. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er boðað framhald á þessari stefnu auk þess sem gert er ráð fyrir svokallaðri einkaframkvæmd á ýmsum sviðum almannaþjónustunnar, svo sem í skólum og á sviði öldrunar- og heilbrigðisþjónustu.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið að breytingum af þessu tagi á vegum einkavæðingarnefndar en þar hafa fulltrúar beggja stjórnarflokkanna komið að málum en ekki fulltrúar stjórnarandstöðuflokka.

Mjög brýnt er að um allar grundvallarbreytingar sem gerðar eru á samfélagsþjónustunni fari fram vönduð og lýðræðisleg umræða til að tryggja tvennt: Í fyrsta lagi séu breytingar gaumgæfðar frá öllum sjónarhornum áður en í þær er ráðist. Vönduð vinnubrögð eru forsenda þess að vel takist til. Í öðru lagi er eðlilegt að freista þess að breytingar séu þannig úr garði gerðar að um þær sé tryggð víðtæk þjóðfélagssátt.

Einkavæðing opinberra stofnana og sala fyrirtækja í ríkiseign hefur verið uppi á teningnum víða um lönd á undanförnum árum og hefur þegar fengist allvíðtæk reynsla af þeirri stefnu. Mikilvægt er að fram fari ítarleg gagnasöfnun og skipulögð athugun á því hvernig til hefur tekist hjá öðrum þjóðum. Þegar liggja fyrir gögn um þessi efni og má í því sambandi vísa til könnunar sem breska verkalýðshreyfingin hefur gert á því hvernig einkaframkvæmd almannaþjónustunnar í Bretlandi hefur reynst. Þar í landi hefur þessi stefna verið höfð að leiðarljósi bæði af hálfu Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins enda þótt hún sé mjög umdeild. Fram hafa komið rökstuddar staðhæfingar um að einkaframkvæmdin sé, þegar upp er staðið, dýr kostur fyrir skattborgarana og ávísun á félagslegt misrétti þegar til lengri tíma er litið.

Afar brýnt er að breytingar sem gerðar eru á grundvallarþáttum samfélagsins séu vel ígrundaðar, byggist á traustum rökum og haldgóðum upplýsingum en ekki framkvæmdar af handahófi. Þá er nauðsynlegt að breytingar séu gerðar með framtíðarsýn á hlutverk hins opinbera í huga þar sem skýrt komi fram hvaða verkefni eigi að vera á vegum ríkis og hvar skuli koma til kasta fyrirtækja á markaði.

9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Flm.: Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 29. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Vísindasiðanefnd skal skipuð samkvæmt tilnefningu læknadeildar, lagadeildar, Líffræðistofnunar og Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Læknafélags Íslands. Ráðherra skipi formann án tilnefningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðalhlutverk vísindasiðanefnda er að gæta réttinda og hagsmuna þeirra einstaklinga sem eru viðföng rannsókna. Auk þess gegnir vísindasiðanefnd mikilvægu eftirlitshlutverki með framkvæmd rannsókna. Tilnefning fulltrúa verður að tryggja næga þekkingu og reynslu nefndarmanna á sviði heilbrigðis- og lífvísinda, siðfræði, lögfræði og mannréttinda.

Vísindasiðanefnd verður að vera skipuð fulltrúum óháðra hagsmunaaðila í skilningi alþjóðlegra reglna sem gilda um skipan slíkra nefnda. Einnig kemur vel til greina að til viðbótar sé reynt að tryggja enn betur stöðu nefndarinnar með því að í henni sitji fulltrúi almennings eða neytenda, skipaður af heildarsamtökum.

Í Helsinkisáttmálanum um vísindarannsóknir frá 1964 er tekið fram að vísindasiðanefnd skuli vera óháð stjórnvöldum. Breyting á reglugerð um skipan í vísindasiðnefnd sem tók gildi síðasta sumar tryggir ekki hlutleysi nefndarinnar gagnvart stjórnvöldum þar sem nýja vísindasiðanefndin er skipuð fimm einstaklingum og eru fjórir skipaðir af ráðherrum en sá fimmti af landlækni. Þessi breyting sýnir að reglur um skipan í vísindasiðanefnd eiga að vera bundnar í lögum. Jafnframt er eðlilegt að reglur um vísindarannsóknir séu bundnar í lögum.

10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um sérstakar aðgerðir í byggðamálum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hrinda í framkvæmd á næstu fjórum árum eftirfarandi sérstökum aðgerðum í byggðamálum:

1. Veittar verði árlega 1.000 millj. kr. til nýsköpunar og eflingar atvinnulífi í formi framlaga til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.
2. Til viðbótar tekjum Vegasjóðs og framkvæmdum samkvæmt samþykktri vegáætlun og tillögum byggðanefndar um flýtingu vegaframkvæmda verði varið 1.000 millj. kr. árlega til að flýta enn frekar almennum vegaframkvæmdum.
3. Varið verði árlega 1.000 millj. kr. til jarðgangagerðar og byrjað á Austurlandi og síðan haldið áfram á Norðurlandi og Vestfjörðum.
4. Veittar verði árlega 500 millj. kr. til stuðnings félagslegri þjónustu og rekstri fjárhagslega veikburða sveitarfélaga.
5. Veittar verði árlega 500 millj. kr. til að bæta fjarskipti og efla flutningsgetu grunnnetsins til að tryggja að öll byggðarlög landsins njóti jafnræðis í fjarskiptaþjónustu hvað varðar verð og gæði.
6. Varið verði árlega allt að 300 millj. kr. til þess að koma á og efla framhaldsnám og fjarnám í afskekktum byggðarlögum.
7. Varið verði árlega allt að 150 millj. kr. til að efla heilsugæslu og tryggja mönnun heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.
8. Varið verði árlega allt að 150 millj. kr. í átak til að dreifa störfum í opinberri stjórnsýslu og þjónustu um landið.
9. Veittar verði árlega 150 millj. kr. í að koma þriggja fasa rafmagni í öll byggðarlög og allar sveitir landsins.
10. Hraðað verði stefnumótun í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum sem miði að því að treysta byggð við sjávarsíðuna og í sveitum landsins. Stefnan miði að því m.a. að efla strandveiðar, byggða- eða búsetutengja veiðiréttindi og efla stuðning við landbúnað.
11. Endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði hraðað og miðað við að styrkja stöðu sveitarfélaganna og auka fjárhagslegt sjálfstæði þeirra.
12. Gerð verði úttekt á mögulegum breytingum í skattamálum sem gætu átt þátt í að efla atvinnu og treysta forsendur byggðar á landsbyggðinni.

Að þremur árum liðnum skal meta árangur af framangreindum aðgerðum og stöðu byggðamála almennt. Á grundvelli þeirrar úttektar skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur um framhald aðgerða.

Greinargerð.

Ljóst er að mikið ófremdarástand ríkir í byggðamálum í landinu. Byggðaröskun og fólksflótti af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og/eða útlanda hefur aukist ár frá ári og nemur nú nokkur ár í röð hartnær 2.000 manns á ári. Margir samverkandi þættir valda þessu ófremdarástandi. Lítill vafi er á því að óhagstæð stjórnarstefna, niðurskurður opinberrar þjónustu, einkanlega á fyrri hluta þessa áratugar, ásamt ákaflega miðlægri uppbyggingu í

stjórnsýslu og opinberri þjónustu eiga þar sinn þátt. Nýfrjálshyggjustefnan, einkavæðing og markaðsvæðing þjóðfélagsins hafa einnig bitnað hart á landsbyggðinni. Sömuleiðis sú staðreynd að helstu stórframkvæmdir í landinu hafa undanfarin ár verið nánast án undantekningar á höfuðborgarsvæðinu eða nálægum svæðum.

Tilburðir stjórnvalda til að sporna við þessari þróun hafa reynst gagnslausir og aðgerðir hafa ekki fylgt orðum. Er nærtækt að vitna í því sambandi til þeirra markmiða byggðaáætlunar stjórnvalda á árunum 1994–97 að fjölga sérstaklega störfum í opinberri þjónustu á landsbyggðinni. Þegar tímabilið var gert upp kom í ljós að algerlega hið gagnstæða hafði gerst í reynd, öll ný störf í opinberri þjónustu sem bæst höfðu við á tímabilinu voru á höfuðborgarsvæðinu.

Núverandi ástand er í hrópandi ósamræmi við grundvallarmarkmið um jöfnuð og jafnrétti þegna þjóðfélagsins og sem jafnastar aðstæður þeirra til góðs mannlífs, án tillits til þátta eins og búsetu. Eitt meginmarkmið stjórnvalda á að mati flutningsmanna að vera að tryggja sem mestan jöfnuð í launum, lífskjörum og öllum aðstæðum, þ.m.t. aðgengi að undirstöðuþjónustuþáttum.

Vaxandi meðvitund er um þjóðhagslegt óhagræði af hinni miklu byggðaröskun. Útreikningar sýna að milljarðar á milljarða ofan fara í súginn á hverju ári vegna þessa. Lauslegir útreikningar benda til að kostnaður sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem taka við fólki utan af landi sé á bilinu 3–5 millj. kr. fyrir hvern einstakling. Því til viðbótar koma fjárfestingar einstaklinganna sjálfra í íbúðarhúsnæði o.fl. sem tengist búferlaflutningum og oftar en ekki eru verðlitlar eða verðlausar eignir yfirgefnar úti á landi. Í þeim sveitarfélögum sem missa frá sér fólk standa fjárfestingar í þjónustumannvirkjum og margs konar uppbyggingu, allt frá gatnagerð og veitumannvirkjum upp í skóla, félagsheimili, íþróttamiðstöðvar o.s.frv. vannýttar. Þegar allt er samantekið, kostnaður sveitarfélaganna sem taka við flutningunum, kostnaður einstaklinganna og þeirra sveitarfélaga sem missa frá sér fólk, er ljóst að um gífurlegan herkostnað fyrir þjóðarbúið í heild er að ræða. Fullyrða má að byggðaröskunin sé eitt helsta þjóðfélagsmein okkar um þessar mundir, komi hart niður á lífskjörum þjóðarinnar og stefni í hreinasta óefni takist ekki að snúa þróuninni við.

Að óbreyttu verður byggðahrun í fjölmörgum byggðarlögum og jafnvel heilum landshlutum innan 15–25 ára. Einfaldir framreikningar á núverandi fólksflutningum í landinu, fækkun í einstökum landshlutum, eins og á Vestfjörðum, Vesturlandi og Austurlandi, sýna þetta. Ef litið er til einstakra byggðarlaga eru allmörg dæmi um að íbúum hafi beinlínis fækkað um 12–14% og allt að 25% á síðustu tíu árum. Óþarft er að fjölyrða um hversu gífurlegt áfall það yrði íslensku þjóðarbúi ef afskrifa þyrfti allar þær fjárfestingar sem liggja í hvers konar uppbyggingu í heilum byggðarlögum eða landshlutum. Er þá enn ótalin sú verðmætasköpun og þeir framtíðarmöguleikar sem eru bundnir því að byggðin viðhaldist. Miklir möguleikar eru fólgnir í því að nýta kosti landsbyggðarinnar og landsins alls t.d. á sviði greina eins og ferðaþjónustu, framleiðslu hollra og ómengaðra matvæla, fjarvinnslu o.s.frv. En forsenda þess að landkostirnir nýtist þjóðinni og virkja megi þann mannauð sem enn er að finna í byggðum landsins er auðvitað að stöðva fólksflutningana og forða því að byggðirnar tæmist.

Íbúar einstakra byggðarlaga og landshluta geta og eiga að leika stórt hlutverk sem gæslumenn og vörslumenn lands og náttúru. Ný viðhorf í umhverfismálum, sem ýmsir telja fyrir misskilning vera andstæð byggð og byggðaþróun, eiga einmitt að geta nýst til nýrrar sóknar á því sviði. Takmarkið er atvinnuuppbygging, auðlindanýting og þróun þar sem byggð og mannlíf dafna á sjálfbærum forsendum sem fá staðist til framtíðar.

Allt ber að sama brunni; leitun er að betri fjárfestingu en þeirri að snúa þessari óheillaþróun við, koma á nýjan leik á jafnvægi í byggð í landinu.

Rétt er að undirstrika að ekki er verið að tala um að hefja fólksflutninga í stórum stíl til baka heldur eingöngu að stöðva fækkun og tryggja að byggðarlögin geti notið eðlilegs vaxtar í takt við eigin viðkomu. Tillaga þessi gerir ráð fyrir að settir verði umtalsverðir fjármunir úr ríkissjóði næstu fjögur árin til markvissra, ákveðinna aðgerða. Tillagan gerir ráð fyrir að hér sé um hreinar viðbótaraðgerðir að ræða, þ.e. þær komi til viðbótar núgildandi byggðaáætlun stjórnvalda og einnig til viðbótar tillögum byggðanefndar stjórnmálaflokkanna frá síðastliðnum vetri í tengslum við kjördæmabreytinguna svonefndu. Þar er um að ræða umtalsvert átak hvað varðar þætti eins og jöfnun orkuverðs og námskostnaðar sem vonir standa til að ásamt öðru hjálpi til.

Einhverjum kann að þykja vel í lagt að ætla í slíkar aðgerðir 4–5 milljarða kr. á ári en þeir fjármunir eru í raun smávægilegir ef tekið er mið af margra milljarða króna árlegum herkostnaði þjóðarbúsins vegna byggðaröskunarinnar. Einnig má hafa í huga að um væri að ræða ráðstöfun á tæplega helmingi af áætluðum tekjuafgangi ríkissjóðs á yfirstandandi ári samkvæmt nýjustu áætlun. Ekki þarf að óttast um þenslu eða verðbólguhættu vegna slíkra aðgerða því að ráðstöfun þessara fjármuna kæmi fyrst og fremst fram á landsbyggðinni þar sem engrar þenslu gætir og nema síður sé. Þvert á móti má færa fyrir því rök að einmitt í efnahagslegu tilliti væri skynsamlegt að grípa til markvissra aðgerða til að snúa fólksflutningunum við eða stöðva fólksflutningana innan lands en hröð fjölgun á höfuðborgarsvæðinu með tilheyrandi þenslu í byggingariðnaði og fleiri greinum er einmitt ein helsta undirrót misgengis í efnahagsmálum.

Fylgiskjal.

Mannfjöldaþróun á Íslandi sl. 10 ár.
Tölur frá Hagstofu Íslands og gögn frá Byggðastofnun.

Mannfjöldaþróun á Íslandi 1988–1998.

	Mannfjöldi 1. desember				Breyting á mannfjölda				Breytingar, %				Hlutfall	
				1998	1988	1988	1993	1997	1988/98	Árleg breyting				
	1988	1993	1997	brbt.	/98	/93	/98	/98	alls	1988/93	1993/98	1997/98	1988	1998
Allt landið	**251.690**	**264.919**	**272.069**	**275.277**	**23.587**	**13.229**	**10.358**	**3.208**	**9,4**	**1,03**	**0,77**	**1,18**	**100,0**	**100,0**
Höfuðborgarsvæði	**141.938**	**154.232**	**164.360**	**167.956**	**26.018**	**12.294**	**13.724**	**3.596**	**18,3**	**1,68**	**1,72**	**2,19**	**56,4**	**61,0**
Reykjavík	96.220	102.326	107.155	108.362	12.142	6.106	6.036	1.207	12,6	1,24	1,15	1,13	38,2	39,4
Önnur sveitarfélög	45.718	51.906	57.205	59.594	13.876	6.188	7.688	2.389	30,4	2,57	2,80	4,18	18,2	21,6
Seltjarnarnes	4.027	4.437	4.612	4.683	656	410	246	71	16,3	1,96	1,09	1,54	1,6	1,7
Kópavogur	15.551	17.172	19.826	21.376	5.825	1.621	4.204	1.550	37,5	2,00	4,48	7,82	6,2	7,8
Bessastaðahreppur	895	1.170	1.359	1.418	523	275	248	59	58,4	5,50	3,92	4,34	0,4	0,5
Garðabær	6.843	7.495	7.840	7.885	1.042	652	390	45	15,2	1,84	1,02	0,57	2,7	2,9
Hafnarfjörður	14.199	16.787	18.209	18.597	4.398	2.588	1.810	388	31,0	3,41	2,07	2,13	5,6	6,8
Mosfellsbær	4.027	4.698	5.221	5.496	1.469	671	798	275	36,5	3,13	3,19	5,27	1,6	2,0
Kjósarhreppur	176	147	138	139	-37	-29	-8	1	-21,0	-3,54	-1,11	0,72	0,1	0,1
Suðurnes	**14.949**	**15.548**	**15.678**	**15.823**	**874**	**599**	**275**	**145**	**5,8**	**0,79**	**0,35**	**0,92**	**5,9**	**5,7**
Grindavík	2.132	2.152	2.126	2.169	37	20	17	43	1,7	0,19	0,16	2,02	0,8	0,8
Sandgerði	1.273	1.317	1.312	1.334	61	44	17	22	4,8	0,68	0,26	1,68	0,5	0,5
Gerðahreppur	1.065	1.110	1.141	1.174	109	45	64	33	10,2	0,83	1,13	2,89	0,4	0,4
Reykjanesbær	9.855	10.280	10.390	10.436	581	425	156	46	5,9	0,85	0,30	0,44	3,9	3,8
Vatnsleysustrandarhr.	624	689	709	710	86	65	21	1	13,8	2,00	0,60	0,14	0,2	0,3
Vesturland	**14.817**	**14.513**	**13.943**	**13.962**	**-855**	**-304**	**-551**	**19**	**-5,8**	**-0,41**	**-0,77**	**0,14**	**5,9**	**5,1**
Akranes	5.404	5.233	5.127	5.187	-217	-171	-46	60	-4,0	-0,64	-0,18	1,17	2,1	1,9
Nýtt sveitarfélag í Borgarfirði	745	725	685	680	-65	-20	-45	-5	-8,7	-0,54	-1,27	-0,73	0,3	0,2
Borgarbyggð	2.460	2.514	2.549	2.416	-44	54	-98	-133	-1,8	0,44	-0,79	-5,22	1,0	0,9
Snæfellsbær	1.997	1.897	1.730	1.721	-276	-100	-176	-9	-13,8	-1,02	-1,93	-0,52	0,8	0,6
Eyrarsveit	801	903	925	943	142	102	40	18	17,7	2,43	0,87	1,95	0,3	0,3
Stykkishólmur	1.253	1.266	1.268	1.242	-11	13	-24	-26	-0,9	0,21	-0,38	-2,05	0,5	0,5
Dalabyggð	938	814	746	696	-242	-124	-118	-50	-25,8	-2,80	-3,08	-6,70	0,4	0,3
Önnur sveitarfélög á Vesturlandi	1.219	1.161	913	1.077	-142	-58	-84	164	-11,6	-0,97	-1,49	17,96	0,5	0,4
Vestfirðir	**10.097**	**9.602**	**8.644**	**8.590**	**-1.507**	**-495**	**-1.012**	**-54**	**-14,9**	**-1,00**	**-2,20**	**-0,62**	**4,0**	**3,1**
Vesturbyggð	1.656	1.122	1.252	1.245	-411	-534	123	-7	-24,8	-7,49	2,10	-0,56	0,7	0,5
Bolungarvík	1.217	1.163	1.094	1.023	-194	-54	-140	-71	-15,9	-0,90	-2,53	-6,49	0,5	0,4
Ísafjarðarbær	5.001	4.886	4.403	4.474	-527	-115	-412	71	-10,5	-0,46	-1,75	1,61	2,0	1,6
Önnur sveitarfélög á Vestfjörðum	2.223	2.431	1.895	1.848	-375	208	-583	-47	-16,9	1,80	-5,34	-2,48	0,9	0,7
Norðurland vestra	**10.551**	**10.445**	**9.796**	**9.578**	**-973**	**-106**	**-867**	**-218**	**-9,2**	**-0,20**	**-1,72**	**-2,23**	**4,2**	**3,5**
Nýtt sveitarfélag í Vestur-Hún.	1.486	1.454	1.318	1.281	-205	-32	-173	-37	-13,8	-0,43	-2,50	-2,81	0,6	0,5
Blönduós	1.083	1.052	977	976	-107	-31	-76	-1	-9,9	-0,58	-1,49	-0,10	0,4	0,4
Höfðahreppur	699	685	631	600	-99	-14	-85	-31	-14,2	-0,40	-2,61	-4,91	0,3	0,2
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.317	4.491	4.375	4.197	-120	174	-294	-178	-2,8	0,79	-1,34	-4,07	1,7	1,5
Siglufjörður	1.858	1.781	1.632	1.605	-253	-77	-176	-27	-13,6	-0,84	-2,06	-1,65	0,7	0,6
Önnur sveitarfélög á Norðurl. vestra	1.108	982	863	919	-189	-126	-63	56	-17,1	-2,39	-1,32	6,49	0,4	0,3

	Mannfjöldi 1. desember				Breyting á mannfjölda				Breytingar, %				Hlutfall	
										Árleg breyting				
	1988	1993	1997	1998 brbt.	1988 /98	1988 /93	1993 /98	1997 /98	1988/98 alls	1988/93	1993/98	1997/98	1988	1998
Norðurland eystra	**26.075**	**26.752**	**26.595**	**26.503**	**428**	**677**	**-249**	**-92**	**1,6**	**0,51**	**-0,19**	**-0,35**	**10,4**	**9,6**
Ólafsfjörður	1.179	1.184	1.099	1.090	-89	5	-94	-9	-7,5	0,08	-1,64	-0,82	0,5	0,4
Dalvíkurbyggð	2.066	2.182	2.077	2.064	-2	116	-118	-13	-0,1	1,10	-1,11	-0,63	0,8	0,7
Akureyri	13.972	14.799	15.041	15.103	1.131	827	304	62	8,1	1,16	0,41	0,41	5,6	5,5
Eyjafjarðarsveit	994	971	935	949	-45	-23	-22	14	-4,5	-0,47	-0,46	1,50	0,4	0,3
Húsavík	2.499	2.509	2.495	2.479	-20	10	-30	-16	-0,8	0,08	-0,24	-0,64	1,0	0,9
Önnur sveitarfélög á Norðurlandi eystra	5.365	5.107	4.948	4.818	-547	-258	-289	-130	-10,2	-0,98	-1,16	-2,63	2,1	1,8
Austurland	**13.167**	**13.035**	**12.549**	**12.291**	**-876**	**-132**	**-744**	**-258**	**-6,7**	**-0,20**	**-1,17**	**-2,06**	**5,2**	**4,5**
Vopnafjarðarhreppur	940	886	846	825	-115	-54	-61	-21	-12,2	-1,18	-1,42	-2,48	0,4	0,3
Seyðisfjörður	1.030	879	799	804	-226	-151	-75	5	-21,9	-3,12	-1,77	0,63	0,4	0,3
Austur-Hérað	1.909	2.030	2.070	1.992	83	121	-38	-78	4,3	1,24	-0,38	-3,77	0,8	0,7
Nýtt sveitarfélag í S-Múlasýslu	3.622	3.479	3.331	3.300	-322	-143	-179	-31	-8,9	-0,80	-1,05	-0,93	1,4	1,2
Búðahreppur	762	737	632	616	-146	-25	-121	-16	-19,2	-0,66	-3,52	-2,53	0,3	0,2
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.271	2.459	2.467	2.446	175	188	-13	-21	7,7	1,60	-0,11	-0,85	0,9	0,9
Önnur sveitarfélög á Austurlandi	2.633	2.565	2.404	2.308	-325	-68	-257	-96	-12,3	-0,52	-2,09	-3,99	1,0	0,8
Suðurland	**20.096**	**20.792**	**20.504**	**20.574**	**478**	**696**	**-218**	**70**	**2,4**	**0,68**	**-0,21**	**0,34**	**8,0**	**7,5**
Skaftárhreppur	660	619	594	587	-73	-41	-32	-7	-11,1	-1,27	-1,06	-1,18	0,3	0,2
Mýrdalshreppur	610	594	526	517	-93	-16	-77	-9	-15,2	-0,53	-2,74	-1,71	0,2	0,2
Vestmannaeyjar	4.743	4.886	4.645	4.594	-149	143	-292	-51	-3,1	0,60	-1,22	-1,10	1,9	1,7
Hvolhreppur	683	767	771	776	93	84	9	5	13,6	2,35	0,23	0,65	0,3	0,3
Rangárvallahreppur	747	801	792	765	18	54	-36	-27	2,4	1,41	-0,92	-3,41	0,3	0,3
Sveitarfélagið Árborg	4.935	5.251	5.475	5.505	570	316	254	30	11,6	1,25	0,95	0,55	2,0	2,0
Hrunamannahreppur	594	651	694	704	110	57	53	10	18,5	1,85	1,58	1,44	0,2	0,3
Biskupstungnahreppur	487	514	516	513	26	27	-1	-3	5,3	1,09	-0,04	-0,58	0,2	0,2
Hveragerði	1.572	1.639	1.665	1.718	146	67	79	53	9,3	0,84	0,95	3,18	0,6	0,6
Ölfushreppur	1.490	1.608	1.524	1.606	116	118	-2	82	7,8	1,54	-0,02	5,38	0,6	0,6
Önnur sveitarfélög á Suðurlandi	3.575	3.462	3.302	3.289	-286	-113	-173	-13	-8,0	-0,64	-1,02	-0,39	1,4	1,2

Miðað er við mörk sveitarfélaga 1. desember 1998 allt tímabilið.

Tilgreind eru sveitarfélög þar sem íbúafjöldi er 500 eða fleiri 1. desember 1998.

Mannfjöldi 1. desember 1998 eftir svæðum og breyting 1988-98





11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um stofnun Snæfellsþjóðgarðs.

Flm.: Þuríður Backman, Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir stofnun Snæfellsþjóðgarðs sem taki til Snæfells og öræfanna umhverfis að meðtöldum Eyjabökkum og Jökulsá í Fljótsdal að mörkum heimalanda jarða í Norðurdal.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu undirbúnings að stofnun þjóðgarðsins á haustþingi árið 2000.

Greinargerð.

Snæfell með Eyjabökkum og Vesturöræfum myndar afar svipmikla landslagsheild sem er einstæð hérlendis. Þar eru afar fjölbreytt og sérstætt lífríki og jarðmyndanir sem sýna samspil jökla og umhverfis þeirra í fortíð og nútíð. Við vesturmörk Snæfellsöræfa rennur Jökla, korgugasta jökulfljót hérlendis, sem hefur grafið vestan undir Kárahnjúkum einhver hrikalegustu gljúfur landsins, kennd við Hafrahvamma.

Stórbrotin náttúra þessa svæðis með víðernum sem ekki eiga sinn líka í Evrópu hefur að undanförnu dregið að sér athygli fólks hérlendis og erlendis. Meðferð þessa mikla hálendissvæðis er stórmál sem varðar íslensku þjóðina alla og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland gengst undir í samfélagi þjóðanna.

Verndargildi Snæfellsöræfa, og Eyjabakka sem hluta af þeim, er að verða mönnum æ ljósara eftir því sem óröskuð og lítt snortin landsvæði af þessum toga verða fágætari. Í núverandi mynd, óraskað um alla framtíð, er þetta óbyggðasvæði auðlind sem vaxa mun að gildi jafnt huglægt sem í hagrænu samhengi. Mörkin á milli þessa, hins huglæga og hagræna, eru samslungnari en áður í samfélagi þar sem hughrif, upplýsingar og þjónusta eru hagnýt viðfangsefni frá degi til dags.

Það sem skiptir sköpum um Snæfellsöræfi er að takast megi að vernda náttúru þeirra og svipmót í heild um langa framtíð. Byrji menn á að búta þau í skákir sem verða vettvangur stórtækra framkvæmda í þágu mannvirkjagerðar hríðfellur gildi þeirra í því samhengi sem hér um ræðir. Því er brýnt að Alþingi og þjóðin öll líti þann kost með opnum huga og af framsýni að vernda náttúru svæðisins svo sem kostur er í heild í stað þess að leggja það stig af stig undir mannvirkjagerð og umsvifin sem henni fylgja.

Náttúruverndarsamtök Austurlands – NAUST – hafa nýlega sent frá sér samþykkt og áskorun til stjórnvalda um stofnun þjóðgarðs á Snæfellsöræfum „sem taki til Snæfells og öræfanna umhverfis að meðtöldum Eyjabökkum og Jökulsá í Fljótsdal að mörkum heimalanda jarða í Norðurdal“ eins og það er orðað í samþykkt aðalfundar NAUST þann 29. ágúst 1999. Með þingsályktunartillögunni vilja flutningsmenn taka undir áskorun þessara austfirsku samtaka og leggja hana fyrir þingið til umræðu og afgreiðslu. Með stofnun Snæfellsþjóðgarðs skapast möguleikar á að nýta Snæfellsöræfi og Eyjabakka á allt annan hátt en þann sem mest hefur verið til umræðu á liðnum áratugum. Slík friðlýsing gerir svæðið að vettvangi náttúruskoðunar og vísindarannsókna innan þeirra marka sem þolmörk þess leyfa. Verndun náttúrunnar verður að hafa forgang því að annars nýtist svæðið ekki á sjálfbæran hátt til ferðaþjónustu og lífsfyllingar í óspilltri náttúru, sem verður æ eftirsóttari í hugum

almennings. Ekki er seinna vænna að gripið verði til verndaraðgerða vegna álags á svæðið sökum hömlulítillar umferðar.

Friðlýsing Snæfellsöræfa í einhverri mynd hefur verið rædd lengi en ekki náð fram að ganga. Alþingi hefur hins vegar ekki fjallað áður um þær hugmyndir. Stór hluti umrædds svæðis er í ríkiseign eða eru afréttarlönd sem nýtt eru af aðliggjandi sveitarfélögum. Snæfellssvæðið hefur allt það til að bera sem þarf til að verða í fremstu röð þjóðgarða á alþjóðamælikvarða. Flutningsmönnum er ljóst að vanda þarf undirbúning að stofnun slíks þjóðgarðs og leggja áherslu á samráð og góða samvinnu við það fólk og sveitarfélög sem hlut eiga að máli. Tillaga NAUST gerir ráð fyrir að hefðbundnar nytjar haldist á svæðinu og er tekið undir þá stefnu.

Tillagan gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu undirbúnings að stofnun þjóðgarðsins fyrir lok aldamótaársins, 2000.

Fylgiskjal.

Ályktun aðalfundar Náttúruverndarsamtaka Austurlands – NAUST um stofnun Snæfellsþjóðgarðs.

(29. ágúst 1999.)

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Austurlands – NAUST haldinn að Brúarási 29. ágúst 1999 leggur til, í samræmi við tillögu stjórnar NAUST frá í júní 1999, að stofnaður verði Snæfellsþjóðgarður, sem taki til Snæfells og öræfanna umhverfis að meðtöldum Eyjabökkum og Jökulsá í Fljótsdal að mörkum heimalanda jarða í Norðurdal. NAUST telur brýnt að litið sé heildstætt á þetta verðmæta svæði með tilliti til verndunar náttúru þess ókomnum kynslóðum til yndisauka. Fundurinn felur stjórn samtakanna að koma tillögunni á framfæri við umhverfisráðuneytið, Náttúruvernd ríkisins og Alþingi með ósk um að stjórnvöld beiti sér fyrir stofnun þjóðgarðsins.

Snæfellsþjóðgarður og verndun hálendisins norðan Vatnajökuls hefði ómetanlegt gildi fyrir landið í heild og Austurland sérstaklega auk þess að hafa alþjóðlega þýðingu. Tilkoma þjóðgarðsins mundi hvetja til náttúruskoðunar og verða lyftistöng fyrir umhverfisvernd og atvinnuþróun á Austurlandi.

Greinargerð með ályktun NAUST um stofnun Snæfellsþjóðgarðs.

Æskileg mörk þjóðgarðsins.

Í aðalatriðum er miðað við að mörk Snæfellsþjóðgarðs verði eftirfarandi: Að austanverðu fylgi þau Kelduá frá upptökum í Vatnadæld norður undir ármót við Innri-Sauðá. Þaðan vestur í Snikilsárvatn og með Ytri-Snikilsá í Jökulsá í Fljótsdal. Að norðanverðu um Öxará og vatnaskil milli Þórisstaðakvíslar og Laugarár, vestur yfir Hölkná og norðvestur í Kálffell (794 m). Þaðan til vesturs um Tungusporð og Búrfell (840 m) í Jöklu við Hnitasporð. Að vestan ráði Jökulsá á Dal [Jökla] mörkum og innst Jökulkvísl að upptökum og að sunnan lína um 64°39´N í Vatnajökli [milli ca. 15°24´ og 15°48´].

Hefðbundnar nytjar haldist.

Lengi hefur verið í undirbúningi að stofna svokallað Snæfellsöræfafriðland og er hér gert ráð fyrir að það yrði allt innan þjóðgarðsins, en svæðið hins vegar stækkað austur fyrir

Eyjabakka og Jökulsá norður að mörkum heimalanda. Leita ber samráðs við heimamenn um mörkin í einstökum atriðum sem og um reglur fyrir þjóðgarðinn, en NAUST telur að stofnun hans þurfi ekki að rekast á við hefðbundnar nytjar bænda af svæðinu. Hreindýraveiðar yrðu heimilaðar í samræmi við sérstakar reglur þar að lútandi. Æskilegt væri að Kleifarskógur milli Öxarár og Ófæruselslækjar yrði hluti af hinu friðlýsta svæði.

Eignarhald.

Stór hluti umrædds svæðis er á landi í ríkiseign en sumt afréttarlönd aðliggjandi sveitarfélaga. Austan Jökulsár innan við Ytri-Snikilsá er Múli [Múlaafrétt] og vestan ár umhverfis Snæfell og út að Bessastaðaá [Gilsárvötnum] kallast afréttin Undir Fellum en Vesturöræfi þar fyrir vestan að Jöklu með ytri mörk við Hnitasporð, Búrfell og Kálffell. Kringilsárrani vestan við Jöklu og Jökulkvísl var lýstur friðland að tillögu Náttúruverndarráðs 1975.

Náttúrufar.

Snæfellsþjóðgarður sem hér er gerð tillaga um yrði í allra fremstu röð náttúruverndarsvæða hérlendis og einstakur um margt. Snæfell er hæst íslenskra fjalla utan Vatnajökuls, fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð og því tengist svipmikil hnjúkaröð.

Eyjabakkasvæðið er víðfeðm gróðurvin og sérstætt votlendissvæði í um 650 m hæð fram með upptakakvíslum Jökulsár í Fljótsdal. Svæðið stendur undir miklu fuglalífi, einkum heiðagæsa sem í sárum halda sig á jökullónum við sporð Eyjabakkajökuls. Sem votlendi með ríkulegu fuglalífi falla Eyjabakkar undir skilgreiningu Ramsarsáttmálans sem Ísland er aðili að. Í Jökulsá norðan Eyjabakka er ein fegursta fossasyrpa landsins.

Vesturöræfi eru óvenju vel gróin heiðalönd í 650–670 m hæð. Votlendi er þar útbreitt með fjölda tjarna og smávatna. Vesturöræfi eru helsta burðarsvæði hreindýrastofnsins.

Innan svæðisins fram undan Brúarjökli og Eyjabakkajökli er að finna margháttaðar minjar um framhlaup þessara jökla, meðal annars svonefnda Hrauka þar sem skriðjöklarnir hafa ýtt upp jarðvegi sem stendur undir sérstæðum gróðri. Þá er vottur af freðmýrum með rústum eða dysjum allvíða á svæðinu.

Við vesturmörk svæðisins er Jökla, korgugasta jökulfljót hérlendis, sem grafið hefur út gljúfrið mikla kennt við Hafrahvamma vestan undir Kárahnjúkum.

Á heildina litið yrði Snæfellsþjóðgarður einstakt djásn sem að fjölbreytni og fegurð stæðist samjöfnuð við hvaða úrvalssvæði sem er á heimsskautaslóðum. Hann mundi tengjast væntanlegum Vatnajökulsþjóðgarði og til suðausturs tæki við Friðland á Lónsöræfum.

Um Snæfellsöræfi og Eyjabakka hefur margt verið ritað. Nýlega kom út sérstakt hefti af tímaritinu Glettingi (nr. 17–18), helgað Snæfellssvæðinu, og eru því þar gerð góð skil.

Hvers vegna er nú gerð tillaga um þjóðgarð?

Náttúruverndarsamtök Austurlands vöktu þegar á fyrstu starfsárum sínum eftir 1970 athygli á verndargildi Snæfellssvæðisins að Eyjabökkum meðtöldum. Að tillögu samtakanna tók Náttúruverndarráð svæðið á opinbera náttúruminjaskrá árið 1978. Virkjunaráform vegna Jökulsár í Fljótsdal urðu þess valdandi að ekki var unnið að friðlýsingu svæðisins í heild eftir 1980. Náttúruverndarráð [nú Náttúruvernd ríkisins] hefur hins vegar frá 1990 freistað þess að að fá stofnað til friðlands við Snæfell og á Vesturöræfum.

Hin síðustu ár hefur skilningur almennings á gildi miðhálendisins og nauðsyn þess að vernda stóran hluta þess ósnortinn vaxið hröðum skrefum. Andstaða við virkjun Jökulsár í Fljótsdal hefur magnast og fyrirvarar verið settir við þá framkvæmd, m.a. í tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins, sem nú hefur verið staðfest. Við þessar aðstæður telur

NAUST brýnt að litið sé heildstætt á náttúru þessa svæðis og þau sterku rök sem eru fyrir því að vernda hana óspillta og gera ferðafólki kleift að njóta svæðisins án þess að tjón hljótist af. Það verður best gert með því að stofnað verði til þjóðgarðs, eins og hér er gerð tillaga um.

Snæfellsþjóðgarður.
Mörk samkvæmt tillögu stjórnar NAUST í júní 1999.



12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo og afleiðinga þeirra.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem fari í samráði við stjórnvöld með eftirfarandi hlutverk:

1. að marka stefnu varðandi þátttöku Íslands í hvers kyns starfi sem miðar að því að bregðast við umhverfisáhrifum af átökunum í Júgóslavíu á þessu ári,
2. að marka stefnu varðandi þátttöku Íslands í uppbyggingarstarfi á Balkanskaga,
3. að gera úttekt á lögfræðilegum álitamálum sem tengjast hernaðaraðgerðum NATO í Júgóslavíu og þjóðréttarlegum afleiðingum þeirra.

Greinargerð.

Í rannsókn sem unnin var á vegum Umhverfisstofnunar Mið- og Austur-Evrópu (Regional Environmental Center for Central and Eastern Europe) kom berlega í ljós hversu alvarlegar afleiðingar hernaðarátökin í Júgóslavíu hafa þegar haft og munu hafa í framtíðinni fyrir umhverfi og náttúrufar á Balkanskaga. Stofnun þessi, sem sett var á fót árið 1990 af Bandaríkjunum, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Ungverjalandi og hefur það hlutverk að aðstoða við lausn umhverfisvandamála í Mið- og Austur-Evrópu, stóð að umfangsmikilli gagnasöfnun og rannsóknum í Júgóslavíu og fjórum nágrannalöndum með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga í ýmsum málefnum Júgóslavíu, Makedóníu og Albaníu. Í skýrslunni, sem er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar (www.rec.org/REC/Announcements/yugo/exec_sum.html), er að finna alvarlegar staðreyndir um umhverfisáhrif sem þegar liggja fyrir og ískyggilegar framtíðarhorfur á mörgum sviðum. Í köflum A og B hér að neðan er stutt yfirlit um þessi efni samkvæmt fyrrnefndri skýrslu.

A. Mengun á einstökum sviðum.

1. Yfirlit.

Rannsóknir benda til þess að ekki verði að svo komnu máli talað um allsherjar umhverfisslys af völdum stríðsins í Júgóslavíu. Samt sem áður er mengunin mjög alvarleg í nágrenni við verksmiðjur sem urðu fyrir loftárásum, svo sem í Pancevo, Prahovo og Novi Sad, og mörg dýrmæt vistkerfi urðu eyðileggingu að bráð. Átökin höfðu einnig mikil áhrif á hið mannlega umhverfi, einkum í Kosovo-héraði. Alls staðar í Júgóslavíu urðu innviðir samfélagsins fyrir miklu tjóni. Þrátt fyrir að ekki verði enn séð að stríðið hafi haft stórkostleg áhrif (large-scale effects) á flóru eða fánu svæðisins segir það ekkert um langtímaáhrifin. Rannsóknin leiddi í ljós að eftirfarandi tjón hefur þegar orðið eða gæti orðið:

- Mikil mengun í kringum helstu hernaðarleg skotmörk, einkum í efnaiðnaði.
- Vistkerfum er ógnað, einkum í og við ár.
- Matvæli eru menguð vegna jarðvegs- og loftmengunar.
- Mengun er í drykkjarvatni.
- Heilbrigðisvandamál eru fyrirsjáanleg vegna langtímaverkana eitraðra og krabbameinsvaldandi efna og geislavirkni.
- Umhverfisspjöll hafa orðið í tengslum við flóttamannavandann í Kosovo-héraði, Albaníu og Makedóníu og einnig í Serbíu og Svartfjallalandi.

Geta júgóslavneskra yfirvalda til að takast á við umhverfisvandamál er enn minni en var fyrir átökin. Sama er að segja um borgaraleg samtök (NGO). Þar að auki er fyrirsjáanlegt, m.a. í ljósi reynslunnar frá Bosníu, að umhverfissjónarmið eru lítils metin þegar kemur að enduruppbyggingu, ekki síst þar sem slíkt starf er iðulega kapphlaup við tímann. Til að komast fyllilega að raun um langtímaáhrifin þarf að afla frekari gagna um ástandið eins og það er og fylgjast vel með þróun mála í framtíðinni.

2. Vatnsmengun.

Mengun í vatni á yfirborði jarðar er mikil vegna leka frá skemmdum efnaverksmiðjum eða illa skipulögðum flóttamannabúðum. Einstök áhrif sem þegar eru komin í ljós eru m.a. sem hér segir:

- PCB-efni hafa farið út í umhverfið úr skemmdum spennistöðvum.
- Olíuefni hafa lekið í Dóná úr iðnaðarhverfum Pancevo og olíuhreinsunarstöð í Novi Sad.
- Meira en 100 tonn af köfnunarefni fóru í Dóná.
- Meira en 1.000 tonn af etýlen-díklóríði fóru í Dóná úr olíuvinnslustöðinni í Pancevo.
- Meira en 1.000 tonn af vítissóda fóru í Dóná frá sama stað.
- Næstum því 1.000 tonn af saltsýru fóru sömu leið.
- Ófullnægjandi fráveitur við flóttamannabúðir í Albaníu hafa leitt til þess að skolp hefur streymt inn í vatnsveitur.
- Í Makedóníu hefur grunnvatn hugsanlega mengast af sömu ástæðum.
- Olíu hefur orðið vart í Dóná í Rúmeníu, hún er þó undir leyfilegu hámarki.
- Í Rúmeníu hefur styrkur þungmálma í Dóná mælst tvöfalt hærri en leyfileg hámörk gera ráð fyrir, þar á meðal kopar, kadmíum, króm og blý.

3. Loftmengun.

Hvað snertir loftmengun af völdum hernaðarins hefur eftirfarandi komið í ljós:

- Fullyrt er að í Júgóslavíu mælist geislavirk mengun frá vopnum sem innihald sneytt úran.
- Vínyl-klóríð-einliður (sem eru einföld efnasambönd, gerð úr fáum atómum) hafa samkvæmt júgóslavneskum skýrslum náð 10.600 sinnum meiri styrk en leyfilegt er í nágrenni olíuefnaverksmiðjunnar í Pancevo. Leifar þessara efna dreifðust með mengunarskýjum, þar á meðal fosfórsambönd, klór, klóroxíð og níturoxíð.
- Mengun af völdum ófullkomins bruna kolvetnissambanda í tengslum við árásir á olíuhreinsunarstöðvar.
- Í árásunum á Pancevo og Novi Sad brunnu miklar olíubirgðir og þar af leiðandi varð til mikið sót og aðrar mengandi agnir (particulates). Eftir atburðina í Pancevo var 15 km mengunarský yfir svæðinu í tíu daga. Sót, brennisteinsoxíð og klór-kolefnissambönd (chlorocarbons) mældust í 4–8 sinnum meira mæli en leyfilegt er.
- Flúorsýra fór út í umhverfið þegar efnaverksmiðja í Baric var eyðilögð.
- Eyðilegging málmiðjuvera leiddi til þess að ryk þungmálma fór út í andrúmsloftið, m.a. kvikasilfurs, kadmíums, króms, kopars og sinks.
- Súrt regn mældist víða í tengslum við loftárásirnar, t.d. 12., 15., og 21. maí og 1. júní 1999 í Rúmeníu og 23.–26. maí í Búlgaríu. Umhverfisverndarstofnun í Rúmeníu upplýsti að súrt regn hefði aukist miðað við sama árstíma fyrir átökin. Tímasetningar þessara mælinga og vindátt viðkomandi daga gefur til kynna samhengi við loftárásir á skotmörk í júgóslavneskum iðnaði.

- Í Timis-héraði í Rúmeníu, sem er norðaustan við Belgrad, fór styrkur brennisteinsoxíða, níturoxíða og köfnunarefnis upp í að vera 5–10 sinnum meiri en leyfileg hámörk kveða á um dagana 18.–26. apríl.

4. Mengun í jarðvegi.

- Land- og lofthernaður eyðilagði búsvæði margra plöntu- og dýrategunda.
- Mörg búsvæði munu spillast vegna efnamengunar í jarðvegi og mengunar sem berst í lofti og vatni.
- Mikil röskun varð á dýralífi/fánu, m.a. við helstu leiðir flóttamanna. Í Makedóníu hefur orðið mikil fjölgun meðal sumra dýrategunda. Talið er að þau hafi flúið frá Kosovo-héraði.
- Að auki urðu mörg verndarsvæði og þjóðgarðar fyrir tjóni, bæði í Júgóslavíu og Albaníu.

5. Mannlegt umhverfi og heilsufar.

Stórkostlegar skemmdir hafa verið unnar á mannvirkjum, einkum í tilteknum þorpum í Kosovo-héraði og miðbæjum ýmissa þéttbýlisstaða í öðrum hlutum Júgóslavíu. Meira en 1.400 óbreyttir borgarar féllu í loftárásunum á Júgóslavíu en ekki eru til áreiðanlegar tölur um mannfall meðal óbreyttra borgara í Kosovo-héraði eða mannfall í herliði stríðandi aðila. Því hefur þó verið slegið föstu að þær tölur séu hærri.

Búist er við neikvæðum áhrifum á heilsufar fólks í Júgóslavíu vegna skemmda á veitukerfum, þar á meðal fráveitum, og bágra aðstæðna í sumum flóttamannabúðum.

Ekki eru til áreiðanlegar upplýsingar um hversu umfangsmikil mengun verður í öðrum löndum af völdum stríðsátakanna. Búist er við áhrifum af eyðileggingu verksmiðjanna í Novi Sad, Prahovo og Pancevo sem leiddu af sér súrt regn og mengun í Dóná, eyðileggingu spennistöðva (í Kragujevac og nágrenni Belgrad) og hugsanlegri losun geislavirkra lofttegunda við notkun vopna sem innihalda sneytt úran. Þá er ótalinn allur sá úrgangur og eyðilegging/sóun af ýmsu tagi sem fylgir hernaði og er gríðarlega umfangsmikil. Þar er þörf á sérstökum hreinsunaraðgerðum, m.a. þar sem um er að ræða ónotuð skotfæri og virkar jarðsprengjur.

B. Hugsanleg áhrif í framtíðinni.

Á þessu sviði er þörf á frekari gagnasöfnun og rannsóknum en eftirfarandi er augljóslega áhyggjuefni:

- Hætta er á viðvarandi mengun vatns og votlendis af völdum ýmissa hættulegra efna. Reiknað er með þau muni safnast fyrir í ám og grunnvatni. Mikilvæg vatnsból í Albaníu og Makedóníu eru í mikilli hættu.
- Þrátt fyrir að dregið hafi úr loftmengun eftir að átökunum lauk ber að athuga að hugsanleg áhrif af notkun sneydds úrans (DU) eru miklu langvinnari.
- Hætta er á að margs konar mengun hafi langtímaáhrif á heilsufar fólks. Hugsanleg mengun í matvælum í framtíðinni er veruleg ógnun við íbúa þessa svæðis. Þar að auki hefur hið opinbera ekki bolmagn til að standa að fullnægjandi rannsóknum og eftirliti og það ástand eykur mjög á hættuna í þessum efnum.
- Hægfara uppbygging ógnar líka lífi og heilsu fólks, ekki síst í Kosovo-héraði. Sama gildir um hina gífurlegu eyðileggingu á orkuveitum Júgóslavíu þar eð vetur nálgast.

C. Ýmsar efnahagslegar og samfélagslegar afleiðingar.

Ljóst er að vinna þarf geysilegt uppbyggingarstarf í Júgóslavíu allri á komandi árum, ekki síst ef þar á geta orðið friðvænlegt í framtíðinni. Í því sambandi hefur verið talað um að kostnaðurinn geti orðið 31 milljarður Bandaríkjadala eða hátt í 2.300 milljarðar íslenskra króna. Brýnasta verkefnið er að tryggja öryggi og aðbúnað flóttamanna af öllum þjóðernum. Víðs vegar um Serbíu og Svartfjallaland verður að endurbyggja orkuveitur og ýmis samgöngumannvirki. Mörg hundruð verksmiðjur og fjölmörg íbúðarhús hafa verið eyðilögð. Jafnframt er nauðsynlegt að hreinsa upp jarðsprengjur og klasasprengjur auk skaðlegra efna sem hafa farið út í umhverfið í árásum á olíuhreinsistöðvar og efnaverksmiðjur. Sýnt þykir að mengunin muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir matvælaframleiðslu í landinu á sama tíma og Júgóslavar munu neyðast til að snúa sér að landbúnaði í auknum mæli vegna þess að iðnaður þeirra hefur að stórum hluta verið lagður í rúst.

Efnahagsleg uppbygging er lykilatriði í því að koma á friði og stöðugleika í landinu. Ef íbúar Júgóslavíu verða fátæktinni að bráð er útilokað að tryggja friðsamlega sambúð þjóðanna á þessu svæði. Slík uppbygging verður að eiga sér stað með aðstoð hinna betur megandi ríkja en ekki á þeirra forsendum heldur í fullri sátt við almenning í Júgóslavíu. Jafnframt er afar mikilvægt að þjóðarbrotunum verði ekki mismunað í þeim efnum þar sem slíkt mundi vafalaust leiða til enn meiri spennu á svæðinu. G-17 stofnunin, sjálfstæð hagfræðistofnun sem hefur sérhæft sig í málefnum Balkanskaga, taldi áður en loftárásirnar hófust að það mundi taka Júgóslava 29 ár að ná svipuðu stigi hagsældar og þeir bjuggu við 1989. Nú er talað um að það muni taka 45 ár nema til komi alþjóðleg aðstoð. Stjórnvöld í Belgrad hafa metið ástand hagkerfisins svo að það líkist helst því sem var í lok síðari heimsstyrjaldar.

Ofan á allt framangreint bætist svo gífurleg eyðilegging menningarverðmæta og sögulegra minja í þessu stríði. Gamli borgarhlutinn í Pec, þar sem finna mátti tyrkneskar byggingar frá tímum Ottómana-ríkisins, eru rústir einar. Fleiri dæmi eru Hadum-moskan í nágrenni Djakovica, byggð á 16. öld, Vrsac-turninn við rúmensku landamærin, byggður á miðöldum eins og kirkjan í Gracanica skammt frá Pristina þar sem freskumyndir frá 14. og 15. öld hafa orðið eyðileggingunni að bráð. Í Belgrad varð Rakovica-klaustrið sem byggt var á 16. öld fyrir sprengjum. Sama má segja um St. Nikulásar-kirkjuna sem var byggð á 12. öld og kirkju St. Prókópíusar en hún er frá 9. öld. Þetta eru einstakar minjar frá árdögum kristninnar í Austur-Evrópu og því er skaðinn óbætanlegur í menningar- og sögulegu tilliti. Slíkar árásir NATO-hersins minna hastarlega á framferði Serba í umsátrinu um borgirnar Vukovar og Dubrovnik í Króatíu fyrir nokkrum árum.

D. Lögfræðileg álitamál sem tengjast hernaðaraðgerðum NATO í Júgóslavíu.

Óhætt er að segja að með loftárásunum á Júgóslavíu hafi NATO afhjúpað eðli sitt sem árásarbandalag og tekið sér sjálfdæmi í öryggis- og varnarmálum sem snerta grannríki bandalagsins. Þessar aðgerðir stríða gegn Helsinki-sáttmálanum frá 1975 en í 1. kafla hans, 2. gr., heita samningsaðilar því að beita aldrei hver annan valdi né hótunum um slíkt til að leysa ágreiningsmál sín í milli. Sáttmálinn var undirritaður af Geir Hallgrímssyni, þáverandi forsætisráðherra, fyrir Íslands hönd og Josip Broz Tito fyrir hönd Júgóslavíu.

Stríðsrekstur NATO í Júgóslavíu ber öll einkenni pólitískra aðgerða sem miðast við hagsmuni árásaraðilans eingöngu, í þessu tilviki ekki síst að skapa sér orðspor sem eina fjölþjóðlega stofnunin sem hafi burði til að stöðva stríðsátök. Efast verður um að hernaður NATO gegn Júgóslavíu vegna ófriðarins í Kosvo leiði til framtíðarlausnar á sambúðarvanda þjóðarbrotanna sem í hlut eiga.

Fyllsta ástæða er til að óttast fordæmisgildi þessara hernaðaraðgerða þar sem bandalag 19 ríkja tekur sér vald til að beita hervaldi utan aðildarlandanna undir því yfirskini að ófriður í nágrenni þeirra geti ógnað stöðugleika innan bandalagsins. Verði það látið óátalið að þessi hópur ríkja brjóti alþjóðalög hlýtur það að bjóða heim hættunni á að aðrir aðilar, sem hafa til þess nægilegan hernaðarmátt, taki sér slíkt sjálfdæmi í öðrum heimshlutum.

Ekki er hægt að skilja við þetta mál án þess að fara nokkrum orðum um notkun á ólöglegum vopnum af hálfu NATO-hersins. Annars vegar er þar um að ræða svokallaðar klasasprengjur (CBU-87/B) sem flugher NATO beitti í árásum sínum á ýmis skotmörk í Júgóslavíu. Þær vega um 500 kg og innihalda nokkur hundruð smærri sprengjur sem dreifast í allar áttir þegar klasinn sjálfur springur. Hver smásprengja um sig splundrast í u.þ.b. 300 sprengjuflísar með hræðilegum afleiðingum fyrir þá sem verða fyrir sprengjuregninu eins og kom t.d. á daginn í árás NATO á markaðstorgið í Nis 7. maí. Til að bæta gráu ofan á svart er talsvert um að smærri sprengjurnar dreifist um stórt svæði án þess að springa. Þannig hafa ósprungnar sprengjur breytt heilu þorpunum í einskis manns land, þær geta sprungið við snertingu eða titring frá umferð rétt eins og jarðsprengjur. Þessi vopn eru þegar farin að taka sinn toll af æsku Kosovo-héraðs.

Hins vegar er ljóst að NATO hefur notað svokallaðar DU-fallbyssukúlur í árásum á skriðdreka og önnur farartæki í Júgóslavíu. DU er skammstöfun fyrir sneytt úran (*depleted uranium*) en það er eitthvert þyngsta og þéttasta frumefni sem til er. Af þeim sökum er það afar hentugt í fallbyssukúlur og kemst í gegnum meira en 5 sm þykka brynvörn. Að auki er hitamyndunin við það svo mikil að eldur verður samstundis laus í skotmarkinu. Við slíkan bruna fer mikið af geislavirku ryki út í andrúmsloftið. Mælingar á geislun frá einni DU-kúlu benda til þess að geislunin á hverri klukkustund samsvari ⅕ af því sem mannslíkaminn er talinn þola á heilu ári. Mikið hefur verið rætt og ritað um afleiðingarnar af notkun slíkra kúlna í Flóabardaga 1991 þrátt fyrir að sú umræða hafi lítið náð hingað til lands. Líkur benda til að aukið nýgengi hvítblæðis og fleiri krabbameinssjúkdóma í Írak megi rekja til þess að u.þ.b. 40 tonn af DU-kúlum voru notuð í Flóabardaga. Þetta á einnig við um fyrirburafæðingar þar í landi. Hermenn sem börðust í liði Bandamanna í Írak hafa kvartað undan hárlosi, húðsjúkdómum og skemmdum á ýmsum líffærum. Jafnframt hafa þeir orðið fyrir stórkostlegum skemmdum á erfðaefni sem koma fram í vansköpunum og meðfæddum sjúkdómum barna sem þeir hafa eignast eftir stríðið.

13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um sjálfbæra orkustefnu.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að undirbúa, í samvinnu við umhverfisráðherra og þingflokka, sjálfbæra íslenska orkustefnu sem hafi að markmiði:

a. að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi,
b. að dregið verði markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda,
c. að ríkulegt tillit verði tekið til náttúruverndar og umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Forsenda þessarar stefnumótunar verði að Ísland gerist fullgildur aðili að Kyoto-bókuninni frá 12. desember 1997 við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Á meðan þessi stefna er í mótun verði ekki ráðist í orkufrekan iðnað umfram það sem þegar hefur verið samið um og frestað að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Tillagan er nú endurflutt nokkurn veginn óbreytt.

Sjálfbær orkustefna.

Sjálfbær orkustefna er ekki markmið í sjálfu sér heldur afar mikilvægur hlekkur í sjálfbærri þróun á jörðinni. Núverandi orkubúskapur heimsins er í miklu ósamræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og leiðir okkur fyrr en varir í öngstræti. Rangar áherslur í orkumálum skapa hættur fyrir umhverfi jarðar, heilbrigði og heimsfrið. Í áherslum Sameinuðu þjóðanna sem tengjast Ríó-ferlinu er meðal annars lögð áhersla á eftirfarandi þætti til að stuðla að sjálfbærri orkustefnu:

— orkusparnað og bætta nýtingu orku á öllum sviðum, ekki síst í þróuðum ríkjum,
— umhverfisvæna orkugjafa, ekki síst endurnýjanlega orku og nýja og hreina tækni,
— orkugjöld vegna mengunar og/eða reglur er takmarki losun mengandi efna,
— afnám niðurgreiðslna til kjarnorku og hefðbundinna orkugjafa,
— að heildarkostnaður, m.a. vegna umhverfis, verði sýnilegur og hluti orkufjárfestingar,
— jöfnuð í aðgengi að orkuþjónustu og áhrif almennings á mótun orkustefnu,
— forustu ríkisstjórna og opinberra aðila í að ryðja braut fyrir sjálfbæra orkustefnu,
— áætlanir og aðgerðir þjóðríkja í þágu sjálfbærrar orkustefnu.

Orka er undirstaða efnahagsþróunar. Yfir tveir milljarðar íbúa jarðar hafa ekki aðgang að rafmagni eða öðrum nútímalegum orkukerfum. Söfnun og brennsla þverrandi eldiviðar er hlutskipti hundruða milljóna og kemur einkum í hlut kvenna. Orka er lykill að því að útrýma fátækt, en orkusóun eins og hún viðgengst í þróuðum ríkjum er ógnun við umhverfi og jöfnuð. Þar eru niðurskurður í orkunotkun, bætt gæði í nýtingu orku í stað aukins framboðs og vistvænir orkugjafar mál mála.

Þingsályktunartillagan beinir athyglinni að íslenskum orkubúskap. Hér á eftir er bent á hvernig nýta megi endurnýjanlegar orkulindir markvisst til stuðnings sjálfbærri orkustefnu í stað þess að binda þær í mengandi stóriðju til langs tíma.

Magn hagnýtanlegrar orku hérlendis.

Íslendingar búa vel að endurnýjanlegum orkulindum að teknu tilliti til íbúafjölda. Hagkvæm nýtanleg vatnsorka hefur verið áætluð nema sem svarar til 30 teravattstunda ársframleiðslu rafmagns og jarðvarmi samsvarandi um 20 teravattstundum (TWh/a). Samtals eru þetta um 50 TWh/a. Nefnd hafa verið langtum hærri fræðileg gildi um heildarmagn vatnsafls og jarðvarma sem hugsanlega mætti hagnýta að einhverju leyti síðar meir. Við þetta bætist vindorka og orka sjávarfalla sem ekki er farið að nýta að neinu leyti, svo og sólarorka.

Umhverfisáhrif af orkunotkun.

Orka frá jarðefnaeldsneyti og kjarnorku veldur skaðlegri og sumpart óbætanlegri mengun. Nægir þar að minna á gróðurhúsaáhrifin frá brennslu jarðefnaeldsneytis og geislavirkan úrgang frá kjarnorkuverum. Endurnýjanlegum orkulindum fylgja að þessu leyti afar miklir

kostir þar eð nýting þeirra fellur að náttúrulegum ferlum. Hagnýting vatnsafls og jarðvarma hefur hins vegar í för með sér annars konar inngrip í umhverfið. Vatnsaflsvirkjunum fylgja oft stór miðlunarlón, breyting á rennsli vatnsfalla og lífsskilyrðum ofan og neðan stíflumannvirkja, svo og skerðing á fossum og framburði, ekki síst frá jökulám. Áhrifa af beislun vatnsafls gætir þannig frá upptökum til ósa í viðkomandi vatnsföllum og á strandlengju og hafið úti fyrir. Jarðvarmavirkjanir hafa mikil staðbundin áhrif, að jafnaði afar mikil á viðkomandi jarðhitasvæði; þeim fylgir oftast brotthvarf hveravirkni á yfirborði, sjónræn áhrif af mannvirkjum og oft mikið jarðrask. Við þetta bætist jarðrask og sjónræn áhrif annarra raforkuvirkja, ekki síst háspennulína og spennistöðva. Áhrif af háspennulínum geta verið víðtæk, ekki síst í opnu landslagi eins og hér og slóðagerð og vegalagning sem þeim fylgir geta haft óæskileg áhrif á umferð.

Aðeins um 25 teravattstundir til hagnýtingar?

Hagnýtingu vatnsafls og jarðvarma eru augljós takmörk sett ef taka á tillit til landnotkunar og náttúruverndar. Af umhverfisástæðum er óhjákvæmilegt út frá varúðarsjónarmiði að draga frá umtalsverðan hluta þessara auðlinda þegar áætlað er það heildarmagn endurnýjanlegrar orku sem til ráðstöfunar getur orðið í framtíðinni. Ítarleg úttekt þarf að fara fram á því við hvað skuli miða í slíkum áætlunum. Eðli málsins samkvæmt er þar um umhverfis- og skipulagsmál að ræða og meta þarf fjölþætta hagsmuni áður en ákvarðanir eru teknar. Almenningur þarf að eiga greiðan aðgang að umræðu um allt það ferli á mótunarstigi.

Að mati flutningsmanna er rétt að gera ráð fyrir því fyrst um sinn að ekki verði meira en helmingur af því sem nú er talin hagnýtanleg orka frá vatnsafli og jarðvarma í reynd til ráðstöfunar í framtíðinni til þess að hlífa umhverfi og af tilliti til annarrar landnotkunar. Fyrir um tveimur áratugum nefndu menn um þriðjung orkunnar í þessu samhengi en síðan hafa umhverfissjónarmið styrkst og margháttaðir aðrir hagsmunir komið til sögunnar í auknum mæli, m.a. ferðaþjónustu. Sé miðað við að samanlögð hagnýtanleg orka vatnsafls og jarðvarma til raforkuframleiðslu nemi 50 teravattstundum og aðeins helmingur verði í raun til ráðstöfunar standa eftir 25 teravattstundir.

Núverandi raforkunotkun, spá til 2025 og hugmyndir um stóriðju.

Íslendingar nota nú þegar mikið magn raforku miðað við íbúafjölda að ekki sé talað um heildarorkunotkun sem er sexföld meðalnotkun annarra jarðarbúa. Heildarársframleiðsla raforku hérlendis á árinu 1997 var um 5,6 teravattstundir, þar af 5,2 framleiddar með vatnsafli og 0,375 með jarðhita. Um 3 TWh fóru til stóriðju og 2,6 TWh til almennrar notkunar. Þessi ársframleiðsla svarar til að búið sé að virkja til raforkuframleiðslu rösklega 20% af þeim 25 teravattstundum sem samkvæmt framangreindu er eðlilegt að miða við að séu til ráðstöfunar en röskan þriðjung sé eingöngu miðað við hagkvæmt nýtanlegt vatnsafl. Þegar svona er litið á málið blasir við allt önnur mynd en algengast er að dregin sé upp í umræðu um orkumál og orkunýtingu hérlendis.

Samkvæmt opinberri raforkuspá 1997–2025 (orkuspárnefnd, OS-97059) er gert ráð fyrir að ársframleiðsla til nú umsamins stóriðnaðar og til að mæta aukinni eftirspurn almenns raforkumarkaðar feli í sér að á tímabilinu 1996–2005 muni almenn notkun forgangsorku aukast um 23% og um 82% alls fram til 2025. Notkun ótryggðrar orku minnki hins vegar dálítið á sama tímabili eða úr 1,2 TWh í tæplega 1 TWh. Samkvæmt þessu næmi raforkunotkun árið 2025 að óbreyttum samningum um stóriðju um 9,4 TWh og væri þannig farin að nálgast 10 TWh í lok spátímans. Eins og rakið hefur verið er í tölum orkuspárnefndar er af nefndinni ekki áætlað fyrir neinni viðbótarsölu til orkufreks iðnaðar umfram þegar frágengna samninga

í árslok 1997. Innifalin í tölum nefndarinnar er stækkun Járnblendiverksmiðjunnar um einn ofn og að orkusala til Áburðarverksmiðjunnar falli niður í lok árs 1998.

Í starfsleyfum Norðuráls hf. og ÍSAL hf. er gert ráð fyrir aukningu álframleiðslu hjá þessum fyrirtækjum sem nemur 120 + 40 þúsund tonna ársframleiðslu, en til slíkrar framleiðslu þyrfti hátt í 3 TWh. Umtöluð magnesíumverksmiðja á Reykjanesi með 50 þúsund tonna ársframleiðslu þyrfti raforku sem nemur 1 TWh/a. Samanlagt fælist því í stækkun eða byggingu þessara verksmiðja viðbótarsala sem samanlagt nemur 4 TWh. Þá má geta þess að umrædd risaálbræðsla á Reyðarfirði í samvinnu við Norsk Hydro með allt að 480 þúsund tonna ársframleiðslu tæki til sín raforku sem nemur um 7 TWh en það er meira en öll sú raforka sem nú er framleidd hérlendis.

Innlend raforka í stað innflutts eldsneytis.

Orkustofnun hefur að beiðni flutningsmanna reiknað út orkuinnihald þess jarðefnaeldsneytis sem flutt var til landsins árið 1996 (sjá fylgiskjal I). Magn þess var í heild tæp 853 þúsund tonn og heildarorka 36 PJ (PetaJoule), en það svarar til 10 teravattstunda. Til að fá sama orkuinnihald úr vetni þarf 298 þúsund tonn vetnis, en til framleiðslu þess með raforku þyrfti 18,8 teravattstundir. *Heildarorkunotkun landsmanna árið 1996, umreiknuð í raforku, nam samkvæmt þessu 18,8 + 5,1 = 23,9 teravattstundum.* Ef frá er dregið það jarðefnaeldsneyti sem keypt er erlendis fyrir millilandasamgöngur, en það nam 8,0 PJ árið 1996, stæðu eftir 14,7 TWh + 5,1 = 19,8 TWh.

Orkustofnun bendir á að sé vetni notað í efnarafölum en ekki brennt í hefðbundnum brennsluvélum fæst tvöfalt meiri nýtni og þannig þyrfti aðeins um 9,4 TWh af raforku á ári til að framleiða það vetni sem þarf í stað allrar innfluttrar orku.

Mismunandi leiðir til vistvænna orkugjafa.

Fullvíst má telja að mismunandi leiðir verði farnar til að nýta innlenda orku í stað jarðefnaeldsneytis í samgöngum, fiskveiðum og iðnaði. Í sumum tilvikum verði um bein umskipti úr eldsneyti í raforku að ræða líkt og gert hefur verið í nokkrum fiskimjölsverksmiðjum. Rafbílar knúnir rafmagni frá rafhlöðum leysi bensínbíla af hólmi og jafnhliða eða síðar komi til sögunnar bílar knúnir vetni eða öðru vistvænu eldsneyti í formi metanóls, etanóls og ammóníaks. Hliðstæð þróun gæti átt sér stað með fiskveiðiflotann þótt hætt sé við að tækniþróun gangi þar hægar fyrir sig. Rafknúnir sporvagnar eða raflestir kunna að bjóða upp á hagkvæmar lausnir í vissum tilvikum. *Tæknilegt form umskiptanna skiptir ekki máli um það markmið sem hér er til umræðu: Að vistvæn innlend orka leysi innflutt jarðefnaeldsneyti af hólmi.*

Orkuspárnefnd miðar í sínum forsendum við að rafbílar fari að ná fótfestu hér árið 2005 og að þeir verði 10% nýrra fólksbíla við lok spátímabilsins árið 2025. Svarar það til 50 gígavattstunda raforkunotkunar á ári. Flutningsmenn tillögunnar hafa ástæðu til að ætla að þessi þróun verði mun örari, enda beiti stjórnvöld sér fyrir slíkum umskiptum í samvinnu við rafveitur og sveitarfélög.

Á hefðbundinn mælikvarða skiptir þróun heimsmarkaðsverðs á olíu mestu um hagkvæmni þess að skipta yfir í aðra orkugjafa. Nýjar viðmiðanir munu fyrirsjáanlega hafa áhrif á þá þróun, ekki síst losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðefnaeldsneyti og alþjóðleg viðleitni til að draga úr slíkri mengun.

Innlendar rannsóknir og þróun.

Brýnt er að Íslendingar ekki aðeins fylgist með tæknilegum möguleikum og þróun á þessu sviði, heldur gerist þar beinir þátttakendur og helst brautryðjendur að einhverju leyti. Á það gæti reynt ekki síst í sambandi við þróun vélbúnaðar í skip sem nýttu vistvæna orku. Á þessu sviði er um að ræða stórt verkefni í rannsóknum og þróun. Þegar hefur verið unnið merkilegt brautryðjendastarf hérlendis, ekki síst á vegum Braga Árnasonar prófessors við Háskóla Íslands, og einstök fyrirtæki hafa þegar lagt nokkuð af mörkum við að kanna möguleika á notkun innlendrar orku í stað innfluttrar.

Eðilegt er að opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, hafi forgöngu á þessu sviði, bæði við að örva rannsóknir en einnig með því að taka í notkun á sínum vegum nýja tækni og tæki, með framsýnu skipulagi og með orkusparnaði.

Hugsanleg staða eftir aldarfjórðung.

Samkvæmt varfærinni hugmynd um þróun næstu áratuga, þar sem stefnt væri að því að innlend orka leysti smám saman innflutta af hólmi, gæti niðurstaðan að aldarfjórðungi liðnum litið þannig út yrði ekki aukið við hefðbundinn orkufrekan iðnað:

Innlend raforkunotkun árið 2025, hugsanleg staða:

Raforkunotkun samkvæmt spá orkuspárnefndar (stóriðjunotkun sama og 1997)	9,4	teravattstundir
Raforka í stað 50% innflutts eldsneytis (olíu) (miðað við notkun 1996)	9,4	teravattstundir
Raforkunotkun alls	18,8	teravattstundir/ári

Sé horft lengra fram í tímann og gert ráð fyrir að þjóðin nýti að mestu eigin orkulindir til að fullnægja orkuþörf sinni og raforka komi beint eða óbeint í stað innfluttrar olíu gæti dæmið litið þannig út um miðja næstu öld:

Innlend raforkunotkun árið 2050, hugsanleg staða:

Raforkunotkun miðað við 2% árlegan vöxt (stóriðjunotkun sama og 1997)	11,3	teravattstundir
Raforka komi að fullu í stað innflutts eldsneytis (miðað við notkun 1996)	18,8	teravattstundir
Raforkunotkun alls	30,1	teravattstund/ári

Úr þessum tölum má lesa að sé gert ráð fyrir að innlend orka komi í stað innfluttrar olíu á næstu 50 árum og að almennur raforkumarkaður vaxi um 2% á ári muni Íslendingar á þessu skeiði fara langt með að hagnýta sér mikinn hluta innlends vatnsafls og jarðvarma og þá þegar vera farnir að ganga allnærri náttúru landsins.

Af þessu má draga þá ályktun að óráð sé að auka við hefðbundinn orkufrekan iðnað í landinu frá því sem nú er til að þjóðin hafi svigrúm til að nýta sem mest innlendar orkuauðlindir í stað innfluttrar olíu og gæta um leið náttúruverndarhagsmuna.

Kyoto-samkomulagið og sjálfbær orkustefna.

Með Kyoto-bókuninni 12. desember 1997 við samninginn um loftslagsbreytingar féllust 39 þróuð ríki, svonefnd Annex I-ríki, á lagalega skuldbindandi samkomulag um að draga úr losun svonefndra gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2010 um að meðaltali 5,2% miðað við losun árið 1990 sem grunn og að taka upp samninga um næstu skref í niðurskurði árið 2005. Ísland fékk sem kunnugt er andstætt öðrum ríkjum heimild til að auka losun, meira en nokkurt annað þróað ríki, um 10% frá viðmiðunarárinu 1990.

Samkvæmt upplýsingum umhverfisráðherra á árinu 1998 stefnir í að losun gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa á Íslandi fari á aldamótaárinu 2000 16% fram yfir það sem var á viðmiðunarárinu 1990. Þá værum við komnir 6% fram yfir úthlutunina samkvæmt Kyoto-bókuninni. Útreikningar og losunarspá unnin á vegum stjórnvalda bendir til að árið 2010 fari losunin að óbreyttu 26% fram úr mörkum viðmiðunarársins, þ.e. 16% fram úr heimildum frá Kyoto-ráðstefnunni.

Það sem meiri tíðindum sætir en þessar horfur er að íslensk stjórnvöld vinna nú að því öllum árum að Ísland fái enn aukið svigrúm og verði jafnvel undanþegið takmörkunum þegar stóriðja á í hlut. Rökin fyrir slíkri kröfu eru að hér sé gnótt endurnýjanlegrar orku og einstakar orkufrekar framkvæmdir vegi þungt í losun í fámennu landi. Jafnframt er því haldið fram að Íslendingar losi minna en aðrir og hafi litla möguleika á að draga saman losun vegna aðgerða við húshitun fyrir nær tveimur áratugum. Þetta eru ýmist röng eða léttvæg rök.

Stóriðja og sjálfbær orkustefna eiga ekki samleið.

Magn endurnýjanlegra orkulinda hérlendis er aðeins dropi í hafið á heimsvísu og við erum í fremstu röð ríkja heims að því er varðar almenn lífskjör. Eins og rakið hefur verið hér á undan hafa Íslendingar fulla þörf fyrir að nýta takmarkaðar orkulindir landsins í þágu sjálfbærrar þróunar hérlendis. Áframhaldandi orkusala til stóriðju skerðir möguleika landsmanna til að slíkrar þróunar og þrengir um leið svigrúm til að vernda náttúru og umhverfi. Losun gróðurhúsalofttegunda á mann hérlendis er um það bil hin sama og meðaltal á íbúa í Evrópusambandinu og stefnir í að fara langt fram úr því ef áform stjórnvalda um stóriðju ganga eftir.

Íslendingar hafa mikla möguleika á að draga saman í losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum og áratugum með samræmdum aðgerðum enda verði hér fylgt sjálfbærri orkustefnu. Við eigum að hagnýta okkur þá jákvæðu sérstöðu sem felst í ríkulegum, endurnýjanlegum orkulindum miðað við íbúafjölda en gæta þess jafnframt að ganga ekki óhæfilega að þeim verðmætum sem fólgin eru í náttúru landsins. Á báðum þessum sviðum höfum við skyldur að rækja samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum.

Ný hugsun — ný málstök.

Íslendingar eiga eins og aðrar þjóðir að leggja sitt af mörkum til að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í þeim efnum á heimsbyggðin gífurlegt verkefni fyrir höndum og samkomulagið í Kyoto var aðeins fyrsta skrefið af mörgum sem á eftir þurfa að fylgja. Þótt óvissa sé um umfang og hraða þeirra loftslagsbreytinga sem verða af mannavöldum má hér engu hætta til. Ísland er á krossgötum hafstrauma og loftstrauma í Norður-Atlantshafi og umhverfi okkar getur því verið sérstaklega viðkvæmt fyrir röskun.

Viðfangsefnið sem fram undan er kallar á nýja hugsun og ný málstök á öllum sviðum atvinnulífs, skipulags, framleiðslu- og neysluvenja og umgengni við orku í atvinnulífi, samgöngum og á heimilum. Allir þurfa að leggjast á eitt að draga úr þarflausri orkunotkun, að ekki sé talað um sóun. Þetta á auðvitað sérstaklega við þegar um jarðefnaeldsneyti er að

ræða en endurnýjanlegar orkulindir eru einnig takmörkuð gæði sem valda umhverfisröskun og beislun þeirra kostar mikla fjármuni og álag á umhverfið.

Þess er vissulega að vænta að með margháttuðum tækninýjungum og endurbótum tækja og orkukerfa megi ná fram verulegum orkusparnaði og þannig hjálpi markaðurinn til. Það leysir hins vegar ekki stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, undan því að marka skýra stefnu og framfylgja henni.

Orkufrekur iðnaður verði settur í biðstöðu.

Tillagan gerir ráð fyrir að ekki verði ráðist í nýjan orkufrekan iðnað á meðan unnið er að þeirri stefnumótun sem tillagan gerir ráð fyrir og fyrst að því búnu verði metið hvort eða hversu mikið svigrúm kann að vera til að ráðstafa orku til slíks iðnaðar. Iðnaður sem bætir í umtalsverðum mæli við losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis samrýmist engan veginn alþjóðlegum skuldbindingum sem Íslendingar þurfa að taka á sig vegna loftslagssamninganna. Þjóð okkar á hvorki heimtingu á né getur gert ráð fyrir að fá til lengdar sérmeðferð í samfélagi þjóðanna. Öðru máli gegnir um orkuiðnað sem miðaði að því að leysa af hólmi innflutta orku, til dæmis með framleiðslu vistvæns eldsneytis.

Samningar um orkufrekan iðnað sem gerðir hafa verið að undanförnu, nú síðast um stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga, gera Íslendingum þegar afar erfitt fyrir að standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar, hvað þá ef gengið yrði lengra í uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Þess utan er fyrirsjáanlegt að ekki fer saman að ráðstafa frekar en orðið er takmörkuðum orkuforða landsins til orkufreks iðnaðar og að innlend orka taki við af innfluttu jarðefnaeldsneyti á fyrri hluta komandi aldar. Teljandi viðbót við orkufrekan iðnað frá því sem nú er gengur augljóslega gegn þeirri hlífð við náttúru landsins sem víðtækur stuðningur er við meðal almennings og brýn nauðsyn er að tryggja í sessi vegna framtíðarhagsmuna. Óröskuð náttúra verður sífellt verðmætari auðlind á alþjóðavísu.

Þau áform sem stjórnvöld eiga nú hlutdeild að með útlendingum geta beinlínis reynst háskaleg fyrir sjálfbæra þróun á Íslandi og þrengt á óviðunandi hátt svigrúm annars atvinnulífs og komandi kynslóða í landinu. Viðbótarlosun gróðurhúsalofttegunda frá orkufrekum iðnaði veldur því að minna svigrúm verður í öðrum atvinnugreinum, einkum í sjávarútvegi, og meira þarf að skera þar niður í losun til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar. Fyrir utan mengun frá orkufrekum iðnaði og önnur áhrif á náttúru landsins og umhverfi er verið að bjóða hagkvæmasta hlutann af orkulindum landsins á undirverði, að ekki sé talað um ef allur kostnaður að meðtalinni röskun á náttúrufari væri tekinn með í reikninginn.

Áform, sem nú er unnið að í orkufrekum iðnaði og ráðgert er að hrinda í framkvæmd á næstu tíu árum, nema meira en 10 teravattstundum í raforku samkvæmt upplýsingum stjórnvalda. Þar eru stærstar í sniðum hugmyndir um álbræðslu á vegum Norsk Hydro með allt að 480 þúsund tonna ársframleiðslu. Slík verksmiðja mundi ein og sér þurfa um 10 teravattstundir á ári og eru þá margar aðrar fjárfestingar sem rætt er um í orkufrekum iðnaði ekki meðtaldar.

Auðsætt ætti að vera að skynsamlegt er að leggja öll áform um nýjan orkufrekan iðnað til hliðar á meðan mótuð er sjálfbær orkustefna til framtíðar og ljóst er hvaða skuldbindingar Íslendingar þurfa að taka á sig í næsta áfanga loftslagssamninga. Samningaviðræður þar að lútandi hefjast samkvæmt áætlun árið 2005.

Sá orkuiðnaður sem skipt gæti sköpun hér í framtíðinni sem liður í sjálfbærri orkustefnu er framleiðsla vetnis eða annarra vistvænna orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Fyrir slíkum framtíðarkostum þarf að hugsa og hafa til reiðu nægilegt svigrúm þegar þar að kemur.

EES-samningurinn og raforkutilskipun ESB.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði var Íslendingum gert að lögfesta hér sama rétt einstaklinga og lögaðila á öllu EES-svæðinu og Íslendingar höfðu búið að einir fram að því til að eignast virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. Sama gilti um kaup á fasteignum og orkunýtingu þeim tengda. Var lögum þar að lútandi breytt á 120. löggjafarþingi 1996. Í krafti þessara samningsákvæða geta útlendingar nú eignast virkjunarréttindi og landareignir sem hafa að geyma jarðvarma hér á landi. Þessi ákvæði geta eins og önnur hliðstæð orðið afar varhugaverð fyrir íslenska hagsmuni og eru eitt af mörgu sem bent var á af andstæðingum EES-samningsins.

Þegar samningaviðræður stóðu yfir um EES-samninginn 1989–91 var látið að því liggja af hálfu íslenskra stjórnvalda að ákvæði um orkumál lægju að mestu utan samningssviðsins og lítið hefði reynt á samræmingu í orkumálum innan Evrópusambandsins. Annað kom á daginn því að á árinu 1992 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur að tilskipunum um innri markað fyrir rafmagn og jarðefnaeldsneyti (olíu og gas). Miðuðu þær að því að stórauka frelsi í viðskiptum með rafmagn og jarðefnaeldsneyti. Sem lokaskrefi var svo gert ráð fyrir að öllum raforkunotendum yrði gert kleift að semja beint við raforkuframleiðendur.

Báðar þessar tillögur mættu pólitískri andstöðu af hálfu ýmissa ríkisstjórna í aðildarlöndum og innan Evrópuþingsins en þær voru byggðar á grein 235 í Rómarsamningnum sem til þessa veitir einstökum ríkjum neitunarvald gagnvart tilskipunum. Svo fór að tilskipunin um jarðefnaeldsneyti var samþykkt árið 1995, einnig af Noregi sem EES-ríki. Mikil andstaða var í Noregi við málið en ríkisstjórn norska verkamannaflokksins og aðrir flokkar sem studdu á sínum tíma aðild Noregs að ESB kusu að fallast á hana fremur en hafna henni og hafa hana yfirvofandi næst þegar reynt verður að koma Noregi inn í Evrópusambandið. Til að auðvelda þetta var í sameiginlegu EES-nefndinni gefin út yfirlýsing þess efnis að ríki hafi fullveldi yfir olíulindum, ríkisfyrirtækjum væri heimil þátttaka í vinnslu olíu og ríki hefðu rétt til að stýra nýtingu auðlindarinnar og leggja á skatta.

Framkvæmdastjórn ESB lagði í ársbyrjun 1994 fram nýja útgáfu að tilskipun um innri markað með raforku. Þar er hægar farið í sakirnar en í hinni fyrri og náðist á grundvelli hennar samkomulag í ráðherraráði ESB og samþykki meiri hluta á Evrópuþingi sem leiddi til þess að tilskipunin tók gildi innan ESB 19. desember 1996. Í henni felst m.a. að einkaréttur starfandi orkufyrirtækja er afnuminn og aðskilja á vinnslu, flutning og dreifingu (sölu) raforku, svo og samkomulag um aðgang þriðja aðila að flutningskerfum gegn endurgjaldi samkvæmt nánari reglum.

Tilskipun þessi (96/92/EC), byggð á grein 100a í stofnskrá ESB, er túlkuð svo að hún falli undir EES-samninginn þar eð orka sé hluti af vöruhugtakinu samkvæmt samningnum. Því hefur tilskipunin nú verið lögð fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Noregur hafði áður gert umdeildar breytingar á sinni löggjöf mjög í anda ákvæða ESB-tilskipunarinnar og af norskri hálfu er því ekki að vænta andstöðu við yfirtöku hennar. Ísland gerði í sameiginlegu EFTA-nefndinni ýmsa fyrirvara við tilskipunina og endanleg afstaða íslenskra stjórnvalda til hennar hafði ekki komið fram í sameiginlegu EES-nefndinni þá síðast fréttist.

Sérstaða Íslendinga í raforkumálum er slík að óeðlilegt er að tilskipun ESB um innri markað með raforku taki gildi hér á landi. Nægir í því sambandi að benda á smæð og einangrun íslenska raforkumarkaðarins og þá staðreynd að raforka er hér nær eingöngu framleidd með endurnýjanlegri orku. Eitt opinbert fyrirtæki er hér ráðandi í raforkuframleiðslu og aðgerðir til að byggja upp samkeppnismarkað í framleiðslu raforku ekki líklegar til að skila ávinningi. Samkeppni getur jafnframt torveldað eða útilokað viðleitni til jöfnunar raforkuverðs. Óháð tilskipunum ESB geta Íslendingar að sjálfsögðu gert þær breytingar á eigin

löggjöf og fyrirkomulagi framleiðslu og dreifingu raforku sem ástæða þykir til og hagfellt, til dæmis skilið á milli framleiðslu og flutnings raforku um stofnlínur, eflt fyrirtæki eins og Rafmagnsveitur ríkisins sem framleiðanda raforku og greint á milli raforkusölu til stóriðju og almenns markaðar. Aðalatriðið er þó að á meðan unnið er að mótun sjálfbærrar orkustefnu er óæskilegt að lögleiða hér skipan sem virkað getur sem hindrun í vegi æskilegs fyrirkomulags í raforkumálum til lengri tíma litið. Í ljósi þessa gerir tillagan ráð fyrir að Ísland gerist ekki, að minnsta kosti fyrst um sinn á meðan stefna um sjálfbæra orkustefnu er í mótun, aðili að tilskipun Evrópusambandsins um innri markað fyrir raforku.

Fylgiskjal.

Eldsneytisnotkun Íslendinga 1996.

(Minnisblað frá Orkustofnun, 13. febrúar 1998.)

Eldsneytisnotkun Íslendinga 1996 innan lands og í millilandasamgöngum.

Eldsneyti	Magn (tonn)	Orkuinnihald (MJ/kg)	Heildarorka (PJ)
Bensín	137.827	42,9	5,9
Flugvélabensín	1.519	43,0	0,07
Þotueldsneyti	126.467 (117.367)	42,8	5,4 (5,0)
Steinolía	198	42,8	0,01
Gasolía	341.679 (14.597)	42,3	14,5 (0,6)
Svartolía	179.431 (57.500)	41,3	7,4 (2,4)
Gas	1.514	48,4	0,07
Kol	91.276	28,8	2,6
Samtals	852.911		36,0 (-8,0 = 28,0)

Gögnin eru fengin úr handriti að Orkumálum og Eldsneytisspá 1995–2005, OS-95036/OBD-01, 1995. Tölur innan sviga sýna orku keypta erlendis fyrir millilandasamgöngur.

36,0 PJ af orku samsvarar 10,0 TWh.

28,0 PJ af orku samsvarar 7,8 TWh.

Heildarraforkuframleiðsla Íslendinga árið 1996 var 5,1 TWh.

Til að fá sama orkuinnihald úr vetni og öllu eldsneyti sem notað er af Íslendingum, innan lands og í millilandasamgöngum, þarf **298.000 tonn af vetni**, en orkuinnihald þess er 120 MJ/kg. Til að fá sama orkuinnihald úr vetni og öllu innfluttu eldsneyti keyptu á Íslandi sem Íslendingar nota þarf 232.000 tonn af vetni.

Til að framleiða 1 kg af vetni með rafgreiningu og þétta það, þ.e. breyta því í fljótandi vetni, þarf um 63 kWh af raforku eða:

18,8 TWh til að framleiða 298.000 tonn af vetni,

en 14,7 TWh til að framleiða 232.000 tonn af vetni.

Hins vegar ber að hafa það í huga að ef vetni er notað í efnarafölum en ekki brennt í hefðbundnum brennsluvélum fæst um tvöfalt meiri nýtni og því þyrfti um **9,4 TWh af raforku á ári** til að framleiða það vetni sem þarf í stað allrar innfluttrar orku sem Íslendingar nota hér og fyrir millilandasamgöngur, en rúmlega 7 TWh ef millilandasamgöngum er sleppt.

Til viðbótar þessu eldsneyti voru flutt inn tæplega 80.000 tonn af eldsneyti sem selt var útlendingum á skip og flugvélar. Þetta samsvarar um 3,4 PJ eða tæplega 1 TWh.

14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort færa skuli undir eitt ráðuneyti málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnumarkaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra. Sérstaklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmingu á þessu sviði.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum en eigi orðið útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt ásamt greinargerð sem henni fylgdi.

„Ljóst er að veruleg skörun er á verksviði ráðuneyta í málum er snerta lífeyristryggingar, almannatryggingar, stuðning við atvinnulausa, framfærslustuðning sveitarfélaga o.fl. Samspil þessara þátta við skattkerfið og tekjutenging bótaliða innan og utan skattkerfisins er margþætt og flókið mál. Það er skoðun flutningsmanns að eitt af því sem hefur staðið löngu tímabærri endurskoðun og samræmingu á þessu sviði fyrir þrifum sé óheppileg verkaskipting eða öllu heldur dreifing þessa málaflokks innan Stjórnarráðsins.

Til greina kemur að stofna nýtt ráðuneyti sem tæki við verkefnum á þessu sviði frá fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti eða að færa þessi mál öll saman til eins af ráðuneytunum, t.d. félagsmálaráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið er þegar fyrirferðarmikið og ekki er að öllu leyti heppilegt að almannatryggingar séu jafnframt vistaðar þar. Sama gildir um fjármálaráðuneytið.

Sameining þessa mikilvæga en um leið vandasama málaflokks í eitt ráðuneyti ætti að auðvelda samræmingu löggjafar og stjórnsýslu á þessu sviði en á því er mikil þörf, ekki síst með tilliti til sívaxandi umfangs málaflokksins.“

15. Frumvarp til laga [15. mál]

um afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga.

Flm.: Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 2000 er öll verðtrygging fjárskuldbindinga með vísitölum óheimil, óháð stofnunartíma kröfunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að frá og með 1. janúar 2000 verði óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar, hverju nafni sem nefnast, t.d. innlán og útlán í bankakerfinu og viðskiptabréf hvers konar. Frumvarpið tekur jafnt til samninga sem gerðir eru eftir 1. júlí 1999 og samninga sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma. Verði frumvarpið að lögum munu verðtryggingarákvæði fjárskuldbindinga falla úr gildi. Af þeim sökum verða samningsaðilar að endurskoða slík ákvæði sem í gildi eru við gildistöku laganna.

16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Flm.: Gísli S. Einarsson.

I. KAFLI.

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, örorkustyrkja, barnalífeyris og bóta í fæðingarorlofi.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Fullur árlegur ellilífeyrir skal vera 85% af lágmarkslaunum samkvæmt lögum um lágmarkslaun og greiðist þeim einstaklingum sem hafa verið búsettir hér á landi, sbr. I. kafla A, a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr.

3. gr.

1. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera 85% af lágmarkslaunum samkvæmt lögum um lágmarkslaun og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, sbr. þó 5. mgr.

4. gr.

1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Fæðingarstyrkur skal vera 85% af lágmarkslaunum samkvæmt lögum um lágmarkslaun á mánuði í sex mánuði og greiðast móður við hverja fæðingu barns, sbr. þó 2. mgr. og ákvæði þessarar greinar um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum.

5. gr.

Á eftir orðinu „fæðingarorlofi“ í 3. málsl. a-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: eða fá greiddan fæðingarstyrk skv. 15. gr.

6. gr.

17. og 18. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI.
Breyting á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

7. gr.

Orðin „heimilisuppbót“, „sérstök heimilisuppbót“ og „frekari uppbætur“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

8. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur sem nema fullum grunnlífeyri almannatrygginga.

9. gr.

9. og 10. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lágmarkslaun, sem lagt er fram á þessu þingi gerir ráð fyrir að lágmarkslaun verði ekki lægri en 112.000 kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu. Með þessu frumvarpi er lagt til að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga verði einfaldaðar og lífeyrisþegum greidd 85% af lágmarkslaunum til framfærslu á mánuði, eins og þau eru ákveðin á hverjum tíma, og munu lífeyrirsgreiðslur því fylgja öllum breytingum á lágmarkslaunum. Lagt er til að flestar aukagreiðslur til lífeyrisþega verði felldar niður þar sem grunnlífeyrir verður hækkaður. Flutningsmaður vill jafnframt vekja athygli á nauðsyn þess að endurskoða almannatryggingalöggjöfina í heild sinni sem allra fyrst.

Með breytingum á lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrir verði ákveðið hlutfall af lágmarkslaunum eins og þau eru á hverjum tíma en í stað þess verði tekjutrygging skv. 17. og 18. gr. felld niður. Þá er lagt til að fæðingarstyrkur skv. 15. gr. verði líka ákveðinn sem hlutfall af lágmarkslaunum og fæðingardagpeningar ekki greiddir öðrum en þeim sem hvorki njóta launa né fæðingarstyrks í fæðingarorlofi.

Með breytingum á lögum um félagslega aðstoð er á sama hátt gert ráð fyrir að makabætur skv. 5. gr. verði hækkaðar þannig að þær nemi fullum grunnlífeyri almannatrygginga í stað þess að heimilt sé að greiða allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt er lagt til að heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót skv. 9. gr. og frekari uppbætur skv. 10. gr. falli niður þar sem lífeyrisgreiðslur hafa verið hækkaðar verulega.

17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

1. gr.

Á eftir orðinu „vaxtabætur“ í 7. tölul. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/1987, sbr. lög nr. 122/1993, kemur: húsaleigubætur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 123. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fékk þá 14 umsagnir um málið. Einn aðili, Vinnumálasambandið, mælti gegn samþykkt frumvarpsins. Þeir sem eindregið studdu það voru eftirfarandi aðilar: BSRB, Öryrkjabandalag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Akureyrarbær, Leigjendasamtökin, Neytendasamtökin, Sjálfsbjörg, Þroskahjálp, ASÍ, Reykjavíkurborg og Bandalag háskólamanna.

Frumvarpið er flutt til að tryggja að markmiðum laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur, um lækkun húsnæðiskostnaðar tekjulágra leigjenda verði náð og dregið úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

Samkvæmt A-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru húsaleigubætur skattskyldar sem hverjar aðrar tekjur. Þá ber að staðgreiða skatt af húsaleigubótum skv. A-lið 2. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skv. 28. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eru vaxtabætur með öllu undanþegnar skattskyldu. Svo húsaleigubætur nái tilgangi sínum að lækka húsnæðiskostnað leigjenda er nauðsynlegt að farið verði með slíkar greiðslur eins og vaxtabætur þeirra sem búa í eigin húsnæði.

Mikið óréttlæti felst í því að skattleggja húsaleigubætur meðan vaxtabætur eru skattfrjálsar. Nálægt 60% þeirra sem nú fá húsaleigubætur eru atvinnulausir, ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar, námsmenn eða einstæðir foreldrar. Hér er því um að ræða tekjulægstu hópa þjóðfélagsins. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru hvorar tveggja aðstoð samfélagsins til að auðvelda fólki að standa straum af húsnæðiskostnaði. Því má líkja við brot á jafnræðisreglunni þegar bætur sem komið er á í nánast sama tilgangi, þ.e. að auðvelda fólki að fá húsaskjól, hljóta mismunandi meðferð í skattkerfinu.

Engin sanngirni er í því að þeir sem eiga íbúðir fái 3.300 millj. kr. skattfrjálsar í vaxtabætur, en af 200–300 millj. kr. húsaleigubótum, sem þeir verst settu fá, þurfi að greiða skatt. Einnig má benda á þá framkvæmd sem víða hefur verið komið á að húsaleigubætur koma í stað niðurgreiðslna á leiguíbúðum sveitarfélaga. Þótt tilgangurinn með því sé fyrst og fremst að koma á samræmdu húsaleigubótakerfi fyrir allan leigumarkaðinn, hvort sem um er að ræða félagslegar leiguíbúðir eða íbúðir á almenna markaðnum, getur þessi breyting í mörgum tilvikum þýtt að stærri hluti framfærslunnar hjá lægst launuðu hópunum fari í húsnæðiskostnað. Þannig getur húsaleigan við þá breytingu að færa húsaleigu í leiguíbúðum sveitarfélaga upp í raunkostnað en greiða þess í stað húsaleigubætur þýtt mun hærri mánaðarleigu hjá

stórum hópi lágtekjufólks, nema sveitarfélögin bæti þeim sérstaklega mismuninn. Auk þess þarf nú láglaunafólk sem áður fékk mikið niðurgreidda íbúð en engar húsaleigubætur að greiða skatt af breyttu formi hins opinbera á niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar, þ.e. af húsaleigubótunum. Skattur af húsaleigubótum bætist því ofan á minni niðurgreiðslu frá hinu opinbera í húsnæðisaðstoð til lágtekjufólks en áður var. Því til viðbótar bætast nú húsaleigubætur ofan á tekjur viðkomandi og hafa því áhrif til lækkunar á barnabótum, en skerðingarhlutfall barnabóta vegna tekna nemur 5% fyrir eitt barn, 9% fyrir tvö börn og 11% ef börnin eru þrjú eða fleiri.

Af framangreindu má vera ljóst að öll rök hníga í þá átt að jafnræði sé í skattalegri meðferð á húsaleigubótum og vaxtabótum. Það er tilgangur frumvarpsins. Nái það fram að ganga mun það bæta verulega afkomu tekjulægstu hópanna í þjóðfélaginu. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra námu greiðslur húsaleigubóta á sl. ári 321 millj. kr. Að teknu tilliti til þess að margir geta nýtt persónuafslátt sinn til greiðslu á skatti af húsaleigubótum má ætla að tekjutap ríkissjóðs verði um 100 millj. kr. á ári, nái frumvarpið fram að ganga.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði ákvæði um húsaleigubætur í 7. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, en með þeirri breytingu verða húsaleigubætur skattfrjálsar. Samhliða frumvarpinu er flutt frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga er varða húsaleigubætur.

18. Beiðni um skýrslu [18. mál]

frá landbúnaðarráðherra um stöðu garðyrkjubænda og þróun á verði og neyslu grænmetis.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Sigríði Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Jóhanni Ársælssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Einari Má Sigurðarsyni og Kristjáni L. Möller.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að landbúnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu garðyrkjubænda og þróun á verði og neyslu grænmetis.

Óskað er eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

1. Hvernig hefur þróun grænmetisverðs (sundurliðað eftir tegundum, sé þess kostur) verið árlega frá árinu 1995, annars vegar verð á innlendu grænmeti og hins vegar innfluttu?
2. Hvernig hefur útsöluverð á innlendu grænmeti skipst milli framleiðenda, dreifingaraðila og opinberra aðila árlega sl. fimm ár?
3. Hvernig hefur kostnaðarverð (þ.e. innkaupsverð, innflutningstollar, magntollar, smásöluálagning, heildsöluálagning, virðisaukaskattur og flutningsgjöld) á innfluttu grænmeti skipst árlega frá 1995 (sundurliðað eftir tegundum, sé þess kostur)?
4. Hvernig hefur verð á grænmeti þróast samanborið við aðrar neysluvörur árlega frá 1995?
5. Hve mikið hefur verið flutt inn af grænmeti frá gildistöku GATT-samningsins 1995, sundurliðað eftir tegundum?
6. Hvernig samræmast miklir verndar- og magntollar á innfluttu grænmeti manneldis- og neyslustefnu stjórnvalda frá 1989?

7. Hver hefur heildarneysla á fersku grænmeti verið hér á landi á mann árlega frá 1995 samanborið við önnur Evrópulönd og hvernig hefur þróun grænmetisverðs verið í þessum löndum á þessu tímabili?
8. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því að á verðmiða grænmetis í verslunum verði skylda að skrá skilaverð til garðyrkjubænda?
9. Hvernig hefur afkoma garðyrkjubænda og gróðurhúsaeigenda verið árlega síðan 1995?
10. Hvernig er raforkuverð til ylræktar hér á landi í samanburði við önnur Evrópulönd?
11. Hvernig er háttað eignaraðild garðyrkjubænda í innflutnings- og dreifingarfyrirtækjum grænmetis?
12. Hvaða leiðir eru færar til að íslenskt grænmeti geti orðið samkeppnisfært við erlent grænmeti hvað verð snertir bæði hér á landi og erlendis og eru uppi áform hjá stjórnvöldum um að styrkja samkeppnisstöðu garðyrkjubænda?
13. Hvaða árangur hefur náðst í hagræðingu og framleiðsluaukningu hjá garðyrkjubændum frá árinu 1995?
14. Ríkir eðlileg samkeppni dreifingarfyrirtækja grænmetis og hvernig er eignarhaldi þar háttað?
15. Má ætla að skortur á samkeppni hafi leitt til verðstýringar á markaði?
16. Hvaða tekjur hefur ríkissjóður haft árlega sl. fimm ár af tollum á innflutt grænmeti?

Óskað er eftir að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi eins fljótt og auðið er eftir að henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Greinargerð.

Margt bendir til að neysla grænmetis hér á landi sé miklu minni en í öðrum löndum Evrópu og verð þess mun hærra.

Samkvæmt upplýsingum manneldisráðs jókst neysla fersks grænmetis á hvern Íslending um 12% á fyrstu fimm árum þessa áratugar en hefur síðan staðið í stað.

Þessi þróun gengur gegn manneldis- og neyslustefnu stjórnvalda sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 1989.

Á árunum 1990–2000 átti að ná fram meginmarkmiðum manneldis- og neyslustefnunnar en hún fól m.a. í sér áherslu á aukna neyslu grænmetis. Auk þess skyldi tekið mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar opinberra aðgerða sem áhrif hafa á verðlag matvæla.

Þróun grænmetisneyslu gefur sterka vísbendingu um að of hátt grænmetisverð gangi gegn manneldis- og neyslustefnu stjórnvalda.

Leiða má líkur að því að háir innflutnings- og magntollar vegna GATT-samningsins sem tóku gildi 1995 hafi stuðlað að þessari þróun.

Tilgangur þessarar skýrslubeiðni er að fá fram hvernig verð og neysla á grænmeti hefur þróast á undanförnum árum, m.a. vegna GATT-samningsins, í ljósi manneldis- og neyslustefnu stjórnvalda.

Ekki síður er tilgangur flutningsmanna að leiða í ljós hvaða leiðir eru færar til að lækka verð á grænmeti og auka samkeppni í greininni til að tryggja betur hag neytenda, en mikil fákeppni og einokun ásamt gífurlega háum innflutnings- og magntollum hefur haldið uppi háu verði á grænmeti.

Loks er tilgangur skýrslubeiðninnar að sjá hvernig til hefur tekist í uppbyggingu og hagræðingu hjá íslenskum garðyrkjubændum. Þannig væri betur hægt að sjá hvaða leiðir eru færar til að stuðla að bættri stöðu garðyrkjubænda í samkeppni við innflutt grænmeti.

19. Beiðni um skýrslu [19. mál]

frá félagsmálaráðherra um kjör einstæðra foreldra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Sigríði Jóhannesdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um kjör einstæðra foreldra.

Í skýrslunni er óskað eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

1. Hve margir einstæðir foreldrar búa, skipt eftir kyni og fjölda barna,
   a. í eigin húsnæði, skipt eftir félagslegu húsnæði og húsnæði á almennum markaði,
   b. í leiguhúsnæði,
      i. á almennum markaði,
      ii. á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka,
   c. við aðrar húsnæðisaðstæður,
   og hvernig er húsnæðisaðstaða þeirra miðað við aðra þjóðfélagshópa?
2. Hvað má áætla að framfærslukostnaður einstæðra foreldra sé hár, skipt eftir barnafjölda og aldri barna, og hvað má ætla að meðalhúsnæðiskostnaður einstæðra foreldra á mánuði sé hár, annars vegar í leiguhúsnæði og hins vegar í eigin húsnæði?
3. Hverjar eru félagslegar aðstæður barna einstæðra foreldra með tilliti til þátttöku í tómstundastarfi utan skóla, svo sem tónlistarnámi, íþróttum o.fl.? Hvernig er menntun þeirra háttað samanborið við menntun barna sambýlis- eða hjónafólks?
4. Hvernig er menntun einstæðra foreldra háttað?
5. Hverjar hafa meðaltekjur einstæðra foreldra verið á árunum 1995–99, skipt eftir kyni, og hver hefur meðalhækkun þeirra verið á þeim árum? Beðið er um samanburð við tekjur og hækkun hjá öðrum hópum á þessum árum.
6. Hve margir einstæðir foreldrar hafa atvinnutekjur
   a. undir 100 þús. kr.,
   b. 100–150 þús. kr.,
   c. 150–200 þús. kr.,
   d. yfir 200 þús. kr.,
   og í hvaða atvinnugreinum eru einstæðir foreldrar fjölmennastir?
7. Hverjar voru ráðstöfunartekjur einstæðra foreldra á árunum 1994–99 samanborið við aðra þjóðfélagshópa og hvernig skiptust ráðstöfunartekjurnar?
8. Hvað má áætla að meðlagsgreiðslur til einstæðra foreldra séu hátt hlutfall af framfærslukostnaði barna 0–15 ára annars vegar og hins vegar 15–19 ára?
9. Hver var eigna- og skuldastaða einstæðra foreldra árlega á árunum 1995–99 samanborið við aðra hópa?
10. Hve margir einstæðir foreldrar fengu árlega fjárhagsaðstoð hjá stærstu sveitarfélögunum á árunum 1994–99 samanborið við aðra hópa sem leitað hafa eftir fjárhagsaðstoð?
11. Hve margir einstæðir foreldrar fá
    a. barnabætur,
    b. húsaleigubætur,
    c. námslán,

d. bætur
frá Tryggingastofnun ríkisins og þá hverjar?

12. Hverjar voru meðalskattgreiðslur einstæðra foreldra tekjuárin 1997 og 1998 og hve margir þeirra voru skattlausir?
13. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á mæðralaunum sl. fjögur ár og hvaða áhrif hafa þær haft?
14. Eru uppi áform af hálfu ráðherra eða ríkisstjórnarinnar um að bæta kjör, aðbúnað eða stöðu einstæðra foreldra?

Greinargerð.

Beiðni þessi er nær samhljóða beiðni til félagsmálaráðherra frá 123. löggjafarþingi en ráðherra skilaði þá ekki skýrslu til Alþingis. Beiðnin er nú endurflutt með þeim breytingum að ártölum í 5., 7., 9. og 10. tölul. er breytt, auk þess sem bætt er við spurningu um skattgreiðslur einstæðra foreldra. Beiðninni frá 123. löggjafarþingi fylgdi svofelld greinargerð:

Á ráðstefnu sem Félag einstæðra foreldra hélt nýlega komu fram upplýsingar um mjög slæma stöðu einstæðra foreldra og barna þeirra, bæði fjárhagslega og félagslega. Virðist svo vera að á margan hátt hafi einstæðir foreldrar dregist aftur úr öðrum hópum á umliðnum árum og má í því sambandi geta þess að á sl. þremur árum hefur einstæðum foreldrum sem leita þurfa fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum fjölgað verulega. Auk þess eru einstæðir foreldrar mjög fjölmennir í hópi láglaunafólks og þeirra sem þurfa á leiguhúsnæði og félagslegu húsnæði að halda. Því hefur einnig verið haldið fram að félagsleg staða barna einstæðra foreldra sé um margt miklu lakari en annarra barna, m.a. til tómstundaiðkana og menntunar. Einnig hefur komið fram hjá landlæknisembættinu að samhengi sé milli heilsufars barna og félagslegrar stöðu foreldra.

Í ljósi framangreinds er nauðsynlegt að fá fram heildstæða mynd af kjörum og aðbúnaði einstæðra foreldra og barna þeirra sem gæti gefið upplýsingar um hvaða leið sé vænlegust til að bæta hag þeirra í þjóðfélaginu, en það er tilgangurinn með þessari skýrslubeiðni.

20. Beiðni um skýrslu [20. mál]

frá viðskiptaráðherra um endurskoðaða úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja sem starfa á íslenskum markaði.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóhanni Ársælssyni, Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sigríði Jóhannesdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að viðskiptaráðherra feli samkeppnisráði að endurskoða úttekt sína frá því í desember 1994 um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi og leggi hana fyrir Alþingi sem skýrslu. Fyrst verði hafist handa um skoðun á stjórnunar- og eignatengslum í fyrirtækjum sem starfa í verslun, sjávarútvegi og fjármálaþjónustu og Alþingi kynnt niðurstaðan.

Greinargerð.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í samkeppnislögum, nr. 8/1993, var samkeppnisráði ætlað að gera á árunum 1993 og 1994 úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja sem starfa á íslenskum markaði, leggja hana fyrir viðskiptaráðherra sem síðan skyldi leggja hana fyrir Alþingi sem skýrslu. Samkeppnisráð vann þetta verk eins og fyrir var mælt í lögunum og skilaði skýrslu um viðfangsefnið sem dagsett var 30. desember 1994. Þáverandi viðskiptaráðherra lagði skýrsluna síðan fyrir Alþingi.

Úttekt þessi var mjög umfangsmikil, tæplega 500 blaðsíður í bókarformi, og veitti ýmsar mjög athyglisverðar upplýsingar um viðskipta-, hagsmuna- og eignatengsl fyrirtækja á íslenskum markaði.

Með skýrslunni var í fyrsta skipti varpað ljósi á margþætt eignatengsl tiltölulega fárra ráðandi aðila í íslensku atvinnulífi og mörgum varð þá ljós hættan á því að völd söfnuðust á fárra hendur og fákeppni kæmi í stað virkrar samkeppni í mörgum þáttum atvinnulífs.

Frá því að skýrslan kom út hafa miklar eignatilfærslur orðið milli aðila og verður ekki betur séð en að sumir þeirra aðila og fyrirtækja sem áður voru öflugir og sterkir og áttu ráðandi hlut í mörgum fyrirtækjum, bæði innan einstakra starfsgreina og í mörgum starfsgreinum, hafi enn eflt eignastöðu sína og aukið völd sín. Þingmenn Samfylkingarinnar, sem standa að þessari skýrslubeiðni, telja því tíma til þess kominn að skýrsla samkeppnisráðs frá því í desember 1994 verði endurskoðuð og uppfærð og lögð að því loknu fyrir Alþingi og þar með gerð opinber.

Gagnrýnin umræða um hættu á valdasamþjöppun í atvinnulífinu, óæskilega mikil ítök fárra félaga og einstaklinga í atvinnustarfseminni og fákeppni byggist á gagnsæi markaðar með hlutabréf og haldgóðum upplýsingum um flókið net fyrirtækjasamsteypa og eignarhaldsfélaga. Skýrsla eins og sú sem samkeppnisráð gerði í árslok 1994 er ómetanlega mikilvægt grundvallaratriði til slíkrar umfjöllunar. Því fara framangreindir þingmenn Samfylkingarinnar fram á að Alþingi kalli nú eftir endurskoðun á þeirri skýrslu sem gerð verði aðgengileg fyrir þing og þjóð.

Þá hefur glögglega komið fram að sérstaklega miklar breytingar hafa orðið á stjórnum og eignatengslum í fyrirtækjum sem starfa á sviði verslunar, sjávarútvegs og fjármálaþjónustu. Þingflokkurinn telur því æskilegt að endurskoðun samkeppnisráðs hefjist á fyrirtækjatengslum í þeim greinum atvinnulífsins og geri niðurstöður þeirrar athugunar opinberar strax að henni lokinni.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

1. gr.

Í stað orðsins „landslagshönnuða“ í 7. tölul. 1. gr. laganna kemur: landslagsarkitekta (landslagshönnuða).

Breyting á lögum nr. 73/1997, skipulags- og byggingarlögum.

2. gr.

Í stað orðsins „landslagshönnuðir“ í 2. mgr. 48. gr. og 4. mgr. 49. gr. laganna kemur: landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt til að lögfest verði og fjallar um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, og lögum nr. 73/1997, skipulags- og byggingarlögum, er flutt að tilmælum Félags íslenskra landslagsarkitekta — FÍLA.

Á 111. löggjafarþingi 1988–89 var starfsheitinu landslagshönnuður bætt inn í þágildandi lög nr. 62/1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, með lögum nr. 44/1989. Kröfur FÍLA um að starfsheitið landslagsarkitekt yrði lögverndað voru ekki teknar til greina þar eð starfsheitið arkitekt hafði ekki fengið viðurkenningu af stjórnvöldum og var því starfsheitið landslagshönnuður látið nægja. Starfsheitinu húsameistari var hins vegar breytt skömmu síðar í arkitekt og var því sá rökstuðningur ekki lengur til staðar sem notaður var til að hafna óskum FÍLA. Vill félagið því nú að lögverndaða starfsheitinu landslagshönnuður verði breytt í landslagsarkitekt.

Félag íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, var stofnað árið 1978 og eru félagsmenn nú fjörutíu talsins. Fullgildir félagsmenn geta þeir orðið sem lokið hafa námi í landslagsarkitektúr við menntastofnanir sem eru viðurkenndar af félaginu og International Federation of Landscape Architects — IFLA. Hefð fyrir starfsheitinu landslagsarkitekt er jafngömul félaginu og allir félagsmenn nota það. Þykir félögum FÍLA því full ástæða til að lögvernda starfsheitið landslagsarkitekt.

Framangreind breyting var borin undir Arkitektafélag Íslands og gat stjórn félagsins fallist á hana. Þá kom fram að allir félagar í Félagi íslenskra landslagsarkitekta eru með háskólapróf í landslagsarkitektúr. Var og fallist á að þeir sem uppfylltu skilyrði til að gerast félagar í Félagi íslenskra landslagsarkitekta fengju löggildingu á starfsheitinu landslagsarkitekt. Hér er gengið út frá því að menntunarkröfur séu sambærilegar þeim sem Arkitektafélag Íslands gerir til sinna félaga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta starfsheitinu landslagshönnuður í lögunum í landslagsarkitekt.

Verði frumvarpið að lögum óbreytt verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar hafa verið í reglugerð iðnaðarráðherra, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara. Um löggildingu skal hafa samráð við menntamálaráðherra og landssamtök meistara og sveina.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Hver maður getur leyst til sín meistarabréf ef hann fullnægir skilyrðum 3. gr., hefur lokið sveinsprófi, unnið síðan undir stjórn meistara í iðngrein sinni eitt ár minnst og jafnframt lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Eigi sveinn ekki völ á starfi undir stjórn meistara í nýrri iðngrein sinni fyrstu fimm árin eftir löggildingu hennar telst tveggja ára starf hans í þeirri grein jafngilt starfi hjá meistara en lögreglustjóri skal gefa viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, kost á að segja álit sitt á því hvort völ sé á slíku starfi. Sama gildir í iðngreinum þar sem ekki er starfandi meistari eða þar sem sveinn á af öðrum ástæðum sannanlega engan kost á starfi undir stjórn meistara.

3. gr.

3. og 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra gefur út sveinsbréf.

Greiða skal gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs fyrir iðnaðarleyfi, meistarabréf og sveinsbréf.

4. gr.

Í stað orðanna „til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs“ í 16. gr. laganna kemur: til missis iðnaðarleyfis, meistarabréfs og sveinsbréfs.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi 2. málsl. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, varðandi reglugerð menntamálaráðherra að því er snertir löggiltar iðngreinar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi og er nú lagt fram á ný óbreytt.

Markmiðið með frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar er ætlunin að leysa úr vanda sveina við að fá meistarabréf í iðngrein sinni ef eigi er völ á meistara í greininni (breyting á 1. mgr. 10. gr. iðnaðarlaga). Hins vegar er skilið á milli hlutverks menntamálaráðherra varðandi menntun í löggiltum iðngreinum og hlutverks iðnaðarráðherra við að veita mönnum síðan starfsréttindi. Breytingar á löggjöf að þessu leyti er gerð í samvinnu iðnaðarráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að iðnaðarráðherra ákveði í reglugerð hvaða iðngreinar séu löggiltar. Skv. 5. gr. frumvarpsins fellur við gildistöku laga á grundvelli frumvarpsins úr gildi ákvæði í lögum um framhaldsskóla en menntamálaráðherra hefur á grundvelli þess ákveðið í reglugerð hvaða iðngreinar séu löggiltar. Eðlilegra þykir að iðnaðarráðherra taki ákvarðanir þar að lútandi þar eð starfsréttindi í iðnaði heyra undir hann en ekki menntamálaráðherra sem sér hins vegar um menntun þeirra sem starfa í löggiltum iðngreinum. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra hafi samráð við menntamálaráðherra við mat á löggildingu enda getur löggildingin tengst kennslu, t.d. í fámennum iðngreinum, svo og að samráð sé haft við landssamtök meistara og sveina.

Um 2. gr.

1. málsl. er efnislega óbreyttur.

Þegar ný iðngrein er löggilt geta þeir sem fyrstir ljúka sveinsprófi í greininni ekki snúið sér til meistara í greininni og þannig fullnægt því skilyrði 1. mgr. 10. gr. iðnaðarlaga að starfa eitt ár undir stjórn meistara eftir sveinspróf. Það er með öðrum orðum ómögulegt. Úr þessu og jafnvel fleiri tilvikum, þegar ekki er völ á meistara í nýrri iðngrein, svo sem þegar nýr meistari annar ekki eftirspurn frá sveinum í iðngreininni, er ætlunin að bæta í 2. málsl. þessarar greinar frumvarpsins. Þar segir að eigi sveinn ekki völ á starfi undir stjórn meistara í nýrri iðngrein sinni fyrstu fimm árin eftir löggildingu hennar teljist tveggja ára starf hans í iðngreininni, sjálfstætt eða hjá öðrum, jafngilt starfi hjá meistara enda skuli lögreglustjóri í slíkum tilvikum gefa viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, kost á að segja álit sitt á því hvort völ sé á slíku starfi. Samkvæmt þessu miðast 2. málsl. við fyrstu fimm árin eftir löggildingu iðngreinarinnar en eftir þann tíma á 3. málsl. við. Eðlilegt þykir að gera kröfu um tveggja ára starf í þessum tilvikum þar eð ætla má að starf hjá meistara sé notadrýgra. Þá dregur slíkt skilyrði úr hættu á því að þess sé freistað að sniðganga ákvæðið um árs starf hjá meistara.

Ákvæðum 3. málsl. greinarinnar er ætlað að leysa úr vanda ef ekki er starfandi meistari í iðngrein eða sveinn á af öðrum ástæðum sannanlega engan kost á starfi undir stjórn meistara, svo sem ef meistari í fámennri iðngrein er að vísu til en hann getur ekki, t.d. vegna aldurs eða heilsuleysis, tekið svein til starfa. Hér er eins og í 2. málsl. þörf á tveggja ára starfi og leita skal álits viðkomandi félags iðnaðarmanna.

Stundum getur verið mikið matsatriði hvort völ sé á meistara. Almennt kann að mega líta svo á að völ sé á meistara ef meistari í iðngrein viðkomandi sveins er til hér á landi þannig að leita verði til hans en í sérstökum undantekningartilvikum má þó telja að ekki sé völ á meistara, t.d. ef fyrsti meistari í nýrri iðngrein getur ekki annað eftirspurn af hálfu sveina eða meistari færist undan að taka svein til starfa. Sakir þessara erfiðleika við matið er ráðgert að bæta inn í lögin ákvæði um að lögreglustjóri skuli gefa viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, kost á að segja álit sitt á málum, sbr. samsvarandi ákvæði um álit á viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki skv. 3. mgr. 2. gr. laganna. Ágreining um synjun lögreglustjóra um meistarabréf, að fenginni umsögn iðnráðs að auki í tilvikum sem þessum, getur viðkomandi skv. 12. gr. iðnaðarlaga borið undir iðnaðarráðherra og enn fremur getur hann leitað úrskurðar dómstóla sem hafa síðasta orðið.

Þar eð meistaraskóli er nú ávallt fyrir hendi er núverandi 2. málsl. felldur niður samkvæmt frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um það að iðnaðarráðherra skuli gefa út sveinsbréf en útgáfa sveinsbréfa er nú í höndum menntamálaráðherra á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 278/1997, um sveinspróf. Jafnframt er í þessari grein frumvarpsins vísað til þess að samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs skal greiða gjald fyrir iðnaðarleyfi (nú 25.000 kr.), meistarabréf (nú 5.000 kr.) og sveinsbréf (nú 5.000 kr.). Breytist gjaldtaka ekki við flutning á útgáfu sveinsbréfa frá menntamálaráðherra til iðnaðarráðherra.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á viðurlagaákvæðum 16. gr. iðnaðarlaga vegna ítrekaðs brots á lögunum. Geta slík brot samkvæmt frumvarpinu ekki einungis leitt til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs eins og nú er kveðið á um í iðnaðarlögum heldur einnig missis sveinsbréfs.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildistöku og jafnframt fellt niður ákvæði í lögum um framhaldsskóla, sbr. athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978.

Tilgangur frumvarpsins er tvíþættur, annars vegar að leysa úr vanda iðnsveina við að fá meistararéttindi í iðngrein ef ekki er völ á meistara og hins vegar að færa veitingu starfsleyfa í löggiltum iðngreinum frá menntamálaráðherra til iðnaðarráðherra.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að umsóknir sveina sem sækja um meistarabréf og ekki eiga völ á að starfa undir stjórn meistara fari til umsagnar hjá viðkomandi félagi iðnaðarmanna áður en lögreglustjóri gefur út leyfið. Talið er að þetta fyrirkomulag hafi óverulega áhrif á kostnað ríkissjóðs. Áfram er gert ráð fyrir að greitt sé gjald fyrir iðnaðarleyfi, meistarabréf og sveinsbréf samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, en samkvæmt gildandi lögum er tekið 5 þús. kr. gjald fyrir meistarabréf.

23. Frumvarp til laga [23. mál]

um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslujöfnunar í greiðslukerfum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Ákvæði þessara laga taka til greiðslukerfis sem rekið er hér á landi og sem tilnefnt hefur verið í samræmi við ákvæði 3. gr. laganna.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Greiðslukerfi:* Formlegt greiðslujöfnunar- eða stórgreiðslukerfi þriggja eða fleiri þátttakenda sem byggist á sameiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við greiðslujöfnun og framkvæmd *greiðslufyrirmæla* milli þeirra, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína hér á landi, og greiðslukerfið fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru og það hefur verið tilkynnt til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og framkvæmdastjórnar EB, sbr. 3. gr.
2. *Stofnun:*
   a. Viðskiptabanki eða sparisjóður sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
   b. Fyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.
   c. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.
   d. Deild eða deildir í stofnun, sbr. a–c-lið hér að framan, sem ekki teljast sérstakar persónur að lögum en tilheyra eftirlitsskyldri erlendri stofnun sem hefur starfsleyfi og útibú hér á landi.
   e. Seðlabanki Íslands eða stofnun með ríkisábyrgð sem heimild hefur til að stunda að hluta eða öllu leyti starfsemi sem fellur undir a–c-lið.
3. *Milligönguaðili:* Aðili sem hefur milligöngu fyrir stofnun í greiðslukerfi og hefur einkarétt á miðlun greiðslufyrirmæla viðkomandi stofnunar.
4. *Uppgjörsaðili:* Aðili sem stofnar og sér um uppgjörsreikninga fyrir stofnanir og milligönguaðila og sér um framkvæmd á greiðslufyrirmælum þeirra og veitir þeim eftir atvikum lán í þessu skyni.
5. *Greiðslujöfnun:* Að umbreyta í eina kröfu eða skuldbindingu mörgum kröfum eða skuldbindingum, sem eiga rót að rekja til greiðslufyrirmæla sem þátttakendur hafa annaðhvort gefið eða eiga að taka við frá einum eða fleiri þátttakendum svo að aðeins ein (nettó) krafa eða skuldbinding myndast um greiðslu eða greiðsluskyldu þátttakanda.
6. *Uppgjörsreikningur:* Reikningur í seðlabanka, hjá milligöngu- eða uppgjörsaðila sem er notaður til að varðveita innstæður og verðbréf til uppgjörs á greiðslum milli þátttakenda í greiðslukerfi.
7. *Greiðslufyrirmæli:* Sérhver fyrirmæli þátttakanda um að móttakanda sem þar er vísað til séu afhentir fjármunir með því að leggja með reikningsfærslu tiltekna fjárhæð inn á reikning stofnunar, seðlabanka eða uppgjörsaðila, eða sérhver fyrirmæli sem skuldbinda hann eða leysa hann undan skyldu til að inna af hendi greiðslu eins og hún er nánar skil-

greind í reglum greiðslukerfisins, eða fyrirmæli þátttakanda um að framselja bein eða óbein eignarréttindi í verðbréfum með rafrænni eignarskráningu, eða önnur sambærileg fyrirmæli.

8. *Greiðslujöfnunarstöð:* Aðili sem vinnur úr greiðslufyrirmælum sem berast frá stofnunum og annast greiðslujöfnun þeirra á milli, einnig milligöngu- og uppgjörsaðili, ef það á við.
9. *Þátttakandi:* Stofnun, milligönguaðili, greiðslujöfnunarstöð eða uppgjörsaðili.
10. *Óbeinn þátttakandi:* Lánastofnun sem fellur undir a- eða b-lið 2. tölul. um skilgreiningu á stofnun og sem gert hefur samning við stofnun sem á aðild að greiðslukerfi og sem gerir lánastofnuninni fært að senda greiðslufyrirmæli í gegnum greiðslukerfið.
11. *Veðtryggingar:* Allar seljanlegar eignir, þ.m.t. peningainnstæður, verðbréf og samningar um endurhverf viðskipti eða aðrir sambærilegir samningar sem gerðir eru eða lagðir fram til tryggingar í greiðslukerfi eða í seðlabönkum.
12. *Seðlabanki:* Seðlabanki í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Seðlabanki Evrópu.
13. *Stórgreiðslukerfi:* Kerfi sem seðlabankar, eða aðilar sem hafa til þess heimild, starfrækja vegna mikilvægra og meiri háttar greiðslufyrirmæla þátttakenda fyrir eigin reikning þeirra eða reikning viðskiptamanna.
14. *Greiðslujöfnunarkerfi:* Kerfi sem annast greiðslujöfnun.

3. gr.

Seðlabanki Íslands gerir tillögu til ráðherra um greiðslukerfi sem hann telur að fullnægi ákvæðum þessara laga og tilnefna skal í samræmi við 2. mgr. að fenginni umsókn þeirra aðila sem starfrækja greiðslukerfi hér á landi.

Ráðherra skal með auglýsingu sem birt er í Lögbirtingablaðinu kunngera þau innlendu greiðslukerfi sem tilnefnd hafa verið og falla undir ákvæði þessara laga og senda tilkynningu þar um til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

II. KAFLI
Greiðslujöfnun og greiðslufyrirmæli.

4. gr.

Öll greiðslufyrirmæli, svo og greiðslujöfnun, skulu vera að öllu leyti bindandi gagnvart þriðja manni, jafnvel þó að bú þátttakanda sem fyrirmælin gaf sé tekið til gjaldþrotaskipta, enda séu fyrirmælin komin til greiðslukerfisins áður en úrskurður um gjaldþrot er kveðinn upp.

Sama gildir að því er varðar greiðslufyrirmæli sem koma til greiðslukerfisins á sama degi og gjaldþrotaskipti á búi þátttakanda hefjast en eftir þá stund sem tilgreind er í 6. gr., enda hafi greiðslujöfnunarstöð, milligöngu- eða uppgjörsaðili sýnt fram á að hann hafi hvorki vitað né mátt vita um þau.

Í greiðslukerfum er skylt að skilgreina hvenær greiðslufyrirmæli teljast vera komin til kerfisins og er afturköllun þeirra óheimil eftir tímamark það sem tiltekið er í reglum kerfisins.

5. gr.

Uppgjörsaðili annast efndalok greiðslufyrirmæla í greiðslukerfi. Allar innstæður eða verðbréf á uppgjörsreikningum eða lántökuréttindi honum tengd er uppgjörsaðila heimilt að

nota til uppgjörs skuldbindinga þátttakanda gagnvart greiðslukerfi á þeim degi sem gjaldþrotaskipti hefjast, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

III. KAFLI
Ákvæði er varða gjaldþrotaskipti.

6. gr.

Hafi bú stofnunar verið tekið til gjaldþrotaskipta skal héraðsdómari tilkynna það þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, með símskeyti, símbréfi eða rafrænum hætti, enda sé unnt að staðreyna og staðfesta efni og móttöku tilkynningarinnar. Í úrskurði um gjaldþrot, svo og tilkynningu um hann, skal koma fram nákvæm tilgreining þeirrar stundar er úrskurður var kveðinn upp um gjaldþrotaskipti á búi stofnunar. Tilkynningu sem gerð er samkvæmt þessari grein skal Fjármálaeftirlitið senda þegar í stað til hlutaðeigandi yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu sem aðildarríkin hafa tilgreint sem móttakanda slíkra tilkynninga.

7. gr.

Um réttindi og skyldur þátttakanda í greiðslukerfi sem tekinn hefur verið til gjaldþrotaskipta skal fara eftir lögum þess ríkis sem gildir um hlutaðeigandi greiðslukerfi.

IV. KAFLI
Vernd veðréttinda gegn gjaldþrotaskiptum á búi veðþola.

8. gr.

Gjaldþrotaskipti á búi þátttakanda eða milligönguaðila skulu á engan hátt skerða rétt annarra þátttakenda eða seðlabanka til veðtrygginga. Ávallt er heimilt að innleysa þegar í stað veðtryggingar samkvæmt þessari grein til fullnustu á kröfum annarra þátttakenda eða seðlabanka.

9. gr.

Þegar veðtrygging er veitt í rafbréfum, eða erlendum verðbréfum sem eru rafrænt skráð á viðurkenndan hátt að lögum, skal um slíkar veðtryggingar að öllu leyti fara samkvæmt lögum þess ríkis þar sem rafræn skráning verðbréfanna fer fram.

V. KAFLI
Upplýsingagjöf vegna þátttöku í greiðslukerfi o.fl.

10. gr.

Þátttakandi í greiðslukerfi skal upplýsa hvern þann sem þess óskar og hefur lögmætra hagsmuna að gæta um það í hvaða greiðslukerfi hann tekur þátt og um helstu reglur sem gilda um starfsemi hlutaðeigandi kerfis.

11. gr.

Um samning óbeins þátttakanda um aðild að greiðslukerfi fer samkvæmt íslenskum lögum.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

12. gr.

Lög þessi eru sett í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/1999 og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 26

19. maí 1998, um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er að finna tillögur um að taka upp í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins og Evrópuþingsins nr. 26 19. maí 1998, um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum, sem felld var inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/1999.

Hinn 19. mars 1999 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til þess að „gera tillögur um með hvaða hætti eigi að lögleiða á Íslandi ákvæði tilskipunar 98/26/EB. Tilgangur tilskipunarinnar er að tryggja öryggi í uppgjöri viðskipta á fjármagnsmarkaðnum og eru þar að finna m.a. ákvæði um að ekki megi við ákveðnar kringumstæður beita riftunarreglum gjaldþrotalaga vegna uppgjörs viðskipta milli fjármálastofnana, sem ella kynni að vera heimilt ef ákvæða tilskipunarinnar, svo og laga settra samkvæmt þeim, nyti ekki við."

Í nefndina voru skipaðir: Tryggvi Axelsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneyti, formaður, Benedikt Bogason, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneyti, Sigfús Gauti Þórðarson deildarstjóri, Seðlabanka Íslands, Einar Baldvin Stefánsson lögfræðingur, Verðbréfaskráningu Íslands hf., Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðideildar Landsbanka Íslands hf.

Tilgangur með frumvarpi þessu er að bregðast við kerfisbundinni áhættu sem bent var á í svonefndri „Lamfalussy"-skýrslu frá 1990 sem samin var fyrir seðlabankastjóra tíu helstu iðnríkja heims.

Auk þess er markmið setningar reglna á þessu sviði að tryggja eins og unnt er skilvirk og örugg fjármálaviðskipti á hinum sameiginlega innri markaði í Evrópu sem Ísland á aðild að með samningnum um Evrópska efnhagssvæðið. Öryggi í uppgjöri viðskipta milli fjármálastofnana og trygging þess með lögum, eins og hér er lagt til, eru talin stuðla að frjálsu fjármagnsflæði og frelsi til að veita fjármálaþjónustu á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Í frumvarpinu er lagt til að í viðskiptum á fjármálamarkaði sem fram fara hér innan lands verði tryggt að uppgjöri viðskipta í greiðslukerfum sé í engu raskað þrátt fyrir að gjaldþrotameðferð sé hafin á hendur einum þátttakenda í viðskiptunum. Markmið frumvarpsins er því einnig að einangra uppgjör sem fram fer í greiðslukerfum fyrir fjármagnsmarkaðinn frá t.d. almennum riftunarákvæðum laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., fram að því að úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp. Samkvæmt áðurnefndri skýrslu Lamfalussy mun slíkt stuðla að auknu öryggi fjármálakerfisins og koma í veg fyrir neikvæð og keðjuverkandi áhrif á uppgjör viðskipta ef slík vernd væri ekki fyrir hendi að lögum.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að veðtryggingum, þ.m.t. innstæðum, sem fjármálastofnanir setja til tryggingar uppgjöri viðskipta og öruggum greiðslum í því sambandi, verði ekki unnt að rifta ef slíkir fjármunir eru notaðir til uppgjörs viðskipta áður en úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp. Sem fyrr segir er tilgangur þess einnig að tryggja öryggi í uppgjöri viðskipta hér á landi.

Um þessar mundir eru sett sambærileg ákvæði í löggjöf allra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins en samkvæmt tilskipuninni ber að taka upp ákvæði hennar í innlendan rétt eigi síðar en 11. desember 1999. Frumvarpið er því liður í því að tryggja öryggi í uppgjöri viðskipta á fjármagnsmarkaði á öllum sameiginlegum innri markaði í Evrópu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gildissvið frumvarpsins afmarkað en gert er ráð fyrir að ákvæði þess skuli gilda um þau greiðslukerfi sem starfrækt eru hér á landi og uppfylla skilyrði sem um slík kerfi gilda, sbr. 1. tölul. 2. gr. frumvarpsins.

Á undanförnum árum hafa málefni sem tengjast uppgjöri viðskipta á íslenskum fjármálamarkaði verið í brennidepli. Í desember 1997 samþykkti Alþingi lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Með setningu þeirra má segja að lagður hafi verið grundvöllur að pappírslausum verðbréfaviðskiptum á Íslandi. Gert er ráð fyrir að sú starfsemi hefjist síðari hluta ársins 1999. Í 1. mgr. 15. gr. þeirra laga segir: „Seðlabanki Íslands tekur við innlánum frá reikningsstofnunum sem aðild eiga að verðbréfamiðstöð og annast efndalok viðskipta þeirra með rafbréf." Við samningu þess frumvarps er síðar varð að lögum nr. 131/1997 kom til álita að fela verðbréfamiðstöð (sbr. nú Verðbréfaskráningu Íslands hf.) einnig það hlutverk að hafa með höndum endanlegt uppgjör á eignarskráningum sem þar fara fram og veita henni heimild til þess að stofna uppgjörsreikninga fyrir reikningsstofnanir í þessu skyni. Niðurstaðan varð hins vegar sú að fela Seðlabanka Íslands þetta, enda eitt af hlutverkum hans samkvæmt lögum að vera banki bankanna, og annarra lánastofnana, og því talið í bestu samræmi við ákvæði gildandi laga að þetta yrði áfram á hendi Seðlabanka Íslands. Endanlegt uppgjör greiðslufyrirmæla vegna viðskipta með rafbréf og „efndalok viðskipta" mun því Seðlabanki Íslands annast samkvæmt áðurnefndri 15. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Í desember 1998 skilaði vinnuhópur af sér skýrslu til Seðlabanka Íslands, „Skipulag greiðslumiðlunar — tillögur sameiginlegs vinnuhóps Seðlabanka Íslands og Sambands íslenskra viðskiptabanka". Í skýrslunni er að finna greinargott yfirlit um innlenda greiðslumiðlunarkerfið, svo og tillögur um framtíðartilhögun þess. Tillaga vinnuhópsins er að núverandi greiðslumiðlunarkerfi verði skipt í þrjá hluta. Í fyrsta lagi í stórgreiðslukerfi sem annist færslur á milli uppgjörsreikninga uppgjörsaðila í Seðlabankanum. Í öðru lagi í svonefnt smágreiðslukerfi, en þar er átt við þau kerfi greiðslumiðla sem tengjast m.a. rafrænum viðskiptum, svo sem heimildagjöf vegna debet- og kreditkorta, færsluskilum í lok dags og jöfnun milli þátttakenda. Í þriðja lagi gerir starfshópurinn tillögu um aðgreiningu svonefndra viðskiptalegra verkefna sem Reiknistofa bankanna og aðrir aðilar að greiðslumiðluninni (til að mynda VISA Ísland, Europay, Íslandspóstur o.fl.) reka og annast eingöngu fyrir þau fyrirtæki og eigendur þeirra. Tillögur starfshópsins hafa að undaförnu verið til umfjöllunar hjá öllum sem koma að uppgjöri á greiðslum hér á landi. Þess er að vænta að frekari skref verði stigin á næstunni í því skyni að endurskipuleggja greiðslukerfi og önnur kerfi sem hér eru starfrækt við greiðslujöfnun milli þátttakenda á fjármagnsmarkaði. Þrátt fyrir að endurskipulagningu á þessu sviði sé ekki að fullu lokið verður ekki séð að ákvæði þessa frumvarps rekist á þær hugmyndir sem þar er stefnt að, enda er markmið þess að veita greiðslufyrirmælum og greiðslujöfnun í greiðslukerfum vernd verði einhver þátttakenda gjaldþrota, en það snertir ekki tilhögun og skipulag uppgjörsmála hér á landi að öðru leyti.

Í greininni er tekið fram að frumvarpið taki til greiðslukerfa sem tilnefnd eru skv. 3. gr. frumvarpsins. Sem dæmi um slík kerfi sem ráðherra, sbr. 3. gr., verður beðinn um að tilkynna til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) má nefna uppgjörskerfi Seðlabanka Íslands fyrir stórgreiðslur (stórgreiðslukerfið), jöfnunarkerfi Reiknistofu bankanna fyrir peningagreiðslur og jöfnunarkerfi vegna uppgjörs rafrænna eignarskráningar verðbréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Ákvæði frumvarpsins miða að því að vernda uppgjör sem fram fer á vegum fyrrgreindra aðila.

Meginmarkmið frumvarpsins er eins og áður hefur komið fram að vernda afmarkaðan hluta fjármálakerfisins gegn því að unnt verði að beita riftunarreglum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við uppgjörið sem þar hefur átt sér stað, enda hafi greiðslufyrirmæli verið komin til greiðslukerfisins áður en úrskurður um gjaldþrot var kveðinn upp, sbr. t.d. nánar ákvæði 4. gr. frumvarpsins. Það mun koma í veg fyrir að hugsanleg vanefnd eins þátttakanda í uppgjörinu hafi keðjuverkandi áhrif út í fjármálakerfið með því að hægt verði að ógilda uppgjör sem átt hefur sér stað í greiðslukerfi fyrir upphaf gjaldþrotaskipta þátttakandans og vanefnd er rakin til. Ákvæði frumvarpsins mun því auka stöðugleika og öryggi í viðskiptum á fjármagnsmarkaði.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreiningar á ýmsum mikilvægum aðilum, svo og öðrum atriðum er máli skipta varðandi greiðslukerfi og uppgjör viðskipta í fjármálaþjónustunni.

Í tilskipun 98/26/EB er greiðslukerfi (á ensku *system*) skilgreint sem formlegt greiðslujöfnunar- eða stórgreiðslukerfi þriggja eða fleiri þátttakenda, sem byggist á sameiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við greiðslujöfnun og framkvæmd *greiðslufyrirmæla* milli þeirra, og fellur undir lög í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem þátttakendur hafa valið sér, enda hafi a.m.k. einn þeirra aðalskrifstofu sína í því ríki. Enn fremur er áskilið að stjórnvöld þar telji að greiðslukerfið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru og hafi tilkynnt það til framkvæmdastjórnar EB. Í 1. tölul. er hugtakið *greiðslukerfi* fellt að framangreindri skilgreiningu tilskipunar 98/26/EB. Greiðslukerfi er því samkvæmt ákvæðinu formlegt greiðslujöfnunar- eða stórgreiðslukerfi þriggja eða fleiri þátttakenda, sem byggist á sameiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við greiðslujöfnun og framkvæmd greiðslufyrirmæla, enda hafi að minnsta kosti einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína hér á landi. Til þess að greiðslukerfi teljist falla undir skilgreiningu frumvarpsins er þess einnig krafist að það uppfylli þær kröfur sem Seðlabanki Íslands gerir til slíkra kerfa og hefur verið tilkynnt í samræmi við ákvæði 3. gr. frumvarpsins. Rétt er að geta þess að þegar vísað er til þess í ákvæðinu að greiðslukerfi skuli skilgreint sem formlegt kerfi þriggja eða fleiri þátttakenda er miðað við, eins og kemur reyndar fram í ákvæði a-liðar 2. gr. í tilskipun 98/26/EB, að þá skuli ekki telja með milligönguaðila, greiðslujöfnunarstöð eða óbeina þátttakendur.

Í 2. tölul. er hugtakið *stofnun* (á ensku *institution*) skilgreint. Samkvæmt skilgreiningunni tekur það til þeirra aðila sem taldir eru upp í a–e-lið töluliðarins. Í a-lið eru taldir upp viðskiptabankar eða sparisjóðir sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 113/1996. Í b-lið eru nefnd og felld undir þetta hugtak fyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Í c-lið er vikið að fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum nr. 13/1996. Í d-lið er tekið fram að undir hugtakið geti einnig fallið deild eða deildir í stofnun sem nefnd er í a–c-lið sem teljast ekki sérstakar persónur að lögum en tilheyra erlendri stofnun sem hefur starfsleyfi hér á landi og hefur stofnað hér útibú. Um skilyrði þess að erlendar fjármálastofnanir megi starfa hér á landi fer eftir ákvæðum þeirra sérlaga sem um þær gilda, sbr. t.d. ákvæði laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. XI. kafla þeirra laga. Um nánari skýringar á heimild erlendra aðila til að starfa hér á landi vísast til ákvæða í viðeigandi sérlögum sem um starfsemina kunna að gilda. Miðað er við að þær stofnanir (eða deildir) sem falla undir ákvæði þessa töluliðar séu eftirlitsskyldar á grundvelli þeirra laga sem um þær gilda. Í e-lið er tekið fram að ákvæðið eigi við um Seðlabanka Íslands en í tilskipuninni er gert ráð fyrir að undir hugtakið stofnun geti fallið stjórnvöld (á ensku *public authority*), sbr. b-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB. Þar eru einnig felldar undir þessa skilgreiningu stofnanir með ríkisábyrgð (á

ensku *publicly guaranteed undertakings*). Nauðsynlegt þykir að taka þetta inn í frumvarpið einkum með tilliti til þess að erlendir aðilar af því tagi kunna að gerast aðilar að greiðslukerfum hér á landi. Ekki er vitað til þess að nokkur innlend stofnun með ríkisábyrgð sé nú starfrækt sem gæti fallið undir þennan lið skilgreiningar á *stofnun*.

Í 3. tölul. *er milligönguaðili* (á ensku *central counterparty*) skilgreindur sem aðili sem hefur milligöngu fyrir stofnun í greiðslukerfi og hefur einkarétt á miðlun greiðslufyrirmæla viðkomandi stofnunar.

Í 4. tölul. er *uppgjörsaðili* (á ensku *settlement agent*) skilgreindur sem aðili sem stofnar og sér um uppgjörsreikninga fyrir stofnanir og milligönguaðila, sér um reikningsuppgjör á greiðslufyrirmælum þeirra og veitir þeim eftir atvikum lán í þessu skyni.

Í 5. tölul. er *greiðslujöfnun* (á ensku *netting*) talin sú aðgerð að umbreyta í eina kröfu eða skuldbindingu mörgum kröfum eða skuldbindingum sem eiga rót að rekja til greiðslufyrirmæla sem þátttakendur hafa annaðhvort gefið eða eiga að taka við frá einum eða fleiri þátttakendum svo að aðeins ein (nettó) krafa eða skuldbinding myndast um greiðslu eða greiðsluskyldu þátttakanda.

Í 6. tölul. er skilgreining á hugtakinu *uppgjörsreikningur* (á ensku *settlement account*). Það er reikningur í seðlabanka, hjá milligöngu- eða uppgjörsaðila sem varðveitir innstæður eða verðbréf til uppgjörs á greiðslum milli þátttakenda í greiðslukerfi.

Í 7. tölul. er *greiðslufyrirmæli* (á ensku *transfer order*) skilgreint sem sérhver fyrirmæli þátttakenda um að leggja með reikningsfærslu tiltekna fjárhæð inn á reikning stofnunar, seðlabanka eða uppgjörsaðila, eða sérhver fyrirmæli sem skuldbinda hann eða leysa hann undan skyldu til að inna af hendi greiðslu eins og hún er nánar skilgreind í reglum greiðslukerfisins. Undir þessa skilgreiningu falla einnig fyrirmæli þátttakenda um að framselja bein eða óbein eignarréttindi í verðbréfum með rafrænni eignarskráningu og önnur sambærileg fyrirmæli.

Í 8. tölul. er orðið *greiðslujöfnunarstöð* (á ensku *clearing house*) notað um þann aðila sem vinnur úr greiðslufyrirmælum sem berast frá stofnunum og ber ábyrgð á greiðslujöfnun þeirra á milli, einnig milligöngu- og uppgjörsaðila ef það á við.

Í 9. tölul. er *þátttakandi* (á ensku *participant*) skilgreindur. Samkvæmt skilgreiningunni nær hugtakið yfir stofnun, milligönguaðila, greiðslujöfnunarstöð eða uppgjörsaðila.

Í 10. tölul. er *óbeinn þátttakandi* (á ensku *indirect participant*) skilgreindur sem lánastofnun sem fellur undir a- eða b-lið 2. tölul. um skilgreiningu á stofnun hér að framan og hefur gert samning við stofnun sem á aðild að greiðslukerfi þar sem greiðslujöfnun og greiðslufyrirmæli eru framkvæmd, sbr. skilgreiningu á því hugtaki, og gerir lánastofnuninni fært að senda greiðslufyrirmæli í gegnum greiðslukerfið.

Í 11. tölul. er hugtakið *veðtryggingar* (á ensku *colltateral security*) skilgreint sem allar seljanlegar eignir, þ.m.t. peningainnstæður, verðbréf og samningar um endurhverf viðskipti eða aðrir sambærilegir samningar sem gerðir eru eða lagðir fram til tryggingar í greiðslukerfi eða lagðar fram í seðlabönkum.

Í 12. tölul. er skilgreint hvað hugtakið *seðlabanki* merkir í frumvarpinu en með því er átt við seðlabanka í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Seðlabanka Evrópu.

Í 13. tölul. er hugtakið *stórgreiðslukerfi* (á ensku *large-value funds transfer system*) en þar er átt við kerfi sem seðlabankar eða aðilar sem hafa til þess heimild starfrækja vegna mikilvægra og meiri háttar greiðslufyrirmæla fyrir eigin reikning eða reikning viðskiptamanna.

Loks er í 14. tölul. skilgreining á hugtakinu *greiðslujöfnunarkerfi* en það er kerfi sem annast greiðslujöfnun.

Þess má geta að í tilskipun EB er jafnframt að finna skilgreiningar á hugtökunum *verðbréf* (á ensku *securities*) og *gjaldþrotaskipti* (á ensku *insolvency proceedings*). Nefndin sem samdi frumvarpið var sammála um að óþarft væri að taka upp í ákvæði þess framangreindar skilgreiningar, enda er *verðbréf* skilgreint í 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og hugtakið *gjaldþrotaskipti* skýrt afmarkað í lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Um 3. gr.

Í tilskipun 98/26/EB, um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum, er kveðið á um að aðildarríki skuli tilkynna til framkvæmdastjórnar EB þau greiðslukerfi sem ákvæði tilskipunarinnar skulu taka til. Í samræmi við ákvæði í bókun I við EES-samninginn, um altæka aðlögun, svo og verkaskiptingu milli eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og sameiginlegu EES-nefndarinnar, ber EFTA-ríkjum, þar með töldu Íslandi, að senda tilkynningu til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um þau greiðslukerfi sem verða tilnefnd hér á landi í samræmi við ákvæði þessa frumvarps.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. kemur fram meginregla frumvarpsins um að öll greiðslufyrirmæli þátttakanda, svo og greiðslujöfnun, t.d. hjá verðbréfamiðstöð eða Reiknistofu bankanna, skuli að öllu leyti vera bindandi gagnvart þriðja manni jafnvel þótt bú þátttakandans sé tekið til gjaldþrotaskipta. Í reynd er því þátttakanda óheimilt að afturkalla t.d. greiðslufyrirmæli frá þeirri stundu sem þau teljast vera komin til greiðslukerfisins samkvæmt þeim reglum sem um það eru settar og skylt er að gera skv. 3. mgr. Tilhögun sú sem hér er mælt fyrir um mun auka verulega öryggi í greiðslukerfum fyrir fjármálaviðskipti og er reyndar í samræmi við tillögur í skýrslu Lamfalussy frá árinu 1990. Jafnframt er rétt að geta þess að hér er mælt fyrir um frávik frá ákvæðum í 20. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., sem fyrr segir, að því er varðar greiðslukerfi sem falla undir gildissvið þess.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að sama gildi um öll greiðslufyrirmæli sem koma til greiðslukerfisins á sama degi en eftir nákvæmlega tilgreindan tíma á úrskurðardegi sem skylt er að taka fram í tilkynningu um uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti, sbr. ákvæði 6. gr. frumvarpsins. Til þess að svo geti orðið er hins vegar sett það skilyrði að greiðslukerfi verði að sanna að hvorki hafi verið vitað né mátt vita um upphaf gjaldþrotaskiptanna. Í dæmaskyni má nefna að úrskurður um gjaldþrot þátttakanda kann að vera uppkveðinn kl. 13.02 og það tímamark er tilgreint í tilkynningu sbr. 6. gr. Greiðslufyrirmæli kunna að berast þann sama dag til greiðslukerfisins kl. 15.22 og þeim framfylgt. Hafi greiðslukerfinu af einhverjum ástæðum ekki borist tilkynningin skv. 6. gr. fyrir kl. 15.22 og því tekist að sanna að það hafi af þeim sökum hvorki vitað né mátt vita um uppkvaðningu úrskurðarins er samkvæmt þessari grein ekki unnt að beita riftunarákvæðum laga um gjaldþrotaskipti við efndalok og uppgjör þeirra viðskipta sem greiðslufyrirmælin mæltu fyrir um.

Í 3. mgr. er loks að finna ákvæði um að greiðslukerfum sé skylt að setja nánari reglur um það atriði hvenær greiðslufyrirmæli skuli talin vera „komin til“ uppgjörskerfisins. Að hluta til munu þær reglur vera tæknilegs eðlis en jafnframt þarf að setja viðmiðanir um hvenær slík fyrirmæli teljast vera komin til rafræns vinnslukerfis og um staðfestingu á móttöku þeirra sem unnt er að staðreyna eftir á samkvæmt nánari reglum greiðslukerfisins um þetta efni.

Um 5. gr.

Uppgjörsaðilar hafa það hlutverk að ljúka greiðslum í samræmi við stöðu á uppgjörsreikningum og tryggja þannig efndalok í uppgjöri viðskipta á fjármagnsmarkaði. Ákvæðum

frumvarpsins er ekki einungis ætlað að taka til greiðslufyrirmæla og greiðslujöfnunar heldur einnig veðtrygginga og annarra lántökuréttinda sem fyrir hendi eru og nota skal til uppgjörs á skuldbindingum þátttakenda gagnvart greiðslukerfinu. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar ber einnig að einangra slíkar veðtryggingar frá riftunarákvæðum laga um gjaldþrotaskipti og miða ákvæði þessarar greinar að því að veita slíka vernd.

Um 6. gr.

Hafi bú þátttakanda verið tekið til gjaldþrotaskipta ber héraðsdómara að senda tilkynningu um uppkvaðningu úrskurðarins þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Í greininni er einnig tekið fram að við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrot stofnunar sem frumvarp þetta tekur til beri héraðsdómara að geta nákvæmlega þeirrar stundar (klst. og mín.) þegar úrskurður um gjaldþrot er kveðinn upp, enda kunna þær upplýsingar að skipta máli í tengslum við uppgjör sem fram fer í greiðslukerfi á viðskiptum þess aðila sem tekinn er til gjaldþrotaskipta, sbr. t.d. ákvæði 4. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein.

Rétt er að geta þess að í 7. gr. tilskipunarinnar er að finna ákvæði sem miðar að því að hindra afturvirkni réttaráhrifa gjaldþrots. Í ýmsum ríkjum hefur sú tilhögun þekkst að réttaráhrif úrskurðar um gjaldþrotaskipti eru afturvirk og taka gildi frá og með miðnætti á þeim degi sem úrskurður var kveðinn upp (0 klst.-reglan). Hér á landi er ekki um að ræða að unnt væri að beita slíkri reglu, enda eru ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skýr að þessu leyti og miðast því réttaráhrif gjaldþrots ávallt við uppkvaðningu úrskurðarins. Óþarft er því að mæla sérstaklega fyrir um þetta atriði í frumvarpi þessu.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að um rétt og skyldur þátttakanda í greiðslukerfi, jafnvel þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, skuli fara eftir lögum þess ríkis sem gildir um viðkomandi greiðslukerfi. Þetta er gert í því skyni að ávallt liggi ljóst fyrir hvaða lögum skuli beitt við slíkar aðstæður. Rétt er að taka fram að með orðunum „í greiðslukerfi“ er vísað til skuldbindinga sem rekja má til aðildar þátttakanda í greiðslukerfi eða tengjast slíkri þátttöku hans á annan hátt, sbr. 8. gr. tilskipunar 98/26/EB.

Um 8. gr.

Í tilskipun 98/26/EB er ekki einungis lagt til að greiðslufyrirmæli og greiðslujöfnun skuli njóta verndar ef til gjaldþrotaskipta kemur hjá þátttakanda, sbr. ákvæði 4. gr. frumvarpsins, heldur skuli slík vernd einnig taka til veðtrygginga sem hann kann að hafa sett til tryggingar uppgjöri og efndalokum slíkra greiðslufyrirmæla. Ákvæði þessarar greinar miða að því að taka upp í íslenskan rétt framangreind ákvæði tilskipunarinnar að því er varðar veðtryggingar. Samkvæmt greininni er veðhöfum jafnframt heimilt að ganga að þeim veðtryggingum sem hún tekur til án þess að um þá innlausn og málsmeðferð fari eftir ákvæðum sem gilda um gjaldþrotaskipti.

Um 9. gr.

Í greininni er að finna reglu sem mælir fyrir um hvaða lögum skuli beitt að því er varðar rafrænt eignarskráð verðbréf. Lagt er til að um þau skuli að öllu leyti fara eftir ákvæðum laga sem gilda um skráningu þeirra. Af þessari reglu leiðir að um slík rafbréf, og óbein eignarréttindi þeim tengd, fer að öllu leyti eftir ákvæðum laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, ef um er að ræða réttindi sem skráð eru hér á landi. Framan-

greind regla er í samræmi við óskráðar reglur lagaskilaréttarins. Vert er að taka sérstaklega fram að ekki er litið svo á að gagnálykta eigi frá þessu ákvæði og álykta sem svo að hún breyti öðrum óskráðum reglum lagaskilaréttar um viðskipti með verðbréf. Framangreind regla er sem fyrr segir í samræmi við reglur lagaskilaréttar og þeim reglum verður beitt, hér eftir sem hingað til, um almenn viðskipti með verðbréf, ef á reynir.

Um 10. gr.

Í greininni er að finna ákvæði sem mælir fyrir um rétt þess þátttakanda sem lögvarða hagsmuni kann að hafa af því að fá upplýst um hvaða greiðslukerfi fyrirmæli hans fara. Jafnframt að hann eigi rétt til þess að fá allar þær helstu reglur sem gilda um starfsemi hlutaðeigandi kerfis. Rétt þykir að mæla sérstaklega fyrir um þennan rétt þátttakanda, enda mikilvægt fyrir öryggi markaðarins að unnt sé fara fram á slíkar upplýsinga ef þörf er talin vera á því.

Um 11. gr.

Í greininni er að finna reglu sem mælir fyrir um hvaða lög skuli gilda að því er varðar óbeina þátttakendur sem kunna að gera samning við lánastofnanir sem aðild eiga að greiðslukerfi sem starfar hér á landi, og sem gerir þeim fært að senda greiðslufyrirmæli í gegnum kerfið. Í 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 98/26/EB er tekið fram að greiðslukerfum beri skylda til að tilgreina lög þess ríkis sem eiga við um óbeina þátttakendur í þeim. Regla þessarar greinar er talin vera í samræmi við meginreglu íslensks lagaskilaréttar.

Um 12. gr.

Í 11. gr. tilskipunar 98/26/EB er ákvæði um að aðildarríkjum beri skylda til að hafa í lögum þeim sem sett eru til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar tilvísun til þeirrar tilskipunar sem verið er að lögleiða hverju sinni. Í ákvæðinu er að finna tilvísun í samræmi við framangreint ákvæði tilskipunarinnar og þarfnast það ekki frekari skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslujöfnunar í greiðslukerfum.

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja öryggi í uppgjöri viðskipta á fjármagnsmarkaðnum og er þar meðal annars að finna ákvæði um að ekki megi við ákveðnar kringumstæður beita riftunarreglum gjaldþrotalaga vegna uppgjörs viðskipta milli fjármálastofnana.

Markmið frumvarpsins er því að einangra uppgjör sem fram fer í greiðslukerfum fyrir fjámagnsmarkaðinn frá t.d. almennum riftunarákvæðum laga nr. 21/1991, fram að því að úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að sjá um að allar stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaðinum setji sér sérstakar siðareglur í viðskiptum. Hliðsjón skal m.a. höfð af tilmælum framkvæmdastjórnar ESB frá 25. júlí 1977 um siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf (77/534/EBE) og almennt viðurkenndum meginreglum FIBV (Alþjóðasambands kauphalla) um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum frá 1992. Siðareglurnar skulu lagðar fyrir viðskiptaráðherra til staðfestingar.

Greinargerð.

Í tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 25. júlí 1977 (77/534/EBE) um siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf eru aðildarríkin hvött til að setja sér siðareglur á fjármagnsmörkuðum til að koma á snurðulausri starfsemi markaða og til að efla virk tengsl þeirra á milli. Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna. Í almennum ákvæðum er lögð áhersla á rétta og skýra upplýsingagjöf til almennings og að allir sitji við sama borð hvað hana varðar. Þá er lögð áhersla á að allir eigendur sams konar verðbréfa sem gefin eru út af sama fyrirtæki sitji við sama borð og að gætt sé réttar allra hlutabréfaeigenda til að njóta sömu kjara. Lögð er skylda á stjórnarmenn og yfirmenn fyrirtækja til að forðast allar athafnir sem gætu torveldað réttmæt viðskipti með verðbréf þau sem um er að ræða eða skert rétt annarra hlutabréfaeigenda. Reglurnar snúa einnig að milliliðum, en þeim ber að forðast alla hagsmunaárekstra og varast að hagnýta sér tiltekið ástand beint eða óbeint til eigin framdráttar. Í viðbótarákvæðum er að finna frekari útfærslur á reglum þessum.

Grundvallarreglur FIBV byggjast á svipuðum grunni og tilmæli framkvæmdastjórnar ESB en rétt þykir að hafa þau til viðmiðunar líka við mótun siðareglna.

Íslenskur verðbréfamarkaður er ungur og í stöðugri mótun. Til þess að hann megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum. Umræða um viðskiptasiðferði hefur ekki farið hátt hér á landi en hún er nauðsynleg til þess að markaðurinn þróist á heilbrigðan hátt. Auk þeirrar löggjafar og reglna sem skapa leikreglur fjármálamarkaðarins er mikilvægt að aðilar sem þar starfa setji sér siðareglur sem farið sé eftir í viðskiptum. Verðbréfaþing Íslands hf. hefur sett sér slíkar reglur. Þær tóku gildi 1. júlí 1999 og gilda um viðskipti kauphalla, sbr. 5. tölul. 11. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Í 21. gr. laga nr. 13/1996 er ákvæði sem skyldar fyrirtæki í verðbréfaþjónustu til að setja sér verklagsreglur um eigin viðskipti með verðbréf sem því eru falin til sölu og vegna viðskipta eigenda þess, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra. Hins vegar virðist skorta á að bankar, sparisjóðir og aðrar fjármálastofnanir setji almennar siðareglur sem gildi í öllum viðskiptum

á fjármagnsmarkaðinum. Mikilvægt er að umræða um viðskiptasiðferði fari fram og er ekki óeðlilegt að hlutast sé til um það af hálfu viðskiptaráðherra að settar séu siðareglur. Þá er það nokkurt aðhald fyrir fyrirtæki sem starfa á fjármagnsmarkaði að þeim sé gert skylt að leggja siðareglur sínar fyrir viðskiptaráðherra til staðfestingar.

Fylgiskjal I.

Lausleg þýðing frá
Verðbréfaþingi Íslands hf.:

Tilmæli framkvæmdastjórnar frá 25. júlí 1977 um siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf (77/534/EBE).

Greinargerð.

1. Þeim markmiðum, sem tilgreind eru í 2. grein Rómarsáttmálans, einkum þeim er lúta að samræmdri þróun efnahagslífs í bandalaginu, er einungis hægt að ná ef fjármagnið, sem á boðstólum er, er nægilegt og ef uppsprettur fjármagns eru nógu margvíslegar til þess að unnt sé að útvega fé til fjárfestingar á hinum sameiginlega markaði á sem hagkvæmastan hátt. Það er hlutverk verðbréfamarkaða að styrkja víxlverkun framboðs á fjármagni og eftirspurnar eftir því. Af því leiðir að líta verður á snurðulausa starfsemi þessara markaða og virk tengsl þeirra á milli sem nauðsynlega þætti í að koma á sameiginlegum fjármagnsmarkaði.

2. Þrátt fyrir það að núverandi ósamræmi á fjármagnsmörkuðum í hinum níu aðildarríkjum hafi hingað til í mörgum tilvikum ekki reynst óyfirstiganleg hindrun í millilandaviðskiptum, hefur skortur á upplýsingum um sjálf verðbréfin, auk vankunnáttu eða misskilnings á reglum sem í gildi eru á hinum ýmsum mörkuðum, vafalaust átt sinn þátt í því að takmarka fjárfestingar langflestra fjárfesta við eigin innanlandsmarkað, eða við örfá velþekkt alþjóðleg verðbréf. Að draga úr þessu ósamræmi mundi stuðla að virkari tengslum milli markaða aðildarríkjanna, einkum ef öryggisráðstafanir, sem sparifjáreigendur eiga völ á, væru jafnframt bættar.

I. Siðareglur Evrópubandalaganna og þýðing þeirra fyrir samræmingu laga aðildarríkjanna.

3. Á grundvelli ákvörðunar, sem samþykkt var árið 1968, um upplýsingaskyldu til almennings um verðbréf og skilyrði fyrir viðskiptum með þau, hefur framkvæmdastjórnin þegar stigið nokkur skref í áttina að samræmingu á þessu sviði, sem ná yfir tiltekin svið eins og „innihald og dreifingu útboðslýsinga, sem ber að gefa út þegar verðbréf fyrirtækja eru skráð á opinberum verðbréfaþingum, og eftirlit með þeim“ (1) og samræmingu á „skilyrðum fyrir skráningu verðbréfa á opinberum verðbréfaþingum“. (2)

4. Um leið og unnið er að samræmingu með tilskipunum, og án þess að brjóta í bága við þá aðferð sem er eina leiðin til að ná samruna í Evrópu í raun, telur framkvæmdastjórnin ráðlegt að mæla með því — í skjali sem nær yfir mörg vandamál tengd verðbréfaviðskiptum — að aðildarríkin sjái til þess að farið sé eftir vissum grundvallarsjónarmiðum. Þessi sjónarmið eru þegar viðurkennd að miklu leyti í öllum Evrópuríkjum, en með því að ítreka þau og beita þeim má stuðla að því að skapa sameiginlegan siðferðisgrundvöll á þessu

síbreytilega sviði, og slíkt getur fyrir sitt leyti greitt fyrir samræmingunni með tilskipunum með því að skýra fyrir fram hvaða leið framkvæmdastjórnin hyggst fara.

5. Skoða ber siðareglur þessar, sem gefnar verða út í formi tilmæla framkvæmdastjórnarinnar, í öðru ljósi en aðra vinnu framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði,

— af því að áhersla er lögð á siðferði fremur en löggjöf;
— af því að framkvæmdastjórninni er mikið í mun að taka fullt tillit til örra breytinga á fjármagnsmörkuðum og í viðskiptalífinu og sýna viðleitni í þá átt að bæta gangverk markaðarins og árangur þeirra sem þar starfa;
— af því að um nokkur atriði, sem fjallað er um á mjög almennan hátt í siðareglunum, kunna að verða lagðar fram — og eru í sumum tilvikum þegar komnar fram — tillögur að tilskipunum þar sem ástæða er til að setja fastar lagaskorður.

II. Lagagildi tilmæla frá framkvæmdastjórn.

6. Markmiðið með tilmælum þessum til aðildarríkjanna er að sjá til þess að þeir sem áhrif geta haft á starfsemi verðbréfamarkaða fari að þeim sjónarmiðum sem tilgreind eru í siðareglunum; framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við þá sem hlut eiga að máli og hefur gengið úr skugga um að víðtækur stuðningur sé fyrir hendi við sjónarmið siðareglnanna.

7. Þrátt fyrir það að flest ríki geri sér grein fyrir þörfinni á að hafa eftirlit með fjármagnsmörkuðum, er ekki um að villast að eftirlitsaðferðir eru enn mjög ólíkar. Tilmælin taka tillit til þessara ólíku aðferða; þau krefjast þess ekki að aðildarríkin komi á fót sérstökum eftirlitsyfirvöldum heldur einungis að þau samræmi á landsvísu eftirlitsaðgerðirnar sem beitt er hjá viðeigandi samtökum og stofnunum.

8. Þó skal áhersla á það lögð að setning siðareglna fyrir verðbréfaviðskipti í formi tilmæla getur ekki hindrað það að samþykktar verði síðar tilskipanir eða reglugerðir á sviði eða sviðum sem þær ná til. Nokkur skjöl af þessu tagi eru reyndar þegar í undirbúningi.

9. Á sama hátt er ekki hægt að útiloka að einhver ríki telji nauðsynlegt að setja lög um eitt eða fleiri atriði, sem reglurnar taka til, til þess að fara að tilmælunum.

III. Efni siðareglnanna.

10. Í reglunum er tilgreint grundvallarmarkmið, viss almenn grundvallarákvæði og nokkur viðbótarákvæði.

11. Almennu grundvallarákvæðin eru lykilatriði siðareglnanna og langmikilvægasti hluti þeirra. Þau hafa forgang fram yfir sundurliðuðu ákvæðin sem á eftir fara og eru víðtækari, enda eru viðbótarákvæðin einungis ætluð sem dæmi um útfærslu þeirra. Með því að fara að almennu ákvæðunum er unnt að ná grundvallarmarkmiði siðareglnanna; ber að skilja og túlka efni siðareglnanna í ljósi almennu ákvæðanna og ekki einungis með tilvísun til orðalags í einstökum viðbótarákvæðum.

Fyrsta almenna ákvæðið leggur einmitt áherslu á mikilvægi þessa atriðis við túlkun siðareglnanna.

Það minnir á að öll viðskipti með verðbréf verða að fara fram í samræmi við reglur og viðskiptahætti sem í gildi eru í hverju ríki og miða að því að tryggja snurðulausa starfsemi markaðanna, og skulu ákvæði siðareglnanna efla, auka við eða styrkja slíkar reglur og vinnuhætti.

Í öðru almenna ákvæðinu er kveðið á um að upplýsingar, sem sparifjáreigendur fá, skulu vera tæmandi og réttar, vegna þess að skortur á upplýsingum gerir hvaða markað sem er ófullkominn. Séu upplýsingar ekki veittar, eða séu þessar upplýsingar óskiljanlegar eða misskildar af þeim sem eiga að fá þær, eða séu þær vísvitandi hlutdrægar eða rangfærðar, geta

verð farið úr öllu samræmi við raunveruleikann og markaðurinn hætt að gegna hlutverki sínu. Vegna þess hafa mörg viðbótarákvæði í öðrum hluta verið samin til að taka á þessum vanda (viðbótarákvæði nr. 7–15). Þörfin fyrir fullnægjandi miðlun upplýsinga er fyrir hendi við margvíslegar aðstæður, t.d. hvort sem er um að ræða útgáfu verðbréfa eða verslun með þau. Tillögur að tilskipunum hafa einnig verið gerðar í þessu sambandi (þar á meðal tillaga að reglum fyrir heimild til verðskráningar).

Þriðja almenna ákvæðið miðast við að tryggja að allir hluthafar sitji við sama borð. Þrátt fyrir nokkra gagnrýni hefur framkvæmdastjórnin litið svo á að halda beri meginreglunni um jöfnuð með hluthöfum og skýrir hvernig henni skuli beitt með tveimur viðbótarákvæðum, þar sem áherslan er aðallega á tiltekna skyldu til að veita upplýsingar. Í viðbótarákvæði nr. 17 er rætt um að aðrir hluthafar sitji við sama borð þegar ráðandi eignarhluti er framseldur, en viðurkennt er um leið að hægt sé að vernda slíka hluthafa með öðru móti; þar með er tekið tillit til laga í Þýskalandi sem takmarka vald ráðandi hluthafa. Mikilvægt er að hafa í huga að grundvallarsjónarmiðin um jafnan rétt hluthafa eru mun viðtækari en það sem siðareglurnar ná til. Jafnvel í siðareglunum takmarkast þau ekki við framsal á stórum eignarhlutum eða við þau fáu viðbótarákvæði í öðrum hluta sem tengja má við þessa reglu, eins og um notkun óopinberra upplýsinga þeim til tjóns sem ekki hafa aðgang að þeim, eða skiptingu markaða sem gæti gefið tilteknum kaupendum eða seljendum forskot fram yfir aðra. Augljóst er að einungis er hægt að benda á nokkur tilvik þar sem slík sjónarmið gætu átt við; væri gerð tilraun til að tiltaka nánar öll tilvik sem þau næði til fæli slíkt í sér hættu á að skilja eftir smugur sem líkast til væri fljótlega farið að færa sér í nyt. Almenna ákvæðið kveður á um viðhorf og skilning sem hafa skal að leiðarljósi í vissum viðskiptum.

Fjórða, fimmta og sjötta almenna ákvæðið fjalla einkum um einstaklinga í tilteknum stöðum sem gegna óumdeilanlega lykilhlutverki í að sjá til þess að markmið siðareglnanna náist, þ.e. eftirlitsnefndarmenn fyrirtækja, stjórnarmenn þeirra og yfirmenn (almenna ákvæðið nr. 4), millilíði í fjármálaviðskiptum og aðra sem starfa við verðbréfaviðskipti (almennu ákvæðin nr. 5 og 6). Í fjórða almenna ákvæði er fyrst minnt á það að siðareglurnar eigi einkum við fulltrúarnefndarmenn fyrirtækja, stjórnarmenn þeirra og yfirmenn; síðan er fjallað nánar um skyldur þeirra til að hafast ekkert að sem gæti hindrað snurðulausa starfsemi markaðarins fyrir verðbréf þeirra eða skaðað aðra hluthafa. Óréttmætar gerðir á markaði fyrir verðbréf fyrirtækisins af hálfu stjórnarmanna eða stjórnenda ber að skilja mjög vítt, af því að hæglega getur komið upp sú staða að í því að hafast ekki að felist jafnrangt athæfi og í beinum athöfnum, ef ekki verra.

Í fimmta almenna ákvæði er mælst til þess að einstaklingar sem starfa við viðskipti á verðbréfaþingum, eða að minnsta kosti allir „einstaklingar sem eiga reglulega viðskipti á verðbréfamörkuðum“, forðist að stefna í hættu trúverðugleika og virkni markaðarins, sem þeir hafa hagsmuni af að styrkja, með því að sækjast eftir skjótfengnum og óréttmætum hagnaði. Hagsmunaárekstrar sem geta komið upp, t.d. í ýmsum deildum banka, vegna þess hve ólíkum hlutverkum banki gegnir fyrir mismunandi viðskiptavini sína, kölluðu á mótun sjötta almenna ákvæðisins. Þó að viðurkenna verði að erfitt geti verið að tiltaka nákvæmlega hversu langt leynd skuli ganga ber samt að leggja áherslu á að leitað sé leiða til að koma í veg fyrir slíka árekstra. Sýna má með dæmi hversu erfitt er að skilgreina umfang þessa ákvæðis: Ber að fara svo leynilega með trúnaðarmál í fjármálastofnun að rangt mætti teljast að vara við fjárfestingu (án þess þó að segja af hverju fjárfestingin sé óráðleg) þegar markmiðið með því væri ekki að græða heldur að koma í veg fyrir tap? Í slíku tilviki ætti banki að hafa fulla heimild til að gefa viðskiptavininum ráð á grundvelli slíkra upplýsinga og reyndar virðist þetta vera skynsamleg lausn. Þó verður reynslan að skera úr um það hvort

þessi túlkun á viðbótarákvæði nr. 8 getur leitt til óviðurkvæmilegs athæfis og hvort ber að gera tilmæli framkvæmdastjórnar um þetta atriði eindregnari.

12. Eins og nafnið gefur til kynna er markmiðið með viðbótarákvæðum að bæta við almennu ákvæðin, skýra þau og gefa dæmi. Þau eru ekki tæmandi; unnt verður að bæta við þau á fundum samráðsnefndarinnar, sem ber ábyrgð á að beita reglunum, í ljósi raunverulegra tilvika sem upp koma á hinum mismunandi mörkuðum í Evrópu. Skipta má viðbótarákvæðunum í tvo flokka.

Fyrstu viðbótarákvæðin tilgreina nokkur atriði sem sýna hvernig ber að skilja hugtakið „heiðarleg framkoma“ milliliða í fjármálaviðskiptum. Viðbótarákvæði nr. 1 til 6 eru siðareglur fyrir milliliði, sem auk þess skulu starfa samkvæmt lögum, reglugerðum og gildandi viðskiptavenjum. Aðalatriðið er, að sjálfsögðu, tilmælin um að fyrirmæli um kaup og sölu séu framkvæmd á skipulögðum markaði og takmörkin sem sett eru við því að koma fram sjálfur sem mótaðili og leitast við að jafna út umbeðin viðskipti utan markaðarins. Tilmæli framkvæmdastjórnar taka ekki formlega afstöðu gegn slíkum viðskiptum en þó er litið svo á að færa beri starfsemina undir eftirlit eftirlitsyfirvalda þannig að yfirvöldin geti í raun borið ábyrgð á henni.

Síðari viðbótarákvæðin, frá nr. 7 og áfram, fjalla um þörfina á upplýsingum. Ljóst er að unnt væri að komast hjá mörgum óviðurkvæmilegum atvikum ef réttar upplýsingar væru gerðar opinberar með mjög skjótum hætti og sá tími þannig styttur sem mest þegar mikilvægum upplýsingum er haldið leyndum. Ákvæðum um upplýsingar má skipta innbyrðis í nokkra flokka með tilliti til efnis þeirra:

a. um að skapa villandi aðstæður á markaðinum (7. viðbótarákvæði);
b. um að beita upplýsingum, sem áhrif gætu haft á verð, með óviðurkvæmilegum hætti (8.–10. viðbótarákvæði);
c. um upplýsingar sem markaðsyfirvöldum og fyrirtækjum ber að veita almenningi (11.–14. viðbótarákvæði);
d. um að láta alla fjárfesta sitja við sama borð með tilliti til upplýsinga sem þeir eiga rétt á (15. og 16. viðbótarákvæði); og að lokum
e. um upplýsingar sem ber að veita þegar um er að ræða yfirtöku fyrirtækis eða, eftir því sem við á, sölu eignarhluta sem veitir yfirráð yfir því að lögum eða í raun (17. og 18. viðbótarákvæði).

IV. Framkvæmd siðareglna Evrópubandalaganna.

13. Með því að gefa út siðareglur Evrópubandalaganna í formi tilmæla til aðildarríkjanna gerir framkvæmdastjórnin sér það sér vel ljóst að hún bindur ekki hendur aðildarríkjanna um það hvaða árangri þau setja sér að ná; hvort siðareglurnar komast til framkvæmda á árangursríkan hátt mun því velta mjög á því að þeir sem í hlut eiga gangi til samstarfs af heilum huga, einkum yfirvald eða yfirvöld sem ber að hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

14. Óhjákvæmilegt er að hvert aðildarríki hafi að minnsta kosti einn aðila (eftirlitsstofnun, fagsamtök o.s.frv.) á grundvelli þess fyrirkomulags sem þegar er við lýði sem beri ábyrgð á að fylgjast með framkvæmd siðareglnanna á landsvísu. Hins vegar er val á viðeigandi aðila látið hverju aðildarríki eftir. Í siðareglunum er þess ekki krafist að eftirlitsaðilar hafi það vald sem opinber yfirvöld ráða að jafnaði yfir, af því að þær fela ekki í sér nein viðurlög.

15. Hins vegar er æskilegt, þar sem ætlast er til að farið verði eftir reglunum alls staðar í bandalaginu, að fulltrúar allra eftirlitsaðila myndi samráðsnefnd. Nefndin getur verið framkvæmdastjórn til ráðuneytis um þróun siðareglnanna í ljósi þeirra vandkvæða og verklagsreglna sem upp koma við framkvæmd þeirra. Af þessum ástæðum og á grundvelli

ákvæða stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 155. gr. hans, mælir framkvæmdastjórn með því við aðildarríkin, án þess að brjóta í bága við reglugerðir eða stjórnsýsluákvæði sem þegar eru fyrir hendi, að þau sjái til þess að þeir sem starfa á verðbréfamörkuðum, eða eru í aðstöðu til að hafa áhrif á starfsemi þessara markaða, haldi í heiðri grundvallarmarkmiðið, almennu ákvæðin og viðbótarákvæðin sem skráð eru í siðareglum Evrópubandalagsins í viðaukanum; að þau, með þetta í huga, samræmi aðgerðir fagsamtaka og opinberra yfirvalda í hverju ríki sem bera ábyrgð á að hafa eftirlit með því að starfsemi markaðarins sé eðlileg, svo og með athæfi þeirra sem þar starfa; að þau tilnefni einn eða fleiri fulltrúa frá þessum samtökum eða yfirvöldum sem beri ábyrgð á að tilkynna framkvæmdastjórninni ár hvert, í fyrsta skipti einu ári eftir birtingu þessara tilmæla, um allar ráðstafanir sem gerðar eru til að fara að þeim og um reynslu af beitingu þeirra, um vandkvæði sem upp koma og um tillögur um að bæta við eða breyta siðareglum Evrópubandalaganna; að þau gripi til allra ráðstafana annarra sem þau álíta nauðsynlegar til að vinna að sjónarmiðum siðareglnanna og fylgjast með framkvæmd þeirra.

Gjört í Brussel, 25. júlí 1977.
Fyrir hönd framkvæmdastjórnar,
Christopher Tugendhat,
framkvæmdastjóri.

Viðauki.

Siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf.

Grundvallarmarkmið.

Líta ber á siðareglur þessar með hliðsjón af almennri þróun og samruna verðbréfamarkaða Evrópubandalagsins, og sem tilraun til að festa í sessi tiltekin grundvallarákvæði ásamt viðbótarákvæðum til að útfæra þau nánar.

Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar í bandalaginu og með því greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða (þ.e. með því að búa sem best í haginn fyrir því að eftirspurn og framboð á fjármagni nái saman) og gæta almannahagsmuna.

Skilgreiningar.

Í þessum reglum er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

— „framseljanleg verðbréf“: öll verðbréf sem er eða kynni að vera verslað með á skipulögðum markaði;
— „milliliðir í fjármálaviðskiptum“: allir þeir sem hafa atvinnu af viðskiptum með framseljanleg verðbréf;
— „umbjóðendur“: allir sem gefa fyrirmæli um kaup eða sölu á framseljanlegum verðbréfum, einkum þeir sem eru í lykilaðstöðu gagnvart tilteknum verðbréfum og markaði þeirra (t. d. stjórnarmenn og yfirmenn fyrirtækis, stórir hluthafar þess eða kaupendur stórra eignahluta í því);
— „verðbréfamarkaðir“: opinber verðbréfaþing og aðrir markaðir, sem skipulagðir eru af lögbærum yfirvöldum eða eru undir eftirliti þeirra, og einnig öll viðskipti með framselj-

anleg verðbréf, eins og þau eru skilgreind eru hér að framan, þar á meðal einkaviðskipti með framseljanleg verðbréf milli einstaklinga.

— orðið „markaðurinn“ (í eintölu) skal einungis eiga við um opinber verðbréfaþing og skipulagða markaði;

— „lögbær yfirvöld“ eru þeir aðilar í hverju ríki sem ber að sjá til þess að markaðurinn starfi á viðeigandi hátt og fái viðhlítandi upplýsingar — aðallega yfirvöld verðbréfaþingsins og eftirlitsstofnanir þess.

Almenn ákvæði.

1. Fara ber eftir markmiði reglnanna og almennu ákvæðunum, jafnvel í tilvikum sem ekki er getið um sérstaklega í viðbótarákvæðunum. Haga ber öllum viðskiptum á verðbréfaþingum í samræmi við bæði anda og bókstaf laga og reglugerða sem í gildi eru í hverju aðildarríki en einnig í samræmi við almennar reglur um góðar starfsvenjur sem þegar gilda á þessum mörkuðum eða mælt er með í þessum reglum.

2. Þær upplýsingar sem veittar eru almenningi skulu vera sanngjarnar, réttar, skýrar og nægilegar, og skulu bjóðast með góðum fyrirvara. Upplýsingarnar skulu settar fram á þann hátt að auðvelt sé að skilja þýðingu þeirra og tilgang. Einstaklingum, sem vegna starfs síns eða ábyrgðar ber að veita almenningi upplýsingar eða hafa möguleika til þess, ber einkum skylda til að sjá til þess að almenningi séu veittar viðeigandi upplýsingar og að enginn einn hópur manna nái forréttindastöðu að því leyti.

3. Tryggja ber að allir eigendur sams konar verðbréfa, sem gefin eru út af sama fyrirtæki, sitji við sama borð; einkum ber við framsal eignahluta, sem felur í sér yfirráð að lögum eða í raun yfir fyrirtæki sem selur verðbréf sín á markaðinum, að gæta réttar allra hlutabréfaeigenda til að njóta sömu kjara.

4. Í öllum viðskiptum við verðbréf fyrirtækis á markaðinum ber stjórnarmönnum þess og yfirmönnum og öðrum aðilum, sem ráða yfir því að lögum eða í raun, að haga gerðum sínum þannig að séð verði fyrir því að grundvallarmarkmið þessara reglna náist. Þeim ber einkum að forðast allar athafnir sem gætu torveldað réttmæt viðskipti með verðbréf þau sem um er að ræða eða skert rétt annarra hlutabréfaeigenda.

5. Aðilum sem hafa reglulega viðskipti á verðbréfamörkuðum ber að haga gerðum sínum heiðarlega og í samræmi við markmið siðareglnanna, jafnvel þótt slíkt gæti leitt til þess að þeir verði af skammtímahagnaði.

6. Milliliðum í fjármálaviðskiptum ber að forðast eftir megni alla hagsmunaárekstra, hvort sem er milli sín og viðskiptavina sinna eða annarra aðila sem þeir standa í trúnaðartengslum við eða árekstra milli þessara tveggja síðastnefndu aðila. Komi til slíkra árekstra ber þeim að forðast að hagnýta sér ástandið beint eða óbeint til eigin framdráttar og einnig að skaða viðskiptavini sína eða aðra aðila sem þeir standa í trúnaðartengslum við.

Viðbótarákvæði.

1. Öllum þeim sem eiga reglulega viðskipti á verðbréfamörkuðum ber skylda til þess að efla traust fjárfesta á réttlæti markaðarins með því að starfa í samræmi við strängustu kröfur um heiðarleika og fagmennsku í viðskiptum.

2. Milliliðir í fjármálaviðskiptum bera sérstaka ábyrgð á að starfa eftir grundvallarmarkmiði og almennum ákvæðum þessara siðareglna. Einkum ber þeim að forðast að vera í vitorði með öðrum um brot gegn ákvæðum þeim og reglum sem um getur í annarri málsgrein 1. almenna ákvæðisins, eða beita áhrifum sínum á þann hátt að röskun verði á eðlilegri starfsemi markaðarins.

3. Enginn skal hvetja annan aðila, hvort sem um er að ræða milliliði eða ekki, til að brjóta í bága við ákvæði og reglur sem um getur í annarri málsgrein 1. almenna ákvæðisins, né beita þrýstingi til að 1) fá upplýsingar, sem almenningur hefur ekki aðgang að og ekki má gera kunnar án þess að brjóta í bága við reglur sem gilda um slíkar upplýsingar, eða 2) eiga óviðurkvæmileg eða óheiðarleg viðskipti.

4. Milliliðum í fjármálaviðskiptum ber að leita eftir og mæla með bestu skilyrðum til handa viðskiptavinum sínum þegar þeir fara eftir fyrirmælum þeirra, en halda þó í heiðri grundvallarmarkmið og almenn ákvæði siðareglnanna. Fyrirmæli sem þeim eru gefin ber þeim að framkvæma á skipulögðum markaði, nema umbjóðandi hafi sérstaklega beðið um annað. Ef aðstæður viðskiptanna eða eðli verðbréfanna gera það hins vegar erfitt eða jafnvel ókleift að fara eftir fyrirmælum á skipulögðum markaði, mega milliliðir í fjármálaviðskiptum koma fram sjálfir sem mótaðilar eða jafna út umbeðin viðskipti utan markaðarins, þó að því tilskildu að þeir sjái til þess að slíkt skaði ekki hagsmuni viðskiptavina sinna og séu viðbúnir því að svara öllum spurningum frá lögbærum yfirvöldum um ástæður fyrir slíkum viðskiptum, skilmála þeirra og fjölda.

5. Milliliðum í fjármálaviðskiptum ber að forðast að hvetja til sölu eða kaupa einungis með það fyrir augum að skapa söluþóknun.

6. Milliliðum í fjármálaviðskiptum ber að gæta trúnaðar um nöfn umbjóðenda sinna, nema í tilvikum þar sem upplýsinga er krafist samkvæmt landslögum eða af eftirlitsyfirvöldum (og einnig við rannsókn á glæpum eða öðru alvarlegu misferli).

7. Að beita áhrifum, einn eða í samtökum við aðra, sem með óheiðarlegum aðferðum miða að því eða verða til þess að verð á verðbréfum hækkar eða lækkar, eða að gera tilraun til slíks, gengur í berhögg við grundvallarmarkmið reglna þessara. Með „óheiðarlegum aðferðum" er einkum átt við að gefa út eða dreifa upplýsingum sem eru rangar, ýktar eða hlutdrægar eða að beita öðrum brögðum sem miða að því að raska eðlilegri starfsemi markaðanna. Milliliðum í fjármálaviðskiptum, eftirlitsnefndarmönnum, stjórnarmönnum og yfirmönnum fyrirtækja sem bjóða verðbréf sín til sölu á verðbréfamörkuðum, er verða áskynja um slík brögð eða tilraun til þeirra, ber að leitast við að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir slíkt. Þeir skulu án tafar tilkynna það lögbærum yfirvöldum og fyrirtækjum sem í hlut eiga.

8. Milliliðum í fjármálaviðskiptum ber að halda leyndum, jafnvel gagnvart öðrum deildum eða starfssviðum sama fyrirtækis, upplýsingum sem þeir fá í gegnum starf sitt og hafa ekki enn verið gerðar opinberar og gætu haft áhrif á verð. Einkum ber milliliðum í fjármálaviðskiptum að forðast að hagnýta sér slíkar upplýsingar í viðskiptum í eigin þágu á verðbréfamörkuðum eða þegar þeir ráðleggja viðskiptavinum sínum um viðskipti eða gera viðskipti fyrir þeirra hönd.

9. Öllum aðilum sem í gegnum starf sitt, eða við að inna af hendi skyldur sínar, fá upplýsingar sem eru ekki á almanna vitorði og lúta að fyrirtæki eða markaði fyrir verðbréf þess, eða öðrum atriðum sem yfirleitt koma markaðinum við og geta haft áhrif á verð, ber að forðast öll viðskipti þar sem slíkar upplýsingar kæmu að notum á beinan eða óbeinan hátt, og forðast að láta annan aðila vita af þessum upplýsingum til þess að nota í hagnaðarskyni áður en þær verða almennt kunnar.

10. Verðbréfamarkaðir skulu vera nægilega opnir til að ekki sé hætta á að þeir aðgreinist, þannig að unnt sé að hafa viðskipti með sömu verðbréfin á sama tíma á mismunandi mörkuðum á mismunandi verði.

11. Upplýsa ber almenning ekki einungis um mismunandi kaup- og söluverð allra verðbréfa sem í boði eru heldur einnig um umfang viðskipta með verðbréfin, nema fyrirkomulag

markaðarins geri almenningi kleift að meta með öðru móti hversu auðseljanlegar fjárfestingar eru.

12. Hverju fyrirtæki sem á verðbréf á markaðinum ber að gefa út með reglulegu millibili, og eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti, nýjar, skýrar, nákvæmar og heildstæðar upplýsingar um fjárhagstöðu sína. Sérhverja staðreynd eða mikilvæga ákvörðun, sem gæti haft merkjanleg áhrif á verð verðbréfa, ber að gera opinbera án tafar.

13. Þegar ógerlegt er að láta uppi án tafar staðreynd eða mikilvæga ákvörðun, eins og um getur í undanfarandi ákvæði, t.d. vegna þess að ekki er enn búið að ganga frá öllum formsatriðum, eða vegna þess að fréttirnar gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir fyrirtækið, en fyrirtækið lítur samt svo á að hætta sé á að þær kvisist út, ber fyrirtækinu að tilkynna lögbærum yfirvöldum um ástand mála. Þau skulu þá grípa til viðeigandi ráðstafana til að sjá fyrir eðlilegri starfsemi á markaðinum þangað til unnt verður að gera staðreyndina eða ákvörðunina sem um er að ræða opinbera. Einkum geta þau fyrirskipað hlé á viðskiptum þann tíma sem þörf krefur, ef slíkt virðist óhjákvæmilegt.

14. Æskilegt er að skráningarlýsing sé gefin út áður en ný verðbréf eru boðin til sölu opinberlega. Tiltaka ber í öllum auglýsingum um slíka útgáfu að slík útboðslýsing sé til og hvernig hægt sé að nálgast hana.

15. Allir fjárfestar eða hópar fjárfesta skulu sitja við sama borð að því er lýtur að upplýsingum. Allir fjárfestar skulu hafa greiðan aðgang að upplýsingum.

16. Í hvert skipti sem verðbréf af sama tagi eru gefin út og boðin til sölu, eða gætu verið til sölu á nokkrum mörkuðum á sama tíma, skal útgefandi leitast við að láta alla markaði njóta sömu kjara.

17. Engin viðskipti, sem leiða til framsals ráðandi eignarhluta í þeim skilningi sem um getur í 3. almenna ákvæðinu, mega fara fram á bak við tjöldin eða án þess að tilkynna öðrum hluthöfum og eftirlitsaðila markaðarins þar um. Æskilegt er að öllum hluthöfum í fyrirtæki þar sem nýir aðilar hafa komist til yfirráða standi til boða að losa sig við verðbréf sín á sömu kjörum, nema þeir njóti annarra öryggisráðstafana sem líta má á sem jafngildar.

18. Að yfirtaka, eða gera tilraun til að yfirtaka, á markaðinum, einn eða í samráði við aðra, ráðandi eignarhluta, í þeim skilningi er um getur í 3. almenna ákvæðinu, og án þess að frá því sé greint opinberlega gengur í berhögg við grundvallarmarkmið þessara reglna.

Fylgiskjal II.

Almennt viðurkenndar meginreglur FIBV um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum frá 1992.

(Október 1992.)

1. Heiðarleiki og sanngirni.

Heiðarleiki varðandi verðmyndunarkerfi.

Þar sem verðmyndun á hlutabréfamarkaði er mikilvægasta viðfangsefni hverrar kauphallar ber öllum þeim sem aðild eiga að tiltekinni kauphöll að virða heiðarleika varðandi verðmyndunarkerfi hennar.

Að forðast villandi eða óheiðarlegar athafnir eða staðhæfingar.

Þeim sem aðild eiga að tiltekinni kauphöll ber ekki aðeins að forðast villandi eða sviksamlegar athafnir eða staðhæfingar. Þeim ber einnig að gæta þess að aðhafast ekkert það sem hindrað geti eða truflað sanngjarna og skipulega markaðsstarfsemi. Þeir mega ekki dreifa rakalausum eða röngum upplýsingum um fyrirtæki sem hafa skráð hlutabréf sín í kauphöllinni.

Þeim sem aðild eiga að tiltekinni kauphöll ber að forðast allar athafnir sem ætlað er að gefa öðrum rangar hugmyndir um raunverulega stöðu markaðarins. Því ber að gaumgæfa hvort banna skuli tilteknar aðferðir til að hafa áhrif á markaðinn, svo sem viðskipti sem ekki breyta því hverjir í raun njóta eignarhaldsins, eða viðskipti sem gefa til kynna virkari viðskipti en raun er á.

Að prófa nýjar aðferðir í viðskiptum.

Þótt bannað kunni að vera, bæði að landslögum og samkvæmt kauphallarreglum, að stýra verðbreytingum (þar með talin innherjaviðskipti) er ekki víst að bannað sé að beita tilteknum aðferðum í viðskiptum. Þegar kauphallir leyfa nýjar aðferðir í viðskiptum ber þeim að hafa í huga heiðarleika varðandi verðmyndunarkerfi sitt, þó þannig að slík sjónarmið verði ekki höfð að skálkaskjóli fyrir samkeppnishamlandi ákvarðanir.

Gagnsæi.

Gagnsæi markaðarins er mikilvægur þáttur heiðarlegra viðskipta og ber að stuðla að því. Þó kunna kauphallir að ganga mislangt í því efni, og fer það eftir því hvernig þær meta hver um sig hið æskilega jafnvægi milli gagnsæiskröfunnar og hættunnar á torseljanleika. Engu að síður ber að tilkynna kauphöllinni hver viðskipti tafarlaust og með nákvæmum upplýsingum um magn og verð.

Meðferð kvartana og ágreiningsefna.

Kauphallaraðilum ber að standa við skuldbindingar sínar hver við annan og við viðskiptavini sína. Kauphöllum ber að hafa tiltækt kerfi til að greiða skjótt og skipulega úr kvörtunum og ágreiningi milli kauphallaraðila innbyrðis eða milli þeirra og viðskiptavina. Um formlegt kerfi þarf ekki að vera að ræða.

2. Kostgæfni.

Besta framkvæmd.

Kostgæfnin, sem til er ætlast af aðilum kauphallar, er sú að þeir uppfylli sem best fyrirmæli viðskiptavina sinna. Það felur í sér að fyrirmæli um umboðsviðskipti séu uppfyllt án tafar, á besta fáanlegu verði ef fyrirmælin eru um viðskipti á markaði og þóknun sé tekin sem umsamin eða hefðbundin umboðslaun og tilgreind að fullu. Sömuleiðis felur það í sér að verð í beinum viðskiptum eða viðskiptum í eigin nafni sé í eðlilegum tengslum við markaðsverð (sérstaklega þar sem heimil eru viðskipti fram hjá kauphöllinni), og ber þá, eftir því sem við getur átt á hverjum markaði, að gera viðskiptavininum grein fyrir á hvaða álagningargrundvelli verðið til hans er reiknað. Hvað sem öðru líður ber ævinlega að gera viðskiptavininum fulla grein fyrir því hvers konar viðskipti (á umboðsgrundvelli eða í eigin nafni) fyrirtækið á við hann.

Traustar og fullnægjandi upplýsingar um útgefanda verðbréfa og eðli bréfanna.

Þegar kauphallaraðili eða starfsólk hans ræður viðskiptavinum sínum að kaupa eða selja verðbréf ber að byggja slík ráð á traustum og fullnægjandi upplýsingum um útgefanda bréfanna og eðli þeirra. Þeim sem tekur að sér sölutrygginu verðbréfa ber, í sambandi við útboð þeirra, að kynna sér af fullri kostgæfni viðskiptamál útgefandans og fjárhagsstöðu.

Þvinguð sala fari fram af fagmennsku og með tilhlýðilegri aðgát.

Þegar selja þarf verðbréf í eigu viðskiptavinar þvingaðri sölu (hvort sem það er til þess að mæta innborgunarkröfu eða af öðrum ástæðum) ber kauphallaraðila að standa að sölunni af fagmennsku og með tilhlýðilegri aðgát.

3. Hæfni.

Kröfur til starfsréttinda.

Þegar þessari meginreglu er beitt ber að athuga hvaða hæfniskröfur kauphöll eigi að gera til þess að fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og einstaklingum sé veitt aðild að kauphöllinni eða aðild þeirra framlengd. Lágmarkskrafa til einstaklingsaðila eða starfsmanna kauphallaraðila er að þeir séu starfi sínu vaxnir og hafi ekki orðið uppvísir að óheiðarlegu eða verulega sviksamlegu athæfi. Ætlast má til þess að maður, sem aðild á að kauphöll eða starfar hjá henni eða aðildarfyrirtæki hennar, hafi sérmenntun og réttindi sem stöðu hans hæfa.

Fjárhagsleg ábyrgð.

Í hverri kauphöll eiga að gilda reglur um fjárhagslega ábyrgð þeirra sem aðild eiga að henni. Ber þeim að fara að slíkum reglum með þeim hætti að ekki sé teflt í tvísýnu með fjármuni eða verðbréf, sem þeir hafa í vörslu fyrir viðskiptavini sína, né heldur með getu þeirra til að leiða til lykta viðskipti við aðra kauphallaraðila. Leggja ber á kauphallaraðila þá skyldu að fylgjast með fjárhagsstöðu sinni og reikna hana út með það hæfilega löngu millibili að þeir geri sér ætíð grein fyrir því hvort þeir uppfylli kauphallarreglur um eigið fé.

4. Upplýsingar um viðskiptavini.

Þessi meginregla á ekki aðeins að taka til þeirrar kröfu að afla upplýsinga sem nauðsynlegar kunna að vera til að gefa viðskiptavini viðeigandi ráð um fjárfestingar, heldur kann kauphöll að vilja tiltaka nánar þau gögn sem til þarf svo að kröfunni sé fullnægt. Það er sérlega mikilvægt þegar viðskiptavinurinn starfar á fjárhaldsgrundvelli, svo sem styrktarsjóður, óskipt bú eða lífeyrissjóður. Skilgreina þarf við hvaða aðstæður fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er heimilt að ákveða viðskipti eftir eigin mati og ber að taka tillit til þess að slík viðskipti hafa í för með sér sérstakar fjárhaldsskyldur.

5. Upplýsingar til viðskiptavina.

Viðskiptavinum ber að senda staðfestingu á hverjum viðskiptum með öllum þeim upplýsingum sem við eiga svo að heiðarleg viðskipti séu tryggð. Sér í lagi ber að upplýsa um allt það sem skerða kynni sjálfstæði fyrirtækis í verðbréfaþjónustu í skiptum þess við viðskiptavini. Kauphallaraðilum ber að skrá og halda til haga nægilegum upplýsingum um öll viðskipti til að geta svarað fyrirspurnum viðskiptavina eða kauphallarinnar sjálfrar varðandi það hvort um bestu framkvæmd hafi verið að ræða. Ef viðskiptavinir óska ber kauphallaraðila að veita þeim upplýsingar um fjárhagsstöðu sína.

6. Hagsmunaárekstrar.

Eftir því sem verðbréfaviðskipti hafa orðið margbrotnari og háþróaðri, og samfara auknu frjálsræði verðbréfafyrirtækja í seinni tíð, hefur orðið meira um að upp komi hagsmunaárekstrar. Á þeim þarf að taka með þeim hætti að viðskiptavinum sé ekki mismunað. Meðal algengustu hagsmunaárekstra eru þeir sem tengjast starfsemi kauphallaraðila á sviði fjárfestingarmiðlunar, verðbréfaviðskipta, rannsókna, kynningar og markaðsetningar og lánastarfsemi. Þegar því verður við komið ber að taka á hagsmunaárekstrum með því að viðskiptavinir gefi, að fengnum upplýsingum, samþykki sitt fyrir hverjum viðskiptum. Þar að auki má draga úr hagsmunaárekstrum, þar sem slíkt á við, með skýrum aðskilnaði starfsþátta („Kínamúrum").

Kauphallaraðilum ber að vera sérstaklega vakandi fyrir hagsmunaárekstrum sem upp kunna að koma milli verðbréfaviðskipta þeirra og annarra starfssviða. Gefa ber viðskiptavinum ráð á grundvelli þeirra eigin hagsmuna en ekki út frá því hvað styrkja mundi eða veikja viðskiptastöðu kauphallaraðilans. Kauphallaraðilum og starfsfólki þeirra á ekki að vera heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning áður en viðskiptafyrirmæli viðskiptavina eru uppfyllt.

7. Löghlýðni.

Kauphallaraðilum ber að ganga úr skugga um að meðeigendur þeirra eða yfirmenn og framkvæmdastjórar taki svo virkan þátt í starfsemi verðbréfafyrirtækisins að tryggt sé að þeir fari eftir því sem lögboðið er auk eigin reglna kauphallaraðila.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu ber að koma upp kerfum til eftirlits með reikningum og með starfsmönnum og með því að farið sé að gildandi reglum. Kauphöllum ber að líta eftir kauphallaraðilum og ganga úr skugga um að fyrrnefndum eftirlitskerfum sé fylgt eftir.

Móta ber siðareglur, bæði fyrir starfslið kauphallar og starfsmenn kauphallaraðila. Kauphöllum og kauphallaraðilum ber að koma á skipulegri upplýsingagjöf um verðbréfaviðskipti starfsmanna sjálfra. Slíku skipulagi á að fylgja að starfsmaður kauphallaraðila þurfi fyrirframsamþykki vinnuveitanda síns til að vera í reikningi hjá öðrum kauphallaraðila.

Kauphallaraðilum ber að halda rétta og sundurliðaða skrásetningu og tryggja það að allar tilkynningar sem kauphöllinni berast séu heiðarlegar.

Öllum sem aðild eiga að tiltekinni kauphöll ber að semja sig að þeim siðareglum um réttláta og óvilhalla starfshætti sem felast í reglum kauphallarinnar og viðteknum viðskiptaháttum á þeim mörkuðum sem þeir starfa á.

Fylgiskjal III.

Verðbréfaþing Íslands hf.:

Siðareglur fyrir aðila að Verðbréfaþingi Íslands hf.
(Reglur VÞÍ nr. 5. Útg. 1. júlí 1999.)

Verðbréfaþing Íslands hf. hefur, skv. 5. tl. 11. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sett eftirfarandi siðareglur.

Skáletraður texti í reglum þessum er til leiðbeiningar. Eigi ber að líta svo á að um bindandi eða tæmandi greinargerð sé að ræða.

I. Gildissvið og markmið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um viðskipti aðila að Verðbréfaþingi Íslands hf., hér eftir nefndir þingaðilar, og starfsfólks þeirra með verðbréf skráð á þinginu, og aðra markaðsstarfsemi sem fram fer í tengslum við þingið.

2. gr.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að sýnileika, réttri verðmyndun og jafnræði í viðskiptum með skráð verðbréf. Þá er reglunum ætlað að vinna verðbréfamarkaði tiltrú og traust og stuðla að framþróun hans.

II. Heiðarleiki og sanngirni.

3. gr.

Öll störf starfsmanna þingaðila skulu unnin af heiðarleika og sanngirni.

Starfsmenn þingaðila skulu umgangast viðskipta- og upplýsingakerfi Verðbréfaþings Íslands hf. af heiðarleika og gera ekkert það, sem rýrt gæti álit almennings á þinginu og viðskipta- og upplýsingakerfi þess.

Þingaðila ber að standa við allar skuldbindingar sínar.

Þingaðili sem tekur að sér umsjón með skráningum og útboðum verðbréfa skal kynna sér af tilhlýðilegri kostgæfni (due diligence) rekstur og fjárhagsstöðu útgefandans.

Í 2. mgr. ákvæðisins felst m.a. að þingaðila er óheimilt að setja fram tilboð sem hann ekki getur staðið við eða tilboð sem hefur þann tilgang að setja fram skoðun á öðru en verði.

Í tengslum við skortsölu er rétt að árétta að viðskipti í viðskipta- og upplýsingakerfi VÞÍ eru á ábyrgð þingaðila.

Úr Black's Law Dictionary: Due diligence. Such a measure of prudence, activity, or assiduity, as properly to be expected from, and ordinarily exercised by, a reasonable and prudent man under the particular circumstances; not measured by any absolute standard, but depending on the relative facts of the special case.

III. Besta framkvæmd (best execution).

4. gr.

Þingaðila ber að fara að fyrirmælum viðskiptamanns síns eftir fremsta megni í hverju tilviki.

Þingaðili skal ef þess er óskað upplýsa viðskiptamann um hvort viðskipti eru gerð samkvæmt umboði eða fyrir eigin reikning þingaðilans.

Fara skal að fyrirmælum um umboðsviðskipti án tafar á besta fáanlega verði.

Viðskipti þingaðila fyrir eigin reikning utan viðskiptakerfis við viðskiptamann skulu vera í samræmi við markaðsverð á hverjum tíma, nema samið hafi verið við viðskiptamann um annað. Þingaðila ber að kunngera viðskiptamanni fyrir fram hvaða þóknun hann muni áskilja sér fyrir þjónustu sína, sbr. ákvæði 1. mgr. 16. gr. laga nr. 13/1996.

Þingaðili skal byggja ráðleggingar til viðskiptamanns á traustum og fullnægjandi upplýsingum eins og þær liggja fyrir er ráðgjöf er veitt.

Starfsfólk þingaðila skal m.a. upplýsa viðskiptamann um það ef viðskipti hafa verið stöðvuð með hlutabréf viðkomandi félags í viðskipta- og upplýsingakerfi þingsins, þrátt fyrir að þingaðili sé t.d. að eiga viðskipti við viðskiptamanninn fyrir eigin reikning, þ.e. utanþingsviðskipti.

IV. Upplýsingar.

5. gr.

Þingaðili skal veita viðskiptamanni sínum, að teknu tilliti til þekkingar hans, greinargóðar og hlutlausar upplýsingar sem á að gera honum kleift að mynda sér skoðun á þeim fjárfestingarkostum sem eru í boði, kostum þeirra og göllum, sbr. ákvæði 15. gr. laga nr. 13/1996.

Þingaðili sem tekur að sér fjárvörslu fyrir viðskiptamann skal í samráði við hann skilgreina fyrir fram fjárfestingarstefnu viðskiptamannsins, sbr. ákvæði 17. gr. laga nr. 13/1996.

6. gr.

Þingaðili skal staðfesta við viðskiptamann hver viðskipti með öllum þeim upplýsingum sem við eiga.

Þingaðila ber að leiðbeina viðskiptamanni hafi hann ástæðu til að ætla að viðskiptin kunni að vera tilkynningarskyld (flöggun, innherjar).

Þingaðili skal skrá og halda til haga öllum upplýsingum um viðskipti til þess að geta svarað fyrirspurnum viðskiptamanns eða eftirlitsaðila, þ.e. Verðbréfaþings Íslands hf. og Fjármálaeftirlitsins, varðandi framkvæmd hlutaðeigandi viðskipta.

7. gr.

Ef viðskiptamaður óskar, ber þingaðila að veita honum upplýsingar um fjárhagsstöðu sína, þ.e. nýjasta ársreikning eða milliuppgjör, hafi það verið birt opinberlega.

V. Hagsmunaárekstrar og misnotkun aðstöðu.

8. gr.

Þingaðila ber í starfsemi sinni að forðast hvers konar hagsmunaárekstra eða misnotkun trúnaðarupplýsinga sem kunna að koma upp milli verðbréfamiðlunar og annarra starfssviða, t.d. þeirra sem tengjast starfsemi þingaðila á sviði afleiðuviðskipta, verðbréfaviðskipta fyrir eigin reikning, rannsókna, markaðsútboða, ráðgjafar vegna rekstrar fyrirtækja og lánastarfsemi. Hann skal draga úr hættu á hagsmunaárekstrum, þar sem slíkt á við, með skýrum aðskilnaði einstakra starfsþátta, eftir því sem tök eru á, þ.e. Kínamúrum (Chinese walls).

Gefa ber viðskiptamanni ráð sem gagnast hagsmunum hans en eru ekki til þess fallin að styrkja viðskiptastöðu þingaðila.

Þingaðili skal framkvæma viðskiptafyrirmæli í þeirri röð sem þau berast og í samræmi við bestu framkvæmd viðskipta. Honum er óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning sem ganga fyrir viðskiptafyrirmælum viðskiptavina (front running).

VI. Viðskiptahættir — sýnileiki.

9. gr.

Í öllum viðskiptum skal fara að lögum og góð viðskiptavenja höfð í fyrirrúmi.

Þingaðili ber ábyrgð á því að fullnægt sé reglum um góða viðskiptahætti, sbr. t.d. ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti. Starfsmenn hans skulu stunda viðskipti af trúmennsku, gæta hagsmuna viðskiptamanna í hvívetna og hafa hagsmuni markaðsheildarinnar að leiðarljósi.

Í þessu ákvæði felst m.a. að starfsmanni þingaðila er óheimilt að taka kaup- eða sölutilboði sem augljóslega gefur ranga mynd af markaðsverði tiltekins hlutabréfs og starfsmanninum má ljóst vera að allar líkur séu á að uppgjör viðskiptanna fari ekki fram.

10. gr.

Þingaðila er óheimilt að eiga sýndarviðskipti, dreifa röngum, villandi og hlutdrægum upplýsingum, koma af stað orðrómi um útgefendur eða verðbréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands hf. eða með öðrum hætti reyna að hafa áhrif á verðmyndun með óheiðarlegum hætti (market manipulation).

Starfsfólk þingaðila skal hvorki hafa frumkvæði að því að leita eftir trúnaðarupplýsingum né dreifa þeim.

11. gr.

Þingaðili skal gæta þess að aðhafast ekkert það sem hindrað gæti eða truflað sanngjarna og skipulega markaðsstarfsemi.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands hf. án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfinu svo fremi að bæði kaupendum og seljendum sé gerð grein fyrir að svo sé, sbr. ákvæði 23. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Engu að síður ber að tilkynna þinginu nákvæmlega hver viðskipti í samræmi við reglur um viðskipta- og upplýsingakerfi Verðbréfaþings Íslands hf., ákvæði reglugerða eða laga.

VII. Hæfni.

12. gr.

Starfsfólk þingaðila skal vera starfi sínu vaxið og búa eftir atvikum yfir sérmenntun og hafa þau réttindi sem stöðu þess hæfir.

Þingaðili skal tryggja viðhlítandi starfsþjálfun og fræðslu um reglur og starfshætti á markaðinum og skal starfsfólk hans jafnan hafa aðgang að sérfræðingi um lög og reglur sem gilda á verðbréfamarkaði.

VIII. Þagnarskylda og opinber umfjöllun.

13. gr.

Starfsmenn þingaðila skulu halda upplýsingum um málefni sem tengjast viðskiptamanni, þingaðilum eða Verðbréfaþingi Íslands hf. og trúnaður hvílir yfir frá óviðkomandi.

IX. Löghlýðni, eftirlit o.fl.

14. gr.

Þingaðili skal í störfum sínum fara að lögum og reglum er taka til viðskipta á verðbréfamarkaði, svo og hafa eftirlit með því að starfsfólk hans fari að reglum verðbréfamarkaðarins.

Þingaðila ber að setja reglur um viðskipti starfsfólks síns með verðbréf.

Verði þingaðili þess áskynja að starfsmaður hans hafi brotið lög eða reglur á verðbréfamarkaði skal hann hafa frumkvæði að því að tilkynna það til Verðbréfaþings Íslands hf. eða Fjármálaeftirlitsins.

15. gr.

Stjórn Verðbréfaþings Íslands hf. er heimilt að koma á fót siðanefnd til að skera úr ágreiningsefnum um hvort þingaðilar og starfsfólk þeirra hafi viðhaft góða starfshætti sam-

kvæmt reglum þessum. Álit og niðurstöður hennar skulu birtar opinberlega að teknu tilliti til laga um vernd persónuupplýsinga.

16. gr.

Framanskráðar reglur má ekki skoða sem tæmandi taldar um góða starfshætti.

Þingaðila ber að samræma sínar eigin siða- og starfsreglur við efni reglna þessara og láta þær reglur gilda gagnvart starfsmönnum sínum. Siðareglur þessar gilda í þeim tilvikum þar sem innri reglur þingaðila kunna að vera í ósamræmi við þær um þau efnisatriði sem siðareglurnar taka á.

Þingaðila er rétt og skylt í vafatilvikum að hafa samráð við Verðbréfaþing Íslands hf.

X. Gildistaka o.fl.

17. gr.

Reglur þessar taka gildi þann 1. júlí 1999. Þær eru settar með vísan til 5. tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Fylgiskjal IV.

Meginreglur Alþjóðasamtaka verðbréfamiðlara, IOSCO, um siðferði í viðskiptum.

Eftirfarandi eru meginreglur sem IOSCO mælir með:

— *Heiðarleiki og sanngirni.*
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ber í allri umsýslu sinni að fara heiðarlega að og af sanngirni svo sem best þjónar hagsmunum viðskiptavina þess og heiðarleika á verðbréfamarkaði.

— *Kostgæfni.*
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ber að rækja alla umsýslu sína af þeirri hæfni, alúð og kostgæfni sem við á, svo sem best þjónar hagsmunum viðskiptavina þess og heiðarleika á markaðinum.

— *Hæfni.*
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ber að hafa tiltækt og beita með virkum hætti þeim mannafla, aðstöðu og aðferðum sem nauðsynlegt er til að annast með viðeigandi hætti alla umsýslu þess.

— *Upplýsingar um viðskiptavini.*
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ber að afla hjá viðskiptavinum sínum allra þeirra upplýsinga um fjárhagsstöðu þeirra, fjárfestingarreynslu og fjárfestingarmarkmið sem máli skipta fyrir þjónustuna sem þeim skal veitt.

— *Upplýsingar til viðskiptavina.*
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ber að upplýsa viðskiptavini sína á fullnægjandi hátt um þær staðreyndir sem máli skipta um viðskipti þess við þá.

— *Hagsmunaárekstrar.*
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ber að forðast eftir mætti alla hagsmunaárekstra en verði ekki hjá þeim komist ber því að tryggja að viðskiptavinir þess sæti ekki ósanngjarnri meðferð.

— *Löghlýðni.*
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ber að uppfylla allar reglur og stjórnsýslufyrirmæli sem gilda um starfsemi þess þannig að sem best sé þjónað hagsmunum viðskiptavina þess og heiðarleika á verðbréfamarkaði.

25. Frumvarp til laga [25. mál]

um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Markmið og skipulag.

1. gr.
Markmið.

Markmið með lögum þessum er að veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.
Stofnun.

Með tryggingar samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun er nefnist Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, hér eftir nefndur sjóðurinn. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild, sbr. þó ákvæði 12. gr.

3. gr.
Aðilar að sjóðnum.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti, sem hafa staðfestu hér á landi, skulu eiga aðild að sjóðnum. Hið sama gildir um útibú þessara aðila á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi fyrirtæki, hér eftir nefnd aðildarfyrirtæki, bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans umfram lögbundin framlög til sjóðsins, sbr. ákvæði 6. og 7. gr. Fjármálaeftirlitið skal halda sérstaka skrá um aðildarfyrirtæki.

4. gr.
Stjórn og framkvæmdastjóri.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum til tveggja ára í senn. Viðskiptabankar tilnefna tvo menn í stjórn sjóðsins, sparisjóðir einn mann, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf sameiginlega einn mann og viðskiptaráðherra tvo menn. Viðskiptaráðherra skipar formann stjórnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Lögaðilinn getur verið Seðlabanki Íslands og vörslufyrirtæki samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Nánar skal kveðið á um verkefni stjórnar sjóðsins í samþykktum hans.

5. gr.

Aðalfundur.

Aðalfund skal halda fyrir lok mars ár hvert. Á aðalfundi skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu stjórnar. Aðalfundur setur sjóðnum samþykktir. Kveða skal nánar á um verkefni aðalfunda í samþykktum sjóðsins sem háðar skulu samþykki ráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Sérhvert aðildarfyrirtæki á rétt til setu á aðalfundi. Á aðalfundi fara viðskiptabankar samtals með sex atkvæði, sparisjóðir með þrjú atkvæði og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf með þrjú atkvæði. Vægi hvers aðildarfyrirtækis er jafnt innan hvers hóps. Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins þarf fulltingi ⅔ hluta atkvæða á aðalfundi og samþykki ráðherra.

Stjórn sjóðsins getur, þegar hún telur tilefni til, boðað öll aðildarfyrirtæki til fundar. Skylt er henni að boða til fundar ef aðildarfyrirtæki með samtals fjórðung atkvæða æskja þess.

II. KAFLI
Greiðslur í sjóðinn.

6. gr.

Innstæðudeild.

Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Nái heildareign ekki lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó viðmunarmörk skv. 1. málsl. Nái heildareign deildarinnar samt ekki tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir sama hlutfalli þeirrar fjárhæðar er vantar á lágmarkið og nemur hlutfalli tryggðra innstæðna hlutaðeigandi af samanlögðum tryggðum innstæðum.

Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári þar til lágmarki skv. 1. mgr. er náð. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. 1. mgr.

Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar.

7. gr.

Verðbréfadeild.

Heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 100 millj. kr. Viðskiptaráðherra getur að fenginni tillögu stjórnar sjóðsins samþykkt að auka eignir deildarinnar. Stjórn sjóðsins skal á tveggja ára fresti gera ráðherra grein fyrir afstöðu sinni til hækkunar á eignum deildarinnar, í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2002.

Nái heildareign sjóðsins ekki lágmarki skv. 1. mgr. skulu aðildarfyrirtæki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur samtals 20 millj. kr., þar til sjóðurinn hefur náð tilskilinni lágmarksstærð. Gjaldið sem hvert aðildarfyrirtæki greiðir skal miðast við hlut þess í samanlögðum fjölda stöðugilda í aðildarfyrirtækjum í tengslum við viðskipti með verðbréf í lok næstliðins árs og við hlut þess í samanlögðum fjölda viðskiptareikninga hjá aðildarfyrirtækjum í lok næstliðins árs í tengslum við viðskipti með verðbréf í þeim hlutföllum sem kveðið er á um í reglugerð. Nái heildareign deildarinnar samt ekki tilskildu lágmarki skal hvert aðildarfyrirtæki leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir þeim hlut sem upp á vantar samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er stjórn sjóðsins heimilt að kaupa vátryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi á Evrópska efnahagssvæðinu til að tryggja sig gegn tjóni. Kaupi sjóðurinn vátryggingu skal þó í það minnsta fjórðungur af lágmarksstærð deildarinnar skv. 1. mgr. vera í verðbréfum eða reiðufé.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveða nánar á um greiðslu aðildarfyrirtækja í verðbréfadeild og jafnframt skal í reglugerðinni kveðið á um aðkomu nýrra aðildarfyrirtækja að verðbréfadeildinni og greiðslur þeirra til deildarinnar.

Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar.

8. gr.

Afturköllun leyfis.

Nú uppfyllir aðildarfyrirtæki ekki skyldur sínar gagnvart sjóðnum samkvæmt lögum þessum og reglugerð og skal þá stjórn hans tilkynna það ráðherra og Fjármálaeftirlitinu án tafar. Ráðherra skal veita hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki allt að sex mánaða frest til úrbóta að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins. Séu ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja frestinn um allt að sex mánuði til viðbótar.

Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út án þess að hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum og getur ráðherra þá afturkallað starfsleyfi þess að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins. Skuldbindingar, sem stofnað er til áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út, skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um útibú erlendra viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem aðild eiga að sjóðnum. Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út þegar um er að ræða útibú aðildarfyrirtækis með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og skal þá Fjármálaeftirlitið banna starfsemi þess hér á landi. Þegar um er að ræða aðildarfyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal ráðherra afturkalla starfsleyfi þess að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins.

III. KAFLI
Greiðslur úr sjóðnum.

9. gr.
Greiðslur úr sjóðnum.

Nú er aðildarfyrirtæki að áliti Fjármálaeftirlitsins ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafið aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu eða skil á í samræmi við þá skilmála er gilda. Er þá sjóðnum skylt að greiða viðskiptavini aðildarfyrirtækis andvirði innstæðu úr innstæðudeild og andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf úr verðbréfadeild. Greiðsluskylda sjóðsins verður einnig virk ef bú aðildarfyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta í samræmi við lög um viðskiptabanka og sparisjóði og lög um verðbréfaviðskipti.

Álit Fjármálaeftirlitsins skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að það fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki hafi ekki greitt viðskiptavini sínum eða staðið skil á verðbréfum eins og því bar að gera.

Með innstæðu skv. 1. mgr. er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa.

Með verðbréfum skv. 1. mgr. er átt við verðbréf sem eru í vörslu, umsjón eða umsýslu aðildarfyrirtækis og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækis og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum.

Með reiðufé skv. 1. mgr. er átt við innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis í tengslum við viðskipti með verðbréf.

Undanskilin tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður, verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning og innstæður, verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti.

Nánar skal kveða á um tilhögun greiðslna úr sjóðnum í reglugerð.

10. gr.
Fjárhæð til greiðslu.

Nú hrökkva eignir viðkomandi deildar sjóðsins ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum og skal þá greiðslu úr hvorri deild skipt þannig milli kröfuhafa að krafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr. er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar hrökkva til. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999. Sjóðurinn verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt tjón kröfuhafa hafi ekki verið bætt að fullu.

Hrökkvi eignir sjóðsins ekki til og stjórn hans telur til þess brýna ástæðu er henni heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum.

Komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu kröfuhafa á hendur hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi.

11. gr.

Lán á milli deilda.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána allt að 50 millj. kr. á milli innstæðudeildar og verðbréfadeildar. Lánið skal endurgreiðast innan 36 mánaða. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um lán á milli deilda í reglugerð.

12. gr.

Víkjandi lán.

Sjóðnum er heimilt að veita aðildarfyrirtæki víkjandi lán í sérstakri deild fyrir slík lán, í því skyni að efla eiginfjárstöðu þess, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir lánveitingu, svo sem að lántaki afli aukins eiginfjár eða geri aðrar ráðstafanir til að styrkja rekstur sinn.

Stjórn sjóðsins er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag aðildarfyrirtækja sem veitt er víkjandi lán. Stjórn sjóðsins getur í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki.

IV. KAFLI
Erlend útibú.

13. gr.

Útibúum erlendra viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, er heimil aðild að sjóðnum vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem ekki er tryggt á sambærilegan hátt á Evrópska efnahagssvæðinu.

Erlend útibú skv. 1. mgr. sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og starfa hér á landi skulu vera aðilar að sjóðnum, enda sé slíkt útibú ekki aðili að sambærilegu tryggingakerfi í heimaríki sínu.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um aðild erlendra útibúa samkvæmt þessari grein að sjóðnum, svo og um þær viðbótartryggingar sem útibú þurfa til þess að geta starfað hér á landi. Um iðgjöld og greiðslur vegna trygginga samkvæmt þessari grein skal nánar kveðið á í reglugerð.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ársreikningur og endurskoðun.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Löggiltur endurskoðandi sjóðsins skal kosinn á aðalfundi. Endurskoðaður ársreikningur skal samþykktur og áritaður af stjórn hans og staðfestur af ráðherra.

15. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög þessi, reglugerð og samþykktir fyrir sjóðinn. Um eftirlitið gilda að öðru leyti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

16. gr.

Skriflegar upplýsingar til reiðu.

Aðildarfyrirtæki skulu á afgreiðslustöðum sínum hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um aðild sína að sjóðnum, umfang tryggingar, hvaða eignir eru ekki tryggðar og hvert kröfuhafi geti snúið sér neiti aðildarfyrirtæki kröfuhafa um greiðslu. Skulu upplýsingar vera á íslensku og ávallt til reiðu þannig að auðvelt sé að nálgast þær.

Auglýsingar aðildarfyrirtækja um aðild að sjóðnum skulu takmarkaðar við beina tilvísun til hlutaðeigandi deildar hans.

17. gr.

Undanþága frá skatti og gjaldþrotalögum.

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Sjóðurinn verður hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

18. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, m.a. um tilhögun á greiðslum úr sjóðnum, tryggingu á innstæðu, verðbréfum eða reiðufé þegar um sameiginlegan reikning er að ræða eða þegar viðskiptavinur aðildarfyrirtækis á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu, verðbréfa og reiðufjár og um ávöxtun á eignum sjóðsins.

VI. KAFLI

Öryggissjóðir.

19. gr.

Viðskiptabönkum annars vegar og sparisjóðum hins vegar, með staðfestu hér á landi, er heimilt að stofna sjálfseignarstofnanir, öryggissjóði, sem allir viðskiptabankar eða allir sparisjóðir skulu vera aðilar að í því skyni að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka eða sparisjóða.

Til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og í því skyni fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka eða sparisjóðs getur öryggissjóður veitt lán eða yfirtekið vissar eignir, gengið í ábyrgðir, bætt sérstakt tap og kostnað sem viðskiptabanki eða sparisjóður verður fyrir og veitt viðskiptabönkum eða sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórnir sjóðanna ákveða í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykkta sjóðsins. Í þessu skyni er öryggissjóði heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs. Í samþykktum skal setja nánari reglur um starfsemina, svo og um tekjur og lánveitingar.

Öryggissjóði er enn fremur heimilt að veita viðskiptabanka eða sparisjóði víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir veitingu víkjandi láns. Henni er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs sem veitt er víkjandi lán. Getur stjórnin í því sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum öryggissjóðs. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut sinn í heildareignum viðskiptabanka eða sparisjóða. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans á milli aðal- og aukafunda. Hún skal skipuð fimm mönnum og skulu fjórir stjórnarmenn og jafnmargir til vara kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Ráðherra tilnefnir einn mann og skal hann

tilnefndur til þriggja ára í senn. Nánar skal kveðið á um skipan og verkefni stjórnar í samþykktum.

Stjórnarmenn og starfsmenn öryggissjóða eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Öryggissjóður er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sjóðurinn verður hvorki tekinn til gjaldþrotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

Aðalfundur setur öryggissjóði samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi öryggissjóða. Um eftirlitið gilda að öðru leyti lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Sjóðurinn yfirtekur þá eignir og skuldir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða sem lagðir verða niður frá sama tíma.

Halda skal stofnfund fyrir 31. desember 1999 þar sem settar eru samþykktir fyrir sjóðinn, sbr. 5. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur þegar gildi.

Með lögum þessum falla úr gildi ákvæði X. kafla (75.–81. gr.) laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

21. gr.

Lög þessi eru sett í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/1994 og nr. 12/1998 og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins nr. 19 frá 1994 um innstæðutryggingar og nr. 9 frá 1997 um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í tengslum við tilskipun Evrópusambandsins um tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 97/9/EC. Tilskipunin kveður á um samræmdar reglur um lágmarksvernd fyrir fjárfesta sem eiga kröfu á hendur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir í tengslum við viðskipti með verðbréf gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis.

Tilskipunin kemur í framhaldi af tilskipun um innstæðutryggingar, nr. 94/19/EC, sem sett var árið 1994. Sú tilskipun tryggir innstæðueigendur upp að vissu marki gegn greiðsluerfiðleikum viðskiptabanka og sparisjóða. Lögum um viðskiptabanka og sparisjóði var breytt árið 1996 (lög nr. 113/1996), m.a. til að uppfylla ákvæði innstæðutryggingatilskipunarinnar. Nú starfa tveir tryggingarsjóðir, Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða, sem tryggja innstæðueigendur gegn greiðsluerfiðleikum og starfa samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Sjóðunum er heimilt að starfa í tveimur deildum, innstæðudeild, sem tryggir innstæður, og lánadeild sem getur veitt lán í því skyni að styðja við rekstur innlánsstofnunar. Tryggingarsjóður sparisjóða hefur nýtt sér þessar heimildir og starfar í tveimur deildum en ekki Tryggingarsjóður viðskiptabanka.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýtt tryggingakerfi fyrir fjárfesta renni saman í einn sjóð, Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Með því yrði til einn heildstæður tryggingarsjóður sem verndaði innstæðueigendur og viðskiptavini lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjón-

ustu gegn greiðsluerfiðleikum þessara fyrirtækja. Helstu rök að baki slíkum samruna eru að bankastarfsemi og verðbréfastarfsemi er orðin mjög samofin. Þá er hagstætt út frá tryggingarfræðilegu sjónarmiði að stækka sjóðinn og dreifa áhættu auk þess sem rekstrarkostnaður yrði minni. Flókið samspil tveggja eða fleiri kerfa er heldur ekki fýsilegt frá sjónarmiði neytendaverndar.

Með frumvarpinu er lagt til að ný lög verði sett um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta í stað kafla í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði um tryggingarsjóði innlánsstofnana. Þetta er gert þar sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir eru einnig aðilar að sjóðnum. Þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að innstæðutryggingum eru hins vegar byggð á núgildandi ákvæðum í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Frumvarpið er að nokkru byggt á dönskum lögum en Danir hafa nú nýlega samþykkt lög sem byggjast á svipaðri hugmynd og hér er lögð til (Lov om en garantifond for indskydere og investorer, nr. 415 af 26/06/1998).

Frumvarpið er samið af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði 6. ágúst 1998 til að semja frumvarp sem uppfyllti tilskipun Evrópusambandsins um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Nefndin skyldi stefna að því að sameina innstæðutryggingarsjóði og tryggingarkerfið fyrir fjárfesta í einn tryggingarsjóð. Í nefndinni voru: Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti, formaður, Finnur Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra viðskiptabanka, Gunnar Helgi Hálfdánarson, forstjóri Landsbréfa, Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Sigurður Hafstein, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sparisjóða, og Sveinbjörn Hafliðason, aðallögfræðingur Seðlabanka Íslands.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru þessi:

— Nýr tryggingarsjóður, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, verður til með sameiningu Tryggingarsjóðs viðskiptabanka, innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýs tryggingakerfis fyrir fjárfesta.
— Sjóðurinn verður sjálfseignarstofnun með sex manna stjórn og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og verðbréfadeild. Heimilt er að lána fé á milli deildanna að vissu marki.
— Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal ávallt nema a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Eignir verðbréfadeildar skulu vera a.m.k. 100 millj. kr.
— Viðskiptavinur aðildarfyrirtækis getur krafið sjóðinn um greiðslu innstæðu, verðbréfa og reiðufjár sem hann hefur krafið aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu á í samræmi við þá skilmála er gilda og aðildarfyrirtækið er að áliti Fjármálaeftirlitsins ekki fært um að inna tafarlaust af hendi eða í nánustu framtíð vegna greiðsluerfiðleika eða ef það hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.
— Ef eignir sjóðsins hrökkva ekki til að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár skal greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli kröfuhafa að heildarkrafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr. verði bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Sjóðnum er heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til.
— Lagt er til að viðskiptabönkum og sparisjóðum verði heimilt að stofna sjálfseignarstofnanir, öryggissjóði, sem allir viðskiptabankar eða allir sparisjóðir skulu vera aðilar að í því skyni að tryggja fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka og sparisjóða. Nú er starfandi lánadeild Tryggingarsjóðs sparisjóða sem hefur sambærilegar heimildir.

Helstu ákvæði tilskipunar um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Markmiðið með tilskipuninni er að koma á samræmdum reglum um lágmarksvernd fyrir fjárfesta sem eiga kröfu á hendur fyrirtæki sem hefur starfsleyfi samkvæmt tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta, nr. 93/22/EC, eða hefur heimild til að veita þjónustu í tengslum við viðskipti með verðbréf. Hér er átt við fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir.

Hafi fyrirtæki ekki fjárhagslegt bolmagn til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum og verði að mati lögbærra yfirvalda ekki fært um að uppfylla þær í náinni framtíð fær hver fjárfestir bætur sem svara að lágmarki til 20.000 evrum sem jafngildir tæplega 1,6 millj. kr., ef krafa á hendur verðbréfafyrirtæki nær þeirri upphæð. Heimilt er að ákveða að bætur takmarkist við ákveðið hlutfall af kröfu en þó verður að bæta minnst 90% af kröfum lægri en 20.000 evrur. Jafnframt er heimilt að ákveða að vissir fjárfestar skuli útilokaðir frá tryggingakerfinu eða að trygging þeirra skuli vera lægri. Hér er t.d. átt við hið opinbera og fagfjárfesta.

Tilskipunin er keimlík tilskipun um innstæðutryggingar og markmiðið hið sama. Í tilskipuninni um tryggingakerfi fyrir fjárfesta er kveðið á um að lánastofnanir, sem hafa heimild til að veita verðbréfaþjónustu, falli undir tilskipunina. Þó er ekki nauðsynlegt að slík lánastofnun falli undir bæði kerfin ef annað uppfyllir bæði skilyrði innstæðutryggingartilskipunarinnar og tilskipunar um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Tilskipunin veitir einungis vernd fyrir verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir sem hafa heimildir til viðskipta með verðbréf samkvæmt tilskipun um verðbréfaþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Það þýðir að eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum eru ekki tryggðir. Hins vegar eru hlutdeildarskírteinin tryggð ef þau eru hluti af verðbréfasafni fjárfestis í fjárvörslu hjá verðbréfafyrirtæki.

Ekki er kveðið á um það í tilskipuninni hvernig tryggingakerfi fyrir fjárfesta skuli fjármagnað. Þó er sagt að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu verði að jafnaði sjálf að bera kostnaðinn við fjármögnun kerfanna og að fjárhagsleg geta kerfanna verði að vera í samræmi við hugsanlegar kröfur. Kerfin mega samt ekki stefna stöðugleika fjármálakerfis viðkomandi aðildarríkis í hættu.

Tryggingakerfi fyrir fjárfesta í Evrópu.

Tvö lönd innan Evrópusambandsins, Bretland og Belgía, hafa lengi rekið tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Utan Evrópusambandsins hefur Noregur tryggingarskyldu sem svipar um margt til þeirrar starfsábyrgðartryggingar sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hér á landi hafa. Önnur ríki hafa verið að koma á fót kerfi, eða eru að því um þessar mundir, sem uppfyllir ákvæði tilskipunar ESB. Danir hafa til að mynda stofnað nýjan sjóð sem byggist á sömu hugmynd og þetta frumvarp. Svíar gera einnig ráð fyrir nánum tengslum innstæðutryggingakerfisins og tryggingakerfis fyrir fjárfesta.

Bretland.

Bretar hafa rekið tryggingakerfi frá árinu 1988. Kerfið er rekið af sérstakri stofnun, Investors Compensation Scheme (ICS), sem hefur um eitt hundrað starfsmenn. Meginhlutverk ICS er að vernda fjárfesta gegn greiðsluerfiðleikum verðbréfafyrirtækja líkt og tilskipun ESB. Kerfið veitir þó mun víðtækari tryggingarvernd en tilskipunin. Til dæmis verndar það fjárfesta fyrir slæmri ráðgjöf verðbréfafyrirtækja og lágmarksvernd er mun hærri.

ICS tryggir fyrstu 3,4 millj. kr. hvers einstaklings og 90% af næstu 2,3 millj. kr. Hámarksvernd hvers einstaklings er því 5,7 millj. kr. á þeim tíma sem frumvarpið er lagt fram. Kerfið er fjármagnað með gjaldi á öll verðbréfafyrirtæki en þau eru um 1.800.

Kröfum á verðbréfafyrirtæki hefur fjölgað frá því að ICS tók til starfa fyrir áratug. ICS hefur að jafnaði greitt út um 2 milljarða kr. á síðustu árum. Einungis um tíundi hluti þeirra greiðslna er vegna atvika sem gerðu vernd samkvæmt tilskipun ESB virka.

Belgía.

Í Belgíu hafa verðbréfafyrirtæki verið skylduð til að greiða í tryggingarsjóð frá árinu 1990. Tryggingin nær til allra fjárfesta, hvort heldur einstaklinga eða stofnanafjárfesta. Hæstu bætur fyrir hvern fjárfesti eru um 5 millj. kr. Hámarksbætur sem kerfið greiðir út á hverju ári eru 500 millj. kr.

Belgar munu þurfa að gera nokkrar breytingar á kerfinu til að uppfylla skilyrði tilskipunarinnar, m.a. að afnema hámark þess sem kerfið greiðir út á hverju ári.

Noregur.

Frá 1985 hefur verið í gildi reglugerð í Noregi um vernd viðskiptavina verðbréfafyrirtækja sem hefur stoð í lögum um verðbréfaviðskipti. Verðbréfafyrirtæki skulu leggja fram vátryggingu eða bankaábyrgð til að vernda viðskiptavini gegn tjóni sem verðbréfafyrirtækið veldur þeim með starfsemi sinni. Lágmarkstryggingavernd fyrir hvern fjárfesti er um 2 millj. ísl. kr. fyrir hvert tjónsatvik. Verðbréfafyrirtækjum er þó heimilt að setja hámark á vátryggingu sem þau afla sér. Það hámark má þó ekki vera lægra en 250 millj. ísl. kr. Það er nú til athugunar hvort þetta kerfi stenst gagnvart tilskipun ESB.

Vátryggingin tekur ekki einungis til greiðsluþrots verðbréfafyrirtækis heldur einnig þess að það valdi fjárfesti skaðabótaskyldu tjóni. Viðskiptavinir sem eiga kröfu á hendur þrotabúi fyrirtækis vegna fjárfestingarþjónustu eru ekki almennir kröfuhafar í þrotabú heldur sértökumenn þar eð skylt er að halda eignum viðskiptamanna tryggilega aðgreindum frá öðrum eignum.

Danmörk.

Danir hafa ekki haft tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Lög um tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta voru sett í júní 1998. Gert er ráð fyrir að breikka grundvöll tryggingarsjóðs innlánsstofnana þannig að hann taki einnig á greiðslufalli verðbréfafyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu eru innstæðueigendur og viðskiptavinir verðbréfafyrirtækja tryggðir að 3 millj. ísl. kr. að hámarki vegna innstæðna og fjárfestingarþjónustu. Sjóðurinn skiptist í þrennt: innlánsstofnanadeild, verðbréfafyrirtækjadeild og húsnæðisbréfadeild. Heimilt er að lána á milli deilda upp að vissu marki reynist innstæða í sjóðsdeild ekki nægileg til að bæta tjón.

Í athugasemdum við danska frumvarpið kemur fram að þar eð svo margt sé líkt með innstæðutryggingarsjóðnum og ákvæðum tilskipunarinnar um nýtt kerfi sé eðlilegt að hafa sjóðinn aðeins einn. Það muni líka leiða til minni áhættu því að hún dreifist á fleiri aðila. Þá sé líklegt að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja viti betur um rétt sinn ef einn sjóður tryggir bæði innstæðueigendur og fjárfesta en ef tegund fjármálaþjónustu ræður fjölda sjóða.

Danir huguðu einnig að öðrum möguleikum. Það var mat vinnuhóps sem vann að gerð tillagna um tilskipunina að trygging eða ábyrgð tryggði ekki fullnægjandi vernd. Einnig taldi vinnuhópurinn að sérstakur sjóður fyrir verðbréfafyrirtæki þyrfti að vera mun stærri en ef einn sjóður tæki sameiginlega á málum innlánsstofnana og verðbréfafyrirtækja.

Svíþjóð.

Í nýsamþykktum lögum um þetta efni kemur fram að stofnaður verði sérstakur tryggingarsjóður fyrir verðbréfafyrirtæki, en hann verði í nánum tengslum við innstæðutryggingarsjóðinn og sama stjórn verði yfir báðum sjóðunum. Bætur greiðast að hámarki 2,5 millj. ísl. kr. á hvern fjárfesti. Ekki er gert ráð fyrir neinni sjálfsáhættu viðskiptavinarins. Fjármálafyrirtæki, hið opinbera og stofnanafjárfestar njóta ekki tryggingarverndar. Í fyrstu hugmyndum Svía um stærð sjóðsins var miðað við að safna þyrfti um 3 milljörðum ísl. kr. í sjóð til að standa skil á þeim kröfum sem kunna að falla á sjóðinn vegna þrots verðbréfafyrirtækja.

Bætur til innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi.

Alþingi hefur sett ákvæði í þrenn lög um bætur til innstæðueigenda og fjárfesta sem eru í viðskiptum við innlánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu:

1. Innstæðutryggingar, sbr. X. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, en sá kafli fjallar um tryggingarsjóði innlánsstofnana.
2. Tryggingarskylda fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, sbr. 3. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og reglugerð nr. 361/1993, um tryggingarskyldu vegna verðbréfamiðlunar og verðbréfaviðskipta.
3. Skaðabætur vegna mistaka verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnana, sbr. lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Innstæðutryggingar.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða hafa haft með höndum innstæðutryggingar hér á landi. Innstæðueigendur eru tryggðir gegn greiðsluerfiðleikum banka og sparisjóða að ákveðnu marki eins og kveðið er á um í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Lögin taka mið af tilskipun Evrópusambandsins um innstæðutryggingar.

Hlutverk Tryggingarsjóðs viðskiptabanka samkvæmt lögunum er að tryggja innstæðueigenda skil á greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanki eða útibú getur ekki innt af hendi. Meginhlutverk Tryggingarsjóðs sparisjóða er að tryggja fjárhagslegt öryggi þeirra og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs. Tryggingarsjóður sparisjóða starfar í tveimur deildum, innstæðudeild og lánadeild, en Tryggingarsjóði viðskiptabanka er samkvæmt lögunum heimilt að stofna lánadeild. Tryggingarsjóðunum er heimilt að veita víkjandi lán.

Í báðum sjóðunum eru tryggðar innstæður sem orðnar eru til vegna innlána í innlendum eða erlendum gjaldmiðli eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi. Tryggingin nær ekki til skuldabréfa, víxla og annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa.

Ef eignir tryggingarsjóðanna duga ekki til að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna skal greiðslu úr sjóðunum skipt þannig milli innstæðueigenda að samanlögð heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1,7 millj. kr. er bætt að fullu en það sem umfram er hlutfallslega eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Tryggingarfjárhæðin tekur til heildarinnstæðu innstæðueiganda en ekki sérhvers reiknings sem er í eigu hans.

Samkvæmt gildandi lögum skal stefnt að því að heildareign innstæðudeilda tryggingarsjóðanna nemi a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð þessu lágmarki skulu viðskiptabankar og sparisjóðir greiða gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði. Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða 0,15% af tryggðum innstæðum í sjö ár og leggja auk þess fram yfirlýsingu um að hann sé ábyrgur

fyrir mismuninum á 1% af tryggðum innstæðum og greiðslu til sjóðsins. Innstæðudeildir beggja sjóðanna hafa náð 1% lágmarkinu. Viðskiptabankar hafa ekki þurft að greiða til Tryggingarsjóðs viðskiptabanka í fimm ár.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka var stofnaður árið 1985 sem ríkisstofnun. Sama ár var Tryggingarsjóður sparisjóða gerður að samtryggingarsjóði og í formi sjálfseignarstofnunar en sjóðurinn rekur sögu sína aftur til ársins 1941. Með lögum nr. 113/1996 voru starfsheimildir sjóðanna samræmdar að verulegu leyti en rekstrarform og eignarhald þeirra er þó ólíkt. Eins og fyrr sagði er Tryggingarsjóður viðskiptabanka ríkisstofnun. Viðskiptaráðherra skipar tvo menn af þremur í stjórn sjóðsins og Samband íslenskra viðskiptabanka einn. Tryggingarsjóður sparisjóða er hins vegar sjálfseignarstofnun og eru fjórir af fimm stjórnarmönnum kosnir á aðalfundi þar sem hver aðili að sjóðnum fer með hlut í samræmi við hlutdeild sína í tryggðum innstæðum. Viðskiptaráðherra skipar fimmta manninn í stjórn sjóðsins.

Í frumvarpi að lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, var gert ráð fyrir að tryggingarsjóðirnir tveir sameinuðust í einn tryggingarsjóð innlánsstofnana. Ekki var hins vegar meirihlutavilji á Alþingi fyrir slíkri breytingu.

Í niðurstöðu nefndar sem fjallaði um framtíðarfyrirkomulag innstæðutrygginga hér á landi árið 1994 og var skipuð fulltrúum viðskiptabanka, sparisjóða og stjórnvalda sagði: „Nefndin leggur til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða starfi áfram með óbreyttum hætti að öðru leyti en því sem reynast kann nauðsynlegt vegna samræmdra reglna um innstæðutryggingar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Nefndin leggur með öðrum orðum til að sjóðirnir starfi aðskildir enn um sinn. Hins vegar telur nefndin margt mæla með því að innan nokkurra ára verði sjóðirnir sameinaðir."

Tryggingarskylda fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Í lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, var fyrst kveðið á um að verðbréfamiðlarar skyldu afla sér starfsábyrgðartryggingar hjá vátryggingafélagi eða bankatryggingar áður en þeir fengju starfsleyfi. Tryggingin skyldi bæta tjón er verðbréfamiðlarar kynnu að baka viðskiptavinum með störfum sínum. Í athugasemdum við frumvarpið sagði að hliðsjón hefði verið höfð af þeim tryggingum sem fasteignasölum væri gert að afla sér til þess að öðlast leyfi til fasteignasölu. Nánari ákvæði voru sett með reglugerð.

Ný lög um verðbréfaviðskipti voru samþykkt árið 1993 og reglugerð byggð á þeim fylgdi í kjölfarið. Enn voru ný lög samþykkt árið 1996 en ný reglugerð hefur enn ekki verið sett. Núgildandi reglugerð um tryggingarskyldu vegna verðbréfamiðlunar og verðbréfaviðskipta er því nr. 361/1993, með breytingu nr. 466/1993.

Fleiri aðilum en fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt lögum samkvæmt að afla sér starfsábyrgðartryggingar. Þar má nefna endurskoðendur, lögmenn, bílasala, vátryggingamiðlara og fasteignasala. Trygging fyrirtækja í verðbréfaþjónustu er óvenju víðtæk starfsábyrgðartrygging þar sem hún tekur ekki aðeins til einfalds gáleysis heldur einnig stórkostlegs gáleysis og ásetnings. Tryggingarskyldan tekur til allra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, þ.e. bæði verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana, en sem dæmi um annað fyrirkomulag má nefna að vátryggingamiðlurum er gert skylt að afla sér starfsábyrgðartryggingar þótt ekki sé gerð sambærileg krafa á vátryggingarfélög.

Í reglugerð um tryggingarskyldu er kveðið á um fjárhæðarmörk. Starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlana bætir allt að 4,5 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks en heildarfjárhæð bóta getur þó ekki orðið hærri en 13,5 millj. kr. á tímabilinu. Sambærilegar tölur

fyrir verðbréfafyrirtæki eru 9 millj. kr. og 27 millj. kr., hvort tveggja miðað við verðlag ársins 1993.

Starfsábyrgðartrygging fyrirtækja í verðbréfaþjónustu veitir viðskiptavinum fyrirtækjanna vernd gegn skaðabótaskyldu tjóni sem þau eru talin bera ábyrgð á. Þessi trygging er að sumu leyti víðtækari en sú vernd sem kemur fram í tilskipun Evrópusambandsins. Markmiðið með tilskipun um tryggingarkerfi fyrir fjárfesta er að vernda viðskiptavini gegn greiðsluerfiðleikum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar. Ekki kemur til útborgunar úr tryggingarkerfinu fyrr en ljóst er að verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun getur ekki staðið við skuldbindingar sínar að mati Fjármálaeftirlitsins. Á starfsábyrgðartrygginguna getur hins vegar reynt þó að ekki sé um greiðslufall eða gjaldþrot verðbréfafyrirtækis að ræða.

Annar veigamikill munur á starfsábyrgðartryggingunni og tilskipuninni er sá að í starfsábyrgðartryggingunni er tiltekið hámark vátryggingar fyrir hvert einstakt tjónsatvik og fyrir öll tjónsatvik á hverju ári en í tilskipuninni er kveðið á um lágmarksvernd fyrir hvern einstakan viðskiptavin. Samkvæmt tilskipuninni er ekki heimilt að kveða á um hámarksfjárhæð.

Skaðabætur vegna mistaka verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnana.

Í árslok 1997 voru samþykkt lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Verðbréfamiðstöðvar fá starfsleyfi viðskiptaráðherra samkvæmt lögunum. Með verðbréfamiðstöð verður uppgjör verðbréfaviðskipta rafrænt og þar verða eignir fjárfesta skráðar rafrænt fyrir milligöngu reikningsstofnana, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, Seðlabankans og Lánasýslu ríkisins. Verðbréf sem tekin eru til skráningar í verðbréfamiðstöð verða ekki gefin út á pappír og eina lögformlega skráningin á réttindum eigandans verður í verðbréfamiðstöð. Stofnað hefur verið félag um verðbréfamiðstöð hér á landi.

Með tilkomu verðbréfamiðstöðvar mun áhætta af verðbréfaviðskiptum minnka mjög. Hins vegar er mjög mikilvægt að almenningur eða fyrirtæki bíði ekki fjárhagslegt tjón ef mistök verða í starfsemi hennar. Almenningur og fyrirtæki eiga ekki að þurfa að óttast um öryggi fjármuna sinna í verðbréfamiðstöð.

Samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa ber verðbréfamiðstöð hlutlæga ábyrgð á tjóni sem rakið verður til starfsemi hennar í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í miðstöðinni. Bótaábyrgð nær þó hvorki til tjóns vegna glataðra viðskiptatækifæra né til tjóns vegna óviðráðanlegra ytri atvika. Sömu reglur gilda um reikningsstofnun ef tjón verður rakið til starfsemi hennar. Samanlagður ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar skal að lágmarki nema 650 millj. kr. í formi ábyrgða eða á annan hátt.

Bætur fyrir mistök í skráningu í verðbréfamiðstöð eru eftir atvikum greiddar af verðbréfamiðstöð eða reikningsstofnun. Sérstakur ábyrgðarsjóður er í verðbréfamiðstöð vegna mistaka sem rakin verða til starfsemi hennar, eins og að framan greinir, en ekki er gerð krafa í lögum um sambærilegan sjóð reikningsstofnana. Tryggingakerfi fyrir fjárfesta mun samkvæmt tilskipun ESB veita fjárfestum ákveðna lágmarksvernd ef fyrirtæki í verðbréfaþjónustu getur ekki afhent verðbréf sem eru í vörslu þess og fyrirtækið er ekki fjárhagslega í stakk búið að standa við skuldbindingar sínar. Ekki skiptir máli í þessu efni hvort verðbréfin eru á pappírsformi eða í rafrænni vörslu á verðbréfareikningi í umsjón fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.

Líkur á gjaldþroti fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Þó svo að tilskipun um tryggingakerfi fyrir fjárfesta byggist að mestu leyti á innstæðutryggingatilskipuninni er þó engu að síður veigamikill munur á innstæðum og viðskiptum með verðbréf. Innstæður eru meginuppistaðan í fjármögnun banka og sparisjóða og koma fram á efnahagsreikningi þeirra. Þessu er ólíkt farið hjá fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu. Þau eru oftast að selja bréf sem gefin eru út af þriðja aðila. Verðbréf sem tryggð eru samkvæmt tilskipuninnni koma því ekki fram á efnahagsreikningi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt skv. 19. gr. laga um verðbréfaviðskipti að halda fjármunum viðskiptamanna sinna tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu getur því orðið gjaldþrota án þess að viðskiptavinir fyrirtækisins í tengslum við viðskipti með verðbréf tapi fjármunum sínum. Til að viðskiptavinir fyrirtækisins tapi fjármunum þurfa að koma til stórkostleg mistök eða sviksamlegt athæfi.

Ógjörningur er að meta líkur á gjaldþroti fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Með öflugu lögbundnu eftirliti og ströngum lagaskilyrðum um eigið fé og áhættustýringu ættu gjaldþrot fyrirtækja í verðbréfaþjónustu að vera afar fátíð. Reynslan annars staðar á Norðurlöndum bendir einmitt til að svo sé. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að viðskiptavinir geti tapað fjármunum vegna gjaldþrots verðbréfafyrirtækis, en markmið tilskipunarinnar er að vernda fjárfesta gegn slíku.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eignir verðbréfadeildar sjóðsins verði a.m.k. 100 millj. kr. Talið er að líkur á að viðskiptavinir fyrirtækja í verðbréfaþjónustu tapi meiri fjármunum á gjaldþroti séu litlar. Stærð sjóðsins er hlutfallslega svipuð og sambærilegra sjóða í Danmörku og Svíþjóð. Ráðherra getur að tillögu stjórnar sjóðsins ákveðið að auka eignir verðbréfadeildar sjóðsins. Auk þess er heimilt að lána á milli deilda sjóðsins að ákveðnu marki.

Fjárhagsstaða tryggingarsjóða innlánsstofnana.

Tryggingaskyldar innstæður í viðskiptabönkum og sparisjóðum voru samtals um 208 milljarðar kr. í árslok 1998. Í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, segir að stefnt skuli að því að heildareignir innstæðudeildanna séu a.m.k. 1% af samanlögðum tryggðum innstæðum. Eignir innstæðudeilda Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða eru hins vegar samtals 2.650 þús. kr. eða um 1,27% af tryggingastofni. Samanlagðar innstæður í innstæðudeildum eru því vel ofan við lögbundið lágmark.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er sett fram það markmið laganna að veita innstæðueigendum og fjárfestum lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Þeir sem njóta tryggingarverndar eru annars vegar innstæðueigendur í bönkum og sparisjóðum, sbr. ákvæði 9. gr., og hins vegar viðskiptavinir fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga um verðbréfaviðskipti til að stunda viðskipti með verðbréf, sbr. þó ákvæði 9. gr. Hér er átt við viðskiptamenn í tengslum við viðskipti með verðbréf en ekki almenna birgja fyrirtækisins. Þessi fyrirtæki geta verið viðskiptabankar, sparisjóðir, lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 123/1993, og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að sérstök stofnun, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, fari með tryggingar samkvæmt lögum þessum. Fallið er frá því að nefna sjóðinn eftir þeim fyrirtækjum sem í hann greiða, sbr. Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða,

en sjóðurinn þess í stað nefndur eftir þeim sem tryggðir eru gegn greiðsluerfiðleikum fyrirtækjanna.

Lagt er til að sjóðurinn verði sjálfseignarstofnun eins og Trygingarsjóður sparisjóða er nú. Tryggingarsjóður viðskiptabanka er hins vegar ríkisstofnun. Fram til 1998 voru Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands ríkisbankar og nutu ríkisábyrgðar. Nú eru allir viðskiptabankar hins vegar reknir í formi hlutafélaga og njóta því ekki ríkisábyrgðar. Ekki þykir ástæða til að hinn nýi tryggingarsjóður verði rekinn sem ríkisstofnun. Þykir fara best á því að sjóðurinn verði rekinn sem sjálfseignarstofnun, enda kemur þá skýrt fram að aðilar að sjóðnum eiga ekki það fé sem í honum liggur. Sjálfseignarstofnun er einnig velþekkt rekstrarform þótt það sé reyndar ekki vel skilgreint í lögum.

Um 3. gr.

Aðilar að sjóðnum skulu samkvæmt greininni vera viðskiptabankar, sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf. Allir viðskiptabankar, sparisjóðir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu eiga aðild að sjóðnum en hins vegar þykir ekki rétt að lánastofnanir sem starfa samkvæmt lögum nr. 123/1993 eigi aðild að sjóðnum nema því aðeins að viðkomandi lánastofnun nýti sér heimildir laga til að stunda verðbréfaviðskipti. Sem dæmi um aðrar lánastofnanir sem ekki nýta sér þessar heimildir eru Hafnabótasjóður og Orkusjóður.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um skipan og hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra. Í 1. mgr. er gerð grein fyrir skipan stjórnar og lagt til að stjórn sjóðsins skipi sex manns. Lagt er til að aðildarfyrirtæki tilnefni meiri hluta í stjórn sjóðsins, eða fjóra menn, en viðskiptaráðherra tvo. Í stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka eru nú þrír menn, þar af tveir tilnefndir af viðskiptaráðherra og einn er frá viðskiptabönkum. Í stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða eru fimm manns, fjórir frá sparisjóðum og einn tilnefndur af viðskiptaráðherra.

Í 2. mgr. kemur fram heimild stjórnar til að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn, eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Ekki er gert ráð fyrir fullu starfi framkvæmdastjóra. Umfang starfseminnar er tiltölulega lítið á meðan ekki kemur til útborgunar úr sjóðnum og felst aðallega í umsjón með inngreiðslum og umsýslu með verðbréf. Tryggingarsjóður viðskiptabanka er nú í vörslu Seðlabankans en Tryggingarsjóður sparisjóða í vörslu sparisjóðanna.

Í 3. mgr. koma fram hæfisskilyrði fyrir stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Skilyrðin í 3. mgr. eru hin sömu og fram koma í 3. mgr. 6. gr. laga um opinber eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Kveða skal nánar á um verkefni stjórnar í samþykktum. Sem dæmi um verkefni sem hægt væri að kveða á um í samþykktum væri að gera tillögu um árlegt gjald aðildarfyrirtækja til sjóðsins og sjá um innheimtu á því, afla ábyrgðaryfirlýsinga frá aðildarfyrirtækjum, taka ákvarðanir um ávöxtun á fé sjóðsins, taka ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum, semja ársreikning, taka ákvarðanir um rekstur sjóðsins, svo sem að ráða framkvæmdastjóra eða semja við lögaðila um rekstur hans, boða til aðalfunda, gera tillögu til ráðherra um hækkun á eignum verðbréfadeildar og taka ákvarðanir sem snerta starfsemi sjóðsins að öðru leyti.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um aðalfundi. Á aðalfundi skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu stjórnar auk þess sem hann setur sjóðnum samþykktir sem þó skulu

háðar samþykki ráðherra að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins. Sem dæmi um verkefni aðalfundar sem hægt væri að kveða á um í samþykktum er að leggja fram ársreikning stjórnar, leggja fram og ræða ársreikning, setja samþykktir, kjósa löggiltan endurskoðanda og taka upp önnur mál um starfsemi sjóðsins sem aðildarfyrirtæki vilja taka upp.

Sérhvert aðildarfyrirtæki á rétt til setu á aðildarfundi. Í 2. mgr. er lýst hvernig atkvæðum er skipt milli einstakra flokka fjármálafyrirtækja. Gert er ráð fyrir að viðskiptabankar fari með helming atkvæða á aðildarfundi og sparisjóðir með fjórðung. Viðskiptabankar og sparisjóðir munu eiga aðild að báðum deildum sjóðsins, innstæðudeild og verðbréfadeild. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir munu hins vegar aðeins greiða í verðbréfadeild sjóðsins og er lagt til að þessi fyrirtæki fari saman með fjórðung atkvæða á aðildarfundi.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um inngreiðslur í innstæðudeild sjóðsins og byggist í öllum efnisatriðum á 80. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Eins og fram kom í almennum athugasemdum verður hlutfall eigna í innstæðudeild sjóðsins nokkru hærra en lögbundið 1% lágmark. Hlutfall eigna Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða af tryggðum eignum var 1,27% í lok árs 1998. Ólíklegt er því að komi til innborgunar viðskiptabanka og sparisjóða í innstæðudeildina á næstu missirum. Í greininni kemur jafnframt fram að greiðslur til sjóðsins séu óendurkræfar. Stjórn sjóðsins getur því ekki ráðstafað til baka þeim hluta eigna deildarinnar sem er umfram lágmarkið.

Eftirfarandi eru drög að ákvæðum reglugerðar um greiðslur í innstæðudeildina:

a. Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Nái heildareign ekki lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó viðmunarmörk skv. 1. málsl.

b. Nái heildareign deildarinnar samt ekki tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skal hver viðskiptabanki og sparisjóður ábyrgjast að hann muni inna af hendi sérstaka greiðslu til deildarinnar í þeim tilvikum sem deildinni ber að endurgreiða innstæður, skv. IV. kafla, í einhverjum þeim viðskiptabanka eða sparisjóði sem aðild á að sjóðnum.

   Ábyrgðaryfirlýsingin skal hljóða upp á sama hlutfall þeirrar fjárhæðar er vantar á lágmarkið og nemur hlutfalli tryggðra innstæðna hlutaðeigandi af samanlögðum tryggðum innstæðum. Kröfur um innborgun í deildina á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á ári hverju þó ekki verið hærri en sem nemur einum tíunda af lágmarksstærð sjóðsins. Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skylt að inna greiðsluna af hendi þegar sjóðurinn krefst þess og framangreindar aðstæður eru fyrir hendi.

   Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar.

c. Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til deildarinnar 1. mars ár hvert frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári þar til lágmarki skv. 1. mgr. er náð. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. 1. mgr.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að eignir verðbréfadeildar skuli vera a.m.k. 100 millj. kr. Í tilskipun um tryggingakerfi fyrir fjárfesta er ekki gert ráð fyrir samræmingu á fjármögnun tryggingakerfanna á milli landa né heldur er kveðið á um stærð kerfisins. Það er því á valdi einstakra aðildarríkja að setja reglur um stærð sjóðsins og fjármögnun.

Gera má ráð fyrir að tryggð verðbréf í vörslu eða umsjón verðbréfafyrirtækja fyrir viðskiptamenn þeirra hafi verið um 200–210 milljarðar kr. í lok árs 1998. Þar af eru um 70 milljarðar kr. í verðbréfasjóðum og hlutabréfasjóðum sem að stórum hluta eru í öryggisvörslu í verðbréfafyrirtækjum. Gera má ráð fyrir að rúmlega 100 milljarðar kr. af fé stofnanafjárfesta sé í fjárvörslu í verðbréfafyrirtækjum. Samkvæmt upplýsingum frá verðbréfafyrirtækjum eru um 25 milljarðar kr. í fjárvörslu í eigu tæplega tvö þúsund einstaklinga og lögaðila annarra en fagfjárfesta. Meðalupphæð einstaklinga og lögaðila annarra en fagfjárfesta er samkvæmt þessu um 12,5 millj. kr. Auk þessa tryggir verðbréfadeildin innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis, sbr. 9. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að eignir deildarinnar verði að ákveðnu lágmarki sem hækki með ákvörðun ráðherra samkvæmt tillögu stjórnar sjóðsins í stað þess að eignir deildarinnar breytist í samræmi við tryggingarstofn líkt og í innstæðudeildinni. Danir hafa einnig farið þá leið að fastsetja eignir deildarinnar. Ástæðan er fyrst og fremst sú að tryggingarstofn verðbréfadeildarinnar er að öðru jöfnu meiri breytingum háður en tryggðar innstæður í innstæðudeild.

Viðskiptaráðuneytið fékk Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðing til að gera tillögu um æskilega stærð verðbréfadeildar með hliðsjón af fjárhæð í vörslu hjá verðbréfafyrirtækjum og fjölda fjárvörslureikninga. Niðurstaða Benedikts var sú að æskileg stærð sjóðs væri í kringum 100 millj. kr. og er í frumvarpinu miðað við þá fjárhæð. Hún er einnig í góðu samræmi við hugmyndir um sambærilega sjóði í Danmörku og Svíþjóð.

Verðbréfadeild sjóðsins er lítil í samanburði við tryggð verðbréf. Hins vegar er ljóst, eins og kom fram í almennum athugasemdum við frumvarpið, að til þess að viðskiptavinir fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar tapi fé í tengslum við viðskipti með verðbréf þurfa að koma til stórkostleg mistök eða sviksamlegt athæfi. Telja verður líklegt að 100 millj. kr. í verðbréfadeild muni nægja til að tryggja lágmarksbætur fyrir viðskiptavini fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar við gjaldþrot hennar. Ekki þykir því rétt að binda meira fé í verðbréfadeild sjóðsins. Hafa verður í huga að samkvæmt tilskipuninni má fjármögnun tryggingakerfisins ekki stofna stöðugleika fjármálakerfisins í hættu.

Í 2. mgr. koma fram reglur um það hvað skuli liggja til grundvallar inngreiðslum í deildina, þ.e. annars vegar fjöldi stöðugilda í aðildarfyrirtækjum í tengslum við viðskipti með verðbréf og hins vegar fjöldi viðskiptareikninga hjá aðildarfyrirtækjum í tengslum við viðskipti með verðbréf. Nánari ákvæði um útfærslu skulu síðan sett í reglugerð.

Það er erfiðleikum bundið að miða greiðslur aðildarfyrirtækja í verðbréfadeildina við tryggð verðbréf. Það stafar annars vegar af því að miklar sveiflur geta verið á þeim stofni. T.d. gæti lífeyrissjóður sett mikið fé í vörslu aðildarfyrirtækis sem hækkaði iðgjaldagreiðslur sjóðsins mjög en sjóðurinn ætti samt sem áður ekki rétt á meiri tryggingu en fjárvörsluþegar með mun lægri fjárhæðir í vörslu. Hins vegar verður einnig að taka mið af því að tilskipunin tekur ekki aðeins til verðbréfa í vörslu heldur einnig til reiðufjár sem fjárfestirinn kann að eiga hjá aðildarfyrirtækinu í tengslum við viðskipti með verðbréf.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að finna einhverja nálgun sem að gagni kemur við að ákveða inngreiðslur aðildarfyrirtækja. Rökin fyrir því að lagt er til að fjöldi stöðugilda sé notaður sem viðmiðun fyrir inngreiðslur eru þau að vart kemur til kasta deildarinnar nema

starfsmenn verði sekir um stórkostleg mistök eða sviksamlegt athæfi. Telja verður að því fleiri sem starfsmenn aðildarfyrirtækis eru, þeim mun líklegra sé að einn þeirra muni gerast sekur um sviksamlegt athæfi og þar með að tryggingin verði virk. Hér ber þess að geta að einungis skal telja starfsmenn aðildarfyrirtækja í tengslum við viðskipti með verðbréf. Telja verður eðlilegt að miða við heildarfjölda stöðugilda í fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu en einungis þá starfsmenn lánastofnana sem koma beint að verðbréfaviðskiptum í lánastofnunum að viðbættu hæfilegu álagi.

Rökin fyrir því að fjöldi viðskiptareikninga er einnig notaður sem viðmiðun er sú að tilskipunin um tryggingakerfi fyrir fjárfesta byggist á rétti hvers einstaklings til bóta vegna greiðsluerfiðleika aðildarfyrirtækis. Því þykir rétt að taka mið af fjölda viðskiptareikninga í aðildarfyrirtækjum.

Í 3. mgr. kemur fram að sjóðnum sé heimilt að kaupa vátryggingu til að tryggja sig gegn tjóni. Það kann að reynast hentugri kostur að kaupa vátryggingu en að safna í sjóð. Sjálfsagt þykir að stjórn sjóðsins hafi heimild til að taka þann kost sem hagkvæmastur þykir. Í Svíþjóð er hinn nýi tryggingarsjóður um þessar mundir að kanna áhuga vátryggingafélaga á slíkri tryggingu.

Í 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að ákvarða með reglugerð hvernig greiðslum aðildarfyrirtækja verði háttað og hvernig ný aðildarfyrirtæki fái inngöngu. Eftirfarandi eru drög að ákvæðum reglugerðar um greiðslur í innstæðudeildina.

a. Heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 100 millj. kr. Viðskiptaráðherra getur að fenginni tillögu stjórnar sjóðsins samþykkt að auka eignir deildarinnar. Stjórn sjóðsins skal á tveggja ára fresti gera ráðherra grein fyrir afstöðu sinni til hækkunar á eignum deildarinnar, í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2002.

   Nái heildareign sjóðsins ekki lágmarki skv. 1. mgr. skulu aðildarfyrirtæki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur samtals 20 millj. kr. þar til sjóðurinn hefur náð tilskildri lágmarksstærð.

   Gjaldið sem hvert aðildarfyrirtæki greiðir skal miðast að hálfu við hlut þess í samanlögðum fjölda stöðugilda í aðildarfyrirtækjum í tengslum við viðskipti með verðbréf í lok næstliðins árs og að hálfu við hlut þess í samanlögðum fjölda viðskiptareikninga hjá aðildarfyrirtækjum í lok næstliðins árs í tengslum við viðskipti með verðbréf. Fjöldi viðskiptareikninga er fundinn með því að leggja saman fjölda viðskiptamanna skv. c-lið 1. tölul. og a- og b-lið 2. tölul. 8. gr. laga nr. 13/1996. Viðskiptamenn skv. c-lið 1. tölul. og a-lið 2. tölul. hafa tvöfalt vægi í samtölu. Viðskiptamenn með meiri eign en 1,7 milljónir miðað við gengi EUR 5. janúar 1999 hafa tvöfalt vægi í samtölu.

   Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar.

b. Nái heildareign deildarinnar samt ekki tilskildu lágmarki skulu aðildarfyrirtæki sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skal hvert aðildarfyrirtækjanna ábyrgjast að það muni inna af hendi sérstaka greiðslu til deildarinnar í þeim tilvikum sem deildinni ber að endurgreiða viðskiptavinum, skv. IV. kafla, í einhverju aðildarfyrirtæki.

   Ábyrgðaryfirlýsingin skal hljóða upp á sama hlutfall þeirrar fjárhæðar er vantar á lágmarkið og nemur hlutfalli greiðslna aðildarfyrirtækis af samanlögðum greiðslum aðildarfyrirtækja við fyrstu greiðslu eftir að ljóst er að heildareign deildarinnar nái ekki tilskildu lágmarki. Aðildarfyrirtækjum er skylt að inna greiðsluna af hendi þegar sjóðurinn krefst þess og framangreindar aðstæður eru fyrir hendi.

c. Þrátt fyrir ákvæði í a- og b-lið er stjórn sjóðsins heimilt að kaupa vátryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi á Evrópska efnahagssvæðinu til að tryggja sig gegn tjóni. Kaupi sjóðurinn vátryggingu skal þó í það minnsta fjórðungur af lágmarksstærð deildarinnar skv. a-lið vera í verðbréfum eða reiðufé.
d. Nýtt aðildarfyrirtæki sem nýtir sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti skal greiða sérstaklega til deildarinnar 1. mars ár hvert í fimm ár frá því að það hefur starfsemi hér á landi það hlutfall af 20 millj. kr. sem nemur hlutfalli þess í samanlagðri veltu aðildarfyrirtækja í verðbréfaviðskiptum á næstliðnu ári og í samanlögðum fjölda viðskiptareikninga hjá aðildarfyrirtækjum í lok næstliðins árs í tengslum við viðskipti með verðbréf. Greiðslan skal innt af hendi í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir fjórfaldri greiðslu fyrsta ársins.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 81. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Lagt er til að stjórn sjóðsins kynni bæði ráðherra og Fjármálaeftirlitnu ef aðildarfyrirtæki uppfyllir ekki skyldur sínar gagnvart sjóðnum.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir viðskiptavina aðildarfyrirtækja til að krefja sjóðinn um greiðslu. Greinin er byggð á 1.–3. mgr. 78 gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Heimildir viðskiptavina til að krefja sjóðinn um greiðslu eru þó víðtækari en áður þar sem auk innstæðna í bönkum og sparisjóðum eru nú tryggð verðbréf og reiðufé í tengslum við viðskipti með verðbréf. Er það í samræmi við tilskipun ESB um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Í 3. mgr. er nánari skilgreining á tryggðum innstæðum, sbr. 2. mgr. 78. gr. laga nr. 113/1996. Verðbréf teljast ekki til innstæðu samkvæmt þessari grein og er það í samræmi við innstæðutryggingatilskipunina sem heimilar aðildarríkjunum að undanþiggja tryggingunni ýmis innlán, sem og útgefin verðbréf.

Í 4. mgr. er nánari skilgreining á tryggðum verðbréfum. Tryggð eru verðbréf sem eru í vörslu, umsjón eða umsýslu aðildarfyrirtækis og því ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækja og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum. Hér er átt við eignaumsýslu, svo sem vegna fjárvörslu eða öryggisvörslu fjár, sem einkanlega á sér stað í verðbréfafyrirtækjum. Með verðbréfum er einnig átt við rafbréf, sbr. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Í 5. mgr. er nánari skilgreining á tryggðu reiðufé. Hér er átt við innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis þegar það stendur ekki við skyldu sína um afhendingu keyptra verðbréfa. Hér er átt við kröfur sem til eru komnar vegna verðbréfamiðlunar í lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu. Sem dæmi má nefna að einhver tími getur liðið frá því að viðskiptavinur leggur fé inn á reikning verðbréfafyrirtækis og þar til eign hans er færð til bókar í fyrirtækinu.

Í 6. mgr. er kveðið á um undanþágur frá tryggingu. Þær eru af tvennum toga. Annars vegar eru undanskildar innstæður, verðbréf og reiðufé í eigu aðildarfyrirtækja, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning. Þetta er í samræmi við ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði um innstæðutryggingarsjóði. Þar sem aðildarfyrirtæki taka nú ekki einungis til viðskiptabanka og sparisjóða heldur einnig til annarra lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu er um útvíkkun á þessari undanþágu að ræða. Hins vegar eru und-

anskildar innstæður, verðbréf og reiðufé sem tengist málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti. Þessi undanþága er í samræmi við tilskipanir um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 3. og 4. mgr. 80. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 11. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að heimilt sé að lána allt að 50 millj. kr. á milli innstæðudeildar og verðbréfadeildar. Rétt þykir að hafa heimild til að auka eignir annarrar deildarinnar ef hún verður eignalaus vegna gjaldþrots.

Um 12. gr.

Í greininni kemur fram heimild fyrir sjóðinn til að veita aðildarfyrirtækjum víkjandi lán. Sams konar heimild er fyrir hendi í 79. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Þykir ástæða til að viðhalda henni. Með því á sjóðurinn möguleika á að grípa fyrr til aðgerða og minnka þannig líkurnar á því að komi til útgreiðslu til viðskiptavina.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð 77. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nema hún tekur einnig til annarra lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Rétt þykir að taka fram í þessu sambandi að sjóðurinn tryggir einnig innstæður viðskiptavina innlendra aðildarfyrirtækja í útibúum annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlit með sjóðnum. Í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er kveðið á um hvernig eftirlitsgjald skuli ákvarðað. Enginn gjaldstofn er þar tilgreindur fyrir tryggingarsjóði eða öryggissjóði. Telja verður eðlilegt að slíkir sjóði greiði gjald fyrir eftirlitið og að gjaldið greiðist samkvæmt reikningi.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að aðildarfyrirtæki skuli ætíð hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um aðild sína að sjóðnum. Sambærilegt ákvæði er að finna í reglugerð nr. 21/1997, um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og tilhögun á greiðslum úr tryggingarsjóðum innlánsstofnana. Þykir rétt að ákvæði um upplýsingaskyldu, sem þýðingu hefur fyrir neytendavernd, sé fundinn staður í lögum frekar en reglugerð.

Í 2. mgr. er kveðið á um að auglýsingar aðildarfyrirtækja um aðild að sjóðnum skuli takmörkuð við beina tilvísun til hlutaðeigandi deildar. Þykir rétt að stemmu stigu við því að aðildarfyrirtæki nýti sér aðild að sjóðnum í samkeppnisskyni. Samsvarandi ákvæði er að finna í reglugerð nr. 21/1997, um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og tilhögun á greiðslum úr tryggingarsjóðum innlánsstofnana.

Um 17. gr.

Í greininni er undanþága frá tekjuskatti og eignarskatti, gjaldþrotaskiptum og aðför. Þetta er í samræmi við 78. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Markmiðið með öryggissjóðum er að tryggja hagsmuni viðskiptavina og fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka eða sparisjóða. Með slíku forvarnastarfi má leiða að því líkum að síður komi til kasta Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Ákvæði þessarar greinar eru ekki ný af nálinni því að þau eiga sér samsvörun í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Heimildir viðskiptabanka og sparisjóða til að stofna sjálfseignarstofnanir í þessum tilgangi eru því fyrir hendi í gildandi lögum. Hins vegar hafa aðeins sparisjóðirnir nýtt sér þessi heimild. Sérstök lánadeild er starfandi við Tryggingarsjóð sparisjóða sem hefur svipaðar heimildir og hér eru lagðar til. Ef vilji stendur til þess geta sparisjóðir því haldið áfram starfsemi lánadeildarinnar með svipuðum hætti og verið hefur. Sparisjóðirnir telja að lánadeildin hafi reynst mjög mikilvæg í forvarnastarfi fyrir sparisjóðina í landinu.

Til viðbótar við ákvæði gildandi laga er veitt heimild fyrir öryggissjóði til að rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs til að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og fjárhagslegt öryggi.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Í tilskipunum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta eru ákvæði um að aðildarríkjum beri skylda til þess að setja í lög, sem sett eru til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði hennar, tilvísun til þeirra tilskipana sem verið er að lögleiða hverju sinni. Í greininni er að finna tilvísun í samræmi við framangreint ákvæði tilskipunarinnar og þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fjárfesta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýtt tryggingakerfi fyrir fjárfesta renni saman í einn sjóð. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir verði einnig aðilar að sjóðnum sem samkvæmt frumvarpinu mun heita Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Tilgangurinn er m.a. að mynda einn

tryggingarsjóð sem verndar innstæðueigendur og viðskiptavini lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu gegn greiðsluerfiðleikum þessara fyrirtækja.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta verði sjálfseignarstofnun með aðild allra viðskiptabanka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja og annarra sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf. Gert er ráð fyrir að þessir aðilar greiði í tryggingarsjóð, svo og allan stofn- og rekstrarkostnað.

Í aðalatriðum eru efnislega hliðstæð ákvæði nú þegar í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og hafa Fjármálaeftirlitið og viðskiptaráðuneyti eftirlit með framkvæmd þeirra laga. Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins muni leiða til aukinna útgjalda ríkissjóðs.

26. Fyrirspurn [26. mál]

til menntamálaráðherra um breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Eru uppi hugmyndir í ráðuneytinu um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag?
2. Hafa einhverjar aðrar hugmyndir komið fram um breytingar á rekstrarformi þess og þá hverjar?

27. Fyrirspurn [27. mál]

til forsætisráðherra um endurskoðun laga um almannatryggingar, skatta og lífeyrissjóði.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa að endurskoðun laga með hliðsjón af samspili almannatrygginga, skatta og lífeyrissjóða í því augnamiði að draga úr jaðaráhrifum eins og fyrirheit hafa verið gefin um?

28. Fyrirspurn [28. mál]

til fjármálaráðherra um heildarskuldastöðu ríkissjóðs.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Hver var árleg heildarskuldastaða ríkissjóðs árin 1991–98 á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi til samanburðar?

Skriflegt svar óskast.

29. Fyrirspurn [29. mál]

til umhverfisráðherra um stöðu Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um umhverfisáhrif.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver var losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum árið 1998 og hvernig kemur hún út miðað við ákvæði Kyoto-bókunarinnar og miðað við viðmiðunarárið 1990?
2. Hvernig skiptist þessi losun eftir einstökum meginuppsprettum gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum hérlendis?
3. Hverju spá stjórnvöld um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hérlendis á árunum 2000, 2005 og 2010?
4. Hversu mikilli losun gróðurhúsalofttegunda (CO_2-ígildi) má gera ráð fyrir frá:
   a. 480 þúsund tonna álveri á Reyðarfirði,
   b. 120 þúsund tonna viðbót við álver Norðuráls á Grundartanga,
   c. fjórða og fimmta ofni Íslenska járnblendifélagsins,
   d. 50 þúsund tonna magnesíumverksmiðju á Reykjanesi?
5. Hverjir er gert ráð fyrir að beri kostnað af aukinni losun gróðurhúsalofttegunda frá orkufrekum iðnaði, t.d. í formi kaupa á losunarheimildum, sem ekki rúmast innan ákvæða Kyoto-bókunarinnar að því er Ísland varðar?
6. Hvaða samdráttar er að vænta í losun gróðurhúsalofttegunda, sbr. 2. lið, frá meginuppsprettum þeirra hérlendis árin 2000, 2005 og 2010?
7. Hvaða mótvægisaðgerðir eru fyrirhugaðar á sama tíma (2000, 2005 og 2010) og hvernig gætu þær litið út í bókhaldi Íslands samkvæmt ákvæðum rammasamningsins og Kyoto-bókuninni?

Skriflegt svar óskast.

30. Fyrirspurn [30. mál]

til félagsmálaráðherra um framboð á leiguhúsnæði.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa til að auka framboð á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum?

31. Fyrirspurn [31. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aðgerðir til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvaða aðgerðir eru í gangi á vettvangi sjávarútvegsmála til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, hver eru markmiðin og hvaða árangurs er að vænta hérlendis á næstu árum?

32. Fyrirspurn [32. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kampýlóbaktersmit á Íslandi.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hve mörg tilvik af kampýlóbaktersýkingum hafa greinst á Íslandi á ári sl. tíu ár?
2. Hvað má ætla að margir hafi sýkst miðað við fjölda greindra sýkinga?
3. Hve lengi má ætla að sýking valdi veikindum að meðaltali og hversu oft hefur kampýlóbaktersýking leitt til alvarlegs heilsuskaða eða sjúkrahúsvistar?
4. Hvaða matvæli á íslenskum neyslumarkaði hafa sannanlega valdið kampýlóbaktersmiti?
5. Eru dæmi um að innflutt matvæli, svo sem kjúklingar eða annað kjöt, hafi greinst með kampýlóbaktersmit?
6. Hvað segja þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á uppruna kampýlóbaktersmits um smithættu frá afurðum einstakra framleiðenda eða sláturleyfishafa?
7. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til þess að verja almenning fyrir sýkingarhættu af völdum kampýlóbakter? Hvað telur ráðherra að kampýlóbaktersmit þurfi að greinast í háu hlutfalli tekinna sýna frá einstökum framleiðanda eða sláturleyfishafa til þess að grípa þurfi til aðgerða og til hvaða aðgerða ber þá að grípa? Telur ráðherra t.d. koma til greina að stöðva framleiðslu framleiðenda eða sláturleyfishafa þar sem kampýlóbaktersmit hefur greinst langt yfir eðlilegum mörkum?
8. Mun ráðherra beita sér fyrir því að matvæli sem greinast með kampýlóbaktersmit verði tekin af íslenskum markaði?

Skriflegt svar óskast.

33. Fyrirspurn [33. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnað af losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hverjum ætlar ríkisstjórnin að bera hugsanlegan kostnað af losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðjufyrirtækjum hérlendis?
2. Hversu háum fjárhæðum gæti slíkur kostnaður numið af losun CO_2-ígilda frá 480 þúsund tonna álbræðslu miðað við núverandi hugmyndir manna um markaðsverð á losunarkvótum?
3. Hvaða hugmyndir hafa menn gert sér um greiðslur fyrir losunarkvóta í hagkvæmniforsendum álbræðslu á vegum Noral á Reyðarfirði, bæði í fyrsta áfanga og síðari áföngum hennar?
4. Er fyrirliggjandi arðsemismat fyrirhugaðrar álbræðslu á Reyðarfirði, frá fyrsta áfanga og til síðari áfanga hennar? Ef svo er, hvernig hefur verið tekið á svokölluðum fórnarkostnaði í því mati?
5. Er gert ráð fyrir að álbræðslan verði búin vothreinsibúnaði til að takmarka útstreymi brennisteinssambanda og annarra skaðlegra efna?

34. Fyrirspurn [34. mál]

til umhverfisráðherra um endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað veldur því að ekki hefur enn verið lagt fram frumvarp til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum þrátt fyrir skýlaus lagafyrirmæli um að endurskoðun laga nr. 63/1993 færi fram jafnhliða endurskoðun skipulags- og byggingarlaga sem lokið var með lagasetningu vorið 1997?
2. Hvenær hyggst ráðherra leggja frumvarpið fram og hvenær er áætlað að lögin öðlist gildi?
3. Hvaða þýðingu hafa ákvæði tilskipunar ESB nr. 97/11/EC frá 3. mars 1997, sem Íslandi bar að lögfesta í síðasta lagi 15. mars 1999, fyrir stöðu og framkvæmd laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum?

35. Fyrirspurn [35. mál]

til utanríkisráðherra um Kyoto-bókunina.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver eru skilyrði þau og fyrirvarar sem íslensk stjórnvöld setja fyrir væntanlegri aðild Íslands að Kyoto-bókuninni, með vísan til þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að „Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni þegar fyrir liggur ásættanleg niðurstaða í sérmálum þess“, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar?
2. Hvaða horfur eru taldar á að á þau verið fallist þannig að Ísland verði aðili að bókuninni?
3. Hvað hefur gerst í þessu máli í framhaldi af fjórða aðildarríkjaþingi rammasamnings Sameinuðu þjóðanna sem haldið var í nóvember 1998?
4. Hvers vænta íslensk stjórnvöld af fimmta aðildarríkjaþinginu sem fram undan er?
5. Hvenær er þess að vænta að endanleg afstaða verði tekin til „íslenska ákvæðisins“?

Skriflegt svar óskast.

36. Fyrirspurn [36. mál]

til félagsmálaráðherra um varasjóð fyrir lán Byggingarsjóðs verkamanna.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvenær verða frágengnar reglur um hlutdeild varasjóðs, skv. X. kafla laga um húsnæðismál og ákvæði til bráðabirgða VIII í sömu lögum, í afskriftum eða niðurgreiðslu á eldri veðlánum Byggingarsjóðs verkamanna?
2. Hvernig hefur verið háttað samráði við sveitarfélögin um þetta mál?
3. Hve mikil er heildarafskriftarþörf vegna innlausnarskyldu sveitarfélaganna metin og á hvaða svæðum er vandinn mestur?

37. Fyrirspurn [37. mál]

til félagsmálaráðherra um áhrif stórrar álbræðslu á fámennt samfélag.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hefur verið leitað eftir áliti félagsmálaráðuneytisins á þeirri fyrirætlan stjórnvalda að reisa risaálbræðslu í fámennu samfélagi á Austfjörðum?
2. Hefur ráðuneytið kynnt sér áhrif og afdrif stóriðjufyrirtækja í fámennum byggðarlögum í grannlöndum okkar, m.a. í Noregi og Skotlandi?

3. Hver er skoðun ráðherra á nefndri ráðagerð hérlendis, sbr. 1. lið?

38. Fyrirspurn [38. mál]

til viðskiptaráðherra um einkavæðingu fjármálastofnana.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir keyptu hlut í hlutafjárútboði eftirtalinna aðila á síðasta ári í
   a. Landsbankanum,
   b. Búnaðarbankanum,
   c. Fjárfestingarbanka atvinnulífsins?
2. Hve margir voru hluthafarnir í eftirtöldum fjármálastofnunum í lok hlutafjárútboðs á síðasta ári og hve margir eru þeir núna í
   a. Landsbankanum,
   b. Búnaðarbankanum,
   c. Fjárfestingarbanka atvinnulífsins?
3. Hvert var gengi hlutabréfa í eftirtöldum fjármálastofnunum þegar hlutafjárútboð fór fram á síðasta ári og hvert er gengi hlutabréfa í sömu stofnunum núna (geta skal um gengi og fjárhæðir) í
   a. Landsbankanum,
   b. Búnaðarbankanum,
   c. Fjárfestingarbanka atvinnulífsins?

Skriflegt svar óskast.

39. Fyrirspurn [39. mál]

til umhverfisráðherra um starfsemi kjarnorkuendurvinnslustöðvanna í Dounreay og Sellafield.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hefur ráðherra áreiðanlegar upplýsingar um það hversu lengi bresk stjórnvöld áforma að halda áfram rekstri kjarnorkuendurvinnslustöðvanna í Dounreay og Sellafield?
2. Hvað hyggjast íslensk yfirvöld gera til að þrýsta á um að losun geislavirkra efna í hafið umhverfis Sellafield verði hætt?
3. Hefur ráðherra leitað eftir upplýsingum um hvað eigendur Dounreay-stöðvarinnar hyggist gera til þess að auka öryggi hennar í samræmi við ábendingar breskra heilbrigðisyfirvalda og skosku umhverfisverndarstofnunarinnar sem fram komu á síðasta ári?
4. Hvaða ráðstafanir hafa íslensk stjórnvöld gert til að fylgjast með magni teknesíum-99 í hafinu umhverfis Ísland á næstu árum?

5. Hefur þjóðréttarleg staða Íslendinga verið könnuð með tilliti til þess tjóns sem mengun af völdum teknesíum-99 gæti valdið íslenskum sjávarútvegi?
6. Hafa íslensk stjórnvöld undir höndum upplýsingar um siglingaleiðir þeirra skipa sem flytja geislavirkan úrgang til og frá Sellafield?
7. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því á vettvangi norrænnar samvinnu að Svíar hætti að senda kjarnorkuúrgang til endurvinnslu í Sellafield?

40. Fyrirspurn [40. mál]

til iðnaðarráðherra um samning um raforkusölu til álbræðslu á Reyðarfirði.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Hver er samningsaðili við Landsvirkjun í viðræðum um kaup á raforku til hugsanlegrar álbræðslu á Reyðarfirði?
2. Hvernig stendur undirbúningur að slíkum samningi, út frá hvaða raforkuverði (kr./kWh) er gengið og hver er ráðgerð tenging raforkuverðs við vísitölu álverðs á London Metal Exchange?
3. Frá hvaða virkjunum er ætlunin að afla raforku til fyrsta áfanga álbræðslunnar svo og til síðari áfanga hennar uns náð yrði 480 þúsund tonna framleiðslugetu á ári? Hversu mikil orka (GWh/ári) er ráðgert að komi frá hverri virkjun?
4. Hvaða áhrif hefur óvissa um framtíðarstöðu Landsvirkjunar vegna breyttra laga, eignaraðildar og lögfestingar tilskipunar Evrópusambandsins um raforkumarkað á gerð raforkusölusamninga til stóriðju framvegis, þar á meðal á samninga og skuldbindingar um orkuafhendingu til álbræðslu á Reyðarfirði?
5. Hvernig getur ríkisstjórnin látið kanna „möguleika á því að gera Noral-álfélaginu kleift að kaupa rafmagn frá fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun á samkeppnishæfu orkuverði er ákvarðast af áætlun um kostnað við fjárfestinguna“ (sbr. yfirlýsingu um Noral-verkefnið frá 29. júní 1999) og gefið marktækar yfirlýsingar um orkuafhendingu og orkuverð þegar hvorki er fengin heimild Alþingis fyrir slíkri virkjun né hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum slíks mannvirkis?

Skriflegt svar óskast.

41. Fyrirspurn [41. mál]

til fjármálaráðherra um fjármagnstekjuskatt.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve miklar voru heildartekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti við álagningu skatta árin 1998 og 1999 (tekjuárin 1997 og 1998) og hvernig skiptist hann milli bankainnstæðna, verðbréfa, arðs, útistandandi skulda og annarra vaxtatekna?
2. Hve miklar vaxtatekjur voru taldar fram á skattframtölum við álagningu skatta 1999 (tekjuárið 1998) og hvernig skiptust þær eftir verðbréfum og inneignum hjá innlánsstofnunum?
3. Hve mikill var hagnaður af sölu hlutabréfa samkvæmt álagningu skatta 1999 (tekjuárið 1998)?
4. Hve hár var arður af hlutabréfum og skattlagning hans við álagningu skatta árið 1998 annars vegar og árið 1999 hins vegar (tekjuárin 1997 og 1998)?
5. Hverjar hefðu skatttekjur ríkissjóðs orðið af arði af hlutabréfum við álagningu skatta fyrir árið 1999 (tekjuárið 1998) ef skatthlutfallið hefði verið það sama og fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts?

Skriflegt svar óskast.

42. Fyrirspurn [42. mál]

til menntamálaráðherra um samstarf atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvert verður hlutverk menntamálaráðuneytisins í að koma á samstarfi atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni um endur- og símenntun, sbr. 9. lið þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001?
2. Hvaða skólar gætu átt hlut að slíku samstarfi og hvernig yrði þátttöku þeirra háttað?

43. Fyrirspurn [43. mál]

til menntamálaráðherra um útsendingar sjónvarpsins.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Á hversu mörgum sveitabæjum nást ekki útsendingar sjónvarps? Hvar eru þessir bæir, sundurliðað eftir sýslum?

2. Á hversu mörgum bæjum nást útsendingar sjónvarps nú þar sem þær náðust ekki fyrir þremur árum?
3. Eru dæmi um að einstökum ábúendum jarða þar sem útsendingar sjónvarps nást nú sé gert að annast fyrir eigin reikning viðhald og endurnýjun móttökubúnaðar?
4. Hvaða þéttbýlisstaðir njóta ekki fullnægjandi sjónvarpsskilyrða?

44. Fyrirspurn [44. mál]

til forsætisráðherra um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjar eru helstu niðurstöður nefndar sem skipa átti samkvæmt þingsályktun Alþingis frá 2. júní 1998 til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu?
2. Hvenær verður skýrsla nefndarinnar lögð fyrir Alþingi, en samkvæmt framangreindri þingsályktun átti að leggja hana fyrir Alþingi fyrir frestun funda á vorþingi 1999?
3. Hvernig hyggst ráðherra framfylgja niðurstöðum nefndarinnar?

45. Fyrirspurn [45. mál]

til sjávarútvegsráðherra um eignir, skuldir og aflaverðmæti í sjávarútvegi.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar hafa heildarskuldir sjávarútvegsins verið frá árinu 1989 á núgildandi verðlagi? Hvernig skiptast þessar skuldir á milli útgerðar og fiskvinnslu?
2. Hverjar voru heildareignir sjávarútvegsins á þessum árum, reiknaðar til núgildandi verðlags?
3. Hvert var eigið fé sjávarútvegsins á sama tíma á núgildandi verðlagi? Hvert var eiginfjárhlutfallið á þessum árum?
4. Hvert var heildaraflaverðmæti annars vegar og heildarútflutningsverðmæti hins vegar á sama tíma á núgildandi verðlagi?

Skriflegt svar óskast.

46. Fyrirspurn [46. mál]

til heilbrigðisráðherra um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjar eru helstu niðurstöður nefndarinnar sem skipuð var samkvæmt ályktun Alþingis 2. júní 1998, um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, og ljúka átti störfum í upphafi árs 1999?
2. Hvaða lagafrumvörp, sbr. efni ályktunar Alþingis frá 2. júní 1998, sem tengjast stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, verða lögð fyrir Alþingi?
3. Hvernig hyggst ráðherra framfylgja niðurstöðum nefndarinnar og hvenær má vænta að þær komist til framkvæmda?

47. Fyrirspurn [47. mál]

til samgönguráðherra um aðgerðir til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvaða aðgerðir eru í gangi á vettvangi samgöngumála til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, hver eru markmiðin og hvaða árangurs er að vænta hérlendis á næstu árum?

48. Fyrirspurn [48. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þróun aflamarks.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið hlutfallsleg þróun aflamarks í kvótasettum tegundum í einstökum verstöðvum og kjördæmum frá árinu 1984?
2. Hver hefur verið þróun þorskaflahámarks í einstökum verstöðvum og kjördæmum frá gildistöku lagaákvæða um þorskaflahámark? Svar óskast miðað við tonnafjölda og hlutfall af heildarafla þorskaflahámarksbáta.

Skriflegt svar óskast.

49. Fyrirspurn [49. mál]

til fjármálaráðherra um verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hafa verkefni fjármálaráðuneytis eða undirstofnana og fyrirtækja þess sem unnt er að sinna á landsbyggðinni verið skilgreind, sbr. 6. lið í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001?
2. Hvenær er gert ráð fyrir að „tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta“ verði lagðar fram?

50. Fyrirspurn [50. mál]

til dómsmálaráðherra um fíkniefni og vopn sem lagt hefur verið hald á.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Á hve mikið magn fíkniefna hefur verið lagt hald undanfarin þrjú ár og það sem af er þessu ári? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hversu margir einstaklingar hafa verið handteknir erlendis á sama tímabili í tengslum við rannsókn fíkniefnabrota þar sem hald hefur verið lagt á fíkniefni hérlendis? Í hvaða löndum hafa þessir einstaklingar verið handteknir og um hve mikið magn fíkniefna er að ræða?
3. Hve mikill hagnaður hefur verið gerður upptækur til ríkissjóðs á sama tímabili í tengslum við fíkniefnabrot og hvernig var honum ráðstafað?
4. Hve mikið af vopnum hefur verið gert upptækt í tengslum við rannsókn fíkniefnabrota á sama tímabili?

Skriflegt svar óskast.

51. Fyrirspurn [51. mál]

til iðnaðar-og viðskiptaráðherra um verkefni sem sinna má á landsbyggðinni.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hafa verkefni iðnaðar-og viðskiptaráðuneyta eða undirstofnana og fyrirtækja þeirra sem unnt er að sinna á landsbyggðinni verið skilgreind, sbr. 6. lið í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001?
2. Hvenær er gert ráð fyrir að „tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta“ verði lagðar fram?

52. Fyrirspurn [52. mál]

til menntamálaráðherra um reglugerðir á grundvelli 16. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hvaða starfsgreinar hafa nú löggildingu samkvæmt reglugerðum á grundvelli 16. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996?
2. Hvers vegna hafa ekki verið settar reglugerðir á grundvelli laganna fyrir þær starfsgreinar sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerð nr. 560/1995?
3. Hver er lagaleg og fagleg staða þeirra starfsgreina sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerðinni eftir að hún féll úr gildi gagnvart ófaglærðum sem kynnu að vilja starfa í greininni?
4. Hver er lagaleg og fagleg staða þeirra starfsgreina sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerðinni gagnvart viðskiptavinum í viðkomandi starfsgrein ef á faglega ábyrgð reynir?
5. Hvert er nú gildi meistarabréfa sem hafa verið gefin út í þeim starfsgreinum sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerðinni áður en hún féll úr gildi?
6. Hvert er gildi þeirra meistarabréfa sem hafa verið gefin út eftir að reglugerðin féll úr gildi og hvert verður gildi þeirra ef og eftir að ný reglugerð tekur gildi?
7. Hyggst ráðherra setja reglugerð fyrir þær starfsgreinar sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerð nr. 560/1995 og hvenær má þá vænta hennar?

Skriflegt svar óskast.

53. Fyrirspurn [53. mál]

til umhverfisráðherra um gerð vega og vegslóða í óbyggðum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hefur lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, verið framfylgt hvað varðar lagningu vega og vegslóða í óbyggðum sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í vegáætlun?
2. Hvernig hefur þessu verið háttað með vegi sem lagðir hafa verið vegna rannsókna á virkjanasvæðum norðan Vatnajökuls eftir 1. maí 1994?

54. Fyrirspurn [54. mál]

til forsætisráðherra um breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvaða ástæður liggja til þess að mál er varða alþjóðasamskipti og samvinnu á sviði umhverfismála hafa verið tekin frá umhverfisráðuneytinu og færð til utanríkisráðuneytis með 2. gr. auglýsingar nr. 73 28. maí 1999?

55. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um könnun á læsi fullorðinna.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Hjálmar Árnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta fara fram könnun á læsi Íslendinga. Könnunin verði gerð á árunum 2000 og 2001 og taki til aldurshópanna 18–67 ára. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Greinargerð.

Í rannsókn á duldu ólæsi meðal Dana á aldrinum 18–67 ára frá árinu 1995 kom m.a. fram að um 12% úrtaksins áttu í umtalsverðum lestrarerfiðleikum og 23% til viðbótar lentu í erfiðleikum við lestur ákveðinna texta. Ekki er vitað nákvæmlega hve margir fullorðnir hérlendis stríða við þennan vanda sem jafna má við alvarlega fötlun í nútímasamfélagi. Miðað við þær kannanir sem til eru á stöðu barna og ungmenna og samanburði við sömu aldurshópa hjá Dönum má þó gera ráð fyrir að niðurstöður úr sambærilegri könnun gerðri hér á landi gæfu álíka niðurstöðu, að um 20 þúsund Íslendingar á aldrinum 18–67 gætu átt í umtalsverðum lestrarerfiðleikum.

Flestir Íslendingar ná því að verða læsir á barnsaldri. Hins vegar er alltaf tiltekinn fjöldi úr hverjum aldurshópi sem ekki nær tökum á lestri í skóla eða þeirri færni sem til þarf til að kallast læs, hvað þá vel læs. Í inngangi að skýrslu um læsi íslenskra barna frá 1993 er tekið fram að engar rannsóknir séu til, svo vitað sé, á læsi fullorðinna hér á landi. Sú rannsókn sem skýrslan greinir frá leiðir hins vegar í ljós að 5–10% fjórtán ára unglinga eiga í verulegum erfiðleikum með að skilja fræðsluefni sem þeir lesa, auk þess sem líkur benda til að 10% til viðbótar skilji textann ekki nægilega. Upplýsingar sem Lestrarmiðstöð KHÍ hefur aflað með prófunum á nemendum í 9. bekk grunnskóla benda til þess að um 15% nemenda séu í áhættu með tilliti til dyslexíu og að um 10% eigi í alvarlegum erfiðleikum með lestur og/eða stafsetningu.

Þeir sem starfa í grunnskólum hafa reynslu af því að í 20–30 barna bekkjardeild megi að jafnaði gera ráð fyrir að 2–3 börn eigi í alvarlegum erfiðleikum með lestur. Um gæti verið að ræða um 4.000 grunnskólanemendur á landinu öllu. Skólarnir reyna að taka á lestrarvanda nemenda sinna með sérkennslu en aðstæður þeirra til þess eru mismunandi og umtalsverður hópur útskrifast úr grunnskóla árlega án þess að hafa náð fullnægjandi tökum á lestri og/eða

skrift. Ef þessir einstaklingar reyna við framhaldsskólanám er hætt við að þeir falli fljótt út úr slíku námi. Flestir framhaldsskólar kanna orðið getu nemenda sinna í lestri og stafsetningu og reyna að bregðast við, enda er það samkvæmt lögum að koma til móts við þarfir nemenda. Kannanir hafa gefið vísbendingar um að allt að fimmtungur framhaldsskólanema eigi í lestrarörðugleikum.

Athygli vakti fyrir nokkrum árum þegar Iðnskólinn í Reykjavík tók upp námskeið í lestri fyrir nemendur skólans. Þau voru tekin upp í kjölfar könnunar sem gerð var í lestri og lesskilningi. Sú kennsla hefur leitt í ljós að unnt er að ná árangri með lesþjálfun þótt nemendur séu komnir af barnsaldri og rannsóknir hafa jafnframt sýnt að framhaldsskólanemar geta náð verulegum árangri í lestri með marksvissri þjálfun. Ætla má að sama eigi við um fullorðið fólk.

Í nýrri skólastefnu er stefnt að því að taka á málefnum barna með „sértæka lesröskun", t.d. með lesskimun og greiningu við upphaf grunnskólagöngu. Það er góður ásetningur og mun með aukinni sérkennslu og hærra hlutfalli menntaðra kennara í grunnskólunum verða til þess að fleiri börn fá þjónustu við hæfi og auka þannig líkur á því að fleiri börn ljúki grunnskóla betur læs.

Nú um aldamótin erum við að ganga inn í hið svokallaða upplýsingasamfélag. Það byggist á mikilvægi upplýsinga í leik og starfi og í allri framþróun, sem og nýtingu margvíslegrar tækni til að svo megi verða. Mikilvægt er að fólk hafi færni til að takast á við ný og fjölbreytt verkefni sem slíkum þjóðfélagsbreytingum fylgja. Forsenda þess að geta verið þátttakandi í slíkum breytingum er að geta lesið og er það mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr. Með nýrri tækni og kröfum um meiri lestur og skráningu alls kyns upplýsinga detta einstaklingar út af vinnumarkaði, og komast ekki inn aftur, einstaklingar sem gátu tekist á við ýmis störf sem ekki kröfðust lestrar og skráningar með sama hætti og í jafnríkum mæli og á tölvuöld. Að verða læs er einn af undirstöðuþáttum mannréttinda og jafnframt er það krafa sem þjóðfélagið gerir til þegna sinna.

Lengi hefur verið goðsögn á Íslandi að hér séu allir læsir. Bókmenntaþjóðin vill trúa því að hún sé læs og lesi mikið. Það á þó ekki við um alla landsins þegna. Ekki fá allir við lestur notið þeirra bókmenntaperlna sem gera okkur að þjóð né alast öll börn upp á heimilum þar sem bækur skipa öndvegi. Þegar barnafræðsla hófst og langt fram á þessa öld var gert ráð fyrir að börn kæmu læs að heiman þegar þau hæfu barnaskólanám. Gamlir kennarar minnast þess þó að misbrestur hafi orðið á því og þá, eins og nú, gerðist það að ungmenni luku skólagöngu án þess að ná tökum á lestri. Á meðan samfélagið var lítt tæknivætt og margar hendur þurfti til framleiðslunnar var það ekki jafnalvarlegt fyrir einstaklinginn þótt hann kynni ekki að lesa eða væri treglæs. Þetta er gjörbreytt. Læsi er grundvallarforsenda þess að þegnarnir fái þrifist í samfélagi sem tekur örum breytingum og á vinnumarkaði þar sem einstaklingarnir þurfa sífellt að takast á við nýjar aðstæður með breyttri tækni og viðurkennt er að menntun lýkur aldrei. Hvaða möguleika á ólæs einstaklingur á slíkum vinnumarkaði?

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja hins vegar áherslu á að læsi fullorðinna Íslendinga verði kannað svo að traust vitneskja liggi fyrir um hve margir eiga við þennan alvarlega vanda að etja. Í greinargerðinni er vísað til könnunar Dana á duldu ólæsi þar í landi. Flutningsmenn telja að þá könnun mætti nota sem fyrirmynd. Við ákvarðanir um hvernig við verður brugðist ætti að líta til þess hvað hefur verið gert til að kenna fullorðnu fólki að lesa, bæði hér og annars staðar.

Eðlilegt væri að við undirbúning og framkvæmd könnunar á læsi fullorðinna væri haft náið samráð við aðila vinnumarkaðarins því ljóst er að til þeirra kasta kemur þegar niðurstöður liggja fyrir og ákvarðanir verða teknar um hvernig við skuli brugðist.

Samhljóða tillaga var flutt á 123. þingi. Hún var send til umsagnar og er skemmst frá því að segja að allar þær umsagnir sem bárust voru jákvæðar. Tillagan varð hins vegar ekki útrædd og er því flutt að nýju.

56. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um endurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta fara fram heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu með það að markmiði að jafnræðis sé gætt í slíkum greiðslum milli kynja og að virt séu ákvæði jafnréttislaga í því efni.

Heildarendurskoðun skal liggja fyrir á haustmánuðum 2000 og skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um niðurstöðu hennar.

Greinargerð.

Í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn í febrúar 1998 um bifreiðastyrki og stöður í bankakerfinu kom fram að mjög hallaði á konur í yfirmannastöðum innan bankakerfisins. Af svarinu mátti líka draga þá ályktun að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum, sérstaklega innan Landsbankans og Búnaðarbankans. Bæði þingflokkur jafnaðarmanna og Samband íslenskra bankamanna fóru þess á leit við jafnréttisráð í kjölfar þessarar niðurstöðu að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum.

Niðurstaða kærunefndar jafnréttismála var að afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan Landsbankans og Búnaðarbankans sem bryti í bága við jafnréttislög. Ætla má að þessi úrskurður geti haft fordæmisgildi fyrir aðrar ríkisstofnanir. Full ástæða er til þess að í kjölfar hans fari á vegum fjármálaráðuneytis fram gagnger endurskoðun innan alls ríkiskerfisins á bifreiðastyrkjum og nefndarþóknunum hjá B-hluta ríkisstofnunum.

Fram kemur að greiðslur á bifreiðastyrkjum innan B-hluta ríkisstofnana, sem eru 20–30, runnu til 829 starfsmanna, en um var að ræða greiðslu vegna aksturs (bifreiðastyrki og lokaða aksturssamninga). Þar af fengu 555 karlar greiðslur og 274 konur. Samtals námu þessar greiðslur tæpum 80 millj. kr. Karlar fengu tæpa 71 millj. kr. en konur rúmar 9 millj. kr.

Þegar litið er til bifreiðastyrkja, en lokaðir aksturssamningar undanskildir, vekur sérstaka athygli að af um 74 millj. kr. greiðslum fengu 487 karlar tæplega 66 millj. kr. en 265 konur rúmar 8 millj. kr. Meðalbifreiðastyrkur til karla var því rúmlega 135 þús. kr. á árinu 1996 en meðalstyrkur til kvenna rúmlega 30 þús. kr. Einnig kom fram mikill og afgerandi munur á greiðslum til kynjanna vegna fastra nefndarlauna og þóknana en 83% þessara greiðslna runnu til karla, 17% til kvenna. Þessar tölur kalla á skýringar. Margt bendir til að hér sé einnig um brot á jafnréttislögum að ræða.

Úrskurður kærunefndar jafnréttismála gefur tilefni til að ítarleg endurskoðun fari fram á hlunnindagreiðslum og bifreiðastyrkjum hjá hinu opinbera til að koma í veg fyrir að slíkar greiðslur viðhaldi launamisrétti kynjanna.

Líta verður svo á að um tímamótaúrskurð kærunefndar jafnréttismála sé að ræða sem styðji það sem lengi hefur verið haldið fram að hið opinbera noti duldar greiðslur og fríðindi til að viðhalda launamisrétti kynjanna. Við slíku verður að sporna því að ríkisvaldið hefur fyrst og fremst þær skyldur í jafnréttismálum að stuðla að því að jafnréttislög séu ekki brotin og sýna þar með gott fordæmi fyrir almenna vinnumarkaðinn.

Jafnréttisráð telur brýnt að endurskoða greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, eins og þessi þingsályktunartillaga kveður á um, og að skýrar reglur verði settar um þessar greiðslur.

57. Frumvarp til laga [57. mál]

um vitamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Yfirstjórn og verkefni Siglingastofnunar Íslands.

1. gr.

Um yfirstjórn vitamála fer eftir lögum um Siglingastofnun Íslands.

2. gr.

Siglingastofnun Íslands ber að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið með þeim undantekningum sem síðar getur.

Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki, radíómerki til staðarákvörðunar og upplýsingar um veður og sjólag.

Siglingastofnun Íslands skal einnig hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi sem fyrir hendi eru á áðurnefndu svæði og stuðla að útgáfu korta sem innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sjófarendur geti notað áðurnefnd hjálpartæki. Siglingastofnun Íslands skal hafa eftirlit af hálfu ríkisins með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja sem einstök sveitarfélög eða einstaklingar setja upp. Siglingastofnun skal, að beiðni Veðurstofu Íslands, annast veðurathuganir á vitastöðum. Þá fer Siglingastofnun með leiðsögumál, svo sem nánar er tilgreint í lögum um leiðsögu skipa.

II. KAFLI
Landsvitar og hafnarvitar.

3. gr.

Vitakerfi Íslands greinist í tvo meginþætti, landsvita og hafnarvita.

Til landsvitakerfisins heyra í meginatriðum allir þeir vitar og önnur leiðarmerki sem telja má að þjóni almennum siglingum við ströndina ásamt fiskveiðum.

Hafnarvitar teljast þeir vitar og önnur leiðarmerki sem eingöngu eru reist til að leiðbeina skipum inn á hafnarsvæði eða um tilteknar hafnir. Með hafnarsvæði er hér átt við það svæði sem lögsaga hafnarinnar nær yfir.

Við ákvörðun um hvaða leiðarmerki skulu tilheyra landsvitakerfinu skal leita álits siglingaráðs.

Ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Siglingastofnun Íslands, sem leitar umsagnar siglingaráðs um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Siglingastofnunar Íslands, sem þá sér um að merkið verði auglýst, svo sem nánar er greint í lögum þessum.

Siglingastofnun Íslands skal sjá um að landsvitakerfið starfi svo sem til er ætlast og því er lýst í vitaskrá. Siglingastofnun skal jafnframt hafa eftirlit með hafnarvitum.

Hafnarstjórn eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi og sett upp leiðarmerki, er skuldbundinn til að halda merkinu við og tilkynna Siglingastofnun Íslands tafarlaust um allar breytingar sem á því verða. Ef merki er ekki haldið nægilega við að dómi Siglingastofnunar, er henni heimilt að annast nauðsynlegar lagfæringar á kostnað eiganda. Óski hafnarstjórn eða einstaklingur að leggja niður eða breyta leiðarmerki, skal sótt um það til Siglingastofnunar Íslands.

Siglingastofnun Íslands getur, að fenginni umsögn siglingaráðs, krafist þess að hafnarstjórn láti gera á eigin kostnað þá vita og önnur leiðarmerki sem Siglingastofnun Íslands telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði. Til eigin kostnaðar telst einnig viðhald og rekstur slíkra vita og leiðarmerkja.

4. gr.

Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur Siglingastofnun Íslands látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess ef brotið er á móti þessu.

Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

5. gr.

Hverjum landeiganda ber skylda til að láta af hendi mannvirki og land sem þarf til vitabygginga samkvæmt lögum þessum, svo og til íveruhúsa handa vitagæslumönnum. Enn fremur til þess að gera brautir og vegi í því sambandi, til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem vitabyggingin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir.

Um ákvörðun bóta skal farið eftir lögum nr. 11 frá 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

III. KAFLI
Vitagjald.

6. gr.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur Siglingastofnunar Íslands skal greitt vitagjald af skipum þeim sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Gjald þetta skal aðeins heimilt að nota í verkefni samkvæmt 2. gr. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

7. gr.

Við ákvörðun vitagjalda samkvæmt stærð skipa skal miðað við brúttótonnatölu skips samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

Vitagjald, 64,70 kr. af hverju brúttótonni skips, skal greiða af skipum sem taka höfn hér á landi og skal hálft tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Þó skal þetta gjald aldrei vera lægra en 5.000 kr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd vegna áreksurs, sjóskemmda, veikinda, farmskekkju eða ófriðar.

Skip sem eigi er notað við Íslandsstrendur á gjaldárinu eða er án haffæris allt gjaldárið er þó ekki gjaldskylt á því gjaldári.

8. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða fjórðung vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó ekki oftar en fjórum sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til samgönguráðuneytisins.

IV. KAFLI
Upplýsingaskylda.

9. gr.

Siglingastofnun Íslands skal sjá um að allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis í siglingum verði tilkynntar sjófarendum. Auglýsingar skulu birtar minnst mánaðarlega í Tilkynningum til sjófarenda, sem Sjómælingar Íslands gefa út.

Upplýsingar, sem varða öryggi sjófarenda og ekki verða auglýstar með nægum fyrirvara í Tilkynningum til sjófarenda, skulu tilkynntar um strandstöðvar og í útvarpi þegar þörf krefur.

Sérhverjum, sem annast rekstur leiðarmerkis, er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Siglingastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má, en stofnunin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum, sem verða varir við bilanir í vitakerfi landsins, að senda tilkynningar um þær til Siglingastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má. Enn fremur skal Siglingastofnun Íslands tilkynnt um alla farartálma sem verða á almennri siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda.

V. KAFLI
Farartálmar.

10. gr.

Ef skip eða annað fljótandi far ferst eða strandar á siglingaleið ber eiganda þess að tilkynna um atburðinn tafarlaust til Siglingastofnunar Íslands, sem síðan merkir staðinn ef ástæða er talin til.

Eiganda farsins skal skylt að fyrirmælum Siglingastofnunar Íslands að gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til öryggis fyrir siglingar og fiskveiðar.

Að liðnum gefnum fresti getur Siglingastofnun Íslands á kostnað eiganda fjarlægt hverja þá farartálma eða flök sem hér um ræðir.

Kostnaður við merkingu farartálma skal greiddur af eiganda hans.

VI. KAFLI
Vitavarsla.
11. gr.

Sérhver viti eða annað leiðarmerki skal vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns. Leiðarmerki, sem eru í eign hafnarsjóða, skulu talin í ábyrgð hafnarstjóra eða hafnarvarðar og er hafnarstjórn skylt að senda Siglingastofnun Íslands tilkynningu um hver sé ábyrgðarmaður merkisins.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.
12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1981, um vitamál, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu og Siglingastofnun Íslands og er því ætlað að leysa af hólmi lög um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

Rekstur og eignarhald vitakerfisins er tvískipt. Landsvitar eru til leiðbeiningar á almennum siglingaleiðum en hafnarvitar vísa leið inn á hafnir. Landsvitar eru í eigu og umsjón ríkisins en hafnarvitar í eigu og umsjón sveitarfélaganna. Siglingastofnun fer með framkvæmd vitamála á Íslandi, þ.e. annast uppbyggingu og rekstur landsvitakerfisins og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu og rekstri hafnarvita og innsiglingarmerkja.

Vita- og leiðsögubúnaður stofnunarinnar er margþættur. Tækniframfarir hafa breytt samsetningu og sjálfvirkni búnaðarins verulega undanfarna áratugi. Uppbyggingu ljósvitakerfisins lauk að mestu á 6. áratugnum með byggingu Hrollaugseyjavita árið 1954 en þá var ljósvitahringnum um landið lokað. Alls eru 104 ljósvitar í umsjá stofnunarinnar. Flestir fá orku sína frá rafmagni, samveitum eða geymum, en einnig eru margir knúnir með sólarorku. Aðeins einn, Hvaleyrarviti í Hvalfirði, er enn með gasljósi. Starfsmenn stofnunarinnar sinna viðhaldi vitanna og þarf að leigja skip annað hvert ár til að sinna viðhaldi bauja og þeirra vita sem ekki er hægt að nálgast frá landi.

Annar leiðsögubúnaður er baujur (ljósdufl), radarsvarar, öldumælingadufl og sjálfvirkar veðurstöðvar. Öldumælingaduflum og veðurstöðvum hefur fjölgað undanfarin ár í tengslum við uppbyggingu á upplýsingakerfi Siglingastofnunar um veður og sjólag. Baujum og radarsvörum hefur hins vegar farið fækkandi með tilkomu nýrrar tækni. Um 20 ljósvitar eru í hafnarvitakerfinu auk innsiglingarljósa á garðsendum og bryggjum, leiðarljósalínum og baujum er vísa leið í innsiglingum að höfnum.

Radíóvitar í notkun eru sex, Reykjanesviti, Bjargtangaviti, Skagatáarviti, Raufarhafnarviti, Djúpavogsviti og Skarðsfjöruviti. Þeir eru fyrst og fremst notaðir til að senda út leiðréttingarmerki með GPS-staðsetningarkerfinu en sú aðferð nefnist DGPS. Leiðréttingarmerkin

gera kleift að auka nákvæmni staðsetningar úr um 100 metrum í 5 metra á útsendingarsvæðinu. Leiðréttingamerkin nást í allt að 200–400 sjómílna fjarlægð.

Innheimta vitagjalds.

Fyrsti vitinn var reistur á Reykjanesi árið 1878. Þann 1. desember sama ár var hafin innheimta vitagjalds til þess að standa straum af rekstri vitans og þeirra er síðar áttu eftir að koma. Vitagjaldið er því eitt það elsta af núverandi þjónustugjöldum. Upphaflega rann það til reksturs og uppbyggingar á ljósvitakerfi landsins. Síðar kom öflugri leiðsögutækni til sögunnar þ.e. radíóvitar og DGPS-stöðvar. Loks var farið að líta á rekstur leiðsögukerfa ásamt upplýsingakerfi um veður og sjólag sem hluta af öryggisþjónustu við sjófarendur.

Vitagjaldið stendur að hluta straum af stofnkostnaði og rekstrarkostnaði við eftirtalda þjónustu:

— ljósvita,
— siglingamerki á sjó og landi,
— DGPS-leiðréttingarkerfið,
— radarsvara og
— upplýsingakerfi um veður og sjólag.

Vitagjald var í upphafi hugsað sem þjónustugjald en ekki skattur. Lengst af var í 2. gr. laganna skýrt tekið fram að tekjum af gjaldinu skyldi einungis varið til reksturs og uppbyggingar á vitakerfi landsins. Þessari grein laganna var breytt þegar farið var yfir lögin og þau endurskoðuð með tilliti til nýrrar stofnunar, Siglingastofnunar Íslands, sem tók við rekstri á vitakerfi landsins. Núna eru ákvæði laganna ekki eins þröng og segir þar aðeins að tekjum af vitagjaldi skuli varið til Siglingastofnunar Íslands. Með frumvarpinu er hins vegar lagt til að þetta verði fært til fyrri vegar og einungis heimilt að ráðstafa vitagjaldi til verkefna skv. 2. gr. frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lagagrunnur vitagjaldsins sé styrktur á þann veg að hann uppfylli þau skilyrði sem lagagrunnur skattlagningarheimilda þarf að uppfylla. Við þetta verður fjárhæð gjaldsins tilgreind í lögunum sjálfum.

Innheimta vitagjalda erlendis.

Upplýsingar frá 1996 um vitagjald (light dues) í Bretlandi sýna að skip greiða það við hverja komu til landsins, þó ekki nema í eitt skipti í almanaksmánuði og ekki oftar en sjö sinnum yfir árið. Annars vegar greiða þau eitt gjald, sem er 62 pund, og hins vegar 43 pens fyrir hvert tonn. Fyrir 20.000 brúttótonna skip er gjaldið því 62 + 0,43 x 20.000 = 62 + 8.600 eða 8.662 pund. Meiri hluti gjaldsins er miðaður við stærð skipsins.

Í Noregi miðast vitagjaldið einnig við brúttótonnastærð skips. Ekki liggja fyrir upplýsingar um vitagjald í öðrum löndum, nema að ekkert vitagjald er innheimt í Danmörku.

Tekjur af vitagjaldi.

Innheimt vitagjald árið 1998 nam 72 millj. kr. Þar af greiddu erlend skip 59,3 millj. kr. Sama ár nam stofnkostnaður og kostnaður við rekstur öryggiskerfis fyrir sjófarendur hjá Siglingastofnun Íslands um 108,8 millj. kr.

Álagt vitagjald og rekstur vitakerfis 1994–99, millj. kr.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Álagt, innlend og erlend skip samtals	58,1	61,7	62,3	64,6	72,5	
þar af innlend skip	13,6	13,9	13,8	13,4	13,2	13,1
Álagt samtals á verðlagi september 1999	65,4	68,3	67,5	68,7	75,9	
Rekstur vitasviðs SÍ án stofnkostnaðar, á verðlagi hvers árs		83,1	81,8	82,2	90,0	
Rekstur vitasviðs á verðlagi september 1999		92,0	88,6	87,4	94,2	95,0
Stofnkostnaður vitareksturs á verðlagi hvers árs	30,3	22,7	17,1	17,2	18,8	19,3

Ath. Tölur um rekstur vitakerfis 1999 eru úr áætlun Siglingastofnunar Íslands.

Í athugun sem gerð var árið 1996 kom í ljós að 37 þús. tonna skemmtiferðaskip greiddi rúmlega 1.030 þús. kr. í hafnagjöld og opinber gjöld við komu til landsins. Opinberu gjöldin námu um 60% af upphæðinni og vógu tollafgreiðslugjald og vitagjald þyngst. Núna væru gjöld fyrir sambærilegt skip 69.120 kr. í tollafgreiðslugjald og 562.400 kr. í vitagjald. Tollafgreiðslugjaldið er greitt fyrir fyrstu sex skipti sem komið er til landsins á almanaksárinu en vitagjaldið fyrir fyrstu fjögur.

Vitalögin voru endurskoðuð og endurútgefin árið 1995. Í nýju lögunum var erlendum skipum gert að greiða ¼ af fullu gjaldi fyrstu fjögur skiptin á almanaksárinu í stað ⅕ gjaldsins fyrstu fimm skipti ársins. Einnig var heimild fyrir lægra gjaldi til skemmtiferðaskipa felld niður. Í reglugerð sem byggð var á eldri lögunum var fullt vitagjald af skemmtiferðaskipum ákveðið um það bil ⅙ af gjaldi almennra skipa. Síðan var ⅕ af því innheimt fyrstu fimm skipti sem komið var til landsins á almanaksári. Skemmtiferðaskip eru yfirleitt mun stærri mælt í brúttótonnum en þau flutningaskip sem koma til landsins vegna aðstöðu um borð fyrir þjónustu og afþreyingu. Gámaflutningaskip eru stærst um 10.000 tonn en skemmtiferðaskip eru mörg á bilinu 20.000–60.000 tonn. Vitagjald af skemmtiferðaskipum miðað við 25.000 brúttótonna meðalstærð og 50 komur á ári er 19,0 millj. kr.

Áhrif frumvarpsins á innheimtu vitagjalds.

Innheimt vitagjald árið 1998 nam 72 millj. kr. Með frumvarpi þessu er miðað við að tekjur af vitagjaldi árið 2000 verði 90 millj. kr., en rekstrarkostnaður Siglingastofnunar Íslands af leiðsögukerfinu er áætlaður 95 millj. kr. árið 1999.

Vitagjald af skipum á íslensku skipaskránni var um 13 millj. kr. árið 1998 og 59 millj. kr. af erlendum skipum, eða samtals 72 millj. kr. Þetta er skiljanlegt í ljósi þess að nánast öll flutningaskip sem koma til landsins í eigu íslenskra eða erlendra kaupskipaútgerða eru á erlendum skipaskrám. Flutningaskip og skemmtiferðaskip eru nær undantekningarlaust stærri en fiskiskip mælt í brúttótonnum og greiða því hærra vitagjald. Auk þess eru skip minni en 10 brúttótonn undanþegin vitagjaldi samkvæmt gildandi reglum.

Innheimta vitagjalds miðað við gildandi lög og tillögur í frumvarpi, millj. kr.

	Gildandi lög	Tillögur frv.
Innheimt vitagjald 1998	72	72
Gróf áætlun um aukin umsvif	3	3
Bátar undir 10 brúttótonnum, þ.e. 1.600 nýir gjaldendur*		8
Hækkun gjalds á 350 báta sem eru 10–78 brúttótonn		2
Leiðrétting verðlags, 5,8%	4,4	4,4
Hækkun vitagjalds, 0,7%		0,6
	79,4	90
Vitagjald er núna 60,70 kr. á brúttótonn	63,4	64,7

* Bátar undir 10 brúttótonum eru núna undanþegnir vitagjaldi.

Fremri dálkurinn í töflunni miðast við óbreytt vitagjald samkvæmt gildandi lögum. Ekki er óvarlegt að áætla að umferð skipa aukist enn árið 2000 og tekjur af vitagjaldi hækki, t.d. vegna aukinnar skipaumferðar til álveranna og járnblendiverksmiðjunnar, en þessar verksmiðjur hafa verið stækkaðar, auk þess að nýtt álver tók til starfa á Grundartanga árið 1998. Siglingastofnun telur óhætt að gera ráð fyrir að vitagjaldið fari úr 72 millj. kr. í um 75 millj. kr miðað við óbreytta gjaldskrá.

Seinni dálkurinn sýnir tillögur frumvarpsins um hvernig má auka tekjur af vitagjaldi samkvæmt framangreindum forsendum. Í frumvarpinu er lagt til að gjaldið nái til allra báta á skipaskrá með því að setja 5.000 kr. lágmarksgjald. Við það fara ríflega 1.600 bátar að greiða vitagjald sem áður voru undanþegnir því vegna þess að þeir náðu ekki 10 brúttótonna lágmarksstærð. Auk þess hækkar gjaldið á um 350 bátum vegna þess að lágmarksgjaldið er hærra en gjald miðað við núverandi forsendur, þ.e. ákveðin upphæð á hvert brúttótonn. Með lágmarksgjaldi er komið til móts við þau sjónarmið að láta smærri báta greiða hlutfallslega hærra gjald en þeir gera í dag. Miðað við núverandi gjaldskrá hækkar þetta gjaldið á innlendum skipum úr u.þ.b. 13 millj. kr. í um 23 millj. kr., eða um 10 millj. kr.

Vitagjaldi var síðast breytt árið 1997. Ofangreindar forsendur, þ.e. 3 millj. kr. hærri tekjur vegna aukinnar skipaumferðar og 10 millj. kr. við tilkomu lágmarksgjalds, gefa 85 millj. kr. í vitagjald. Hækka þarf vitagjaldið um 6,5%, þ.e. úr kr. 60,70 í kr. 64,70 til þess að tekjur af vitagjaldi verði 90 millj. kr., sem er um 0,7% hærra en verðlagsþróun gefur tilefni til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða gildandi 1. gr. laga um vitamál, nr. 56/1981, eins og henni var breytt með 8. gr. laga nr. 7/1996 þegar Siglingastofnun Íslands var sett á fót.

Um 2. gr.

Grein þessi er nýmæli frá gildandi lögum um vitamál og fjallar hún um verkefni og skyldur Siglingastofnunar Íslands til að tryggja öryggi í siglingum við Íslandsstrendur með því að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum, t.d. vitum, fljótandi leiðarmerkjum og radíómerkjum til staðarákvörðunar. Sams konar ákvæði var upphaflega í lögum um nr. 56/1981, um vitamál.

Um 3. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga um vitamál. Skv. 7. mgr. getur Siglingastofnun að fenginni umsögn siglingaráðs krafist þess að hafnarstjórn láti gera á eigin kostnað þá vita og önnur leiðarmerki sem Siglingastofnun Íslands telur nauðsynleg til öryggis í siglingum um viðkomandi hafnarsvæði eins og þau eru skilgreind í viðkomandi hafnarreglugerðum. Það nýmæli kemur fram í lokamálslið 7. mgr. að til eigin kostnaðar teljist einnig viðhald og rekstur slíkra vita og leiðarmerkja.

Um 4. gr.

Þessi grein er óbreytt frá 3. gr. gildandi laga um vitamál og kveður á um að óheimilt sé að byggja hús eða mannvirki sem skyggt getur á vita eða leiðarmerki.

Um 5. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt frá 4. gr. gildandi laga um vitamál og fjallar um skyldur landeiganda til að láta af hendi mannvirki og land til byggingar vita.

Um 6. gr.

Þessi grein er efnislega óbreytt frá 5. gr. gildandi laga um vitamál. Greinin kveður á um að greitt skuli vitagjald af skipum sem sigla við Íslandsstrendur og hafa viðkomu hér á landi og er gjaldinu ætlað að standa straum af stofn- og rekstrarkostnaði Siglingastofnunar Íslands til að tryggja öryggi í siglingum skv. 2. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Þessi grein fjallar um ákvörðun vitagjalds, viðmiðun þess, upphæð, lágmarksgjald og undanþágur. Helstu breytingar frá gildandi lögum eru eftirfarandi:

1) Brúttótonn: Með 1. gr. laga nr. 63/1995 var kveðið á um að viðmiðun vitagjalds skyldi vera brúttótonn í stað brúttórúmlesta áður og er það í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

2) Upphæð vitagjalds: Samkvæmt reglugerð um vitagjald er gjaldið nú 60,70 kr. af hverju brúttótonni skips. Með frumvarpi þessu er lagt til að upphæðin verði bundin í lögum en ekki í reglugerð eins og verið hefur. Lagt er til að gjaldið verði 64,70 kr. af hverju brúttótonni og er það um það bil 6,5% hækkun, þ.e. annars vegar 5,8% verðlagshækkun og 0,7% hækkun á vitagjaldi. Allar hækkanir á vitagjaldi, verði frumvarp þetta að lögum, verða því ákveðnar af Alþingi með sérstökum lagabreytingum.

3) Gjaldskylda: Í 6. gr. gildandi laga um vitamál er miðað við að vitagjald skuli greiða einu sinni á ári af öllum skipum sem eru stærri en 10 brúttótonn. Með frumvarpi þessu er lagt til að vitagjald verði greitt af öllum skipum og að lágmarksgjald verði 5.000 kr.

4) Undanþágur: Hér er lagt til að herskip, varðskip og tollgæslubátar skuli undanþegnir gjaldinu, sem og skip sem leita hafnar í neyð. Er það ekki breyting frá því sem verið hefur. Það er hins vegar nýmæli að skip sé ekki gjaldskylt ef það hefur ekki verið notað við Íslandsstrendur á viðkomandi gjaldári eða verið án haffæris allt það ár, en samkvæmt gildandi reglum hefur í slíkum tilfellum verið heimilt að fella gjaldið niður.

Um 8. gr.

Í grein þessari er kveðið á um gjalddaga vitagjalds, fyrirkomulag greiðslu erlendra skipa, hver annast innheimtu vitagjalds og hvert skjóta megi ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning.

Um 9. gr.

Þessi grein er óbreytt frá 8. gr. gildandi laga um vitamál og fjallar um skyldu Siglingastofnunar Íslands til að auglýsa og tilkynna sjófarendum um allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis í siglingum.

Um 10. gr.

Þessi grein er óbreytt frá 9. gr. gildandi laga um vitamál og fjallar um viðbrögð við því ef skip eða annað fljótandi far ferst eða strandar á siglingaleið.

Um 11. gr.

Þessi grein er óbreytt frá 10. gr. gildandi laga um vitamál og fjallar um vörslu vita og annarra leiðarmerkja.

Um 12. gr.

Þessi grein er óbreytt frá 11. gr. gildandi laga um vitamál og kveður á um að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laganna.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vitamál.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta lagagrunni fyrir vitagjald sem ætlað er að standa straum af stofn- og rekstrarkostnaði Siglingastofnunar Íslands á leiðsögukerfi fyrir skip og leysa af hólmi lög um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum. Lagt er til að lagagrunnurinn verði styrktur á þann veg að hann uppfylli sömu skilyrði skattlagningarheimildar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að vitagjaldið nái til allra báta á skipaskrá með því að setja lágmarksgjald. Við það greiða 1.600 bátar vitagjald sem áður voru undanþegnir gjaldinu.

Ekki verður séð að umfang starfseminnar aukist frá því sem nú er og því verður ekki séð að frumvarpið hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Tekjur af vitagjaldinu eru áætlaðar 78 m.kr. árið 1999 og með breytingunni á gjaldinu aukast þær um 12 m.kr. og verða 90 m.kr. Gert er ráð fyrir tekjum af aukinni gjaldtöku í forsendum frumvarps til fjárlaga 2000.

58. Frumvarp til laga [58. mál]

um breytingar á lagaákvæðum er varða húsaleigubætur.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum eða bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

2. gr.

3. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum eða bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 272.208 kr. á ári.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 279.840 kr. á ári.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 118 23. desember 1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

4. gr.

Orðin „aðrar en húsaleigubætur, eftir því sem við á“ í 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 138 23. desember 1997, um húsaleigubætur.

5. gr.

Orðin „og húsaleigubætur fyrra árs“ í 2. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI
Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt en þar er lagt til að húsaleigubætur verði undanþegnar skattskyldu líkt og vaxtabætur. Verði það frumvarp að lögum er nauðsynlegt að gera lagfæringar á öðrum lögum þar sem vísað er til húsaleigubóta.

Í lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, hafa húsaleigubætur verið teknar út úr tekjustofni til viðmiðunar, en þess gerist ekki lengur þörf ef húsaleigubætur teljast ekki til tekna í skilningi skattalaga, verði fyrrnefnt frumvarp að lögum. Sama gildir um lög um húsaleigubætur, nr. 138/1997, en þar er að finna sérákvæði um að húsaleigubætur fyrra árs myndi ekki tekjustofn til skerðingar á bótum.

59. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [59. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir,
Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 26. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fimmtungur kosningarbærra manna í landinu getur krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Krafan, studd undirskriftum fimmtungs kosningarbærra manna, skal berast forseta lýðveldisins eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Undirskriftasöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laga. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að ávallt greiði fimmtungur kosningarbærra manna atkvæði gegn gildi laganna. Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um, skulu settar í lög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 120., 121., 122. og 123. löggjafarþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu.

Með frumvarpinu er kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæði.

Aðeins er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni, þ.e. í 11. gr. (ef ¾ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti), í 26. gr. (ef forsetinn synjar um staðfestingu á lagafrumvörpum) og í 79. gr. (ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni). Ekki er að finna þar neitt ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Þótt oft hafi komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekkert orðið úr því. Réttur fólks til að hafa áhrif á framgang einstakra mála er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem opnun á áfengisútsölum og hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum.

Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórnir það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá loforðum og kosningastefnuskrám.

Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Þannig var hávær krafa uppi hjá stórum hluta þjóðarinnar um að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar er mikilvægt að þessi leið sé fyrir hendi. Það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en þeir hafa nú.

Forsetinn hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald því að synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Af framkvæmdinni má því ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun nánast marklaust. Færa má að því gild rök, eins og að framan segir, að frumvarp til laga um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sé einmitt mál sem rétt hefði verið að bera undir þjóðina með þessum hætti. Þegnar landsins geta átt réttmæta kröfu á því að fá að taka á beinan hátt þátt í ákvörðun um mikilvæg atriði, eins og að framan greinir. Því er nauðsynlegt að inn í stjórnarskrána verði tekið ákvæði sem veitir þeim þennan rétt án þess að til atbeina forseta lýðveldisins þurfi að koma.

Í frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga er því lagt til að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt. Til greina kemur í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu að undanskilja ákveðna málaflokka líkt og gert er í Danmörku. Krafa um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt frestar ekki gildistöku laga.

Í frumvarpinu eru settir fram tímafrestir varðandi undirskriftasöfnunina og atkvæðagreiðsluna. Þannig er gert ráð fyrir því að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu studd undirskriftum berist forseta eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal síðan fara fram eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfu um atkvæðagreiðsluna. Er þá miðað við reglu þá sem fram kemur í 24. gr. stjórnarskrárinnar um að boðað skuli til alþingiskosninga eigi síðar en 45 dögum eftir að gert var kunnugt um þingrof.

Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að fimmtungur kosningarbærra manna þarf alltaf að greiða atkvæði gegn gildi laganna. Þannig er um tvö sjálfstæð skilyrði að ræða. Þykir eðlilegt að gera kröfur um þátttöku ákveðins hluta kjósenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og er það gert að danskri fyrirmynd. Því er í raun miðað við að sá fimmtungur kosningarbærra manna sem knýr á um atkvæðagreiðslu fylgi kröfunni eftir

með því að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Til skýringar er eftirfarandi dæmi: Í maí 1998 voru 193.632 manns á kjörskrá. Ef þá hefðu verið í gildi reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hefði þurft fimmtung kosningarbærra manna í landinu, eða u.þ.b. 38.700 manns, til að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um gildi laga. Í atkvæðagreiðslunni sjálfri hefði að lágmarki sami fjöldi þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna ef þátttaka hefði verið 40% eða minni. Ef hins vegar t.d. 80% þeirra sem á kjörskrá eru, eða 154.905, hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefði helmingur þeirra þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna eða 77.452 manns. Þannig þarf alltaf helmingur þeirra sem þátt tekur í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, en ef þátttaka er undir 40% dugir ekki helmingur heldur kemur þá til kasta fimmtungsreglunnar þannig að a.m.k. 20% kosningarbærra manna þurfa að greiða atkvæði gegn gildi laga.

Loks er mælt fyrir um það í ákvæðinu að nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu verði settar í lög. Meðal annars verður að telja nauðsynlegt að setja nánari reglur um kynningu á lögunum sem þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram um, en nútímalöggjöf er iðulega þess eðlis að til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar þarf hvort tveggja þekkingu og lögskýringargögn. Einnig er þörf á því að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði þjóðaratkvæðagreiðslu.

60. Fyrirspurn [60. mál]

til félagsmálaráðherra um niðurstöður launakönnunar kjararannsóknarnefndar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver eru viðbrögð ráðherra við niðurstöðum nýjustu launakannana kjararannsóknarnefndar sem sýna mikinn launamun milli kynja og landsvæða?
2. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu ríkisstjórnarinnar til að sporna við kynbundnu launamisrétti og launamun milli landsvæða?

61. Fyrirspurn [61. mál]

til samgönguráðherra um langtímaáætlun í jarðgangagerð.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvað líður undirbúningi að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. mars sl. um gerð langtímaáætlunar í jarðgangagerð á Íslandi?
2. Mun ráðherra leita eftir því að þingflokkarnir tilnefni menn í þverpólitíska nefnd sem fjalli um þennan mikilvæga málaflokk í samgöngumálum landsbyggðarinnar?

62. Fyrirspurn [62. mál]

til iðnaðarráðherra um virkjunarleyfi og umhverfismat.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Hvaða virkjunarleyfi hafa verið gefin út samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, orkulögum, nr. 58/1967, eða sérlögum þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar og þær taldar undanþegnar ákvæðum laga um umhverfismat?

Skriflegt svar óskast.

63. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Markmið stefnumótunar verði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild forsætisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á grundvelli stefnumótunar framangreindra aðila verði gerð fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þ.m.t. félagasamtök unglinga.

Framkvæmdaáætlunin verði lögð fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en 1. janúar árið 2001.

Greinargerð.

Allt frá stofnun embættis umboðsmanns barna árið 1995 hefur umboðsmaður vakið athygli stjórnvalda á því hve brýnt sé að mótuð verði skýr opinber heildarstefna í málefnum barna og unglinga og aðgerðir samræmdar af hálfu stjórnvalda á ýmsum sviðum er snerta hagi þeirra.

Í skýrslu umboðsmanns barna árið 1996 kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Það ætti að vera aðalsmerki hverrar ríkisstjórnar og hverrar sveitarstjórnar að tryggja öllum börnum sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska, en að mínu mati verður því markmiði einungis náð með því að mótuð verði skýr opinber heildarstefna í málefnum þeirra og aðgerðir samræmdar af hálfu stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga, á hinum ýmsu sviðum er varða börn og ungmenni, hvort sem er á sviði barnaverndarmála, skólamála, heilbrigðismála, menningarmála og öryggismála almennt, svo að mikilvægir málaflokkar séu

nefndir. Með þessu móti tel ég að velferð umbjóðenda minna, fjölmennasta aldurshópsins í íslensku samfélagi, verði best borgið þegar til lengri tíma er litið."

Í ljósi þessa telja flutningsmenn afar brýnt að Alþingi sýni vilja sinn til heildstæðrar stefnumótunar í málefnum barna og því er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Hin norrænu ríkin hafa öll mótað heildstæða stefnu í málefnum barna og unglinga. Má t.d. nefna að árið 1986 var lögð fyrir danska þingið af hálfu þáverandi félagsmálaráðherra tillaga um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, en á grundvelli þeirrar tillögu, sem samþykkt var í janúar 1987, var skipuð nefnd með aðild þeirra ráðuneyta sem málefni barna og unglinga heyra til. Á grundvelli stefnumótunar var síðan unnin ítarleg framkvæmdaáætlun sem tók einnig mjög mikið tillit til sjónarmiða unglinga sem að stefnumótuninni komu. Þá var og komið á reynslusveitarfélögum sem sérstaklega tóku þátt í að þróa ýmsar nýjungar í stefnumótun og framkvæmdaáætlun um málefni unglinga.

Flutningsmenn hafa einnig kynnt sér ítarlega og heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga í Noregi sem tekur á öllum þáttum þjóðlífsins sem snúa að málefnum barna og unglinga, en í þeirri stefnu er þungamiðjan að öryggi, umönnun og góð uppvaxtarskilyrði barna og unglinga séu meðal mikilvægustu verkefna stjórnvalda. Þar er lögð meginhersla á þátttöku og ábyrgð barna og unglinga í stefnumótuninni þannig að þarfir og áhugamál þeirra eru tekin alvarlega í stefnu og framkvæmdaáformum stjórnvalda. Í allri löggjöf er einnig litið til áhrifa hennar á málefni barna og unglinga. Mikil áhersla er einnig lögð á samvinnu og samráð opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í þessum málum með því að leggja á þau ábyrgð og skyldur í heildstæðri og samfelldri stefnumörkun á öllum sviðum sem lúta að málefnum barna og unglinga.

Ljóst er að hér á landi er ekki síður þörf fyrir heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga en annars staðar á Norðurlöndum. Á margan hátt er umhverfi barna á Íslandi frábrugðið því sem þar er. Má t.d. nefna að þar hefja börn skólagöngu fyrr en hér og skólaárið er styttra hér á landi. Þá er vinna barna og unglinga yfir sumartímann mun algengari hér auk þess sem vinnutími foreldra er mun lengri og laun og lífskjör almennt lélegri. Þekkt er einnig tvöfalt vinnuálag kvenna, en atvinnuþátttaka kvenna er miklu meiri en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Nefna má einnig að fæðingarorlof er mun styttra hér á landi, sem og réttur foreldra vegna veikinda barna, auk þess sem slysatíðni barna er mun hærri en í nágrannalöndunum.

Hinn 20. nóvember nk. eru liðin 10 ár frá gildistöku barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en á Íslandi öðlaðist hann gildi 27. nóvember 1992. Í tillögu til þingsályktunar um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem flutt var á 122. löggjafarþingi undir forustu Rannveigar Guðmundsdóttur, er þess m.a. getið að þótt barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hafi lýst yfir ánægju með ýmsa þætti í framkvæmd barnasáttmálans hér á landi hafi verið gerðar alvarlegar athugasemdir við aðra þætti framkvæmdarinnar. Einnig kom fram í greinargerð með þeirri þingsályktunartillögu að enn skorti á að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og að langt sé í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að börn og ungmenni innan 18 ára aldurs njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita.

Ýmsar samnorrænar kannanir sem gerðar hafa verið sýna líka að framlög til málefna barna og fjölskyldna þeirra eru langminnst á Íslandi. Í úttekt og skýrslu sem gerð var af landsnefnd um Ár fjölskyldunnar 1994 kom fram að börn og málsvarar þeirra munu halda áfram að gera kröfur um bætta réttarstöðu þeirra, uppeldisskilyrði og tilfinningatengsl við báða foreldra. Orðrétt segir í skýrslunni: „Í samfélagi okkar er nú brýnna en áður að búa

börnum traust og stöðug uppvaxtarskilyrði eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á í þessari skýrslu.

Það þarf að skapa foreldrum forsendur og aðstöðu til að mynda stöðug tengsl við börn sín, hvernig sem formgerð samskiptanna er. Þannig tryggjum við börnum innri ró og stöðugleika er skapar kjölfestu sem er nauðsynleg til að geta mætt ólgunni sem bíður þeirra í nútímasamfélagi fjölhyggju, hraða og breytileika.“ Síðan segir að fjölskyldan hafi sem samfélagsstofnun á Íslandi allt annað en viðurkenndan sess. Hún sé eins konar afgangsstærð og réttur hennar sífellt fyrir borð borinn.

Umboðsmaður barna gaf á árinu 1998 út ítarlega samantekt um stöðu og hagi barna í íslensku samfélagi sem nefnist „Mannabörn eru merkileg – staðreyndir um börn og unglinga“. Þar er fjallað um stöðu fjölskyldunnar, efnahag barnafjölskyldna, fötluð börn, heilbrigðismál og heilsufarsvandamál, slys á börnum, barnaverndarstarf, félagsleg vandamál barna og unglinga, skólakerfið, tómstundamál barna og menningu og lífssýn unglinga. Í formála að þessari bók sem umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, ritar kemur fram eftirfarandi: „Í starfi mínu sem umboðsmaður barna hef ég komist að raun um, að á Íslandi eigum við eftir að vinna mikið grundvallarstarf í málefnum barna og ungmenna og sömuleiðis eigum við margt ólært í þeim efnum. Að mínu mati erum við almennt séð komin mun styttra á veg en aðrar Norðurlandaþjóðir, sem við að öðru jöfnu berum okkur saman við. Almenn stefnumörkun og áætlanagerð af hálfu stjórnvalda í málefnum barna og ungmenna er ekki til staðar og sú hugsun um að slíks sé þörf, virðist mörgum vera fjarlæg.“ Umboðsmaður barna ítrekar síðan í þessum formála nauðsyn þess að ráðist verið í það brýna verk sem mótun opinberrar stefnu í málefnum barna og ungmenna er og telur að bókin geti verið gagnlegur grunnur til að byggja slíka stefnumótun á. Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu taka undir þessa skoðun og telja eðlilegt að þessi bók verði m.a. lögð til grundvallar við stefnumótun þá sem þingsályktunin kveður á um.

Það er grundvallaratriði hjá þjóðum sem kenna sig við velferðarsamfélög að búa vel að börnum og unglingum og tryggja þeim sem jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Heildstæð og samræmd opinber stefnumótun í málefnum barna og unglinga, sem framkvæmdaáætlun til nokkurra ára byggist síðan á, er forsendan fyrir skipulögðu og markvissu starfi í því efni. Flutningsmenn leggja áherslu á að í öllu starfi og stefnumótun sem þingsályktunartillagan kveður á um verði eins og kostur er tekið tillit til sjónarmiða og viðhorfa barna og unglinga.

64. Frumvarp til laga [64. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Í stað orðsins „erlendis“ í a-lið 1. mgr. 133. gr. laganna kemur: utan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu að höfðu samráði við réttarfarsnefnd. Með því er lögð til breyting á reglum um málskostnaðartryggingu í lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laganna getur stefndi krafist þess við þingfestingu máls að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar ef hann er búsettur erlendis og menn sem eru búsettir hér á landi eru ekki undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi hans. Í bréfi Eftirlitsstofnunar EFTA 11. ágúst 1999 til íslenskra stjórnvalda er því haldið fram að þetta ákvæði geri stöðu aðila, sem höfðar mál hér á landi og er búsettur utan Íslands, lakari en þeirra sem búsettir eru hér á landi. Stofnunin telur því að ákvæðið samrýmist ekki 4. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um bann gegn hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs. Til að taka af allan vafa í þessum efnum er lagt til með frumvarpi þessu að ákvæðinu verði breytt þannig að það gildi ekki um þá sem höfða mál hér á landi og búsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Á þann veg verður staða manns sú sama að þessu leyti án tillits til þess hvar hann býr á Evrópska efnahagssvæðinu. Á hinn bóginn mun reglan eiga óbreytt við um þá sem búsettir eru utan efnahagssvæðisins og höfða mál fyrir íslenskum dómstólum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á reglum um málskostnaðartryggingu. Það er mat fjármálaráðuneytisins að frumvarpið hafi ekki för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

65. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna, sbr. lög nr. 24/1989, orðast svo: Heimild þessi gildir til ársloka 2007.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 13 16. mars 1949 var Sambandi íslenskra berklasjúklinga heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti og gilti heimildin í 10 ár. Þessi heimild hefur verið framlengd um 10 ár í senn, síðast með lögum nr. 24 2. maí 1989 til ársloka 1999.

Ágóða af happdrættinu skal samkvæmt lögunum varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berklasjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild Sambands íslenskra berklasjúklinga til rekstrar vöruhappdrættis verði framlengd um átta ár, þ.e. til ársloka 2007. Slík framlenging væri í samræmi við gildistíma heimildar happdrættis Dvalarheimilis aldraða sjómanna sem framlengdur var með lögum nr. 21 17. apríl 1997.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

Tilgangur frumvarpsins er að framlengja heimild Sambands íslenskra berklasjúklinga til að reka vöruhappdrætti um átta ár. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið auki útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

66. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna, sbr. 36. gr. laga nr. 15/1998:

a. Í stað tölunnar „26“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: 25.
b. Orðið „Kjalarneshrepp“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. 17. tölul. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með því er lögð til sú breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, að stjórnsýsluumdæmi sýslumanna verði

26 í stað 27. Lög þessi hétu áður lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, en nafni laganna var breytt með lögum um dómstóla, nr. 15/1998.

Tilefni þessarar breytingar er sameining Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps í eitt sveitarfélag sem tók gildi 7. júní 1998, sbr. auglýsingu nr. 61/1998. Hið nýja sveitarfélag, Fjarðabyggð, nær yfir allt stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins í Neskaupstað og hluta stjórnsýsluumdæmis sýslumannsins á Eskifirði. Af ýmsum ástæðum er óheppilegt að í einu og sama sveitarfélagi séu umdæmi tveggja sýslumanna. Má helst nefna vandkvæði við innheimtu opinberra gjalda, framkvæmd löggæslu á hendi tveggja lögreglustjóra í einu og sama sveitarfélagi, auk þess sem afmörkun stjórnsýsluumdæma sýslumanna ræðst af mörkum sveitarfélaga, sbr. reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna, nr. 57/1992. Með frumvarpinu er því lagt til að embætti sýslumannsins í Neskaupstað verði lagt niður. Samhliða er gert ráð fyrir að reglugerðinni verði breytt og stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Eskifirði stækki sem þessu nemur. Til þess að svigrúm gefist til að undirbúa breytingarnar er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2000.

Þótt embætti sýslumannsins í Neskaupstað verði lagt niður er gert ráð fyrir að þar verði áfram rekin skrifstofa sýslumanns og útibú lögreglu þannig að þjónusta við íbúa staðarins verði í meginatriðum sú sama og verið hefur. Á hinn bóginn hefur þetta í för með sér sparnað og frekari möguleika á hagræðingu. Þann ávinning er m.a. fyrirhugað að nýta með því að bæta við stöðu löglærðs fulltrúa hjá embætti sýslumannsins á Eskifirði og yrði hann búsettur í Fjarðabyggð.

Þá er enn fremur lagt til að lögunum verði breytt til samræmis við sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, sbr. auglýsingu nr. 231/1998.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

Í frumvarpinu er lögð til stækkun umdæmis sýslumannsembættisins á Eskifirði og niðurlagning embættisins á Neskaupstað en tilefni breytingarinnar er sameining Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarkaupstaðar. Í frumvarpsgreinargerðinni kemur fram að gert sé ráð fyrir að áfram verði rekin sýsluskrifstofa á Neskaupstað.

Ætla má að sameining tveggja embætta leiði til hagræðingar og lægri kostnaðar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur hins vegar fram sú markmiðssetning að það fjárhagslega svigrúm sem hagræðing leiðir til verði m.a. nýtt með því að bæta stöðu löglærðs fulltrúa við embætti sýslumannsins á Eskifirði.

67. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar veigamikil rök mæla með má víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 123. löggjafarþingi en hlaut þá eigi afgreiðslu. Það er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995. Felur frumvarpið í sér heimild til að víkja frá skilyrðum fyrir bótagreiðslu sem greinir í 6. gr. laganna.

Tilefni frumvarpsins er erindi umboðsmanns barna til dómsmálaráðherra, dagsett 15. september 1997, þar sem umboðsmaður fór þess á leit að skilyrði 6. gr. laganna yrðu endurskoðuð með tilliti til þess að þau ættu illa við þegar um kynferðisbrot gegn börnum væri að ræða. Auk erindis umboðsmanns hefur verið höfð hliðsjón af hliðstæðri löggjöf annars staðar á Norðurlöndum við samningu frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna er skilyrði fyrir greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns. Í 2. mgr. segir síðan að umsókn um bætur skuli hafa borist bótanefnd innan tveggja ára frá því að brot var framið.

Við tilteknar aðstæður getur verið rétt að víkja megi frá þessum skilyrðum. Það á sérstaklega við þegar brotið er gegn barni en barn hefur oft ekki náð nauðsynlegum þroska til að gera sér grein fyrir því að um refsivert brot hefur verið að ræða, auk þess sem aðstæður barnsins til að kæra brot kunna að vera erfiðar. Á það sérsaklega við þegar náin tengsl eru milli barns og brotamanns. Í þessu sambandi má hafa hliðsjón af því að þessar röksemdir lágu til grundvallar lögum nr. 63/1998 þar sem lögfest var sérregla í 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga um upphaf sakarfyrningarfrests þegar kynferðisbrot beinast gegn börnum.

Þótt tilefni frumvarpsins sé að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota, og þá alveg sérstaklega þeirra barna sem þolað hafa kynferðislegt ofbeldi, er rétt að gera ráð fyrir að í fleiri tilvikum kunni að vera ástæða til að víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr. 6. gr. Af þessum sökum er lagt til að heimildin verði ekki bundin við þau tilvik þar sem börn eru þolendur.

Við ákvörðun um hvort vikið verði frá skilyrðum í 1. og 2. mgr. 6. gr. verður að meta hvert tilvik fyrir sig. Þó má gera ráð fyrir að veigamikil rök mæli almennt með því þegar þolendur eru yngri en 18 ára. Með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af lögunum er ekki tilefni til að gera ráð fyrir mörgum tilvikum þar sem til álita kemur að víkja frá skilyrðunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995.

Í 6. gr. núgildandi laga er kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu bóta. Í frumvarpinu er lagt til að víkja megi frá þessum skilyrðum þegar veigamikil rök mæla með. Með þeirri heimild má ætla að málum fjölgi en í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að þau tilvik verði mörg. Talið er að kostnaður geti aukist fjölgi málum en ógerlegt er að segja fyrir um í hvaða mæli það verður. Framlag til bóta brotaþola er 40 m.kr. í fjárlögum 1999. Samkvæmt skýrslum dómsmálaráðherra um útgjöld vegna laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota sem lagðar voru fram á 122. og 123. löggjafarþingi var meðaltal greiðslna fyrir hvert mál á árunum 1996 og 1997 rúmar 0,5 m.kr. og fyrir árið 1998 rúmar 0,6 m.kr.

68. Frumvarp til laga [68. mál]

um ættleiðingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Ættleiðingar og lagaskilyrði fyrir þeim.

1. gr.
Leyfi til ættleiðingar.

Dómsmálaráðherra veitir leyfi til ættleiðingar.

2. gr.
Hverjir geta verið ættleiðendur.

Hjón eða karl og kona sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár skulu bæði standa að ættleiðingu, enda þeim einum heimilt að ættleiða saman með þeim frávikum sem í grein þessari getur.

Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð má þó með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn.

Öðru hjóna eða karli eða konu í óvígðri sambúð má og veita leyfi til ættleiðingar ef hitt er horfið eða geðrænum högum þess svo háttað að það beri ekki skyn á gildi ættleiðingar.

Heimilt er að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta.

Með óvígðri sambúð í lögum þessum er átt við sambúð karls og konu samkvæmt því er greinir í þjóðskrá eða eftir því sem ráðið verður af öðrum ótvíræðum gögnum.

3. gr.

Hverja má ættleiða.

Lög þessi taka til ættleiðinga barna innan 18 ára aldurs. Sama er um ættleiðingar þeirra sem eldri eru, nema annars sé getið og eftir því sem við á. Með orðinu barn samkvæmt lögum þessum er átt við barn eða ungmenni allt til 18 ára aldurs.

Eigi er manni heimilt að ættleiða kynbarn sitt, nema það hafi verið ættleitt áður og ættleiðing af hálfu kynforeldris þyki bæta hag barnsins.

4. gr.

Almenn skilyrði ættleiðingar.

Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun viðkomandi barnaverndarnefndar á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra sem óska ættleiðingar að ættleiðing sé barninu fyrir bestu, enda sé ætlun ættleiðenda að annast og ala barnið upp eða sá sem ættleiða á hafi verið alinn upp hjá þeim eða aðrar alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu.

5. gr.

Aldur ættleiðanda.

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita þeim sem orðinn er 20 ára leyfi til ættleiðingar.

6. gr.

Samþykki þess sem ættleiða á.

Eigi má ættleiða þann sem orðinn er 12 ára án samþykkis hans, nema andlegum högum hans sé svo farið að hann geti ekki gefið marktækt samþykki eða ef varhugavert þykir vegna hagsmuna hans að leita eftir því.

Áður en barn samþykkir ættleiðingu skv. 1. mgr. skal ræða við það á vegum barnaverndarnefndar sem í hlut á og veita því leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar.

Ef barn sem ættleiða á er yngra en 12 ára skal með sama hætti og greinir í 2. mgr. leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar, ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska.

7. gr.

Samþykki þess sem fer með forsjá barns eða sérstaks lögráðamanns.

Samþykki foreldra sem fara með forsjá barns þarf til ættleiðingar þess.

Ef högum annars foreldris sem fer með forsjá barns er svo farið að það getur ekki látið uppi marktækt samþykki eða það er horfið nægir samþykki hins. Ef þannig er ástatt um báða foreldra þarf samþykki sérstaklega skipaðs lögráðamanns barns.

Nú fer barnaverndarnefnd með forsjá barns og þarf þá samþykki nefndarinnar til ættleiðingar þess.

Veita má leyfi til ættleiðingar, þrátt fyrir að samþykki skv. 1. eða 2. mgr. skorti, ef barn hefur verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt.

8. gr.

Form og efni samþykkis.

Samþykki til ættleiðingar skal vera skriflegt og skal viðkomandi staðfesta það fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða sýslumanni, sem vottar að viðkomanda hafi verið leiðbeint um réttaráhrif samþykkis og ættleiðingar.

Samþykki er eigi gilt nema það hafi verið staðfest a.m.k. þremur mánuðum eftir fæðingu barns, nema alveg sérstaklega hagi til.

Samþykki foreldra eða sérstaklega skipaðs lögráðamanns er gilt, þótt væntanlegir kjörforeldrar séu eigi nafngreindir, ef samþykki lýtur að því að ráðstafa barni til ættleiðingar til þeirra sem barnaverndarnefnd ákveður. Endranær er samþykki eigi gilt nema væntanlegir kjörforeldrar séu nafngreindir.

Nú er samþykki til ættleiðingar meira en 12 mánaða gamalt og skal það þá staðfest að nýju áður en afstaða er tekin til umsóknar um ættleiðingu, nema sérstaklega standi á.

9. gr.

Samþykki veitt erlendis.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að samþykki sem gefið er fyrir þar til bæru stjórnvaldi, dómstóli eða stofnun erlendis jafngildi samþykki sem staðfest er fyrir starfsmanni dómsmálaráðuneytisins eða sýslumanni, sbr. 1. mgr. 8. gr., og má þá heimila frávik frá meginreglum 2.–4. mgr. 8. gr.

10. gr.

Afturköllun samþykkis.

Nú tekur aðili, sem veita skal samþykki skv. 6. og 7. gr., aftur samþykki sitt áður en ættleiðingarleyfi er veitt og er þá eigi heimilt að gefa út leyfi.

Veita má leyfi til ættleiðingar þrátt fyrir að foreldri eða sérstaklega skipaður lögráðamaður taki aftur samþykki sitt ef barn hefur verið í fóstri hjá umsækjendum og hagir þess mæla að öðru leyti eindregið með því að það verði ættleitt og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.

11. gr.

Umsögn foreldris.

Leita skal umsagnar þess foreldris, sem ekki fer með forsjá barns, ef unnt er, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar.

12. gr.

Umsögn lögráðamanns.

Nú er sá lögræðissviptur sem ættleiða á og skal þá afla umsagnar lögráðamanns áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumsóknar.

13. gr.

Umsögn maka eða sambúðarmaka.

Ef sá sem ættleiða á er í hjúskap eða í óvígðri sambúð skal leita umsagnar maka hans eða sambúðarmaka.

14. gr.

Gjald.

Ættleiðingarleyfi verður ekki veitt ef einhver sá sem samþykkja á ættleiðingu innir af hendi eða veitir viðtöku gjaldi eða fríðindum í tengslum við samþykkið, þar á meðal vegna missis atvinnutekna. Má ganga eftir skriflegum yfirlýsingum þeirra sem málið varða um þetta.

II. KAFLI
Meðferð og úrlausn ættleiðingarmála.

15. gr.

Umsókn um ættleiðingarleyfi.

Umsókn um leyfi til ættleiðingar og yfirlýsing um samþykki til ættleiðingar skulu rituð á eyðublöð sem dómsmálaráðuneytið lætur í té.

16. gr.

Umsögn varðandi umsókn um leyfi til ættleiðingar.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefnda varðandi umsókn um leyfi til ættleiðingar í umdæmi þar sem barn býr og þar sem umsækjendur búa, svo og þeirrar barnaverndarnefndar sem ráðstafað hefur barni í fóstur ef því er að skipta.

Enn fremur má leita umsagnar ættleiðingarnefndar til viðbótar umsögn barnaverndarnefndar ef ástæða þykir til, sbr. 17. gr.

17. gr.

Ættleiðingarnefnd.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem veitir umsagnir í ættleiðingarmálum sem ráðuneytið leggur fyrir hana. Ráðherra getur falið nefndinni fleiri verkefni og sett nánari reglur um störf hennar.

Nefndarmenn skulu vera þrír og jafnmargir til vara. Þeir skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Skal einn nefndarmanna vera lögfræðingur og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar læknir og þriðji sálfræðingur eða félagsráðgjafi.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

18. gr.

Útgáfa ættleiðingarleyfis.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar og ættleiðingarnefndar, ef því er að skipta, og að fullnægðum öðrum lögmæltum skilyrðum leysir dómsmálaráðherra svo fljótt sem auðið er úr því hvort ættleiðingarleyfi verður veitt.

Ef ráðherra ákveður að veita leyfi til ættleiðingar gefur hann út leyfisbréf til umsækjenda um ættleiðinguna.

19. gr.

Ákvörðun um fyrirhugaða veitingu ættleiðingarleyfis.

Ef dómsmálaráðherra ákveður að veita leyfi til ættleiðingar þótt samþykki skv. 7. gr. liggi ekki fyrir eða samþykki hafi verið afturkallað, sbr. 10. gr., skal með sannanlegum hætti tilkynna þeim sem fer með forsjá barns eða sérstökum lögráðamanni það með rökstuddri ákvörðun. Þar skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning

fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaðan byggist á og önnur atriði er máli skipta. Enn fremur skal þar greina heimild til að bera ákvörðunina undir dómstóla og málshöfðunarfrest.

20. gr.

Synjun umsóknar um ættleiðingu.

Ef synjað er um ættleiðingu skal það gert með úrskurði. Í úrskurði skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á og önnur atriði er máli skipta.

21. gr.

Staðfesting ættleiðingarleyfis þrátt fyrir ágalla.

Dómsmálaráðherra getur að ósk þeirra sem málið varðar staðfest með afturvirkum réttaráhrifum ættleiðingarleyfi sem veitt hefur verið án þess að lögmæltra skilyrða hafi verið gætt. Þegar sérstaklega stendur á getur staðfesting átt sér stað eftir andlát kjörbarns eða kjörforeldris.

III. KAFLI
Dómsmál vegna ættleiðingar.

22. gr.

Dómsmál vegna ákvörðunar um veitingu ættleiðingarleyfis.

Þeim sem fer með forsjá barns eða sérstaklega skipuðum lögráðamanni er heimilt að bera ákvörðun dómsmálaráðherra um veitingu ættleiðingarleyfis skv. 19. gr. undir héraðsdóm innan 30 daga frá því að þeim barst ákvörðunin.

Nú er ákvörðun skv. 19. gr. staðfest með úrskurði héraðsdóms og verður þá leyfi til ættleiðingar ekki veitt fyrr en að liðnum fresti til kæru úrskurðar til Hæstaréttar.

Dómsúrskurður um ógildingu ákvörðunar dómsmálaráðherra skv. 19. gr. er ekki því til fyrirstöðu að hann taki málið upp að nýju að ósk aðila ef aðstæður hafa breyst til muna eða nýjar upplýsingar er skipta verulegu máli hafa komið fram.

23. gr.

Málskostnaður.

Stefnandi skal hafa gjafsókn í héraði og Hæstarétti í dómsmáli vegna ættleiðingar skv. 22. gr.

24. gr.

Málsmeðferð o.fl.

Dómsmál skv. 22. gr. sæta almennri meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í slíkum málum en dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

Nú er dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls eða hvaða barn dómurinn varði.

IV. KAFLI
Réttaráhrif ættleiðingar.

25. gr.

Réttaráhrif.

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenni og þá sem eru í kjörsifjum við þá, nema lög kveði öðruvísi á.

Nú ættleiðir annað hjóna barn hins eða kjörbarn og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það eigið barn þeirra hjóna. Sama er ef sá sem er í óvígðri sambúð ættleiðir barn hins.

V. KAFLI
Upplýsingaskylda kjörforeldra og aðgangur kjörbarns að upplýsingum.

26. gr.

Upplýsingaskylda kjörforeldra.

Kjörforeldrar skulu skýra kjörbarni sínu frá því jafnskjótt og það hefur þroska til að það sé ættleitt. Skal það að jafnaði gert eigi síðar en er barn nær sex ára aldri.

Kjörforeldrar eiga rétt á ráðgjöf viðkomandi barnaverndarnefndar við upplýsingagjöf skv. 1. mgr.

27. gr.

Aðgangur kjörbarns að upplýsingum.

Þegar kjörbarn hefur náð 18 ára aldri á það rétt á að fá tiltækar upplýsingar um það frá dómsmálaráðuneytinu hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar.

VI. KAFLI
Ættleiðingar barna erlendis.

28. gr.

Framkvæmd Haag-samnings frá 29. maí 1993 um ættleiðingar.

Dómsmálaráðherra hefur yfirumsjón með framkvæmd Haag-samnings frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa. Tekst ráðherra á hendur vegna íslenska ríkisins þau verkefni og skuldbindingar sem hvíla á svonefndu miðstjórnvaldi samkvæmt samningnum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð sem kveður á um framkvæmd samningsins hér á landi.

29. gr.

Ættleiðingar erlendis.

Þeim sem búsettir eru hér á landi er óheimilt að ættleiða barn erlendis, nema dómsmálaráðherra samþykki það með útgáfu forsamþykkis til ættleiðingarinnar.

30. gr.

Umsókn um forsamþykki.

Umsókn um forsamþykki til ættleiðingar barns erlendis skal beint til dómsmálaráðuneytis. Umsókn skal rituð á eyðublað sem dómsmálaráðuneytið lætur í té.

Dómsmálaráðherra getur mælt fyrir um að með umsókn skv. 1. mgr., eða áður en forsamþykki er gefið út, skuli umsækjendur leggja fram staðfestingu á að þeir hafi sótt námskeið

um ættleiðingar erlendra barna. Ráðherra getur sett nánari reglur um inntak þess, skipulagningu og gjaldtöku.

31. gr.

Umsögn varðandi umsókn um forsamþykki.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar varðandi umsókn um forsamþykki í umdæmi þar sem umsækjendur búa.

Enn fremur má leita umsagnar ættleiðingarnefndar til viðbótar umsögn barnaverndarnefndar ef ástæða þykir til, sbr. 17. gr.

32. gr.

Útgáfa forsamþykkis.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar og ættleiðingarnefndar, ef því er að skipta, og að uppfylltum öðrum lögmæltum skilyrðum tekur dómsmálaráðherra afstöðu til umsóknar um forsamþykki svo fljótt sem föng eru á.

Í forsamþykki skal m.a. koma fram að væntanlegir kjörforeldrar teljist hæfir til að ættleiða barn frá tilteknu erlendu ríki, að væntanlegt kjörbarn fái landvist hér á landi til frambúðar og að íslensk stjórnvöld taki ábyrgð á barninu frá þeim tíma sem það yfirgefur heimaland sitt eins og væri það íslenskur ríkisborgari.

Forsamþykki skal ekki gilda lengur en í tvö ár frá útgáfudegi.

Ráðherra er heimilt að afturkalla forsamþykki, enda telji hann að aðstæður umsækjenda hafi breyst verulega frá útgáfu þess eða upplýsingar er máli skipta hafi reynst rangar.

33. gr.

Synjun um forsamþykki.

Ef synjað er um forsamþykki skal það gert með úrskurði á sama hátt og greinir í 20. gr.

34. gr.

Ættleiðingarfélög.

Dómsmálaráðherra löggildir félög til að hafa milligöngu um ættleiðingar barna erlendis.

Löggilding skal vera tímabundin og skal í löggildingarskjali greint til hvaða erlendra ríkja hún taki.

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði fyrir löggildingu ættleiðingarfélaga og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Ráðherra getur afturkallað löggildingu ef félag fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir henni.

35. gr.

Milliganga um ættleiðingar.

Löggilt ættleiðingarfélög ein mega hafa milligöngu um ættleiðingar. Með milligöngu um ættleiðingar er átt við starfsemi sem hefur þann megintilgang að koma á sambandi milli þeirra sem óska eftir að ættleiða erlent barn og stjórnvalda og annarra opinberra aðila og löggiltra ættleiðingarfélaga í heimalandi barns og að öðru leyti að láta í té það liðsinni sem nauðsynlegt er til þess að af lögmætri ættleiðingu geti orðið.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að þeim sem óska eftir að ættleiða erlent barn sé skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem hefur löggildingu skv. 34. gr.

Starfsemi er varðar ættleiðingar erlendra barna skal ávallt hafa að leiðarljósi það sem telja verður að sé barni til gagns og má ekki verða neinum fjárhagslega eða á annan hátt til óhæfilegs ávinnings.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum.

VII. KAFLI
Lögsögureglur o.fl.

36. gr.
Lögsaga í ættleiðingarmálum.

Manni sem búsettur er hér á landi er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum þessara laga.

37. gr.
Umsókn manns er býr erlendis um leyfi til ættleiðingar.

Manni sem búsettur er erlendis er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum laga þessara ef hann eða maki hans eru íslenskir ríkisborgarar og geta sökum þess ekki fengið leyfi til ættleiðingar í landi þar sem hann býr, enda megi ætla að íslenskt ættleiðingarleyfi verði metið gilt þar sem hann er búsettur.

Dómsmálaráðherra getur einnig heimilað að umsókn um ættleiðingarleyfi verði tekin til meðferðar hér á landi vegna sérstakra tengsla umsækjenda við landið.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki um ættleiðingar sem fram fara samkvæmt Haag-samningi frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu um ættleiðingar milli landa.

38. gr.
Réttaráhrif ættleiðinga barna erlendis.

Ef forsamþykki hefur verið gefið út samkvæmt ákvæðum þessara laga gildir ættleiðing sem veitt hefur verið erlendis á grundvelli þess hér á landi.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að réttaráhrif ættleiðingar barns sem veitt hefur verið erlendis verði þau sömu og ættleiðingar sem heimiluð hefur verið hér á landi.

39. gr.
Erlend ættleiðing sem andstæð er grunnreglum íslenskra laga.

Ættleiðing sem fram fer erlendis er ekki gild hér á landi ef hún gengur í berhögg við grunnreglur íslensks réttar (allsherjarreglu).

40. gr.
Frávik vegna þjóðréttarsamninga.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að víkja megi frá einstökum ákvæðum laga þessara ef það er talið nauðsynlegt til að fullnægja skyldum sem Ísland hefur bundist eða kann að bindast með þjóðréttarsamningum.

VIII. KAFLI
Stjórnvaldsreglur, gildistaka, brottfall laga og lagaskil.

41. gr.
Stjórnvaldsreglur.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

42. gr.

Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi taka gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá birtingu þeirra.
Frá sama tíma falla úr gildi ættleiðingarlög, nr. 15/1978.

43. gr.

Lagaskil.

Úr ættleiðingarumsóknum og umsóknum um forsamþykki sem borist hafa dómsmálaráðuneytinu fyrir gildistöku laga þessara skal leysa samkvæmt lögum nr. 15/1978. Ef umsækjendur óska þess er þó heimilt að beita reglum þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 123. löggjafarþingi en hlaut þá eigi afgreiðslu. Það er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Um framhald athugasemda vísast til samhljóða athugasemda í þskj. 712 (433. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–99, bls. 2830–2861.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til ættleiðingarlaga.

Frumvarp þetta er samið af sifjalaganefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis og kemur í stað núgildandi ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Breytingar frá þeim lögum grundvallast m.a. á fyrirhugaðri fullgildingu Íslands á Haag-samningi um vernd barna og samvinnu um ættleiðingu milli landa. Aðrar breytingar miða að því að löggjöfin verði samfelldari og betur löguð að breyttu samfélagi.

Að mati fjármálaráðuneytis munu eftirfarandi þættir hafa áhrif á kostnað:

1. Í 17. gr. er kveðið á um þriggja manna nefnd til að veita umsagnir í ættleiðingarmálum, en það er nýmæli. Gert er ráð fyrir að leitað verði umsagnar nefndarinnar um einstök mál þegar ástæða þykir til. Enn fremur er hugsanlegt að fela nefndinni önnur verkefni. Ekki er ljóst hvort hér verður um reglubundið starf að ræða eða nefndin kölluð saman þegar þurfa þykir. Telja verður hið síðarnefnda líklegra þar sem fjöldi ættleiðinga á ári er mismunandi og ekki mikill. Áætlað er að kostnaður við störf nefndarinnar verði um 0,5 m.kr. á ári.
2. Í 23. gr. er mælt fyrir um að stefnandi skuli hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti í ættleiðingarmálum. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að þau dómsmál verði fátíð. Kostnaður við gjafsókn getur verið mjög mismunandi eftir umfangi máls. Ekki er hægt að leggja mat á kostnaðaráhrif þessarar greinar.

3. Umsókn um forsamþykki til ættleiðingar barns erlendis skal beint til dómsmálaráðuneytis. Dómsmálaráðherra getur samkvæmt frumvarpinu kveðið á um í reglugerð að umsækjanda sé skylt að sækja námskeið um ættleiðingar erlendra barna. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir gjaldtöku og það er mat fjármálaráðuneytis að hana beri að miða við að námskeiðið standi undir sér.

Alls er áætlað að frumvarpið geti leitt til 0,5 m.kr. hærri árlegs kostnaðar en nú er. Þá er ekki talinn hugsanlegur kostnaður við gjafsókn, sbr. 2. tölul. hér að framan.

69. Frumvarp til laga [69. mál]

um skráð trúfélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði um trúfélög.

1. gr.
Trúfrelsi.

1. Rétt eiga menn á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Eigi má þó fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Á sama hátt eiga menn rétt á að stofna félög um hvers konar kenningar og lífsskoðanir, þ.m.t. um trúleysi.

2. Eigi er skylt að tilkynna stjórnvöldum um stofnun eða starfsemi trúfélaga eða annarra félaga um lífsskoðanir.

3. Óheimilt er að taka upp nafn á trúfélag sem er svo líkt nafni annars trúfélags að misskilningi geti valdið.

II. KAFLI
Skráð trúfélög.

2. gr.
Skráning trúfélags.

Heimilt er að skrá trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Með skráningunni fær trúfélag réttindi og skyldur sem lög ákveða. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast skráningu trúfélaga. Þegar trúfélag hefur verið skráð skal ráðuneytið láta því í té vottorð um skráninguna og auglýsa hana í Lögbirtingablaði. Réttaráhrif skráningar teljast frá birtingu tilkynningar í Lögbirtingablaði.

3. gr.
Almennt skilyrði skráningar.

1. Skilyrði fyrir skráningu trúfélags er að um sé að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur.

2. Enn fremur er það skilyrði skráningar að félag hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug og að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulega iðkar trú sína í samræmi við

kenningar þær sem félagið er stofnað um og eiga til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld.

4. gr.

Umsókn um skráningu.

1. Trúfélag, sem óskar skráningar, skal senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu umsókn um skráningu. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um:

a. nafn trúfélags og heimilisfang,
b. nákvæmt félagatal, þar sem fram koma nöfn, kennitölur og heimili félagsmanna,
c. trúarkenningar þess og tengsl þeirra við önnur trúarbrögð eða trúarhreyfingar,
d. lög félagsins og allar aðrar reglur sem kunna að gilda um ráðstöfun fjármuna félagsins,
e. nöfn stjórnarmanna og forstöðumanns,
f. starfsemi félagsins, svo sem reglulegt samkomuhald eða annað sem gefur til kynna að starfsemi þess sé stöðug og virk.

2. Ráðuneytið getur enn fremur, ef tilefni er til, óskað nánari upplýsinga um skipulag trúfélags, starfshætti, félagssvæði, skiptingu í söfnuði eða deildir ef því er að skipta.

3. Áður en trúfélag er skráð skal félagið tilnefna forstöðumann sem er ábyrgur gagnvart dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir því að farið sé að ákvæðum laga þessara. Um hæfi forstöðumanns gilda ákvæði 7. gr.

4. Áður en leyfi er veitt til skráningar trúfélags skal leita álits nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands og sá þriðji tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands.

5. gr.

Eftirlit með skráðu trúfélagi.

1. Skráð trúfélag skal árlega fyrir lok marsmánaðar senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skýrslu um starfsemi sína á næstliðnu ári og jafnframt gera grein fyrir breytingum sem orðið hafa á þeim atriðum sem upplýsingar ber að veita um í umsókn um skráningu. Sérstaklega skal gera grein fyrir breytingum á félagatali og ráðstöfun fjármuna félagsins.

2. Tilkynna skal ráðuneytinu þegar í stað um skipun, flutning og starfslok forstöðumanns og um tilnefningu nýs forstöðumanns.

6. gr.

Skráning felld úr gildi.

1. Ef skilyrði skráningar eru ekki lengur fyrir hendi eða trúfélag vanrækir skyldur sínar samkvæmt lögum skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita félaginu skriflega viðvörun og setja því frest til að bæta úr því sem áfátt er. Skal fresturinn ekki vera skemmri en einn mánuður. Ef ekki er bætt úr því innan frestsins getur ráðherra ákveðið að fella skráningu trúfélags úr gildi. Áður en skráning er felld úr gildi skal gefa stjórn félags kost á að tjá sig um málið.

2. Þegar skráð trúfélag er lagt niður eða starfar af öðrum ástæðum ekki lengur sem skráð trúfélag er þeim sem annast vörslu embættisbóka, sem því er falið að færa, skylt að afhenda þær dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Embættisbækurnar skulu afhentar þjóðskjalasafni til varðveislu eftir sömu reglum og gilda um önnur opinber gögn.

3. Ráðuneytið skal auglýsa niðurfellingu skráningar í Lögbirtingablaði og miðast réttaráhrif hennar við það.

7. gr.

Forstöðumenn skráðra trúfélaga.

1. Forstöðumaður skráðs trúfélags skal ekki vera yngri en 25 ára og ekki eldri en 75 ára. Hann skal að öðru leyti fullnægja almennum hæfisskilyrðum til að gegna störfum á vegum hins opinbera, önnur en þau sem varða ríkisfang. Enn fremur er skilyrði að forstöðumaður eigi til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld.

2. Áður en forstöðumaður trúfélags tekur til starfa skal hann senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skriflega yfirlýsingu um að hann muni vinna af samviskusemi þau störf sem honum eru í því starfi falin samkvæmt lögum.

3. Forstöðumaður skal færa þær embættisbækur sem ráðuneytið fyrirskipar. Hann gefur jafnframt út fullgild embættisvottorð um það efni sem í embættisbækurnar er skráð og um þau embættisverk sem hann hefur unnið.

4. Forstöðumaður skráðs trúfélags er háður ábyrgð opinbers starfsmanns í framkvæmd þeirra starfa sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga. Vanræki hann skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga eða reglugerða settra samkvæmt þeim, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita honum skriflega viðvörun og tilkynna það stjórn trúfélagsins. Ef ekki er bætt úr eða ef um mjög alvarlegt brot er að ræða getur ráðuneytið svipt hann rétti til að framkvæma þau störf sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga. Sama á við ef hann á annan hátt missir skilyrði til að gegna starfi forstöðumanns.

8. gr.

Aðild að skráðu trúfélagi.

1. Þeir sem eru orðnir 18 ára að aldri geta tekið ákvörðun um inngöngu í skráð trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi.

2. Barn skal frá fæðingu talið heyra til sama skráða trúfélagi og móðir þess.

3. Það foreldri sem fer með forsjá barns tekur ákvörðun um inngöngu þess í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi. Ef foreldrar fara saman með forsjá barns taka þeir ákvörðun sameiginlega. Hafi barn náð 12 ára aldri skal leita álits þess um slíka ákvörðun.

4. Hafi forsjá barns verið falin öðrum en foreldrum á grundvelli barnaverndarlaga tekur forsjáraðili ákvörðun um inngöngu þess í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi.

5. Enginn má samtímis heyra til þjóðkirkjunni og skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar eða fleiri en einu skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Innganga í skráð trúfélag.

1. Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði sem lög og samþykktir þeirra mæla fyrir um. Forstöðumaður sem í hlut á skal gæta þess að skilyrðum laga sé fullnægt og að sá sem leitar inngöngu heyri ekki samtímis til öðru skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni.

2. Úrsögn úr skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni skal beint skriflega eða með persónulegri tilkynningu til forstöðumanns sem í hlut á en hann skal gæta þess að skilyrðum laganna sé fullnægt.

3. Forstöðumaður skal skrá inngöngu í eða úrsögn úr trúfélagi og láta í té vottorð því til staðfestu.

4. Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að félagi, svo sem álagningar opinberra gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögmætri tilkynningu til þjóðskrár. Skulu þeir sem hlut eiga að máli annast slíka tilkynningu með framvísun vottorðs skv. 3. mgr.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um starfsemi skráðra trúfélaga sem fengið hafa skráningu fyrir gildistöku þeirra.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá sama tíma falla úr gildi lög um trúfélög, nr. 18 30. apríl 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði með bréfi dags. 2. október 1997. Í nefndina voru skipaðir Davíð Þór Björgvinsson, prófessor í lögfræði, sem jafnframt var formaður, Haraldur Ólafsson, prófessor í mannfræði, og Pétur Pétursson, prófessor í guðfræði.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að henni sé ætlað að endurskoða lög um trúfélög, nr. 18/1975, og semja frumvarp til laga um breytingar á þeim lögum eða eftir atvikum nýtt frumvarp til laga um trúfélög. Í bréfinu segir nánar:

„Meðal atriða sem nefndinni ber að huga að, er hvort unnt sé og þá með hvaða hætti að setja skýrari reglur um skilgreiningu á trúfélögum, og hvað greini þau frá annars konar félögum, með hliðsjón af ákvæðum laga eða stjórnarskrár. Enn fremur ber nefndinni að kanna hversu ríkan áskilnað skuli gera að því er varðar gögn um kenningar eða trúarjátningar trúfélags er æskir skráningar, svo og upplýsingar um tengsl þess við alþjóðlegar trúarhreyfingar og um útbreiðslu þeirra, sem og upplýsingar um helgisiði við hjónavígslur, skírn/nafngjöf og útfarir. Einnig ber að huga að hæfi forstöðumanns eða prests að því er varðar ríkisfang. Nefndin skal kanna hvort ástæða sé til að setja ákvæði er heimili ráðuneytinu að krefjast upplýsinga um ráðstöfun fjár félagsins, þ. á m. að kalla eftir rekstrar- og/eða efnahagsreikningi. Einnig þykir rétt að nefndin kanni hvort unnt sé að áskilja tiltekinn lágmarksfjölda í trúfélagi sem óskar skráningar. Loks ber nefndinni að gera tillögu um hvort rétt sé að miða áfram aldur þeirra við 16 ár, er tekið geta ákvörðun um inngöngu í trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi, eftir að sjálfræðisaldur hefur verið hækkaður í 18 ár."

Í frumvarpi þessu hefur verið tekin afstaða til þeirra atriða sem sérstaklega eru rakin í skipunarbréfinu, auk annarra atriða sem nefndin taldi við nánari athugun á lögunum ástæðu til að skoða sérstaklega.

1.0 Íslensk löggjöf um trúfélög.

Rétt þykir að gera nokkuð ítarlega grein fyrir ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um trúfrelsi og aðdraganda gildandi laga um trúfélög, nr. 18/1975. Af því má nokkuð ráða um skilgreiningu hugtaksins *trúfélag* sem gildandi lög eru reist á. Í framhaldinu verður í ríkum mæli

stuðst við álitsgerð lagastofnunar Háskóla Íslands um hugtakið trúfélag, sem formaður nefndarinnar ásamt Viðari Má Matthíassyni lagaprófessor samdi fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið í október 1997.

1.1 Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um trúfrelsi og trúfélög.

Fullt trúfrelsi var ekki lögleitt hér á landi fyrr en með stjórnarskránni frá 1874. Í kaþólskum sið var hér trúarnauðung og litið á menn annarrar trúar sem villutrúarmenn. Eftir siðaskipti voru einnig aðrir menn en þeir sem lúterskir voru taldir villutrúarmenn og tekið hart á villutrú. Á síðari hluta 18. aldar var slakað nokkuð á í tilteknum kaupstöðum í landinu, en þó einungis þannig að kristnum trúarbragðaflokkum var heitið frelsi um guðsþjónustugerð, sbr. tilskipun 17. nóvember 1786. Annars staðar á landinu var ástandið að mestu óbreytt til 1874 að því þó frátöldu að gyðingum var veitt landvist og öllum trúfélögum var veitt vernd gegn smánunum.[1]

Í stjórnarskránni um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 voru nokkur ákvæði í V. kafla sem ástæða er til að geta um. Í 45. gr. var kveðið á um að hin evangeliska lúterska kirkja skyldi vera þjóðkirkja á Íslandi og að hið opinbera skyldi að því leyti styðja hana og vernda. Í 46. gr. var svofellt ákvæði:

„Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins, þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu."

Í 47. gr. var enn fremur kveðið á um að enginn mætti neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur mætti nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Með 55. gr. stjórnarskrárinnar var mönnum svo tryggður réttur til þess að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sérstakt leyfi þyrfti til þess.

Með stjórnarskipunarlögum nr. 16/1903, um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, var ekkert hreyft við þeim ákvæðum sem greinir hér næst á undan. Það var hins vegar gert með stjórnarskipunarlögum nr. 12/1915. Þær breytingar, sem gerðar voru, fólust einkum í því að við 45. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 var bætt nýrri málsgrein, þ.e. 2. mgr., sem kvað á um að breyta mætti með lögum (almennum lögum) því ákvæði, sem var í 1. mgr. greinarinnar, að hin evangeliska lúterska kirkja skyldi vera þjóðkirkja á Íslandi. Í 46. gr. var sem fyrr hið eiginlega trúfrelsisákvæði, sem var óbreytt frá því sem var í stjórnarskránni frá 1874. Gerðar voru breytingar á 47. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874, með því að bæta við hana þremur nýjum málsgreinum, þ.e. 2., 3. og 4. mgr., sem voru svohljóðandi:

„Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið gjöld, þau er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum."

[1] Um þetta vísast til Ólafs Jóhannessonar: Stjórnskipun Íslands, 2. útg. 1978, bls. 421.

Í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9/1920, sem leysti stjórnarskrána frá 1874 af hólmi, voru ekki gerðar efnisbreytingar á ákvæðum þeim sem að framan greinir en röð greina breyttist þannig að ákvæðin voru í 58.–60. gr. þeirrar stjórnarskrár.

Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 frá 17. júní 1944, eru ákvæðin um þjóðkirkjuna og trúfrelsi í VI. kafla, þ.e. 62.–64. gr. og eru þau efnislega óbreytt frá því sem var í stjórnarskránni frá 1920. Efni 63. gr. var því áfram það að tryggja landsmönnum rétt til að stofna félög til að þjóna guði á þann hátt sem best ætti við sannfæringu hvers og eins, allt innan þeirra marka að ekki mátti kenna eða fremja neitt sem væri andstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Ekki er að finna sérstakar útlistanir á einstökum ákvæðum í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga sem síðar varð að lögum nr. 33/1944.

Í gildandi stjórnarskrá, eins og henni var breytt með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995, voru gerðar breytingar á efni 63. og 64. gr. Eru þær nú svohljóðandi:

„*63. gr.*

Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

64. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.

Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum."

Svo sem sjá má af tilvitnuðum ákvæðum hefur orðalaginu verið breytt nokkuð, sem einkum felst í því að orðin „til að þjóna Guði" hafa verið felld brott og notað er orðið „trúfélag" í stað orðsins „félag" eins og áður var gert. Koma þessar breytingar sem gerðar eru á orðalagi 63. gr. til athugunar hér síðar. Rétt er þó að taka fram að í athugasemdum með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 97/1995 segir m.a. svo:

„Þær orðalagsbreytingar, sem ráðgerðar eru á 63. og 64. gr. miða ekki að efnisbreytingum á inntaki ákvæðanna eins og það hefur verið skýrt fram á þennan dag."

Trúfrelsisákvæði íslensku stjórnarskrárinnar á sér hliðstæðu í stjórnarskrám Danmerkur og Noregs. Sögulega á íslenska ákvæðið sér rætur í dönsku stjórnarskránni frá 1849. Ákvæðið tryggir landsmönnum í fyrsta lagi rétt til að hafa með sjálfum sér þá trú sem þeir vilja og í öðru lagi rétt til að bindast samtökum til guðsdýrkunar. Meginmarkmið ákvæðisins er að tryggja trúfrelsi og þar með að tryggja trúfélögum utan þjóðkirkjunnar jafnræði á við hana, eftir því sem frekast er unnt. Af 63. gr. stjórnarskrárinnar hafa íslenskir fræðimenn í stjórnlagafræði dregið þá ályktun að „trúfélögum" sé þar veitt sérgreind og ríkari vernd en öðrum félögum. Önnur félög en trúfélög, svo sem stjórnmálafélög og stéttarfélög, njóti verndar 74. gr. stjórnarskrárinnar. Takmarkanir þær við stofnun félaga og starfsemi og heimildir yfirvalda til afskipta þar af samkvæmt 74. gr. eigi ekki við um trúfélög. Þannig segir í *Ágripi af íslenzkri stjórnlagafræði* eftir Bjarna Benediktsson frá 1948, bls. 95–96 (gefið út með nokkrum breytingum af Ólafi Jóhannessyni):

„Félög, sem stofnuð eru til að berjast gegn trúarbrögðum, njóta auðvitað ekki verndar gr. [63. gr.] heldur lúta almennum ákvæðum í 73. gr. [nú 74. gr.]. Sama máli gegnir um félög til sálarrannsókna o.þ.h., því að jafnvel þótt þar kunni að vera haft guðsorð um hönd, er eigi hægt að telja þau stofnuð til að þjóna guði."

Í riti sínu *Stjórnskipun Íslands* segir Ólafur Jóhannesson (2. útg. 1978), bls. 422:

„Það eru einungis félög, sem stofnuð eru til að „þjóna guði", sem njóta verndar stjórnarskrárinnar. Félög, sem stofnuð eru til að berjast gegn trúarbrögðum, njóta auðvitað ekki verndar 63. gr., heldur lúta almenna ákvæðinu í 73. gr. [nú 74. gr.]. Félög til rannsóknar á framhaldslífi, svo sem félög til sálarrannsókna o.þ.h., verða naumast talin stofnuð til að þjóna guði og munu því ekki njóta verndar greinarinnar."

Síðar í sama riti segir Ólafur Jóhannesson um 63. gr. stjórnarskrárinnar (bls. 474):

„Samkvæmt því stjórnarskrárákvæði getur löggjafinn ekki heft frelsi manna til að stofna trúfélög né til að starfa í slíkum félögum, nema þau kenni eitthvað það eða fremji, sem gagnstætt er góðu siðferði eða allsherjarreglu. Með því ákvæði hefur stjórnarskrárgjafinn sérstaklega helgað trúariðkunarfélög og veitt þeim vernd umfram önnur félög, og verður eigi við þeirri skipan haggað af almenna löggjafanum."

Þetta má heita viðtekin skoðun meðal íslenskra fræðimanna varðandi skýringu 63. gr. stjórnarskrárinnar. Hið sama gildir um danska fræðimenn í stjórnlagafræði. Telja þeir flestir að hliðstætt ákvæði í stjórnarskrá Danmerkur taki ekki til veraldlegra félaga (ikke-religiøse sammenslutninger og sammenkomster). Þannig tekur Alf Ross beinlínis fram í danskri stjórnlagafræði sinni að hliðstætt ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar taki ekki til „ateistiske og spiritistiske samfund".[2] Samkvæmt því gerir stjórnarskráin sjálf greinarmun á „trúfélögum" og öðrum félögum sem ekki eru stofnuð sérstaklega með *trúariðkun* að inntaki eða markmiði.

Trúfrelsisákvæði 1. mgr. 2. gr. norsku stjórnarskrárinnar, sem breytt var árið 1964 í sína núverandi mynd, hefur nokkuð annað orðalag en íslenska ákvæðið. Norska ákvæðið er svohljóðandi:

„Alle Indvaanere af Riget have fri Religionsøvelse."

Í riti Johs. Andenæs, *Statsforfatningen i Norge,* sem út var gefið árið 1976, kemur fram sú skýring á bls. 344–345 að þetta ákvæði norsku stjórnarskrárinnar beri að skýra svo að það verndi ekki aðeins rétt manna til þess að hafa og iðka tiltekna trú, heldur einnig að berjast gegn trú.[3]

Rétt þykir að draga hér saman megininntak ákvæða íslensku stjórnarskrárinnar um trúfrelsi og trúfélög:

Reglur stjórnarskrárinnar um trúfrelsi verður að skýra með hliðsjón af sögulegum uppruna þeirra sem er að finna í dönsku stjórnarskránni frá 1849 en með trúfrelsisákvæði hennar er verið að hverfa frá þeirri trúarnauðung sem áður gilti. Trúfrelsið fólst samkvæmt orðanna hljóðan í því að mönnum var heimilað að stofna félög til þess að þjóna guði á þann hátt sem best ætti við sannfæringu hvers og eins. Einu takmörkin voru þau að ekki mátti kenna eða fremja neitt sem væri andstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Þrátt fyrir að stjórnarskráin veitti evangelisk lútersku kirkjunni þá sérstöku stöðu að hún skyldi vera þjóðkirkja hefur verið litið svo á að jafnrétti væri tryggt með því að menn þyrftu ekki að greiða til annars trúfélags en þess sem þeir væru meðlimir í og ef menn væru utan trúfélaga skyldu sambærilegar greiðslur renna til Háskóla Íslands.

Fræðimenn hafa verið sammála um að inntak trúfrelsis samkvæmt stjórnarskránni hafi verið þríþætt og er því lýst svo í tilvitnuðu riti Ólafs Jóhannessonar:

---

[2] Alf Ross: Dansk Statsforfatningsret II. Kaupmannahöfn 1960, bls. 625; Sjá enn fremur hliðstæðar skoðanir hjá Henrik Zahle: Menneskerettigheder. Dansk forfatningsret 3. Kaupmannahöfn 1997, bls. 144.

[3] Á bls. 345 í tilvitnuðu riti segir m.a.: „Meget taler for å se § 2 som et uttrykk for frihet på det religiøse område for angripere så vel som for tilhengere av religionen." Eru síðan færð rök fyrir þessari afstöðu.

„Í trúfrelsi felst það fyrst og fremst, að hverjum og einum sé heimilt, hvort heldur er einum sér eða í samfélagi með öðrum, að iðka þau trúarbrögð, er sannfæring hans býður, eða láta öll trúarbrögð afskiptalaus. Í annan stað felst það í trúfrelsi, að réttindanautn í þjóðfélaginu sé eigi almennt bundin við tiltekin trúarbrögð. Í þriðja lagi er það almennt álitið ósamrýmanlegt eiginlegu trúfrelsi, að manni sé gert að greiða persónuleg gjöld til annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, sem hann sjálfur aðhyllist. Ákvæði VI. kafla stjórnarskrárinnar eru reist á þessum sjónarmiðum, ...“[4]

Fræðimenn sýnast einnig sammála um að í orðunum „félag til að þjóna guði“ sem voru í íslensku stjórnarskránni allt fram til ársins 1995 hafi falist frelsi til guðsdýrkunar í víðum skilningi og verður að telja að þessi orð hafi verið skilin svo rúmt að þau vernduðu einnig frelsi til þess að stofna félög til að iðka önnur trúarbrögð, sem ekki gætu talist guðsdýrkun í þeirri merkingu sem almennust yrði talin. Þannig verður að telja að ákvæði 63. gr. stjórnarskrárinnar verndi frelsi manna til þess að stofna félag t.d. um búddatrú, hindúisma og aðra trú þótt þar kunni að vera byggt á öðrum og ólíkum guðshugmyndum en í kristinni trú. Eins og að framan segir hefur verið talið að ákvæðið verndaði ekki frelsi manna til þess að stofna félög um annað en að iðka trú í framangreindri merkingu. Frelsi manna til slíkrar félagsstofnunar hefur verið talið varið af ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, sem nú er að finna í 74. gr. hennar. Í þessu felst að menn geta stofnað félag í sérhverjum löglegum tilgangi og setur stjórnarskráin stjórnvöldum miklar takmarkanir á því að hindra starfsemi slíkra félaga og mælir fyrir um að þeim verði ekki endanlega slitið eða þau leyst upp nema með dómi. Ákvæði 74. gr. eiga að sjálfsögðu einnig við um trúfélög (félög sem stofnuð eru til að þjóna guði) hvort sem þau eru skráð eða óskráð. Slík félög njóta þó til viðbótar þeirrar sérgreindu verndar og réttinda sem mælt er fyrir um í 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður hefur verið rakið var ekki ætlunin með breytingunum sem gerðar voru á stjórnarskránni með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995 að breyta efni trúfrelsisákvæða hennar. Segir beinlínis svo í athugasemdum um 1. og 2. gr. í frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 97/1995:

„Þær orðalagsbreytingar, sem ráðgerðar eru á 63. og 64. gr. miða ekki að efnisbreytingum á inntaki ákvæðanna eins og það hefur verið skýrt fram á þennan dag. Á hinn bóginn er verið að rýmka orðalagið frá því sem nú er, en það ber um margt merki þess að vera komið til ára sinna. Breytingar á ákvæðunum felast nánar tiltekið í eftirtöldum atriðum:

Í fyrsta lagi er stefnt að því að eyða þeim blæ í ákvæðunum að trúfrelsið, sem þau eiga að tryggja, sé eingöngu til að velja á milli þjóðkirkjunnar og annarra kristinna safnaða eða safnaða guðsdýrkenda. Þannig er lögð til breyting á upphafsorðum núgildandi 63. gr. um að landsmenn eigi rétt á að „þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins“ en í staðinn er gerð tillaga um almennara orðalag þar sem segir að landsmenn eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins.“

Af framangreindu leiðir að þótt orðalagi ákvæðanna hafi verið breytt ber enn að styðjast við viðteknar skýringar á efni þeirra.

1.2 Lög um trúfélög nr. 18/1975 og aðdragandi þeirra.

Hinn 19. febrúar 1886 voru sett lög nr. 4/1886, um utanþjóðkirkjumenn. Meginefni þeirra var að tryggja þeim sem voru utan þjóðkirkjunnar rétt til hjónavígslu sem hefði sömu réttar-

---

[4] Sbr. Ólaf Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, bls. 421. Sömu meginsjónarmið koma fram í riti Bjarna Benediktssonar: Ágrip af íslenzkri stjórnlagafræði, bls. 95–100.

verkanir og hjónavígslur sem prestar framkvæmdu þegar í hlut áttu meðlimir í þjóðkirkjunni. Hjónavígslan skyldi framkvæmd af veraldlegum valdsmönnum. Átti einnig að tryggja að sami aðdragandi væri að hjúskap utanþjóðkirkjumanna og annarra og að sömu skilyrði væru sett fyrir rétti þeirra til að stofna til hjúskapar. Var þó tekið fram í 4. gr. laganna að ferming og altarisganga væru ekki hjúskaparskilyrði fyrir þá sem eigi hefðu þjóðkirkjutrú. Í lögunum eru einnig ákvæði um skipan trúfræðslu barna utanþjóðkirkjumanna, um að sáttatilraunir milli hjóna skuli af hálfu hinnar andlegu stéttar falla niður ef hjón lýsa því yfir að þau séu ekki bæði í þjóðkirkjunni o.fl. Í II. kafla laganna eru ákvæði um konunglega staðfestingu „utanþjóðkirkjupresta" og gildi embættisverka þeirra. Það ákvæði sem helst hefur þýðingu hér í þessum kafla er í 1. mgr. 13. gr., sem hljóðaði svo:

„Ef kirkjufjelag hjer á landi utan þjóðkirkjunnar kýs sjer prest eða forstöðumann, þá geta fulltrúar kirkjufjelagsins leitað staðfestingar konungs á kosningunni. Nú staðfestir konungur kosninguna, og hafa þá kirkjuleg embættisverk þau, er sá prestur fremur fyrir utanþjóðkirkjumenn, þar á meðal hjónavígsla, alla hina sömu borgaralega þýðingu, sem væru þau af þjóðkirkjupresti framin, slíkt hið sama er um vottorð þau, er slíkur prestur gefur."

Lögum þessum var breytt með lögum nr. 6/1904. Ekki er ástæða til þess að rekja efni breytingalaganna ítarlega hér, enda er með þeim fyrst og fremst verið að taka af skarið um það að staðfesting ráðherrans fyrir Ísland á kosningu prests eða forstöðumanns í „kirkjufjelögum utan þjóðkirkjunnar" hafi sömu réttaráhrif og þau sem talin eru fylgja konunglegri staðfestingu í lögunum frá 1886. Það er rétt að vekja á því athygli að í lögunum eru notuð orðin „kirkjufjelög utan þjóðkirkjunnar" (1. og 3. gr.) og einnig orðin „utanþjóðkirkjusöfnuði" og „utanþjóðkirkjufjelag" (2. og 3. gr.) í sömu merkingunni.

Lög nr. 4/1886, um utanþjóðkirkjumenn, áttu fyrst og fremst við um kristna menn sem þó voru ekki í þjóðkirkjunni. Má ráða þetta bæði af orðalagi ýmissa ákvæða laganna, t.d. 13. gr., þar sem fjallað er um kirkjufélög utan þjóðkirkjunnar, 16. gr., þar sem sama orðalag er notað, og 14. gr., þar sem talað er um prest eða forstöðumann utanþjóðkirkjusafnaðar, og efni löggjafar t.d. í Danmörku og Noregi, sem síðar verður vikið að (sbr. einkum dissenterloven).

Lögin frá árinu 1886 með framangreindri breytingu voru að því leyti sem hér skiptir máli að mestu óbreytt allt til þess að lög nr. 18/1975 tóku gildi og verður nú vikið að þeim.

Uppbygging laga um trúfélög nr. 18/1975 er þannig að í I. kafla eru ákvæði sem eiga við um öll trúfélög en í II. kafla eru ákvæði sem eingöngu eiga við um trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Rétt er að tilgreina þau ákvæði laganna sem hér hafa helst þýðingu:

„*1. gr.*

Rétt eiga menn á að stofna trúfélög, og er hverjum manni frjálst að iðka trú sína og þjóna guði, einn eða í félagi með öðrum, með þeim hætti, er best á við sannfæringu hvers og eins. Eigi má þó kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu."

Í skýringum í greinargerð með þessu ákvæði segir að í þessari grein séu tekin upp, „og þá að sjálfsögðu efnislega óbreytt, ákvæði 63. gr. stjórnarskrárinnar."[5] Hér er vísað til ákvæðisins í stjórnarskránni frá 1944 og með orðunum er því slegið föstu að sömu merkingu beri að leggja í þessi orð og í orðin „rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers og eins".

[5] Alþingistíðindi 1974, A, bls. 239.

„*7. gr., 1. mgr.*

Enginn má samtímis heyra til þjóðkirkjunni og skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar eða tveimur skráðum trúfélögum utan þjóðkirkjunnar."

Í 11. gr., sem er fyrsta ákvæði í II. kafla, kemur fram að heimilt sé að stofna trúfélag utan þjóðkirkjunnar án þess að skylt sé að tilkynna stjórnvöldum um stofnun þess eða starfsemi.

Í 12. gr. kemur fram að heimilt sé að leita skráningar á trúfélagi og við skráninguna fái það réttindi og skyldur sem lög ákveði.

Í 13. gr. laganna er að finna ákvæði sem varða umsókn um skráningu og þau gögn og upplýsingar sem henni þurfa að fylgja. Í 14. gr. er ákvæði um vottorð sem ráðuneyti ber að láta félagi í té um skráninguna. Í 15. gr. er mælt fyrir um skyldur trúfélaga til að senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skýrslur um starfsemi sína og um tilkynningar um forstöðumenn. Samkvæmt 16. gr. er heimilt, séu skilyrði til skráningar ekki lengur fyrir hendi eða félag vanrækir skyldur sína, að fella skráningu félags niður að undangenginni þeirri málsmeðferð sem þar er kveðið á um. Í 17. og 18. gr. er að finna ákvæði um presta eða forstöðumenn skráðra trúfélaga, um embættisskyldur þeirra, réttaráhrif athafna þeirra o.fl.

Í athugasemdum með frumvarpi því, sem síðar varð að lögum nr. 18/1975, segir m.a. um skýringar á 63. gr. stjórnarskrárinnar að orðalag hennar hafi, einkum áður fyrr, leitt til þess að menn hafi hneigst til að túlka hana þrengra en hugsunin að baki henni leyfir, m.a. að hún verndi aðeins rétt kristinnar trúar, eða a.m.k. eingyðistrúar. Segir að ekki séu forsendur fyrir slíkri túlkun. Segir einnig að ætlunin með ákvæði stjórnarskrárinnar hafi verið sú að lögleiða trúfrelsi. Síðan segir orðrétt:

„Á hinn bóginn hefur einnig gætt hneigðar, einkum hin allrasíðustu árin, til þess að túlka trúfrelsishugtakið og jafnvel þar með stjórnarskrárákvæðin, svo, að í þeim felist hlutleysisafstaða gagnvart trúarbrögðum. – Ekki hefur þessi túlkun þó komið fram hjá fræðimönnum. – Það fer auðvitað ekki milli mála, að stjórnarskráin mótar ekki hlutleysisafstöðu. Hún segir beinlínis: „Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja Íslands og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda." – Þess má geta, að hvorki mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948 ... né mannréttindasamningur Evrópuráðsins ... leita eftir því að setja fram trúfrelsishugtakið þannig, að í því skuli jafnframt felast hlutleysisafstaða. – Ákvæði, sem ætlað er að tryggja jafnrétti að vissu marki, felst þó í 64. grein stjórnarskrárinnar ..."[6]

Síðar í athugasemdunum (bls. 238) segir að gildandi löggjöf sé orðin mjög gömul og næsta ófullkomin og óskýr. Hafi það m.a. orðið til þess að skort hafi grundvöll til þess að söfnuðir, sem löggjafinn heimilar að hafa presta eða forstöðumenn, sem falin er framkvæmd embættisathafna, er hafa mikilvæga þýðingu fyrir þjóðfélagið í heild, starfi með svo reglubundnum hætti og haldi uppi svo traustu félagsstarfi að rétt og eðlilegt sé að fela þeim að annast slík ábyrgðarstörf. Er einnig síðar hnykkt á þessu með eftirfarandi orðum:[7]

„Eins og áður var sagt, var höfuðtilefni þess, að til gerðar þessa frumvarps var stofnað, að ekki þótti mega við una, að ekki væru skýrari reglur um skilyrði fyrir því, að trúfélög fengju þau réttindi og skyldur, sem löggjöfin heimilaði."

Í athugasemdunum segir einnig að það sé ekki rétturinn til þess að framkvæma slík embættisverk, sem um er fjallað í lögunum, sem stjórnarskrárákvæðunum er ætlað að tryggja, heldur rétturinn til trúariðkunar og guðsdýrkunar eftir sannfæringu hvers og eins. Einnig sé

---

[6] Alþingistíðindi 1974, A, bls. 237.
[7] Alþingistíðindi 1974, A, bls. 239.

rétt að hugleiða að ekkert væri því til fyrirstöðu að í hinni almennu löggjöf væri ákvæði sem mælti fyrir um að trúfélag tæki við gjöldum meðlima sinna sem þeir mundu ella greiða til þjóðkirkjunnar þótt trúfélaginu væri ekki falin nein framkvæmd embættisstarfa sem hefðu lagaverkanir.

2.0 Norsk og dönsk löggjöf um trúfélög o.fl.

2.1. Norsk löggjöf um trúfélög.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 18/1975 er ítrekað tekið fram að efni laganna og skipan ákvæða í þeim sé sniðin eftir norskum lögum. Þau lög eru „lov om trudomssamfunn og ymist anna" og eru númer 25 frá árinu 1969. Þau lög leystu af hólmi lög nr. 1/1891, sem hétu „lov angaaende kristne Dissentere og andre, der ikke er Medlemmer af Statskirken". Orðið „Dissentere" var skilgreint í 1. gr. þeirra laga og talið ná til þeirra „ som bekjender sig til den kristelige Religion uden at være Medlemmer af Statskirken". Skilgreiningin tekur þannig aðeins til kristinna manna sem ekki eru meðlimir í norsku þjóðkirkjunni. Efni laganna svipar um margt til íslensku laganna frá 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Norsku lögin um „trudomssamfunn og ymist anna", sem hér eftir verða nefnd norsku lögin um trúfélög, eru í tveimur köflum eins og íslensku lögin og tekur hinn fyrri til trúfrelsis og trúfélaga, en hinn síðari til trúfélaga utan norsku kirkjunnar. Ekki er skilgreint í lögunum hvað átt sé við með orðinu „trudomssamfunn". Þá er ekki að finna slíka skilgreiningu í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem síðar varð að lögum um „trudomssamfunn" þegar það var lagt fram á norska Stórþinginu. Er beinlínis tekið fram í frumvarpinu að ekki þyki ástæða til þess að setja fram skilgreiningu á hugtakinu trúfélag.[8] Í grein sem rituð er til umfjöllunar um lögin er slíka skilgreiningu ekki heldur að finna.[9] Þar er þó á það bent að stjórnvöld verði að ákvarða skilgreiningu á hugtakinu „trúfélag" þegar metin sé beiðni um skráningu félags sem trúfélags. Leggur höfundur áherslu á að við slíkt mat verði að leggja almenna málnotkun til grundvallar. Þetta skýrir hann nánar þannig að þegar um sé að ræða stór og vel þekkt kirkjufélög sé enginn vafi. Hins vegar verði í vafatilvikum að leggja mesta áherslu á hvort um sé að ræða sjálfstæðan og afmarkaðan hóp manna sem „deler en positiv religiøs tro". Hópurinn þarf að vera „eksklusiv", þ.e. tilheyra einu trúfélagi sem eðli sínu samkvæmt útilokar þátttöku í öðru trúfélagi. Bent er á að í þessu felist veruleg rýmkun frá því sem gilti samkvæmt eldri lögum því að orðið trúfélög eigi bæði við um kristin trúfélög og önnur trúfélög.[10]

Rétt er að geta þess, að breytingar urðu í norskum rétti með gildistöku laga nr. 64/1981, sem heita „lov om tilskott til livssynssamfunn", en þau lög veita því sem nefnt er „livssynssamfunn" (félag um lífsviðhorf) rétt til fjárframlaga frá norska ríkinu sem svarar til þeirra framlaga sem norska þjóðkirkjan fær miðað við höfðatölu félagsmanna í viðkomandi félagi. Orðið er ekki skilgreint í lögunum. Í lögskýringargögnum er m.a. fjallað um aðdraganda að setningu laganna, m.a. um lögin um trúfélög frá árinu 1969, sem fjallað hefur verið um hér að framan. Markmið laganna frá árinu 1981 er að gera óskráð trúfélög og félög um lífsviðhorf eins sett að því er varðar fjárstuðning frá hinu opinbera og trúfélög sem hlotið hafa skráningu samkvæmt lögunum frá 1969. Í lögskýringargögnum er einnig fjallað um inntak hugtaksins trúfélag og segir um það að með því sé átt við félag sem byggist á „religiøs tro"

---

[8] Sjá Ot. prp. nr. 27 (1967–68), bls. 25.
[9] Sbr. Ole Herman Fisknes: Ny lov om trossamfunn. Lov og rett, 1971, bls. 264–272.
[10] Ole Herman Fisknes, tilvitnuð grein bls. 267–268.

og þess vegna oftast, en ekki alltaf, þannig í eðli sínu að viðkomandi geti bara verið félagi í einu slíku.[11]

Af framanrituðu má telja víst að í norskum rétti sé gengið út frá sambærilegri skýringu á orðinu trúfélag og í íslenskum rétti og rakið hefur verið. Þar hefur hins vegar verið gengið lengra. Þar hefur félögum sem ekki geta talist trúfélög í viðteknum skilningi (félög um lífsviðhorf) og óskráðum trúfélögum verið veitt sambærileg staða að því er varðar opinberan fjárstuðning og skráðum trúfélögum samkvæmt lögunum frá árinu 1969.

2.2. Dönsk löggjöf um trúfélög.

Ákvæði um trúfrelsi eru í VII. kafla dönsku stjórnarskrárinnar, þ.e. 66.–70. gr. Að efni til svipar þessum ákvæðum mjög til ákvæða íslensku stjórnarskrárinnar. Ástæða er til að benda sérstaklega á 67. og 69. gr. en þær hljóða svo:

„*67. gr.*

Borgerne har ret til at forene sig i samfund for at dyrke Gud på den måde, der stemmer med deres overbevisning, dog at intet læres eller foretages, som strider mod sædeligheden eller den offentlige orden."

„*69. gr.*

De fra folkekirken afvigende trossamfunds forhold ordnes nærmere ved lov."

Orðalag fyrri greinarinnar er hið sama og orðalag trúfrelsisákvæðis íslensku stjórnarskrárinnar var fyrir breytinguna sem gerð var með lögum nr. 97/1995. Eins og fyrr hefur verið vikið að hefur þetta ákvæði verið skýrt á þann veg að það verndi frelsi manna til þess að iðka trú á guð í víðri merkingu og iðka einnig önnur trúarbrögð. Hins vegar hefur ákvæðið verið skýrt þannig að það verndi t.d. ekki félög um trúleysi og um andatrú (ateistiske og spiritistiske samfund).[12] Slík félög falla undir almenna félagafrelsisákvæðið.

Að því er varðar síðara ákvæðið, þ.e. 69. gr., er það að segja að lögin, sem þar er mælt fyrir um að skuli sett, hafa ekki verið sett en hins vegar hafa ýmis trúfélög utan dönsku þjóðkirkjunnar verið viðurkennd.[13] Þegar litið er yfir lista um þau trúfélög sem viðurkennd hafa verið á grundvelli þessarar greinar sést glöggt að það eru eingöngu trúfélög í viðteknum skilningi en ekki félög um guðleysi eða andatrú.[14] Taka verður hér fram að fara ber varlega í að draga ályktanir af þessum lista því að ekki kemur fram hvort og þá hvaða félögum hefur verið synjað um skráningu.

Fullyrða má því að sömu viðhorf séu ríkjandi í dönskum rétti og í íslenskum og norskum rétti á því sviði sem hér er til umfjöllunar.

3.0 Hugtakið trúfélag.

Telja verður að við afmörkun hugtaksins „trúfélag" í lögum nr. 18/1975 verði að byggja á því sem hér er fram komið um trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og aðdraganda og efni laga nr. 18/1975. Þá þykir rétt að hafa hér hliðsjón af viðhorfum þeim sem uppi eru í Noregi,

---

[11] Sjá Ot. prp. nr. 59 (1980–81), bls. 10. Um tilgang laganna vísast til bls. 3.

[12] Sjá t.d. Alf Ross: Dansk statsforfatningsret II, bls. 625. Í riti Henriks Zahle: Menneskerettigheder, Dansk statsforfatninsret 3, bls. 144, kemur fram sama afstaða, þótt orðuð sé með öðrum hætti. Þar segir: „Ikke-religiøse sammenslutninger og sammenkomster er ikke omfattet af beskyttelsen."

[13] Sbr. Karnovs lovsamling, 1. bindi. 1996, bls. 12 og 13.

[14] Um upptalningu á þessum trúfélögum, sem raunar nær ekki lengra en til ársins 1993, má vísa til rits Preben Espersen: Kirkeret, Almindelig del. Kaupmannahöfn 1993, bls. 185 og 186.

enda íslensku lögin sniðin eftir norskum lögum um sama efni. Sérstaklega verður að hafa í huga eftirtalin atriði:

Samkvæmt hefðbundnum viðhorfum um skýringar á 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar eiga þær eingöngu við um *eiginleg trúfélög*. Í því felst, að félög, sem ekki hafa átrúnað sérstaklega á stefnuskrá sinni eða eftir atvikum hafna átrúnaði eða trú, njóta ekki sérstakrar verndar þessara ákvæða stjórnarskrárinnar. Þau njóta á hinn bóginn að sjálfsögðu verndar ákvæðis stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, sbr. 74. gr. Ákvæði 1. gr. laga nr. 18/1975 tekur þannig eingöngu til félaga sem teljast trúfélög í skilningi 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar.

Megintilgangur laga nr. 18/1975 er að heimila skráningu trúfélaga, en slíkri skráningu fylgja ákveðin réttaráhrif, svo sem um lagalegt gildi tiltekinna athafna forstöðumanna slíkra félaga, sbr. t.d. 17. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993. Þá veita lög um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, skráðum trúfélögum hlutdeild í tekjuskatti, þannig að sóknargjald greiðist til viðkomandi trúfélags, sbr. 1. og 3. gr. þeirra laga. Með lögum nr. 18/1975 er stuðlað að jafnræði trúfélaga sem undir lögin eiga annars vegar og þjóðkirkjunnar hins vegar að því er varðar heimildir forstöðumanna til að standa fyrir tilteknum athöfnum sem hafa eiga áhrif að lögum og rétt til sóknargjalda. Lögin eru að þessu leyti eðlilegt framhald af ákvæðum stjórnarskrárinnar um trúfrelsi og nánari útfærsla á þeim.

Við skýringu hugtaksins „trúfélag" samkvæmt lögum nr. 18/1975 þykir verða að hafa framangreint í huga, en það fer saman við almennan skilningi á orðinu í mæltu máli. Samkvæmt því verður að telja að með „trúfélagi" í lögum nr. 18/1975 sé átt við *félög sem leggja stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur.*

Þá þykir vegna þeirra réttaráhrifa sem skráning trúfélags hefur að eðlilegt sé að gera þá kröfu að sýnt sé fram á áður en til skráningar kemur að félög hafi náð fótfestu, starfsemi þeirra sé virk og stöðug og að í félögum þessum sé kjarni félagsmanna sem iðka trú sína. Þetta sjónarmið má einnig ráða af almennum athugasemdum í frumvarpinu sem síðar varð að lögum nr. 18/1975.[15]

4.0 Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Þótt frumvarp þetta feli ekki í sér róttækar efnisbreytingar er framsetning þess nokkuð önnur en í gildandi lögum, nr. 18/1975. Í I. kafla eru settar fram meginreglur um trúfrelsi, sbr. 1. gr. Lagt er til að ekki verði sett nein önnur ákvæði í lög sem taki til trúfélaga sem ekki sækjast eftir skráningu. Er miðað við að um slík félög gildi sömu reglur og um frjáls félög og félagasamtök endranær, hvort sem þau tengjast átrúnaði eða ekki. Verður ekki séð að ástæða sé til að hafa í lögum sérstakar reglur sem gilda um trúfélög sem ekki sækjast eftir skráningu, frekar en um t.d. ýmis áhugafélög um lífsskoðanir, vísindi eða fræði. Þannig er lagt til að efnisákvæði 2.–10. gr. verði ekki látin taka til trúfélaga sem ekki hafa óskað eftir skráningu. Eru óskráð trúfélög þar með sett á bekk með öðrum félögum í landinu. Efnislega hliðstæðar reglur eru aftur á móti að nokkru færðar í kaflann um skráð trúfélög og gilda um þau eingöngu.

2. Önnur meginbreyting frumvarpsins felst í 3. gr. Þar eru sett fram skilyrði fyrir því að heimilt sé að skrá félag sem trúfélag. Ekki ber að líta svo á að 3. gr. feli í sér fræðilega skilgreiningu á hugtakinu trúfélag sem trúarbragðafræðingar gætu sammælst um heldur eru þar sett fram skilyrði fyrir skráningu sem tekur mið af þeirri skilgreiningu hugtaksins „trúfélag"

---

[15] Sbr. Alþingistíðindi 1974, A, bls. 238.

sem stjórnarskráin og gildandi lög um trúfélög eru byggð á. Samkvæmt því er í reynd ekki gert ráð fyrir að 3. gr. frumvarpsins feli í sér efnisbreytingu frá því sem miðað er við í gildandi lögum, heldur er verið að kveða skýrar á um þau skilyrði sem nú er byggt á, þrátt fyrir að þau séu ekki greind berum orðum í texta gildandi laga. Skilyrðin, sem byggt er á í 3. gr., fela í sér að um sé að ræða félög sem leggja stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem telja má að eigi sér sögulegar eða menningarlegar rætur. Áréttað skal að þessi skilgreining rúmar ekki hvers kyns félög sem boða lífsskoðanir. Utan hennar falla m.a. félög sem boða trúleysi eða reisa lífssýn sína á öðrum þáttum en þeim sem skilgreiningin hér að framan er reist á. Auk þeirra upplýsinga sem er krafist er í samræmi við þau viðhorf sem gildandi lög gera ráð fyrir og vegna þeirra réttaráhrifa sem skráning trúfélags hefur í för með sér rétt að setja enn fremur það skilyrði að félag hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug og að í félagi sé kjarni félagsmanna sem iðkar trú sína reglulega. Þetta sjónarmið má einnig ráða af almennum athugasemdum í frumvarpinu sem síðar varð að lögum nr. 18/1975. Ekki þykir rétt að setja beinlínis skilyrði um tiltekinn lágmarksfjölda í trúfélagi sem skilyrði fyrir skráningu og verður að meta þessa þætti alla í heild þegar metið er hvort skilyrðum þeim sem sett eru í frumvarpinu sé fullnægt.

3. Í 17. gr. gildandi laga um trúfélög er miðað við að prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skuli uppfylla almenn hæfisskilyrði til opinberra starfa. Þá er sett skilyrði um að hann skuli hafa náð 25 ára aldri og ekki vera eldri en 75 ára. Þegar gildandi lög um trúfélög voru sett giltu um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna lög nr. 38/1954. Gildandi lög um það efni eru nú lög nr. 70 frá árinu 1996. Í eldri lögunum og að meginstefnu til í hinum yngri, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. þeirra, er m.a. gert ráð fyrir að sá sem skipaður er eða ráðinn í starf í þjónustu ríkisins skuli vera íslenskur ríkisborgari, með þeim undantekningum sem þar eru tilgreindar. Í athugasemdum í greinargerð við 17. gr. gildandi laga um trúfélög sagði að telja yrði kröfu um íslenskan ríkisborgararétt eðlilega frá almennu sjónarmiði. Þó er bent á að krafa um íslenskan ríkisborgararétt geti komið illa við trúfélög sem byggjast á alþjóðlega skipulagðri starfsemi. Telja verður að rökin fyrir því að binda forstöðu skráðra trúfélaga við íslenskan ríkisborgararétt séu óljós og að vandséð sé hvaða almennu sjónarmið mæli því í gegn að hverfa frá þeirri reglu. Þegar haft er í huga að opinberar embættisathafnir forstöðumanna eru mjög takmarkaðar, og næsta einasta bundnar við hjónavígslur, útgáfu vottorða og skýrslugjöf til stjórnvalda, verður ekki séð að ástæða sé til að halda í það skilyrði að um íslenska ríkisborgara sé að ræða. Þar sem eftir sem áður verður að gera ráð fyrir að opinberar embættisathafnir fari að jafnaði fram á íslensku, nema ef til vill þegar erlendir aðilar eiga í hlut, og að embættisbækur skv. 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins verði á íslensku, má jafnan gera ráð fyrir að forstöðumaður búi yfir nægilegri kunnáttu í íslensku til að rækja starfann eða hafi aðgang að slíkri kunnáttu. Í samræmi við þetta er í þessu frumvarpi lagt til að íslenskur ríkisborgarréttur verði ekki sérstaklega gerður að skilyrði fyrir starfi forstöðumanns skráðs trúfélags. Er þess í stað sett það skilyrði að forstöðumaður eigi til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl. Í þessu sambandi er einnig bent á að gert er ráð fyrir að ákvæði 2. mgr. 7. gr. gildandi laga um trúfélög verði fellt niður. Þar segir að aðeins þeir sem eru íslenskir ríkisborgarar eða eru búsettir hér á landi geti heyrt til íslensku þjóðkirkjunni eða íslensku trúfélagi. Skilyrði þetta þykir óþarft. Af þeirri staðreynd að staða forstöðumanns er ekki lengur bundin við íslenskan ríkisborgararétt og að aðild að skráðu trúfélagi er ekki lengur bundin skilyrðum þeim sem fram koma í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga sýnist geta leitt að trúfélag geti fengið skráningu þótt hvorki forstöðumaður né félagsmenn hafi sérstök tengsl við Ísland og forstöðumaður þar með fengið rétt til að framkvæma opinberar embættisathafnir hér á landi. Í þessu sambandi er þó bent á að það skilyrði

er sett fyrir skráningu trúfélags skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins að kjarni félagsmanna eigi til sóknar að gjalda hér á landi, sem og forstöðumaðurinn sjálfur, sbr. 1. mgr. 7. gr. frumvarps þessa. Þykir með þessu tryggt að tengsl við Ísland séu nægileg til þess að skrá megi trúfélag hér á landi. Árétta má einnig að framlög hins opinbera til skráðra trúfélaga samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl. miðast eingöngu við þá félagsmenn sem eiga til sóknar að gjalda hér á landi.

4. Í skipunarbréfi nefndarinnar er sérstaklega óskað eftir því að hún taki til skoðunar hversu ríkan áskilnað rétt sé að gera varðandi framlagningu gagna um trúarkenningar trúfélags, tengsl þess við erlendar trúarhreyfingar o.fl. Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði ákveðin skilyrði fyrir því að trúfélag verði skráð. Í samræmi við þau skilyrði telur nefndin rétt að gera ráð fyrir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið geti óskað eftir öllum þeim gögnum sem skipta máli við mat á því hvort skilyrðum laganna um skráningu er fullnægt. Þetta leiðir í reynd til þess að ekki er lagt til að breytingar verði gerðar á þeim reglum sem nú gilda um þetta efni, að öðru leyti en því að bætt er við að enn fremur megi krefjast gagna um tengsl trúfélags við erlendar eða alþjóðlegar trúarhreyfingar ef því er að skipta.

5. Í skipunarbréfi nefndarinnar er enn fremur óskað eftir því að tekið verði til skoðunar hvort ástæða sé til að setja reglur um rétt til að krefjast upplýsinga um ráðstöfun fjármuna félags. Sjálfsagt er og eðlilegt að félag geri grein fyrir ráðstöfun þeirra fjármuna sem renna til þess á grundvelli laga um sóknargjöld o.fl. Þar er þjóðkirkjunni, skráðum trúfélögum og Háskólasjóði tryggð hlutdeild í tekjuskatti samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögunum. Því er í frumvarpi þessu lagt til að skýrt verði kveðið á um upplýsingagjöf um ráðstöfun fjármuna sem renna til skráðra trúfélaga samkvæmt nefndum lögum, sbr. nánar 5. gr. frumvarpsins.

Aðrar breytingar á gildandi lögum eða einstökum ákvæðum eru aðeins að litlu leyti efnislegar. Verður vikið að því í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. er hliðstætt 1. gr. gildandi laga um trúfélög en það ákvæði er tekið orðrétt úr 63. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, eins og sú grein var orðuð fyrir breytingu þá sem gerð var með 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Meginbreytingin frá 1995 felst í því að tekin eru út orðin „þjóna guði“ sem var áður að finna í ákvæðinu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum var það ekki ætlunin að rýmka trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar með þessu sérstaklega, heldur var tekið mið af þeirri staðreynd að átrúnaður þarf ekki að fela í sér trú á einn eða fleiri guði. Orðalag 63. gr. stjórnarskrárinnar eins og það er nú, og sem tekið er upp í 1. gr. frumvarps þessa, er í betra samræmi við þann skilning sem hingað til hefur verið lagður í trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og hugtakið trúfrelsi í mæltu máli. Önnur breyting sem felst í 1. gr., sé miðað við gildandi lög, er sú að tekið er fram berum orðum að menn eigi rétt á að stofna félög um hvers konar kenningar og lífsskoðanir, þ.m.t. um trúleysi. Þótt réttur manna til að hafa hverja þá lífsskoðun sem samræmist best samvisku hvers og eins og stofna um þær félög, þ.m.t. um trúleysi, sé ekki sérstaklega varinn af trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, eins og það hefur verið skýrt fram að þessu, er enginn vafi að þessi réttur er varinn af öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar, sbr. einkum 73. og 74. gr. Þykir því eðlilegt og sjálfsagt að taka þetta fram berum orðum í 1. gr. laganna.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. er af sama meiði og 1. mgr. Efnislega sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 11. gr. gildandi laga um trúfélög. Í því felst að engin skylda er til þess að tilkynna stjórnvöldum um stofnun trúfélaga eða um starfsemi þeirra.

Í 3. mgr. er trúfélögum veitt ákveðin vernd með því að nýju trúfélagi sé óheimilt að taka upp nafn sem er svo líkt nafni annars trúfélags að misskilningi geti valdið. Ákvæði þetta, sem er hliðstætt ákvæði 2. mgr. 11. gr. gildandi laga, er eðlilegt og sjálfsagt og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 2. gr.

Í greininni er tekið fram að heimilt sé að skrá trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Í 2. mgr. 1. gr. segir að ekki sé skylt að tilkynna stjórnvöldum um stofnun trúfélags eða aðra starfsemi þess. Ákvæði um skráningu felur því aðeins í sér heimild til handa trúfélagi til að leita skráningar og fá hana, enda sé skilyrðum laganna að öðru leyti fullnægt. Með skráningunni fá skráð trúfélög réttindi og skyldur sem lög ákveða. Ákvæði frumvarpsins eiga þannig að öðru leyti aðeins við um þau félög sem óska skráningar eða hafa verið skráð. Um önnur félög gilda ekki sérstakar reglur, aðrar en þær sem fram koma í stjórnarskrá og 1. gr. frumvarps þessa.

Við skráningu fær trúfélag ákveðna stöðu að lögum. Til þess renna sóknargjöld félagsmanna og forstöðumaður fær rétt til að framkvæma vissar opinberar athafnir, svo sem hjónavígslu. Samkvæmt ákvæðinu skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast skráningu trúfélaga. Þegar trúfélag hefur verið skráð skal ráðuneytið láta því í té vottorð um skráninguna og auglýsa hana í Lögbirtingablaði. Réttaráhrif skráningar teljast frá birtingu tilkynningar í Lögbirtingablaði.

Um 3. gr.

Í greininni kemur fram almennt skilyrði sem félag þarf að uppfylla til þess að heimilt sé að skrá það sem trúfélag. Sett er fram það skilyrði fyrir skráningu félags sem trúfélags að um sé að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur. Leggja má áherslu á að hér ekki verið að setja fram fræðilega skilgreiningu á hugtakinu trúfélag, sem trúarbragðafræðingar eru endilega sammála um, heldur eingöngu verið að setja fram almenn skilyrði sem trúfélag verður að uppfylla til að hljóta skráningu samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa. Þessi afmörkun er í samræmi við þann skilning sem eðlilegt er að leggja í trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og sem gildandi lög eru reist á. Vísast um þetta að öðru leyti til þess sem fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið. Enn fremur er það sett sem skilyrði skráningar að félag hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug og að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem iðka trú sína, t.d. með þátttöku í reglulegu samkomuhaldi eða á annan hátt sem samræmist kenningum trúarhópsins. Þetta sjónarmið má einnig ráða af almennum athugasemdum í frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 18/1975. Þykir eðlilegt, og í samræmi við þau sjónarmið sem búa að baki þessu frumvarpi, að kveða á um þetta í lögum. Þá er áréttað að tiltekinn kjarni félagsmanna eigi til sóknar að gjalda hér á landi en með því skilyrði er tryggt að skráning trúfélagsins tengist íslenskum hagsmunum þannig að réttlætt geti skráningu hér á landi með þeim réttaráhrifum sem hún hefur.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er að finna reglur um umsókn um skráningu félags sem trúfélags og þau gögn sem henni eiga að fylgja. Þar eiga að koma fram upplýsingar um nafn trúfélags og heimilisfang, nákvæmt félagatal, þar sem fram koma nöfn, kennitölur og heimili félagsmanna, trúarkenningar þess og tengsl þeirra við önnur trúarbrögð eða trúarhreyfingar, um starfsemi félagsins, lög félagsins og allar aðrar reglur sem kunna að gilda um ráðstöfun fjármuna félagsins, nöfn stjórnarmanna og presta eða annarra sem veita félagi forstöðu. Þá er í 2. mgr. gert

ráð fyrir að ráðuneytið geti enn fremur, ef tilefni er til, óskað nánari upplýsinga um skipulag trúfélags, starfshætti, félagssvæði, skiptingu í söfnuði eða deildir ef því er að skipta.

Telja verður að ákvæði greinarinnar séu eðlileg þegar höfð eru í huga skilyrði sem sett eru fyrir skráningunni og réttaráhrif hennar.

Í 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að tilnefna beri forstöðumann trúfélags áður en það er skráð. Tilgangurinn er sá að hvert félag tilnefni einhvern sem er ábyrgur fyrir því að koma fram fyrir félagið gagnvart opinberum yfirvöldum og að ljóst sé hver það er sem er ábyrgur gagnvart stjórnvöldum fyrir því að farið sé að ákvæðum laga. Jafnframt er miðað við að formlegur réttur til að framkvæma opinberar embættisathafnir, svo sem hjónavígslu, sé bundinn við þann aðila. Samkvæmt því er forstöðumaður ekki nauðsynlega sá sami og telst trúarlegur leiðtogi hópsins. Fer það eftir reglum og kenningum hvers félags hvaða háttur er hafður þar á. Er m.a. bent á að í sumum trúarhreyfingum þarf slík trúarleg leiðsögn ekki að vera bundin við tilteknar persónur, heldur er hún í höndum fjölskipaðra nefnda eða ráða. Þetta er m.a. ástæða þess að í frumvarpinu er aðeins notað orðið forstöðumaður, en í gildandi lögum eru notuð orðin „prestur eða forstöðumaður“. Í 7. gr. frumvarpsins er að finna nánari ákvæði um hæfisskilyrði forstöðumanns.

Á undanförnum árum hefur sætt gagnrýni að ráðuneytið hefur í nokkrum mæli leitað álits hjá guðfræðideild Háskóla Íslands vegna umsókna um skráningu trúfélaga. Í 4. mgr. er því lagt til að sett verði á fót nefnd þar sem fyrir hendi er þekking í trúfræði, trúarbragðavísindum og lögfræði. Gert er ráð fyrir að nefndin verði ráðherra til ráðgjafar vegna umsókna um skráningu nýrra trúfélaga. Í Danmörku var svipuð nefnd sett á laggirnar 1998, en fram til þess tíma hafði biskupinnn yfir Kaupmannahöfn einn verið ráðgefandi í þeim efnum.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar er hliðstætt 1. og 2. mgr. 15. gr. gildandi laga. Þar ræðir um eftirlit með starfsemi trúfélags. Reglur þessar eru eðlilegar þegar höfð eru í huga réttaráhrif skráningar. Einkum er hér haft í huga eftirlit með ráðstöfun þeirra fjármuna sem renna til félagsins í formi sóknargjalda og með stöðu forstöðumanns, einkum með tilliti til réttinda hans til að framkvæma þær athafnir sem ætlað er að hafa gildi að lögum. Sambærilegar reglur hafa lengi gilt og komin reynsla á framkvæmd þeirra. Ekki er miðað við að breytingar verði þar á.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða ákvæðum 16. gr. gildandi laga. Þar er fjallað um viðbrögð af hálfu stjórnvalda við ágöllum á starfsemi skráðs trúfélags. Samkvæmt 1. mgr. er ráðherra heimilt að fella skráningu trúfélags úr gildi ef skilyrði greinarinnar eru uppfyllt. Ekki hefur til þess komið að ráðherra þyrfti að beita þessu ákvæði. Engu að síður þykir rétt að gera ráð fyrir þessari heimild í lögum.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nánast samhljóða ákvæðum 17. og 18. gr. gildandi laga. Þó er í 1. mgr. vikið frá því skilyrði gildandi laga, sem felst í 1. mgr. 17. gr., að forstöðumenn skráðra trúfélaga skuli vera íslenskir ríkisborgarar. Þegar litið er til hversu afmarkaðar opinberar skyldur þeirra eru sýnist ekki sérstök þörf á því að gera kröfu um íslenskan ríkisborgararétt. Er þess ekki að vænta að það valdi teljandi vandkvæðum þótt fallið sé frá þesu skilyrði. Vísast að öðru leyti til þess sem um þetta atriði segir í almennum athugasemdum við frumvarpið. Árétta má þó að í staðinn er við það miðað að forstöðumaður eigi sjálfur til sóknar að gjalda hér á landi.

Um 8. gr.

Hér fjallað um aðild að skráðu trúfélagi. Hliðstæðar reglur er að finna í 2., 3., 5. og 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. gildandi laga, með nokkrum frávikum þó. Fyrst ber að nefna að ákvæðunum er steypt saman í eina grein, enda eiga þau efnislega samstöðu. Í öðru lagi er gert er ráð fyrir að ákvæði 8. gr. gildi eingöngu um skráð trúfélög, en ekki öll trúfélög, eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Er það mat nefndarinnar að ekki sé ástæða til að setja sérstakar reglur í lög um aðild að trúfélögum sem ekki hafa óskað skráningar, frekar en gildir um frjáls félög almennt, hvort sem þau eru mynduð um lífsskoðanir, átrúnað eða annað. Ef félag aftur á móti sækir um skráningu sem trúfélag verður að gera þá kröfu að skilyrði greinarinnar um aðild að því séu uppfyllt. Í þriðja lagi er ákvæði á þá leið að þeir sem orðnir eru 18 ára geti tekið ákvörðun um inngöngu í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi, í stað 16 ára skv. 3. gr. gildandi laga. Er þessi breyting gerð í samræmi við hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár með lögræðislögum, nr. 71/1997, en þau tóku gildi 1. janúar 1998. Sérstaklega er bent á að 16 ára aldursmark laga nr. 18/1975 tók mið af sjálfræðisaldri. Telja verður eðlilegt að miðað verði við sjálfræðisaldur hér eftir sem hingað til. Í fjórða lagi er gerð sú breyting að ákvæði 1. mgr. 5. gr. gildandi laga er fellt niður þar sem því er í reynd ofaukið, enda verður niðurstaðan ávallt sú að barn tilheyrir sama trúfélagi og móðir óháð því hvort foreldrar eru í hjúskap eða eftir atvikum hvor í sínu trúfélagi nema þeir taki sameiginlega ákvörðun um annað þegar það á við, sbr. 3. mgr. Af ákvæði 3. mgr. 8. gr. leiðir enn fremur að fari faðir einn með forsjá barns ákveður hann hvaða trúfélagi barnið tilheyrir, þótt það tilheyri frá fæðingu sama trúfélagi og móðir. Sama gildir þegar móðir fer ein með forsjá. Hún getur að sjálfsögðu ákveðið að barn tilheyri öðru trúfélagi en hún sjálf. Af 3. mgr. leiðir einnig að fari foreldrar saman með forsjá barns taka þeir sameiginlega ákvörðun um inngöngu í eða úrsögn barns úr skráðu trúfélagi. Skilyrði um að leita skuli álits barns um slíka ákvörðun ef það hefur náð 12 ára aldri er í samræmi við ákvæði barnalaga, nr. 20/1992, sbr. t.d. 4. mgr. 34. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um að aðili, sem falin hefur verið forsjá barns á grundvelli barnaverndarlaga, taki ákvörðun um inngöngu þess eða úrsögn úr skráðu trúfélagi. Ákvörðun um trúfélagsaðild þeirra sem sviptir hafa verið sjálfræði fer eftir ákvæðum lögræðislaga, nr. 71/1997.

Í 5. mgr. kemur fram að enginn má samtímis heyra til þjóðkirkjunni og skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar eða fleiri en einu skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 7. gr. gildandi laga. Þannig eru ekki settar sérstakar skorður að lögum við því að menn tilheyri fleiri trúfélögum en einu, svo lengi sem aðeins eitt þeirra er skráð eða þau öll eru óskráð. Þessi skipan mála er í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar um trú-, skoðana- og félagfrelsi. Eina takmörkunin sem felst í greininni er sú að maður sem er í þjóðkirkjunni getur ekki tilheyrt öðru skráðu trúfélagi, eða eftir atvikum ef hann er ekki í þjóðkirkjunni getur hann aðeins tilheyrt einu skráðu trúfélagi.

Að lokum er rétt að nefna að lagt er til að 2. mgr. 7. gr. gildandi laga verði felld niður. Að því er séð verður eru engir sérstakir hagsmunir tengdir því að erlendir ríkisborgarar, hvort sem þeir eru búsettir hér á landi eða ekki, geti ekki átt aðild að skráðu trúfélagi. Ljóst er þó að eingöngu sóknargjöld þeirra félagsmanna skráðra trúfélaga sem eiga að greiða slík gjöld hér á landi renna til viðkomandi trúfélags. Ekki verða gerðar neinar frekari kröfur um fjárframlög frá hinu opinbera til trúfélags vegna þeirra félagsmanna sem ekki eiga til sóknar að gjalda hér á landi. Af lögum nr. 91/1987 leiðir þar af leiðandi að framlög til trúfélags á grundvelli þeirra laga greiðast aðeins vegna þeirra félagsmanna sem greiða tekjuskatt hér á landi. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða íslenska ríkisborgara eða ekki. Vísast að öðru leyti til þess sem fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan um þetta atriði.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um inngöngu í og úrsögn úr skráðu trúfélagi. Hliðstæð ákvæði er að finna í 8. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ákvæði frumvarpsins eiga eingöngu við um skráð trúfélög, enda þykir ekki ástæða til að löggjafinn setji reglur um félög sem ekki óska skráningar, sbr. það sem áður segir um þetta efni. Forstöðumaður lætur í té vottorð til staðfestu inngöngu í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 10.–12. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa. Þó er vakin athygli á því að í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir ákvæði sambærilegu við 20. gr. gildandi laga um trúfélög, þar sem mælt er fyrir um viðurlög vegna brota gegn nánar tilgreindum ákvæðum. Nefndin telur ákvæðið óþarft og heimild 6. gr. frumvarpsins til að fella skráningu úr gildi feli í sér nægilegt aðhald, auk þess sem önnur refsilagaákvæði geta átt við eftir atvikum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um skráð trúfélög, nr. 18/1975.

Tilgangur frumvarpsins er að setja skýrari reglur um skilgreiningu á trúfélögum, og hvað greini þau frá annars konar félögum með hliðsjón af ákvæðum laga og stjórnarskrá.

Í frumvarpinu er lagt til að skipuð verði þriggja manna nefnd sem hefði til að bera þekkingu á trúfræði, trúabragðavísindum og lögfræði. Ekki er talið að nefndin fundi oft á ári en málsmeðferð getur orðið nokkuð umfangsmikil. Gert er ráð fyrir að frumvarpið auki útgjöld ríkissjóðs óverulega verði það óbreytt að lögum.

70. Frumvarp til laga [70. mál]

um lagaskil á sviði samningaréttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Gildissvið.

1. Ákvæði laga þessara eiga við um allar einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi þegar taka þarf afstöðu til þess lögum hvaða lands skuli beitt.

2. Lögin gilda ekki um:

a. álitaefni sem varða persónulega réttarstöðu manna og gerhæfi, nema annað leiði af ákvæðum 11. gr.,

b. skuldbindingar sem varða erfðir, þ.m.t. erfðaskrár, og samninga milli hjóna um fjármál þeirra, þ.m.t. skilnaðarsamninga, svo og samninga um réttindi og skyldur sifjaréttarlegs eðlis, t.d. varðandi faðerni, mægðir, skyldleika og hjúskap, þ.m.t. samninga um framfærslu barna,
c. skuldbindingar sem byggjast á víxlum, tékkum og skuldabréfum og öðrum viðskiptabréfum, að svo miklu leyti sem skuldbindingar sem af þeim leiðir er að rekja til eðlis þeirra sem viðskiptabréfa,
d. samninga um gerðardóma og val á dómstóli,
e. álitaefni sem lúta löggjöf um fyrirtæki, félög eða aðrar lögpersónur, svo sem um stofnun þeirra, með skráningu eða á annan hátt, löghæfi, innra skipulag eða slit og um persónulega ábyrgð stjórnenda og meðlima á skuldbindingum fyrirtækis, félags eða lögpersónu,
f. álitaefni sem varða umboð eða heimild einstaklinga eða stjórnenda til að skuldbinda fyrirtæki, félag eða aðrar lögpersónur í samningum við þriðja aðila,
g. samninga um stofnun fjárvörslusjóðs eða mál sem varða lögskipti stofnanda, vörslumanns og rétthafa.
h. sönnun og málsmeðferð, nema að því leyti sem slíkt leiðir af 14. gr.

3. Ákvæði laganna gilda ekki um vátryggingarsamninga sem varða vátryggingaratburði sem verða á yfirráðasvæði ríkis sem tilheyrir Evrópska efnahagssvæðinu. Við ákvörðun um það hvort atburður gerist innan þess svæðis skal dómstóll beita íslenskum lögum.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki um samninga sem varða endurtryggingar.

2. gr.

Beiting laga ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Lög þessi eiga við þótt þau leiði til þess að beita beri löggjöf ríkis sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins.

II. KAFLI
Meginreglur um lagaskil.

3. gr.

Samningur um lagaval.

1. Um samninga skal beita þeim lögum sem samningsaðilar hafa valið berum orðum eða þeim lögum sem með vissu verða talin leiða af samningnum sjálfum eða öðrum atvikum. Samningsaðilar geta samið svo um að þau lög sem vísað er til skuli gilda um samninginn í heild eða aðeins um tiltekinn hluta hans.

2. Samningsaðilar geta hvenær sem er samið svo um að um samninginn skuli gilda önnur lög en áður giltu um hann, hvort sem þau er upphaflega að rekja til samkomulags aðila þar um eða leiðir af öðrum reglum laga þessara. Breytingar af þessu tagi, sem koma til eftir að samningur var upphaflega gerður, skulu hvorki hafa áhrif á formlegt gildi samningsins skv. 9. gr. né hafa áhrif á réttarstöðu þriðja manns án samþykkis hans.

3. Hafi aðilar samið um beitingu erlendra laga, hvort sem ágreining á að leggja undir erlendan dómstól eða ekki, en efni samningsins tengist í reynd aðeins einu landi, kemur slíkur samningur ekki í veg fyrir, séu skilyrði að öðru leyti fyrir hendi, að unnt sé að beita ófrávíkjanlegum reglum þess lands sem við kunna að eiga.

4. Úrlausn um það hvort samþykki um lagaval er til staðar og um gildi þess fer skv. 8., 9. og 11. gr.

4. gr.

Lög sem gilda þegar ekki hefur verið samið um lagaval.

1. Hafi samningur ekki að geyma ákvæði um það hvers lands lögum skuli beita, sbr. 3. gr., skal beita lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við. Ef afmarkaður hluti samnings hefur nánari tengsl við annað land en það sem leiða mundi af 1. málsl. þessarar málsgreinar er heimilt að beita lögum þess lands að því er varðar þann hluta samningsins.

2. Með fyrirvara um ákvæði 5. mgr. skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá aðili, sem efna á aðalskyldu samningsins, býr við samningsgerðina. Þegar um er að ræða fyrirtæki, félag eða aðra lögpersónu skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem aðili hefur aðalstöðvar sínar. Ef samningurinn er gerður í tengslum við framkvæmd atvinnu eða í tengslum við atvinnurekstur viðkomandi aðila skal litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá sem aðalskylduna ber hefur aðalstarfsstöð sína. Ef efna á samning samkvæmt ákvæðum hans á annarri starfsstöð en þeirri þar sem aðili hefur aðalstarfsstöð sína skal beita lögum þess lands þar sem sú starfsstöð er.

3. Að því marki sem samningur varðar réttindi yfir fasteign, þ.m.t. afnotarétt, skal, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem fasteignin er.

4. Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við þegar um er að ræða samninga um vöruflutninga. Þegar um slíkan samning er að ræða og flytjandi hefur, þegar samningur er gerður, aðalstöðvar í sama landi og farmurinn er lestaður eða hann affermdur eða í sama landi og aðalbækistöðvar sendanda eru skal litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land. Við beitingu þessa ákvæðis skal litið á farmsamning um einstaka ferð og aðra samninga sem hafa vöruflutninga sem meginmarkmið sem samninga um vöruflutninga.

5. Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við ef ekki er unnt að afmarka aðalskyldu samnings. Á sama hátt eiga ákvæði 2., 3. og 4. mgr. ekki við ef af öllum aðstæðum verður ráðið að samningurinn í heild hafi ríkari tengsl við annað land en það sem leiða mundi af þeim ákvæðum.

5. gr.

Neytendasamningar.

1. Grein þessi á við um samninga sem maður (neytandi) gerir um afhendingu vöru eða þjónustu í tilgangi sem telja verður að varði ekki atvinnu hans, eða samning um lán til að fjármagna kaupin.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur ákvæði um lagaval í samningi aldrei takmarkað þá vernd sem neytandi nýtur samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum í lögum þess ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem hann býr:

a. ef undanfari samningsins var sérstakt tilboð til neytandans eða almenn auglýsing og allar nauðsynlegar ráðstafanir til samningsgerðarinnar af hans hálfu fóru fram í því landi eða
b. ef gagnaðilinn, eða umboðsmaður hans, tók við pöntun neytandans í því landi eða
c. ef samningur er um sölu vöru og neytandinn ferðaðist frá því landi til annars lands og gerði pöntun sína þar, að því tilskildu að ferðin hafi verið skipulögð af seljandanum í þeim tilgangi að hvetja neytandann til kaupanna.

3. Ef um er að ræða samninga sem falla undir ákvæði þessarar greinar og aðilar hafa ekki samið um lagaval skv. 3. gr. gilda, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., ákvæði þessarar greinar enda séu samningarnir gerðir við þær aðstæður sem lýst er í 2. mgr.

4. Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um:

a. flutningasamninga,
b. samninga um kaup á þjónustu þegar þjónustuna á að láta í té að öllu leyti í öðru landi en því þar sem neytandinn á heima.

6. gr.

Vinnusamningar.

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu vinnusamningar, sem hafa að geyma ákvæði um lagaval, ekki leiða til lakari réttarstöðu launþega en þeir mundu njóta samkvæmt þeim ófrávíkjanlegum reglum sem leiða mundi af 2. mgr.

2. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skulu eftirfarandi lög gilda um vinnusamninga sem ekki hafa að geyma ákvæði um lagaval:
a. lög þess lands þar sem launþegi starfar að jafnaði, enda þótt honum hafi tímabundið verið falin störf í öðru landi eða
b. ef launþegi starfar að jafnaði ekki í neinu tilteknu landi gilda lög þess lands þar sem sú starfsstöð sem réð hann til starfa er, nema það leiði af aðstæðum í heild að samningurinn hafi meiri tengsl við annað land, og gilda þá lög þess lands.

7. gr.

Ófrávíkjanlegar reglur.

1. Þegar beitt er lögum tiltekins lands samkvæmt lögum þessum er einnig heimilt að beita ófrávíkjanlegum reglum í lögum annars lands sem atvik málsins hafa náin tengsl við, ef og að því marki sem skylt er að beita þeim samkvæmt lögum þess lands, óháð því hvaða lög eiga annars við um samninginn. Þegar metið er hvaða ófrávíkjanlegu reglur eiga við skal litið til eðlis þeirra og tilgangs og afleiðinga þess að beita þeim eða beita þeim ekki.

2. Ekkert í lögum þessum takmarkar beitingu ófrávíkjanlegra reglna íslensks réttar, ef mál er rekið hér á landi, óháð því hvers lands lögum á annars að beita um samninginn.

8. gr.

Efnislegt gildi samnings.

1. Tilvist og gildi samnings, eða einstakra ákvæða samnings, skal ákvarða samkvæmt þeim lögum sem eiga mundu við um samninginn samkvæmt lögum þessum ef samningurinn eða einstök ákvæði hans væru gild.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur aðili byggt á lögum þess lands þar sem hann býr til að sýna fram á að hann hafi ekki veitt samþykki sitt, ef atvik eru með þeim hætti að ósanngjarnt þykir að dæma um réttaráhrif athafna hans eftir þeim reglum sem leiða mundi af 1. mgr.

9. gr.

Formlegt gildi samnings.

1. Samningur sem gerður er milli einstaklinga sem eru í sama landinu er formlega gildur ef hann fullnægir formkröfum laga þess lands sem um hann gilda samkvæmt lögum þessum eða lögum þess lands þar sem hann var gerður.

2. Samningur sem gerður er milli tveggja einstaklinga sem ekki eru í sama landinu er formlega gildur ef hann fullnægir formkröfum laga þess lands sem gilda um hann samkvæmt lögum þessum eða lögum annars hvors landsins þar sem aðilar eru.

3. Þegar samningur er gerður fyrir tilstilli umboðsmanns koma lög þess lands þar sem umboðsmaður framkvæmir ráðstafanir sínar í stað laga þess lands þar sem aðili samnings er skv. 1. og 2. mgr.

4. Ráðstöfun sem ætlað er að hafa réttaráhrif í tengslum við gerðan samning eða fyrirhugaðan samning er gild ef hún fullnægir formkröfum þeirra laga sem gilda samkvæmt lögum þessum eða ættu við um samninginn ef hann væri gildur, eða þess lands þar sem ráðstöfun var gerð.

5. Ákvæði 1.–4. mgr. eiga ekki við um neytendasamninga sem gerðir eru við þær aðstæður sem lýst er í 2. mgr. 5. gr. Um formlegt gildi slíkra samninga fer eftir lögum þess lands þar sem neytandinn býr.

6. Þegar um er að ræða samninga um réttindi yfir fasteign, þ.m.t. afnotaréttindi, skulu, þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr., gilda um slíka samninga ófrávíkjanlegar formreglur laga þess lands þar sem fasteignin er, ef þær reglur samkvæmt þeim lögum gilda óháð því í hvaða landi samningurinn er gerður og óháð þeim lögum sem annars gilda um samninginn.

10. gr.

Gildissvið laga þeirra sem við eiga.

1. Þau lög sem gilda um samning skv. 3.–6. gr. og 12. gr. skulu einkum gilda um:

a. túlkun,
b. efndir,
c. afleiðingar vanefnda, þ.m.t. ákvörðun bóta að svo miklu leyti sem þær eru ákvarðaðar lögum samkvæmt, með þeim takmörkunum sem leiðir af réttarfarslögum um heimildir dómstóla,
d. mismunandi lyktir samningsskuldbindinga, tómlæti og fyrningu,
e. afleiðingar þess að samningur telst ógildur.

2. Þegar ákvarðað er hvort samningur hafi verið réttilega efndur eða ráðstafanir þær sem gripið er til vegna vanefnda samnings séu lögmætar skal taka tillit til laga þess lands þar sem efndir samnings fara fram.

11. gr.

Gerhæfisskortur.

Þegar um er að ræða samning milli tveggja einstaklinga sem eru í sama landinu getur einstaklingur sem hefur gerhæfi samkvæmt lögum þess lands því aðeins borið fyrir sig gerhæfisskort sem leiða mundi af lögum annars lands að hinn samningsaðilinn hafi, þegar samningurinn var gerður, vitað eða hafi mátt vita um gerhæfisskortinn samkvæmt þeim lögum.

12. gr.

Framsal réttinda.

1. Um gagnkvæmar skyldur framseljanda og framsalshafa í samningi sem felur í sér framsal réttinda gagnvart þriðja manni gilda lög þess lands sem samkvæmt lögum þessum eiga við um samning milli framseljanda og framsalshafa.

2. Um heimild til framsals, samband framsalshafa og þriðja manns, skilyrði þess að á framsali verði byggt gagnvart þriðja manni og um öll álitaefni um það hvort skyldur skuldara séu enn til staðar gilda lög þess lands sem eiga við um réttindi þau sem framseld eru.

13. gr.

Innlausn réttinda.

1. Nú á kröfuhafi samningskröfu á hendur skuldara og þriðja aðila er skylt að efna kröfuna gagnvart kröfuhafa, eða hann hefur í reynd efnt kröfuna vegna þeirrar skyldu og þannig leyst hana til sín. Þá skulu lög þau sem gilda um skyldu þriðja manns til efnda gagnvart

kröfuhafa einnig vera ákvarðandi um hvort og að hve miklu leyti þriðji maður getur endurkrafið skuldara á grundvelli þeirra laga sem gilda um samningssamband kröfuhafa og skuldara.

2. Sama regla og fram kemur í 1. mgr. á einnig við þegar sama samningsskyldan hvílir á mörgum aðilum og einn þeirra hefur efnt skylduna gagnvart kröfuhafa.

III. KAFLI
Um sönnunarbyrði, gildistöku o.fl.

14. gr.
Sönnunarbyrði o.fl.

1. Hafi lög þess lands sem gilda um samninga samkvæmt lögum þessum að geyma löglíkindareglur eða reglur um sönnunarbyrði skal beita þeim.

2. Samninga eða ráðstafanir sem ætlað er að hafa réttaráhrif má sanna á hvern þann hátt sem heimill er samkvæmt íslenskum lögum þegar mál er rekið fyrir íslenskum dómstóli eða í lögum þeim sem 9. gr. vísar til, enda sé samningur eða ráðstöfun gild samkvæmt þeirri grein, að því tilskildu að hægt sé að koma slíkri sönnunarfærslu við hér á landi.

15. gr.
Bann við heimvísun og framvísun.

Með lögum lands sem lög þessi vísa til er átt við önnur lög en lagaskilareglur.

16. gr.
Allsherjarregla.

Því aðeins er heimilt að láta hjá líða að beita lögum tiltekins lands sem lög þessi vísa til að þau teljist augljóslega andstæð góðum siðum og allsherjarreglu hér á landi.

17. gr.
Bann við afturvirkni.

Ákvæðum laga þessara verður aðeins beitt um samninga sem gerðir hafa verið eftir gildistöku þeirra.

18. gr.
Staða laga þessara gagnvart öðrum reglum.

1. Sérreglur um lagaskil í öðrum lögum og reglum sem rekja má til Evrópska efnahagssvæðisins skulu ganga framar ákvæðum laga þessara að svo miklu leyti sem þær fá ekki samrýmst þeim.

2. Lög þessi hafa ekki áhrif á beitingu alþjóðlegra samninga sem hafa að geyma lagaskilareglur og öðlast hafa lagagildi hér á landi.

19. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Á undanförnum árum hefur viðskiptafrelsi aukist stórlega á Íslandi. Frjálsari löggjöf á sviði gjaldeyrismála og aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hafa fært innlendum aðilum fleiri tækifæri til þátttöku í alþjóðlegum viðskiptum. Íslensk fyrirtæki hafa í sífellt

auknum mæli nýtt sér slíkar heimildir til beinna viðskipta yfir landamærin við kaup og sölu á vörum og þjónustu. Útrás íslenskra fyrirtækja og alþjóðavæðing íslensks athafnalífs er því orðin staðreynd og hefur átt ríkan þátt í meiri hagvexti og stöðugleika sem hefur einkennt íslenskt efnahagslíf undanfarin ár. Eftir því sem viðskipti einstaklinga og fyrirtækja verða algengari yfir landamærin eykst nauðsyn þess að í lögum sé að finna skýrar reglur um hvaða lög eigi að leggja til grundvallar í viðskiptum tveggja aðila sem ekki eru búsettir innan sama ríkis. Nokkrir alþjóðlegir samningar hafa verið gerðir um lagaskil á sviði samningaréttar og m.a. undirrituðu aðildarríki Evrópubandalagsins slíkan samning 19. júní 1980, svonefndan Rómarsamning (The Rome Convention). Aðildarríkjum Evrópubandalagsins er skylt að vera aðilar að samningnum og eru því þrjú norræn ríki, þ.e. Finnland, Danmörk og Svíþjóð, nú aðilar að honum. Í kjölfar þátttöku Íslands í EES og þar með í innri markaði EB hafa viðskipti íslenskra aðila við aðila í öðrum ríkjum EES aukist og reikna má með að þau eigi eftir að verða enn meiri í framtíðinni. Ráðuneytið taldi af þessum sökum mjög brýnt að íslenskar lagaskilareglur um samningsskuldbindingar yrðu samræmdar þeim reglum sem um þetta gilda í aðildarríkjum EB. Ljóst var að of þungt yrði í vöfum fyrir Íslendinga að gerast aðilar að framangreindum samningi en hins vegar væri unnt að tryggja með sérstakri lagasetningu hér á landi að í innlendan rétt væru settar reglur sem væru samhliða ákvæðum Rómarsamningsins. Fordæmi þess er að finna á Norðurlöndum en árið 1988 voru lögfestar reglur um lagaskil á sviði samningaréttar í Finnlandi sem byggðust á áðurnefndum Rómarsamningi, sex árum áður en Finnar gerðust formlega aðilar að EB. Ráðuneytið fól því Davíð Þór Björgvinssyni og Þorgeiri Örlygssyni, prófessorum við lagadeild Háskóla Íslands, að semja frumvarp til laga um lagaskil á sviði samningaréttar.

Frumvarp þetta er grundvallað á áðurnefndum Rómarsamningi (The Rome Convention) sem undirritaður var 19. júní 1980. Rómarsamningurinn er öðrum þræði byggður á 220. gr. Rómarsáttmálans (The Rome Treaty), stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (EBE). Í tilvitnuðu ákvæði Rómarsáttmálans skuldbinda aðildarríki hans sig til þess að ganga til samninga hvert við annað til að tryggja vernd manna og að þeir njóti réttar og réttarverndar með sömu skilmálum og hvert ríki veitir ríkisborgurum sínum, þar á meðal með einföldun formsatriða sem gilda um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu dóma dómstóla og gerðardóma.

Í kjölfar þessa undirrituðu aðildarríki EBE Brussel-samninginn 1968 um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum (Convention on Jurisdiction and the Enforcement of Judgments in Civil and Commercial Matters). Upphaflega áttu aðild að honum stofnríki Efnahagsbandalags Evrópu, þ.e. Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Þýskaland. Árið 1971 var bætt bókun við samninginn þar sem EB-dómstólnum var fengið vald til að túlka samninginn á bindandi hátt. Við inngöngu Danmerkur, Írlands og Stóra-Bretlands í EBE árið 1978 var samningi þessum breytt í nokkrum atriðum, aftur árið 1982 þegar Grikkland varð aðili og enn á ný árið 1989 við inngöngu Portúgals og Spánar. Árið 1994 urðu Austurríki, Finnland og Svíþjóð aðilar að samningnum þegar þessi ríki gengu í EB. Hliðstæður samningur (Lúganósamningurinn) um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum var undirritaður milli EB-ríkjanna annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar 16. september 1988. Samningur þessi hefur verið lögfestur á Íslandi, sbr. lög nr. 68/1995, um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum. Lúganósamningurinn felur í aðalatriðum í sér tvennt: Í fyrsta lagi samræmingu á alþjóðlegum varnarþingsreglum aðildarríkjanna og öðru lagi gagnkvæma viðurkenningu dóma í einkamálum. Tilgangur hans er að tryggja greiðan aðgang að dómstólum og fullnustu úrlausna.

Undirritun Rómarsamningsins, sem er fyrirmynd þessa frumvarps, árið 1980 er eðlilegt framhald af Brusselsamningnum frá 1968, þótt Rómarsamningurinn sé ekki beinlínis byggð-

ur á 220. gr. Rómarsáttmálans. Upphaflega áttu aðild að Rómarsamningnum þau ríki sem þá áttu aðild að Rómarsáttmálanum, en ný aðildarríki ESB hafa einnig gerst aðilar að samningnum eftir því sem þeim hefur fjölgað. Í inngangi Rómarsamningsins er ekki berum orðum vísað til 220. gr. Rómarsáttmálans, en litið er á hann sem þátt í viðleitni aðildarríkja EB til að stuðla að samræmdri réttarframkvæmd á sviðum sem hafa mesta þýðingu fyrir framkvæmd sameiginlegs innri markaðar. Sameiginlegar lagaskilareglur á sviði samningaréttar hljóta að teljast mikilvægar í því sambandi.

Rómarsamningurinn hefur að geyma lagaskilareglur varðandi samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi þegar á það reynir hvers lands lögum skuli beita við úrlausn álitaefna sem af honum kunna að rísa. Hann gildir um flestar tegundir samninga og einhliða skuldbindingar af samningaréttarlegum toga. Þá er þar að finna reglur um það hvers lands lögum skuli beita við úrlausn álitaefna sem tengjast samningsgerð.

Rómarsamningurinn hefur að geyma inngang og 33 greinar, sem skiptast í þrjá kafla. Þá fylgja honum stutt bókun og tvær sameiginlegar yfirlýsingar. Árið 1989 var bætt við tveimur bókunum sem varða heimild EB-dómstólsins til að túlka ákvæði samningsins. Enskur texti samningsins ásamt bókunum og yfirlýsingum fylgir með frumvarpi þessu.

Í I. kafla Rómarsamningsins eru tvær greinar (1. og 2. gr.) sem hafa að geyma ákvæði um gildissvið hans. Í II. kafla samningsins (3.–22. gr.) eru sameiginlegar lagaskilareglur og eru þær í reynd kjarni samningsins. Auk þeirra er að finna ákvæði sem varða t.d. skýringar einstakra ákvæða samningsins og tengsl þeirra við aðrar sérreglur á sviði lagaskilaréttar. Í III. kafla er að finna ákvæði um gildistöku samkomulagsins o.fl. Þá fylgja samningnum bókanir sem m.a. varða hlutverk EB-dómstólsins við túlkun samningsins.

II.

Þegar ágreiningsefni koma til úrlausnar íslenskra dómstóla er algengast að dómstólarnir (eða aðrir úrlausnaraðilar) beiti íslenskum lögum og réttarreglum (lex fori) í úrlausnum sínum. Sakaraðild og sakarefni kann að vera svo háttað að í vissum tilvikum sé beiting erlends réttar við úrlausn ágreinings eðlilegri en beiting íslensks réttar. Lagaskilaréttur (alþjóðlegur einkamálaréttur) er sú grein lögfræðinnar sem segir til um það hvers lands lögum beita beri við úrlausn ágreiningsefnis sem tengist fleiri en einu réttarkerfi. Lagaskilareglur hvers lands eru hluti landsréttar. Frumvarp þetta hefur að markmiði að lögfesta lagaskilareglur á sviði samningaréttar sem verði hluti íslensks réttar.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um íslenskan lagaskilarétt almennt og þá sérstaklega á því sviði sem frumvarpið tekur til. Íslenskur lagaskilaréttur er að mestu leyti ólögfestur. Hann byggist á dómafordæmum, réttarvenjum, fræðiskoðunum og eðli máls. Þar sem dómaframkvæmd er fáskrúðug hér á landi er einnig horft til dómaframkvæmdar annars staðar á Norðurlöndunum, auk þess sem sótt hefur verið í smiðjur norrænna fræðimanna í ríkum mæli.

Á sumum sviðum íslensks réttar eru þó til nokkuð ítarlegar skráðar lagaskilareglur. Má þar helst nefna sérstakar lagaskilareglur í 14. kafla víxillaga, nr. 93/1933 (79.–87. gr.), og í 12. kafla laga um tékka, nr. 94/1933 (58.–65. gr.). Af öðrum ákvæðum má nefna 119. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, um flutninga samkvæmt farmskírteini, ákvæði um erlend hlutafélög í 16. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995 (137.–146. gr.), og 2. mgr. 62. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Enn fremur má nefna nokkra Norðurlandasamninga um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, sem Ísland er aðili að og veitt hefur verið lagagildi á Íslandi. Þeir eru:

a. um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931,
b. um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, sbr. lög nr. 30/1932. Með 5. gr. laga nr. 68/1995 er gildissvið laganna frá 1932 takmarkað þannig að þau gilda ekki um dóma og ákvarðanir sem hljóta viðurkenningu og fullnustu hér á landi samkvæmt ákvæðum Lúganósamningsins.
c. um gjaldþrotaskipti, sbr. lög nr. 21/1934,
d. um erfðir og skipti á dánarbúum, sbr. lög nr. 108/1935 og
e. um innheimtu meðlaga, sbr. lög nr. 93/1962.

Gildissvið samninga þessara er bundið við Norðurlönd og taka þeir því aðeins til aðila sem annaðhvort eru ríkisfastir eða heimilisfastir í einhverju Norðurlandanna. Að síðustu er svo rétt að nefna Lúganósamninginn, sem áður er getið.

Þegar reglum víxil-, tékka-, siglinga- og hlutafélagalaga sleppir er ekki fyrir að fara lögfestum lagaskilareglum hér á landi á sviði fjármunaréttar. Greinargerð um þær verður því að byggja á dómaframkvæmd hér á landi og kenningum fræðimanna á þessu sviði.

Meginreglan sem byggt er á í íslenskum lagaskilarétti á sviði fjármunaréttar er sú að aðilum sé frjálst að semja um það hvers lands lögum skuli beita um lögskipti þeirra. Þetta er lagaskilaregla sem viðurkennd er í flestum ríkjum heims og á henni er byggt í samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1980 um alþjóðleg lausafjárkaup, sem síðar verður frá greint, sbr. 1. mgr. 3. gr. þess samnings. Ef slíkum samningi er ekki til að dreifa er reglan sú að beita beri lögum þess lands sem samningur hefur sterkust tengsl við. Við mat á því við hvaða land samningur hefur sterkust tengsl er ýmist litið til þess lands þar sem mál vegna samningsins er rekið (lex fori), lands þar sem samningur er gerður (lex loci contractus), lands þar sem samninginn á að efna (lex loci solutionis), lands þar sem skuldari er heimilisfastur (lex loci domicilii) eða þar sem hann á ríkisfang (ríkisfangsregla).

Að því er íslenskan lagaskilarétt varðar koma allar þessar reglur til greina, eftir því hvað best á við hverju sinni. Ákvörðun um þetta getur í einstökum tilfellum verið nokkuð vandasöm. Má sem dæmi nefna að þegar samningur er gerður með fjarskiptum milli aðila getur verið ógerlegt að skera úr um hvar samningur er í reynd gerður. Þá eru samningar oftast tvíhliða og hver aðili á að efna hann fyrir sitt leyti í sínu heimalandi, auk þess sem þeir eru heimilisfastir hvor í sínu landinu. Við þær aðstæður er erfitt að skera úr um hvar samning á að efna, eða eftir atvikum við hvaða heimilisfesti á að miða. Þá er oft næsta fjarlægt að beita ríkisfangsreglu, þegar samningur hefur e.t.v. engin tengsl við tiltekið land nema þau að annar aðili hans á þar ríkisfang, þótt hann búi þar ekki. Við bætist að íslensk dómaframkvæmd er það fáskrúðug að litlar leiðbeiningar er þar að finna um beitingu þessara reglna. Af þessu leiðir að nokkurrar óvissu hlýtur einatt að gæta um efni þessara reglna og hversu þeim verður beitt. Þótt sumar þeirra meginreglna sem raktar voru sé að finna í Rómarsamningnum er ljóst að hann hefur að geyma um margt ítarlegri reglur um þessi efni og leiðbeiningar um það hversu þeim verði beitt. Af þessum sökum leikur tæpast vafi á að telja verður æskilegt að lögfesta þessar reglur hér á landi.

Lengi vel var það skoðun manna á Norðurlöndum að reglur norrænu kaupalaganna væru í góðu samræmi við þær reglur sem almennt giltu í alþjóðlegum kaupum þótt frá því væru undantekningar að því er varðar þau lönd sem byggja á engilsaxneskum lagahefðum (common law). Eigi að síður fylgdust norrænu ríkin vel með því alþjóðlega samstarfi, sem hófst um miðbiki þessarar aldar og miðað hefur að því að koma á réttareiningu á sviði kauparéttarins í alþjóðlegum samskiptum, ýmist með samræmdum lagskilareglum á þessu réttarsviði eða samræmdum efnisreglum.

Árið 1955 var gerður alþjóðlegur samningur sem kenndur er við Haag í Hollandi og ber heitið *Convention on the Law Applicable to International Sales of Goods*. Þessi samningur fjallar um það hvaða efnisreglum skuli beita við úrlausn deilumála sem upp kunna að koma í milliríkjakaupum sem aðilar ríkja samningsins standa að. Samningurinn inniheldur lagaskilareglur á þessu sviði. Meginregla samnings þessa er sú að aðilar kaupsamnings geta samið um hvers lands lögum beita ber um kaup þeirra. Ef slíku samningsákvæði er ekki til að dreifa skal leggja til grundvallar lög í því landi þar sem seljandinn hafði aðsetur þegar hann tók við pöntun varðandi kaupin. Ef útibú frá aðalstöðvum seljanda tók við pöntun skal miða við lög í því landi þar sem útibúið er. Þá er einnig í samningnum að finna ákvæði um hvers lands lög skuli gilda varðandi skoðun á söluhlut og mörg fleiri atriði sem ekki er ástæða til að rekja frekar hér. Danir, Svíar, Finnar og Norðmenn hafa fullgilt þennan samning og sett samhljóða lög um efni hans. Af öðrum þjóðum sem fullgilt hafa samning þennan má nefna Ítali, Frakka, Svisslendinga og Belga.

Á ráðstefnu sendierindreka í Haag í Hollandi var 30. október 1985 gengið frá nýjum samningi um milliríkjakaup. Gildissvið hans er rýmra en samningsins frá 1955 og jafnframt er kaupanda og seljanda veittur rýmri réttur til að semja um lagaval. Óvíst er hins vegar hverja þýðingu sá samningur kemur til með að hafa í framtíðinni, m.a. með tilkomu samnings Sameinuðu þjóðanna.

Árið 1964 voru gerðir tveir alþjóðlegir samningar, sem einnig eru kenndir við Haag í Hollandi. Annar þeirra ber heitið *Convention Relating to a Uniform Law on the Formation of Contracts for the International Sale of Goods* (ULFIS) og hinn nefnist *Convention Relating to a Uniform Law on the International Sale of Goods* (ULIS). Samningarnir voru gerðir að frumkvæði stofnunar þeirrar í Róm, sem starfar að samræmingu reglna á sviði einkaréttarins, *The International Institute for Unification of Private Law* (UNIDROIT). Með þeim er þess freistað að samræma efnisreglur aðildarríkjanna um milliríkjakaup og innihalda þeir því ekki beinlínis lagaskilareglur. Samningarnir gengu formlega í gildi árið 1972, en tiltölulega fá ríki hafa fullgilt þá og hafa markmiðin sem að var stefnt að því leyti ekki náðst þar sem ljóst virðist að þeim muni ekki fjölga. Samningarnir frá 1964 gengu formlega í gildi árið 1972, en fá ríki fullgiltu þá. Aðild fimm ríkja var skilyrði fyrir gildistöku samninga þessara og þær þjóðir, sem fullgilt hafa samningana, lögfestu efnisreglur þeirra.

Ísland hefur ekki gerst aðili að framangreindum samningum frá 1964, þ.e. þeir hafa hvorki verið undirritaðir né fullgiltir fyrir Íslands hönd, og löggjöf hér á landi hefur ekki verið færð til samræmis við efni þeirra.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í desember 1966 ályktun þess efnis að sett skyldi á laggirnar sérstök fastanefnd eða undirstofnun samtakanna, sem hafa skyldi það hlutverk að efla og styrkja samræmingu alþjóðlegrar viðskiptalöggjafar. Stofnunin, sem tók til starfa skömmu síðar, var nefnd UNCITRAL, sem er skammstöfun á *The United Nations Commission on International Trade*, og hefur hún skrifstofur í Vínarborg í Austurríki. Hún fékk það verkefni að undirbúa gerð áðurnefnds alþjóðasamnings um kaup, þ.e. samning Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1980 (CISG). Gerð hans tók um tvo áratugi og hafði sú vinna það m.a. að markmiði að koma fram með nýjan samning á þessu réttarsviði, sem leyst gæti af hólmi Haag-samningana frá 1964.

Fyrstu drög hins nýja samnings voru kynnt árið 1974 og eftir það endurskoðaðar gerðir árin 1975, 1976, 1977 og 1978. Að gerð samningsdraganna vann starfshópur skipaður fulltrúum 14 ríkja, sem tilheyrðu mismunandi réttarkerfum. Drögin voru rædd á þingum UNCITRAL og voru þau samþykkt þar árið 1978. Vorið 1980 kvaddi allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til alþjóðlegrar ráðstefnu í Vínarborg í Austurríki þar sem saman komu fulltrúar

62 ríkja og átta alþjóðastofnana. Á ráðstefnunni var gengið frá nýjum sáttmála, CISG. Ráðstefnan hófst 10. mars 1980 og lauk 11. apríl sama ár. Undirbúningur hennar fór að mestu fram í tveimur starfsnefndum. Hafði önnur það hlutverk að semja drög að efnisreglum, en hin samdi drög að lokaákvæðum samningsins. Við lok ráðstefnunnar voru drögin sameinuð og fram fór atkvæðagreiðsla um hverja grein fyrir sig og að því loknu atkvæðagreiðsla um samninginn í heild. Var hann samþykktur á ráðstefnunni án verulegra athugasemda og efnisbreytinga.

Í 99. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna eru ákvæði um gildistöku hans. Þar kemur fram að hann tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar þegar liðnir eru tólf mánuðir frá því að tíu ríki hafa fært framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna gögn um fullgildingu, móttöku eða samþykki hans. Þessu marki var náð 1. janúar 1988, en þá höfðu m.a. Bandaríkin, Argentína, Egyptaland, Frakkland, Ítalía, Júgóslavía, Kína, Lesótó, Sýrland, Ungverjaland og Sambía fullgilt sáttmálann. Finnland og Svíþjóð gerðust aðilar að samningnum 15. desember 1987, Noregur 20. júlí 1988 og Danmörk 14. febrúar 1989. Árið 1994 voru aðildarríkin orðin 34 og nú eru þau 48 talsins.

Þótt samningur Sameinuðu þjóðanna (CISG) hafi formlega ekki verið endurskoðun á Haag-samningunum frá 1964 er honum eigi að síður ætlað það hlutverk að vera í framtíðinni eina réttarheimildin við úrlausn ágreiningsefna á sviði alþjóðlegra kaupa. Sést þetta m.a. á því að í 99. gr. hans er gert ráð fyrir því að þjóðir sem fullgilda samninginn og eru jafnframt aðilar að Haag-samningunum skuli fella niður fullgildingar sínar á síðarnefndu samningunum. Einnig birtist þetta í því að í samningi Sameinuðu þjóðanna er að finna efnisreglur sem ætlað er að leysa af hólmi efnisákvæði beggja Haag-samninganna frá 1964, bæði ULFIS og ULIS. Í heild má segja að reglur samnings Sameinuðu þjóðanna séu bæði skýrari og afmarkaðri en reglur Haag-saminganna frá 1964, þótt á þeim hafi vissulega verið byggt í mörgum atriðum.

Eins og fyrr segir var samningur Sameinuðu þjóðanna samþykktur á Vínarráðstefnunni 11. apríl 1980 og frá þeim tíma opinn til undirritunar. Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland undirrituðu samninginn 26. maí 1981, en Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að honum. Samningurinn gildir um alþjóðleg lausafjárkaup, þ.e. kaup á lausafjármunum þar sem aðilar hafa atvinnustöð sína í mismunandi ríkjum. Hann gildir í þeim tilvikum þegar bæði ríkin eru aðilar samningsins eða þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að kauparéttarreglum eins samningsríkjanna ber að beita.

Neytendakaup og ákveðnar tegundir kaupa aðrar, t.d. kaup á skipum og loftförum, falla utan gildissviðs samnings Sameinuðu þjóðanna (2. gr.). Utan gildissviðs hans falla einnig álitaefni er varða gildi kaupsamnings og afstöðuna gagnvart þriðja manni, t.d. afstöðuna gagnvart fyrri söluaðila og þrotabúi aðila. Ákvæði samningsins eru þar að auki frávíkjanleg, þ.e. aðilar geta samið um aðrar reglur en þær sem leiðir af samningnum (6. gr.).

Samningur Sameinuðu þjóðanna er í fjórum hlutum. Í *I. hluta* eru reglur um gildissvið og almenn ákvæði. Þar eru reglur um túlkun samningsins, yfirlýsingar aðila og athafnir þeirra. Einnig er þar fjallað um þýðingu verslunarvenju og við hverja af fleiri atvinnustöðum skuli miða við beitingu samningsins. Meginregla samningsins er sú að kaupsamningar eru óformbundnir, en um það má gera fyrirvara (12. og 96. gr.). Í *II. hluta* eru nánari reglur um samningsgerðina, m.a. um gerð og afturköllun tilboðs og samþykkis.

Efnisreglur um kaup er að finna í *III. hluta* samningsins, en hann skiptist í fimm kafla sem hér verður nánari grein gerð fyrir. Í fyrsta kafla í III. hluta eru almennar reglur um kaup. Þar er m.a. að finna almenna skilgreiningu á því hvað telja beri verulega vanefnd og einnig eru þar reglur um hver skuli bera áhættuna af sendingu tilkynninga til gagnaðila. Í öðrum kafla

III. hluta eru reglur um skyldur seljanda, bæði að því er varðar afhendingu á réttum tíma og galla, og kafli þessi skiptist í þrjá undirkafla (sections). Í undirkafla eitt eru reglur um afhendingu söluhlutar og afhendingu skjala. Í undirkafla tvö eru nánari reglur um ástand söluhlutar og um rannsóknar- og tilkynningarskyldu kaupanda, auk reglna um hvað teljast skuli réttarágallar (42. gr.). Í undirkafla þrjú eru ákvæði um úrræði vegna vanefnda seljanda. Hér er að finna sameiginleg ákvæði um bæði greiðsludrátt og galla. Einnig eru hér reglur um það m.a. að kaupandi getur krafist úrbóta og um heimildir kaupanda til að setja viðbótarfrest (nachfrist). Einnig eru hér reglur um riftun og afslátt af kaupverði.

Ákvæðin í þriðja kafla III. hluta fjalla um skyldur kaupanda. Þar eru ákvæði um greiðslu kaupverðs (undirkafli eitt) og um skyldu kaupanda til að veita sendingu viðtöku (undirkafli tvö). Í skyldu kaupanda til þess að veita hlut viðtöku felst bæði það að taka á móti hlut og gera allar þær ráðstafanir, sem með sanngirni má krefjast af honum, til að gera seljanda kleift að afhenda hann (60. gr.). Í undirkafla þrjú eru reglur um úrræði seljanda í tilefni vanefnda af hálfu kaupanda. Þeim úrræðum má beita þegar kaupandi hvorki greiðir kaupverð né veitir söluhlut viðtöku og þegar hann vanefnir aðrar skyldur sínar (aukaskyldur). Ákvæðin veita seljanda rétt til að krefjast efnda, riftunar og skaðabóta. Einnig eru reglur um heimild seljanda til að setja kaupanda viðbótarfrest til að efna skyldur sínar.

Í fjórða kafla í III. hluta eru reglur um áhættuskipti og í fimmta kafla eru sameiginleg ákvæði um skyldur seljanda og kaupanda. Í undirkafla eitt eru ákvæði um fyrirsjáanlegar vanefndir og um samninga þar sem afhenda á hið selda smátt og smátt. Í undirkafla tvö eru reglur um útreikning skaðabóta og í undirkafla fjögur reglur um ástæður sem leysa undan skaðabótaábyrgð. Aðalreglan er sú að aðili ber ekki ábyrgð á vanefndum á skyldum sínum ef hann sannar að þær má rekja til hindrunar sem hann réði ekki við. Í kaflanum eru auk þess reglur um vexti (undirkafli þrjú), um áhrif riftunar (undirkafli fimm) og um umönnun hlutarins (undirkafli fjögur).

Í *IV. hluta* samningsins er að finna lokaákvæði hans. Þar eru m.a. reglur um heimildir til að gera fyrirvara varðandi tiltekin ákvæði samningsins. Þannig getur ríki t.d. skv. 92. gr. gert fyrirvara varðandi II. hluta samningsins um samningsgerð eða varðandi III. hluta um kaup. Sérstaka þýðingu fyrir norrænu löndin hefur sá kostur að gera fyrirvara samkvæmt ákvæðum 94. gr. (nágrannalandaákvæðið). Samkvæmt þessu ákvæði geta eitt eða fleiri ríki sem hafa sömu eða svipaðar réttarreglur á því sviði, sem samningurinn tekur til, samþykkt að samningurinn skuli ekki gilda milli aðila sem hafa atvinnustöð sína í þessum löndum. Enn fremur getur ríki samkvæmt ákvæðum 95. gr. samningsins gert fyrirvara um að samningurinn skuli aðeins gilda milli aðila sem hafa atvinnustöð í ríkjum sem hafa samþykkt samninginn. Ef ekki er gerður slíkur fyrirvari gildir samningurinn, jafnvel þótt aðeins annað ríkjanna hafi gerst aðili að honum, þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að leggja ber lög þess lands til grundvallar. Samningur Sameinuðu þjóðanna öðlaðist gildi tólf mánuðum eftir að tíunda ríkið staðfesti hann, 1. janúar 1988.

III.

Frumvarpið er eins og fyrr segir byggt á Rómarsamningnum. Sú leið hefur verið valin að fylgja ákvæðum hans í öllum helstu atriðum, að öðru leyti en því að sleppt er ákvæðum 23. gr. sem varða heimildir einstakra samningsríkja til að gera fyrirvara við ákvæði 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 10. gr., svo og ákvæðum í III. kafla (lokaákvæði) sem varða endurskoðun samningsins, undirritun, o.fl. Sérstaklega er bent á að sleppt er ákvæði 18. gr. Rómarsamningsins sem varðar túlkun ákvæða hans. Hefur verið látið nægja að rekja í greinargerðinni þau sjónarmið sem telja má eðlilegt að lögð verði til grundvallar túlkun lagaákvæða frum-

varpsins, ef að lögum verður, sbr. nánar kafla IV. hér á eftir. Þá hafa einstök ákvæði verið staðfærð og löguð að íslenskum aðstæðum með hliðsjón af því að Ísland er ekki aðili að samningnum. Má þar nefna að þar sem Rómarsamningurinn vísar til aðildarríkja sinna er í frumvarpi þessu vísað til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Að öðru leyti eru allar efnisreglur samningsins sem taldar verða skipta máli óbreyttar. Nánar verður fjallað um þessi atriði í athugasemdum við einstakar greinar eftir því sem tilefni er til.

Hinn 19. desember 1988 voru gerðar tvær bókanir við samninginn sem varða heimildir EB-dómstólsins til að túlka ákvæði hans. Ekki hefur verið tekið tillit til þeirra bókana í frumvarpinu.

Þess má geta að frumvarpið er í aðalatriðum í samræmi við þá leið sem valin var í Finnlandi þegar reglur samningsins voru lögfestar þar í landi árið 1988. Unnið er að lögfestingu ákvæða hans í Noregi á svipuðum nótum. Auk þess gilda þessar reglur í Danmörku og Sviþjóð á grundvelli aðildar þeirra að ESB og samningnum.

IV.

Í 18. gr. Rómarsamningsins er að finna ákvæði sem varða túlkun ákvæða hans. Þar kemur fram að við túlkun og beitingu ákvæðanna skuli taka tillit til alþjóðlegs eðlis þeirra og þarfarinnar fyrir einsleita túlkun og beitingu í öllum þeim ríkjum þar sem sömu reglur gilda. Þá hafa verið gerðar tvær bókanir við samninginn, eins og fyrr segir, þar sem gert er ráð fyrir því að EB-dómstóllinn skuli hafa vald til að túlka ákvæði hans. Er það liður í að ná fram þeirri samræmingu sem 18. gr. gerir ráð fyrir.

Með lögfestingu þessa frumvarps verða efnisreglur Rómarsamningsins, þær sem teknar eru upp í frumvarpið, hluti af íslenskum rétti og hafa þar stöðu sem almenn lög. Um túlkun þeirra og beitingu fer því samkvæmt þeim aðferðum og sjónarmiðum sem tíðkast í íslenskum rétti almennt. Á hitt ber þó að líta að lögfesting þessara reglna er liður í því að samræma íslenska löggjöf á þessu sviði löggjöf og lagaframkvæmd í ríkjum EB. Af þessum sökum verður að telja heppilegt að túlkun þeirra og framkvæmd sé einnig samræmd Rómarsamningnum. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga við túlkun ákvæða frumvarpsins og framkvæmd hér á landi. Að öðrum kosti er hætta á að markmiðin með lögfestingu þessara reglna náist ekki.

Af framangreindu leiðir að heppilegt verður að telja að tillit verði tekið til dómaframkvæmdar EB-dómstólsins sem varðar túlkun og beitingu samningsins, auk dómaframkvæmdar í einstökum ríkjum EB. Eiga því hér við svipuð sjónarmið og gilda um EES-samninginn yfirleitt, sbr. einkum 6. gr. hans, og þau sjónarmið sem gilda um túlkun og beitingu Lúganósamningsins, sbr. bókun 2 við þann samning. Sömu sjónarmið eiga einnig við um túlkun og beitingu mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og raunar alla alþjóðasamninga sem lögfestir hafa verið hér á landi. Að sjálfsögðu eru íslenskir dómstólar ekki á neinn hátt bundnir af þeim dómsúrlausnum EB-dómstólsins eða úrlausnum dómstóla aðildarríkja sem varða Rómarsamninginn. Engu síður er eðlilegt að tillit verði tekið til þeirra eigi markmiðin með lögfestingu frumvarpsins að nást.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er gildissvið laganna skilgreint. Þar kemur fram að lögin eiga við um alla samninga sem tengjast fleiri en einu landi þar sem reynt getur á það álitaefni hvers lands lögum eigi að beita við úrlausn réttarágreinings sem kann að leiða af samningum. Þetta ber að skilja svo að lögin eiga ávallt við álitaefni þau sem rísa vegna samninga ef sakarefni tengist erlendum rétti, þ.e. þegar til greina kemur að önnur lög en íslensk (lög dómstólsríkisins) eigi við

um úrlausn ágreinings. Aðilar kunna t.d. að hafa samið um að lög annars lands skuli gilda, þeir eru ríkisborgarar eða búsettir hver í sínu landi, samningur var gerður í öðru landi eða hann á að efna að öllu eða einhverju leyti í öðru landi. Þetta þýðir, svo dæmi sé tekið, að ákvæði laganna eiga við ef tveir íslenskir aðilar semja svo sín í milli að um úrlausn ágreinings sem kann að rísa vegna samnings skuli farið að dönskum lögum og skiptir þá ekki máli þótt samninginn eigi að efna að öllu leyti á Íslandi og aðilar séu báðir íslenskir ríkisborgarar og eigi þar heima. Samningsfrelsi aðila að þessu leyti kunna þó að vera takmörk sett, eins og fram kemur í ýmsum ákvæðum frumvarpsins, sbr. t.d. 5. gr. um neytendasamninga og 6. gr. um vinnusamninga, sem nánar er fjallað um í athugasemdum við þær greinar.

Bent er á að í ákvæðum frumvarpsins og í athugasemdum hér að framan er notað orðalagið „lög annars ríkis". Þrátt fyrir þetta orðalag eiga ákvæði frumvarpsins við þótt ágreiningur sé um hvaða lögum eigi að beita þegar um er að ræða fleiri en eitt réttarkerfi innan sama ríkis, sbr. t.d. ef ágreiningur væri um hvort beita skuli lögum Englands eða Skotlands, eða eftir atvikum lögum Texas eða Flórída þegar samningur hefur tengsl við Bandaríkin.

Álitamál kunna að koma upp varðandi það hvað hugtakið „samningsskuldbinding" (contractual obligation) merkir. Þannig má varpa fram þeirri spurningu eftir hvers lands lögum það fari hvort skuldbinding teljist samningsskuldbinding í skilningi laganna. Ef tekið er mið af viðhorfum fræðimanna sem fjallað hafa um skýringar á Rómarsamningnum er meginviðhorfið það að hugtakið „samningsskuldbinding" í honum sé Evrópuréttarlegs eðlis. Þetta merkir að inntak hugtaksins ákvarðast af Evrópuréttinum sjálfum, en ekki af lögum einstakra aðildarríkja samningsins. Þetta er rökstutt með því að erfitt sé að öðrum kosti að tryggja einsleita og samræmda skýringu og framkvæmd samningsins í einstökum aðildarríkjum hans. Þótt Ísland sé ekki aðili að samningnum leiða þau rök sem búa að baki flutningi þessa frumvarps til þess að við þetta verði einnig að miða við framkvæmd og túlkun laganna hér á landi. Við skýringu á gildissviði laganna er því eðlilegt og heppilegt að gildissvið væntanlegra laga verði markað með sama hætti og gert hefur verið og mun verða gert að því er varðar Rómarsamninginn.

Almenn skilgreining Evrópuréttarins er sú að með samningsskuldbindingum sé átt við skuldbindingar sem aðili hefur bakað sér af fúsum og frjálsum vilja. Þannig getur samningsskuldbinding sem stofnast með einhliða yfirlýsingu annars aðila, t.d. þegar um gjafagerninga er að ræða, átt undir ákvæði frumvarpsins. Með því að takmarka gildissvið laganna við skuldbindingar sem rísa af samningum milli aðila eða skuldbindingar sem leiðir af einhliða yfirlýsingum eins aðila, sem baka honum skuldbindingar gagnvart öðrum, falla mál sem varða eignarréttindi og hugverkaréttindi (intellectual property) utan gildissviðs ákvæða frumvarpsins.

Í 2. mgr. eru taldar upp nokkrar tegundir samninga og samningsskuldbindinga sem falla utan gildissviðs laganna:

Í a-lið kemur fram að lögin eigi ekki við um álitaefni sem varða persónulega réttarstöðu manna eða gerhæfi. Af þessu leiðir að álitaefni sem varða gerhæfi ber að leysa á grundvelli þeirra lagaskilareglna á sviði persónuréttar sem gilda í dómstólsríkinu. Þetta er þó sagt með fyrirvara um 11. gr., en þar kemur fram að einstaklingur, sem er aðili samningssambands þar sem báðir aðilar eru í sama landinu, geti því aðeins borið fyrir sig gerhæfisskort sinn samkvæmt lögum annars lands að hinum aðilanum hafi verið kunnugt um gerhæfisskortinn eða mátt vera um hann kunnugt.

Í b-lið kemur fram að samningsskuldbindingar sem varða erfðir, þ.m.t. erfðaskrár, fjármálatengsl hjóna, eða réttindi og skyldur af sifjaréttarlegum toga, svo sem um samband foreldra og barna, mægðir, skyldleika og hjúskap, þ.m.t. samningar um framfærslu barna, falla

utan gildissviðs laganna. Tilgangur þess ákvæðis er í reynd að fella undan gildissviði laganna alla samninga sem varða erfða- og sifjaréttarleg málefni.

Í c-lið kemur fram að samningsskuldbindingar sem reistar eru á víxlum, tékkum, skuldabréfum og öðrum viðskiptabréfum, að svo miklu leyti sem álitaefni sem til úrlausnar eru snerta eðli þeirra sem viðskiptabréfa, falla utan gildissviðs laganna. Við gerð Rómarsamningsins voru þau rök færð fyrir þessu að hinar sveigjanlegu meginreglur laganna, einkum þær sem fram koma í 3. og 4. gr., voru taldar eiga illa við um viðskiptabréf. Þá skal bent á að flest ríki Evrópska efnahagssvæðisins eru aðilar að Genfarsamþykktinni um víxillög frá 1930 og annarri samþykkt um tékkalög sem skuldbundu aðila til að taka upp í lög hjá sér reglur sem væru samhljóða texta að slíkum lögum sem fylgdu samþykktunum. Samþykktirnar voru ekki undirritaðar af Íslands hálfu, en þrátt fyrir það þótti rétt að breyta íslenskum lögum um víxla og tékka til samræmis við þær. Sérstakar lagaskilareglur er þannig að finna víxil- og tékkalögum.

Í d-lið kemur fram að gerðardómssamningar og samningar um val á dómstóli falla utan gildissviðs laganna. Þegar um er að ræða samninga sem innihalda m.a. ákvæði um gerðardómsmeðferð eða val á dómstóli leiðir af þessari undantekningu að aðeins þau ákvæði falla utan gildissviðs laganna, en ekki samningurinn að öðru leyti.

Í e-lið er tekið fram að utan gildissviðs laganna falli álitaefni sem eiga undir löggjöf um fyrirtæki, félög eða aðrar lögpersónur. Hér undir falla t.d. mál sem varða stofnun (með skráningu eða öðrum hætti), löghæfi, innra skipulag eða slit og persónulega ábyrgð stjórnenda eða meðlima. Með þessu er stefnt að því að fella utan gildissviðs laganna allt sem fellur undir löggjöf um félög og fyrirtæki, annað en hreina samninga milli stofnenda þeirra. Þetta byggist á því að talið hefur verið að sérstakar lagaskilareglur þurfi á því sviði sem um ræðir í e-lið og hefur talsvert starf farið fram innan Evrópusambandsins í því skyni að samræma þær.

Í f-lið er tekið fram að lögin eigi ekki við um álitamál sem upp kunna að koma um heimildir umboðsmanns til að binda skjólstæðing sinn og um heimild stjórnenda til binda fyrirtæki, félög eða aðrar lögpersónur. Mál sem rísa kunna um heimildir umboðsmanna eða fyrirsvarsmanna að þessu leyti ber því að leysa á grundvelli laga þess lands þar sem til slíks umboðssambands er stofnað, þ.m.t. lagaskilareglna þeirra sem kunna að eiga við.

Í g-lið eru felld undan gildissviði laganna álitaefni sem varða stofnun fjárvörslusjóða (trust) og mál sem varða lögskipti stofnanda (settlor), vörslumanns (trustee) og réttahafa (beneficiaries). Skilgreining á fjárvörslusjóði miðast fyrst og fremst við enskan rétt þar sem slík stofnun er vel þekkt fyrirbæri og hefur skýrt afmarkaða merkingu. Hliðstæðir fjárvörslusjóðir þekkjast í öðrum löndum Evrópu og mundu þeir á sama hátt falla utan þessa ákvæðis, enda beri þeir öll einkenni slíkra sjóða. Það kemur í hlut dómstóla að meta það hverju sinni hvort sjóður fellur undir hugtakið fjárvörslusjóður samkvæmt lögum þessum, m.a. með samanburði við enskan rétt.

Í h-lið er fjallað um undantekningar sem varða reglur um sönnun og málsmeðferð. Ákvæðið er takmarkað við tvo þætti sönnunar, þ.e. sönnunarbyrði og um aðferðir við að sanna athafnir sem hafa þýðingu um ráðstöfun sakarefnis.

Í 3. mgr. er fjallað um vátryggingarsamninga sem varða vátryggingaratburði sem verða innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar er tekið fram að lögin eigi ekki við um slíka vátryggingarsamninga. Undantekning er þó gerð varðandi samninga um endurtryggingu. Hún á þó aðeins við um vátryggingaratburði sem verða innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 4. mgr. Varði vátryggingarsamningur atburði sem verða utan þess eiga lögin við, enda sé öðr-

um skilyrðum fyrir því fullnægt. Við ákvörðun um hvort atburður hafi gerst innan Evrópska efnahagssvæðisins ber að beita lögum dómstólsríkis.

Um 2. gr.

Með ákvæðinu er lögð áhersla á víðfeðmt gildissvið frumvarpsins. Það er ekki bundið við að ákvæði þess leiði til að beita beri lögum lands sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig gilda þau einnig fullum fetum þótt þau leiði til þess að beitt verði reglum lands utan svæðisins. Ástæða er til að taka þetta fram þar sem reglur laganna geta auðveldlega leitt til þess að beita beri lögum ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins, t.d. vegna þess að aðilar hafa samið um það, sbr. 3. gr. Aðrar reglur laganna geta einnig leitt til hins sama, sbr. t.d. 4. gr. þegar samningur er talinn hafa sterkust tengsl við það land.

Um 3. gr.

Meginregla frumvarpsins kemur fram í 1. mgr., en samkvæmt því ákvæði eiga við þau lög sem samningsaðilar hafa komið sér saman um. Slíkt samkomulag getur ýmist komið fram í samningnum berum orðum, eða verður með vissu talið felast í honum eða öðrum atvikum sem tengjast samningsgerðinni.

Þessi regla er þegar viðurkennd í íslenskum lagaskilarétti og er raunar viðurkennd sem grundvallarregla í lagaskilarétti á sviði samningaréttar um allan heim. Svipaða eða sömu reglu er að finna í fjölmörgum alþjóðasamningum á sviði lagaskilaréttar. Reglan sækir stoð sína í grundvallarregluna um samningsfrelsið og styðst við augljós rök, sem ekki er þörf á að rekja hér. Þrátt fyrir það sætir hún vissum takmörkunum sem síðar verða raktar.

Aðilar geta ýmist samið um lagaval berum orðum í samningi eða það verður eftir atvikum talið felast í samningnum með vissu eða öðrum atvikum sem samningsgerðinni tengjast. Hið fyrra gefur ekki tilefni til mikilla athugasemda. Helst kemur til greina að víkja frá því sem berum orðum segir í samningi ef gild rök eru til þess að ætla að um hrein mistök eða pennaglöp hafi verið að ræða. Síðara atriðið veitir aftur á móti svigrúm til túlkunar. Samkvæmt því er í sjálfu sér ekki nauðsynlegt að aðilar taki afstöðu til lagavals berum orðum í samningi sínum heldur nægir að það verði af honum ráðið án skynsamlegs vafa eða af öðrum atvikum. Dæmi um þetta gæti verið þegar samningur gerir ráð fyrir að mál skuli reka fyrir íslenskum dómstólum. Þetta ætti að veita nokkuð örugga vísbendingu um að farið skuli að íslenskum lögum, þótt það sé ekki tekið fram, nema atvik bendi sterklega til annars. Þá er hugsanlegt að aðilar hafi áður gert samninga svipaðs efnis þar sem afstaða hefur verið tekin til lagavals og gæti það gefið sterka vísbendingu um hug aðila að þessu leyti, nema annað verði ráðið af sjálfum samningnum. Þá er hugsanlegt að til staðar séu rammasamningar eða heildarsamningar um viðskipti aðila þar sem finna má ákvæði sem lúta að lagavali, þótt þau sé ekki að finna í þeim tiltekna samningi sem ágreiningur hefur risið út af.

Í niðurlagi 1. mgr. er tekið sérstaklega fram að samningsaðilar geti samið um að tiltekin lög skuli gilda um samninginn í heild eða að hluta. Þannig er vel hugsanlegt að reglur eins lands eigi við um tiltekinn hluta samningsins, en reglur annars lands um aðra hluta hans (depeçage). Þessi möguleiki undirstrikar frelsi samningsaðila til að semja um slíkt og er í fullu samræmi við regluna í 1. mgr.

Reglan sem fram kemur í 2. mgr. er í fullu samræmi við 1. mgr. Í henni felst að aðilar geta á síðari stigum, eftir að samningur hefur verið gerður, breytt samkomulagi sínu um lagaval eða því lagavali sem leiðir af reglum laganna. Þetta er þó háð því skilyrði að slíkt samkomulag hafi ekki áhrif til hins verra á réttarstöðu þriðja manns sem kann að hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að fyrri ákvörðun sé ekki breytt án samþykkis hans.

Í 3. mgr. eru settar vissar skorður við fullu frelsi aðila til að semja um lagaval. Í henni felst að hafi samningsaðilar samið um að beitt skuli erlendum lögum, hvort sem ágreining á að leggja undir erlendan dómstól eða ekki, en málefni samningsins tengjast að öðru leyti aðeins einu landi, komi slíkur samningur ekki í veg fyrir, séu skilyrði til þess að öðru leyti fyrir hendi, að unnt sé að beita ófrávíkjanlegum reglum þess lands sem samningurinn tengist.

Regla 3. mgr. hefur það hlutverk að stemma stigu við því að þegar samningur hefur í reynd aðeins tengsl við eitt land (a fully domestic situation) geti aðilar farið í kringum ófrávíkjanlegar reglur þess lands með því að vísa til laga eða reglna annars lands sem ekki innihalda slíkar ófrávíkjanlegar reglur. Vitaskuld getur þessi regla valdið túlkunarerfiðleikum í framkvæmd. Í fyrsta lagi þarf að meta hvort samningur tengist í reynd að öllu leyti aðeins einu landi og í öðru lagi hverjar eru hinar ófrávíkjanlegu reglur sem við eiga. Dæmi um hið fyrrnefnda væri t.d. þegar aðilar eru báðir eða allir búsettir í sama landi, samningurinn er gerður þar og hann á að efna þar að fullu. Með hinum ófrávíkjanlegum reglum er átt við reglur sem aðilar gætu ekki samið sig undan við hreinar innanlandsaðstæður (domestic situation). Enn fremur er rétt að benda á að samningsfrelsi aðila er einnig nokkuð takmarkað í 5. og 6. gr., svo sem nánar er vikið að í athugasemdum við þær greinar.

Í 4. mgr. kemur fram að ákvörðun um það hvort samþykki um lagaval er til staðar og um gildi þess fari skv. 8., 9. og 11. gr. laga þessara. Í þessu ákvæði er tekið af skarið um það að rísi upp álitamál um efnislegt eða formlegt gildi ákvæðis í samningi um lagaval skuli tilvitnuð ákvæði eiga við, rétt eins og um önnur atriði sem lúta að efnislegu eða formlegu gildi samnings.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú regla að þegar aðilar hafa ekki samið um lagaskil og ekki verður með neinni vissu ráðið af samningum að öðru leyti hvers lands lögum aðilar ætlast til að verði beitt skuli beita lögum þess lands sem samningurinn hefur sterkust tengsl við. Áþekk regla var fyrir gildistöku Rómarsamningsins viðurkennd í flestum ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu og sama regla hefur verið talin eiga við hér á landi. Í ákvæðinu er enn fremur tekið fram að hafi afmarkaður hluti samningsins nánari tengsl við annað land en það sem leiða mundi af 1. málsl. ákvæðisins, sé unnt að beita lögum þess lands að því er þann hluta samnings varðar. Mælikvarði sá sem notaður er í 1. mgr. er vissulega matskenndur. Af þeim sökum er að finna í 2.–5. mgr. nánari leiðbeiningarreglur um það hvernig ákvarða ber hvaða land samningur hefur sterkust tengsl við.

Í 2. mgr. kemur fram að litið skuli svo á að jafnaði að samningurinn hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá aðili býr við samningsgerðina sem á að efna aðalskyldu samningsins. Þegar fyrirtæki, félag eða önnur lögpersóna ber aðalskylduna skal að jafnaði litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem viðkomandi aðili hefur aðalstöðvar sínar. Rétt er að benda á að orðalagið „að jafnaði“ merkir að hugsanlegt er að líta fram hjá reglunni ef átvik að öðru leyti mæla sterklega með því, sbr. einnig 5. mgr. þessarar greinar.

Tilgangur 2. mgr. er í fyrsta lagi sá að setja fram leiðbeiningarreglu um það hvernig beri að ákvarða við hvaða land samningur hefur sterkust tengsl. Reglan er hins vegar háð því skilyrði að unnt sé að ákvarða það sem kallað er aðalskylda samnings, enda á hún ekki við að öðrum kosti, sbr. nánar 5. mgr. greinarinnar. Enn fremur takmarkast gildissvið reglunnar af 3. og 4. mgr. greinarinnar þegar um er að ræða tilteknar tegundir samninga. Í öðru lagi þjónar regla 2. mgr. því hlutverki að ákvarða nánar hvers lands lögum skuli beitt þegar um er að ræða gagnkvæma samninga, sem aðilum ber að efna hvorum innan sinnar lögsögu. Með því að vísa til aðalskyldu samningsins er gert upp á milli þeirra. Sem dæmi má nefna samning

um kaup á tiltekinni vöru þar sem peningagreiðsla kemur gegn afhendingu vöru og aðilar efna samningsskuldbindingar sínar hvor í sínu landi. Í þessu tilfelli er rétt að gera ráð fyrir að afhending vörunnar sé aðalskylda samningsins, enda er skyldan til að afhenda vöru sértækari en almenn skylda til að inna peningagreiðslu af hendi, og fyrir fram mun líklegri til að hafa í för með sér lögfræðileg álitaefni. Sama á að sjálfsögðu við ef látin er í té þjónusta gegn peningagreiðslu eða önnur réttindi látin af hendi.

Meginreglan sem fram kemur í fyrri hluta 2. mgr. er nánar útfærð í seinni hlutanum. Þar kemur fram að hafi samningurinn verið gerður í tengslum við atvinnurekstur og samning ber að framkvæma á öðrum stað skal litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem sá sem skylduna ber hefur sína aðalstarfsstöð. Í þessu ákvæði kemur aðalstarfsstöð í staðinn fyrir búsetu og aðalstöðvar.

Í 3. mgr. er fjallað sérstaklega um samninga sem varða fasteignir og réttindi yfir fasteignum, þ.m.t. afnotarétt. Ákvæðið gildir einnig þótt aðeins hluti samningsins varði fasteignir, en þá aðeins að því er varðar þann hluta. Í ákvæðinu felst að jafnan skuli litið svo á að samningur hafi mest tengsl við það land þar sem fasteignin er. Þetta er regla sem var talin gilda í lagaskilarétti margra ríkja EBE áður en Rómarsamningurinn tók gildi. Bent skal á að notað er orðalagið „jafnan litið svo á“ sem bendir til þess að unnt er að hnekkja þessari forsendu ef atvik að öðru leyti benda sterklega til þess að samningur hafi eftir sem áður mest tengsl við annað land. Dæmi um þetta gæti verið ef tveir íslenskir aðilar, sem báðir eru búsettir á Íslandi, gerðu samkomulag sín á milli um leigu á sumarhúsi á Ítalíu. Við þessar aðstæður væri unnt að halda því fram að samningurinn hefði mest tengsl við Ísland og því ætti að beita íslenskum lögum, en ekki ítölskum, eins og annars mundi leiða af 3. mgr.

Ákvæði 3. mgr. hefur verið skýrt svo að utan gildissviðs þess falli samningar um byggingu húsa og annarra mannvirkja og viðgerðarsamningar, enda er þar frekar um að ræða viðskipti um þjónustu en samninga sem varða fasteignina sem slíka og réttindi yfir henni. Ákvæði þetta er hliðstætt 1. mgr. 16. gr. Lúganósamningsins, sbr. lög nr. 68/1995. Þar kemur fram að í málum sem varða réttindi yfir fasteign eða leigu fasteignar hafi dómstólar í því landi þar sem fasteignin er einir dómsvald. Að því er varðar samninga sem varða hlutdeild í afnotarétti orlofshúnæðis vísast til laga nr. 23/1997. Þar kemur fram í 2. mgr. 1. gr. að kaupandi að hlutdeild í afnotarétti af fasteign sem staðsett er á Evrópska efnahagssvæðinu nýtur verndar samkvæmt ákvæðum þeirra laga, þótt um samninginn fari eftir löggjöf lands utan svæðisins.

Í 4. mgr. er að finna sérákvæði um samninga um vöruflutninga, sem taka mið af sérstöku eðli slíkra samninga. Þar kemur fram að meginregla 2. mgr. gildir ekki þegar um er að ræða slíka samninga. Þegar um þá er að ræða og flytjandi hefur aðalbækistöðvar í sama landi og farmurinn er lestaður eða hann affermdur eða í sama landi og aðalbækistöðvar sendanda eru skal jafnan litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land. Sem dæmi um beitingu þessa ákvæðis mætti nefna að A gerir samning við Eimskip, sem hefur aðalstöðvar sínar á Íslandi, um flutning á vörum. Þá nægir að samningur uppfylli eitt af þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðinu til þess að íslenskum lögum verði beitt, þ.e. farmurinn sé lestaður á Íslandi eða hann affermdur þar eða sendandi hafi þar sína aðalstarfsstöð. Við beitingu þessa ákvæðis skal litið á farmsamninga um einstaka ferð (single voyage charter-parties) og aðra samninga sem hafa vöruflutninga sem meginmarkmið sem samninga um vöruflutninga. Samningar um flutninga á fólki eiga undir 2. mgr. 3. gr.

Samkvæmt 5. mgr. á 2. mgr. ekki við þegar ekki er unnt að afmarka aðalskyldu samnings. Þetta merkir að beiting leiðbeiningarreglunnar í 2. mgr. á því aðeins við að þetta sé unnt. Að

öðrum kosti verður að meta það eftir atvikum hverju sinni á grundvelli 1. mgr. hvaða land það er sem samningur telst hafa sterkust tengsl við.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar hefur að geyma sérstakar lagaskilareglur varðandi neytendasamninga.

Í 1. mgr. er gildissvið ákvæðisins afmarkað. Hugtakið neytendasamningur á sér samsvörun í 13. gr. Lúganósamningsins. Samkvæmt því er um neytendasamning að ræða þegar maður (neytandi) gerir samning um kaup á vöru eða þjónustu í tilgangi sem telja verður að varði ekki atvinnu hans. Tilgangur ákvæðisins er að vernda neytendur og ber að skýra ákvæðið í samræmi við þann tilgang. Samkvæmt því á ákvæðið aðeins við þegar annar aðili samnings selur vöru eða þjónustu til neytanda sem lið í atvinnu sinni.

Ef viðskiptin fara fram þannig að þau eru hvorki liður í atvinnu seljanda né kaupanda á greinin ekki við, t.d. þegar maður kaupir notaða lausafjármuni (eða fornmuni) af öðrum einstaklingi án þess að það sé liður í atvinnustarfsemi. Þá á hún í samræmi við þetta heldur ekki við þegar báðir aðilar samnings gera hann sem lið í atvinnu sinni. Dæmi um það eru kaup tannlæknis á tækjum til nota í rekstri sínum frá framleiðanda eða söluaðila. Ákvæðið á jafnt við um staðgreiðsluviðskipti og samning um lánsviðskipti sem er gerður í tengslum við kaupin. Hugsanlegt er að aðeins hluti samnings sé neytendasamningur í skilningi þessa ákvæðis og fellur þá sá hluti hans undir ákvæði greinarinnar. Dæmi um íslenskar reglur sem ekki er hægt að víkja frá með samningi neytanda í óhag eru ákvæði laga um neytendalán, nr. 121/1994, sbr. 24. gr. þeirra laga.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem felur í sér að neytandinn skuli aldrei vera verr settur en lög þess lands þar sem hann á heima gera ráð fyrir, jafnvel þótt samningurinn hafi að geyma ákvæði sem gerir ráð fyrir að lög annars lands skuli lögð til grundvallar. Fyrir þessu eru þó sett ákveðin skilyrði sem fram koma í málsgreininni. Nægilegt er að samningur uppfylli eitt þessara skilyrða.

Hið fyrsta tekur til þess þegar undanfari samningsins er sérstakt tilboð til neytandans eða almenn auglýsing og allur nauðsynlegur undirbúningur fyrir samningsgerðina af hans hálfu hafi farið fram í því landi þar sem neytandi býr. Í þessu felst skilyrði um að seljandinn hafi boðið fram vöru sína, svo sem með sérstöku tilboði eða auglýsingu í blöðum, útvarpi eða sjónvarpi, eða á annan hátt í því landi þar sem neytandinn á heima. Hér undir falla einstök tilboð sem seljandi kann að hafa gert viðkomandi neytanda, annaðhvort fyrir tilstilli umboðsmanns eða sérstakra sölumanna, eða sérstök tilboð sem berast honum í pósti, gegnum síma eða á annan hátt. Til nánari skýringar má taka sem dæmi að seljandinn birtir auglýsingu í íslensku blaði eða tímariti. Samningar sem gerðir yrðu í framhaldi af því falla undir sérreglu greinarinnar. Ef slík auglýsing birtist í dönsku blaði, sem ætlað er fyrir danskan markað, gæti Íslendingur búsettur hér á landi ekki borið ákvæðið fyrir sig. Skilyrði er að kaupandinn hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til undirbúnings samningsgerðinni í því landi þar sem hann býr. Þetta skilyrði er orðað á þennan sérstaka hátt til að aðgreina það frá þeim stað þar sem samningur er gerður, þar sem algengt er að slíkir samningar séu gerðir með bréfaskiptum eða fjarskiptum og því oft erfitt að skera úr um það hver samningsstaðurinn í reynd er.

Annað skilyrði er að seljandinn, eða umboðsmaður hans, hafi tekið við pöntun í því landi þar sem neytandinn býr. Þetta skilyrði skarast nokkuð við það sem nefnt er hér að framan, en getur þó haft sjálfstæða þýðingu. Sem dæmi um það er tilvik þegar seljandinn, sem hefur aðsetur í öðru landi, hefur kynnt vöru sína á sýningu í því landi þar sem neytandinn býr, án þess að um auglýsingu eða tilboð sé að ræða, og neytandinn pantar á sýningarstað.

Þriðja skilyrðið tekur til þess þegar samning um sölu vöru er að rekja til þess að neytandinn ferðaðist frá heimalandi sínu til annars lands og gerði samning þar og ferðin var skipulögð að undirlagi seljandans í þeim tilgangi að hvetja neytandann til kaupanna. Þetta eru viðskiptahættir sem eru að nokkru kunnir á meginlandi Evrópu þar sem eigendur stórra verslana eða verslanasamstæðna skipuleggja ferðir, t.d. með langferðabifreiðum, frá nágrannabyggðum í öðru landi í því skyni að auka sölu.

Í 3. mgr. felst að neytandinn nýtur ávallt verndar ófrávíkjanlegra reglna í því landi þar sem hann býr hvort sem samningur hefur að geyma ákvæði um lagaval, sbr. 3. gr., eða þau ákvarðast skv. 4. gr.

Í 4. mgr. kemur fram að ákvæði greinarinnar eigi ekki við um flutningasamninga. Þá eiga þau heldur ekki við þegar neytandi kaupir þjónustu sem á að öllu leyti að láta í té í öðru landi en því þar sem hann á heima. Undantekningin um flutningasamninga byggist á því að reglur 5. gr. eigi illa við um slíka samninga og að þær reglur sem er að finna í 4. mgr. 4. gr. veiti nægilega vernd í þessu efni. Síðari undantekningin byggist á því að við þær aðstæður sem þar er lýst hafi samningur í reynd lítil eða engin tengsl við heimaríki neytandans. Sem dæmi mætti nefna þegar neytandi pantar gistingu á hóteli í öðru landi. Við þessar aðstæður væri óeðlilegt ef neytandi gæti beitt fyrir sig lögum heimaríkis síns.

Ákvæði þessarar greinar tryggja neytanda vernd samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum í því landi þar sem hann á heima. Í enskri útgáfu Rómarsamningsins er notað hugtakið „habitual residence". Með því er átt við dvöl um nokkurn tíma á tilteknum stað, án þess þó að skilyrðum um heimilisfesti (domicil) þurfi að vera fullnægt.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar fela í sér vissar takmarkanir á frelsi til að semja um lagaskil þegar um er að ræða vinnusamninga og miða þær að vernd launþega. Greinin útilokar að sjálfsögðu ekki að aðilar vinnusamnings geti samið um lagaval, enda eiga ákvæði 2. mgr., þegar samkomulag er til staðar, aðeins við að svo miklu leyti sem þær leiða til betri réttarstöðu launþegans en leiða mundi af lögum þess lands sem samið hefur verið um að beita skuli. Sem dæmi má nefna að lög þau sem 2. mgr. vísar til hafi að geyma ákvæði um lengri uppsagnarfrest en leiða mundi af þeim reglum sem vinnusamningurinn vísar til. Við þessar aðstæður gilda um uppsagnarfrestinn lög þau sem málsgreinin vísar til.

Þær ófrávíkjanlegu reglur sem 1. mgr. vísar til eru ekki aðeins reglur sem varða vinnusamninginn sem slíkan heldur einnig t.d. reglur sem leiðir af heildarkjarasamningum og almennum lögum, svo sem um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, enda þótt þær séu hér á landi taldar á sviði opinbers réttar. Þótt orðið vinnusamningur sé notað í ákvæðinu á það í reynd við allar aðstæður þar sem vinnusamband er til staðar, óháð því hvort skriflegur vinnusamningur hefur verið gerður eða ekki, enda eiga ófrávíkjanlegar reglur um vinnusamninga við eftir sem áður. Þá vísar ákvæðið einnig til reglna sem kunna að gilda um ógilda vinnusamninga.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði um það hvernig skuli fara með vinnusamninga ef ekki er samið um lagaskil. Þá eiga við sérstakar reglur sem raktar eru í a- og b-lið. Skv. a-lið skal við þessar aðstæður beita lögum þess lands þar sem launþegi að jafnaði starfar, enda þótt honum hafi tímabundið verið falin störf í öðru landi. Í b-lið er að finna ákvæði sem tekur til þess þegar launþegi vinnur störf sín að jafnaði ekki í neinu tilteknu landi. Við þær aðstæður eiga við lög þess lands þar sem er starfsstöð sú sem réð hann til starfa. Ef aðstæður eru þannig að samningurinn hefur meiri tengsl við annað land ber að beita lögum þess lands.

Um 7. gr.

Skýra má inntak 1. mgr. með dæmi. Mál er rekið fyrir íslenskum dómstóli. Ef lög þessi leiða til þess að beita á norskum lögum en atvik málsins hafa einnig rík tengsl við Þýskaland og í Þýskalandi gilda ófrávíkjanlegar reglur, sem skylt er að beita um samninginn, er heimilt að beita hinum þýsku ófrávíkjanlegu reglum, þótt norsk lög eigi við samninginn að öðru leyti. Við mat á því hvort svo skuli gert ber að taka tillit til eðlis og tilgangs hinna ófrávíkjanlegu reglna og afleiðinga þess að beita þeim eða eftir atvikum beita þeim ekki. Skv. 2. mgr. er aftur á móti ávallt heimilt að beita ófrávíkjanlegum reglum þess lands þar sem málið er rekið (dómstólsríkis). Við þær aðstæður eiga ekki við þær takmarkanir sem fram koma í niðurlagi 1. mgr.

Í 1. mgr. er að finna nokkur matskennd atriði sem ástæða er til að fara nokkrum orðum um. Hið fyrsta er að atvik málsins verða að hafa „náin tengsl" við viðkomandi land. Lausleg tengsl eru ekki nægileg. Sem dæmi um slík náin tengsl er það þegar samning ber að efna í því landi, annar aðili er búsettur þar eða höfuðstöðvar hans eru þar, ef því er að skipta. Í ákvæðinu er notað orðalagið „atvik málsins" sem á að útiloka að reglunni verði beitt þegar aðeins hluti samnings hefur tengsl við viðkomandi land. Þá er niðurlag málsgreinarinnar nokkuð matskennt þar sem mælt er svo fyrir að taka beri tillit til eðlis og tilgangs hinna ófrávíkjanlegu reglna og afleiðinga þess að beita þeim eða, eftir atvikum, láta hjá líða að beita þeim. Hér er dómaranum eftirlátið talsvert svigrúm til mats og m.a. haft í huga að hann þurfi að velja á milli ófrávíkjanlegra reglna fleiri en eins lands.

Með 2. mgr. er ófrávíkjanlegum reglum þess lands þar sem málið er rekið (dómstólsríkis) gefið sérstakt vægi. Þeim reglum getur dómari ávallt beitt án þess að hinum matskenndu skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt. Hér eru einkum hafðar í huga reglur um hringamyndun, neytendavernd, samkeppni og reglur um flutninga, sem eru ófrávíkjanlegar, óháð því hvers lands lögum á annars að beita um ágreininginn.

Við gerð Rómarsamningsins komu þær röksemdir fram fyrir þessari reglu að samningsaðilar gætu ekki farið í kringum ófrávíkjanlegar reglur í landi sem samningur og önnur atvik sem honum tengjast hafa augljós og náin tengsl við.

Um 8. gr.

Í greininni eru ákvæði um það hvers lands lögum skuli beita ef ágreiningur er um efnislegt gildi samnings eða einstakra ráðstafana í tengslum við gerð hans. Þar er gert ráð fyrir að sé ágreiningur um tilvist eða efnislegt gildi samnings eða einstakra ákvæða hans, þ.m.t. ákvæði hans um lagaval, skuli leysa úr slíkum ágreiningi samkvæmt þeim lögum sem eiga mundu við um samninginn ef hann eða einstök ákvæði hans væru gild.

Megintilgangur samsvarandi ákvæðis Rómarsamningsins er að taka afstöðu til þess hvers lands lögum skuli beita við ákvörðun um það hvort og að hvaða marki þögn eða athafnaleysi (tómlæti) aðila getur bakað honum samningsskuldbindingar. Þó er bent á að samkvæmt orðalaginu sé gildissvið greinarinnar ekki bundið við það. Ákvæðið tekur til allra atriða sem varða tilurð og gerð samningsins, þ.e. hvort til staðar eru ógildingarástæður sem valda mundu efnislegu ógildi samningsins. Hér má t.d. nefna fölsun, réttaráhrif tómlætis, réttaráhrif eftirfarandi samþykkis, afbökun, samningur aflagast, þýðingu tilkynninga, hvort um er að ræða málamyndagerning, nauðung, svik, misneytingu, viljaskort, forsendubrest, að óheiðarlegt væri að bera samning fyrir sig og hvort t.d. almenn ógildingarregla 36. gr. samningalaga, nr. 7/1936, geti átt við.

Sem dæmi til frekari skýringar á reglunni í 1. mgr. má nefna það þegar norsk lög eiga við samning samkvæmt lögum þessum. Ef því væri haldið fram að samningurinn hefði ekki kom-

ist á, t.d. vegna samþykkisskorts, nauðungar eða annarra atvika, leiðir regla 1. mgr. til þess að beita ætti norskum lögum við úrlausn þess álitaefnis.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um frávik frá ákvæði 1. mgr. Þar er gert ráð fyrir að aðili geti byggt á lögum þess lands þar sem hann býr til að sýna fram á að hann hafi ekki veitt samþykki sitt, ef atvik máls eru þannig að ósanngjarnt þykir að dæma um réttaráhrif athafna hans eða athafnaleysis eftir þeim reglum sem leiða mundi af 1. mgr. Við mat á því hvort 2. mgr. á við ber dómara að taka tillit til atvika málsins í heild sem tengjast samningsgerðinni og jafnvel fyrri samskipta aðila. Afleiðing 2. mgr. gæti orðið sú að losa aðila undan samningi, sem hann annars væri bundinn af skv. 1. mgr. Hins vegar verður 2. mgr. ekki beitt til að sýna fram á að samningur hafi stofnast sem ekki er gildur skv. 1. mgr.

Ákvæði greinarinnar eiga ekki almennt við um það þegar ágreiningur er um hvort um samningsskuldbindingar er að ræða eða annars konar skyldur. Vísast til athugasemda við 1. gr. um þetta efni.

Um 9. gr.

Í greininni er að finna ákvæði sem fjalla um það hvers lands lögum skuli beita þegar ágreiningur er um formlegt gildi samnings. Hér er átt við reglur um form samninga, eða hvernig staðið skuli formlega að þeim, sem fullnægja verður til þess að litið sé svo á að samningur sé til staðar.

Í 1. mgr. kemur fram að samningur sem gerður er milli einstaklinga sem eru í sama landinu sé gildur að formi til ef hann fullnægir formkröfum laga þess lands sem eiga við hann samkvæmt lögum þessum eða lögum þess lands þar sem hann var gerður.

Í 2. mgr. er vikið að þeirri aðstöðu þegar samningsaðilar eru hvor í sínu landinu þegar samningur er gerður. Á sama hátt og í 1. mgr. er gert ráð fyrir að ákvarða skuli formlegt gildi samnings eftir þeim lögum sem lög þessi mundu vísa til, en jafnframt er tekið fram að nægilegt sé að samningur uppfylli formkröfur í öðru þeirra ríkja sem samningsaðilar eru í við samningsgerðina. Dæmi um þetta gæti verið þegar annar samningsaðila er á Íslandi en hinn í Danmörku og samið er um að um ágreining skuli dæma eftir frönskum lögum. Af 2. mgr. leiðir að nægilegt er að samningur teljist formlega gildur samkvæmt lögum eins þessara þriggja ríkja.

Í 3. mgr. er ákvæði um það hvernig með skuli fara ef umboðsmaður gerir samning fyrir hönd skjólstæðings síns. Samkvæmt ákvæðinu kemur land það þar sem umboðsmaður framkvæmir ráðstafanir sínar í stað þess lands þar sem aðili er skv. 1. og 2. mgr.

Í 4. mgr. kemur fram að ráðstöfun sem ætlað er að hafa réttaráhrif í tengslum við gerðan samning eða fyrirhugaðan samning sé gild ef hún fullnægir formkröfum þeirra laga sem við eiga samkvæmt frumvarpinu eða ættu við um samninginn ef hann væri gildur, eða þess lands þar sem ráðstöfun var gerð.

Framangreind regla á við um samninga og einhliða ráðstafanir sem ætlað er að hafa réttaráhrif. Hér er ekki síst átt við einhliða ráðstafanir sem tengjast gerð samninga sem gerðir hafa verið eða fyrirhugaðir eru. Slíkar ráðstafanir geta verið af ýmsum toga, svo sem yfirlýsing um uppsögn, eftirgjöf skuldar, riftun eða höfnun efnda. Þessar ráðstafanir verða að standa í tengslum við samning. Einhliða ráðstafanir sem ekki tengjast samningi, t.d. einhliða skuldaviðurkenning, einhliða viðurkenning bótaábyrgðar utan samninga eða einhliða yfirlýsing um yfirfærslu réttinda í hlut eða verðmæti tengist ekki samningi, falla utan gildissviðs greinarinnar og raunar frumvarpsins í heild. Til að skýra tengsl 4. mgr. og ákvæðis 8. gr. frumvarpsins má taka sem dæmi að aðili samnings lýsir samning ógildan. Ágreiningur um það hvort staðið hafi verið að yfirlýsingunni með réttum formlegum hætti á þá undir 9. gr.,

sbr. einkum 4. mgr., en ágreiningur um það hvort efnislegum skilyrðum ógildingar sé fullnægt á undir 8. gr.

Reglur 1.–4. mgr. byggjast á því sjónarmiði að líkur séu til að samningur eða ráðstafanir sem gerðar eru í tengslum við samning séu formlega gildar þar sem miðað er við að það sé nægilegt að samningur eða ráðstafanir fullnægi formreglum í einhverju þeirra ríkja sem koma til greina. Sem dæmi um þetta er samningur sem gerður er á Íslandi, en í honum er gert ráð fyrir að um ágreining skuli fara að frönskum lögum. Samningurinn telst formlega gildur þótt hann fullnægi ekki formkröfum franskra laga ef hann telst fullnægja kröfum íslenskra laga.

Í 5. og 6. mgr. er að finna sérákvæði um ákveðnar tegundir samninga, þ.e. neytendasamninga annars vegar og samninga sem varða réttindi yfir fasteignum hins vegar.

Samkvæmt 5. mgr. eiga ákvæði 1.–4. mgr. við um neytendasamninga skv. 5. gr. frumvarpsins, enda séu þeir gerðir við þær aðstæður sem lýst er í 2. mgr. 5. gr. Í ákvæðinu er tekið af skarið um að gildi slíkra samninga skuli ávallt ákvarðast eftir lögum þess lands þar sem neytandinn býr. Að baki þessu búa sömu sjónarmið um neytendavernd og búa að baki 5. gr.

Ákvæði 6. mgr. eiga við um samninga um réttindi yfir fasteignum, þ.m.t. afnotarétt. Þar er gert ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. eigi við um slíka samninga ófrávíkjanlegar formreglur laga þess lands þar sem fasteignin er, ef reglur samkvæmt þeim lögum eiga við óháð því í hvaða landi samningurinn er gerður og óháð þeim lögum sem annars eiga við um samninginn. Með þessu er reglum þess lands þar sem fasteign er gert hærra undir höfði en annarra ríkja, enda geri þær reglur ekki sjálfar ráð fyrir öðru.

Í greininni er ekki skilgreint hvað er átt við með formlegu gildi samnings. Þetta getur verið erfitt að afmarka nákvæmlega, sérstaklega gagnvart því sem í 8. gr. er nefnt efnislegt gildi. Þó er miðað við að undir formkröfur um gildi samnings falli sérhver ráðstöfun sem nauðsynleg er af hálfu aðila til að gefa til kynna vilja til að vera bundinn og sem mundi leiða til þess að skuldbinding stofnaðist ekki ef hún væri ekki til staðar. Þetta má skýra frekar með hliðsjón af íslenskum samningarétti. Almennt eru samningar ekki formbundnir að íslenskum rétti, þótt frá því séu vissar undantekningar. Sem dæmi um þetta eru ákvæði í lögum um húsaleigusamninga þar sem gert er ráð fyrir að húsaleigusamningar skuli vera skriflegir. Slíkar undantekningar eru fleiri þótt þær verði ekki raktar hér.

Um 10. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði sem varðar gildissvið laga þess lands sem samningur vísar til skv. 3.–6. gr. og 12. gr. Þar kemur fram að lögin skuli einkum taka til nánar tilgreindra atriða. Vakin er athygli á að notað er orðalagið „einkum“, sem merkir að upptalningin í greininni er ekki tæmandi. Þau atriði sem talin eru upp eru þessi: a) túlkun samnings, b) efndir, c) afleiðingar vanefnda, þ.m.t. ákvörðun bóta að svo miklu leyti sem þær eru ákvarðaðar samkvæmt lagareglum, með þeim takmörkunum sem leiðir af réttarfarslögum um heimildir dómstóla, d) mismunandi lyktir samninga, tómlæti og fyrningu og e) afleiðingar þess að samningur telst ógildur. Samkvæmt þessu falla undir 1. mgr. álitaefni um það hvort samningur hefur verið réttilega efndur, að hve miklu leyti annar en sá sem er skuldbundinn getur uppfyllt samninginn og önnur atriði sem varða efndir hans, um sönnun fyrir greiðslu, um afleiðingar vanefnda o.s.frv.

Í 2. mgr. kemur fram að þegar ákvarðað er hvort samningur hefur verið réttilega efndur eða hvort þær ráðstafanir sem gripið er til í tilefni vanefnda samnings skuli taka tillit til laga þess lands þar sem efndir samnings eiga að fara fram. Ákvæðið felur aðeins í sér ráðagerð um að til laga þessara verði tekið tillit, jafnvel þótt af samningnum og lögum þessum leiði að önnur lög annars lands eigi að öðru leyti við um samninginn. Með þessu orðalagi er dóm-

ara fengið svigrúm til að meta það eftir aðstæðum hverju sinni með hliðsjón af því sem sanngjarnt þykir hvort hann lætur þær reglur hafa áhrif á niðurstöðu sína.

Um 11. gr.

Í þessari grein felst að þegar um er að ræða samning milli tveggja aðila sem eru í sama landinu geti einstaklingur sem hefur gerhæfi samkvæmt lögum þess lands því aðeins borið fyrir sig gerhæfisskort sem leiða mundi af lögum annars lands að gagnaðili hans hafi, þegar samningurinn var gerður, vitað eða hafi mátt vita um gerhæfisskortinn samkvæmt þeim lögum.

Rifja má upp að skv. a-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að álitamál sem varða gerhæfi aðila falli utan gildissviðs laganna. Samkvæmt því ber að dæma álitmál af því tagi eftir því sem almennar lagaskilareglur einstakra ríkja gera ráð fyrir. Þær reglur eru með öðrum orðum ekki samræmdar í Rómarsamningnum. Ákvæði greinarinnar hafa þann tilgang að vernda samningsaðila sem er í góðri trú um heimildir viðsemjanda síns til samningsgerðar. Hann á ekki að þurfa að sæta því að viðsemjandi hans beri fyrir sig gerhæfisskort með vísan til reglna sem reglur lagaskilaréttar um það efni mundu leiða til, nema hann hafi vitað um gerhæfisskortinn samkvæmt þessum reglum eða hann hefði mátt vita um hann. Skilyrði er að samningurinn hafi verið gerður milli aðila í sama landinu, en það er augljóslega helst við þær aðstæður sem gagnaðili hefur ástæðu til að kynna sér sérstaklega reglur um gerhæfi í öðrum ríkjum sem samningurinn hefur tengsl við.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um þær lagaskilareglur sem gilda þegar um framsal (kröfu)réttinda er að ræða. Í 1. mgr. er fjallað um réttarsamband framseljanda og framsalshafa en í þeirri síðari um samband framsalshafa og skuldara.

Í 1. mgr. kemur fram sú regla að um gagnkvæmar skyldur framseljanda og framsalshafa samkvæmt samningi um framsal réttinda á hendur þriðja manni (skuldara) fer eftir lögum þess lands sem samkvæmt lögum þessum gilda um samninginn milli framseljanda og framsalshafa. Túlkun þessa ákvæðis veldur yfirleitt ekki vafa. Samkvæmt þessari málsgrein er augljóst að um samband framseljanda og framsalshafa tiltekinna réttinda fari samkvæmt þeim lögum sem gilda um framsalssamninginn. Frumvarpsgreinin á við þegar framsal kröfuréttinda verður með samningi. Á hinn bóginn er það ekki skilyrði að hin framselda krafa eigi rót sína að rekja til samnings. Það sem ræður úrslitum er fyrst og fremst hvort framsalið sem slíkt varð með samningi eða ekki. Hin framselda krafa getur á hinn bóginn átt rót sína að rekja til atvika utan samningssambands, t.d. getur þar verið um að ræða kröfu um skaðabætur utan samninga.

Af ákvæðum 1. mgr. leiðir að um réttarsamband (réttindi og skyldur) framseljanda og framsalshafa fer eftir þeim lögum sem gilda um framsalssamninginn sem slíkan. Um það atriði hver lög ráða í þeim efnum fer eftir almennum lagaskilareglum í 3. og 4. gr. Um samning framseljanda og framsalshafa er samkvæmt þessu dæmt sjálfstætt og án tengsla við þær reglur sem gilda um réttarsamband framseljanda og skuldara. Af þessu leiðir að þau lög, sem gilda um réttarsamband framseljanda og framsalshafa, þurfa engan veginn að vera sömu lögin og gilda um réttarsamband framseljanda og skuldara.

Í 2. mgr. þessarar greinar kemur á hinn bóginn fram sú regla að lögum sem gilda um framseld réttindi ber einnig að beita varðandi heimildir til framsals; um sambandið milli framsalshafa og skuldara; um skilyrði þess að framsalinu verði beitt gagnvart skuldara og um sérhvert álitaefni varðandi það hvort skuldari hafi verið leystur undan skuldbindingu sinni.

Orðalagið „skilyrði þess að framsalinu verði beitt gagnvart skuldara“ nær jafnt til skilyrða sem kunna að vera sett fyrir því að réttindin verði yfirleitt framseld, sem og þeirra formreglna sem nauðsynlegt er að fylgja til að gera framsalið gildandi gagnvart skuldara.

Samkvæmt 2. mgr. ber að dæma álitaefni sem varða samband framsalshafa og skuldara samkvæmt þeim lögum sem gilda um upprunalegt (ursprungliga) skuldarsamband framseljanda og skuldara. Í þessu felst að réttarstaða skuldara varðandi lagaskil breytist ekki þótt krafan sé framseld.

Skuldbindingar samkvæmt viðskiptabréfum, t.d. víxlum og skuldabréfum, falla utan gildissviðs laganna, sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Það á þó aðeins við að svo miklu leyti sem skuldbindingarnar, sem af þeim leiðir, er að rekja til eðlis þeirra sem viðskiptabréfs.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um svokallaða „subrogation“, þ.e. það tilvik þegar tiltekinn aðili, t.d. ábyrgðarmaður, hefur fullnægt skyldu skuldara gagnvart kröfuhafa og þar með tekið yfir réttindi kröfuhafa gagnvart skuldara.

Samkvæmt frumvarpsgreininni er það skilyrði að krafa kröfuhafa á hendur skuldara byggist á samningi og að þriðji maður sé samkvæmt lögum eða samningi skyldur til að efna skuldbindinguna gagnvart kröfuhafa. Greiðsla þriðja manns til kröfuhafa, án þess að þriðji maður sé skyldur til slíks, fellur á hinn bóginn utan gildissviðs ákvæðisins.

Í 1. mgr. er fjallað um það tilvik þegar tiltekinn aðili (kröfuhafi) á samningskröfu á hendur öðrum aðila, skuldara, og þriðji aðili er skyldur til að efna kröfuna eða hann hefur í reynd efnt hana. Þegar svo hagar til eru það þau lög sem mæla fyrir um framangreinda skyldu þriðja manns sem einnig skulu ráða því hvort og þá að hvaða marki þriðji maður getur krafið skuldarann um þau réttindi sem kröfuhafi átti á hendur skuldara.

Af framangreindu leiðir að álitaefni um hvort og þá að hvaða marki sá sem greitt hefur kröfu getur tekið yfir réttindi kröfuhafans ber að leysa samkvæmt þeim lögum sem ráða því hvort þriðji maður er skyldur til að greiða í stað skuldara. Ef t.d. er um ábyrgðarskuldbindingu að ræða eru það þau lög sem um ábyrgðarskuldbindinguna gilda sem einnig gilda um endurkröfuna og umfang hennar.

Réttindi kröfuhafa og skyldur skuldara standa óhaggaðar hvort sem innlausn eða yfirtaka réttar á sér stað eða ekki. Um réttindi og skyldur fer samkvæmt þeim lögum sem gilda um hið upphaflega skuldarsamband. Þannig geta verið mismunandi lög sem gilda um aðalskuldbindinguna annars vegar og hins vegar um skyldu þriðja manns til þess að greiða og heimildir hans til þess að ganga inn í rétt kröfuhafa.

Samkvæmt 2. mgr. gildir regla 1. mgr. einnig þegar fleiri aðilar eru solidariskt ábyrgir til að greiða kröfu á grundvelli sama samnings og einn þeirra hefur greitt kröfuhafanum.

Um 14. gr.

Hér er að finna ákvæði sem varða sönnunarbyrði og önnur atriði sem varða sönnun um samninga eða ráðstafanir sem kunna að hafa réttaráhrif. Þar kemur fram að hafi samningalög þess lands sem reglur frumvarps þessa vísa til að geyma löglíkindareglur eða reglur um sönnunarbyrði skuli beita þeim reglum. Þá kemur fram í 2. mgr. að samninga eða ráðstafanir sem ætlað er að hafa réttaráhrif megi sanna á hvern þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum dómstólsríkis eða lögum þeim sem 9. gr. vísar til, enda sé samningurinn eða ráðstöfunin gild samkvæmt þeirri grein. Fyrir því er þó sett það skilyrði að hægt sé að koma slíkri sönnunarfærslu við í dómstólsríkinu.

Lagaskilareglur flestra ríkja ganga út frá því að varðandi sönnun eða aðrar aðferðir til að leiða í ljós atvik máls og staðreyndir sem eiga að hafa réttaráhrif gildi reglur dómstólsríkis. Enn fremur er bent á að greinin tekur ekki til slíkra reglna almennt, sbr. h-lið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Samkvæmt því falla réttarfarsreglur um sönnun og málsmeðferð almennt utan gildissviðs frumvarps þessa. Ákvæði 14. gr. er aftur á móti bundið við að slíkar reglur sé að finna í samningalögum viðkomandi lands, með öðrum orðum sérreglur um aðferðir við sönnun tiltekinna atvika sem hafa réttaráhrif á samningssambandið eða reglur um sönnunarbyrði. Sé slíkum reglum til að dreifa í lögum þess lands sem eiga við um samninginn samkvæmt frumvarpinu ber að beita þeim reglum. Þetta er eðlileg skipan þar sem reglur af þessu tagi eru í nánum tengslum við samninginn sjálfan og geta ráðið úrslitum um það hvaða skuldbindingar verða taldar felast í honum.

Sem dæmi um löglíkindreglur varðandi samninga í íslenskum rétti má nefna 68. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

Um 15. gr.

Orðin „heimvísun“ og „framvísun“ eru notuð hér sem þýðing á franska orðið *renvoi*, en það er í lagaskilarétti notað um þær aðstæður þegar lagaskilareglur eins lands (A) leiða til þess að beita beri reglum landsins B við úrlausn máls, en lagaskilareglur þess lands (B) vísa aftur til reglna landsins A (heimvísun) eða jafnvel annars lands C (framvísun). Ákvæði greinarinnar hefur þann tilgang að koma í veg fyrir þetta og taka af skarið um það að ákvæði frumvarpsins vísa ekki til lagaskilareglna annars lands. Af því leiðir að þegar ákvæði þessa frumvarps leiða til þeirrar niðurstöðu að beita eigi lögum landsins B geta lagaskilareglur þess lands aldrei leitt til þess að lögum einhvers annars lands verði beitt. Þetta er eðlileg regla þegar hafður er í huga sá megintilgangur Rómarsamningsins að skapa sameiginlegar og einsleitar lagaskilareglur á því sviði sem hann tekur til. Ákvörðun um það hvers lands lögum skuli beitt ræðst af ákvæðum samningsins sjálfs en ekki lagaskilarétti einstakra ríkja. Af augljósum ástæðum skiptir ákvæði 15. gr. Rómarsamningsins fyrst og fremst máli þegar reglur frumvarps þessa leiða til þess að beita eigi reglum lands sem ekki er aðili að honum.

Um 16. gr.

Í lagaskilarétti flestra ríkja er beiting erlendra réttarreglna ávallt bundin því skilyrði að reglan sem til greina kemur að beita sé ekki andstæð *ordre public*. Þetta má orða svo að regla megi ekki stríða gegn réttarvitund, góðum siðum og allsherjarreglu. Regla þessi er talin gilda sem almenn lagaskilaregla hér á landi á öllum sviðum lagaskiláttar, auk þess sem hún hefur verið beinlínis lögfest í nokkrum tilfellum. Reglan er almenn undantekningarregla og henni verður að sjálfsögðu að beita með varúð og eingöngu í þeim tilfellum að veigamikil rök komi til.

Um 17.–19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I með frumvarpinu var enskur texti Rómarsamningsins ásamt bókunum og yfirlýsingum. Um hann vísast til samhljóða fylgiskjals í þskj. 836 (522. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–99, bls. 3405–3414.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lagaskil á sviði samningaréttar.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um hvaða landslög skuli gilda um einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi. Þar eð í frumvarpinu er eingöngu fjallað um einkaréttarleg álitaefni verður ekki séð að samþykkt þess hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

71. Frumvarp til laga [71. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttur, Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast ársfjórðungslega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launavísitölu. Þó skulu framangreindar bætur, greiðslur og fjárhæðir hækka í samræmi við verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs ef slík viðmiðun leiðir til hærri bóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á því ákvæði almannatryggingalaga sem kveður á um hækkun bóta, greiðslna og fjárhæða samkvæmt lögunum. Með lögum nr. 130/1997, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1998, var núgildandi regla sett. Þar er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr. almannatryggingalaganna, séu endurskoðaðar árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni og breytt í samræmi við þróun launa, en hækki þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Í ljós hefur komið að á síðustu árum hefur launavísitala hækkað mun meira en vísitala neysluverðs. Því hefði viðmiðun við fyrrnefnda vísitölu leitt til mun meiri og sanngjarnari hækkana en viðmiðun við vísitölu neysluverðs hefur gert, sjá fylgiskjal með yfirliti frá Hagstofu Íslands um breytingar á vísitölu neysluverðs 1996–99 og launavísitölu 1997–99. Þar kemur fram að meðaltalshækkun vísitölu neysluverðs árið 1998 var 1,7% en meðaltalshækkun launavísitölu á sama tíma var 9,4%.

Stjórnvöld hafa valið þá leið að fylgja vísitölu neysluverðs í stað þess að fylgja þróun launa við fyrrgreindar breytingar. Hér er lagt til að launavísitölu verði fylgt og að framangreindar breytingar komi til framkvæmda ársfjórðungslega í stað þess að slíkt gerist árlega enda vísitölur reiknaðar út mánaðarlega. Bið eftir hækkunum og uppfærslu í allt að tólf mánuði er talin óeðlilega löng og óréttlát. Landssamband eldri borgara hefur lagt áherslu á að þessu verði breytt, sbr. ályktun um kjaramál frá landsfundi sambandsins 20.–21. maí sl. Í ályktuninni er lýst nauðsyn þess að hækka grunnlífeyri almannatrygginga án skerðingar tekjutryggingar og að í kjölfarið verði breytingar á upphæð grunnlífeyris almannatrygginga og annarra bótaflokka látnar fylgja breytingum á launavísitölu Hagstofunnar og verðlagi sem komi til framkvæmda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Ef sú staða kæmi síðan upp að vísitala neysluverðs reyndist hagstæðari viðmiðun er lagt til að við hana verði miðað í stað launavísitölunnar og er fyrirvara í 3. málsl. 1. gr. frumvarpsins ætlað að tryggja það. Ástæða þess að það er lagt fram nú er að flutningsmenn telja nauðsynlegt að kjör þess hóps sem nýtur réttar samkvæmt almannatryggingalögum verði leiðrétt og bætt.

Launavísitala 1997–99.

			Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar		
Des. 1988 = 100	Vísitala launamánaðar	Breyting frá fyrra mánuði, %	Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
1997					
Janúar	148,8	0,1	1,6	1,2	1,4
Febrúar	148,9	0,1	1,9	1,4	1,4
Mars	149,5	0,4	2,2	2,0	1,4
Apríl	154,1	3,1	15,0	8,1	4,5
Maí	156,7	1,7	22,7	11,8	6,0
Júní	157,1	0,3	21,9	11,6	6,2
Júlí	157,9	0,5	10,2	12,6	6,8
Ágúst	158,0	0,1	3,4	12,6	6,8
September	158,5	0,3	3,6	12,4	7,1
Október	159,3	0,5	3,6	6,9	7,5
Nóvember	159,8	0,3	4,6	4,0	7,8
Desember	160,7	0,6	5,7	4,6	8,1
Meðaltal	155,8	–	–	–	5,4
1998					
Janúar	167,9	4,5	23,4	13,1	12,8
Febrúar	168,4	0,3	23,3	13,6	13,1
Mars	168,7	0,2	21,4	13,3	12,8
Apríl	169,2	0,3	3,1	12,8	9,8
Maí	169,4	0,1	2,4	12,4	8,1
Júní	169,9	0,3	2,9	11,8	8,1
Júlí	170,4	0,3	2,9	3,0	7,9
Ágúst	171,4	0,6	4,8	3,6	8,5
September	171,7	0,2	4,3	3,6	8,3
Október	172,1	0,2	4,1	3,5	8,0
Nóvember	172,5	0,2	2,6	3,7	7,9

Desember	173,3	0,5	3,8	4,0	7,8
Meðaltal	170,4	–	–	–	9,4
1999					
Janúar	180,4	4,1	20,7	12,1	7,4
Febrúar	180,9	0,3	20,9	11,4	7,4
Mars	181,2	0,2	19,5	11,4	7,4
Apríl	181,4	0,1	2,2	11,1	7,2

Skýring: launavísitala er reiknuð og birt skv. lögum nr. 89/1989. Vísitalan miðast við meðallaun í hverjum mánuði og er reiknuð og birt um miðjan næsta mánuð.

Breytingar vísitölu neysluverðs 1996–1999.

			Umreiknað til árshækkunar miðað við hækkun vísitölunnar			
Maí 1988 = 100	Vísitala	Breytingar í hverjum mánuði, %	Síðasta mánuð, %	Síðustu 3 mánuði, %	Síðustu 6 mánuði, %	Síðustu 12 mánuði, %
1996						
Janúar	174,9	0,4	4,9	0,0	2,4	1,6
Febrúar	175,2	0,2	2,1	2,1	2,0	1,7
Mars	175,5	0,2	2,1	3,0	1,6	2,0
Apríl	175,8	0,2	2,1	2,1	1,0	2,3
Maí	176,9	0,6	7,8	3,9	3,0	2,8
Júní	176,7	-0,1	-1,3	2,8	2,9	2,6
Júlí	176,9	0,1	1,4	2,5	2,3	2,4
Ágúst	178,0	0,6	7,7	2,5	3,2	2,6
September	178,4	0,2	2,7	3,9	3,3	2,5
Október	178,5	0,1	0,7	3,7	3,1	2,1
Nóvember	178,6	0,1	0,7	1,4	1,9	2,5
Desember	177,8	-0,4	-5,2	-1,3	1,2	2,1
Meðaltal	177,1	–	–	–	–	2,3
1997						
Janúar	178,4	0,3	4,1	-0,2	1,7	2,0
Febrúar	178,5	0,1	0,7	-0,2	0,6	1,9
Mars	178,4	-0,1	-0,7	1,4	0,0	1,7
Apríl	179,7	0,7	9,1	2,9	1,3	2,2
Maí	179,4	-0,2	-2,0	2,0	0,9	1,4
Júní	179,8	0,2	2,7	3,2	2,3	1,8
Júlí	180,1	0,2	2,0	0,9	1,9	1,8
Ágúst	180,6	0,3	3,4	2,7	2,4	1,5
September	181,3	0,4	4,8	3,4	3,3	1,6
Október	181,9	0,3	4,0	4,1	2,5	1,9
Nóvember	181,7	-0,1	-1,3	2,5	2,6	1,7
Desember	181,4	-0,2	-2,0	0,2	1,8	2,0
Meðaltal	180,3	–	–	–	–	1,8
1998						
Janúar	182,4	0,6	6,8	1,1	2,6	2,2
Febrúar	182,0	-0,2	-2,6	0,7	1,6	2,0
Mars	182,7	0,4	4,7	2,9	1,6	2,4
Apríl	183,1	0,2	2,7	1,5	1,3	1,9
Maí	183,7	0,3	4,0	3,8	2,2	2,4
Júní	184,0	0,2	2,0	2,9	2,9	2,3
Júlí	183,6	-0,2	-2,6	1,1	1,3	1,9
Ágúst	182,6	-0,5	-6,3	-2,4	0,7	1,1

September	182,8	0,1	1,3	-2,6	0,1	0,8
Október	183,6	0,4	5,4	0,0	0,5	0,9
Nóvember	184,1	0,3	3,3	3,3	0,4	1,3
Desember	183,7	-0,2	-2,6	2,0	-0,3	1,3
Meðaltal	183,3	–	–	–	–	1,7
1999						
Janúar	184,8	0,6	7,4	2,6	1,3	1,3
Febrúar	184,5	-0,2	-1,9	0,9	2,1	1,4
Mars	185,4	0,5	6,0	3,8	2,9	1,5
Apríl	186,4	0,5	6,7	3,5	3,1	1,8
Maí	187,3	0,5	6,0	6,2	3,5	2,0

72. Fyrirspurn [72. mál]

til samgönguráðherra um uppbyggingu fjarskipta á landsbyggðinni.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

Á hvern hátt hyggst ráðherra stuðla að uppbyggingu fjarskiptanets á landsbyggðinni á kjörtímabilinu þannig að sem flestir landsmenn geti á sem bestan og auðveldastan hátt nýtt tölvu-, síma- og samskiptatækni nútímans?

73. Fyrirspurn [73. mál]

til fjármálaráðherra um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hefur farið fram sérstök endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana í samræmi við ályktun Alþingis frá 8. maí 1993?
2. Hefur það markmið sem lýst er í þingsályktuninni, þ.e. „að gerður verði skýr greinarmunur á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu hjá hinu opinbera“ náðst?
3. Hefur það markmið náðst sem lýst er í þingsályktuninni að þjónustugjöld sem innheimt eru hjá hinu opinbera skuli aldrei vera hærri en sá kostnaður sem af þjónustunni hlýst?
4. Gera opinberar stofnanir skýra grein fyrir því við innheimtu hver kostnaðurinn við viðkomandi þjónustu er og hversu hár „skattur“ er innheimtur umfram þjónustuna, sé um slíkt að ræða, eins og fyrir er lagt í ályktun Alþingis?

Skriflegt svar óskast.

74. Fyrirspurn [74. mál]

til samgönguráðherra um rekstur ferju í Ísafjarðardjúpi.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Er ráðherra reiðubúinn til viðræðna um hvernig tryggja megi rekstur bílaferju í Ísafjarðardjúpi, a.m.k. yfir erfiðustu vetrarmánuðina, þar til lagningu Djúpvegar er að fullu lokið?

75. Fyrirspurn [75. mál]

til dómsmálaráðherra um lagabreytingar í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða efnisbreytingar þarf að gera á lögum í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs og hvaða áhrif munu þær hafa á kjör og aðbúnað barna á aldrinum 16–18 ára og aðstandenda þeirra?
2. Hvenær stendur til að leggja nauðsynlegar lagabreytingar fyrir Alþingi, sbr. 1. lið, og hvaða útgjöld munu þær hafa í för með sér?

Skriflegt svar óskast.

76. Fyrirspurn [76. mál]

til iðnaðarráðherra um orkuverð til stóriðju, fiskvinnslufyrirtækja og garðyrkjubænda.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hversu hátt er orkuverð til stóriðju, svo sem til álversins í Straumsvík, álversins á Grundartanga og járnblendiverksmiðjunnar, og hver eru heildarorkukaup framangreindra fyrirtækja á ári?
2. Hversu hátt er orkuverð til fiskvinnslufyrirtækja og hver eru heildarkaup þeirra á ári?
3. Hversu hátt er orkuverð til garðyrkjubænda og hver eru heildarorkukaup þeirra á ári?

Skriflegt svar óskast.

77. Fyrirspurn [77. mál]

til fjármálaráðherra um frádrátt gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hve hár var frádráttur frá tekjum lögaðila og tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skv. 2. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem fjallar um frádráttarbærni einstakra gjafa og framlaga til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa, við álagningu árin 1995, 1996, 1997, 1998 og 1999?

Svar óskast sundurliðað eftir árum og starfsemi.

Skriflegt svar óskast.

78. Fyrirspurn [78. mál]

til iðnaðarráðherra um lækkun húshitunarkostnaðar.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvernig verður staðið við þau fyrirheit um lækkun húshitunarkostnaðar sem fram komu í tillögu svokallaðrar byggðanefndar forsætisráðherra og allir þingflokkar stóðu að á 123. löggjafarþingi 1998–99?

79. Fyrirspurn [79. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur viðbótarlauna til starfsmanna ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða stofnanir hafa beitt ákvæðum 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, um heimild forstöðumanna stofnana til að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar umsömdum grunnlaunum fyrir sérstaka hæfni sem nýtist í starfi eða sérstakt álag, svo og fyrir árangur í starfi?
2. Um hve háar fjárhæðir var að ræða hjá hverri stofnun fyrir sig árið 1997 annars vegar og 1998 hins vegar, hve margir starfsmenn hverrar stofnunar fengu viðbótarlaun, hvernig skiptust þau á milli kynja og hverjar voru meginástæður þessara greiðslna?
3. Hvaða reglur gilda um þessar ákvarðanir forstöðumanna, sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna, og hvernig er háttað eftirliti með framkvæmd þessara reglna?

Skriflegt svar óskast.

80. Frumvarp til laga [80. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,
Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 121., 122. og 123. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Alþingi ber skylda til að standa vörð um það hlutverk sitt að vera meginstoð stjórnskipunar landsins. Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing. Þessi staðreynd er alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa.

Stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneytanna eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins. Frumkvæði í lagasetningu hefur þannig smátt og smátt færst frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp ríkisstjórna sem ná fram að ganga. Allt of mikið er líka um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær hafa nú þegar skv. 26. gr., sbr. 28. gr. þingskapalaga. Árið 1981 hafði Vilmundur Gylfason frumkvæði að því að flytja á Alþingi frumvarp svipaðs efnis, en það náði ekki fram að ganga.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Nokkrum sinnum hafa komið fram á Alþingi tillögur er varða þetta ákvæði stjórnarskrárinnar

og á miðjum 6. áratugnum náði ein fram að ganga þegar samþykkt var skipan nefndar til að rannsaka okur. Nefnd þingmanna rannsakaði málið og skilaði um það skýrslu til Alþingis.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslu ríkisins, sbr. t.d. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Að mati flutningsmanna ber þinginu því skylda til þess að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé farið með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins. Ef eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt er ákvæði stjórnarskrárinnar ekki nægjanlegt. Frumvarpið byggist á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar en með flutningi þess er stefnt að því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu, um framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi. Í lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæðis í starfi sínu. Fumvarpinu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu Ríkisendurskoðunar.

Ef frumvarpið nær fram að ganga má búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem ekki lúta einungis að tæknilegum útfærslum. Frumvarpið er þó einungis flutt til að taka af allan vafa um þessi atriði þar sem unnt væri að binda lagaheimild til setningar reglugerðar því skilyrði að samráð yrði haft við þingnefnd áður en reglugerð er gefin út. Í nefndaráliti gæti einnig komið fram ósk nefndar um sama atriði. Þótt fjárlög séu ekki almenn lög og hafi því e.t.v. takmarkað fordæmisgildi á þessu sviði má þó benda á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, en í greininni eru nokkrar heimildir til fjármálaráðherra m.a. bundnar samþykki fjárlaganefndar. Í Danmörku er reglugerðarheimild stundum bundin samráði við hlutaðeigandi þingnefnd en einnig eru dæmi þess að nefnd óski eftir því að sjá drög að reglugerð eða viðkomandi ráðherra óski eftir því að bera reglugerð undir þingnefnd.

Helsta nýmæli þessa frumvarps er tillaga um að þingnefnd geti tekið mál er varða framkvæmd laga og meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. frumvarpsins og þeirri seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni málsgreininni og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í síðari málsgreininni og ber að beita ákvæðinu af varúð. Þannig mundi þingnefnd ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum.

81. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Við lok grunnskóla skal gefa nemendum kost á að þreyta samræmd lokapróf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður.

2. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum sem þess óska frest til 1. september 2004 til að framkvæma ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmið með lagafrumvarpi þessu eru tvíþætt: Í fyrsta lagi að koma á auknu valfrelsi í 9. og 10. bekk grunnskóla þannig að nemendur taki aukna ábyrgð á námi sínu í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla 1999. Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að frestur til einsetningar grunnskóla verði framlengdur í samræmi við óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Námi í grunnskóla telst lokið þegar nemendur hafa stundað grunnskólanám með fullnægjandi árangri í tíu ár eða þegar þeir hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla, þ.e. í lok 10. bekkjar. Með auknu valfrelsi nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla er í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla stuðlað að því að nemendur taki meiri ábyrgð á námi sínu. Aukið valfrelsi þýðir að nemendur geta lokið grunnskóla með mismunandi áherslum og á skemmri tíma en tíu árum. Samkvæmt aðalnámskrá er gert ráð fyrir að um það bil 30% kennslutímans geti verið valfrjáls í 9. og 10 . bekk grunnskóla, sbr. 32. gr. gildandi laga. Jafnframt er horfið frá því að skylda alla til að gangast undir samræmd lokapróf 10. bekkjar. Einnig geta nemendur í 9. bekk valið að taka samræmd lokapróf 10. bekkjar og hefja framhaldsskólanám að því loknu, enda teljist þeir hafa staðist að öðru leyti þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla. Mismunandi inntökuskilyrði í framhaldsskóla og val í 9. og 10. bekk leiðir til þess að það er réttur nemandans að velja sjálfur hvaða samræmd próf hann tekur, allt eftir því hvert hann stefnir í framhaldsnámi. Inntökuskilyrði í framhaldsskóla eru skilgeind í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla og þau segja til um lágmarksárangur sem þarf í lykilgreinum einstakra brauta. Inntökuskilyrði framhaldsskóla miðast bæði við einkunnir á samræmdum prófum og einnig einkunnir sem skólinn gefur.

Þá er í greininni lagt til að í stað þess að nemendur verði skyldaðir til þess að taka samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum geti þeir átt kost á því að þreyta lokapróf í allt að sex námsgreinum. Menntamálaráðherra hefur kynnt að samræmd lokapróf grunnskóla

verði í eftirtöldum námsgreinum: íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsgreinum.

Um 2. gr.

Í núgildandi lögum segir að ákvæði 3. gr. um einsetningu grunnskóla skuli komið að fullu til framkvæmda að átta árum liðnum frá gildistöku laganna og er reiknað með að einsetningu grunnskóla verði náð árið 2002. Langflest sveitarfélög hafa þegar einsett grunnskóla eða gert áætlanir til að ná því innan þeirra tímamarka sem núgildandi lög setja.

Samband íslenskra sveitarfélaga ályktaði um einsetningu grunnskóla á 56. fulltrúaráðsfundi sínum í apríl 1999. Þar segir m.a.:

„Fulltrúaráðið leggur áherslu á að lögum um grunnskóla verði breytt þegar á næsta þingi þannig að sett verði inn heimildarákvæði sem veitir þeim sveitarfélögum sem þess óska heimild til að sækja um frest til ársloka 2004 til að ljúka einsetningu grunnskóla."

Í grunnskólalögunum, nr. 66/1995, var upphaflega gert ráð fyrir að einsetningu yrði lokið árið 2000–2001. Farið var að óskum sveitarfélaga um lengri frest og var hann framlengdur til 2002 með breytingu á grunnskólalögunum, nr. 77/1996. Með þessari grein frumvarpsins er komið til móts við framangreindar óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að nemendur grunnskóla hafi val um að taka lokapróf í allt að sex námsgreinum í stað þess að taka samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður. Hins vegar er lagt til að sveitarfélög fái frest til 1. september 2004 til að ljúka einsetningu grunnskóla, í samræmi við ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Talið er að frestun á einsetningu grunnskóla hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs, en fjölgun samræmdra prófa auki útgjöld. Samkvæmt upplýsingum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála, sem annast framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum, kostar að meðaltali um 7 m.kr. að gera eitt samræmt aðalpróf fyrir 10. bekk ásamt sjúkraprófi og um 250 kr. að fara yfir eina úrlausn sé allt með talið. Það er alls óvíst hvaða áhrif breytt fyrirkomulag hefur á próftöku nemenda og þar með t.d. fjölda úrlausna sem þarf að fara yfir, en verði eins staðið að framkvæmd prófa í nýjum námsgreinum má gera ráð fyrir nálægt 14 m.kr. viðbótarkostnaði.

82. Fyrirspurn [82. mál]

til fjármálaráðherra um auglýsingar og auglýsingagerð.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hver hefur annast auglýsingar og auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sl. sjö ár?

2. Hefur auglýsingagerðin verið boðin út?
3. Hver er kostnaðurinn af þessum auglýsingum, aðgreint eftir árum, hjá hvorum aðila fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

83. Fyrirspurn [83. mál]

til viðskiptaráðherra um útlán innlánsstofnana.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver hefur árleg þróun verið í útlánum banka og sparisjóða frá árinu 1995 til:
   a. einstaklinga,
   b. fyrirtækja?
2. Hve hátt hlutfall af útlánum til einstaklinga hefur farið til fasteignakaupa síðustu fimm ár, sundurliðað eftir árum, hjá eftirtöldum aðilum:
   a. bankastofnunum (sundurliðað eftir bönkum),
   b. sparisjóðum,
   c. Íbúðalánasjóði,
   d. lífeyrissjóðum?
3. Hve mikil voru þriggja mánaða og eldri vanskil einstaklinga við innlánsstofnanir síðustu þrjú ár, sundurliðað eftir stofnunum og árum?

Skriflegt svar óskast.

84. Fyrirspurn [84. mál]

til forsætisráðherra um ráðstefnuna Konur og lýðræði.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvað komu fram margar umsóknir frá íslenskum konum eða kvennasamtökum um þátttöku í ráðstefnunni Konur og lýðræði? Óskað er eftir yfirliti yfir umsóknirnar.
2. Hvaða erindum var hafnað og hvaða erindi voru samþykkt?
3. Mun verða gefin út skýrsla um ráðstefnuna og niðurstöður hennar?

Skriflegt svar óskast.

85. Fyrirspurn [85. mál]

til viðskiptaráðherra um gjaldtöku og þóknanir hjá Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjar voru heildartekjur aðrar en vaxtatekjur af gjaldtöku og þóknunum útlána hvors banka um sig árlega síðustu þrjú ár annars vegar og skipt eftir einstaklingum og lögaðilum hins vegar?
2. Hver var heildarinnheimtukostnaður annars vegar og dráttarvextir hins vegar af vanskilum á útlánum árlega sl. þrjú ár og hve hátt hlutfall eru hvers kyns þóknanir og dráttarvextir af heildarvanskilum hvert ár um sig? Sundurliðun óskast einnig eftir einstaklingum og lögaðilum.
3. Hversu hátt hlutfall innheimtukrafna er innheimt hjá sjálfstæðum lögfræðistofum?
4. Hvaða reglur gilda um vaxtakjör útlána til einstaklinga, annars vegar hjá Landsbanka Íslands og hins vegar Búnaðarbanka Íslands, og er um að ræða mismunandi vaxtakjör, óháð lánstíma, gagnvart einstaklingum? Ef slík mismunun er fyrir hendi, hver er hún og er þar tekið mið af efnahagslegri stöðu eða öðrum ástæðum og þá hverjum?

Skriflegt svar óskast.

86. Fyrirspurn [86. mál]

til fjármálaráðherra um barnabætur.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var heildarkostnaður ríkissjóðs að raungildi vegna barnabóta og barnabótaauka árlega síðustu tíu ár og hve margir fengu barnabætur á hverju ári?
2. Hvert er fyrirkomulag og skilyrði til barnabóta annars staðar á Norðurlöndum og hve háar eru slíkar greiðslur á ári með hverju barni samanborið við greiðslur hér á landi?
3. Hve mörg lönd innan OECD tekjutengja barnabætur og að hvaða aldursmörkum barna eru greiddar barnabætur?
4. Hvaða áform eru uppi um að draga úr tekjutengingu barnabóta og hvenær má ætla að þau komist til framkvæmda?
5. Telur ráðherra eðlilegt að greiða barnabætur til 18 ára aldurs barns við hækkun á sjálfræðisaldrinum og eru uppi áform um það?

Skriflegt svar óskast.

87. Fyrirspurn [87. mál]

til utanríkisráðherra um inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Telur ráðherra koma til greina að Íslendingar sæki að nýju um aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu?

88. Fyrirspurn [88. mál]

til sjávarútvegsráðherra um endurskoðun reglugerðar um nýtingu afla og aukaafurða.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hyggst ráðherra endurskoða reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða (nr. 350/1996) þannig að fiskiskipum verði skylt að koma með allan fiskúrgang að landi?

89. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (umhverfisbrot).

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

179. gr. laganna orðast svo:

Fangelsi allt að 4 árum skal sá sæta sem gerist sekur um meiri háttar brot gegn lagaákvæðum um verndun umhverfis með eftirfarandi verknaði:

1. Mengar loft, jörð, haf eða vatnasvæði þannig að af hlýst verulegt tjón á umhverfi eða veldur yfirvofandi hættu á slíku tjóni.
2. Geymir eða losar úrgang eða skaðleg efni þannig að af hlýst verulegt tjón á umhverfi eða veldur yfirvofandi hættu á slíku tjóni.
3. Veldur verulegu jarðraski þannig að landið breytir varanlega um svip eða spillir merkum náttúruminjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Við samningu þess var haft samráð við umhverfisráðuneytið. Frumvarpið var lagt fram á 123. löggjafarþingi en hlaut þá eigi afgreiðslu. Það er nú lagt fram að nýju nánast óbreytt.

Á undanförnum árum og áratugum hefur orðið almenn viðhorfsbreyting til umhverfisins og lýsir hún sér meðal annars í aukinni áherslu á þau lífsgæði sem felast í óspilltu umhverfi. Einnig er flestum ljóst að afleiðingar af umhverfistjóni geta verið langvarandi eða tjónið jafnvel óbætanlegt. Í seinni tíð hefur í sífellt ríkari mæli verið lögð áhersla á mikilvægi þess að vernda umhverfið og náttúruna fyrir röskun og spjöllum, hvort heldur af manna völdum eða af öðrum ástæðum. Þetta hefur komið fram í umfangsmiklu alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál, auk þess sem flest ríki hafa gripið til ýmissa aðgerða til varnar umhverfinu. Hér á landi hefur verið lögð aukin áhersla á umhverfisvernd í lagasetningu og ýmsum aðgerðum stjórnvalda án þess að það verði rakið hér í einstökum atriðum. Nægir að geta þess að árið 1990 var komið á fót umhverfisráðuneyti og eru meginverkefni þess að fara með mál sem lúta að verndun umhverfisins og náttúrunnar.

Í lögum er að finna ýmis réttarúrræði sem miða að því að vernda umhverfið og náttúru landsins. Til þeirra má telja lagaákvæði sem heimila eignarnám eða leggja takmarkanir við hagnýtingar- eða umráðarétti manna yfir eignum sínum, ýmist gegn greiðslu skaðabóta eða án þess að greiða þurfi bætur. Einnig er starfsemi og atvinnurekstur af ýmsu tagi bundinn leyfum sem hlutaðeigandi stjórnvöld veita á grundvelli mats á umhverfisáhrifum eða gegn skilyrðum um að gripið verði til nauðsynlegra aðgerða til verndar umhverfi. Þá getur sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni orðið bótaskyldur samkvæmt reglum skaðabótaréttar, auk þess sem víða í lögum eru lagðar refsingar við umhverfisspjöllum. Þessi viðurlög miða að því að vernda umhverfið með þeim varnaðaráhrifum sem búa að baki refsingum og skaðabótum.

Tilgangur þessa frumvarps er að auka varnaðaráhrif refsiákvæða í lögum til verndar umhverfi með því að leggja refsingu við alvarlegustu umhverfisbrotum í almennum hegningarlögum. Við það er miðað að refsingar fyrir brot á hegningarlögum hafi að öðru jöfnu meiri varnaðaráhrif en refsingar fyrir brot á öðrum lögum. Með þessu er lögð sérstök áhersla á alvarleika þessara brota og við þeim lagðar þungar refsingar. Hliðstæð aðferð var höfð með lögum nr. 64/1974 þar sem lögfest var 173. gr. a hegningarlaga sem mælir fyrir refsinæmi meiri háttar ávana- og fíkniefnabrota og með lögum nr. 39/1995 en með þeim voru lagðar refsingar við meiri háttar skattsvika- og bókhaldsbrotum í 262. gr. hegningarlaga.

Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af hliðstæðri breytingu á dönsku hegningarlögunum frá árinu 1997 en þá var lögfest í 196. gr. laganna ákvæði um meiri háttar umhverfisbrot. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af breytingum á norsku hegningarlögunum frá árinu 1993 en þá var lögð refsing við umhverfisbrotum í 152. gr. b laganna.

II.
Umhverfisbrot og tengd brotastarfsemi.

Í lögum er hvergi að finna skilgreiningu á hugtakinu umhverfisbrot en í fræðikenningum hefur verið lagt til grundvallar að átt sé við öll refsiverð brot sem beinast gegn vistkerfinu í heild, hvort sem er gegn lofti, láði eða legi, dýralífi, gróðri, borgarumhverfi eða menningarverðmætum. Þessi skilgreining hefur verið talin tvíþætt þannig að hún taki annars vegar til brota gegn refsilögum sem vernda ytra umhverfi og hins vegar brota sem vernda innra umhverfi, svo sem á vinnustöðum. Skilin þar á milli eru ekki skörp og getur sama brot beinst að innra og ytra umhverfi, svo sem mengun frá verksmiðju sem í senn spillir starfsumhverfi hennar og mengar ytra umhverfi. Frumvarp þetta miðar einkum að því að vernda ytra umhverfi en ákvæði þess geta þó einnig tekið til innra umhverfis.

Í fræðilegri umræðu hafa umhverfisbrot ýmist verið skilgreind sjálfstætt og um þau fjallað sérstaklega eða þau hafa verið talin til svokallaðra efnahagsbrota. Það hugtak hefur á hinn bóginn verið skýrt á ýmsa vegu án þess að það verði nánar rakið en hér verður miðað við þá

viðteknu skilgreiningu að átt sé við refsiverð brot sem framin eru í hagnaðarskyni, kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi einstaklinga eða lögaðila.

Í mörgum tilvikum getur eitt og sama brotið ýmist talist efnahagsbrot eða umhverfisbrot samkvæmt framangreindum skilgreiningum. Þannig má í dæmaskyni nefna vanrækslu fyrirsvarsmanna verksmiðju á að grípa til lögboðinna aðgerða til verndar umhverfi. Af þessu athafnaleysi kynni að hljótast tjón á umhverfi, auk þess sem fyrirtækið gæti notið óréttmæts ávinnings vegna sparaðra útgjalda. Þótt sum brot geti á þennan veg bæði talist umhverfisbrot og efnahagsbrot er einnig ljóst að sum umhverfisbrot eru ekki efnahagsbrot. Það ætti til dæmis við um verknað sem fælist í því að umhverfi væri mengað í eitt einstakt skipti án þess að sú athöfn færi fram í hagnaðarskyni í tengslum við atvinnurekstur.

III.
Almenn hegningarlög og umhverfisbrot.

Við setningu almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, var umhverfið og verndun þess ekki litið sömu augum og nú er raunin. Í lögunum eru þó ákvæði sem unnt er að beita vegna umhverfisbrota þótt þau hafi ekki verið sniðin að verndun umhverfisins. Þessi ákvæði eru annars vegar í XVIII. kafla laganna um brot sem hafa í för með sér almannahættu og hins vegar í XIX. kafla laganna um ýmis brot á hagsmunum almennings.

1. Almannahættubrot.

Almannahættubrot skv. XVIII. kafla hegningarlaganna hafa það sameiginlega einkenni að óákveðnum hagsmunum margra og venjulegast einnig óákveðinna manna er stefnt í hættu. Til að refsað verði fyrir brot á ákvæðum kaflans verður almannahætta yfirleitt að vera fyrir hendi, án tillits til þess hvort hennar er sérstaklega getið í því ákvæði sem reynir á hverju sinni.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laganna skal sá sæta fangelsi sem bakar öðrum tjón á lífi, líkama eða eignum með því að valda sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða öfórum annarra slíkra farar- eða flutningstækja. Þetta ákvæði veitir almannahagsmunum vernd gegn þeirri hættu sem er samfara verknuðum sem þessum en þeir gætu meðal annars verið skaðlegir fyrir umhverfið. Verknaður skv. 1. mgr. 165. gr. er fólginn í því að valda tjóni á tilgreindum hagsmunum og hefur verið talið, með hliðsjón af staðsetningu ákvæðisins í XVIII. kafla laganna og hárri hámarksrefsingu, að verknaður þurfi að vera grófur. Til að verknaður skv. 1. mgr. 165. gr. sé saknæmur þarf hann að vera unninn af ásetningi. Í 167. gr. laganna er hins vegar lögð refsing við broti sem getur í 165. gr. og framið er af gáleysi. Varðar slíkt brot sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Í 169. gr. hegningarlaga er mælt fyrir um að sá skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári sem láti hjá líða að gera það sem í hans valdi stendur til þess að vara við eða afstýra eldsvoða, sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, öðrum umferðarslysum eða þess háttar öfórum sem mönnum eða miklum verðmætum er búinn háski af, enda hefði hann getað gert það án þess að stofna verulegum hagsmunum sínum eða annarra í hættu. Með þessu ákvæði er lögð refsing við tilteknu athafnaleysi sem felur í sér ákveðna hættu og getur hún meðal annars beinst að umhverfinu Til að refsað verði fyrir brot á ákvæðinu er ásetningur saknæmisskilyrði.

Samkvæmt 1. mgr. 170. gr. laganna skal hver sá sem stofnar lífi manna eða heilsu í hættu með því að valda almennum skorti á drykkjarvatni eða setja skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur sæta fangelsi allt að 12 árum. Þetta ákvæði veitir lífi vernd gegn hættu sem

stafar af vatnsskorti og mengun. Ásetningur er saknæmisskilyrði skv. 1. mgr. 170. gr. en brot framið af gáleysi varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári, sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

2. Ýmis brot gegn hagsmunum almennings.

Brot þau sem eru í XIX. kafla hegningarlaga fela ekki í sér almannahættu. Þar er einnig að finna ákvæði sem getur komið til álita að beita við umhverfisbroti. Samkvæmt 177. gr. skal hver sá sem tekur burtu, ónýtir eða skemmir opinber minnismerki eða hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða skrauts eða hluti sem teljast til opinberra safna eða eru sérstaklega friðaðir sæta fangelsi allt að þremur árum eða sektum ef málsbætur eru fyrir hendi. Ásetningur er saknæmisskilyrði samkvæmt ákvæðinu.

IV.
Ákvæði annarra laga sem lýsa umhverfisbrotum.

Heildarlöggjöf um umhverfismál hefur ekki verið sett hér á landi. Ýmis lög hafa hins vegar að geyma ákvæði sem lúta að umhverfinu og verndun þess, þar með talin ákvæði sem leggja refsingu við umhverfisbrotum. Með þessu frumvarpi er lagt til að nánar tilgreind háttsemi, sem einnig felur í sér brot á umræddri löggjöf, varði refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Hér verða raktir helstu lagabálkar á þessu sviði en sú upptalning er ekki tæmandi.

1. Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Lögunum um náttúruvernd er ætlað að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum en þó þannig að verndað sé það í náttúrunni sem er sérstætt eða sögulegt. Þá er tilgangur laganna einnig að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Í 75. gr. laganna segir að spjöll á náttúru landsins sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi varði refsingu. Í 76. gr. laganna segir síðan að brot gegn lögunum og reglum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Auk þess má beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum eða til þess að láta af atferli sem er ólögmætt, sbr. 73. gr. laganna.

2. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Lögin hafa það markmið að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Þeim er ætlað taka til hvers konar starfsemi hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána.

Samkvæmt 33. gr. laganna varða brot gegn ákvæðum þeirra, reglum settum samkvæmt þeim og samþykktum sveitarfélaga sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Ef um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot er að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

3. Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997.

Markmið skipulags- og byggingarlaga er að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Þá er lögunum ætlað að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Einnig er lögunum ætlað að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og

byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi. Að lokum er það markmið laganna að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

Brot gegn lögunum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, sbr. 60. gr. laganna. Þá er sveitarstjórn heimilt að leggja á dagsektir ef aðili sinnir ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar, þar til úr er bætt, sbr. 57. gr. laganna.

4. Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

Lögin um mat á umhverfisáhrifum hafa það markmið að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana.

Brot gegn lögunum varða sektum, sbr. 16. gr. laganna.

5. Lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

Í lögunum um eiturefni og hættuleg efni er m.a. fjallað um hverjum megi selja og afhenda eiturefni og hvernig skuli varðveita eiturefni og hættuleg efni. Þar er kveðið á um hvernig skuli farga eiturefnum og hættulegum efnum og kemur þar fram að þessum efnum, tómum flöskum og öðrum umbúðum sem hafa slík efni að geyma skuli farga eða hreinsa þannig að mönnum og dýrum stafi ekki hætta af.

Samkvæmt 26. gr. laganna skal refsa fyrir brot gegn lögunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Fyrir ítrekað brot eða stórfellt getur refsing verið allt að tveggja ára fangelsi. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögunum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

6. Lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986.

Tilgangur laga um varnir gegn mengun sjávar er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna, sem talin eru upp í fylgiskjali 1 með lögunum, og stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins.

Samkvæmt 27. gr. laganna skal refsa fyrir brot gegn lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim með fésektum, fangelsi allt að einu ári eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Tilraun og hlutdeild í brotum gagnvart lögunum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 31. gr. laganna. Heimilt er að ákveða aðila dagsektir þar til úr er bætt ef hann sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalda um að vinna verk eða koma upp búnaði sem fyrir er mælt í lögunum og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. 32. gr. laganna.

7. Lög um geislavarnir, nr. 117/1985.

Lögum um geislavarnir er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum í því skyni að koma í veg fyrir skaðleg áhrif slíkrar geislunar. Jónandi geislun er skilgreind sem geislun frá geislavirkum efnum, röntgen-

geislun eða önnur geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif. Með geislatækjum er átt við tæki sem innihalda geislavirk efni eða tæki sem framleiða jónandi geislun.

Fyrir brot gegn lögunum og reglum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar, sbr. 23. gr. laganna.

8. Vatnalög, nr. 15/1923.

Í vatnalögum er að finna ein elstu ákvæði hér á landi um umhverfisvernd. Í IX. kafla er fjallað almennt um mengun fersks vatns en ákvæði kaflans taka bæði til mengunar frá iðjuverum og mengunar af öðrum ástæðum. Samkvæmt 83. gr. laganna er bannað að láta í vatn frá iðjuverum nokkra þá hluti, fasta, fljótandi eða loftkennda, sem spilla mundu botni vatns, bakka eða vatninu sjálfu svo að hættulegt sé mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Þá er og bannað að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni að hætta sé á að þau berist í vatnið. Þetta ákvæði gildir einnig þótt ekki sé um iðjuver að ræða, sbr. 84. gr. laganna.

Í 153. gr. segir að brot gegn lögunum varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

V.
Efni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að í 179. gr. hegningarlaga verði mælt fyrir um refsinæmi umhverfisbrota en það ákvæði stendur nú autt í XIX. kafla laganna, sem ber heitið *Ýmis brot á hagsmunum almennings*. Í ákvæðinu segir að nánar tiltekin brot gegn lögum um verndun umhverfis varði allt að fjögurra ára fangelsisrefsingu. Þannig er áskilið að háttsemin sé andstæð umhverfislögum en það gæti vitanlega leitt til refsiábyrgðar á grundvelli þeirra laga. Þegar um alvarlegustu brot af því tagi er að ræða er hins vegar lagt til að þau varði við almenn hegningarlög. Í samræmi við það er einnig lagt til að refsimörk ákvæðisins verði nokkuð hærri en almennt á við samkvæmt umhverfislöggjöfinni. Í ákvæðinu er miðað við gildandi lög til verndar umhverfi og náttúru á hverjum tíma en þegar hefur verið gerð grein fyrir helstu lagabálkum á þessu réttarsviði.

Frumvarpið tekur til meiri háttar brota gegn lögum um verndun umhverfis og er því gert ráð fyrir að háttsemin sé mjög vítaverð. Hvort brot telst meiri háttar veltur á heildarmati í hverju tilviki fyrir sig en við matið koma ýmis atriði til álita. Þannig skiptir máli þegar umhverfisbrot er framið við annars löglegan atvinnurekstur hvort háttsemin felur í sér veruleg frávik frá því sem almennt tíðkast. Smávægileg frávik teldust því síður meiri háttar umhverfisbrot samkvæmt hegningarlögum en slík háttsemi gæti eftir sem áður haft í för með sér refsiviðurlög eftir öðrum lögum. Einnig verður brot frekar heimfært til hegningarlaga ef brotastarfsemin er viðvarandi og skipulögð en þegar um einstakan atburð er að ræða. Við matið getur enn fremur haft áhrif hvort reynt hefur verið að dylja brot í stað þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til varnar umhverfinu. Með því að láta undir höfuð leggjast að slíkar ráðstafanir séu gerðar er hætt við að tjónið verði meira eða áhrif þess varanlegri. Þá mæla rök með því að heimfæra brot undir hegningarlög ef það hefur haft í för með sér fjárhagslegan ávinning, svo sem með því að komast hjá útgjöldum sem hljótast af lögboðnum mengunarvörnum. Þetta á sérstaklega við ef starfsemi þrífst beinlínis í skjóli þess að reglur á sviði umhverfisverndar eru virtar að vettugi. Að lokum má geta þess að fremur er ástæða til að virða brot sem meiri háttar ef það er mjög saknæmt. Það ætti við ef frá öndverðu hefði gagngert verið lagt á ráðin um að valda tjóni á umhverfinu.

Í frumvarpinu er miðað við að verulegt tjón hafi hlotist af broti eða að yfirvofandi hætta hafi skapast á slíku tjóni. Við mat á því hvort brot telst meiri háttar hafa afleiðingar þess eða hætta því samfara vitanlega áhrif en allt að einu þykir rétt að þessi áskilnaður komi beinlínis

fram í ákvæðinu, enda er ekki ætlunin að brot varði við hegningarlög nema það hafi haft í för með verulegt tjón á umhverfinu eða hætta á slíku tjóni hafi verið yfirvofandi. Við mat á því hvort tjón sé verulegt skiptir máli hvort það má bæta og hversu mikið kostar að draga úr afleiðingum þess.

Samkvæmt 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að meiri háttar brot gegn lögum um umhverfisvernd varði refsingu ef það felst í því að menga loft, jörð, haf eða vatnasvæði þannig að verulegt tjón verði á umhverfi eða ef valdið er yfirvofandi hættu á slíku tjóni. Með mengun jarðar er átt við yfirborð hennar og jarðgrunninn. Mengun vatnasvæða tekur bæði til stöðuvatna og straumvatna.

Í 2. tölul. 1. gr. er lögð refsing við meiri háttar brotum á lögum um umhverfisvernd sem felast í því að geyma eða losa úrgang eða skaðleg efni þannig að verulegt tjón verði á umhverfinu eða valdið er yfirvofandi hættu á slíku tjóni. Almennt væri mengun augljóslega samfara þessari háttsemi þannig að brot varðaði við 1. tölul. Þó er ekki sjálfgefið að ásetningur standi til þess að valda mengun en þá væri brot refsivert eftir 2. tölul.

Samkvæmt 3. tölul. 1. gr. er meiri háttar brot á umhverfislögum refsivert ef það lýsir sér í því að valdið er verulegu raski á landi þannig að það breyti varanlega um svip eða ef spillt er merkum náttúruminjum. Spilling náttúruminja er refsinæmt athæfi óðáð því hvort tjón er verulegt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (umhverfisbrot).

Tilgangur frumvarpsins er að auka áhrif refsiákvæða í lögum til verndar umhverfi með því að leggja refsingu við alvarlegustu umhverfisbrotum í almennum hegningarlögum. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið auki útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

90. Frumvarp til laga [90. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun annast daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið er í veg fyrir samkeppni, hún takmörkuð eða henni raskað eru bannaðir þegar þeir lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á:

a. verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,
b. takmörkun eða stýringu framleiðslu, markaða, tækniþróunar eða fjárfestingar,
c. skiptingu markaða eftir svæðum, eftir viðskiptavinum eða eftir sölu og magni,
d. skiptingu birgðalinda,
e. gerð skilmála sem mismuna öðrum viðskiptaaðilum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnistöðu þeirra,
f. gerð tilboða, t.d. með því að setja það skilyrði fyrir samningsgerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

3. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð. Slík misnotkun getur einkum falist í því að:

a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,
b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markað eða tækniþróun, neytendum til tjóns,
c. öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,
d. sett sé það skilyrði fyrir samningsgerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

4. gr.

Orðin „ákveða samkeppnishömlur eða“ í 12. gr. laganna falla brott.

5. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Bannákvæði 10. gr. tekur ekki til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur sem rétthafi og nytjaleyfishafi hafa gert sín á milli um rétt til að nota skráð einkaleyfi eða mynstur á sviði iðnaðar.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „leiði til markaðsyfirráða þess“ í 1. mgr. kemur: eða sé til þess fallin að styrkja markaðsráðandi stöðu þess.
b. 2. mgr. orðast svo:

Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en sex mánuðum eftir að samkeppnisyfirvöldum barst tilkynning um samrunann eða yfirtökuna og skal tilkynningu fylgja öll þau gögn er máli skipta varðandi samrunann eða yfirtökuna. Komi síðar í ljós að samkeppnisráði hafi ekki borist fullnægjandi gögn byrjar framangreindur frestur ekki að líða fyrr en úr hefur verið bætt.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, 34. gr. a, sem orðast svo:

Samkeppnisstofnun skal hafa í aðgengilegu formi á hverjum tíma upplýsingar um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi. Skulu upplýsingarnar uppfærðar á sex mánaða fresti.

8. gr.

Í stað orðanna „getur lagt“ í 1. mgr. 52. gr. laganna kemur: leggur.

9. gr.

2. og 3. málsl. 54. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I.

Markmið núgildandi samkeppnislaga, nr. 8 25 febrúar 1993, er að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þannig að hagkvæmri nýtingu á framleiðsluþáttum þjóðfélagsins sem leiða eiga til almennra efnahagslegra framfara. Þessu er lýst þannig í núverandi samkeppnislögum að þeim sé ætlað að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Það eru gömul sannindi og ný að ekkert hefur reynst betur við að tryggja sem lægst vöruverð og besta þjónustu til handa neytendum en öflug og heilbrigð samkeppni, enda skrifaði Adam Smith árið 1776 að fjármagnseigendur gætu undir engum kringumstæðum komið saman, jafnvel þó tilefnið væri einungis til ánægju og skemmtunar, án þess að félagsskapurinn endaði í einhvers konar samsæri gegn almannaheill eða leynilegu samkomulagi um verðhækkanir. Heilbrigður markaður fær því hvorki þrifist né þróast nema leikreglurnar séu skýrar og gagnsæjar og eftirlit öflugt. Það er því nauðsynlegt að gildandi reglur séu skýrar og einfaldar ef koma á í veg fyrir fákeppni og einokun á markaði sem neytendur þurfa á endanum að greiða með hærra vöruverði og lélegri þjónustu.

Samkeppnisreglur vestrænna þjóða eru jafnan byggðar á tveimur mismunandi grundvallaratriðum eða aðferðum. Annars vegar banni og hins vegar misbeitingu. Þau lög sem byggjast á banni fela í sér þá meginreglu að nær allar samkeppnishömlur eru bannaðar. Þau lög sem byggjast á misbeitingu fela hins vegar ekki í sér að allar samkeppnishömlur séu bannaðar heldur byggjast þau á heimildum samkeppnisyfirvalda til að hindra samkeppnishömlur í einstökum tilvikum séu þær taldar skaðlegar. Bannið er lagt til grundvallar í löggjöf ESB og Bandaríkjanna. Þau fáu ríki sem hafa byggt á misbeitingaraðferðinni hafa smám saman verið að þróa löggjöfina í átt til bannsins. Á hinn bóginn er rétt að taka fram að hlutirnir eru ekki aðeins svartir eða hvítir því oft er í löggjöf skerpt á misbeitingunni með því að banna tiltekin atriði. Yfirleitt er bannaðferðin auðveldri í framkvæmd þar sem ákvæðin fela í sér hvað má og hvað ekki. Erfiðara getur reynst fyrir samkeppnisyfirvöld að þurfa jafnan að sýna fram á skaðsemi samkeppnishamla.

Mat flutningsmanna er að ef samkeppnislögin eiga að ná þeim markmiðum sem að er stefnt er nauðsynlegt að ráðast í þessar breytingar enda eru þær í samræmi við þróun sem átt

hefur sér stað í samkeppnisrétti þjóða sem við viljum líta til. Reynslan hefur kennt að það hefur reynst samkeppnisyfirvöldum mun auðveldara að sinna hlutverki sínu ef löggjöfin er að meginstefnu byggð á bannreglunni. Sú stefna er í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og finna má í 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Ekki þarf að orðalengja það að í íslensku viðskiptalífi hefur orðið vart samþjöppunar valds og áhrifa. Slík samþjöppun er líkleg til að leiða til fákeppni sem skaðar heilbrigða samkeppni. Breytingar sem hér eru lagðar til miða að því að samkeppnisyfirvöld verði betur í stakk búin til að takast á við þessa þróun og sporna gegn henni.

II.

Í fyrsta lagi er með frumvarpinu reynt að víkka út reglur sem nú er að finna í 10. og 12. gr. samkeppnislaganna. Í þessu samhengi má benda á að Danir og Bretar hafa nýverið tekið upp reglur ESB á þessu sviði, en þær eru sambærilegar við þær efnisreglur sem fram koma í 53. gr. og 54. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Í öðru lagi er lagt til að 11. gr. verði breytt þannig að í stað þess að misnotkun á markaðsráðandi stöðu sé ekki bönnuð fyrir fram komi ný regla sem banni misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Núverandi fyrirkomulag leiðir til þess að ákvarða þarf í hverju máli fyrir sig hvort um misnotkun hafi verið að ræða og síðan banna hana. Þetta þýðir að markaðsráðandi fyrirtæki getur misnotað stöðu sína sér að skaðlausu þar til það hefur verið tekið fyrir. Víðast hvar erlendis er misnotkun bönnuð fyrir fram og getur varðað háum sektum. Hér er því lagt til að 54. gr. EES-samningsins verði tekin efnislega upp.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á 18. gr. laganna. Að mati flutningsmanna hefur greinin reynst nánast ónothæf. Ástæða þess er einkum sá skammi frestur sem samkeppnisyfirvöld hafa til að rannsaka mál og afgreiða þau, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í svokölluðu Myllumáli. Þar virðist túlkunin vera sú að samkeppnisyfirvöld hafi tvo mánuði til að rannsaka og afgreiða mál frá því að fréttir af samruna fyrirtækja birtast í fjölmiðlum. Þessi skammi tími er einsdæmi í hinum vestræna heimi. Má í því sambandi benda á að norsk samkeppnisyfirvöld hafa allt upp í eitt ár til að afgreiða sambærileg mál. ESB hefur allt að fimm mánuðum til að afgreiða mál og byrjar fresturinn að líða þegar tilkynning berst frá fyrirtækjunum studd fullum gögnum. Hér er lagt til að samkepnisyfirvöld fái sex mánuði til að afgreiða samrunamál og að fresturinn byrji að líða þegar samkeppnisyfirvöld fá tilkynningu frá fyrirtækjunum um fyrirhugaðan samruna, studda gögnum þar um.

Þá er í fjórða lagi lagt til að fallið verði frá þeirri misbeitingaraðferð sem er að finna í núverandi 18. gr. samkeppnislaga þegar kemur að ógildingu á samruna fyrirtækja eða yfirtöku. Túlkun Hæstaréttar á 18. gr. samkeppnislaganna í svokölluðu Flugleiðamáli bendir til þess að fyrirtæki sem hefur markaðsráðandi stöðu geti haldið áfram að auka við hana án þess að samkeppnisyfirvöld fái rönd við reist, þ.e. þegar fyrirtæki hefur einu sinni náð markaðsráðandi stöðu skiptir ekki máli í samkeppnislegu tilliti hvort það styrkir enn stöðu sína eða ekki. Flutningsmenn telja að slík niðurstaða sé ekki í samræmi við markmið samkeppnislaganna og því nauðsynlegt að breyta núverandi reglu til samræmis við það sem tíðkast í öðrum vestrænum ríkjum. Því er lagt til að reglunni verði beitt þannig að ef samruni fyrirtækja eða yfirtaka á fyrirtæki leiðir til markaðsyfirráða eða styrkingu á þeirri stöðu sem skaðar samkeppni eða er andstæð markmiðum samkeppnislaga að öðru leyti geti samkepnisráð ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað.

Í fimmta lagi er lagt til að í stað þess að í 52. gr. laganna segi að samkeppnisráð geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn lögunum segi þar að sam-

keppnisráð leggi stjórnavaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja. Með því verður ljósara að meginreglan hlýtur að vera sú að slíkar sektir séu lagðar á ef brot eru framin.

Í sjötta lagi er lagt til að Samkeppnisstofnun verði varanlega fengið það hlutverk að halda skrá um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi. Þessi skrá á sér fyrirmynd í skýrslu sem stofnunin sendi frá sér á árinu 1994. Hugmyndin með þessu er að skráin verði í aðgengilegu formi fyrir alla sem vilja kynna sér stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi og virðist einboðið að skrá af þessum toga yrði á netinu (internetinu) í það minnsta. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sex mánaða fresti í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lagt til að orðalagi 5. gr. samkeppnislaga verði breytt og kveðið skýrt á um að viðskiptaráðherra hafi ekki íhlutunarrétt í störf samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar. Er þetta nauðsynlegt til að taka af allan vafa um stöðu ráðsins og stofnunarinnar. Þar sem í greininni er fjallað um daglega stjórnsýslu þykir ekki rétt að hafa áfrýjunarnefnd samkeppnismála með í upptalningu 5. gr. laganna, enda eru fullnægjandi ákvæði um hana í 9. gr. þeirra.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að í 10. gr. samkeppnislaga verði skýrar kveðið á um það en nú hvers konar samningar teljist takmarka eða koma í veg fyrir samkeppni. Er hún að mestu í samræmi við 53. gr. EES-samningsins. Er þar talið upp í fimm liðum að hverju samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja mega ekki lúta eða hafa áhrif á. Þó að listinn sé mun ítarlegri en í núgildandi lögum er hann ekki tæmandi.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lagt til að ný grein komi í stað núgildandi 11. gr. þar sem kveðið verði á um að misnotkun á markaðsráðandi stöðu sé bönnuð. Samkvæmt núgildandi lögum geta samkeppnisyfirvöld einungis gripið inn í samninga, skilmála, athafnir og aðstæður sem leiða til að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína eftir að misnotkunin hefur átt sér stað. Með 3. gr. frumvarpsins er hins vegar lagt til að slík misnotkun sé bönnuð fyrir fram.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að orðin „ákveða samkeppnishömlur“ í 12. gr. laganna falli brott. Með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til á 10. gr. laganna í 2. gr. frumvarpsins er þessi breyting eðlileg.

Um 5. gr.

Breyting sú sem lögð er til í 5. gr. tengist einnig breytingum á 10. gr. laganna, en lögð er til breyting á tilvísun til hennar.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til tvær breytingar á 18. gr. laganna. Annars vegar er lögð til sú breyting á 1. mgr. greinarinnar að hún taki ekki einungis til samruna eða yfirtöku sem leiði til markaðsráðandi stöðu heldur einnig til samruna eða yfirtöku sem sé til þess fallin að styrkja markaðsráðandi stöðu sem þegar sé fyrir hendi. Hins vegar er lögð til sú breyting á 2. mgr. greinarinnar að frestur samkeppnisyfirvalda til að taka ákvörðun um ógildingu verði lengdur úr tveimur mánuðum í sex, auk þess sem fresturinn byrji ekki að líða fyrr en samkeppnisráði hafa borist fullnægjandi gögn um yfirtökuna eða samrunann. Eru þessar breytingar til þess fallnar að styrkja stöðu samkeppnisyfirvalda við störf sín.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er lagt til að ný grein bætist við lögin þar sem kveðið er á um að samkeppnisráð skuli halda skrá sem innihaldi upplýsingar um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi. Er ljóst að slík skrá mundi auðvelda eftirlit með slíkum tengslum auk þess sem auðveldara væri fyrir almenning að fylgjast með þeim. Í bráðabirgðaákvæði með samkeppnislögum, nr. 8/1993, var kveðið á um að Samkeppnisstofunun skyldi gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði. Með því átti að kanna hvort finna mætti í íslensku viðskiptalífi alvarleg einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað gæti samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta og skapað þar með hættu á brotum á samkeppnislögum. Í raun er því lagt til að þessi úttekt verði uppfærð til dagsins í dag og jafnframt að skýrslan verði uppfærð eftir það á sex mánaða fresti. Flutningsmenn telja eðlilegt að skýrslan verði aðgengileg á netinu, t.d. á heimasíðu Samkeppnisstofnunar.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að í stað þess að í 52. gr. laganna segi að samkeppnisráð geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn lögunum segi þar að samkeppnisráð leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja. Með því verður ljósara að meginreglan hlýtur að vera sú að slíkar sektir séu lagðar á ef brot eiga sér stað.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er lagt til að felld verði úr 54. gr. laganna ákvæði þess efnis að dagsektir sem samkeppnisráð ákveði reiknist ekki fyrr en eftir að áfrýjunarfrestur er liðinn og ekki fyrr en niðurstaða áfrýjunarnefndar liggur fyrir sé ákvörðuninni áfrýjað. Málskot til áfrýjunarnefndar frestar eftir sem áður aðför skv. 2. mgr. 58. gr.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

91. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um málefni innflytjenda á Íslandi.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á aðstæðum innflytjenda á Íslandi, einkum með tilliti til kvenna og barna. Safnað verði upplýsingum úr skýrslum og könnunum sem þegar hafa verið gerðar á vegum hins opinbera og annarra aðila og gagna aflað eftir þörfum til að meta á vandaðan hátt stöðu innflytjenda á Íslandi. Markmiðið verði að finna leiðir til þess að tryggja þeim kennslu, aðstoð og félagslega þjónustu þannig að þeir eigi þess kost að vera virkir þátttakendur á jafnréttisgrundvelli í íslensku samfélagi.

Greinargerð.

Málefni útlendinga sem setjast að á Íslandi heyra undir a.m.k. fjögur ráðuneyti, þ.e. dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti. Á vegum þessara ráðuneyta, annarra opinberra aðila og ýmissa annarra hefur á undanförnum árum verið leitast við að setja fram hugmyndir um hvernig best yrði komið til móts við þarfir útlendinga sem flytjast hingað til að setjast hér að. Því miður nægir ekki að setja fram góðar hugmyndir. Aðgerða er þörf — fyrr en síðar.

Hér er valinn sá kostur að nota hugtakið innflytjandi, fremur en nýbúi, um þá sem eru á Íslandi í þeim tilgangi að setjast þar að vegna þess að í hugum margra á hugtakið nýbúi einungis við fólk frá framandi menningarsvæðum. Augljóst er að innflytjendur á Íslandi eru fjölbreyttur hópur og ástæður þess að Ísland hefur valist sem dvalarstaður eru mismunandi. Sem dæmi má nefna að á undanförnum árum hafa komið til Íslands nokkrir hópar erlendra flóttamanna og sest hér að, íslenskt atvinnulíf hefur tímabundið sóst eftir erlendu vinnuafli og Íslendingar hafa gengið í hjónaband með erlendu fólki. Þá getur verið um að ræða fólk sem á fjölskyldu hér fyrir, erlenda foreldra eða erlend börn Íslendinga.

Sumum þeirra útlendinga sem hér hafa sest að hefur tekist vel að samlagast íslensku samfélagi, þeir hafa sett svip sinn á það, styrkt og auðgað á margvíslegan hátt. Því miður eru þeir þó miklu fleiri sem þurfa sérstakan stuðning þegar þeir setjast að í nýju landi með framandi tungu og ólíka menningu. Ef ekki verður brugðist við og tryggt að innflytjendum sem setjast að á Íslandi verði sérstaklega sinnt og séð til þess að þeir og börn þeirra fái viðunandi kennslu á öllum skólastigum og innan fullorðinsfræðslunnar, tryggt að almennar upplýsingar um íslenskt samfélag, t.d. um heilbrigðis- og tryggingarkerfi, séu tiltækar og búið svo um hnúta að íslenskur vinnumarkaður sé þeim aðgengilegur er hætt við að áður en langt um líður verði ýmis vandamál sem tengjast þessum hópi þjóðfélagsþegna á Íslandi orðin svo yfirgripsmikil og fjölþætt að vart verði við ráðið. Síðast en ekki síst þarf að sjá til þess að innflytjendurnir missi ekki tengsl við eigin menningu og samfélag.

Í þessari þingsályktunartillögu er sjónum sérstaklega beint að málefnum erlendra kvenna og barna sem búa á Íslandi. Ástæðan er sú að konur eru fjölmennar í hópi innflytjenda á Íslandi og margar þeirra búa við þær aðstæður að eiga erfitt með að leita sér fræðslu og upplýsinga. Í ljós hefur komið að margar erlendar konur sem sest hafa að á Íslandi hafa leitað aðstoðar kvennaathvarfa vegna vandamála sem upp koma í fjölskyldulífi þeirra.

Börn innflytjenda á Íslandi búa milli tveggja eða jafnvel fleiri menningarheima. Í ljós hefur komið að brottfall þeirra úr skóla er óvenju hátt, mörg þeirra ljúka ekki formlegu grunn-

skólanámi og aðeins örfá þeirra sem það gera halda áfram námi að loknum grunnskóla. Jafnvel hefur brugðið við að börnin skili sér alls ekki inn í skólakerfið.

Það er samdóma álit þeirra sem til þekkja að vænlegasta leiðin til að tryggja að vel takist til þegar útlendingar setjast að í framandi samfélagi sé að styðja þá til að viðhalda eigin móðurmáli og menningu og sjá um leið til þess að þeir kynnist grundvallaratriðum hins nýja samfélags, siðum þess og venjum. Þá er einnig mikilvægt að Íslendingar líti í eigin barm, losi sig við fordóma og temji sér virðingu og þolinmæði fyrir annars konar viðhorfum og gildum en þeim sem þeir hafa hingað til vanist. Þannig verður best stuðlað að fjölbreyttara og auðugra samfélagi á Íslandi.

Brýnustu verkefnin eru að:

— sveitarfélögum verði ætlað sérstakt fjármagn til þess að undirbúa mótttöku innflytjenda og aðstoða þá við að samlagast samfélaginu sem þeir búa í;
— sveitarfélögum verði ætlað sérstakt fjármagn til þess að tryggja að börn innflytjenda á grunnskólaaldri missi ekki af almennri kennslu við hæfi vegna ónógrar íslenskukunnáttu;
— tryggja að í allri grunnþjónustu samfélagsins, svo sem innan heilbrigðiskerfisins, í ungbarnavernd, á vegum félagsmálastofnunar o.s.frv., sé innflytjendum gefinn kostur á túlkun á eigin móðurmál þegar þjónusta er veitt eða eftir henni leitað og að fyrir hendi séu almennar upplýsingar á einföldu máli sem innflytjendur geta nýtt sér.

Þótt þessi verkefni séu hér talin brýnust eru fjölmörg önnur atriði sem mikilvægt er að takast á við. Þær tillögur sem hér hafa verið nefndar til úrbóta hafa komið fram í mörgum skýrslum og greinargerðum þar sem fjallað hefur verið um málefni innflytjenda á Íslandi. Má þar t.d. nefna nefndarálit um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi sem menntamálaráðuneytið gaf út í júní árið 1997. Vandinn er hins vegar að góðar tillögur sem þar og annars staðar koma fram hafa ekki náð fram að ganga. Því er mikilvægt að safnað verði saman upplýsingum og hugmyndum sem þegar liggja fyrir um hvernig betur megi standa að því mikilvæga verkefni að tryggja útlendingum sem velja sér Ísland sem heimaland viðunandi móttökur og aðbúnað.

92. Svar [35. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um Kyoto-bókunina.

1. *Hver eru skilyrði þau og fyrirvarar sem íslensk stjórnvöld setja fyrir væntanlegri aðild Íslands að Kyoto-bókuninni, með vísan til þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að „Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni þegar fyrir liggur ásættanleg niðurstaða í sérmálum þess“, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar?*

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni þegar viðunandi lausn fæst á vanda Íslendinga varðandi hana.

Íslendingar lýstu því yfir þegar Kyoto-bókunin kom til lokaafgreiðslu aðildarríkjaþingsins í Kyoto að Ísland gæti ekki tekið á sig þær skuldbindingar sem bókunin felur í sér. Ekki var talið raunhæft að standa við þær sökum sérstöðu Íslands, fyrst og fremst sökum smæðar hagkerfisins og hlutfallslega mikilla áhrifa einstakra framkvæmda á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Þessi sérstaða Íslands var viðurkennd í Kyoto þar sem aðildarríkjaþingið samþykkti að taka skyldi til skoðunar og, eftir atvikum, gera ráðstafanir vegna stöðu ríkja þar

sem einstakar framkvæmdir geta haft veruleg hlutfallsleg áhrif á heildarlosun viðkomandi ríkis.

Í framhaldi af þessari samþykkt lagði Ísland fram tillögu til lausnar þessu vandamáli sumarið 1997. Tillagan hefur verið til skoðunar hjá aðildarríkjum loftslagssamningsins. Í henni felst að losun frá iðnverum sem leiðir til meira en 5% aukningar í heildarlosun einstaks ríkis verði haldið utan við losunarmörk Kyoto-bókunarinnar með tilteknum skilyrðum. Þessi skilyrði eru í fyrsta lagi að heildarlosun viðkomandi ríkis sé ekki meiri en 0,05% af heildarlosun allra ríkja sem skráð eru í Annex I miðað við losun þeirra árið 1990, í öðru lagi að endurnýjanlegir orkugjafar séu notaðir til framleiðslu þeirrar orku sem notuð er í iðnverinu og í þriðja lagi að notast sé við bestu umhverfisvenjur við framleiðsluna.

Samþykkt þessarar tillögu eða annars fyrirkomulags sem gerir Íslandi mögulegt að auka nýtingu endurnýjanlegra orkulinda mundi gera Íslandi kleift að gerast aðili að bókuninni.

2. *Hvaða horfur eru taldar á að á þau verið fallist þannig að Ísland verði aðili að bókuninni?*

Sjónarmið Íslands hafa mætt vaxandi skilningi meðal aðildarríkja loftslagssamningsins. Hvort fallist verður á þau ræðst hins vegar ekki eingöngu af viðhorfum ríkja til sérstöðu Íslands heldur einnig af niðurstöðu yfirstandandi samningaviðræðna um framkvæmd sveigjanleikaákvæðanna svokölluðu. Lausn á okkar málum er háð lyktum þeirra samninga.

3. *Hvað hefur gerst í þessu máli í framhaldi af fjórða aðildarríkjaþingi rammasamnings Sameinuðu þjóðanna sem haldið var í nóvember 1998?*

Tillaga Íslands hefur verið til athugunar hjá aðildarríkjum loftslagssamningsins. Skriflegar athugasemdir bárust í framhaldi af fjórða aðildarríkjaþinginu frá nokkrum löndum og hefur þeim verið svarað. Svörin voru birt sem þingskjal á fundum undirnefnda loftslagssamningsins í Bonn sl. vor. Utanríkisráðherra og aðrir ráðherrar hafa átt fjölda tvíhliða viðræðufunda við önnur ríki um tillögu Íslands. Sendinefnd Íslands hefur einnig kynnt sérstöðu landsins fyrir ESB-ríkjunum, framkvæmdastjórn ESB, öðrum Norðurlöndum og OECD-ríkjum, samstarfsríkjunum í „regnhlífarhópnum" svonefnda og alþjóðlegum umhverfisverndarsamtökum. Einnig hafa farið fram óformlegar viðræður við fulltrúa einstakra þróunarríkja á vinnunefndafundum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

4. *Hvers vænta íslensk stjórnvöld af fimmta aðildarríkjaþinginu sem fram undan er?*

Þess er vænst að árangur náist í sambandi við framkvæmd sveigjanleikaákvæðanna sem greiði fyrir niðurstöðu á 6. aðildarríkjaþinginu. Þá vænta íslensk stjórnvöld þess að þar ljúki tæknilegri umfjöllun um íslensku tillöguna þannig að samningaviðræður um lausn málsins geti hafist.

5. *Hvenær er þess að vænta að endanleg afstaða verði tekin til „íslenska ákvæðisins"?*

Endanlegrar afstöðu til „íslenska ákvæðisins" er að vænta á 6. aðildarríkjaþinginu, sem haldið verður í árslok árið 2000 eða fyrri hluta árs 2001, samhliða ákvörðun um sveigjanleikaákvæðin.

93. Fyrirspurn [92. mál]

til heilbrigðisráðherra um miðstöð sjúkraflugs á Akureyri.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver eru viðhorf ráðherra til tillagna um að gera Akureyri að miðstöð sjúkraflugs, annars en þyrluflugs, og efla um leið Fjórðungssjúkrahúsið og Háskólann á Akureyri og fleiri stofnanir á svæðinu sem miðstöð landsbyggðarlækninga/hjúkrunar?
2. Hefur farið fram athugun á þessum kosti af hálfu ráðuneytisins og ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar?

94. Fyrirspurn [93. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um bensínstyrki til hreyfihamlaðra lífeyrisþega.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hefur upphæð bensínstyrks til hreyfihamlaðra lífeyrisþega þróast miðað við bensínverð undanfarin fimm ár? Upphæð bensínstyrks og bensínverð miðist við 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert.

Skriflegt svar óskast.

95. Frumvarp til laga [94. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson, Kristján L. Möller.

1. gr.

Heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skulu ekki vera undir 112.000 kr. fyrir fulla dagvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2000.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lágmarkslaun var lagt fram á 122. þingi en náði þá ekki fram að ganga. Það var lagt fram að nýju á 123. þingi í breyttri mynd. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera lægri en 112.000 kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu.

Meginvandi íslensks þjóðfélags er fátækt sem stafar af lágum launum. Þó að um tiltölulega fá heimili sé að ræða hafa lág laun leitt til margs konar vanda og jafnvel hrakið fólk af landi brott. Einkenni íslensks hagkerfis eru hin lágu taxtalaun. Um nokkra hríð hefur ekki verið hægt að framfleyta fjölskyldu með lægstu taxtalaunum. Launakerfið á Íslandi einkennist af umfangsmiklum feluleik með raunveruleg launakjör. Þannig hafa ýmiss konar aukagreiðslur komið til viðbótar taxtalaunum. Annað einkenni á íslensku atvinnulífi er hve langan vinnutíma íslenskir launamenn vinna. Í samanburði sem var gerður milli Íslands og Danmerkur kom í ljós að launamaður hérlendis vinnur um 50 klst. á viku að meðaltali en danskur launamaður 39 klst. Þetta sýnir að íslenskur launamaður vinnur að jafnaði tíu vikum lengur en danskur launamaður á ári hverju. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er þannig augljóslega fyrst og fremst haldið uppi með löngum vinnudegi.

Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo síðustu ár að þeim er mörgum um megn að sinna þeim skyldum sínum.

Lág framleiðni og fólksflótti.

Alþjóðlegur samanburður sýnir að laun á Íslandi eru áberandi lægri en í helstu viðmiðunarlöndum okkar. Ein aðalástæða þessa er að framleiðni íslenskra fyrirtækja er mun lægri en þekkist annars staðar. Þannig er samkeppnisstaða Íslands mjög léleg í alþjóðlegum samanburði. Framleiðni á hverja vinnustund á Íslandi er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Í samanburði á landsframleiðslu á vinnustund í 24 OECD-ríkjum er Ísland í 20. sæti.

Þetta hefur leitt til fólksflótta frá landinu. Íslendingum fjölgaði 50% meira í Danmörku en á Íslandi árið 1995. Alls fluttu 1.060 héðan til Danmerkur árið 1994. Íslendingum fjölgaði um 30% í Noregi og um 60% á Grænlandi árið 1995. Alls voru 20.800 Íslendingar búsettir erlendis og fjölgaði þeim um 10% frá árinu 1994 til 1995. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands voru 22.425 Íslendingar búsettir erlendis 1. desember 1996 en það þýðir að Íslendingum erlendis fjölgaði um tæplega 9,5% á árinu 1996. Á þessu hefur sem betur fer orðið breyting á síðustu tveimur árum í kjölfar aukins hagvaxtar í íslensku þjóðfélagi sem rekja má til aðgerða verkalýðshreyfingarinnar. Fjölgun aðfluttra á móti brottfluttum nemur 800 manns á síðasta ári sem er ákveðinn mælikvarði á stöðu mála.

Þegar borin eru saman laun og lífskjör verður vitaskuld að taka tillit til margra þátta, svo sem bótakerfis, skattkerfis, húsnæðiskerfis, vaxta, matvöruverðs, heilbrigðiskerfis og gjalda fyrir opinbera þjónustu.

Í íslensku þjóðfélagi hefur lengi tíðkast að vinna langan vinnudag. Sú hefð markast af einhæfu atvinnulífi um aldir þar sem unnið var í skorpum bæði til sjávar og sveita. Þessi vinnumáti hefur breyst síðustu áratugi eftir því sem íslenskt hagkerfi hefur færst nær því sem gerist í nágrannalöndunum og ýmiss konar þjónustustörf skipta sífellt meira máli. Nýjar vinnutímareglur á Evrópska efnahagssvæðinu leyfa ekki lengur svo langan vinnutíma.

Lág taxtalaun hér á landi eru efnahagslegt vandamál. Þau leiða til þess að ýmsir sem eru á þessum launum eiga vart fyrir mat, hvað þá að þeir geti nýtt sér þá þjónustu sem eðlilegt er að veitt sé í nútímaþjóðfélagi. Jafnframt verður þetta til þess að ýmsar starfsstéttir fá viðbætur við laun sem ekki er samið um í kjarasamningum. Þetta skapar verulegt óöryggi fyrir launafólk í landinu og hefur, með öðru, stuðlað að því að launajafnrétti er ekki eins og skyldi. Það að lægstu taxtar skuli vera svipaðir og lágmarksframfærsla er ósvinna. Hér eru margir ábyrgir.

Tímakaup í dönskum iðnaði árið 1994 var 97% hærra en í íslenskum. Ekki eru nýjar tölur fyrirliggjandi en vitnað er til skýrslu forsætisráðherra varðandi samanburð. Tekjur hjóna í Danmörku árið 1993 voru um 39% hærri en á Íslandi. Danskur byggingaverkamaður hefur um 28% hærri ráðstöfunartekjur en íslenskur. Þessar tölur, sem komu fram í skýrslu forsætisráðherra um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar, segja alla söguna.

Skattar og lág laun.

Í þessum samanburði við Danmörku ber að hafa í huga að byrði beinna skatta er minni hér en í Danmörku. Meðalheimili í Danmörku greiðir 38% tekna sinna í tekju- og eignarskatt en meðalheimili á Íslandi 21%. Jaðarskattar eru hærri í Danmörku en á Íslandi en þykir þó mörgum nóg um þá hérlendis.

Hins vegar er athyglisvert að skattleysismörk hér á landi voru 57.000 kr. á mánuði þegar samanburður var gerður en í Danmörku eru engin skattleysismörk. Skattleysismörk á Íslandi eru nú 60.848 kr. Það er umhugsunarvert hvort skattleysismörk hér á landi, sem vissulega eru ekki há, hafi komið í veg fyrir hækkun taxtalauna undanfarin ár. Ef greiddur væri skattur af öllum tekjum, ef til vill 10–15% skattur af lægstu tekjum, er ekki ósennilegt að það hefði leitt til hærri taxtalauna í kjarasamningum síðustu ár. Umræðu vantar um þennan þátt mála hérlendis. Jaðarskattar koma harðast niður á tekjulægsta fólkinu á Íslandi en leggjast jafnt á alla tekjuhópa í Danmörku. Af þeim sökum er full ástæða til að endurskoða skatta- og launakerfin á Íslandi í samhengi við ákvörðun lágmarkslauna.

Í alþjóðlegum samanburði kemur skýrt fram að óbeinir skattar hér eru mun hærri en erlendis. Þá er verð á matvælum mun hærra hér en í nágrannalöndunum og leiðir það hugann að því að löngu er tímabært að endurskoða stefnu stjórnvalda í því efni. Endurbætur á því sviði væru ein mesta kjarabót fyrir láglaunafólk sem um getur.

Við gerð kjarasamninga undanfarin ár hefur verkalýðshreyfingin oft talað um að nú væri kominn tími til að hækka lægstu launin. Viðurkenna ber að árangur hefur náðst þótt lægstu umsamin laun, 70.000 kr., séu neðan fátæktarmarka að mati félagsfræðinga. Á verðbólgutímanum var einna algengast að samið væri um kauphækkun sem átti að leiðrétta lægstu launin. Þá var reiknuð út prósentuhækkun þeirrar launahækkunar og hún gekk í gegnum allt kerfið. Láglaunafólk stóð þannig eftir í sömu sporum og áður og verðbólgan eyddi áhrifum hagstæðra kjarasamninga á örskömmum tíma.

Við gerð kjarasamninga síðari ár hefur reynst einna best að semja um eingreiðslur til að hækka lægstu laun. Sú aðferð virðist hafa gefist nokkuð vel í undanförnum kjarasamningum. Þrátt fyrir það eru lægstu taxtalaunin svo lág að það er gjörsamlega óverjandi fyrir þjóðfélagið. Ekki má gleyma því að fjölmargir fá greitt samkvæmt þessum töxtum og má þar nefna ófaglært starfsfólk, ekki hvað síst á vegum hins opinbera. Þetta launafólk hefur ekki tækifæri til að bæta sér upp lág laun með mikilli vinnu eða kaupaukakerfi. Það lifir í sárri fátækt og á fárra kosta völ.

Gildistaka frumvarpsins.

Flutningsmenn telja að allt sem viðkemur kjarasamningum eigi að vera á forræði samningsaðila. Þar sem ekki hefur tekist með samningum að knýja fram hækkun lægstu launa undanfarin ár ber Alþingi Íslendinga skylda til að grípa inn í þessi mál með lagasetningu.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera undir 112.000 kr. Í kjölfar mjög mikilla launabreytinga sem orðið hafa hjá einstökum starfsstéttum undanfarið og eru langt umfram almenna kjarasamninga er ástæða til að flytja frumvarp til laga um lágmarkslaun. Nú er ljóst að 112.000 kr. mánaðarlaun fyrir fulla

dagvinnu eru ekki há og flestir launþegar hafa hærri heildarlaun, að vísu með nokkurri eftirvinnu. Frumvarpinu er því fyrst og fremst ætlað að skapa vörn fyrir þá sem minnst mega sín. Rökin fyrir þessu eru augljós. Hækkun lægstu launa í 112.000 kr. á mánuði mun auka velferð þeirra fátækustu í íslensku þjóðfélagi, jafna laun og bæta afkomu margra einstaklinga. Það er engin ástæða til að ætla að lagasetning af þessum toga muni kalla á óðaverðbólgu, allra síst ef aðilar vinnumarkaðarins setjast nú niður í alvöru til að semja um hækkun lægstu taxtalauna eins og þeir hafa margoft talað um undanfarin ár.

Að mati flutningsmanna mundi lagasetning af þessum toga knýja samningsaðila til að finna leiðir til að unnt sé að lifa mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum.

Lögbinding lágmarkslauna.

Launaumræða verður að vera í alþjóðlegu samhengi. Íslenskar vörur eru vitaskuld í samkeppni við erlendar, hvort sem um er að ræða útflutningsvörur okkar eða vörur sem keppa við innflutning. Við verðum að standast þessa alþjóðlegu samkeppni og okkur hefur fyrst og fremst tekist það með löngum vinnudegi. Löggjöf um lágmarkslaun er til erlendis, t.d. í Ameríku og Frakklandi. Þess má geta að nokkur umræða um lágmarkslaun var í Bandaríkjunum í aðdraganda að forsetakosningunum árið 1996. Eitt af höfuðstefnuatriðum ríkisstjórnar Tonys Blairs er að setja lög um lágmarkslaun og að skilgreina þarfir einstaklinga og fjölskyldna til framfærslu sinnar.

Hægt er að sýna fram á að séu lágmarkslaun ákveðin of há geti það leitt til þess að það dragi úr vinnu í viðkomandi hagkerfi. Þetta eru helstu rök gegn lögbindingu lágmarkslauna. Að mati flutningsmanna eiga þau ekki við núverandi aðstæður hérlendis. Þau lágmarkslaun sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi eru ekki há og atvinnulífið á auðveldlega að geta ráðið við þau með aukinni framleiðni. Atvinnuástand hér á landi er einnig að mörgu leyti mun betra en í nágrannalöndunum. Að skapa umhverfi fyrir sérhæfð störf, hálaunastörf, er vitaskuld háð mörgum þáttum, m.a. menntakerfi og því sem varið er í rannsóknir og þróunarstarf innan og utan fyrirtækja. Á þessu sviði er stefna ríkisstjórnarinnar mjög á reiki. Ekki hefur verið unnið nóg hérlendis í menntamálum og rannsóknum undanfarna áratugi.

Íslendingar verða að gera upp við sig hvort hér eigi að verða láglaunasvæði eins og allt stefnir í og landsmenn verði að vinna langan vinnudag til að halda uppi sambærilegum lífskjörum og í nágrannalöndunum eða hvort þróa eigi hagkerfið í átt til sérhæfðra starfa sem eru betur launuð. Flutningsmenn efast ekki um að síðari leiðin er gæfuríkari fyrir land og þjóð.

Lokaorð.

Það er liðin tíð að hægt sé að ætlast til þess af Íslendingum að þeir vinni allt að 30% lengri vinnudag en kollegar þeirra erlendis til þess eins að ná sambærilegum launum. Það mun ekki auka framleiðni íslenskra fyrirtækja ef þau eiga í auknum mæli að byggja á ódýru vinnuafli. Við verðum að snúa af þessari braut því að annars verður Ísland áfram láglaunaland.

Frumvarp þetta er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið er ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir með lágmarkstaxta og eiga sér ekki viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl.

I. Laun verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi og í Danmörku. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (Verslunarmannafélag Reykjavíkur, febrúar 1996).
II. Samanburður á tekjum verkafólks á Íslandi og í Danmörku. Unnið fyrir 18. þing Verkamannasambands Íslands. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (október 1995).
III. Minnisblað um lágmarkslaun frá Þjóðhagsstofnun (10. desember 1998). Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 796 (486. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–99, bls. 3235–3241.

96. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Gísli S. Einarsson.

1. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Ökuhraði bifreiðar, sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, má aldrei vera meiri en 90 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð tengitæki má aldrei vera meiri en 90 km á klst.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að ákveða megi sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar ef hönnun ökutækis krefst þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að bregðast við aðstæðum á ökuleiðum landsins. Ljóst er að flestar bifreiðar eru þannig búnar að unnt er að aka þeim á hámarkshraða alls staðar á íslenskum vegum. Gildir það bæði um vöruflutninga- og fólksflutningabifreiðar. Gert er ráð fyrir að sami hámarkshraði gildi í þéttbýli fyrir allar gerðir bifreiða. Rökrétt er að sama gildi úti á þjóðvegum og ekki ástæða til að rökstyðja það frekar í greinargerð.

Mörg umferðaróhöpp hafa orðið við framúrakstur. Megintilgangur þessa frumvarps er að stuðla að fækkun umferðaróhappa. Þar sem mismunandi umferðarhraði gildir fyrir mismunandi tegundir ökutækja er hættan sérstaklega mikil, ekki síst þegar umferðin er mjög þung, t.d. í nálægð þéttbýlis víða á landinu, sér í lagi í nágrenni Reykjavíkur. Tillitsleysi við framúrakstur hefur valdið alvarlegum óhöppum, t.d. þegar bifreiðastjóri ökutækis sem aka skal fram úr gefur merki um að umferð sé á móti er þeirri viðvörun ekki alltaf sinnt og stendur þá oft tæpt. Við slíkar aðstæður hafa orðið alvarleg slys. Þá er og á leiðum þar sem lítið er um að stórar bifreiðar þurfi að draga úr hraða vegna aðstæðna, svo sem á Keflavíkurvegi og víða á Suður- og Norðurlandi, mjög óeðlilegt að hámarksökuhraði bifreiða sé misjafn.

Umferðarslys á Íslandi eru of mörg og alvarleg. Þeim verður að fækka. Rétt er að vekja athygli á að víða á vegamótum og í nágrenni þéttbýlis er gert ráð fyrir að dregið skuli úr hraða. Þau fyrirmæli eru vafasöm í mörgum tilvikum. Áhrifaríkara væri t.d. að vara við hættu þar sem aðstæður gera ökumönnum skylt að draga úr hraða jafnvel enn meira en hámarkshraði segir til um. Þær aðstæður sem vísað er til eru m.a. við Grundarhverfi á Kjalarnesi, afleggjara að Vogum á Vatnsleysuströnd og víðar.

Langt mál má hafa um hámarksökuhraða á Íslandi. Líklega eru gildandi lög í flestum tilvikum viðunandi en sú breyting sem hér er lögð til gæti að margra mati stuðlað að fækkun slysa.

97. Fyrirspurn [96. mál]

til heilbrigðisráðherra um ár aldraðra.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað hefur verið gert á vegum ráðuneytisins sérstaklega í málefnum eldri borgara á ári aldraðra? Hefur verið haft samráð við samráðsnefnd aldraðra? Ef svo er, hvenær og af hvaða tilefni?

Skriflegt svar óskast.

98. Fyrirspurn [97. mál]

til umhverfisráðherra um störf nefnda um jarðskjálftavá.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvaða nefndir á vegum umhverfisráðuneytisins hafa fjallað um jarðskjálftavá?
2. Hafa nefndirnar skilað skýrslu um störf sín?
3. Hverjar voru helstu niðurstöður athugana þeirra?
4. Eru einhverjar nefndir starfandi í þessum málaflokki?
5. Hvenær eru áætluð starfslok þeirra nefnda sem nú eru að störfum?
6. Hyggst ráðherra kynna niðurstöður nefndanna fyrir Alþingi?

Skriflegt svar óskast.

99. Frumvarp til laga [98. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Með eftirlit samkvæmt lögum þessum fer sjálfstæð og óháð stofnun er nefnist Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og hefur sjálfstæðan fjárhag.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, þ.m.t. bréfum og samningum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan. Fjármálaeftirlitið getur krafið einstök fyrirtæki, fyrirtækjasamstæður og samtök fyrirtækja, sem lög þessi taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Þá getur Fjármálaeftirlitið tekið skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Fjármálaeftirlitið getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur. Fjármálaeftirlitið getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

Fjármálaeftirlitið getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 2. gr. að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Fjármálaeftirlitið getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu. Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem hún telur þörf á.

Fjármálaeftirlitið getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum.

Við framkvæmd aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Sé kröfum eða athugasemdum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt getur það gripið til viðurlaga. Vanræki tilkynningarskyldur aðili tilkynningarskyldu sem á honum hvílir sam-

kvæmt lögum um þá aðila sem taldir eru upp í 2. gr. getur Fjármálaeftirlitið beitt dagsektum til að knýja fram lögboðna tilkynningu. Dagsektir skulu reiknaðar frá þeim tíma sem aðila bar í síðasta lagi að veita upplýsingar og til þess tíma sem fullnægjandi upplýsingar hafa borist Fjármálaeftirlitinu. Dagsektir geta numið allt að 1 millj. kr. á dag, metið eftir þýðingu upplýsingagjafar fyrir markaðinn. Innheimt viðurlög skulu renna í ríkissjóð. Fjárhæð dagsekta skal nánar ákveðin með reglugerð sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins. Nú verður tilkynningarskyldur aðili við skyldu sinni eftir að dagsektir hafa verið ákveðnar og skal álagt févíti þá innheimt allt að einu.

4. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Viðskiptaráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

5. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á aðila sem brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða ákvörðunum sem teknar hafa verið samkvæmt þeim.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta skv. 1. mgr. skal tekið tillit til þess skaða sem aðilar hafa valdið og ávinnings þeirra. Sektir geta numið frá 50.000 til 40 millj. kr., en þó allt að 10% af veltu sl. almanaksárs af þeirri starfsemi sem í hlut á hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að málinu ef sannanlegur ábati þeirra af broti gegn lögum þessum hefur numið hærri fjárhæð en 40 millj. kr.

Ákvörðun fjármálaeftirlitsins um sektir má skjóta til kærunefndar skv. 17. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Dagsektir geta numið allt að 1 millj. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Innheimtar dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til kærunefndar Fjármálaeftirlitsins innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að.

Ákvörðun kærunefndar eða Fjármálaeftirlitsins verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður kærunefndar liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði kærunefndar Fjármálaeftirlitsins og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun kærunefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar kærunefndar né heimild til aðfarar samkvæmt honum.

Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésekt jafnframt refsivist ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

Sá sem gefur aðilum sem annast framkvæmd laga þessara rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli sem rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins og kærunefndar Fjármálaeftirlitsins um að leggja stjórnvaldssektir eða dagsektir á aðila eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Málskot til kærunefndar Fjármálaeftirlitsins frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

Við aðför samkvæmt ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins og úrskurðum kærunefndar Fjármálaeftirlitsins skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og fer um málsmeðferð skv. 13. kafla aðfararlaga.

6. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Í upphafi haustþings árið 2000 skal viðskiptaráðherra leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á eftirfarandi lögum sem tryggi samráð við Fjármálaeftirlitið um setningu ýmissa reglna og reglugerða er varða lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skiplegra tilboðsmarkaða, lög nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Jafnframt skal frumvarpið fela í sér að veiting starfsleyfa samkvæmt lögunum verði, eftir því sem við á, í höndum Fjármálaeftirlitsins en staðfest af viðskiptaráðherra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með setningu laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, var ákveðið að sameina opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi í einni stofnun, Fjármálaeftirlitinu. Lögin fólu ekki í sér neinar afgerandi breytingar á valdheimildum eða úrræðum, svo sem til ákvörðunar dagsekta, heldur var byggt á þeim reglum sem giltu um bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og starfsemi Vátryggingaeftirlitsins. Frekari útvíkkun á heimildum Fjármálaeftirlitsins til að sinna eftirliti eða beita dagsektum átti að móta síðar í ljósi reynslunnar og breyttra starfshátta á fjármagnsmarkaði. Þótt tiltölulega stuttur tími sé liðinn frá því að Fjármálaeftirlitið tók til starfa er ljóst að miklar og örar breytingar hafa orðið á fjármálamarkaðnum. Nú þegar hafa komið upp tilvik þar sem lagalegar heimildir Fjármálaeftirlitsins til að sinna eftirliti og aðhaldi hafa reynst ófullnægjandi.

Ljóst er að styrkja þarf nú þegar stöðu Fjármálaeftirlitsins og auka sjálfstæði þess. Skilgreina þarf með skýrum hætti verkaskiptingu Fjármálaeftirlits og ráðuneyta. Þá þarf að auka heimildir Fjármálaeftirlitsins til að kalla eftir upplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum og öðrum þeim sem kunna að hafa upplýsingar er tengjast viðkomandi og taldar eru skipta máli eða geta haft áhrif á meðferð og niðurstöðu máls sem til meðferðar er hjá Fjármálaeftirlitinu. Hér er t.d. átt við aðgang að upplýsingum frá þeim sem fara með eignarhlut í viðkomandi fyrirtæki og upplýsingum um dótturfyrirtæki og hlutdeildarfyrirtæki eftirlitsskyldra aðila. Þá er ljóst að styrkja þarf heimildir Fjármálaeftirlitsins til að knýja á um skil á upplýsingum sem farið hefur verið fram á og jafnframt þarf að styrkja heimildir til að fylgja eftir kröfum

um úrbætur í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að endurskoða gildandi ákvæði um dagsektir.

Miklar breytingar hafa orðið á fjármagnsmarkaði á undanförnum árum. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er mikilvægt á tímum þessarar öru þróunar. Það er skylda og á ábyrgð stjórnenda fjármálafyrirtækja að skipuleggja starfsemi sína þannig að fyrir hendi sé virk áhættustýring, innra eftirlit og að fylgt sé lögum og reglum um fjármálastarfsemi.

Eitt af meginverkefnum Fjármálaeftirlitsins er að hafa eftirlit með því að innra skipulag og innra eftirlit fjármálafyrirtækja sé eins og best verður á kosið. Það er hins vegar ljóst að styrkja þarf stöðu og sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins til þess að geta sinnt lögboðnu hlutverki og auka þarf heimildir til afskipta ef á þarf að halda. Virkt eftirlit Fjármálaeftirlitsins getur skipt miklu um þróun og skipulag fjármagnsmarkaðarins.

Markmið þessa frumvarps er að styrkja stjórnsýslulega stöðu Fjármálaeftirlitsins og valdheimildir þess.

Í 1. gr. er lagt til að kveðið verði skýrar á um stjórnsýslulega stöðu Fjármálaeftirlitsins. Lögð er áhersla á að Fjármálaeftirlitið sé sjálfstæð og óháð ríkisstofnun sem lúti sérstakri stjórn. Í frumvarpi til laga um eftirlit með fjármálastarfsemi sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi, 560. máli, þskj. 951, var tekið fram að stofnunin heyrði undir viðskiptaráðherra en að hann hefði ekki afskipti af einstökum málum sem til umfjöllunar væru hjá stofnuninni. Samkvæmt tillögu efnahags- og viðskiptanefndar voru samþykktar breytingar á frumvarpstextanum sem gerðu það að verkum að lokamálsliður 3. gr. sagði aðeins að stofnunin heyrði undir viðskiptaráðherra. Í nefndaráliti í þskj. 1313 kemur þó fram að nefndin telji stofnunina vera sjálfstæða og að ekki þyki ástæða til að geta þess sérstaklega í lagatextanum að ráðherra hafi ekki afskipti af einstökum málum. Af 17. gr. laganna um kærunefnd er ljóst að ekkert kærusamband er á milli Fjármálaeftirlits og ráðherra en það ætti að tryggja faglegt sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart ráðherra. Þrátt fyrir þetta er mjög mikilvægt að eyða allri óvissu um stöðu stofnunarinnar og kveða skýrar á um sjálfstæði hennar.

Í 2. gr. er lagt til að heimildir Fjármálaeftirlitsins verði gerðar víðtækari og er gert ráð fyrir að það hafi almenna heimild til að kalla fyrir sig aðila til skýrslugjafar líkt og gildir við skattrannsóknir. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi almenna heimild til að leggja hald á gögn í samræmi við lög um meðferð opinberra mála.

Í 3. gr. er lagt til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á dagsektir verði styrkt. Í greininni felst meðal annars að ef aðili vanrækir að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar með tilkynningu samkvæmt lögum geti það knúið fram upplýsingar með beitingu dagsekta. Gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra setji reglugerð í samráði við Fjármálaeftirlitið sem kveði nánar á um ákvörðun dagsekta, m.a. um fjárhæðir.

Í 4. gr. felst nýmæli um að viðskiptaráðherra skuli gefa Alþingi skýrslu á hverju ári um störf Fjármálaeftirlitsins.

Í 5. gr. er lagt til að viðurlög við brotum á lögunum verði hert og svipar ákvæðinu til viðurlagaákvæða XIII. kafla samkeppnislaga.

Loks er í 6. gr. að finna bráðabirgðaákvæði sem skyldar viðskiptaráðherra til að leggja fram frumvarp sem styrki enn frekar stjórnsýslulega stöðu Fjármálaeftirlitsins.

100. Fyrirspurn [99. mál]

til félagsmálaráðherra um þörf á byggingu leiguíbúða.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um mat sveitarfélaga og félagasamtaka á þörf á byggingu leiguíbúða?
2. Hverjir eru það fyrst og fremst, t.d. flokkað eftir tekjum, fjölskyldustærð og atvinnu, sem háðir eru framboði á leiguhúsnæði til þess að uppfylla húsnæðisþarfir sínar og hver er staða þeirra nú í húsnæðismálum?
3. Hver er lánsfjárþörfin svo að fullnægja megi eftirspurn eftir leiguhúsnæði í samræmi við mat sveitarfélaga og félaga sem annast byggingu og rekstur slíks húsnæðis og hvernig hyggst ríkisstjórnin mæta þeirri þörf?

Skriflegt svar óskast.

101. Fyrirspurn [100. mál]

til sjávarútvegsráðherra um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1997 um könnun á hagkvæmni mögulegrar kalkþörungavinnslu á helstu útbreiðslusvæðum þeirra, svo sem á Húnaflóa og Arnarfirði?

102. Frumvarp til laga [101. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd. Kennari, sem ráðinn er aðstoðarskólameistari, skal fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir starfi aðstoðarskólameistara. Skólameistari ræður einnig kennara, námsráðgjafa, starfsfólk skólasafns og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

2. gr.

5. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Almenn námsbraut er ætluð nemendum sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám og nemendum sem uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskólans. Nám á brautinni getur veitt undirbúning fyrir nám á bók-, list- eða starfsnámsbrautum og getur jafnframt verið hluti af því.

3. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað 2. mgr. 24. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Námi á bóknámsbrautum framhaldsskóla er veita undirbúning til náms á háskólastigi lýkur með stúdentsprófi. Í reglugerð skulu sett ákvæði um samræmingu stúdentsprófa, framkvæmd þeirra og heimildir nemenda sem stunda nám á öðrum námsbrautum til þess að þreyta samræmd stúdentspróf.

Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi. Ráðherra kveður á um samræmingu sveinsprófa með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi starfsgreinaráðs.

Menntamálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að lokapróf í tilteknum greinum af öðrum námsbrautum skuli samræmd að fenginni umsögn viðkomandi starfsgreinaráðs ef um starfsnám er að ræða.

5. gr.

1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við skipun fulltrúa í starfsgreinaráð skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Formaður skal kjörinn úr hópi fulltrúa til tveggja ára í senn. Ef ekki tekst að skipa starfsgreinaráð er menntamálaráðherra heimilt að skipa tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skipan starfsgreinaráða að fengnum tillögum frá samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi.

6. gr.

Í stað ártalanna „2000–2001“ í 47. gr. laganna kemur: 2003–2004.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögunum orðast svo:

Ákvæði í 24. gr. um samræmd lokapróf úr framhaldsskóla skulu ekki komin að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2003–2004.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar sem með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði á núgildandi lögum um framhaldsskóla eru:

1. Kennarar sem ráðnir eru í störf aðstoðarskólameistara fái sambærilegan rétt til leyfis frá kennarastörfum og þeir kennarar sem ráðnir eru í embætti skólameistara.
2. Fornám í framhaldsskólum verði skipulagt innan almennra námsbrauta framhaldsskóla.
3. Menntamálaráðherra verði veitt heimild til þess að ákveða með reglugerð hvaða lokapróf framhaldsskóla skuli vera samræmd.
4. Skipan starfsgreinaráða verði ákveðin með reglugerð, þ.m.t. hver fjöldi fulltrúa skuli vera í starfsgreinaráðum og hvernig tilnefningum skuli vera háttað. Við skipan starfsgreinaráða verði tekið tillit til hagsmuna þeirra starfsgreina sem ekki njóta þegar fræðslu á framhaldsskólastigi.
5. Lögbundinn frestur til þess að framkvæma framhaldsskólalögin verði framlengdur til þess að undirbúa betur framkvæmd laganna, t.d. framkvæmd samræmdra prófa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæði þessu er þeim kennurum sem ráðnir eru til þess að gegna starfi aðstoðarskólameistara veittur sami réttur til að halda kennarastöðu sinni meðan þeir gegna starfinu og þeir kennarar hafa samkvæmt núgildandi lögum, sem skipaðir eru til þess að gegna embætti skólameistara. Þykir rétt að kennarar sem gegna stöðu skólameistara eða starfi aðstoðarskólameistara hafi sams konar rétt til leyfis frá kennarastarfinu, þar sem ráðning í fyrrgreind störf er til ákveðins tíma og því rétt að tryggja starf með þessum hætti og stuðla þannig að því að hæfir kennarar fáist til stjórnunarstarfa þar sem þeir eiga öruggt kennslustarf að ráðningartíma loknum.

Um 2. gr.

Með þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði á 5. mgr. 16. gr. og niðurfellingu 18. gr. framhaldsskólalaga er stefnt að því að fornám við framhaldsskóla verði fellt inn í hina almennu námsbraut.

Á framhaldskólastigi er um að ræða ferns konar námsbrautir: bóknámsbrautir sem veita undirbúning fyrir nám á háskólastigi og lýkur með stúdentsprófi, starfsnámsbrautir til skilgreindra lokaprófa sem búa nemendur undir tiltekin störf í atvinnulífinu, listnámsbrautir sem veita undirbúning fyrir frekara nám í listgreinum í sérskólum eða í skólum á háskólastigi og getur lokið með stúdentsprófi og almenn námsbraut sem býr nemendur undir frekara nám á öðrum námsbrautum eða er skilgreindur hluti af námi á starfs-, list- eða bóknámsbrautum. Fellur fornám sem hefur verið starfrækt við nokkra skóla vel að náms- og kennsluskipulagi á almennri námsbraut og eru náin tengsl milli náms á almennri námsbraut og fornáms við framhaldsskóla sem kveðið er á um í núgildandi 18. gr. framhaldsskólalaga, þar sem bæði almennu námsbrautinni og fornáminu er ætlað að mæta þörfum þeirra nemenda sem til þessa hafa átt erfitt uppdráttar í framhaldsskóla. Ástæðurnar eru margar og breytilegar og er með því að sameina almennu námsbrautina og fornámið stefnt að átaki til að mæta með viðhlítandi hætti þörfum þessara nemenda. Hér er um að ræða nemendur sem hafa ekki náð fullnægjandi árangri á lokaprófi grunnskóla til að innritast á þá námsbraut sem hugur þeirra stendur til, hafa e.t.v. fengið of lága einkunn í einni eða tveimur greinum á samræmdum prófum og þurfa því að bæta árangur sinn í þeim. Árlega nær hópur nemenda slökum árangri á grunnskólaprófi. Þessir nemendur hafa oft fremur neikvæða sjálfsmynd og hafa því mesta

þörf fyrir öfluga ráðgjöf, auk þess sem þeir þurfa að fá tækifæri til að spreyta sig á nýjum og fjölbreyttum viðfangsefnum.

Hluti nemenda er mjög óráðinn hvað varðar framhaldsnám og fullnægir auk þess ekki inntökuskilyrðum á allar námsbrautir framhaldsskóla. Þessir nemendur þurfa á náms- og starfsráðgjöf að halda og þurfa jafnframt að kynnast frekar ýmsum námssviðum og nýjum vinnubrögðum, t.d. innan list- og verknáms eða upplýsingatækni, en tiltölulega lítil áhersla hefur verið á þessar greinar í grunnskóla.

Gert er ráð fyrir að einstakir skólar útfæri nám og kennslu á almennri námsbraut í skólanámskrá og skilgreini framboð náms í samræmi við þarfir nemenda hverju sinni.

Um 3. gr.

Vísað er til athugasemdar við 2. gr.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að menntamálaráðherra ákveði með reglugerð hvaða lokapróf úr framhaldsskóla skuli vera samræmd. Með þessari breytingu er ekki verið að falla frá þeirri skyldu að samræma lokapróf úr framhaldsskólum, heldur er kveðið á um að ráðherra ákveði með reglugerð hvaða próf verði samræmd og hvernig samræmd próf verði framkvæmd.

Samkvæmt afdráttarlausu orðalagi núgildandi 24. gr. *skulu* lokapróf úr framhaldsskóla, svo sem stúdentspróf og burtfararpróf af starfsmenntabrautum er veitt geta rétt til frekara náms eða réttindi til starfa, vera samræmd í tilteknum greinum sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Tiltölulega auðvelt er að koma við samræmingu lokaprófa eins og t.d. í almennum bóknámsgreinum en mun flóknara í öðrum eins og í starfsnámi. Starfsnám er mjög breytilegt hvað varðar inntak og lengd. Sumt starfsnám fer fram á aðeins einum stað á landinu og nemendur eru mjög fáir. Í þessum tilvikum er nauðsynlegt að leita annarra og hagkvæmari leiða til að stuðla að góðum árangri skólastarfsins heldur en að halda hefðbundin samræmd próf. Kostnaður við samræmd próf er mjög mikill og af þeim sökum m.a. er nauðsynlegt að fyrir hendi sé svigrúm til að skipuleggja utanaðkomandi mat með hagkvæmum hætti.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 80/1996 eiga starfsgreinaráð að gera tillögur um flest er varðar starfsnám, þar á meðal tilhögun námsmats, þar með talin sveinspróf, og er því eðlilegt að ákvörðun um lokapróf, þar með talin samræmd próf, verði tekin að fengnum tillögum frá þeim.

Greinin felur í sér að leitað verði hagkvæmustu leiða í hverju tilviki og þá tekið tillit til aðstæðna á viðkomandi námsbraut eftir því sem nauðsyn krefur. Ákvörðunum um fjölda samræmdra prófa, skyldu nemenda til að taka þau og framkvæmd þeirra er vísað til reglugerðar.

Með þessum breytingum á 24. gr. verður skilgreining á stúdentsprófi og sveinsprófi enn fremur gleggri en nú er samkvæmt gildandi lögum.

Um 5. gr.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á 1. mgr. 28. gr. er fallið frá því að takmarka fulltrúaaðild að starfsgreinaráðum við þær allar starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi. Verksvið starfsgreinaráða eru mismunandi að umfangi. Starfsgreinar eru margar á sumum sviðum en fáar á öðrum. Framboð menntunar er þar af leiðandi mismunandi. Nýjar starfsgreinar verða til og aðrar hverfa. Mikilvægt er að sjálfsögðu að þær starfsgreinar sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi eigi fulltrúaaðild að ráðunum. Það er þó ekki síður mikilvægt að nýjar starfsgreinar sem ekki njóta fræðslu á framhaldsskólastigi eigi sér málsvara

í starfsgreinaráði með tilliti til framtíðaruppbyggingar náms á viðkomandi sviði. Þetta á ekki hvað síst við um starfssvið þar sem framboð náms hér á landi er lítið. Þá er ekki sjálfgefið að það sé heppilegt að allar starfsgreinar á tilteknu sviði eigi sinn fulltrúa í starfsgreinaráði. Heppilegra getur verið að skyldar greinar tilnefni fulltrúa sameiginlega. Með tilliti til þess breytileika sem ríkir í starfsmenntun og með hliðsjón af fenginni reynslu er lagt til að greininni verði breytt á þann veg að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um skipan starfsgreinaráðanna, þ.m.t. fjölda fulltrúa í starfsgreinaráðum og hvernig staðið skuli að tilnefningum þeirra að fengnum tillögum frá samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi.

Um 6. og 7. gr.

Í grein þessari er lagt til að framlengja aðlögunartíma til þess að koma ýmsum ákvæðum laganna að fullu til framkvæmda, svo sem um samræmd lokapróf.

Ný aðalnámskrá framhaldsskóla tók gildi 1. júní 1999, sbr. auglýsingu nr. 274/1999. Í auglýsingunni um gildistöku aðalnámskrárinnar segir m.a.:

„Með vísan til 21. gr. og 29. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með áorðnum breytingum, hefur menntamálaráðherra staðfest nýja aðalnámskrá framhaldsskóla, sem tekur gildi frá og með 1. júní 1999.

Starf í framhaldsskólum samkvæmt hinni nýju aðalnámskrá hefst frá og með skólaárinu 1999–2000. Heimilt er þó að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins að láta námskrána koma til framkvæmda frá og með skólaárinu 2000–2001, enda séu fyrir því rökstuddar forsendur í einstökum framhaldsskólum. Aðalnámskrá framhaldsskóla skal vera komin til fullra framkvæmda í öllu starfi framhaldsskóla eigi síðar en að fimm árum liðnum frá gildistöku auglýsingar þessarar. Námskrá fyrir framhaldsskóla, 3. útgáfa, frá 1990 fellur úr gildi eftir því sem ákvæði nýrrar námskrár koma til framkvæmda."

Með hliðsjón af framangreindu er óhjákvæmilegt að veita skólum frekari aðlögunartíma til að koma aðalnámskrá að fullu til framkvæmda, m.a. vegna samræmdra lokaprófa, þar sem kennsla nemenda frá byrjun skólagöngu hlýtur að taka mið af slíkri samræmingu.

Þá er einnig gert ráð fyrir að gerðar verði tilteknar breytingar á námi og námslokum grunnskóla, sbr. frumvarp til laga um breyting á lögum um grunnskóla, sem koma til með að hafa áhrif á framkvæmd framhaldsskólalaga, einkum varðandi inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Af þessum sökum er lagt til að aðlögunartíminn verði framlengdur til skólaársins 2003–2004.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að kennarar sem ráðnir eru í störf aðstoðarskólameistara fái sambærilegan rétt til leyfis frá kennslustörfum og þeir kennarar sem ráðnir eru í embætti skólameistara. Í öðru lagi er lagt til að fornám verði fellt inn í almennar námsbrautir framhaldsskóla. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra fái heimild til að ákveða með reglugerð hvaða lokapróf framhaldsskóla skuli vera samræmd. Í fjórða lagi

er gert ráð fyrir að skipan starfsgreinaráða verði ákveðin í reglugerð og að lokum er lagt til að frestur til að koma framhaldsskólalögum í framkvæmd verði lengdur.

Talið er að það hafi ekki áhrif á útgjöld ríkisins að fella niður lagaákvæði um fornám en ætla þess í stað almennri námsbraut að þjóna nemendum sem til þessa hefur verið vísað í slíkt undirbúningsnám auk þess að þjóna þeim sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám. Að því leyti sem þessi breyting kann að hafa áhrif á kostnað ræðst hann af námskrá sem menntamálaráðherra setur, ákvörðunum um hvaða skólar bjóða fram almenna námsbraut og hvernig skólum tekst að skipuleggja kennslu fyrir nemendur sem þurfa mismikinn stuðning. Ekki eru fyrir hendi forsendur til að meta þessa þætti til kostnaðar. Þess skal þó getið að í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað fyrir um 100 m.kr. aukakostnaði við að kenna fornámsnemendum í helmingi minni hópum en almennt er miðað við í skólum.

Að mati fjármálaráðuneytisins mun það koma í veg fyrir aukinn kostnað verði lögbundið að menntamálaráðherra ákveði með reglugerð hvaða lokapróf úr framhaldsskóla skuli vera samræmd í stað þeirrar afdráttarlausu skyldu að lokapróf skuli vera samræmd. Forsendur til að meta fjárhæðir í þessu sambandi eru ekki fyrir hendi þar sem ekki liggur fyrir hvernig staðið verður að prófunum og hvort umrædd próf komi í stað prófa sem þegar eru haldin og greitt fyrir. Kostnaður við próf er afar mismikill. Sveinspróf eru einu samræmdu lokaprófin úr framhaldsskóla sem nú eru haldin. Útgjöld ríkissjóðs vegna 910 próftaka í sveinsprófum voru að meðaltali 51 þús. kr. á hvern nemanda árið 1998. Til samanburðar kostar gerð og yfirferð samræmdra lokaprófa 4.250 nemenda í fjórum aðalnámsgreinum grunnskóla með sjúkraprófum að meðaltali 7,4 þús. kr. á hvern þeirra.

Að öllu samanlögðu telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

103. Svar [79. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um greiðslur viðbótarlauna til starfsmanna ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða stofnanir hafa beitt ákvæðum 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, um heimild forstöðumanna stofnana til að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar umsömdum grunnlaunum fyrir sérstaka hæfni sem nýtist í starfi eða sérstakt álag, svo og fyrir árangur í starfi?*
2. *Um hve háar fjárhæðir var að ræða hjá hverri stofnun fyrir sig árið 1997 annars vegar og 1998 hins vegar, hve margir starfsmenn hverrar stofnunar fengu viðbótarlaun, hvernig skiptust þau á milli kynja og hverjar voru meginástæður þessara greiðslna?*
3. *Hvaða reglur gilda um þessar ákvarðanir forstöðumanna, sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna, og hvernig er háttað eftirliti með framkvæmd þessara reglna?*

Með lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, var tekið upp það nýmæli að forstöðumönnum var heimilað að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum sem samið er um í kjarasamningum, þ.e. svo kölluð viðbótarlaun. Ákvæðið er í 2. mgr. 9. gr. laganna og hljóðar svo:

„Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum, öðrum en embættismönnum, laun til viðbótar grunnlaunum, sem samið er um skv. 1. mgr., vegna sérstakrar

hæfni er nýtist í starfi eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkrar breytingar, enda skýri hann forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingin var tilkynnt honum. Sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti hans, sbr. 46. gr.“

Ákvarðanir forstöðumanna um viðbótarlaun skulu fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setur, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996. Í tengslum við gerð síðustu kjarasamninga ákvað þáverandi fjármálaráðherra, í samráði við formann BSRB, að ekki yrði að hálfu ráðuneytisins lögð vinna í útfærslu og framkvæmd reglna um viðbótarlaun á því samningstímabili, eða til 31. október 2000. Sjá nánar yfirlýsingu ráðherra frá 23. apríl 1997 í fylgiskjali.

Reglur um viðbótarlaun hafa með öðrum orðum ekki enn verið settar og forstöðumenn hafa því ekki heimild til að ákveða starfsmönnum viðbótarlaun og verður það ekki fyrr en reglurnar hafa verið settar. Í þessu sambandi er rétt að minna á að við samningu slíkra reglna skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Alþýðusambandi Íslands kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði sem upp kunna að koma, sbr. 52. gr. sömu laga. Þá er rétt að geta þess að aðrar sambærilegar reglur, þ.e. um auglýsingar á lausum störfum, nr. 464/1996, og um form ráðningarsamninga og skyldur til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör, nr. 351/1996, voru settar í framhaldi af viðræðum við fulltrúa fyrrnefndra aðila þar um.

Fylgiskjal.

Yfirlýsing.

Með fyrirliggjandi kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsmannafélags ríkisstofnana hafa aðilar komist að samkomulagi um að taka upp nýtt launakerfi sem gerir ráð fyrir verulega breyttri tilhögun á ákvörðun launa með mun virkari þátttöku stofnana en áður. Aðilum er ljóst að það mun verða mjög tímafrekt að hrinda breyttu launakerfi í framkvæmd og kalla á mjög mikla samvinnu ráðuneyta, stofnana og stéttarfélaga við stefnumótun, útfærslu og framkvæmd þess. Með hliðsjón af framansögðu gera aðilar sér grein fyrir því að ekki verður hægt á sama tíma að vinna að útfærslu og framkvæmd reglna um viðbótarlaun skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996.

Því hefur fjármálaráðherra, í samráði við formann BSRB, ákveðið að ekki verði af hálfu fjármálaráðuneytis lögð vinna í útfærslu og framkvæmd reglna um viðbótarlaun skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996 á því samningstímabili sem kjarasamningur aðila gildir eða til 31. október 2000.

Reykjavík, 23. apríl 1997.

Friðrik Sophusson
fjármálaráðherra.

104. Frumvarp til laga [102. mál]

um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Steinar Jóhannsson, Hjálmar Árnason.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa. Fjárhæð styrks skal nema 50.000 kr. á hverja rúmlest skips sem tekið er til varðveislu eftir 1. janúar 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar farið var að styrkja útgerðarmenn til að úrelda fiskiskip olli það því að fiskiskip voru eyðilögð. Forsjálir menn hafa þó séð til þess að í nokkrum byggðalögum eru enn til skip sem eru mikilvæg fyrir sögu skipamíða og útgerðar. Oftast eru þau varðveitt á byggða- og sjóminjasöfnum.

Skip þurfa viðhald þótt á landi séu og ljót og ómáluð skip vekja lítinn áhuga, jafnvel þó að nafni þeirra og sjósókn sé tengd mikil og merkileg saga. Á næstu árum munu trébátar vertíðarbátaflotans týna tölunni og því er ekki seinna vænna að reyna að varðveita það merkasta sem enn er til óskemmt eða hæft til varðveislu. Á einstaka stöðum á landinu má enn finna byggingar, vélar, búnað og áhöld sem geyma sögu sjávarútvegsins, t.d. síldarminjar á Siglufirði og síldarbræðslur á Ströndum. Úrelding eigna sem síðan eru teknar til annarra nota eða niðurrifs gera okkur fátækari af eigin sögu. Að því ber að hyggja.

Í frumvarpinu er lagt til að Þróunarsjóði sjávarútvegsins verði gert skylt að styrkja varðveislu skipa. Gert er ráð fyrir því að styrkveiting nemi 50.000 kr. á hverja rúmlest skips sem tekið er til varðveislu og að styrkur verði greiddur einu sinni fyrir hvert skip. Greiðsluskylda sjóðsins miðast við skip sem tekin eru til varðveislu eftir 1. janúar 1990.

105. Svar [52. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um reglugerðir á grundvelli 16. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996.

1. *Hvaða starfsgreinar hafa nú löggildingu samkvæmt reglugerðum á grundvelli 16. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996?*

Löggiltum iðngreinum er skipað í iðngreinaflokka svo sem hér segir:

Bygginga- og mannvirkjagreinar:
húsasmíði
húsgagnabólstrun
húsgagnasmíði
málaraiðn
múraraiðn
pípulagnir
veggfóðrun
Farartækja- og flutningsgreinar:
bifreiðasmíði
bifvélavirkjun
bílamálun
Hönnun, listir, handverk:
feldskurður
glerslípun og speglagerð
gull- og silfursmíði
hattasaumur
hljóðfærasmíði
kjólasaumur
klæðskurður karla
klæðskurður kvenna
leturgröftur
myndskurður
skósmíðaiðn:
  skósmíði
  skóviðgerð
steinsmíði
söðlasmíði
úrsmíði
Matvæla- og veitingagreinar:
bakaraiðn
framreiðsluiðn
kjötiðn
kökugerð
matreiðsla
mjólkuriðn
Málm-, véltækni og framleiðslugreinar:
blikksmíði
flugvélavirkjun
málmsteypa
mótasmíði
netagerð
rennismíði
skipa- og bátasmíði
stálsmíði:
  stálskipasmíði
  stálvirkjasmíði
  málmsuða, sérgrein
vélvirkjun:
  kæli- og frystivélavirkjun, sérgrein
Náttúrunýting:
skrúðgarðyrkja
Rafiðngreinar:
símsmíði
rafeindavirkjun
rafveituvirkjun
rafvélavirkjun
rafvirkjun
Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:
bókband
ljósmyndun:
  almenn ljósmyndun
  persónuljósmyndun
prentsmíð
prentun
Þjónustugreinar:
hársnyrtiiðn
snyrtifræði
tannsmíði

2. *Hvers vegna hafa ekki verið settar reglugerðir á grundvelli laganna fyrir þær starfsgreinar sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerð nr. 560/1995?*

Fyrirspyrjandi vísar hér til reglugerðar nr. 560/1995, um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi, sem afnumin var með setningu reglugerðar nr. 280/1997, um námssamninga og starfsþjálfun, án þess að ný ákvæði hafi þá verið sett í reglugerð um hvaða starfsgreinar skyldu teljast löggiltar.

Nú hefur ný reglugerð, nr. 648/1999, um löggiltar iðngreinar, verið sett á grundvelli 16. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla. Undirbúningur að setningu reglugerðarinnar hefur verið býsna viðamikill og tengst gildistöku ýmissa ákvæða nýrra framhaldsskólalaga, störfum samstarfsnefndar um starfsnám á framhaldsskólastigi, skipun starfsgreinaráða o.s.frv. Vegna þess hversu breytingar á reglugerð af þessu tagi geta verið viðkvæmar var þess vandlega gætt af hálfu menntamálaráðuneytisins að tryggja sem víðtækast samráð við starfs-

greinaráðin, þar sem sitja fulltrúar atvinnurekenda og launþega í iðngreinum, samstarfsnefnd framhaldsskólastigsins og iðnaðarráðuneytið. Drögin voru m.a. send öllum starfsgreinaráðum til umsagnar og tók það ferli langan tíma. Ýmis álitamál komu upp varðandi fjölda iðngreina og heiti þeirra. Við bættist óvissa vegna þeirrar ákvörðunar að iðnaðarráðuneytið tæki að sér reglugerðina um löggiltar iðngreinar og iðnaðarráðherra lagði fram frumvarp þess efnis sl. vor, en það hlaut ekki afgreiðslu. Eftir að ljóst var orðið að ekki yrði af nauðsynlegri breytingu á iðnaðarlögum, ákvað menntamálaráðherra að setja reglugerð í samræmi við 16. gr. framhaldsskólalaga. Þá var enn eftir að útkljá vafamál varðandi heiti einnar iðngreinar, símsmíði. Niðurstaða um það náðist ekki fyrr en í byrjun október.

3. *Hver er lagaleg og fagleg staða þeirra starfsgreina sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerðinni eftir að hún féll úr gildi gagnvart ófaglærðum sem kynnu að vilja starfa í greininni?*
4. *Hver er lagaleg og fagleg staða þeirra starfsgreina sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerðinni gagnvart viðskiptavinum í viðkomandi starfsgrein ef á faglega ábyrgð reynir?*

Innan menntakerfisins hefur staða þeirra starfsgreina sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerð nr. 560/1995 ekki breyst. Starfsnám í þessum greinum hefur verið óbreytt og sveinspróf verið haldin í þeim, svo sem verið hefur.

Ekki er kveðið á um réttindi manna til iðnaðarstarfa í lögum um framhaldsskóla heldur í iðnaðarlögum, nr. 42/1978. Meistarabréf eru einnig gefin út samkvæmt iðnaðarlögum og halda að fullu gildi sínu þótt ekki sé til reglugerð um löggiltar iðngreinar.

Varðandi stöðu þessara starfsgreina að öðru leyti þá er kveðið á um lagalega stöðu löggiltra iðngreina í iðnaðarlögum, nr. 42/1978, sbr. 8. og 9. gr.

5. *Hvert er nú gildi meistarabréfa sem hafa verið gefin út í þeim starfsgreinum sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerðinni áður en hún féll úr gildi?*
6. *Hvert er gildi þeirra meistarabréfa sem hafa verið gefin út eftir að reglugerðin féll úr gildi og hvert verður gildi þeirra ef og eftir að ný reglugerð tekur gildi?*

Kveðið er á um útgáfu og gildi meistarabréfa í iðnaðarlögum, nr. 42/1978, sjá 10. gr., og fellur því fyrirspurnin undir verksvið iðnaðarráðherra.

Innan menntamálaráðuneytisins er ekki talin ástæða til að ætla annað en að almennt megi líta svo á að meistarabréf sem út hafa verið gefin af lögreglustjórum á grundvelli iðnaðarlaga séu í fullu gildi. Sama skoðun mun ríkjandi innan iðnaðarráðuneytis.

7. *Hyggst ráðherra setja reglugerð fyrir þær starfsgreinar sem höfðu löggildingu samkvæmt reglugerð nr. 560/1995 og hvenær má þá vænta hennar?*

Ráðherra hefur staðfest reglugerð um löggiltar iðngreinar á grundvelli 16. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, sjá reglugerð nr. 648/1999.

106. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas N. Möller frá fjármálaráðuneytinu, Runólf Ólafsson og Stefán Ásgeirsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Margréti M. Sigurðardóttur frá Neytendasamtökunum og Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands.

Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Neytendasamtökunum, Olíufélaginu hf., Olíuverzlun Íslands hf., Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Verslunarráði Íslands og VistOrku hf.

Í frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar á lögunum. Í fyrsta lagi er lagt til að vörugjald af bensíni verði föst krónutala, 10,50 kr. af hverjum lítra af bensíni í stað 97% gjalds af tollverði. Í öðru lagi er lagt til að brott verði felld heimild ráðherra til að hækka sérstakt vörugjald af bensíni, bensíngjald, í hlutfalli við hækkun á vístölu byggingarkostnaðar og að krónutala bensíngjalds verði sú sama og nú er samkvæmt gildandi reglugerð. Í þriðja lagi er lagt til að undanþága fyrir flugvélabensín verði lögbundin en ekki háð ákvörðun ráðherra eins og gildandi lög gera ráð fyrir.

Guðmundur Árni Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson rita undir álitið með fyrirvara.

Vilhjálmur Egilsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 14. okt. 1999.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm.	Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal.
Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Gunnar Birgisson.
Hjálmar Árnason.		Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

107. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum missirum hafa verið mótaðar hugmyndir um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Áætlað er að keyrt verði á tveggja tíma fresti, frá kl. 7.00 árdegis til kl. 24.00 á miðnætti, á þremur leiðum:

1. Akureyri–Hjalteyri–Hauganes–Árskógssandur–Dalvík–Ólafsfjörður.
2. Akureyri–Kristnes–Hrafnagil–Laugaland.
3. Akureyri–Svalbarðseyri–Laufás–Grenivík.

Lagt er til að verkefnið verði til reynslu í fimm ár.

Helstu röksemdir fyrir tilrauninni eru:

— Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.
— Ungmenni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.
— Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.
— Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.
— Aðgerðin er orkusparandi.

Málið hefur verið kynnt embættismönnum í forsætisráðuneyti og á vegum héraðsnefndar Eyjafjarðar er unnið að greinargerð og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið.

108. Fyrirspurn [104. mál]

til menntamálaráðherra um kostun þátta í Ríkisútvarpinu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um kostun þátta í Ríkisútvarpinu?
2. Hversu lengi hefur það viðgengist að menn geti keypt sig frá óþægilegum spurningum með því að kosta útvarpsþætti, sbr. nýleg ummæli fréttamanns þar að lútandi?
3. Hvernig eru hlustendur varaðir við þegar um kostaða þætti er að ræða?

109. Svar [73. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

1. *Hefur farið fram sérstök endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana í samræmi við ályktun Alþingis frá 8. maí 1993?*

Lög um aukatekjur ríkissjóðs eru í sífelldri endurskoðun. Frá árinu 1993 hafa verið gerðar ýmsar breytingar á lögunum sem lúta einkum að því að afmarka skýrt fjárhæð gjaldsins og gjaldskylda aðila. Þannig hafa lögin ekki lengur að geyma ákvæði sem heimila ráðherra að hækka eða lækka gjöld á grundvelli laganna með reglugerð. Má því fullyrða að gjaldtakan

fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til skattlagningarheimilda í stjórnarskrá, sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, sbr. og 40. gr. stjórnarskrárinnar. Tvö ákvæði laganna er þó gert ráð fyrir að taka til skoðunar á þessu þingi, annars vegar ákvæði 2. mgr. 10. gr. (reglugerðarheimild sem byggist á sjónarmiðum um töku þjónustugjalda) og hins vegar 36. tölul. 11. gr. laganna, sem fjallar um önnur leyfi af svipuðum toga er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út.

2. *Hefur það markmið sem lýst er í þingsályktuninni, þ.e. „að gerður verði skýr greinarmunur á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu hjá hinu opinbera" náðst?*

Í ráðuneytinu hefur farið fram skipulögð endurskoðun á skatta- og gjaldtökuákvæðum sem eru á valdsviði þess. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að slíkt verði einnig gert í öðrum ráðuneytum. Hefur ráðuneytið í því sambandi fylgst sérstaklega með því að lagafrumvörp sem lögð eru fyrir þingið uppfylli þau skilyrði sem gilda um innheimtu skatta og þjónustugjalda.

3. *Hefur það markmið náðst sem lýst er í þingsályktuninni að þjónustugjöld sem innheimt eru hjá hinu opinbera skuli aldrei vera hærri en sá kostnaður sem af þjónustunni hlýst?*

Gjöld eru tekin fyrir opinbera þjónustu af ýmsu tagi. Með þjónustugjaldi er átt við að sérgreint endurgjald fæst gegn greiðslu gjaldsins og miðast það við þann kostnað sem hlýst af því að veita þjónustuna eða hluta kostnaðarins. Þetta þýðir að með gjaldtökunni má ekki afla tekna umfram það sem starfsemin eða þjónustan kostar. Gjaldtakan má með öðrum orðum ekki byggjast á skattalegum sjónarmiðum um almenna tekjuöflun ríkisins.

Þegar um er að ræða einfalda þjónustugjaldaheimild má telja að markmiðið hafi að mestu náðst. Hins vegar er alveg ljóst að gjaldtökuákvæði þarfnast sífelldrar endurskoðunar og sífellt þarf að meta kostnaðinn. Ráðuneytum ber að gæta þess að þau eða stofnanir sem undir þau heyra taki ekki hærra gjald fyrir þjónustu en rúmast innan ramma hverrar heimildar.

4. *Gera opinberar stofnanir skýra grein fyrir því við innheimtu hver kostnaðurinn við viðkomandi þjónustu er og hversu hár „skattur" er innheimtur umfram þjónustuna, sé um slíkt að ræða, eins og fyrir er lagt í ályktun Alþingis?*

Oft kemur fram í lagaheimildum hvaða kostnaðarþættir liggja til grundvallar gjaldtöku. Hins vegar eru gjaldtökuheimildir mismunandi nákvæmar í þessum efnum. Gera verður ráð fyrir að ráðuneyti og stofnanir geti gert grein fyrir útreikningi gjaldtökuheimilda ef eftir því er óskað af hálfu gjaldanda. Ef gjald reynist vera hærra en nemur kostnaði sem af þjónustu leiðir kann það að kalla á endurgreiðsluskyldu ríkissjóðs á grundvelli laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995.

110. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
14. gr. laganna orðast svo:
Af bensíni skal greiða 97% vörugjald, þó aldrei hærri fjárhæð en 9,30 kr. af hverjum lítra.

111. Fyrirspurn [105. mál]

til menntamálaráðherra um forgang kostaðra dagskrárliða Ríkisútvarpsins.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Er ráðherra kunnugt um að 14. október sl. var fastur dagskrárliður keyptur út úr dagskrá Rásar 2? Hvert er álit ráðherra á því að kostaðir liðir hafi forgang umfram fasta liði í dagskrá Ríkisútvarpsins?

112. Fyrirspurn [106. mál]

til menntamálaráðherra um kostun dagskrár Ríkisútvarpsins.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um kostun dagskrárliða Ríkisútvarpsins:
   a. á Rás 1,
   b. á Rás 2,
   c. í Sjónvarpinu?
2. Sinna einhverjir starfsmenn stofnunarinnar kostunarmálum eingöngu? Ef svo er, hversu margir?
3. Hversu miklar tekjur hefur Ríkisútvarpið haft af kostun dagskrárliða?
4. Gilda einhverjar reglur um það hvernig slíkum tekjum er ráðstafað? Nýtur Rás 2 t.d. þeirra tekna sem þannig er aflað þar?

Skriflegt svar óskast.

113. Fyrirspurn [107. mál]

til umhverfisráðherra um náttúruverndarþing.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvenær hyggst ráðherra kalla náttúruverndarþing saman, sbr. 10. gr. náttúruverndarlaga?

114. Svar [75. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um lagabreytingar í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða efnisbreytingar þarf að gera á lögum í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs og hvaða áhrif munu þær hafa á kjör og aðbúnað barna á aldrinum 16–18 ára og aðstandenda þeirra?*
2. *Hvenær stendur til að leggja nauðsynlegar lagabreytingar fyrir Alþingi, sbr. 1. lið, og hvaða útgjöld munu þær hafa í för með sér?*

Í tilefni af lögræðislögum, nr. 71/1997, er tóku gildi 1. janúar 1998, skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd hinn 20. júní 1997 til þess að kanna og gera tillögur um hvaða lögum þyrfti að breyta vegna hækkunar sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár, sem lögin kveða á um. Síðar rýmkaði ráðherra umboð nefndarinnar þannig að hún skyldi skila skýrslu með ábendingum um hvaða lögum nefndin teldi æskilegt að yrði breytt fyrir gildistöku hinna nýju lögræðislaga. Endanlegur skilafrestur nefndarinnar var til 1. nóvember 1997. Nefnd þessi verður hér eftir nefnd lagaskoðunarnefnd.

Í nefndina voru skipaðir fulltrúar sex ráðuneyta, þ.e. dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Hagstofu Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

Nefndin skilaði skýrslu í lok októbermánaðar 1997 með bréfi þar sem segir m.a.:

„Nefndarmenn eru sammála um, að auk þess að benda á hvaða lögum talið er æskilegt að breyta fyrir gildistöku hinna nýju lögræðislaga, og þá með hvaða hætti, sé rétt að gera grein fyrir þeim lögum sem nefndarmenn hafa skoðað sérstaklega, í tilefni af hækkuðum sjálfræðisaldri, en ekki talið að rétt sé að mæla með breytingum á, a.m.k. ekki að svo stöddu. Þessar ábendingar gefa á hinn bóginn viðkomandi fagráðuneytum tilefni til þess að kanna hvort ástæður séu til að breyta þeim lögum þegar fram líða stundir.“

Í niðurstöðum skýrslu lagaskoðunarnefndar er þannig greint á milli þeirra laga sem nefndin taldi æskilegt að breytt yrði fyrir gildistöku lögræðislaga, nr. 71/1997, (A-liður í skýrslunni) og annarra laga (B-liður í skýrslunni) sem nefndin hafði sérstaklega tekið til skoðunar en taldi ekki rétt að fella undir A-lið.

Þau lög sem lagaskoðunarnefnd taldi æskilegt að breyta fyrir 1. janúar 1998 eru talin hér upp og skipað eftir þeim ráðuneytum sem lögin heyra undir. Enn fremur er gerð grein fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á lögunum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Lög um mannanöfn, nr. 45/1996.
Var breytt með lögum nr. 150/1998.
Hjúskaparlög, nr. 31/1993.
Var breytt með lögum nr. 150/1998.

Félagsmálaráðuneyti.
Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.
Var breytt með lögum nr. 160/1998.
Lög um lögheimili, nr. 21/1990.
Var breytt með lögum nr. 145/1998.
Lög um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73/1952.
Var breytt með lögum nr. 152/1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
Lög um félagslega aðstoð, nr. 118/1993.
Hefur ekki verið breytt, samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins.
Lög um almannatryggingar, nr. 117/1993.
Hefur ekki verið breytt, samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins.
Lög um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997
Hefur ekki verið breytt, samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins.
Læknalög, nr. 53/1998.
Hefur ekki verið breytt, samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins.

Landbúnaðarráðuneyti.
Jarðalög, nr. 65/1976.
Hefur ekki verið breytt, en frumvarp og kostnaðaráætlun liggja fyrir.

Framangreindar breytingar á lögum sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti munu lítil eða engin áhrif hafa á kjör og aðbúnað barna á aldrinum 16–18 ára og aðstandenda þeirra og hafa ekki útgjöld í för með sér.

115. Svar [82. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um auglýsingar og auglýsingagerð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur annast auglýsingar og auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sl. sjö ár?*
2. *Hefur auglýsingagerðin verið boðin út?*
3. *Hver er kostnaðurinn af þessum auglýsingum, aðgreint eftir árum, hjá hvorum aðila fyrir sig?*

Auglýsingastofan Gott fólk, kt. 450788-1209, Lágmúla 6, 128 Reykjavík, hefur annast auglýsingar og auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sl. sjö ár.

Auglýsingar og auglýsingagerð hafa ekki verið boðnar út af hálfu stofnunarinnar. Auglýsingakostnaðurinn aðgreinist á eftirfarandi hátt:

	Auglýsingagerð	Birtingar	Samtals
1992	11.167.821	27.399.612	38.567.433
1993	9.971.576	18.517.937	28.489.513
1994	13.375.766	22.195.334	35.571.100
1995	15.903.875	30.546.117	46.449.992
1996	13.208.557	36.063.661	49.272.218
1997	15.289.699	27.671.063	42.960.762
1998	14.426.468	17.066.412	31.492.880
	93.343.762	179.460.136	272.803.898

Undir liðnum auglýsingagerð er allur aðkeyptur kostnaður, svo sem prentun, kvikmyndagerð, ljósmyndun, filmur og allur annar kostnaður frá hendi þriðja aðila. Tölur um auglýsingagerð og birtingar eru með virðisaukaskatti.

116. Fyrirspurn [108. mál]

til menntamálaráðherra um rannsóknir á útkomu samræmdra prófa.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar til að skýra þann mun sem hefur verið á útkomu einstakra skóla á samræmdum prófum í 10. bekk grunnskóla, hverjir hafa gert slíkar rannsóknir og hverjar hafa niðurstöðurnar verið?

117. Frumvarp til laga [109. mál]

um breytingu á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Í stað ártalsins „2001“ í lokamálslið 6. gr. laganna kemur: 2003.

2. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

13. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

20. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi skulu gilda til 1. janúar árið 2002.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með setningu laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, ákvað Alþingi að heimila ráðherrum félagsmála, heilbrigðis- og tryggingamála og umhverfismála að veita allt að tólf sveitarfélögum undanþágu frá ákvæðum tiltekinna laga. Markmið laganna var, sbr. 1. gr. þeirra, að gera sveitarfélögum kleift að gera tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með tilraununum skyldi stefnt að aukinni sjálfsstjórn sveitarfélaga, betri aðlögun stjórnsýslu þeirra að staðbundnum aðstæðum, bættri þjónustu við íbúana og betri nýtingu fjármagns hins opinbera. Tilraunirnar máttu hvorki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá.

Þau sveitarfélög sem fengið hafa heimild til að gera tilraunir í samræmi við ákvæði laganna nefnast reynslusveitarfélög.

Lög nr. 82/1994 veittu félagsmálaráðherra heimild til að víkja frá ákvæðum eftirtalinna laga:

a. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, varðandi félagslegar íbúðir,
b. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, varðandi þjónustu við fatlaða,
c. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, og laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985, varðandi þjónustu við atvinnulausa,
d. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, varðandi fjármögnun reynsluverkefna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra var með lögunum veitt heimild til að víkja frá ákvæðum laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, varðandi byggingu og/eða rekstur heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss og enn fremur ákvæðum laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, varðandi þjónustu við aldraða.

Umhverfisráðherra var veitt heimild til að víkja frá ákvæðum byggingarlaga, nr. 54/1978, um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verksvið byggingarfulltrúa í reynslusveitarfélagi. Þá er heimilað í 9. gr. laganna að víkja frá ákvæðum laga um nefndir og stjórnir sveitarfélaga þegar reynslusveitarfélag á í hlut. Heimildin nær þó ekki til ákvæða um sveitarstjórnir, byggðarráð og kjörstjórnir.

Samkvæmt 2. gr. laganna eiga framangreindar heimildir ráðherra til að víkja frá lögum við ákvæði laga um:

a. stjórnsýslu sveitarfélaga og skipulag starfsemi þeirra,
b. hvernig verkefni skulu leyst af hendi,
c. hvernig eftirliti ríkisins með starfsemi sveitarfélaga skuli háttað,
d. verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Við val á reynslusveitarfélögum bar félagsmálaráðherra að gæta þess að þau væru sem

fjölbreytilegust að stærð og gerð. Sveitarfélög sem sóttu um þátttöku í tengslum við sameiningu skyldu að öðru jöfnu hafa forgang. Þau sveitarfélög sem valin voru til þátttöku voru: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Reykjanesbær, Snæfellsbær, Borgarbyggð, Dalabyggð, Vesturbyggð, Akureyri, Neskaupstaður, Hornafjörður og Vestmannaeyjar.

Um áramótin 1998–99 var ólokið 23 tilraunaverkefnum á vegum átta reynslusveitarfélaga. Fjögur reynslusveitarfélög af þeim tólf sem félagsmálaráðherra valdi árið 1994 höfðu þá hætt þátttöku þar sem þeim hafði ekki tekist að ná samkomulagi um tilraunaverkefni. Þau eru: Borgarbyggð, Snæfellsbær, Vesturbyggð og Dalabyggð.

Félagsmálaráðuneytið hefur gert samning við óháð ráðgjafarfyrirtæki um að meta árangur af verkefnunum, jafnframt því að verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga hefur hvatt reynslusveitarfélögin og hlutaðeigandi ráðuneyti til að leggja eigið mat á verkefnin og árangur þeirra.

Efni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími laga um reynslusveitarfélög verði framlengdur um tvö ár, til 1. janúar árið 2002. Helgast sú tillaga m.a. af því að sum þeirra tilraunaverkefna sem nú standa yfir hófust seinna en ráð var fyrir gert og er fyrirsjáanlegt að ekki verði fengin af þeim nægileg reynsla áður en gildistíminn rennur út. Enn fremur telur verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga heppilegt að í þeim tilvikum þar sem um er að ræða viðamikil verkefni og vilji reynslusveitarfélags stendur til að halda verkefnum áfram eftir 1. janúar árið 2000 verði ráðherra unnt að framlengja þau.

Ekki er gert ráð fyrir að öll þau reynslusveitarfélagaverkefni sem komist hafa á laggirnar verði framlengd. Þau verkefni sem til greina kemur að framlengja á grundvelli laga um reynslusveitarfélög eru á sviði málefna fatlaðra, öldrunarmála og heilsugæslu og enn fremur ýmsar stjórnsýslutilraunir. Hins vegar er lagt til í frumvarpinu að felldar verði brott heimildir ráðherra til að veita undanþágur frá ákvæðum laga varðandi húsnæðismál, vinnumarkaðsmál og byggingarmál. Varðandi tvo fyrrnefndu málaflokkana hafa verið sett ný lög sem gera það að verkum að verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga telur ekki forsendur fyrir framlengingu verkefna, en varðandi byggingarmálin telur verkefnisstjórnin að nægileg reynsla sé komin á og hefur hún tekið upp viðræður við umhverfisráðuneytið um möguleika á lagabreytingum til samræmis við góða reynslu af þeim verkefnum.

Tilraunir á sviði stjórnsýslu og byggingarmála hafa gefið góðan árangur og hafa mörg sveitarfélög endurskipulagt stjórnsýslu sína almennt á grundvelli góðrar reynslu af tilraunaverkefnum. Enn fremur hefur verið góð reynsla af tilraun á yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra, sem falla vel að annarri félagsþjónustu sem sveitarfélögin veita.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið varðar skýrslu verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga sem félagsmálaráðherra skal árlega leggja fram á Alþingi. Lagt er til að síðasta skýrsla verði lögð fram vorið 2003 í stað 2001, til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 7. gr. frumvarpsins um framlengingu á gildistíma laga nr. 82/1994.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að heimild félagsmálaráðherra til að víkja frá ákvæðum laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, verði felld brott. Helgast það af breyttu skipulagi húsnæðismála, sbr. lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem tóku gildi 1. janúar 1999.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að heimild félagsmálaráðherra til að víkja frá ákvæðum laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, og laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun, verði felld brott. Eru ekki taldar forsendur fyrir framlengingu tilraunaverkefna vegna þeirra breytinga á skipulagi vinnumarkaðar sem urðu við setningu laga nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, og laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að heimild félagsmálaráðherra til að víkja frá ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, verði felld brott. Ákvæði þessu hefur ekki verið beitt og er gert ráð fyrir að tilraunaverkefni reynslusveitarfélaga verði sem fyrr fjármögnuð með beinum framlögum úr ríkissjóði, samkvæmt fjárlögum.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að heimild umhverfisráðherra til að víkja frá ákvæðum byggingarlaga, nr. 54/1978, verði felld brott. Er gert ráð fyrir því að umhverfisráðherra leggi samhliða frumvarpi þessu fram frumvarp til breytingar á skipulags- og byggingarlögum þar sem mælt verði fyrir um þær heimildir sem tilraunaverkefni reynslusveitarfélaga byggjast á.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Ákvæðið varðar gildistíma laganna sem lagt er til að verði framlengdur til 1. janúar árið 2002. Þannig er lagt til að lögin gildi tveimur árum lengur en upphaflega var gert ráð fyrir.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími laga um reynslusveitarfélög verði framlengdur um tvö ár, eða til 1. janúar 2002. Ýmsum tilraunaverkefnum er ólokið en ekki er gert ráð fyrir að þau verði öll framlengd. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að felldar verði brott heimildir ráðherra til að veita undanþágur frá ákvæðum laga um húsnæðismál, vinnumarkaðsmál og byggingarmál. Enn fremur er lagt til að felld verði brott heimild félagsmálaráðherra til að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, en heimild þessi hefur ekki verið notuð. Er gert ráð fyrir að tilraunaverkefni reynslusveitarfélaga verði fjármögnuð með beinum framlögum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eins og verið hefur. Ekki er gert ráð fyrir auknum útgjöldum úr ríkissjóði við samþykkt frumvarpsins.

118. Svar [50. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur og Guðrúnar Ögmundsdóttur um fíkniefni og vopn sem lagt hefur verið hald á.

Ráðuneytið leitaði til embættis ríkislögreglustjóra um svör við fyrirspurninni. Ríkislögreglustjóri sneri sér til lögregluembættanna og byggjast eftirfarandi svör fyrir árin 1996–97 á yfirliti frá tæknideild lögreglunnar í Reykjavík, fyrir árið 1998 á samantekt ríkislögreglustjóra á upplýsingum frá öllum lögreglustjórum og árið 1999 á samantekt ríkislögreglustjóra á upplýsingum frá fimm svonefndum aðgerðasvæðum lögreglunnar. Ekki hefur verið haldið til haga upplýsingum úr dómum um upptöku vopna.

1. *Á hve mikið magn fíkniefna hefur verið lagt hald undanfarin þrjú ár og það sem af er þessu ári? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Yfirlit yfir haldlögð fíkniefni 1. janúar 1996 – 7. október 1999.

	1996		1997		1998		1. janúar 1999 – 7. október 1999	
Fíkniefni	Grömm	Einingar	Grömm	Einingar	Grömm	Einingar	Grömm	Einingar
Kannabisefni	40.279		8.992		13.810,6		42.751	
Kannabisplöntur		1.020		198		1	154	
LSD		261		3.678		269		306
Sveppir	6.055		38		110		896	
Heróín							1	
Morfín								
Amfetamín	6.117		2.066		1.806		4.947	
E-pillur (ecstacy)		2.199		3.397		2.104		6.742
Kókaín	102		212		1.087		784	

2. *Hversu margir einstaklingar hafa verið handteknir erlendis á sama tímabili í tengslum við rannsókn fíkniefnabrota þar sem hald hefur verið lagt á fíkniefni hérlendis? Í hvaða löndum hafa þessir einstaklingar verið handteknir og um hve mikið magn fíkniefna er að ræða?*

Árið 1996 var Íslendingur handtekinn í Hollandi vegna rannsóknar hér á landi þar sem lagt var hald á 375,8 g af amfetamíndufti og 808 amfetamíntöflur.

Árið 1999 voru tveir Íslendingar handteknir í Danmörku. Í málum sem þeir tengjast hefur verið lagt hald á eftirtalin ætluð fíkniefni:

Tegundir fíkniefna		Magn	
Yfirflokkar	**Undirflokkar**	**Grömm**	**Einingar**
Kannabisefni	Hass	24.102,30	
	Kannabisfræ	19,23	
	Maríjúana	23,53	
	Tóbaksblandað	1,34	
Ofskynjunarefni	LSD		1
Örvandi efni	Amfetamín	3.999,98	
	E-pillur (ecstasy)	16,66	5.447
	Kókaín	651,46	

3. *Hve mikill hagnaður hefur verið gerður upptækur til ríkissjóðs á sama tímabili í tengslum við fíkniefnabrot og hvernig var honum ráðstafað?*
Á þessu tímabili hefur enginn hagnaður verið gerður upptækur.

4. *Hve mikið af vopnum hefur verið gert upptækt í tengslum við rannsókn fíkniefnabrota á sama tímabili?*
Upplýsingum um upptöku vopna hefur ekki verið haldið saman til þessa, sbr. framangreint. Í svarbréfi ríkislögreglustjórans kemur fram að eitt þeirra viðfangsefna sem eru í undirbúningi hjá embættinu er að koma á laggirnar miðlægum gagnagrunni fyrir kerfisbundna söfnun og úrvinnslu upplýsinga um afbrot og afbrotamenn á fíkniefnasviðinu sem nota mætti til afbrotagreiningar og miðlunar til lögreglustjóra í þágu löggæslunnar og við tolleftirlit. Upplýsingum um upptöku vopna og önnur atriði sem geta haft þýðingu í þessu sambandi mætti að mati ríkislögreglustjóra færa í slíkan grunn eða upplýsingakerfi.

119. Frumvarp til laga [110. mál]

um lausafjárkaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.
Almennt gildissvið laganna.

1. Lög þessi gilda um kaup að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir í lögum. Lögin gilda ekki um fasteignakaup.
2. Lög þessi gilda einnig um skipti eftir því sem við getur átt.

2. gr.
Pöntunarkaup. Þjónustusamningar.

1. Lög þessi gilda um pöntun hlutar sem búa skal til þegar sá sem pantar lætur ekki í té verulegan hluta efnis til framleiðslunnar. Lögin gilda hvorki um samninga um að reisa byggingar né önnur mannvirki á fasteign.
2. Lögin gilda ekki um samninga þegar sá sem afhendir hlut skal jafnframt láta í té vinnu eða aðra þjónustu og þar er um að ræða mestan hluta af skyldum hans.

3. gr.
Samningar og viðskiptavenjur.

Ákvæði laga þessara eiga ekki við þegar annað leiðir af samningi, fastri venju milli aðila, viðskiptavenju eða annarri venju sem telja verður bindandi í millum aðila.

4. gr.
Neytendakaup.

1. Í neytendakaupum er ekki unnt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru kaupanda óhagstæðari en leiða mundi af lögum þessum.

2. Með neytendakaupum er átt við kaup þar sem seljandinn hefur atvinnu sína af sölu og söluhlutur er aðallega ætlaður til persónulegra nota fyrir kaupandann, fjölskyldu hans, heimilisfólk eða þá sem hann umgengst, nema seljandinn hafi við samningsgerð hvorki vitað né mátt vita að hluturinn var keyptur í því skyni. Kaup á kröfum og réttindum teljast ekki til neytendakaupa.

3. Um sölu í atvinnustarfsemi er að ræða þegar seljandinn eða umboðsmaður hans koma fram sem atvinnumenn í viðkomandi starfsemi.

5. gr.

Alþjóðleg kaup.

1. Lög þessi gilda um alþjóðleg kaup með þeim sérreglum sem í lögunum felast, sbr. einkum ákvæði XV. kafla.

2. Sérreglur um alþjóðleg kaup gilda ekki í kaupum þegar seljandinn hefur atvinnustöð sína í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi, í Noregi eða Svíþjóð og kaupandinn hefur atvinnustöð sína í einhverju þessara landa (norræn kaup).

3. Sérreglurnar eiga ekki heldur við um:

a. neytendakaup og sambærileg kaup milli neytenda,
b. kaup á uppboði,
c. sölu í framhaldi af fullnustugerð eða samkvæmt lagaboði,
d. kaup á verðbréfum, peningum, kröfum eða réttindum,
e. kaup á farartækjum, loftförum eða loftpúðaskipum.

II. KAFLI
Afhendingin.

6. gr.

Reiðukaup.

1. Söluhlut skal hafa til reiðu til viðtöku á þeim stað þar sem seljandi hafði atvinnustöð sína (eða heimili, sbr. 83. gr.) þegar kaup voru gerð. Ef aðilar vissu þá að söluhlutur eða sá vörulager eða framleiðslustaður sem hlut átti að taka frá var á öðrum stað skal hafa hlutinn til reiðu þar.

2. Söluhlutur telst afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku.

7. gr.

Staðarkaup og sendingarkaup.

1. Ef söluhlut skal færa kaupanda á sama stað eða innan þess svæðis þar sem seljandi er vanur að sjá um að flytja slíka hluti (staðarkaup) telst hlutur afhentur þegar honum er veitt viðtaka þar.

2. Ef senda skal söluhlut til kaupanda í öðrum tilvikum (sendingarkaup) og annað leiðir ekki af flutningsskilmálum eða öðrum samningi telst hlutur afhentur þegar hann hefur verið fenginn þeim flytjanda í hendur sem tekið hefur að sér flutning frá sendingarstað. Ef seljandinn sér sjálfur um flutninginn telst afhending þá fyrst hafa átt sér stað þegar kaupandi hefur veitt hlutnum viðtöku.

3. Ef hlutur er seldur „frítt“, „afhentur“ eða „afhentur frítt“ og gefinn er til kynna ákveðinn staður telst hluturinn ekki afhentur fyrr en hann er kominn þangað.

4. Í neytendakaupum telst hlutur afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku. Eigi kaupandi að sækja hlut á ákvörðunarstað telst afhending einnig hafa farið fram þegar sá tími er kominn að kaupanda var skylt að sækja hlutinn þangað.

8. gr.

Viðbótarskyldur við sendingarkaup.

1. Ef seljandi á að sjá um að senda hlut er honum skylt að gera þá samninga sem nauðsynlegir eru til þess að hann verði fluttur á ákvörðunarstað með viðeigandi hætti og samkvæmt venjulegum skilmálum um slíka flutninga.

2. Ef seljandi á ekki að kaupa tryggingar vegna flutnings hlutarins verður hann, ef kaupandinn æskir þess, að gefa þær upplýsingar sem kaupandanum eru nauðsynlegar til þess að hann geti keypt sér slíka tryggingu.

3. Ef seljandi afhendir flutningsmanni hlut án þess að greinilega komi fram með auðkenningu, í flutningsskjali eða á annan skýran hátt, að hluturinn eigi að fara til kaupanda verður seljandi að tilkynna kaupanda greinilega hvar hann eigi að veita hlutnum viðtöku.

9. gr.

Afhendingartími.

1. Ef hlut á ekki að afhenda samkvæmt kröfu eða án tafar og afhendingartímann leiðir ekki heldur með öðrum hætti af samningi skal afhenda hlutinn innan sanngjarns tíma frá því að kaup voru gerð.

2. Ef samið hefur verið um svigrúm varðandi afhendingartíma á seljandinn rétt á að velja hann, nema atvik sýni að kaupandi eigi að velja hann.

3. Ef seljanda í reiðukaupum er rétt að velja afhendingartíma skal hann tilkynna kaupanda með nægum fyrirvara hvenær sækja megi hlutinn.

10. gr.

Heimild seljanda til að halda eigin greiðslu.

1. Ef seljandi hefur ekki veitt lán eða greiðslufrest er hann ekki skyldur til að afhenda hlutinn, framselja skjöl eða á annan hátt að yfirfæra ráðstöfunarrétt yfir hlutnum, nema því aðeins að kaupverðið sé samtímis greitt.

2. Ef seljandi á að senda hlut til annars staðar getur hann ekki látið það hjá líða, en hann getur komið í veg fyrir að kaupandinn fái umráðin þar til kaupverðið er greitt.

11. gr.

Útgjöld.

1. Seljandi greiðir útgjöld vegna söluhlutar þar til hann hefur verið afhentur. Ákvæði þetta gildir ekki um útgjöld sem stafa af því að afhendingu seinkar vegna atvika sem varða kaupanda.

2. Þegar um neytendakaup er að ræða og söluhlut skal senda til kaupanda má, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., semja um það að kaupandi greiði til viðbótar kaupverðinu útgjöld vegna sendingarinnar.

III. KAFLI
Áhættan af söluhlut.

12. gr.

Um það hvað í áhættu felst.

Þegar áhættan af söluhlut hefur flust yfir til kaupanda fellur skylda hans til þess að greiða kaupverðið ekki niður þótt hluturinn eftir það farist, skemmist eða rýrni ef um er að ræða atvik sem ekki verða rakin til seljanda.

13. gr.

Áhættuflutningur.

1. Áhættan flyst yfir til kaupanda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði samnings eða í samræmi við ákvæði 6. eða 7. gr.

2. Ef hlutar er ekki vitjað eða honum veitt viðtaka á réttum tíma og það má rekja til kaupanda eða atvika sem hann varða flyst áhættan yfir á kaupandann þegar hlutur er honum til ráðstöfunar og vanefnd verður af hans hálfu við það að veita hlutnum ekki viðtöku. Í neytendakaupum ber kaupandi þó ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburði sem verður meðan hluturinn er hjá seljanda, enda sé ekki unnt að rekja atburðinn til eiginleika hlutarins sjálfs.

3. Ef kaupandi á að vitja söluhlutar annars staðar en hjá seljanda flyst áhættan yfir til kaupanda þegar afhendingartíminn er kominn og kaupanda er kunnugt um að hluturinn er honum heimill til ráðstöfunar á afhendingarstaðnum.

14. gr.

Auðkenning söluhlutar.

Áhættan flyst ekki yfir til kaupanda fyrr en söluhlutur hefur verið auðkenndur honum með merkingu á flutningsskjölum eða það hefur á annan hátt verið gert ljóst að hlutur er ætlaður honum.

15. gr.

Söluhlutur í flutningi.

1. Ef kaup eru gerð um söluhlut sem er í flutningi flyst áhættan yfir til kaupanda við lok samningsgerðar, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi tekið á sig áhættuna þegar frá þeirri stundu er hlutur var afhentur flutningsmanni þeim sem gaf út flutningsskjalið. Seljandi ber þó ávallt áhættuna af tjóni sem hann vissi eða mátti vita um við kaupin en upplýsti kaupanda ekki um.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í neytendakaupum.

16. gr.

Skil hlutar sem keyptur er með skilarétti.

Ef söluhlutur hefur verið keyptur eða afhentur til reynslu eða á annan hátt með rétti til að skila honum aftur ber kaupandi áhættuna samkvæmt ákvæðum þessa kafla þar til seljandinn hefur aftur veitt hlutnum viðtöku. Þetta gildir þó ekki þegar kaupandinn hefur rétt til að skila söluhlut samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu.

IV. KAFLI

Eiginleikar söluhlutar, gallar o.fl.

17. gr.

Eiginleikar söluhlutar.

1. Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

2. Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;

b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;

c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.

3. Í neytendakaupum skal söluhlutur einnig vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð. Þetta gildir þó ekki ef aðstæður sýna að kaupandi byggði ekki á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafði ekki sanngjarna ástæðu til þess.

4. Hafi seljandi í neytendakaupum tekið að sér samsetningu hins selda hlutar telst hann gallaður ef orsök gallans er rakin til rangrar samsetningar seljanda. Sama á við ef neytandi skal annast samsetningu hlutarins og orsök gallans er rakin til rangra eða ófullnægjandi leiðbeininga af hálfu seljanda.

5. Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1.–4. mgr.

18. gr.

Upplýsingar um eiginleika eða notkun.

1. Reglurnar um galla gilda einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin.

2. Regla 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila. Í öðrum kaupum en neytendakaupum gildir þetta þó ekki ef seljandi hvorki vissi né mátti vita að upplýsingarnar voru gefnar.

3. Reglur 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar upplýsingarnar eru leiðréttar á skýran og skilmerkilegan hátt og með nægum fyrirvara.

19. gr.

Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

1. Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkum almennum fyrirvara er um galla að ræða þegar:
a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

2. Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

20. gr.

Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.

1. Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

2. Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

3. Reglur 2. mgr. gilda einnig hafi kaupandi fyrir kaup rannsakað sýnishorn af hlutnum eða látið það hjá líða án gildrar ástæðu og gallinn varðar eiginleika sem sjá mátti á sýnishorninu.

21. gr.

Tímamark galla.

1. Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til kaupanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar.

2. Seljandi ber einnig ábyrgð á galla sem kemur fram síðar ef ástæðu gallans má rekja til vanefnda af hans hálfu. Sama á við þegar seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti ábyrgst að hluturinn hefði tiltekna eiginleika eða að hlut mætti nota með venjulegum eða sérstökum hætti tiltekinn tíma eftir afhendingu.

V. KAFLI
Úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda. Greiðsludráttur.

22. gr.

Almenn ákvæði.

1. Ef hlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint og ekki er kaupanda um að kenna eða atvikum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 23.–29. gr. krafist efnda, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir kaupverðinu skv. 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann setji fram aðrar kröfur eða ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

2. Ef seljandi fullnægir að öðru leyti ekki nógu snemma skyldum sínum samkvæmt samningnum gilda ákvæðin um greiðsludrátt, eftir því sem við getur átt, þó ekki ákvæði 2. og 3. mgr. 25. gr. Um annað má semja, einnig í neytendakaupum.

23. gr.

Réttur til efnda.

1. Kaupandi getur haldið fast við kaup og krafist efnda. Þetta gildir ekki ef um er að ræða hindrun sem seljandi ræður ekki við og heldur ekki ef efndir hefðu í för með sér slíkt óhagræði eða kostnað fyrir seljanda að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af efndum.

2. Ef úr vandkvæðum greiðist innan hæfilegs tíma getur kaupandi krafist efnda. Það er þó skilyrði að efndir verði ekki, miðað við þann tíma sem liðinn er, mun örðugri eða leiði til annars eðlis en þess sem seljandi gat vænst eða að öðru leyti sé ósanngjarnt að krefjst efnda.

3. Kaupandi glatar rétti sínum til efnda ef hann dregur óhæfilega lengi að krefjast þeirra.

24. gr.

Fyrirspurnir.

Nú beinir seljandi fyrirspurn til kaupanda um það hvort hann vilji veita hlut viðtöku þrátt fyrir seinkun eða hann tilkynnir kaupanda að hann muni afhenda hið selda innan tiltekins

tíma, en kaupandi svarar ekki innan hæfilegs tíma frá því að hann fékk tilkynninguna. Getur kaupandi þá ekki rift kaupunum ef efndir verða innan þess tíma sem nefndur var.

25. gr.
Riftun.

1. Kaupandi getur rift kaupum þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir.

2. Einnig er unnt að rifta kaupum ef seljandi afhendir ekki söluhlut og efndir dragast fram yfir sanngjarnan viðbótarfrest sem kaupandi hefur sett.

3. Meðan viðbótarfrestur er að líða getur kaupandi ekki rift kaupum, nema því aðeins að seljandinn hafi lýst því yfir að ekki verði af efndum á þeim tíma.

26. gr.
Riftun pöntunarkaupa.

Ef kaup varða hlut sem er útbúinn sérstaklega fyrir kaupanda samkvæmt fyrirmælum hans eða óskum, og geti seljandi af þeim sökum ekki ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns, getur kaupandi því aðeins rift kaupunum að greiðsludráttur leiði til þess að tilgangur hans með kaupunum raskist verulega. Ákvæði þetta gildir ekki um alþjóðleg kaup.

27. gr.
Skaðabætur.

1. Kaupandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda. Þetta gildir þó ekki ef seljandi sýnir fram á að greiðsludráttur hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við eða ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði haft hindrunina í huga við samningsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar.

2. Ef greiðsludrátt má rekja til þriðja manns sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu er seljandi því aðeins laus undan ábyrgð að þriðji maður væri það einnig samkvæmt reglu 1. mgr. Sama gildir ef greiðsludrátt má rekja til afhendingaraðila sem seljandi hefur notað eða til einhvers annars á fyrra sölustigi.

3. Lausn undan ábyrgð er til staðar meðan hindrun er fyrir hendi. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna kaupin, en hann láti það hjá líða.

4. Reglur í 1.–3. mgr. eiga ekki við um sams konar óbeint tjón og nefnt er í 2. mgr. 67. gr. Í alþjóðlegum kaupum ná reglurnar þó einnig til óbeins tjóns, nema annað leiði af 3. mgr. 70. gr.

5. Kaupandi getur ávallt krafist skaðabóta ef greiðsludrátt eða tjón má rekja til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda.

28. gr.
Upplýsingaskylda um hindrun.

Ef hindrun kemur í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna kaupanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til að efna kaupin. Fái kaupandi ekki slíka tilkynningu innan hæfilegs tíma frá því að seljandi fékk eða gat fengið vitneskju um hindrunina getur kaupandi krafist þess að það tjón sé bætt sem unnt hefði verið að komast hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna með nægum fyrirvara.

29. gr.

Riftunarfrestur.

Ef hlutur er afhentur of seint getur kaupandi ekki rift kaupum, nema hann tilkynni það seljanda innan sanngjarns tíma frá því að hann fékk vitneskju um afhendinguna.

Gallar.

30. gr.

Almenn ákvæði.

1. Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.–40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

2. Reglurnar um galla gilda einnig um aðra ágalla á efndum seljanda, eftir því sem við á. Unnt er að semja um annað, og gildir það einnig í neytendakaupum.

31. gr.

Rannsókn kaupanda eftir afhendingu.

1. Eftir afhendingu skal kaupandi, jafnskjótt og sanngjarnt tækifæri gefst, rannsaka söluhlut á þann hátt sem góð venja stendur til.

2. Ef flytja á hlut frá afhendingarstað getur kaupandi beðið með rannsókn þar til hluturinn er kominn á ákvörðunarstað.

3. Breyti kaupandi ákvörðunarstað meðan hlutur er í flutningi eða sendi hlut áfram án þess að hafa haft sanngjarnt tækifæri til að rannsaka hann, og hafi seljandi við kaupin vitað eða mátt vita um möguleikann á slíkri breytingu eða framsendingu, má láta rannsókn bíða þar til hluturinn er kominn á hinn nýja ákvörðunarstað.

4. Grein þessi gildir ekki í neytendakaupum.

32. gr.

Tilkynning.

1. Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda innan hæfilegs tíma frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fólginn. Í neytendakaupum er jafnframt heimilt að tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

2. Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

3. Ef um sölu á byggingarefni er að ræða er tilkynningarfrestur fimm ár.

33. gr.

Undantekningar frá reglum um tilkynningar.

Þrátt fyrir ákvæði 31. og 32. gr. getur kaupandi borið fyrir sig galla ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

34. gr.

Krafa um úrbætur og nýja afhendingu.

1. Kaupandi getur krafist þess að seljandi bæti úr galla á eigin reikning ef það verður gert án þess að valda seljanda ósanngjörnum kostnaði eða óhagræði. Seljandi getur þess í stað afhent nýja greiðslu í samræmi við ákvæði 36. gr.

2. Kaupandi getur krafist nýrrar afhendingar ef galli er verulegur. Þetta á ekki við ef fyrir hendi er hindrun eða sams konar ósamræmi og um ræðir í 23. gr. Þá er ekki heldur unnt að krefjast nýrrar afhendingar þegar um er að ræða hlut sem var til staðar við kaup og er þannig miðað við væntingar aðila að ekki er unnt að krefjast þess með sanngirni að hann verði bættur með öðrum hlut.

3. Ef seljandi fullnægir ekki þeirri skyldu sinni að bæta úr galla eða afhenda nýjan hlut getur kaupandi krafist skaðabóta fyrir eðlileg útgjöld við að fá bætt úr galla.

35. gr.

Tilkynning um kröfu um úrbætur og nýja afhendingu.

1. Kaupandi glatar rétti sínum til þess að krefjast úrbóta eða nýrrar afhendingar ef hann tilkynnir ekki seljanda um þá kröfu sína samtímis tilkynningu skv. 32. gr. eða innan sanngjarns frests frá þeim tíma. Kaupandi heldur þó rétti sínum ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans stríðir á annan hátt gegn heiðarleika og góðri trú.

2. Í neytendakaupum má tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

36. gr.

Réttur seljanda til úrbóta og nýrrar afhendingar.

1. Þótt kaupandi krefjist þess ekki er seljanda heimilt að bæta á eigin kostnað úr galla eða afhenda annan hlut ef það er unnt án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda og án þeirrar áhættu að kaupandi fái ekki bætt útgjöld sín hjá seljanda.

2. Nú spyr seljandi kaupanda hvort hann samþykki úrbætur eða nýja afhendingu eða seljandi skýrir kaupanda frá því að hann vilji bæta úr eða afhenda annan hlut innan tiltekins tíma. Ef kaupandi svarar ekki áður en hæfilegur tími er liðinn frá því að hann fékk slíka vitneskju getur seljandi gert nauðsynlegar ráðstafanir innan þess tíma sem nefndur var.

3. Seljandi getur ekki borið fyrir sig að hann hafi ekki fengið tækifæri til úrbóta eða nýrrar afhendingar þegar kaupandinn hefur séð um að bæta úr gallanum og það yrði talið ósanngjarnt, miðað við aðstæður, að krefjast þess af kaupanda að hann biði eftir úrbótum seljanda eða nýrri afhendingu.

37. gr.

Afsláttur eða riftun þegar ekki verður af úrbótum eða nýrri afhendingu.

Ísland hefur ekki gerst aðili að framangreindum samningum frá 1955 og 1964, og löggjöf hér á landi hefur ekki verið færð til samræmis við efni þeirra. Danir, Svíar, Finnar og Norðmenn hafa hins vegar gerst aðilar að samningnum frá 1955 og sett samhljóða lög um efni hans. Af öðrum Evrópuþjóðum, sem fullgilt hafa samning þennan, má nefna Ítali, Frakka, Svisslendinga og Belga. Á ráðstefnu sendierindreka, sem haldin var í Haag í Hollandi, var 30. október 1985 gengið frá nýjum samningi um sama efni og Haag-samningurinn frá 1955, en með breyttu efni. Óvíst er hins vegar hverja þýðingu sá samningur kemur til með að hafa í framtíðinni, m.a. vegna tilkomu SÞ-samningsins frá 1980. Samningarnir frá 1964 öðluðust formlega gildi árið 1972, en fá ríki hafa enn sem komið er fullgilt þá. Þau eru Belgía, Þýskaland, Stóra-Bretland, Gambía, Ísrael, Ítalía, Holland og San Marínó sem öll fullgiltu ULIS-samninginn, og flest þeirra hafa einnig fullgilt ULFIS-samninginn. Aðild fimm ríkja var skilyrði fyrir gildistöku samninga þessara og þær þjóðir, sem fullgilt hafa samningana, hafa einnig lögfest efnisreglur þeirra.

4.2. SÞ-samningurinn.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í desember 1966 ályktun þess efnis að sett skyldi á laggirnar sérstök nefnd á vegum samtakanna sem hafa skyldi það hlutverk að efla og styrkja samræmingu alþjóðlegrar viðskiptalöggjafar. Nefndin, sem tók til starfa skömmu síðar, var kölluð *The United Nations Commission on International Trade* (UNCITRAL) og hefur hún aðsetur í Vínarborg í Austurríki. Hún fékk það verkefni að undirbúa gerð áðurnefnds alþjóðasamnings um kaup, þ.e. SÞ-samninginn frá árinu 1980. Gerð þess samnings tók tæpa tvo áratugi, og hafði sú vinna það m.a. að markmiði að koma fram með nýjan samning á þessu réttarsviði sem leyst gæti af hólmi Haag samningana frá 1964.

Fyrstu drög hins nýja samnings voru kynnt árið 1974 og endurskoðaðar gerðir voru kynntar árin 1975, 1976, 1977 og 1978. Að gerð þessara samningsdraga vann starfshópur skipaður fulltrúum 14 ríkja sem tilheyrðu mismunandi réttarkerfum. Drögin voru rædd á þingum UNCITRAL og voru þau samþykkt á þingi stofnunarinnar árið 1978. Eftir það boðaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var vorið 1980 í Vínarborg í Austurríki þar sem saman komu fulltrúar 62 ríkja og átta alþjóðastofnana. Á ráðstefnunni var gengið frá nýjum samningi um alþjóðleg lausafjárkaup, þ.e. CISG. Ráðstefnan hófst 10. mars 1980 og lauk henni 11. apríl sama ár. Undirbúningsvinna ráðstefnunnar fór að mestu fram í tveimur starfsnefndum. Hafði önnur það hlutverk að semja drög að efnisreglum, en hin samdi drög að lokaákvæðum samningsins. Við lok ráðstefnunnar voru drögin sameinuð og fram fór atkvæðagreiðsla um hverja einstaka grein og að því loknu atkvæðagreiðsla um samninginn í heild sinni. Var hann samþykktur á ráðstefnunni án verulegra athugasemda eða efnisbreytinga.

Í 99. gr. SÞ-samningsins eru ákvæði um gildistöku hans. Þar kemur fram að hann öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar þegar liðnir eru tólf mánuðir frá því að 10 ríki hafa afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skjöl um fullgildingu eða samþykki hans. Þessu marki var náð 1. janúar 1988, en þá höfðu m.a. Bandaríkin, Argentína, Egyptaland, Frakkland, Ítalía, Júgóslavía, Kína, Lesótó, Sýrland, Ungverjaland og Zambía fullgilt samninginn. Finnland og Svíþjóð gerðust aðilar að samningnum 15. desember 1987, Noregur 20. júlí 1988 og Danmörk 14. febrúar 1989. Hinn 30. september 1998 voru aðildarríkin 53. Þótt SÞ-samningurinn hafi formlega séð ekki verið endurskoðun á Haag samningunum frá 1964 er honum eigi að síður í framtíðinni ætlað það hlutverk að vera eina réttarheimildin við úrlausn ágreiningsefna á sviði alþjóðlegra kaupa. Sést þetta m.a. á því að í 99. gr. samningsins er gert ráð fyrir að þær þjóðir, sem gerst hafa aðilar að samningnum og eru jafnframt aðilar að Haag-samningunum, skuli segja upp síðarnefnda samningnum. Einnig kemur þetta fram í því að í SÞ-samningnum er að finna efnisreglur sem ætlað er að leysa af hólmi efnisákvæði beggja Haag-samninganna frá 1964, þ.e. bæði ULFIS og ULIS. Í heild má því segja að reglur SÞ-samningsins séu bæði skýrari og afmarkaðri en reglur Haag-samninganna frá 1964 þótt á þeim hafi vissulega verið byggt í mörgum atriðum.

4.3. Nánar um SÞ-samninginn.

SÞ-samningurinn gildir um alþjóðleg lausafjárkaup, þ.e. kaup á lausafjármunum þar sem aðilar hafa atvinnustöð sína í mismunandi ríkjum og bæði ríkin eru aðilar að samningnum, eða þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að beita ber kauparéttarreglum eins samningsríkjanna. Neytendakaup og ákveðnar aðrar tegundir kaupa, t.d. kaup á skipum og loftförum, falla utan gildissviðs samningsins. Utan gildissviðs hans falla einnig álitaefni er varða gildi kaupsamnings og afstöðuna gagnvart þriðja manni, t.d. afstöðuna gagnvart fyrri söluaðila og gagnvart þrotabúi aðila. Ákvæði samningsins eru þar að auki frávíkjanleg, þ.e. aðilar geta samið um aðrar reglur en þær sem leiðir af samningnum.

SÞ-samningurinn er í fjórum hlutum. Í *I. hluta* eru reglur um gildissvið hans og almenn ákvæði. Þar eru reglur um túlkun samningsins, yfirlýsingar aðila og athafnir þeirra. Einnig er þar fjallað um þýðingu verslunarvenju og við hverja af fleiri atvinnustöðvum skuli miða við beitingu samningsins. Meginregla SÞ-samningsins er sú að kaupsamningar eru óformbundnir, en um það má gera fyrirvara. Í *II. hluta* eru nánari reglur um samningsgerðina, m.a. um gerð og afturköllun tilboðs og samþykkis.

Efnisreglur um kaup er að finna í *III. hluta* SÞ-samningsins, en hann skiptist í fimm kafla sem hér verður gerð nánari grein fyrir. Í 1. kafla í III. hluta eru almennar reglur um kaup. Þar er m.a. að finna almenna skilgreiningu á því hvað telja beri verulega vanefnd og einnig eru þar reglur um hver skuli bera áhættuna af sendingu tilkynninga til gagnaðila. Í 2. kafla eru reglur um skyldur seljanda, bæði að því er varðar afhendingu á réttum tíma og um galla, og skiptist kafli þessi upp í þrjá undirkafla. Í undirkafla 1 eru reglur um afhendingu söluhlutar og afhendingu skjala. Í undirkafla tvö eru nánari reglur um ástand söluhlutar og um rannsóknar- og tilkynningarskyldu kaupanda, auk reglna um hvað teljast skuli réttarágallar. Í undirkafla 3 eru ákvæði um úrræði vegna vanefnda seljanda, m.a. sameiginleg ákvæði um bæði greiðsludrátt og galla, og reglur um heimild kaupanda til að krefjast úrbóta og um heimildir hans til að setja viðbótarfrest. Einnig eru þar reglur um riftun og afslátt af kaupverði. Ákvæðin í 3. kafla í III. hluta fjalla um skyldur kaupanda. Þar eru ákvæði um greiðslu kaupverðs, undirkafli 1, og um skyldu kaupanda til að veita hlut viðtöku, undirkafli 2. Í skyldu kaupanda til þess að veita hlut viðtöku felst bæði að taka á móti hlut og gera allar þær ráðstafanir sem með sanngirni má krefjast af honum til að gera seljanda kleift að afhenda. Í und-

irkafla 3 eru reglur um úrræði seljanda í tilefni vanefnda af hálfu kaupanda. Þeim úrræðum má beita þegar kaupandi hvorki greiðir kaupverð né veitir söluhlut viðtöku og þegar hann vanefnir aðrar skyldur sínar (aukaskyldur). Ákvæðin veita seljanda rétt til að þess að krefjast efnda, riftunar og skaðabóta. Einnig eru reglur um heimild seljanda til að setja kaupanda viðbótarfrest til að efna skyldur sínar. Í 4. kafla í III. hluta eru reglur um áhættuskipti, og í 5. kafla eru sameiginleg ákvæði um skyldur seljanda og kaupanda. Í undirkafla 1 í 5. kafla eru ákvæði um fyrirsjáanlega vanefnd og samninga þar sem afhenda á hið selda smátt og smátt. Í undirkafla 2 eru reglur um útreikning skaðabóta, í undirkafla 3 eru reglur um vexti og í undirkafla 4 eru reglur um ástæður sem leysa undan skaðabótaábyrgð og um umönnun söluhlutar. Aðalreglan um skaðabótaábyrgð er sú að aðili ber ekki ábyrgð á vanefndum á skyldum sínum ef hann sannar að þær má rekja til hindrunar sem hann réði ekki við. Í undirkafla 5 eru reglur um áhrif riftunar.

Í *IV. hluta* SÞ-samningsins eru lokaákvæði hans. Þar eru m.a. reglur um heimildir til að gera fyrirvara varðandi tiltekin ákvæði samningsins. Þannig getur ríki t.d. skv. 92. gr. gert fyrirvara varðandi II. hluta samningsins um samningsgerð eða varðandi III. hluta um kaup. Sérstaka þýðingu fyrir norrænu löndin hefur sá kostur að gera fyrirvara samkvæmt ákvæðum 94. gr. (nágrannalandaákvæðið). Samkvæmt þessu ákvæði geta eitt eða fleiri ríki, sem hafa sömu eða svipaðar réttarreglur á því sviði sem samningurinn tekur til samþykkt að samningurinn skuli ekki gilda milli aðila sem hafa atvinnustöð sína í þessum löndum. Enn fremur getur ríki samkvæmt ákvæðum 95. gr. samningsins gert fyrirvara um það að samningurinn skuli aðeins gilda milli aðila sem hafa atvinnustöð í ríkjum sem eru aðilar að samningnum. Ef ekki er gerður slíkur fyrirvari gildir samningurinn, jafnvel þótt aðeins annað ríkjanna hafi gerst aðili að honum, þegar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar leiða til þess að leggja ber lög þess ríkis til grundvallar.

Á þessu löggjafarþingi verður lögð fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um staðfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um sölu á vöru milli ríkja. Samningurinn mun fylgja þingsályktunartillögunni.

5. Norrænt löggjafarsamstarf á sviði kauparéttar.

5.1. Skipun norrænnar sérfræðinganefndar árið 1901.

Fyrir gildistöku norrænu kaupalaganna á fyrri hluta þessarar aldar voru réttarreglur Norðurlandaþjóðanna um lausafjárkaup að mörgu leyti ófullkomnar og ósamstæðar. Lög þau um lausafjárkaup, sem Svíar, Norðmenn og Danir settu sér á fyrstu árum þessarar aldar, urðu til í samvinnu sérfræðinganefnda sem settar voru á laggirnar að frumkvæði stjórnvalda í löndum þessum árið 1901, en í nefndunum áttu sæti bæði lögfræðingar og fulltrúar viðskiptalífsins. Á þessum tíma var mikil samvinna meðal Norðurlandaþjóðanna um setningu samræmdrar löggjafar á ýmsum sviðum sem síðar leiddi til þess að lögfestir voru í löndum þessum lagabálkar á mörgum þýðingarmiklum sviðum réttarins. Það voru í reynd sænsk stjórnvöld sem áttu frumkvæði að samvinnu norrænu þjóðanna um samningu kaupalaga í upphafi aldarinnar, en þegar árið 1894 hafði sænsk nefnd, sem stjórnvöld þar í landi skipuðu, samið frumvarp til laga um kaup og skipti, en það frumvarp varð reyndar ekki að lögum.

Við undirbúning að setningu norrænna laga um lausafjárkaup í upphafi aldarinnar leituðust norrænu samstarfsnefndirnar m.a. við að hafa ákvæði frumvarpanna með þeim hætti að þau væru í sem bestu samræmi við viðskiptahætti í löndum þessum. Þá var og við lagasmíðina reynt að taka mið af ýmsum eldri kauparéttarákvæðum í norrænni löggjöf, auk þess sem litið var til nýlegra ákvæða í kauparéttarlöggjöf ýmissa Evrópuríkja, t.d. Þjóðverja. Var eftir fremsta megni leitast við að semja heildarstæðar reglur um helstu efnisatriði á sviði kaupa-

réttarins þótt reglunum væri engan veginn ætlað að vera tæmandi. Fyrst og fremst var það markmiðið að samræma rétt norrænu þjóðanna á þessu sviði, þannig að kaupalög þeirra gætu orðið sem næst samhljóða. Í upphafi mun ætlunin hafa verið að hafa ákvæði um gerð kaupsamninga í kaupalagafrumvörpunum, en frá því var horfið, og voru síðar settir sérstakir lagabálkar um það efni, þ.e. samnorrænu samningalögin, sbr. hér á landi lög nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Kaupalaganefndirnar, sem skipaðar voru í Danmörku, Noregi og Svíþjóð í upphafi aldarinnar, luku að mestu störfum árið 1903, og voru frumvörp þeirra kynnt skömmu síðar. Var frumvörpunum yfirleitt ágætlega tekið, bæði meðal hagsmunaaðila og á þjóðþingum landanna. Í Svíþjóð voru kaupalög, sem byggðu á þessum samnorræna grunni, lögfest árið 1905, í Danmörku árið 1906, í Noregi árið 1907 og á Íslandi árið 1922. Á þessum tíma var stjórnskipuleg staða Finnlands hins vegar slík að Finnar gátu ekki tekið þátt í lagasamstarfi þessu, og voru kaupalög ekki lögfest í Finnlandi fyrr en árið 1987 og þá í kjölfar samnorræns endurskoðunarstarfs.

Eins og nánar verður rakið síðar stóðu norrænu kaupalögin frá fyrsta áratug þessarar aldar óbreytt í áratugi. Í Svíþjóð voru árið 1973 sett lög um neytendakaup, en ákvæði þeirra laga þrengdu efni margra ákvæða í almennu kaupalögunum. Í Noregi var árið 1974 gerð breyting á norsku kaupalögunum sem aðallega fólst í því að ýmis ákvæði laganna voru gerð ófrávíkjanleg í neytendakaupum, nema þar sem undanþágan var neytandanum til hagsbóta. Svipuð lagabreyting var gerð í Danmörku árið 1979, en þá var nýjum kafla um neytendakaup bætt við lögin, þ.e. 72.–86. gr. Í Finnlandi voru árið 1978 sett sérstök lög um neytendavernd, en í 5. kafla þeirra laga er m.a. að finna ákvæði um neytendakaup.

5.2. Skipun sérfræðinganefndar árið 1962.

Á 22. norræna lögfræðingamótinu, sem haldið var í Reykjavík árið 1960, voru að frumkvæði Finna ræddar hugmyndir um endurskoðun norrænu kaupalaganna frá upphafi aldarinnar. Skömmu áður (1957) hafði Knut Rodhe birt hugleiðingar um það efni í tímariti finnskra lögfræðinga. Fljótlega eftir lögfræðingamótið í Reykjavík komst fyrir alvöru hreyfing á mál þetta því árið 1961 var í Finnlandi skipuð nefnd til að semja frumvarp til kaupalaga, en af ástæðum þeim, sem áður er frá greint, tóku Finnar ekki þátt í samstarfi norrænu ríkjanna við upphaf aldarinnar um setningu samnorrænna kaupalaga.

Árið 1962 skipuðu dómsmálaráðherrar Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs nefnd sem vinna skyldi ásamt fulltrúum frá finnska dómsmálaráðuneytinu að athugun á því hvort tímabært væri að endurskoða norrænu kaupalögin og eftir atvikum koma fram með nýtt frumvarp í þeim efnum. Nefndarstarfi þessu seinkaði af ýmsum ástæðum, m.a. vegna tilkomu Haagsamninganna frá 1964 og umræðu sem hófst um líkt leyti um þörfina fyrir lögfestingu sérstakra ófrávíkjanlegra reglna um neytendakaup. Á sameiginlegum fundi norrænu kaupalaganefndanna í Stokkhólmi árið 1965 lagði finnska kaupalaganefndin fram drög að frumvarpi til kaupalaga, sem samstaða náðist í sjálfu sér um, en endurskoðunarstarfinu var þó haldið áfram.

Árið 1967 var skipulagi og starfsemi norsku, sænsku og dönsku kaupalaganefndanna komið í fastara form. Það ár var í Noregi skipuð ný nefnd sérfræðinga til að endurskoða norsku kaupalögin, og hið sama var einnig gert í Danmörku og Svíþjóð árið 1967. Tæpum tíu árum síðar eða á árinu 1976 sendu norsku og sænsku nefndirnar hvor um sig frá sér tillögur sínar, sbr. norska álitið NOU 1976:34 og sænska álitið SOU 1976:66. Á árinu 1973 kynnti finnska kaupalaganefndin drög að frumvarpi til kaupalaga ásamt greinargerð sem að meginstefnu til byggðist á efni og efnisskipan norrænu kaupalaganna frá upphafi aldarinnar þótt nokkur ný-

mæli væri þar einnig að finna. Árið 1975 skipaði finnska dómsmálaráðuneytið enn á ný nefnd sem endurskoða skyldi frumvarpsdrögin frá 1973, og lagði hún til árið 1977 að frumvarpsdrögunum yrði breytt í ýmsum atriðum þótt ekki væri þar gert ráð fyrir neinum grundvallarbreytingum. Má segja að finnska frumvarpið hafi í öllum aðalatriðum haft að geyma sömu efnisreglur og voru í sænsku, dönsku og norsku tillögunum þótt framsetning væri með nokkuð öðrum hætti.

Tillögur norrænu nefndanna á þessum tíma byggðu í aðalatriðum á efni norrænu kaupalaganna frá upphafi aldarinnar þótt ákveðnar breytingar væru lagðar til. Nefndarálitin voru send til umfjöllunar og umsagnar hjá ýmsum hagsmunaðilum, en ekki kom til lagabreytinga í kjölfar þeirra þar sem ákveðið var að bíða eftir niðurstöðum þeirrar vinnu sem þá var hafin á vegum Sameinuðu þjóðanna um gerð alþjóðlegs samnings um lausafjárkaup. Þó voru í hinum einstöku löndum kynntar tillögur að ófrávíkjanlegum reglum um neytendakaup og neytendavernd eins og áður hefur verið drepið á. Má að því er Danmörk varðar vísa til Betænkning om forbrugerköb nr. 845/1978 og hvað Svíþjóð viðvíkur til greinargerðar í SOU 1976:66. Í Svíþjóð voru árið 1973 sett lög um neytendakaup. Í Noregi var árið 1974 gerð breyting á norsku kaupalögunum sem aðallega fólst í því að ýmis ákvæði laganna voru gerð ófrávíkjanleg í neytendakaupum, nema þar sem undanþágan var neytandanum til hagsbóta. Í Finnlandi voru sett sérstök lög um neytendavernd árið 1978, og dönsku tillögurnar um nýjar reglur í neytendakaupum voru eins og fyrr segir lögfestar árið 1979 með þeim hætti að bætt var nýjum kafla um neytendakaup við kaupalögin frá 1906.

5.3. Skipun sérfræðinganefndar árið 1980.

Eftir samþykkt SÞ-samningsins um alþjóðleg lausafjárkaup 11. apríl 1980 varð um það sammæli meðal norrænna ríkja að hefja skyldi á nýjan leik endurskoðun norrænu kaupalaganna. Á fundi norrænna dómsmálaráðherra sem haldinn var í Helsinki 10. júní 1980, var komið á laggirnar samnorrænum vinnuhópi sem fékk það verkefni að kanna möguleika þess að setja samræmd kaupalög fyrir Danmörku, Noreg, Svíþjóð og Finnland. Vinnuhópurinn fékk einnig það verkefni að kanna afstöðu norrænu landanna til SÞ-samningsins. Í vinnuhópnum áttu sæti þrír fulltrúar frá Danmörku, þrír frá Finnlandi, þrír frá Svíþjóð, en fjórir fulltrúar frá Noregi, auk áheyrnarfulltrúa frá Íslandi, sem tóku þátt í starfi vinnuhópsins um nokkurt skeið frá árinu 1982, en þó ekki samfellt. Í tengslum við starf norræna vinnuhópsins voru settir upp vinnuhópar í hinum einstöku löndum, þ.e. í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Á fundi vinnuhópsins í Helsinki, sem haldinn var 12.–13. nóvember 1980, var gengið frá skýrslu til dómsmálaráðherra landanna þar sem ákveðið var að mæla með því að norrænu löndin gerðust aðilar að SÞ-samningnum. Jafnframt var mælt með því að gerður yrði fyrirvari varðandi II. hluta samningsins um samningsgerðina, og var SÞ-samningurinn með þessum fyrirvörum undirritaður af Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð 26. maí 1981. Í skýrslu vinnuhópsins kom einnig fram að æskilegt væri að setja samnorræn kaupalög sem yrðu í samræmi við SÞ-samninginn, en til þess þyrfti lengri tíma. Skýrsla vinnuhópsins var til umfjöllunar á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda sem haldinn var í Ósló 25. nóvember 1980. Þar var samþykkt að vinnuhópurinn skyldi halda áfram starfi sínu og semja frumvarp til nýrra samnorrænna kaupalaga. Vinnuhópurinn hélt í framhaldi af þessu allmarga fundi, og kom það í hlut Finnlands að halda utan um vinnuna, þ.m.t. að sjá um samningu greinargerðar með frumvarpinu, en í þeim efnum var haft náið samband við fulltrúa annarra ríkja í vinnuhópnum. Vinnuhópurinn hélt síðasta fund sinn í Helsinki 29.–30. október 1984, og

voru tillögur að nýjum kaupalögum eins og áður segir lagðar fram og kynntar í samnorrænu nefndaráliti, NU 1984:5.

Norræni vinnuhópurinn athugaði það gaumgæfilega hvaða áhrif reglur SÞ-samningsins frá 1980 ættu að hafa á efni nýrra norrænna kaupalaga. M.a. var um það rætt hvort ekki væri hægt að hafa norrænu kaupalögin svo samhljóða að ónauðsynlegt væri að lögtaka SÞ-samninginn sérstaklega. Nýjum norrænum kaupalögum var samkvæmt þessu sjónarmiði ætlað að vera allt í senn þjóðleg, samnorræn og alþjóðleg. Það reyndist hins vegar ekki létt að hrinda hugmyndum um margþætt eðli norrænna kaupalaga í framkvæmd, enda hefur SÞ-samningurinn að geyma ýmis ákvæði sem ekki falla að norrænum viðhorfum á sviði kauparéttar. Staðan var í reynd sú, ef lögtaka átti norræn kaupalög sem einnig skyldu gilda um alþjóðleg kaup, að í slíkum lögum hefði þurft að gera margvíslegar undantekningar sem giltu aðeins í alþjóðlegum kaupum, en þær undantekningar hefðu að mati margra gert lögin óþarflega flókin í allri framsetningu. Við þetta bættist að fram kom ósk frá samtökum norrænna atvinnurekenda þess efnis að samningurinn yrði staðfestur í heild sinni, en til grundvallar þeirri afstöðu lá það sjónarmið að mun auðveldara væri fyrir viðskiptaaðila að átta sig á ákvæðum samningsins ef samningurinn væri lögtekinn á þann hátt, auk þess sem slík aðferð væri hagkvæmari með tilliti til alþjóðlegra viðskipta.

5.4. Árangurinn af starfi norræna sérfræðingahópsins sem skipaður var árið 1980.

Í Finnlandi og Svíþjóð varð niðurstaðan sú að sett voru sérstök lög sem gilda þegar um alþjóðleg kaup er að ræða og byggjast þau á SÞ-samningnum. Samhliða voru sett í þessum löndum önnur sjálfstæð lög sem gilda þegar um kaup innlendra aðila er að ræða. Finnsku kaupalögin eru nr. 355 frá 27. mars 1987, og sænsku lögin voru samþykkt 30. maí 1990, birt 6. september 1990 og öðluðust gildi 1. janúar 1991. Í Danmörku voru einnig sett sérstök lög sem gilda þegar um alþjóðleg kaup er að ræða, þ.e. International köbelov, 1988-12-07-L. 733. Í Danmörku hefur hins vegar verið frestað gildistöku almennra (þjóðlegra) kaupalaga, og búa Danir því enn við kaupalögin frá 1906 þegar um kaup innlendra aðila er að ræða. Í Noregi voru hins vegar lögtekin kaupalög sem eru í senn bæði þjóðleg og alþjóðleg, þ.e. Lov om kjöp av 13. mai 1988 nr. 27. En með þeim frávikum, sem hér voru nefnd, leitaðist norræni vinnuhópurinn við, að svo miklu leyti sem unnt var, að samræma norræn kaupalög SÞ-samningnum. Í Danmörku var enn fremur skoðað í þessu sambandi hvort sérreglur um neytendakaup ætti að fella inn í ný samnorræn kaupalög eða hvort setja ætti um þau sjálfstæð neytendakaupalög. Kosturinn við sjálfstæð lög þótti sá að auðveldara væri fyrir neytendur og aðra að fá yfirlit yfir reglurnar með þeim hætti. Ókosturinn væri hins vegar sá að sérstök neytendakaupalög hefðu óhjákvæmilega að geyma margar endurtekningar á ákvæðum almennra kaupalaga. Niðurstaðan varð sú að frestað var gildistöku nýrra kaupalaga en bætt inn í gildandi lög ákvæðum um neytendakaup. Noregur valdi á hinn bóginn þá leið að fella reglurnar um neytendakaup í almennu kaupalögin, en Finnland og Svíþjóð halda þessu tvennu aðskildu eins og áður er fram komið í athugasemdum þessum.

Frumvarp til nýrra norrænna kaupalaga ásamt greinargerð var birt í samnorrænni greinargerð, þ.e. NORDISKA KÖPLAGAR, NU 1984:5. Eftir útgáfu nefndarálitsins var það til umfjöllunar hjá mörgum stofnunum og hagsmunaaðilum í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Á grundvelli athugasemda sem bárust gerði norræni vinnuhópurinn ýmsar breytingar á upphaflegum tillögum sínum. Árangurinn varð síðan sá, eins og áður segir, að í Finnlandi voru almenn kaupalög lögtekin á þessum grundvelli árið 1987, í Noregi árið 1988 og í Svíþjóð árið 1990, en Danmörk og Ísland hafa enn ekki gert breytingar á sínum kaupalögum. Eftir að samningu norræna nefndarálitsins lauk ráðgerðu Danir að setja ný kaupalög í

anda hins norræna samstarfs ekki seinna en á þinginu 1992–93, en af því varð ekki. Ástæður þess dráttar, sem varð í Danmörku, er fyrst og fremst að rekja til þess að um það leyti sem vinnu við samnorræna nefndarálitið lauk ákvað framkvæmdastjórn ESB að leggja fram tillögu að tilskipun sem varðar neytendakaup, þ.e. „Directive of the European Parliament and of the Council on the sale of consumer goods and associated guarantees". Danmörk var á þessum tíma eina ríkið á Norðurlöndum sem átti aðild að ESB, og var því þar í landi ákveðið að doka við með setningu nýrra kaupalaga og bíða eftir nýrri tilskipun um þetta efni sem enn hefur ekki verið sett.

6. Meginatriði í áliti samnorræna vinnuhópsins, sbr. NU 1984:5.

6.1. Almennt um norræna nefndarálitið.

Í tillögum sínum byggði norræni vinnuhópurinn, sem skipaður var árið 1980, að hluta til á SÞ-samningnum og þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem settar höfðu verið fram á árinu 1976. Eftir fremsta megni var reynt að ná samræmi í löggjöf þeirra ríkja sem aðild áttu að vinnuhópnum, og varð samkomulag um öll helstu efnisatriði nýrra kaupalaga þótt ekki næðist það markmið að koma fram með tillögur um lagafrumvörp sem væru í öllu tilliti efnislega samræmd. Vinnuhópurinn lagði einnig mikla áherslu á samræmi í framsetningu efnisákvæðanna, þ.e. að um sama álitaefnið væri fjallað í sömu greinum frumvarpanna, þ.e. að þau væru „parallell", og tókst það að mestu. Þó eru nokkur frávik frá þessu í danska frumvarpstextanum, en hvað norska textann varðar eru einungis frávik hvað varðar reglur 56. og 57. gr., þ.e. varðandi afhendingu í áföngum og um skaðabætur.

Tillögur vinnuhópsins til samnorrænna kaupalaga, sbr. NU 1984:5, fólu í sér nokkur frávik frá þágildandi reglum norræns kauparéttar, bæði hvað varðar form og efni. Þar var m.a. gert ráð fyrir því að afnuminn yrði munurinn á tegundarkaupum og einstaklega ákveðnum kaupum. Í finnsku, norsku og sænsku frumvarpstextunum voru að auki sérstakar reglur fyrir hvert land varðandi skaðabótaábyrgð seljanda, um rétt kaupanda til riftunar og um rétt hans til að krefjast nýrrar afhendingar í pöntunarkaupum. Í frumvarpi vinnuhópsins var einnig lagt til að afnuminn yrði munurinn á almennum kaupum og verslunarkaupum þótt við túlkun ýmissa reglna frumvarpsdraganna skyldi eigi að síður heimilt að taka tillit til þess hvort aðilar samnings störfuðu að viðskiptum eður ei. Í samanburði við þágildandi rétt var það nýmæli í norska frumvarpstextanum að settar voru sérstakar reglur um vanefndir aukaskyldna af hálfu seljanda og kaupanda. Einnig var þar gert ráð fyrir ýmsum nýjum reglum, m.a. um viðbótarfresti og réttarágalla, og almennri reglu um mildun ábyrgðar og um kröfur á hendur fyrri söluaðila. Skaðabótareglum var auk þess breytt með hliðsjón af fyrirmynd úr fyrrgreindum SÞ-samningi.

Þótt efnisreglurnar væru í aðalatriðum þær sömu í norrænu frumvarpstextunum hafði norska frumvarpið eigi að síður að geyma sérlausnir um ýmis atriði sem ekki var að finna í frumvarpstextum hinna landanna. Þetta byggðist m.a. á því að norska frumvarpinu var ætlað gilda í alþjóðlegum kaupum, og er þeirri stefnu einnig fylgt í frumvarpi því sem hér liggur fyrir. Í norska frumvarpinu var því meiri þörf á fyllri samræmingu við ákvæði SÞ-samningsins en í frumvörpum hinna landanna. Í norska frumvarpinu var farin sú leið að leggja til reglur á einstökum sviðum sem voru ítarlegri og fyllri en í hinum frumvörpunum. Í þessu fólst þó ekki að frumvörpin væru í raun ólík, heldur var fyrst og fremst um það að ræða að settar voru fram reglur um ýmis atriði sem ella hefði þurft að komast að niðurstöðu um með túlkun, en hin frumvörpin létu ósagt um. Dæmi þessa má í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir og fylgir hinni norsku fyrirmyndi, m.a. sjá í 2. mgr. 12., 17., 2. mgr. 22., 3. mgr. 22., 2. mgr. 25., 3. mgr. 29., 3. mgr. 36., 2. mgr. 38., 2. mgr. 44., 3. mgr. 54., 3. mgr. 58., 2. mgr. 66., 2.

mgr. 71., 2. mgr. 72. og 87. gr., og vísast til nánari skýringa um þessi atriði í athugasemdum við hinar tilvitnuðu greinar.

6.2. Nánar um norrænu tillögurnar.

Í I. kafla norska frumvarpstextans eru ákvæði um gildissvið nýrra kaupalaga, og þar kemur fram að lögin skuli gilda um kaup og skipti. Þar er einnig á því byggt að til viðbótar því að gilda um kaup á almennu lausafé skuli lögin enn fremur gilda um kaup á kröfum og öðrum réttindum, en fasteignakaupum er haldið utan við umfjöllunina. Dönsku og norsku frumvörpin ná og til neytendakaupa. Í Svíþjóð eru hins vegar í gildi sérstök lög sem gilda um það efni, og í Finnlandi eru í gildi sérstök lög um neytendavernd sem gilda í neytendakaupum, og hefur áður verið gerð grein fyrir þessum atriðum. Í norska frumvarpinu var, eins og áður hefur verið rakið, einnig á því byggt að lögin gildi í alþjóðlegum kaupum sem SÞ-samningurinn nær til, en slík ákvæði var hins vegar ekki að finna í frumvarpstextum Dana, Svía og Finna. Í tillögum vinnuhópsins var gert ráð fyrir að kaupalögin skyldu vera frávíkjanleg. Í dönsku og norsku frumvarpstextunum var hins vegar á því byggt að flest ákvæðin væru ófrávíkjanleg í neytendakaupum.

Í II. kafla norska frumvarpsins voru reglur um afhendingu söluhlutar, og voru þau ákvæði í öllum aðalatriðum í samræmi við þágildandi norrænan rétt. Þó var gert ráð fyrir breytingu á þeim reglum þágildandi réttar, að reglunum um staðarkaup skyldi einnig beita, þótt hlutur væri afhentur utan staðarins, ef afhendingin átti sér stað innan þess svæðis, þar sem seljandi venjulega afhendir slíkan hlut. Að auki voru sérreglur um neytendakaup, sbr. 4. mgr. 7. gr. Um áhættuskipti var fjallað í III. kafla frumvarpstextanna, og voru þeir kaflar í aðalatriðum í samræmi við ákvæði þágildandi réttar. Jafnframt var gert ráð fyrir sérreglu um áhættuskipti í neytendakaupum þegar söluhlutur ferst af tilviljun, sbr. 2. mgr. 13. gr. Í IV. kafla voru reglur um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Meginreglan var sú að söluhlutur skyldi hafa þá eiginleika til að bera sem samningurinn gerði ráð fyrir. Að auki voru reglur um það hvað teldist galli þegar gefnar eru misvísandi upplýsingar eða þegar seljandi vanrækir upplýsingaskyldu sína. Þá voru reglur um það hvað teldist vera réttarlegur ágalli.

Reglur um heimildir kaupanda í tilefni vanefnda af hálfu seljanda voru í V. kafla. Fyrstar komu reglur um afleiðingar greiðsludráttar af hálfu seljanda. Kaupandi skyldi þá geta valið milli þess annars vegar að krefjast efnda og þess hins vegar að rifta kaupum. Að auki skyldi kaupandi geta krafist skaðabóta. Kaupandi skyldi einnig geta beitt þessum úrræðum, eftir því sem við gæti átt, varðandi vanefndir seljanda á aukaskyldum, t.d. vegna vanefnda seljanda á því að setja hlut upp eða vátryggja hann. Rétturinn til þess að krefjst efnda gilti ekki ef um var að ræða hindrun sem seljandi gat ekki yfirunnið. Sama skyldi einnig gilda ef um væri að ræða tilvik þar sem efndir hefðu í för með sér mikið óhagræði eða ótilhlýðilegan kostnað í samanburði við efndahagsmuni kaupanda. Þótt ekki væri fullnægt skilyrðum kaupanda til þess að krefjast efnda gat hann krafist skaðabóta.

Það skyldi vera meginregla að kaupandi gæti því aðeins rift að greiðsludráttur hefði í för með sér verulega vanefnd á samningsskyldunum. Því til viðbótar mætti krefjast riftunar ef efndir hefðu ekki farið fram innan hæfilegs tíma frá ákveðnum viðbótarfresti sem kaupandi hefði sett. Að auki skyldu gilda sérreglur um riftun í pöntunarkaupum. Seljandi skyldi vera bótaskyldur ef hann sannaði ekki að um væri að ræða greiðsludrátt sem rekja mætti til hindrunar sem hann gat ekki yfirunnið og atvik væru með þeim hætti að ekki væri með sanngirni hægt að ætlast til að hann hefði haft þau í huga við samningsgerð eða gæti losnað undan eða yfirunnið afleiðingarnar af. Ákvæðið átti sér fyrirmynd í 79. gr. SÞ-samningsins um undanþágu ábyrgðar. Ef greiðsludrátt var að rekja til þriðja manns, sem seljandi hefði í heild eða

að hluta falið að efna samninginn, var seljandinn laus úr ábyrgð ef greiðsludrátturinn var utan þess sem seljandinn og þriðji maður gátu ráðið við. Samkvæmt norska frumvarpstextanum átti þetta þó ekki við um ábyrgð seljanda á almennum undirafhendingaraðila (*underleverandör*). Ábyrgð seljanda í slíkum tilvikum skyldi fara eftir hinni almennu stjórnunarreglu (*kontrollansvarsregel*). Lagt var til að stjórnunarreglan væri sveigjanleg, og við beitingu hennar skyldi heimilt að taka tillit til mismunandi eðlis kaupsamninga. Gert var ráð fyrir að slík stjórnunarábyrgð seljanda væri strangari eftir því sem tegundareinkenni skyldunnar yrðu meiri. Í þessum kafla voru að auki reglur um galla, þ.m.t. skyldu kaupanda til þess að rannsaka söluhlut, og um tilkynningar. Tilkynningu skyldi senda innan hæfilegs tíma og í síðasta lagi tveimur árum eftir að kaupandi móttók söluhlut. Ef um galla var að ræða gat kaupandi krafist úrbóta, þ.e. viðgerðar og nýrrar afhendingar, afsláttar og riftunar. Bóta fyrir annað tjón varð einnig krafist.

Í samanburði við þágildandi rétt fólu tillögurnar að því er varðar rétt til úrbóta í sér rýmkun að því leyti til að þær skyldu einnig gilda utan neytendakaupa. Því var slegið föstu að seljandinn skyldi bera kostnaðinn af slíkum úrbótum, en seljandi skyldi þó eiga val um það hvort hann vildi frekar bæta úr með nýrri afhendingu. Um kaupanda gilti það að hann gat því aðeins krafist nýrrar afhendingar að gallinn væri verulegur. Nýrrar afhendingar varð heldur ekki krafist ef um var að ræða hindrun sem leysti seljanda undan efndum eða um var að ræða hluti sem voru sérsniðnir fyrir kaupanda eða aðra einstaklega ákveðna hluti. Kaupandi skyldi að auki geta krafist afsláttar og riftunar. Riftunar yrði þó aðeins krafist að galli hefði í för með sér verulega vanefnd. Um kröfur til skaðabóta skyldi sú meginregla gilda að seljandi væri bótaskyldur ef hann sannaði ekki að ástæður galla væri að rekja til atvika sem hann gat ekki ráðið við. Um pöntunarkaup og aðra álíka einstaklega ákveðna hluti skyldi hins vegar ekki gilda eins ströng regla. Í slíkum tilvikum væri seljandi ekki ábyrgur ef hann sannaði að galla væri ekki að rekja til mistaka eða vanrækslu af hans hálfu. Að auki voru reglur um það að þrátt fyrir eiginleika söluhlutar væri hægt að krefjast skaðabóta ef söluhlutur var ekki í samræmi við það sem ætla mátti að heitið hefði verið og einnig þegar upplýsingaskylda hafði verið vanrækt. Einnig voru reglur um skaðabótaábyrgð seljanda vegna mistaka eða vanrækslu við úrbætur.

Sérstakar reglur voru í tillögunum um heimildir kaupanda þegar um var að ræða réttarágalla, réttindi þriðja manns og aðra þess háttar ágalla á efndum af hálfu seljanda. Reglurnar um réttarágalla voru víðtækari en reglur þágildandi réttar sem einvörðungu fjölluðu um skaðabótaábyrgð vegna upprunalegrar og algjörrar vanheimildar. Ef um réttarágalla var að ræða skyldi kaupandi í öllum aðalatriðum geta gert sömu kröfur og þegar um galla var að ræða. Í slíku tilviki gilti hin fortakslausa tveggja ára regla þó ekki. Ef galli var til staðar þegar við samningsgerð gat grandlaus kaupandi að auki krafist skaðabóta án tillits til þess hverjar ástæður voru fyrir gallanum. Þegar um annars konar réttindi þriðja manns var að ræða, t.d. höfundarrétt og önnur hugverkaréttindi, giltu sömu reglur og um réttarágalla ef frá eru taldar reglurnar um hina ströngu bótaábyrgð. Bóta yrði hér krafist samkvæmt almennum reglum um ábyrgð á göllum. Um aðra ágalla á efndum seljanda, þ.e. brot á nokkrum aukaskyldum, gilti sú regla að reglurnar um galla skyldu gilda, svo langt sem þær næðu. Að lokum voru í þessum kafla tillagnanna ákvæði um heimild kaupanda til þess að halda eigin greiðslu í tilefni af vanefndum seljanda, og reglur um vanefndir sem snerta hluta greiðslu og það tilvik þegar afhent er smátt og smátt.

Í VI. kafla voru ákvæði um skyldur kaupanda. Í upphafi var að finna ákvæði um fjárhæð kaupverðs. Þar var meginviðmiðunin sú að kaupandi skyldi greiða gangverð hlutarins ef ekki hafði verið samið um annað. Ef ekki væri um gangverð að ræða skyldi kaupandi greiða það

verð sem sanngjarnt teldist með tilliti til tegundar hlutar og gæða, verðlista seljanda og atvika að öðru leyti. Að auki voru reglur um greiðslu kaupverðsins og skyldu kaupanda til að veita söluhlut viðtöku. Í VII. kafla voru reglur um heimildir seljanda í tilefni vanefnda af hálfu kaupanda. Samkvæmt þeim reglum gat kaupandi valið milli þess annars vegar að krefjast efnda og hins vegar þess að rifta kaupunum. Að auki skyldi seljandi geta krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann hefði orðið fyrir. Þessar reglur voru sameiginlegar fyrir þau tilvik þegar kaupandi vanefndi greiðsluskyldu sína og aðrar skyldur, t.d. þá skyldu að veita hlut viðtöku. Heimild seljanda til þess að krefjast beinna efnda átti þó einungis við um skyldu kaupanda til greiðslu kaupverðs. Rétturinn til þess að krefjast enda féll þó brott þegar um var að ræða truflanir í samgöngum og greiðsluaðferðum eða aðrar truflanir sem kaupandi fékk ekki ráðið við. Réttur seljanda til að rifta var háður því skilyrði að vanefnd væri veruleg. Riftunarúrræðinu skyldi að auki hægt að beita þegar kaupverðið var ekki greitt eða hlut var ekki veitt viðtaka innan hæfilegs viðbótarfrests. Rétt eins og samkvæmt þágildandi rétti skyldi riftun að meginstefnu til ekki beitt þegar kaupandi hefði þegar veitt hlut viðtöku. Í VII. kafla voru einnig ákvæði um afpöntun hlutar sem búa skyldi til fyrir seljanda eða honum útvegaður. Afpöntun gat leitt til þess að seljanda bæri að hætta vinnu sinni að gerð hlutar. Hann gat á hinn bóginn krafist skaðabóta fyrir tjón sitt samkvæmt almennum reglum. Sem dæmi um tilvik utan þess sem seljandi fengi ráðið við var það nefnt þegar samgöngur teppast eða stöðvun verður í greiðslumiðlun. Að lokum voru í þessum kafla ákvæði sem voru ný í samanburði við þágildandi rétt. Það voru ákvæði um skyldu seljanda til þess að sérgreina hluti (spesifikation) ef kaupandi lét slíkt hjá líða.

Í VIII. kafla tillagnanna voru sameiginlegar reglur um fyrirsjáanlegar vanefndir, greiðsluþrot o.fl. Þar var mælt fyrir um heimildir samningsaðila til þess að halda eigin greiðslu ef ætla mátti að gagnaðili mundi ekki efna verulegan hluta af sínum skyldum, t.d. vegna þverrandi greiðslugetu. Samningsaðili skyldi einnig geta rift kaupum í tilefni fyrirsjáanlegra vanefnda. Í norska frumvarpstextanum voru að auki ítarleg ákvæði um það að hvaða marki þrotabú gjaldþrota samningsaðila hefði rétt til að ganga inn í kaupsamninginn. Reglur um framkvæmd og réttaráhrif riftunar voru í IX. kafla frumvarpstextanna. Meginsjónarmiðið var það að rétturinn til riftunar og nýrrar afhendingar glataðist ef kaupandi gæti ekki skilað hlut í sama ástandi og magni. Þar var hins vegar lögð til sú nýja regla miðað við þágildandi rétt að kaupandinn glataði þrátt fyrir þetta ekki framangreindum rétti sínum ef hann bætti seljanda þá verðmætisrýrnun sem orðið hafði á hlut. Í X. kafla voru ákvæði um fjárhæð skaðabóta og vexti. Reglurnar um fjárhæð skaðabóta og útreikning þeirra voru nákvæmari en reglur þágildandi réttar. Í norska frumvarpstextanum var að auki löglíkindaregla um það hvað telja bæri óbeint tjón ef fyrirvari hafði verið gerður um slíkt tjón. Lagt var til að lögfestar yrðu reglur um skyldu samningsaðila til þess að draga úr tjóni sínu þegar hann sæi fyrir vanefnd af hálfu gagnaðila. Að auki voru reglur um takmörkun bótaábyrgðar þegar skaðabætur hefðu við mat á aðstæðum sérstaklega íþyngjandi áhrif á hagsmuni aðila. Vexti skyldi greiða í samræmi við almennar reglur vaxtalaga.

Í XI. kafla voru ákvæði um skyldu til umönnunar. Þar var m.a. kveðið á um rétt umönnunaraðila til skaðabóta vegna útgjalda sinna, og skyldi í þeim efnum gilda ströng hlutlæg bótaregla. Til tryggingar skaðabótum var mælt fyrir um haldsrétt aðila í söluhlut. Að auki voru reglur um heimildir umönnunaraðila til þess að selja hlut og framkvæma aðrar ráðstafanir varðandi hlutinn. Tillögurnar voru í öllum aðalatriðum í samræmi við ákvæði þágildandi réttar.

Í XII. kafla voru reglur um arð og annan afrakstur af söluhlut. Voru reglurnar í öllum aðalatriðum í samræmi við ákvæði þágildandi réttar. Í XIII. kafla voru tiltekin almenn

ákvæði um það hvor samningsaðila skyldi bera áhættuna af sendingu tilkynninga. Jafnframt voru ákvæði um það, hvað skyldi telja atvinnustöð aðila þegar það skipti máli samkvæmt reglum frumvarpstextanna.

Í XIV. kafla norska frumvarpstextans voru ákvæði um kröfur á hendur fyrri sölulið, sbr. ákvæði 84.–86. gr. Slíka reglur var ekki að finna frumvarpstextum hinna landanna. Hin almenna regla byggðist á því að kaupandi gæti gert kröfu á hendur fyrri söluaðila að því tilskildu að seljandi gæti gert slíka kröfu gildandi. Kröfuna varð að setja fram innan hæfilegs tíma frá því að uppvíst varð um gallann og í síðasta lagi innan þeirra tilkynningarfresta sem giltu í skiptum framseljanda og fyrri söluliðar. Í neytendakaupum skyldi kaupandi að auki geta borið fram kröfu á hendur fyrri viðskiptasöluaðila í nokkuð rýmra mæli en almennt gilti. Þeim rétti yrði seljandi ekki sviptur með ákvæðum í samningi. Í viðskiptum milli neytenda skyldi kaupandi hafa samsvarandi rétt og neytendakaupandi hefði gagnvart fyrri söluaðila til að gera kröfu gildandi gagnvart fyrri söluaðila.

Í XV. kafla í norska frumvarpsins voru sem fyrr segir ákveðnar sérreglur um alþjóðleg kaup sem áttu sér fyrirmynd í SÞ-samningnum og voru nauðsynleg svo að lögunum yrði einnig beitt í alþjóðlegum kaupum. Þau ákvæði skyldu hins vegar ekki gilda í þjóðlegum kaupum og heldur ekki í norrænum kaupum.

7. Nánar um efni frumvarps til nýrra íslenskra kaupalaga.

7.1. Almenn atriði.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, byggist í meginatriðum á þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem birtar voru í hinu samnorræna nefndaráliti, NU 1984:5, og gerð er grein fyrir í 6. kafla hér að framan. Þar sem leiðir skildi í hinum norrænu tillögum með einstökum ríkjum hefur að meginstefnu til verið fylgt þeirri leið sem Norðmenn völdu. Það felur í aðalatriðum í sér tvennt: Í fyrsta lagi eru ákvæði um neytendavernd í kaupalögunum sjálfum, en ekki í sjálfstæðum lögum um það efni. Í öðru lagi felst í þessu að almennar kauparéttarreglur, byggðar á hinum samnorræna grundvelli, hafa verið aðlagaðar ákvæðum SÞ-samningsins eftir því sem kostur er þótt einnig sé að finna í frumvarpinu sérákvæði sem eingöngu eiga að gilda í alþjóðlegum kaupum.

Norrænu ríkin byggja á tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar. Í því felst að reglur þjóðaréttarins verða ekki sjálfkrafa landslög í hefðbundnum skilningi, heldur þarf að lögfesta reglurnar samkvæmt reglum stjórnskipunarréttarins. Lögleiðing þjóðréttarreglna í landsrétt getur aðallega gerst með tvennu móti. Annars vegar með svonefndri aðlögun (transformation) sem felst í því að þjóðréttarreglan er umskrifuð í þau lög sem samþykkt eru hverju sinni. Hins vegar getur þetta gerst með beinni lögleiðingu (inkorporation), en í því felst að sett eru stutt lög sem hafa nánast þann eina tilgang að vísa í viðkomandi þjóðréttarsamning, en hann hefur aftur að geyma efnisreglur þær sem lögfesta skal. SÞ-samningurinn gerir engar kröfur um það til aðildarríkja sinna hvernig hann skuli gerður að lögum landsins.

Í norræna vinnuhópnum voru eins og áður segir skiptar skoðanir um það á sínum tíma hvernig SÞ-samningurinn skyldi leiddur í landslög. Norðmenn héldu því fram að það skyldi gert með aðlögun, enda er fyrir því rík hefði í Noregi, en hin norrænu ríkin töldu réttara að gera það með beinni lögleiðingu. Hér á Íslandi er eins og í Noregi rík hefð fyrir því að aðlaga þjóðréttarsamninga íslensku lögum þegar þeir eru á annað borð lögteknir þótt frá því séu að vísu þó nokkrar undantekningar, og nægir í þeim efnum að vitna til 7. gr. meginmáls EES-samningsins. Með þetta í huga og þá staðreynd að hinn almenni borgari á almennt mun auðveldara með að tileinka sér alþjóðlegar reglur, ef þær eru aðlagaðar innlendum lögum, er í frumvarpi þessu á því byggt að efnisákvæði SÞ-samningsins verði aðlöguð almennum

kaupalögum. Verður að telja þá aðferð að öllu leyti einfaldari til yfirlits og í framkvæmd. Þá ber og að hafa í huga í þessu sambandi að æskilegt er að sem mest samræmi sé á milli þjóðlegra og alþjóðlegra reglna á sviði lausafjárkaupa. Ástæðan er m.a. sú að þeir sem viðskipti stunda geta þá fremur reitt sig á að sömu eða svipaðar reglur gildi að meginstefnu til um sömu réttaratriðin hvort sem þau gerast á innlendum eða erlendum vettvangi. Þá skal og bent á að SÞ-samningurinn felur í sér ákveðna málamiðlun milli ólíkra viðhorfa þeirra ríkja sem að honum standa, og verður því að telja að aðlögun sé betur til þess fallin að tryggja nauðsynlegt samræmi í þessum efnum.

Lög um lausafjárkaup nr. 39/1922 gilda hvorki um fasteignakaup né um húsagerð og önnur mannvirki á fasteign, og breytir frumvarp þetta því ekki, sbr. 1. og 2. gr. þess. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir því að kaupalögum verði beitt um skaðsemisábyrgð, þ.e. skaðabótaábyrgð framleiðanda og dreifingaraðila á tjóni sem hlýst af ágalla á vöru sem þeir hafa framleitt eða dreift. Í þeim efnum gilda lög nr. 25/1991, en vissulega geta ávallt komið upp tilvik þar sem áhorfsmál er hvort beitt skuli ákvæðum þeirra laga eða almennra kaupalaga, og er það hlutverk dómstóla að draga nánari markalínur í þeim efnum.

Lög nr. 39/1922 eru frávíkjanleg, og verður það einnig meginregla nýrra kaupalaga ef frumvarp þetta verður að lögum. Frá því er þó undantekning að því er neytendakaup varðar, en þar er heimildin til að víkja frá ákvæðum laganna mjög takmörkuð. Í gildandi lögum er ekki að finna sérstök ákvæði um neytendakaup, en í frumvarpi þessu er á því byggt að lögin gildi um neytendakaup með þeim frávikum, sem þar koma fram. Er nánari grein gerð fyrir þeim frávikum í skýringum við einstakar greinar.

Í gildandi lögum um lausafjárkaup er víða gerður greinarmunur á einstaklega ákveðnum kaupum og tegundarkaupum, m.a. að því er skaðabætur varðar. Telja verður að þau rök, sem á sínum tíma lágu til grundvallar þessari aðgreiningu, eigi ekki lengur við, og því er í frumvarpi þessu frá því horfið að gera þennan mun í lögum. Aðgreiningin getur þó haft þýðingu í einstökum tilvikum, eins og nánar verður vikið að í skýringum við einstakar greinar. Í gildandi lögum er einnig greint á milli verslunarkaupa og almennra kaupa. Þau kaup eru verslunarkaup sem gerast milli kaupmanna í verslunarrekstri þeirra eða í þágu hans. Sérreglur um verslunarkaup fela í sér strangara mat á ýmsum sviðum, m.a. að því er varðar tilkynningar og rannsókn söluhlutar. Telja verður að þessi aðgreining gildandi laga hafi ekki lengur við rök að styðjast, og er því ekki á henni byggt í frumvarpinu. Hins vegar er ástæða til að greina á milli neytendakaupa og annarra kaupa, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Það getur samt sem áður haft þýðingu í einstökum samböndum hvort um viðskipti milli manna í verslunarrekstri er að ræða, t.d. að því er varðar tilkynningar, og verður nánar vikið að þessu í skýringum við einstakar greinar.

Hvorki er í gildandi lögum né öðrum lögum að finna sérstök ákvæði sem gilda þegar um alþjóðleg kaup er að ræða. Úr því er bætt með ákvæði 5. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að ný kaupalög munu gilda um alþjóðleg kaup með þeim sérreglum sem í lögunum felast, sbr. einkum ákvæði XV. kafla.

Lengst af höfðu kaupalög á Norðurlöndum engin ákvæði að geyma um neytendakaup eða neytendavernd. Samnorræn vinnuhópurinn, sem samdi NU 1984:5, hafði ekki umboð til að fjalla sérstaklega um neytendakaup í tillögum sínum. Því var einstökum löndum heimilt að fara sínar eigin leiðir í þeim efnum og ákveða hvar reglum um neytendakaup skyldi skipað í lög og hvert skyldi vera nánara efni þeirra. Af því leiddi að í hinu samnorræna nefndaráliti fylgdi hvert land sinni stefnu í þessum efnum.

Öll ríki á Norðurlöndum að Íslandi frátöldu tóku á áttunda áratugnum upp í löggjöf sína viss ófrávíkjanleg ákvæði þegar í hlut áttu neytendur og kaupmenn. Í Danmörku og Noregi

var sérstökum ákvæðum um þetta efni bætt í kaupalögin. Í Svíþjóð voru sett sérstök neytendakaupalög, og í Finnlandi voru settar reglur um neytendavernd í almennum lögum um það efni. Sú sérstaða, sem reglur um neytendakaup fengu með þessum hætti, byggðist ekki á efni reglnanna, heldur lýsti hún sér fyrst og fremst í því að óheimilt var að víkja frá vissum reglum laganna neytendum til tjóns.

Danir og Norðmenn fóru þá leið að láta kaupalagafrumvörp sín gilda um neytendakaup, og hafa þau að geyma nokkrar sérreglur um það efni. Þar að auki er stór hluti ákvæðanna ófrávíkjanlegur að því leyti sem frávik eru neytendum til tjóns. Í finnska frumvarpinu er gert ráð fyrir að það gildi í neytendakaupum að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum í almennum lögum um neytendavernd. Í sænska frumvarpinu er við það miðað að um neytendakaup séu sett sérstök lög þar sem við túlkun og fyllingu sé litið til almennra kaupalaga.

Eins og áður er komið fram hefur sú stefna verið mótuð í frumvarpi þessu að láta það einnig ná til neytendakaupa. Öðru fremur réði þeirri niðurstöðu það sjónarmið að heppilegra sé til yfirlits og glöggvunar fyrir hinn almenna borgara að hafa lagareglur um almenn kaup og neytendakaup í einum lagabálki. Yfirsýnin geti á hinn bóginn glatast ef lagareglunum yrði skipað í mismunandi bálka. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort það sé ekki heppilegt langtímamarkmið að setja sérstök neytendakaupalög ef þróun á sviði Evrópuréttar stefnir í þá átt. Ekki þykir hins vegar rétt að láta endurskoðun almennra kaupalaga bíða niðurstöðu varðandi þá þróun.

7.2. Yfirlit um efni einstakra kafla frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins (1.–5. gr.) er fjallað um gildissvið nýrra kaupalaga. Þar kemur fram að lögin gilda almennt um kaup lausafjár, þ.m.t. í neytendakaupum. Þau gilda hins vegar ekki fremur en gildandi lög um fasteignakaup, enda verður það að teljast viðfangsefni sérstakrar lagasetningar svo sem þróunin hefur orðið með öðrum þjóðum á Norðurlöndum. Kaflinn hefur einnig að geyma reglur um svið laganna gagnvart samningum um vinnu og aðra þjónustu, en ráðgert er af hálfu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins að leggja fram samhliða frumvarpi þessu sérstakt lagafrumvarp um þjónustukaup. Í frumvarpi þessu er lagt til að lögin verði frávíkjanleg, þ.e. annað samið eða annað leiðir af verslunarvenju eða annarri venju. Í frumarpinu er þó gengið út frá því að í neytendakaupum verði ekki hægt að víkja frá ákvæðum laganna neytendum til tjóns. Þá er einnig lagt til að kaupalögin gildi í alþjóðlegum kaupum. Í því felst, ef frumvarp þetta verður að lögum, að ákvæði SÞ-samningsins verða leidd í íslenskan rétt með aðlögun. Af þessari ástæðu er í XV. kafla frumvarpsins að finna ákveðnar sérreglur um alþjóðleg kaup, auk þess sem á öðrum stöðum í frumvarpinu er að finna sérreglur sem eingöngu gilda í alþjóðlegum kaupum. Sérreglurnar um alþjóðleg kaup gilda ekki um kaup milli aðila í mismunandi ríkjum á Norðurlöndum.

Í II. kafla frumvarpsins (6.–11. gr.) eru reglur um afhendingu söluhlutar sem í aðalatriðum eru í samræmi við gildandi rétt. Reglurnar eru hins vegar nokkuð fyllri en í gildandi lögum, og er nánari grein gerð fyrir því í athugasemdum við einstakar greinar.

Reglur III. kafla frumvarpsins (12.–16. gr.) fjalla um áhættuna af söluhlut. Eins og í gildandi rétti er það aðalreglan samkvæmt frumvarpinu að áhættan af því að söluhlutur ferst, skemmist eða rýrnar af tilviljun flyst frá seljanda til kaupanda við afhendinguna. Eigi að síður eru í kaflanum sérreglur um ákveðin tilvik, auk þess sem kaflinn hefur að geyma nokkuð af nýjum og fyllri reglum, og er nánar að því vikið í athugasemdum við einstakar greinar.

Í IV. kafla frumvarpsins (17.–21. gr.) eru reglur um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Þar kemur fram hvaða eiginleika söluhlutur skal hafa til að bera og hvenær galli telst vera til staðar. Sérstakar reglur eru um ábyrgð seljanda á þeim upplýsingum sem hann gefur um hlut-

inn, um eiginleika hans og notkun. Auk þess hefur gaflinn að geyma ákvæði um þýðingu þess þegar hlutur er seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum álíka fyrirvara af hálfu seljanda. Enn fremur eru ákvæði um skyldur kaupanda til að rannsaka söluhlut og um það tímamark sem þýðingu hefur þegar það er metið hvort galli er til staðar eða ekki. Í aðalatriðum eru reglur kaflans svipaðar reglum gildandi réttar um sama efni, en í athugasemdum við einstakar greinar eru nýmæli skýrð.

Í V. kafla frumvarpsins (22.–44. gr.) eru ákvæði um úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda. Aðalreglan er sú að kaupandinn hefur öll sömu vanefndaúrræði og nú gilda samkvæmt lögum nr. 39/1922. Þar er þó það mikilvæga nýmæli að finna að kaupandinn hefur ótvíræðan rétt til þess að krefjast úrbóta af hálfu seljanda í tilefni galla, og réttur seljanda til að bæta úr göllum er rýmkaður. Að öðru leyti eru skilyrði vanefndaúrræða í stórum dráttum þau sömu og í gildandi rétti. Ekki er í lögunum gerður neinn eðlismunur á almennum kaupum og verslunarkaupum varðandi skilyrðin til þess að beita vanefndaúrræðum. Að því er varðar skaðabætur vegna vanefnda á samningi eru lagðar til nýjar reglur, bæði hvað varðar greiðsludrátt og galla. Munurinn á milli tegundarkaupa og einstaklega ákveðinna kaupa er felldur brott. Meginviðmiðunin samkvæmt frumvarpinu er sú að seljandinn er skaðabótaskyldur gagnvart kaupanda vegna vanefnda af sinni hálfu. Þetta gildir þó ekki ef vanefndina má rekja til hindrunar sem seljandinn gat ekki haft áhrif á og ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að seljandinn hafi haft hindrunina í huga við samningsgerðina, hann getað komist hjá hindruninni eða yfirunnið afleiðingar hennar. Hvað afleitt tjón varðar (óbeint tjón) ber seljandi samkvæmt frumvarpinu einungis ábyrgð gagnvart kaupanda að því tilskildu að um sé að kenna mistökum hans eða vanrækslu. Að öðru leyti er í kaflanum að finna almenn ákvæði um ábyrgð vegna réttarágalla og annarra krafna þriðja manns. Er hér um að ræða verulega rýmkun reglnanna miðað við gildandi rétt, og er ábyrgð vegna réttarágalla í aðalatriðum sú sama og vegna raunverulegra galla.

Í VI. kafla frumvarpsins (45.–50. gr.) eru ákvæði um skyldur kaupanda. Þar eru sérstök ákvæði um skyldur kaupanda til að ljá atbeina sinn að réttum efndum og um skyldu hans til að veita söluhlut viðtöku. Ákvæði þessi ber m.a. að skoða í því ljósi að frumvarpið hefur þann tilgang að hafa tæmandi ákvæði um skyldur aðila í réttarsambandi kaupanda og seljanda.

Í VII. kafla frumvarpsins (51.–60. gr.) eru reglur um kröfur seljanda vegna vanefnda af hálfu kaupanda. Ákvæði kaflans veita seljanda í aðalatriðum allar sömu heimildir og þær sem kaupandinn hefur samkvæmt frumvarpinu í tilefni vanefnda af hálfu seljanda

Í VIII. kafla frumvarpsins (61.–63. gr.) eru sameiginlegar reglur um fyrirsjáanlegar vanefndir, greiðsluþrot o.fl. sem í aðalatriðum eru þær sömu og að gildandi rétti.

Í IX. kafla frumvarpsins (64.–66. gr.) eru sameiginlegar reglur um riftun og skil á greiðslum sem í öllum aðalatriðum eru sambærilegar reglum gildandi réttar.

Í X. kafla frumvarpsins (67.–71. gr.) eru ítarlegar reglur um umfang skaðabóta og um kröfur til vaxta. Aðalreglan er sú að skaðabætur skulu bæta það tjón sem aðili hefur orðið fyrir, þar á meðal vegna útgjalda, verðmismunar og tapaðs hagnaðar sem aðili hefur beðið vegna vanefndarinnar. Kaflinn hefur og að geyma sérstaka skilgreiningu á því hvað sé óbeint tjón, en það hefur bæði þýðingu varðandi ákvörðun bótagrundvallar og við túlkun ábyrgðarleysisákvæða.

Í XI. kafla frumvarpsins (72.–78. gr.) eru ákvæði um umönnunarskyldur aðila. Reglur kaflans eru fyllri en ákvæði gildandi laga um sama efni og orðaðar með öðrum hætti, en þær eru þó ekki verulega frábrugðnar þeim efnislega. Í XII. kafla frumvarpsins (79.–81. gr.) er fjallað um skiptingu arðs og hagnaðar af söluhlut, og í XIII. kafla (82.–83. gr.) eru nokkur

almenn ákvæði. Ákvæði XIV. kafla (84.–86. gr.) hafa að geyma nýjar reglur sem veita kaupanda rétt til þess að beina kröfum sínum að fyrri söluaðila með tilteknum skilyrðum. Í XV. kafla (87.–98. gr.) eru ákvæði um alþjóðleg kaup, og í XVI. kafla (99. gr.) eru ákvæði um gildistöku o.fl.

7.3. Ýmis nýmæli.

7.3.1. Ábyrgð vegna aukaskyldna.

Gildandi lög um lausafjárkaup hafa einvörðungu að geyma reglur um aðalskyldur aðila kaupsamnings og um afleiðingar vanefnda á slíkum skyldum. Aðalskylda seljanda samkvæmt lögunum felst í því að afhenda söluhlut í samningsbundnu ástandi á réttum stað og réttum tíma, en mikilvægasta skylda kaupanda felst í því að greiða umsamið kaupverð á réttum tíma. Gildandi kaupalög fjalla að vissu marki einnig um aðrar skyldur samningsaðila, t.d. þá skyldu kaupanda að veita söluhlut viðtöku og um ábyrgð seljanda vegna vanheimildar.

Í SÞ-samningnum er að finna reglur um ýmsar aðrar skyldur aðila en þær sem leiðir beint af samningi þeirra, t.d. skylduna til að framselja skjöl og senda söluhlut, og vanefndareglur SÞ-samningsins hafa einnig í huga brot á slíkum skyldum. Við samningu samnorræna nefndarálitsins skildi leiðir með Norðmönnum annars vegar og Dönum, Finnum og Svíum hins vegar hvað þetta atriði varðar. Afstaða Norðmanna var sú að kaupalög skyldu hafa að geyma reglur um allar skyldur aðila sem leiða má af kaupunum. Reglurnar um greiðsludrátt seljanda skyldu samkvæmt því einnig ná til dráttar á því að efna aðrar skyldur en þá að afhenda hlutinn. Með sama hætti skyldu gallareglurnar einnig ná til annarra ágalla á efndum af hálfu seljanda en þess að afhenda hlutinn. Að því er kaupanda varðar skyldu reglurnar um vanefndir einnig ná til vanefnda á öðrum skyldum en þeim að greiða kaupverðið. Afstaða Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands, var hins vegar sú að reglurnar um vanefndir skyldu einvörðungu eiga við um brot samningsaðila á mikilvægustu skyldum sínum samkvæmt kaupsamningi, þ.e. vegna afhendingardráttar, galla á söluhlut, vanheimildar réttarágalla og dráttar á greiðslu kaupverðs. Til viðbótar skyldi seljanda játaður réttur til riftunar og skaðabóta í ákveðnum tilvikum þegar kaupandi veitir ekki söluhlut viðtöku á umsömdum tíma, en um aðrar skyldur er ekki bein ákvæði að finna í tillögum þessara ríkja.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er tekið mið af því að þróun í framleiðslu, verslun og viðskiptum hefur haft það í för með sér að ýmsar aukaskyldur gegna í vissum tilvikum sífellt þýðingarmeira hlutverki í samskiptum samningsaðila. Því þykir eðlilegt að ný kaupalög hafi að geyma ákvæði um brot á slíkum skyldum. Aukaskyldur geta að vísu verið af margvíslegum toga sem erfitt er að sjá fyrir í öllum tilvikum, en eigi að síður þykir rétt að taka afstöðu til þeirra í frumvarpinu, eftir því sem unnt er, fremur en að láta réttarframkvæmdinni það alfarið eftir að móta reglur um það efni. Því er svo við þetta að bæta að reglurnar um aukaskyldur víkja í engum verulegum atriðum frá meginreglunum um aðalskyldurnar, heldur er þar að mestu um sömu reglur að ræða. Með þessari aðferð eru einnig styrkt tengslin við SÞ-samninginn.

7.3.2. Viðbótarfrestir.

Norska kaupalaganefndin kom á sínum tíma fram með þá tillögu að kaupandi skyldi hafa rétt til að setja seljanda viðbótarfrest þegar svo stóð á að vara var ekki afhent á réttum tíma. Áhrif viðbótarfrestsins skyldu vera þau að kaupandi gæti rift ef seljandi efndi ekki fyrir lok sanngjarns viðbótarfrests. Með sama hætti skyldi seljandi eiga rétt á að setja kaupanda viðbótarfrest í tilefni dráttar á greiðslu kaupverðsins. Að auki var við það miðað að kaupandi gæti sett sambærilegan frest til úrbóta í tilefni galla. Í 47. og 63. gr. SÞ-samningsins eru

ákvæði sem með sama hætti veita kaupanda og seljanda rétt til að setja sanngjarnan viðbótarfrest til efnda af hálfu gagnaðila. Meðan fresturinn er að líða getur sá aðili, sem frestinn setti, ekki gert kröfur í tilefni vanefnda en getur þess í stað rift kaupum ef þau eru ekki efnd áður en viðbótarfresturinn rennur út.

Í samnorræna nefndarálitinu eru reglur um viðbótarfresti í norska frumvarpinu, og eru þau í samræmi við ákvæði SÞ-samningsins. Danir, Finnar og Svíar töldu hins vegar ekki þörf á að setja sérstakar reglur um viðbótarfresti, en frumvarpstextar þessara landa hafa eigi að síður að geyma reglur um afleiðingar þess að slíkum frestum er ekki sinnt, sbr. 27. og 60. gr. í frumvörpum landa þessara. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru eins og í norska frumvarpinu sérstakar reglur um viðbótarfresti, og eiga þær sér fyrirmynd í SÞ-samningnum. Þannig kemur t.d. fram sú regla í 2. mgr. 25. gr. að kaupandi getur rift kaupunum ef seljandi afhendir ekki söluhlut innan sanngjarns viðbótarfrest fyrir efndum, sem kaupandi hefur sett. Með svipuðum hætti er í 2. mgr. 54. gr. sú regla, að hægt er að rifta kaup, þegar kaupandi greiðir ekki kaupverðið innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandi hefur sett til efnda, og skv. 3. mgr. sömu greinar getur seljandi ekki rift kaupum meðan viðbótarfrestur er að líða. Að baki reglum frumvarpsins um viðbótarfresti býr fyrst og fremst það sjónarmið að slíkar reglur séu hentugar til að skapa hreinni línur í skiptum samningsaðila og að þær séu til þess fallnar að auka líkurnar á því að réttar efndir fari fram þótt eitthvað hafi farið úrskeiðis, og hlýtur það að teljast eftirsóknarvert.

7.3.3. Úrbætur og ný afhending.

Norræni vinnuhópurinn lagði ekki til neinar verulegar breytingar á reglum þágildandi réttar um heimildir kaupanda í tilefni greiðsludráttar af hálfu seljanda. Þá var og út frá því gengið í áliti vinnuhópsins að kaupandi skyldi eiga rétt til afsláttar, riftunar eða nýrrar afhendingar og skaðabóta ef greiðslan væri haldin galla, auk þess sem lagt var til að reglan um rétt kaupanda til að halda eigin greiðslu yrði lögfest. Hins vegar þótti ástæða til að breyta reglum þágildandi réttar um skilyrðin fyrir beitingu þessara úrræða og framsetningu reglna um þau að öðru leyti.

Norræni vinnuhópurinn lagði til að seljandi skyldi eiga rétt á að bæta úr galla ef það gæti gerst án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda og án þess að kaupandi væri settur í þá áhættu að fá ekki kostnað sinn greiddan hjá seljanda. Ef það gæti gerst án ósanngjarns kostnaðar eða óhagræðis fyrir seljanda var lagt til að seljandinn væri skyldur til að bæta úr göllunum. Úrbætur ættu í öllum tilvikum að fara fram á kostnað seljanda og innan hæfilegs tíma frá því að kaupandi kvartaði.

Að því er nýja afhendingu varðar lagði norræni vinnuhópurinn til, í samræmi við reglur þágildandi réttar á Norðurlöndum, að forsendan fyrir rétti kaupanda til að krefjast nýrrar afhendingar væri sú að gallinn væri verulegur. Samkvæmt þágildandi rétti gat kaupandi aðeins krafist nýrrar afhendingar í tegundarkaupum. Þótt horfið hafi verið frá aðgreiningunni milli tegundarkaupa og einstaklega ákveðinna kaupa gat krafan um nýja afhendingu ekki átt við um allar tegundir kaupa eðli málsins samkvæmt. Þannig yrði nýrrar afhendingar t.d. ekki krafist þegar um var að ræða hlut sem var sérstaklega tilsniðinn fyrir kaupanda samkvæmt ákvörðunum hans sjálfs eða þörfum eða þegar hlutur var þess eðlis að annar hlutur gat ekki komið í hans stað. Það skyldi sem endranær vera skilyrði að ekki væri til staðar hindrun sem leysti seljandann undan þeirri skyldu að efna *in natura*.

Á framangreindum sjónarmiðum er byggt í frumvarpi þessu. Að baki reglum frumvarpsins býr það sjónarmið að sanngjarnt sé að kaupandi geti krafist þess að seljandi bæti úr göllum. Í mörgum tilvikum eru úrbætur hagkvæm lausn fyrir báða aðila, og því er ekki sanngjarnt að

mótþrói seljanda geti staðið því í vegi. Hins vegar er einnig sanngjarnt að krafa um úrbætur geti ekki náð fram að ganga þegar slíkt hefur í för með sér óhæfilegan kostnað eða óhagræði fyrir seljanda. Enn fremur býr það sjónarmið að baki reglum frumvarpsins að seljandinn eigi að njóta rýmri réttar en samkvæmt gildandi lögum til að bæta úr göllum eða til að afhenda nýja hluti, sbr. 49. gr. gildandi laga. Í frumvarpinu er litið svo á að reglurnar um úrbætur og afhendingu nýrra hluta auki almennt líkur á því að réttar efndir fari fram þótt eitthvað hafi farið úrskeiðis, og hlýtur það einnig að vera eftirsóknarvert.

7.3.4. Skaðabætur.

Í gildandi rétti er bótaábyrgð seljanda vegna afhendingardráttar og galla mismunandi eftir því hvort um er að ræða tegundarkaup eða einstaklega ákveðin kaup. Í tegundarkaupum er aðalreglan sú að seljandi ber hlutlæga ábyrgð, en frá því eru þó undantekningar ef afhendingardrátt eða galla má rekja til nánar tilgreindra hindrana sem standa efndum í vegi, sbr. 24. gr. og 3. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922. Hindrun verður að vera með þeim hætti að efndir séu útilokaðar, og hún verður að auki að vera almenn, en í því felst að hindrun, sem snertir einungis hagsmuni viðkomandi seljanda en ekki annarra, nægir ekki til að leysa undan ábyrgð. Loks verða aðstæður að vera með þeim hætti að seljandi hafi ekki haft ástæðu til að hafa hindrunina í huga þegar kaup voru gerð.

Í einstaklega ákveðnum kaupum ber seljandi samkvæmt gildandi rétti ábyrgð á afhendingardrætti nema því aðeins að „drátturinn var ekki honum að kenna“. Seljandinn ber með öðrum orðum sakarábyrgð með öfugri sönnunarbyrði. Í framkvæmd hefur seljandi einnig samkvæmt reglunni verið gerður ábyrgur vegna gáleysis starfsmanna sinna og annarra sem hann hefur falið að efna kaup fyrir sína hönd. Þá getur seljandi einnig orðið ábyrgur ef hann sýnir af sér gáleysi við samningsgerð. Loks er ábyrgð lögð á seljanda á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar, auk þess sem hann ber ábyrgð á því að fjárskortur hindri ekki efndir.

Þegar einstaklega ákveðinn hlutur er haldinn galla ber seljandi bótaábyrgð ef gallann er að rekja til vanrækslu eða svika af hans hálfu, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Þar að auki ber seljandi ábyrgð án sakar ef söluhlutur hefur ekki þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur ábyrgst sérstaklega. Seljandi ber hér einnig ábyrgð á þeim mönnum sem hann hefur falið að annast samninga fyrir sína hönd. Samkvæmt 30. gr. gildandi laga ber kaupandi hlutlæga ábyrgð vegna dráttar á greiðslu kaupverðs, en sú ábyrgð takmarkast með þeim hætti sem greinir í 24. gr. laganna.

Norræni vinnuhópurinn var á sínum tíma þeirrar skoðunar að reglur gildandi laga á Norðurlöndum um bótaábyrgð seljanda í lausafjárkaupum vegna greiðsludráttar væru ófullnægjandi. Benti vinnuhópurinn á að almennt væri viðurkennt að sú regla að aðeins almennur ómöguleiki gæti leyst seljanda undan ábyrgð í tegundarkaupum væri allt of ströng. Þar við bættist að mismunandi bótaábyrgð, eftir því hvort um væri að ræða tegundarkaup eða einstaklega ákveðin kaup, væri of formföst og tæki lítið tillit til þeirra kaupa þar sem erfitt er að byggja á þessari aðgreiningu. Þá taldi hópurinn einnig æskilegt að færa reglurnar um ábyrgð vegna greiðsludráttar til samræmis við reglur SÞ-samningsins.

Reglur frumvarps þessa um bótaábyrgð seljanda vegna greiðsludráttar og galla fela í sér talsverða breytingu miðað við gildandi rétt. Með þeim er lagt til að meginreglan sé sú að seljandinn beri svokallaða stjórnunarábyrgð í báðum tilvikum, og er það í samræmi við reglur SÞ-samningsins. Ekki er þó eingöngu byggt á slíkri ábyrgð að því er galla varðar, sbr. 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Að því er varðar galla sérstaklega samkvæmt frumvarpinu gildir áfram sú regla gildandi réttar að kaupandi á ávallt rétt til skaðabóta ef hlutur var þegar við samningsgerð ekki í sam-

ræmi við það sem heitið var af seljanda. Þá er hann einnig ábyrgur ef hlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hlutinn, eiginleika hans og not. Þá ber seljandi einnig bótaábyrgð ef hann vanrækir að bæta úr göllum eða sýnir af sér saknæmt atferli við úrbæturnar.

Ekki var farin sú leið í frumvarpinu að byggja á mismunandi bótaábyrgð eftir því hvers eðlis tjónið er. Í því felst að stjórnunarábyrgðin gildir bæði fyrir seljanda og kaupanda og um allar tegundir vanefnda. Óbeint tjón bætist þó því aðeins að samningsvanefnd sé að rekja til mistaka eða vanrækslu. Þegar um galla er að ræða er áfram byggt á ábyrgð vegna þeirra eiginleika sem seljandi hefur heitið sérstaklega.

Í stjórnunarábyrgðinni felst að samningsaðili ber ábyrgð á efndum kaupsamningsins, nema því aðeins að einhver sú hindrun standi efndum í vegi sem hann getur ekki yfirunnið, og verður þessum hindrunum nánar lýst síðar. Ábyrgðarreglan hefur einkenni vísireglu, og geta áhrif hennar samkvæmt því verið mismunandi, allt eftir því í hvers konar samböndum henni er beitt, og þar hefur eðli kaupa ekki hvað síst þýðingu. Samkvæmt því má segja að ábyrgð seljanda sé strangari eftir því sem tegundareinkenni skyldunnar eru meiri og möguleikinn og þörfin á staðgönguráðstöfunum er meiri. Þetta þýðir að þegar um er að ræða vörur sem ákveðnar eru eftir tegund og þær eru almennt til á þeim markaði sem um ræðir er yfirleitt um bótaábyrgð seljanda að ræða. Þá er og ástæða til að undirstrika að sé hindrun fyrir hendi leysir hún ekki undan bótaábyrgð í lengri tíma en hún varir, sbr. 3. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Munurinn á reglum frumvarpsins og gildandi lögum er helstur sá að reglur frumvarpsins eru fyllri og ábyrðin er heldur mildari í samanburði við tegundarkaup samkvæmt gildandi lögum. Það birtist í því að ekki er þess fortakslaust krafist að ómöguleikinn sé algerlega hlutlægur, og þær tegundir hindrana, sem leyst geta undan ábyrgð, eru ekki takmarkaðar með sama hætti og í gildandi lögum. Í einstaklega ákveðnum kaupum leiðir stjórnunarábyrgðarreglan til heldur strangari ábyrgðar en samkvæmt gildandi rétti, m.a. vegna þess að ekki er krafist sakar hjá seljanda. En þar sem inntak stjórnunarábyrgðar er mismunandi eftir eðli kaupa verður munurinn þó ekki ýkja mikill í dæmigerðum einstaklega ákveðnum kaupum. Stjórnunarábyrgðarreglan nær til allra þeirra tilvika sem nú falla undir 23. gr. gildandi laga.

Að því er samanburð við gildandi rétt varðar verður að auki að hafa í huga að samkvæmt frumvarpinu bætist óbeint tjón eingöngu ef um er að ræða sök. Það sem hér hefur verið sagt um ábyrgð seljanda gildir með sama hætti um ábyrgð kaupanda vegna greiðsludráttar og vanefnda á öðrum skyldum samkvæmt kaupsamningnum. Þegar um er að ræða greiðsludrátt af hálfu kaupanda er regla frumvarpsins um ábyrgð kaupanda í 57. gr. frumvarpsins þó orðuð með nokkuð öðrum hætti en í 27. gr. þess, og í því tilviki er engin sérregla um óbeint tjón.

Til þess að seljandinn losni undan skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum frumvarpsins þarf fjórum skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi þarf að vera fyrir hendi hindrun, sem veldur seinkun á afhendingu og stendur umsömdum efndum í vegi. Í öðru lagi þarf hindrunin að vera seljandanum ofviða. Í þriðja lagi þarf hindrunin að vera þess eðlis að ekki sé með sanngirni hægt að ætlast til þess að seljandinn hafi átt að hafa hana í huga við samningsgerðina. Í fjórða lagi er það skilyrði að ekki sé hægt að ætlast til þess að seljandinn geti komist hjá eða yfirunnið hindrunina. Það er ekki skilyrði að um sé að ræða hlutlægan ómöguleika í þeim skilningi að ómöguleikinn eigi við um hvaða seljanda sem er. Þótt orðalagið „hindrun“ geti bent til þess að það eigi í raun og veru að vera ómögulegt fyrir seljandann að efna samninginn er ekki að öllu leyti hægt að gera svo strangar kröfur. Því er það ekki skilyrði að um algjöran ómöguleika sé að ræða. Til staðar geta verið atvik sem gera efndir ekki algjörlega ómögulegar, en þessi atvik það eigi að síður svo sérstaklega erfitt að efna að atvikið á grund-

velli hlutlægs mats leiðir af sér hindrun á efndum. Dæmi um atvik, sem geta leitt til efndahindrana, eru stríð, náttúruhamfarir eða alvarlegur bruni, verkföll eða útflutnings- og innflutningsbönn. Að öðru leyti má að mestu vísa til þess sem segir í athugasemdum við 27. gr. og 40. gr. frumvarpsins um bótaábyrgð þessa.

7.3.5. Óbeint tjón.

Um óbeint tjón er fjallað í 2. mgr. 67. gr. frumvarpsins, og þar er að finna skilgreiningu á því hugtaki. Ástæður þess að óbeint tjón er skilgreint eru tvær. Í fyrsta lagi leiðir það af skilgreiningunni að allt tjón annað en óbeint tjón fellur undir stjórnunarábyrgðarregluna. Í öðru lagi hefur skilgreiningin þýðingu sem leiðbeiningarregla við túlkun ábyrgðarleysisákvæða með tilliti til óbeins tjóns, sbr. t.d. 4. mgr. 27. gr. frumvarpsins.

Hugmyndin að baki ákvæðinu er að afmarka fjarlægar og lítt útreiknanlegar tjónsáhættur sem erfitt var að sjá fyrir þegar hið fjárhagslega tjón er metið. Hafa verður í huga að ekki er um óbein tjónn að ræða, nema aðili hafi með sanngirni séð það fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 67. gr. Krafa þessi um hugsanlega afleiðingu setur því í fyrsta lagi takmörk hvaða tjón skuli bætt sem beint tjón. Hún takmarkar í öðru lagi einnig ábyrgð bæði varðandi beint og óbeint tjón í alþjóðlegum kaupum, sbr. 3. mgr. 70. og 74. gr. SÞ-samningsins. Skilgreiningin á óbeinu tjóni á að meginstefnu til við hvort heldur sem um vanefnd af hálfu kaupanda eða seljanda er að ræða, en í framkvæmd reynir sjálfsagt fyrst og fremst á óbeint tjón þegar um vanefnd af hálfu seljanda er að ræða. Ekki kemur beinlínis fram í ákvæðinu hvað telst beint tjón, en þá ályktun má draga með gagnályktun frá ákvæðinu. Hefðbundið beint tjón er t.d. þeir kostnaðarliðir sem nefndir eru í 1. mgr., glataður ávinningur seljanda vegna riftunar og minnkað verðgildi gallaðs hlutar hjá kaupanda. Skilgreiningunni á óbeinu tjóni er skipt upp í fjórar ólíkar tegundir í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar, og vísast til þess sem þar segir.

7.3.6. Vanheimild og aðrar kröfur þriðja manns.

Í gildandi kaupalögum, nr. 39/1922, er engin almenn ákvæði að finna um vanheimild og önnur ósamrýmanleg réttindi þriðja manns, en í 59. gr. er mælt fyrir um skaðabótaskyldu þegar um ákveðna tegund vanheimildar er að ræða. Full þörf er á því að ný kaupalög hafi að geyma fyllri reglur um vanheimild og önnur ósamrýmanleg réttindi þriðja manns en er að finna í gildandi lögum, enda er það í samræmi við SÞ-samninginn. Nú er það mjög algengt að stofnað sé til takmarkaðra réttinda yfir lausafé, ekki síst þegar um er að ræða hluti af ákveðinni stærð og verðgildi. Þá má og búast við því að gildistaka nýrra laga um samningsveð hér á landi 1. janúar 1998 leiði til aukinna veðsetninga á lausafé, enda er meginmarkmið þeirra laga að auka heimildir til sjálfsvörsluveðsetninga í lausafé.

Takmörkuð réttindi yfir lausafé, sem kaupandi verður að virða, geta verið jafnbagaleg fyrir hann og raunverulegur galli á söluhlut. Það verður því að teljast mikill fengur að skýrum lagareglum um þessi tilvik, þar á meðal um það tilvik þegar þriðji maður heldur því fram að hann eigi réttindi yfir söluhlut, en það hefur ekki verið staðfest, sbr. 3. mgr. 41. gr. frumvarpsins. Réttindi þau, þar sem þriðji maður kann að eiga í hlut, geta verið margvísleg. Kröfur, sem byggjast á því að þriðji maður eigi hugverka- eða auðkennaréttindi yfir hlut, eru ekki eins algengar og venjulegar vanheimildarkröfur, en þær geta eiga að síður verið raunhæfar og valdið kaupanda vandkvæðum. Afstaða gildandi réttar til slíkra krafna er óljós, og er því fyllsta þörf á skýrum lagareglum einnig um það efni, svo sem ráðgert er í 4. mgr. 41. gr. frumvarpsins. Hins vegar þykir ekki ástæða til að hafa að öllu leyti eins strangar reglur um

bótaábyrgð í þessum tilvikum og almennt gildir um vanheimild, sbr. 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er ekki að finna almenna skilgreiningu á vanheimild svo sem var í tillögum norræna vinnuhópsins. Af ákvæðum 1. mgr. 42. gr. leiðir þó óbeint hvenær vanheimild telst vera til staðar. Ákvæðið nær bæði til þess tilviks þegar annar maður er eigandi hlutar (fullkomin vanheimild) og þess tilviks þegar þriðji maður á veðrétt eða annars konar takmörkuð réttindi yfir honum (vanheimild að hluta). Þegar um fullkomna vanheimild er að ræða er hugsanlegt að seljandinn eigi engan rétt yfir hlutnum, t.d. vegna þess að hlut hefur verið stolið. Einnig er hugsanlegt að seljandinn eigi aðeins óbein eignarréttindi yfir hlutnum.

7.3.7. Atbeini kaupanda að efndum.

Í frumvarpinu er að finna margvísleg ákvæði um skyldur kaupanda til að ljá atbeina sinn að efndum, sbr. ákvæði 50. gr., 2. mgr. 51. gr., 53. gr. og 60. gr. frumvarpsins. Ákvæði þessi, sem ekki er að finna í gildandi lögum, verður að skoða í því ljósi að frumvarpið hefur ekki einungis að geyma ákvæði um aðalskyldur aðila í samningssambandinu, heldur einnig um aukaskyldur þeirra, eins og áður er rakið í almennum athugasemdum hér að framan. Ákvæði af þessu tagi eiga sér fyrirmynd í SÞ-samningnum. Að öðru leyti verður að vísa til skýringa við framangreindar frumvarpsgreinar.

7.3.8. Krafa á hendur fyrri söluaðila.

Eins og fram kemur í skýringum við 84. gr. frumvarpsins hér á eftir er í gildandi lögum ekki að finna ákvæði um rétt kaupanda til þess að koma fram með kröfur á hendur fyrri söluaðila í tilefni galla. Í fræðikenningum og réttarframkvæmd hefur verið umdeilt að hve miklu leyti slíkur almennur réttur getur verið til staðar. Við endurskoðun norsku kaupalaganna 1974 var í 49. gr. a lögfest ákvæði sem veitti kaupanda í neytendakaupum heimild til að koma fram með kröfur á hendur fyrri söluaðila í tilefni galla. Rök reglunnar voru þau að sá aðili, sem seljandi keypti af, ætti ekki að geta losnað undan galla sem rekja mátti til hans þótt kaupandinn gæti af einhverri ástæðu ekki komið fram kröfu sinni á hendur seljandanum.

Í norræna vinnuhópnum var ágreiningur um það hvort og að hvaða marki ný kaupalög ættu að hafa að geyma ákvæði um þetta efni. Af hálfu Dana, Svía og Finna var ekki talin ástæða til að lögfesta reglur um annað en réttarsamband seljanda og kaupanda. Því gera lög í þessum löndum ráð fyrir að kaupandi geti aðeins komið fram með kröfu á hendur þeim aðila sem hann er í beinu samningssambandi við. Af hálfu Norðmanna var hins vegar talin fyllsta ástæða til að hafa reglur um þetta efni í nýjum kaupalögum. Aðalrökin voru þau að galla í söluhlut væri oft að rekja til fyrri söluaðila, t.d. framleiðanda. Hagkvæmt gæti verið fyrir kaupanda að beina kröfum sínum beint að slíkum aðila í stað seljanda. Kaupandi gæti í það minnsta haft þörf fyrir slíka heimild þegar atvik væru með þeim hætti að erfitt væri að koma fram ábyrgð á hendur viðsemjanda sínum. Þörfin væri einkum til staðar þegar seljandi væri í greiðsluvandræðum.

Á framangreind rök Norðmanna má fallast, og er því í frumvarpinu að finna ákvæði sem veita kaupanda, að vissum skilyrðum fullnægðum, rétt til þess að beina kröfum sínum beint að fyrri sölulið. Er hér um ákveðna tegund af hinum svonefnda „springende regres“ að ræða. Þá skal og vakin athygli á því að í frumvarpinu er að finna sérreglur um beitingu þessarar heimildar í neytendakaupum, sbr. nánar 2. mgr. 84. gr. Um skýringu þess ákvæðis vísast til þess sem fram kemur í athugasemdum við þá grein.

8. Lokaorð.

Neytendaréttur hefur verið í örri þróun á síðustu árum jafnt á Íslandi sem í öðrum ríkjum á Norðurlöndum. Eins og getið var um í 5. kafla hér að framan voru gerðar lagabreytingar í öðrum ríkjum á Norðurlöndum á áttunda áratugnum í þá átt að auka vernd neytenda, ýmist með setningu sérstakra laga um neytendakaup eða með því að gera ýmis ákvæði í kaupalögum þessara ríkja ófrávíkjanleg, ef um var að ræða neytendakaup. Á Íslandi varð niðurstaðan hins vegar sú að bíða átekta með lagasetningu á þessu réttarsviði, enda var þá þegar hafin umræða um nauðsyn þess að endurskoða gildandi lög um lausafjárkaup, m.a. með hliðsjón af réttarþróun á Norðurlöndum, svo og annars staðar.

Á undanförnum árum hefur mikil áhersla verið lögð á aukna vernd fyrir neytendur á öllum sviðum, og hefur umfang neytendaverndar vaxið ört hér á landi. Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var ákveðið að eitt svið samninganna skyldi vera um neytendavernd, og með aðild Íslands að EES skuldbundu stjórnvöld sig til þess að setja í innlendan rétt ýmsar tilskipanir EB, þar á meðal á þessu réttarsviði. Í viðauka XIX (neytendavernd) í EES-samningnum er að finna upptalningu þeirra EB-gerða sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn.

Ný lagafyrirmæli hafa verið sett til þess að fullnægja framangreindum samningsskyldum Íslands og/eða gerðar nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum til þess að innleiða ákvæði tilskipananna. Frá gildistöku samningsins hafa því verið sett lög um vernd neytenda gegn villandi auglýsingum, lög um húsgöngu- og fjarsölu og lög um neytendalán, reglur settar um verðmerkingar og ótvírætt einingaverð á vöru, lög um alferðir, lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis (time-share) svo dæmi séu nefnd af þessu réttarsviði. Auk þess hefur ákvæðum samningalaganna verið breytt í því skyni að styrkja réttarstöðu neytenda gagnvart óréttmætum samningsskilmálum í viðskiptum, en spor í þá átt hafði áður verið stigið með setningu laga nr. 11/1986.

Jafnframt því að efnisréttur hér á landi hefur þróast samkvæmt framansögðu að mestu leyti til samræmis við efnisrétt annarra ríkja á Norðurlöndum hefur einnig verið lögð áhersla á annars konar samstarf um málefni neytenda, t.d. á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar, svo sem með þátttöku í ýmsum fastanefndum, sem fjalla um neytendamál o.fl., enda rík hefð fyrir náinni samvinnu milli norrænu landanna á sviði kaupa- og neytendaréttar. Ísland tekur einnig þátt í samvinnu aðildarríkja ESB á sviði neytendamála, en í bókun 31 við EES-samninginn er að finna ályktun ráðsins frá 13. júlí 1992 um mikilvægustu framtíðarverkefni við mótun stefnu um neytendavernd, sbr. 92/C 186/01.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er sem fyrr segir að finna margvísleg ákvæði um neytendakaup sem verða nýmæli í íslenskri löggjöf ef frumvarpið verður að lögum. Horfa ákvæði þessi öll tvímælalaust í þá átt að styrkja mjög og efla réttarstöðu neytenda. Lögfesting slíkra reglna mun því samkvæmt framansögðu fylla inn í þá eyðu sem myndast hefur hér á landi í annars heildstæðri löggjöf á sviði neytendaverndar. Vernd neytenda á Íslandi verður þá orðin sambærileg að lögum og tíðkast í nágrannaríkjum okkar. Framvegis mun því verða unnt að leggja áherslu á að innlend löggjöf fylgi réttarþróun í grannríkjum okkar og á fjölþjóðlegum vettvangi, auk þess sem áherslan mun í framtíðinni beinast að ýmsum atriðum sem varða framkvæmd neytendaverndar hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eru ákvæði um gildissvið laganna. Þar kemur m.a. fram að þau gilda um kaup nema á annan veg sé mælt í lögum eða samningur eða viðskiptavenja leiði til

annarrar niðurstöðu. Þó er sérstaklega tekið fram að lögin gilda ekki um fasteignakaup. Hins vegar gilda þau um skipti eftir því sem við á. Einnig er gert ráð fyrir því að lögin gildi um svonefnd pöntunarkaup, en þau gilda ekki um þjónustusamninga, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Lögin ná einnig til neytendakaupa, en þau eru skilgreind í 4. gr. frumvarpsins. Oft gilda þó sérreglur um neytendakaup, og er nánari grein gerð fyrir því í öðrum ákvæðum laganna. Loks gilda lögin um alþjóðleg kaup. Ákvæði um þau eru einkum í 5. gr. og XV. kafla. Nýmæli kaflans felast einkum í ákvæðunum um neytendakaup og alþjóðleg kaup.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er orðað með nokkuð öðrum hætti en 1. gr. gildandi kaupalaga, en þó er ekki stefnt að efnisbreytingu. Greinin fjallar um gildissvið kaupalaganna. Í 1. gr. frumvarpsins er ekki fjallað um það að hve miklu leyti kaupalögin eru frávíkjanleg, en um það efni eru ákvæði í 3. og 4. gr., sbr. einnig ákvæði 2. og 5. gr. frumvarpsins.

Hugtakið kaup er ekki skilgreint í frumvarpinu. Ástæðan er sú að hugtakið kaup hefur til þessa haft tiltölulega skýra merkingu í daglegu máli og lagamáli. Með kaupum er venjulega átt við gagnkvæman samning þar sem annar aðili (seljandi) lætur af hendi eða lofar að láta af hendi einhverja eign til hins aðilans (kaupanda), en kaupandi greiðir eða lofar að greiða seljanda peninga sem endurgjald fyrir eignina. Gjafagerningar falla utan gildissviðs kaupalaganna. Samt sem áður er eðlilegt að nokkur ákvæði frumvarpsins taki einnig til gjafaloforða, einkum þegar um svonefnda gjafasölu er að ræða, þ.e. þegar segja má að eitthvert endurgjald komi á móti.

Samningar um leigu og önnur afnot hlutar falla ekki undir gildissvið kaupalaganna. Ef samið hefur verið um leigu eða kaupleigu með rétti til handa leigutaka eða kaupleigutaka til þess að kaupa hlutinn í lok leigutíma getur verið erfitt að greina á milli leigu og kaupa. Það leikur tæpast vafi á því að ákvæðum kaupalaganna verður beitt ef leigjandinn beitir rétti sínum til þess að kaupa. Engu að síður gilda ákvæði frumvarpsins ekki án fyrirvara um leigusambandið meðan rétturinn til kaupa hefur ekki verið notaður. Samningar um hugsanleg kaup og samningar um forkaupsrétt teljast ekki til kaupa. Aftur á móti ná kaupalögin til skilyrtra kaupsamninga.

Af ákvæðum 1. mgr. leiðir þá meginreglu að kaupalögin gilda um allar tegundir kaupa. Þau gilda því í neytendakaupum, alþjóðlegum kaupum og kaupum með afborgunarskilmálum. Um neytendakaup verður nánar rætt í skýringum við 4. gr., og um alþjóðleg kaup verður nánar rætt í skýringum við 5. gr. og XV. kafla frumvarpsins.

Skírskotun 1. mgr. til þess að annað geti leitt af lögum snýr bæði að öðrum ákvæðum í kaupalögunum sjálfum og að ákvæðum í öðrum lögum. Í kaupalögunum koma slíkar takmarkanir á gildissviðinu t.d. fram í 2.–5. gr., 2. mgr. 15. gr. og lokamálslið 26. gr. frumvarpsins. Erfitt er að finna dæmi um önnur lög sem kveða svo á að kaupalögin skuli ekki gilda um tiltekin kaup. Aftur á móti getur frekar komið fyrir að önnur lagaákvæði komi þá í stað ákvæða kaupalaganna eða til viðbótar þeim. Dæmi um þetta er lög um húsgöngusölu.

Kaupalögin gilda ekki um fasteignakaup. Engu að síður má beita ýmsum ákvæðum þeirra við fasteignakaup með lögjöfnun. Á hinn bóginn eru fasteignakaup þess eðlis að mörg álitaefni verða aðeins leyst á grundvelli sérstaks eðlis þeirra. Enginn vafi leikur á að kaup á einstökum hlutum til húsbygginga teljast til kaupa samkvæmt frumvarpinu þótt ætlunin sé að fella þá saman í hús eða önnur mannvirki.

Allir lausafjármunir falla undir gildissvið laganna. Þau ná til áþreifanlegra hluta eins og húsgagna og verðbréfa og óáþreifanlegra hluta eins og munnlegra krafna og réttinda. Skiptir ekki máli í því sambandi þótt notuð séu hugtökin *söluhlutur* eða *hlutur*, sbr. t.d. 12. og 13.

gr. Gildissvið kaupalaganna er því að þessu leyti rýmra en gildissvið 5. gr. SÞ-samningsins. Enn fremur ná lögin til kaupa á tölvuforritum. Slík forrit kunna að vera á disklingi, en þau geta einnig verið á hörðum diski sem fylgir við kaup á tölvuvélbúnaði. Í slíkum tilvikum liggur verðmætið í forritinu sjálfu og eiginleikum þess.

Sumir hlutir eru þess eðlis að þeir verða ekki framseldir, svonefndir „res extra commercium". Ekki er eðlilegt að kaupalögin gildi um slíka hluti. Sem dæmi um þetta má nefna lifandi menn eða lík manna. Viðskipti með einstaka líkamshluta lifandi eða látinna manna geta þó verið raunhæf í tengslum við líffæraígræðslu og í öðrum svipuðum tilvikum. Einstök sérlagaákvæði setja þó slíkum viðskiptum ákveðin takmörk, m.a. vissar kröfur um samþykki, sbr. lög um brottnám líffæra og krufningar. Hlutur getur einnig verið óframseljanlegur vegna þess að litið er á hann sem helgan eða óskerðanlegan, t.d. ýmsir kirkjulegir munir. Framsalstakmarkanir kunna einnig að gilda samkvæmt sérstökum lögum, t.d. samkvæmt þjóðminjalögum.

Suma hluti má ekki selja vegna skaðlegra eiginleika þeirra eða annarra ástæðna, t.d. fíkniefni eða heimabruggað áfengi. Samningur um kaup eða sölu á heimabruggi getur ekki öðlast lögvernd fyrir íslenskum dómstólum. Af þeim sökum er heldur ekki eðlilegt að kaupalögin gildi um slík kaup. Aðstaðan er önnur ef unnt er að fá sérstakt leyfi til þess að selja viðkomandi vöru en það leyfi er ekki fyrir hendi þegar sala fer fram. Sem dæmi má nefna það tilvik þegar kaupmaður selur vindlinga sem hefur verið smyglað inn í landið. Kaupalögin gilda þá um slík viðskipti, en segja má að eins konar vanheimild yfir hlutnum sé til staðar.

Samningar um sölu á raforku teljast ekki til kaupa. Ástæðan er sú að rafmagn er að jafnaði afhent í órofinni starfsemi, og raforka verður ekki afmörkuð á sama hátt og aðrir hlutir. Svipuð sjónarmið eiga við um sjónvarpssendingar með leiðara. Hér má segja að afhendingin sé skyldari leigu þar sem hún er órofin. Kapalfyrirtækið er yfirleitt eingöngu miðlari merkja frá sjónvarpsfyrirtæki, og aðstaðan líkist því talsvert afhendingu á raforku. Miðlun upplýsinga með tölvutengingu er hins vegar skyldari kaupum, t.d. beinlínutenging við upplýsingabanka. Hér er um að ræða vissar upplýsingar, sem pantaðar eru fyrir fram, og greitt er fyrir þær, eftir atvikum með áskrift. Þessi viðskipti hafa einkum sérstöðu varðandi afhendingu hins selda, en það þykir þó ekki geta valdið neinum úrslitum í þessu efni. Nefna má til samanburðar að afhending á gasi, olíu og vatni fer fram í gegnum leiðslur, en þar hefur þó verið talið að um kaup sé að ræða. Að því er heitt og kalt vatn varðar gilda um það sérstök lög og gjaldskrár. Sú afhending er því háð sérstökum lögum, en ekki er útilokað að einstakar reglur kaupalaganna geti átt við um hana ef eðlisrök leiða til slíkrar niðurstöðu.

Í 2. mgr. greinarinnar kemur fram að kaupalögin gilda einnig um skipti, eftir því sem við getur átt. Efnislega sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 2. gr. gildandi kaupalaga. Þegar um skipti er að ræða er oft eðlilegt að líta á hvorn aðila um sig sem seljanda að því er snertir það verðmæti sem hann hefur lofað að láta af hendi og jafnframt að telja hvorn um sig sem kaupanda að því er varðar það verðmæti sem hann hefur fengið loforð um að fá framselt. Því gilda t.d. samtímis reglurnar um forrannsókn og um skyldu til þess að veita hlutnum viðtöku af beggja hálfu. Hins vegar eiga ekki allar reglur kaupalaganna við um skipti. Það á t.d. við um ákvæði laganna um kaupverð og fleiri ákvæði.

Samningar, sem í daglegu tali eru venjulega kallaðir skipti, geta í raun verið tvenn sjálfstæð kaup samkvæmt kaupalögum. Þetta gildir t.d. þar sem maður hefur keypt nýjan bíl og seljandinn tekur gamla bílinn upp í sem hluta kaupverðs. Yfirleitt er ekki nauðsynlegt að gera mun á þessum tilvikum sérstaklega þar sem lögin gilda einnig um skipti. Svipuð sjónarmið virðast gilda þegar önnur greiðslan er viðskiptabréf. Þó skal tekið fram að erfitt getur verið að leysa úr því að hve miklu leyti ákvæði laganna eiga við um slíkar aðstæður.

Ákvæði 2. mgr. gilda einungis um skipti á hlutum. Ef hlutur er seldur gegn öðru gagngjaldi en peningum, t.d. fasteign eða vinnuframlagi, er vafasamt hvort kaupalögin eiga beint við. Ákvæði kaupalaganna um skyldur kaupanda eru sett með það í huga að endurgjaldið sé peningar. Þrátt fyrir þetta er þó einnig eðlilegt að beita hér kaupalögunum svo langt sem þau ná á samninga þar sem endurgjaldið er fólgið í öðru en peningum.

Um 2. gr.

Ákvæðið fjallar um pöntunarkaup og þjónustusamninga. Af ákvæðinu leiðir að pöntunarkaup falla undir gildissvið laganna, en þjónustusamningar utan þeirra. Í gildandi kaupalögum er fjallað um pöntunarkaup í 1. mgr. 2. gr., en ekki er þar að finna neina skilgreiningu gagnvart þjónustusamningum. Í heild er ekki stefnt að neinum meginbreytingum að því er gildandi rétt varðar.

Ákvæði 1 mgr. á við, þegar sá sem pantar hlut er búa skal til lætur ekki í té verulegan hluta efnis til framleiðslunnar. Sem dæmi má nefna það tilvik þegar maður pantar eldhúsinnréttingu. Ef smiðurinn leggur jafnframt til efnið í eldhúsinnréttinguna er um kaup að ræða. Ef sá sem pantar leggur jafnframt til efnið er hins vegar ekki um kaup að ræða, heldur verksamning. Í framkvæmd eiga pöntunarkaup helst við þegar um er að ræða einstaklingsbundna handverksframleiðslu eða verksmiðjuframleiðslu, t.d. samninga um smíði skipa, byggingu flotbryggja og kaup á sérhönnuðum vélum. Raðsmíðaðir hlutir geta einnig fallið hér undir. Pöntunarkaup geta einnig falist í efnasamruna og gróðurrækt. Sem dæmi má nefna þegar kaupandi pantar ákveðinn fjölda skrautblóma í garðyrkjustöð sem eiga að ná vissri stærð áður en þau eru afhent.

Í ákvæðinu kemur fram skilyrði um „verulegan hluta efnis“. Ef kaupandinn lætur í hlut allt efnið eða verulegan hluta þess eiga ákvæði kaupalaganna ekki við. Við skýringu hinna tilvitnuðu orða ber ekki aðeins að meta hina fjárhagslegu þýðingu viðkomandi hlutar, heldur einnig hina notkunarlegu þýðingu hans.

Í 2. málsl. er tekið fram að lögin gildi hvorki um samninga um að reisa byggingar né önnur mannvirki á fasteign. Þessi undantekning er ófrávíkjanleg, og hún gildir án tillits til þess hver lætur í té efnið. Reglan er í samræmi við gildandi rétt. Undantekningin gildir um allar gerðir bygginga eða annarra mannvirkja, svo og framkvæmdir við byggingar og mannvirki sem eru varanlega skeytt við fasteignir. Samningar um framkvæmdir við fasteignir, svo sem að leggja flísar á gólf eða annað gólfefni, falla því utan laganna. Önnur mannvirkjagerð getur t.d. verið smíði brúar eða varanlegra mannvirkja í sjó. Jafnvel þótt slík mannvirki séu oft smíðuð að verulegu leyti á landi og síðan dregin á haf út falla samningar um þau utan ramma laganna. Á hinn bóginn er ljóst að lögin taka til einstakra byggingarhluta sem skeyta á við mannvirkið, nema því aðeins að viðskeytingin teljist „verulegur hluti“ af samningsskyldunni.

Ákvæði 2. mgr. er skylt 1. mgr. greinarinnar að því leyti að 2. mgr. skilgreinir hvenær ekki er um pöntunarkaup er að ræða. Ef sá sem pantar hlut útvegar sjálfur efnið til hans verður sjálfur tilbúningur hlutarins aðalefnið í skyldu seljanda, og kaupalögin eiga þá ekki við. Ákvæði 2. mgr. hefur í sjálfu sér ekki mikla sjálfstæða þýðingu, heldur ber fremur að líta á það sem nánari útfærslu á 1. mgr. greinarinnar. Það getur þó haft sjálfstæða þýðingu, ef vinnu- eða þjónustuskyldur seljanda eru ekki tengdar gerð hlutarins sem slíks, t.d. ef um er að ræða skyldur í tengslum við afhendingu hlutar eða skyldur eftir afhendingu.

Um 3. gr.

Eins og áður er fram komið í almennum athugasemdum eru lög þessi frávíkjanleg eins og gildandi lög. Það gildir þó að meginstefnu til ekki um neytendakaup.

Ákvæði laganna víkja í fyrsta lagi fyrir því sem leiðir af samningi aðila. Lögin víkja ekki einungis fyrir því sem berum orðum er kveðið á um í samningi, heldur líka fyrir því sem eftir atvikum má ætla að hafi verið gengið út frá við samningsgerðina. Einnig er til í dæminu að aðilar komi sér saman um nýja skilmála eftir að til samnings hefur stofnast. Víkja þá ákvæði laganna einnig fyrir slíkum síðari samningsskilmálum og forsendum þeirra. Aðilar geta á hinn bóginn ekki samið um hvað sem er í skiptum sínum. Samningsfrelsi þeirra takmarkast af þeim ákvæðum laganna sem ófrávíkjanleg eru, sbr. t.d. 4. gr., og einnig setja ófrávíkjanlegar reglur í öðrum lögum samningsfrelsi aðila skorður. Sem dæmi slíkra lagareglna má t.d. nefna 36. gr. samningalaganna og 10. gr. samkeppnislaganna.

Auk samnings aðila getur föst venja í skiptum þeirra vikið til hliðar ákvæðum kaupalaganna, og er þetta í sjálfu sér ný regla í samanburði við gildandi lög. Þá leiðir það oft af forsendum aðila við samningsgerðina að þeir leggja til grundvallar lögskiptum sínum fyrri samskiptavenjur. Regla þessi um gildi fastrar venju er hliðstæð reglu 1. mgr. 9. gr. SÞ-samningsins.

Eins og í gildandi lögum víkja ákvæði frumvarpsins fyrir viðskiptavenju eða annarri venju. Það er að jafnaði skilyrði fyrir því að um viðskiptavenju geti verið að ræða að hún sé almennt viðurkennd og henni fylgt innan viðkomandi greinar. Stundum getur verið að ólíkar venjur hafi myndast á vissum stöðum eða mörkuðum. Meta verður hvert tilvik fyrir sig þegar ákveðið er hvaða venja skuli gilda í slíkum tilvikum.

Það er einnig nýmæli samkvæmt frumvarpinu í samanburði við gildandi lög að taka með venju „sem telja verður bindandi í millum aðila“. Það að seljandi hafi gert fyrirvara um ábyrgð sína varðandi tiltekna galla í eitt skipti veitir honum ekki skilyrðislaust sama rétt í næstu kaupum við sama aðila. Eðli venjunnar getur að vissu marki ráðið því hvort hún verður lögð til grundvallar. Venja, sem er augljóslega ósanngjörn, getur því ekki vikið ákvæðum laganna til hliðar, sbr. og 3. mgr. 36. gr. c samningalaganna. Í alþjóðlegum kaupum eru að auki sett sérstök skilyrði fyrir því að viðskiptavenja verði lögð til grundvallar, sbr. 90. gr. frumvarpsins og skýringar við þá grein.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins setja því takmörk að hve miklu leyti venja verður lögð til grundvallar í neytendakaupum. Viðskiptavenja verður t.d. aldrei lögð til grundvallar í neytendakaupum þar sem kaupandinn er ekki viðskiptaaðili í þeirri merkingu sem hugtakið viðskiptavenja áskilur. Eigi að síður má hugsa sér að aðrar venjur geti gilt í slíkum kaupum.

Um 4. gr.

Tilgangurinn með sérreglum um neytendakaup er einkum sá að vernda kaupanda sem stendur höllum fæti í samningssambandinu. Í SÞ-samningnum er vikið að neytendakaupum í a-lið 2. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Það er meginregla samkvæmt frumvarpinu að ekki verður vikið frá ákvæðum laganna neytendum til tjóns. Sú regla kemur fram í 1. mgr. 4. gr. Hins vegar er gert ráð fyrir því í tilteknum ákvæðum frumvarpsins að ákvæðin um neytendakaup séu frávíkjanleg í ákveðnum tilvikum, sbr. 2. mgr. 11. gr.; 2. mgr. 22. gr.; 2. mgr. 30. gr.; 4. mgr. 41. gr.; 4. mgr. 67. gr. og 79. gr. Þar við bætist að stundum er ljóst af orðalagi að einstök ákvæði eru frávíkjanleg. Sem dæmi um þetta má nefna ákvæði 8. gr. um viðbótarskyldu við sendingarkaup, ákvæði 1. mgr. 45. gr. um fjárhæð kaupverðs og ákvæði 49. gr. um gjalddaga.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. leggur ekki einungis bann við samningsskilmálum sem eru neytendum óhagstæðir, heldur hindrar það einnig að seljandinn byggi t.d. á venju sem er kaupanda í neytendakaupum óhagstæðari en ákvæði frumvarpsins, sbr. athugasemdir við 3. gr. hér að framan. Af ákvæðum greinarinnar leiðir því að heimilt er að semja um kjör sem eru neytend-

um hagstæðari en vera mundi samkvæmt lögunum. Fyrir þau réttindi, sem kaupandi nýtur samkvæmt bindandi lagareglum, verður hann þó ekki látinn greiða sérstaklega. Hins vegar má gegn gjaldi falla frá löglegum fyrirvara, t.d. fyrirvara þess efnis að hlutur sé seldur „í því ástandi, sem hann er".

Í 2. mgr. er skilgreint hvaða kaup teljast til neytendakaupa. Í skilgreiningunni kemur í fyrsta lagi fram að seljandinn þarf að hafa sölustarfsemi að atvinnu svo að um neytendakaup geti verið að ræða. Af því leiðir að innbyrðis sala milli neytenda telst ekki vera neytendakaup í skilningi laganna. Á hinn bóginn skiptir ekki máli hvort umsvif seljanda eru lítil eða mikil eða hver er tilgangur hans með sölustarfseminni. Af þeim sökum útilokar það ekki að um neytendakaup geti verið að ræða þótt arður af sölustarfsemi skuli renna til viðskiptamanna eða til einhvers góðgerðamálefnis. Í öðru lagi er áskilið að um „persónuleg not" sé að ræða. Orðasambandið ber að túlka rúmum skilningi. Þannig mundu t.d. þar undir falla hlutir sem keyptir eru til tækifærisgjafa. Einnig hlutir sem t.d. nemendafélög, húsfélög og ýmis almenn félög kaupa til persónulegra nota fyrir félagsmenn sína. Sú staðreynd að fleiri en einn einstaklingur skipuleggja sameiginleg innkaup útilokar ekki að um neytendakaup sé að ræða ef tilgangur kaupanna er persónuleg not. Yfirleitt má þó segja að því stærri sem þau félagssamtök eru sem að innkaupum standa, þeim mun meiri líkur eru til þess að kaupin fái á sig blæ kaupa í atvinnustarfsemi. Vera má einnig að hlutur sé að nokkru leyti keyptur til persónulegra nota, en að öðru leyti til atvinnurekstrar. Dæmi um það er þegar keypt er bifreið sem kaupandi hyggst að sumu leyti nota persónulega en að öðru leyti við atvinnustarfsemi sína. Hér verður að leggja til grundvallar hver sé aðaltilgangur kaupanna. Ef hann er aðallega sá að kaupa bifreið til persónulegra nota verður að telja að um neytendakaup sé að ræða og öfugt. Akstur bifreiðar til og frá vinnu telst til persónulegra nota í þessu sambandi.

Fram kemur í 2. mgr. að jafnvel þótt kaup falli undir skilgreininguna á neytendakaupum er þó ekki unnt að líta á þau sem slík ef seljandi hvorki vissi né gat vitað að kaupin hefðu slíkan tilgang þá er þau gerðust. Rétt er þó að leggja á það áherslu að ákvæðið felur ekki í sér reglu um sönnunarbyrði. Eigi að síður gefur orðalagið vísbendingu um að það er seljandinn sem ber sönnunarbyrðina þegar sú spurning vaknar hvort hann vissi ekki eða mátti ekki vita um tilgang kaupanda. Við mat á vitneskju seljanda hefur það þýðingu hvers konar hlut var um að ræða og hver kaupandinn var. Ef t.d. kaupmaður kaupir skrifstofuhúsgögn án þess að upplýsa að hann ætli að nota þau heima hjá sér til persónulegra nota mundu kaupin að öllu jöfnu falla utan neytendakaupa.

Í málsgreininni er tekið fram að kaup á kröfum og réttindum teljist ekki til neytendakaupa. Helgast það af því að slík kaup, t.d. kaup á hlutabréfum, eru alla jafna ekki til persónulegra nota í þeim skilningi sem hér um ræðir. Undantekningin gildir, jafnvel þótt unnt sé að sýna fram á í einstökum tilvikum að slíkar kröfur eða réttindi hafi verið keypt til persónulegra nota.

Þýðing 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar felst einkum í því að hún skilgreinir nánar hvað sé atvinnustarfsemi. Það ræður úrslitum með hvaða hætti seljandinn kemur fram, þ.e. hvort hann kemur fram sem atvinnumaður við kaupin eða ekki. Þetta felur í sér að sami maður getur ýmist komið fram vegna atvinnustarfsemi sinnar eða sem neytandi. Þegar það er metið hvort komið er fram í þágu atvinnustarfsemi verður að leggja heildarmat til grundvallar með hliðsjón af stöðu seljanda og starfsemi. Kjarninn í þessu mati er hvort seljandinn hefur sölustarfsemi eða svipaða starfsemi að atvinnu. Þegar um tilviljunarkennda sölu í fyrirtæki er að ræða verður að meta þetta atriði m.a. út frá því hvort sambærilegar sölur eigi sér a.m.k. stað öðru hverju í fyrirtækinu. Rétt er að taka af öll tvímæli um það að sala í atvinnustarfsemi ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fellur hér undir. Sama gildir um sölu í tengslum við

starfsemi allra stærri félagasamtaka, jafnvel þótt þar sé um hugsjónastarfsemi að tefla, t.d. sölu á vegum skátahreyfingarinnar.

Verið getur að í fyrirtæki sé stunduð tiltekin atvinnustarfsemi sem ekki verður felld undir sölustarfsemi, en samt sem áður við og við stunduð sala sem kalla má hliðarstarfsemi. Dæmi um þetta er stórt fyrirtæki í þjónustustarfsemi sem vegna endurnýjunar selur öll skrifstofuhúsgögn sín. Í slíkum tilvikum er sanngjarnt að líta svo á að um atvinnustarfsemi séð að ræða, a.m.k. ef slík sala fer fram öðru hverju.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að ákvæði laganna gildi einnig í alþjóðlegum kaupum. Því til grundvallar liggur sú aðferð sem ákveðið hefur verið með þessu frumvarpi að beita við lögleiðingu SÞ-samningsins í íslenskan rétt, sbr. það sem áður segir um það efni í almennum athugasemdum hér að framan. Eigi að síður er óhjákvæmilegt að í lögunum séu sérákvæði sem einungis gilda í alþjóðlegum kaupum. Þær sérreglur eru í XV. kafla laganna og í einstökum ákvæðum annarra kafla eins og nánar er gerð grein fyrir í almennum athugasemdum. Skilgreiningin á því hvað séu alþjóðleg kaup er í 87. gr. frumvarpsins. Þegar svo hagar til að enginn samningsaðila hefur atvinnustöð á Íslandi er forsenda þess að íslenskum lögum verði beitt að slíkt leiði af samningi aðila eða reglum alþjóðlegs einkamálaréttar.

Í 2. mgr. er undantekning að því er varðar norræn kaup. Samkvæmt 94. gr. SÞ-samningsins er samningsríkjum, sem hafa svipaðar reglur í landsrétti sínum, heimilt að ákveða að SÞ-samningurinn skuli ekki gilda um kaup milli aðila í þeim ríkjum. Ákvæði frumvarps þessa eru svo lík ákvæðum í kaupalögum annarra norrænna ríkja að líta verður svo á að skilyrðum 94. gr. SÞ-samningsins sé fullnægt að þessu leyti. Afstaða Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar til þessa er hin sama. Þegar um norræn kaup er að ræða ber því eingöngu að beita kaupalögum þess norræna ríkis sem í hlut á.

Í 3. mgr. er ákvæði sem svarar til 2. gr. SÞ-samningsins og felur í sér að sérreglur laganna um alþjóðleg kaup gilda ekki um ákveðnar tegundir alþjóðlegra kaupa. Í þessu felst t.d., að þótt um neytendakaup milli aðila hverra í sínu landi sé að ræða eru það reglur íslensku laganna sem gilda ef þau eiga á annað borð við án tillits til þeirra sérákvæða sem m.a. leiðir af XV. kafla laganna.

Undantekningin í 2. gr. a í SÞ-samningnum nær einnig til sölu milli neytenda. Það er skýring þess að ákvæði a-liðar 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins nær einnig til sambærilegra kaupa „milli neytenda". Skilgreining neytendakaupa í 2. mgr. 4. gr. er þrengri að því leyti að hún nær aðeins til seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu. Ákvæði b-liðar á við um frjáls uppboð. Ástæðan fyrir undantekningunni er sú að seljandi getur ekki vitað hver er kaupandi fyrr en uppboði lýkur. Þetta mundi skapa of mikla óvissu um gildissvið SÞ-samningsins. Ákvæði c-liðar á við nauðungarsölu eða sölu samkvæmt sérstökum lagaákvæðum, sbr. t.d. lög um sölu á óskilamunum og fundnu fé. Ákvæði d-liðar gildir hvort sem litið verður á kröfu sem hlut eða ekki. Ástæðan er sú að margar reglur kaupalaganna falla illa að slíkum kaupum, t.d. reglurnar um galla á söluhlut. SÞ-samningurinn gerir sérstaka undantekningu að því er rafmagn varðar, sbr. f-lið 2. gr. Engu síður er þetta ekki tekið með í 5. gr., enda fellur sala á rafmagni utan gildissviðs kaupalaganna.

Þegar svo er tekið til orða í 2. og 3. mgr. að sérreglurnar um alþjóðleg kaup gildi ekki er í fyrsta lagi átt við það að þær sérstöku reglur, sem aðeins eiga við í alþjóðlegum kaupum, t.d. 87.–99. og 3. mgr. 70. gr., gilda ekki. Í öðru lagi felst í þessu að þær undantekningar, sem mælt er fyrir um í einstökum greinum og varða alþjóðleg kaup, gilda ekki heldur, t.d. 2.

mgr. 66. gr. Í þeim tilvikum, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., gilda því fullum fetum sömu reglur og í þjóðlegum kaupum.

Um II. kafla.

Í kaflanum eru þau ákvæði laganna sem varða skyldur seljanda í tengslum við afhendinguna, en hún hefur grundvallarþýðingu að því er varðar ýmsar aðrar reglur laganna. Í fyrsta lagi er það afhendingin sem skiptir máli varðandi það hvenær áhættan af söluhlut flyst frá seljanda til kaupanda, sbr. ákvæði III. kafla. Í öðru lagi skiptir afhendingin máli varðandi skiptingu kostnaðar milli samningsaðila, sbr. 11. gr. Í þriðja og fjórða lagi skiptir afhendingin miklu máli varðandi mat á því hvort um galla eða greiðsludrátt er að ræða, sbr. 21. og 22. gr. Í öllum aðalatriðum eru ákvæði kaflans hliðstæð ákvæðum gildandi laga, sbr. ákvæði 9.–16. gr. gildandi laga. Þó eru þar á ferðinni nokkur nýmæli, auk þess sem reglur frumvarpsins eru að ýmsu leyti nákvæmari en reglur gildandi laga.

Um 6. gr.

Ákvæðið svarar til 9. gr. gildandi laga, og kemur þar fram meginreglan um það hver sé afhendingarstaður í lausafjárkaupum. Í fyrirsögn frumvarpsgreinarinnar eru þau kaup, sem hér um ræðir, nefnd reiðukaup, og er það hugtak í frumvarpinu notað í sömu merkingu og hugtakið „hentekjöp“ í norsku lagamáli, „henteköb“ í dönsku lagamáli og „hämtningsköp“ í sænsku og finnsku lagamáli. Felst í þessari hugtaksnotkun umfram allt skírskotun til þess að seljandinn skuli hafa söluhlut til reiðu fyrir kaupanda á atvinnustöð sinni eða eftir atvikum heimili, þ.e. þangað skal kaupandinn sækja hlutinn.

Það er grundvallarregla samkvæmt greininni að hafi ekki um annað verið samið er seljandi ekki skyldugur til að senda hlut til kaupanda, en seljandi skal hafa hlut til reiðu fyrir kaupanda á atvinnustöð sinni eða heimili ef ekki er um atvinnustöð að ræða. Í þessu felst einnig að seljandi skal hafa pakkað hlut inn á viðeigndi máta, sbr. nánar ákvæði 17. gr.

Þess verður ekki krafist að seljandi hafi hlut til reiðu allan sólarhringinn þegar afhendingartími er kominn, heldur nægir að hlutur sé til reiðu á venjulegum afgreiðslutíma. Það er lágmarkskrafa að kaupandinn geti með sanngirni átt þess kost að ná í hlut. Heimili seljanda sem afhendingarstaður er aðeins nefnt með tilvísun til 83. gr. Á það reynir ef seljandinn hefur enga atvinnustöð sem tengist kaupunum. Það leiðir af orðalagi ákvæðisins um afhendingarstað að hann breytist ekki þótt seljandi flytji atvinnustöð sína (eða heimili) eftir að kaupin gerðust, sbr. orðalagið „þegar kaup voru gerð“.

Ef aðilar vissu við kaupin að hlutur var annars staðar en á atvinnustöð eða heimili seljanda skal hafa hlutinn til reiðu þar. Sem dæmi um þetta má nefna það tilvik þegar maður sem er búsettur á Akureyri, selur skútu sem aðilar vita að er í höfn í Reykjavík. Í ákvæðinu er við það miðað sem aðilar raunverulega vissu, en ekki það sem þeir máttu vita, enda mundi gagnstæð regla geta stefnt hagsmunum kaupanda um of í hættu. Vitneskja aðila verður ekki einungis að ná til þess að hlut sé annars staðar að finna, heldur einnig til þess hvar hann er. Sá áskilnaður að um raunverulega vitneskju sé að ræða er í samræmi við ákvæði SÞ-samningsins og ákvæði í kaupalögum annarra ríkja á Norðurlöndum.

Ákvæði greinarinnar eiga einnig við þegar söluhlutur eða sá vörulager eða framleiðslustaður, sem söluhlut átti að taka frá, var á öðrum stað en atvinnustöð seljanda og aðilar vita um það. Gengið er út frá að það leiði (beint eða óbeint) af samningi að hlut skuli sækja þangað. Í greininni er auk vörulagers vitnað til framleiðslustaðar. Í frumvarpsgrein þessari er átt við það tilvik þegar sá framleiðslustaður, sem hlut átti að taka frá, var á öðrum stað en atvinnustöðin. Samkvæmt því nægir ekki að aðilar viti við kaupin að hlutur er á fram-

leiðslustað, heldur verður einnig að vera áskilið samkvæmt samningi að hlut eigi að taka þaðan. Reglan tekur umfram allt mið af pöntunarkaupum.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. telst hlutur afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku. Kaupandi telst hafa veitt hlut viðtöku þegar hann sjálfur eða annar fyrir hans hönd hefur tekið hlutinn í vörslur sínar. Í þessu felst einnig að hlutur telst ekki afhentur meðan seljandinn hefur hann í vörslum sínum. Hafi afhending ekki farið fram á réttum tíma af ástæðum sem rekja má til kaupanda hefur það þýðingu við skiptingu kostnaðar milli aðila skv. 11. gr. frumvarpsins. Hins vegar fellur á seljandann umönnunarskylda í samræmi við ákvæði XI. kafla frumvarpsins. Þar við bætist að áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til kaupanda skv. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni, sem í raun felur í sér undantekningu frá meginreglu 6. gr. frumvarpsins um afhendingarstað, eru sambærilegar reglur og þær sem fram koma í 10., 11. og 65. gr. gildandi laga. Ákvæði greinarinnar eiga ekki við nema það komi fram í samningi aðila eða leiði af öðrum atvikum að hlut skal senda til kaupanda, og á það bæði við um 1. og 2. mgr. Sé slíkur samningur ekki fyrir hendi gildir meginreglan í 6. gr. um afhendinguna. Í frumvarpsgreininni eru notuð hugtökin „staðarkaup“ og „sendingarkaup“. Um staðarkaup er fjallað í 1. mgr., og er hugtakið staðarkaup þýðing á norska lagahugtakinu „plasskjöp“ og danska hugtakinu „pladsköb“, en hugtakið sendingarkaup í 2. mgr. er þýðing á norska lagahugtakinu „sendekjöp“ og danska hugtakinu „forsendelsesköb“. Í finnsku og sænsku lagamáli er notað hugtakið „transportköp“ um þau tilvik, sem um er fjallað í 7. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, sem svarar til 11. gr. gildandi laga, kemur fram sú regla um staðarkaup að hlutur telst afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku, en áður var viðmiðunin sú að hlutur væri kominn í vörslur kaupanda. Í ákvæðinu er fólgin rýmkun gildissviðs staðarkaupa í samanburði við gildandi rétt þar sem reglan gildir einnig innan þess svæðis þar sem seljandi er vanur að afhenda slíka hluti. Ekki er það skilyrði þess að ákvæði greinarinnar eigi við að það sé venja í viðkomandi viðskiptum að afhenda slíka hluti á svæðinu, heldur nægir að það sé sá seljandi sem hlut á að máli sem er vanur að gera slíkt. Ákvæðið á við þegar seljandinn notar starfsmann eða sjálfstæðan flutningsaðila til þess að koma hlut til skila, og það gildir einnig þegar hlutur er sendur með póstsendingum. Af þessu leiðir að þegar póstsendingarfyrirtæki afhendir hlut hefur afhending ekki farið fram fyrr en kaupandi veitir hlut viðtöku, jafnvel þótt hann sé sendur frá einum landshluta til annars. Það að hlutur telst þá fyrst afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku þýðir að seljandi ber ábyrgð á honum fram að þeim tíma, og hann ber einnig ábyrgð á göllum sem verða á hlut meðan á flutningi stendur. Það leiðir einnig af ákvæðum 11. gr. að seljandi ber kostnað af flutningi.

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. svarar til 10. gr. gildandi laga og hefur ekki í för með sér neina meginbreytingu þótt orðalag frumvarpsgreinarinnar sé nokkuð á annan veg en í gildandi lögum. Sérstök ákvæði um flutning með skipi eru felld niður. Á ákvæði 2. mgr. reynir þegar senda á hlut til kaupanda frá einum stað til annars og atvik eru þannig að ákvæði 1. mgr. eiga ekki við. Ekki skiptir máli hvers konar tæki er notað til flutningsins og ekki heldur hvort flutningi er skipt á milli margra sjálfstæðra flutningsaðila. Af orðalagi ákvæðisins leiðir að hlutur telst þá fyrst afhentur þegar hann hefur verið fenginn í hendur þeim flutningsaðila sem tekið hefur að sér flutning frá sendingarstað. Í 31. gr. a SÞ-samningsins er sambærileg viðmiðun orðuð með nokkuð öðrum hætti, þ.e. „in handing the goods over to the first carrier for transmission to the buyer,“ en merkingin er sú sama. Nægilegt er að hlutur sé afhentur flutn-

ingsaðila, t.d. á vörumóttökustöð, á flugvelli, hjá skipafélagi eða öðru flutningsfyrirtæki. Hugtakið „afhentur“ getur verið nokkuð óljóst, einkum ef tjón verður á söluhlut í tengslum við fermingu eða affermingu, og verður það því nokkuð að fara eftir atvikum hverju sinni hver skuli bera áhættuna af tjóni í slíku tilviki.

Sérstakt álitaefni er þegar notaður er umboðsmaður sem tekur að sér flutning vörunnar fyrir reikning umbjóðanda síns, þ.e. notaður er svokallaður „speditor“. Venjulega er litið svo á að afhending til slíks umboðsmanns geti ekki talist afhending hlutar í skilningi greinarinnar. Atvik geta þó leitt til þess að öðruvísi verði litið á, t.d. þegar slíkur umboðsmaður kynnir sig sem flutningsaðila eða hann tekur fast verð fyrir allan flutninginn.

Þótt seljandi fái einhvern til að sjá um flutning á sendingarsvæðinu felst ekki í því að hluturinn hafi þar með verið afhentur. Ef seljandi notar t.d. bifreið af sendibílastöð til að flytja vöru til hafnar á sendingarstað telst vara ekki afhent fyrr en hún hefur verið afhent skipafélaginu. En ef sá flytjandi, sem fenginn hefur verið til verksins, tekur bæði að sér flutninginn á staðnum og áfram til afhendingarstaðarins telst afhending hafa átt sér stað þegar flytjandi hefur tekið við hlutnum. Fyrri málslið 2. mgr. ber einnig að skýra þannig að hlutur teljist ekki afhentur ef það er seljandinn sjálfur sem sér um flutninginn á sendingarsvæðinu. Ef seljandinn sér um allan flutninginn telst hlutur ekki afhentur fyrr en kaupandi hefur veitt honum viðtöku, sbr. síðari málslið 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar.

Taki seljandi að sér hluta flutningsins hefur afhending ekki farið fram fyrr en seljandi afhendir hlutinn sjálfstæðum flytjanda. Ef seljandi annast allan flutninginn fer afhending fram þegar kaupandi hefur veitt hlutnum viðtöku. Sjái kaupandinn sjálfur um allan flutninginn er um reiðukaup að ræða skv. 6. gr. frumvarpsins. Eigi kaupandinn að sjá um hluta flutningsins er afhending háð því hvernig honum er háttað fyrsta hluta leiðarinnar. Sjái seljandi um flutninginn miðast afhendingin við viðtöku kaupanda. Hafi seljandinn notað sjálfstæðan flytjanda frá sendingarstað miðast afhending við það að hinn síðarnefndi hafi veitt vörunni viðtöku.

Í 3. mgr. er kveðið á um þýðingu ýmissa söluskilmála sem varða afhendingu. Ákvæðið svarar til 1. mgr. 65. gr. gildandi laga, en í því eru þó ekki fyrirmæli um kostnaðarskiptingu. Ákvæðið á því aðeins við að hlutur sé seldur „frítt“, „afhentur“ eða „frítt afhentur“ og jafnframt sé gefinn til kynna ákveðinn staður. Ekki skiptir máli í þessu sambandi með hvaða hætti hluturinn hefur verið fluttur þangað. Ákvæðið afmarkar það í sjálfu sér ekki nákvæmlega hvenær afhending hefur átt sér stað, og er því svo hagað af ásettu ráði. Það verður að meta í hverju tilviki fyrir sig, m.a. með hliðsjón af samningum og atvikum að öðru leyti. Í mörgum tilvikum er eðlilegt að krefjast þess að hlutur sé aðgengilegur kaupanda á staðnum, t.d. á vöruflutningastöð eða í útibúi seljandans á staðnum. Um ábyrgð seljanda á kostnaði fer samkvæmt þessu eftir því sem segir í 11. gr. frumvarpsins. Í 62.–65. gr. gildandi laga eru ákvæði um þýðingu ýmissa söluskilyrða sem ekki eru í frumvarpi þessu umfram það sem segir í 3. mgr. 7. gr. Er í þessum efnum fylgt norrænni réttarþróun hvað þetta varðar, og einnig skal tekið fram að í SÞ-samningnum er ekki heldur að finna sérstök ákvæði um þýðingu ýmissa söluskilmála. Það leiðir þó af hinu frávíkjanlega eðli SÞ-samningsins að beita ber slíkum skilmálum ef um þá hefur verið samið.

Ákvæði 4. mgr., sem er nýmæli, felur í sér þá reglu að hlutur telst þá fyrst afhentur í neytendakaupum þegar kaupandinn hefur veitt honum viðtöku. Ef kaupandinn á að sækja hlutinn telst hann afhentur þegar sá tími er kominn að skylt var að sækja hann. Í ákvæðinu felst að sama regla gildir í staðarkaupum og sendingarkaupum. Það leiðir m.a. af 4. mgr. að í neytendakaupum er ekki heimilt að semja um að afhending skuli hafa átt sér stað þegar hlutur er afhentur flytjanda. Notkun ýmissa söluskilmála hefur heldur ekki þýðingu gagnvart seljanda umfram það sem lögin heimila.

Í tilskipun 99/44/EB, um tilteknar hliðar á sölu vöru til neytenda og ábyrgðaryfirlýsingar í því sambandi, er í 5. gr. (3) að finna ákvæði sem leggur til sönnunarreglu í neytendakaupum. Í ákvæðinu er tekið fram að komi galli fram í vöru á fyrstu sex mánuðum frá því að hún var afhent skuli hann teljast hafa verið fyrir hendi „við afhendinguna“ nema annað verði augljóslega ráðið af eðli vörunnar sem er afhent eða þeim galla sem á henni er. Í framkvæmd yrði því höfð hliðsjón af framangreindu ákvæði tilskipunarinnar við túlkun á þessu ákvæði frumvarpsins.

Um 8. gr.

Ákvæði hliðstætt 8. gr. frumvarpsins er ekki í gildandi lögum, en það er í samræmi við 32. gr. SÞ-samningsins. Eigi að síður verður að telja að reglur þær, sem fram koma í 8. gr. frumvarpsins, séu í samræmi við það sem talið hefur verið ólögfestur gildandi réttur á þessu sviði. Í greininni er gert ráð fyrir að samið sé um það að seljandinn eigi að senda hlutinn. Slíkur samningur getur t.d. verið í samræmi við afhendingarskilmála (cif, cf) eða aðra ótvíræða samningsskilmála eða hann getur leitt af forsendum aðila eða fyrri venjum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. er í samræmi við 2. mgr. 32. gr. SÞ-samningsins og leggur seljandanum þá skyldu á herðar að gera þá samninga sem nauðsynlegir eru til þess að hlutur komist á ákvörðunarstað. Ef hlutinn þarf að senda með mismunandi flutningstækjum verður seljandinn samkvæmt því að gera samninga um alla flutningana. Það er skilyrði samkvæmt greininni að flutningssamningar séu gerðir á viðeigandi hátt og með vanalegum kjörum. Svar við því hvað telst viðeigandi og vanalegt fer eftir því um hvers konar kaup er að ræða. Þar skiptir m.a. máli tegund söluhlutar og tilgangur kaupa. Eigi t.d. að selja ferskar vörur verður seljandinn að útvega flutningstæki sem skilar vörunni hratt. Almennt verður að forðast ónauðsynlegar umhleðslur og flóknar flutningsleiðir, og sama gildir um óvanalega samningsskilmála.

Í 2. mgr. eru ákvæði sem eru í samræmi við 3. mgr. 32. gr. SÞ-samningsins. Hér er sú skylda lögð á herðar seljanda að veita kaupanda þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hann geti keypt vátryggingu. Er þá að sjálfsögðu forsenda að vátryggingarskyldan hvíli ekki á seljandanum. Vátryggingarskyldu seljanda getur t.d. leitt af cif-söluskilmála. Eigi seljandi ekki að tryggja vöruna hefur kaupandinn hagsmuni af því að tryggja hana sjálfur. Þetta gildir án tillits til þess hver ber ábyrgðina á því ef hluturinn ferst af tilviljun meðan á flutningi stendur. Í þessu tilviki getur kaupandinn hins vegar þurft á vissum upplýsingum að halda um hlutinn og flutninginn, og það eru þessar upplýsingar sem seljanda ber að láta í té samkvæmt ákvæðinu.

Ákvæði 3. mgr. eru að öllu leyti í samræmi við 1. mgr. 32. gr. SÞ-samningsins. Af skyldu seljanda til að senda hlutinn leiðir að hann verður líka að sjá um nauðsynlegar merkingar og farmbréf þannig að hluturinn verði nægilega auðkenndur kaupanda. Þetta leiðir ekki af sjálfu sér þegar um sameiginlega heildarsendingu til margra viðtakenda er að ræða, og í því tilviki hefur greinin þýðingu. Ákvæðið segir hins vegar ekkert til um það hvenær seljandinn á að tilkynna um sendingu. Eðlilegt er að krefjast þess að það sé gert innan sanngjarns tíma frá afhendingu eða hleðslu á flutningstækið. Þegar um stuttar vegalengdir er að ræða verður þó að tilkynna um sendingu fyrr.

Um 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins eru ákvæði sem svara til 12. og 13. gr. gildandi laga. Í SÞ-samningnum er mælt fyrir um afhendingartímann í 33. gr. Afhendingartíma leiðir að jafnaði af samningi aðila með beinum eða óbeinum hætti, og á reglu 9. gr. reynir því aðeins að slíku samn-

ingsákvæði sé ekki til að dreifa. Í neytendakaupum er einnig fullt frelsi til þess að semja um afhendingartíma, en neytendur geta þó ekki afsalað sér rétti til tilkynningar þegar skilyrði 3. mgr. liggja fyrir.

Í 1. mgr. 9. gr. kemur fram sú meginregla að hlut skal afhenda innan sanngjarns tíma frá því að kaup voru gerð. Er hér um nýmæli að ræða í samanburði við gildandi rétt þar sem afhending skal, ef ekki hefur verið um annað samið, fara fram þegar þess er krafist, sbr. 12. gr. gildandi laga. Er í samræmi við réttarþróun á Norðurlöndum á því byggt að ástæðulaust sé að skylda kaupanda til að koma fram með kröfu um afhendingu ef slíkt á sér ekki stoð í samningnum. Hin nýja regla er einnig í góðu samræmi við ákvæði SÞ-samningsins. Það hvað telst sanngjarn tími verður að meta hverju sinni með hliðsjón af því hvers konar kaup er um að ræða og atvikum að öðru leyti. Upphaf frests miðast við samningsgerðina. Ef um pöntunarkaup er að ræða er sanngjarnt að seljandinn hafi lengri tíma til afhendingar en þegar vara er afhent beint af lager. Atvik geta eigi að síður verið ærið mismunandi í pöntunarkaupum. Einnig getur verið um að ræða marga hluti sem keyptir eru í einu lagi og seljandi verður að panta hjá mörgum birgjum. Einnig skiptir máli hvort um er að ræða kaup á innanlandsmarkaði eða erlendis frá. Ástæða er til að ætla að jafnan verði samið um afhendingartímann þegar um flókin og umfangsmikil kaup er að ræða. Í framkvæmd verður því „sanngjarn tími“ oft fremur stuttur.

Ákvæði 2. mgr. eiga við þegar samið hefur verið um svigrúm til afhendingar. Eins og í 13. gr. gildandi laga er það seljandinn sem hefur rétt til að velja tímamarkið nema leiða megi af atvikum að valið sé kaupandans. Seljandi getur t.d. verið háður uppskeru þegar um landbúnaðarvörur er að ræða eða verið háður afhendingartíma ef hann þarf að fá vörur frá öðrum aðila. Af samningi getur leitt að það sé kaupandans að velja tímamarkið. Það á t.d. við þegar kaupandi skal útvega tæki til flutnings vörunnar. Einnig getur verið að afhending eigi að vera í samræmi við þarfir kaupanda eða möguleika hans á að veita vörunni viðtöku. Sem dæmi um þetta má nefna að kaupandi getur þurft að tæma lager sinn áður en hann getur veitt vörunni viðtöku.

Sérreglan í 3. mgr., sem ekki á sér fyrirmynd í gildandi lögum, er takmörkuð við reiðukaup. Ef það er seljandinn sem í slíkum tilvikum skal velja afhendingartíma skal hann með nægum fyrirvara tilkynna kaupanda hvenær sækja má hlutinn. Sá áskilnaður, að tilkynna skuli um það með nægum fyrirvara, felur það í sér að kaupandinn fái sanngjarnan tíma til að ganga frá því sem nauðsynlegt er til undirbúnings flutningi. Ekki kemur fram í ákvæðinu áskilnaður um sérstakt form tilkynningar. Hún getur því bæði verið munnleg og skrifleg. Enn fremur er einungis gerð krafa um það að tilkynning segi til um það hvenær sækja má hlut. Það leiðir hins vegar af samningi aðila eða ákvæðum 6. gr. hvar sækja á hlutinn. Áhættan af sendingu tilkynningar er hjá kaupandanum, sbr. 82. gr. Ef tilkynning hefur farist fyrir eða kemur of seint verður aðstæðum kaupanda ekki kennt um þá seinkun á afhendingu sem af því leiðir. Þetta getur haft þýðingu m.a. með hliðsjón af flutningi áhættu, sbr. 2. mgr. 13. gr., og varðandi það hvort seljandi geti gert kröfu vegna vanefnda.

Í ákvæðinu eru ekki fyrirmæli um skyldu kaupanda til að tilkynna seljanda þegar það er kaupandinn sem á að velja afhendingartíma. Sjálfsagt er að kaupandinn tilkynni um slíkt, og vanræki hann það glatar hann venjulega rétti til að bera fyrir sig seinkun sem af því leiðir.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er sama meginreglan og byggt er á í 14., sbr. 15., 16. og 71. gr. gildandi kaupalaga., þ.e. að hönd selji hendi, en þó þannig að einungis er í ákvæðinu fjallað um heimildir seljanda að þessu leyti. Sambærilegt ákvæði er í 1. og 2. mgr. 58. gr. SÞ-samn-

ingsins. Ekkert er í sjálfu sér því til fyrirstöðu að fjalla um heimildir seljanda og kaupanda í einu lagi í sama ákvæðinu, en sú aðferð að greina í þessum efnum á milli heimilda seljanda og kaupanda á sér fyrirmynd í SÞ-samningnum. Meginreglan um að hönd selji hendi gildir þegar ekki er um annað samið. Þetta leiðir af ákvæði 3. gr. frumvarpsins. Í neytendakaupum, sbr. 4. gr., er einnig unnt að semja um greiðslufrest, enda er slíkt ekki andstætt hagsmunum neytandans. Það leiðir þó einnig beint af 10. gr. að veita má greiðslufrest.

Ákvæði 1. mgr. 10. gr. felur í sér reglu sem eins og áður segir samsvarar í aðalatriðum 14. gr. núgildandi laga, sbr. einnig 16. og 71. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. 10. gr. heimilar seljanda að láta hjá líða að færa ráðstöfunarréttinn yfir hlut til kaupanda, nema seljandi hafi samtímis fengið kaupverðið greitt. Yfirfærsla ráðstöfunarréttarins frá seljanda til kaupanda gerist venjulega með þeim hætti að kaupandinn fær hlutinn afhentan. Yfirfærslan getur líka tengst öðru, t.d. flutningsbréfi og farmskírteini, og þá er það afhending þessara skjala sem ræður yfirfærslu ráðstöfunarréttarins. Í sumum tilvikum getur réttarverndin gagnvart þriðja manni verið háð því að yfirfærslan sé skráð opinberri skráningu, t.d. í skipa- eða ökutækjaskrá. Í slíkum tilvikum getur seljandinn gert það að skilyrði fyrir skráningu heimildar að kaupverðið sé greitt sem í raun er það sama og að segja að seljandi geti neitað að afhenda heimildarskjalið nema kaupverðið sé greitt.

Regla 1. mgr. gildir ekki þegar í upphafi hefur verið samið um greiðslufrest eða seljandi hefur eftir samningsgerð veitt greiðslufrest í heild eða að hluta. En hafi greiðslufrestur verið veittur með því skilyrði að kaupandinn t.d. samþykki víxil eða setji tryggingu fyrir fjárhæðinni getur seljandinn gert það að skilyrði að kaupandinn samþykki víxilinn eða gangi frá tryggingunni áður en hann fær hlutinn afhentan.

Fræðilega má halda því fram að reglan um það að hönd selji hendi geti leitt til þess að báðir aðilar haldi að sér höndum um afhendingu og bíði þess að gagnaðili taki frumkvæði að efndum. Því er hins vegar til að svara að það leiðir óbeint af ýmsum öðrum reglum, sem afhendinguna varða, hvor aðila það er sem á að taka það frumkvæði.

Í 2. mgr. er að finna sérreglu um þau tilvik þegar seljandi á að senda hlut til annars staðar. Reglan á sér hliðstæðu í 15. gr. núgildandi laga. Í þessu tilviki hefði regla 1. mgr. ein sér leitt til þess að ekki væri unnt að hrinda kaupunum í framkvæmd. Skv. 2. mgr. getur seljandinn á hinn bóginn ekki látið hjá líða að senda hlutinn, en hann getur komið í veg fyrir að kaupandinn fái hann í hendur þar til kaupverðið hefur verið greitt. Sending í póstkröfu er dæmi um tilvik þar sem kaupandi getur því aðeins fengið vöru afhenta að hann greiði kaupverðið. Þegar vara er send með öðrum hætti er oft unnt að ganga þannig frá málum að kaupandi fái því aðeins afhenta vöru að hann greiði andvirði hennar.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um ábyrgð aðila á kostnaði, en sambærilegt ákvæði er hvorki í gildandi lögum né í SÞ-samningnum. Hins vegar má fullyrða að regla 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins sé í samræmi við það sem talið hefur verið gildandi regla í íslenskum rétti samkvæmt ólögfestum reglum. Rétt er að leggja á það áherslu að í 11. gr. er einvörðungu um það fjallað hver beri á endanum ábyrgð á kostnaði. Samkvæmt því er ekki tekin afstaða til þess í ákvæðinu á hvorum aðilanna hvílir skylda til þess að leggja út fé í fyrstu.

Í 1. mgr. felst að seljandinn ber kostnaðinn af hlutnum þar til hann hefur verið afhentur. Regla 11. gr. á ekki einungis við um flutningskostnað, heldur líka annan kostnað eins og vegna geymslu, pökkunar, tryggingar og jafnvel útflutningsgjalda. Ekki eru ákvæði um það hver eigi að bera kostnaðinn eftir þann tíma, en venjulega er gert ráð fyrir því að kaupandinn geri það nema annað leiði beinlínis af samningi.

Ákvæðið á ekki við þegar seinkun hefur orðið af ástæðum sem rekja má til kaupandans, sbr. síðari málslið 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Er þá talið eðlilegt að kaupandinn beri ábyrgð á þeim kostnaði sem af því stafar. Þessi undanþága á aðeins við um þann aukakostnað sem seinkunin veldur beinlínis, t.d. aukaútgjöld vegna geymslu eða aukaútgjöld vegna þess að tryggja þarf hlutinn lengur en upphaflega var gert ráð fyrir. Í framkvæmd er í flestum tilvikum unnt að leysa þetta álitaefni út frá reglu 75. gr. um skaðabætur vegna umönnunarkostnaðar ásamt reglunni í 57. gr. um skaðabótaábyrgð kaupandans þegar hann ljær ekki atbeina sinn til efnda.

Í 2. mgr. er sérregla sem varðar neytendakaup, og er hún nýmæli. Þar kemur fram að þegar söluhlut í neytendakaupum skal senda til kaupanda er þrátt fyrir ákvæði 4. gr. heimilt að semja um það að kaupandinn greiði til viðbótar kaupverðinu útgjöld vegna sendingarinnar. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringar.

Um III. kafla.

Í III. kafla eru ákvæði um áhættuna af söluhlut. Í 12. gr. er kveðið á um, hver séu aðaláhrif þess að áhættan flyst yfir til kaupanda, en þau eru að greiðsluskylda hans stendur óhögguð hver sem verða örlög söluhlutar síðar, eftir að áhættan hefur flust yfir til hans. Það er hins vegar ekki skilgreint nánar hvað í áhættunni felist. Í 13. gr. er því lýst hvenær áhættan flyst yfir til kaupanda, og 14. gr. kveður á um sérreglur um auðkenningu söluhlutar í tengslum við áhættu. Í 15. gr. eru reglur um áhættuflutning þegar kaup eru gerð um söluhlut sem er í flutningi, og loks er í 16. gr. kveðið á um hvenær áhættuskiptin verða þegar keyptur er hlutur með skilarétti.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er ákvæði sem er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi laga, þó þannig að í 17. gr. er tekið mið af því að áhættan af því að söluhlutur farist sé hjá seljanda þar til hann hefur skilað hlut af sér eða afhent hann. Þá hafa orðin „farist af tilviljun“ einnig verið felld niður í frumvarpsgreininni þar sem þau þóttu að ýmsu leyti óljós. Í ákvæðinu er ekki nákvæmlega skilgreint hvað í áhættu felst, en þar kemur þó fram hver séu aðaláhrif þess að áhættan flyst yfir til kaupanda, þ.e. greiðsluskylda hans stendur óhögguð, hver svo sem síðari örlög söluhlutar verða. Það leiðir því af ákvæðinu að þegar kaupandinn ber áhættuna af söluhlut fellur skylda hans til þess að greiða kaupverðið ekki brott þótt söluhlutur farist, skemmist eða rýrni. Er þá jafnan skilyrði að slíkt leiði af atvikum sem ekki verða rakin til seljanda.

Í framangreindri reglu felst í fyrsta lagi að kaupandinn verður að greiða kaupverðið ef hann sjálfur eða fólk á hans vegum ber ábyrgð á eða hefur valdið eyðileggingu söluhlutar. Í öðru lagi fellur greiðsluskyldan ekki niður þegar tilviljunarkenndur atburður veldur eyðileggingu, t.d. þegar hlutur brennur eða hann glatast í skipskaða. Sama gildir þegar ekki er hægt að staðreyna ástæðu þess að hlutur hefur farið forgörðum.

Ef atvik, sem valda því, að hlutur ferst, skemmist eða rýrnar, verða rakin til seljanda er um vanefndir af hans hálfu að ræða, enda hafi atvikið tengsl við kaupin eða efndir þeirra. Skylda kaupandans til þess að greiða kaupverðið ræðst þá af reglunni um afleiðingar greiðsludráttar, sbr. 49. gr. og 1. mgr. 64. gr., reglunum um gallaða afhendingu, sbr. 21., 22. og 42. gr., eða reglum 2. mgr. 21. gr. Með orðasambandinu „rakin til seljanda“ er átt við að atvik, sem seljandi ber ábyrgð á, hafi gerst í tengslum við kaupin. Hafi athöfn seljandans hins vegar engin tengsl við þau kaup sem fóru fram reynir á hinar almennu skaðabótareglur, t.d. ef seljandi eyðileggur söluhlut á heimili kaupanda í boði sem hann er staddur í.

Sérstök álitaefni koma upp þegar um er að ræða samverkandi áhrif mistaka og tilviljunarkenndra atvika, oft nefnt „casus mixtus“. Þau geta oft valdið miklum vafa, bæði varðandi reglur um áhættuskipti og skaðabótaábyrgð. Ekki er fyllilega ljóst samkvæmt gildandi rétti hversu langt ábyrgð og áhætta seljanda nær í þessum tilvikum. Lágmarksskilyrði hlýtur þó ætíð að vera að um orsakasamband sé að ræða á milli vanrækslu eða mistaka seljanda og þess tilviljunarkennda tjóns sem síðar verður. Í þessu felst að komast hefði mátt hjá tjóni eða skaða ef ekki hefði verið um vanrækslu af hálfu seljanda að ræða. Ekki er ástæða til að tíunda nákvæmlega í lagatexta öll þau tilvik sem fallið geta undir þetta ákvæði. Mestu máli skiptir hins vegar að orðalag þess veitir heimild til þess að losa kaupandann úr ábyrgð á grundvelli reglunnar um „casus mixtus“, en nánari útfærslu verður að fela réttarframkvæmdinni. Sem dæmi um tilvik af þessu tagi má nefna að hlutur farist af tilviljun í flutningi sem seljandi á að sjá um. Hlut á t.d. að flytja með skipi, en hleðslu skipsins er ábótavant, og á því ber seljandi ábyrgð. Af því leiðir að skipið þarf að leita hafnar á leiðinni svo að endurhleðsla geti farið fram. Eftir þetta lendir skipið í sjávarháska, sem það annars hefði komist hjá, og varan ferst. Hér liggur fyrir orsakasamband, en ekki er fullnægt skilyrðinu um sennilega afleiðingu. Í þessu tilviki virðist skilyrðinu um „casus mixtus“ vera fullnægt og seljandinn því að öllum líkindum ábyrgur.

Í ákvæðinu segir ekki beinlínis hvað í því felst að áhættan sé áfram hjá seljandanum ef undan er skilin reglan um greiðslu kaupverðsins. Niðurstaðan að öðru leyti ræðst af almennum reglum um ábyrgð á vanefndum samnings. Ef tilviljunarkenndur atburður veldur því t.d. að hlutur eyðileggst áður en áhættan hefur flust yfir getur það leitt til þess að greiðslu seinki og kaupandinn geti af þeirri ástæðu beitt ákvæðum 22.–29. gr. frumvarpsins. Ef seljanda tekst nógu snemma að útvega annan hlut í stað þess sem eyðilagðist verður hann ekki talinn ábyrgur fyrir vanefndaafleiðingum, en seljandinn getur ekki krafist greiðslu fyrir hlut þann sem eyðilagðist.

Reglurnar um áhættuskiptin ráða ekki úrslitum þegar leitað er svara við því hver beri ábyrgð á afhendingardrætti sem rekja má til útflutnings- eða innflutningsbanns eða annarra sambærilegra ákvarðana yfirvalda, sbr. skilgreininguna á greiðsludrætti í 22. gr. Svipuð sjónarmið geta átt við ef lagt er hald á söluhlut.

Áhættuskipti takmarka ekki rétt kaupanda til þess að rifta kaupum eða halda eigin greiðslu vegna vanefnda af hálfu seljanda sem til eru komnar eftir áhættuskiptin.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kemur fram meginreglan um það hvenær áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til kaupanda. Eins og í 1. mgr. 17. gr. gildandi laga er það meginregla samkvæmt frumvarpinu að áhættan flyst yfir við afhendinguna. Er hér höfð í huga hin raunverulega afhending, en ekki tíminn þegar afhending átti að eiga sér stað. Það hvenær afhending á að eiga sér stað getur komið fram í samningi, en að öðrum kosti gilda um það reglur 6. og 7. gr. frumvarpsins.

Í reiðukaupum, sbr. 6. gr., flyst áhættan yfir þegar kaupandinn eða einhver á hans vegum hefur tekið við hlutnum hjá seljandanum. Sé hlutur keyptur í búð flyst áhættan við það að hlutur er afhentur kaupanda yfir búðarborðið. Kaupandi verður því sjálfur að bera áhættuna ef hluturinn ferst þegar hann er á leið út úr versluninni. Í verslunum, þar sem er sjálfsafgreiðsla, t.d. áfengisverslun, ber að líta svo á að áhættan flytjist yfir á kaupanda þegar kaupandi hefur veitt hlutnum viðtöku, eftir atvikum innpökkuðum, og greitt hann, þ.e. eftir að kaupandinn hefur farið framhjá búðarkassa og innpökkunarstað. Ef hlut á að sækja annað en til seljanda gilda ákvæði 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins.

Í staðarkaupum, sbr. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, telst áhættan flytjast yfir til kaupanda þegar hann hefur veitt hlutnum viðtöku í samræmi við ákvæði greinarinnar. Sama gildir í neytendakaupum, jafnvel þótt hlut skuli senda á annan stað, sbr. 4. mgr. 7. gr. Í sendingarkaupum flyst áhættan í meginatriðum yfir til kaupanda þegar hlutur er afhentur þeim flytjanda sem tekið hefur að sér flutninginn frá sendingarstaðnum, sbr. 2. mgr. 7. gr. Annað getur þó leitt af samningsskilmálum, og í því tilviki verður áhættuflutningur þegar hlutur er afhentur í samræmi við það sem samið hefur verið um. Í stöðluðum afhendingarskilmálum er venjulega gert ráð fyrir því að afhendingarstaðurinn ráði úrslitum um áhættuflutninginn, sbr. 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 13. gr. er um það tilvik fjallað þegar afhending fer ekki fram eins og ráð var fyrir gert, og það má rekja til kaupandans eða atvika sem hann varða. Tímamarki áhættuskipta í þessum tilvikum er lýst á mismunandi hátt í nýju norrænu kaupalögunum. Í norsku lögunum er í meginatriðum miðað við það að hlutur sé kaupanda heimill til ráðstöfunar, og vanefndir af hans hálfu verða við það að hann veitir hlutnum ekki viðtöku. Viðmiðunarreglu norsku laganna verður að skoða í ljósi skyldu kaupanda til að veita hlut viðtöku, sbr. b-lið 50. gr., 51. gr. og b-lið 2. mgr. 57. gr. norsku laganna. Er farin sú leið í frumvarpi þessu. Samkvæmt þessu er það aðalsjónarmiðið að seljandinn ber áhættuna þar til hlutur hefur verið settur kaupanda til ráðstöfunar og að kaupandinn skuli bera áhættuna eftir þann tíma. Ástæðan er sú að sá sem hefur ráðstöfunarréttinn hefur jafnan bestu aðstöðuna til þess að varðveita hlutinn, þ.m.t. að tryggja hann. Þegar svo hagar til að hlut skal sækja til þriðja manns nægir að kaupanda sé kunnugt um að hlutur sé honum þar heimill til ráðstöfunar, sbr. 3. mgr. Þessi aðgreining er í bestu samræmi við 69. gr. SÞ-samningsins og endurspeglar eðlilega áhættuskiptingu milli seljanda og kaupanda.

Regla 2. mgr. felur það í sér að áhættan getur flust yfir til kaupanda áður en raunveruleg afhending hefur átt sér stað ef hlutur er kaupanda heimill til ráðstöfunar og afhendingartími er kominn.

Ákvæði 2. mgr. eiga ekki aðeins við í því tilviki þegar kaupandinn neitar að veita hlut viðtöku eða sækja hann, heldur líka þegar seljandinn heldur eigin greiðslu með heimild í 10. gr. frumvarpsins. Sama gildir þegar ástæðan er sú að kaupandinn hefur ekki léð annan atbeina sinn sem nauðsynlegur er til þess að afhending geti farið fram.

Ef kaupandi veitir ekki hlut viðtöku á réttum tíma flyst áhættan eins og nefnt hefur verið yfir til hans þegar hlutur er honum heimill til ráðstöfunar. Það viðbótarskilyrði kemur þó fram í greininni að það að veita hlutnum ekki viðtöku feli í sér vanefnd af hálfu kaupanda. Hér er því miðað við að kaupandinn hafi vanefnt þá skyldu sína að veita hlut viðtöku. Því nægir ekki að kaupandinn megi sækja hlut eða veita hlut viðtöku, heldur verður að koma fram af samningi að það sé beinlínis skylda hans. Það getur t.d. komið fram í samningi að kaupandi skuli veita honum viðtöku í síðasta lagi á tilteknum degi eða í tilteknum mánuði. Í slíku tilviki verður áhættuflutningurinn þegar sá tími er útrunninn.

Í 2. málsl. 2. mgr. kemur fram sérregla sem gildir í neytendakaupum. Felst í þeirri reglu að kaupandinn ber ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburðum, sem verða meðan hlutur er hjá seljandanum, og atburðinn er ekki unnt að rekja til eiginleika hlutarins sjálfs. Rökin fyrir reglunni eru þau að seljandinn hefur meiri möguleika en kaupandinn til þess að fá slíkt tjón bætt, t.d. með vátryggingu eða á annan sambærilegan hátt. Þá má og segja að í neytendakaupum sé það að öllu jöfnu eðlilegast að leggja áhættuna af tilviljunarkenndum atburði á seljandann meðan hann hefur hlutinn undir höndum. Með hliðsjón af ákvæðum 72. gr. frumvarpsins er það og eðlilegast að seljandinn sjái um vátryggingu. Þetta er að vísu ekki það

sem ræður áhættuskiptunum, en seljandinn er í flestum tilvikum sá sem á auðveldast með að komast hjá eða draga úr afleiðingum tilviljunarkenndra atvika.

Í 2. málsl. 2. mgr. eru nefnd þrjú skilyrði sem fullnægja þarf svo að ákvæði greinarinnar eigi við: Í fyrsta lagi verður atburðurinn að vera tilviljunarkenndur. Seljandi ber því áhættuna af tjóni sem verður t.d. vegna bruna hjá honum og enn fremur áhættuna af tjóni vegna verknaðar þriðja manns, t.d. þjófnaði, en ekki tjóni sem má rekja til kaupanda sjálfs eða manna á hans vegum. Í öðru lagi verður hlutur að vera hjá seljanda. Í þessu felst að hlutur sé á lager hans, verkstæði eða annarri atvinnustöð. Ef hlut skal sækja á annan stað gildir regla 3. mgr. 13. gr. Neytandinn ber þá áhættuna þegar afhendingartími kemur og hann veit að hluturinn er fullbúinn og honum til ráðstöfunar. Í þriðja lagi á greinin því aðeins við að tjón verði ekki rakið til eiginleika hlutarins sjálfs, t.d. ef matvörur skemmast.

Í 3. mgr. er sérregla sem fjallar um það tilvik þegar kaupandi á að sækja hlutinn á annan stað en til seljanda, þ.e. til þriðja manns, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. Áhættan flyst þá yfir til kaupanda þegar afhendingartími er kominn og kaupanda er kunnugt um að hlutur er honum heimill til ráðstöfunar á umsömdum afhendingarstað. Það er nóg að afhendingartími sé kominn skv. 3. mgr. 9. gr., þ.e. að hlut megi sækja samkvæmt samningnum. Það er ekki forsenda áhættuskipta að kaupandinn hafi haft hæfilega langan tíma til að sækja hlutinn, en kaupandinn þarf að hafa fengið raunverulega vitneskju um að hlutur sé honum til reiðu. Slíka vitneskju kann hann að hafa fengið frá seljanda, en það nægir að hann hafi fengið vitneskjuna með öðrum hætti, t.d. frá þeim sem annast um hlutinn fyrir seljandann. Ákvæðið svarar til 2. mgr. 69. gr. SÞ-samningsins.

Um 14. gr.

Í ákvæði þessu kemur fram viðbótarskilyrði fyrir flutningi áhættu frá seljanda til kaupanda þegar um tegundarákveðna hluti er að ræða. Ákvæðið á því ekki við þegar keyptir eru einstaklega ákveðnir hlutir eða þegar um pöntunarkaup er að ræða. Í slíkum tilvikum hefur sérgreining farið fram þegar við kaup. Nauðsynleg sérgreining getur farið fram með merkingu vörunnar eða auðkenningu geymslustaðar, með því að sérgreina hana í flutningsskjali eða með tilkynningu til kaupanda. Ef varan sjálf er ekki merkt verður að taka hana frá fyrir kaupanda eða sérgreina fyrir hann með öðrum hætti. Þegar sérgreining fer fram með tilkynningu verður hún að hafa verið send í samræmi við ákvæði 82. gr. Eins og áður greinir felur sérgreiningin í sér viðbótarskilyrði varðandi flutning áhættu skv. 13. gr.

Að því er varðar aðalregluna í 1. mgr. 13. gr., þ.e. að áhætta flytjist yfir við afhendingu, skal tekið fram að sé vara send án þess að hún sé sérgreind, t.d. afhent sem búlkaður farmur, getur áhættuflutningur fyrst orðið þegar búið er taka hið keypta frá fyrir kaupanda. Með vöruflutningum er oft verið að fullnægja mörgum pöntunum samtímis og stundum er flutt meira magn en pantað er. Tilgangurinn með sérgreiningarkröfunni er að hindra að menn geti skotið sér undan ábyrgð ef tjón verður á hluta farmsins meðan á flutningi stendur.

Um 15. gr.

Í frumvarpsgreininni felst nýmæli sem ekki á sér hliðstæðu í gildandi lögum. Regla, sem fram kemur í ákvæðinu, varðar það hvenær áhættuskipti verða þegar keyptur er hlutur sem aðilar vita að er í flutningi þegar samningur er gerður, t.d. olíufarmur í skipi eða annar fljótandi varningur. Er meginreglan þá sú að áhættuskipti verða þegar við kaupin. Sem dæmi um þetta má nefna að tjón verður t.d. vegna óveðurs, stríðs eða áreksturs.

Á það hefur verið bent að ákvæði þetta geti leitt til sönnunarvandkvæða því að oft er ómögulegt að staðreyna í hvaða ástandi hlutur var við samningsgerðina, t.d. þegar vatnsskaði

verður, vörur rotna o.s.frv. Þetta á sérstaklega við þegar hlutir eru fluttir í gámi. Á það má í sjálfu sér fallast að sönnunarvandkvæði geti komið upp, en telja verður að þau séu ekki óyfirstíganleg. Þar við bætist að meginregluna verður að skoða í því ljósi að kaupandinn ber áhættuna frá fyrra tímamarki, ef það er ljóst samkvæmt atvikum að hann hefur tekið slíka áhættu á sig.

Sú undantekning að kaupandi beri áhættuna frá fyrra tímamarki getur því aðeins átt við að slíkt megi leiða af samningi aðila. Í því sambandi er nægilegt að hlutlæg túlkun á tilgangi samningsins fái samrýmst vilja aðilanna. Tiltekin ytri atvik geta legið fyrir sem létta sönnunina að þessu leyti. Sem dæmi um þetta má nefna flutningsskilríki eða vátryggingarskírteini, sem afhent eru kaupandanum, þótt í þeim séu ekki bein ákvæði um áhættuna. Svipað gildir þegar það er upplýst að seljandinn hefur tryggt eða á að tryggja vöruna. Má þá eftir atvikum telja líklegt að hann geri það vegna áhættu kaupanda og allt frá byrjun ferðarinnar.

Í síðari málslið 1. mgr. kemur fram að seljandi beri í öllum tilvikum áhættuna af því tjóni sem hann vissi eða mátti vita um við kaupin en upplýsti kaupanda ekki um. Álitamál er hvernig með á að fara ef hin vonda trú á einungis við um hluta af tjóninu. Sennilegt er að þá gildi sama regla, a.m.k. þegar það tjón, sem á eftir kemur, stendur í tilteknu samhengi við það tjón eða þá áhættu sem vonda trúin á við um. Þetta getur t.d. átt við um leka eða vatnsskaða sem síðan breiðist út eða endurtekur sig hvað eftir annað.

Samkvæmt 2. mgr. gildir regla 1. mgr. ekki í neytendakaupum.

Um 16. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt 2. mgr. 60. gr. gildandi laga og fjallar um áhættuskipti þegar hlutur er seldur til reynslu eða um annars konar skilarétt er að ræða, t.d. eftir skoðun. Kaup til reynslu eiga sér stað á grundvelli sérstaks samnings eða venju sem mælir fyrir um að kaupandinn þurfi ekki að standa við kaupin en hafi þess í stað rétt til þess að skila hlutnum innan tiltekins frests. Raunhæft dæmi um þetta er þegar kaupandinn fær bækur, föt, tæki o.fl. með rétti til að skila hlutunum eða skipta þeim. Algengt er að póstpantanir séu með skilarétti.

Áhættan flyst á venjubundinn hátt yfir til kaupanda við afhendinguna, sbr. ákvæði 13.–15. gr. Ef kaupandinn ákveður að skila hlutnum flyst áhættan aftur yfir til seljanda þegar hann hefur veitt hlutnum viðtöku. Seljandi telst hafa veitt hlut viðtöku þegar hann hefur sótt hlutinn eða tekið við honum, sbr. nánar b-lið 50. gr. Kaupandinn ber samkvæmt þessu áhættuna af tilviljunarkenndum atvikum sem verða á leið hlutarins til seljandans, jafnvel þótt hann sé sendur í pósti eða með sjálfstæðum flytjanda, og er þetta í samræmi við ákvæði í kaupalögum annarra norrænna ríkja.

Ákvæði 16. gr. eiga ekki við þegar kaupandinn hefur rétt til að skila hlutnum í samræmi við ákvæði laga um húsgöngu- og fjarsölu, nr. 96/1992. Gilda þá ákvæði þeirra laga.

Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess að hvaða marki kaupandi hefur rétt til að taka hlutinn úr umbúðum og reyna hann. Heimildir í þeim efnum geta verið mismunandi frá einu sviði viðskipta til annars og eru auk þess háðar samningi eða forsendum hans og þá alveg sérstaklega tilganginum með reynslukaupunum. Þó má segja að það sé almenn regla að leyft sé að vara sé tekin upp með gát og hún reynd.

Það að kaupandi beri áhættuna felur í sér að hlutnum verður að skila án slits eða óhreinkunar, þ.e. í stuttu máli í óbreyttu ástandi og án þess að bera merki notkunar. Undantekningu frá þessu verður þó að gera þegar breyting eða rýrnun má rekja til aðstæðna sem varða seljanda. Þó verður kaupandi sennilega að bera áhættu af rýrnun sem rekja má til eiginleika söluhlutar.

Reglur 66. gr. um missi réttar til riftunar gilda ekki í þessu tilviki, enda eru þær reglur byggðar á því að á söluhlut sé verulegur galli sem seljandi beri ábyrgð á.

Það fer eftir samningi aðila hve reynslutími og frestur til að skila hlutnum er langur. Ef ekkert er um þetta samið verður um það að fara eftir því sem sanngjarnt má telja þegar litið er til tegundar hlutar, þarfa aðila og hugsanlegrar venju á því viðskiptasviði, sem um er að ræða, og loks með hliðsjón af fyrri venjum í viðskiptum milli aðilanna.

Um IV. kafla.

Í kafla þessum eru ákvæði um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Í 17. gr. eru grundvallarreglur um hvenær galli telst vera til staðar. Meginreglan er sú að hlutur skal vera í samræmi við það sem leiðir af samningi en einnig er þar skilgreint hvað skuli teljast gallar ef slíkt kemur ekki fram í samningnum. Í 18. gr. kemur fram að reglurnar um galla gilda einnig þegar hlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem um hann hafa verið gefnar. Í 19. gr. er fjallað um þýðingu þess þegar söluhlutur er seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkum almennum fyrirvara. Í 20. gr. er getið nokkurra skilyrða fyrir því að kaupandi geti komið fram með kröfur á hendur seljanda vegna galla á söluhlut. Meginreglan er sú að kaupandinn getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi um eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Sama gildir hafi kaupandi rannsakað söluhlut eða sýnishorn áður en kaup voru gerð eða látið slíka rannsókn undir höfuð leggjast án gildrar ástæðu. Í 21. gr. er fjallað um það tímamark sem miða skal við þegar metið er hvort söluhlutur sé gallaður. Meginreglan er sú að miðað skal við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til kaupanda. Frá þessu eru nokkrar undantekningar í 2. mgr. 21. gr.

Um 17. gr.

Í 17. gr. frumvarpsins eru grundvallarreglur þær sem varða eiginleika söluhlutar og þar með hvenær galli telst vera til staðar. Sambærileg ákvæði eru ekki í gildandi lögum, en hins vegar í 35. gr. SÞ-samningsins.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að söluhlutur skal vera í samræmi við það sem leiðir af samningi. Á það bæði við um tegund hlutar, magn, gæði og aðra eiginleika auk innpökkunar hlutarins. Tilvísun til magnsins verður að skoða með hliðsjón af ákvæði 2. mgr. 43. gr. frumvarpsins, sem felur það í sér að unnt er að beita reglunum um galla þegar afhendingu er áfátt hvað magn varðar. Með öðrum eiginleikum í ákvæðinu er t.d. átt við geymsluþol vöru.

Hvað innpökkun varðar er ljóst að tjón, sem verður á umbúðum, leiðir ekki sjálfkrafa til þess að kaupandi geti beitt gallaúrræðum ef söluhluturinn sjálfur hefur ekki orðið fyrir neinum skemmdum. Í því tilviki hefur innpökkunin einmitt náð tilgangi sínum, þ.e. að varna því að hluturinn verði fyrir tjóni. Þetta getur þó horft öðruvísi við þegar um hlut er að ræða sem ætlaður er til áframhaldandi flutnings í sömu umbúðunum. Innpökkun vöru getur einnig haft sjálfstæða þýðingu í öðrum samböndum. Ef það leiðir t.d. af samningi að hlut skal pakka inn fyrir flutning og það hefur ekki verið gert þegar kaupandi kemur til að sækja hann er um galla að ræða í skilningi 17. gr. Innpökkun hefur stundum sjálfstæða þýðingu fyrir kaupanda sem hyggst endurselja söluhlut. Þetta á við um gjafavörur, t.d. ýmiss konar skrautvörur, en einmitt þar hefur innpökkunin sjálf mikla þýðingu við markaðssetningu.

Ef hlutur hefur ekki til að bera þá eiginleika, sem leiða má af samningi, telst galli vera til staðar. Það getur t.d. verið að ekki sé fullnægt þeirri tæknilegu útfærslu sem samningur gerir ráð fyrir. Ef seljandi hefur ábyrgst eða heitið tilteknum eiginleikum varðandi hlutinn er um galla að ræða ef þessir eiginleikar eru ekki til staðar. Skiptir þá í sjálfu sér ekki máli hvort

hlutur sá, sem afhentur var, hefur sama verðmæti og notagildi samkvæmt tilgangi sínum og hinn umsamdi hlutur. Hafi maður t.d. keypt rauða skyrtu en fær bláa afhenta er um galla að ræða. Eins má nefna það dæmi að jafnvel þótt hlutur sé í sjálfu sér í lagi og geti þjónað hlutverki sínu er samt sem áður um galla að ræða ef ekki er hægt að setja hann upp með þeim einfalda hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir. Þetta getur t.d. átt við um vél sem erfitt reynist að setja í skip eða bíl.

Í þeim áskilnaði að hlutur skuli vera í samræmi við það sem „leiðir af samningi“ felst ekki einungis tilvísun til texta samningsins heldur og forsendna aðila, auk þess sem önnur atvik í sambandi við kaupin geta haft þýðingu. Sem dæmi um þetta má nefna að kaupandi gengur út frá því að dráttarvél megi bæði nota til venjulegra landbúnaðarverka og malarnáms. Þýðing samnings og samningsforsendna kemur oft vel í ljós þegar tilgangurinn með samningnum er annar en vanalegt er. Ef samningurinn snýst t.d. um kaup á bílum til niðurrifs getur kaupandinn ekki borið það fyrir sig að ekki sé unnt að fá bílinn skráðan til aksturs. Í mörgum tilvikum er söluhlut ekki nákvæmlega lýst í samningi. Í slíkum tilvikum verður söluhlutur að hafa þá eiginleika sem slíkir hlutir hafa venjulega. Samningskjör veita oft vísbendingu um hvernig þessu er nánar varið, t.d. það verð sem hlutur er keyptur á.

Í 2. mgr. er fjallað um þær kröfur, sem gerðar eru til eiginleika söluhlutar, þótt ekki leiði þá af samningnum sjálfum eða forsendum hans eins og getið er um í 1. mgr. Skilyrði 2. mgr. hafa því sjálfstæða þýðingu gagnvart 1. mgr., en þó ber þess að geta að sömu skilyrði leiðir yfirleitt af samningi. Á hinn bóginn verður að hafa í huga að upptalning 2. mgr. er ekki tæmandi, heldur eru þar nefnd í dæmaskyni nokkur mikilvæg atriði sem þýðingu hafa við mat á eiginleikum söluhlutar. Venjulegur stóll verður t.d. að þola þyngd fullorðins manns, og nýr einkabíll verður að vera rykþéttur og hafa sömu lita- og lakkeiginleika og nýir bílar hafa yfirleitt. Það að hlutur hefur ekki venjulega endingu getur verið galli. Of stuttur endingartími getur t.d. stafað af því að ekki hefur verið komið í veg fyrir að bíll ryðgi óeðlilega. Takmarkað öryggi getur líka talist galli í þessum skilningi, t.d. ef hlutur hefur ekki þá öryggiseiginleika sem kaupandinn gat búist við samkvæmt markaðsauglýsingum. Ákvæði 2. mgr. víkja að sjálfsögðu ef annað leiðir af samningi, svo sem berum orðum er tekið fram í upphafsorðunum.

Í a-lið 2. mgr. er sá áskilnaður gerður að hlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Hlutur skal með öðrum orðum fullnægja ákveðnum almennum lágmarksskilyrðum hvað eiginleika varðar. Hins vegar er ljóst að ólíkir hlutir geta verið mismunandi að gæðum án þess þó að sá lakasti teljist gallaður. Við mat í þeim efnum verður að taka sanngjarnt tillit til ýmissa atvika við kaupin, t.d. verðsins. Ákvæðið felur það að öðru leyti í sér að hafi hlutur ekki þá eiginleika til að bera sem sambærilegir hlutir venjulega hafa telst hann gallaður, jafnvel þótt hann megi nota í þeim tilgangi sem kaupandinn ætlaðist til. Sem dæmi má nefna kaup á bíl og í ljós kemur að hann eyðir óeðlilega miklu bensíni. Bensíneyðslan er í sjálfu sér ekki því til fyrirstöðu að nota megi bílinn, en ekki er úr vegi að telja bensíneyðsluna galla, ef annað leiðir ekki af samningi.

Í b-lið er ákvæði sem fjallar um það tilvik þegar kaup eru af kaupanda hálfu gerð í sérstökum tilgangi og ekki er venjulegt að nota hlutinn í samræmi við hann. Skv. b-lið á hluturinn einnig að henta í þessum tilgangi. Það er skilyrði þess að b-liður eigi við að seljandinn hafi við kaupin vitað eða mátt vita um tilgang kaupanda. Samkvæmt ákvæðinu er það vitneskja seljanda við kaupin sem máli skiptir. Ef seljandi veit eða má vita á grundvelli slíkrar vitneskju að söluhlutur hentar ekki í þessum sérstaka tilgangi verður seljandi að upplýsa kaupanda um það. Fái seljandi hins vegar ekki þessa vitneskju fyrr en eftir að kaup gerðust, en áður en afhendingin átti sér stað, getur kaupandinn ekki borið galla fyrir sig, jafnvel þótt

hluturinn henti ekki í þeim tilgangi sem hann á að nota til. Í því orðalagi að seljandi „mátti vita“ um tilgang kaupanda felst að ekki má vera til staðar nein sanngjörn ástæða sem afsakar ókunnugleika seljanda um hinn sérstaka tilgang. Í b-lið 2. mgr. 35. gr. SÞ-samningsins er orðalag um þetta efni með nokkuð öðrum hætti, en þar er skírskotað til „particular purpose expressly or impliedly made known to the seller“. Telja verður að þetta orðalag leiði til sömu niðurstöðu og orðalag b-liðar.

Ákvæði b-liðar hefur sérstaka þýðingu þegar kaupandi getur ekki tilgreint nákvæmlega sérstaka eiginleika söluhlutar á annan veg en að lýsa tilgangi kaupanna. Seljandinn hefur oft þá sérkunnáttu sem nauðsynleg er til þess að velja þann hlut sem hentar í þeim tilgangi sem lýst var. Vöruúrval er nú á tímum oft svo fjölbreytt og ýmsar vörur miðaðar svo mjög við sérstakar notkunarþarfir einstaklinga að það er vandasamt fyrir óreyndan kaupanda að velja hið rétta. Jafnvel þótt nota mætti aðra hluti í staðinn getur verið að þeir séu óhentugri eða dýrari í rekstri en þeir sem henta best. Þegar svo stendur á ber seljandi ábyrgð á því að gefa kaupanda réttar upplýsingar um val hlutar. Þegar pantaðir eru varahlutir verða þeir auðvitað að hæfa aðalhlut, bæði með hliðsjón af því að fella þessa hluti saman og því hlutverki sem aðalhlut er ætlað að gegna. Þannig verða hjólbarðar t.d. að vera af réttri stærð fyrir felgurnar og fullnægja þeim öryggiskröfum sem gerðar eru til bifreiðarinnar.

Í sumum tilvikum hefur kaupandinn mesta sérþekkingu til að bera þegar metið er hvaða eiginleika söluhlutur skal hafa svo að tilgangi kaupanna verði náð. Birtist það þá gjarnan þannig gagnvart seljanda að kaupandinn treystir ekki á sérþekkingu hans. Í slíkum tilvikum er lítil sanngirni í því að seljandinn beri ábyrgð á því að ekki hefur náðst hinn sérstaki tilgangur með kaupunum þótt honum hafi mátt vera um það kunnugt. Því er gerð undantekning varðandi þau tilvik þar sem atvik bera það með sér að kaupandinn hefur ekki, hvað hinn sérstaka tilgang varðar, byggt á sérþekkingu seljanda eða mati hans eða hafði ekki sanngjarna ástæðu til þess. Undantekning þessi á t.d. við þegar kaupandi hefur lagt fram nákvæma tæknilega sundurliðun á eiginleikum hlutar. Ef hluturinn er gæddur þessum eiginleikum getur kaupandinn ekki borið það fyrir sig gagnvart seljanda að hann geti ekki notað hlutinn.

Í c-lið felst að hlutur verður að hafa sömu eiginleika og prufur og líkön. Einungis prufur og líkön, sem seljandinn hefur lagt fram, hafa þýðingu í þessu sambandi. Þá á áskilnaður greinarinnar einungis við um þá eiginleika sem seljandinn hefur vísað til með því að leggja fram prufur eða líkön. Ákvæðið fjallar ekki um þýðingu þess að kaupandi hefur lagt fram prufur eða líkön. Samningur getur eigi að síður borið það með sér að hlutur skuli vera í samræmi við þá eiginleika sem framlagðar prufur og líkön kaupanda hafa til að bera. Í framkvæmd kemur stundum fyrir að eiginleikar vörunnar eiga að fullnægja mati sérfróðra eftirlitsmanna eða annarra slíkra. Þessi tilvik falla ekki beint undir ákvæði c-liðar, en geta eftir atvikum fallið undir 1. mgr.

Í d-lið eru ákvæði um innpökkun söluhlutar og tengjast þau tilgangi innpökkunar. Skylda seljanda nær því einungis svo langt sem nauðsynlegt er til þess að varðveita og vernda hlutinn. Ef hlut er pakkað inn á venjulegan hátt er það að öllu jöfnu nægilegt ef ekki má leiða af sérstökum atvikum að meira þurfi til þess að vernda hlutinn og varðveita. Ákvæðið felur ekki í sér að söluhlutur þurfi alltaf að vera pakkaður inn. Bílar og sandur eru söluhlutir sem að jafnaði þarf ekki að pakka inn. Að öðru leyti verður að skýra hugtakið umbúðir rúmri skýringu. Dýrum er t.d. venjulega ekki pakkað inn þótt þau séu send frá einum stað til annars, en þess í stað er sú krafa gerð að flutningur fari fram í forsvaranlegum búrum eða með áþekkum hætti.

Í 3. mgr. er skírskotað til þeirra eiginleika söluhlutar sem leiðir af lögum eða öðrum opinberum ákvörðunum á þeim tíma sem kaup áttu sér stað, og er gildissviðið takmarkað við

neytendakaup. Ákvæðið hefur mesta þýðingu þegar um öryggisráðstafanir og ýmis stöðluð ákvæði í lögum og reglugerðum er að ræða. Þetta á einkum við um almennar reglur, t.d. um eiginleika rafmagnshluta. Ákvæðið á einnig við um einstakar ákvarðanir, t.d. samþykkt eða dóm sem bannar sölu tiltekinnar framleiðslu.

Ákvæði 3. mgr. fjallar einungis um eiginleika söluhlutar. Kröfur, sem varða þær upplýsingar sem veita skal um tiltekna framleiðslu, falla utan ákvæðisins. Sem dæmi um þetta má nefna ákvæði laga um skyldu til þess að auglýsa hættu á heilsutjóni við tóbaksreykingar. Eftir atvikum getur það verið galli skv. 18. gr. ef slíkar upplýsingar vantar. Opinberar reglur, sem kveða á um notkun hlutar í tilteknu skyni, falla einnig utan ákvæðisins því að beiting reglnanna hvílir á athöfnum kaupandans eftir að kaup áttu sér stað. Seljandi snjósleða ber því ekki ábyrgð á því að kaupandinn fái heimild til þess að aka snjósleðanum um eignarlönd annarra manna. Sama er um þann sem kaupir skotvopn. Hann getur ekki ætlast til þess að seljandinn beri ábyrgð á því hvort hann fær skotvopnaleyfi eða ekki.

Kröfur, sem verða til eftir að kaup eru gerð, falla utan ákvæðisins, en það getur hins vegar leitt af samningi að slíkar kröfur hafi þýðingu. Þar við bætist að atvik, sem verða til þess að notkun hlutarins er bönnuð, geta leitt til þess að ekki sé unnt að ná því markmiði sem að var stefnt með kaupunum.

Í 3. mgr. er gerð sú undantekning viðvíkjandi eiginleikum söluhlutar að aðstæður kunni að sýna að kaupandi byggi ekki á sérfræðiþekkingu og mati seljanda með tilliti til þeirra. Þetta getur t.d. átt við um sérfróðan neytanda sem kaupir bíl í óökuhæfu ástandi, hyggst nota sérþekkingu sína til að gera við hann og láta skrá hann á nýjan leik.

Ekki kemur fram í 3. mgr. neitt um það hvernig með skal fara þegar söluhlutur fullnægir ekki kröfum opinbers réttar, sem fram koma í lögum eða opinberum ákvörðunum, þegar ekki er um neytendakaup að ræða. Það útilokar samt sem áður ekki að unnt sé að beita gallareglunum varðandi slíka annmarka. Oftast verður að gera ráð fyrir að annmarkar af því tagi reiknist sem gallar ef önnur skilyrði 17. gr. eru fyrir hendi.

Í 4. mgr. er að finna ákvæði sem sett er inn í samræmi við tilskipun 99/44/EB, sbr. 2. gr. (5) í tilskipuninni. Þetta ákvæði hefur oft verið nefnt IKEA-ákvæðið en það felur í sér að það er á ábyrgð seljanda að veita greinargóðar og skýrar leiðbeiningar til neytanda þegar hinn síðarnefndi á að setja vöruna saman sjálfur. Fullnægi seljandi ekki þessari skyldu og neytanda tekst ekki að setja hlutinn rétt saman af þeim sökum telst varan gölluð af hendi seljanda. Í ákvæðinu er einnig tekið fram að hafi seljandi tekið að sér samsetningu hlutar þegar um neytendakaup er að ræða teljist hann gallaður ef orsök gallans er rakin til rangrar samsetningar seljanda. Með orðinu samsetningu er einnig litið svo á að undir það geti jafnframt fallið uppsetning hlutar af hálfu seljanda.

Í 5. mgr. segir að hlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1.–4. mgr., og þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 18. gr.

Regla 18. gr. er viðbót við 17. gr. að því leyti að í 18. gr. kemur fram að reglurnar um galla gilda einnig þegar hlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem um hann hafa verið gefnar. Í núgildandi löggjöf er ekki sambærilegt ákvæði við það sem hér er lagt til að lögtekið verði. Ákvæðið ber að skoða með hliðsjón af 86. gr. frumvarpsins um ábyrgð á upplýsingum skv. 18. gr. Í SÞ-samningnum er ekki ákvæði sem er beinlínis sambærilegt 18. gr. frumvarpsins. Að vissu marki mundi hins vegar ábyrgð vegna upplýsinga leiða af ákvæðum 17. gr., sbr. 35. gr. SÞ-samningsins. Að því marki sem 18. gr. gengur lengra en 17. gr. verður að líta á 18. gr. sem nánari útfærslu 17. gr. um atriði sem ekkert er sagt um í SÞ-samningnum.

Í 1. mgr. er fjallað um þær upplýsingar sem gefnar eru að frumkvæði seljanda. Þær kunna að hafa komið fram við almenna markaðssetningu en einnig á annan hátt, t.d. beint gagnvart kaupanda. Ekki er það skilyrði samkvæmt ákvæðinu að upplýsingarnar hafi verið gefnar skriflega. Þær kunna t.d. að hafa komið fram gagnvart kaupanda í samningsskjali, í bréfaskiptum eða munnlega við samningsgerð. Markaðssetning getur t.d. gerst með auglýsingum, í kvikmyndum, á myndböndum o.s.frv.

Til þess að upplýsingar geti verið grundvöllur ábyrgðar verða þær að hafa verið afmarkaðar og að vissu marki sérgreindar. Oft eru upplýsingar, sem fram koma við markaðssetningu, svo almennar og óljósar að þær geta ekki orðið grundvöllur kröfugerðar á hendur seljanda vegna galla. Slíkar upplýsingar geta þó haft vissa þýðingu við mat á því hverra gæða varðandi hlutinn kaupandinn gat vænst.

Í ákvæðinu er ekki berum orðum getið um neina tímaviðmiðun varðandi upplýsingarnar. Þar sem það er skilyrði að um sé að ræða upplýsingar sem ætla má að áhrif hafi haft á kaupin segir það sig sjálft að ákvæðið tekur aðeins mið af þeim upplýsingum sem gefnar voru fyrir eða við kaupin.

Ekki er það skilyrði að seljandinn hafi sjálfur persónulega gefið upplýsingarnar, enda er það svo í mjög mörgum tilvikum að seljandinn er ekki einstaklingur, heldur félag eða fyrirtæki. Seljandinn ber ábyrgð á þeim upplýsingum, sem hann sjálfur, starfsmenn hans eða aðrir þeir, sem fram koma fyrir hans hönd, hafa gefið, enda hafi þeir haft umboð eða heimild til þess. Þetta getur t.d. átt við um starfsmenn í söludeildum eða stjórnarmenn sem gefa upplýsingar í tengslum við kaup. Það er ekki skilyrði að viðkomandi hafi umboð til þess að gera sjálfan kaupsamninginn, heldur nægir að hann haft umboð til þess að gefa upplýsingarnar sjálfar. Sem dæmi um þetta má nefna að mörg fyrirtæki hafa sérstakar markaðsdeildir sem eiga að annast markaðssetningu en hafa hins vegar enga heimild til þess að gera kaupsamninga.

Ákvæðið kveður aðeins á um það hvað teljist til galla, en segir ekkert um afleiðingar þess að galli er til staðar. Það er ekki skilyrði þess að ákvæðið eigi við að seljandinn hafi sýnt af sér gáleysi við upplýsingagjöf eða gefið upplýsingar gegn betri vitund. Þótt seljandanum hafi ekki verið ljóst að upplýsingar væru rangar, eða hann eftir atvikum hefur verið í góðri trú, getur eigi að síður verið unnt að líta svo á að söluhlutur sé gallaður ef hann er ekki í samræmi við upplýsingarnar. Þegar hins vegar kemur að afleiðingum gallans getur huglæg afstaða seljandans haft þýðingu eins og við galla annars.

Upplýsingar um hlutinn og notkun hans koma margar fram í leiðbeiningum sem fylgja honum við afhendinguna. Venjulega er það svo að hluti þessara upplýsinga hefur ekki komið fram í tengslum við kaupin. Upplýsingar í leiðbeiningunum falla því ekki beint undir orðalag ákvæðisins. Ef hlutur er í samræmi við samningsskilmála, eða öðrum skilyrðum 17. gr. er fullnægt, skiptir ekki máli hvort upplýsingar í leiðbeiningum eru réttar eða rangar. Hins vegar er hugsanlegt að upplýsingar þær, sem fram koma í slíkum leiðbeiningum, leiði til þess að hlutur verði notaður á rangan hátt og það leiði til tjóns á hlutnum. Sem dæmi um þetta má nefna það tilvik þegar rangar upplýsingar í leiðbeiningum um vinnslugetu heimilistækis leiða til þess að það er notað meira en það þolir.

Að söluhlutur svari ekki til þeirra upplýsinga, sem seljandinn hefur gefið, tekur í fyrsta lagi til allra upplýsinga sem eru rangar. Skiptir þá ekki máli hvort það er einungis tiltekinn hlutur sem ekki hefur þá eiginleika sem í upplýsingunum fólust eða hvort það er öll framleiðslan sem eiginleikana skortir. Til dæmis er hugsanlegt að öll framleiðslan sé seld undir heiti sem ekki svarar til innihalds hennar. Í öðru lagi tekur ákvæðið til upplýsinga sem eru í sjálfu sér réttar en eru settar fram villandi hátt. Reglur um upplýsingaskyldu seljanda verð-

ur að öðru leyti ávallt að skoða í ljósi reglna um rannsóknarskyldu kaupandans og öðru leyti vitneskju hans um hlutinn, sbr. 20. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er fjallað um þær upplýsingar sem annar en seljandinn hefur gefið á hans vegum eða gefnar hafa verið á fyrri sölustigum. Gildissviðið er takmarkað við þær upplýsingar sem veittar eru við markaðssetningu, en ekki skiptir máli hvernig hún hefur farið fram. Í 18. gr. eru umbúðir söluhlutar og auglýsingar nefndar sérstaklega, en það er einungis í dæmaskyni. Seljandinn ber samkvæmt ákvæðinu ekki ábyrgð á upplýsingum, sem veittar eru í öðru samhengi en við markaðssetningu. Þegar um markaðssetningu söluhlutar er að ræða ber seljandinn ekki einungis ábyrgð á fyrri söluaðilum, heldur einnig á öðrum sem sjá um markaðssetningu hlutarins, t.d. framleiðandanum eða innflytjanda, en orðalagið takmarkar þetta þó við þá sem annast markaðssetningu *á vegum* seljanda eða fyrri söluaðila. Af þessu leiðir að utan gildissviðs ákvæðisins falla upplýsingar sem samkeppnisaðilar hafa gefið um sambærilega hluti.

Til sanns vegar má færa að sú regla að seljandinn beri ábyrgð á upplýsingum sem gefnar hafa verið við markaðssetningu af hálfu fyrri söluaðila sé nokkuð ströng í garð seljandans. Á hinn bóginn er til þess að líta að það er ekki óeðlileg krafa til seljanda að við kaup af sinni hálfu kynni hann sér þær upplýsingar sem fyrri söluaðilar hafa gefið. Þá er heldur ekki ósanngjarnt að krefjast þess af honum að hann fylgist með nýjungum á sínu sviði, m.a. með eigin markaðssetningu í huga. Í öðrum kaupum en neytendakaupum er hins vegar ekki eðlilegt, að seljandinn beri ábyrgð á upplýsingum sem aðrir hafa gefið ef hann hvorki vissi né mátti vita að upplýsingarnar voru gefnar eins og í ákvæðinu segir. Í neytendakaupum er hins vegar þörf á strangari reglum.

Tilvísun 2. mgr. til 1. mgr. 18. gr. felur í sér að upplýsingar þær, sem nefndar eru í 2. mgr., þurfa að vera þess eðlis að ætla megi að þær hafi haft áhrif á kaupin.

Í 3. mgr. kemur fram sú undantekning að reglur 1. og 2. mgr. eiga ekki við þegar réttar upplýsingar koma fram á skýran og skilmerkilegan hátt og með nægum fyrirvara. Ákvörðun um það hvenær upplýsingar koma nógu skýrt fram veltur m.a. á efni þeirra, á hvern hátt þær voru gefnar, af hverjum og í hvaða tilgangi. Almennt verður að krefjast þess að leiðréttar upplýsingar séu veittar á álíka áhrifaríkan hátt og hinar upprunalegu upplýsingar voru veittar. Hafi upphaflegar upplýsingar verið veittar kaupandanum beint og milliliðalaust er því ekki nóg að leiðrétting komi fram í auglýsingu. Á hinn bóginn er einnig unnt að hugsa sér þau tilvik að ekki nægi að leiðrétta upplýsingar í auglýsingum þótt upphaflegu upplýsingarnar hafi verið gefnar með þeim hætti.

Til þess að unnt sé að halda því fram að leiðréttar upplýsingar hafi verið gefnar með nægum fyrirvara verða þær að hafa verið til staðar á réttan hátt áður en kaup voru gerð. Ekki er það skilyrði að leiðréttar upplýsingar séu komnar til vitundar kaupanda, heldur nægir að þær hafi verið gefnar í tíma með þeim hætti að slíkt sé almennt til þess fallið að geta leiðrétt rangan skilning kaupanda í sambærilegum tilvikum. Ef seljandanum er ljóst í sambandi við kaupin að kaupandinn hefur ekki skilið leiðréttinguna getur seljandinn ekki hagnýtt sér það.

Um 19. gr.

Sambærilegt ákvæði er hvorki í gildandi lögum né í SÞ-samningnum, en reglur 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar svara að nokkru til 48. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. 19. gr. er fjallað um þau tilvik þegar seljandinn hefur gert þann fyrirvara að hlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“, eða fram kemur annar álíka almennur fyrirvari af hans hálfu. Af orðalagi ákvæðisins leiðir að gera verður sérstakan fyrirvara um þetta efni og gildir það því yfirleitt ekki um sölu nýrra eða notaðra hluta án slíks fyrirvara. Það leiðir

af ákvæðum 3. gr. frumvarpsins að seljandi getur almennt gert fyrirvara um ábyrgð sína vegna galla. Ákvæði þetta gerir einnig ráð fyrir því að fyrirvarar, jafnvel þótt þeir séu almennir, séu venjulega gildir. Það felst í ákvæðinu að almenna fyrirvara er ekki unnt að túlka bókstaflega því að seljandinn ber ávallt ábyrgð á ákveðnum göllum, þ.e. þeim göllum sem nefndir eru í a–c-liðum 1. mgr. Rétt er hins vegar að hafa í huga að ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg í öðrum kaupum en neytendakaupum ef að er staðið með sérgreindum hætti. Eftir atvikum er þó unnt að víkja slíkum ákvæðum til hliðar, m.a. með stoð í 36. gr. samningalaga. Í þessu felst m.a. að innan marka almennra gildisskilyrða er unnt að semja um sérstakan fyrirvara, sem einnig nær til þeirra galla sem um er fjallað í a–c-liðum 1. mgr. 19. gr. Ákvæði þetta ber ekki að skilja sem neins konar takmörkun á upplýsingaskyldu seljanda. Þá ber að hafa það í huga að ákvæðið afmarkar ekki umfang upplýsingaskyldunnar heldur umfang ákveðinna fyrirvara.

Í a-lið 1. mgr. er um það fjallað þegar hlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandinn hefur gefið. Ákvæðið er í flestu í samræmi við 1. mgr. 18. gr. og ætlað að hafa jafnvíðtækt umfang og það ákvæði.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. er um galla að ræða ef seljandinn hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi söluhlut eða notkun hans. Orðasambandið „sem verulegu máli skipta“ verður að meta með hliðsjón af því að hluturinn er keyptur „í því ástandi sem hann er“ eða með sambærilegum fyrirvara. Slíkt gefur talsvert svigrúm til að meta hvað teljist verulegt í þessu sambandi.

Í framkvæmd felst í þessari reglu skylda seljanda til að gefa upplýsingar um alla þá galla söluhlutar, sem máli skipta, eða óheppilega eiginleika hans. Ákvæðið verður að skoða sem lágmarksreglu, sem ekki er unnt að víkja til hliðar með almennri tilvísun eins og þeirri að hlutur sé „seldur í því ástandi sem hann er“.

Það er skilyrði skv. b-lið að ætla megi að vanræksla seljanda hafi haft áhrif á það að kaup voru gerð. Sá fyrirvari að hlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ getur aðeins að takmörkuðu leyti leyst seljandann undan því að gefa upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa fyrir kaupandann. Upplýsingaskylda seljanda nær ekki aðeins til atvika sem hann þekkir heldur líka atvika sem hann má vita um, þ.e. atvika sem ekki er afsakanlegt að seljandinn viti ekki um. Láti seljandinn hjá líða að upplýsa um slík atvik eru afleiðingarnar eftir atvikum þær að söluhlutur telst gallaður.

Ákvæði þetta verður að skoða í samhengi við reglur 20. gr. um rannsóknarskyldu kaupanda. Yfirleitt er ekki um upplýsingaskyldu seljanda að ræða varðandi þau atriði sem kaupandinn hefði átt að sjá við venjulega skoðun á söluhlut. Ákvæðið hefur því helst þýðingu varðandi mikilvæga eiginleika söluhlutar sem ekki er hægt að sjá við venjulega skoðun eða þegar kaupandinn hefur ekki möguleika á að komast að upplýsingunum á annan hátt. Sem dæmi slíks má nefna upplýsingar um það að seldur bíll hafi lent í alvarlegum árekstri, en það sést ekki við venjulega skoðun.

Samkvæmt c-lið er seljandinn ávallt ábyrgur ef í ljós kemur að söluhlutur er að verulegu leyti í miklu verra ástandi en kaupandinn hafði ástæðu til að ætla. Við mat í þeim efnum verður m.a. að styðjast við kaupverðið, en einnig atvik að öðru leyti. Ekki er það skilyrði þess að ákvæðið eigi við að um óheiðarleika af hálfu seljanda sé að ræða, en ósamræmið milli raunverulegs ástands söluhlutar og þess sem kaupandinn mátti ætla verður að vera ótvírætt. Segja má með öðrum orðum að seljandi geti ekki með því að gera almennan fyrirvara firrt sig ábyrgð þegar söluhlutur fullnægir ekki tilteknum lágmarksskilyrðum.

Ákvæði 1. mgr. er ekki takmarkað við neytendakaup heldur nær það til kaupa yfirleitt. Í framkvæmd mun ákvæðið þó án efa hafa mesta þýðingu í neytendakaupum.

Í 2. mgr. er fjallað um sölu notaðra hluta á uppboði og er ákvæðið svipaðs efnis og 48. gr. gildandi laga. Ákvæðið gengur þó lengra en gildandi réttur gerir þar sem því er slegið föstu að reglur 1. mgr. gildi á sama hátt við sölu á uppboði eftir því sem við getur átt. Ákvæðið á bæði við um sölu á frjálsu uppboði og nauðungarsölu, en þó ganga ákvæði laga um nauðungarsölu framar þar sem í millum skilur.

Rétt er að hafa það í huga að sala á uppboði lýtur að mörgu leyti öðrum lögmálum en önnur sala, enda er gert ráð fyrir því í ákvæðinu með orðunum „eftir því sem við getur átt“. Helst tíðkast að hlutur sé boðinn til sölu „eins og hann er“ og er bjóðendum ætlað að meta eiginleika hans og verðleggja hann í samræmi við það. Ekki er ástæða til að gera seljandann ábyrgan þótt hlutur henti ekki til þeirra nota sem slíkir hlutir eru venjulega notaðir til. Enn síður er ástæða til að leggja ábyrgð á seljandann af því tilefni að hlutur hentar ekki til þeirra sérstöku nota sem kaupandinn ætlaði að hafa af honum, enda er það ekki fyrr en við sölulok að seljandinn veit hver kaupandinn er.

Um 20. gr.

Í 20. gr. frumvarpsins er getið um nokkur skilyrði sem fullnægja þarf til að kaupandinn geti komið fram með kröfur á hendur seljanda vegna galla á söluhlut. Í 1. mgr. kemur fram meginreglan í þeim efnum, en ákvæði 2. og 3. mgr. fela í sér nánari útfærslu þeirrar meginreglu.

Ákvæði sambærilegt 1. mgr. 20. gr. er ekki í gildandi lögum, en hins vegar er slíkt ákvæði í 3. mgr. 35. gr. SÞ-samningsins. Ákvæði 2. og 3. mgr. svara efnislega til 2. og 3. mgr. 47. gr. gildandi kaupalaga.

Í ákvæði 1. mgr. felst að kaupandinn getur ekki komið fram með kröfu vegna galla ef um er að ræða atvik sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaup áttu sér stað. Ef kaupandi vitandi vits gerir samning þótt hann viti um tiltekinn eiginleika söluhlutarins getur hann ekki síðar borið það fyrir sig að þennan eiginleika beri að telja galla. Í ákvæðinu felst ekki aðeins að kaupandanum hafi verið kunnugt um viðkomandi atvik heldur líka að hann hafi áttað sig á þýðingu þess sem galla. Ef kaupandi naut ekki nauðsynlegrar sérfræðilegrar aðstoðar til að skilja þýðingu tiltekins eiginleika, sem seljandinn vakti athygli hans á, er eftir atvikum samt sem áður ekki útilokað að kaupandinn geti af því tilefni komið fram með kröfu á hendur seljanda vegna galla. Er þetta án efa oft reyndin í neytendakaupum.

Ákvæðið útilokar ekki kröfu af hálfu kaupanda vegna galla ef ráð var fyrir því gert að seljandinn bætti úr gallanum eftir að kaup gerðust.

Tímamarkið sem miðað er við í 1. mgr. 20. gr. er það þegar kaupin voru gerð. Ákvæðið á samkvæmt því ekki við þegar kaupandinn fékk vitneskju um atvik eftir kaup, en áður en afhending átti sér stað. Sem dæmi um þetta má nefna það tilvik að kaupandi bíls kemst að því eftir kaup, en áður en hann veitir bílnum viðtöku, að bíllinn hefur áður lent í tjóni. Getur kaupandi þá borið slíkt fyrir sig sem galla.

Ákvæði 1. mgr. fjallar ekki einungis um það sem kaupandinn vissi um heldur einnig það sem hann mátti vita um þegar kaup voru gerð. Tilvísun ákvæðisins til þess sem kaupandi „mátti vita um“ svarar til þess sem kaupandi „could not have been unaware of“ í 3. mgr. 35. gr. SÞ-samningsins og ber að túlka á sama veg. Sjá að öðru leyti skýringar við b-lið 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þetta gildir óháð því hvort kaupandinn hefur rannsakað söluhlut eða ekki og einnig óháð því hvernig kaupandinn hefur fengið vitneskju um eiginleika hlutarins. Hafi kaupandinn rannsakað hlutinn felur það oft í sér að hann hafi einnig mátt vita um tiltekna eiginleika.

Ákvæði 2. mgr. fjallar um afleiðingar þess að kaupandinn hefur rannsakað hlut eða látið slíkt hjá líða án gildrar ástæðu. Meginreglan er þá sú að hafi kaupandinn rannsakað söluhlut áður en kaup gerðust getur hann ekki borið fyrir sig neina þá galla sem hann hefði átt að veita athygli við slíka rannsókn. Sama gildir ef hann án gildrar ástæðu lætur hjá líða að sinna hvatningu seljanda um að rannsaka söluhlutinn. Kaupandinn getur haft gilda ástæðu til þess að rannsaka ekki söluhlut, t.d. þar sem hann má treysta sérþekkingu seljanda eða þar sem rannsókn yrði óhæfilega tímafrek eða óhæfilegur kostnaður henni samfara, t.d. vegna þess að hlut er að finna á öðrum stað. Hafi seljandinn heitið tilteknum eiginleikum hefur kaupandinn yfirleitt ekki ástæðu til þess að rannsaka frekar hvort þeir eru fyrir hendi. Einnig getur verið að kaupandinn rannsaki hlut, en atvik gefi honum gilda ástæðu til þess að takmarka rannsókn sína. Í slíkum tilvikum glatar kaupandinn ekki rétti til þess að koma fram með kröfur vegna galla sem hann hefði átt að komast að við nákvæmari rannsókn.

Í ákvæði 2. mgr. kemur ekki fram bein skylda kaupanda til þess að rannsaka söluhlut að eigin frumkvæði fyrir kaup. Þykir ekki ástæða til þess að lögleiða slíka reglu, enda mundi hún hafa litla raunhæfa þýðingu í mörgum tilvikum, t.d. þegar kaup eiga sér stað í venjulegri búðarverslun. Ef um neytendakaup er að ræða án þess að sérfræðileg þekking sé fyrir hendi er varla unnt að gera meiri kröfur en þær að kaupandinn athugi að umbúðir séu heilar. Hins vegar leiðir það af ákvæðum 31. gr. frumvarpsins að á kaupanda hvílir rannsóknarskylda eftir að hlutur hefur verið afhentur. Það getur á hinn bóginn leitt af samningi aðila eða venju að kaupandi eigi að rannsaka söluhlut fyrir kaup. Í pöntunarkaupum er eðli málsins samkvæmt ekki unnt að rannsaka söluhlut fyrir kaup, en í því tilviki ætti að vera unnt að skoða efni o.fl. í hlutnum.

Í 2. mgr. kemur fram fyrirvari sem við á þegar seljandinn hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti stríðir á móti heiðarleika og góðri trú. Í þessu felst að vöntun rannsóknar eða ófullnægjandi rannsókn af hálfu kaupanda kemur honum ekki í koll ef seljandinn hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti er andstætt heiðarleika og góðri trú.

Ekki er ástæða til þess að gera mjög strangar kröfur um aðgæslu af hálfu kaupanda í neytendakaupum þegar mat er lagt á rannsóknarskyldu hans. Orðalag 2. mgr. er með þeim hætti að það gefur tækifæri til mats í hverju einstöku tilviki. Á það bæði við um mat í þeim efnum hvort kaupandinn hafi haft gilda ástæðu til að láta hjá líða að rannsaka hlutinn og einnig mat á því hvað hann hefði átt að komast að raun um við rannsókn. Í báðum tilvikum skiptir máli tegund og eðli hlutar, venjur á viðkomandi sviði, staða aðilanna og sérþekking þeirra ásamt atvikum öllum við kaupin. Í venjulegum neytendakaupum þar sem keyptar eru nýjar framleiðsluvörur og við kaup yfir búðarborð hefur neytandinn yfirleitt ekki neinn raunhæfan möguleika eða sérþekkingu til að rannsaka nákvæmlega það sem hann kaupir.

Stundum eru atvik með þeim hætti að aðilar verða sammála um að láta óháðan þriðja mann rannsaka söluhlut, t.d. þegar verkstæði er látið athuga bíl sem selja á. Ef seljandinn leitar eftir slíkri rannsókn fellur tilvikið utan 2. mgr. 20. gr., en hins vegar kemur niðurstaða rannsóknarinnar þá væntanlega í ljós við kaupin. Ef hins vegar kaupandinn leitar eftir slíkri rannsókn á ákvæðið ekki beint við samkvæmt orðanna hljóðan, en því má beita með lögjöfnun.

Ákvæði 3. mgr. 20. gr. gilda þegar kaupandinn hefur rannsakað sýnishorn af söluhlut eða fengið tækifæri til þess, en lætur það hjá líða án gildrar ástæðu. Getur kaupandi þá ekki borið fyrir sig neina þá galla sem hann sá eða hefði átt að sjá við slíka rannsókn á sýnishorninu. Hins vegar glatar kaupandinn ekki neinum rétti vegna galla sem ekki var unnt að komast að raun um við rannsókn á sýnishorninu.

Um 21. gr.

Ákvæði 21. gr. frumvarpsins er byggt á 36. gr. SÞ-samningsins og endurspeglar um margt þau sjónarmið sem fram koma í 44. gr. gildandi laga. Þar er þó hvergi vísað til yfirlýsingar seljanda um ábyrgð eða annað þess háttar. Það leiðir hins vegar af frávíkjanlegu eðli gildandi kaupalaga að seljandinn getur orðið ábyrgur á grundvelli yfirlýsingar um ábyrgð eða annarrar áþekkrar yfirlýsingar sem leiða má af samningnum. Samkvæmt þessu er í frumvarpsgreininni ekki um neina efnisbreytingu frá gildandi rétti að ræða.

Af 21. gr. leiðir að það hefur ekki þýðingu varðandi kaupin þótt hlutur sé gallaður samkvæmt ákvæðum 17.–20. gr. meðan áhættan af söluhlutnum hvílir á seljanda. Um það atriði hvenær áhættan af söluhlut flyst frá seljanda yfir til kaupanda vísast til athugasemda við 12.–16. gr. frumvarpsins. Í pöntunarkaupum er það venjulega svo að hluturinn er ekki í umsömdu ástandi fyrr en afhendingartími nálgast. En einnig að öðru leyti getur hlutur verið gallaður áður en að afhendingu kemur án þess að það feli í sér galla í tengslum við kaupin þar sem kaupandinn nær því að búa hlut í umsamið ástand fyrir afhendingu og getur kaupandi þá ekki komið fram með kröfur af því tilefni. Í sumum tilvikum getur hins vegar augljóslega verið um fyrirsjáanlegar vanefndir að ræða í skilningi 61.–62. gr. frumvarpsins og í þeim tilvikum getur kaupandinn gripið til vanefndaúrræða án þess að bíða þess að áhættan flytjist yfir til hans. Þetta getur t.d. átt við um einstaklega ákveðinn hlut sem verður fyrir tjóni þannig að ljóst sé að hann verði ekki afhentur í umsömdu ástandi.

Í 1. mgr. 21. gr. felst að ákvörðun um það hvort hlutur er gallaður eða ekki skal tekin með hliðsjón af ástandi hans á því tímamarki þegar áhættan af hlutnum fluttist yfir til kaupandans. Ekki skiptir máli hver er orsök gallans. Því á ákvæðið jafnt við hvort heldur sem gallann má rekja til tilviljunarkenndra atvika eða ástands hlutarins sjálfs. Af ákvæðum 1. mgr. leiðir að ekki skiptir máli hvort gallinn kemur fram seinna ef hann var til staðar á áhættuskiptatímanum sem yfirleitt miðast við afhendingu. Seljandinn ber með öðrum orðum einnig ábyrgð á hinum svokölluðu leyndu göllum og er þetta einnig í samræmi við gildandi rétt. Hönnunar- eða smíðagalli getur t.d. leitt til þess að söluhlutur eyðileggist eftir stutta notkun þótt ekki hafi verið unnt að staðreyna gallann við afhendinguna. Á þetta einnig við um skemmt fóður sem gefið er dýrum eftir afhendingu og þau veikjast síðan af og sama gildir um stiga sem á er leyndur galli og fellur saman um leið og farið er að nota hann.

Seljandinn getur einnig borið ábyrgð á göllum sem koma fram eftir flutning áhættu yfir til kaupanda. Er þar um tvö tilvik að ræða og er fjallað um þau í 2. mgr. Fyrra tilvikið er það að gallann megi rekja til vanefnda seljanda, t.d. vegna skyldna hans, sem samkvæmt samningnum ná til tímans eftir afhendingu, en seljandi vanrækir að sinna. Sem dæmi má nefna skyldu seljanda til þess að setja hlutinn upp, pakka honum inn eða sjá um flutning hans. Seljandinn getur einnig hafa tekið á sig þær skyldur að hafa ákveðið eftirlit með hlutnum og að halda honum við í ákveðinn tíma eftir afhendingu. Þetta ákvæði gengur lengra en gildandi lög því að samkvæmt þeim ber seljandi því aðeins ábyrgð á göllum, sem fram koma eftir afhendingu, að vanrækslu af hans hálfu sé um að kenna. Í frumvarpinu er því gengið heldur lengra í þessum efnum því að um vanefndir getur verið að ræða samkvæmt frumvarpsgreininni þótt seljanda sé ekki um að kenna. Á hinn bóginn felst það í orðalagi ákvæðisins að seljandinn verður ekki ábyrgur á grundvelli kaupalaga vegna tjóns sem hann veldur á hlutnum eftir að skyldum hans í tengslum við kaupin er lokið. Sem dæmi má nefna það tilvik þegar seljandi kemur í heimsókn til kaupanda og veldur tjóni á söluhlut eða hann ekur á bíl sem hann hefur selt og afhent kaupanda fyrir nokkrum dögum. Í slíkum tilvikum mundi ábyrgð seljanda ekki verða reist á reglum kaupalaganna heldur á almennum reglum um bótaábyrgð utan samninga.

Seinna tilvikið kemur fram í síðari málslið 2. mgr. 21. gr., en þar er gert ráð fyrir því að seljandi geti borið ábyrgð ef hann með yfirlýsingu eða á annan sambærilegan hátt hefur ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hann megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti. Algengt dæmi um ábyrgð af þessu tagi er yfirlýsing um ryðvörn og ábyrgð í því sambandi eða þegar ábyrgst er að skíði geti ekki brotnað. Yfirlýsingar um það að matvöru megi neyta fram til ákveðins dags felur líka í sér ábyrgð af þessu tagi.

Ætlast er til þess að hugtakið „tiltekið tímabil“ í ákvæðinu nái einnig til ábyrgðaryfirlýsinga sem eru takmarkaðar við tiltekna notkun. Hér má sem dæmi nefna það þegar ábyrgð á seldri bifreið er takmörkuð við fyrstu 50 þúsund kílómetrana sem bifreiðinni er ekið.

Um V. kafla.

Í kafla þessum er fjallað um úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda. Í 22. gr. er í upphafi almennt yfirlit um þau vanefndaúrræði sem standa kaupanda til boða þegar seljandi afhendir ekki söluhlut eða afhendir hann of seint. Í 23. gr. er rætt um þann rétt sem kaupandi á til efnda og skilyrði fyrir honum, og í 24. gr. er fjallað um hvernig með skuli fara þegar seljandi beinir fyrirspurn til kaupanda um það hvort hann vilji veita söluhlut viðtöku þrátt fyrir seinkun. Í 25. gr. er rætt um rétt kaupanda til riftunar þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir, en í 26. gr. er fjallað um riftunarréttinn sérstaklega þegar um pöntunarkaup er að ræða. Í 27. gr. koma fram skilyrði fyrir skaðabótum vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda og í 28. gr. er m.a. mælt fyrir um skyldu seljanda til að skýra frá hindrun ef hún kemur í veg fyrir að seljandinn geti efnt kaupin á réttum tíma. Loks koma fram í 29. gr. reglur um riftunarfrest ef hlutur hefur verið afhentur of seint.

Í 30. gr. frumvarpsins er yfirlit um heimildir kaupanda vegna þess að söluhlutur er gallaður. Í 31. gr. koma fram reglur um rannsókn kaupanda á söluhlut eftir afhendingu. Aðalreglan er sú að kaupandi skal rannsaka hlutinn á þann hátt sem góð venja stendur til. Í 32. gr. er að finna reglur um tilkynningar. Þar kemur fram að kaupandi glati rétti sínum til að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda um gallann innan þeirra tímamarka sem þar koma fram. Í 33. gr. er ákvæði um undantekningar frá reglum um tilkynningar. Í 34. gr. er rætt um úrbætur og afhendingu að nýju. Samkvæmt ákvæðinu getur kaupandi krafist þess að seljandi bæti úr galla ef það verður gert án þess að valda seljanda ósanngjörnum kostnaði og óhagræði. Enn fremur getur kaupandi krafist nýrrar afhendingar ef galli er verulegur. Um nánari skilyrði fyrir hvoru úrræðinu fyrir sig vísast til greinarinnar. Í 35. gr. ræðir hins vegar um tilkynningu um kröfu um úrbætur og afhendingu að nýju. Samkvæmt ákvæðinu getur kaupandi glatað rétti sínum til að krefjast úrbóta eða nýrrar afhendingar ef hann tilkynnir ekki seljanda um þá kröfu sína samkvæmt fyrirmælum ákvæðisins.

Í 36. gr. er fjallað um rétt seljanda til úrbóta og nýrrar afhendingar. Aðalreglan er sú að seljanda er heimilt að bæta á eigin kostnað úr galla eða afhenda annan hlut ef það verður gert án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda. Í 37. gr. er rætt um afslátt eða riftun þegar ekki verður af úrbótum eða afhendingu að nýju. Í 38. gr. er rætt um skilyrði afsláttar af kaupverði ef hlutur reynist gallaður og í 39. gr. er rætt um rétt kaupanda til riftunar ef söluhlutur er verulega gallaður. Í 40. gr. er fjallað um rétt kaupanda til skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut.

Í 41. gr. er fjallað um rétt kaupanda vegna vanheimildar að því er söluhlut varðar. Í 42. gr. er fjallað um rétt kaupanda til að halda kaupverði vegna vanefnda seljanda. Í 43. gr. eru reglur um úrræði kaupanda ef vanefndir seljanda varða aðeins hluta hins selda. Loks er í 44. gr. að finna ákvæði um úrræði kaupanda þegar afhenda á hið selda í áföngum.

Um 22. gr.

Ákvæði 22. gr. frumvarpsins á sér ekki beina hliðstæðu í gildandi kaupalögum, en það svarar þó að nokkru til 21. gr. þeirra laga. Sambærilegt ákvæði er hins vegar í 45. gr. SÞ-samningsins.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er almennt yfirlit um þau úrræði sem standa kaupanda til boða þegar seljandinn afhendir ekki hlutinn eða afhendir hann of seint. Kaupandi getur þá krafist efnda, riftunar og skaðabóta með þeim skilyrðum sem fram koma í 23.–29. gr. Hann getur einnig skv. 42. gr. haldið eftir greiðslum kaupverðsins. Skilyrði er að kaupanda sé ekki um greiðsludrátt að kenna eða atvikum sem hann varða og ákvæðið á því einungis við um greiðsludrátt af hálfu seljanda. Sem dæmi um greiðsludrátt sem rekja má til kaupanda er það tilvik þegar kaupandinn lætur hjá líða að sækja hlutinn eins og um var um samið eða þegar kaupandinn gefur seljandanum ekki þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hluturinn verði sendur. Tilvísun ákvæðisins til atvika sem kaupandann varða tekur ekki eingöngu mið af atvikum þar sem greiðsludráttur er beinlínis afleiðing vanrækslu af hálfu kaupanda heldur er og miðað við atvik sem kaupandinn ber áhættuna af. Það getur t.d. verið að tilviljunarkenndur atburður valdi því að kaupandinn getur ekki sótt hlutinn. Annað dæmi er það þegar kaupandinn fær ekki nauðsynleg innflutningsleyfi.

Upptalning úrræðanna í 1. mgr. er í sjálfu sér ekki tæmandi. Til þess að fá heildarsýn yfir stöðu kaupanda verður að líta til þeirra skilyrða, sem gilda um beitingu einstakra úrræða, sbr. ákvæði 23., 24. og 28. gr. um efndir, ákvæði 25., 26. og 29. gr. um riftun, ákvæði 27. gr. um skaðabætur og ákvæði 42. gr. um rétt til að halda kaupverði. Einnig ber hér að líta til ákvæða 43. og 44. gr. um vanefndir varðandi hluta hins selda og um afhendingu í áföngum, sbr. og ákvæði 61.–63. gr. um fyrirsjáanlegar vanefndir. Kaupandinn hefur samkvæmt gildandi rétti allar sömu heimildir, en upptalningin hér og framsetning einstakra heimilda er víðtækari og nákvæmari.

Það segir sig sjálft að kaupandinn getur ekki samtímis rift kaupum og krafist efnda, en að öðru leyti útilokar einstök vanefndaheimild ekki beitingu annarrar heimildar án þess að annað og meira komi til. Um nánara samband hinna einstöku vanefndaheimilda fer eftir viðkomandi ákvæðum, þó þannig að í 2. málsl. frumvarpsgreinarinnar er sérstaklega tekið fram að rétturinn til þess að krefjast skaðabóta falli ekki niður þótt kaupandi setji fram aðrar kröfur eða ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

Venjulega er það ekki vandkvæðum bundið að skýra hvað felst í hugtakinu greiðsludráttur. Þó getur verið erfitt að fullyrða í sumum tilvikum hvenær greiðsludráttur hefur orðið þegar greiðslutími hefur ekki verið nákvæmlega tilgreindur í samningi. Sem dæmi um þetta má nefna að afhenda eigi vöru samkvæmt samningi „um páskana“. Ef alls ekki hefur verið samið um afhendingartímann gildir ákvæði 1. mgr. 9. gr. Álitamál getur verið hvort um greiðsludrátt eða galla er að ræða. Í ákvæðinu er tekið af skarið um þetta því að sé hlutur alls ekki afhentur er um greiðsludrátt að ræða. Stundum má vera að söluhlutur sé aðeins afhentur að hluta. Í slíkum tilvikum verður að taka mið af því hvort ætla megi að seljandinn hafi lokið afhendingu sinni, sbr. 2. mgr. 43. gr.

Rétturinn til skaðabóta er sem áður sagði í öllum tilvikum óháður því hverjar aðrar kröfur eru gerðar eða unnt er að gera. Er þetta ótvírætt tekið fram í síðari málslið ákvæðisins, sbr. og 2. mgr. 45. gr. SÞ-samningsins. Ákvæðið segir í sjálfu sér ekki annað og meira en það sem leiða má af fyrri málsliðnum með túlkun, en hentugt þykir að taka þetta fram í upplýsingaskyni, m.a. að því er varðar tengslin við 24. gr.

Samkvæmt 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er unnt að beita ákvæðum um greiðsludrátt varðandi aðrar skyldur seljanda en þær sem gagngert varða afhendingu söluhlutar. Er ákvæð-

ið nauðsynlegt vegna þeirrar stefnu að láta frumvarpið fela í sér ákvæði um allar skyldur aðila í kaupum. Getið er um slíkar aðrar skyldur seljanda í 2. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 51. gr. Aðalreglan skv. 2. mgr. er sú að reglunum um greiðsludrátt er einnig beitt varðandi aðrar skyldur en afhendingu sjálfs söluhlutarins. Slíkar skyldur geta t.d. verið tengdar flutningi hlutarins, uppsetningu hans eða leiðbeiningu varðandi notkun hans.

Ákvæði 2. mgr. felur í sér rýmkun á reglum gildandi laga, sem í raun fjalla aðeins um greiðsludrátt við afhendingu. Ákvæðið mun á hinn bóginn að fæstu leyti leiða til annarrar niðurstöðu en þeirrar sem leiðir af gildandi rétti. Í fyrsta lagi getur greiðsludráttur varðandi aukaskyldur oft leitt til þess að dráttur verður á afhendingu aðalgreiðslunnar. Þetta getur t.d. átt við þegar seljandinn sér ekki um nauðsynlegar merkingar á söluhlut í tengslum við sendingu hans. Í öðru lagi er ekki unnt að útiloka að seljandinn geti orðið ábyrgur vegna brota á aukaskyldum á grundvelli almennra reglna kröfuréttarins eða samkvæmt lögjöfnun frá ákvæðum kaupalaganna. Ef seljandinn á t.d. að setja hlutinn upp eftir afhendingu getur hann að öllum líkindum orðið ábyrgur vegna dráttar á uppsetningu án tillits til þess hvort afhending fór fram á réttum tíma eða ekki.

Í 2. mgr. kemur fram undantekning þess efnis að ákvæði 2. og 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins um riftun þegar settur hefur verið viðbótarfrestur skuli ekki gilda. Nauðsynlegt er að línur séu skýrar varðandi riftunarheimildina. Riftun er afdrifaríkt vanefndaúrræði og reglurnar um viðbótarfrestinn verður að skoða í samhengi við það skilyrði að riftunar verði aðeins krafist þegar vanefnd er veruleg. Í þessu sambandi skiptir bæði máli hversu lengi greiðsludráttur varir og hvers eðlis hann er. Það væri ekki sanngjarnt ef kaupandinn gæti jafnan rift í lok viðbótarfrestsins ef skylda sú sem greiðsludrátturinn nær til er óveruleg eða veigalítil. Því verður jafnan að skoða réttinn til riftunar vegna brota á aukaskyldum í tengslum við meginregluna í 1. mgr. 25. gr. þótt seljandinn hafi farið fram yfir viðbótarfrestinn. Er þetta í samræmi við reglu b-liðar 1. mgr. 49. gr. SÞ-samningsins.

Orð 2. mgr., „eftir því sem við getur átt“, gefa tilefni til mats í hverju einstöku tilviki. Er það notað til þess að leggja á það áherslu að við beitingu hinna einstöku heimilda verður að taka mið af því hvers konar skylda það er sem hefur verið vanefnd. Þetta hefur t.d. þýðingu skv. 1. mgr. 23. gr. þegar metinn er kostnaður seljanda og óhagræði í samanburði við hagsmuni kaupanda af efndum. Á sama hátt skiptir tegund skyldunnar máli við mat á því hvort um verulega vanefnd er að ræða í skilningi 25. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. kveður á um að ákvæðið sé frávíkjanlegt, einnig að því er neytendakaup varðar. Seljandi getur því samið sig frá ábyrgð vegna greiðsludráttar varðandi aukaskyldur umfram það sem annars leiðir af ákvæðum laganna.

Um 23. gr.

Í 23. gr. frumvarpsins er fjallað um rétt kaupanda til þess að krefjast efnda í samræmi við efni samnings (efndir *in natura*). Aðalatriðið í því efni er afhending söluhlutar, en ákvæðið nær einnig til allra aukaskyldna seljanda samkvæmt samningnum, sbr. 2. mgr. 22. gr. Eðlilegt er að kaupandi eigi rétt til efnda þar sem tilgangur kaupanna er einmitt sá að seljandinn fullnægi skyldum sínum samkvæmt kaupsamningnum. Hlutverk ákvæðisins er samkvæmt því ekki umfram allt það að kveða á um rétt kaupandans heldur miklu fremur að mæla fyrir um við hvaða aðstæður seljandinn getur komist hjá því að fullnægja þessum skyldum sínum.

Um rétt kaupanda í þessum efnum er fjallað í 1. mgr. 46. gr. SÞ-samningsins. Um takmarkanir á rétti til þess að krefjast efnda *in natura* er ekki fjallað með tæmandi hætti í samningnum heldur ráðast þær takmarkanir af reglum landsréttar hvers samningsríkis, sbr. 28. gr. SÞ-samningsins. (Sjá til athugunar skýringar við 88. gr. frumvarpsins.)

Í fyrri málslið 1. mgr. 23. gr. kemur fram sú meginregla að kaupandi getur haldið fast við kaup og krafist afhendingar eða annarra efnda. Í 21. gr. gildandi kaupalaga er heimildinni til þess að heimta söluhlut stillt upp sem kosti við hlið þess úrræðis að rifta kaupum. Í gildandi kaupalögum eru þó ekki ótvíræð ákvæði um takmarkanir á rétti kaupanda til þess að krefjast efnda *in natura*. Á hinn bóginn felst það í bótareglum gildandi laga að seljandinn getur, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, losnað undan bótaábyrgð þegar greiðsludráttur verður eða greiðsla er ekki afhent. Þegar svo hagar til er lagt til grundvallar samkvæmt gildandi rétti að seljandi verði ekki heldur dæmdur til efnda *in natura*. Frumvarpsgreinin felur í sér skýra og ótvíræða reglu um það hvenær seljandi er laus undan efndaskyldunni og er hún í 2. málsl. 1. mgr.

Ef kaupandinn á þess kost að útvega sér hlutinn annars staðar er sjálfsagt eðlilegast að hann rifti kaupum. Hins vegar getur líka verið að hann hafi gert kaup með góðum kjörum eða að seljandinn sé nánast í einokunarstöðu á markaðinum. Getur þá mun fremur reynt á efndir, og sama á við þegar um er að ræða sérstaklega mikilvæga og einstaklega ákveðna hluti.

Í 2. málsl. 1. mgr. er getið um undantekningu frá meginreglunni um rétt kaupanda til efnda *in natura*. Mikilvægt er að hafa í huga að það er aðeins sjálf skyldan til efnda sem seljandinn getur losnað undan, en hann losnar ekki undan öðrum skyldum samkvæmt samningnum nema því aðeins að slíkar skyldur séu beinlínis háðar aðalskyldunni, t.d. sú skylda að pakka vöru og merkja hana. Þar fyrir utan er litið á það sem vanefnd að láta hjá líða að fullnægja efndaskyldunni. Af því leiðir að kaupandi getur gripið til annarra vanefndaúrræða þegar skilyrðin eru til staðar.

Samkvæmt 2. málsl. frumvarpsgreinarinnar er seljandinn í fyrsta lagi laus undan efndaskyldunni ef um er að ræða efndahindrun sem hann ræður ekki við. Öll atvik, sem í raun hindra efndir, hafa þýðingu í þessu sambandi. Ástæða hindrunar ræður ekki úrslitum um skylduna til afhendingar, en hefur á hinn bóginn mikla þýðingu varðandi skaðabótaábyrgð. Því á ákvæðið jafnt við hvort sem hindrun er honum að kenna eða ekki. Sem dæmi um efndahindrun má nefna það tilvik þegar vörusending sú sem hlutur er í eyðileggst, t.d. þegar frosin matvörusending skemmist vegna bilunar í kælibúnaði seljanda.

Hindrun verður að vera með þeim hætti að seljandinn ráði ekki við hana. Í þessu felst á engan hátt krafa um algjöran ómöguleika. Atvik verða hins vegar að vera þannig að seljandinn fái ekki með skömmum fyrirvara ráðið við hindrunina án mjög sérstakra vandkvæða. Á hinn bóginn er til þess að líta að ekki geta öll vandkvæði eða aukakostnaður talist efndahindrun samkvæmt ákvæðinu. Það er grundvallarskylda sem leiðir af samningnum að seljandinn verður að ljá atbeina sinn til að sigrast megi á þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir efndum samningsins. Það getur t.d. gerst með því að gert er við hlut sem bilað hefur eða hann er bættur með öðrum hlut jafngóðum. Meðan unnt er að komast hjá erfiðleikum eða ráða má við þá með öðrum úrræðum er ekki hægt að líta svo á að um efndahindrun í skilningi ákvæðisins sé að ræða. Það skiptir með öðrum orðum máli hvers eðlis erfiðleikarnir eru. Fjárskortur seljanda er undir öllum venjulegum kringumstæðum ekki efndahindrun í skilningi 23. gr. frumvarpsins, þ.e. seljandinn getur með öðrum orðum ekki losnað undan skyldum sínum samkvæmt samningi með því einu að vísa til þess að hann sé kominn í fjárhagsvandræði.

Það fer að mestu eftir skyldum seljanda samkvæmt samningnum hver tilvik geta fallið undir efndahindrun í skilningi ákvæðisins. Því afmarkaðri og sérgreindari sem skyldur seljanda eru þeim mun meiri eru líkurnar til þess að fram komi hindranir sem seljandinn ræður ekki við. Ef t.d. er um að ræða kaup á ákveðnum stóðhesti verða möguleikar seljanda til efnda að engu ef hesturinn deyr. Ef á hinn bóginn er um að ræða greiðslu sem að öllu leyti er ákveðin eftir tegundareinkennum, kaup eru t.d. gerð um 5 tonn af sandi, hefur seljandinn

góða möguleika á því að geta efnt þótt ekki sé þess kostur að fá nákvæmlega þann sand sem seljandinn hafði í huga. Sama á við um valkvæðar greiðslur, en í því felst að meðan efndahindrun nær ekki til einnar greiðslunnar helst skylda seljanda til efnda að því er þá greiðslu varðar. Í því að seljandi sé skyldugur til þess að reyna að sigrast á efndahindrun felst á hinn bóginn ekki það að hann hafi rétt til þess að reiða fram sem greiðslu eitthvað annað en það sem leiðir af samningnum, nema því aðeins að um það hafi verið samið að greiðslu megi breyta.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. er seljandi í öðru lagi laus undan efndum ef þær hafa í för með sér slíkt óhagræði eða kostnað fyrir seljanda að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda að fá réttar efndir. Ef kostnaður eða óhagræði við efndir verður úr hófi fram má í sjálfu sér segja að fyrir hendi sé efndahindrun sem seljandinn ræður ekki við. En jafnvel þótt hindrun sé ekki þess eðlis getur seljandinn eigi að síður losnað undan skyldunni samkvæmt þeirri viðmiðun sem fram kemur í niðurlagi ákvæðisins. Ákvörðun í þeim efnum ræðst af mati á hagsmunum, þar sem annars vegar er litið til óhagræðis og kostnaðar seljanda og hins vegar hagsmuna kaupanda af því að seljandinn efni skyldur sínar.

Við hagsmunamat samkvæmt framansögðu skiptir í sjálfu sér ekki máli hver ástæða liggur til grundvallar efndahindrunum seljanda. Það sem úrslitum ræður er fyrst og fremst það hvort um verulegt misræmi er að ræða milli óhagræðis og kostnaðar seljanda annars vegar og hagsmuna kaupanda af efndum hins vegar. Matið ræðst af einstökum atvikum varðandi samninginn, m.a. því hvers eðlis kaupin eru og hver söluhluturinn er. Ef um er að ræða vöru sem er viðkvæm fyrir verðsveiflum verður að telja að það leiði af atvikum í tengslum við kaupin að seljandinn verði að sætta sig við verðhækkanir að ákveðnu marki, áður en unnt er að halda því fram að um efndahindrun í skilningi ákvæðisins sé að ræða. Sama gildir ef seljandinn hefur tekið að sér að mjög flóknar og kostnaðarsamar efndir. Þá getur hann ekki seinna borið það fyrir sig að hann sé laus undan afhendingu af þeirri ástæðu að það hafi verið mjög kostnaðarsamt að efna samninginn. Aðalreglan er sú að seljandi er aðeins laus undan efndum í mjög sérstökum undantekningartilvikum. Þess vegna er t.d. almenn hækkun verðlags ekki ástæða sem leyst getur seljanda undan efndum í þessum skilningi. Aftur á móti getur mjög óvenjuleg verðmyndun skapað verulegt misræmi milli hagsmuna aðilanna. Þetta gildir sér í lagi ef kaupandinn getur útvegað sér sambærilegan hlut frá öðrum aðilum sem ekki eru háðir umræddri verðlagsþróun.

Við mat á hagsmunum kaupanda af efndum verður m.a. að taka tillit til þess hverja möguleika hann hefur á að fá sama hlut annars staðar. Þetta leiðir í sjálfu sér af orðalaginu því að það sem úrslitum ræður er hagsmunir kaupanda af því að seljandinn efni það sem honum ber. Hagsmunamatið getur því að verulegu leyti ráðist af því hversu tegundarlega ákveðin greiðslan er.

Þótt seljandi sé laus undan efndum skv. 1. mgr. 23. gr. er í sjálfu sér um vanefndir að ræða í skilningi 22. gr. Afsökunarástæður 1. mgr. 23. gr. hafa með öðrum orðum aðeins þýðingu varðandi skyldu seljanda til efnda og útiloka engan veginn að kaupandinn geti neytt annarra vanefndaúrræða. Þar sem skilyrði fyrir lausn undan skaðabótaskyldu skv. 27. gr. eru strangari en skilyrðin fyrir lausn undan efndaskyldunni getur kaupandinn í mörgum tilvikum krafist skaðabóta fyrir tjón sitt, þótt hann geti ekki krafist efnda samkvæmt aðalefni samningsins.

Við hagsmunamat samkvæmt niðurlagsákvæði 2. málsl. 1. mgr. er ljóst að heimilt er að líta til fleiri atriða en þeirra sem aðeins snerta fjárhag. Hvað seljanda varðar leiðir þetta beint af því að „óhagræði“ er sérstaklega nefnt, og þegar kemur að mati á hagsmunum kaupanda geta önnur atriði en fjárhagsleg atriði einnig skipt máli. Við kaup á einkabíl er t.d. í vissum tilvikum unnt að halda því fram að kaupandinn hafi ekki fjárhagslega hagsmuni af

því að fá bílinn afhentan þar sem hagkvæmara sé fyrir hann að nýta sér almenningssamgöngur. Þetta eru þó í sjálfu sér engin rök fyrir því að seljandi geti á auðveldari hátt losnað undan afhendingarskyldunni við slíka sölu en kaupandi sem ætlar að nota bílinn vegna atvinnustarfsemi sinnar. Eiga þessi sjónarmið alveg sérstaklega við í neytendakaupum. Fjárhagslegir hagsmunir af efndum njóta í sjálfu sér engrar sérstöðu, en geta án efa í sumum tilvikum haft mikla þýðingu. Niðurstaðan ræðst af sameiginlegu mati á hinum ólíku hagsmunum.

Samkvæmt 2. mgr. getur lausn undan efndum aðeins átt við meðan afsökunarástæðan er fyrir hendi. Það er jafnframt skilyrði að hún falli brott innan hæfilegs tíma. Þegar langur tími er liðinn er lítil ástæða til þess að seljandinn sé áfram skyldur til efnda. Við mat á því hvað teljist hæfilegur tími skiptir bæði máli hvers eðlis greiðslan er og hagsmunir kaupanda af efndum seljanda. Upphaf frestsins hlýtur að miðast við umsaminn afhendingartíma. Það sem telst „hæfilegur tími“ í þessu samhengi getur bæði verið lengra og styttra en það sem leiðir af samsvarandi orðalagi í reglunum um tilkynningarskyldu, sbr. 1. mgr. 32. gr.

Samkvæmt 2. mgr. verður efnda heldur ekki krafist ef þær væru, með hliðsjón af þeim tíma sem liðinn er, til muna örðugri eða annars eðlis en seljandinn gat vænst. Sama gildir ef það væri að öðru leyti ósanngjarnt að krefjast efnda af hálfu seljanda. Meginmáli skiptir skv. 2. mgr. að þau atvik, sem leyst hafa undan efndaskyldu skv. 1. mgr., séu fallin brott. Seljandinn er þá skyldur til efnda nema óhæfilega langur tími hafi liðið. Við mat á því hvað sé hæfilegur tími í þessu sambandi verður eins og áður segir að líta til efnis samnings og hagsmuna kaupanda af efndum. Þótt tímalengdin sé innan þeirra marka, sem telja má hæfileg, geta eigi að síður hafa komið til ný atvik sem valda því að ósanngjarnt er að krefjast efnda af seljanda. Sem dæmi má nefna það tilvik þegar bruni veldur framleiðslustöðvun og þar með efndahindrun af hálfu seljanda. Seljandi hefur síðan aftur framleiðslu með nýjum vélum, en þær geta ekki tryggt að framleiðslan hafi þá eiginleika sem gert var ráð fyrir í samningi. Framleiðsla fyrir kaupandann getur af þessari ástæðu einungis farið fram með auknum mannafla og á sérstaklega kostnaðarsaman hátt að öðru leyti. Þótt skilyrðum skv. 1. mgr. sé í sjálfu sér ekki fullnægt getur í tilviki sem þessu verið ástæða til þess að leysa seljandann undan efndaskyldunni. Þetta kemur ekki í veg fyrir að kaupandinn geti neytt annarra úrræða sem til boða standa, t.d. þess úrræðis að halda eftir greiðslu kaupverðsins. Skaðabóta getur kaupandi á hinn bóginn ekki krafist ef hindrunin er þess eðlis sem um ræðir í 1. mgr. 27. gr.

Í 3. mgr. er að finna tómlætisreglu. Ef kaupandinn dregur óeðlilega lengi að setja fram kröfu um efndir glatar hann þeim rétti sínum. Það hve lengi kaupandi getur dregið að setja fram kröfu veltur á atvikum hverju sinni, t.d. eðli kaupa og framferði seljanda eftir að greiðsludráttur varð. Yfirleitt má þó segja að frestur til að krefjast efnda sé lengri en frestur til þess að rifta kaupum eða krefjast skaðabóta eftir afhendingu.

Um 24. gr.

Ákvæðið fjallar um fyrirspurnir og tilkynningar seljanda til kaupanda og svarar til 2. mgr. 48. gr. SÞ-samningsins.

Samkvæmt 26. gr. gildandi kaupalaga glatar kaupandinn réttinum til þess að halda fast við kaupin ef hann svarar ekki án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta efni frá seljanda. Í 24. gr. frumvarpsins er þessu snúið við. Í því felst að kaupandinn glatar réttinum til þess að rifta kaupum ef hann svarar ekki innan hæfilegs tíma fyrirspurn seljanda um það hvort kaupandinn muni veita hlut viðtöku. Sama gildir ef seljandi tilkynnir að hann vilji afhenda hið selda innan tiltekins tíma og kaupandi svarar ekki innan hæfilegs tíma.

Gerðar eru ákveðnar kröfur um skýrleika fyrirspurnar eða tilkynningar seljanda, því að skilyrði er að seljandinn hafi í báðum tilvikum tilgreint ákveðinn tíma til efnda. Þar að auki

er það skilyrði að efndir hafi í raun orðið á þeim tíma sem nefndur var. Ef tilgreining seljanda á tíma er ónákvæm eiga við ákvæði 3. mgr. 23. gr. og 29. gr. Óljósar yfirlýsingar seljanda um erfiðleika við efndir fullnægja ekki skilyrðum greinarinnar og kalla því ekki á viðbrögð af hálfu kaupanda samkvæmt þessari grein.

Hvað telst „hæfilegur tími“ hjá kaupanda í þessum efnum ræðst af mati á atvikum og aðstæðum í hverju tilviki, en yfirleitt verður að krefjast skjótra viðbragða af hans hálfu. Gera má strangari kröfur til atvinnurekenda í þessu sambandi en gerðar eru til neytenda, en þegar kaupandinn hefur fengið slíka tilkynningu er ekki ástæða til þess að veita honum mjög langan umhugsunarfrest til þess að svara.

Réttur kaupanda til þess að krefjast riftunar fellur ekki alltaf niður þótt hann svari of seint. Hafi seljandinn t.d. tiltekið afhendingartíma er riftun samt sem áður hugsanleg ef afhending verður ekki á þeim nýja tíma sem seljandinn hefur tiltekið og sá dráttur er verulegur, sbr. 1. mgr. 25. gr. Einnig má vera að loks þegar seljandinn afhendir hlutinn komi í ljós að á honum sé verulegur galli sem réttlæti riftun.

Ef fyrirspurn seljanda fullnægir ekki kröfum 24. gr. eiga við eins og áður segir ákvæði 3. mgr. 23. og 29. gr. Kaupandinn heldur þá rétti sínum til þess að krefjast efnda *in natura* meðan frestur skv. 3. mgr. 23. gr. er ekki útrunninn og riftunarfresturinn skv. 29. gr. hefst ekki fyrr en hluturinn er afhentur. Af orðum 24. gr. leiðir að seljandi ber áhættuna af því að tilkynning samkvæmt greininni komist til kaupanda og af ákvæðum 82. gr. leiðir að seljandinn ber áhættuna af því að svar kaupanda komist til skila.

Því sjónarmiði hefur verið hreyft að regla 24. gr. frumvarpsins geti verið óþarflega ströng í garð kaupanda í neytendakaupum þar sem reglur af þessu tagi séu yfirleitt lítt þekktar og geti því hæglega leitt til réttindamissis fyrir kaupanda. Þetta má að einhverju leyti til sanns vegar færa en til hins er að líta að í 24. gr. er getið um svo sérstakt tilvik að ekki er ósanngjarnt að leggja svarsskyldu á kaupandann. Í því sambandi skiptir mestu máli að greiðsludráttur hefur orðið af hálfu seljanda. Kaupandinn hefur þegar svo hagar til yfirleitt mesta hagsmuni af því að fá söluhlut afhentan, en hann fær vegna fyrirspurnar eða tilkynningar seljanda tækifæri til þess að skýra frá því hvort hann óski einhvers annars. Þá er og vert að leggja á það áherslu sem áður segir að frestur kaupanda til að svara byrjar að líða þegar hann hefur fengið tilkynninguna, þ.e. áhættan af því að tilkynningin komist ekki til skila er hjá seljandanum, sbr. 82. gr. Með þessi sjónarmið í huga er ekki unnt að fallast á þau rök að hér sé um óþarflega stranga reglu að ræða.

Í 25. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir rétti til þess að setja viðbótarfrest og þar eru einnig tilgreind þau réttaráhrif sem slíkur frestur hefur. Reglunni í 24. gr. er einnig unnt að beita þegar kaupandinn hefur sett viðbótarfrest og seljandinn svarar því til að hann geti ekki afhent það sem um var samið fyrr en viðbótarfresturinn er liðinn. Er eðlilegt að líta svo á að kaupandinn verði einnig að svara fyrirspurn seljanda undir slíkum kringumstæðum, t.d. með því að kaupandinn hald fast við upphaflegan viðbótarfrest.

Um 25. gr.

Í 25. gr. er mælt fyrir um rétt kaupanda til riftunar vegna greiðsludráttar seljanda og svarar ákvæðið til 1. mgr. 49. gr. SÞ-samningsins, sbr. og 47. gr. hans. Að því er aðrar riftunarreglur frumvarpsins varðar skal þess getið að í 26. gr. felst sérregla um riftun, sem varðar greiðsludrátt við pöntunarkaup, og í 29. gr. er fólgin regla um riftunarfrest. Ákvæði 39. gr. felur í sér reglu um rétt til riftunar vegna galla á söluhlut og í 54.–55. gr. felst regla um rétt seljanda til að riftunar. Loks eru í 44. gr. og 62. gr. ákvæði um rétt til að rifta kaupum við

fyrirsjáanlegar vanefndir þegar afhenda á hið selda í áföngum. Um afleiðingar riftunar og missi riftunarréttar gilda 64.–66. gr. frumvarpsins.

Í gildandi kaupalögum er mælt fyrir um rétt kaupanda til riftunar vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda í 21. gr. laganna. Samkvæmt því ákvæði getur kaupandinn ekki rift kaupum ef drátturinn hefur haft lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda eða seljandi hlaut að álíta að svo væri nema hann hafi áskilið að hluturinn yrði afhentur sér á nákvæmlega tilteknum tíma. Í verslunarkaupum er sérhver dráttur metinn verulegur nema það sé aðeins lítill hluti hins selda sem afhending hefur dregist á. Með ákvæðum 25. gr. frumvarps þessa er stefnt að einföldun framangreindra reglna gildandi réttar um skilyrði riftunar vegna greiðsludráttar, m.a. á þann hátt að ekki er mælt fyrir um neina sérreglu sem gilda skuli í þeim efnum í verslunarkaupum.

Þegar um er að ræða kaup þar sem krafist er afhendingar á nákvæmlega tilgreindum tíma stendur frumvarpsgreinin ekki í vegi fyrir því, þrátt fyrir orðalag um að unnt sé að rifta kaupum ef efndir fara ekki fram á þeim tíma. Hafi kaupandinn krafist afhendingar á nákvæmlega tilgreindum tíma og áskilið sér rétt til riftunar ef því skilyrði er ekki fullnægt hefur allur dráttur, sem ekki verður rakinn til kaupanda samkvæmt þessu, þau áhrif að kaupandi getur rift kaupum. Sama gildir þegar leiða má af samningi að sérhver dráttur geti haft veruleg áhrif á hagsmuni kaupandans þótt þetta sé ekki sérstaklega tekið fram. Hafi kaupandinn þannig áskilið að afhending skuli fara fram á nákvæmlega tilgreindum tíma, en án þess að gera fyrirvara um rétt til riftunar, leiðir það af skilyrðinu um verulegar vanefndir að kaupandinn getur rift kaupum, jafnvel þótt greiðsludrátturinn sé skammur ef skilyrðið hefur verið sett með hagsmuni og þarfir kaupandans í huga. Þetta getur t.d. átt við ef kaupandinn ætlar að nota söluhlut til efnda á samningi við áframhaldandi sölu og einnig í neytendakaupum þegar kaupandi ætlar að nota hlutinn til sérstakra þarfa sinna.

Riftun verður að fara fram með sérstakri yfirlýsingu til seljandans, sbr. einnig 26. gr. SÞ-samningsins. Fyrir fram yfirlýsing eða aðvörun nægir ekki í þessu sambandi og ekki heldur fyrirspurn sem er hlutlaus að þessu leyti. Yfirlýsing af þessu tagi er send á áhættu viðtakanda samkvæmt aðalreglunni í 82. gr. frumvarpsins. Hins vegar tekur hún ekki gildi gagnvart seljandanum fyrr en hún er komin til hans. Þetta þýðir að yfirlýsingin er ekki bindandi fyrir kaupandann fyrr en hún er komin til seljandans. Eftir það verður hún hins vegar ekki einhliða afturkölluð.

Meginregluna um riftunarrétt kaupanda er að finna í 1. mgr. 25. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram það skilyrði að greiðsludráttur hafi í för með sér verulegar vanefndir. Mat á því hvað séu verulegar vanefndir veltur í fyrsta lagi á samningi aðila og atvikum við kaup. Þýðing greiðsludráttar fyrir viðkomandi kaupanda er einnig mikilvægt atriði, sbr. og það sem áður segir þegar kaupandi áskilur sér efndir á nákvæmlega tilsettum tíma. Það er með öðrum orðum ekki huglæg afstaða kaupanda sem þýðingu hefur við matið heldur umfram allt það atriði hvort greiðsludrátturinn hefur í raun og veru haft veruleg áhrif á hagsmuni kaupandans. Einnig skiptir máli hvort seljandinn sá eða mátti sjá að greiðsludráttur mundi hafa veruleg áhrif á hagsmuni kaupanda. Ef riftun kemur mjög illa við seljanda, t.d. vegna óvæntra verðsveiflna, getur verið ástæða til þess að herða á skilyrðinu um verulegar vanefndir. Á þetta sérstaklega við ef riftunarrétturinn veitir kaupandanum í raun færi á spákaupmennsku eða til þess að beita seljanda þvingunum. Þá getur það og skipt máli í þessu sambandi hvort hagsmunum kaupanda teldist nægilega borgið með greiðslu skaðabóta vegna greiðsludráttarins án þess að jafnframt sé um riftun að ræða.

Það er ekki skilyrði riftunar að um sök seljanda sé að ræða. Sök getur á hinn bóginn haft vissa þýðingu við mat á því hvort vanefndir teljist verulegar.

Í 94. gr. frumvarpsins er sérregla um hvað nánar felst í skilyrðinu um verulegar vanefndir í alþjóðlegum kaupum. Það ákvæði getur einnig skipt máli við túlkun á 1. mgr. 25. gr. og vísast því til skýringa á 94. gr.

Sérstök álitaefni koma upp þegar til viðbótar greiðsludrætti kemur í ljós að söluhlutur er gallaður. Er í slíku tilviki sanngjarnt við mat á skilyrðum fyrir riftun að líta til þeirra heildaráhrifa sem vanefndirnar hafa sameiginlega haft.

Ákvæði 2. mgr. 25. gr. veitir heimild til þess að rifta kaupum að liðnum sanngjörnum viðbótarfresti þegar svo stendur á að afhending hefur ekki farið fram í samræmi við efni samnings. Ákvæðið veitir heimild til riftunar þegar sanngjarn viðbótarfrestur er liðinn ef greiðsla fer ekki fram innan þess tíma. Þegar svo stendur á, þ.e. hlutur er ekki afhentur áður en viðbótarfrestur er liðinn, getur kaupandinn rift kaupum strax, jafnvel þótt ekki sé liðinn svo langur tími að vanefndin teldist ella veruleg. Að öðru leyti hefur ákvæðið um viðbótarfrestinn þann tilgang að leggja áherslu á hagsmuni kaupanda af skjótri afhendingu og að skilgreina tímamark riftunar.

Það er skilyrði riftunar hér að viðbótarfresturinn sé *sanngjarn*. Hvað telst sanngjarnt í þessum efnum verður eins og endranær að meta út frá aðstæðum hverju sinni, m.a. með hliðsjón af eðli hlutar, hvort um verslunarkaup eða almenn kaup er að ræða og með hliðsjón af hagsmunum kaupanda af því að fá hlutinn afhentan. Liggur áherslan á því hvað telja má viðunandi greiðsludrátt metið út frá hagsmunum kaupanda. Í ákvæðinu felst að það ræður ekki úrslitum hvort um verulegan greiðsludrátt er að ræða. Ákvæðið tekur mið af því að aðilar kaupsamnings sýni hvor öðrum sanngjarnt tillit. Því á ekki að vera unnt að misnota ákvæðið með því að áskilja sér riftunarrétt vegna óverulegrar seinkunar.

Þá kröfu verður að gera að viðbótarfrestur sé afmarkaður með tiltölulega skýrum og ótvíræðum hætti. Sveigjanleg tilgreining hans getur þó fullnægt skilyrðum ákvæðisins ef ljóst er að um tiltölulega stuttan og afmarkaðan tíma er að ræða. Þó væri hvatning til seljanda um að efna sinn hlut „fljótlega“ of óljós til þess að geta haft þýðingu í sambandi við riftunarrétt skv. 2. mgr.

Ætla má að höfð verði hliðsjón af afhendingartímanum þegar viðbótarfrestur er settur. Ef það er á hinn bóginn fyrir fram alveg ljóst að greiðsludráttur verði er í sjálfu sér ekkert í vegi fyrir því að kaupandinn geti þegar á því tímamarki sett frest skv. 2. mgr.

Í 3. mgr. kemur fram að kaupandinn getur ekki rift kaupum meðan viðbótarfresturinn er að líða. Ef kaupandinn hefur sett frest sem nær yfir lengri tíma en þann sem teljast mundi ástæða verulegrar vanefndar er hann að sjálfsögðu bundinn af því. En lýsi seljandinn því yfir að hann muni ekki efna sinn hlut áður en fresturinn er liðinn getur kaupandinn rift kaupunum. Ef seljandinn lýsir því yfir að hann muni ekki afhenda það sem honum ber áður en fresturinn er útrunninn geta ástæður þess verið þær að hann telji frestinn of skamman. Einnig er hugsanlegt að hann leggi til lengri frest. Í þeim tilvikum getur reynt á ákvæði 24. gr.

Regla 3. mgr. á einungis við um rétt til riftunar vegna greiðsludráttar. Ef kaupandinn hefur rétt til riftunar af öðrum ástæðum getur hann notað sér það, jafnvel þótt umræddur viðbótarfrestur sé ekki liðinn.

Um 26. gr.

Ákvæði þetta á sér hvorki hliðstæðu í gildandi kaupalögum né í SÞ-samningnum og gildir því ekki í alþjóðlegum kaupum eins og reyndar er sérstaklega tekið fram í niðurlagi þess. Í alþjóðlegum kaupum gilda hins vegar venjuleg riftunarskilyrði, sbr. 25. gr. frumvarpsins.

Reglur þær, sem fram koma í ákvæðinu, styðjast við þau rök að sérsjónarmiða hljóti ávallt að gæta eðli málsins samkvæmt varðandi heimild til riftunar í pöntunarkaupum, þannig

að riftunarrétturinn verði þar þrengri en ella mundi vera samkvæmt almennum reglum. Augljóst er að riftun af hálfu kaupanda getur í pöntunarkaupum komið mjög illa við seljandann því að hann á það á hættu að sitja uppi með hlut sem enginn annar getur notað. Á hinn bóginn er ekki ástæða til þess að þrengja riftunarréttinn í slíkum kaupum umfram það sem leiðir af framangreindu sjónarmiði. Kemur því fram í ákvæðinu það viðbótarskilyrði að seljandinn geti ekki „af þeim sökum", þ.e. vegna þess að um pöntunarkaup er að ræða, ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns. Af orðalaginu leiðir að það er eðli pöntunarkaupanna sem veldur því að hlutnum verður ekki ráðstafað á annan hátt.

Ákvæðið á því aðeins við að kaup varði hlut sem er útbúinn sérstaklega fyrir kaupanda miðað við fyrirmæli hans eða óskir. Af þessu er ljóst að ákvæðið getur ekki átt við í öllum tilvikum sem teljast til pöntunarkaupa. Um pöntunarkaup er t.d. að ræða þegar kaupandi pantar nokkra stóla frá húsgagnaframleiðanda ef það er forsendan að verksmiðjan framleiði stólana eftir að kaup voru gerð. Ef um er að ræða stóla af tiltekinni gerð, sem verksmiðjan framleiðir einnig í öðrum tilvikum, er ekki unnt að beita 26. gr. án þess að fleira komi til. Ef þeir eru hins vegar sérstaklega framleiddir fyrir tiltekinn kaupanda miðað við fyrirmæli hans og óskir á greinin við.

Það getur einnig verið álitamál hvenær 26. gr. á við þegar kaupandinn getur valið á milli ýmissa staðalstærða eða gerða af hlutum. Dæmi um þetta er t.d. matarkaup á veitingahúsi þar sem kaupandinn getur valið af matseðli. Hér verður að meta það, m.a. með hliðsjón af valmöguleikum kaupandans, hvort ákvæði 26. gr. eigi við. En þar fyrir utan kemur síðara skilyrði 26. gr. einnig mjög til athugunar, þ.e. hvort seljandi geti ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns.

Ákvæðið gildir aðeins ef seljandi getur ekki ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns. Erfiðleika seljanda við að ráðstafa hlutnum ber því að meta með hliðsjón af því að hann var útbúinn fyrir kaupanda sérstaklega samkvæmt fyrirmælum hans og óskum. Möguleikar seljanda að ráðstafa hlutnum eru að mörgu leyti undir því komnir að hve miklu leyti hann er útbúinn sérstaklega fyrir kaupandann, svo sem áður sagði. Tegund hlutarins og umsvif viðskipta á markaðnum með slíka hluti skipta einnig máli. Sem dæmi um þetta má nefna að hafi gestur á veitingahúsi pantað nautasteik en vilji hana síðan ekki af því að það tekur of langan tíma að framreiða hana má vera að hægt sé að bjóða steikina einhverjum öðrum, en sá möguleiki er að sjálfsögðu að verulegu leyti háður því hversu margir aðrir gestir eru á staðnum sem ekki hafa fengið afgreiðslu. Einnig má nefna kaup á gleraugum. Lítill vandi er að setja annað gler í umgjörð en aftur á móti er glerið sjálft mjög oft sérstaklega hannað fyrir kaupandann. Af þeim sökum hefur seljandinn aðeins mjög takmarkaða möguleika á að ráðstafa því.

Annað sérstakt skilyrði riftunar af hálfu kaupanda í pöntunarkaupum er að tilgangur hans með kaupunum raskist verulega vegna greiðsludráttarins. Það nægir því ekki að greiðsludráttur sé verulegur eða valdi kostnaði og óþægindum ef því skilyrði er engu síður ekki fullnægt að tilgangur kaupanna haldist að öðru leyti.

Ákvæði greinarinnar eiga þá fyrst við þegar gerð hlutar hefur hafist að marki eða seljandinn hefur gert svipaðar ráðstafanir til undirbúnings efndum. Ef seljandinn hefur á hinn bóginn hvorki lagt í umtalsverða vinnu né kostnað, sem ónýtist við riftun, er ekki ástæða til þess að takmarka riftunarrétt kaupanda. Þótt ekki leiði þetta beinlínis af orðalaginu er til þessara atriða að líta við beitingu ákvæðisins.

Um 27. gr.

Frumvarpsgreinin á sér fyrirmynd í 79. gr. SÞ-samningsins. Í henni er aðeins fjallað um skilyrði fyrir skaðabótum, en um ákvörðun bótafjárhæðar er fjallað í 67.–70. gr. frumvarpsins. Í gildandi lögum er fjallað um skaðabótaskyldu seljanda vegna greiðsludráttar í 23. og 24. gr.

Með greiðsludrætti í frumvarpinu er átt við það þegar söluhlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint, sbr. 22. gr. Ákvæði frumvarpsgreinarinnar gilda einnig þegar greiðsludráttur verður að hluta til, þ.e. þegar einungis hluti greiðslunnar er afhentur. Um ábyrgð seljanda á göllum er fjallað í 40. gr. og um ábyrgð á vanheimild í 41. gr. Um ábyrgð kaupanda vegna greiðsludráttar af hans hálfu er fjallað í 57. gr. frumvarpsins.

Í gildandi rétti er bótaábyrgð seljanda vegna afhendingardráttar og galla mismunandi eftir því hvort um er að ræða tegundarkaup eða einstaklega ákveðin kaup. Í tegundarkaupum er aðalreglan sú að seljandi ber hlutlæga ábyrgð, en frá því eru þó undantekningar ef afhendingardrátt eða galla má rekja til nánar tilgreindra hindrana, sem standa í vegi fyrir efndum, sbr. 24. gr. og 3. mgr. 43. gr. gildandi laga. Hindrun verður að vera með þeim hætti að efndir séu útilokaðar og hún verður að auki að vera almenn, en í því felst að hindrun, sem snertir einungis hagsmuni viðkomandi seljanda en ekki annarra, nægir ekki til að leysa undan ábyrgð. Loks verða aðstæður að vera þannig að seljandi hafi ekki haft ástæðu til að hafa hindrunina í huga þegar kaup voru gerð.

Í einstaklega ákveðnum kaupum ber seljandi samkvæmt gildandi rétti ábyrgð á afhendingardrætti nema því aðeins að „drátturinn var ekki honum að kenna“. Seljandinn ber með öðrum orðum sakarábyrgð með öfugri sönnunarbyrði og unnt er samkvæmt reglunni að gera hann ábyrgan vegna gáleysis starfsmanna sinna og annarra sem hann hefur falið að efna kaup fyrir sína hönd. Þá getur seljandi einnig orðið ábyrgur ef hann sýnir af sér gáleysi við samningsgerð. Loks er ábyrgð lögð á seljanda á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar, auk þess sem hann ber ábyrgð á því að fjárskortur hindri ekki efndir.

Þegar einstaklega ákveðinn hlutur er gallaður ber seljandi bótaábyrgð ef gallann má rekja til vanrækslu eða svika af hans hálfu, sbr. 2. mgr. 42. gr. gildandi laga. Þar að auki ber seljandi ábyrgð án sakar ef söluhlutur hefur ekki þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur ábyrgst sérstaklega. Seljandi ber hér einnig ábyrgð á þeim mönnum sem hann hefur falið að annast samninga fyrir sína hönd. Skv. 30. gr. gildandi laga ber kaupandi hlutlæga ábyrgð vegna dráttar á greiðslu kaupverðs, en sú ábyrgð takmarkast með þeim hætti sem greinir í 24. gr. laganna.

Reglur frumvarps þessa um bótaábyrgð seljanda vegna greiðsludráttar og galla fela í sér talsverða breytingu miðað við gildandi rétt. Samkvæmt þeim er meginreglan sú að seljandinn ber svokallaða stjórnunarábyrgð („kontrollansvar“ á Norðurlandamálum) í báðum tilvikum og er það í samræmi við reglur SÞ-samningsins. Ekki er þó eingöngu byggt á slíkri ábyrgð að því er galla varðar, sbr. 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Ekki er farin sú leið í frumvarpinu að byggja á mismunandi bótaábyrgð eftir því hvers eðlis tjónið er. Í því felst að stjórnunarábyrgðin gildir bæði fyrir seljanda og kaupanda og um allar tegundir vanefnda. Óbeint tjón bætist þó því aðeins að vanefndir sé að rekja til mistaka eða vanrækslu. Þegar um galla er að ræða er áfram byggt á ábyrgð vegna þeirra eiginleika hlutar sem seljandi hefur heitið sérstaklega.

Í stjórnunarábyrgðinni felst að samningsaðili ber ábyrgð á efndum kaupsamningsins nema því aðeins að einhver sú hindrun standi í vegi fyrir efndum, sem hann getur ekki sigrast á og verður þessum hindrunum nánar lýst síðar. Ábyrgðarreglan hefur einkenni vísireglu og geta áhrif hennar samkvæmt því verið mismunandi eftir því í hvers konar samböndum henni er

beitt og þar hefur eðli kaupa ekki hvað síst þýðingu. Samkvæmt því má segja að ábyrgð seljanda sé strangari eftir því sem tegundareinkenni skyldunnar eru meiri og möguleikinn og þörfin á staðgönguráðstöfunum er meiri. Þetta þýðir að þegar um er að ræða vörur sem ákveðnar eru eftir tegund og þær eru almennt til á þeim markaði, sem um ræðir, er yfirleitt um bótaábyrgð seljanda að ræða. Þá er og ástæða til að benda skýrt á að sé hindrun fyrir hendi leysir hún ekki undan bótaábyrgð í lengri tíma en hún varir, sbr. 3. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Munurinn á reglum frumvarpsins og gildandi lögum er helstur sá að reglur þess eru fyllri og ábyrgðin er heldur mildari í samanburði við tegundarkaup samkvæmt gildandi lögum. Það birtist í því að þess er ekki fortakslaust krafist að ómöguleikinn sé algerlega hlutlægur og þær tegundir hindrana, sem leyst geta undan ábyrgð, eru ekki takmarkaðar á sama hátt og í gildandi lögum. Í einstaklega ákveðnum kaupum leiðir stjórnunarábyrgðarreglan til heldur strangari ábyrgðar en samkvæmt gildandi rétti, m.a. vegna þess að ekki er krafist sakar hjá seljanda. En þar sem inntak stjórnunarábyrgðar er mismunandi eftir eðli kaupa verður munurinn í framkvæmd þó ekki ýkja mikill í dæmigerðum einstaklega ákveðnum kaupum. Stjórnunarábyrgðarreglan nær til allra þeirra tilvika sem nú falla undir 23. gr. gildandi laga.

Í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar kemur fram meginreglan um skaðabótaábyrgð seljanda gagnvart kaupanda vegna greiðsludráttar og er þar um hlutlæga reglu að ræða. Þar kemur fram að kaupandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar. Þetta gildir þó ekki skv. 2. málsl. ef seljandi sýnir fram á að greiðsludrátturinn hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við og ekki er með sanngirni unnt að ætlast til að hann hefði hindrunina í huga við samningsgerð, eða hefði getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar. Það er með öðrum orðum meginsjónarmiðið að kaupandinn eigi rétt til skaðabóta vegna þess tjóns, sem greiðsludráttur veldur honum, sbr. ákvæði 1. málsl. ákvæðisins, en hann getur á hinn bóginn losnað undan bótaskyldu á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 2. málsl. 1. mgr.

Til þess að seljandinn losni undan skaðabótaábyrgð skv. 1. málsl. 1. mgr. þarf fjórum mismunandi skilyrðum, sem fram koma í 2. málsl. ákvæðisins, að vera fullnægt. Í *fyrsta lagi* þarf að vera fyrir hendi hindrun sem veldur afhendingardrætti og stendur í vegi fyrir umsömdum efndum. Í *öðru lagi* þarf hindrunin að vera þess eðlis að seljandinn fái ekki við hana ráðið, þ.e. hún sé honum ofviða. Í *þriðja lagi* þarf hindrunin að vera þess eðlis að ekki sé með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandinn hafi haft hana í huga við samningsgerðina. Í *fjórða lagi* er það skilyrði að ekki sé með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandinn geti komist hjá eða sigrast á afleiðingum hindrunarinnar. Verður nú gerð grein fyrir hinum einstöku skilyrðum.

Fyrsta skilyrði þess að um ábyrgðarleysi geti verið að ræða skv. 2. málsl. 1. mgr. er það að til staðar sé hindrun sem veldur afhendingardrætti og stendur í vegi fyrir efndum. Eins og áður er rakið er það ekki skilyrði að um sé að ræða hlutlægan ómöguleika í þeim skilningi að afhending á réttum tíma sé útilokuð fyrir hvaða seljanda sem er. Þótt orðalagið „vegna hindrunar“ geti bent til þess að það eigi í raun og veru að vera ómögulegt fyrir seljandann að efna samninginn er ekki að öllu leyti unnt að gera svo strangar kröfur. Atvik geta verið til staðar sem ekki gera efndir algjörlega ómögulegar en gera þær eigi að síður svo einstaklega torveldar að atvikin á grundvelli hlutlægs mats koma í veg fyrir efndir.

Sem dæmi um atvik sem geta hindrað efndir má nefna stríð, náttúruhamfarir, alvarlegan bruna eða sprengingar, sem hafa áhrif á starfsemi seljandans, verkföll, útflutnings- og innflutningsbönn eða önnur stjórnvaldsboð. Atvik, sem eru einvörðungu fjárhagslegs eðlis, geta í sjálfu sér einnig hindrað efndir, t.d. óvenjulegar útgjaldahækkanir eða verðhækkanir. Hins

vegar er það ekki nóg að samningurinn standist ekki samkvæmt þeim fjárhagsáætlunum, sem seljandi hefur gert, eða að það sé verulega miklu dýrara fyrir seljanda að efna samninginn en gera mátti ráð fyrir. Ef selt er á föstu verði verður seljandinn venjulega sjálfur að bera afleiðingarnar af óvæntri verð- eða útgjaldaþróun. Ef efndir hafa í för með sér óþægindi eða kostnað sem ekki er í sanngjörnu hlutfalli við hagsmuni kaupanda af efndum getur seljandinn eftir atvikum komist hjá afhendingarskyldu samkvæmt ákvæðum 23. gr. Hins vegar er ekki um að ræða hindrun í skilningi 27. gr. í því tilviki. Hún getur því aðeins átt við að kostnaðarauki sé slíkur að efndir samningsins valdi seljandanum byrði sem hlutlægt séð liggur utan við forsendur þess kaupsamnings sem um er að tefla. Ávallt er skilyrði að hindrun valdi því í raun og veru að seljandinn geti ekki efnt kaupin. Skilyrðið verður einnig að skoða í samhengi við þann áskilnað að ekki sé með sanngirni hægt að ætlast til þess að seljandinn geti komist hjá eða sigrast á afleiðingum hindrunarinnar.

Ákvæði 36. gr. samningalaganna veita heimild til þess víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta þegar ósanngjarnt er að bera hann fyrir sig. Heimilt er samkvæmt ákvæðinu að taka tillit til atvika sem urðu eftir samningsgerðina. Ákvæðið er til viðbótar reglum frumvarpsins um lausn undan skaðabótaskyldu.

Að hvaða marki unnt er að segja að atvik hindri efndir á réttum tíma mun í mörgum tilvikum fara eftir því hvenær atvikið ber að höndum. Þótt um sé að ræða gjaldgengan einstaklega ákveðinn hlut, sem auðveldlega verður bættur með öðrum, getur tilviljunarkennt tjón, sem verður í flutningi til afhendingarstaðar, gert það ókleift fyrir seljanda að afhenda hann á réttum tíma. Hafi tjón orðið meðan hlutur var enn á lager seljanda er á hinn bóginn ekki um neina hindrun að ræða ef seljandinn getur afhent annan hlut af sama lager.

Við mat á því hvað telst hindrun skiptir efni samningsins ekki síst máli og þá umfram allt eðli þeirrar greiðslu sem seljandinn á að láta í té samkvæmt samningnum. Að þessu verður nánar vikið síðar því að eðli kaupanna hefur einnig þýðingu varðandi skilyrði annarra ábyrgðarleysisástæðna.

Annað skilyrði þess að um ábyrgðarleysi skv. 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins geti verið að ræða snýst um það að hindrun sé þess eðlis að seljandinn fái ekki við hana ráðið, þ.e. hún sé honum ofviða. Seljandinn er ávallt ábyrgur vegna atvika og aðstæðna er falla innan þeirra marka sem hann fær ráðið við, og skiptir þá ekki máli hvort um sök er að ræða af hans hálfu eða ekki. Hér verður því ekki um neitt gáleysismat að ræða. Það nægir að vanefndir megi rekja til atvika sem rúmast innan þeirra marka sem seljandinn fær ráðið við.

Dæmigerð tilvik, sem það á við um, eru öll atvik sem rekja má til seljandans sjálfs, starfsmanna hans eða manna sem hann samkvæmt almennum reglum ber ábyrgð á. Er þá ekki átt við afhendingaraðila, sbr. um það efni ákvæði 2. mgr. 27. gr. Öll atvik, sem gerast í fyrirtæki seljanda, má því að jafnaði rekja til þess sem hann getur haft stjórn á samkvæmt framansögðu. Þó mundu verkföll til þess að knýja fram almennar launahækkanir í viðkomandi starfsgrein falla utan þess sem seljandinn fær ráðið við í skilningi ákvæðisins. Annað mundi þó að öllum líkindum gilda um ólögmætt verkfall í fyrirtæki seljanda, en við það yrði seljandinn talinn fá ráðið í þessum skilningi.

Atvik, sem beint eða óbeint eru komin undir eigin aðgerðum eða ráðstöfunum seljanda, er hann einnig talinn fá ráðið við í þessu sambandi. Þetta á við um allt sem unnt er að hafa stjórn á eða hafa áhrif á með skipulagningu, stjórnun eða eftirliti í því fyrirtæki sem um er að tefla. Því verður seljandi alltaf ábyrgur ef ástæður atvikanna má rekja til þess hvernig fyrirtæki hans er stjórnað. Hér getur t.d. verið um að tefla ranga útreikninga á framleiðslugetu fyrirtækis eða tæknileg vandamál við framleiðsluvélar fyrirtækisins o.fl. Einnig mundu hér undir falla hrein óhappatilvik, t.d. þegar vélar gefa sig eða þegar bruni verður, nema unnt

sé að segja að seljandinn hafi alls ekki getað haft stjórn á þessu. Ef bruna má rekja til skammhlaups í rafleiðslum er í eðli sínu um að ræða atvik sem seljandi gat haft stjórn á. Hins vegar er seljandi ekki talinn fá ráðið við atvik í skilningi ákvæðisins ef brennuvargur á leið um hverfi hans kveikir í fyrirtækinu.

Svipuð sjónarmið leiða til þess að seljandi ber ábyrgð á því hvernig hann útvegar hráefni og annað sem á þarf að halda til að efna kaupin. Bregðist samningur um kaup á hráefni ber seljandinn ábyrgð á því ef vanefndina má rekja til þess að hann var að öllu leyti háður einum tilteknum birgi um afhendinguna. Sama gildir þegar í ljós kemur að vörur sem seljandi hefur pantað frá fyrri söluaðila nægja ekki til þess að fullnægja afhendingarskyldu samkvæmt samningum sem seljandinn hefur gert. Seljandinn er venjulega ekki heldur laus úr ábyrgð þótt þeir sem hann notar til að sjá um þjónustu og viðgerðir í fyrirtæki hans bregðist honum og vanefnd gagnvart kaupanda má rekja til þess.

Fjárhagsstaða seljanda sjálfs er einnig meðal þess sem hann fær ráðið við í skilningi ákvæðisins. Greiðsluþrot eða annar brestur í greiðslugetu seljanda leysir hann ekki úr ábyrgð. Ef seljandi getur t.d. vegna bágs fjárhags ekki staðgreitt vörur og honum er neitað um lánafyrirgreiðslu hjá þeim sem hann kaupir af er hann ekki laus úr ábyrgð gagnvart viðsemjendum sínum af þeirri ástæðu. Annað mundi hins vegar gilda þegar greiðslumiðlun stöðvast, t.d. vegna verkfalls í banka.

Þriðja skilyrði þess að um ábyrgðarleysi geti verið að ræða byggist á því að hindrunin sé þess eðlis að ekki sé með sanngirni unnt að ætlast til þess að seljandinn hafi haft hana í huga á þeim tíma sem samningurinn var gerður. Af þessu leiðir að seljandi getur borið ábyrgð á greiðsludrætti, jafnvel þótt hindrun hafi verið honum ofviða ef hann mátti sjá hana fyrir á þeim tíma sem samningur var gerður. Vandinn er hins vegar að ákveða hvað seljandinn gat séð fyrir við samningsgerðina.

Niðurstaða um það hvað seljandinn hefði átt að hafa í huga við samningsgerðina byggist á mati á aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig. Dæmi um þetta er að hafi seljandi getað séð fyrir hugsanlegt verkfall sem kynni að seinka afhendingu og þar með getað tekið tillit til þess við samningsgerðina getur hann ekki borið slíka hindrun fyrir sig. Einnig má hugsa sér atvik sem oft verða í viðkomandi atvinnugrein og seljandinn á því að hafa í huga og gera ráð fyrir. Dæmigert tilvik af því tagi er kaup þar sem afhendingin er komin undir góðu veðri. Ef seljandinn hefur það ekki í huga og setur ekki fyrirvara að þessu leyti í samninginn getur hann ekki án þess að annað og meira komi til losnað undan ábyrgð. Sá sem ræktar og selur grænmeti getur ekki gert ráð fyrir góðri langtímaverðurspá á þeim tíma sem samningur um sölu grænmetis var gerður og þannig hliðrað sér hjá allri ábyrgð á afleiðingum þess að veðrið reyndist í raun ekki samkvæmt spám. Öðru máli kann hins vegar að gegna ef veður reynist mjög afbrigðilegt og mun óhagstæðra en mátti búast við, t.d. ef frosthörkur verða í júlí. Annað dæmi er möguleikinn á mikilli geislavirkni. Ef kjarnorkuslys verður í viðskiptalöndunum má á sama hátt búast við því að erfitt geti reynst að fá grænmeti og vissa matvöru frá þeim svæðum þar sem geislavirkni gætir. Verður þá seljandi að hafa þetta í huga við samningsgerðina. En möguleikinn á geislavirkni er að öllu jöfnu svo lítill að ekki er ástæða til fyrir seljanda að hafa slíkt í huga nema atvik hafi orðið sem veiti vísbendingu um slíkt.

Yfirleitt verður þess ekki krafist að seljandi hafi annan sambærilegan hlut á lager með það í huga að hinn seldi hlutur kunni að skemmast fyrir afhendingu. Eftir atvikum er slíkt þó ekki óhugsandi.

Fjórða skilyrðið fyrir ábyrgðarleysi er að ekki sé unnt að ætlast til þess að seljandinn geti komist hjá eða sigrast á afleiðingum hindrunar. Þetta skilyrði er einnig háð því til hvers var unnt að ætlast af seljanda. Hér er um það að ræða hvað seljandi getur gert til að komast hjá

eða sigrast á afleiðingum hindrunar. Af öðru skilyrðinu hér að framan leiðir hins vegar að hafi seljandi getað komist hjá eða yfirunnið sjálfa hindrunina er honum það skylt, enda er þá ekki um að ræða hindrun sem seljandi fær ekki ráðið við. Fjórða skilyrðið á m.a. við þegar svo stendur á að hindrun verður á tímabilinu frá því að kaup gerðust og fram að afhendingartíma. Seljanda er þá skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afstýra afleiðingum hindrunarinnar. Þetta getur t.d. þýtt að heildsali verði að velja annan framleiðanda en hann hafði ákveðið ef augljóst verður að sá framleiðandi muni ekki geta efnt skyldur sínar vegna verkfalla eða annarra slíkra hindrana. Eftir atvikum geta möguleikar og jafnframt skyldur seljanda legið í því að byggja upp nógu mikinn vörulager til þess að mæta hugsanlegum vandamálum af þessu tagi eða þá að leita til annarra birgja. Það nægir seljanda ekki í þessu efni að sýna fram á að slík vöruútvegun sé dýrari en sú sem hann hugsaði sér upphaflega. Hugsanlegt er að hindrun verði eftir að vöruafhendingu hefur þegar seinkað af annarri ástæðu. Hindrun við þessar aðstæður leysir seljanda ekki undan ábyrgð hefði hún ekki haft nein áhrif ef afhendingin hefði farið fram samkvæmt samningnum.

Það skal tekið fram að áðurnefnd fjögur skilyrði eru nátengd innbyrðis. Í öllum tilvikum skiptir tegund kaupanna miklu máli. Því meira sem söluhlutur er tegundarákveðinn þeim mun meiri möguleika hefur seljandi að jafnaði að útvega aðra hluti í staðinn. Ábyrgð hans verður því metin á strangari mælikvarða í slíkum tilvikum. Sé auðvelt að útvega aðra tegundarákveðna hluti nálgast ábyrgð seljanda að vera hlutlæg. Sé um einstaklega ákveðin kaup að ræða er oft ekki auðvelt að útvega aðra hluti í staðinn ef söluhlutur eyðileggst, t.d. fyrir afhendingu.

Eins og ákvæði 1. mgr. 27. gr. er orðað er gert ráð fyrir því að seljandinn þurfi að sanna að þau skilyrði séu fyrir hendi sem leysa hann undan bótaábyrgð.

Í 2. mgr. er rætt um ábyrgð seljanda á greiðsludrætti sem rekja má til þriðja manns. Þriðji maður í þessu samhengi telst sá eða þeir sem ekki eru beinlínis starfsmenn eða aðstoðarmenn seljanda í hans eigin fyrirtæki því að þá fellur tilvikið undir 1. mgr. Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. á við um þriðja mann sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. á hins vegar við þegar seljandi hefur notað afhendingaraðila eða einhvern annan á fyrra sölustigi. Það er því ekki skilyrði samkvæmt greininni að umræddum þriðja manni sé skylt gagnvart seljanda að fullnægja samningi af sinni hálfu. Það nægir að þriðja manni sé skylt að efna sinn hluta samkvæmt samningi við einhvern annan, t.d. afhendingaraðila. Aftur á móti er seljandi ekki ábyrgur skv. 2. mgr. vegna afhendingaraðila sem kaupandi hefur valið. Samkvæmt þessu getur þriðji maður verið framleiðandi eða afhendingaraðili söluhlutar, en hann getur einnig verið framleiðandi að hluta eða undirafhendingaraðili eða undirframleiðandi hráefnis. Hann getur einnig verið dreifingarfyrirtæki, flytjandi eða uppsetningaraðili. Sé um þessi tilvik að ræða er það áskilið í ákvæðinu að seljandi verði því aðeins laus úr ábyrgð að skilyrði 1. mgr. eigi bæði við um seljanda og þriðja mann (tvöfaldur „force majeure"). Þetta þýðir að seljandi getur í vissum tilvikum orðið að bera rýmkaða ábyrgð, sem nær einnig til þriðja manns, jafnvel þótt svo standi á að skilyrði 1. mgr. um ábyrgðarleysi eigi við um seljanda sjálfan. Einnig hér er gert ráð fyrir því að seljandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrðunum um ábyrgðarleysi sé fullnægt í báðum tilvikum. Hafi seljandi samkvæmt þessu gert samning við fyrirtæki um afhendingu á tiltekinni framleiðsluvöru, t.d. hluta af vél sem seljandi hugðist síðan afhenda, er samkvæmt þessu ekki nóg að seljandi geti sýnt fram á að vanefndir þriðja manns hafi falið í sér hindrun fyrir seljandann. Hann verður einnig að sýna fram á að hindrun þriðja manns sé þess eðlis sem um getur í 1. mgr. Á hinn bóginn kann að vera að ekki sé heldur nóg að sýna fram á að slík skilyrði

séu fyrir hendi að því er varðar þriðja mann ef seljandi gat engu síður sigrast á hindrun með því að fá annan aðila til að afhenda sömu framleiðsluvöru í vélarhlutann.

Í 3. mgr. kemur fram sú regla að seljandi sé aðeins laus undan ábyrgð þann tíma sem hindrun varir. Hindrun, sem varir skamman tíma, útilokar þess vegna ekki ábyrgð ef sá tími, sem til ráðstöfunar er eftir að hindrun féll brott, nægir til þess að efna samninginn í tíma. Ef hindrun stendur fram yfir umsaminn afhendingartíma getur seljandi þó orðið bótaskyldur fyrir þann hluta seinkunar sem varð eftir að afleiðingar hindrunar féllu brott. Þó getur þetta því aðeins orðið að seljandi hafi haft þá skyldu til að efna kaupin skv. 23. gr., en hann látið það hjá líða. Samkvæmt þessu á ákvæðið því aðeins við að hindrun sé tímabundin en ekki varanleg.

Með 4. mgr. er gildissvið málsgreinanna á undan þrengt. Ákvæði 1.–3. mgr. 27. gr. nær þannig ekki til óbeins tjóns, en það hugtak er skýrt í 2. mgr. 67. gr. Stjórnunarábyrgðin gildir því aðeins um beint tjón. Um röksemdir fyrir þessu skal vísað til almennra athugasemda, sbr. einnig athugasemdir við 2. mgr. 67. gr. Það leiðir af 2. málsl. 4. mgr. að stjórnunarábyrgðin gildir almennt í alþjóðlegum kaupum, bæði varðandi beint og óbeint tjón, sbr. ákvæði 79. gr. SÞ-samningsins. Af 1. mgr. 67. gr., sbr. einnig 74. gr. SÞ-samningsins, leiðir þó að viss takmörk eru fyrir því hvaða tjón verður bætt. Ákvæði 4. mgr. 27. gr. eru ekki hugsuð sem nein rýmkun á þessu. Því er til öryggis vísað í 3. mgr. 70. gr. til að tryggja slíkan skilning.

Í 5. mgr. er því slegið föstu að kaupandi geti ávallt krafist skaðabóta ef greiðsludrátt eða tjón má rekja til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda. Skipir ekki máli hvort um er að ræða beint eða óbeint tjón. Orðasambandið „af hálfu seljanda“ vísar til þess að hann beri ekki aðeins ábyrgð á eigin mistökum og vanrækslu heldur einnig á starfsmönnum sínum og sjálfstæðum verktökum sem hann hefur notað til að efna samninginn. Þess vegna getur seljandi orðið ábyrgur fyrir vanrækslu undirverktaka eða flytjanda.

Mistök eða vanræksla geta legið fyrir þegar á þeim tíma sem samningur var gerður, t.d. ef þá þegar var ljóst að efndir mundu valda vandkvæðum fyrir seljanda. Sama getur einnig átt við um val á aðila til að aðstoða við efna samninginn. Enn fremur geta mistök eða vanræksla átt sér stað við sjálfar efndirnar, t.d. falist í skertu eftirliti með framleiðslu eða vanrækslu við að undirbúa flutning. Mistök eða vanræksla geta einnig átt sér stað eftir afhendingu, t.d. við efndir á viðbótarskyldum. Það kann að vera álitamál að hvaða marki má telja fjárskort til mistaka eða vanrækslu. Aðalreglan um bótaskyldu í samningum leiðir til þess að skortur á fjármagni leysir ekki undan bótaskyldu. Ef seljandi getur því ekki greitt það sem til þarf til að fullnægja samningi vegna fjárskorts, eða vegna þess að hann hefur ekki lánstraust, verður hann bótaskyldur fyrir því tjóni sem kaupandi beið vegna þeirrar seinkunar sem varð á afhendingu.

Ákvæðið felur ekki í sér neina reglu um sönnunarbyrði. Álitamál varðandi sönnunarbyrði verða því leyst út frá almennum réttarreglum um sönnun. Frumvarpið felur ekki í sér neina sérstaka vísbendingu í því efni.

Ákvæði 5. mgr. hefur litla þýðingu að því er varðar beint tjón. Sé unnt að líta svo á að seljandi beri ábyrgð á grundvelli mistaka eða vanrækslu ber seljandi venjulega einnig ábyrgð skv. 1. mgr. Sé hins vegar unnt að líta svo á að um mistök eða vanrækslu sé að ræða hjá starfsfólki seljanda, aðstoðarmönnum eða sjálfstæðum verktökum mundi seljandi bera ábyrgð skv. 1.–3. mgr. Ákvæðið hefur því fyrst og fremst þýðingu að því er varðar óbeint tjón. Ákvæðið í 5. mgr. svarar til 3. mgr. 40. gr. um skaðabætur vegna galla. Eðlilegt þykir að hafa lagareglur eins að þessu leyti, hvort sem um er að ræða greiðsludrátt eða galla.

Um 28. gr.

Í gildandi lögum er ekki ákvæði sem er beinlínis sambærilegt 28. gr. frumvarpsins, en svipuð regla kemur hins vegar fram í 4. mgr. 79. gr. SÞ-samningsins.

Það getur haft mikla þýðingu fyrir kaupanda í lausafjárkaupum að fá um það upplýsingar ef upp kemur hindrun sem stendur í vegi fyrir efndum á réttum tíma. Í mörgum tilvikum getur kaupandinn gripið til tímabundinna eða varanlegra aðgerða til þess að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar greiðsludráttar, sé hann aðeins varaður við í tíma. Í frumvarpsgreininni er því lögð sú skylda á herðar seljanda að upplýsa kaupandann um hindrun sem stendur í vegi fyrir efndum.

Tilkynningarskylda verður raunhæf þegar hindrun hefur orðið eða þegar búast má við að hindrun verði sem skiptir máli fyrir réttar efndir. Ekki skiptir máli hvers eðlis hindrun er og ekki heldur hvort hún stafar af ástæðum sem seljandi gat haft áhrif á skv. 27. gr. Tilkynningarskylda stofnast hins vegar ekki þegar seljandi getur með réttu gert ráð fyrir því að afstýra megi yfirvofandi hindrun.

Í tilkynningu seljanda skal koma fram hver hindrunin er og hver áhrif hún hefur á möguleika hans til efnda. Ber þá m.a. að taka fram hvort seinkun er tímabundin eða ekki, hvort hún varðar allt hið keypta eða aðeins hluta þess og hvort hugsanlega sé unnt að efna kaupin á annan hátt.

Í 2. málsl. greinarinnar er regla sem mælir fyrir um bætur til handa kaupanda fái hann ekki slíka tilkynningu sem að framan greinir. Í mörgum tilvikum mundi seljandi bera skaðabótaábyrgð gagnvart kaupanda á grundvelli 27. gr. frumvarpsins. Bótaregla 2. málsl. 28. gr. er hins vegar sjálfstæð bótaregla óháð bótareglu 27. gr. og hefur hún helst sjálfstæða þýðingu þegar um er að ræða hindrun sem leysa mundi undan bótaskyldu skv. 27. gr. frumvarpsins.

Skilyrði skaðabóta samkvæmt bótareglu 2. málsl. 28. gr. frumvarpsins er í fyrsta lagi að kaupandinn hafi ekki fengið tilkynningu um hindrun innan hæfilegs tíma. Af framsetningu ákvæðisins leiðir að tilkynningin er send á áhættu seljandans andstætt því sem almennt gildir um áhættuna af sendingu tilkynninga skv. 82. gr. frumvarpsins. Ef seinkun verður á póstsamgöngum eða öðrum samgöngum, eða þær falla niður af óviðráðanlegum atvikum, t.d. vegna verkfalla, er þó hugsanlegt að líta svo á að seljandi geti orðið laus úr ábyrgð með lögjöfnun frá 27. gr.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við fjárlög ársins 1999.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjur ríkissjóðs á árinu 1999. Fyrst eru dregnar saman helstu niðurstöður og síðan er gerð grein fyrir tekjum ríkissjóðs á árinu 1999 og helstu frávikum frá áætlun fjárlaga. Umfjöllun um tekjur ríkissjóðs í þessum kafla miðast við rekstrargrunn sem sýnir álagðar tekjur á viðkomandi ári án tillits til þess hvenær þær innheimtast.

Breytt framsetning fjárlaga. Við undirbúning og gerð fjárlaga fyrir árið 1999 var í annað sinn miðað við gjörbreytta uppgjörsaðferð í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins sem samþykkt voru vorið 1997. Meginbreytingin felst annars vegar í því að fjárlög og breytingartillögur til fjáraukalaga eru nú settar fram á sama grunni og ríkisreikningur, þ.e. rekstrargrunni. Hins vegar var flokkun ríkisaðila endurskoðuð. Það leiddi til mikillar fjölgunar tekjuliða í fjárlögum þar sem nú eru meðal annars ýmsar tekjur sem áður töldust til sértekna nokkurra stofnana færðar til tekna ríkissjóðs.

Tekjuhorfur 1999. Þegar fjárlög fyrir árið 1999 voru afgreidd í lok síðasta árs var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs yrðu 184,8 milljarðar króna. Þessi áætlun byggði á fyrirliggjandi þjóðhagsforsendum í árslok 1998 fyrir árið 1999 og áætlaðri niðurstöðu ársins 1998. Þessar forsendur hafa nú báðar breyst. Annars vegar sýnir innheimta tekna það sem af er árinu að heildarumsvif og tekjubreytingar í efnahagslífinu eru meiri en áætlað var sem aftur skilar sér í auknum tekjum í ríkissjóð. Hins vegar sýndi niðurstaða ríkisreiknings fyrir árið 1998, sem birtur var fyrir skömmu, talsvert meiri tekjur en gengið var út frá í fyrri áætlunum. Þannig er nú talið að heildartekjur ríkissjóðs verði um 10 milljörðum króna hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þessa hækkun má nær alfarið rekja til hærri tekna og meiri umsvifa í efnahagslífinu en búist var við í lok síðasta árs. Sérstaklega hafa tekjuskattar einstaklinga og félaga skilað meiru en áætlað var eða um 4,6 milljarði. Jafnframt hefur innflutningur aukist meira en reiknað var með og er þess nú vænst að skattar á vörur og þjónustu skili tæplega 4 milljörðum króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í heild er því talið að tekjur ríkissjóðs á árinu 1999 verði um 194,8 milljarðar króna.

Þjóðhagsforsendur tekjuáætlunar

Magnbreyting %	Fjárlög 1999	Áætlun 1999	Frávik frá fjárlögum
Einkaneysla	6,0	6,0	0,0
Samneysla	3,5	3,4	-0,1
Fjárfesting	-5,0	-1,0	4,0
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	3,3	4,3	1,0
Útflutningur vöru og þjónustu	5,2	8,3	3,1
Innflutningur vöru og þjónustu	1,0	3,4	2,4
Landsframleiðsla	5,0	5,8	0,8
Vísitala neysluverðs	2,5	3,2	0,7
Ráðstöfunartekjur á mann	7,6	8,2	0,6
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	5,0	5,0	0,0

Forsendur tekjuáætlunar árið 1999. Þróun kaupmáttar, neyslu og fjárfestinga á þessu ári hefur gert það að verkum að fyrri áætlanir um tekjur ríkissjóðs hafa reynst of lágar. Þannig er nú gert ráð fyrir að aukning landsframleiðslunar verði um 1 prósentustigi meiri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999 og að landsframleiðslan aukist á þessu ári um 5,8%. Mesta frávikið er í áætlun um innflutning sem nú er gert ráð fyrir að aukist um 3,4% en í áætlun fjárlaga var miðað við 1% aukningu innflutnings miðað við fyrra ár. Einnig hefur komið í ljós að forsendur um tekjur á árinu 1998 sem byggt var á við gerð fjárlagaáætl-

unar reyndust of lágar. Af þessum sökum er nú reiknað með að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verði allt að 10 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hér á eftir verður nánar fjallað um frávik einstakra liða frá áætlun fjárlaga.

Skipting ríkissjóðstekna 1999

Rekstrargrunnur	Fjárlög 1999 m.kr.	Áætlun 1999 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Frávik frá fjárlögum %
1. Skatttekjur	**165.995**	**174.656**	**8.661**	**5,2**
Skattar á tekjur og hagnað	42.833	47.388	4.555	10,6
Tryggingagjöld og launaskattar	17.100	17.243	143	0,8
Eignarskattar	8.367	8.451	84	1,0
Skattar á vörur og þjónustu	97.345	101.194	3.849	4,0
Virðisaukaskattur	61.871	62.756	885	1,4
Vörugjöld	21.870	23.742	1.872	8,6
Aðrir sértækir veltuskattar	6.930	7.371	441	6,4
Bifreiðaskattar	5.754	6.365	611	10,6
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	920	960	40	4,3
Aðrir skattar	350	380	30	8,6
2. Aðrar rekstrartekjur	**14.329**	**15.611**	**1.282**	**8,9**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.947	2.873	-74	-2,5
Vaxtatekjur	7.011	8.008	997	14,2
Neyslu- og leyfisgjöld	3.736	4.103	367	9,8
Annað	635	627	-8	-1,3
3. Sala eigna	**3.716**	**3.716**	**0**	**0,0**
4. Fjármagnstilfærslur	**50**	**50**	**0**	**0,0**
5. Fjárframlög	**728**	**728**	**0**	**0,1**
Heildartekjur ríkissjóðs	**184.817**	**194.760**	**9.943**	**5,4**

Skattar á tekjur og hagnað. Tekjuskattar einstaklinga gætu skilað rúmlega 3,9 milljörðum króna meiri tekjum en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Þessi hækkun stafar að hluta af meiri launabreytingum og minna atvinnuleysi en áður var gert ráð fyrir. Önnur skýring er að tekjur af fjármagnstekjuskatti hafa farið verulega fram úr áætlun. Í fjárlögum var reiknað með að tekjur af fjármagnstekjuskatti yrðu 1,3 milljarðar króna en endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að fjármagnstekjuskatturinn skili ríkissjóði tekjum upp á 2,7 milljarða króna. Hér munar mestu að breytingar á lögum um skattlagningu fjármagnstekna virðast hafa haft meiri áhrif á ráðstöfun eignatekna en reiknað hafði verið með. Auk þess hefur stóraukin velta á fjármagnsmarkaði skilað auknum tekjum í ríkissjóð. Álagningu á lögaðila vegna ársins 1998 verður ekki lokið fyrr en seinna í október. Þrátt fyrir nokkra óvissu af þessum sökum er búist við að tekjuskattur lögaðila skili um 900 m.kr. í tekjur umfram það sem áður var áætlað. Í heild er því miðað við að skattar á tekjur og hagnað verði um 4,6 milljörðum króna hærri en í áætlun fjárlaga.

Tryggingagjöld. Forsendur fjárlaga, er varða tekjur af tryggingagjöldum, hafa að mestu staðist en þó er gert ráð fyrir að tekjurnar verði um 140 m.kr. hærri en í áætlun fjárlaga sem stafar af því að launabreytingar hafa verið heldur hærri en áður var reiknað með.

Eignarskattar. Reiknað er með að tekjur ríkissjóðs af eignarsköttum verði í samræmi við áætlun fjárlaga, eða um 8,5 milljarðar króna samanborið við áætlun fjárlaga sem var 8,4 milljarðar króna.

Skattar á vörur og þjónustu. Tekjur ríkissjóðs af sköttum á vörur og þjónustu ráðast aðallega af veltu í hagkerfinu. Misjafnt er á hvaða stigi skattlagningin á sér stað. Virðisaukaskatturinn leggst á endanlega notkun, en vörugjöld og ýmsir sértækir veltuskattar leggjast á vörur við innflutning. Á þessu ári hefur veltuaukningin verið heldur meiri en reiknað var með í forsendum fjárlaga. Sérstaklega hefur innflutningur á ýmsum vörum sem bera tiltölulega háan skatt verið meiri en reiknað hafði verið með. Þannig er bifreiðainnflutningur töluvert meiri en gert var ráð fyrir, auk þess sem hlutfallslega meira er flutt inn af dýrari bifreiðum en áður. Þetta gerir það að verkum að tekjur af veltusköttum aukast líklega um 3,8 milljarða króna umfram áætlun fjárlaga. Þar af eru tæplega 2 milljarðar króna vegna aukinna tekna af vörugjöldum, um 900 m.kr. vegna virðisaukaskatts og um 600 m.kr. vegna tekna af bifreiðasköttum umfram áætlun.

Aðrar tekjur. Áætlað er að aðrar tekjur ríkissjóðs þegar á heildina er litið, verði um 1,2 milljarðar króna umfram fyrri áætlun og munar þar mest um auknar vaxtatekjur og neyslu- og leyfisgjöld. Áætlun um hagnað af sölu eigna, þar á meðal á hlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, hefur ekki verið breytt þar sem enn ríkir nokkur óvissa um endanlega útkomu þegar þetta er ritað.

2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur í samvinnu við önnur ráðuneyti lagt mat á fjárvöntun til einstakra verkefna og stofnana og farið yfir tilefni til aukinna fjárveitinga í fjáraukalögum. Útgjöldin hafa verið endurskoðuð í ljósi þessara upplýsinga. Samkvæmt því er nú áætlað að útgjöldin verði um 5 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða sem nemur 2,7%. Eins og fram kemur í inngangi er sótt um nokkru hærri fjárheimildir en nemur áætluðum útgjöldum á þessu ári og stafar mismunurinn af því að í frumvarpinu er sótt um heimildir vegna fyrri ára sem þegar eru komnar fram í ríkisreikningi 1998. Er þar um að ræða uppsafnaðan rekstrarhalla stofnana. Einnig valda yfirfærðar fjárheimildir frá árinu 1998 til þessa árs því, auk væntanlegrar yfirfærslu fjárheimilda yfir á næsta ár, að áætlun um útkomu ársins er ekki í fullu samræmi við þær fjárheimildir sem sótt er um.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 1999	Áætlun 1999	Breyting frá fjárlögum m.kr.	Breyting frá fjárlögum %
Rekstrargjöld				
Laun	51 726	53 814	2 088	4
Lífeyrisskuldbindingar	7 910	7 910	0	0
Önnur gjöld	26 547	27 609	1 061	4
Þjónustutekjur	-9 439	-9 419	21	0
Rekstrargjöld samtals	**76 744**	**79 914**	**3 170**	**4**
Neyslu- og rekstrartilfærslur				
Lífeyristryggingar	17 760	17 690	- 70	0
Sjúkratryggingar	8 760	9 515	755	9
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5 601	5 801	200	4
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	4 950	5 000	50	1
Barnabætur	3 950	3 860	- 90	- 2
Vaxtabætur	4 130	3 860	- 270	- 7
Atvinnuleysistryggingasjóður	2 697	2 347	- 350	- 13
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	3 191	3 221	30	1
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 810	1 810	0	0

Framlag til sókna og kirkjugarða	1 868	2 003	135	7
Ríkisútvarpið	1 625	1 625	0	0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	15 712	16 231	518	3
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**72 054**	**72 963**	**909**	**1**
Fjármagnskostnaður	**15 000**	**14 580**	**- 420**	**- 3**
Viðhald				
Vegagerðin	3 664	3 664	0	0
Annað	650	673	23	3
Viðhald samtals	**4 314**	**4 337**	**23**	**1**
Fjárfesting	**14 264**	**15 471**	**1 207**	**8**
Gjöld samtals	**182 376**	**187 264**	**4 888**	**3**

Rekstrarkostnaður er nú talinn verða um 3 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Munar þar mestu um hallarekstur sjúkrastofnana og framhaldsskóla. Samtals eru framlög til reksturs sjúkrastofnana áætluð um 2 milljörðum króna umfram fjárlög og menntastofnana 0,5 milljörðum króna, þá verða framlög til reksturs stofnana er falla undir dómsmálaráðuneyti um 250 m.kr. umfram fjárlög. Launa- og verðlagsbætur, einkum vegna úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar nema samtals 600 m.kr., en á móti lækkar launa- og verðlagsliður fjármálaráðuneytisins um 350 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur verða samkvæmt áætluninni um 900 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Þar munar mestu um 760 m.kr. umframútgjöld í sjúkratryggingum, 250 m.kr. til reksturs hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana, 200 m.kr. vegna búvöruframleiðslu, 135 m.kr. vegna hækkunar sóknar- og kirkjugarðsgjalda, 125 m.kr. til að taka á móti flóttamönnum og 100 m.kr. til Þróunarsjóðs EFTA. Á móti kemur að atvinnuleysisbætur lækka um 350 m.kr. og vaxta- og barnabætur verða 360 m.kr. innan áætlunar fjárlaga. Aðrar breytingar eru minni.

Fjármagnskostnaður er áætlaður 420 m.kr. lægri en áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir og skýrist það að mestu af minnkandi skuldastöðu ríkissjóðs í kjölfar vaxandi lánsfjárafgangs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður um 1,2 milljörðum króna umfram fjárlög 1999. Munar þar mestu um sérstakt 500 m.kr. átak í vegamálum á landsbyggðinni í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar þar um. Áætlað er að svonefndur 2000 vandi vegna tölvukerfa kosti tæplega 260 m.kr. hjá stofnunum heilbrigðisráðuneytis. Þá eru 150 m.kr. vegna notkunar á heimildum 7. greinar fjárlaga umfram það sem áætlað var í forsendum fjárlaganna, framlög til að ljúka uppsteypu bílgeymslu og kjallara þjónustuskála Alþingis verður 110 m.kr. umfram fjárlög og 60 m.kr. eru til stofnkostnaðar við nýtt leiguhúsnæði fyrir ýmsa ríkisaðila. Loks eru 60 m.kr. til sendiráðsbyggingar í Berlín, en aðrar breytingar eru minni.

Nánar er fjallað um hvern fjárlagalið, skipt í kafla eftir ráðuneytum, í athugasemdum síðar í greinargerðinni.

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða, sem fram koma í 2. og 3. grein frumvarpsins.

Nú er áætlað að handbært fé frá rekstri verði 10 milljarðar króna og hækki um ríflega 3 milljarða króna frá fjárlögum vegna hækkunar tekna umfram forsendur fjárlaga.

Fjármunahreyfingar eru taldar bæta sjóðsinnstreymi um 775 m.kr. þar af eru 400 m.kr. vegna minni lánveitinga til Ríkisútvarpsins, sem mun taka lánið beint. Stofnfjárframlög verða 600 m.kr. minni en áætlað var í fjárlögum, þar sem framlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var reitt fram í árslok 1998. Á móti kemur að innheimtar afborganir af veittum lánum verða 250 m.kr. minni en áætlað er í fjárlögum.

Hreinn lánsfjárjöfnuður batnar því um 3,8 milljarða króna og verður 20,5 milljarðar króna á árinu 1999. Bætt lánsfjárstaða á ríkissjóði verður notuð til að greiða niður skuldir og til annarra aðgerða til að styrkja stöðu ríkisfjármála. Í stað þess að í fjárlögum er gert ráð fyrir að ríkissjóður gangi á stöðu sína við Seðlabanka um ríflega 7 milljarða króna, er nú gert ráð fyrir að staðan batni um ríflega 4 milljarða króna.

Í milljónum króna	Fjárlög 1999	Áætlun 1999	Breyting frá fjárlögum m.kr.
Handbært fé frá rekstri	**7.012**	**10.100**	**3.088**
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-400	0
Veitt löng lán	-4.825	-4.400	425
Afborganir veittra lána	7.500	7.250	-250
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-900	-300	600
Sala hlutabréfa og eignarhluta	8.300	8.300	0
Fjármunahreyfingar samtals	**9.675**	**10.450**	**775**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**16.687**	**20.550**	**3.863**
Fjármögnun:			
Tekin löng lán	2.000	18.500	16.500
Afborganir af teknum lánum	-25.800	-34.925	-9.125
Fjármögnun samtals	**-23.800**	**-16.425**	**7.375**
Breyting á handbæru fé	**-7.113**	**4.125**	**11.238**

Í 3. gr. frumvarpsins er farið fram á nokkrar breytingar á lánsfjármálum Íbúðalánasjóðs. Eftirspurn eftir lánum sjóðsins hafa verið mun meiri en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Nú er áætlað að útlán húsbréfadeildar verði 30,7 milljarðar króna í stað 23,3 milljarða króna eins og áætlað var í fjárlögum. Það sem af er árinu hafa samþykktar umsóknir vegna lána til notaðra íbúða verið um 45% fleiri en á sama tíma í fyrra og vegna nýbygginga 27% fleiri. Þá hefur eftirspurn eftir 40 ára bréfum verið meiri en eftir lánum til 25 ára þar sem nokkru hærra yfirverð hefur verið á lengri bréfum. Tilhneigingu hefur gætt til þess að taka ný húsbréfalán í stað þess að yfirtaka eldri lán vegna yfirverðs á bréfunum og hefur því innstreymi vegna uppgreiðslu lána einnig aukist. Í ljósi aðhaldsaðgerða stjórnvalda er gert ráð fyrir að heldur dragi úr aukningu útlána á síðustu mánuðum ársins.

Undir tölulið 3.3 er farið fram á að lánveitingar vegna leiguíbúða verði auknar úr 870 m.kr. í 1.760 m.kr. Þar af eru 1.008 m.kr. vegna leiguíbúða félagasamtaka sem verður mætt með jafn háu andvirði þeirra lána sem greidd eru upp vegna innlausnar á félagslegum leiguíbúðum. Gert er ráð fyrir að lán til leiguíbúða sveitarfélaga nemi mismuninum eða 752 m.kr. og ráðast þær lánveitingar af framlagi ríkissjóðs til niðurgreiðslu á vöxtum og er um tímabundna ráðstöfun að ræða til ársloka 2000.

Í tölulið 3.4 er farið fram á að lántökur til endurfjármögnunar á eldri fjármögnun Byggingasjóðs ríkisins og Byggingasjóði verkamanna verði aukin úr 5.370 m.kr. í 5.600 m.kr. vegna minni innheimtu af veittum lánum umfram greiddar afborganir af veittum lánum.

Undir tölulið 3.5 er farið fram á að heimild til viðbótarlána verði aukin úr 1.360 m.kr. í 1.960 m.kr., en viðbótarlán eru veitt á ábyrgð sveitarfélaga. Er varasjóði ætlað að standa undir hugsanlegum afföllum og greiða sveitarfélögin 5% af hverju viðbótarláni í varasjóðinn. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir lánum til 950 íbúða og er nú farið fram á að veitt verði 1.400 viðbótarlán. Viðbótarlánin eru fjármögnuð með sölu húsnæðisbréfa og hefur Íbúðalánasjóður milligöngu um þá lántöku fyrir sveitarfélögin.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar verði aukin um 171,4 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands. Farið er fram á 1,6 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við mat á áhrifum af ákvörðun Kjaradóms frá 8. maí 1999, um laun forseta Íslands.

201 Alþingi. Farið er fram á 47,9 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við mat á áhrifum af ákvörðun Kjaradóms frá 8. maí 1999, um laun þingmanna.

205 Framkvæmdir á Alþingisreit. Farið er fram á 110 m.kr. aukafjárveitingu til að ljúka fyrri áfanga byggingu skála og gerð bílastæða á Alþingisreit. Heildarkostnaður samkvæmt áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins er 210 m.kr. Þar af er áætlað fyrir 100 m.kr. í fjárlögum 1999, innifalin er heildargreiðsla til arkitekta og verkfræðinga fyrir báða áfanga hússins sem og jarðvinna og frágangur fyrri hluta framkvæmdanna.

301 Ríkisstjórn. Farið er fram á 6,9 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við mat á áhrifum af ákvörðun Kjaradóms frá 8. maí 1999, um laun ráðherra.

401 Hæstiréttur. Farið er fram á 5 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við mat á áhrifum af ákvörðun Kjaradóms frá 8. maí 1999, um laun hæstaréttardómara.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 280 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir 7,5 m.kr. viðbótarframlagi vegna meiri kostnaðar við heimsóknir erlendra gesta en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 1999. Í fyrsta lagi var um að ræða þátttöku forsætisráðherra Japans í fundi forsætisráðherra Norðurlanda í júní og í öðru lagi var það heimsókn forsetafrúar Bandaríkjanna í tengslum við fjölþjóðlegu ráðstefnuna Konur og lýðræði, sem haldin var hér á landi í október í boði ríkisstjórnarinnar.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði aukin alls um 117,4 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þyngst vegur að óskað er eftir 63,6 m.kr. aukafjárveitingu í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar fyrr á árinu um að mæta útgjöldum við ráðstefnuna Konur og lýðræði. Norræna ráðherranefndin mun

leggja ríkissjóði til mótframlag vegna ráðstefnunnar, sem greiðist á næsta ári. Þá samþykkti ríkisstjórnin fyrr á árinu að leita eftir heimild í fjáraukalögum 1999 um 43,8 m.kr. framlag, sem er hluti kostnaðar við undirbúning vegna kristnihátíðar en kemur til greiðslu í ár. Gert er ráð fyrir 324,5 m.kr. framlagi vegna kristnihátíðar í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000. Loks er farið fram á að veitt verði 10 m.kr. framlag til landkynningarátaks í Bandaríkjunum og Kanada í tengslum við komu forsetafrúar Bandaríkjanna til Íslands. Heildarkostnaður við landkynningarátakið er áætlaður 14 m.kr. og munu fyrirtæki vestanhafs, Ferðamálaráð og Markaðsráð ferðaþjónustunnar leggja fram 4 m.kr.

205 **Mannvirkjagerð á Bessastöðum.** Óskað er eftir 25 m.kr. framlagi til að ljúka umfangsmiklum viðgerðum sem Bessastaðanefnd hefur staðið fyrir.

221 **Byggðastofnun.** Lagt er til að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði aukin alls um 60 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þyngst vegur tillaga um 40 m.kr. aukaframlag vegna lokauppgjörs stuðnings við atvinnuuppbyggingu á svæðum þar sem samdráttur í sauðfjárframleiðslu hefur verið mestur undanfarin ár. Einnig er óskað eftir 20 m.kr. aukafjárveitingu vegna áhættulánafyrirgreiðslu Byggðastofnunar, til að styrkja eiginfjárstöðu stofnunarinnar.

241 **Umboðsmaður barna.** Farið er fram á 4 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta rekstrarhalla. Húsnæðiskostnaður og annar rekstrarkostnaður embættisins hækkaði þegar stofnunin flutti úr húsnæði forsætisráðuneytis árið 1998. Ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í forsendum fjárlaga 1998 og 1999. Gert er ráð fyrir auknum árlegum rekstrarkostnaði í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000.

271 **Ríkislögmaður.** Óskað er eftir að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði aukin alls um 34,1 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í kjölfar breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins sem gerð var í mars 1999 var embættið fært frá fjármálaráðuneyti til forsætisráðuneytis. Er því gert ráð fyrir að 27,1 m.kr. gjöld og 1,3 m.kr. tekjur samkvæmt gildandi fjárlögum færist á nýjan fjárlagalið, 01-271-1.01 Ríkislögmaður hjá forsætisráðuneyti. Gerð er tillaga um að fjárheimild embættis ríkislögmanns verði hækkuð um 8,3 m.kr. Í fyrsta lagi vegna samnings við fráfarandi ríkislögmann um að hann ljúki þeim málum sem hann vann að. Kostnaður við samninginn er áætlaður 3,3 m.kr. Í öðru lagi hefur verið gerður samningur við lögmann um rekstur dómsmála er varða fiskveiðistjórnun. Kostnaður vegna þessa, að mati embættis ríkislögmanns, eru 4 m.kr., sem er bæði fyrir 1999 og árið 2000. Loks er gert ráð fyrir 1 m.kr. til kaupa á tækjabúnaði.

902 **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.** Óskað er eftir 32 m.kr. aukaframlagi fyrir fræðslumiðstöð þjóðgarðsins sem á að reisa vestan Almannagjár í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar. Fyrirhugað er að húsið verði um 220 fermetrar að stærð og að unnt verði að taka á móti allt að 160 manna ferðahópum. Í húsinu á að kynna náttúrufar og sögu Þingvalla með nútímatækni í máli og myndum. Í húsinu verður einnig snyrtiaðstaða fyrir gesti. Áætlað er að veita 2 m.kr. til samkeppni meðal arkitekta en sjálft húsið kemur til með að kosta 30 m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 991,6 m.kr.

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir 10 m.kr. aukafjárveitingu vegna rekstrarvanda sem safnast hefur upp á síðustu árum. Samsetning starfsfólks aðalskrifstofu hefur verið að breytast og launagreiðslur meiri en áætlað er í fjárlögum. Til að sporna við launakostnaði hefur störfum verið fækkað undanfarin ár.

201 Háskóli Íslands. Lagt er til að fjárheimild skólans verði aukin um 341,3 m.kr. og skiptist þannig: Í fyrsta lagi er lagt að að veitt verði 231,3 m.kr. aukafjárveiting vegna kostnaðar sem leiðir af úrskurði kjaranefndar um laun prófessora umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum. Þar af eru 135,6 m.kr. vegna ársins 1998 og 95,7 m.kr. vegna ársins 1999. Úrskurðurinn var kveðinn upp þann 2. júlí 1998 en var ekki metinn inn í fjárveitingar stofnunarinnar þar sem röðun prófessora í launaflokka var ekki lokið fyrir afgreiðslu fjárlaga. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 160 m.kr. aukafjárveiting til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda Háskóla Íslands á árunum 1997 til 1999. Í þriðja lagi er lagt til að veita skólanum 10 m.kr. framlag til þess að mæta tímabundnum erfiðleikum við fjármögnun á rannsóknarferðum háskólakennara. Í fjórða lagi er lagt til að 60 m.kr. verði færðar af fjárlagalið skólans yfir á nýjan fjárlagalið 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Samkvæmt úrskurði kjaranefndar um launakjör prófessora var stofnaður í ársbyrjun 1999 sérstakur ritlauna- og rannsóknasjóður sem prófessorar geta sótt um styrki úr. Prófessorar gátu áður sótt í vinnumatssjóð Háskóla Íslands og er fjárhæðin áætluð með hliðsjón af greiðslum úr sjóðnum á síðustu árum. Að lokum er lagt til að tekjur og gjöld Háskóla Íslands verði hækkuð um 18,5 m.kr. vegna sóknargjalda. Tekjurnar koma af lið *06-735-1.30 Sóknargjöld* og hækka í samræmi við breytingar á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1997 og 1998 var 12,56%.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Farið er fram á 2 m.kr. aukafjárveitingu til að styrkja fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

203 Raunvísindastofnun Háskólans. Farið er fram á 10,4 m.kr. aukafjárveitingu til stofnunarinnar sem skiptist annars vegar þannig að 6 m.kr. eru til að koma á móts við uppsafnaðan rekstrarhalla. Hins vegar verði 4,4 m.kr. varið til eftirlits og vöktunar með jarðskorpuhreyfingum undir Mýrdalsjökli og vöktun jökulfljóta sem renna frá honum. Ríkisstjórnin ákvað í kjölfar aukinna jarðhræringa undir jöklinum að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga, alls 28,5 m.kr., til samræmdra aðgerða á þessu sviði. Auk Raunvísindastofnunar taka Norræna eldfjallastöðin, Orkustofnun, Veðurstofa Íslands, Almannavarnir ríkisins, Landhelgisgæslan og umhverfisráðuneytið þátt í þessu verkefni. Áætlað er að framlag til Raunvísindastofnunar skiptist þannig: GPS-landmælingar, 1,2 m.kr., radar- og íssjármælingar, 3 m.kr., og gagnavinnsla um fyrri hamfarir, 0,2 m.kr.

205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Farið er fram á 7 m.kr. aukafjárveitingu til að koma á móts við uppsafnaðan rekstrarhalla áranna 1998 og 1999.

207 Íslensk málstöð. Óskað er eftir 1 m.kr. aukafjárveitingu vegna uppsafnaðs rekstrarhalla 1998 og 1999.

208 **Örnefnastofnun Íslands.** Farið er fram á 1 m.kr. aukafjárveitingu til að koma á móts við uppsafnaðan rekstrarhalla á yfirstandandi ári.

210 **Háskólinn á Akureyri.** Lagt er til að fjárheimild skólans verði aukin um 29,5 m.kr. og skýrist þannig að 30 m.kr. eru til að koma á móts við uppsafnaðan rekstrarhalla áranna 1998 og 1999. Á móti kemur að lagt er til að 0,5 m.kr. verði færðar af fjárlagalið Háskólans á Akureyri yfir á nýjan fjárlagalið 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Samkvæmt úrskurði kjaranefndar um launakjör prófessora var stofnaður í ársbyrjun 1999 sérstakur ritlauna- og rannsóknasjóður sem prófessorar geta sótt í. Prófessorar gátu áður sótt í vinnumatssjóð Háskólans á Akureyri og er fjárhæðin áætluð með hliðsjón af greiðslum úr sjóðnum á síðustu árum.

211 **Tækniskóli Íslands.** Farið er fram á 15 m.kr. aukafjárveitingu til að koma á móts við uppsafnaðan rekstrarhalla áranna 1998 og 1999.

215 **Kennaraháskóli Íslands.** Lagt er til að fjárheimild skólans verði aukin um 22,8 m.kr. og skiptist þannig að í fyrsta lagi er farið fram á 15 m.kr. til að bæta skólanum aukinn kostnað eftir að Íþróttakennaraskóli Íslands, Þroskaþjálfaskóli Íslands og Fósturskóli Íslands voru sameinaðir Kennaraháskóla Íslands. Annars vegar er um að ræða aukna þjónustu við bæði nemendur og kennara og hins vegar störf kennara að rannsóknum. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 9,3 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna kostnaðar sem leiðir af úrskurði kjaranefndar um laun prófessora umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum. Þar af eru 5,4 m.kr. vegna ársins 1998 og 3,9 m.kr. vegna ársins 1999. Úrskurðurinn var kveðinn upp þann 2. júlí 1998 en var ekki metinn inn í fjárveitingar stofnunarinnar þar sem röðun prófessora í launaflokka var ekki lokið fyrir afgreiðslu fjárlaga. Að lokum er lagt til að 1,5 m.kr. verði færðar af fjárlagalið Kennaraháskóla Íslands yfir á nýjan fjárlagalið 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora. Samkvæmt úrskurði kjaranefndar um launakjör prófessora var stofnaður í ársbyrjun 1999 sérstakur ritlauna- og rannsóknasjóður sem prófessorar geta sótt í. Prófessorar gátu áður sótt í vinnumatssjóð Kennaraháskólans og er fjárhæðin áætluð með hliðsjón af greiðslum úr sjóðnum á síðustu árum.

227 **Viðskiptaháskólinn í Reykjavík.** Farið er fram á 10 m.kr. aukafjárveitingu vegna vanáætlaðs kostnaðar af samningi við Viðskiptaháskólann á árinu 1999.

234 **Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.** Lagt er til að veitt verði 73,4 m.kr. fjárheimild á þessum nýja lið í samræmi við úrskurð kjaranefndar um launakjör prófessora um að stofna í ársbyrjun 1999 sérstakan ritlauna- og rannsóknasjóð sem prófessorar geta sótt um styrki úr. Fyrir þann tíma gátu þeir sótt í vinnumatssjóð viðkomandi háskóla. Fjárhæðin skiptist þannig að annars vegar er lagt til að veitt verði 11,4 m.kr aukafjárveiting vegna aukins launakostnaðar umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum. Hins vegar er lagt til að samtals 62 m.kr. verði færðar af fjárlagaliðum háskólanna og er fjárhæðin áætluð með hliðsjón af greiðslum úr vinnumatssjóðum þeirra á síðustu árum. Þar af koma 60 m.kr. af fjárlagalið Háskóla Íslands, 0,5 m.kr. af fjárlagalið Háskólans á Akureyri og að lokum að 1,5 m.kr. af fjárlagalið Kennaraháskóla Íslands.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Lagt er til að Norrænu eldfjallastöðinni verði veitt 1 m.kr. aukafjárveiting til eftirlits og vöktunar með jarðskorpuhreyfingum undir Mýrdalsjökli og vöktun áa sem renna frá jöklinum. Ríkisstjórnin ákvað í kjölfar aukinna jarðhræringa undir jöklinum að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga, alls 28,5 m.kr., til samræmdra aðgerða á þessu sviði. Auk Norrænu eldfjallastöðvarinnar taka Raunvísindastofnun, Orkustofnun, Veðurstofa Íslands, Almannavarnir ríkisins, Landhelgisgæslan og umhverfisráðuneytið þátt í þessu verkefni. Áætlað er að framlag til Norrænu eldfjallastöðvarinnar skiptist þannig að 0,5 m.kr. verði varið til fjarkönnunar með gervitunglamyndum, 0,4 m.kr. til hallamælinga og 0,1 m.kr. til mælinga á útstreymi koltvísýrings.

301–309; 350–365 og 506–516 Framhaldsskólar. Farið er fram á 199,7 m.kr. aukafjárveitingu til framhaldsskóla á þessum fjárlagaliðum, að mestu vegna uppsafnaðs rekstrarvanda. Reiknilíkan framhaldsskóla er notað við skiptingu fjárhæðarinnar milli skóla. Af upphæðinni renna 66,3 m.kr. til að styrkja stoðþjónustu, 35,5 m.kr. til að mæta kostnaði vegna úrskurðar kjaranefndar um launahækkun skólameistara, 36,1 m.kr. til að mæta uppsöfnuðum vanda við rekstur skólahúsnæðis, 25,1 m.kr. til stjórnunar- og umsjónarstarfa kennara, 20,2 m.kr. til ýmissa annarra rekstrargjalda skóla og að lokum eru 16,5 m.kr. vegna orkukostnaðar.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Farið er fram á 10 m.kr. framlag til að mæta kostnaði sem hlýst af flutningi nemendaleikhúss Leiklistarskóla Íslands úr Lindarbæ í Sölvhólsgötu 13. Bæði er um að ræða kostnað við að setja upp aðstöðu á nýjum stað og við óhjákvæmilega endurnýjun á hluta búnaðar.

319 Framhaldsskólar, almennt. Óskað er eftir 115 m.kr. aukafjárveitingu til þessa liðar. Þar vegur þyngst beiðni um 65 m.kr. aukafjárveitingu vegna uppsafnaðs rekstrarvanda framhaldsskóla. Áformað er að fara yfir rekstur og fjármál verst stöddu skólanna til að endurmeta forsendur sem lagðar eru til grundvallar þegar fjárveitingar eru ákveðnar og gera samninga við skólana um aðgerðir til að ná jafnvægi í rekstri. Í annan stað er farið fram á 30 m.kr. vegna uppgjörs á kostnaði ríkisins við rekstur einkaskóla árin 1998 og 1999. Framlög til skólanna taka mið af kostnaði við rekstur framhaldsskóla ríkisins sem hefur aukist meira en fjárlög gera ráð fyrir. Að lokum er gerð tillaga um 20 m.kr. framlag til þess að mæta auknu umfangi sérkennslu fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum. Nemendum sem þurfa sérkennslu hefur fjölgað talsvert og því verið mætt með fjölgun sérkennsludeilda í framhaldsskólum. Einnig hefur þeim fjölgað sem þarfnast mun meiri aðstoðar en veitt er að jafnaði.

441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra. Farið er fram á 20 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda sem að stórum hluta stafar af vanmati á launahækkun kennara við skólann og minni kennsluskyldu þeirra samkvæmt kjarasamningi frá árinu 1997.

581 Verslunarskóli Íslands. Farið er fram á 55 m.kr. aukafjárveitingu vegna uppgjörs á kostnaði ríkisins við rekstur Verslunarskólans árin 1997–1999. Framlög til skólans taka mið af kostnaði við rekstur tveggja menntaskóla sem hefur aukist meira en fjárlög gerðu ráð fyrir, auk þess sem fallist hefur verið á að greiða vegna fleiri nemenda en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

720 **Grunnskólar, almennt.** Farið er fram á 4 m.kr. hækkun til að mæta auknum kostnaði við samræmd próf í grunnskólum. Gerður var samningur við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála um framkvæmd prófanna sem ráðgerir að greiða fyrir verkið 45,5 m.kr. á árinu 1999. Í ljós hefur komið að stærsti kostnaðarliðurinn við framkvæmd prófanna, laun greidd kennurum, er umfram fjárveitingu.

903 **Þjóðskjalasafn Íslands.** Farið er fram á 5 m.kr. aukafjárveitingu vegna uppsafnaðs rekstrarvanda Þjóðskjalasafns Íslands.

906 **Listasafn Einars Jónssonar.** Lagt er til að veitt verði 1 m.kr. framlag í fjáraukalögum til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda safnsins.

909 **Blindrabókasafn Íslands.** Óskað er eftir 2 m.kr. aukafjárveitingu til að bæta safninu aukinn launakostnað sem meðal annars leiðir af breytingum á starfsmannahaldi.

969 **Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.** Farið er fram á 13,5 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við að undirbúa byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í miðborg Reykjavíkur. Fjárhæðin er í samræmi við samkomulag milli menntamálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, samgönguráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um að hver aðili um sig leggi fram 4,5 m.kr. til verkefnisins. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið annist fjárreiður verkefnisins fyrir hönd ríkisins.

972 **Íslenski dansflokkurinn.** Lagt er til að framlag verði aukið til Íslenska dansflokksins um 10 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar, m.a. í tengslum við flutning dansflokksins í Borgarleikhúsið.

982 **Listir, framlög.** Lagt er til að Flugfélagið Loftur fái 6 m.kr. framlag í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Félagið hefur starfrækt leikhús í eigin aðstöðu í Loftkastalanum í Reykjavík frá árinu 1994 án mikilla styrkja af hálfu hins opinbera, þótt tölur um aðsókn og framboð sýninga síðustu ár gefi stóru leikhúsunum lítið eftir. Félagið hefur þurft, ólíkt öðrum leikfélögum, að greiða niður stofnkostnað sinn af sjálfsaflafé og hefur m.a. að því leyti ekki búið við sömu samkeppnisstöðu og keppinautar þess.

989 **Ýmis íþróttamál.** Farið er fram á 10 m.kr. aukafjárveitingu á þessum fjárlagalið. Annars vegar er um að ræða 5 m.kr. til að auka stuðning við lyfjaeftirlit hjá íþróttamönnum frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Samkvæmt Evrópusáttmála er stjórnvöldum skylt að aðstoða íþróttasamtök við að standa undir þessum kostnaði. Hins vegar er óskað eftir 5 m.kr. til endurbóta á íþróttamannvirkjum í Vesturbyggð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar, en þar verður haldið mót UMFÍ árið 2000. Farið verður fram á sömu fjárhæð í fjárlögum 2000 og mun heildarframlag ríkisins þá nema alls 10 m.kr. en heildarkostnaður við framkvæmdirnar er áætlaður 19,7 m.kr.

999 **Ýmislegt.** Lagt er til að veitt verði 16 m.kr. aukafjárveiting til þessa liðar. Annars vegar 15 m.kr. til framkvæmda á vegum Eiríksstaðanefndar til viðbótar við þær 20 m.kr. sem ætlaðar eru til framkvæmdanna í fjárlögum 1999. Hins vegar er farið fram á 1 m.kr. til að viðhalda og auka við bókagjöf dr. Jakobs Benediktssonar heitins, sem hann gaf til að efla menningar- og fræðastarf í Reykholti í Borgarfirði. Áformað er að

gera samning við Snorrastofu í Reykholti um verkefnið. Í fjárlagafrumvarpi 2000 er áætlað fyrir jafn hárri fjárhæð vegna bókagjafarinnar.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 228,6 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Heildarframlag lækkar um 16,5 m.kr. Þar vegur þyngst tillaga um að 35 m.kr. fjárheimild til undirbúnings þátttöku Íslands í heimssýningunni í Hannover árið 2000, verði millifærð yfir á fjárlagaliðinn Ýmis verkefni. Samsvarandi tillögu er að finna í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000. Lagt er til að fjárheimild Varnarmálaskrifstofu verði hækkuð um 9 m.kr. vegna breyttrar skilgreiningar á ríkistekjum. Skrifstofan hefur innheimt lóðarleigu af varnarliðinu sem skilgreind var sem sértekjur en leigutekjurnar eru nú flokkaðar sem ríkistekjur. Við það féllu tekjurnar niður og er það hér með leiðrétt. Ríkisstjórnin ákvað fyrr á árinu að fara fram á 4,5 m.kr. aukafjárveitingu til mengunarrannsókna á svokölluðu neðra-nikkelsvæði á Keflavíkurflugvelli. Bandaríkjamenn munu skila svæðinu í hendur íslenskra stjórnvalda fljótlega. Reykjanesbær hefur áhuga á að leigja svæðið og nýta til uppbyggingar. Því er nauðsynlegt að fá nákvæmar niðurstöður um hvort svæðið hefur að geyma mengandi efni eftir notkun varnarliðsins á því. Lagt er til að 3 m.kr. af fjárveitingu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) verði millifærðar yfir á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins til að standa straum af kostnaði við eitt stöðugildi seinni hluta árs 1999. Starfsmanninum er ætlað að vinna að uppbyggingu þróunaraðstoðar í samvinnu við ÞSSÍ og vera tengiliður utanríkisráðuneytisins við stofnunina. Að lokum er lagt til að aðalskrifstofan fái 2 m.kr. aukafjárveitingu til að greiða aukinn ferðakostnað vegna formennsku í Evrópuráðinu. Við fjárlagagerð þessa árs var ráðuneytinu úthlutað 2 m.kr. Ljóst er að kostnaðurinn reynist mun meiri og stefnir í að verða um 4 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að 35 m.kr. fjárheimild til undirbúnings þátttöku Íslands í heimssýningunni í Hannover árið 2000 verði millifærð af aðalskrifstofu yfir á fjárlagaliðinn Ýmis verkefni.

301 Sendiráð Íslands í Bonn. Gert er ráð fyrir 10 m.kr. hækkun á framlagi til sendiráðsins. Farið er fram á að fjárveiting verði aukin um 5,7 m.kr. vegna hærri rekstrarkostnaðar sameiginlegs sendiráðs Norðurlandanna í Berlín. Sendiráðið flutti um mitt árið 1999 til Berlínar. Ekki var gert ráð fyrir auknum rekstrarkostnaði í fjárlögum 1999. Lagt er til að veita 3,3 m.kr. fjárveitingu til að taka tímabundið á leigu bústað fyrir sendiherra á meðan á byggingu sendiherrabústaðar í Berlín stendur yfir. Stefnt er að því að ljúka byggingu bústaðarins fyrir lok ársins 2000. Að lokum er gert ráð fyrir að veitt verði framlag að fjárhæð 1 m.kr. vegna leigu á sendiherrabústaðnum í Bonn. Bústaðurinn var seldur í desember 1998 skv. heimild í 7. gr. fjárlaga. Í sölusamningnum var ákvæði um að sendiráðið tæki bústaðinn á leigu fyrir sendiherrann þar til það flytti til Berlínar um mitt ár 1999.

306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO. Farið er fram á 7,1 m.kr. aukafjárveitingu og skiptist fjárveitingin á tvö viðfangsefni. Lagt er til að 3,7 m.kr. aukafjárveitingu verði varið til að bæta við nýjum fulltrúa við sendiráð Íslands í París síðla sumars 1999. Jafnframt er gert ráð fyrir 3,4 m.kr. viðbótarfram-

lagi til að taka á leigu stærra húsnæði fyrir skrifstofu sendiráðs Íslands í París. Gert er ráð fyrir samsvarandi framlagi í fjárlögum árið 2000.

320 **Sendiráð, almennt.** Óskað er eftir 76 m.kr. aukafjárveitingu sem skiptist á þrjú viðfangsefni. Þar vegur þyngst 56 m.kr. fjárveiting vegna byggingar sendiráðsins í Berlín. Fjárveiting í fjárlögum 1999 er 70 m.kr. en nú stefnir í að kostnaður við að ljúka framkvæmdum verði a.m.k. 126 m.kr. skv. endurskoðaðri áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins. Ríkisstjórnin ákvað fyrr á árinu að leita eftir heimild fyrir 17 m.kr. aukaframlagi til að kaupa embættisbústað fyrir aðalræðismann Íslands í Winnipeg, sem og búnað fyrir skrifstofu aðalræðismanns og bifreið. Gert er ráð fyrir 3 m.kr. aukafjárveitingu vegna búferlaflutnings fastafulltrúa Íslands hjá NATO.

390 **Þróunarsamvinnustofnun Íslands.** Lagt er til að 3 m.kr. af fjárveitingu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) verði millifærðar yfir á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins til að standa straum af kostnaði við eitt stöðugildi seinni hluta ársins. Starfsmanninum er ætlað að vinna að uppbyggingu þróunaraðstoðar í samvinnu við ÞSSÍ og vera tengiliður utanríkisráðuneytisins við stofnunina.

391 **Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.** Óskað er eftir 14 m.kr. hækkun á framlagi til alþjóðlegrar hjálparstarfsemi. Ríkisstjórnin ákvað fyrr á þessu ári að óska eftir aukafjárheimild að fjárhæð 10 m.kr. til aðstoðar við flóttamenn frá Kósóvó. Af þeirri fjárhæð verður 5 m.kr. veitt í gegnum Rauða kross Íslands og 5 m.kr. ganga til flóttamannaráðs Sameinuðu þjóðanna, UNHCR. Í kjölfar jarðskjálftanna í Tyrklandi ákvað ríkisstjórnin að leita eftir 4 m.kr. viðbótarheimild til neyðaraðstoðar. Helmingur þessarar fjárhæðar fer til að greiða kostnað við ferð íslensku björgunarsveitarinnar til Tyrklands og hinn helmingurinn verður veittur Rauða krossi Íslands með ósk um að verja honum til aðstoðar við Tyrki.

401 **Alþjóðastofnanir.** Gerð er tillaga um 100 m.kr. aukafjárveitingu til að greiða hlut Íslands í Þróunarsjóð Evrópusambandsins. Með EES-samningnum tóku EFTA-ríkin á sig þær skyldur að greiða í þróunarsjóð til að jafna lífskjör í ríkjum innan EES-svæðisins. Samkomulag var um ákveðna fjárhæð sem skyldi greidd á fimm árum, árin 1994 til og með 1998. Í lok tímabilsins kom krafa frá ríkjum ESB, sem fá greitt úr sjóðnum, um að EFTA-ríkin héldu áfram að greiða í sjóðinn. Niðurstaða samningaviðræðna var sú að EFTA-ríkin samþykktu að greiða í fimm ár til viðbótar, eða til ársins 2003. Gert er ráð fyrir samsvarandi fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000. Að lokum er lagt til að 6 m.kr. aukafjárveitingu verði varið til að senda fulltrúa Evrópuráðsins til að fylgjast með réttarhöldum yfir Abdullah Öcalan í Tyrklandi. Farið hefur verið fram á að Ísland, sem nú hefur forsæti í ráðherranefnd Evrópuráðsins, sendi fulltrúa sinn til að fylgjast með réttarhöldunum. Eftirlitið er ein af skyldum Íslands vegna formennsku í Evrópuráðinu. Þegar ráðherranefndin fjallaði um málið var hlutverk formennskuríkisins vegna réttarhaldanna sérstaklega áréttað.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild ráðuneytis verði aukin um 313,1 m.kr.

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði aukin alls um 11,8 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þyngst vegur tillaga um 5 m.kr. aukafjárveitingu vegna ráðningar sérfræðings á sviði garðyrkjumála. Í annan stað er óskað eftir 4 m.kr. aukafjárveitingu vegna kaupa á bifreið fyrir ráðherra eftir skipan nýrrar ríkisstjórnar. Í þriðja lagi er farið fram á 1,1 m.kr. aukafjárveitingu vegna launakostnaðar bílstjóra og til reksturs ráðherrabifreiðar sem áður skiptist jafnt milli umhverfis- og landbúnaðarráðuneytis. Í fjórða lagi er óskað eftir 1,2 m.kr. framlagi til greiðslu skólagjalda fyrir börn fulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Heildarkostnaður vegna þessa er um 2,4 m.kr. á ári og skiptist kostnaður á milli landbúnaðar- og samgönguráðuneytis. Gert er ráð fyrir sams konar framlagi í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000. Loks er óskað eftir að fjárheimild verði aukin um 0,5 m.kr. til að standa straum af aðkeyptri þjónustu við undirbúning á gildistöku laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, sem tóku gildi 1. janúar 1999.

190 Ýmis verkefni. Ríkisstjórnin ákvað fyrr á árinu að leita eftir heimild í fjáraukalögum um 26 m.kr. aukafjárveitingu vegna veikrar samkeppnisstöðu innlendrar grasköggla-framleiðslu. Fjárhæðin er vegna framleiðslu áranna 1998 og 1999.

233 Yfirdýralæknir. Lagt er til að veitt verði 61,5 m.kr. viðbótarframlag til embættis yfirdýralæknis. Kjaranefnd úrskurðaði um launakostnað héraðsdýralækna hinn 26. febrúar 1999. Úrskurðurinn gildir frá 1. janúar 1998. Samkvæmt úrskurðinum er áætlað að laun héraðsdýralækna hækki samtals um 32,2 m.kr. árið 1998 og um 29,3 m.kr. árið 1999 og eftirleiðis, eða samtals um 61,5 m.kr. árin 1998 og 1999. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000 er gert ráð fyrir að fjárveiting til embættisins hækki sem nemur kostnaðaraukanum á ársgrundvelli.

271 Bændaskólinn á Hólum. Lagt er til að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði aukin alls um 9,5 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þyngst vegur að óskað er eftir 8 m.kr. aukafjárveitingu til Hólaskóla vegna tilrauna með kynbætur á bleikju. Samningur um verkefnið var undirritaður í lok desember 1998 og er samningurinn í gildi til 31. desember 2006. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að Hólaskóli fái árlega 15 m.kr. til reksturs verkefnisins. Hólaskóli mun sjálfur fjármagna 7 m.kr. af rekstrarkostnaði verkefnisins. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir jafnháu framlagi. Samkvæmt hagræðingarákvæði í samningi lækkar framlagið um 2% árlega. Einnig er lagt er til að Bændaskólinn á Hólum fái 1,5 m.kr. viðbótarframlag vegna kostnaðar við endurbætur á skólastjórabústað fyrir nýráðinn skólastjóra.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins. Óskað er eftir 17 m.kr. aukafjárveitingu til að greiða skammtímaskuldir, vegna byggingar tilraunagróðurhúss.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Lagt er til að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði aukin alls um 156,3 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þyngst vegur tillaga um að beinar greiðslur til bænda vegna mjólkurframleiðslu hækki um 150,3 m.kr. Hækkunin er bæði vegna 4,26% hækkunar á grundvallarverði mjólkur í janúar

sl. og þess að heildargreiðslumark hækkar um 0,8% frá 1. september 1998 eða um 800.000 lítra. Gert er ráð fyrir sams konar breytingu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000. Einnig er lögð til 6,0 m.kr. hækkun á greiðslum til Lífeyrissjóðs bænda þar sem framlag í sjóðinn er tengt verðlagi og framleiðslu á mjólk.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Lagt er til að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði aukin alls um 31 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Ríkisstjórnin ræddi vanda loðdýraræktar fyrr á árinu og í framhaldi af því er óskar eftir heimild í fjáraukalögum til að til að greiða niður 23 m.kr. af skuldum loðdýrabænda við fóðurstöðvar. Einnig er óskað eftir 8 m.kr. aukafjárveitingu til tímabundins stuðnings við greinina. Fjárveitingu ársins verður varið til hagræðingar í rekstri fóðurstöðva, greiðslu kostnaðar við leiðbeiningar og rannsóknir og til að greiða niður kostnað við geymslu á verkuðum refaskinnum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 4 m.kr.

204 Fiskistofa. Óskað er eftir að framlag til Fiskistofu hækki um 4 m.kr. Í fjárlögum fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir að markaðar tekjur Fiskistofu vegna gjaldtöku við landamæraeftirlit verði 4,0 m.kr. Á Alþingi í vor var gerð breyting á heimild til gjaldtöku í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, þannig að tekjur Fiskistofu vegna landamæraeftirlits falla niður.

208 Bygging hafrannsóknaskips. Fyrirséð er að kostnaður við byggingu nýja hafrannsóknaskipsins verður um 60 m.kr. umfram kostnaðaráætlun. Óskað er eftir því að Þróunarsjóði sjávarútvegsins verði heimilað að leggja fram þessar 60 m.kr. til viðbótar við 300 m.kr. sem eru í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 610,4 m.kr.

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á að fjárveiting til aðalskrifstofunnar verði aukin alls um 14,2 m.kr. Skýrist það af nokkrum tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 4,8 m.kr. aukafjárveitingu til kaupa á tækjum og búnaði en sá kostnaður hefur fallið til vegna ráðherraskipta í dómsmálaráðuneytinu. Stærsti hluti kostnaðarins, eða 4,3 m.kr., er vegna kaupa á nýrri bifreið fyrir ráðherra en einnig er um að ræða ýmsan skrifstofubúnað. Í öðru lagi er leitað eftir 3,5 m.kr. aukafjárveitingu til að standa undir kostnaði við störf nefndar sem falið var samkvæmt bráðabirgðaákvæði skaðabótalaga, nr. 50/1993, að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Nefndin lauk störfum í lok ársins 1998 en kostnaður hefur að mestu verið greiddur á þessu ári. Í þriðja lagi er farið fram á 3 m.kr. viðbótarframlag til að mæta halla á rekstri aðalskrifstofunnar. Gerð er sambærileg tillaga í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000. Loks er lagt til að framlag til aðalskrifstofunnar verði aukið um 2,9 m.kr. til að mæta útgjöldum við nýtt starf ráðherrabílstjóra, 2,6 m.kr., og rekstur á bifreið fyrir ráðherra, 0,3 m.kr. Þessi útgjöld voru áður greidd af sjávarútvegsráðuneytinu þegar einn ráðherra hafði með höndum bæði ráðuneytin. Kostnaðurinn fellur til frá og

með 1. júní þessa árs. Gert er ráð fyrir sambærilegu framlagi í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000.

190 **Ýmis verkefni.** Lagt er til að framlag til tölvunefndar undir þessum lið verði aukið um 4,8 m.kr. til að mæta áætluðum uppsöfnuðum halla til ársloka 1999. Á undanförnum árum hafa útgjöld nefndarinnar vaxið jafnt og þétt samhliða því að verkefnum hennar hefur fjölgað frá ári til árs. Þá hafa greiðslur til nefndarmanna, samkvæmt úrskurði þóknananefndar, einnig verið hækkaðar. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000.

Á viðfangsefninu *08-399-1.15 Nefnd um rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði* er í þessu frumvarpi leitað eftir 20 m.kr. framlagi sem fyrirhugað er að verði notað að hluta til að greiða tölvunefnd kostnað sem hlýst af starfi við mat á umsóknum um starfsleyfi. Sá kostnaður verður endurgreiddur síðar af leyfishafa.

Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til laga um persónuvernd til samræmis við tilskipun EES um gagnavernd og er þar gert ráð fyrir að komið verði á fót nýrri stofnun sem taki við hlutverki tölvunefndar.

210 **Héraðsdómstólar.** Gert er ráð fyrir að fjárheimild héraðsdómstóla hækki um 29,6 m.kr. af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er farið fram á 20,2 m.kr. hækkun launafjárveitingar í samræmi við mat á áhrifum af ákvörðun Kjaradóms hinn 8. maí 1999 um laun héraðsdómara. Í annan stað er gerð er tillaga um 9,4 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að mæta kostnaði við biðlaun. Með dómstólalögum nr. 15/1998, sem gengu í gildi 1. júlí 1998, voru stöður dómarafulltrúa lagðar niður og starfandi dómarafulltrúum, sem hvorki tóku stöðu aðstoðarmanns né voru settir dómarar, tryggður réttur til biðlauna. Fimm fyrrum dómarafulltrúar létu af störfum við héraðsdómstólana vegna gildistöku dómstólalaga og þáðu biðlaun. Frá biðlaunakostnaðinum hafa verið dregin laun sem tveir dómarafulltrúar þáðu á biðlaunatímabilinu en ekki er að vænta frekari endurgreiðslna. Biðlaunagreiðslum lýkur í september 1999. Í kostnaðarumsögn um lagafrumvarpið og í fjárlögum ársins 1999 var ekki gert ráð fyrir að slíkar biðlaunagreiðslur falli til.

231 **Málskostnaður í opinberum málum.** Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 4 m.kr. í kjölfar nýrra laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála. Í kostnaðarumsögn um frumvarpið var talið að ákvæði sem fól í sér heimild til að skipa brotaþola yngri en 18 ára réttargæslumann gæti leitt til nokkurs kostnaðarauka þó ekki væri lagt mat á fjárhæðir. Í meðförum Alþingis var ákvæðinu breytt á þann veg að skylt er að skipa réttargæslumann þegar um kynferðisbrot er að ræða. Miðað við umfang mála undanfarin ár er talið að kostnaður geti numið um 6 m.kr. á ári og er þá miðað við að meðalkostnaður við hvert mál verði 200–250 þús.kr. og að fjöldi mála á ári verði 25–30. Lögin tóku gildi 1. maí og er því kostnaður á þessu ári áætlaður 4 m.kr. Gert er ráð fyrir að afgangur eða umframgjöld á þessum fjárlagalið falli jafnan niður um áramót.

301 **Ríkissaksóknari.** Lagt er til að framlag til embættisins verið aukið um 4 m.kr. til að standa undir endurnýjun tölvukerfa vegna ártalsins 2000. Hugbúnaður fyrir sakaskrá og útgáfu sakavottorða mun að óbreyttu ekki verða starfhæfur á næsta ári. Búið er að smíða grunn að nýju kerfi og er kostnaður áætlaður 1,7–2 m.kr. Að auki er unnið að

endurskoðun á málaskrá ákæruvaldsins vegna vandamála við ártalið 2000. Kostnaður við það kerfi er áætlaður 2 m.kr.

303 **Ríkislögreglustjóri.** Gerð er tillaga um að veita 31 m.kr. til embættisins til að standa undir kostnaði við flutning í nýtt húsnæði í upphafi næsta árs. Kostnaður felst að hálfu í sérstökum kröfum vegna starfsemi sérsveitar ríkislögreglustjóra, yfirheyrsluherbergja o.fl. Að öðru leyti er um að ræða ýmsar aðrar breytingar á húsnæðinu, öryggiskerfi, húsbúnað og annan stofnkostnað.

311 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Gerð er tillaga um aukafjárveitingu að fjárhæð 122,8 m.kr. til embættisins. Þar er um að ræða þrjú útgjaldatilefni. Þyngst vegur að rekstrarhalli embættisins nam um 110 m.kr. í lok ársins 1998 þrátt fyrir að fjárheimildir ársins hafi verið auknar sérstaklega um 115 m.kr. frá því sem áformað var í fjárlögum til að koma rekstrinum í jafnvægi. Farið er fram á aukafjárveitingu til að gera upp hallann. Tæplega 30 m.kr. af hallanum er yfirfærð staða frá árinu 1997. Hluta af rekstrarhallanum má rekja til búnaðar- og tækjakaupa sem voru talsvert meiri árin 1997 og 1998 en þau eru vanalega. Aukin búnaðar- og tækjakaup skýrast að verulegu leyti af breytingum á lögreglulögunum en með þeim færðust rannsóknir frá Rannsóknarlögreglu ríkisins til embættisins. Embætti lögreglustjóra hefur gert ýmsar ráðstafanir til að vega upp þann hluta hallans sem er viðvarandi, m.a. með því að draga úr yfirvinnu starfsmanna og með því að ráða ekki í nokkrar stöður sem hafa losnað, auk ýmissa almennra aðhaldsaðgerða. Er það forsenda tillögunnar að rekstrinum verði haldið innan ramma fjárlaga þessa árs og eftirleiðis. Gangi það ekki eftir verði umframgjöld ársins 1999 færð til næsta árs og embættið geri þá frekari ráðstafanir til að hagræða í starfseminni. Í öðru lagi er farið fram á að fjárveiting stofnunarinnar hækki um 8,8 m.kr. vegna hækkunar sem varð á launum fangavarða í samræmi við ákvæði aðlögunarsamnings við fangaverði á árinu 1999. Samningurinn felur í sér sambærileg ákvæði og aðlögunarsamningur sem gerður var við fangaverði hjá Fangelsismálastofnun á árinu 1998 að því undanskildu að nýtt launakerfi fangavarða hjá lögregluembættinu tekur gildi afturvirkt í einu lagi frá 1. apríl 1998 en ekki í áföngum. Framlaginu er ætlað að mæta hækkun launakostnaðar bæði árin 1998 og 1999 umfram það sem þegar hafði verið reiknað með í fjárlögum. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000. Loks er lagt er til að framlag embættisins verði hækkað um 4 m.kr. vegna kostnaðar við opinberar heimsóknir á þessu ári. Fjárveitingar fjárlaga hafa jafnan verið miðaðar við að embættið beri útgjöld af sínum verkefnum í tengslum við slíkar heimsóknir en í ár verða þau hins vegar óvenju mikil. Skýrist það annars vegar af heimsókn forsætisráðherra Norðurlandanna og Japans og hins vegar af heimsókn forsetafrúar og aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna.

321 **Almannavarnir ríkisins.** Lagt er til að veitt verði 1,8 m.kr. framlag til stofnunarinnar umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Annars vegar er um að ræða 1,1 m.kr. viðbótarframlag vegna kostnaðar í tengslum við eldgosið í Grímsvötnum í Vatnajökli í desember sl. Áfallinn kostnaður er að mestu leyti vegna flugs með vísindamenn í flugvél Flugmálastjórnar en einnig vegna upplýsingamiðlunar frá stjórnstöð Almannavarna ríkisins. Hins vegar er um að ræða 0,8 m.kr. fjárheimild til eftirlits og vöktunar með jarðskorpuhreyfingum undir Mýrdalsjökli og vöktun jökuláa úr jöklinum. Ríkisstjórnin ákvað í kjölfar aukinna jarðhræringa undir jöklinum að leita eftir heimild í

frumvarpi til fjáraukalaga, alls 28,5 m.kr., til samræmdrar aðgerða á þessu sviði. Auk Almannavarna taka Norræna eldfjallastöðin, Orkustofnun, Veðurstofa Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans, Landhelgisgæslan og umhverfisráðuneytið þátt í þessu verkefni. Hlutverk Almannavarna í verkefninu er áhættugreining.

331 **Umferðarráð.** Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði aukin um 2,5 m.kr. til að standa undir tengingum milli ökuprófaskrár Umferðarráðs og ökuskírteinaskrár ríkislögreglustjóra, svo og undir nauðsynlegum breytingum á ökuprófakerfi Umferðarráðs. Fyrir liggur tilboð um öll framangreind verkefni og er áætlaður kostnaður tæplega 2,5 m.kr. Samtenging ökuprófaskrár Umferðarráðs og ökuskírteinaskrár ríkislögreglustjóra er brýnt verkefni, en fyrr á þessu ári komst upp um falsanir við útgáfu prófvottorða og ökuskírteina. Með samtengingunni er unnt að koma í veg fyrir slík mál.

390 **Ýmis löggæslumál.** Sótt er um 39,7 m.kr. viðbótarframlag undir þessum lið. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til endurnýjunar lögreglubifreiða hækki um 20 m.kr. Á þessu ári var tekin upp sú nýbreytni að ríkislögreglustjóri annast rekstur lögreglubifreiða á landsvísu og leigir öðrum lögregluembættum bifreiðar. Hluta leigunnar verður varið til að endurnýja bifreiðar. Með því móti eykst kostnaðarvitund, endurnýjun bifreiðanna verður örari og viðhaldskostnaður lækkar, auk þess sem endursöluverð hækkar. Þetta nýja fyrirkomulag hefur fengið jákvæð viðbrögð og var gert ráð fyrir hækkun í fjárlögum 1999 vegna þess. Hins vegar veldur halli frá fyrra ári því að einungis eru 20 m.kr. til ráðstöfunar á þessu ári í stað 45 m.kr., sem er sú fjárveiting sem þarf til að viðhalda góðum bifreiðaflota með eðlilegri endurnýjun. Bifreiðakaup lögreglunnar í Reykjavík eru færð á sérstakan fjárlagalið í fjárlögum 1999 en verða hluti af þessu fyrirkomulagi á næsta ári. Í öðru lagi er gerð tillaga um að hækka framlag til ýmissa tilfallandi útgjalda undir þessum lið um 10 m.kr. Í fjárlögum 1999 er framlag vegna þessara mála 20,5 m.kr. en þar af er tímabundið framlag 4,5 m.kr. Á undanförnum árum hefur reglubundið framlag verið 15–16 m.kr. Af þeirri fjárhæð hafa runnið tæplega 5 m.kr. til slysatryggingar lögreglumanna, 2–5 m.kr. til fatnaðar lögreglumanna og lögreglunema og um 2 m.kr. til reglubundinna styrkja vegna norræns lögreglusamstarfs. Svigrúm ráðuneytisins til að koma til móts við smærri embætti vegna barnsburðarleyfa og veikinda og ýmissa smærri útgjaldatilefna hefur því ekki verið mikið. Hluti framlagsins er ætlaður til að standa undir kostnaði við fund norrænna lögreglustjóra á þessu ári. Gert er ráð fyrir sambærilegu framlagi í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000. Í þriðja lagi er óskað eftir 6,7 m.kr. hækkun framlags til að styrkja löggæslu á landsbyggðinni en gert er ráð fyrir að fénu verði varið til að standa straum af kostnaði við eitt starf lögreglumanns á Hólmavík og annað á Djúpavogi. Loks er lagt til að framlag verði hækkað um 3 m.kr. vegna húsnæðis gamla bifreiðaeftirlitsins að Bíldshöfða 8. Dómsmálaráðuneytið var með leigusamning um húsið fram á mitt ár 2001 en tekist hafa samningar um að ljúka þeim leigusamningi frá og með 1. maí á þessu ári. Í samkomulaginu felst að ríkið greiði eigandanum 3 m.kr. vegna frágangs húsnæðis og annarra þátta.

395 **Landhelgisgæsla Íslands.** Óskað er eftir 38,3 mkr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar. Þyngst vegur 24,5 m.kr. aukafjárveiting til að bæta kostnað af tjóni á aðalvélum varðskipsins Ægis. Tjónið átti sér stað í desember árið 1998 og kostnaður er þegar áfallinn. Óhreinindi komust í smurolíu á aðalvélum sem leiddi til þess að taka varð upp

vélar skipsins. Landhelgisgæslan er ekki vátryggð fyrir tjóni sem þessu í samræmi við þá meginreglu að ríkið taki sjálft áhættu af tjónum sem kunna verða á eignum þess. Þá er lagt til að veitt verði 6 m.kr. aukafjárveiting til að mæta kostnaði við sjómælingar vegna endurskoðunar markalínu milli Grænlands og Íslands. Í samningi milli Íslands og Danmerkur frá 11. nóvember 1997 er kveðið á um að fyrir 1. september 1999 skuli endurskoða grunnpunkta markalínunnar sem afmarkar landgrunn og fiskveiðilögsögu á svæðinu milli Íslands og Grænlands. Að tilhlutan utanríkisráðuneytisins var mælingin gerð með aðstoð verktaka þar sem stofnunin hefur ekki yfir að ráða þeim sérhæfðu tækjum sem til þarf. Þessu til viðbótar er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar fyrr á árinu leitað eftir heimild fyrir 2,8 m.kr. framlagi til að standa undir kostnaði við aðstoð við að stöðva olíuleka frá El Grillo, skipflaki á botni Seyðisfjarðar. Aðstoð Landhelgisgæslunnar felur í sér aukið öryggi á vettvangi, bæði er varðar öryggi kafara og til frekari viðbúnaðar gegn bráðamengun. Með þátttöku gæslunnar er unnt að hafa afþrýstiklefa fyrir kafara um borð í varðskipi á staðnum sem og sprengjusérfræðinga, flotgirðingar o.fl. Kostnaðarauki vegna þátttöku Landhelgisgæslunnar er miðaður við sjö daga á staðnum. Loks er farið fram á að veitt verði 4,4 m.kr. aukafjárveiting til eftirlits og vöktunar með jarðskorpuhreyfingum undir Mýrdalsjökli og vöktun jökuláa úr jöklinum. Ríkisstjórnin ákvað í kjölfar aukinna jarðhræringa undir jöklinum að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga, alls 28,5 m.kr., til samræmdra aðgerða á þessu sviði. Auk Landhelgisgæslunnar taka Norræna eldfjallastöðin, Orkustofnun, Veðurstofa Íslands, Almannavarnir ríkisins, Raunvísindastofnun Háskólans og umhverfisráðuneytið þátt í þessu verkefni. Hlutverk Landhelgisgæslunnar vegna þessa er vöktun og eftirlitsflug.

398 Útlendingaeftirlitið. Sótt er um alls 45,1 m.kr. framlag til Útlendingaeftirlitsins en það er sjálfstæð stofnun samkvæmt nýjum lögum um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum og tók hún til starfa 1. október á þessu ári. Í fyrsta lagi er óskað eftir 24,8 m.kr. aukaframlagi vegna undirbúnings við að koma á fót vegabréfaútgáfu. Í kostnaðarumsögn um frumvarp til laga um vegabréf var gert ráð fyrir að undirbúningskostnaður næmi um 50 m.kr. Í fjáraukalögum 1998 var veitt 31 m.kr. á fjárlagalið 390–6.01 til þessa undirbúnings og eru 19 m.kr. af aukafjárveitingunni ætlaðar til að mæta því sem á vantar af þeirri fjárþörf. Í öðru lagi er 3 m.kr. hækkun vegna samnings um árlegan rekstrarkostnað til viðhalds og endurbóta á búnaði vegabréfaútgáfunnar. Talið var að sá samningur væri fjárhagslega hagkvæmari en að standa undir tilfallandi viðhalds- og endurnýjunarkostnaði. Þá voru gerðar breytingar eftir samþykkt útboðs á vélbúnaði, að ósk utanríkisráðuneytis, sem lutu að möguleika á skráningu stöðuheitis í diplómatavegabréfum. Kostnaður vegna þessa var um 2,5 m.kr. vegna breytinga á vélbúnaði og um 0,3 m.kr. vegna viðhaldssamnings til 10 ára. Þessu til viðbótar er gerð tillaga um að framlag til útgáfu vegabréfa verði hækkað um 7,9 m.kr. Fjárhæðin er í samræmi við áætlaðan rekstrarkostnað í kostnaðarumsögn um frumvarp til laga um vegabréf en útgáfan hófst í maí á þessu ári. Jafnframt verði millifærðar 7 m.kr. af viðfangsefninu *490-1.11 Útgáfa vegabréfa*. Útgáfa vegabréfa verður hjá Útlendingaeftirlitinu en samkvæmt nýjum lögum verður það sérstök stofnun. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 er gerð sambærileg tillaga. Einnig er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að að veita 3,4 m.kr. til stofnunarinnar vegna aukins rekstrarkostnaðar. Vegabréfaútgáfan, sem er hluti af verkefnum Útlendingaeftirlitsins, tók til starfa í maí en húsnæði hefur verið tekið á leigu frá 1. júlí. Gert er ráð fyrir að framlag til hennar

verði 9,4 m.kr. á ársgrundvelli til viðbótar við það sem veitt hefur verið til Útlendingaeftirlitsins á fjárlagalið ríkislögreglustjóra. Svarar það til 3,4 m.kr. hækkunar á fjárþörf vegna starfseminnar á þessu ári. Loks er lagt til að veitt verði 2 m.kr. aukaframlag til kaupa á tölvubúnaði, húsbúnaði og afgreiðsluborði fyrir nýtt húsnæði sem stofnunin flutti í þann 1. október á þessu ári.

412 **Sýslumaðurinn á Akranesi.** Lagt er til að veitt verði 31 m.kr. til sýslumannsembættisins á Akranesi, þar af renni 9,4 m.kr. til yfirstjórnar en 21,6 m.kr. til löggæslu. Á undanförnum árum átti embættið við rekstrarörðugleika að stríða og myndaðist rekstrarhalli sem ekki hefur tekist að vinna á þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir. Gerð er tillaga um að uppsafnaður halli frá fyrri árum verði jafnaður.

433 **Sýslumaðurinn á Selfossi.** Farið er fram á að framlag hækki um 1,1 m.kr. vegna leigugreiðslna til Fasteigna ríkissjóðs. Hækkunin er vegna stækkunar húsnæðis. Alls fjölgar fermetrum skrifstofuhúsnæðis um 253 en geymsluhúsnæði stækkar um 15 fermetra. Leiga á hvern fermetra skrifstofuhúsnæðis er rúmlega 345 krónur í janúar 1999 en rúmlega 186 krónur fyrir geymsluhúsnæði. Samningurinn var gerður í mars 1999 en gildir frá 1. nóvember 1998.

436 **Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.** Óskað er eftir 4,5 m.kr. hækkun fjárheimildar til að standa undir kostnaði við starf yfirlögregluþjóns hjá sýslumanninum í Hafnarfirði. Sambærileg tillaga er gerð í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000.

490 **Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.** Gerð er ráð fyrir að fjárheimild þessa liðar lækki um 6,6 m.kr. en það skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 3,3 m.kr. aukaframlagi til að standa undir kostnaði við dýrari framleiðslu ökuskírteina og tækjakaupa vegna lélegrar endingar mynda í nýrri gerð ökuskírteina. Til að bregðast við þessu vandamáli þarf að kaupa vél fyrir um 0,4 m.kr. sem setur öryggisfilmu á ökuskírteinið en framleiðslukostnaður eykst um rúmlega 26 kr. fyrir hvert skírteini. Miðað er við um 15 þúsund útgefin skírteini á ári og við það eykst framleiðslukostnaður um 0,4 m.kr. Til viðbótar við þetta má ætla að útgáfa ökuskírteina verði mun meiri þar til ráðin hefur verið bót á þessu vandamáli því endurnýja þarf skírteinin sem gefin hafa verið út undanfarin tvö ár. Framleiðslukostnaður hvers skírteinis er um 500 krónur og sé miðað við að um 5 þúsund einstaklingar endurnýji skírteinin sín má ætla að viðbótarkostnaður verði 2,5 m.kr. Nú þegar hafa verið gefin út um 25 þúsund skírteini og má búast við að þessi galli komi fram fyrr eða síðar í stórum hluta þeirra. Í annan stað er lagt til að 7 m.kr. verði millifærðar af viðfangsefninu *490-1.11 Útgáfa vegabréfa og ökuskírteina* til *06-398 Útlendingaeftirlitsins* sem hefur tekið við umsjón með vegabréfaútgáfu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting viðfangsefnisins *06-490-1.60 Gagnalínukostnaður* lækki um 2,9 m.kr. Í fjárlögum ársins 1999 var viðfangsefnið hækkað um 5,6 m.kr. þar sem fyrirhugað var að gera samning við Hagstofu Íslands um dagleg afrit af þjóðskrá fyrir stofnanir dómsmálaráðuneytisins auk þess sem tekin hafði verið upp gjaldtaka fyrir upplýsingar úr hlutafélagaskrá sem áður höfðu verið veittar að kostnaðarlausu. Árlegur kostnaður sýslumannsembætta vegna fyrirspurna í hlutafélagaskrá nemur 2,7 m.kr. Ekki hefur hins vegar orðið af samningi um dagleg afrit af þjóðskrá og er sú gjaldtaka óbreytt en nýtt fyrirkomulag á miðlun þeirra upplýsinga og gjaldtöku er til skoðunar.

491 **Húsnæði og búnaður sýslumanna.** Farið er fram á 22,7 m.kr. aukafjárveitingu til að standa undir áföllnum og ófyrirséðum kostnaði við byggingu og endurbætur á skrifstofuhúsnæði sýslumannsins á Selfossi. Í heimildargrein fjárlaga 1998 var ákvæði þar sem heimilað var að nýta söluandvirði hlutabréfa ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun til framkvæmda og fasteignakaupa á vegum dómsmálaráðuneytisins. Af 90 m.kr. áætluðum tekjum runnu 37 m.kr. til framkvæmdanna á Selfossi og að auki greiddi dómsmálaráðuneytið 5 m.kr. af safnlið til verksins. Í ljós hefur komið að kostnaður hefur farið talsvert umfram framangreinda áætlun, m.a. vegna viðhalds á gamla sýslumannsbústaðnum en kostnaðaráætlanir miðuðust að mestu við tengibyggingu milli lögreglustöðvarinnar og gamla bústaðarins.

701 **Biskup Íslands.** Gerð er tillaga um 84,7 m.kr. hækkun á launafjárveitingu til að mæta áhrifum af úrskurði um launakjör presta sem kjaranefnd kvað upp hinn 30. desember 1998 og gildir frá 1. ágúst 1998. Þar af eru 21,6 m.kr. vegna tímabilsins frá gildistöku úrskurðarins til ársloka 1998 en 63,1 m.kr. vegna ársins 1999 og er jafnframt gert ráð fyrir þeirri fjárhæð í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000.

705 **Kirkjumálasjóður.** Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs um 5,6 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 11,3% af sóknargjöldum.

707 **Kristnisjóður.** Lagt er til að framlag til Kristnisjóðs hækki um 3,6 m.kr. Samningur ríkis og kirkju frá því í september 1998 kveður á um að framlag til Kristnisjóðs taki mið af 16 árslaunum sóknarpresta í fámennustu prestaköllum landsins. Vegna úrskurðar kjaranefndar um laun presta hækkar framlag í Kristnisjóð jafnframt úr 36,4 m.kr. í 40 m.kr. árinu 1999. Gert hefur verið ráð fyrir tilsvarandi hækkun í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000.

733 **Kirkjugarðsgjöld.** Gert er ráð fyrir að fjárheimild þessa liðar hækki alls um 34,4 m.kr. Lagt er til að lögboðið framlag til kirkjugarða vegna kirkjugarðsgjalds verði hækkað um 30,1 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1999. Kirkjugarðsgjald hækkar í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1997 og 1998 var 12,56%. Undir þessum sama lið er gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til viðfangsefnis Kirkjugarðasjóðs um 4,3 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 8% hlutdeild í kirkjugarðsgjaldi.

735 **Sóknargjöld.** Gert er ráð fyrir að fjárheimild þessa liðar hækki alls um 78,7 m.kr. til greiðslu á lögboðnum framlögum vegna sóknargjalda. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1997 og 1998 var 12,56%. Aukningin skiptist þannig að 44,4 m.kr. renna til þjóðkirkjunnar, 15,8 m.kr. til annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar og 18,5 m.kr. til Háskóla Íslands.

736 **Jöfnunarsjóður sókna.** Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 12,8 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis lækki um 64,9 m.kr.

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram 4,0 m.kr. hækkun á fjárveitingu til aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna fjölgunar verkefna og veikleika í rekstri aðalskrifstofu. Þar má nefna störf starfshóps sem skipaður var í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar til að gera tillögur um aðgerðir gegn vímuefnum og um úrræði fyrir fórnarlömb vímuefna. Enn fremur fellur kostnaður af kærunefnd húsnæðismála á ráðuneytið sem færðist hjá Húsnæðisstofnun ríkisins áður en hún var lögð niður. Gert er ráð fyrir 2,5 m.kr. hækkun í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

400 Barnaverndarstofa. Farið er fram á 40 m.kr. aukafjárveitingu til Barnaverndarstofu vegna tveggja tilefna. Annars vegar er farið fram á 30 m.kr. aukafjárveitingu til að undirbúa nýja bráðamóttöku fyrir 8–10 unglinga í vímuefnavanda. Tillaga þessi er í samræmi við niðurstöðu nefndar sem ríkisstjórnin skipaði til að fjalla um úrræði í meðferðarmálum unglinga. Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er gert ráð fyrir 70 m.kr. fjárveitingu til þessa verkefnis. Hins vegar er óskað eftir 10 m.kr. aukafjárveitingu til að undirbúa opnun nýs langtímameðferðarheimilis fyrir unglinga sem glíma við vímuefnafíkn. Tillaga þessi er í samræmi við niðurstöðu nefndar sem ríkisstjórnin skipaði til að fjalla um úrræði í meðferðarmálum unglinga. Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er gert ráð fyrir 30 m.kr. fjárveitingu til þessa heimilis.

401 Barnaverndarráð. Óskað er eftir 2,5 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla Barnaverndarráðs til ársloka 1999. Gert er ráð fyrir 2 m.kr. hækkun á fjárveitingu Barnaverndarráðs í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

700 Málefni fatlaðra. Leitað er eftir 15,9 m.kr. aukafjárveitingu til málefna fatlaðra. Þar af eru 10,7 m.kr. til að mæta launagreiðslum til starfsmanna á heimilum og stofnunum fyrir fatlaða í langtímaveikindum og barnsburðarleyfum. Á árinu 1998 fóru útgjöld þessa liðar tæpar 4 m.kr. umfram áætlun fjárlaga og útlit er fyrir að útgjöld þessa árs verði verulega umfram áætlun fjárlaga. Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er gert ráð fyrir 8 m.kr. hækkun þessa liðar. Þá er farið fram á 5,2 m.kr. vegna hækkunar á greiðslum til stuðningsfjölskyldna en þær greiðslur miðast við launataxta BSRB. Hækkun þess taxta hefur orðið nokkru meiri á sl. tveimur árum en verðbætur í fjárlögum og er því farið fram á leiðréttingu. Fjárveitingunni verður skipt milli svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Gert er ráð fyrir sömu hækkun í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. Farið er fram á 3 m.kr. hækkun á fjárveitingu til skammtímavistana á Reykjanesi til vistunar fatlaðra barna og unglinga yfir sumarmánuðina. Gert er ráð fyrir 6,3 m.kr. hækkun þessa liðar í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Farið er fram á 2,7 m.kr. viðbótarframlag vegna uppgjörs á starfsemi svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra í kjölfar samnings við Byggðasamlag Sambands sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra um þjónustu við fatlaða. Fyrst og fremst er um að ræða biðlaun og uppgjör orlofs við starfsmenn. Samkvæmt fyrrgreindum samningi frá 23. mars 1999 tekur sam-

lagið að sér málefni fatlaðra á svæðinu. Samningurinn gerir ráð fyrir að framlög til svæðisins aukist um 3,7 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum. Gert er ráð fyrir sömu fjárhæð í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

706 **Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.** Farið er fram á 2,8 m.kr. hækkun á fjárveitingu til sambýla á Húsavík til að mæta áætluðum halla til ársloka 1999. Gert er ráð fyrir samsvarandi hækkun á rekstrarfjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Farið er fram á 3 m.kr. viðbótarheimild vegna samnings ráðuneytisins og Akureyrarbæjar, um þjónustu við fatlaða, til að mæta húsaleigu nýrrar dagvistar fyrir fatlaða. Starfsemin fór fram í húsnæði, í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sem hentaði starfseminni illa og var húsaleiga ekki reiknuð af því húsnæði. Kostnaður vegna leigunnar er 3 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir samsvarandi hækkun á fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

720 **Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ.** Farið er fram á 3 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta áætluðum halla á rekstri stofnunarinnar. Halli á rekstri hennar var rúmar 3 m.kr. og er ljóst að miðað við óbreytta starfsemi á þessu ári tekst stofnuninni ekki að greiða þann halla niður. Í tillögum ráðuneytisins til fjárlaga á næsta ári er gert ráð fyrir 3 m.kr. hækkun á fjárveitingum til stofnunarinnar.

750 **Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.** Farið er fram á 5 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum halla Greiningarstöðvarinnar til ársloka 1999. Uppsafnaður rekstrarvandi, þrátt fyrir 7 m.kr. aukafjárveitingu á sl. ári, var um síðustu áramót 4,6 m.kr. og stofnunin mun ekki ná að greiða niður hallann nema að draga úr starfsemi sinni. Í tillögum ráðuneytisins til fjárlaga næsta árs er gert ráð fyrir 7 m.kr. hækkun fjárveitinga til að leiðrétta rekstrargrunn stofnunarinnar.

801 **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.** Til Jöfnunarsjóðs renna 1,4% af skatttekjum ríkisins á ári hverju, auk 0,264% hlutdeildar í útsvarsstofni liðins árs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur árið 1999 verður framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 30 m.kr. hærra en áætlað var við samþykkt fjárlaga. Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins verði aukin sem því nemur.

972 **Bjargráðasjóður Íslands.** Farið er fram á 20 m.kr. viðbótarfjárheimild til Bjargráðasjóðs vegna tjóna af völdum kals í túnum vorið 1999. Umfang kaltjóna á þessu ári er umtalsvert og mun meira en á liðnum árum. Umbeðin viðbótarfjárheimild tekur mið af því að hægt verði að bæta bændum tjón þeirra með sama hætti og undanfarin ár. Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er gert er ráð fyrir að framlag til sjóðsins verði 30 m.kr.

981 **Vinnumál.** Farið er fram á 1,5 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum halla Félagsdóms til ársloka 1999. Kostnaður við starfsemi dómsins hefur farið hækkandi á sl. árum og nokkuð umfram fjárheimildir fjárlaga. Rekstrarhalli Félagsdóms hefur verið greiddur af ýmsum safnliðum félagsmálaráðuneytisins. Í tillögum ráðuneytisins til fjárlaga næsta árs er gert ráð fyrir sömu hækkun á fjárheimild til Félagsdóms.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs í fjárlögum 1999 er miðað við 2,5% atvinnuleysi í samræmi við þjóðhagsspá. Samkvæmt nýrri spá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði nær 2,0% á árinu 1999. Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er lækkað í samræmi við þá spá um 350 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Leitað er eftir 148 m.kr. aukaframlags til þessa liðar. Þar vegur þyngst samþykkt ríkisstjórnar fyrr á árinu, að leita eftir heimild í fjáraukalögum fyrir 125 m.kr. aukaframlagi til að taka á móti flóttamönnum frá Kósóvó á árinu 2000. Í fjárlögum 1999 eru 20 m.kr. sem ætlaðar voru til móttöku annarra flóttamanna í Fjarðabyggð. Með móttöku flóttamanna frá Kósóvó hafa þau áform verið lögð til hliðar. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við móttöku flóttamanna frá Kósóvó nemi um 125,1 m.kr. Þar af er kostnaður sveitarfélaga áætlaður 75,3 m.kr., félagsmálaráðuneytis 4 m.kr. og Rauða kross Íslands 28,1 m.kr. Þá er að telja 3,8 m.kr. kostnað vegna flugs Landhelgisgæslunnar til Skopje, komu tveggja flóttamanna með túlki kr. 0,4 m.kr. og 13,5 m.kr. kostnað vegna komu 27 ættingja Kósóvó-Albana. Þá samþykkti ríkisstjórnin fyrr á árinu að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 11 m.kr. fjárveitingu sem lokaframlag til að mæta rekstrarörðugleikum meðferðarheimilisins Götusmiðjunnar Virkisins, 2 m.kr. framlagi til að mæta rekstrarörðugleikum áfanga- og meðferðarheimilisins Byrgisins og loks 10 m.kr. framlagi til endurhæfingarstofnunarinnar Krossgatna til fjárhagslegrar endurskipulagningar. Framlagið er síðari helmingur fjárveitingar sem stofnuninni var veitt til þessa verkefnis eða 20 m.kr. alls.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.973,7 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á 3,5 m.kr. aukafjárveitingu vegna aukins kostnaðar við viðbótarhúsnæði aðalskrifstofu ráðuneytisins að Laugavegi 103. Þar eru m.a. til húsa vísindasiðanefnd, úrskurðarnefnd almannatrygginga og nefnd um rekstrarleyfi gagnagrunns. Kostnaður við þann hluta húsnæðisins sem tilheyrir aðalskrifstofunni er samtals 3,5 m.kr. á yfirstandandi ári, þar af eru 1,7 m.kr. vegna eignakaupa og 0,4 m.kr. vegna nauðsynlegra tölvutenginga við aðalskrifstofu. Gert er ráð fyrir framlagi vegna reksturs húsnæðisins í frumvarpi næsta árs.

201 Tryggingastofnun ríkisins. Óskað er eftir 20,2 m.kr. viðbótarframlagi til að mæta kostnaði við ártalið 2000 í tölvu- og tæknibúnaði Tryggingastofnunar. Niðurstaða úttektar Skýrr hf. frá janúar sl., leiddi í ljós að nauðsynlegt væri að endurbæta vél- og hugbúnað stofnunarinnar vegna ártalsins 2000. Endurbæta þarf kerfi sem keyrð eru hjá Skýrr hf. og einnig þarf að endurnýja og uppfæra hluta af vélbúnaði stofnunarinnar, þ.m.t. miðtölvu, netstýribúnað og stýrikerfi auk minni háttar lagfæringa og prófana.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Lögð er til 51,4 m.kr. aukafjárveiting til bóta vegna félagslegrar aðstoðar. Í fyrsta lagi er lögð til 30 m.kr. aukafjárveiting til að mæta útgjöldum við umönnunarbætur umfram fjárlög. Samkvæmt niðurstöðu

fyrstu 7 mánaða yfirstandandi árs stefna útgjöld umönnunarbóta í liðlega 610 m.kr. sem eru 30 m.kr. umfram fjárlög. Nýr bótaflokkur, umönnunarbætur, varð til 1. nóvember 1997 og kom í stað bótaflokksins umönnunarbætur og umönnunarstyrkir. Í öðru lagi er lagt til að fjárveiting endurhæfingarlífeyris verði lækkuð um 20 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun sem byggð er á útgjöldum fyrstu 7 mánuði yfirstandandi árs. Í fjárlögum 1999 er gert ráð fyrir að leggja meiri áherslu á endurhæfingarlífeyri sem tímabundið úrræði í endurhæfingu og starfsþjálfun til að koma í veg fyrir örorku til langframa. Í þriðja lagi er óskað eftir að fjárheimild vegna heimilisuppbóta verði aukin um 50 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun fyrir árið í heild. Forsendum fyrir greiðslu heimilisuppbóta var breytt frá og með 1. mars sl. og er nú heimilt að sækja um heimilisuppbætur og sérstakar heimilisuppbætur þrátt fyrir að einstaklingur hafi barn/börn á framfæri. Í fjórða lagi er til að greiðslur á uppbótum verði lækkaðar um 25 m.kr. frá fjárlögum 1999. Fyrr á árinu samþykkti ríkisstjórnin að hækka vasadagpeninga úr 12.535 kr. á mánuði í 16.829 kr. á mánuði (óskert) frá og með 1. apríl 1999. Áætlaður útgjaldaauki er um 75 m.kr. vegna ársins 1999. Uppbætur á lífeyri hækkuðu 1. apríl í kjölfar hækkunar lífeyris. Áætlaður útgjaldaauki er um 35 m.kr. á árinu 1999. Heimilt hefur verið að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Með reglugerð nr. 161/1999 frá 11. mars sl. voru viðmiðunarmörk hækkuð og skulu frekari uppbætur aldrei greiddar lífeyrisþega sem á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 4 m.kr. án þess að réttur falli niður. Áður var miðað við 2,5 m.kr. Í fimmta lagi samþykkti ríkisstjórnin fyrr á árinu að leita eftir heimild í fjáraukalagafrumvarpi fyrir 16,4 m.kr. hækkun framlags til að fjölga bifreiðakaupastyrkjum og hækka þá. Gefin var út reglugerð 15. apríl sl. um breytingu á reglugerð um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, styrkjum var fjölgað úr 50 í 60 og þeir hækkaðir úr 0,7 m.kr. í 1 m.kr. Lægri styrkirnir hækka úr 235 þús. kr. í 250 þús. kr. og fjölgar úr 335 í 375. Þá er heimilt að veita þeim sem kaupa bifreið í fyrsta sinn og eiga rétt á almenna styrknum 500 þús. kr. styrk. Styrkir vegna kaupa á bifreið í fyrsta sinn verða að hámarki 20. Áætlað er að framangreindar breytingar í heild feli í sér um 60 m.kr. útgjaldaaukningu á heilu ári.

204 **Lífeyristryggingar.** Lögð er til 70 m.kr. lækkun á framlögum til lífeyristrygginga í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld árið 1999. Í fyrsta lagi er farið fram á 240 m.kr. viðbótarframlag í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar fyrr á árinu um 7% hækkun ellilífeyris frá og með 1. apríl sl. Í öðru lagi er óskað eftir 65 m.kr. aukaframlagi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnar fyrr á árinu um 7% hækkun örorkulífeyris frá og með 1. apríl sl. Í þriðja lagi er lagt til að fjárheimild tekjutryggingar ellilífeyris lækki um 200 m.kr. í samræmi við endurskoðaða útgjaldaáætlun sem er byggð á fyrstu 7 mánuði yfirstandandi árs. Í fjórða lagi er óskað eftir að fjárheimild tekjutryggingar örorkulífeyrisþega lækki um 85 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun sem er byggð á útgjöldum fyrstu 7 mánuði yfirstandandi árs. Í fimmta lagi er lagt til að verja 10 m.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum til örorkustyrkja. Ríkisstjórnin samþykkti 7% hækkun örorkustyrks frá 1. apríl sl. og hafa útgjöld ársins verið endurmetin í ljósi þeirrar hækkunar. Þá er gert ráð fyrir að fjárheimild vegna barnalífeyris lækki um 35 m.kr. Endurskoðuð áætlun um útgjöld barnalífeyris gerir ráð fyrir að liðurinn verði 35 m.kr. undir fjárlögum ársins. Loks er farið fram á að fjárveiting vegna fæðingarorlofs lækki um 65 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun. Í upphafi árs 1997

gekk í gildi breyting á lögum um fæðingarorlof. Lagabreytingin tekur til lengingar fæðingarorlofs vegna fjölburafæðinga og alvarlegra veikinda móður eða barns. Gert var ráð fyrir 43 m.kr. útgjaldaauka á ári en jafnframt að lagabreytingin skilaði sér ekki að fullu í útgjöldum lífeyristrygginga fyrr en síðar. Í fjárlögum 1998 var samþykkt fjárveiting til tveggja vikna fæðingarorlofs feðra og áætlað að það hefði í för með sér 75 m.kr. útgjaldaauka á ári en að hækkunin skilaði sér ekki að fullu í útgjöldum lífeyristrygginga fyrr en síðar.

206 **Sjúkratryggingar.** Farið er fram á 760,1 m.kr. aukaframlag til sjúkratrygginga. Lagt er til að fjárveitingar vegna lækniskostnaðar hækki um samtals 220,4 m.kr. vegna tveggja tilefna. Lækniskostnaður er annars vegar áætlaður 1.950 m.kr. á árinu 1999, sem er 200 m.kr. umfram forsendur fjárlaga. Hækkun lækniskostnaðar skýrist fyrst og fremst af greiðslum til sérfræðinga, en sérfræðikostnaður hækkar um 190 m.kr. eða um 43% fyrstu sex mánuði ársins, miðað við sama tímabil árið 1998 en þá hafði fjöldi sérfræðinga sagt upp samningi við Tryggingastofnun. Heilbrigðisráðuneytið áformaði 40 m.kr. lækkun kostnaðar við röntgengreiningu sem ekkert varð úr og var fært á þennan lið. Enn fremur var fært á þennan lið áform ráðuneytisins um að ná 60 m.kr. sparnaði með bættu eftirliti með greiðslu bóta og greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Þá gaf ráðuneytið út reglugerð nr. 236/1999 um hlutdeild slysatryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu sem hefur haft veruleg áhrif á útgjöld sjúkratrygginga. Hins vegar er farið fram á 20,4 m.kr. hækkun á fjárveitingu fjáraukalaga vegna ferliverkasamninga vegna áranna 1998 og 1999 og ekki náðist að ljúka fyrir árslok 1998. Í fjárlögum 1999 voru greiðslur fyrir ferliverk fluttar frá Tryggingastofnun ríkisins til hlutaðeigandi sjúkrahúsa. Vegna þessarar tilfærslu voru gerðir sérstakir ferliverkasamningar sem tóku gildi um mitt ár 1998. Ekki tókst að ljúka samningum um ferliverk við nokkrar stofnanir fyrir afgreiðslu fjárlaga 1999. Samningar við stofnanirnar liggja nú fyrir og er gerð tillaga um sömu málsmeðferð og í fjárlögum 1999.

Sótt er um 450 m.kr. aukafjárveitingu vegna aukins lyfjakostnaðar. Annars vegar er lagt til að veitt verði 147 m.kr. aukaframlag til endurgreiðslu á afsláttarverði lyfja en samkvæmt dómi Hæstaréttar var Tryggingastofnun ríkisins óheimilt að semja um afslátt af lyfjaverði. Hins vegar stefna útgjöld vegna lyfja í að fara 303 m.kr. fram úr fjárlögum miðað við útkomu fyrri helmings yfirstandandi árs og er leitað eftir aukinni fjárheimild sem því nemur. Útgjaldaaukinn skýrist að verulegu leyti af markaðssetningu nýrra og dýrari lyfja. Heilbrigðisráðuneyti áformaði 300 m.kr. sparnað í lyfjaútgjöldum í fjárlögum þessa árs sem ekki náðist.

Enn fremur er lagt til að veittar verði 4,7 m.kr. til að fjölga hjúkrunarfræðingum í heimahjúkrun um þrjú stöðugildi. Þá er farið er fram á að framlag til þjálfunar hækki um 35 m.kr. Annars vegar er farið fram á 10 m.kr. hækkun fjárframlags til þjálfunar samkvæmt áætlun sem er byggð á endurskoðun útgjalda fyrstu sex mánuði ársins. Í fjárlögum fyrir árið 1999 áformaði heilbrigðisráðuneyti að spara 30 m.kr. í sjúkraþjálfun. Hins vegar er óskað eftir 25 m.kr. aukaframlagi til samræmis við breytingu á lögum um örorkumat. Samkvæmt breytingu á lögum um almannatryggingar, sem tóku gildi um miðjan apríl sl., gerir Tryggingastofnun ríkisins samninga við endurhæfingarstofnanir um endurhæfingu einstaklinga. Tilgangurinn er að einstaklingar komist fyrr í endurhæfingu svo auka megi starfshæfni þeirra og koma í veg fyrir varanlega örorku. Gert er ráð fyrir 40 m.kr. framlagi til þessa verkefnis í frumvarpi ársins 2000.

Óskað er eftir 90 m.kr. hækkun fjárveitingar til að mæta auknum tannlæknakostnaði í samræmi við áætlun sem er byggð á fyrstu sex mánuðum ársins. Greiðslur Tryggingastofnunar vegna tannlæknakostnaðar voru 448 m.kr. fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs, en voru 366 m.kr. á fyrri helmingi árs 1998 og hafa þær aukist um 22%. Heilbrigðisráðuneyti gaf út reglugerð nr. 28/1999, um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar og greiðir stofnunin nú 50% af tannlæknakostnaði elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta ekki tekjutryggingar og 90% af tannlæknakostnaði fatlaðra og langveikra barna. Loks er gert er ráð fyrir að útgjöld til brýnnar læknismeðferðar erlendis verði 40 m.kr. lægri en reiknað var með í fjárlögum og er lagt til að fjárheimildir lækki sem því nemur. Hafa verður fyrirvara á að miklar sveiflur í kostnaði geta orðið milli mánaða á þessum lið.

301 Landlæknir. Lögð er til 24,4 m.kr. aukafjárveiting til embættis landlæknis vegna tveggja tilefna. Óskað er eftir 20 m.kr. hækkun fjárveitingar til að mæta útgjöldum við aukin verkefni embættisins á undanförnum árum, m.a. vegna fjölgunar kærumála auk þess sem þau hafa orðið umfangsmeiri og flóknari. Enn fremur hefur embættið lagt mikla áherslu á söfnun upplýsinga til að efla rannsóknir á lýðheilsu og faraldsfræði. Þá er lögð til 4,4 m.kr. aukafjárveiting vegna kostnaðar við undirbúning frumvarps til laga um eftirlit með lækningatækjum sem áformað er að leggja fram en sérstakur starfsmaður hefur unnið í nokkurn tíma að undirbúningi frumvarpsins. Tilgangur frumvarpsins er að bæta eftirlit með lækningatækjum og hrinda í framkvæmd ESB-tilskipunum um lækningatæki. Verði frumvarpið að lögum mun hið faglega eftirlit vera í höndum Landlæknisembættisins. Samkvæmt frumvarpinu skal tilkynna öll alvarleg slys við notkun tækjanna til landlæknis. Hið faglega eftirlit landlæknisembættisins felst m.a. í að kortleggja umgjörð lækningatækja, að koma skráningu lækningatækja af stað og að koma á tilkynningaskyldu um óhöpp.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Farið er fram á 15 m.kr. aukafjárveitingu vegna aukningar í úthlutun heyrnartækja. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni var skuld stofnunarinnar við Ríkiskaup 23,7 m.kr. í desember 1998. Hluta skuldarinnar greiddi stofnunin í upphafi árs 1999, en hefur ekki bolmagn til að greiða hana að fullu og er biðtími eftir heyrnartækjum er orðinn 4–6 mánuðir. Eftirspurn eftir heyrnartækjum hefur aukist verulega á undanförnum árum og eru þau orðin fullkomnari og dýrari í innkaupum.

327 Geislavarnir ríkisins. Farið er fram á 4 m.kr. lækkun sértekna Geislavarna ríkisins. Stofnunin fjármagnar rekstur sinn að hluta til með erlendum styrkjum en seint á síðastliðnu ári kom í ljós að stofnunin fékk ekki alla þá styrki sem gera mátti ráð fyrir að hún fengi. Vinna var þá þegar hafin við verkefni sem styrkirnir áttu að fjármagna.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Farið er fram á 63,0 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla til ársloka 1999. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 hefur verið gert ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárveitingar. Farið er fram á 35,8 m.kr. viðbótarframlag til að mæta kostnaði á árinu 1999 vegna ártalsins 2000 og tengist upplýsinga- og tölvumálum.

368 **Sólvangur, Hafnarfirði.** Farið er fram á 50,0 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla til ársloka 1999. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 hefur verið gert ráð fyrir hækkun fjárveitingar.

371 **Ríkisspítalar.** Samtals er sótt um 560,5 m.kr. aukna fjárheimild til ríkisspítala, þar af er farið fram á 411 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla til ársloka 1999. Fjárveitingin er í samræmi við mat stjórnenda sjúkrahússins um fjárhagsstöðu þess og á að nægja til að greiðslustaðan verði í jafnvægi. Gert er ráð fyrir hækkun fjárveitingar til að gera stjórnendum mögulegt að reka stofnunina innan fjárheimilda. Í framangreindum fjárveitingum er ekki gert ráð fyrir kostnaðarauka af vinnutímatilskipun EES og verður sá kostnaður áætlaður þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

Auk þess er farið fram á 55 m.kr. hækkun á fjárheimild til að hrinda í framkvæmd framgangskerfi fyrir hjúkrunarfræðinga. Kerfið var tekið í notkun 1. janúar 1999 og stefnt að því að það verði að fullu komið til framkvæmda í lok þessa árs. Kerfið er byggt m.a. á klínískum stiga, mati á álagi og menntun, þar með talið sérleyfa. Þá er farið fram á 7,5 m.kr. aukaframlag til að standa undir kostnaði við tilfærslu sérfræðilækna í launaflokka. Í kjarasamningi sem fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélag Íslands og Læknafélags Reykjavíkur gerðu í lok árs 1997 var gert ráð fyrir að sérfræðingum væri raðað í 3 flokka í samræmi við hlutverk og ábyrgð sem þeim væri falið af yfirlæknum.

Enn fremur er farið fram á 72 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við ártalið 2000, þar af eru 49 m.kr. vegna tölvubúnaðar og 15 m.kr. vegna lækningatækja. Hér er um að ræða kostnað sem tengist upplýsinga- og tölvumálum og kemur til með að falla á spítalann á árinu 1999. Loks er farið fram á 15 m.kr. aukafjárveitingu til barna- og unglingageðdeildar Landspítalans í þeim tilgangi að fjölga sérhæfðu starfsfólki. Tillaga þessi er í samræmi við niðurstöðu nefndar sem ríkisstjórnin skipaði til að fjalla um úrræði í meðferðarmálum unglinga í vímuefnavanda. Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er gert ráð fyrir 15 m.kr. fjárveitingu til þessa verkefnis.

375 **Sjúkrahús Reykjavíkur.** Samtals er lagt til að fjárheimildir Sjúkrahúss Reykjavíkur aukist um 500,5 m.kr., þar af er farið fram á 287 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla til ársloka 1999. Með fjárveitingunni á greiðslustaðan að vera í jafnvægi á árinu 1999 og er tillagan í samræmi við mat stjórnenda sjúkrahússins á stöðu þess. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir hækkun fjárveitingar sem á að nægja til að rekstur verði innan fjárheimilda það ár. Er þá ekki tekið tillit til kostnaðarauka sem hlýst af vinnutímatilskipun EES og verður sá kostnaður metinn þegar nánari gögn liggja fyrir.

Auk þess er farið er fram á 45 m.kr. hækkun á fjárheimild til að hrinda í framkvæmd framgangskerfi fyrir hjúkrunarfræðinga. Kerfið var tekið í notkun 1. janúar 1999 og stefnt að því að það verði að fullu komið til framkvæmda í lok þessa árs. Kerfið er byggt m.a. á klínískum stiga, mati á álagi og menntun, þar með talið sérleyfa. Þá er farið fram á 2,5 m.kr. framlag til að standa undir kostnaði við tilfærslu sérfræðilækna í launaflokka. Í kjarasamningi sem fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur gerðu í lok árs 1997 var gert ráð fyrir að sérfræðingum væri raðað í 3 flokka í samræmi við hlutverk og ábyrgð sem þeim væri falið af yfirlæknum.

Enn fremur er farið fram á 128 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við ártalið 2000. Samkvæmt áætlun spítalans er gert ráð fyrir 69 m.kr. til endurnýjunar tækja, þar á meðal gamma-myndavél fyrir ísótóparannsóknir, 51 m.kr. í hugbúnað og 8 m.kr. í tölvubúnað. Loks er farið fram á 38 m.kr. viðbótarfjárheimild til að mæta brottfalli 15% mótframlags Reykjavíkurborgar annars vegar í viðhaldi og hins vegar tækjakaupum sjúkrahússins. Þegar Reykjavíkurborg hætti þátttöku í starfsemi Sjúkrahúss Reykjavíkur féll niður 15% kostnaðarþátttaka borgarinnar í viðhaldi, tækjakaupum og stofnkostnaði. Gert er ráð fyrir framlagi vegna þessa í frumvarpi ársins 2000. Farið er fram á 26 m.kr. viðbótarfjárheimild til að mæta brottfalli 15% mótframlags Reykjavíkurborgar í viðhaldi og 12 m.kr. vegna tækjakaupa sjúkrahússins.

381 **Sjúkrahús og læknisbústaðir.** Farið er fram á 20 m.kr. aukaframlag til kaupa á húsgögnum, tækjum og búnaði fyrir nýjar heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði, Efstaleiti í Reykjavík og í Mosfellsbæ.

385 **Framkvæmdasjóður aldraðra.** Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur 1999 gerir ráð fyrir 20 m.kr. tekjuauka af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra skv. 12. gr. laga um málefni aldraðra. Er gert ráð fyrir að tekjuaukanum verði skipt jafnt á milli almenns rekstrar og stofnkostnaðar sjóðsins.

395 **Lyfjaeftirlit ríkisins.** Farið er fram á 55,8 m.kr. aukafjárveitingu til Lyfjaeftirlits vegna tveggja tilefna. Annars vegar er farið fram á 20,6 m.kr. aukafjárveitingu vegna niðurfellingar lyfjaeftirlitsgjalds. Samkvæmt dómsúrskurði Hæstaréttar í nóvember 1998 er innheimta lyfjaeftirlitsgjalds ólögmæt þar sem á skorti að bein tengsl stæðu á milli skyldu til að greiða eftirlitsgjald og fjárhæðar annars vegar og hins vegar þeirrar þjónustu sem Lyfjaeftirlit ríkisins veitti hverjum gjaldanda. Sú réttarheimild sem taka gjaldsins var reist á fullnægði ekki kröfum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Af þeim sökum fellur kostnaður við Lyfjaeftirlit ríkisins nú alfarið á ríkissjóð, en rekstur þess hefur fram til þessa verið fjármagnaður með lyfjaeftirlitsgjöldum. Hins vegar er farið er fram á 35,2 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna endurgreiðslu oftekinna lyfjaeftirlitsgjalda á árunum 1994 til 1998, þar sem ríkið hefur í kjölfar dómsins endurgreitt oftekin lyfjaeftirlitsgjöld frá árunum 1994 til 1998, auk þess að greiða málskostnað.

399 **Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.** Gerð er tillaga um samtals 104,3 m.kr. aukafjárveitingu til liðarins. Í fyrsta lagi er farið fram á 3,4 m.kr. aukaframlag til að mæta kostnaði við skipun úrskurðarnefndar almannatrygginga. Annars vegar er 2 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við skipun nefndarinnar og hins vegar 1,4 m.kr. framlag vegna stofnkostnaðar við að koma upp starfsaðstöðu fyrir nefndina og starfsmenn hennar. Alþingi hefur samþykkt breytingar á lögum um almannatryggingar þess efnis að komið verði á fót úrskurðarnefnd almannatrygginga. Ráðherra skipar þrjá menn í nefndina og jafnmarga til vara til sex ára í senn. Hæstiréttur tilnefnir tvo menn. Skal annar þeirra uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og vera formaður nefndarinnar en hinn skal vera læknir og varaformaður hennar. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar. Lögin gera ráð fyrir að tryggingaráð hafi hér eftir eingöngu á hendi stjórn og eftirlit með Tryggingastofnun ríkisins og setji reglur um afgreiðslu mála. Úrskurðarnefndin hefur því í raun tekið yfir hluta af fyrri verkefnum tryggingaráðs.

Í tengslum við lagabreytingu þessa flytjast þrír starfsmenn og fjárveiting þeirra vegna frá Tryggingastofnun ríkisins yfir til úrskurðarnefndar almannatrygginga. Gert er ráð fyrir sérstöku framlagi vegna úrskurðarnefndar almannatrygginga í frumvarpi til fjárlaga árið 2000.

Í öðru lagi er farið fram á að veitt verði 20 m.kr. viðbótarframlag til að mæta kostnaði við að undirbúa starfrækslu á miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði. Lög um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði gera ráð fyrir að sérleyfishafi greiði allan kostnað viðkomandi grunninum, þar með talinn kostnað vegna útgáfu rekstrarleyfis. Þar sem enginn samningur um rekstur grunnsins liggur fyrir er farið fram á að áfallinn kostnaður þessa árs verði greiddur úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að væntanlegur sérleyfishafi endurgreiði síðan kostnaðinn. Starfrækslunefnd um gagnagrunn tók til starfa í byrjun ársins. Nefndin hefur þegar ráðið sér starfsmann og hóf hann störf í byrjun sumars. Auk launakostnaðar nefndarinnar og starfsmanns hennar kemur til húsnæðiskostnaður og húsgagna- og búnaðarkaup vegna starfsaðstöðu nefndarinnar og starfsmanns hennar. Að auki hefur fallið til kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu og kynningar á gagnagrunninum. Gert er ráð fyrir að kostnaður tölvunefndar vegna gagnagrunns á heilbrigðissviði greiðist af þessum fjárlagalið og verði síðan endurgreiddur af rekstrarleyfishafa.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 3,2 m.kr. hækkun fjárheimildar til að mæta kostnaði við ráðningu starfsmanns til vísindasiðanefndar, þar af eru rúmar 600 þús. kr. stofnkostnaður við að koma upp starfsaðstöðu fyrir starfsmanninn. Starfsmaður nefndarinnar hóf störf í byrjun apríl. Vísindasiðanefnd hóf störf árið 1998 og reyndust verkefni nefndarinnar mun viðameiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Á annað hundrað rannsóknarumsóknir bárust nefndinni á sl. ári. Nauðsynlegt reyndist því að ráða starfsmann í hálft starf til að sinna verkefnum vísindasiðanefndar, gera forkönnun á umsóknum, annast bréfaskriftir og leiðbeina umsækjendum og fræðimönnum sem til nefndarinnar leita.

Í fjórða lagi er lögð til 28 m.kr. hækkun vegna endurnýjunar samnings við Krabbameinsfélag Íslands. Samningur við félagið rann út um síðustu áramót og nýr samningur við félagið liggur fyrir. Kostnaður við krabbameinsleit hefur aukist nokkuð m.a. vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna. Með hækkun framlagsins er mætt auknum kostnaði félagsins við krabbameinsleit. Þá var kveðinn upp úrskurður nefndar fyrr á árinu um samning Krabbameinsfélags Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá 30. apríl 1992 vegna ágreinings um uppgjör samningsins. Samkvæmt úrskurðinum er ráðuneytinu gert að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 42,3 m.kr. og er farið fram á fjárheimild sem því nemur undir þessum lið.

Í fimmta lagi er sótt er um 4,8 m.kr. hækkun framlags til tóbaksvarna. Tekjur af bruttósölu tóbaks reyndust hærri en áætlað var í fjárlögum 1998, eða alls 5.683 m.kr. Samkvæmt lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, skal verja 0,7% af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.

Loks er farið fram á 2,6 m.kr. aukafjárveitingu til rannsóknar á ónæmi gegn rauðum hundum. Fram til ársins 1989 voru eingöngu þær konur á barneignaraldri, sem ekki reyndust með náttúrulegt ónæmi fyrir rauðum hundum, bólusettar gegn rauðum hundum. Í ársbyrjun 1989 hófst hins vegar almenn ungbarnabólusetning gegn rauðum hundum, mislingum og hettusótt við 18 mánaða aldur.

400 –435 Hjúkrunarheimili. Farið er fram á 124,5 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla hjúkrunarheimila til ársloka 1999. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 hefur verið gert ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárveitingar. Ekki er talið að stofnununum takist að vinna bug á hallanum án aukinna fjárframlaga nema þjónusta þeirrar verði skert verulega. Í neðangreindu yfirliti er sýnt hvernig framlagið skiptist milli einstakra stofnana.

Rekstrargrunnur	Breyting frá fjárlögum, m.kr.
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	15,0
Sundabúð II, Vopnafirði	18,2
Sunnuhlíð, Kópavogi	17,0
Hjúkrunarheimilið Skjól	15,0
Hjúkrunarheimilið Eir	12,0
Garðvangur, Garði	8,0
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	20,0
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	10,0
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	2,3
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	7,0
Samtals	**124,5**

420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið. Farið er fram á 15 m.kr. aukaframlag til að styrkja byggingarframkvæmdir á vegum Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið. Um er að ræða byggingu nýrrar álmu við sjúkrastofnunina Vog sem á að hýsa sérstaka unglingadeild, göngudeild o.fl.

430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun. Farið er fram á 2 m.kr. aukafjárveitingu til brunavarna í Sjálfsbjargarheimilinu, Hátúni 12. Vegna bágrar fjárhagsstöðu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, telur það sig ekki getað staðið við sinn kostnaðarhluta í endurbótum á brunavörnum í Sjálfsbjargarheimilinu. Landssambandið er að mestu leyti fjármagnað með happdrættum og fjáröflun meðal almennings og hefur engar tekjur af því húsnæði sem það leggur Sjálfsbjargarheimilinu til. Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, lagði 2 m.kr. til verksins árið 1998, en hefur óskað eftir 2 m.kr. styrk til standa undir sínum hluta á árinu 1999.

490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna. Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun fjárveitingar til að mæta ófyrirséðum kostnaði við sólarhringsvistun einstaklings, sem stofnunin tók að sér að beiðni landlæknisembættisins. Einstaklingurinn var fangi á Litla-Hrauni en er í brýnni þörf fyrir geðlæknisþjónustu. Geðdeildir sjúkrahúsanna í Reykjavík treystu sér hins vegar ekki til að taka við honum.

495 Daggjaldastofnanir. Farið er fram á 249,8 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla daggjaldastofnana til ársloka 1999. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 hefur verið gert ráð fyrir hækkun fjárveitingar. Í neðangreindu yfirliti er sýnt hvernig framlagið skiptist milli einstakra stofnana.

Rekstrargrunnur	Breyting frá fjárlögum, m.kr.
Höfði, Akranesi	5,0
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	8,0
Hrafnista, Reykjavík	60,5
Hrafnista, Hafnarfirði	48,3
Grund, Reykjavík	28,0
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	5,0
Kumbaravogur, Stokkseyri	5,0
Reykjalundur, Mosfellsbæ	90,0
Samtals	**249,8**

505–585 Heilsugæsla. Farið er fram á 160 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla heilsugæslustöðva til ársloka 1999. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 hefur verið gert ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárveitingar. Í meðfylgjandi töflu er sýnt hvernig framlagið skiptist milli einstakra stöðva.

Rekstrargrunnur	Breyting frá fjárlögum, m.kr.
Heilsugæsla í Reykjavík	25,0
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	49,2
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	1,5
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	4,0
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	1,0
Heilsugæslustöðin Búðardal	1,4
Heilsugæslustöðin Dalvík	3,0
Reynslusveitarfélagið Akureyri	10,2
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	3,0
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	2,6
Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	4,5
Heilsugæslustöðin Hellu	2,5
Heilsugæslustöðin Laugarási	1,3
Heilsugæslustöðin Hveragerði	2,4
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	2,6
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	25,0
Heilsugæslustöðin Garðabæ	13,8
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	7,0
Samtals	**160,0**

517 Læknavaktin. Lagt er til að fjárveiting Læknavaktarinnar ehf. verði hækkuð um 7,3 m.kr. til samræmis við þjónustusamning sem undirritaður var árið 1998. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir 17.000 móttökum á vaktinni á ári auk 9.000 vitjana í heimahús. Í samningnum er ákvæði um endurskoðun ef aukning verður umfram 6% af ofangreindum magntölum. Ef litið er á móttökufjölda fyrstu 7 mánuði ársins 1999 má gera ráð fyrir að móttökur á árinu verði a.m.k. 32.000. Samningsfjárhæðin þarf þá að hækka sem nemur 14.000 móttökum að frádregnum auknum sértekjum.

621 Forvarnasjóður. Farið er fram á 8,6 m.kr. fjárheimild til greiðslu biðlauna starfsmanna Áfengisvarnaráðs sem lagt var niður með stofnun Áfengis- og vímuvarnaráðs samkvæmt lögum nr. 75/1998.

711–791 Heilbrigðisstofnanir. Farið er fram á 190 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla heilbrigðisstofnana til ársloka 1999. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 hefur verið gert ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárveitingar. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnt hvernig framlagið skiptist á milli einstakra heilbrigðisstofnana.

Rekstrargrunnur	Breyting frá fjárlögum, m.kr.
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	34,1
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	6,8
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	4,2
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	15,0
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	3,0
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	2,3
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	5,5
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	7,7
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	14,0
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	7,5
Heilbrigðisstofnunin Húsavík	13,6
Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	25,4
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	12,0
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	17,6
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	21,3
Samtals	**190,0**

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði lækkuð um 383,6 m.kr.

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. viðbótarframlag til þess að standa straum af aðkeyptri lögfræðiþjónustu við að gæta hagsmuna ríkisins við afmörkun Óbyggðanefndar á þjóðlendum.

105 Ríkislögmaður. Í kjölfar breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins sem gerð var í mars 1999 er embættið fært til forsætisráðuneytis. Er því gert ráð fyrir að gjöld og tekjur samkvæmt gildandi fjárlögum færist þar með á nýjan fjárlagalið Ríkislögmanns, 01-271-1.01, hjá forsætisráðuneyti.

261 Ríkistollstjóri. Leitað er eftir 35,8 m.kr. viðbótarheimild vegna samnings við Skúlagötu ehf. um leigu á húsnæði fyrir embættið til 15 ára. Í leigusamningnum er kveðið á um 42,2 m.kr. leigu sem greidd er fyrirfram við afhendingu húsnæðisins, en sú fjárhæð miðast við þriggja ára leigu. Á móti kemur að þegar hafði verið gert ráð fyrir 3,8 m.kr. í fjárlögum árið 1999 til þess að mæta kostnaðaraukningu við leigu á húsnæðinu. Einnig fellur niður 2,6 m.kr. fjárveiting til embættisins eða sem svarar til hálfs árs leigu í fyrra húsnæði á Tryggvagötu 19.

481 **Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.** Gerð er tillaga um 150 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar. Á liðnum er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 7. gr. fjárlaga. Áætlun um þau útgjöld er jafnan háð nokkurri óvissu þar sem ekki verður séð fyrir við setningu fjárlaga í hvaða mæli þær heimildir verða nýttar á árinu. Helstu útgjöld sem leiða af heimildum í fjárlögum fyrir árið 1999 eru: 174 m.kr. vegna kaupa á Sölvhólsgötu 11 fyrir Stjórnarráðið, 80 m.kr. vegna styrkja til atvinnusköpunar á landsvæðum sem ekki njóta góðs af stóriðju og 74 m.kr. til kaupa á geymsluhúsnæði fyrir Þjóðminjasafnið.

811 **Barnabætur.** Áætlað er að greiddar barnabætur lækki um 90 m.kr. frá gildandi fjárlögum og nemi 3.840 m.kr. á árinu 2000. Skýrist það af því að barnabætur lækka hlutfallslega vegna tekna sem eru yfir tilteknum viðmiðunarmörkum, frá 5% til 11% eftir fjölda barna. Almennar launahækkanir hafa verið umfram forsendur fjárlaga og bæturnar hafa því verið ofmetnar fyrir yfirstandandi ár. Í áætluninni hefur verið tekið tillit til þess að bótafjárhæðir hækka um 2,5% á árinu 1999 í samræmi við gildandi lög.

821 **Vaxtabætur.** Gert er ráð fyrir um 280 m.kr. lækkun á vaxtabótum vegna endurskoðunar á forsendum fjárlaga um fjölda einstaklinga, skuldsetningu, vaxtagjöld og tekjubreytingar milli ára. Þar vegur þyngst að til frádráttar bótunum koma 6% af tekjum bótaþega. Almennar launahækkanir umfram forsendur fjárlaga hafa því í för með sér að frádrátturinn verður meiri en gert var ráð fyrir. Í áætluninni hefur verið tekið tillit til þess að bótafjárhæðir hækka um 2,5% á árinu 1999 í samræmi við gildandi lög.

971 **Ríkisábyrgðir.** Gert er ráð fyrir að 105 m.kr. rekstrartekjum af áhættugjaldi fyrir ríkisábyrgðir og ábyrgðargjaldi ríkisábyrgða verði ekki veitt í Ríkisábyrgðasjóð á yfirstandandi ári þar sem eignir sjóðsins eru taldar standast á við skuldbindingar hans.

981 **Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.** Óskað er eftir 5 m.kr. aukafjárveitingu vegna endurbóta sem gerðar hafa verið á húsnæði aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytisins.

984 **Fasteignir ríkissjóðs.** Leitað er eftir 67,3 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Skýrist það að stærstum hluta af 59,5 m.kr. viðbótarframlagi vegna leigusamnings sem Fasteignir ríkissjóðs gerðu í lok síðasta árs leigusamning um húsnæði að Borgartúni 21 og hafa síðan framleigt til nokkurra ríkisstofnana. Íbúðalánasjóður og Löggildingarstofa munu færa aðsetur sitt í húsið og hafa bolmagn til að fjármagna viðbótarkostnað sem hlýst af breytingum á þeirra hluta húsnæðisins. Aukafjárveitingin er ætluð til að mæta útgjöldum annarra ríkistofnana sem flytja í húsið en geta ekki staðið straum af breytingunum á sínum hluta húsnæðisins af fjárveitingum fjárlaga. Þar af eru 21 m.kr. vegna yfirskattanefndar, 18 m.kr. vegna embættis ríkissáttasemjara, 13,5 m.kr. vegna Fasteignamats ríkisins og 7 m.kr. vegna Barnaverndarstofu. Þessu til viðbótar er farið fram á 7,8 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna húsaleigu sem Fasteignir ríkissjóðs greiða.

989 **Launa- og verðlagsmál.** Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 350 m.kr. Skýrist það af því að í frumvarpinu eru launafjárveitingar hækkaðar hjá nokkrum stofnunum í samræmi við mat á áhrifum af úrskurðum kjaranefndar og kjarasamningum. Þar er t.d. um að ræða launabætur til háskólastofnana vegna úrskurðar um kjör

prófessora og til embættis biskups Íslands vegna úrskurðar um laun presta, prófasta og biskupa. Á fjárlagaliðnum stendur þá eftir 50 m.kr. fjárheimild en nokkur álíka smærri útgjaldatilefni eru til athugunar og kann að reynast þörf fyrir að nota einhvern hluta heimildarinnar í því skyni.

995 **Skýrsluvélakostnaður.** Vegna mun hærri rekstrarkostnaðar skattavinnslukerfa en gert var ráð fyrir undanfarin tvö ár er farið fram á 115 m.kr. aukafjárveitingu til að jafna uppsafnaðan halla. Kostnaðaraukningin skýrist aðallega af miklum taxtahækkunum hjá Skýrr hf. og aukinni úrvinnslu í kjölfar breytinga á skattakerfinu. Fyrirhugað er að fá sérstakan ráðgjafa til að fara yfir fyrirkomulag á aðkeyptri þjónustu vegna reksturs og nýsmíði þessara kerfa, meðal annars í því skyni að leita leiða til lækka kostnað með því að innleiða aukna samkeppni við kaup á upplýsingatækniþjónustu á þessu sviði.

999 **Ýmislegt.** Farið er fram á 89,1 m.kr. aukafjárveitingu til að ljúka flutningi byggðarinnar á Súðavík til svæðis utan snjóflóðahættu með því að aðstoða við að koma upp stjórnsýslu- og þjónustuhúsi í nýju byggðinni.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 561,6 m.kr.

101 **Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.** Farið er fram á 3 m.kr. aukafjárveitingu til þessa liðar. Lagt er til að verja 1,8 m.kr. til að kaupa nýja bifreið fyrir samgönguráðherra, heildarkostnaður er 3,6 m.kr., en söluandvirði eldri bíls er 1,8 m.kr. Farið er fram á 1,2 m.kr. aukafjárveitingu til aðalskrifstofu vegna hærri skólagjalda barna fulltrúa ráðuneytisins í Brussel.

190 **Ýmis verkefni.** Óskað er eftir aukinni fjárheimild að fjárhæð 10,8 m.kr. undir þessum lið. Fyrr á þessu ári ákvað ríkisstjórnin að leita eftir 5,8 m.kr. aukafjárveitingu til að tryggja sem jafnast rennsli í Árkvíslum/Bresti árið um kring og reyna þannig að stuðla að hærri grunnvatnsstöðu í miðju Eldhrauni. Með því að auka vetrarrennsli og draga úr sumarrennsli dregur úr aurburði út á hraunið. Að lokum er farið fram á 5 m.kr. aukaframlag til að setja upp flugskýli á flugminjasafninu á Hnjóti, Patreksfirði. Flugskýlið er frá þriðja áratug aldarinnar og er því ætlað að hýsa muni flugminjasafnsins. Samkvæmt 6. gr. skipulagsskrár safnsins ber Flugmálastjórn ábyrgð á fjárvörslu og annast rekstur og viðhald safnsins.

211 **Vegagerðin.** Lagt er til að Vegagerðin fái 500 m.kr. viðbótarframlag til að flýta nýframkvæmdum á landsbyggðinni í samræmi við sérstaka samþykkt ríkisstjórnarinnar frá í vor. Samkvæmt samþykktinni verður veitt 500 m.kr. viðbótarframlag á ári til vegamála á tímabilinu 1999 til 2002, eða alls 2.000 m.kr. Árið 1999 er um lánsfé að ræða en bein framlög hin þrjú árin. Lánsfé verður endurgreitt á þriðja tímabili gildandi langtímaáætlunar (2007–2010). Fyrirhugað er að viðbótarframlögum verði úthlutað í samræmi við vinnureglur sem mótaðar voru við gerð langtímaáætlunar, þ.m.t. skipting á milli þeirra sex kjördæma sem njóta viðbótarfjárins. Framlögin verða nýtt til að flýta hluta þeirra stórverkefna sem tilgreind eru í langtímaáætlun í vegamálum í samráði við þingmenn viðkomandi kjördæmis.

335 **Siglingastofnun Íslands.** Farið er fram á að 10 m.kr. verði millifærðar af óskiptum lið undir liðnum Hafnamannvirki og veitt til tveggja viðfangsefna. Annars vegar verði veitt 5,3 m.kr. til tollaðstöðu á Seyðisfirði og hins vegar 4,7 m.kr. til Ferjubryggja. Fyrir liggja verkefni við endurbyggingu ferjubryggja á Mjóafirði eystra, Flatey á Breiðafirði og viðhaldsverkefni við ferjubryggjur í Ísafjarðardjúpi. Sambærileg tillaga er lögð fram í frumvarpi til fjárlaga 2000.

471 **Flugmálastjórn.** Leitað er eftir 8 m.kr. viðbótarheimild vegna launagreiðslna til nema í flugumferðarstjórn. Við inntöku nýrra nema í nám í flugumferðarstjórn var ákveðið að greiða þeim ekki laun fram að fyrstu réttindum í flugumferðarstjórn sem þýðir frestun á launagreiðslum til þeirra í u.þ.b. eitt ár. Þetta er breyting frá því sem verið hefur en nemar í flugumferðarstjórn hafa hingað til verið á launum á námstímanum. Ákvörðun Flugmálastjórnar var ekki kynnt nemunum nægilega tímalega og því ekki hægt að komast hjá launagreiðslum til þeirra nema sem hófu nám þann 1. febrúar 1999. Ekki var gert ráð fyrir launakostnaði vegna þeirra í fjárlögum ársins 1999 og er því farið fram á viðbótarframlag vegna þessa kostnaðar. Sambærilega tillögu er að finna í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000.

472 **Flugvellir.** Lagt er til að 30 m.kr. af auknum tekjum af flugmálaáætlun verði ráðstafað þannig að 23 m.kr. fari í viðgerðir á slitlagi á Ísafjarðarflugvelli og 7 m.kr. fari í endurbætur á Þingeyrarflugvelli. Í flugmálaáætlun vegna ársins 1999 er gert ráð fyrir að tekjur flugmálaáætlunar verði 598 m.kr. á árinu. Samkvæmt spá sem gerð var eftir fyrstu 5 mánuði ársins er gert ráð fyrir að þessar tekjur geti orðið um 30 m.kr. hærri.

481 **Rannsóknanefnd flugslysa.** Farið er fram á 3,4 m.kr. hækkun fjárheimildar til þess að greiða halla á rekstri rannsóknanefndar flugslysa í árslok 1998, sem að mestu leyti er tilkominn vegna innréttingar á nýju húsnæði nefndarinnar. Með lögum nr. 59/1996 var rannsóknanefnd flugslysa gerð að sjálfstæðri stofnun. Húsnæði fyrir starfsemina var tekið á leigu árið 1997 í húsi Flugbjörgunarsveitarinnar á Reykjavíkurflugvelli. Kostnaður við innréttingar húsnæðisins og frágang skrifstofu nefndarinnar, samtals 5,3 m.kr., var greiddur af fjárveitingum til starfsemi nefndarinnar. Eftirstöðvar í árslok 1997, 2,5 m.kr., voru yfirfærðar til ársins 1998.

512 **Póst- og fjarskiptastofnunin.** Farið er fram á 6,4 m.kr. heimild til Póst- og fjarskiptastofnunar til að bæta upp tekjutap er gjaldtaka fyrir fjarskiptatæki Slysavarnafélags Íslands var felld niður.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 102 m.kr.

101 **Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.** Farið er fram á 3,7 m.kr. aukafjárveitingu til viðfangsefnisins. Óskað er eftir 2,5 m.kr. viðbótarheimild til að standa straum af kostnaði vegna breytinga á starfsmannahaldi ráðuneytisins. Lagt er til að veitt verði 1,2 m.kr. viðbótarframlag til greiðslu skólagjalda fyrir börn fulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Heildarkostnaður vegna þessa er um 2,4 m.kr. á ári og skiptist á milli umhverfis- og iðnaðarráðuneytisins.

240 **Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.** Gert er ráð fyrir 40 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta auknum kostnaði vegna iðnaðarrannsókna og stóriðju á þessu ári.

301 **Orkustofnun.** Lagt er til að veittar verði 9,3 m.kr. til eftirlits og vöktunar með jarðskorpuhreyfingum undir Mýrdalsjökli og vöktun jökuláa frá jöklinum. Hlutverk Orkustofnunar vegna þessa er að mæla vatnshæð og leiðni, 1,3 m.kr., og eftirlit úr lofti og sýnataka 0,7 m.kr. Jafnframt er lagt til að veitt verði 7,3 m.kr. fjárheimild til tækjakaupa. Ríkisstjórnin ákvað í kjölfar aukinna jarðhræringa undir jöklinum að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga, alls 28,5 m.kr., í samræmdar aðgerðir á þessu sviði. Auk Orkustofnunar taka Norræna eldfjallastöðin, Raunvísindastofnun, Veðurstofa Íslands, Almannavarnir ríkisins, Landhelgisgæslan og umhverfisráðuneytið þátt í þessu verkefni.

399 **Ýmis orkumál.** Óskað er eftir 49 m.kr. aukafjárveitingar til þessa fjárlagaliðar. Í mars á þessu ári ákvað ríkisstjórnin að leita eftir heimild til að hækka framlag til ýmissa orkumála um 45 m.kr. í frumvarpi til fjáraukalaga 1999. Ákveðið hefur verið að styrkja uppbyggingu hitaveitna á köldum svæðum sem nemur niðurgreiðslum til veitusvæðisins í 5 ár. Niðurgreiðsla veitusvæðisins í Stykkishólmi nemur um 18 m.kr. á ári og nemur styrkur til veitunnar því 90 m.kr. Í frumvarpi til fjárlaga 2000 er gert ráð fyrir 40 m.kr. fjárheimild í sama tilgangi. Einnig er lagt til að framlag til verkefna á sviði nýskipunar í orkumálum hækki um 4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Gert er ráð fyrir að breyta skipulagi orkumála þannig að samkeppni verði innleidd til að auka hagkvæmni og lækka orkuverð. Fjárveiting árið 1999 nemur um 3 m.kr. en skuld frá fyrra ári nam 1,5 m.kr. Sambærilega tillögu er að finna í frumvarpi til fjárlaga 2000.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 22 m.kr.

101 **Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.** Farið er fram á 6 m.kr. framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins. Á síðasta þingi voru samþykkt lög nr. 31/1999 um alþjóðleg viðskiptafélög. Í framhaldi af því var gerður þjónustusamningur á milli viðskiptaráðuneytis, Verslunarráðs Íslands og Fjárfestingarstofunnar um kynningu á alþjóðlegum viðskiptafélögum hérlendis og erlendis. Ráðuneytið gerir ráð fyrir að ráða sérstakan starfsmann til að vinna að þessum málum og að skipa sérstaka kynningarnefnd ofangreindra aðila sem annast stefnumótun. Sambærilega tillögu er að finna í frumvarpi til fjárlaga 2000.

190 **Ýmis verkefni.** Lagt er til að veita 15 m.kr. til kynningar á alþjóðlegum viðskiptafélögum. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um alþjóðleg viðskiptafélög nr. 31 frá 10. mars 1999. Í framhaldi af því var gerður þjónustusamningur, sem gildir til loka árs 2001, á milli viðskiptaráðuneytis, Verslunarráðs Íslands og Fjárfestingarstofunnar um kynningu á alþjóðlegum viðskiptafélögum hérlendis og erlendis. Gert er ráð fyrir að Verslunarráð Íslands fái 12 m.kr. og Fjárfestingarstofa 3 m.kr. Sambærilega tillögu er að finna í frumvarpi til fjárlaga 2000.

902 **Samkeppnisstofnun.** Lögð er til 1 m.kr. hækkun á framlagi til Samkeppnisstofnunar vegna ráðningar nýs starfsmanns, hagfræðings. Sambærilega tillögu er að finna í frumvarpi til fjárlaga 2000, nema þar er gert ráð fyrir launakostnaði allt árið.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 63,6 m.kr.

101 **Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.** Samtals er óskað eftir 8,1 m.kr. viðbótarfjárheimild til aðalskrifstofu. Í fyrsta lagi er lagt til að umhverfisráðuneyti fái 4,0 m.kr. vegna kaupa á nýrri bifreið fyrir ráðherra og 1,1 m.kr. viðbótarframlag vegna launakostnaðar bílstjóra ráðherra. Bifreið og launakostnaður ráðherrabílstjóra skiptist áður jafnt milli umhverfis- og landbúnaðarráðuneytis, en umhverfisráðuneyti ber nú að fullu þennan kostnað þar sem ráðuneytið deilir ekki lengur ráðherra með öðru ráðuneyti. Í öðru lagi er leitað eftir 1,8 m.kr. viðbótarframlagi til búnaðar og innréttinga í nýtt leiguhúsnæði aðalskrifstofu ráðuneytisins að Lækjargötu 12. Um er að ræða kostnað vegna húsgagna, nýrra tölvulagna og lagfæringa á húsnæðinu, en vegna þrengsla þurfti aðalskrifstofan að flytja að hluta í nýtt leiguhúsnæði. Í þriðja lagi er óskað eftir 1,2 m.kr. fjárheimild vegna viðbótarkostnaðar fulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Þessi kostnaður stafar af hærri skólagjöldum barna fulltrúans en ráð var fyrir gert.

190 **Ýmis verkefni.** Óskað er eftir 13,1 m.kr. viðbótarfjárheimild til viðfangsefnisins *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* og er tilefnið þríþætt. Í fyrsta lagi ákvað ríkisstjórnin fyrr á þessu ári að leita eftir 7,2 m.kr. viðbótarfjárheimild til að gera úttekt á mengunarhættu vegna olíuskipsins El Grillo sem var sökkt á Seyðisfirði árið 1944. Dælt var um 4.500 tonnum af olíu úr skipinu árið 1952, en talið er að ennþá geti verið eftir í skipinu 500-1.400 tonn af olíu og hefur að undanförnu borið á leka úr flakinu. Ákvörðun um frekari aðgerðir, svo sem hugsanleg dæling á olíu úr flakinu, verður tekin á grundvelli ofangreindrar úttektar. Í öðru lagi er farið fram á 3 m.kr. aukafjárveitingu vegna framkvæmdaáætlunar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Ríkisstjórnin samþykkti áætlunina í febrúar 1997 en fyrir mistök kom fjárveitingin ekki inn í fjárlög 1999. Fylgja þarf eftir framkvæmd áætlunarinnar hjá einstökum ráðuneytum, stofnunum, sveitarfélögum og eftir atvikum fyrirtækjum. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 2,9 m.kr. framlag vegna eftirlits og vöktunar með jarðskorpuhreyfingum undir Mýrdalsjökli og vöktun jökuláa frá jöklinum. Ríkisstjórnin ákvað í kjölfar aukinna jarðhræringa undir jöklinum að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga, alls 28,5 m.kr., til samræmdra aðgerða á þessu sviði. Auk umhverfisráðuneytis taka Norræna eldfjallastöðin, Orkustofnun, Veðurstofa Íslands, Almannavarnir ríkisins, Landhelgisgæslan og Veðurstofa Íslands þátt í þessu verkefni. Hlutverk umhverfisráðuneytis er gerð landlíkans af svæðinu.

221 **Hollustuvernd ríkisins.** Samtals er óskað eftir 9,5 m.kr. í viðbótarframlag til þessa liðar. Í fyrsta lagi er óskað eftir 5 m.kr. fjárframlagi vegna loftgæðatilskipunar EES-samnings, en vegna mistaka féllu fjárveitingar niður við gerð fjárlaga fyrir árið 1999. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000 er óskað eftir sömu upphæð. Í öðru lagi ákvað ríkisstjórnin fyrr á árinu að leita eftir 3 m.kr. aukaframlagi til að rannsaka campylobacter í matvælum. Frá árinu 1990 og fram til ársins 1998 hefur iðrasýkingum af völdum campylobacter-bakteríunnar fjölgað verulega hér á landi eða úr 16 tilfellum á ári í 220 tilfelli. Hollustuvernd, Landlæknir, og embætti yfirdýralæknis munu sameiginlega standa að rannsóknarverkefninu undir yfirumsjón Hollustuverndar. Verkefnið gengur fyrst og fremst út á rannsóknir á matvælum á markaði, rannsóknir á yfirborðs-

vatni, framleiðslustöðum og sláturhúsum og aflað verður upplýsinga um þá sem hafa veikst. Áætlað er að rannsóknin taki alls 6–8 vikur en að bráðabirgðaniðurstöður liggi fyrir innan þriggja vikna. Í þriðja lagi ákvað ríkisstjórnin fyrr á árinu að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir 1,5 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði vegna varaformennsku í AMAP (Arctic Monitoring and Assessment Program) sem er ein af undirnefndum Norðurskautsráðs. Jafnframt er gert ráð fyrir framlagi til þessa í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000.

301 Skipulagsstofnun. Farið er fram á að fjárveiting hækki um 26,8 m.kr. til að leiðrétta ríkisframlag á móti innheimtu skipulagsgjaldi. Samkvæmt lögum nr. 73/1997, skipulags- og byggingarlögum, skal, auk skipulagsgjalds, greiða úr ríkissjóði til Skipulagsstofnunar eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs. Uppgjör leiddi í ljós að innheimt skipulagsgjöld fyrir árið 1998 voru mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Óskað er eftir 1 m.kr. aukafjárveitingu til stofnunarinnar. Um margra ára skeið hefur stofnunin átt í miklum vandræðum með að koma fyrir í geymsluhúsnæði ýmsum munum og rannsóknargögnum sem stofnunin þarf að geyma. Hér er um að ræða ýmsa safngripi, ekki síst steintegundir, svo og þarf stofnunin að geyma borkjarna í miklu magni. Til að leysa þennan vanda þarf stofnunin á hentugu húsnæði að halda.

410 Veðurstofa Íslands. Lagt er til að veitt verði 5,1 m.kr. viðbótarframlag til eftirlits og vöktunar með jarðskorpuhreyfingum undir Mýrdalsjökli og vöktun jökuláa undan jöklinum. Ríkisstjórnin ákvað í kjölfar aukinna jarðhræringa undir jöklinum að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga, alls 28,5 m.kr., í samræmdar aðgerðir á þessu sviði. Auk Veðurstofunnar taka Norræna eldfjallastöðin, Raunvísindastofnun, Orkustofnun, Almannavarnir ríkisins, Landhelgisgæslan og umhverfisráðuneytið þátt í þessu verkefni. Hlutverk Veðurstofunnar vegna þessa eru GPS-landmælingar 0,7 m.kr., fjarkönnun með gervitunglamyndum 1,6 m.kr., vöktun mælitækja 0,4 m.kr. og 2,4 m.kr. renna til tækjakaupa til óróamælinga og GPS-mælinga.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild til greiðslu vaxtagjalda verði lækkuð um 420 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Endurskoðuð áætlun um gjaldfærða vexti af lánum ríkissjóðs og lántökukostnað bendir til að þeir verði um 14,6 milljarðar króna á árinu 1999 og lækki um 420 m.kr. frá fjárlögum 1999 en um 1,4 milljarða króna frá reikningi 1998. Greiddir vextir eru áætlaðir tæplega 10,7 milljarðar króna og eru nær óbreyttir frá forsendum fjárlaga. Mismunur á gjaldfærðum og greiddum vöxtum stafar að stærstum hluta af því að afföll ríkisverðbréfa og áfallnir vextir spariskírteina eru ekki greiddir fyrr en við innlausn. Mikill lánsfjárafgangur ríkissjóðs hefur gert það kleift að innleysa ríkisverðbréf fyrir gjalddaga. Hefur það ýmist verið gert með uppboðum eða kauptilboðum á Verðbréfaþingi Íslands. Það sem af er árinu 1999 hafa ríkisverðbréf að andvirði liðlega 2 milljarða króna verið forinnleyst með þessum hætti. Lækkun vaxtagjalda skýrist einkum af lækkun á höfuðstóli lána. Forsenda fyrir þessari áætlun er að heildarskuldir ríkissjóðs lækki um 16 milljarða á árinu 1999.

129. Lög [3. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. okt.)

Samhljóða þskj. 3.

130. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem staðfestur hefur verið af hálfu Íslands. Þá geri nefndin í sama tilgangi úttekt á framkvæmd laga sem snúa að börnum. Einnig verði metið hvort rétt væri að lögleiða sáttmálann í heild sinni eins og mannréttindasáttmála Evrópu. Nefndin skal m.a. skipuð fulltrúa Barnaverndarstofu, Barnaheilla og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Nefndin skili tillögum um úrbætur fyrir 1. desember 2001.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta löggjafarþingi og er nú endurflutt nær óbreytt.

Tímabært er að fjalla um barnasáttmálann í heild sinni, um forsendur hans og áhrif á íslenska löggjöf frá gildistöku hans og meta hvort setja þurfi lög, breyta lögum eða bæta réttarframkvæmd svo að réttindi barna sem viðurkennd eru í sáttmálanum verði tryggð í íslenskum rétti. Samningurinn sem tók gildi 20. nóvember 1989 öðlaðist gildi er Ísland varðar 27. nóvember 1992.

Stuðningur við barnafjölskyldur á Íslandi er minni en almennt gerist í nálægum löndum sem við miðum okkur oft við. Margir telja að fjölskyldan hafi setið á hakanum í íslensku samfélagi. Laun hér á landi eru lág og húsnæðiskostnaður mikill. Fyrstu búskaparárin fara oft í öflun húsnæðis og krefst það langs vinnutíma beggja foreldra. Foreldrar eru því oft langdvölum frá heimilinu meðan börnin eru enn ung. Gæsluúrræði skólabarna eru ekki viðunandi svo að hópur barna á aldrinum 6–16 ára býr við skert öryggi þar sem mörg þeirra sjá um sig sjálf meðan foreldrar vinna langan vinnudag. Fram hefur komið í umfjöllun sálfræðinga og uppeldisfræðinga að íslensk börn njóti almennt minni verndar og handleiðslu fullorðinna en tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Fljótlega eftir undirritun samningsins af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum barnasáttmálans og voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi. Í VI. kafla stjórnarskrárinnar var lögfest ákvæði þar sem segir að börnum skuli í lögum tryggð vernd og umönnun. Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, fluttist yfirstjórn barnaverndarmála úr höndum menntamálaráðuneytis til félagsmálaráðuneytis, starfsháttum barnaverndarráðs var breytt og lögfestar voru reglur um starfshætti og málsmeðferð barnaverndarnefnda. Lögfestur var réttur barns til að tjá sig um málið við úrlausn barnaverndar-

máls. Skylt var að veita barni þessa heimild og heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann þegar sérstaklega stæði á. Árið 1995 var lögunum breytt og sett á laggirnar Barnaverndarstofa, sem annast daglega stjórn barnaverndarmála. Hlutverk hennar er að veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf, hafa eftirlit með störfum þeirra og með öðrum stofnunum fyrir börn, hafa umsjón með vistun barna o.fl. Barnaverndarlögum var breytt á ný í lok árs 1997 í samræmi við hækkun lögræðislaga á sjálfræðisaldri í 18 ár. Ein rökin fyrir breytingunni voru að rétt þótti að fylgja meginreglu barnasáttmálans um að skilgreina alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem börn. Við breytinguna á barnaverndarlögum var einnig sett sérstakt ákvæði þar sem kveðið er á um rétt barns til að tjá sig við málsmeðferð í máli þess hjá barnaverndarnefnd og um skipun talsmann þess ef þörf krefur. Barnalög, nr. 20/1992, voru endurbætt þar sem afnumin voru hugtökin skilgetið barn og óskilgetið, kveðið var á um sameiginlega forsjá og lögfest heimild til að skipa barni talsmann við úrlausn forsjármáls á kostnað hins opinbera. Ný grunnskólalög voru sett árið 1991 og með breytingu á þeim lögum, með lögum nr. 66/1995, hefur rekstur grunnskóla verið færður til sveitarfélaganna. Árið 1994 var stofnað embætti umboðsmanns barna.

Í byrjun árs 1996 bárust athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem lýst var yfir ánægju með ýmislegt en gerðar alvarlegar athugasemdir við aðra þætti framkvæmda.

Flutningsmenn telja að enn þá skorti á að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og að langt sé í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að börn og ungmenni innan 18 ára aldurs njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita en öðlist smám saman stöðu fullorðinna með tilheyrandi ábyrgð og skyldum. Því telja flutningsmenn að sú vinna sem mælt er fyrir um í þingsályktunartillögu þessari sé nauðsynleg. Þessi greinargerð er m.a. byggð á athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og samtakanna Barnaheilla.

Nefndin sem lagt er til að verði skipuð skal m.a. skoða eftirtalin lög og framkvæmd þeirra þar sem vafi leikur á að réttindi barns séu tryggð í samræmi við ákvæði barnasáttmálans.

Í 5. mgr. 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, er kveðið á um heimild til að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf er á því. Flutningsmenn telja að skylt eigi að vera að skipa talsmann en ekki aðeins heimilt. Í sömu lögum er barni tryggður réttur til umgengni við foreldri sem fer ekki með forsjá þess. Þrátt fyrir ákvæði í lögunum sem mælir fyrir um heimild til að beita sektum þegar forsjárforeldri tálmar hinu foreldrinu umgengni við barnið eru tilvikin allt of mörg þar sem barni er meinuð umgengni við báða foreldra sína. Þessi mál eru oft mjög erfið barninu því að í mörgum tilvikum leiða reiði og óuppgerðar tilfinningar milli foreldra til þess að hagsmunir þess eru fyrir borð bornir. Því þarf að endurskoða barnalögin með það fyrir augum að tryggja barni enn frekar en nú er umgengni við báða foreldra sína. Flutningsmenn telja að við þessar aðstæður eigi að vera lagaheimild til að skipa barni talsmann. Talsmaður sem barninu er skipaður geti sem milligöngumaður gætt hagsmuna þess mun betur en sektarákvæði 38. gr. sem hefur í reynd reynst máttlaust. Þegar staðan er sú að forsjárlaust foreldri sinnir ekki umgengnisskyldu sinni er ekkert úrræði fyrir hendi sem tryggir rétt barnsins til umgengni við það. Vel mætti hugsa sér að talsmanni sem hefur aðeins það hlutverk að gæta hagsmuna barnsins tækist að koma á sambandi milli foreldris og barns þegar foreldrar eru ófærir um að standa vörð um hagsmuni þess sjálfir.

Heimilt er að skilja barn frá foreldrum sínum þegar velferð þess verður ekki tryggð með öðru móti. Í 8. kafla barnaverndarlaga, nr. 58/1992, er mælt fyrir um málsmeðferð við forsjársviptingu og gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir fari með slíkt vald. Samkvæmt lögun-

um er hlutverk barnaverndarnefnda í málum þessum margþætt. Þær eiga að hafa eftirlit með aðbúnaði barna, taka á móti ábendingum um slæman aðbúnað þeirra, sjá um skráningu barna sem eru í áhættuhópum, kanna mál þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um vanrækslu eða vanhæfni foreldra, gera áætlanir um meðferð mála og úrskurða um forræðissviptingu foreldra þegar það á við. Úrskurðum barnaverndarnefndar er síðan hægt að skjóta til barnaverndarráðs til fullnaðarúrskurðar. Þannig er fullnaðarákvörðun tekin á stjórnsýslustigi og barnaverndarnefnd fer bæði með rannsóknarvald og úrskurðarvald. Hér er um alvarleg inngrip í einkahagi manna að ræða og hagsmunirnir eru mjög ríkir. Því þarf að vanda vel til málsmeðferðar. Tímabært er orðið að málsmeðferðin verði endurskoðuð og færð í betra horf, sérstaklega hvað varðar frumúrskurðarvald í barnaverndarmálum. Í lögunum er að finna heimild til að skipa barni talsmann þegar barn er vistað á stofnun gegn vilja þess eða þegar foreldrar eru sviptir forsjá barns. Þessari heimild er sjaldan beitt þrátt fyrir að slíkar aðgerðir hafi í för með sér alvarlega röskun á stöðu og högum barnsins. Flutningsmenn telja að við þessar aðstæður ætti alltaf að skipa barni talsmann sem gætir hagsmuna þess.

Samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er heimilt að svipta 15 ára ungmenni frelsi með fangelsun eða varðhaldi. Í 37. gr. barnasáttmálans er fjallað um réttindi frelsissviptra barna og ungmenna. Þar er mælt fyrir um mannúðlega meðferð og að tekið skuli tillit til þarfa einstaklinga á þeim aldri sem um ræðir. Einkum er lögð áhersla á að barni sem svipt er frelsi sínu skuli haldið aðskildu frá fullorðnum föngum, nema ef það er talið því fyrir bestu að gera það ekki. Í íslenskum lögum er hins vegar ekkert ákvæði sem verndar börn gegn því að verða vistuð með síbrotamönnum sem gætu haft afar óheppileg áhrif á þroska svo ungra fanga. Því ætti að kveða í lögum á um að ungum föngum skuli haldið aðskildum frá eldri föngum. Íslendingar lögðu fram sérstaka yfirlýsingu varðandi þennan þátt, en telja má að óbreytt fyrirkomulag sé slíkt brot á mannréttindum barna að ekki verði við unað.

Í 39. gr. sáttmálans er mælt fyrir um að börn sem hafa orðið fórnarlömb ofbeldis og misnotkunar skuli eiga rétt á líkamlegri og andlegri umönnun og félagslegri endurhæfingu. Á Íslandi er börnum sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi ekki tryggður nægjanlegur stuðningur og meðferð af hálfu opinberra aðila. Engar sérhæfðar aðgerðir standa þessum börnum til boða og langtímameðferð með eða án fjölskyldu hafa ekki verið skipulagðar af barnaverndarnefndum, enda eru lagaskyldur á því sviði óljósar. Í nýju barnahúsi sem opnað var í október 1998 er að finna móttöku fyrir börn sem eru þolendur kynferðislegs ofbeldis. Þar fer fram læknisskoðun, ráðgjöf og stuðningur við börnin. Nauðsynlegt er að bæta við þjónustu stofnunarinnar sértækum meðferðarúrræðum sem börn ættu kost á eftir komu í barnahúsið og það á að vera skylda að skipa barni talsmann við þessar aðstæður.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðun sína um öll mál sem snerta þau sjálf. Í grunnskólalögunum frá 1991 var þessi réttur tryggður með því að nemendur höfðu fulltrúa í skólaráði þar sem m.a. var fjallað um kennsluskipan, skólatíma, félagslíf o.fl. og rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs og á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti um málefni sem þá varða. Í nýjum grunnskólalögum sem tóku gildi eftir fullgildingu sáttmálans var þessi réttur afnuminn og er enginn formlegur vettvangur fyrir nemendur að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans sem snerta þá sjálfa. Hér er því beinlínis um afturför að ræða og því þarf að breyta. Opna þarf aftur formlegan vettvang fyrir nemendur grunnskólanna til að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans, málefnum sem snerta þá sjálfa. Með því er breytt í anda ákvæða 12.–14. gr. barnasáttmálans og börnin þjálfast í því að taka afstöðu til mála sem snúa að þeim sjálfum.

Þrátt fyrir bann við allri mismunun barna eru börnum af erlendum uppruna ekki tryggð sömu réttindi og íslenskum börnum. Innflytjendabörn eiga hvorki tungumál né menningararf

sameiginleg með innfæddum börnum, þó er ekki til lögbundin heimild fyrir þau til að njóta eigin menningar eða tungumáls. Það er eðlilegt og rétt að tryggja börnum flóttamanna, sem óska eftir pólitísku hæli, vernd og mannúðlega aðstoð. Reyndar er það svo að löggjöf sem snýr að útlendingum á Íslandi er í molum.

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd eru aðeins dæmi. Hlutverk nefndarinnar verður að gera úttekt á réttarstöðu barna á Íslandi almennt og væri m.a. vert að skoða hvort ákvæði sáttmálans um trúfrelsi barna sé haldið, hvort brottrekstur barna úr grunnskólum og vinnufyrirkomulag barna og ungmenna á Íslandi sé í samræmi við anda sáttmálans.

Spyrja mætti hvort sú kynning sem barnasáttmálinn hefur fengið sé fullnægjandi, hvort ekki væri rétt að barnasáttmálinn væri kennsluefni í grunnskólum og framhaldsskólum sem liður í námskeiði um mannréttindi, hvort ekki væri rétt að þýða sáttmálann á tungumál sem innflytjendabörn skilja og dreifa til þeirra o.s.frv. Hefur verið leitað til frjálsra félagasamtaka eins og Barnaheilla með samvinnu um kynningu á barnasáttmálanum? Samtökin Barnaheill hafa lýst yfir vilja til samvinnu við stjórnvöld og innan samtakanna hefur safnast sérþekking á málefninu sem vert væri að nýta. Þá þyrfti að skoða mismunandi stöðu barna sem eiga undir högg að sækja, barna einstæðra foreldra, barna tekjulítilla foreldra, fatlaðra barna, barna sem búa í dreifbýli o.s.frv. Ljóst er að tekjulítið fólk hefur ekki ráð á að veita börnum sínum þá menntun sem aðeins er í boði utan skóla, svo sem tónlist, dans o.fl. Tekjulítið fólk hefur ekki efni á að greiða fyrir gæslu sem skólarnir bjóða nú fyrir börn utan skólatíma og því gengur stór hópur barna sjálfala hluta úr degi meðan foreldrar eru í vinnu. Við flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna er æskilegt að komið verði á stofnun jafnréttismála fatlaðra til að koma í veg fyrir að fötluðum börnum verði mismunað eftir búsetu. Yfirvöld hér veita miklu minna fjármagn til barnaverndarmála en gert er annars staðar á Norðurlöndum þrátt fyrir að Íslendingar eigi hlutfallslega fleiri börn ef miðað er við sömu lönd.

Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll réttindi samkvæmt sáttmálanum. Eins og fram hefur komið hafa verið stigin ákveðin skref í átt til réttarbótar. Tekið skal fram að samkvæmt íslenskum rétti fá alþjóðlegir samningar ekki sjálfkrafa lagagildi að landsrétti þótt þeir hafi verið fullgiltir, heldur eru þeir skuldbindandi að þjóðarétti. Sáttmálinn hefur ekki verið lögfestur á Íslandi og því er ekki hægt að beita honum beint fyrir íslenskum dómstólum. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum verða íslensk lög skýrð með hliðsjón af alþjóðalögum en íslensk lög ganga ávallt fyrir alþjóðalögum séu þau ósamrýmanleg. Því er mikilvægt að lögleiða sáttmálann í heild sinni og gera með því réttindum barna hér á landi hærra undir höfði en nú.

Fylgiskjal I.

Upplýsingar úr bæklingunum Social tryghed i de nordiske lande. Omfang, udgifter og finansiering 1993; 1994; 1995; 1996; 1997. NOSOSKO, Nordisk Social-Statistisk Komité. Útg. 1995, 1996, 1997, 1998 og 1999.

Hlutfall íbúa 0–17 ára á Norðurlöndum af heildaríbúafjölda 1993–97.

Land	1993	1994	1995	1996	1997
Danmörk	21,1	21,1	20,9	20,8	20,9
Finnland	22,6	22,7	22,8	23,0	23,1
Ísland	28,8	28,9	29,2	29,3	29,5

Noregur	23,3	23,2	23,1	23,0	23,0
Svíþjóð	22,2	22,2	22,3	22,2	22,1
Þar af hlutfall 0–15 ára á Íslandi	25,5	25,6	26,1	26,3	26,4

Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum sem renna til fjölskyldna og barna árin 1993–97 (hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu).

Land	1993	1994	1995	1996	1997
Danmörk	4,0	3,9	4,0	3,8	3,7
Finnland	4,7	5,2	4,2	3,9	3,6
Ísland	2,4	2,4	2,4	2,4	2,2
Noregur	4,2	3,9	3,8	3,5	3,4
Svíþjóð	5,7	5,7	4,0	3,8	3,7

Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum sem renna til fjölskyldna og barna í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1995–97.

Land (upphæðir í eku)	1995	1996	1997
Danmörk	768	832	866
Finnland	651	638	687
Ísland	431	462	506
Noregur	747	740	861
Svíþjóð	708	662	732

Útgjöld til dagvistarmála á Norðurlöndum (leikskólar, skóladagheimili og dagmæðragæsla) í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1995–97.

Land (upphæðir í eku)	1995	1996	1997
Danmörk	296	338	367
Finnland	166	187	209
Ísland	120	138	159
Noregur	175	183	209
Svíþjóð	250	255	293

Útgjöld til barnaverndarmála á Norðurlöndum (hluti af útgjöldum til félags- og heilbrigðismála) í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1995–97.

Land (upphæðir í eku)	1995	1996	1997
Danmörk	79	90	101
Finnland	17	20	22
Ísland	21	26	33
Noregur	19	20	25
Svíþjóð	42	41	56

Fylgiskjal II.

Íbúar 0-17 ára á Norðurlöndum.



Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum 1993-97.



131. Svar [45. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um eignir, skuldir og aflaverðmæti í sjávarútvegi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar hafa heildarskuldir sjávarútvegsins verið frá árinu 1989 á núgildandi verðlagi? Hvernig skiptast þessar skuldir á milli útgerðar og fiskvinnslu?*
2. *Hverjar voru heildareignir sjávarútvegsins á þessum árum, reiknaðar til núgildandi verðlags?*
3. *Hvert var eigið fé sjávarútvegsins á sama tíma á núgildandi verðlagi? Hvert var eiginfjárhlutfallið á þessum árum?*
4. *Hvert var heildaraflaverðmæti annars vegar og heildarútflutningsverðmæti hins vegar á sama tíma á núgildandi verðlagi?*

Svar við fyrirspurninni má lesa úr eftirfarandi töflum. Þó er ekki unnt að greina á milli skulda útgerðar og fiskvinnslu og eru tölurnar birtar fyrir greinina í heild. Tölur í töflum 1, 2 og 3 eru á verðlagi hvers árs. Til að fá samanburð á milli ára eru upplýsingar um afla- og útflutningsverðmæti settar í hlutfall við eignir og skuldir. Töflur 4 og 5 innihalda sömu upplýsingar og hinar þrjár fyrri en tölurnar í þeim hafa verið reiknaðar til verðlags ársins 1998, miðað við lánskjaravísitölu. Þegar tölulegar upplýsingar frá einu ári eru reiknaðar yfir á verðlag annars árs er afar erfitt að ákveða við hvaða vísitölu skuli miða. Það er t.d. ekki líklegt að verðmæti eigna í sjávarútvegi og útflutningsverðmæti hafi þróast eins og lánskjaravísitala. Því má aðeins líta á uppreikning sem þennan sem vísbendingu.

Tafla 1. Eignir, skuldir og eigið fé sjávarútvegsins árin 1989–98 á verðlagi hvers árs. Tölur frá 1997 og 1998 eru áætlaðar.

	Eignir, millj. kr.	Skuldir, millj. kr.	Eigið fé, millj. kr.	Eiginfjárhlutfall
1998	*	145.167		
1997	176.866	125.930	50.936	28,8%
1996	156.666	116.091	40.575	25,9%
1995	122.041	93.573	28.468	23,3%
1994	116.459	95.646	20.813	17,9%
1993	116.839	101.816	15.023	12,9%
1992	110.610	94.445	16.165	14,6%
1991	112.890	93.947	18.943	16,8%
1990	102.355	86.983	15.372	15,0%
1989	95.775	88.003	7.772	8,1%

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun. * Upplýsingar vantar.

Tafla 2. Verðmæti sjávarafla, afli af öllum miðum, á verðlagi hvers árs. Aflaverðmæti í hlutfalli við eignir og skuldir.

	Aflaverðmæti, millj. kr.	Aflaverðmæti í hlutfalli við eignir	Aflaverðmæti í hlutfalli við skuldir
1998	59.295	*	40,8%
1997	56.467	31,9%	44,8%
1996	57.396	36,6%	49,4%
1995	53.657	44,0%	57,3%
1994	51.767	44,5%	54,1%
1993	50.643	43,3%	49,7%
1992	48.318	43,7%	51,2%
1991	50.978	45,2%	54,3%
1990	47.535	46,4%	54,6%
1989	37.261	38,9%	42,3%

Heimildir: Fiskifélag Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki Íslands. * Upplýsingar vantar.

Tafla 3. Verðmæti útfluttra sjávarafurða árin 1989–98 á verðlagi hvers árs. Útflutningsverðmæti í hlutfalli við eignir og skuldir.

	Útflutningsverðmæti sjávarafurða, millj. kr.	Útflutningsverðmæti í hlutfalli við eignir	Útflutningsverðmæti í hlutfalli við skuldir
1998	101.031	*	69,6%
1997	95.567	54,0%	75,9%
1996	94.149	60,1%	81,1%
1995	85.759	70,3%	91,6%
1994	86.687	74,4%	90,6%
1993	76.092	65,1%	74,7%
1992	71.280	64,4%	75,5%
1991	74.576	66,1%	79,4%
1990	71.611	70,0%	82,3%
1989	58.306	60,9%	66,3%

Heimildir: Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki Íslands. * Upplýsingar vantar.

Tafla 4. Eignir, skuldir og eigið fé sjávarútvegsins árin 1989–98. Verðlag lánskjaravísitölu 1998. Tölur frá 1997 og 1998 eru áætlaðar.

	Eignir, millj. kr.	Skuldir, millj. kr.	Eigið fé, millj. kr.	Eiginfjárhlutfall
1998		145.167		
1997	179.135	127.546	51.590	28,8%
1996	161.698	119.820	41.878	25,9%
1995	128.780	98.740	30.040	23,3%
1994	124.922	102.597	22.326	17,9%
1993	126.829	110.521	16.307	12,9%
1992	123.844	105.745	18.099	14,6%
1991	128.215	106.701	21.515	16,8%
1990	125.558	106.701	18.857	15,0%
1989	126.642	116.365	10.277	8,1%

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 5. Verðmæti sjávarafla af öllum miðum og útflutningsverðmæti sjávarafurða. Verðlag lánskjaravísitölu 1998. Tölur frá 1998 eru áætlaðar.

	Aflaverðmæti, millj. kr.	Útflutningsverðmæti sjávarafurða
1998	59.295	101.031
1997	57.192	96.793
1996	59.240	97.173
1995	56.620	90.494
1994	55.529	92.987
1993	54.973	82.598
1992	54.099	79.808
1991	57.898	84.700
1990	58.311	87.844
1989	49.270	77.097

Heimildir: Fiskifélag Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki Íslands.

132. Fyrirspurn [119. mál]

til fjármálaráðherra um auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa.

Frá Gísli S. Einarsson.

1. Hver hefur annast auglýsingar og auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sl. tíu ár?
2. Hver er kostnaðurinn af þessum auglýsingum hjá hvorri stofnun fyrir sig, sundurliðað eftir árum?
3. Hvernig hefur útgáfu reikninga fyrir auglýsingagerð og birtingu auglýsinga verið háttað? Hver annast innheimtu reikninga hjá birtingaraðilum?
4. Hvaða afsláttur hefur verið birtur, sundurliðað eftir árum? Hafa Lánasýsla ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa notið afsláttar af birtingu eða gerð auglýsinga? Um hvaða upphæðir er að ræða, sundurliðað eftir árum?
5. Hefur Auglýsingastofan Gott fólk veitt afslátt eða notið afsláttar? Ef svo er, um hvaða fjárhæðir er að ræða, sundurliðað eftir árum?
6. Er Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa enn starfrækt eins og ráða má af svari á þskj. 115?
7. Ef hún hefur verið lögð niður, hvenær var það gert?
8. Hefur verið fram haldið áskriftarkerfi ríkisverðbréfa? Ef svo er, hver gaf út þá heimild?
9. Hvers vegna hafa auglýsingar og auglýsingagerð ekki verið boðnar út, sbr. svar á þskj. 115?

Skriflegt svar óskast.

133. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka undir forustu formanns, sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar, til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Stefnt skal að niðurstöðu áður en gildandi samkomulag við bandarísk stjórnvöld um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út. Nefndin skal að undangenginni athugun og könnunarviðræðum við bandarísk stjórnvöld skila áfangaskýrslu til Alþingis eigi síðar en í febrúarlok árið 2000 þannig að tími gefist til samninga um málið áður en uppsagnarákvæði núgildandi bókunar um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli verður virkt eða rennur út.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta kjörtímabili en var felld í atkvæðagreiðslu að lokinni síðari umræðu með 47 atkvæðum gegn 7. Rétt þykir að nýkjörið þing fái einnig að fjalla um málið.

Nýlegir atburðir og umræður um hvernig Keflavíkurstöðin kunni að hafa tengst kjarnorkuvígbúnaði og áætlunum Bandaríkjahers kalla enn fremur á að málin séu skoðuð. Rétt er að minna á að herstöðin er hluti af heildarvígbúnaðarkerfi Bandaríkjamanna og NATO. Kjarnorkuvopnastefna Bandaríkjamanna og NATO er óbreytt, þ.e. Bandaríkin einhliða og NATO áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði (First use policy). Það er einnig óbreytt að tilvist kjarnorkuvopna er hvorki játað né neitað, t.d. er ekki uppgefið hvort skip eða flugvélar sem tilheyra kjarnorkuheraflanum eru vopnuð þá og þá stundina. Svo hefur t.d. verið þegar NATO-herskip hafa heimsótt íslenskar hafnir. Engar upplýsingar eru gefnar og allt sem lýtur að þessum vígbúnaði er hulið leyndar- og blekkingahjúp eins og komið hefur á daginn. Loks má nefna þann dapurlega atburð að Bandaríkjaþing felldi staðfestingarfrumvarp samningsins um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Þessi mál eru því komin í brennidepil á ný.

Herstöðin í Keflavík, eða á Miðnesheiði, er hluti af þeirri heild sem um ræðir hér að framan, hlekkur í þessari keðju, og umræðurnar þurfa að miðast við það. Óhjákvæmilegt er að öll samskipti íslenskra yfirvalda við bandarísk hermálayfirvöld og stjórnvöld komi til skoðunar, frá fyrri tímum og allt til dagsins í dag.

Hér á eftir fer greinargerðin sem fylgdi tillögunni þegar hún var fyrst flutt:

„Áhugi bandarískra stjórnvalda á því að draga úr umsvifum í rekstri herstöðvarinnar í Keflavík hefur komið fram með ýmsu móti á undanförnum árum. Talsverður samdráttur hefur orðið í starfsemi Bandaríkjamanna og NATO hér á landi og er ekki að undra í ljósi breyttra aðstæðna í okkar heimshluta. Eins og málið hefur þróast hafa íslensk yfirvöld utanríkismála frekar en bandarísk þrýst á um að hafa hér meiri viðbúnað en minni. Í viðræðum bandarískra og íslenskra stjórnvalda í aðdraganda að núgildandi og síðastgildandi samkomulagi eða bókun um umsvifin hér á landi var ljóst að Íslendingar fóru fram á áframhaldandi staðsetningu orrustuflugvéla hér, en björgunarsveitin o.fl. tengist veru þeirra. Nýlegar tillögur um að taka Ísland út úr herstjórnarskipulagi NATO eru til merkis um breyttar aðstæður. Staðreyndirnar tala sínu máli og er samdrátturinn orðinn umtalsverður eins og sjá má í fylgiskjali IV þar sem

fram koma m.a. upplýsingar um fjölda hermanna og orrustuflugvéla á Keflavíkurflugvelli, svo og önnur umsvif á undanförnum árum. Þessari þróun eigum við Íslendingar að fagna og í stað þess að íslenskir ráðamenn knékrjúpi í Washington og biðji um áframhaldandi hersetu og vígbúnað eigum við að gera öðrum þjóðum ljósan þann vilja okkar að erlendri hersetu í landi okkar ljúki. Án slíkra aðgerða af okkar hálfu verður að draga í efa að bandarískur her og vígbúnaður hverfi héðan með öllu. Líklegast er að Bandaríkjamenn mundu vilja viðhalda hér allnokkrum vígbúnaði og aðstöðu til að tryggja stórveldishagsmuni sína og halda Íslandi á áhrifasvæði sínu.

Um áratugaskeið hefur afstaðan til veru bandaríska hersins í Keflavík verið deilumál hér á landi og lengst af hefur þjóðin skipst í tvær fylkingar, löngum svipaðar að stærð, í afstöðu sinni til þess hvort rétt sé, skylt eða nauðsynlegt að hafa hér erlendan her. Í þeim deilum var það a.m.k. í orði kveðnu yfirlýst afstaða helstu stjórnmálasamtaka að hér skyldi ekki vera erlendur her á friðartímum. Þeir friðartímar létu á sér standa og voru jafnvel styrjaldir í fjarlægum heimsálfum notaðar til að réttlæta veru hersins hér. Á kaldastríðstímanum var spenna milli risaveldanna tveggja að sjálfsögðu notuð, hér eins og annars staðar, til að réttlæta aukinn vígbúnað. Nú hafa hins vegar óumdeilanlega skapast þær aðstæður að vígbúnaðinum er ekki beint gegn neinum óvini en sú staða hefur tæpast verið fyrir hendi meðan erlendur her hefur verið í landinu.

Sökum þessara breyttu aðstæðna og í ljósi þess að Bandaríkjamenn vilja draga úr umsvifum sínum hér hafa nú skapast kjöraðstæður, sem eru nánast sögulegar, til að sætta þjóðina í þessu deilumáli með því að herinn hverfi af landi brott. Hin langa herseta hefur hins vegar sett sín spor og þær tekjur, atvinna og umsvif sem leiddi af veru hersins voru lengi vel mjög þýðingarmikill og drjúgur hluti af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins hvort sem mönnum er ljúft eða leitt að viðurkenna það. Verulega hefur dregið úr efnahagslegu mikilvægi hersetunnar og hafa gjaldeyristekjur sem leitt hefur af henni minnkað að raungildi á undanförnum árum og hlutfallslega töluvert ef miðað er við auknar útflutningstekjur af annarri starfsemi.

Núgildandi samkomulag milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda rennur út í apríl árið 2001 og er með uppsagnarákvæði þegar í apríl árið 2000. Það er því tímabært að hefja nú þegar viðræður við bandarísk stjórnvöld um með hvaða hætti erlendur her og eiginlegur vígbúnaður geti horfið úr landi. Enginn vafi er á að húsnæði og aðstaða við flugvöllinn gæti nýst til margvíslegrar atvinnustarfsemi og aukinna umsvifa sem kæmu í stað þess sem nú er. Atvinnuástand hefur batnað á Suðurnesjum og byrjaðar eru eða áætlaðar miklar framkvæmdir þannig að aðstæður eru að ýmsu leyti hagstæðar. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gera áætlun um sérstakt átak til atvinnuuppbyggingar og þróunar fyrir svæðið samhliða því að unnið er að samkomulagi við Bandaríkjamenn um hvernig að þessum breytingum verði staðið. Með í þær viðræður þarf að sjálfsögðu að taka þátttöku Bandaríkjamanna í að bæta fyrir þá röskun sem hersetan hefur valdið í íslenskum þjóðarbúskap og ekki síður spjöll á íslenskri náttúru og kostnað við hreinsun mengaðra svæða.

Í ljósi mikilvægis málsins og með hliðsjón af því hve gæfuríkt væri ef þjóðinni auðnaðist að sameinast á ný um áherslur í þessu viðkvæma máli, sem valdið hefur deilum um hálfrar aldar skeið, er lagt til að fulltrúar allra þingflokka eigi aðild að þeim viðræðum sem hefjast í framhaldi af samþykkt tillögunnar.

Samhliða niðurstöðu í þessu máli og samkomulagi um brottför erlends hers úr landinu skapast gerbreyttar aðstæður til að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu. Stefnu sem grundvallaðist á vopnleysi, friðlýsingu og sjálfstæðri óháðri stöðu landsins utan hernaðarbandalaga, sem aflað yrði alþjóðlegrar viðurkenningar.

Fordæmið frá sjálfstjórnarsvæðinu Álandseyjum og sú samstaða sem þar ríkir um vopnleysi og friðarstefnu, ásamt með uppbyggingu friðarstofnunar Álandseyja er áhugavert í þessu sambandi.“

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala í þskj. 9 (9. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–99, bls. 488–495:

I. Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.
II. Bókun 1994. (Þýdd að beiðni flutningsmanna.)
III. Bókun 1996. (Þýdd að beiðni flutningsmanna.)
IV. Upplýsingaskrifstofa varnarliðsins: Mannafli og verktaka á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. (Október 1997.)
V. Yfirlit yfir viðskipti við varnarliðið 1970–1995.

134. Svar [32. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar um kampýlóbaktersmit á Íslandi.

1. Hve mörg tilvik af kampýlóbaktersýkingum hafa greinst á Íslandi á ári sl. tíu ár?

Frá árinu 1990 til septemberloka 1999 höfðu greinst samtals 1.025 tilfelli af kampýlóbaktersýkingum á Íslandi. Kampýlóbaktersýkingar voru tiltölulega fátíðar fram til ársins 1995 en þá fór að bera á nokkurri aukningu tilfella. Árið 1998 fjölgaði tilfellum umtalsvert eða úr 93 árið 1997 í 220. Það sem af er þessu ári hafa hins vegar greinst 393 tilfelli sem er 103% aukning miðað við sama tímabil og í fyrra. Langflestir hafa smitast innan lands. Flestir þeirra sem sýkst hafa á undanförnum tveimur árum eru á aldrinum 20–39 ára.

2. Hvað má ætla að margir hafi sýkst miðað við fjölda greindra sýkinga?

Almennt er talið að fyrir hvern einn sem greinist með kampýlóbaktersýkingu megi gera ráð fyrir að tíu hafi sýkst. Þetta þýðir með öðrum orðum að á þessu ári kunna um fjögur þúsund einstaklingar að hafa sýkst af völdum kampýlóbakter.

3. Hve lengi má ætla að sýking valdi veikindum að meðaltali og hversu oft hefur kampýlóbaktersýking leitt til alvarlegs heilsuskaða eða sjúkrahúsvistar?

Úrtakskönnun á neysluvenjum og einkennum þeirra sem sýktust í ágúst sl. leiddi í ljós að veikindatíminn var að meðaltali tíu dagar. Koma þessar niðurstöður heim og saman við það sem almennt er vitað um þessa sýkingu. Algengustu einkennin fyrir utan niðurgang voru hiti, magakrampar og magaverkir en önnur einkenni voru ógleði, uppköst og jafnvel blóð í hægðum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um varanlegan heilsuskaða en samkvæmt upplýsingum frá Landspítala, Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar má ætla að níu innlagnir hafi mátt rekja til kampýlóbaktersýkinga árið 1997, 18 árið 1998 og 21 það sem af er þessu ári.

4. Hvaða matvæli á íslenskum neyslumarkaði hafa sannanlega valdið kampýlóbaktersmiti?

Erfitt er að sanna hvaða matvæli valda matarsýkingum, m.a. vegna þess að matvælum hefur oft verið fargað þegar einkenni koma í ljós. Það getur tekið allt frá einum upp í tíu daga en þó oftast tvo til fjóra daga. Einnig er oft um svokallaða krossmengun að ræða, þ.e. mengun berst úr einni tegund matvæla í aðra við meðhöndlun. Umfangsmiklar rannsóknir Hollustuverndar ríkisins á matvælum á markaði sýna að kampýlóbakter hefur eingöngu fundist í kjúklingum fram að þessu. Tekið skal fram að rannsóknir standa enn yfir og heildarniðurstöður liggja ekki fyrir fyrr en að nokkrum vikum liðnum.

5. *Eru dæmi um að innflutt matvæli, svo sem kjúklingar eða annað kjöt, hafi greinst með kampýlóbaktersmit?*

Innfluttar kjötvörur eru af mjög skornum skammti á Íslandi. Þegar kjúklingar eða annað kjöt er flutt inn hefur það áður verið fryst sem væntanlega dregur úr líkum á kampýlóbaktersmiti. Fylgst hefur verið með salmonellu í innfluttum kjötvörum en leit að kampýlóbakter hefur ekki verið hluti af eftirlitinu fram að þessu. Könnun sem gerð var í ágúst sl. hjá þeim sem sýkst höfðu af kampýlóbakter benti ekki til þess að neysla innfluttra matvæla kæmi þar við sögu.

6. *Hvað segja þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á uppruna kampýlóbaktersmits um smithættu frá afurðum einstakra framleiðenda eða sláturleyfishafa?*

Rannsóknir sem hingað til hafa verið gerðar benda til að það sé munur á tíðni kampýlóbaktersmits í afurðum framleiðanda og sláturleyfishafa. Þessum rannsóknum sem hafa verið á hendi yfirdýralæknis, Tilraunastöðvar háskólans á Keldum og Hollustuverndar ríkisins er þó enn ekki lokið og því ekki tímabært að skera endanlega úr um hlut framleiðenda og sláturleyfishafa.

7. *Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til þess að verja almenning fyrir sýkingarhættu af völdum kampýlóbakter? Hvað telur ráðherra að kampýlóbaktersmit þurfi að greinast í háu hlutfalli tekinna sýna frá einstökum framleiðanda eða sláturleyfishafa til þess að grípa þurfi til aðgerða og til hvaða aðgerða ber þá að grípa? Telur ráðherra t.d. koma til greina að stöðva framleiðslu framleiðenda eða sláturleyfishafa þar sem kampýlóbaktersmit hefur greinst langt yfir eðlilegum mörkum?*

Fjölgun kampýlóbaktersýkinga árið 1998 varð ekki ljós fyrr en í upphafi þessa árs. Ástæðan var sú að tilfellin komu upp á mismunandi tíma, voru ekki bundin við ákveðna staði og hópsýkinga varð ekki vart. Kampýlóbaktersýkingar voru ekki tilkynningarskyldar. Þær urðu það hins vegar í febrúar sl. með reglugerð samkvæmt tillögu sóttvarnaráðs. Vandamálið var rætt í ráðinu snemma á árinu og lögum samkvæmt var boðað til fundar með fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og yfirdýralæknis til að koma fram með tillögur til aðgerða og úrbóta, en eftirlit með matvælum og matvælaframleiðslu er í höndum þessara aðila. Þá þegar var ákveðið að mæla með því að almenningur fengi upplýsingar um vandann og til hvaða ráða mætti grípa til þess að forðast smit. Fyrirliggjandi upplýsingar bentu til þess að kampýlóbakter væri að finna í kjúklingum á markaði hér á landi og einnig var bent á að samband kynni að vera á milli sýkinga og stóraukinnar neyslu á ófrosnum eða svokölluðum ferskum kjúklingum. Reynsla annarra þjóða er einnig sú að kampýlóbakter finnst í fiðurfé en einnig í öðru kjötmeti. Einnig hefur verið bent á mengað yfirborðsvatn og ógerilsneydda mjólk sem hugsanlega sýkingarvalda en dæmi eru um að hópsýkingar hafi orðið af kampýlóbakter hér á landi á árum áður vegna mengunar vatnsbóla. Samstarf áðurnefndra stofnana hefur verið með ágætum.

Rannsóknir á árinu hafa staðfest að kampýlóbaktermengun hefur aðeins að fundist í kjúklingum á markaði hér á landi. Dæmi eru um að 50–80% af kjúklingum á markaði frá einstökum framleiðendum séu mengaðir af kampýlóbakter sem er óviðunandi. Há tíðni mengunar hefur leitt þess að Hollustuvernd ríkisins, heilbrigðiseftirlit og yfirdýralæknir hafa með sérstökum stuðningi ríkisstjórnarinnar rannsakað umfang vandans en mikilvægt er að öll viðbrögð séu byggð á réttum upplýsingum. Þær aðgerðir sem landlæknisembættið hefur gripið til í samvinnu við sýklafræðideild Landspítalans og Hollustuvernd ríkisins er að upplýsa almenning um vandamálið og um það hvernig hann getur forðast smit. Jafnframt hefur verið unnið að því að draga úr mengun í matvælaframleiðslunni að undanförnu og má ætla að nokkur árangur sé að nást þar sem fækkun tilfella var umtalsverð í ágúst og september. Þó verður að hafa í huga að tilfelli af kampýlóbakter eru flest á sumrin en færri yfir vetrarmánuðina. Markmiðið er að ná niður tíðni kampýlóbaktermengunar í kjúklingum þannig að hún verði eins og best þekkist meðal nágrannaþjóða, ekki yfir 10%.

8. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að matvæli sem greinast með kampýlóbaktersmit verði tekin af íslenskum markaði?*

Ástæða þess að ekki hefur verið gripið til þess ráðs að innkalla matvörur er að kampýlóbakter er mun dreifðari í dýraríkinu og umhverfinu en t.d. salmonella og er þar af leiðandi erfiðari viðfangs. Bæta þarf innra eftirlit í eldi og slátrun kjúklinga undir opinberu eftirliti. Kampýlóbaktersmit í dýrum þarf að vera tilkynningarskylt á sama hátt og salmonellusmit. Hins vegar er ljóst að aldrei verður hægt að útiloka sýklamengun í matvælum og því er affarasælast að neytendur sjálfir séu meðvitaðir um hættuna og fari þannig með matvæli að ekki leiði til sýkingar. Einnig þurfa þeir sem reka veitingahús og skyndibitastaði að gæta ýtrasta hreinlætis við meðferð matvæla, enda er ábyrgð þeirra mikil.

Stefnan hefur því verið að gera hvort tveggja í senn að auka fræðslu til almennings um það hvernig skuli fara með matvæli og jafnframt að draga úr mengun matvæla eins og frekast er kostur. Hins vegar er óviðunandi í ljósi þess alvarlega faraldurs sem hér hefur gengið yfir að matvörur skuli vera jafnmengaðar og raunin hefur verið í sumum tilvikum. Til aðgerða verður gripið þótt ekki sé hægt að segja til um á þessari stundu hvers eðlis þær verða. Beðið verður eftir niðurstöðum úr þeim rannsóknum sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir að gerðar væru síðsumars og nú í haust.

135. Svar [84. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um ráðstefnuna Konur og lýðræði.

1. *Hvað komu fram margar umsóknir frá íslenskum konum eða kvennasamtökum um þátttöku í ráðstefnunni Konur og lýðræði? Óskað er eftir yfirliti yfir umsóknirnar.*

Í febrúar og mars 1999 leitaði framkvæmdanefnd ráðstefnunnar eftir ábendingum um þá aðila í þátttökulöndunum tíu sem annaðhvort sinntu þeim málefnum sem ráðstefnan skyldi snúast um eða létu sig þau mál varða. Þeir sem leitað var ábendinga hjá um hugsanlega þátttakendur frá Íslandi voru m.a. Skrifstofa jafnréttismála, nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum, Kvenréttindafélag Íslands og félagsmálaráðuneytið. Þar sem ráðstefnan snerist í meginatriðum um tvo málaflokka, efnahagsmál og stjórnmál, var áhersla lögð á að finna hugsanlega þátttakendur af þessum sviðum.

Bréf til yfir 700 slíkra aðila, þar á meðal um 60 innan lands, voru send út fyrri hluta aprílmánaðar 1999. Meðal viðtakenda á Íslandi voru öll helstu kvennasamtök landsins, allir þingflokkar, launþegasambönd og fyrirtæki, sem samanlagt hafa þúsundir kvenna og karla innan sinna vébanda (sjá fylgiskjal I). Í bréfinu var viðtakandi beðinn um að dreifa því til allra þeirra sem hún eða hann teldi að ættu erindi á ráðstefnuna (sjá fylgiskjal II). Hér var því um opið boð að ræða og engin leið er að henda reiður á hversu víða bréfið fór. Að auki höfðu margir samband við ráðstefnuskrifstofuna að eigin frumkvæði.

Í bréfinu voru viðtakendur beðnir um að skoða nokkur lykilatriði (Key Issues) sem því fylgdu og greina í svari sínu frá því hvernig þekking þeirra og reynsla tengdist þessum lykilatriðum. Jafnframt voru þeir beðnir um að setja fram tillögur um úrlausnir á vandamálum sem viðkomandi skilgreindi og/eða benda á verkefni sem hefðu tekist vel og nota mætti sem fyrirmynd. Skilafrestur var til 10. maí.

Svör bárust frá 38 aðilum á Íslandi, þar af tvö undirrituð af körlum og 36 undirrituð af konum. Í heild bárust rúmlega 350 svör og er því svörun frá Íslandi yfir meðaltali. Úr þessum svörum var ráðstefnan efnislega sett saman.

Fjöldi þátttakenda réðst annars vegar af stærð Borgarleikhússins, þar sem ráðstefnan skyldi haldin, og hins vegar af því að vinnuhópar ráðstefnunnar yrðu hæfilegar stórir til að geta unnið þau verk sem þeim voru ætluð. Í samstarfi þátttökulandanna hafði Íslandi verið úthlutað 15 þátttakendasætum. Lögð var áhersla á það af hálfu framkvæmdanefndar ráðstefnunnar að fjölga þessum sætum þar sem Ísland væri heimaland ráðstefnunnar. Á fundi samstarfsnefndar þátttökulandanna í Kaupmannahöfn 8. júlí 1999 tókst að fjölga íslenskum þátttakendum í 28 og tók nefndin á þessum fundi jafnframt ákvörðum um hvaða umsóknir yrðu fyrir valinu frá þátttökulöndunum. Við val á umsóknum var annars vegar tekið mið af svörum við framangreindu boðsbréfi og hins vegar var leitast við að jafna dreifingu í vinnuhópa milli landa (miðað við úthlutuð sæti) eins og kostur var.

Til glöggvunar er rétt að geta þess að greinarmunur var gerður á þátttakanda á ráðstefnunni annars vegar og framkvæmdaraðila að verkefnum á henni hins vegar. Þátttakendur voru þeir sem fengu framangreint bréf og voru valdir eins og að framan er lýst. Framkvæmdaraðilar voru hins vegar valdir eftir vilja þeirra til að leggja fram fé eða jafngildi þess til þeirra verkefna sem ákveðið yrði á ráðstefnunni að setja á laggirnar. Íslenskir framkvæmdaraðilar voru alls um 20, en fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum er enn velkomið að bætast í hóp framkvæmdaraðila þótt ráðstefnan sé afstaðin, enda er hún aðeins þáttur í lengra ferli.

2. *Hvaða erindum var hafnað og hvaða erindi voru samþykkt?*

Listi yfir íslenska þátttakendur er birtur í fylgiskjali III.

3. *Mun verða gefin út skýrsla um ráðstefnuna og niðurstöður hennar?*

Heimasíða ráðstefnunnar var opnuð í maí og þar hafa upplýsingar um ráðstefnuna verið birtar, þar á meðal listar yfir þátttakendur. Ræður sem fluttar voru á ráðstefnunni verða settar á heimasíðuna ásamt niðurstöðum allra vinnuhópa þegar þær liggja fyrir í endanlegri útgáfu. Verður auglýst í fjölmiðlum þegar þetta efni er komið á heimasíðuna. Slóð heimasíðunnar er: www.womenanddemocracy.com

Gefin var út dagskrá ráðstefnunnar og liggur hún frammi á skrifstofu hennar að Hverfisgötu 4a. Jafnframt er í ráði að gefa út kynningarbækling um ráðstefnuna.

Fylgiskjal I.

Stofnun, félagasamtök eða fyrirtæki	Nafn
Alþýðusamband Íslands	Grétar Þorsteinsson forseti
Atvinnu- og ferðamálastofa Reykjavíkurborgar	Róbert Jónsson
Bandalag háskólamanna	Björk Vilhelmsdóttir formaður
Bandalag íslenskra listamanna	Tinna Gunnlaugsdóttir formaður
Biskupsstofa	Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands
Blaðamannafélag Íslands	Hjálmar Jónsson formaður
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	Ögmundur Jónasson formaður
Búnaðarbanki Íslands	Stefán Pálsson bankastjóri
Byggðastofnun á Austurlandi	Elísabet Benediktsdóttir
Dómstólaráð	
Félag kvenna í atvinnurekstri	Jónína Bjartmarz hdl.
Félagsvísindadeild	Rannveig Traustadóttir dósent
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.	Bjarni Ármannsson forstjóri
Gæðastjórnunarfélag Íslands	Haraldur Hjaltason formaður
Hagstofa Íslands	Sigríður Vilhjálmsdóttir þjóðfélagsfræðingur
Iðntæknistofnun Íslands	Þuríður Magnúsdóttir
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Bjarnheiður Jóhannsdóttir jafnréttisráðgjafi
Íslandsbanki	Valur Valsson bankastjóri
Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands	Sigríður Þorgeirsdóttir lektor, formaður
Jafnréttisnefnd Reykjavíkur	Steinunn Valdís Óskarsdóttir formaður
Jafnréttisnefnd Akureyrar	Sigríður Stefánsdóttir formaður
Jafnréttisnefnd Landsvirkjunar	Rán Jónsdóttir verkfræðingur, formaður
Jafnréttisnefnd stúdentaráðs	Brynja Baldursdóttir formaður
Karlanefnd Jafnréttisráðs	Ólafur Þ. Stephensen formaður
Kvenréttindafélag Íslands	Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir formaður
Kvenfélagasamband Íslands	Drífa Hjartardóttir formaður
Kvennalistinn	
Lánatryggingasjóður kvenna	Guðrún Ögmundsdóttir
Landbúnaðarráðuneyti	Anna María Ólafsdóttir
Landsbanki Íslands	Halldór Jón Kristjánsson bankastjóri
Landssími Íslands	Erna Arnardóttir jafnréttisráðgjafi
Lögfræðingafélag Íslands	Helgi Jóhannesson hrl., formaður
Lögmannafélag Íslands	Jakob R. Möller hrl., formaður
Mannréttindaskrifstofa Íslands	Ragnar Aðalsteinsson hrl., formaður
Menntasmiðja kvenna á Akureyri	Valgerður H. Bjarnadóttir
Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum	Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra, formaður
Nefnd um konur og fjölmiðla	Hanna Katrín Friðriksson blaðamaður, formaður
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	Páll Kr. Pálsson framkvæmdastjóri
Rannsóknarstofa í kvennafræðum	Herdís Sveinsdóttir, formaður stjórnar
Samband íslenskra sparisjóða	Sigurður Hafstein framkvæmdastjóri
Skref fyrir skref	Ásdís G. Ragnarsdóttir
Skrifstofa jafnréttismála	Elsa Þorkelsdóttir framkvæmdastjóri
UNIFEM á Íslandi	Margrét Einarsdóttir formaður

Stofnun, félagasamtök eða fyrirtæki	Nafn
Verslunarráð Íslands	Kolbeinn Kristinsson formaður
Viðskiptaháskólinn í Reykjavík	Guðfinna Bjarnadóttir rektor
Vinnueftirlit ríkisins	Hólmfríður Gunnarsdóttir
Vinnueftirlit ríkisins	Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Vinnumálasambandið	Ólafur Ólafsson formaður
Vinnumálastofnun	Margrét Gunnarsdóttir
Vinnumálastofnun	Hólmfríður Sveinsdóttir
Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins	Oddrún Kristjánsdóttir
Vinnuveitendasamband Íslands	Ólafur B. Ólafsson formaður
Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins	Sigríður Anna Þórðardóttir formaður
Þingflokkur framsóknarmanna	Valgerður Sverrisdóttir formaður
Þingflokkur Óháðra	Ögmundur Jónasson formaður
Þingflokkur Samfylkingarinnar	Rannveig Guðmundsdóttir formaður
Þingflokkur Fjálslynda flokksins	
Þingflokkur Vinstri grænna	
Þróun upplýsingasamfélagsins	Guðbjörg Sigurðardóttir deildarstjóri

Fylgiskjal II.

Ráðstefnan Konur og lýðræði.
Opið boðsbréf.
(Reykjavík, 13. apríl 1999.)

Meðfylgjandi bréf er opið boðsbréf um hugsanlega þátttöku á ráðstefnunni Konur og lýðræði við árþúsundamót, sem stefnt er að að halda í Reykjavík 8.–10. október 1999. Ríkisstjórn Íslands býður til ráðstefnunnar, en ríkisstjórn Bandaríkjanna og norræna ráðherranefndin standa einnig að henni.

Þar sem málasvið ráðstefnunnar snertir samtök þín/stofnun, bjóðum við þér að dreifa meðfylgjandi bréfi til þeirra aðila innan samtakanna/stofunarinnar sem kynnu að hafa áhuga á að miðla þekkingu sinni og hugmyndum um úrlausnir á ráðstefnunni. Svör þurfa að hafa borist fyrir 10. maí nk. Samráðsnefnd þáttökuríkja ráðstefnunnar mun síðan á grundvelli þeirra svara sem berast ákveða hverjum verður boðið til þátttöku á ráðstefnunni. Þar sem um fjölþjóðlega valnefnd er að ræða eru þeir sem svara bréfinu vinsamlegast beðnir um að gera það á ensku.

Með kveðju,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
formaður framkvæmdanefndar.

Fskj. I (þýtt úr ensku).

Ráðstefnan Konur og lýðræði.
Boðsbréf.

(Reykjavík, 7. apríl 1999.)

Í samvinnu við ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku og Norræna ráðherraráðið mun ríkisstjórn Íslands bjóða til ráðstefnunnar Konur og lýðræði við árþúsundamót, sem ráðgert er að að halda dagana 8.–10. október 1999. Þátttökulönd eru Norðurlönd, Bandaríkin, Rússland og Eystrasaltsríkin. Forsetafrú Bandaríkjanna, Hillary Rodham Clinton, mun ávarpa ráðstefnugesti í samræmi við eindreginn stuðning hennar við styrkingu á stöðu kvenna á vettvangi Vital Voices Global Initiative.

Nafn yðar hefur verið nefnt við okkur og við viljum bjóða yður að senda okkur tillögu um hugsanlegt erindi á ráðstefnunni eða annað framlag til hennar.

Hjálagt er:

- Yfirlit yfir ráðstefnuna.
- Helstu málefni sem tekin verða fyrir á ráðstefnunni.
- Drög að dagskrá ráðstefnunnar.

Við biðjum yður að taka viðfangsefni ráðstefnunnar og lista yfir helstu málefni hennar til athugunar, með hugsanlegt framlag í huga. Listinn er ætlaður til að hjálpa yður að finna atriði sem sérþekking yðar gæti átt við, en hann er þó engan veginn tæmandi. Ef þér skynjið viðfangsefni ráðstefnunnar og helstu málefni hennar á annan hátt látið okkur þá hiklaust vita.

Ráðstefnan snýst um aðferðir og leggur aðaláherslu á hvernig framkvæma eigi þær breytingar sem þörf er á hvað konur og lýðræði varðar. Sérstakar áætlanir/verkefni og hvernig framkvæmd þeirra skuli háttað verða til umfjöllunar á ráðstefnunni, ákvarðanir teknar þar að lútandi og þeim ýtt úr vör. Í þeim tilgangi biðjum við yður að lýsa því hvernig þér sjáið fyrir yður að hægt sé að framkvæma þær breytingar sem þér teljið nauðsynlegar á því sviði sem þér kjósið að taka til umfjöllunar, eða þá að lýsa verkefnum sem þegar hafa borið árangur. Ef þér hafið tillögur um framkvæmdaraðila, hvort sem um er að ræða ríkisstjórnir, frjáls félagasamtök eða fyrirtæki í einkaeign, leggið þær þá fram. Gert er ráð fyrir því að u.þ.b. einu ári eftir ráðstefnuna verði önnur ráðstefna haldin til að fylgja henni eftir og verður þá lagt mat á árangur áætlana/verkefna hennar.

Með þessu bréfi förum við þess á leit við yður að þér sendið okkur 1–2 bls. þar sem þér lýsið því sviði sem þér vilduð helst fjalla um og þá hvernig, auk hugmynda varðandi áætlanir til að koma á þeim breytingum sem eru nauðsynlegar að yðar mati. Tillögur um framkvæmdaraðila og ævi- og starfságrip yðar væru einnig vel þegin. Ef yður finnst óþægilegt að vinna á ensku þá gefið okkur vinsamlegast til kynna hvaða tungumál þér kjósið heldur að nota.

Skilafrestur tillögu yðar er 10. maí 1999. Ráðgjafarnefndin, sem í eiga sæti fulltrúar frá þátttökulöndunum, mun þá koma saman og taka ákvörðun um hvaða tillögur skuli samþykktar. Þeim aðilum sem sent hafa inn tillögur verður svo tilkynnt um val nefndarinnar. Ef þér óskið eftir frekari upplýsingum sendið þá fyrirspurn til skrifstofu ráðstefnunnar.

Það er einlæg ósk mín að þér munið leggja okkur lið við að skipuleggja ráðstefnu sem skiptir máli fyrir konur og lýðræði í þátttökulöndunum, og þar af leiðandi einnig um allan heim. Er dregur að lokum þessa árþúsunds er bæði mikið í húfi og til mikils að vinna hvað þetta varðar.

Virðingarfyllst,
Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
ráðstefnustjóri og formaður framkvæmdanefndar ráðstefnunnar.

Fskj. II (þýtt úr ensku).

Ráðstefnan Konur og lýðræði.
Helstu málefni.

STJÓRNMÁL

Hvernig geta konur tekið þátt í stjórnmálum á sem skilvirkastan hátt?

Hvaða aðferðir eru fyrir hendi til að yfirstíga eftirtaldar hindranir:

- Lagalega mismunun?
- Hefðir?
- Fordóma?
- Menninguna?
- Staðlaðar ímyndir?
- Þekkingu á lögum?
- Sjálfstraust, eða skort á því?
- Þekkingu á leiðum til að hafa áhrif?
- Fjárhagslegt sjálfstæði?
- Menntun? Hvers konar?
- Þjálfun í stjórnmálastarfi?
- Að tilheyra minnihlutahópi?
- Annað?

Tæki til að koma á breytingum:

Hverjar eru skilvirkustu aðferðirnar til að auka þátttöku kvenna í ákvarðanatöku á sviði stjórnmála/í opinberu starfi?

- Kvennahreyfingar?
- Aðrar félagslegar hreyfingar?
- Umræðuvettvangur leiðtoga kvenna?
- Frjáls félagasamtök?
- Stjórnmálaflokkar?
- Stjórnmálaflokkar kvenna?
- Að koma á samstarfi milli grasrótarhreyfinga og formlegra stjórnmálahreyfinga?
- Skilvirkar áætlanir varðandi fjölmiðla?
- Internetið?
- Sjálfstæð útgáfa efnis?
- Menntun kvenna?
- Menntun fjölmiðla?
- Aðrar aðferðir?

Trygging fyrir kosningu kvenna og pólitískri skipun þeirra í embætti:

Hvaða aðferðir og kerfi er hægt að þróa til að auka möguleika á framboði kvenna til embættis, kosningu þeirra og áframhaldandi setu þeirra þegar þær eru komnar í embætti?

- Sama og hér að ofan?
- Óaðskiljanlegur þáttur í uppbyggingu vestræns lýðræðis? Hvernig þá?
- Leiðtogaímynd?
- Ímynd og raunveruleiki stjórnmála?
- Annað?

Hvernig er hægt að nota nýja tækni til að tengjast betur og koma á skilvirkum samskiptanetum til þátttöku í stjórnmálum?

- Upplýsingaskipti?
- Gagnkvæm skipti á aðstöðu og úrræðum?
- Gagnkvæmur stuðningur?

Hvers vegna kjósa konur ekki? Hvernig er hægt að efla kosningaþátttöku kvenna? Hvernig er hægt að stuðla að skilvirkri samvinnu milli karla og kvenna á sviði stjórnmála og í opinberu starfi? Hvernig er hægt að ná til ungra kvenna og sýna þeim fram á mikilvægi leiðtogahæfileika, og hæfileika sem þær kunna sjálfar að búa yfir?

Hvaða önnur málefni þarf að fást við og hvernig?

EFNAHAGUR

Styrking efnahagslegs hlutverks og stöðu kvenna:

Hindranir í vegi fjárhagslegs sjálfræðis kvenna sem þarf að yfirstíga:

- Mismunun og arðrán á vinnustað?
- Kynskiptur vinnumarkaður?
- Launastefna verkalýðshreyfinga?
- Aðrar vinnureglur og lög á atvinnumarkaði?
- Skortur á félagslegum stuðningi, t.d. barnsburðarleyfi (fyrir bæði konur og karla)?
- Tvöfalt vinnuálag?
- Skortur á þjálfun og menntun?
- Engar konur í stjórnunarstöðum?
- Aðrar hindranir?
- Hvaða leiðir er hægt að fara til að yfirstíga þessar hindranir?

Hvaða hæfileikar, úrræði og tæki eru nauðsynleg til að stofna og þróa fyrirtæki og aðrar efnahagslegar valdstöðvar?

- Þjálfun?
- Aðgangur að fjármagni?
- Jákvæð áhrif frá einkageiranum og verslunarráðum?
- Staðbundin viðskiptanet sem miða að því að styrkja hlut kvenna?
- Hæfileikar á sviði markaðssetningar?
- Erlend sambönd?
- Aðgangur að tækni og þjálfun í notkun hennar?
- Samtenging fyrirtækja á neti?
- Sambönd við fjölmiðla?
- Internetið?
- Annað?

Hvernig geta konur styrkt stöðu sína á vinnustað?

Hvers konar netvæðingu má nota til að sameina konur í viðskiptum, frjáls félagasamtök, stefnumarkandi hópa, áhættufjármagn, lánastofnanir og aðra stuðningshópa?

Hvaða önnur málefni þarf að takast á við og hvernig?

Fylgiskjal III.

Íslenskir þátttakendur í ráðstefnunni Konur og lýðræði.

Arnfríður Guðmundsdóttir,	Ingólfur V. Gíslason,
Ásdís G. Ragnarsdóttir,	Jóhanna Rósa Arnardóttir,
Áslaug Brynjólfsdóttir,	Jónína Bjartmarz,
Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir,	Rannveig Traustadóttir,
Elsa Þorkelsdóttir,	Rán Jónsdóttir,
Erna Arnardóttir,	Soffía Jónsdóttir,
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir,	Sólveig Jakobsdóttir,
Guðrún Stella Gissurardóttir,	Sólveig Pétursdóttir,
Guðrún Pétursdóttir,	Stefanía G. Traustadóttir,
Helga Stefáns Ingvarsdóttir,	Stefanía Óskarsdóttir,
Helga Guðrún Jónasdóttir,	Tinna Arnardóttir,
Hildur Jónsdóttir,	Una María Óskarsdóttir,
Hjördís Hákonardóttir,	Valgerður H. Bjarnadóttir,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,	Þorbjörg I. Jónsdóttir.

136. Svar [83. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um útlán innlánsstofnana.

Svarið er byggt á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirliti og Íbúðalánasjóði. Leitast var við að svara fyrirspurninni á greinargóðan hátt miðað við þau tímamörk sem sett eru varðandi skriflegar fyrirspurnir í 49. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

1. *Hver hefur árleg þróun verið í útlánum banka og sparisjóða frá árinu 1995 til:*
   a. *einstaklinga,*
   b. *fyrirtækja?*

Stöðutölur útlána innlánsstofnana (þ.e. banka og sparisjóða) í lok hvers árs frá 1995 og í lok september sl. til einstaklinga og fyrirtækja eru sýndar í eftirfarandi töflu:

Útlán innlánsstofnana í lok tímabils í millj. kr.

	Einstaklingar	*Fyrirtæki*
1995	62.122	122.630
1996	68.652	137.826
1997	78.910	154.610
1998	106.347	204.112
September 1999	122.848	243.332

2. *Hve hátt hlutfall af útlánum til einstaklinga hefur farið til fasteignakaupa síðustu fimm ár, sundurliðað eftir árum, hjá eftirtöldum aðilum:*
   a. bankastofnunum (sundurliðað eftir bönkum),
   b. sparisjóðum,
   c. Íbúðalánasjóði,
   d. lífeyrissjóðum?

Ekki gafst tími til að afla upplýsinga um útlán einstakra stofnana til einstaklinga. Í lánaflokkun innlánsstofnana er til liðurinn íbúðalán sem undirliður í lánum til einstaklinga. Lán af þessu tagi kunna að hafa verið veitt bæði í tengslum við kaup á fasteignum og vegna viðhalds og endurbóta á fasteignum. Hlutfall útlána sem færð hafa verið sem lán til íbúðarkaupa af heildarútlánum innlánsstofnana til einstaklinga var sem hér segir í lok hvers árs á árunum 1995–98 og í lok september sl.:

Útlán innlánsstofnana til einstaklinga í lok tímabils í millj. kr.

	Íbúðalán til einstaklinga	*Hlutfall af heild (%)*
1995	13.996	22,5
1996	16.434	23,9
1997	17.540	22,2
1998	20.200	19,0
September 1999	24.243	19,7

Hjá Íbúðalánasjóði er málum þannig háttað að eingöngu er lánað til fasteignakaupa. Hlutfall útlána til einstaklinga vegna fasteignakaupa er því 100%. Þannig eru fjórir lánaflokkar hjá sjóðnum 1) lán til kaupa á notuðu húsnæði, 2) lán til nýbygginga einstaklinga, 3) lán til nýbygginga byggingaraðila og 4) lán til meiri háttar endurbóta. Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir heildarfjárhæð lána til einstaklinga vegna notaðs og nýs húsnæðis og hlutfall þess af heildarfjárhæð lána. Tekið skal fram að ekki reyndist unnt að frá upplýsingar frá Íbúðalánasjóði um lán í félagslega lánakerfinu innan tilskilins tíma.

Útlán Íbúðalánasjóðs til einstaklinga í lok tímabils í millj. kr.

	Notað húsnæði	*Nýtt húsnæði*	*Hlutfall (%)*
1995	8.219	3.226	92,1
1996	9.677	3.339	92,2
1997	10.837	4.088	90,6
1998	14.634	4.996	93,1
September 1999	17.530	4.589	95,1

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir stöða útlána lífeyrissjóða til einstaklinga (sjóðfélagalán) í lok tímabils. Tekið skal fram að ekki er unnt að segja fyrir um það nákvæmlega hvaða lán fara til fasteignakaupa og hver ekki. Þó má gera ráð fyrir því að mikill meiri hluti fari til fasteignakaupa. Lán sem eru tryggð með veði í fasteign eru almennt flokkuð sem fasteignakaupalán. Tölur fyrir árin 1998 og 1999 eru áætlaðar út frá úrtaki stærstu sjóða.

Útlán lífeyrissjóða til einstaklinga í lok tímabils í millj. kr.

1995	37,6
1996	38,5
1997	38,2
1998	40,1
Ágúst 1999	42,6

3. *Hve mikil voru þriggja mánaða og eldri vanskil einstaklinga við innlánsstofnanir síðustu þrjú ár, sundurliðað eftir stofnunum og árum?*
Ekki gafst tími til að afla þessara upplýsinga.

137. Svar [85. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um gjaldtöku og þóknanir hjá Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Ráðuneytið leitaði til Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og er svarið við fyrirspurninni byggt á upplýsingum frá þeim. Einnig var leitað til ríkisendurskoðanda til að staðfesta upplýsingarnar, en hann er endurskoðandi bankanna og hafði auk þess með höndum yfirumsjón með lokauppgjöri ríkisviðskiptabankanna. Það er álit ríkisendurskoðanda að fyrrgreindar upplýsingar séu áreiðanlegar og í samræmi við spurningarnar sem fyrir bankana voru lagðar.

Það skal sérstaklega tekið fram að Landsbanki Íslands hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. eru sjálfstæð fyrirtæki í eigu ríkisins og þúsunda einkaaðila sem starfa á samkeppnisgrundvelli og lúta almennum reglum markaðarins, t.d. varðandi þagnarskyldu. Ekki er því unnt að veita upplýsingar sem eru til þess fallnar að rýra samkeppnisstöðu þeirra á fjármálamarkaði eða ganga gegn þagnarskylduákvæði 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Bankarnir tóku til starfa sem hlutafélög 1. janúar 1998. Samkvæmt upplýsingum frá bönkunum verða einum hluthafa ekki gefnar upplýsingar um rekstur þeirra, enda slík upplýsingagjöf háð sérstökum reglum og ströngum skilyrðum Verðbréfaþings Íslands, meðal annars um jafnrétti hluthafa. Svör við umbeðnum upplýsingum ná því aðeins til ársloka 1997.

Þá ber einnig að athuga að fyrirspurnin lýtur að viðamiklum upplýsingum. Leitast er við að svara henni eins vel og mögulegt er miðað við þau tímamörk sem sett eru á skriflegar fyrirspurnir í 49. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

1. *Hverjar voru heildartekjur aðrar en vaxtatekjur af gjaldtöku og þóknunum útlána hvors banka um sig árlega síðustu þrjú ár annars vegar og skipt eftir einstaklingum og lögaðilum hins vegar?*

A. Landsbanki Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum voru heildartekjur, aðrar en vaxtatekjur, af gjaldtöku og þóknunum 464 millj. kr. fyrir árið 1996 en 424 millj. kr. fyrir árið 1997. Tíma- og fjárhæðatengdar þóknanir eru ígildi vaxta og taldar með vaxtatekjum, sbr. ársreikning bankans. Sundurliðun eftir lögaðilum og einstaklingum hefur ekki verið gerð opinberlega og ekki mögulegt að veita þessar upplýsingar þar sem þær liggja ekki fyrir.

B. Búnaðarbanki Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum hafa tíma- og fjárhæðatengdar þóknanir verið taldar ígildi vaxta frá árinu 1995 og taldar með vaxtatekjum í ársreikningum bankans í samræmi við reglur um framsetningu ársreikninga viðskiptabanka og sparisjóða. Heildartekjur, aðrar en vaxtatekjur, af gjaldtöku og þóknunum útlána hjá bankanum voru 370 millj. kr. árið 1996 en 371 millj. kr. árið 1997. Er þá allur kostnaður sem fellur á lán, þar með talið vegna vanskila, talinn með fyrir utan beinan kostnað við lögfræðiinnheimtu og dráttarvexti. Upplýsing-

ar um sundurliðun eftir lögaðilum og einstaklingum eru ekki aðgengilegar í bókhaldi bankans.

2. *Hver var heildarinnheimtukostnaður annars vegar og dráttarvextir hins vegar af vanskilum á útlánum árlega sl. þrjú ár og hve hátt hlutfall eru hvers kyns þóknanir og dráttarvextir af heildarvanskilum hvert ár um sig? Sundurliðun óskast einnig eftir einstaklingum og lögaðilum.*

A. Landsbanki Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum var heildarinnheimtukostnaður og dráttarvextir af vanskilum á útlánum eftirfarandi árin 1996 og 1997 í millj. kr.:

	1996	1997
Heildarinnheimtukostnaður	20	27
Dráttarvextir	857	659

Upplýsingar um hver skipting var á milli lögaðila og einstaklinga á þessu tímabili liggja ekki fyrir.

B. Búnaðarbanki Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum var heildarinnheimtukostnaður og dráttarvextir af vanskilum á útlánum eftirfarandi árin 1996 og 1997 í millj. kr.:

	1996	1997
Heildarinnheimtukostnaður lögfræðideildar BÍ	16	13
Dráttarvextir	334	335

Upplýsingar um hver skipting var á milli lögaðila og einstaklinga á þessu tímabili eru ekki aðgengilegar í bókhaldi bankans. Heildarvanskil bankans voru að meðaltali 2,7 milljarðar á árinu 1996 en um 2,8 milljarðar 1997. Hlutfall dráttarvaxta af vanskilum var því um 12% bæði árin.

3. *Hversu hátt hlutfall innheimtukrafna er innheimt hjá sjálfstæðum lögfræðistofum?*

A. Landsbanki Íslands.

Í lok árs 1997 voru 35,8% innheimtukrafna, miðað við heildarfjárhæð þeirra, í innheimtu hjá sjálfstæðum lögfræðistofum. Ef miðað er við málafjölda er hlutfallið 31,44%.

B. Búnaðarbanki Íslands.

Á árinu 1997 voru um 27% innheimtukrafna, miðað við málafjölda, send sjálfstæðum lögfræðistofum.

4. *Hvaða reglur gilda um vaxtakjör útlána til einstaklinga, annars vegar hjá Landsbanka Íslands og hins vegar Búnaðarbanka Íslands, og er um að ræða mismunandi vaxtakjör, óháð lánstíma, gagnvart einstaklingum? Ef slík mismunun er fyrir hendi, hver er hún og er þar tekið mið af efnahagslegri stöðu eða öðrum ástæðum og þá hverjum?*

A. Landsbanki Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum er almenna reglan við ákvörðun vaxtakjara útlána til einstaklinga sú að vextir ráðast af mati á þeirri áhættu sem talin er felast í lánveitingunni. Slíkt mat byggist á reynslu bankans af viðskiptum við einstaklinginn og mati á þeim tryggingum sem boðnar eru til að tryggja skilvísa endurgreiðslu láns. Því betra sem þetta mat reynist því minni líkur eru á útlánatöpum og því hægt að bjóða hagstæðari vaxtakjör.

B. Búnaðarbanki Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum er almenna reglan við ákvörðun vaxtakjara útlána til einstaklinga sú að vextir ráðast af mati á þeirri áhættu sem talin er felast í lánveitingunni. Slíkt mat byggist á reynslu bankans af viðskiptum við einstaklinginn og mati á þeim tryggingum sem boðnar eru til að tryggja skilvísa endurgreiðslu láns. Því betra sem mat þetta reynist því minni líkur eru á útlánatöpum og því hægt að bjóða hagstæðari kjör en ella.

138. Svar [77. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um frádrátt gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve hár var frádráttur frá tekjum lögaðila og tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skv. 2. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem fjallar um frádráttarbærni einstakra gjafa og framlaga til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa, við álagningu árin 1995, 1996, 1997, 1998 og 1999?

Svar óskast sundurliðað eftir árum og starfsemi.

Einu fáanlegu upplýsingarnar um frádrátt vegna gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta er að finna í skattframtali rekstraraðila í formi staðlaðrar sundurliðunar tekna og gjalda, eigna og skulda og fleiri atriða er snerta álagningu opinberra gjalda. Þetta staðlaða form (eyðublað RSK 1.04) var fyrst tekið upp við álagningu á árinu 1997 og var þá valkvætt hvort upplýsingum var skilað á því formi eða samkvæmt eldri reglum með ársreikningi og meðfylgjandi eyðublöðum og sundurliðunum. Engar upplýsingar er því að finna um þennan frádráttarlið fyrir árin 1995 og 1996.

Á árinu 1997 skiluðu aðeins um 1.000 aðilar skattframtali sínu á þessu nýja formi og voru upplýsingar um frádrátt gjafa og framlaga litlar sem engar. Á árinu 1998 og 1999 var lögaðilum hins vegar gert skylt að skila á þessu formi, rafrænt eða á pappír. Í nokkrum tilvikum hefur framteljendum þó verið gefinn nokkur aðlögunartími til að fullgilda útfyllingu á rekstrarframtalinu. Um 200 lögaðilar fengu því heimild til að skila rekstrarframtalinu án þess að fylla það alveg út á árinu 1998 en þeir voru nokkru færri í ár. Í þessum hópi eru mörg af stærstu félögum landsins.

Á álagningarárinu 1998 nam gjaldfærsla lögaðila skv. 2. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt 198 millj. kr., sbr. fylgiskjal þar sem er að finna lauslega skiptingu eftir starfsemi. Það skal ítrekað að í samantektina vantar tölur frá mörgum af stærstu félögum landsins þar sem þau fylltu rekstrarframtalið ekki út að fullu.

Sambærilegar tölur um álagningu á árinu 1999 liggja enn ekki fyrir þar sem álagningu er rétt nýlokið.

Engin sundurliðun er til eftir málaflokkum sem styrkirnir og gjafirnar ganga til.

Enn sem komið er hefur einstaklingum með atvinnurekstur ekki verið gert skylt að skila stöðluðu rekstrarframtali og hefur í raun mjög lítill hluti þeirra gert það. Engar upplýsingar liggja því fyrir um frádrátt skv. 2. tölul. 31. gr. hjá einstaklingum með atvinnurekstur.

Fylgiskjal.

Álagningarárið 1998.

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	millj. kr.
51	Umboðs- og heildverslun með annað en bíla og vélhjól	34
52	Smásala á öðru en bílum og vélhjólun; viðgerðir á hlutum til einka- og heimilisnota	29
45	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	24
5	Fiskveiðar	20
15	Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	20
74	Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta	12
55	Hótel og veitingahúsarekstur	4
28	Málmsmíði og viðgerðir	4
61	Samgöngur á sjó og vatnaleiðum	4
63	Flutningaþjónusta, starfsemi ferðaskrifstofa og flutningamiðlun	3
50	Sala, viðhald og viðgerðir á bílum o.fl.; bensínstöðvar	3
25	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	3
22	Útgáfustarfsemi og prentiðnaður	3
60	Samgöngur á landi; flutningar eftir leiðslum	3
17	Textíliðnaður	2
65	Peningastofnanir og fjármálaþjónusta önnur en starfsemi vátryggingafélaga og lífeyrissjóða	2
27	Framleiðsla málma	2
18	Fataiðnaður; sútun og litun loðskinna	2
35	Framleiðsla annarra farartækja	2
24	Efnaiðnaður	1
37	Endurvinnsla	1
72	Tölvur og tölvuþjónusta	1
29	Vélsmíði og vélaviðgerðir	1
31	Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja	1
		181
	Samtals úr öðrum atvinnugreinum	**17**
	Samtals gjaldfært til gjafa og menningarmála samkvæmt innsendum rekstrarframtölum	**198**

139. Svar [29. mál]

umhverfissráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stöðu Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um umhverfisáhrif.

1. *Hver var losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum árið 1998 og hvernig kemur hún út miðað við ákvæði Kyoto-bókunarinnar og miðað við viðmiðunarárið 1990?*

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í koltvíoxíðígildum árin 1990 og 1998 kemur fram í töflunni hér á eftir. Smávægilegar breytingar geta orðið á tölum fyrir 1998 þar sem endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir. Breyting frá viðmiðunarárinu 1990 er einnig sýnd í prósentum. Ákvæði Kyoto-bókunarinnar taka ekki til ársins 1998. Fyrsta skuldbindingatímabil bókunarinnar miðast við meðallosun áranna 2008–2012. Aðildarþjóðir skulu hafa náð merkjanlegum árangri við að draga úr losun árið 2005.

		1990 þús. tonna	1998 þús. tonna	Breyting frá viðmiðunarári, %
Koltvíoxíð	CO_2	2.147	2.494	16,2%
Metan	CH_4	294	280	-5,0%
Tvíköfnunarefnisoxíð	N_2O	126	131	4,0%
Vetnisflúorkolefni	HFC	0	38	
Flúorkolefni	FC	304	106	-65,1%
Sexflúorbrennisteinn	SF_6	5	5	0,0%
Samtals		2.877	3.055	6,2%

2. *Hvernig skiptist þessi losun eftir einstökum meginuppsprettum gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum hérlendis?*

Upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum árið 1998 eftir meginuppsprettum í þúsundum tonna koltvíoxíðígilda eru birtar í töflunni á eftir. Hlutfall einstakra uppsprettna í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda kemur einnig fram.

	CO_2	CH_4	N_2O	HFC	FC	SF_6	Samtals	Hlutfall
Samgöngur	781	3	22				805	26%
Heimili	33						33	1%
Iðnaður	794		44	31	106		974	32%
Jarðhiti	94		0				94	3%
Fiskiskip	781	1	7	8			796	26%
Annað	12	276	59			5	353	12%
Samtals	2.494	280	131	38	106	5	3.055	100%

3. *Hverju spá stjórnvöld um heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hérlendis á árunum 2000, 2005 og 2010?*

Hollustuvernd ríkissins vann 1997 spá um losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við aðra skýrslu Íslands til skrifstofu loftslagssamningsins. Spáin sem er birt í töflunni hér á eftir er byggð á sömu forsendum. Gerðar hafa verið smávægilegar breytingar í ljósi nýrra upplýsinga og ábendinga úttektarnefndar sem kom til landsins á vegum loftslagssamningsins 1998. Spáin tekur einungis til þeirra stóriðjuverkefna sem ákveðin hafa verið, þ.e. stækkunar Ísals

í 160 þúsund tonna ársframleiðslu, fyrsta áfanga Norðuráls (60 þúsund tonn) og þriðja ofns Járnblendiverksmiðjunnar í 110 þúsund tonna ársframleiðslu.

		2000 þús. tonna	2005 þús. tonna	2010 þús. tonna
Koltvíoxíð	CO_2	2.712	2.811	2.908
Metan	CH_4	283	285	292
Tvíköfnunarefnisoxíð	N_2O	142	149	153
Vetnisflúorkolefni	HFC	48	73	120
Flúorkolefni	FC	124	124	124
Sexflúorbrennisteinn	SF_6	5	5	5
Samtals		3.314	3.446	3.603
Breyting frá 1990		15,2%	19,8%	25,2%

Í rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er almenn skuldbinding um að heildarlosun iðnríkjanna verði ekki meiri árið 2000 en hún var 1990. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var 1995 er stefnt að því að losun að frádreginni nýrri stóriðju verði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990. Í þeim tilgangi var gripið til almennra aðgerða til að draga úr losun og auka bindingu kolefnis með landgræðslu og skógrækt.

Eins og fram kemur hér að ofan er því spáð að heildarlosun árið 2000 verði 3.314 þúsund tonn CO_2-ígilda. Þetta jafngildir aukningu um 437 þúsund tonn. Af því má rekja 124 þúsund tonn til nýs álvers Norðuráls, 169 þúsund tonn til stækkunar Járnblendiverksmiðjunnar og 149 þúsund tonn til stækkunar álversins í Straumsvík. Samanlagt nemur aukning sökum nýrrar stóriðju því 442 þúsund tonnum og skýrir því heildaraukninguna. Hefur þá ekki verið tekið tillit til aukinnar bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt en eins og staðan er nú bendir allt til þess að markmið áætlunarinnar um að binding verði 100 þúsund tonnum meiri árið 2000 en hún var 1990 náist.

Það bendir því allt til þess að heildarmarkmið ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2000 muni nást. Þennan árangur má meðal annars rekja til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda á hverja framleiðslueiningu í álverinu í Staumsvík en þar hefur tekist að draga svo úr myndun flúorkolefna í framleiðslunni að fyrirsjánaleg 160 þúsund tonna ársframleiðsla þeirra árið 2000 mun leiða af sér minni losun gróðurhúsalofttegunda en 88 þúsund tonna framleiðsla gerði 1990. Þetta átak í mengunarvörnum tengist meðal annars samningi fyrirtækisins við stjórnvöld.

Flest bendir til þess að heildarlosun iðnríkjanna verði u.þ.b. 5% meiri árið 2000 en árið 1990 og að aðeins um helmingur þeirra nái markmiðinu og eru Austur-Evrópuríkin í meiri hluta í þeim hópi.

4. *Hversu mikilli losun gróðurhúsalofttegunda (CO_2-ígildi) má gera ráð fyrir frá:*
   a. *480 þúsund tonna álveri á Reyðarfirði,*
   b. *120 þúsund tonna viðbót við álver Norðuráls á Grundartanga,*
   c. *fjórða og fimmta ofni Íslenska járnblendifélagsins,*
   d. *50 þúsund tonna magnesíumverksmiðju á Reykjanesi?*

Í töflunni hér á eftir er birt mat á væntanlegri losun frá framangreindum iðjuverum. Við mat á losun frá álframleiðslu er gert ráð fyrir að hún verði sambærileg við losun frá núverandi framleiðslu. Hugsanlegt er að losun á flúorkolefnum muni minnka vegna tækniþróunar.

Erfitt er að meta losun frá hugsanlegri magnesíumverksmiðju vegna þess að ekki hefur verið ákveðið hvaða vinnsluaðferð verður notuð við framleiðsluna. Hér er gert ráð fyrir svonefndri skeljasandsaðferð og að brennisteinsdíoxíð verði notað sem hlífðargas en ekki sexflúorbrennisteinn. Tölurnar eru byggðar á frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum og eru hugsaðar sem nálgun og birtar með fyrirvara.

Orkufrekur iðnaður	Framleiðsla í þús. tonna	Samtals í þús. tonna, CO_2-ígildi
Álver á Reyðarfirði	480	864
Stækkun Norðuráls á Grundartanga	120	216
Stækkun ÍJ á Grundartanga	90	300
Magnesíumverksmiðja á Reykjanesi	50	380

5. *Hverjir er gert ráð fyrir að beri kostnað af aukinni losun gróðurhúsalofttegunda frá orkufrekum iðnaði, t.d. í formi kaupa á losunarheimildum, sem ekki rúmast innan ákvæða Kyoto-bókunarinnar að því er Ísland varðar?*

Um þessar mundir er unnið á vettvangi loftslagssamningsins að því að fá úr því skorið hvað ákvæði Kyoto-bókunarinnar fela í raun í sér fyrir losun frá Íslandi. Þegar Kyoto-bókunin var samþykkt á þriðja aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins 1997 var einnig ákveðið að skoða sérstaklega hvernig bregðast bæri við miklu hlutfallslegu vægi einstakra framkvæmda á heildarlosun frá smáríkjum. Þetta er sérstakt vandamál hér á landi og var málið tekið upp að frumkvæði Íslands. Niðurstaða fæst væntanlega í það fyrir árslok 2000 eða á fyrri hluta árs 2001. Þá fyrst verður endanlega ljóst hvaða losunarskuldbindingar munu felast í bókuninni fyrir Ísland.

Það eru þjóðríki sem taka á sig skuldbindingar um að takmarka heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Ef ríki sem taka á sig slíkar skuldbindingar fullnýta ekki sínar losunarheimildir er þeim hins vegar heimilt að framselja þær öðrum ríkjum. Ríkjunum er svo í sjálfsvald sett til hvaða aðgerða þau grípa til að halda losun innan markanna. Mörg ríki kanna nú möguleika á því að takmarka losun heimafyrir með kvótabindingu og að leyfa framsal á slíkum heimildum innan lands til að dreifa ábyrgðinni og til að skapa efnahagslegan hvata til að draga úr losun.

Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvaða leið verður farin hér á landi, enda hefur ekki verið gengið frá reglum um viðskipti með losunarheimildir á grundvelli Kyoto-bókunarinnar. Það er ekki fyrr en slík ákvörðun hefur verið tekin sem spurningin um hver bera muni kostnaðinn af hugsanlegum kaupum á losunarheimildum á alþjóðlegum markaði til að skapa svigrúm til losunar hér á landi er tímabær.

6. *Hvaða samdráttar er að vænta í losun gróðurhúsalofttegunda, sbr. 2. lið, frá meginuppsprettum þeirra hérlendis árin 2000, 2005 og 2010?*

Upplýsingar í töflunni sem birt er í svari við öðrum lið eru byggðar á tilteknum forsendum um efnahagsþróun og aðgerðir til að draga úr losun. Eins og sjá má er gert ráð fyrir aukningu á losun allra gróðurhúsalofttegunda nema flúorkolefna og sexflúorbrennisteins.

7. *Hvaða mótvægisaðgerðir eru fyrirhugaðar á sama tíma (2000, 2005 og 2010) og hvernig gætu þær litið út í bókhaldi Íslands samkvæmt ákvæðum rammasamningsins og Kyoto-bókuninni?*

Í kjölfar Kyoto-ráðstefnunnar kom ríkisstjórnin á fót stýrihópi ráðuneytisstjóra um loftslagsmál undir forustu umhverfisráðuneytisins. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að aðstoða ríkisstjórnina við almenna stefnumörkun, umsjón með gerð og framfylgd nýrrar framkvæmdaáætlunar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, skipulag samningaviðræðna við önnur ríki og að fjalla um afleiðingar loftslagsbreytinga hér á landi. Í stýrihópnum sitja ráðuneytisstjórar umhverfis-, utanríkis-, sjávarútvegs-, iðnaðar-, samgöngu-, fjármála-, landbúnaðar- og forsætisráðuneytis.

Hvaða stefna verður tekin í því að standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar hér á landi er í mótun. Núgildandi framkvæmdaáætlun rennur út á næsta ári. Næsta áætlun mun ná til ársins 2005 og mun hafa það að markmiði að merkjanlegur árangur í að draga úr heildarlosun náist. Hagfræðileg ráðgjöf og útreikningar sem Þjóðhagsstofnun hefur unnið fyrir stýrihóp ráðuneytisstjóra sýnir mikilvægi þess að grípa snemma til aðgerða til að auka hagkvæmni þeirra.

Lögð verður áhersla á rannsóknir, þróunarstarf, upplýsingagjöf og fræðslu. Einnig þarf að endurskoða losunarspá og setja hana þannig upp að auðvelt verði að meta áhrif aðgerða. Auk þess er að fara í gang á vegum stýrihópsins greining á því til hvaða stjórnvaldsaðgerða þurfi að grípa til að ná markmiðum áætlunarinnar og er að vænta tillagna frá hópnum að nýrri áætlun sem lögð verður fyrir ríkisstjórn á síðari hluta næsta árs.

140. Beiðni um skýrslu [121. mál]

frá heilbrigðisráðherra um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru árin 1938–75.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Björgvini G. Sigurðssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóhanni Ársælssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni, Merði Árnasyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðisráðherra flytji Alþingi skýrslu um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru samkvæmt lögum nr. 16/1938, þ.e. á gildistíma þeirra laga 1938–75. Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hve margar ófrjósemisaðgerðir voru gerðar skv. 2. gr. laganna frá gildistöku þeirra, 13. janúar 1938, þar til þau féllu úr gildi nema að því er varðar afkynjanir með gildistöku laga nr. 25/1975?
2. Hvenær var slík aðgerð síðast gerð samkvæmt lögunum?
3. Hve margar konur og hve margir karlar gengust undir þessar aðgerðir?
4. Hversu oft var um systkini að ræða?
5. Liggja fyrir upplýsingar um sveitarfesti þeirra sem gengust undir ófrjósemisaðgerðir?
6. Hverjar voru ástæður aðgerða, sbr. ákvæði 3. og 5. gr. laganna?
7. Hverjir undirrituðu beiðnir um aðgerðir, þ.e. í hve mörgum tilvikum viðkomandi sjálfur og í hve mörgum tilvikum foreldrar eða lögráðamaður?
8. Hve oft undirrituðu barnaverndarnefndir sveitarfélaga eða aðrir opinberir aðilar slíka beiðni eða höfðu frumkvæði að aðgerð?

9. Hvernig var staðið að því að fá samþykki viðkomandi, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna, þegar frumkvæði kom frá lögráðanda og/eða opinberum aðilum?
10. Setti nefnd skv. 5. gr. laganna sér vinnureglur eða var sett reglugerð skv. 3. mgr. 5. gr.? Ef ekki, hvernig var metið hvort skilyrðum 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. væri fullnægt?
11. Hvernig var staðið að upplýsingagjöf til þess sem gekkst undir ófrjósemisaðgerð um eðli og afleiðingar aðgerðarinnar?
12. Eru þekkt dæmi þess að einstaklingur hafi gengist undir slíka aðgerð án þess að samþykki hans hafi legið fyrir og/eða án þess að fá upplýsingar um eðli og afleiðingar aðgerðar? Ef svo er, um hve mörg tilvik var að ræða og á hvaða aldri voru viðkomandi?
13. Eru þekkt dæmi þess að læknir hafi framkvæmt ófrjósemisaðgerðir á grundvelli þeirra sjónarmiða sem lögin byggðust á án þess að leyfi landlæknis skv. 6. gr. hafi legið fyrir?
14. Hve oft var aðila skipaður tilsjónarmaður skv. 4. gr.?
15. Hvenær var nefnd skv. 5. gr. síðast skipuð og hvenær kom hún síðast saman?
16. Eru dæmi þess að landlæknir hafi synjað umsókn um aðgerð skv. 2. mgr. 6. gr.? Ef svo er, hversu oft?
17. Eru dæmi þess að dómsmálaráðherra hafi hnekkt slíkri synjun landlæknis?

Greinargerð.

Áhrif mannkynbótastefnunnar eru auðsæ í lögum nr. 16/1938. Tilgangur laganna var að koma í veg fyrir úrkynjun í samfélaginu en fyrirmyndin var sótt til bandarískra og skandinavískra laga. Lögin voru einkum sett til höfuðs úrkynjunarvandanum sem talinn var stafa af treggáfuðum, fávitum og geðveikum. Svo virðist sem lögin hafi endurspeglað tíðarandann vel því að þau voru samþykkt einróma á Alþingi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að víða erlendis voru gerðar fjölmargar ófrjósemisaðgerðir án vitundar og samþykkis þeirra sem í hlut áttu, t.d. í Svíþjóð á árunum 1934–76.

Íslenska ríkið var með dómi, sem féll í janúar 1996 og ekki var áfrýjað, dæmt til að greiða manni 4 millj. kr. bætur fyrir ólögmæta ófrjósemisaðgerð sem gerð var á honum 18 ára gömlum árið 1973. Í ljósi þessara upplýsinga vakna spurningar um hvort fleiri dæmi séu þess að fólk hér á landi hafi verið gert ófrjótt án vitundar þess.

Skýrslubeiðnin er lögð fram svo að komast megi til botns í því hvort mannréttindi hafi verið brotin á fleiri Íslendingum en þeim sem vann mál sitt fyrir dómi árið 1996.

141. Svar [62. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar um virkjunarleyfi og umhverfismat.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða virkjunarleyfi hafa verið gefin út samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, orkulögum, nr. 58/1967, eða sérlögum þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar og þær taldar undanþegnar ákvæðum laga um umhverfismat?

1. Inngangur.

Í 10. gr. orkulaga, nr. 58/1967, er fjallað um veitingu leyfa til að reisa og reka raforkuver. Í greininni segir m.a. að leyfi Alþingis þurfi til að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 2 MW en leyfi ráðherra þurfi vegna raforkuvera sem eru 0,2–2 MW. Leyfisveitingarvald er því eftir atvikum í höndum Alþingis eða iðnaðarráðherra.

Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, öðluðust gildi 21. maí 1993. Í bráðabirgðaákvæði II með lögunum segir að þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laganna séu framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum. Á tímabilinu frá gildistöku laganna og fram til 1. maí 1994 voru ekki veitt nein virkjunarleyfi. Hér eru taldar upp virkjanaframkvæmdir sem heimildir eru fyrir samkvæmt lögum settum fyrir 21. maí 1993 og ekki hafa komið til framkvæmda.

2. Lög um raforkuver, nr. 60/1981.

Í lögum um raforkuver, nr. 60/1981, er að finna ýmsar virkjunarheimildir en með þeim var sett fram mótuð stefna í virkjanamálum til langs tíma. Lögunum hefur verið breytt með lögum nr. 74/1990 og lögum nr. 48/1999.

Með 1. mgr. 2. gr. laga um raforkuver var Landsvirkjun veitt heimild, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, til að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW afl, en hún er 210 MW, og Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afl, en hún er nú 150 MW. Framkvæmdir á grundvelli þessara heimilda eru ekki hafnar.

Með 2. mgr. 2. gr. sömu laga var ríkisstjórninni veitt heimild til að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli, Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli og Villinganesvirkjun með allt að 40 MW afli. Á grundvelli þessarar heimildar var undirritaður samningur ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl., dags. 11. ágúst 1982. Í 1. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42 23. mars 1983, segir m.a. að Landsvirkjun reisi og reki, samkvæmt lögum um raforkuver og sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli, en hún er nú 150 MW, og Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli, að fengnu leyfi ráðherra skv. 7. gr. sömu laga. Framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun með 210 MW afli hófust árið 1991 en var frestað síðar sama ár. Með breytingu á lögum um Landsvirkjun var heimild vegna Villinganesvirkjunar færð Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði og þarf sú virkjun því að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Í 4. mgr. 2. gr. laganna segir að ríkisstjórnin geti heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum er standa að virkjun jarðvarma að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver sem fyrir eru um samtals 50 MW, að fullnægðum skilyrðum sem ríkisstjórnin kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins. Nú þegar hafa verið nýtt 38,4 MW af þessari heimild. Eftir eru því 11,6 MW.

Í 1. mgr. 2. gr. laganna er Landsvirkjun veitt heimild til að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl. Landsvirkjun hefur stækkað Búrfellsvirkjun í 270/280 MW og er 40 MW því óráðstafað samkvæmt þessari heimild. Hún var tekin upp í lög um raforkuver með lögum nr. 74 18. maí 1990.

Í 3. mgr. 2. gr. laganna er iðnaðarráðherra veitt heimild til að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli í tveimur áföngum (38 MW hvor). Heimild þessi var tekin upp í lög um raforkuver með lögum nr. 74 18. maí 1990. Hitaveita Reykjavíkur hefur nú þegar hafið rekstur 60 MW virkjunar á Nesjavöllum og í iðnaðarráðuneytinu liggur nú fyrir beiðni Orkuveitu Reykjavíkur um að fullnýta heimild laganna og auka uppsett afl virkjunarinnar í 76 MW.

3. Orkulög, nr. 58/1967.

Í orkulögum er ekki að finna heimildir fyrir einstaka virkjunum heldur er þar m.a. fjallað um stjórn orkumála. Í 10. gr. laganna segir að iðnaðarráðherra veiti leyfi fyrir virkjunum á

bilinu 0,2–2 MW. Í 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum segir að vatnsorku- og jarðvarmavirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira séu háðar mati á umhverfisáhrifum. Þá segir í 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum að umhverfisráðherra sé heimilt, að fengnu áliti skipulagsstjóra, að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, en ekki er getið í 5. gr., verði háðar mati samkvæmt lögunum.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að slík leyfi hafi verið veitt en framkvæmdir ekki hafnar.

4. Sérlög.

1. Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins.

Á árunum 1947–1956 setti Alþingi í fjórgang lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins, lög nr. 92/1947, 34/1949, 12/1951 og 65/1956. Lög þessi eru enn í gildi. Í þeim er að finna ýmsar heimildir sem sumar hverjar eru ónýttar. Þær heimildir eiga það hins vegar sameiginlegt að vera til smárra virkjanahugmynda sem flestar hafa verið aflagðar.

2. Lög um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

Með lögum nr. 26 11. maí 1977 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að veita Andakílsárvirkjun sf. leyfi til þess að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði með allt að 13,5 MW afli og orkuveitu til tengingar við orkuflutningskerfið í Borgarfirði. Virkjunin hefur ekki verið reist.

3. Lög um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Í 4. gr. laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, nr. 62/1981, segir að iðnaðarráðherra geti heimilað Sjóefnavinnslunni hf. að reisa og reka raforkuver allt að 10 MW að stærð í tengslum við starfrækslu fyrirtækisins. Sú heimild hefur aðeins verið nýtt til 0,5 MW virkjunar.

142. Svar [40. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur, Þuríðar Backman og Árna Steinars Jóhannssonar um samning um raforkusölu til álbræðslu á Reyðarfirði.

1. Hver er samningsaðili við Landsvirkjun í viðræðum um kaup á raforku til hugsanlegrar álbræðslu á Reyðarfirði?

Væntanlegt álfyrirtæki þegar það hefur verið stofnað.

2. Hvernig stendur undirbúningur að slíkum samningi, út frá hvaða raforkuverði (kr./kWh) er gengið og hver er ráðgerð tenging raforkuverðs við vísitölu álverðs á London Metal Exchange?

Landsvirkjun hefur til athugunar hvaða orkuverð gæti talist hæfilegt í slíkum samningum en samningaviðræður eru ekki hafnar. Ljóst er að Landsvirkjun mun í samræmi við gildandi lög gera kröfur um orkuverð sem tryggi að ekki verði hætta á að samningurinn leiði til þess að almennir rafmagnsnotendur beri kostnað af. Enn fremur má ljóst vera að samningurinn þarf að standast kröfur eigenda um arðsemi fyrirtækisins.

3. Frá hvaða virkjunum er ætlunin að afla raforku til fyrsta áfanga álbræðslunnar svo og til síðari áfanga hennar uns náð yrði 480 þúsund tonna framleiðslugetu á ári? Hversu mikil orka (GWh/ári) er ráðgert að komi frá hverri virkjun?

Reiknað er með að raforka til fyrsta áfanga álversins (120.000 tonn á ári) fáist að stærstum hluta frá Fljótsdalsvirkjun (um 1.400 GW-stundir á ári). Auk orku frá Fljótsdalsvirkjun þarf um 300 GW-stundir á ári. Ekki hefur verið ákveðið hvaðan sú orka kemur, þar kemur meðal annars til greina að virkja í Bjarnarflagi (um 320 GW-stundir á ári) en Alþingi hefur heimilað iðnaðarráðherra að veita Landsvirkjun leyfi fyrir virkjuninni að undangengnu mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, og að uppfylltum skilyrðum laga nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Landsvirkjun eða aðrir aðilar hafa ekki heimildir Alþingis til að reisa aðrar virkjanir sem nýst gætu ef álverið verður stækkað.

4. *Hvaða áhrif hefur óvissa um framtíðarstöðu Landsvirkjunar vegna breyttra laga, eignaraðildar og lögfestingar tilskipunar Evrópusambandsins um raforkumarkað á gerð raforkusölusamninga til stóriðju framvegis, þar á meðal á samninga og skuldbindingar um orkuafhendingu til álbræðslu á Reyðarfirði?*

Landsvirkjun starfar samkvæmt núverandi lögum og gerir það þangað til þeim verður breytt.

5. *Hvernig getur ríkisstjórnin látið kanna „möguleika á því að gera Noral-álfélaginu kleift að kaupa rafmagn frá fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun á samkeppnishæfu orkuverði er ákvarðast af áætlun um kostnað við fjárfestinguna“ (sbr. yfirlýsingu um Noral-verkefnið frá 29. júní 1999) og gefið marktækar yfirlýsingar um orkuafhendingu og orkuverð þegar hvorki er fengin heimild Alþingis fyrir slíkri virkjun né hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum slíks mannvirkis?*

Eins og fram kemur í yfirlýsingu þeirri sem undirrituð var á Hallormsstað 29. júní sl. og vitnað er til í spurningunni samþykkti ríkisstjórnin að kanna möguleika á því að gera álfélaginu kleift að kaupa rafmagn frá virkjun sem hugsanlega kann að rísa við Kárahnúka á orkuverði sem er samkeppnishæft og tekur mið af áætlunum um virkjunarkostnað. Þetta getur ríkisstjórnin látið kanna óháð því hvort Alþingi hefur samþykkt lög til að heimila virkjunina. Jafnframt er ljóst að ríkisstjórnin getur ekki heimilað virkjun í ánni og gefið út virkjunarleyfi án fulltingis Alþingis og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar, sbr. lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

143. Frumvarp til laga [122. mál]

um fjarskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Skipulag fjarskipta.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Lög þessi gilda um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet.

Markmið laganna er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Fjarskipti, sem eingöngu eru boð eða sendingar með þræði innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyra ekki undir lög þessi.

Lög þessi eru samin með hliðsjón af tilskipunum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um fjarskiptamál.

2. gr.

Stjórn fjarskiptamála.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fjarskipta.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI
Orðskýringar.

3. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Almenningssími:* Sími sem er opinn almenningi til notkunar gegn greiðslu peninga og/eða með greiðslu- og/eða fríkortum.
2. *Almennt farsímanet:* Almennt símanet þar sem nettengipunktar eru ekki fastsettir.
3. *Almennt fastasímanet:* Almennt skiptinet sem flytur tal milli nettengipunkta á föstum stöðum.
4. *Almennt fjarskiptanet:* Fjarskiptanet notað að öllu eða einhverju leyti til framboðs á almennt fáanlegri fjarskiptaþjónustu.
5. *Almenn fjarskiptaþjónusta:* Fjarskiptaþjónusta sem er almennt fáanleg fyrir notendur.
6. *Alþjónusta:* Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
7. *Áskrifandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptaþjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu.
8. *Fjarskiptafyrirtæki:* Einstaklingur eða lögaðili sem hefur almenna heimild eða rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til að reka fjarskiptaþjónustu og/eða fjarskiptanet.
9. *Fjarskiptanet:* Sendikerfi og þar sem við á skiptistöðvar og önnur úrræði sem gera kleift að beina merkjum milli skilgreindra nettengipunkta eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum eða með öðrum rafsegulaðferðum.
10. *Fjarskiptavirki:* Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað að koma á fjarskiptum eða reka þau hvort heldur er til sendingar eða móttöku.
11. *Fjarskiptaþjónusta:* Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi.
12. *Fjarskipti:* Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.
13. *Forskeyti:* Númer sem notandi verður að velja á undan venjulegu símanúmeri til að fá aðgang að ákveðnum þjónustuaðila.
14. *Grunnkröfur:* Aðstæður í almannaþágu aðrar en fjárhagslegar sem geta valdið því að sett eru skilyrði um uppsetningu og/eða starfrækslu fjarskiptaneta eða framboð fjar-

skiptaþjónustu. Þessar aðstæður geta varðað rekstraröryggi netsins, viðhald á heildstæði neta og, þar sem réttlætanlegt er, samtvinnun þjónustu, gagnavernd, umhverfisvernd og skipulagsmarkmið ríkis og sveitarfélaga, einnig hagkvæma nýtingu tíðnirófsins og að fyrirbyggja skaðlegar truflanir milli þráðlausra fjarskiptakerfa og annarra tæknikerfa í geimnum eða á jörðu. Í gagnavernd getur falist vernd persónuupplýsinga, trúnaðarskylda vegna upplýsinga sem sendar eru eða geymdar og verndun einkalífs.

15. *Heimtaug:* Tenging frá tengigrind símstöðvar í almennu fjarskiptuneti að þeim búnaði sem gefur aðgang að innanhússlögn áskrifanda.
16. *Kapalkerfi:* Fjarskiptanet sem ætlað er til dreifingar á útvarpsmerkjum til almennings.
17. *Nettengipunktur:* Efnislegur tengipunktur þar sem notanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti. Staðsetning nettengipunkta skal vera ákvörðuð af Póst- og fjarskiptastofnun og skal marka umfang almennra fjarskiptaneta.
18. *Notendur:* Einstaklingar eða lögaðilar sem nota eða krefjast nota á almennt fáanlegri fjarskiptaþjónustu.
19. *Númer og vistföng:* Röð tákna sem notuð eru til að auðkenna einstaka notendur í fjarskiptavirkjum.
20. *Rekstrarleyfi*: Heimild veitt af Póst- og fjarskiptastofnun sem veitir fyrirtæki sérstök réttindi eða leggur starfsemi fyrirtækisins á herðar, þar sem við á, sérstakar skyldur til viðbótar ákvæðum almennrar heimildar.
21. *Rekstrarleyfishafi með umtalsverða markaðshlutdeild:* Rekstrarleyfishafi sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilgreint með umtalsverða markaðshlutdeild.
22. *Samtenging:* Efnisleg og rökrétt tenging fjarskiptaneta sem gerir notendum kleift að eiga samskipti við aðra notendur eða fá aðgang að þjónustu sem veitt er af öðrum aðila. Ekki skiptir máli hvort þjónustan er veitt af eigendum netsins eða öðrum aðilum sem kunna að hafa aðgang að fjarskiptanetinu.
23. *Skeyti:* Skriflegt efni sem á að senda með ritsíma til afhendingar móttakanda.
24. *Talsímaþjónusta:* Þjónusta opin almenningi sem felst í markaðsframboði á beinum rauntímaflutningi á tali um almennt skiptinet þannig að notandi getur notað búnað tengdan föstum nettengipunkti til þess að hafa samband við annan notanda búnaðar sem tengdur er öðrum nettengipunkti.
25. *Virðisaukandi þjónusta:* Þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.
26. *Yfirgjald:* Gjald fyrir virðisaukandi þjónustu sem er hærra en almennt símtalagjald.

III. KAFLI
Heimild til fjarskiptastarfsemi.

4. gr.
Skilgreining.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimild til reksturs almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. kapalkerfa. Heimildir geta verið tvenns konar: almennar heimildir og rekstrarleyfi. Í öllum heimildum skal tilgreina til hvaða þjónustu leyfið nær og til hvaða almennra fjarskiptaneta. Heimildir eru veittar einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð.

Ekki þarf heimild til að veita virðisaukandi fjarskiptaþjónustu.

5. gr.

Almenn heimild.

Einstaklingar og lögaðilar sem uppfylla skilyrði laga þessara skulu hafa almenna heimild til að veita fjarskiptaþjónustu. Fjarskiptafyrirtæki sem hyggst starfa í samræmi við almenna heimild skal tilkynna það Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. fjórum vikum áður en starfsemi hefst og veita upplýsingar um starfsemi sína. Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna fjarskiptafyrirtækinu eigi síðar en fjórum vikum eftir móttöku fullnægjandi tilkynningar hvort fyrirtækinu verði sett sérstök skilyrði, sbr. 7. og 8. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir öll fjarskiptafyrirtæki sem hafa tilkynnt að þau muni starfa samkvæmt almennri heimild.

6. gr.

Skilyrði almennrar heimildar.

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja skilyrði sem gilda um almennar heimildir. Skilyrði skulu vera hlutlæg, skýr og þannig að jafnræðis sé gætt.

Skilyrði geta verið eitt eða fleiri af eftirtöldum:

a. að fylgt sé viðeigandi grunnkröfum,
b. að veittar séu upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir settum skilyrðum og til söfnunar á tölfræðilegum upplýsingum,
c. að komið sé í veg fyrir samkeppnishamlandi aðgerðir á fjarskiptamarkaðinum, þ.m.t. skilyrði sem tryggja að gjaldskrá mismuni ekki aðilum og raski ekki samkeppni,
d. að notkun númera sé til þess fallin að þau verði nýtt sem best.

Að auki geta skilyrði sem gilda um almennar heimildir til framboðs á almennri fjarskiptaþjónustu og fyrir almenn fjarskiptanet sem þarf til að geta boðið slíka þjónustu verið eitt eða fleiri, þ.m.t.:

a. að tryggður sé réttur notenda og áskrifenda einkum að því er varðar,
   1. fyrir fram samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á samningum við áskrifendur,
   2. nákvæma og sundurliðaða reikningagerð,
   3. gerð vinnureglna um úrvinnslu kvartana,
   4. birtingu á fullnægjandi tilkynningu um allar breytingar á skilyrðum um aðgang, þ.m.t. gjaldskrá, gæðum og fáanlegri þjónustu,
b. að lagt sé fé til alþjónustu samkvæmt reglum sem gilda hverju sinni,
c. að nauðsynlegar símaskráruppplýsingar úr gagnagrunni um viðskiptavini skuli látnar í té,
d. um framboð neyðarþjónustu,
e. um sérstaka tilhögun fyrir fatlaða,
f. um samtengingu fjarskiptaneta og gagnkvæma starfrækslu þjónustu milli neta,
g. um almannaheill, allsherjarreglu og rannsókn opinberra mála.

7. gr.

Rekstrarleyfi.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast þess að einstaklingar eða lögaðilar sæki um rekstrarleyfi í eftirfarandi tilvikum:

a. þegar óskað er afnota af tíðnum eða númerum,
b. þegar óskað er sérstakra réttinda að því er varðar aðgang að almenningum, afréttum og eignarlöndum,
c. þegar á eru lagðar skyldur til að veita almenna fjarskiptaþjónustu og reka almenn fjar-

skiptanet, þar á meðal skylda til að veita alþjónustu og aðrar skyldur samkvæmt reglum um opinn aðgang að netum,

d. þegar leggja þarf á sérstakar skyldur vegna almennra samkeppnisreglna og leyfishafi hefur umtalsverða markaðshlutdeild að því er varðar almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu.

Að auki er það skilyrði þess að veita almenna talsímaþjónustu og reka almenn fjarskiptanet og önnur net sem byggjast á notkun tíðnirófsins að einstaklingar og lögaðilar hafi til þess rekstrarleyfi.

8. gr.

Skilyrði rekstrarleyfis.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett eftirfarandi sérstök skilyrði fyrir rekstrarleyfi, eitt eða fleiri, til viðbótar skilyrðum sem fylgja almennum heimildum, sbr. 6. gr.:

a. um úthlutun númera,
b. um hagnýta notkun og stjórnun tíðna,
c. um sérstakar kröfur í sambandi við umhverfismál og skipulag þéttbýlis og strjálbýlis, þ.m.t. skilyrði um aðgang að almenningum, afréttum og eignarlöndum og skilyrði um samnýtingu staðsetningar og aðstöðu,
d. um hámarksgildistíma leyfis, sem skal vera sanngjarn, einkum til að tryggja góða nýtingu tíðna og númera og aðgang að landi í opinberri eign eða einkaeign,
e. um alþjónustuskyldur,
f. um kröfur til rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild sem tryggja eiga samtengingu eða takmörkun á umtalsverðri markaðsstöðu,
g. um eignaraðild,
h. um kröfur til gæða, fáanleika og viðhalds þjónustu og neta, þ.m.t. fjárhagslega, stjórnunarlega og tæknilega hæfni umsækjanda og skilyrði um lágmarks starfstíma og að auki þegar við á skylduframboð almennrar fjarskiptaþjónustu og almennra fjarskiptaneta,
i. um framboð á leigulínum í samræmi við kvaðir um opinn aðgang að netum,
j. um að rekstrarleyfishafi skuli halda einstökum þáttum í rekstri sínum bókhaldslega eða fjárhagslega aðskildum,
k. um að gjöld fyrir samtengingu, opinn netaðgang og alþjónustu miðist við tilkostnað að teknu tilliti til hæfilegs arðs af fjárfestingu.

9. gr.

Málsmeðferð við veitingu rekstrarleyfis.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist af umsækjendum um rekstrarleyfi að þeir leggi fram fullnægjandi upplýsingar um eignaraðild, fjárhagsstöðu og fyrirhugaða starfsemi, svo og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að leggja mat á umsóknina. Málsmeðferð stofnunarinnar skal lokið innan sex vikna frá því að fullnægjandi umsókn barst. Stofnuninni er heimilt að framlengja þennan frest um allt að fjóra mánuði til viðbótar í sérstökum tilvikum þegar leita þarf ákvörðunar eða umsagnar annarra aðila, svo sem þegar,

a. sótt er um leyfi vegna fjarskiptaneta og/eða þjónustu sem þarf að samræma á alþjóðavísu,
b. ekki er hægt að veita leyfi nema að undangenginni málsmeðferð um tíðnimál hjá viðurkenndum alþjóðasamtökum.

Póst- og fjarskiptastofnun er enn fremur heimilt að fresta ákvörðun um fjóra mánuði til viðbótar fresti skv. 1. mgr. þegar sótt er um leyfi sem felur í sér úthlutun í tíðnisviði sem er

takmarkað að umfangi og stjórnvöld ákveða að viðhafa útboð um úthlutun eða gefa með auglýsingu öðrum kost á að sækja um sama tíðnisvið.

10. gr.

Takmörkun á fjölda rekstrarleyfishafa.

Einungis má takmarka fjölda rekstrarleyfa fyrir sérhverja tegund þjónustu og til uppsetningar og/eða starfrækslu fjarskiptaneta að því leyti sem nauðsynlegt er til að tryggja hagkvæma nýtingu tíðnirófsins eða tímabundið meðan gerðar eru ráðstafanir til að fjölga númerum.

Við ákvörðun um takmörkun á fjölda rekstrarleyfa skal leggja viðeigandi áherslu á hagsmuni notenda og örvun samkeppni. Póst- og fjarskiptastofnun skal birta ákvörðun sína um takmörkun á fjölda rekstrarleyfa ásamt forsendum hennar og endurskoða takmarkanir með hæfilegu millibili. Auglýsa skal eftir umsóknum þegar fjöldi leyfa er takmarkaður. Komi upp sú staða að frumkvæði Póst- og fjarskiptastofnunar eða að beiðni félags að hægt sé að fjölga leyfum skal það kynnt og auglýst eftir umsóknum um viðbótarleyfi.

11. gr.

Útboð.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að rekstrarleyfi skv. 10. gr., rekstur alþjónustu skv. 13. gr. og rekstur óarðbærrar þjónustu annarrar en alþjónustu skv. 16. gr. skuli boðin út.

Útboð skal að jafnaði vera opið. Póst- og fjarskiptastofnun semur útboðsskilmála þar sem m.a. skal mælt fyrir um þá þjónustu eða rekstur sem boðinn er út og um lágmarksboð.

Póst- og fjarskiptastofnun annast eða hefur umsjón með útboðum þessum.

12. gr.

Breytingar á leyfisbréfi.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að breyta skilyrðum í almennum heimildum og leyfisbréfum þegar það er óhjákvæmilegt vegna nýrrar löggjafar og lögfestingar reglna sem leiðir af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Breytingar skulu kynntar með hæfilegum fyrirvara sem þó skal ekki vera minni en einn mánuður.

IV. KAFLI

Um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu.

13. gr.

Skylda til að veita alþjónustu.

Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum getur Póst- og fjarskiptastofnun við útgáfu rekstrarleyfa mælt svo fyrir að rekstrarleyfishafi eða rekstrarleyfishafar skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu. Til alþjónustu teljast m.a. talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu og þjónusta við fatlaða eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið hámarksverð og lágmarksgæði alþjónustu.

Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur um synjun borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar.

Samgönguráðherra setur reglugerð um alþjónustu.

14. gr.

Umsóknir um fjárframlög og greiðslur þeirra.

Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta, sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 13. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær getur hann krafist þess að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Skal slík beiðni send Póst- og fjarskiptastofnun.

Við mat á kostnaði við alþjónustu skal beita sömu reglum og um samtengingu skv. 1. tölul. 1. mgr. 26. gr.

Nú berst Póst- og fjarskiptastofnun beiðni um fjárframlög skv. 1. mgr., og ekki verður talið að þjónustan verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti en jafnframt talið að þjónustan sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð, og skal stofnunin þá með fjárframlögum tryggja rekstrarleyfishafa eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem veitt er.

Skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að rekstrarleyfishafi upplýsi nákvæmlega hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við mat á fjárframlögum krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirlit með þeim.

Rekstrarleyfishafi skal gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir ráðstöfun fjárframlagsins í lok hvers árs.

Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Nú telur annar hvor aðili að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega, og getur hvor um sig þá krafist endurskoðunar á framlaginu.

Nú er hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu, og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

15. gr.

Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á fjarskiptafyrirtæki sem veita þá þjónustu sem fellur undir alþjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu á viðkomandi þjónustusviði. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi. Sá þáttur rekstrarleyfishafa hér á landi sem er leyfisbundinn skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi hans.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega með lögum.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptaþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita fjarskiptaþjónustu, og um útreikning rekstrartaps.

16. gr.

Samningar og greiðslur fyrir sértæka fjarskiptaþjónustu, aðra en alþjónustu.

Nú óskar samgönguráðherra eftir því að lagt sé í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða, og skal Póst- og fjarskiptastofnun þá falið að gera um slíkt samning við fjarskiptafyrirtæki í kjölfar útboðs skv. 11. gr.

Kostnaður, sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr., skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

V. KAFLI
Opinn aðgangur að netum og þjónustu.

17. gr.

Almenn ákvæði.

Með það að markmiði að auðvelda framboð almennra fjarskiptaneta og/eða almennrar fjarskiptaþjónustu á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu skal öllum sem þess óska heimill aðgangur að almennum fjarskiptanetum og almennri fjarskiptaþjónustu með ákveðnum skilmálum.

Skilmálar um opinn aðgang að netum mega ekki hindra:

a. möguleika allra á lágmarksþjónustu,
b. aðgang að og samtengingu við almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu,
c. framboð á samræmdri þjónustu notendum til hagsbóta með notkun samræmdra staðla og tæknieiginleika fyrir opinn og hagkvæman aðgang og samtengingu,
d. framboð á alþjónustu, m.a. með tilliti til framtíðarþróunar í fjarskiptum.

18. gr.

Skilmálar um opinn aðgang.

Skilmálar um opinn aðgang mega ekki hafa í för með sér takmörkun á aðgangi að almennum fjarskiptanetum eða fjarskiptaþjónustu nema takmörkunin varði:

a. rekstraröryggi neta,
b. tryggingu á samstæði neta,
c. rekstrarsamhæfi mismunandi þjónustu, í rökstuddum tilvikum,
d. verndun gagna,
e. verndun umhverfisins og markmið skipulags ríkis og sveitarfélaga,
f. hagkvæma notkun tíðnirófsins.

Til viðbótar gilda skilmálar sem almennt eiga við um tengingu notendabúnaðar við netin. Fyrirtæki sem veita fjarskiptaþjónustu skulu geta tengst almennum fjarskiptanetum í annars konar nettengipunktum en venjulegir notendur. Þegar þjónusta sem fyrirtækin óska eftir er önnur en lýst er í gjaldskrá rekstraraðila almenna fjarskiptanetsins skulu aðilar semja sín á milli um gjöld og skilmála. Náist ekki samkomulag innan tveggja mánaða geta aðilar óskað eftir íhlutun Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 22. gr.

19. gr.

Opinn aðgangur að leigulínum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að a.m.k. eitt fyrirtæki sem heimild hefur fengið til reksturs almenns fjarskiptanets og/eða þjónustu bjóði fram leigulínur þeirra tegunda sem stofnunin telur að þörf sé fyrir á fjarskiptamarkaði. Að jafnaði skal velja fyrirtæki með um-

talsverða markaðshlutdeild á hinum almenna fastanetsmarkaði. Fyrirtækið sem um ræðir skal birta skilmála fyrir línuleigu og gjaldskrá sem tekur mið af tilkostnaði og hæfilegum arði af fjárfestingu. Skal þetta gilda á meðan fyrirtækið hefur umtalsverða hlutdeild á leigulínumarkaði. Fyrirtæki með slíka hlutdeild skal leggja leigulínugjaldskrá sína fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Gjaldskrá og skilmálar skulu gefa aðilum sem leigja línur kost á aðgreindum þáttum leigulína.

20. gr.

Aðgangur að heimtaug.

Þegar fjarskiptafyrirtæki geta ekki tengst einstökum notendum sem eru tengdir fjarskiptaneti rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar í heimtaug sem er forsenda viðskiptasambands getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að fjarskiptafyrirtæki fái beinan aðgang að einstökum notendum.

Um aðgang að heimtaug gilda ákvæði 17., 18. og 23. gr. eftir því sem við getur átt.

21. gr.

Innlendir reikisamningar.

Þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðvar, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðvar eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu leitast við að semja sín á milli um skilmála aðgangs.

Náist ekki samkomulag skal Póst- og fjarskiptastofnun ákveða hvort reikisamningur skuli gerður og skilmála hans á milli þess aðila er ræður farsímanetinu skv. 1. mgr. og annarra fjarskiptafyrirtækja, enda hafi þau þegar yfir að ráða eigin almennum farsímanetum þar sem þeim verður við komið að mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

Um reikisamninga og málsmeðferð skal fara skv. 22., 27. og 28. gr. eftir því sem við getur átt, þó þannig að um ákvörðun gjalda gildir gjaldskrá fjarskiptafyrirtækis að frádregnum þjónustuliðum sem fjarskiptafyrirtæki þarf ekki að veita.

22. gr.

Deilur um aðgang.

Þegar ekki næst samkomulag milli aðila um skilmála og gjaldskrá fyrir aðgang þjónustuveitanda að almennum fjarskiptanetum og málinu hefur verið vísað til Póst- og fjarskiptastofnunar skal stofnunin boða til samningafunda með aðilum undir stjórn sinni. Að beiðni annars eða beggja aðila getur stofnunin lagt fram málamiðlunartillögur. Náist engu að síður ekki samkomulag innan tveggja mánaða skal stofnunin úrskurða í málinu. Í úrskurði um skilmála og gjaldskrár skal m.a. hafa hliðsjón af 17. og 18. gr. Hafi rekstraraðili almenns fjarskiptanets umtalsverða markaðshlutdeild getur stofnunin ákveðið að gjöld skuli miðast við tilkostnað, þ.m.t. arðsemi fjármagns.

VI. KAFLI
Um samtengingu.

23. gr.

Réttur og skylda til samtengingar.

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækir almenn fjarskiptanet og/eða almenna fjarskiptaþjónustu og falla undir eftirfarandi flokkun skulu eiga rétt á og bera skyldu til að semja um samtengingu sín á milli í þeim tilgangi að bjóða fram viðkomandi þjónustu:

a. fyrirtæki sem starfrækja almenn sjálfvirk fastafjarskiptanet og farsímanet,
b. fyrirtæki sem leigja línur að starfssvæði notenda,
c. fyrirtæki sem starfrækja fjarskiptaþjónustu sem heimilað er að samtengja í samræmi við rekstrarleyfi eða almennar heimildir.

Tæknileg og viðskiptaleg atriði skulu vera háð samkomulagi milli aðila.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja fullnægjandi og hagkvæma samtengingu almennra fjarskiptaneta svo sem greinir í 1. mgr. að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að tryggja öllum notendum á Evrópska efnahagssvæðinu gagnkvæmni almennrar fjarskiptaþjónustu sem boðin er á:

a. almennum fastanetum fyrir talsíma,
b. leigulínum,
c. almennum farsímanetum.

Stofnunin skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir allar takmarkanir sem hindra fyrirtæki sem heimild hafa til að starfrækja almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu í að gera samtengingarsamninga sín á milli.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun að samtenging geti valdið hættu á rekstrartruflunum í viðkomandi fjarskiptaneti eða samtengdum fjarskiptanetum getur stofnunin mælt svo fyrir að fjarskiptanetin skuli ekki samtengd.

Samninga um samtengingu skal senda Póst- og fjarskiptastofnun að lokinni undirritun þeirra og skulu þeir vera aðgengilegir öðrum sem eiga hagsmuna að gæta að undanskildum þeim hlutum samnings sem að mati stofnunarinnar fjalla um viðskiptahagsmuni fyrirtækjanna. Að lágmarki skulu sundurliðuð samtengingargjöld, skilmálar og skilyrði birt öllum hagsmunaaðilum að fenginni skriflegri beiðni þar um.

24. gr.

Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild.

Fyrirtæki, sem heimild hafa til að starfrækja almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu, sbr. 7. gr., og hafa umtalsverða markaðshlutdeild skulu verða við öllum raunhæfum og framkvæmanlegum beiðnum um aðgang að nettengipunktum, þ.m.t. öðrum nettengipunktum en þeim sem boðnir eru öllum þorra notenda.

Fyrirtæki telst hafa umtalsverða markaðshlutdeild þegar það hefur að jafnaði meira en 25% hlutdeild ákveðins hluta fjarskiptamarkaðar á því landsvæði þar sem því er heimilt að starfa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að úrskurða að fyrirtæki með minni markaðshlutdeild en 25% hafi umtalsverða markaðshlutdeild. Hún getur einnig úrskurðað að fyrirtæki með markaðshlutdeild hærri en 25% á ákveðnum markaði teljist ekki hafa umtalsverða markaðshlutdeild. Í slíkum tilfellum ber að taka tillit til möguleika fyrirtækisins til að hafa áhrif á markaðsaðstæður, veltu þess í hlutfalli við stærð markaðarins, stjórn þess á aðgangi að notendum, aðgengi þess að fjármagni og reynslu þess af markaðsfærslu vöru og þjónustu.

25. gr.

Samtengingarsamningar.

Við gerð samninga um samtengingu við almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu, sbr. 23. gr., skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild gæti jafnræðis með tilliti til samtengingar sem þau bjóða og að fyrirtæki sem íhuga samtengingu eigi aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum um samtengingu og tæknikröfur sem gerðar eru.

Upplýsingar sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild móttekur frá fyrirtæki sem óskar eftir samtengingu má einungis nota í þeim tilgangi að koma henni á. Fyrirtækinu er óheimilt að láta öðrum deildum en þeirri sem annast samtenginguna, dótturfélögum og samstarfsaðilum í té upplýsingar sem það móttekur í tengslum við samtenginguna, einkum ef þær geta haft áhrif á samkeppnisstöðu.

26. gr.

Viðmiðunartilboð o.fl.

Fyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna fjarskiptaþjónustu á sviði talsíma í fastaneti og leigulína og njóta umtalsverðrar markaðshlutdeildar skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Gjöld fyrir samtengingu skulu vera gagnsæ og byggjast á kostnaði við stofnun og rekstur nets, auk hæfilegrar ávöxtunar fjármagns á grundvelli kostnaðarbókhalds sem haldið skal. Sönnunarbyrði fyrir því að gjöld séu reiknuð út frá raunverulegum tilkostnaði skal hvíla á fyrirtækinu sem lætur í té aðgang að aðstöðu sinni. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefja viðkomandi fyrirtæki um rökstuðning fyrir samtengingargjöldum og þegar við á gera kröfu um lagfæringu þeirra. Þetta ákvæði nær einnig til farsímafyrirtækja sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur úrskurðað að hafi umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaðinum.
2. Póst- og fjarskiptastofnun skal krefjast þess að fyrirtæki samkvæmt þessari málsgrein birti viðmiðunartilboð um samtengingu sem innihaldi sundurliðaða lýsingu, í samræmi við þörf markaðsaðila, á samtengingartilboði og tengdum skilmálum og skilyrðum, þar á meðal gjaldskrám. Í viðmiðunartilboði skal vera verð fyrir aðgang að allri þjónustu sem í boði er á neti fyrirtækisins. Stofnunin getur mælt fyrir um rökstuddar breytingar á viðmiðunartilboði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni samtengingarsamninga og viðmiðunartilboðs.
3. Gjöld fyrir samtengingu skulu vera nægjanlega sundurgreind svo að umsækjandi um samtengingu þurfi ekki að greiða fyrir annað en það sem tengist beint umbeðinni þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að lýsing á kostnaðarbókhaldi sem sýnir helstu kostnaðarliði og reglur sem gilda um færslu kostnaðar við samtengingu séu aðgengilegar.

27. gr.

Sáttameðferð Póst- og fjarskiptastofnunar.

Náist ekki samkomulag með aðilum um samtengingu skv. 23. gr. innan mánaðar getur hvor aðili fyrir sig leitað til Póst- og fjarskiptastofnunar sem skal leita sátta með aðilum. Í því skyni skal stofnunin halda sáttafundi með þeim.

Afskipti Póst- og fjarskiptastofnunar skulu miða að sem mestri hagkvæmni og hagsbótum fyrir notendur. Einkum skal lögð áhersla á nauðsyn þess:

1. að viðunandi fjarskiptasamband náist milli allra notenda,
2. að örva samkeppni á markaðinum,
3. að tryggja þróun samræmds fjarskiptamarkaðar í Evrópu,
4. að Póst- og fjarskiptastofnun eigi samvinnu við sams konar stofnanir í öðrum aðildarríkjum,
5. að hvetja til uppsetningar og þróunar neta og þjónustu um alla Evrópu, samtengingar innanlandsneta og gagnkvæmrar starfrækslu þjónustu sem og aðgangs að slíkum netum og þjónustu.

Almennir skilmálar sem Póst- og fjarskiptastofnun kann að setja fyrir fram um málsmeðferð skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

28. gr.

Ákvörðun um skilmála samtengingar.

Sem hluta af sáttameðferð getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt fram miðlunartillögu. Náist ekki samkomulag innan þriggja mánaða þrátt fyrir sáttatilraunir skal Póst- og fjarskiptastofnun að kröfu annars eða beggja aðila ákveða skilmála fyrir samtengingu. Við slíka ákvörðun skal hafa hliðsjón af ákvæðum þessa kafla og skal rökstuðningur fylgja henni. Stofnunin getur við sáttameðferð eða ákvarðanatöku krafist upplýsinga úr bókhaldi aðila og falið löggiltum endurskoðendum að yfirfara slík gögn.

Þegar sérstaklega stendur á getur Póst- og fjarskiptastofnun að kröfu annars hvors aðilans mælt fyrir um breytingu á samningum um samtengingu eða á ákvörðunum sínum þar að lútandi.

VII. KAFLI

Viðskiptafyrirkomulag.

29. gr.

Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár og bókhald.

Fyrirtæki sem veita almenna fjarskiptaþjónustu og/eða reka almenn fjarskiptanet skulu birta viðskiptaskilmála og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sína. Gjaldskrár og skilmálar skulu liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum, vera auðskiljanlegir og ekki mismuna einstökum notendum.

Gjöld skulu vera sundurliðuð svo að notendur eigi þess kost að meta sjálfir hvaða þætti þjónustu þeir vilja kaupa.

Rekstrarleyfishafar skulu eigi síðar en fjórum virkum dögum fyrir gildistöku nýrra eða breyttra skilmála og/eða gjaldskrár senda Póst- og fjarskiptastofnun skilmála og/eða gjaldskrá til umsagnar. Stofnuninni er heimilt að krefjast lagfæringa á skilmálum eða uppsetningu gjaldskrár ef efni þeirra þykir brjóta í bága við lög og reglur eða leyfisbréf leyfishafa. Ef umfang málsins er slíkt að ekki verði greitt úr því á fjórum virkum dögum getur stofnunin frestað gildistöku nýrra skilmála, en þó ekki um meira en sjö daga.

Póst- og fjarskiptastofnun eða löggiltum endurskoðendum í umboði hennar skal hvenær sem er og án fyrirvara heimilaður aðgangur að bókhaldi rekstrarleyfishafa í þeim tilgangi að sannreyna að aðgreining kostnaðar fari rétt fram og til þess að kanna hver sé kostnaður við alþjónustu, opinn aðgang að netum, leigulínur, samtengingu neta og númeraflutning.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánara fyrirkomulag bókhaldslegrar eða fjárhagslegrar aðgreiningar í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

30. gr.

Reikningar notenda o.fl.

Áskrifendur fjarskiptaþjónustu eiga rétt á að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða eftir tegund þjónustu þeim að kostnaðarlausu.

Áskrifendur geta óskað eftir nánari sundurliðun á fjarskiptareikningum sínum. Fjarskiptafyrirtækjum er heimilt að taka gjald fyrir sundurliðun reikninga umfram sundurliðun eftir þjónustu. Við gerð sundurliðaðra reikninga skal hafa hliðsjón af löggjöf um verndun persónulegra upplýsinga og friðhelgi einkalífsins. Samgönguráðherra setur reglugerð um meðferð upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir gerð reikninga, sundurliðun þeirra og málsmeðferð vegna kvartana.

Símtöl sem eru gjaldfrjáls og símtöl vegna ráðgjafar á vegum félagslegrar þjónustu mega ekki vera sundurliðuð á reikningum, enda hafi þeir sem veita slíka ráðgjöf tilkynnt fjarskiptafyrirtækjum um starfsemi sína fyrir fram.

Innheimti fjarskiptafyrirtæki yfirgjöld af símtali skal þess ávallt getið í upphafi símtals hver fjárhæð gjaldsins sé eða á hvaða forsendum það verði ákvarðað. Áskrifandi skal eiga þess kost að læsa fyrir símtöl í númer þar sem tekið er yfirgjald. Nánar skal kveðið á um þetta í reglugerð.

Heimilt er að loka fyrir þjónustu vegna vanskila fyrir símtöl önnur en þau sem eru með yfirgjaldi, enda hafi áskrifanda verið gefin skrifleg aðvörun a.m.k. mánuði fyrir lokun. Fyrsta mánuð eftir lokun skal þó vera mögulegt að hringja í áskrifandann. Einnig skal áskrifandi geta haft samband við neyðarnúmerið 112 í jafnlangan tíma. Ef gerð hefur verið tilraun til að komast hjá gjaldtöku á ólögmætan hátt eða reynt að koma gjaldskyldu yfir á óskyldan aðila er fjarskiptafyrirtæki heimilt að loka viðkomandi þjónustu án viðvörunar.

31. gr.

Aðskilnaður sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptum.

Fyrirtæki sem hafa fengið leyfi til að veita talsímaþjónustu og/eða til að reka almenn fjarskiptanet og njóta jafnframt einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu að kröfu Póst- og fjarskiptastofnunar halda fjárhag fjarskiptastarfsemi sinnar aðskildum frá annarri starfsemi.

VIII. KAFLI
Númer og vistföng.

32. gr.

Skipulag númera.

Póst- og fjarskiptastofnun skal koma á og viðhalda skipulagi númera sem nota má fyrir hvers konar fjarskiptaþjónustu í samræmi við alþjóðlegar reglur.

Númeraraðir sem til ráðstöfunar eru skulu teknar frá fyrir mismunandi talsímaþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun getur fjölgað tölustöfum í símanúmerum. Slík ráðstöfun skal tilkynnt opinberlega með a.m.k. þriggja ára fyrirvara.

Fjarskiptafyrirtækjum skulu heimiluð afnot af hæfilega löngum númeraröðum í þágu notenda sinna. Póst- og fjarskiptastofnun heimilar fjarskiptafyrirtækjum og notendum afnot af stuttnúmerum, þ.e. númerum sem eru styttri en venjuleg símanúmer. Stofnunin úthlutar einnig öðrum númerum, svo sem talstöðvarnúmerum fyrir skip.

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um númer, númeraraðir og vistföng. Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að setja reglur um hlutverk stofnunarinnar í sambandi við útgáfu vistfanga.

Stuttnúmerið 112 skal vera frátekið fyrir neyðar- og öryggisþjónustu og er óheimilt að nota það í öðrum tilgangi. Símtöl í 112 skulu vera endurgjaldslaus og eiga rekstrarleyfishafar ekki kröfu á yfirvöld um greiðslu kostnaðar vegna slíkra símtala.

33. gr.

Númeraflutningur og forskeyti.

Enda þótt fjarskiptafyrirtæki hafi heimilað notendum afnot af númerum í númeraröðum sínum er notendum frjálst að halda símanúmeri sínu þegar þeir flytja viðskipti sín til annars fjarskiptafyrirtækis. Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að innheimta hjá notanda, sem var skráður hjá honum, eingreiðslu er nemi kostnaði af umskráningu. Notendum skal vera unnt að halda

símanúmeri sínu þó að þeir flytji milli númerasvæða. Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að innheimta hjá notandanum kostnað við umskráningu. Póst- og fjarskiptastofnun setur nánari reglur um númeraflutning þ.m.t. hvenær númeraflutningur milli númerasvæða og númeraflutningur utan almenna fasta fjarskiptanetsins skuli innleiddur og sker úr ágreiningi um framkvæmd hans.

Fjarskiptafyrirtæki er skylt að gera notendum sínum mögulegt að hringja í forskeyti eða númer allra aðila sem veita fjarskiptaþjónustu. Óski símnotandi eftir því að öllum símtölum hans, t.d. til útlanda, verði beint til ákveðins þjónustuveitanda skal hann tilkynna fjarskiptafyrirtækinu sem hann tengist um það. Skal fjarskiptafyrirtæki gera ráðstafanir til að símtölin fari hina fyrir fram völdu leið án þess að noti þurfi forskeytið hverju sinni. Símnotandi skal þó ávallt geta breytt þessu í einstökum símtölum. Póst- og fjarskiptastofnun skal ákveða hvenær forval skal að fullu innleitt.

34. gr.

Skráning símanúmera.

Áskrifendur í fjarskiptaþjónustu eiga rétt á að vera skráðir í opinberum númeraskrám og fá að skoða upplýsingar sem skráðar eru um þá og ef nauðsynlegt er geta þeir krafist þess að fá upplýsingarnar leiðréttar eða fjarlægðar úr skránni. Áskrifendur eiga kröfu á að vera óskráðir í gagnagrunni símaskrár en heimilt er að krefja þá um gjald sem samsvarar kostnaði rekstrarleyfishafa af því að fjarlægja þá úr gagngrunninum.

Símaskrár yfir alla áskrifendur sem ekki hafa mótmælt því að vera skráðir, þ.m.t. skrár yfir fastatalsímanúmer, farsímanúmer og persónutengd númer, skulu vera notendum fáanlegar í formi sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur samþykkt.

Persónuupplýsingar sem skráðar eru í símaskrám og í upplýsingaþjónustu um símanúmer skulu takmarkast við þær upplýsingar sem þarf til að bera kennsl á áskrifanda nema áskrifandinn hafi veitt ótvíræða heimild til að meiri upplýsingar séu skráðar. Áskrifanda er heimilt að krefjast að gefið sé til kynna að upplýsingar skráðar um hann megi ekki nota í tilgangi beinnar markaðssetningar eða að heimilisfangi sé sleppt að einhverju eða öllu leyti.

Símanotendur sem nota almenna talsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar hringingar í símanúmer sitt.

35. gr.

Upplýsingaþjónusta um símanúmer.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að öllum notendum sé opin a.m.k. ein símaupplýsingaþjónusta sem hefur upplýsingar um öll símanúmer.

Til að hægt verði að framfylgja ákvæðum 1. og 2. mgr. 34. gr. skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að öll fjarskiptafyrirtæki sem velja áskrifendum sínum númer verði við öllum eðlilegum beiðnum um að láta í té viðkomandi upplýsingar í formi sem aðilar koma sér saman um, þ.m.t. tölvutæku formi, og með skilmálum sem eru sanngjarnir og byggðir á tilkostnaði. Óheimilt er að nota upplýsingarnar í öðrum tilgangi en að gefa út símaskrár eða fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá aðila sem fá símaskráruppplýsingar í hendur.

IX. KAFLI
Fjarskiptabúnaður.

36. gr.
Tækjabúnaður til almennra fjarskiptaneta.

Tækjabúnaður almennra fjarskiptaneta skal að jafnaði vera í samræmi við tæknistaðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um notkun annarra staðla, svo og tilmæla frá Alþjóðafjarskiptasambandinu. Tæknilegir eiginleikar í nettengipunktum skulu ávallt vera í samræmi við staðla. Rekstrarleyfishafar almennra fjarskiptaneta skulu birta upplýsingar um tæknilega eiginleika í nettengipunktum. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um nánari útfærslu þessara ákvæða. Þráðlaus fjarskiptanet má einungis setja upp og nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnuninni er þó heimilt að gefa út almennt leyfi fyrir þráðlaus fjarskiptanet í ákveðnum tíðnisviðum þegar geislað afl senda er undir hámarki sem stofnunin setur.

37. gr.
Notendabúnaður.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með sölu notendabúnaðar fyrir fjarskipti og tækja fyrir þráðlaus fjarskipti. Eftirfarandi grunnkröfur eiga við um öll slík tæki:

1. um verndun heilsu og öryggis notanda jafnt og annarra manna,
2. um að tæki í notkun hafi ekki truflandi áhrif á rafsegulumhverfið.

Að auki skal þráðlaus búnaður gerður með tilliti til þess að nýta á sem skilvirkastan hátt tíðnisvið sem ætlað er þráðlausum fjarskiptum á jörðu og í geimnum og stöðu sem þeim er úthlutað á baugum umhverfis jörðu án þess að valda skaðlegum truflunum.

Setja má skilyrði um að ákveðnir flokkar tækja eða einstök tæki séu þannig gerð að þau:

1. megi starfrækja með öðrum tækjum með milligöngu neta og að hægt sé að tengja þau við rétta skilpunkta hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins,
2. valdi ekki tjóni á netum, starfsemi þeirra eða virkni og orsaki þannig óviðunandi rýrnun þjónustu,
3. hafi innbyggða varnagla til verndar persónuupplýsingum og friðhelgi áskrifenda og notenda,
4. hafi möguleika á útfærslu sem hindrar svik,
5. hafi möguleika á útfærslu sem tryggir aðgang að neyðarþjónustu,
6. hafi ákveðna möguleika sem auðvelda fötluðum notkun þeirra.

38. gr.
Innanhússlagnir.

Fjarskiptalagnir innan húss, þar með taldir húskassar þar sem heimtaugar fjarskiptafyrirtækja enda, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni. Í byggingum sem rúma fleiri en einn áskrifanda skulu húskassar vera innsiglaðir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínum. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.

39. gr.

Viðurkenning búnaðar.

Heimilt er að setja á markað búnað skv. 37. gr. sem ber CE-merkingu til staðfestingar því að hann uppfylli viðeigandi kröfur innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samgönguráðherra setur reglugerð um viðurkenningu annars búnaðar.

Þar til samgönguráðherra ákveður annað skal einnig heimilt að setja á markað búnað sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur framkvæmt prófun á og viðurkennt í samræmi við staðla.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans hér á landi skal tryggja að öllum búnaði sem settur er á markað hér á landi fylgi upplýsingar fyrir notendur um tilætlaða notkun og helstu eiginleika búnaðarins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal framleiðandi eða umboðsmaður hans sem hyggst setja á markað þráðlausan búnað í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þessa fyrirætlun með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Einnig skal senda stofnuninni upplýsingar um eiginleika búnaðarins, þ.m.t. tíðnisvið búnaðarins, bil milli rása, mótunaraðferð og hátíðniafl. Telji Póst- og fjarskiptastofnun hættu á því að búnaðurinn geti truflað aðra þjónustu í viðkomandi tíðnisviði getur stofnunin bannað sölu og notkun hans.

40. gr.

Markaðseftirlit.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur markaðseftirlit með búnaði skv. 37. gr. Í því skyni skal stofnunin hafa ótakmarkaðan aðgang að sölustöðum búnaðarins. Ef búnaður sem uppfyllir ekki grunnkröfur er settur á markað getur stofnunin krafist að sala hans og notkun verði þegar í stað stöðvuð og búnaðurinn kyrrsettur.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfu um að framleiðandi eða umboðsmaður hans afhendi stofnuninni sundurliðaðar upplýsingar og teikningar um búnað sem ráðgert er að setja á markað. Með slíkar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál.

Póst- og fjarskiptastofnun er jafnframt heimilt að gera ráðstafanir að teknu tilliti til 11. og 13. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið til að leggja bann við eða takmarka sölu framboð eða til að krefjast þess að fjarlægður sé úr sölu þráðlaus búnaður sem hefur valdið eða stofnunin hefur rökstuddan grun um að muni valda skaðlegum truflunum, þ.m.t. truflunum á þjónustu eða fyrirhugaðri þjónustu í tíðnisviðum sem búið er að taka frá hér á landi.

Samgönguráðherra setur reglugerð um markaðseftirlit með notendabúnaði og þráðlausum búnaði.

X. KAFLI

Réttindi til að starfa við fjarskiptavirki.

41. gr.

Skírteini talstöðvarvarða o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út skírteini til talstöðvarvarða sem starfrækja fjarskiptabúnað í farartækjum, sbr. 47. gr. Skírteinin skulu vera í samræmi við alþjóðasamþykktir. Í skírteini skal tekið fram hvaða búnað skírteinishafa er heimilt að starfrækja. Skírteini skulu vera tímabundin.

Þegar um er að ræða annan þráðlausan fjarskiptabúnað í farartækjum en um ræðir í 1. mgr., svo og þráðlausar fastastöðvar, gefur Póst- og fjarskiptastofnun út leyfisbréf fyrir viðkomandi búnað, sbr. 46. gr., en ekki þarf sérstakt skírteini talstöðvarvarðar til að starfrækja slíkan búnað.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út skírteini til áhugamanna um þráðlausa útbreiðslu sem gengist hafa undir próf áhugamanna. Stofnunin skal leita umsagnar Félags íslenskra radíóamatöra áður en leyfi eru veitt. Heimilt er að gefa út bráðabirgðaleyfi til útlendinga sem dveljast hér á landi í takmarkaðan tíma. Sé um að ræða leyfi til mjög skamms tíma getur stofnunin veitt leyfi án umsagnar Félags íslenskra radíóamatöra.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfi fyrir notkun annars þráðlauss fjarskiptabúnaðar. Heimilt skal þó að nota án leyfis búnað sem er ætlaður notendum í almennri þráðlausri fjarskiptaþjónustu. Leyfi skulu vera skráð á nafn og geta verið tímabundin.

42. gr.

Kröfur til starfsmanna fjarskiptavirkja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja að starfsmenn þeirra sem vinna við uppsetningu og viðhald almennra fjarskiptaneta hafi fengið nauðsynlega þjálfun. Þau skulu upplýsa starfsmenn sína um ákvæði þessara laga, einkum ákvæði um þagnarskyldu og vernd fjarskiptasendinga. Samgönguráðherra getur sett reglugerð um réttindi sem krafist er af þeim sem starfa við fjarskiptavirki.

XI. KAFLI
Leynd og vernd fjarskipta.

43. gr.

Þagnarskylda.

Allir sem starfa við fjarskiptavirki, hvort sem um er að ræða starfsmenn fjarskiptafyrirtækja eða aðra, skulu skyldugir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, til að halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem um fjarskiptavirkin fer, hvort sem um er að ræða efni skeyta eða samtala eða hvort fjarskipti hafa átt sér stað og á milli hverra.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti eða önnur skjöl sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

44. gr.

Vernd fjarskiptasendinga.

Enginn sem starfar við fjarskiptavirki, net eða þjónustu má skjóta undan skeytum, gögnum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til fjarskiptaflutnings eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum, táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

Viðtakandi símtals sem vill hljóðrita símtalið skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína.

XII. KAFLI
Sérstök ákvæði um þráðlaus fjarskipti.

45. gr.
Notkun tíðnirófs.

Póst- og fjarskiptastofnun skal stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið og veita upplýsingar um skipulag einstakra tíðnisviða eftir þörfum. Stofnunin heimilar einstaklingum eða lögaðilum notkun einstakra tíðna í samræmi við framangreint skipulag.

Heimilt er að áskilja að tíðnir verði teknar í notkun innan hæfilegs tíma ella falli heimildin niður. Heimild fyrir tíðninotkun skal bundin við nafn og framsal vera óheimilt.

Póst- og fjarskiptastofnun getur synjað um tíðniúthlutun fyrir almenn fjarskiptakerfi ef umsækjandi hefur ekki aflað nauðsynlegs leyfis til reksturs fjarskiptanets.

Heimild til notkunar tíðni má afturkalla ef mikilvægar forsendur fyrir heimildinni breytast eða bresta, t.d. vegna alþjóðlegra samþykkta sem Ísland er aðili að.

Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulagningu og úthlutun tíðna.

46. gr.
Þráðlaus sendibúnaður.

Sendibúnað fyrir þráðlaus fjarskipti má aðeins hafa undir höndum, setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Þó má starfrækja þráðlausan búnað án sérstaks leyfis þegar hann er eingöngu notaður í sambandi við almenna fjarskiptaþjónustu í tilteknu tíðnisviði. Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfisbréf fyrir notkun þráðlauss sendibúnaðar og skal leyfisbréfið vera tímabundið. Póst- og fjarskiptastofnun getur sameinað í einu leyfisbréfi mismunandi þráðlausan búnað á sama stað. Binda má leyfið skilyrðum, svo sem að því er varðar sendiafl, staðsetningu, bandbreidd, útbreiðslusvæði og tengingu við almenn fjarskiptanet. Leyfisbréf skulu gefin út á nafn eiganda búnaðarins og eru ekki framseljanleg. Eigandi búnaðar sem heimilar öðrum notkun hans ber fulla ábyrgð á starfrækslu búnaðarins. Leyfishafi sem selur þráðlausan búnað sem hann hefur fengið leyfisbréf fyrir eða afhendir hann öðrum varanlega ber ábyrgð á því að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um nýjan eiganda. Hinum nýja eiganda ber þegar í stað að sækja til stofnunarinnar um nýtt leyfisbréf.

Póst- og fjarskiptastofnun skal þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu þráðlausra senda sem ekki er leyfisbréf fyrir og ekki eru undanþegnir leyfisskyldu.

47. gr.
Fjarskiptabúnaður í farartækjum.

Íslensk skip, loftför og önnur farartæki skulu búin fjarskiptabúnaði í samræmi við alþjóðasamþykktir og reglugerðir sem samgönguráðherra setur. Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfisbréf fyrir þráðlausan búnað í farartækjum, sbr. 46. gr.

Fjarskiptabúnaður í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum sem eru innan íslenskrar land- eða lofthelgi má aðeins nota í samræmi við íslensk lög og reglugerðir. Póst- og fjarskiptastofnun getur bannað notkun fjarskiptabúnaðar í erlendum farartækjum í íslenskri lögsögu ef notkunin telst andstæð íslenskum reglum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun heimilað notkun búnaðar sem viðurkenndur er til notkunar á alþjóðavettvangi.

XIII. KAFLI
Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja.

48. gr.
Heimild til að leggja fjarskiptaleiðslur, eignarnám o.fl.

Nú er fjarskiptafyrirtæki nauðsynlegt að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land annars manns, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim, og er eiganda viðkomandi fasteignar þá skylt að heimila slíkt, enda komi fullar bætur fyrir. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar leiðslur eru lagðar og skal þess gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eiganda viðkomandi eignar. Starfsmenn við fjarskiptavirki skulu gæta þess að valda eigendum og íbúum ekki meiri óþægindum en brýnustu nauðsyn ber til.

Nú verður tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum við lagningu fjarskiptavirkja eða viðhald þeirra, og ekki verður úr bætt, eða lagning fjarskiptavirkja leiðir til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, og skal eigandi fjarskiptavirkis þá bæta tjónið. Náist ekki samkomulag um bótafjárhæð skal um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms.

Ef fjarskiptafyrirtæki er nauðsynlegt að tryggja sér land, lóð eða aðra eign í sambandi við lagningu eða rekstur almennra fjarskiptavirkja og samningum um kaup verður ekki við komið má samgönguráðherra heimila, að fenginni umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar, að eign eða hluti hennar sé tekinn eignarnámi gegn endurgjaldi sem meta skal samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi skal m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðra eignarnámsbóta og kostnaðar við matið. Nú fást eignarnámsbætur ekki greiddar hjá eignarnema, og skal ríkissjóður þá ábyrgjast greiðslu þeirra, enda hafi eignarnámsþoli staðið tilhlýðilega að innheimtu þeirra hjá eignarnema.

49. gr.
Vernd fjarskiptavirkja.

Þar sem fjarskiptavirki eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna.

Nú reynist nauðsynlegt vegna verklegra framkvæmda að flytja til eða breyta legu fjarskiptavirkja, og ber þá sá sem slíka framkvæmd annast allan kostnað sem af því kann að leiða, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Er tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllsta aðgæsla hefði verið sýnd.

Nú liggur fyrir að tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valda truflun á rekstri fjarskiptavirkis, og er fjarskiptafyrirtæki þá heimilt að krefjast úrbóta frá eiganda án tafar, en ella er fjarskiptafyrirtæki heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir truflun þá sem af þessu hlýst. Nú er truflun að þessu leyti að rekja til gáleysis eiganda viðkomandi búnaðar, og ber eiganda þá að greiða allan kostnað sem af úrbótum leiðir.

50. gr.

Takmörkun fjarskipta vegna truflana.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

51. gr.

Aðgangur að aðstöðu í umráðum rekstrarleyfishafa.

Þegar rekstrarleyfishafi hefur rétt á að setja upp eða grafa niður fjarskiptavirki á afréttum, almenningum eða eignarlöndum, eða getur tekið land eignarnámi, sbr. 48. gr., skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa forgöngu um samnýtingu á aðstöðu eða landareign, einkum ef grunnkröfur koma í veg fyrir að önnur fjarskiptafyrirtæki geti fengið aðgang að sambærilegri aðstöðu.

Aðilar skulu gera með sér samkomulag um samnýtingu. Náist samkomulag ekki innan tveggja mánaða getur annar hvor aðilinn óskað eftir íhlutun Póst- og fjarskiptastofnunar. Skulu þá gilda ákvæði 22. gr. um deilur um aðgang. Kostnaði við samnýtta aðstöðu skal Póst- og fjarskiptastofnun skipta á milli aðila. Taka skal hæfilegt tillit til stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar.

Í sérstökum tilfellum þegar um er að ræða sérstaka landfræðilega aðstöðu eða þegar umhverfissjónarmið réttlæta getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt fyrir um samnýtingu þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við.

52. gr.

Vernd sæstrengja.

Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Nú er tjóni valdið á fjarskiptastreng af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst, nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi við lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng, og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

53. gr.

Aðgerðir til verndar sæstrengjum, bætur o.fl.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi á það kröfu um skaðabætur frá eiganda strengjanna, enda hafi stjórnendur skipsins ekki stofnað til hættunnar af gáleysi.

Ef unnt er skulu skipverjar þegar færa til bókar skýrslu um tjónið sem staðfest skal af stjórnanda skipsins. Að auki skal eiganda sæstrengsins eða forsvarsmanni eiganda tilkynnt um atburðinn eins fljótt og kostur er.

XIV. KAFLI
Fjarskipti á hættutímum.

54. gr.
Stöðvun fjarskipta.

Á ófriðartímum getur samgönguráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

Í neyðartilvikum, svo sem þegar um er að ræða eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð o.s.frv., getur samgönguráðherra að beiðni almannavarnaráðs mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti. Á sama hátt skal heimilt að mæla fyrir um að tiltekin fjarskiptavirki skuli notuð í þágu björgunaraðgerða og að sett skuli upp ný fjarskiptavirki. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati.

XV. KAFLI
Ábyrgðartakmarkanir.

55. gr.

Þeim sem hefur leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets samkvæmt lögum þessum er heimilt í viðskiptaskilmálum sínum að undanþiggja sig bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna. Slík ábyrgðartakmörkun er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna rekstrarleyfishafa.

XVI. KAFLI
Viðurlög o.fl.

56. gr.
Heimild til rekstrarstöðvunar.

Póst- og fjarskiptastofnun má stöðva, fella úr gildi leyfi fyrir eða skilyrða starfsemi almenns fjarskiptanets og/eða almennrar fjarskiptaþjónustu uppfylli hún ekki skilyrði laga þessara eða leyfisbréfs eða þegar grunnkröfum er ekki fullnægt.

Starfi fjarskiptafyrirtæki eftir almennri heimild getur Póst- og fjarskiptastofnun tilkynnt því að það njóti ekki lengur almennrar heimildar og/eða gert fyrirtækinu að fara að settum skilyrðum.

Fari rekstrarleyfishafi ekki að þeim skilyrðum sem honum hafa verið sett getur Póst- og fjarskiptastofnun dregið leyfið til baka, breytt því eða fellt það tímabundið úr gildi eða beitt sérstökum aðgerðum til að tryggja að farið sé að skilyrðunum.

Fjarskiptafyrirtækinu skal gefinn kostur að tjá sig um skilyrðin og framkvæma nauðsynlegar úrbætur innan mánaðar nema um endurtekið brot sé að ræða en þá getur stofnunin þegar í stað tekið lokaákvörðun. Geri fjarskiptafyrirtækið úrbætur innan tilskilins tíma skal stofnunin innan tveggja mánaða frá íhlutun sinni fella úr gildi eða breyta, eftir því sem við á, ákvörðun sinni og birta rökstuðning þar að lútandi. Geri fyrirtækið ekki úrbætur innan tilskilins tíma skal stofnunin innan tveggja mánaða frá íhlutun sinni staðfesta með rökstuðningi ákvörðun sína og tilkynna leyfishafa um hana.

57. gr.
Viðurlög.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð.

Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

Brot gegn X. kafla laganna um leynd og vernd fjarskipta varða refsingu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé slíkt brot framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

Tæki og hlutir sem hafa verið flutt inn í heimildarleysi, smíðuð eða starfrækt má gera upptæk, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

Þegar fjarskiptafyrirtæki fer ekki að skilyrðum sem sett eru í leyfisveitingu eða starfar án heimildar getur Póst- og fjarskiptastofnun með úrskurði afturkallað, bætt við skilyrði eða frestað einstaklingsbundnu leyfi eða beitt dagsektum sem nemi 50.000–500.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið.

58. gr.

Lögbundið gjaldsvæði.

Notkunargjald fyrir talsímaþjónustu hjá hverjum rekstrarleyfishafa fyrir sig skal vera hið sama alls staðar á landinu og skal innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil.

XVII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

59. gr.

Almenn reglugerðarheimild.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála.

60. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Jafnframt falla úr gildi lög um fjarskipti, nr. 143 27. desember 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Fjarskiptaleyfi sem eru í gildi við setningu laga þessara skulu halda gildi sínu í eitt ár frá gildistöku laganna, þó þannig að skilyrði í leyfinu sem eru andstæð ákvæðum laganna falla niður. Póst- og fjarskiptastofnun skal þá gefa út ný leyfisbréf til fjarskiptafyrirtækja.

II.

Rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild skal heimilað að færa fastagjöld fyrir talsíma til samræmis við kostnað að viðbættri hæfilegri álagningu. Kostnaðarreikningar fyrir talsímaþjónustu skulu lagðir fyrir Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en 1. mars 2000 og skal stofnunin með hliðsjón af kostnaði ákveða fastagjald fyrir síma sem taka skal gildi eigi síðar en 1. apríl 2000. Aðgangur að heimtaug skv. 20. gr. skal heimilaður sex mánuðum eftir að Póst- og fjarskiptastofnun hefur ákvarðað um fastagjöld fyrir talsíma til samræmis við kostnað og hæfilega álagningu.

III.

Ákvæði 21. gr. um innlenda reikisamninga skal taka gildi 1. janúar 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með setningu gildandi fjarskiptalaga, nr. 143/1996, 27. desember 1996 urðu tímamót í fjarskiptum á Íslandi. Lögbundinn einkaréttur ríkisins var afnuminn og þeir sem fullnægja ákveðnum almennum skilyrðum geta nú fengið leyfi til að veita fjarskiptaþjónustu. Jafnframt var að því stefnt að tryggja örugg og hagkvæm fjarskipti fyrir alla landsmenn á sambærilegum kjörum.

Þótt aðeins séu liðin tæp þrjú ár frá setningu laganna hafa verulegar breytingar orðið á tækni, þjónustu og alþjóðlegu lagaumhverfi fjarskipta. Þessar breytingar ásamt auknum umsvifum fjarskipta- og upplýsingartækni og nýjar skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa gert það að verkum að endurskoðun fjarskiptalaga er nauðsynleg. Frumvarpið hvílir á tveimur meginstoðum. Annars vegar eru ákvæði sem eiga að stuðla að aukinni samkeppni og tryggja aðgang allra landsmanna að ákveðinni lágmarksþjónustu, svokallaðri alþjónustu, og er í fyrsta sinn lagt til að gagnaflutningsþjónusta verði skilgreind sem alþjónusta. Hér er markvert nýmæli á ferð sem getur haft mikla þýðingu fyrir búsetu, atvinnuuppbyggingu og lífskjör í landinu. Hins vegar er með frumvarpi þessu verið að laga íslenska löggjöf að þeim tilskipunum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um fjarskiptamál.

II. Þróun fjarskiptamála.

Mikil umskipti hafa orðið í fjarskiptamálum í heiminum á undanförnum árum, bæði í tækni, þjónustu og lagasetningu. Segja má að þróun síðustu ára hafi gerbreytt hefðbundum fjarskiptum, þráðlaus samskipti setja mark sitt á talsamband, gjald fyrir millilandasamtöl fer lækkandi og samruni fjarskipta, fjölmiðlunar og einkatölva hefur byltingarkennd áhrif. Samskipti framtíðarinnar munu að miklu leyti byggjast á gagnaflutningum, svo sem fjarvinnslu, fjarmenntun, fjarlækningum, heimabönkum og gagnvirku sjónvarpi. Miklir möguleikar opnast í almenna fjarskiptanetinu með nýrri tækni, þar á meðal xDSL, gagnaflutningstækni, eða með gagnaflutningsstaðli eins og IP-staðlinum (Internet Portocol). Nýtt almennt farsímakerfi (UMTS) mun margfalda gagnaflutningsgetu farsíma sem aftur leiðir til þess að þá má nota til margmiðlunar. Meginatriði í lagaumhverfi hinna nýju farsímakerfa liggja nú þegar fyrir í Evrópu. Hér eru nefnd örfá dæmi um mikilvægi upplýsingatækninnar fyrir velferð þjóðarinnar og framþróun.

Fjarskipta- og upplýsingamál skipta Íslendinga höfuðmáli. Markmiðið er því að Ísland verði í fremstu röð tæknivæddra ríkja með ódýra og góða fjarskiptaþjónustu. Alþingi og stjórnvöld bera ábyrgð á því að tryggja réttlátar leikreglur í fjarskiptamálum, leikreglur sem stuðlað geta að aukinni velferð og hagsæld í þjóðfélaginu. Leikreglur fjarskiptanna eru um margt frábrugðnar leikreglum annarrar atvinnustarfsemi vegna þeirrar sérstöðu fjarskipta í Evrópu að þau hafa fyrst fyrir fáum árum verið leyst undan einkaréttarvernd og því er ekki talið tímabært að fella ákveðna þætti fjarskiptaþjónustu, svo sem samtengingu, reglur um opinn aðgang að netum og alþjónustu undir almenna samkeppnislöggjöf. Má nefna tvö dæmi því til sönnunar. Mikilvægi þess að notendur geti auðveldlega haft samskipti á milli fjarskiptaneta hefur haft áhrif við setningu reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu hér að lútandi. Annað sérkenni fjarskipta er að ríkisreknar símastjórnir áttu og ráku eina fullkomna fjarskiptanetið sem til var þar til einkaréttur var afnuminn með lögum. Hinar sérstöku reglur sem um fjarskipti gilda í Evrópu eiga að stuðla að aukinni samkeppni með því að gera nýjum fyrirtækjum kleift að hefja starfsemi á markaðnum.

III. Alþjóðlegt samstarf á sviði fjarskipta.

Alþjóðasamvinna á sviði fjarskipta er umfangsmikil og eðli málsins samkvæmt nauðsynleg. Ber þar fyrst að nefna aðild okkar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en einnig er Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) helsti samráðsvettvangur innan Sameinuðu þjóðanna á sviði fjarskipta. Enn fremur eru nokkrar stofnanir sem fjalla um tæknileg úrlausnarefni, svo sem fjarskiptastaðla. Vegna þess hve umsvif fjarskiptafyrirtækja eru orðin mikil í hagkerfinu hafa efnahagsstofnanir, svo sem OECD og Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO), einnig látið fjarskipti til sín taka á undanförnum árum.

1. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var tekin ákvörðun um að lögleiða í íslenskan rétt ýmsar samþykktir og stefnumótun Evrópusambandsins á sviði fjarskipta. Þessar tilskipanir og tilmæli eru einkum í XI. viðauka samningsins og verða þannig skuldbindandi hluti hans.

Eins og fram kom í inngangi hafa orðið miklar breytingar á löggjöf Evrópusambandsins um fjarskipti frá setningu núgildandi fjarskiptalaga. Hér á eftir er yfirlit yfir helstu fjarskiptareglur EES, en nánar verður fjallað um einstök efnisatriði þeirra í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Þær tilskipanir og aðrar reglur og tilmæli sem leiðir af aðild Íslands að EES-samningnum og höfð var hliðsjón af við samningu frumvarpsins eru þessar helstar:

1. Tilskipun ráðsins 90/387/EBE frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum var breytt með tilskipun 97/51/EB sem ætlað var að stuðla að aðlögun að samkeppnisumhverfi í fjarskiptum. Yngri breytingartilskipunin fól í sér umtalsverðar breytingar á rammatilskipuninni, enda breytti hún átta af tólf ákvæðum hennar. Í hinni breyttu tilskipun var markmið opins netaðgangs skilgreint nánar og rýmkað og eldri skilgreiningar voru teknar út en nýjum bætt inn eftir því sem hæfði samkeppnisumhverfi fjarskipta. Breytt tilskipun tók gildi 1. maí 1998 innan Evrópska efnahagssvæðisins í framhaldi af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/1998. Tilskipunin var birt í EES-viðbæti nr. 48/229 19. nóvember 1998.

   Breytingartilskipun 97/51 fól einnig í sér breytingar á tilskipun ráðsins 92/44/EBE frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur.
2. Tilskipanir 96/2/EB og 96/19/EB um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu tóku gildi á Evrópska efnahagssvæðinu 18. desember 1997. Raunverulega höfðu þessar tvær tilskipanir verið innleiddar með gildandi fjarskiptalögum tæplega ári fyrr. Tilskipun 96/2/EB hafði verið leidd inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/1997. EES-viðbætir nr. 27/150 9. júlí 1998 en tilskipun 96/19/EB með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/1997, EES-viðbætir nr. 27/158 9. júlí 1998. Formleg gildistaka innan EES var 18. desember 1997.
3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB um samtengingu í fjarskiptum með tilliti til þess að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með beitingu meginreglna um frjálsan aðgang að netum (ONP) tók gildi innan EES 30. janúar 1999 í framhaldi af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1999. Tilskipun 98/61/EB um breytingu á tilskipun 97/33/EB var samþykkt í mars 1998 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/1999.
4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um samræmda löggjöf

fyrir almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu var samþykkt í sameiginlegu EES-nefndinni í mars 1999 með ákvörðun nr. 38/1999.

5. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB um opinn netaðgang í talsímaþjónustu var samþykkt 27. mars 1998 af sameiginlegu EES-nefndinni, um svipað leyti og hún var felld úr gildi innan bandalagsins við gildistöku tilskipunar 98/10/EB um alþjónustu. Tilskipun 98/10/EB varð hluti af EES-samningnum í mars 1999 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/1999.

   Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um beitingu ákvæða um opinn netaðgang (ONP) í talsímaþjónustu og alþjónustu í samkeppni á fjarskiptamarkaði var samþykkt af sameiginlegu EES-nefndinni í mars 1999. Tilskipunin tekur við af fyrri tilskipun 95/62/EB um sama efni sem hefur verið felld úr gildi. Tilskipunin sem almennt gengur undir heitinu talsímatilskipunin tekur tillit til þeirra breytinga er urðu árið 1998 þegar einkaréttur ríkisins á talsímaþjónustu var afnuminn á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Talsímatilskipunin fjallar um samræmingu fyrirkomulags alþjónustu í fasta fjarskiptanetinu. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja framboð gæðafjarskiptaþjónustu fyrir alla notendur, þar á meðal neytendur. Gera þarf þann fyrirvara við talsímatilskipunina að hún fjallar almennt ekki um farsímaþjónustu.
6. Tilskipun ráðsins og þingsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um útvarpstæki og fjarskiptabúnað og gagnkvæma viðurkenningu á gerðarprófunum mun taka gildi á innri markaði Evrópusambandsins á næsta ári. Hún mun hafa verulegar breytingar í för með sér á öllu eftirliti með innflutningi á fjarskiptabúnaði. Tilskipun 98/13/EB um notendabúnað í fjarskiptakerfum og gervihnattastöðvar, þar á meðal um gagnkvæma samræmisviðurkenningu, hefur þegar tekið gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Hún mun hins vegar falla út við gildistöku tilskipunar 1999/5/EB.
7. Á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar hafa verið samþykktar fjölmargar ályktanir og tilmæli sem samningsaðilar EES hafa skuldbundið sig til að taka mið af. Þar má nefna ályktun ráðsins 96/C 376/01 frá 21. nóvember 1996 um nýja forgangsröðun við stefnumótun um upplýsingaþjóðfélagið. Ályktun ráðsins 97/C 303/01 um stefnu í númeramálum vegna fjarskiptaþjónustu. Ákvörðun (decision) framkvæmdastjórnarinnar 98/80/EB um breytingu á II. viðauka tilskipunar ráðsins 92/44/EBE. Tilmæli (recommendation) framkvæmdastjórnarinnar 98/195/EB um samtengingargjöld. Tilmæli (recommendation) framkvæmdastjórnarinnar 98/322/EB um samtengingarbókhald. Tilmæli (recommendation) framkvæmdastjórnarinnar 98/511/EB um samtengingargjöld. Ákvörðun (decision) þingsins og ráðsins 710/97/EB.

2. Aðrir alþjóðlegir samningar.

Auk samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur verið unnið mikið starf á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og hefur verið gerð bókun um frelsi í þjónustuviðskiptum með grunnsímaþjónustu er tók gildi 5. febrúar 1998. Með þessum samningi hafa 72 ríki, þar á meðal öll aðildarríki OECD, skuldbundið sig til að opna fjarskiptamarkaði sína fyrir alþjóðlegum viðskiptum.

IV. Meginmarkmið við breytingar á fjarskiptalögum.

Stefnumörkun á sviði fjarskipta er byggð á nokkrum meginþáttum sem saman eiga að stuðla að virkri samkeppni sem tryggt geti hag neytenda, atvinnulífsins og þjóðfélagsins í heild. Til að ná þessu markmiði hefur í þessu frumvarpi einkum verið litið til eftirfarandi atriða:

— Skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.
— Nauðsynjar þess að tryggja samtengingu neta svo að viðskiptavinir ólíkra fjarskiptafyrirtækja geti haft samband sín á milli.
— Nauðsynjar þess að fyrirtækjum sem eiga þjóðbrautina (fjarskiptanetið) og aðra innviði sé gert skylt að opna aðgang að netinu og annarri aðstöðu á sanngjörnum kjörum.
— Nauðsynjar þess að stuðla að raunverulegri samkeppni á markaðnum með því að jafna samkeppnisstöðu fjarskiptafyrirtækja, t.d. með aðgangi að heimtaug.
— Nauðsynjar þess að markaðsráðandi fyrirtæki sé veitt aðhald, m.a. með kröfu um bókhaldslegan aðskilnað.
— Nauðsynjar þess að mæta þörfum allra landsmanna um að njóta ákveðinnar lágmarksþjónustu.
— Nauðsynjar þess að tryggja svigrúm fjarskiptafyrirtækja til að starfa, svo og markaðsráðandi fyrirtækis.
— Nauðsynjar þess að mæta kröfum viðskiptalífsins um að afnema hömlur og einfalda löggjöf og draga úr umfangi hennar eftir því sem samkeppni eykst.
— Nauðsynjar þess að stjórnvöld hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum frá markaðinum svo að þau geti sett almennar leikreglur.
— Nauðsynjar þess að ávallt verði til öflug fjarskiptafyrirtæki á Íslandi.
— Nauðsynjar þess að löggjöf hamli ekki þróun upplýsingatækni og komi ekki í veg fyrir tækniframfarir.

V. Helstu efnisatriði frumvarpsins.

Meginbreytingum frumvarpsins má skipta í tvo hluta. Annars vegar eru ákvæði sem ætlað er að örva samkeppni en hins vegar ákvæði sem eiga að tryggja aðgang allra landsmanna að gagnaflutningsþjónustu, auk talsímaþjónustu sem kveðið er á um í gildandi lögum.

Í frumvarpi þessu hefur merkingu orða og hugtaka verið breytt til samræmis við nýjar tilskipanir sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá hafa hugtök verið skilgreind sem ekki eru í gildandi lögum um fjarskipti.

1. Númeraflutningar.

Númeraflutningur gerir notendum síma mögulegt að halda símanúmeri sínu án tillits til þess hjá hvaða símafyrirtæki viðskiptin eru. Hann er nú almennt talinn forsenda fyrir raunverulegri samkeppni í símaþjónustu. Samkvæmt tilskipun EES ber aðildarríkjum að hafa innleitt númeraflutning eigi síðar en 1. janúar 2000.

2. Innlendir reikisamningar.

Innlendur reikisamningur þýðir að farsímafyrirtæki eiga aðgang að farsímanetum annarra fyrirtækja þegar uppbygging eigin aðstöðu er talin óraunhæf. Með innlendum reikisamningum er því unnt að koma á virkri samkeppni í farsímaþjónustu á öllu landinu. Innlendir reikisamningar eru ekki orðnir hluti af löggjöf EES en njóta vaxandi fylgis, m.a. vegna umhverfis- og byggðasjónarmiða, auk þess sem það kann að vera þjóðhagslega hagkvæmt að lágmarka tilkostnað við þjónustu við notendur. Einstök ríki, svo sem Bandaríkin, Kanada, Danmörk og Noregur, hafa þegar lögbundið skyldu fjarskiptafyrirtækja í farsímaþjónustu til að gera með sér innlenda reikisamninga.

3. Aðgangur að heimtaug.

Í aðgangi að heimtaug felst að fjarskiptafyrirtæki á lögvarinn rétt til að leigja aðgang að heimtaug til notenda af markaðsráðandi fjarskiptafyrirtæki. Vegna árátuga einkaréttar símastjórna Evrópu á fjarskiptum er almennt aðeins eitt fjarskiptanet sem nær til allra notenda. Þar af leiðandi þurfa ný fjarskiptafyrirtæki að fjárfesta verulega í eigin netum ætli þeir að ná til notenda almennt. Aðgangur að heimtaug er því mikilvægur til að örva samkeppni á almennum notendamarkaði um allt land. Aðgangur að heimtaug er ekki orðinn hluti af fjarskiptareglum EES, en ýmis aðildarríki, svo sem Danmörk, Finnland, Holland, Austurríki og Þýskaland, hafa nú þegar lögbundið slíkan aðgang og fleiri ríki munu bætast í þann hóp á næstunni. Alþjóðlegir efnahagsráðgjafar, svo sem OECD og Alþjóðabankinn, leggja mikla áherslu á að ríki setji ákvæði um aðgang að heimtaug í löggjöf sína vegna þeirra jákvæðu áhrifa sem það hefur á viðgang upplýsingaþjóðfélagsins og hagvöxt. Þess ber þó að geta að þetta mun leiða til hækkunar á fastagjaldi fyrir heimtaugina sem nú er lægra en tilkostnaður við hana, en á móti kemst á samkeppni um þjónustuna við notendur sem ætti að leiða til lægra verðs á henni. Þannig er það hagkvæmt fyrir notendur til lengri tíma litið að koma samkeppni á og skammtímasjónarmið vegna leiðréttinga á verðlagningu á notkun heimtaugarinnar eiga ekki að ráða nokkru þar um.

4. Aðgangshindranir afnumdar.

Í frumvarpinu er dregið úr afskiptum ríkisins af fjarskiptafyrirtækjum, og einstaklingum og fyrirtækjum auðvelduð leið inn á markaðinn. Meginreglan verður sú að ekki þarf sérstakt leyfi til að starfrækja fjarskiptafyrirtæki. Þó mun áfram þurfa rekstrarleyfi til starfrækslu talsímaþjónustu, farsímaþjónustu og fjarskiptanets.

Frestir vegna málsmeðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun eru styttir frá því sem nú er.

5. Ákvæði um opinn netaðgang.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um opinn aðgang að fjarskiptanetum, auk samtengingar, réttar og skyldu fjarskiptafyrirtækja. Póst- og fjarskiptastofnun mun gegna lykilhlutverki við framkvæmd þessa.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp að nýjum lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Breytast gildandi lög um stofnunina til samræmis við þær breytingar sem verða á fjarskiptalögum. Að auki eru stofnuninni tryggð úrræði til að hún geti rækt það mikla hlutverk sem henni er ætlað samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrstu grein er mörkuð almenn stefna og markmið laganna. Eins og fram kemur í 1. mgr. gilda lögin um fjarskipti og fjarskiptaþjónustu. Innan þess gildissviðs fellur umfjöllun um fjarskipti eins og þau hugtök eru skilgreind í 3. gr. frumvarpsins.

Markmið fjarskiptalaga er að tryggja örugg fjarskipti og sem hagkvæmasta fjarskiptaþjónustu hér á landi auk þess að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Eitt megineinkenni frumvarpsins er að aukin áhersla er lögð á að fjarskiptalög stuðli að virkri samkeppni á þeim sviðum sem frumvarpið nær til.

Ákvæði 3. mgr. er í meginatriðum óbreytt frá gildandi lögum en hér er gerð sú grundvallarbreyting að gagnaflutningsþjónusta verður hluti af alþjónustu en ekki aðeins talsímaþjón-

usta eins og í gildandi lögum. Því er í 3. mgr. fjallað um fjarskiptaþjónustu almennt í stað talsímaþjónustu.

Ákvæði 4. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 5. mgr. er tekið sérstaklega fram að frumvarpið sé samið með hliðsjón af tilskipunum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um fjarskiptamál. Vísast hér til 1. tölul. 1. hluta III. kafla almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun skuli hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Greinin kemur í stað 3. gr. gildandi laga, þó með þeirri viðbót að í 2. mgr. er lögsaga Póst- og fjarskiptastofnunar skilgreind. Alþjóðlegt eðli fjarskipta getur leitt til ágreinings um lögsögu Póst- og fjarskiptastofnunar. Þannig geta komið upp álitamál um hvernig lögsögu skuli háttað þegar lagðir eru sæstrengir milli landa eða þegar skip sigla innan íslenskrar efnahagslögsögu en utan landhelgi.

Um II. kafla.

Í kaflanum eru einstök hugtök skilgreind. Samkvæmt einsleitnismarkmiði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er brýnt að inntak hugtaka í íslenskum fjarskiptalögum sé í samræmi við löggjöf annars staðar í Evrópu. Það auðveldar jafnframt túlkun á II. kafla frumvarpsins að leita má fordæma úr löggjöf annarra aðildarríkja EES.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Skilgreiningar frumvarpsins hafa verið samdar með hliðsjón af skilgreiningum hugtaka í tilskipunum og öðrum alþjóðareglum sem frumvarpið byggist á.

Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um heimildir til fjarskiptastarfsemi. Með kaflanum er lögð til sú grundvallarbreyting á V. kafla gildandi laga að í stað þess að gefa þurfi út rekstrarleyfi til fjarskiptaþjónustu verður meginreglan sú að fjarskiptafyrirtæki þurfa einungis að uppfylla almenn skilyrði frumvarpsins. Í ákveðnum tilvikum er þó heimilt að krefjast rekstrarleyfis í samræmi við 7. gr. frumvarpsins. Breytingin er í samræmi við skuldbindingar Íslendinga samkvæmt EES-samningnum í þeim tilgangi að draga úr afskiptum ríkisins af aðgangi fjarskiptafyrirtækja að markaðinum.

Tilskipun þessi, 97/13/EB frá 10. apríl 1997, um samræmda löggjöf fyrir almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu, var samþykkt í sameiginlegu EES-nefndinni í mars 1999. Auk framanritaðs er aðildarríkjum EES bannað að takmarka fjölda nýrra fjarskiptafyrirtækja nema þegar tíðnisvið er takmarkað og í einstökum undantekningartilfellum vegna númeramála en þá aðeins í takmarkaðan tíma.

Einnig eru í tilskipuninni settar samræmdar meginreglur um málsmeðferð við leyfisveitingar sem aðildarríki EES verða að fara að. Þessi ákvæði um málsmeðferðartíma og skilyrði rekstrarheimildar tryggja að sömu reglur gilda um ný fjarskiptafyrirtæki alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Stjórnvöldum er óheimilt að setja önnur skilyrði fyrir rekstri en fram koma í tilskipuninni.

Um 4. gr.

Í 4. gr. kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun veiti heimild til reksturs almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Meginbreyting frumvarpsins frá gildandi lögum er að heimildir geta verið tvenns konar, almennar heimildir og rekstrarleyfi.

Heimildir eru veittar félögum sem staðfestu hafa á Íslandi, innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða innan aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð. Í leyfisveitingatilskipun ESB er markmiðið að reglur um leyfisveitingar séu í samræmi við ákvæði Rómarsáttmálans um stofnsetningarrétt og til að veita þjónustu en þær meginreglur er einnig að finna í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ákvæði 2. mgr. tekur af allan vafa um að ekki þurfi sérstaka heimild til að starfrækja virðisaukandi þjónustu. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um almennar heimildir til að veita fjarskiptaþjónustu. Þar er miðað við að fyrirtæki sem uppfyllir skilyrði laganna geti starfað án þess að um frekari heimild verði að ræða. Skilyrðin samkvæmt lögunum verða að vera almenn þar sem leyfisbréf verða ekki gefin út. Á hinn bóginn þurfa þeir aðilar sem hyggjast starfrækja fjarskiptaþjónustu að senda um það tilkynningu til Póst- og fjarskiptastofnunar með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þessi tilkynningarskylda er lögð á fjarskiptafyrirtæki af tveimur ástæðum. Annars vegar er mikilvægt að Póst- og fjarskiptastofnun sem er eftirlitsaðili með markaðinum hafi yfirlit yfir það hverjir starfa á viðkomandi markaði. Hins vegar mun ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um hvort fyrirhuguð starfsemi falli undir leyfisskylda starfsemi skv. 7. gr. frumvarpsins byggjast að verulegu leyti á upplýsingum sem fylgja tilkynningu.

Í 2. mgr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun haldi skrá yfir öll fjarskiptafyrirtæki sem hafa tilkynnt að þau muni starfa samkvæmt almennri heimild. Skránni er ætlað að veita yfirlit og auðvelda samskipti stofnunarinnar og þátttakenda á íslenska fjarskiptamarkaðinum.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun skuli setja skilyrði sem gilda um almennar heimildir. Þessi heimild til að setja skilyrði sækir stoð sína í 4. gr. leyfisveitingartilskipunar ESB þar sem fram kemur að einungis megi setja þau skilyrði sem fram koma í viðauka tilskipunarinnar.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um þau frávik frá meginreglu 5. gr. að einungis þurfi almenna heimild til að reka fjarskiptaþjónustu. Ákvæðið er byggt á 7. gr. leyfisveitingartilskipunarinnar og eru þar tæmandi talin þau tilvik þegar heimilt er að krefjast rekstrarleyfis.

Um 8. gr.

Við útgáfu rekstrarleyfa er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að setja rekstrarleyfishöfum skilyrði sem eru tæmandi talin í greininni.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafist af umsækjendum um rekstrarleyfi að þeir leggi fram fullnægjandi upplýsingar um eignaraðild, fjárhagsstöðu og fyrirhugaða starfsemi, svo og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að leggja mat á umsóknina.

Málsmeðferð á að ljúka innan sex vikna frá því að erindi berst, en þó er heimilt að framlengja frestinn í ákveðnum tilvikum.

Í 2. mgr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun sé enn fremur heimilt að fresta ákvörðun um fjóra mánuði til viðbótar við þá fresti sem greindir eru í 1. mgr. þegar sótt er um leyfi sem felur í sér úthlutun í tíðnisviði sem er takmarkað að umfangi og stjórnvöld ákveða að viðhafa útboð um úthlutun eða gefa með auglýsingu öðrum kost á að sækja um sama tíðnisvið.

Ákvæðið á uppruna sinn í 9. gr. leyfisveitingartilskipunarinnar og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 10. gr.

Greinin kemur í stað 8. gr. gildandi laga, en hér er nánar skilgreint hvenær verður heimilt að takmarka fjölda leyfa sem er eingöngu þegar úthluta þarf tíðni eða númerum.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun fengin heimild til að efna til útboða í ákveðnum tilvikum. Markmið útboðs samkvæmt ákvæðinu er fyrst og fremst tvenns konar. Annars vegar að stýra aðgangi að auðlindum eftir hlutlægum mælikvarða þegar eftirspurn eftir þeim er meiri en framboð. Hins vegar getur Póst- og fjarskiptastofnun boðið skilgreinda starfsemi út sem ákveðið er að halda uppi en ætla má að skili ekki arði. Útboð er þá fyrst og fremst til þess fallið að lágmarka tilkostnað ríkisins við að halda úti þjónustu sem ella yrði ekki veitt.

2. og 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin er nýmæli en þarfnast ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Í 7. gr. gildandi laga er lögfest skylda rekstrarleyfishafa til að veita alþjónustu. Þar er alþjónusta Póst- og fjarskiptastofnunar skilgreind sem talsímaþjónusta. Hér er það nýmæli að undir alþjónustu fellur einnig ákveðin gagnaflutningsþjónusta. Þarfir einstaklinga og fyrirtækja fyrir fjarskiptaþjónustu og hugmyndir þeirra um verðlagningu á þjónustunni eru breytilegar. Þess vegna er nauðsynlegt að setja ramma sem mæti þörfum allra notenda fyrir þá þjónustu sem þeim er nauðsynleg á eins góðum kjörum og unnt er.

Um 13. gr.

Greinin byggist á 7. gr. gildandi laga, þó með þeirri breytingu að samkvæmt gildandi lögum á Póst- og fjarskiptastofnun frjálst mat um það hvenær fjarskiptaþjónusta telst alþjónusta. Með breytingunni er leitast við að setja vísireglur um hvenær hægt er að leggja alþjónustukvöð á fjarskiptafyrirtæki. Þá er nýmæli að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákveðið lágmarksgæði alþjónustu.

Í 1. mgr. er jafnframt sú grundvallarbreyting að ákveðin gagnaflutningsþjónusta telst alþjónusta. Er þar um að ræða gagnaflutning t.d. í samneti og er með því leitast við að tryggja öllum landsmönnum gagna flutningsþjónustu sem mundi m.a. bæta aðgang þeirra að internetinu. Ákvæðið á sér fyrirmynd í dönsku fjarskiptalögunum.

Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur um synjun borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar.

Um 14. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá 14. gr. gildandi laga að viðbættri 2. mgr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um að kostnaður við alþjónustu skuli byggjast á sömu reglum og um samtengingu.

Um 15. gr.

Sama ákvæði er nú í 15. gr. gildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin kemur í stað 16. gr. gildandi laga. Hún er að mestu óbreytt en því er bætt við að umhverfisástæður geti orðið grundvöllur ákvörðunar samgönguráðherra um framkvæmdir eða rekstur.

Um V. kafla.

Eitt meginmarkmið fjarskiptalöggjafar er að auðvelda aðgang að fjarskiptanetum og þjónustu. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita öðrum, einstaklingum og lögaðilum, þennan aðgang. Í þessum kafla er nánar mælt fyrir um með hvaða skilmálum aðgangur skuli veittur og hvenær heimilt er að synja um aðgang.

Reglurnar í V. kafla byggjast á meginreglum Evrópuréttar um svokallaða ómissandi aðstöðu (essential facility). Í þeim reglum felst að sá sem ræður yfir aðstöðu sem samkeppnisaðilum hans er nauðsynleg til að geta stundað starfsemi sína þarf að veita aðgang að henni. Í V. kafla eru settar reglur um hvernig aðgangi fjarskiptafyrirtækja og einstaklinga að henni skuli háttað.

Ákvæði kaflans er í samræmi við tilskipun EES 90/387/EB, sbr. 97/51/EB.

Um 17. gr.

Greinin er nýmæli og er ætlað að auðvelda framboð almennra fjarskiptaneta og/eða almennrar fjarskiptaþjónustu á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu. Skal öllum sem þess óska heimill aðgangur að almennum fjarskiptanetum og almennri fjarskiptaþjónustu með ákveðnum skilmálum. Þessu ákvæði er einnig ætlað að auðvelda aðgang annarra en fjarskiptafyrirtækja að aðstöðu, t.d. aðgang útvarps- og sjónvarpsstöðva að breiðbandi.

Um 18. gr.

Greinin er nýmæli og er ætlað að koma í veg fyrir að skilmálar um opinn aðgang hafi í för með sér takmörkun á aðgangi að almennum fjarskiptanetum. Grundvallaratriðið í þessu sambandi er að sá sem óskar aðgangs að aðstöðu á að fá hann á hentugasta stað svo fremi sem það er tæknilega mögulegt.

Ákvæði greinarinnar eru samin á grundvelli ákvæðis tilskipunar EES 90/387/EB, sbr. 97/51/EB.

Um 19. gr.

Ákvæðið fjallar um aðgang að leigulínum í samræmi við tilskipun 92/44/EBE um leigulínur.

Um 20. gr.

Grein þessi felur í sér nýmæli í íslenskri löggjöf um fjarskipti og leggur þá skyldu á rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild að veita fjarskiptafyrirtækjum aðgang að notendum fjarskiptanets á grundvelli nánar tilgreindra skilyrða.

Frá 1906–98 ríkti lögbundinn einkaréttur á rekstri fjarskiptaneta. Til viðbótar honum voru þær hömlur við lýði að rekstur sjónvarpsstöðva var bannaður til ársins 1986. Þessi lögbundni einkaréttur leiddi til þess að ekki voru byggð upp fjarskiptanet hér á landi fyrir almenning önnur en fjarskiptanet Póst- og símamálastofnunar. Þetta var ólíkt þróuninni í öðrum löndum þar sem frelsi, einkum í sjónvarpsrekstri, komst fyrr á með þeim afleiðingum að sjónvarpskapalkerfi voru byggð upp til almannanota. Þessi sjónvarpskapalkerfi má nú nota sem fjarskiptanet sem auðveldar til muna samkeppni í rekstri fjarskiptaneta í þessum löndum.

Aðgangur að heimtaug fjarskiptafyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild er lykilatriði fyrir samkeppni á almennum notendamarkaði hér á landi. Stafar það af því að kostnaður við lagningu heimtaugar til venjulegs notanda er mun hærri en sem nemur þeirri notkun sem fram fer til venjulegra heimilisnota, einkum ef lagning þarf að fara fram í grónum hverfum.

Um fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild er fjallað í 24. gr. frumvarpsins og eru það fyrirtæki sem hafa að jafnaði meira en 25% hlutdeild tiltekins fjarskiptamarkaðar. Almennt fjarskiptanet er innviðir fyrir almenn fjarskipti sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðgerðum.

Núverandi gjaldtaka fyrir notkun á heimtaugum einstakra notenda er ekki í samræmi við tilkostnað. Verður því að breyta gjaldskrá Landssíma Íslands hf. til samræmis við tilkostnað til að tryggja að fastanetinu verði haldið eðlilega við og ráðist verði í fjárfestingar sem nauðsynlegar eru til að viðhalda kerfinu. Í bráðabirgðaákvæði II er gert ráð fyrir að fastagjöld fyrir talsímalínur verði leiðrétt til samræmis við tilkostnað við rekstur þeirra og skuli kostnaðarreikningar fyrir talsímaþjónustu lagðir fyrir Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en 1. mars 2000. Stofnunin hefur frest til 1. apríl 2000 til að ákveða fastagjald fyrir síma.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að aðgangurinn verði veittur sex mánuðum eftir að Póst- og fjarskiptastofnun hefur ákvarðað fastagjöldin í samræmi við bráðabirgðaákvæði II.

Títtnefndar reglur um fjarskipti sem gilda innan EES gera ekki ráð fyrir þeirri skyldu að veita fyrirtækjum aðgang að heimtaug til notenda fjarskiptafyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild. Öll umræða um breytingar á fjarskiptalöggjöf innan EES miðast við að þessi aðgangur verði tryggður í nánustu framtíð.

Sérfræðiskýrslur sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur látið gera í tilefni af endurskoðun tilskipana um fjarskiptamál leggja til að framkvæmdastjórnin geri allt sem hún geti til þess að lagaskyldu um aðgang að heimtaug verði komið á gagnvart markaðsráðandi fjarskiptafyrirtækjum eins fljótt og auðið er. Að mati ráðgjafa framkvæmdastjórnarinnar ætti aukinn aðgangur að heimtaug að leiða til:

— Aukinnar samkeppni í innanbæjarsímtölum og langlínusamtölum. Erfitt er fyrir fjarskiptafyrirtæki að keppa hvort sem er í verði eða þjónustu á grundvelli samtengingarsamninga eingöngu.
— Fleiri nýjunga í þróun tækni fyrir heimtaugar og þjónustu við þær. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir þróun háhraðaþjónustu sem upplýsingaþjóðfélag nútímans krefst.
— Minni þarfar fyrir ríkisafskipti því að samkeppni á öllum stigum fjarskiptaþjónustu hefur í för með sér innra aðhald í greininni.

Samkeppni í rekstri fjarskiptaneta er lítil á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Flest ný fjarskiptafyrirtæki leggja áherslu á útlandasímtöl og/eða þjónustu við stærri fyrirtæki í þéttbýli. Að mati ráðgjafa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eru þrjár meginástæður fyrir þessum skorti á samkeppni. Í fyrsta lagi tekur langan tíma að koma á samkeppni á heimtaugarmarkaði ef ætlast er til þess að nýir samkeppnisaðilar verði að leggja nýjar heimtaugar. Mörg Evrópuríki komu fyrst á frelsi í fjarskiptum árið 1998. Í öðru lagi

er stærðarhagkvæmni mikil á heimtaugarmarkaði. Þetta leiðir til þess að ný fjarskiptafyrirtæki með óverulega markaðshlutdeild þurfa að bera mikinn kostnað í samanburði við fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild til þess að geta keppt um þjónustu í dreifbýli, við heimili og lítil og meðalstór fyrirtæki. Án aðgangs að heimtaug er ólíklegt að ný fjarskiptafyrirtæki geti þjónað dreifbýli. Í þriðja lagi er smásöluverð sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild innheimta fyrir afnot af heimtauginni í flestum Evrópuríkjum undir kostnaði. Þar af leiðandi geta ný fjarskiptafyrirtæki ekki haft neinar tekjur af heimtaugarmarkaði og verða að treysta alfarið á aðra þjónustu. Þetta eykur áhættufjárfestingar og hindrar aðgang að markaði. Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er ætlað að auka gagnsæi verðskrárinnar.

Um 21. gr.

Í ákvæðinu, sem er nýmæli, er fjallað um innlenda reikisamninga og lagt til að fjarskiptafyrirtæki sem reka farsímanet semji sín á milli um reiki á milli farsímakerfa. Í undantekningartilvikum geti Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið hvort samningur skuli gerður og skilmála reikis náist ekki samkomulag.

Með reiki er átt við það sem á ensku er gjarnan kallað „roaming“ og felur í sér að notandi hjá einu farsímafyrirtæki getur notað síma sinn utan þjónustusvæðis þess hjá öðru farsímafyrirtæki. Eru slíkir samningar alþekktir á milli símafyrirtækja, sérstaklega þegar fyrirtæki bjóða notendum sínum upp á þjónustu í öðrum löndum. Íslensku farsímafyrirtækin hafa gert reikisamninga við símafyrirtæki í mörgum ríkjum um notkun íslenskra notenda í öðrum löndum, sem og samninga við erlend fyrirtæki um reiki á Íslandi.

Skilyrði þess að fjarskiptafyrirtæki geti átt kröfu á innlendum reikisamningi er að ekki verði ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðvar, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðvar eru sérstaklega erfiðar, svo sem náttúrulegar aðstæður. Dæmi um aðstæður sem gætu talist sérstaklega erfiðar er það ef umhverfis- eða skipulagslöggjöf væri hindrun fyrir frekari uppbyggingu farsímanets. Skilyrði þess að fyrirtæki geti krafist reikisamnings er að það ráði að mati Póst- og fjarskiptastofnunar yfir eigin farsímaneti þar sem því verður við komið.

Skylda til að gera reikisamning skv. 3. mgr. verður undantekningarregla og fer um málsmeðferð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt reglum um deilur um opinn aðgang í 22., 27. og 28. gr. Þó gildir sú sérregla um reikisamninga að farsímafyrirtæki sem fær reiki hjá öðru fyrirtæki þarf að greiða fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá, að frádregnum þeim kostnaðarliðum sem eigandi netsins þarf ekki að standa undir. Er þar átt við atriði eins og innheimtu reikninga, markaðsfærslu o.fl.

Í dönskum og norskum lögum er kveðið á um skyldu rekstrarleyfishafa farsímaþjónustu til að gera reikisamninga við aðra rekstrarleyfishafa og fleiri ríki hafa eða eru að taka upp sams konar samningsskyldu. Í frumvarpi þessu er lagt til að Ísland verði í þeim hópi.

Um 22. gr.

Ákvæðið heimilar Póst- og fjarskiptastofnun að kveða á um skilmála opins aðgangs að fjarskiptanetum skv. V. kafla. Málsmeðferð ágreinings um opinn netaðgang er mun einfaldari en málsmeðferð vegna samtengingar, enda eru samningar um aðgang að tilteknum nettengipunkti eða aðgangur að tiltekinni þjónustu yfirleitt mun einfaldari en umfangsmiklir samtengingarsamningar.

Ákvæði greinarinnar um verðlagningu þjónustu eru í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar um opinn aðgang að netum.

Um VI. kafla.

Í gildandi fjarskiptalögum eru ákvæði um skyldu rekstrarleyfishafa til að tengja fjarskiptanet sitt fjarskiptaneti annarra rekstrarleyfishafa.

VI. kafli frumvarpsins byggist á sömu sjónarmiðum og ákvæði gildandi laga, en ákvæðin eru ítarlegri og samin með hliðsjón af samtengingartilskipun 97/33/EB.

Áður en lögbundinn einkaréttur símamálastofnana á starfrækslu almennra fastra fjarskiptaneta var afnuminn á Evrópska efnahagssvæðinu árið 1998 var að jafnaði aðeins eitt fjarskiptafyrirtæki í hverju Evrópuríki sem veitti slíka fjarskiptaþjónustu. Þetta hafði það að sjálfsögðu í för með sér að allt fjarskiptanetið var á einni hendi. Fjarskipti ganga út á það að hægt sé að hafa samskipti á milli a.m.k. tveggja nettengipunkta. Til þess að áskrifandi nýs fjarskiptafyrirtækis geti haft samband við aðila sem er í áskrift hjá öðru fjarskiptafyrirtæki verður að vera samtenging á milli netanna. Þetta séreðli fjarskiptaþjónustunnar gæti leitt til þess að fjarskiptafyrirtæki með flesta áskrifendur gæti útilokað ný fjarskiptafyrirtæki frá markaðinum einfaldlega með því að synja um samtengingu.

Um 23. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfest verði ákvæði og viðaukar samtengingartilskipunarinnar. Í 1. mgr. eru skilgreindar tegundir fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta sem leiða til réttar og skyldu til að semja um samtengingu. Í II. viðauka samtengingartilskipunarinnar eru fjarskiptafyrirtæki sem njóta réttar og bera skyldu til að semja um samtengingu skilgreind. Viðaukinn er fyrirmynd upptalningar í greininni en ljóst er að hún er rúm því að hún tekur einnig til flutningsþjónustu til notenda sem önnur fjarskiptaþjónusta byggist á. Þannig fellur m.a. ATM-þjónusta undir ákvæðið.

Í 2. mgr. er minnt á þá meginreglu að samtengingarsamningar eiga að vera frjálsir og á forræði fjarskiptafyrirtækjanna sem að þeim standa. Rétt er að gæta þess að milliganga Póst- og fjarskiptastofnunar kemur ekki til nema samningaviðræður fjarskiptafyrirtækjanna séu sigldar í strand að mati annars eða beggja samningsaðila.

Í 3. mgr. er fjallað um þátt Póst- og fjarskiptastofnunar ef til milligöngu hennar þarf að koma. Mikilvægi þess að stofnunin kveði upp úrskurð um inntak samtengingarsamnings ræðst af aðstæðum hverju sinni. Í 2. mgr. 3. gr. samtengingartilskipunarinnar er sú skylda lögð á aðildarríki EES að tryggja virka og nægilega samtengingu þeirra almennu fjarskiptaneta sem talin eru upp í I. viðauka tilskipunarinnar en það eru þau net sem talin eru upp í 3. mgr.

Um 24. gr.

Ákvæðið sem er nýmæli felur í sér ríkari skyldur til að verða við beiðni um samtengingu þegar um er að ræða fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild. Skilgreining á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild er í samræmi við 3. tölul. 4. gr. samtengingartilskipunarinnar.

Um 25. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfest verði 6. gr. samtengingartilskipunarinnar þar sem mælt er fyrir um meginreglur til að tryggja gagnsæi, aðgang að upplýsingum, jafnræði og jafnan aðgang að fjarskiptaneti. Í þeim felst að Póst- og fjarskiptastofnun skuli leggja sérstakar kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild til þess að tryggja jafnræði að því er varðar samtengingu við önnur fyrirtæki. Upplýsingar um samtengingarskilmála skulu vera aðgengilegar enda skiptir samtenging sköpum fyrir ný fyrirtæki á markaðinum sem

verða að treysta á samtengingu neta til að geta tryggt notendum sínum aðgang að notendum annarra neta og boðið hinum síðarnefndu þjónustu sína. Samtímis er tryggt að notendur eigi kost á vali á þjónustuveitanda. Í 2. mgr. er ákvæði sem ætlað er að fyrirbyggja misnotkun upplýsinga sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild fá í hendur vegna sérstöðu sinnar í krafti grunnnetsins.

Um 26. gr.

Fyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna fjarskiptaþjónustu á sviði talsíma í fastaneti og leigulína og njóta umtalsverðar markaðshlutdeildar skulu uppfylla ákvæði greinarinnar.

Verðlagning samtengingar er lykilatriði fyrir fjarskiptafyrirtæki sem hyggst starfa á markaðinum. Hér er sú meginbreyting gerð að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild verða að sanna að samtengingargjöld þeirra séu ákveðin á grundvelli tilkostnaðar. Af þessum sökum er fyrirtækjum nauðsynlegt að halda fullkomið kostnaðarbókhald. Í því skyni getur Póst- og fjarskiptastofnun krafið viðkomandi fyrirtæki um rökstuðning fyrir kostnaðartölum og þegar ástæða þykir til krafist breytinga á gjaldi. Í V. viðauka tilskipunarinnar er að finna nánari útfærslu á kostnaðargrundvelli í þessu skyni. Framkvæmdastjórn ESB hefur auk þess gefið út tilmæli um nánari útfærslu á ákvæðum tilskipunarinnar, sjá 98/195/EB og 98/511/EB. Samkvæmt þeim eru einkum þrír flokkar samtengingargjalda, staðarsímtöl, einfaldur flutningur og tvöfaldur flutningur. Flest bendir til að svipaðri aðferðafræði verði beitt við verðlagningu á leigulínum styttri en 5 km að lengd. Miðað er við að virðisaukatengdur langtímakostnaður verði notaður, fremur en sögulegur kostnaður við ákvörðun um verð þjónustu. Kemur þetta skýrt fram í inngangsorðum tilskipunarinnar.

Í 1. tölul. greinarinnar sem byggist á 7. gr. samtengingartilskipunar 97/33/EB er kveðið á um að gjöld fyrir samtengingu skuli miðast við tilkostnað, þ.m.t. hæfilega arðsemi af fjárfestingum.

Í 2. tölul. kemur fram krafa um að fjarskiptafyrirtæki sem nýtur umtalsverðrar markaðshlutdeildar birti viðmiðunartilboð. Innihald slíks viðmiðunartilboðs er ekki tæmandi talið í greininni og tekur mið af þróun fjarskiptamarkaðarins á hverjum tíma. Samtengingartilskipunin leggur eftirlitsstofnunum í einstökum ríkjum á herðar skyldu að tryggja að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild birti viðmiðunartilboð um samtengingu.

Skyldur fjarskiptafyrirtækja til að gefa út viðmiðunartilboð og leiðbeiningar um innihald viðmiðunartilboðs er að finna bæði í samtengingartilskipuninni, grein 7.3, og tilskipun um samkeppni á fjarskiptamarkaði 90/388/EB, með síðari breytingum. Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út leiðbeiningar um innihald viðmiðunartilboðs. Tilboðinu er ætlað að auðvelda nýjum fyrirtækjum á markaðinum að átta sig á möguleikum sem samtenging á að veita þeim til að bjóða notendum nýja kosti í fjarskiptaþjónustu.

Ákvæði 3. tölul. er ætlað að hindra að ný fyrirtæki verði beitt þrýstingi til að þiggja hjá fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild meiri þjónustu en þörf er fyrir.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er að finna ákvæði sem er efnislega samhljóða 2. mgr. 12. gr. gildandi laga, þó með þeirri mikilvægu breytingu að aðilar geta nú leitað til Póst- og fjarskiptastofnunar innan mánaðar í stað þriggja mánaða áður. Ljóst er að það getur valdið nýjum fyrirtækjum verulegu fjárhagstjóni ef samningar dragast á langinn. Þess vegna er frestur aðila til að komast að samkomulagi takmarkaður.

Í 2. mgr. eru talin upp þau sjónarmið sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur til hliðsjónar við sáttameðferð.

Um 28. gr.

Í greininni er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til að leggja fram miðlunartillögu í samtengingarmáli sem vísað hefur verið til stofnunarinnar. Ekki er talið hægt að kveða nánar á um innihald málamiðlunartillögu vegna þess hversu fjölþætt samtenging getur verið en tekið er fram að hliðsjón skuli höfð af öðrum greinum þessa kafla. Lykilatriðið er að tillaga Póst- og fjarskiptastofnunar um samtengingu á að vera til þess fallin að ná sem mestri hagkvæmni og hagsbótum fyrir notendur, sbr. markmið 27. gr. frumvarpsins. Sáttameðferð eru sett tímamörk til að koma í veg fyrir að ný fyrirtæki bíði fjárhagslegt tjón af langri málsmeðferð.

Náist ekki samkomulag innan þriggja mánuða þrátt fyrir sáttatilraunir skal Póst- og fjarskiptastofnun að kröfu annars eða beggja aðila ákveða skilmála fyrir samtengingu. Kemur sá frestur í stað sex mánaða frests í 13. gr. gildandi laga. Þeir skilmálar mundu þá alla jafna vera í samræmi við framkomna miðlunartillögu nema aðilar hefðu náð samkomulagi um hluta samtengingarsamnings sem væri annars efnis en fram komin tillaga stofnunarinnar. Þetta ákvæði er í samræmi við 9. gr. samtengingartilskipunarinnar sem segir að fjarskiptastofnun hvers aðildarríkis skuli geta ákveðið að fjarskiptafyrirtæki samtengi net sín sem lokaúrræði til þess að gæta mikilvægra almannahagsmuna. Fjarskiptastofnanir aðildarríkjanna eiga samkvæmt sama ákvæði einnig að geta ákveðið skilmála samtengingar þegar það á við.

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar skal fylgja rökstuðningur og er því um sambærilegar kröfur að ræða og gilda samkvæmt stjórnsýslulögum vegna kæruúrskurða.

Í greininni er að finna heimildir til að krefjast upplýsinga úr bókhaldi aðila og eins er stofnuninni heimilt að láta löggilta endurskoðendur yfirfara slík gögn í sínu umboði.

Um 29. gr.

Greinin kemur í stað 11. gr. gildandi laga, en lagt er til að skyldan til að semja og birta viðskiptaskilmála nái til almennrar fjarskiptaþjónustu í stað alþjónustu og reksturs fjarskiptanets áður. Þetta ákvæði er í samræmi við tilskipanir um opinn netaðgang að netum, a.m.k. talsímatilskipunarinnar. Í viðskiptaskilmálum skal mæla fyrir um helstu atriði sem notendum er nauðsynlegt að hafa vitneskju um.

Í 2. mgr. segir að gjöld skuli vera sundurliðuð svo að notendur eigi þess kost að meta sjálfir hvaða þætti þjónustu þeir vilja kaupa. Er þetta ákvæði sett með neytendasjónarmið í huga.

Í 3. mgr. er það nýmæli að finna að rekstrarleyfishöfum ber að tilkynna breytingar á gjaldskrá til Póst- og fjarskiptastofnunar eigi síðar en fjórum virkum dögum fyrir gildistöku þeirra.

Í 4. mgr. er stofnuninni fengin heimild til að fylgjast með starfsemi rekstrarleyfishafa í þeim tilgangi að sannreyna að hún sé í samræmi við gildandi reglur, ákvarðanir og skilyrði stofnunarinnar á hverjum tíma.

Samgönguráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um bókhaldslegan aðskilnað eða aðgreiningu einstakra rekstrarþátta þannig að unnt sé að fylgjast með stofnkostnaði og kostnaði af rekstri samtengdra fjarskiptaneta. Reglugerð hefur ekki verið sett um þetta efni á grundvelli gildandi laga. Í rekstrarleyfi Landssíma Íslands hf. eru ákvæði um skyldu rekstrarleyfishafans til aðgreina bókhald sitt. Samsvarandi ákvæði eru í reglugerð nr. 216/1998 um alþjónustu sem sýna hvernig greina ber bókhald fyrir alþjónustu.

Um 30. gr.

Greinin er nýmæli. 1. mgr. tryggir rétt notenda til að fá reikninga sína sundurliðaða eftir tegundum þjónustu án sérstakrar greiðslu. Sem dæmi má nefna að nú eru reikningar Landssíma Íslands hf. sundurliðaðir eftir þjónustuflokkum. Með 2. mgr. er áskrifendum gert kleift að óska eftir nánari sundurliðun á reikningum sínum gegn sérstakri greiðslu, en fjallað er um þetta í tilskipun 97/66/EB um vernd einkalífsins á sviði fjarskipta. Dæmi um þetta er sundurliðun símreikninga eftir einstökum símtölum.

Í 3. mgr. er að finna það nýmæli að leitast er við að vernda friðhelgi þeirra sem leita þurfa félagslegrar þjónustu með því að slík símtöl komi ekki fram á sundurliðuðum reikningi, enda hafi þjónustuveitandi látið rekstrarleyfishafa upplýsingar í té um eðli þjónustunnar. Sem dæmi um þetta má nefna þjónustu félagsráðgjafa og presta.

Í 4. mgr. segir að innheimti fjarskiptafyrirtæki yfirgjöld af símtali skuli þess ávallt getið í upphafi símtals hver fjárhæð gjaldsins sé eða á hvaða forsendum það verði ákvarðað. Grein þessi kemur í stað ákvæðis 27. gr. gildandi laga um eftirlit með símatorgsþjónustu og hefur sama markmið og eldra ákvæði sem er að vernda neytendur fyrir kostnaði við þjónustu.

Um 31. gr.

Krafa um fjárhagslegan og/eða bókhaldslegan aðskilnað tekur ekki aðeins til fjarskiptafyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild. Hafi fjarskiptafyrirtæki sérleyfi á öðru sviði en fjarskiptum er gerð krafa um það í frumvarpinu að sá rekstur sé aðgreindur frá fjarskiptastarfsemi. Þetta ákvæði á sér hliðstæðu í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993.

Um VIII. kafla.

Í 10. tölul. 3. gr. gildandi laga um Póst- og fjarskiptastofnun segir að stofnunin fari með númeramál. Auk þess eru í gildi reglur birtar í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 6/1999, um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga.

Ákvæði kaflans eru samin með hliðsjón af ákvæðum talsímatilskipunar 98/10/EB, samtengingartilskipunar 97/33/EB og persónuverndartilskipunar 97/66/EB sem fjallar um friðhelgi einkalífsins og fjarskipti og er ætlað að samræma gildandi reglur um númeramál hér á landi við framangreindar reglur.

Um 32. gr.

Í greininni er fjallað um skipulag númera og skyldur Póst- og fjarskiptastofnunar til að viðhalda skipulagi í númerum, sbr. ákvæði samtengingartilskipunar 97/33/EB. Ákvæðin eru í samræmi við hlutverk stofnunarinnar samkvæmt gildandi lögum og við ákvæði 12. gr. samtengingartilskipunarinnar. Tilskipanir ESB leggja eftirlitsstofnunum á herðar ábyrgð á framkvæmd númeramála til að tryggja jafnræði og eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja, enda eru númer lykilatriði í fjarskiptaþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar auk venjulegra sjö tölustafa númeraraða fyrirtækjum stuttnúmer sem fyrst og fremst eru hugsuð sem þjónustunúmer. Í samræmi við tilskipanir ESB er 112 frátekið sem neyðarnúmer og er kveðið á um að símtöl í 112 skulu vera endurgjaldslaus af augljósum ástæðum.

Um 33. gr.

Greinin er nýmæli og ætlað að leiða í lög ákvæði samtengingartilskipunarinnar um númeraflutning og möguleika á forskeyti við símanúmer. Reglur um númeraflutning tryggir enda notendum sem þess óska möguleika á því að halda því númeri eða númerum sem þeir hafa á tilteknum stað á fasta almenna símnetinu, óháð því hvaða fyrirtæki veitir þjónustuna. Rétt-

ur notandans samkvæmt ákvæðinu tekur til númeraflutnings innan númerasvæðis þegar viðkomandi hefur svæðisnúmer en er óháð staðsetningu sé svæðisnúmer ekki innifalið í símanúmerinu. Samkvæmt tilskipuninni á númeraflutningur að bjóðast notendum eigi síðar en 1. janúar 2000.

Kostnaður við umskráningu verður að miðast við tilkostnað og má ekki á neinn hátt hafa þau áhrif að hindra notendur í því að óska eftir að skipta um þjónustuveitanda. Í frumvarpinu kemur fram að fjarskiptafyrirtæki er heimilt að innheimta eingreiðslu er nemi kostnaði fjarskiptafyrirtækis af umskráningu. Um kostnað við tæknilega framkvæmd skal fara að reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur um númeraflutning skv. 1. mgr.

Símanúmer geta skipt einstaklinga og fyrirtæki miklu máli, enda kann að fylgja því mikill kostnaður og röskun að skipta um símanúmer, t.d. auglýsingum. Af þeirri ástæðu er meginregla um númeraflutning mjög æskileg fyrir samkeppni á fjarskiptamarkaði. Eins og sakir standa er ekki gert ráð fyrir möguleika á númeraflutningi á milli númerasvæða, en Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að ákveða hvenær sá möguleiki stendur opinn fyrir notendur. Sömu sögu er að segja af númeraflutningi utan fasta fjarskiptanetsins, svo sem milli farsíma og fastanets. Póst- og fjarskiptastofnun ber að tryggja númeraflutning utan almenna fasta fjarskiptanetsins eins fljótt og auðið er.

Í 2. mgr. er fjallað um það sem nefnt hefur verið forskeyti. Greinin er í samræmi við tilskipun 98/61/EB. Gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun ákveði nánar hversu fljótt hægt verði að innleiða forvalið.

Um 34. gr.

Greinin sem er nýmæli fjallar um réttinn til að vera skráður í símaskrá sem og rétt áskrifanda til að vera óskráður. Hún á uppruna í 6. gr. talsímatilskipunarinnar 98/10/EB. Samkvæmt tilskipuninni má fjármagna símaskrárþjónustu úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Ákvæðið er einnig samið með hliðsjón af tilskipun 97/66/EB um vinnslu gagna og friðhelgi einkalífsins í fjarskiptastarfsemi.

Í 4. mgr. er sérstakt ákvæði sem ætlað er að vernda símnotendur sem þess óska fyrir seljendum vöru og þjónustu sem hyggjast markaðssetja vörur sínar með símhringingum.

Um 35. gr.

Greinin kemur í stað j-liðar 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Ákvæði greinarinnar er samið með hliðsjón af b-lið 9. gr. talsímatilskipunarinnar sem segir að aðildarríki sé skylt að tryggja að allir notendur sem skráðir eru í fasta almenna fjarskiptanetið eigi rétt á því að fá upplýsingar um öll símanúmer hjá einni upplýsingaþjónustu. Með aukinni samkeppni og fjölgun rekstrarleyfishafa verður mikilvægt að haldin sé heildstæð skrá yfir alla notendur og að slíkar upplýsingar fáist almennt á einum stað og séu ekki bundnar við einstaka þjónustuveitendur. Í 2. mgr. 35. gr. felst skylda rekstrarleyfishafa til að láta í té upplýsingar um símanúmer viðskiptamanna sinna, með þeim takmörkunum þó sem greinir í 34. gr.

Um IX. kafla.

Kaflinn kemur í stað XI. kafla gildandi laga. Felur hann í sér nýmæli þar sem horfið er frá kröfu um gerðarsamþykki búnaðar. Komið er á meginreglunni um frjálsa vöruflutninga á fjarskiptabúnaði sem hlotið hefur gerðarsamþykki hjá þar til bærum aðila innan EES, svokölluð CE-merking.

Tilskipun ráðsins og þingsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um þráðlausan fjarskiptabúnað og notendabúnað og gagnkvæma viðurkenningu á gerðarsamþykktum mun taka gildi á innri

markaði Evrópusambandsins á næsta ári. Hún mun hafa í för með sér verulegar breytingar á heimild til innflutnings á fjarskiptabúnaði. Ákvæði kaflans taka mið af tilskipuninni þótt hún sé ekki enn hluti EES-reglna á sviði fjarskipta.

Í lágspennutilskipun ráðsins 73/23/EBE frá 19. febrúar 1973 til að opna markaði fyrir fjarskiptabúnað var fyrir fram eftirlitsskyldu með innflutningi raftækja létt af stjórnvöldum eins og kostur var. Þess í stað var ábyrgð á tjóni látin hvíla á framleiðendum og dreifingaraðilum búnaðarins. Þessi ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila fjarskiptabúnaðar hefur nú verið lögfest með lögum nr. 25/1993, um skaðsemisábyrgð.

Um 36. gr.

Í greininni er fjallað um kröfur er gera má til tækjabúnaðar sem notaður er í almennum fjarskiptanetum. Þar segir að tæknilegir eiginleikar skuli vera í samræmi við nánar tilgreinda staðla. Þeir staðlar sem hér er vísað til geta verið frá ýmsum staðlasamtökum, svo sem Evrópustaðlasamtökunum ETSI. Í ákvæði 5. gr. tilskipunar 1999/5/EB er fjallað um samræmda staðla fjarskiptabúnaðar. Í 20. gr. talsímatilskipunar Evrópusambandsins 98/10/EB er einnig fjallað um samræmda staðla fjarskiptabúnaðar. Staðla sem birtir hafa verið í stjórnartíðindum EB ber að viðurkenna sem fullnægjandi staðla fyrir talsímanet á Íslandi samkvæmt báðum þessum tilskipunum. Um gildi staðla á Íslandi vísast að öðru leyti í lög um staðla, nr. 97/1992.

Í 2. mgr. er fjallað um þráðlaus fjarskiptanet sem einungis má setja upp og nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Þetta er í samræmi við 4. tölul. 6. gr. tilskipunar 1999/5/EB og er í samræmi við gildandi ákvæði í 25. gr. fjarskiptalaga.

Um 37. gr.

Í ákvæðinu eru grunnkröfur skilgreindar til samræmis við 3. gr. tilskipunar 1999/5/EB um fjarskiptabúnað. Í ákvæðum hennar kemur fram að allur notendabúnaður þurfi að vera öruggur fyrir heilsu og öryggi manna og að rafsvið hans megi ekki trufla önnur rafmagnstæki í nágrenni sínu.

Um 38. gr.

Á meðan Póst- og símamálastofnun, Póstur og sími hf. og nú síðast Landssími Íslands hf. höfðu einkarétt á starfrækslu fjarskiptaneta mótuðust verklagsreglur innan stofnunarinnar um fjarskiptalagnir innan húss, staðsetningu húskassa og frágang þeirra. Eftir að samkeppni var heimiluð er eðlilegast að Póst- og fjarskiptastofnun hafi heimildir til að kveða á um fyrirkomulag innanhússlagna og húskassa. Brýnt er að reglur sem settar verði um fyrirkomulag húskassa hamli ekki samkeppni fjarskiptafyrirtækja.

Um 39. gr.

Í ákvæðinu telst það nýmæli að heimilt verður að markaðssetja fjarskiptabúnað, annan en tiltekinn þráðlausan búnað, án fyrir fram samþykkis Póst- og fjarskiptastofnunar. Í 8. gr. tilskipunar 1999/5/EB kemur skýrt fram að aðildarríkjum ESB sé óheimilt að hindra, takmarka eða hamla því að búnaður verði markaðssettur eða honum komið í notkun svo lengi sem hann ber CE-merkingu til samræmis við VII. viðauka tilskipunarinnar. Þegar búnaður hefur verið merktur með CE-merki þýðir það að hann á að vera í fyllsta samræmi við tilskipunina, þar á meðal um gerðarprófun eins og hún er skilgreind í II. kafla.

Lagt er til að sama regla gildi hér á landi um búnað sem hlotið hefur CE-merkingu.

Í 4. mgr. er undantekning frá meginreglu um gildi CE-merkinga sem gildir um þráðlausan búnað í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í VII. viðauka tilskipunarinnar er gert ráð fyrir sérstakri merkingu fyrir slíkan búnað sem kemur til viðbótar við CE-merkið. Auk þess er gert ráð fyrir að búnaðinum fylgi upplýsingar um að hann vinni á tíðnisviði sem ekki er samræmt innan EES.

Um 40. gr.

Greinin er nýmæli þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verulega verði dregið úr eftirliti með notendabúnaði áður en hann kemst á markað. Þarf því að grípa til annarra ráðstafana til að búnaður sem uppfyllir ekki grunnkröfur valdi ekki skaða. Í tilskipun 1999/5/EB um þráðlausan fjarskiptabúnað og notendabúnað eru ákvæði í 9. gr. sem heimila stjórnvöldum að taka af markaði búnað sem uppfyllir ekki lágmarkskröfur tilskipunarinnar og þar með EES-kröfur.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að banna eða takmarka sölu búnaðar. Umræddar heimildir eru undantekningartilvik sem túlka ber þröngt, sbr. 13. gr. EES-samningsins.

Um 41. gr.

Greinin kemur í stað 20. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um XI. kafla.

XI. kafli er að stofni til samhljóða X. kafla gildandi laga og fjallar um þagnarskyldu og friðhelgi einkalífsins. Ákvæði kaflans eru samin með hliðsjón af ákvæði stjórnarskrár og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um úrvinnslu persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins á sviði fjarskipta.

Um 43. gr.

Greinin sem er að stofni til 17. gr. gildandi laga þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 44. gr.

Greinin sem er að stofni 18. gr. gildandi laga þarfnast ekki nánari skýringa.

Um XII. kafla.

Leyfisveitingafyrirkomulag á Evrópska efnahagssvæðinu er breytilegt milli landa. Mörg ríki nota samanburð umsókna til þess að ákveða úthlutun rekstrarleyfa þegar nauðsynlegt er að takmarka fjölda leyfishafa. Vaxandi fjöldi ríkja er einnig farinn að nota uppboð til þess að veita rásir þar sem takmarka þarf aðgang að tíðnirófi. Báðar aðferðir hafa mætt nokkurri gagnrýni þar sem talið er að þær mismuni aðilum, einkum þar sem nýir rekstrarleyfishafar þurfa að greiða hátt gjald fyrir aðgang að tíðnirófinu en þeir sem fyrr komu á markaðinn þurftu ekkert að greiða. Evrópusambandið er að undirbúa stefnumörkun við úthlutun takmarkaðs tíðnisviðs þar sem áhersla virðist lögð á að aðgangur að tíðnirófinu sé seldur á markaðsverði þess. Þrátt fyrir að sala á aðgangi að tíðnirófinu hafi þann ótvíræða kost að vera hlutlægari en matskennd úthlutun þarf að gæta þess að slíkt uppboð á tíðni hafi ekki í för með stórkostlegar verðhækkanir til neytenda sem á endanum njóta aðgangs að fjarskiptaþjónustunni. Einnig er mjög brýnt að úthlutun samkvæmt útboði leiði ekki til þess að fjár-

sterkir rekstrarleyfishafar sem fyrir eru á markaðinum kaupi ekki tíðnirásir í útboði gagngert til þess að útiloka samkeppni.

Almennt er nauðsynlegt að samræma notkun tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar af ýmsu tagi, bæði til að komast hjá truflunum milli landa og til þess að hægt sé að samræma framleiðslu notendabúnaðar fyrir mismunandi markaði. Alþjóðlegar ráðstefnur eru haldnar reglulega til að ná þessum markmiðum. Póst- og fjarskiptastofnun er gert að skipuleggja notkun tíðnirófsins á Íslandi í samræmi við alþjóðlegar ákvarðanir sem Ísland hefur gengist undir. Að auki er nauðsynlegt að skipuleggja sundurliðaða notkun hvers hluta tíðnisviðsins í þeim tilgangi að forðast að notendur valdi truflunum á starfsemi hver annars.

Um 45. gr.

Greinin kemur í stað 24. gr. gildandi laga en í henni eru settar nánari reglur um notkun tíðnirófsins.

Greinin lýsir skyldum Póst- og fjarskiptastofnunar til að stuðla að hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins í samræmi við alþjóðaákvarðanir, enda verður tíðninotkun hér á landi ekki einangruð þrátt fyrir fjarlægð frá öðrum löndum. Lýst er vinnureglum sem gilda skulu um úthlutun tíðni, þ.m.t. hvernig skuli úthluta tíðnum þegar nauðsynlegt er að takmarka aðgang að þeim. Gert er ráð fyrir að í slíkum tilvikum geti stofnunin ýmist kynnt fyrirhugaða úthlutun með opinberri tilkynningu sem gefi aðilum markaðarins kost á að tilkynna um þörf þeirra fyrir tíðni eða ákveðið að halda útboð þegar ljóst er að takmarka verður fjölda rekstrarleyfishafa sem geta fengið úthlutun í viðkomandi tíðnisviði. Ákvæði er um að taka verði tíðni í notkun innan hæfilegs tíma ella falli úthlutun niður og er markmiðið að koma í veg fyrir að aðilar haldi tíðnum ónotuðum sem aðrir kunna að sækjast eftir. Vegna örrar þróunar í þráðlausum fjarskiptum og stöðugra breytinga á alþjóðlegu skipulagi tíðnirófsins þykir nauðsynlegt að samgönguráðherra verði veitt heimild til að gefa út reglugerð um skipulagningu og úthlutun tíðni.

Í þeim tilvikum að takmarka þarf aðgang að tíðnirófinu er lagt til að útboð verði notað sem meginstefna við úthlutun tíðni og fer um þá úthlutun skv. 11. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er samið með hliðsjón af 10. gr. leyfisveitingartilskipunarinnar. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 46. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimildir til að hafa búnað til þráðlausra fjarskipta undir höndum. Ljóst er að fjarskiptabúnaður til þráðlausra fjarskipta getur haft í för með sér truflanir fyrir aðra notendur tíðnirófsins. Hættan á slíkum truflunum ræðst að verulegu leyti af þáttum eins og sendistyrk og stefnuvirkni sendis í tækinu. Þannig er ljóst að öflugur sendibúnaður hefur í för með sér meiri hættu á að trufla móttökubúnað annarra notenda tíðni í andrúmslofti jarðar. Eins er ljóst að minni truflunarhætta er af stefnuvirkum sendum en sendum með vítt útsendingarsvæði ef móttakendur sendingar eru ekki á sama stað. Vegna þessarar truflunarhættu við móttöku sendingar er Póst- og fjarskiptastofnun falið að gefa út leyfisbréf fyrir notkun þráðlauss sendibúnaðar.

Ákvæðið ber að túlka svo að Póst- og fjarskiptastofnun hafi forræði á notkun, uppsetningu og vörslu fjarskiptabúnaðar hér á landi. Í þessu forræði felst m.a. að stofnunin má gera útgáfu leyfisbréfa til einstakra notenda að skilyrði heimildar. Einnig gæti stofnunin sett staðlaðar reglur er fælu í sér almenna heimild til notkunar þráðlauss sendibúnaðar svo fremi sem notendur uppfylltu almenn skilyrði reglnanna. Í ákvæðinu segir enn fremur að starfrækja megi þráðlausan búnað án sérstaks leyfis þegar hann er eingöngu notaður í sambandi við al-

menna fjarskiptaþjónustu í tilteknu tíðnisviði. Þannig getur verið heimilt að starfrækja þráðlausan sendibúnað án þess að afla þurfi leyfisbréfs eða almennrar heimildar sem skilgreind hefur verið af Póst- og fjarskiptastofnun.

Um 47. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa en hún er samhljóða 22. gr. og 23. gr. gildandi laga.

Um 48. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 28. gr. gildandi laga.

Um 49. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 29. gr. gildandi laga.

Um 50. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 33. gr. gildandi laga.

Um 51. gr.

Greinin er nýmæli. Þegar rekstrarleyfishafi hefur rétt á að setja upp eða grafa niður fjarskiptavirki á afréttum, almenningum eða eignarlöndum, eða getur tekið land eignanámi, sbr. 48. gr. frumvarpsins, skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa forgöngu um samnýtingu á aðstöðu eða landareign, einkum ef grunnkröfur skv. 3. gr. frumvarpsins koma í veg fyrir að önnur fjarskiptafyrirtæki geti fengið aðgang að sambærilegri aðstöðu. Sem dæmi má nefna að leyfi til lagningar sæstrengs á íslenska landgrunninu fellur undir ákvæði 1. mgr. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 11. gr. samtengingartilskipunarinnar.

Aðilar skulu gera með sér samkomulag um samnýtingu. Náist samkomulag ekki innan tveggja mánaða getur annar aðila óskað eftir íhlutun Póst- og fjarskiptastofnunar. Skulu þá gilda ákvæði 22. gr. um deilur um aðgang. Kostnaði við samnýtta aðstöðu skal Póst- og fjarskiptastofnun skipta á milli aðila. Í þeim löndum þar sem reynsla er fengin af samnýtingu aðstöðu, svo sem Þýskalandi og Bandaríkjum Norður-Ameríku, hafa mótast viðmiðunarreglur um skiptingu kostnaðar sem fela í sér að eftir því sem fleiri fá aðgang dreifist kostnaður á fleiri herðar.

Í einstökum tilfellum, þegar um er að ræða sérstaka landfræðilega aðstöðu eða þegar umhverfissjónarmið réttlæta það, getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt fyrir um samnýtingu þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við. Þannig er ljóst að umhverfis- og skipulagslöggjöf gæti leitt til þess að rekstrarleyfishafi þyrfti að veita þeim sem krefðist þess aðgang að aðstöðu sinni þegar þannig háttar til.

Um 52. gr.

Greinin kemur í stað 30.–31. gildandi laga og er efnislega samhljóða þeim.

Um 53. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. gildandi laga.

Um 54. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. gildandi laga.

Um 55. gr.

Greinin er samhljóða 35. gr. gildandi laga.

Um 56. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í ákvæðinu segir að Póst- og fjarskiptastofnun megi stöðva, fella úr gildi leyfi eða skilyrða starfsemi almenns fjarskiptanets og/eða almennrar fjarskiptaþjónustu uppfylli hún ekki skilyrði laga þessara eða leyfisbréfs eða þegar grunnkröfum er ekki fullnægt. Málsmeðferð við slíka rekstrarstöðvun er í samræmi við ákvæði 5. og 9. gr. leyfisveitingartilskipunarinnar sem mælir fyrir um heimildir til að stöðva rekstur sem ekki er í samræmi við skilyrði gildandi laga.

Um 57. gr.

Ákvæðið í 1.–4. mgr. er efnislega samhljóða ákvæðum 38. gr. gildandi laga. Það telst nýmæli að Póst- og fjarskiptastofnun er fengin heimild til að leggja á dagsektir til að tryggja að farið sé að fyrirmælum stofnunarinnar.

Um 58. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 39. gr. gildandi laga.

Um 59. og 60. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti.

Tilgangur frumvarpsins er að færa íslenska löggjöf til samræmis við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Markmið frumvarpsins er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Jafnframt því að tryggja öllum landsmönnum aðgang að fjarskiptaþjónustu, eftir því sem unnt er.

Frumvarp þetta er lagt fyrir samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun.

Það er mat fjármálaráðuneytisins að með samþykkt frumvarpsins þurfi samgönguráðuneytið að bæta við einum starfsmanni til að sinna nýjum verkefnum og við það aukist útgjöld ríkisins um 4–5 m.kr. á ári.

144. Beiðni um skýrslu [124. mál]

frá umhverfisráðherra um framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Björgvini G. Sigurðssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóhanni Ársælssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni, Merði Árnasyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að umhverfisráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd alþjóðlegra samninga sem íslenska ríkið er aðili að á sviði náttúruverndar.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er að ríkisstjórnin greini Alþingi frá því hvernig alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála, sem íslenska ríkið er aðili að, er framfylgt hér á landi. Íslenska ríkið er bundið ýmsum lagaákvæðum, alþjóðasamningum og öðrum skuldbindingum á sviði náttúruverndar, ekki síst er varðar vernd lífríkis og landslags. Má þar sérstaklega nefna samninginn um líffræðilega fjölbreytni sem lagður var fram til undirritunar ásamt rammasamningnum um loftslagsbreytingar á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro árið 1992. Ramsar-samþykktin um verndun votlendis frá árinu 1971 og Bernarsamningurinn frá 1979 um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu eru einnig mjög mikilvæg á sviði náttúruverndar. Íslenska ríkið hefur fullgilt alla þessa samninga með heimild frá Alþingi og ber þjóðréttarlega og pólitíska skyldu til að framfylgja ákvæðum þeirra. Einnig mætti nefna áætlun Evrópuríkja um verndun landslags og líffræðilegrar fjölbreytni sem íslenska ríkið hefur samþykkt með undirritun og 17. kafla „dagskrár 21“ sem samþykkt var á Ríó-ráðstefnunni 1992 og felur í sér pólitískar skyldur á sviði umhverfismála.

Markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni er að vernda þá fjölbreytni, stuðla að sjálfbærri nýtingu lífrænna náttúruauðlinda og réttlátri skiptingu ávinnings sem hlýst af nýtingu þeirra. Í samningnum er m.a. kveðið á um að öll aðildarríki skuli gera áætlun um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu hennar sem taki mið af þeim aðgerðum sem mælt er fyrir um í samningnum. Einnig ber aðildarríkjum að láta verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu hennar ná til allra þátta þjóðlífsins og veita fundi aðildarríkja upplýsingar um aðgerðir heima fyrir í skýrslu. Samþykkt var að fyrstu skýrslunni skyldi skilað fyrir 1. janúar 1998. Mikil umræða hefur orðið hér á landi um framkvæmd systursamningsins um loftslagsbreytingar en hljótt hefur verið um þennan samning, sem bendir til að honum hafi ekki verið sinnt eins og lög og samþykktir gera ráð fyrir. Rétt þykir því að óska eftir að umhverfisráðherra geri í skriflegri skýrslu grein fyrir því hvernig þessi samningur hafi verið kynntur og hvernig staðið hefur verið að framkvæmd hans í þau fimm ár sem liðin eru frá því að hann tók gildi hér á landi.

Bernarsamningnum er ætlað að stuðla að verndun evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlega samvinnu þarf til að vernda. Sérstök áhersla er lögð á verndun lífsvæða þeirra tegunda sem talin eru upp í viðaukum samningsins en þar á meðal eru t.d. íslenskir andfuglar og fleiri fuglar sem nú er ógnað með áætlunum um framkvæmdir á Eyjabökkum og við Mývatn. Rétt þykir að fá upp-

lýst hvernig þessum samningi er framfylgt og hvaða skorður hann setur framkvæmdum hér á landi.

Með Ramsar-samþykktinni er stuðlað að verndun votlendis í heiminum, sérstaklega með tilliti til votlendisfugla. Samkvæmt honum ber íslenska ríkinu ekki aðeins að setja eitt eða fleiri svæði á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði eins og gert hefur verið heldur einnig að framfylgja margvíslegum öðrum ákvæðum samþykktarinnar, svo sem að semja og hrinda í framkvæmd áætlun sem stuðlar að skynsamlegri nýtingu allra votlendissvæða. Óskað er eftir að umhverfisráðherra geri grein fyrir því hvernig staðið hefur verið að framkvæmd samþykktarinnar hér á landi og helstu ályktana og tilmæla sem samþykkt hafa verið á fundum aðildarríkja.

Umhverfisráðherrar 55 ríkja, þar á meðal umhverfisráðherra Íslands, samþykktu 25. október 1995 í Sófíu í Búlgaríu umfangsmikla 20 ára áætlun um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og fjölbreytni landslags í Evrópu. Áætluninni er skipt í fjögur fimm ára tímabil, það fyrsta nær til áranna 1996–2000 og var samþykkt aðgerðaáætlun fyrir það tímabil. Nú þegar því er að ljúka er eðlilegt að umhverfisráðherra geri grein fyrir framkvæmd þessarar áætlunar hér á landi.

Mikilvægt er að stjórnvöld fylgi gerðum samningum eftir með setningu laga, útgáfu reglugerða þar um og öðrum stjórnvaldsaðgerðum sem kveðið er á um í þeim. Einnig er mikilvægt að framfylgja ályktunum og tilmælum sem samþykktar hafa verið á fundum aðildarríkja. Yfirlit um framkvæmd þessara samninga og helstu ályktana sem samþykktar hafa verið á fundum aðildarríkja óskast því í formi skýrslu frá umhverfisráðherra.

145. Fyrirspurn [125. mál]

til dómsmálaráðherra um staðla fyrir mannafla á lögreglustöðvum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Eru til staðlar um mannafla á lögreglustöðvum?

146. Fyrirspurn [126. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutun listamannalauna.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hvaða listamenn njóta launa úr launasjóðum listamanna?
2. Hvernig skiptast þeir eftir listgreinum?
3. Hvaða listamönnum var synjað um laun úr sjóðunum við síðustu úthlutun?
4. Hvernig skiptast þeir eftir listgreinum?
5. Hvaða listamenn bættust í hópinn við síðustu úthlutun?
6. Hversu margir úr hópnum búa utan höfuðborgarsvæðisins?

7. Hvaða listamenn hafa hlotið laun úr sjóðunum í þrjú ár eða lengur?

Skriflegt svar óskast.

147. Fyrirspurn [127. mál]

til dómsmálaráðherra um staðla fyrir lögreglubifreiðir.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Eru til staðlar um gæði og öryggi lögreglubifreiða?

148. Fyrirspurn [128. mál]

til dómsmálaráðherra um gjald fyrir ökupróf, ökuskírteini og vegabréf.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs af prófgjaldi fyrir ökupróf og hver er útlagður kostnaður hins opinbera við sömu próf, sundurliðað eftir flokkum prófa?
2. Telur ráðherra eðlilegt að prófgjöld séu greidd tvisvar að fullu þegar verkleg próf eru í tveimur hlutum, sbr. hópbifreiðapróf?
3. Telur ráðherra sanngjarnt að full prófgjöld séu lögð á við endurtekningarpróf hafi próftaki ekki staðist hið fyrsta?
4. Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af útgáfu ökuskírteina og hver eru útgjöld hans af sömu orsökum, sundurliðað eftir helstu tekju- og gjaldstofnum?
5. Er eðlilegt að tvígreitt sé fyrir ökuskírteini eins og raunin mun vera þegar einstaklingur nemur til aksturs vörubifreiðar og fer í kjölfarið í nám og próf til aksturs með eftirvagn?
6. Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs af útgáfu vegabréfa og hver eru útgjöldin að sama skapi, sundurliðað eftir helstu tekju- og gjaldstofnum?
7. Hverjar eru viðbótartekjur ríkissjóðs af aukagjaldi fyrir útgáfu vegabréfa þegar svokallaðrar hraðafgreiðslu er óskað (innan 10 virkra daga) og hver eru sundurliðuð viðbótarútgjöld ríkissjóðs af sömu ástæðum?
8. Hver er ástæða þess að útgáfa vegabréfa tekur meira en 10 virka daga? Er áformað að stytta þennan biðtíma án þess að aukagjald komi til?

Skriflegt svar óskast.

149. Fyrirspurn [129. mál]

til landbúnaðarráðherra um sláturkostnað.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið árleg dilkakjötsframleiðsla frá árinu 1989?
2. Hver hefur verið sláturkostnaður, þ.m.t. flutningskostnaður, á hvert kíló á þessum árum, framreiknaður til núgildandi verðlags?
3. Hversu margir sláturleyfishafar hafa verið starfandi á þessum árum?

Skriflegt svar óskast.

150. Fyrirspurn [130. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tannvernd barna og unglinga á grunnskólaaldri.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvaða áform eru uppi varðandi forvarnastarf til að stuðla að góðri tannheilsu barna og unglinga á grunnskólaaldri?

151. Fyrirspurn [131. mál]

til umhverfisráðherra um gjald af ferðamönnum á friðlýstum svæðum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvaða hugmyndir liggja að baki aðgangseyri að friðlýstum svæðum, sbr. lið 14-205 (Náttúruvernd ríkisins) í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000?

Um hvaða svæði er að ræða?

Hvernig er gert ráð fyrir að innheimtan fari fram?

Hver er ráðgerður kostnaður við framkvæmdina?

152. Fyrirspurn [132. mál]

til iðnaðarráðherra um gerð frummatsskýrslu um fyrirhugað álver á Reyðarfirði.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hver hefur borið kostnaðinn af gerð frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers sem kynnt var 14. október 1999 í nafni eignarhaldsfélagsins Hrauns ehf.?
Hvað kostaði gerð skýrslunnar?

153. Fyrirspurn [133. mál]

til umhverfisráðherra um framhald verkefnisins „Staðardagskrá 21".

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvaða hugmyndir eru uppi um framhald verkefnisins „Staðardagskrá 21" sem samkvæmt áætlun á að ljúka í lok mars á næsta ári og ekki er gert ráð fyrir að hljóti fjárveitingu áfram samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000?

154. Frumvarp til laga [123. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson,
Hjálmar Jónsson, Drífa Hjartardóttir.

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 63. gr. laganna orðast svo: Slík ósk skal vera skrifleg og studd læknisvottorði og skal hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 12 á hádegi á kjördag.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 123. löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Er það því flutt að nýju.

Í 3. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis er fjallað um heimild kjörstjóra til þess að heimila kjósanda sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar að greiða atkvæði í heimahúsi. Skv. 2. málsl. málsgreinarinnar ber kjósanda að bera fram slíka ósk við kjörstjóra skriflega og studda læknisvottorði eigi síðar en þegar ein vika er til kjördags.

Í þessu sambandi er á það að líta að kosningarrétturinn er grundvallarréttur sem allir íslenskir ríkisborgarar 18 ára og eldri eiga skv. 33. gr. stjórnarskrárinnar. Er þar enginn greinarmunur gerður á því hvort kjósendur ganga heilir til skógar eða ekki, enda bryti slíkt í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995.

Allar breytingar, sem gerðar hafa verið á kosningalöggjöfinni á þessari öld, hafa lotið að því að rýmka kosningarrétt borgaranna og gera þeim auðveldara að neyta hans. Í athugasemdum með 4. tölul. 22. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 10/1991, um breytingar á 3. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis, segir: „Telja verður að hér sé um sanngirnismál að ræða í ljósi þess að einstaklingar sem svipað er ástatt um og dveljast t.d. á sjúkrahúsum njóta þegar þessara réttinda.“

Þegar athugað er nánar hvernig tímamörkum við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er háttað skv. XI. kafla laganna kemur í ljós að þeim hópi kjósenda sem heimilað er að kjósa utan kjörfundar á grundvelli 3. mgr. 63. gr. er langþrengstur stakkur skorinn. Engir aðrir þurfa að sæta því að láta kjörstjóra vita með viku fyrirvara að þeir hyggist neyta kosningarréttarins á þann hátt. Þessir kjósendur eiga þó oft og tíðum minnsta möguleika á að skipuleggja tíma sinn með viku fyrirvara, sjúkdómar gera ekki boð á undan sér með viku fyrirvara og börn sem fæðast fyrir tímann gera mæðrum sínum sjaldnast viðvart viku fyrir fram.

Algengt hefur verið um allt land um langan aldur að kjósendur, sem skömmu fyrir kjördag verður ljóst að þeir verða að heiman á kjördag, t.d. skipshafnir, mæli sér mót við kjörstjóra, t.d. sýslumann eða hreppstjóra, til að kjósa utan kjörfundar á einhverjum umsömdum tíma sem ekki er fyrir fram auglýstur tími fyrir slíka atkvæðagreiðslu, enda í valdi kjörstjóra að ákveða hvenær slík kosning fari fram.

Sá fyrirvari sem nú er krafist skv. 3. mgr. 63. gr. er að því er virðist eingöngu settur kjörstjóra til hagræðis, til þess að auðvelda honum að skipuleggja slíka utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Sú var enda niðurstaða sérstakrar kjörnefndar skv. 93. gr. laga nr. 5/1998 sem skipuð var af settum sýslumanni á Patreksfirði vegna kosningakæru um gildi sveitarstjórnarkosninganna í Vesturbyggð 23. maí 1998, en þar var m.a. kærð sú ákvörðun kjörstjóra að heimila kosningu í heimahúsi skv. 3. mgr. 63. gr. þegar innan við ein vika var til kjördags.

Í niðurstöðu nefndarinnar um kosningu í heimahúsi segir: „Samkvæmt þeim gögnum sem sýslumaður hefur lagt fyrir nefndina er ljóst að ekki var farið að ákvæðum 3. mgr. 63. laga um alþingiskosningar (lög um kosningar til Alþingis), en ákvæði laga þeirra eiga við um utankjörfundaratkvæðagreiðslu í sveitastjórnarkosningum, sbr. 4. mgr. 43. gr. laga nr. 5/1998, varðandi tímamörk þau sem þar eru greind.

Við túlkun þessa ákvæðis verður þó að hafa í huga *að tilgangur þess hefur vart verið sá að takmarka kosningarrétt einstakra manna*, heldur fremur þeir hagsmunir kjörstjóra að vita með nokkrum fyrirvara um fjölda þeirra sem hugsanlega þyrftu að notfæra sér þessa þjónustu til að neyta kosningarréttar síns.

Með skírskotun til þeirra grundvallarréttinda sem kosningarréttur er verður því að telja að sá háttur sem hafður var á við atkvæðagreiðslu þessa hafi eins og á stóð verið réttlætanlegur.“

Úrskurður nefndarinnar var kærður til félagsmálaráðuneytisins sem með vísan til röksemda hins kærða úrskurðar staðfesti niðurstöðu hans um að niðurstaða kosninganna skyldi standa óbreytt. Í niðurstöðu ráðuneytisins kemur þó fram að ráðuneytið telji það ámælisvert að kjörstjóri skuli ekki hafa fylgt formreglum kosningalaga að þessu leyti.

Með þessari athugasemd ráðuneytisins hefur skapast nokkur réttaróvissa sem nauðsynlegt er að eyða. Óviðunandi er að kjörstjóri eigi það yfir höfði sér að fá snuprur frá ráðuneytinu um ámælisverð vinnubrögð í hvert sinn sem hann heimilar kjósanda að greiða atkvæði í

heimahúsi skv. 3. mgr. 63. gr. kosningalaga þegar innan við vika er til kjördags, en samt verði sú kosning talin gild vegna þess að þau grundvallarréttindi sem felast í kosningarréttinum eru mikilvægari en hagræði kjörstjóra af því að geta skipulagt slíka kosningu með viku fyrirvara. Með frumvarpi þessu er ætlunin að eyða þessari óvissu.

Kosningarrétturinn er grundvallarréttur sem er varinn í stjórnarskrá. Þó svo að nauðsyn kjörstjóra til að skipuleggja atkvæðagreiðslu í heimahúsi sé augljós verður kosningarréttur kjósanda að teljast ríkari hagsmunir. Kjörstjórar geta eftir sem áður hvatt kjósendur til að hafa góðan fyrirvara á óskum um atkvæðagreiðslu í heimahúsi skv. 3. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis, ekki ósvipað því þegar kjósendur eru hvattir til að kjósa snemma á kjördag og taka tillit til veðurútlits, færðar á vegum o.s.frv. Kjörstjórar gætu þurft að tilnefna fleiri utankjörfundarkjörstjóra sér til aðstoðar en gert hefur verið til að sinna þessum verkum, en ekki er ástæða til að ætla að veruleg vandkvæði verði á því.

155. Frumvarp til laga [134. mál]

um afnám gjalds á menn utan trúfélaga.

Flm.: Mörður Árnason.

1. gr.

Maður utan trúfélags, sbr. lög um trúfélög, nr. 18/1975, skal ekki greiða Háskóla Íslands, né neinum öðrum, gjöld sem honum hefði ella borið að greiða trúfélagi sínu, sbr. 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum:

1. Í stað orðanna „Þjóðkirkjusöfnuðir, skráð trúfélög samkvæmt lögum um trúfélög, nr. 18/1975, og Háskólasjóður“ í 1. gr. laganna kemur: Þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög samkvæmt lögum um trúfélög, nr. 18/1975.
2. Í stað orðanna „þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga.
3. 4. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.
4. Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Um hlutdeild þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga í tekjuskatti**.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu vegna tekna á árinu 1999.

Greinargerð.

Trúfrelsi ríkir á Íslandi og var komið á með stjórnarskránni 1874. Ákvæði núverandi stjórnarskrár um frelsi til að stofna trúfélag er að finna í 63. gr. og til að standa utan trúfélaga í 2. mgr. 64. gr. Félagafrelsi er tryggt í 74. gr., bæði rétturinn til að stofna félag og ákvæði um að engan megi skylda til aðildar að félagi.

Samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, sér ríkisvaldið um að innheimta fast gjald til þjóðkirkjusafnaða og annarra skráðra trúfélaga. Má líta svo á að þessum innheimtustörfum hafi verið komið svo fyrir vegna þeirra sérstöku tengsla ríkisins við evangelisk-lútersku kirkjuna sem kveðið er á um í 62. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu frumvarpi eru ekki lagðar til breytingar á þessari skipan.

Hér er hins vegar lagt til að sérstök gjaldheimta á fólk utan trúfélaga verði stöðvuð. Einstaklingur sem kýs að vera utan trúfélaga nýtir sér þar með rétt sinn samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum stjórnarskrár til að standa utan félaga. Það er í ósamræmi við 74. gr. og 2. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar að trúfélögum sé gert svo hátt undir höfði að réttinum til að standa utan þeirra fylgi sú kvöð að greiða til alls óskyldra hluta sama gjald og sá greiðir sem kýs að vera í trúfélagi.

Að sinni hentar illa að fella einfaldlega brott 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar, þá sem kveður á um hina einkennilegu skattrefsingu þeirra sem kjósa að standa utan trúfélaga. Er því lagt til að nýtt sé heimild lokamálsliðar sömu greinar um breytingu með almennum lögum. Um hana segir svo í *Stjórnskipunarrétti* Gunnars G. Schrams (Reykjavík 1997), bls. 469: „Samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 64. gr. er heimilt að breyta með lögum þeirri skipan að menn utan trúfélaga greiði gjöld til Háskóla Íslands. Með almennum lögum má því ákveða að gjöld þeirra renni t.d. í ríkissjóð eða til einhverrar annarrar ókirkjulegrar stofnunar en Háskólans eða afnema þau alveg.“

Háskólasjóður hefur haft verulegar tekjur af svokölluðum „sóknargjöldum“ fólks utan trúfélaga. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir að þær verði 52 milljónir króna á árinu (bls. 306), en í þingskjali nr. 711 frá 121. löggjafarþingi 1996–97 er því lýst hvernig Háskólasjóður varði tekjum sínum árin 1988–96. Er ljóst að sjóðnum þarf að finna nýjan tekjustofn. Verkefni hans geta á hinn bóginn ekki talist slík þjóðarnauðsyn að fjár sé aflað til þeirra með sérstöku gjaldi á umræddan hóp fólks í samfélaginu og vant að sjá rök fyrir þeirri skipan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 64. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að öllum er frjálst að standa utan trúfélaga og að enginn sé skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að. Hins vegar er boðið í 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar að maður sem stendur utan trúfélaga greiði til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Stjórnarskárgjafinn heimilar að reglunni um gjaldskyldu manns utan trúfélaga megi breyta með lögum. Hér er lagt til að þessi gjaldskylda þeirra sem standa utan trúfélaga verði afnumin.

Um 2. gr.

Lög um sóknargjöld, nr. 91/1987, gera ráð fyrir ákveðinni hlutdeild trúfélaga og Háskólasjóðs í álögðum tekjuskatti hverju sinni. Þar sem ekki er gert ráð fyrir gjaldskyldu manna sem standa utan trúfélaga er nauðsynlegt að fella niður ákvæði í 3. gr. laganna sem fjallar um skyldu þeirra til að greiða gjald til Háskóla Íslands og jafnframt er nauðsynlegt að fella brott úr lögunum allar vísanir til Háskóla Íslands og Háskólasjóðs.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en þar sem gjöld sem greidd eru í samræmi við 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar eru ákveðin hlutdeild af tekjuskatti er nauðsynlegt að miða framkvæmd við álagningu vegna tekna á árinu 1999.

156. Fyrirspurn [135. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun á fyrirkomulagi fasteignagjalda á landsbyggðinni.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvernig verður unnið að endurskoðun á fyrirkomulagi fasteignagjalda íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á landsbyggðinni þannig að skattstofninn endurspegli betur raunverðmæti fasteigna eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar?
2. Hvernig er áformað að bæta sveitarfélögum tekjutapið af breyttri innheimtu fasteignagjalda?
3. Hvað má ætla að útgjöld heimila á landsbyggðinni lækki mikið ef fasteignagjöld verða alls staðar sama hlutfall af raunverðmæti fasteignanna?

157. Fyrirspurn [136. mál]

til iðnaðarráðherra um vaxandi notkun olíu í stað rafmagns.

Frá Gunnari Ólafssyni.

1. Hversu mikil er notkun olíu þar sem nota mætti rafmagn, í heild og sundurliðað eftir helstu notendum, þ.e. fiskimjölsverksmiðjum, almennum iðnaði, fjarvarmaveitum o.s.frv.?
2. Hverjir eru helstu notkunarflokkar olíu þar sem nota mætti rafmagn, þ.e. framleiðsla raforku, framleiðsla gufu, til kyndingar o.s.frv.?
3. Hverjar eru helstu orsakir þess að olía er notuð í stað rafmagns, þ.e. verðlagning, óörugg afhending o.s.frv.?

Skriflegt svar óskast.

158. Fyrirspurn [137. mál]

til menntamálaráðherra um aðgang nemenda að klám- og ofbeldisefni á netinu.

Frá Gunnari Ólafssyni.

1. Hvað hyggst ráðherra gera varðandi aðgang grunn- og framhaldsskólanema að klám- og ofbeldisefni á netinu?
2. Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að skólarnir fái fullnægjandi búnað til að hindra aðgang nemenda að óæskilegu efni á netinu?

Skriflegt svar óskast.

159. Fyrirspurn [138. mál]

til menntamálaráðherra um útskrift nemenda úr framhaldsskólum.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hversu margir nemendur fæddir árin 1975–78 hófu nám í framhaldsskólum landsins strax að loknu grunnskólanámi:
   a. miðað við búsetu eftir kjördæmum landsins,
   b. eftir kynjum?
2. Hversu margir þessara nemenda útskrifuðust úr framhaldsskólunum á árunum 1995–98:
   a. miðað við búsetu eftir kjördæmum landsins,
   b. eftir kynjum?

Óskað er eftir tölum um fjölda og hlutfall.

Skriflegt svar óskast.

160. Fyrirspurn [139. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tannvernd og tannlækningar barna og unglinga á grunnskólaaldri.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvernig hefur verið háttað stuðningi við tannvernd og tannlækningar barna og unglinga á grunnskólaaldri frá 1990:

a. í Reykjavík,
b. utan Reykjavíkur?

Skriflegt svar óskast.

161. Fyrirspurn [140. mál]

til menntamálaráðherra um íslenskar þjóðargersemar erlendis.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað er vitað um skráningu íslenskra þjóðargersema á erlendri grundu, svo sem kirkjugripa, forngripa og annarra dýrgripa sem hafa sögulegt og þjóðmenningarlegt gildi fyrir Íslendinga, og hvernig er háttað vörslu þeirra og aðbúnaði?

2. Hefur menntamálaráðuneytið eða ríkisstjórnin uppi hugmyndir eða áætlanir um að leita eftir samningum við viðkomandi erlend stjórnvöld, stofnanir eða einstaklinga sem miða að því að endurheimta umrædda dýrgripi?

162. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um textun íslensks sjónvarpsefnis.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi.

Greinargerð.

Ljóst er að þeir sem eru heyrnarlausir eða heyrnardaufir eiga mun erfiðara með að fylgjast með innlendu sjónvarpsefni en erlendu því að aðaltengiliður þeirra við efnið er skrifaði textinn sem fylgir með. Hann hefur fram að þessu aðeins fylgt erlendu efni sem hefur verið íslenskað. Hópur þeirra sem eru heyrnarlausir eða svo heyrnardaufir að þeir eiga í erfiðleikum með að fylgjast með töluðu orði í ljósvakamiðlum er mjög stór. Þeir sem nota heyrnartæki að staðaldri eru 15–18 þúsund og auk þess er mikill fjöldi heyrnardaufra sem ekki getur nýtt sér heyrnartæki. Alls er talið að á milli 25 og 30 þúsund Íslendingar séu heyrnarskertir en vilji lifa í íslensku málsamfélagi og geti það. Þetta er sennilega stærsti hópur fatlaðra í samfélaginu.

Því miður hefur í mörgum tilfellum gengið erfiðlega að dempa aukahljóð í heyrnartækjum þannig að sumir heyrnardaufir varast að nota þau mikið þegar þeir horfa á sjónvarp. Mörgum finnst því orðið brýnt jafnréttismál að texta íslenskt sjónvarpsefni eftir því sem við verður komið. Slíkt hefur verið gert í nágrannalöndunum nokkuð lengi. Auðvitað hlýtur alltaf eitthvert efni að vera undanskilið, svo sem fréttir sem berast á síðustu stundu og beinar útsendingar frá umræðum, en það yrði strax til mikilla bóta ef hafist yrði handa við að texta það efni sem hægt væri að vinna þannig með góðu móti.

Þess má geta að annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis orðin sjálfsagður liður í rekstri sjónvarpsstöðva og má benda á að textun íslensks efnis ýtir mjög undir bætta lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga.

163. Fyrirspurn [142. mál]

til dómsmálaráðherra um mannshvörf síðan 1944.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hversu mörg óupplýst mannshvörf, ef frá eru talin sjómanna, hafa orðið síðan 1944, sundurliðað eftir áratugum þegar fólkið hvarf?
2. Hve oft hefur lögreglan rannsakað mannshvörf sem hugsanleg sakamál (morðmál)?

3. Hve oft hefur lögreglan rannsakað mannshvörf vegna gruns um ólöglegt athæfi en látið mál niður falla?
4. Hve oft hafa dómstólar dæmt í málum þar sem um er að ræða óupplýst mannshvarf?

Skriflegt svar óskast.

164. Fyrirspurn [143. mál]

til utanríkisráðherra um alþjóðlegan sakadómstól.

Frá Ástu Möller.

Hvenær hyggst ráðherra leggja fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um heimild til að fullgilda Rómarsamþykkt um alþjóðlega sakadómstólinn sem var undirrituð 26. ágúst 1998?

165. Frumvarp til laga [144. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson,
Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða XXVI í lögunum orðast svo: Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir sem geta ákveðið að aflaheimildirnar verði boðnar út, enda renni andvirði þeirra til uppbyggingar atvinnumála í viðkomandi sveitarfélagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um stjórn fiskveiða er bráðabirgðaákvæði XXVI, sem bætt var við lögin fyrri hluta árs 1999, þess efnis að Byggðastofnun hafi til og með fiskveiðiárinu 2005/2006 árlega til ráðstöfunar 1.500 þorskígildislestir til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og skal þessum aflaheimildum ráðstafað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Breytingin sem hér er lögð til er að sveitarstjórnirnar geti ákveðið að aflaheimildirnar verði boðnar út og andvirðið renni til uppbyggingar atvinnumála í sveitarfélaginu.

Aflaheimildum Byggðastofnunar samkvæmt bráðabirgðaákvæði var öllum ráðstafað fyrir yfirstandandi fiskveiðiár, og raunar til næstu fimm ára, og skiptust þær sem hér segir:

Ísafjarðarbær	
Flateyri	115 tonn
Suðureyri	102 tonn
Þingeyri	170 tonn
Breiðdalsvík	181 tonn
Fáskrúðsfjörður	113 tonn
Stöðvarfjörður	94 tonn
Vesturbyggð	205 tonn
Seyðisfjörður	67 tonn
Kaldrananeshreppur	63 tonn
Hofsós	114 tonn
Grímsey	92 tonn
Bakkafjörður	72 tonn
Borgarfjörður eystri	112 tonn
Alls	1.500 tonn

Byggðastofnun setti reglur fyrir úthlutun. Meginatriði þeirra voru þessi:

1. Kvótatap staðarins síðustu fimm ár. 5% reiknast sem 2 punktar, mest 30 punktar og mátti kvóti ársins 1998 ekki vera meiri en 4.000 tonn. Kvótaaukning, steinbítur þó ekki talinn með, mátti ekki vera meiri en 800 tonn sl. fimm ár og ekki miklar aðrar breytingar orðið í veiðum og vinnslu á tímabilinu.
2. Hlutur fiskveiða og fiskvinnslu í atvinnulífi staðarins. 2% reiknast sem einn punktur, mest 20 punktar. Einungis staðir með hærra hlutfall en 20% komu til greina við úthlutun. Þar skal vera bolfiskvinnsla við upphaf úthlutunartímabils.
3. Fækkun ársverka í fiskvinnslu og veiðum á fimm ára tímabili (1991–96). 2% reiknast sem einn punktur. Mest 15 punktar.
4. Frávik meðaltekna á íbúa frá landsmeðaltali. 2% reiknast sem 1 punktur. Mest 15 punktar.
5. Fólksfækkun síðustu fimm ár. Fækkun um hver 3% reiknast sem 1 punktur. Samtals mest 10 punktar.
6. Íbúafjöldi. 100 íbúar reiknast sem 1 punktur. Mest 10 punktar.

Kvótanum var úthlutað til fimm ára og skulu forsendur skoðaðar árlega. Þá var kvótanum úthlutað til byggðarlaga á atvinnuþróunarsvæðum 1 og 2 á grundvelli skýrslu Byggðastofnunar um skiptingu landsins í atvinnuþróunarsvæði. Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun var úthlutun kvótans hugsuð til að treysta bæði veiðar og vinnslu og til að auka aflahlutdeild þessara byggðarlaga. Þá setti Byggðastofnun reglur um meðferð úthlutaðs kvóta þar sem segir m.a. að aflaheimildir skuli bundnar við vinnslu í viðkomandi byggðarlagi og „eftir því sem við verður komið og hagkvæmt kann að teljast, veiddar af skipum í þeim byggðarlögum sem um ræðir. Þær eru afhentar án endurgjalds og má ekki selja eða leigja milli byggðarlaga ... Það skip sem fær úthlutað kvóta frá sínu heimabyggðarlagi skal landa eins miklum hluta afla síns og mögulegt er í viðkomandi byggðarlagi á umræddu fiskveiðiári. Það skip sem fær úthlutað byggðakvóta frá sínu heimabyggðarlagi skal skuldbinda sig til að selja hvorki né leigja frá sér aflaheimildir í viðkomandi tegundum út fyrir byggðarlagið á því fiskveiðiári.“

Tillögur sveitarfélaganna hafa verið mismunandi og hafa ráðist af mismunandi aðstæðum í sveitarfélögunum. Er skemmst frá því að segja að sterk viðbrögð hafa komið fram, bæði

við úthlutun Byggðastofnunar og einnig því hvernig sveitarfélögin hafa lagt til að farið yrði með þessar aflaheimildir. Sjávarútvegsráðuneytið sendi frá sér minnisblað vegna úthlutunar Byggðastofnunar þar sem segir m.a.: „Ráðuneytið telur einsýnt að Byggðastofnun beri að taka afstöðu til úthlutunar aflaheimildanna, á hverju fiskveiðiári næstu sjö árin, enda ljóst að á þeim tíma getur ýmsilegt gerst sem getur haft áhrif á stöðu einstakra byggðarlaga í sjávarútvegi."

Eitt þeirra sveitarfélaga sem lent hafa í vanda með tillögur um hverjir ættu að fá úthlutað þeim takmörkuðu gæðum sem felast í aflaheimildunum er Vesturbyggð. Niðurstaða sveitarstjórnarinnar þar var sú að leggja til við Byggðastofnun að Vesturbyggð yrði heimilt að leigja byggðakvótann samkvæmt tillögum sem bæjarstjórn samþykkti en þær voru eftirfarandi:

I. Kvótinn verði leigður hæstbjóðanda.
II. Leigugjald kvótans renni í Atvinnuþróunarsjóð Vesturbyggðar sem yrði stofnaður fáist heimild Byggðastofnunar fyrir framangreindri málsmeðferð.
III. Rétt til þess að fá kvóta leigðan hafa allir bátar í aflamarks- og aflahámarkskerfi sem skráðir eru í Vesturbyggð og hafa veiðileyfi en aðrir bátar ekki.
IV. Skilyrt er að leigutaki landi eða hafi landað á fiskveiðiárinu a.m.k. jafnmiklu magni af eigin kvóta eða öðrum leigukvóta er að leigu byggðakvóta kemur.
V. Afla úr byggðakvóta ásamt skilyrtri tvöföldun skal landað til vinnslu í Vesturbyggð.
VI. Byggðastofnun gerir samning við fiskvinnslustöðvar í Vesturbyggð um móttöku aflans. Leitast skal við að skipta aflanum milli þeirra fiskvinnslustöðva sem starfandi eru í sveitarfélaginu.
VII. Bæjarstjórn beinir því til Byggðastofnunar að taka tillit til vilja þeirra íbúa í Vesturbyggð sem samkvæmt undirskriftalista óska þess að kvótanum verði skipt milli Bíldudals og Patreksfjarðar í tilteknu hlutfalli.

Í greinargerð sem fylgir samþykkt bæjarstjórnar kemur m.a. fram að sveitarstjórnarmenn hafi ekki farið varhluta af því að úthlutun byggðakvóta er viðkvæmt mál enda um að ræða fá tonn en töluverð fjárhagsleg hlunnindi, sem margir vildu hlotið hafa. Aðkoma sveitarfélagsins að slíkri úthlutun sé vart til annars fallin en að veikja innri stoðir sveitarfélaga og, í einhverjum tilvikum, ala á tortryggni milli þeirra sem hljóta úthlutun og hinna sem ekkert fá. Bæjarstjórn telur þá leið sem hún leggur til vera þá farsælustu fyrir sveitarfélagið og að nauðsynlegt sé við meðferð byggðakvótans „að taka tillit til aðstæðna í hverju sveitarfélagi fyrir sig og njörfa ekki úthlutunarreglur með sama hætti hringinn í kringum landið, enda aðstæður mjög misjafnar og óvíst að það sem hentar á einum stað sé þeim næsta fyrir bestu".

Við þetta má bæta að við setningu aðalfundar Landssambands smábátaeigenda hvatti Örn Pálsson, framkvæmdastjóri félagsins, félaga sína til að fylkja sér um sameiginlega lausn á úthlutun byggðakvótans. Sagði hann að við úthlutunina ætti að fara að dæmi Vesturbyggðar og úthluta veiðiheimildum til útgerða sem gerðar eru út frá viðkomandi stöðum og óska eftir tilboðum frá þeim. Ekki ætti að búa til reglur um úthlutun, slíkt mundi ávallt vekja upp öfund, gremju og sundurlyndi í byggðarlögunum. Sagði Örn ekkert athugavert við það að veiðiheimildum væri úthlutað með þeim hætti að sem mestar tekjur rynnu til viðkomandi sveitarfélags, enda væri tilgangurinn að efla byggðina.

Þrátt fyrir þetta er staðan sú að tillögu Vesturbyggðar hefur verið hafnað af hálfu formanns stjórnar Byggðastofnunar og hefur stofnunin nú sjálf tekið það í sínar hendur að gera tillögu að úthlutun kvótans, án atbeina bæjarstjórnar.

Það er hins vegar mat flutningsmanna að heimila eigi sveitarfélögunum að bjóða veiðiheimildirnar út og sveitarfélögin fái andvirði þeirra til uppbyggingar atvinnumála í sveitarfé-

laginu. Aðstaða byggðarlaga og afstaða sveitarstjórna um landið er mismunandi þegar kemur að tillögugerð um úthlutun kvóta. Það er vandaverk að úthluta hlunnindum eins og ókeypis kvóta án þess að vekja upp tortryggni og deilur. Til þess eru hagsmunirnir einfaldlega of miklir. Það er því rétt að sveitarstjórnir eigi þann möguleika að bjóða kvótana út enda útboð löngu viðurkennd aðferð þegar vinna þarf tiltekin verk eða deila út takmörkuðum gæðum. Því er hér lögð til sú breyting að sveitarfélög geti ákveðið að aflaheimildir verði boðnar út, enda renni andvirði þeirra til uppbyggingar atvinnumála í viðkomandi sveitarfélagi.

Jafnframt má rökstyðja nauðsyn þess að sveitafélög með fábreytt atvinnulíf fái með þessum hætti stuðning til þess að byggja sig upp á öðrum sviðum, ekki síst í ljósi þess að m.a. vegna tæknibreytinga hefur störfum í fiskvinnslu verið að fækka á undanförnum árum og er gert ráð fyrir að sú fækkun haldi áfram næstu ár. Þeim stöðum sem í meginatriðum hafa byggt á sjávarútvegi er því nauðsynlegt að breikka atvinnugrundvöll sinn ef þau eiga að halda í fólkið og veita því góð lífskjör.

166. Frumvarp til laga [145. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Söluandvirði eigna, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skal einungis varið til greiðslu af lánum ríkissjóðs eða til eignamyndunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að koma í veg fyrir að söluandvirði ríkiseigna í A-hluta ríkisreiknings verði varið til þess að standa undir rekstrarútgjöldum ríkissjóðs heldur verði því undantekningarlaust varið til greiðslu á lánum ríkissjóðs eða eftir atvikum til annarrar eignamyndunar. Ekki er hvað síst litið til andvirðis ríkiseigna sem selst hafa fyrir hátt verð, svo sem eignarhlutar ríkissjóðs í FBA, og annarra verðmætra eigna sem áform eru um að selja, þ.e. hlutar ríkissjóðs í viðskiptabönkum, Landssímans o.fl.

Umtalsverðar ríkiseignir hafa verið seldar á umliðnum árum og hefur andvirðinu að langmestu leyti verið varið til þess að greiða útgjöld við rekstur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja í A-hluta þó að nokkur hluti söluhagnaðarins hafi upp á síðkastið runnið til þess að lækka skuldir ríkissjóðs. Þannig hefur ríkissjóður fjármagnað útgjöld í almennum rekstri ríkisins og ríkisstofnana með andvirði eignasölu. Með öðrum orðum, eignir ríkissjóðs hafa farið minnkandi til þess að standa undir rekstrarútgjöldum sem hafa verið umfram rekstrartekjur.

Að fjármagna rekstrarútgjöld með eignasölu er ekki aðeins til þess fallið að ýta undir þenslu á þenslutímum heldur dylur það hinn raunverulega vanda í ríkisfjármálum, þ.e. að útgjöld af almennum rekstri eru umfram tekjur af honum. Svo lengi sem það viðgengst að nota andvirði af sölu eigna til þess að fjármagna rekstur vanrækja stjórnendur ríkisfjármála að snúast gegn raunverulegum rekstrarvanda ríkissjóðs og ríkisstofnana. Slíkt ráðslag er ekki ólíkt því að fjölskylda fjármagni neysluútgjöld sín umfram atvinnutekjur með því að selja eignir sínar smátt og smátt — fyrst kjallarann, svo risið, síðan helming íbúðarhæðarinnar, svo fjölskyldubílinn, því næst síðari helming íbúðarhæðarinnar og loks innbúið — uns ekkert er eftir. Slíkt ráðslag kann ekki góðri lukku að stýra, hvorki í heimilishaldi né í ríkisbúskap.

Ekki ætti að þurfa að fara mörgum orðum um hina hlið málsins, þ.e. þau óheillavænlegu áhrif sem það hefur á fjárhag ríkisins og efnahagsstarfsemina að öðru leyti, eins og henni er nú háttað, að nota andvirði af sölu ríkiseigna til þess að standa undir síauknum útgjöldum ríkissjóðs. Gildir þá einu þótt bókfærður hagnaður af sölu ríkiseigna sé að hluta eða í heild notaður til greiðslu skulda ef annað söluandvirði er notað til þess að greiða rekstrarútgjöld. Slíkur búskapur er vísasti vegurinn til þess að stjórn ríkisfjármála ýti undir þensluna í þjóðfélaginu sem nú ógnar stöðugleika efnahagslífsins, ekki síst þar sem verðbólga fer vaxandi sakir hennar. Við slíkar aðstæður ber ríkisvaldinu skylda til þess að spyrna á móti og það verður ekki betur gert en með því að sýna aðhald í rekstri ríkissjóðs og ríkisstofnana og freistast alls ekki til þess að nota andvirði eignasölu til annars en að greiða skuldir eða afla ríkissjóði annarra eigna.

Nú þegar fram hefur farið verðmætasta sala ríkiseigna til þessa, sala á hlut ríkisins í FBA, munu fleiri milljarðar króna renna til ríkisins sem söluandvirði. Skiptir þá miklu máli að þeim fjármunum verði ekki varið til þensluhvetjandi aðgerða heldur til þess að lækka skuldir eða til eignamyndunar af því tagi sem gefið getur ríkissjóði rekstrarlegan arð. Flutningsmenn telja því brýnt að bregðast við á þann hátt sem lagt er til hér.

Eðlilegt þykir að finna ákvæði af því tagi sem frumvarpið felur í sér stað í 29. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Greinin hefur yfirskriftina „ráðstöfun eigna A-hluta ríkisins og samningar hjá A-hluta". Í 1. mgr. nefndrar greinar er mælt fyrir um að ríkisaðilar skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til þess að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignahluta í félögum, skip, flugvélar, söfn og safnahluta sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Tillagan felur í sér að andvirði greindra verðmæta skuli undantekningarlaust varið til greiðslu á lánum eða eignamyndunar en ekki til þess að standa undir rekstrarkostnaði ríkisins eða stofnana þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og rakið er í greinargerð er tilgangurinn sá að koma í veg fyrir að stjórnvöld gangi á eignir ríkisins til þess að fjármagna rekstrarútgjöld þess. Í því skyni þykir eðlilegt að bæta við þessa grein laganna nýrri málsgrein sem mælir sérstaklega fyrir ráðstöfun á söluandvirði eigna til greiðslu skulda eða eignamyndunar á ný.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því að ákvæði frumvarpsins öðlist gildi þegar í stað. Það tekur að sjálfsögðu ekki til söluandvirðis eigna sem þegar hefur verið ráðstafað í fjárlögum eða með samþykkt ríkisreiknings en ætti að gilda um söluandvirði sem ekki hefur verið ráðstafað, svo sem söluandvirði af hlut ríkissjóðs í FBA.

167. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson,
Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. 1. tölul. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að um fiskiðnað gildi almennt sömu reglur og annan iðnað hvað varðar fjárfestingar erlendra aðila. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gildandi lögum um útgerð.

Samkvæmt gildandi lögum um fjárfestingar erlendra aðila er þeim heimilt að eiga óbeinan hlut í íslenskum sjávarútvegi og ekki er gerður greinarmunur á veiðum og vinnslu nema að því er varðar tiltekna vinnsluþætti. Heimild til óbeinnar eignaraðildar var lögfest til að laga lögin að veruleikanum, en vitað var um óbeina eignaraðild erlendra fyrirtækja í sjávarútvegsfyrirtækjum og ekki var talið ráðlegt að fylgja fortakslausu banni eftir, eins og þágildandi lög gerðu ráð fyrir. Með því að heimila einungis óbeina eignaraðild voru því engir nýir möguleikar opnaðir.

Með heimild til beinna fjárfestinga erlendra aðila í íslenskum fiskiðnaði, eins og í öðrum matvælaiðnaði, geta skapast ýmsir nýir möguleikar og sóknarfæri fyrir fiskvinnsluna. Jafnframt má ætla að ný sóknarfæri kynnu að skapast fyrir annan matvælaiðnað þar sem mjög er nú sóst eftir samstarfi við erlend fyrirtæki. Þekking erlendra aðila á Íslandi er lítil, hvort sem um er að ræða aðila í matvælaframleiðslu eða fjárfesta, en mestar líkur eru á að þekking þeirra tengist sjávarútvegi í einhverri mynd. Heimild til beinnar þátttöku í fiskiðnaði gæti því laðað að aðila sem síðar, eða jafnframt, vildu gerast þátttakendur í öðrum matvælaiðnaði.

Erlendir aðilar geta keypt fisk á innlendum mörkuðum en mega ekki taka þátt í vinnslu hans nema að mjög takmörkuðu leyti. Breyting í þá veru að heimilt yrði að fjárfesta beint í fiskvinnslu þýddi því ekki útflutning hráefnis miðað við reynslu okkar heldur gæti sú skipan mála eflt frekari vinnslu hérlendis.

Fjölmörg veigamikil rök eru fyrir því að gera þessa breytingu á lögunum:

— Óeðlilegt er að mismuna fyrirtækjum í matvælaiðnaði eftir því í hvaða grein þau eru.
— Mörg dæmi eru um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri og slík eignaraðild hefur styrkt íslenskt atvinnulíf.
— Lengi hefur verið stefna stjórnvalda að fá erlenda aðila til að fjárfesta meira í íslensku atvinnulífi. Það hefur helst gengið í stóriðju hingað til en lítið verið um fjárfestingar í öðrum greinum.

— Eignatengsl Íslendinga og útlendinga í fiskvinnslufyrirtækjum geta örvað markaðsstarf og leitt til nýsköpunar.
— Fiskiðnaðurinn gæti sótt sér áhættufé og yrði þá ekki eins háður erlendu lánsfé.
— Samstarf við erlenda aðila með þátttöku þeirra í uppbyggingu fiskiðnaðar á Íslandi færi fram fyrir opnum tjöldum og samkvæmt eðlilegum leikreglum.
— Íslendingar hafa fjárfest mikið í sjávarútvegi erlendis. Þróunin hefur verið sú að fyrirtæki verði til þvert á landamæri ef atvinnurekstur og þjóðfélag hefur hag af.
— Heimild til beinna fjárfestinga og þátttöku í fiskiðnaði getur verið lykill að frekari fjárfestingum í öðrum greinum. Þá geta orðið til hliðarfyrirtæki með nýjum umsvifum.
— Lagabreyting sem þessi mundi styrkja samkeppnisstöðu Íslands.

Ekki er um það að ræða að verið sé að skylda aðila til að aðskilja veiðar og vinnslu þótt óbreytt lög mundu gilda um útgerðarþáttinn. Ætlunin er eingöngu að bjóða upp á þann valkost að ef fyrirtækin vilja efna til samstarfs við erlenda aðila um fiskvinnslu þá sé það heimilt og að ekki þurfi að fara kringum lögin. Þau fyrirtæki sem reka útgerð mundu þá stofna sérstakt fyrirtæki um þann vinnsluþátt sem þau hyggjast efna til samstarfs um.

Í núgildandi lögum eru eftirtaldar vinnsluaðferðir þegar undanþegnar sérstökum takmörkunum: reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu. Ef frumvarp þetta yrði að lögum yrði jafnframt heimilt að erlendir aðilar fjárfestu í frystingu, söltun, herslu, bræðslu og mjölvinnslu.

Þar sem sumar vinnsluaðferðir eru nú þegar undanþegnar lögunum um fjárfestingu erlendra aðila en í öðrum má eignaraðild einungis vera óbein verður framkvæmd laganna bæði flókin og erfið. Aðilar beina jafnvel samstarfinu í allt annan farveg en æskilegt væri þar sem erfitt getur verið að skipta vinnslunni upp eftir einstökum þáttum.

Íslendingar hafa undanfarin ár afnumið sérstakar hömlur fyrir erlenda fjárfesta hérlendis á flestum sviðum. Afnám sérstakra takmarkana í fiskvinnslu er eðlilegt framhald þeirrar stefnu.

Í frumvarpinu er lagt til að orðin „eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi“ í 4. gr. laganna falli brott en með því ná takmarkanir við fjárfestingu erlendra aðila aðeins til útgerðar. Enn fremur er felld niður skilgreining á vinnslu sjávarafurða sem lýtur sérstökum takmörkunum.

168. Frumvarp til laga [147. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Gunnarsson, Gísli S. Einarsson,
Pétur H. Blöndal, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2000.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 122. löggjafarþingi 1997–98 en hlaut þá ekki afgreiðslu og er nú endurflutt. Engar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu sjálfu en greinargerð hefur verið breytt lítillega í samræmi við ábendingar sem fram komu frá ýmsum þeirra sem fengu frumvarpið til umsagnar á sínum tíma.

Rauði kross Íslands fékk á árinu 1972 leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til að hefja rekstur spilavéla í fjáröflunarskyni, en vélar þessar gátu skilað mönnum allt að fimmföldum peningavinningi. Ýmis skilyrði um eftirlit fylgdu leyfisveitingunni og skyldu kassarnir merktir Rauða krossinum. Á árunum 1972–76 veitti ráðuneytið leyfi fyrir notkun ákveðinnar myntar í vélarnar og til breytinga á hlutfalli vinninga. Árið 1977 fékk Rauði krossinn leyfi fyrir innflutningi og uppsetningu nýrrar tegundar spilakassa með sömu skilyrðum og áður og enn voru veitt leyfi fyrir nýjum tegundum spilakassa árin 1986 og 1987. Skyldi lögreglan hafa eftirlit með notkun og staðsetningu kassanna sem fyrr.

Árið 1981 fékk SÁÁ leyfi til að reka spilakassa sem merktir yrðu samtökunum. Kassarnir tóku við 1 kr. mynt og vinningar máttu vera allt að 9 kr. Lögreglan skyldi hafa eftirlit með rekstrinum. SÁÁ nýtti sér ekki leyfið en samtökin tóku hins vegar upp samstarf við Rauða krossinn árið 1989 um rekstur spilakassa á vínveitingastöðum.

Fleiri aðilar eygðu hér ábata og stofnað var svokallað Lukkutríó sem Slysavarnafélag Íslands, Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita máttu starfrækja. Vinningar voru að þessu sinni hlutir en ekki peningar. Rauði krossinn og eigendur Lukkutríósins rugluðu síðar saman reytum og gerðu með sér samning um rekstur spilakassa og enn voru sett skilyrði um eftirlit lögreglu og fleira. Landssamböndin tvö sameinuðust og urðu að Landsbjörg og spilakassafyrirtækið var heitið Íslenskir söfnunarkassar sem tók til starfa 1. janúar 1994. Engin lög voru þá til um starfsemina en frumvarp kom fram skömmu seinna.

Þegar hér var komið fór Háskóli Íslands að hugsa sér til hreyfings. Með lögum nr. 23/1986 var dómsmálaráðherra veitt heimild til að leyfa Háskóla Íslands að reka skyndihappdrætti með peningavinningum svo og peningahappdrætti sem ekki yrði rekið sem flokkahappdrætti. Háskólinn nýtti sér þessa heimild án frekari lagabreytingar og hóf rekstur happdrættisvéla árið 1993 samkvæmt reglugerð nr. 455/1993. Þegar dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp um Íslenska söfnunarkassa hefur eflaust þótt rétt að lögfesta einnig rétt Happdrættis Háskóla Íslands til reksturs spilakassanna sem þegar voru komnir í gagnið. Var þá einnig lagt fram frumvarp um þann rekstur og urðu bæði frumvörpin að lögum árið 1994. Eini meginmunurinn á rekstri þessara tveggja aðila var sá að happdrættisvélar Háskólans má samtengja, einstakar vélar og á milli sölustaða. Sú samtenging felur í sér meiri uppsöfnun fjár í kössunum og þar af leiðandi aukna möguleika á háum vinningum.

Í eðli sínu er lítill munur á þessum rekstri. Hvort tveggja er fjárhættuspil af ógeðfelldustu gerð, enda voru margir alþingismenn lítt hrifnir af þessari nýbreytni. Það hefur eflaust ráðið úrslitum um framgang frumvarpanna að afraksturinn skyldi renna til óumdeildra málefna. Reynslan hefur hins vegar sýnt að þessi starfsemi hefur valdið mörgum manninum mikilli óhamingju þar sem menn hafa ánetjast spilafíkn sem heilbrigðiskerfið verður nú að kljást við í vaxandi mæli. Fjölmörg dæmi eru um menn sem misst hafa heimili sín og fjölskyldur vegna áráttu sinnar í kassana og er nú svo komið að einn eignaraðilinn, SÁÁ, ver miklum fjármunum og faglegri þekkingu í að lækna þetta gæfulausa fólk. Þá er jafnljóst að börn og unglingar hafa greiðan aðgang að spilakössum og verulegur vafi leikur á hvernig eftirliti með því er háttað.

Heildarbrúttótekjur Happdrættis Háskóla Íslands, sem eru skattfrjálsar eins og vinningarnir, voru reikningsárið 1995 1.810,1 millj. kr. Þar af skilaði „Gullnáman“, þ.e. spilakassarnir, 619,4 millj. kr. Þó eru aðrir vinningar en gull- og silfurpottar hvorki tekju- né gjaldfærðir, en þeir nema 86% af veltu. Eru því tekjur umtalsvert hærri en að framan segir.

Í hið fyrra sinn sem frumvarp þetta var lagt fram var leitað umsagna ýmissa aðila um það. Umsagnaraðilar sem t.d. í tengslum við störf sín sjá hrömulegar afleiðingar spilafíknar, þeir sem starfa með ungu fólki og margir fleiri tóku heils hugar undir frumvarpið. Umsagnaraðilar sem áttu fjárhagslegra hagsmuna að gæta voru ósammála frumvarpinu nema að því tilskildu að sambærileg eða jafnörugg fjáröflunarleið yrði tryggð þeim vegna þeirrar nýtu starfsemi sem aðilar þessir stunda. Undir þetta er tekið og ítrekað að fundnir yrðu aðrir tekjustofnar til að fjármagna samfélagsþjónustu og forvarnar- og meðferðarstarf sem rekið hefur verið fyrir ágóða af þessari hættulegu starfsemi. Hins vegar er engu síður ítrekað mikilvægi þess að með öllu verði bönnuð starfsemi af því tagi sem hér um ræðir.

Í framsöguræðu fyrir frumvarpi þessu og systurfrumvarpi þess, sem fjallar um Íslenska söfnunarkassa, verður nánar fjallað um þessi leiðu fyrirbæri. Hér hefur saga þeirra einungis verið rakin. Annað bíður umræðu.

169. Frumvarp til laga [148. mál]

um brottfall laga nr. 73/1994, um söfnunarkassa.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Gunnarsson, Gísli S. Einarsson, Pétur H. Blöndal, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Lög nr. 73/1994 eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2000.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 122. löggjafarþingi 1997–98 og er nú endurflutt. Engar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu sjálfu en greinargerð hefur verið breytt lítillega í samræmi við ábendingar sem fram komu frá ýmsum þeirra sem fengu frumvarpið til umsagnar á sínum tíma.

Þegar lögin um íslenska söfnunarkassa voru til afgreiðslu á Alþingi voru þingmenn ekki á einu máli um ágæti slíkrar fjáröflunar. Íslenskir söfnunarkassar eru í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Samtaka áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélags Íslands og skal tekjum af kössunum varið til starfsemi þessara samtaka. Stuðningur við þessa lagasetningu byggðist á góðum málstað þeirra.

Í lögunum er ákvæði um að dómsmálaráðherra setji „í reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Íslenskra söfnunarkassa, nánari ákvæði um staðsetningu, auðkenningu, fjölda og tegundir söfnunarkassa, eftirlit með þeim, notkun mynta og seðla við greiðslu framlaga, fjárhæð vinninga og aldur þeirra sem nota mega kassana til að leggja fram framlög en hann skal þó eigi vera lægri en 16 ár“. Þá getur ráðherra sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, þar á meðal greiðslu kostnaðar við eftirlit og endurskoðun.

Engin reglugerð hefur hins vegar verið sett um framkvæmd laganna, eftirlit er takmarkað og vitað er að börn og unglingar hafa sums staðar aðgang að kössunum. Þá er það staðreynd að fjöldi fólks hefur ánetjast spilafíkn vegna þeirra og er nú svo komið að miklum fjármunum er varið til að veita meðferð vegna þeirrar ógæfu sem þessi starfsemi hefur kallað yfir fólk. Þessar staðreyndir blasa við þrátt fyrir vilja þeirra sem kassana reka til að koma í veg fyrir að börn yngri en 16 ára spili í þeim.

Tekjur af söfnunarkössum voru á reikningsárinu frá júlí 1995 til júníloka 1996 samtals 992,8 millj. kr. og eru þær undanþegnar skatti. Það eru vinningar einnig.

Ástæðulaust er að tíunda frekar í greinargerð hvað þessi starfsemi er fáránleg. Flutningsmenn telja reynsluna sýna að brýnt sé að leggja hana niður sem fyrst og því er frumvarpið flutt.

Umsagnir sem um frumvarp þetta bárust þegar það var flutt hið fyrra sinn skiptust nokkuð í tvö horn. Þeir umsagnaraðilar sem andmæltu frumvarpinu áttu allir fjárhagslegra hagsmuna að gæta og bentu á að þjóðþrifastarfsemi á þeirra vegum yrði í fjárþröng ef söfnunarkassar af því tagi sem hér er fjallað um yrðu ekki leyfðir. Stuðningur við frumvarpið var hins vegar mikill hjá þeim sem gleggst sjá afleiðingar spilafíknar og þeim sem sinna málefnum ungs fólks.

Flutningsmenn frumvarpsins taka undir það að mikilvæg starfsemi samtaka sem sinna slysavörnum, björgunarstarfsemi og lækningu áfengissýki má ekki líða fjárskort ef frá þeim eru teknir þeir tekjumöguleikar sem felast í rekstri söfnunarkassa og því er mikilvægt að fundnir verði aðrir tekjustofnar til að fjármagna starfsemi þeirra við samþykkt frumvarpsins. Hins vegar telja flutningsmenn þær hörmungar sem ljóst er að söfnunarkassarnir hafi í för með sér séu svo afdrifaríkar fyrir íslenskt samfélag að ekkert réttlæti tilvist kassanna.

Í ljósi þess viðhorfs er frumvarp þetta endurflutt.

170. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um endurskoðun reglna um sölu áfengis.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd er vinni að endurskoðun reglna um sölu áfengis svo að heimila megi sölu á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum. Þá athugi nefndin hvort unnt sé og æskilegt að hafa áhrif á neysluvenjur Íslendinga með breyttri verðlagningu á áfengi og aðgengi að léttum vínum og bjór.

Nefndin verði meðal annars skipuð fulltrúum allra þingflokka sem setu eiga á Alþingi og skili tillögum fyrir 1. júlí 2000.

Greinargerð.

Lagt er til að skipuð verði nefnd sem vinni að endurskoðun á lögum um sölu, gjöld og tolla á áfengi, en með lögum nr. 94/1995 var afnuminn einkaréttur ÁTVR á innflutningi áfengis til landsins. Lagt er til að endurskoðun sem tillögugreinin gerir ráð fyrir taki sérstaklega mið af því að fólk alls staðar á landinu hafi sömu möguleika á að nálgast áfengi. Þá geri nefndin tillögur um hvernig því verði best fyrir komið að létt vín og bjór verði fáanleg, hvort heldur

er í sérverslunum með áfengi eða í matvöruverslunum. Einnig verði sérstaklega skoðað hvort æskilegt sé og unnt að hafa áhrif á neysluvenjur Íslendinga með því að lækka verð hlutfallslega á léttum vínum og bjór á kostnað verðs á sterkum drykkjum.

Nefndin verði meðal annars skipuð fulltrúum allra þingflokka sem setu eiga á Alþingi og skili tillögum til fjármálaráðherra eigi síðar en 1. júlí 2000.

171. Frumvarp til laga [150. mál]

um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, nr. 45/1999.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Iðgjald til sjóðsins skal nema 11% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 7%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna myndar 1% af greiðslu launagreiðanda ekki réttindi til lífeyris frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2009.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hafa eignir Lífeyrissjóðs sjómanna ekki staðið undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Stjórn sjóðsins hefur leitað leiða til að minnka muninn milli eigna hans og skuldbindinga. Í nokkur skipti hafa verið gerðar lagabreytingar sem allar hafa haft í för með sér mikla skerðingu á lífeyrisskuldbindingum félaga í sjóðnum. Þrátt fyrir þetta vantar enn u.þ.b. 5% upp á að eignir sjóðsins standi undir skuldbindingum hans.

Með því að hækka lögbundið framlag launagreiðenda í Lífeyrissjóð sjómanna um eitt prósentustig, án þess að lífeyrisréttindi sjóðfélaga aukist, er stigið mikilvægt skref í þá átt að brúa það bil sem upp á vantar svo að sjóðurinn eigi fyrir framtíðarskuldbindingum sínum. Auk þess er það réttlætismál að launagreiðendur leggi fram sinn skerf og taki þátt í því að koma sjóðnum á réttan kjöl. Til þess hníga ýmis rök, svo sem afar háar greiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna vegna örorkulífeyris sem er afleiðing af því hversu hættulegt sjómannsstarfið er. Á undanförnum árum hefur örorkulífeyrir verið nálægt 45% af heildargreiðslum Lífeyrissjóðs sjómanna. Sambærilegt hlutfall hjá öðrum sjóðum er mun lægra, í sumum tilfellum aðeins 20%.

Í frumvarpinu er lagt til að þessi hækkun á hlutfallslegri greiðslu launagreiðanda myndi ekki aukinn rétt til lífeyris til 31. desember 2009. Þess í stað muni auknar greiðslur í sjóðinn af þessum toga notaðar til þess að auka eignir svo að þær geti frekar staðið undir framtíðarskuldbindingum og bætt hag sjóðfélaga.

172. Fyrirspurn [151. mál]

til forsætisráðherra um aukagreiðslur til ríkisendurskoðanda o.fl.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hefur ríkisendurskoðandi, persónulega, fengið sérstakar aukagreiðslur frá opinberum aðilum, ráðuneytum, stofnunum, félögum eða fyrirtækjum í eigu ríkisins eða þar sem ríkið á hlut, fyrir störf sín sem endurskoðandi frá því að hann tók við starfi ríkisendurskoðanda? Í svari komi fram fjárhæðir sundurliðaðar eftir árum og launagreiðendum.
2. Hefur ríkisendurskoðandi á sama tímabili fengið sérstakar aukagreiðslur frá Ríkisendurskoðun fyrir útselda vinnu hans eða stofnunarinnar? Í svari komi fram fjárhæðir sundurliðaðar eftir árum og einstökum launagreiðendum.
3. Í hve mörgum nefndum framkvæmdarvaldsins hefur ríkisendurskoðandi setið frá því að hann tók við embætti og þar til nú? Hver voru eða eru verkefni þessara nefnda? Óskað er að fram komi hverjar þessar nefndir hafi verið og jafnframt hvaða verkefni þeim hafi verið falin.
4. Hversu mörg stöðugildi voru við embættið þegar það var fært undir Alþingi 1987 og hversu mörg eru þau nú?

Skriflegt svar óskast.

173. Fyrirspurn [152. mál]

til dómsmálaráðherra um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hverju hafa söfnunarkassar og happdrættisvélar skilað Íslenskum söfnunarkössum og Háskóla Íslands á árinu 1998 og það sem af er þessu ári:

a. í heild,
b. að frádregnum vinningum og kostnaði?

Skriflegt svar óskast.

174. Fyrirspurn [153. mál]

til fjármálaráðherra um fæðingarorlof.

Frá Páli Magnússyni.

Hvernig og hvenær hyggst ríkisstjórnin ná markmiðum sínum, sem lýst er í stjórnarsáttmála, um lengingu fæðingarorlofs og jöfnun réttar mæðra og feðra til að taka það?

175. Fyrirspurn [154. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu þjóðarleikvanga.

Frá Páli Magnússyni.

1. Hvernig hefur verið farið með tillögur um byggingu þjóðarleikvanga sem komu fram í skýrslu nefndar um eflingu íþróttastarfs í desember 1997?
2. Er gert ráð fyrir fjármunum í byggingu þjóðarleikvanga á kjörtímabilinu, sbr. þau orð í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að stuðningur við íþrótta- og æskulýðsstarf verði aukinn á kjörtímabilinu?
3. Hafa sveitarfélög kynnt ráðherra hugmyndir að þjóðarleikvöngum á grunni tillagna sem fram komu í fyrrnefndri skýrslu?

Skriflegt svar óskast.

176. Fyrirspurn [155. mál]

til umhverfisráðherra um notkun á íslensku máli í veðurfréttum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hefur Veðurstofa Íslands markað sér stefnu um notkun íslenskra orða um veður og veðurfar?
2. Hvaða rök lágu að baki þeirri ákvörðun Veðurstofu Íslands að taka upp metra á sekúndu í stað vindstiga og orða sem lýsa vindstyrk eins og „hægur," „gola," „kaldi," „stinningskaldi," „hvass" o.s.frv. í veðurspám og veðurfréttum?

177. Fyrirspurn [156. mál]

til utanríkisráðherra um afkomu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvaða skýringar eru á því að samanlögð afkoma Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli hefur versnað og áætlanir um auknar rekstrartekjur hafa breyst?

178. Fyrirspurn [157. mál]

til fjármálaráðherra um endurskoðun skattalöggjafarinnar.

Frá Árna Gunnarssyni.

Hvað líður endurskoðun skattalöggjafarinnar samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með það að markmiði m.a. að draga úr jaðaráhrifum og mismunun innan skattkerfisins?

179. Fyrirspurn [158. mál]

til iðnaðarráðherra um orkuvinnslu á bújörðum.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Hvernig hefur iðnaðarráðuneytið stutt þá sem vilja nýta heitt vatn á jörðum sínum? Hefur ráðuneytið stutt jarðeigendur sem vilja reisa smáar vatnsaflsvirkjanir?

180. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um úttekt á stöðu byggðasafna, minni safna og sérsafna á landsbyggðinni.

Flm.: Gunnar Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera óháða úttekt á stöðu byggðasafna, minni safna og sérsafna á landsbyggðinni. Í þeirri úttekt komi m.a. fram:

a. hvaða vinnu þarf að inna af hendi í hverju safni fyrir sig til að viðkomandi safn uppfylli skilyrði þjóðminjaráðs fyrir styrkveitingum skv. 6. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989,
b. núverandi fjöldi stöðugilda í viðkomandi söfnum í heild og sundurliðað eftir söfnum,
c. fjöldi gesta og dreifing þeirra eftir mánuðum,
d. hvernig einstök söfn eru í stakk búin til að vinna með ferðaþjónustuaðilum á viðkomandi svæði að atvinnuskapandi verkefnum, svo sem með því að setja upp vandaðar sýningar sem tengjast sögu byggðarlagsins og hvaða verkefni af því tagi eru í undirbúningi eða komin til framkvæmda.

Ráðherra leggi niðurstöður úttektarinnar og tillögur fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok 2000.

Greinargerð.

Í landinu starfar fjöldi safna sem öll hafa það að markmiði að varðveita muni og minjar úr sögu þjóðarinnar og hafa þá til sýnis gestum til fróðleiks og yndisauka. Rekstrarform þessara safna er mjög margvíslegt. Sum þeirra starfa samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 88/1989, eða samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðherra setur. Önnur eru einkaframtak framsýnna eldhuga sem haldið hafa til haga munum úr sinni sveit í áranna rás og sýnt þá al-

menningi. Sum þessara safna hafa hlotið viðurkenningu þjóðminjaráðs, önnur ekki. Sum eru kannski ekki söfn í eiginlegri merkingu þess orðs heldur verða fremur skilgreind sem „sýning“ eða „verkefni“ á sviði minjaverndar eða skráningar menningarsögu og má þar nefna sýninguna „Á Njáluslóð“ og uppbyggingu bæjarhúsanna að Stöng í Þjórsárdal.

Samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 88/1989, er hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi. Byggða- og minjasöfn hafa lagt sérstaka áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir viðkomandi byggðarlag eða landsfjórðung. Söfnin hafa einnig eftir megni kynnt skólabörnum menningarsögu þá sem fólgin er í munum safnanna í samráði við skóla og fræðsluyfirvöld. Þá hafa þau kynnt almenningi muni safnsins auk þess sem mörg þeirra reka ýmiss konar þjónustu fyrir ferðamenn.

Áhugaverð og vel skipulögð söfn hafa mikið aðdráttarafl og geta nýst byggðunum vel, t.d. geta þau haft aðdráttarafl fyrir ferðamenn með þeim margfeldisáhrifum sem þeim fylgja, styrkt jákvæða ímynd byggðarlaganna og eflt menningarlíf þeirra. Góð söfn geta líka verið mikilvæg tæki til að skapa atvinnu fyrir unglinga yfir sumartímann og er ekki síst mikilvægt frá byggðarsjónarmiði að bjóða ungu námsfólki upp á fjölbreytta sumarvinnu í heimabyggð. Verkefni af því tagi sem hér um ræðir gæti verið skráning ljósmyndasafns bæjarfélags eða sveitar þar sem ungmenni önnuðust skráningu ljósmynda að fengnum upplýsingum, eða í samvinnu við eldri íbúa staðarins. Þá mætti líka nefna möguleg samstarfsverkefni ungmenna og eldri íbúa staðarins, undir handleiðslu safnsins og leikfélagsins á staðnum þar sem leiksýningar sem byggðust á sögu byggðarlagsins væru settar á svið.

Dæmi um þau jákvæðu áhrif sem gott safn getur haft er Vesturfarasetrið á Hofsósi. Tilvist þess hefur orðið til þess að farið er að tala um „ferðamannabæinn“ Hofsós, en þorpið átti í miklum erfiðleikum fyrir nokkrum árum vegna fólksfækkunar og erfiðs atvinnuástands. Núna er rekin þar margháttuð þjónusta við ferðamenn og Hofsós er orðinn eftirsóttur viðkomustaður.

Athyglisvert dæmi um hverju svona úttekt getur skilað má finna í greinargerð Sögusmiðjunnar um Stríðsárasafnið á Reyðarfirði. Þar er farið ofan í saumana á stöðu safnsins eins og hún var sumarið 1999 og lögð fram framkvæmdaáætlun fyrir árin 1999–2002. Í greinargerðinni kemur fram að ýmislegt á sýningu Stríðsárasafnsins er til fyrirmyndar og mjög vel heppnað, t.d. ljósmyndavinna, leikmyndir, gínuuppstillingar og markviss notkun tónlistar og morshljóða. Annað er talið síðra, t.d. er sagt skorta mjög á textavinnu og þýðingar þrátt fyrir að heilmikla fræðilega grunnvinnu sé að finna í pappírum safnsins. Einnig er bent á að allt skipulag og uppsetning gripanna fullnægi tæpast kröfum sem gerðar eru til sýninga í dag, geymslumál eru sögð í ólestri, starfsmannahald tilviljanakennt og umhverfi safnsins ófullnægjandi. Þá vantar verulega upp á möguleika til forvörslu, rannsóknarstarfs og kynningarmála.

Þessi úttekt leiðir glögglega í ljós hvað gera þurfi til að Stríðsárasafnið á Reyðarfirði fái vaxið og dafnað og geti þannig orðið sú lyftistöng í samfélaginu sem safn af þessu tagi getur verið.

Vegna þess að skilyrði sem sérsöfn og byggðasöfn þurfa að uppfylla eru sett af þjóðminjaráði og Þjóðminjasafnið fer með framkvæmd þessara mála telja flutningsmenn tillögunnar rétt að fengnir verði utanaðkomandi fagaðilar til að vinna úttektina, en þeir starfi að sjálfsögðu í góðu samstarfi við viðkomandi stofnanir að verkefninu.

Yfirgripsmikil úttekt sem sýnir stöðu ólíkra safna á landsbyggðinni gæti orðið efniviður í stefnumörkun þeirra til framtíðar og kortlagt hvernig væri vænlegt að styðja við bakið á

þessari þjóðþrifastarfsemi. Í ljósi þeirrar áherslu sem ferðaþjónustan leggur nú á menningartengda ferðaþjónustu væri hér um að ræða áþreifanlega lyftistöng fámennra byggðarlaga sem auðgað gæti atvinnulíf og bætt möguleika þeirra á að þjónusta ferðamenn, innlenda sem erlenda, auk þess sem samfélagið sjálft mundi auðgast við eflingu safnanna.

181. Svar [41. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjármagnstekjuskatt.

1. *Hve miklar voru heildartekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti við álagningu skatta árin 1998 og 1999 (tekjuárin 1997 og 1998) og hvernig skiptist hann milli bankainnstæðna, verðbréfa, arðs, útistandandi skulda og annarra vaxtatekna?*

Álagður fjármagnstekjuskattur árið 1999 nam 1.510 m.kr. vegna tekna á árinu 1998. Persónuafsláttur sem nýttist á móti fjármagnstekjuskatti nam 48 m.kr. þannig að tekjur ríkissjóðs af skattinum voru 1.462 m.kr. Samsvarandi tölur fyrir árið 1998 eru birtar í meðfylgjandi yfirliti. Þar kemur einnig fram skipting eftir tegund fjármagnstekna bæði árin.

Álagningarár	**1999**	**1998**
	m.kr	**m.kr.**
Heildartekjur af fjármagnstekjuskatti	**1.510**	**1.401**
Persónufrádráttur á móti fjármagnstekjuskatti	48	85
Tekjur af fjármagnstekjuskatti	**1.462**	**1.316**
Arður af hlutabréfum og vextir af stofnsjóðsinneign	404	422
Hagnaður af sölu hlutabréfa	328	312
Annar söluhagnaður	36	42
Vextir af bankainnstæðum	318	302
Vextir af eignarskattsfrjálsum verðbréfum	91	42
Vextir af öðrum skuldum og útistandandi skuldum	138	101
Leigutekjur	184	150
Handreiknaðir	12	28
Samtals:	**1.510**	**1.401**

2. *Hve miklar vaxtatekjur voru taldar fram á skattframtölum við álagningu skatta 1999 (tekjuárið 1998) og hvernig skiptust þær eftir verðbréfum og inneignum hjá innlánsstofnunum?*

Samkvæmt skattframtölum einstaklinga árið 1999 vegna tekna á árinu 1998 voru framtaldar fjármagnstekjur 5.466 m.kr. og skiptust þær þannig:

Álagningarár	**1999**
Vextir af bankainnstæðum	3.179
Vextir af útistandandi skuldum/verðbréfum	1.376
Vextir skattfrjálsum verðbréfum	911
Samtals:	**5.466**

Hér vantar vaxtatekjur af stofnsjóðsinneignum sem er óveruleg fjárhæð.

3. *Hve mikill var hagnaður af sölu hlutabréfa samkvæmt álagningu skatta 1999 (tekjuárið 1998)?*

Samkvæmt framtölum ársins 1999 var hagnaður einstaklinga af sölu hlutabréfa 3.520 m.kr. tekjuárið 1998.

4. *Hve hár var arður af hlutabréfum og skattlagning hans við álagningu skatta árið 1998 annars vegar og árið 1999 hins vegar (tekjuárin 1997 og 1998)?*

Á árinu 1998 var arður einstaklinga af hlutabréfum og stofnsjóðsinneign 4.038 m.kr. og nam skattlagning hans 404 m.kr. af þeim tekjum en árið 1997 var arðurinn 4.224 m.kr. og skatturinn 422 m.kr. Ekki er ljóst hversu stór hluti af persónuafslætti nýttist á móti þessari álagningu.

5. *Hverjar hefðu skatttekjur ríkissjóðs orðið af arði af hlutabréfum við álagningu skatta fyrir árið 1999 (tekjuárið 1998) ef skatthlutfallið hefði verið það sama og fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts?*

Þar sem reglur um meðferð og skattlagningu arðs hafa breyst verulega frá því sem var fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts er ekki unnt að reikna út með neinni vissu hverjar tekjur ríkissjóðs af arði af hlutabréfum hefðu orðið samkvæmt eldri reglum. Hér munar mestu að breyting á lögum um skattlagningu fjármagnstekna virðist hafa haft veruleg áhrif á ráðstöfun eignatekna. Eru þau áhrif mun meiri en reiknað var með eins og sést á miklum mun meiri tekjum samkvæmt ríkisreikningi 1998 en reiknað var með. Til viðbótar kemur þar hvoru tveggja til að útborgaður arður er ekki lengur frádráttarbær hjá lögaðilum og að ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvernig frádráttarbær arður einstaklinga samkvæmt eldri reglum mundi nýtast þeim í dag. Loks er ekki ljóst hvaða áhrif nýting persónuafsláttar hefur á útreikning af þessu tagi.

182. Svar [28. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar um heildarskuldastöðu ríkissjóðs.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var árleg heildarskuldastaða ríkissjóðs árin 1991–98 á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi til samanburðar?

Meðfylgjandi er yfirlit sem Ríkisbókhald hefur tekið saman um skuldir A-hluta ríkissjóðs árin 1991–98. Það sýnir langtímaskuldir og skammtímaskuldir ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi hvers árs og sömu tölur uppfærðar til verðlags í lok árs 1998 samkvæmt vísitölu neysluverðs. Í ljós kemur að skuldirnar á föstu verðlagi jukust fram á árið 1997 en hafa lækkað umtalsvert eftir það.

Jafnframt er í yfirliti Ríkisbókhalds sýnd þróun lífeyrisskuldbindinga A-hluta ríkissjóðs á sama tímabili. Þær skuldbindingar breytast í samræmi við þróun dagvinnulauna ríkisstarfsmanna. Hækkuðu þær verulega á árinu 1998 en þá voru gerðir svonefndir „aðlögunarsamningar“ við fjölmarga hópa ríkisstarfsmanna er fólu m.a. í sér að ýmiss konar yfirborganir voru færðar inn í dagvinnulaun. Breytingin kom öll inn á ríkisreikning 1998 þótt hún væri vegna réttinda sem starfsmenn höfðu áunnið sér á fyrri áratugum.

Stöðutölur í árslok	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Í millj. kr. á verðlagi í lok hvers árs:								
Langtímaskuldir, innlend lán	60.295	64.104	75.302	84.935	88.333	90.446	102.243	104.895
Langtímaskuldir, erlend lán	67.953	87.273	102.305	113.633	127.261	132.218	126.628	117.318
Ríkisvíxlar	8.244	12.545	17.381	14.630	16.399	15.810	12.296	15.209
Ýmsar skammtímaskuldir	19.681	14.921	15.659	15.787	17.384	24.855	30.908	18.354
Langtíma- og skammtímaskuldir	**156.173**	**178.843**	**210.647**	**228.985**	**249.377**	**263.329**	**272.075**	**255.776**
Lífeyrisskuldbindingar	55.015	57.771	60.143	64.060	81.399	90.394	94.918	125.145
Í millj. kr. á föstu verðlagi í árslok 1998:								
Langtímaskuldir, innlend lán	69.313	72.601	81.418	91.350	93.150	93.447	103.539	104.895
Langtímaskuldir, erlend lán	78.116	98.841	110.615	122.215	134.201	136.605	128.234	117.318
Ríkisvíxlar	9.477	14.208	18.793	15.735	17.293	16.335	12.452	15.209
Ýmsar skammtímaskuldir	22.625	16.899	16.931	16.979	18.332	25.680	31.300	18.354
Langtíma- og skammtímaskuldir	**179.531**	**202.549**	**227.757**	**246.280**	**262.977**	**272.067**	**275.525**	**255.776**
Lífeyrisskuldbindingar	63.243	65.429	65.028	68.898	85.838	93.394	96.121	125.145

183. Svar [106. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um kostun dagskrár Ríkisútvarpsins.

Ráðuneytið leitaði til Ríkisútvarpsins og svar við fyrirspurninni er byggt á upplýsingum þaðan.

1. *Hvaða reglur gilda um kostun dagskrárliða Ríkisútvarpsins:*
   a. *á Rás 1,*
   b. *á Rás 2,*
   c. *í Sjónvarpinu?*

Um kostun dagskrárliða hjá Ríkisútvarpinu, þ.e. í Sjónvarpinu og Rás 1 og Rás 2 í Útvarpinu, gilda reglur sem útvarpsstjóri gefur út. Voru þær síðast endurskoðaðar og endurútgefnar 9. mars 1999. Samkvæmt þeim er kostun dagskrárefnis skilgreind sem hvers kyns framlag lögaðila eða einstaklings til framleiðslu eða sýningar dagskrárliða í útvarpi eða sjónvarpi með það fyrir augum að vekja athygli á nafni hans, vörumerki eða ímynd. Ríkisútvarpinu er heimilt að láta kosta dagskrárefni innan ramma útvarpslaga og í samræmi við þær reglur sem í gildi eru hverju sinni innan stofnunarinnar og skal þess gætt að kostað dagskrárefni sé ljóslega auðkennt sem slíkt. Þá segir m.a. í reglunum að kostandi megi aldrei hafa áhrif á innihald eða efnistök við gerð kostaðs dagskrárliðar. Með öllu er óheimilt að leita kostunar á fréttum eða fréttatengdum þáttum og blanda saman kostun og auglýsingum. Reglurnar í heild eru í fylgiskjali.

2. *Sinna einhverjir starfsmenn stofnunarinnar kostunarmálum eingöngu? Ef svo er, hversu margir?*

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu sinna starfsmenn markaðssviðs Ríkisútvarpsins kostunarmálum með öðrum verkefnum, sem fyrst og fremst lúta að öflun auglýsinga. Þess eru dæmi að markaðssvið hafi ráðið fólk tímabundið til sérverkefna á þessu sviði, t.d. vegna heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu árið 1998.

3. *Hversu miklar tekjur hefur Ríkisútvarpið haft af kostun dagskrárliða?*

Áætlaðar tekjur Ríkisútvarpsins af kostun dagskrárliða á þessu ári eru alls 44 millj. kr., þar af 33 millj. kr. í Sjónvarpinu, aðallega tengt íþróttum, en 11 millj. kr. í Útvarpinu af dagskrárliðum á Rás 2. Áætlað er að slíkar tekjur muni nema 1,7% af heildartekjum Ríkisútvarpsins á árinu.

4. *Gilda einhverjar reglur um það hvernig slíkum tekjum er ráðstafað? Nýtur Rás 2 t.d. þeirra tekna sem þannig er aflað þar?*

Kostunartekjum er varið beint til gerðar einstakra dagskrárliða og gildir það um dagskrárþætti á Rás 2 sem aðra.

Fylgiskjal.

Reglur um kostun dagskrárefnis í Ríkisútvarpinu.

1. Kostun dagskrárefnis telst hvers konar framlag lögaðila eða einstaklings til framleiðslu eða sýningar dagskrárliða í útvarpi eða sjónvarpi, með það fyrir augum að vekja athygli á nafni hans, vörumerki eða ímynd. Ríkisútvarpinu er heimilt að láta kosta dagskrárefni innan ramma útvarpslaga, og í samræmi við þær reglur sem í gildi eru hverju sinni innan stofnunarinnar.
2. Kostandi má aldrei hafa áhrif á innihald eða efnistök við gerð kostaðs dagskrárliðar.
3. Efni kostaðs dagskrárliðar má ekki fela í sér beina hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annarra aðila.
4. Með öllu er óheimilt að leita kostunar á fréttum og fréttatengdum þáttum.
5. Allir kostunarsamningar skulu vera skriflegir. Markaðsstjóri annast gerð þeirra í samráði við hlutaðeigandi framkvæmdastjóra og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra. Réttindi og skyldur samkvæmt kostunarsamningum má ekki framselja.
6. Ekki má tengja kostun vöru eða þjónustu, sem bannað er að auglýsa, sbr. 3. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 611/1989 um auglýsingar í útvarpi. Hið sama gildir um stjórnmála- og trúarsamtök hvers konar.
7. Kostað dagskrárefni skal ljóslega auðkennt sem slíkt með eftirfarandi hætti:
   Sjónvarp: Eitt skilti eða eitt ósamsett (óklippt) myndskeið með nafni kostunaraðila og/eða vörumerki frá honum birtist í upphafi og/eða lok útsendingar (3–5 sek.). Heimilt er að geta kostunaraðila í hvert sinn. Heimilt er einnig að geta um kostunina í kynningarstúfum á sambærilegan hátt. Fjöldi þeirra birtinga getur verið allt að fimm í sjónvarpi og allt að tíu í útvarpi fyrir hvern kostaðan dagskrárlið.
   Hljóðvarp: Kostunaraðila skal getið við upphaf og/eða lok útsendingar auk þess sem það er heimilt einu sinni á hverjum klukkutíma inni í viðkomandi dagskrárlið. Þá er heimilt að geta um kostunina í kynningarstúfum fyrir útsendingu samkvæmt nánari ákvörðun markaðsstjóra. Heimilt er að nota einkennisstef kostunaraðila í tilkynningu um kostun.
8. Óheimilt er að blanda saman kostun og auglýsingum, bæði í samningsgerð og útsendingu dagskrárefnis. Enn fremur er óheimilt að nota skilti, myndskeið eða hjóðrás úr auglýsingum þegar kostunaraðila er getið umfram það sem áður er tilgreint í 7. lið.
9. Verði ágreiningur vegna túlkunar á þessum reglum skal þeim ágreiningi vísað til útvarpsstjóra.
10. Ofanskráðar reglur taka til þeirra kostunarsamninga, sem undirritaðir eru eftir daginn í dag.

Reykjavík, 9. mars 1999,
Markús Örn Antonsson.

184. Svar [86. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um barnabætur.

1. *Hver var heildarkostnaður ríkissjóðs að raungildi vegna barnabóta og barnabótaauka árlega síðustu tíu ár og hve margir fengu barnabætur á hverju ári?*

Barnabætur	**1999**	**1998**	**1997**	**1996**	**1995**	**1994**	**1993**	**1992**	**1991**	**1990**
Barnabætur	3.779	4.078	2.693	2.684	2.635	2.584	2.522	2.505	3.623	3.277
Barnabótaauki	-	-	1.878	2.102	1.959	1.884	1.817	1.786	1.197	1.105
Alls	3.779	4.078	4.571	4.786	4.594	4.468	4.339	4.291	4.819	4.381
Fjöldi bótaþega[1)]										
Barnabætur	41.391	45.709	70.105	70.578	71.342	71.549	71.116	69.806	-[2)]	-
Barnabótaauki	-	-	33.790	37.906	37.637	37.002	35.781	35.503	29.375	-
Á verðlagi ársins 1999[3)]										
Barnabætur	3.779	4.176	2.804	2.845	2.857	2.849	2.822	2.918	4.376	4.228
Barnabótaauki	-	-	1.956	2.229	2.124	2.078	2.033	2.081	1.445	1.425
Alls	3.779	4.176	4.760	5.074	4.981	4.926	4.855	4.999	5.822	5.653
Neysluverðsvísitala	129,02	126,00	123,89	121,70	119,01	117,02	115,29	110,75	106,80	100,00

1) Fjöldi einstaklinga sem eiga rétt á bótum vegna barna innan 16 ára. Hjón talin sem tveir einstaklingar.
2) Upplýsingar ekki fyrirliggjandi
3) Miðað við neysluverðsvísitölu.

Árið 1991 var ákveðið að auka vægi tekjutengingar í barnabótakerfinu og 1997 var skrefið stigið til fulls með því að tekjutengja allar barnabætur. Jafnframt var þá ákveðið að allar bætur og afsláttarliðir í tekjuskattskerfinu skyldu hækka um 2,5% í ársbyrjun 1998, 1999 og 2000, í samræmi við áætlanir um verðlagsþróun. Með þessu var í reynd horfið til þess sem gilti þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp árið 1988, þ.e. að þessir liðir skyldu fylgja verðlagi.

Þetta atriði endurspeglast í heildargreiðslum barnabóta á árunum 1992–96 sem þróast nokkurn veginn í takt við verðlag. Frá árinu 1997 hefur heildargreiðsla barnabóta hins vegar lækkað, þótt allar fjárhæðir í barnabótakerfinu hafi hækkað um rúmlega 5%. Þessi þróun endurspeglar mikla kaupmáttaraukningu í þjóðfélaginu á þessum tíma og áhrif tekjutengingarinnar við þær aðstæður.

2. *Hvert er fyrirkomulag og skilyrði til barnabóta annars staðar á Norðurlöndum og hve háar eru slíkar greiðslur á ári með hverju barni samanborið við greiðslur hér á landi?*

Við samanburð af þessu tagi þarf að hafa í huga samspil bótagreiðslna og skattkerfis í löndunum. Þannig er almenn skattbyrði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð umtalsvert þyngri en bæði í Finnlandi og sérstaklega á Íslandi, sem sker sig úr að þessu leyti með mjög há skattleysismörk.

a. Ísland.

Barnabætur hér á landi greiðast vegna hvers barns innan 16 ára aldurs. Barnabætur árið 1999 eru eftirfarandi:

Óskertar barnabætur hjóna	kr.
Með fyrsta barni	104.997
Með hverju barni umfram eitt	124.980
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára	30.930
Óskertar barnabætur einstæðra foreldra	**kr.**
Með fyrsta barni	174.879
Með hverju barni umfram eitt	179.389
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára	30.930

Hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni umfram 1.169.568 kr. og hjá einstæðu foreldri af tekjustofni umfram 584.784 kr. Sé um að ræða eitt barn skerðast barnabætur um 5% af tekjum umfram þessi mörk, ef börnin eru tvö um 9% og ef börnin eru þrjú eða fleiri um 11%.

Barnabætur eru greiddar með tveimur jöfnum greiðslum á ári og eru þær skattfrjálsar. Fyrri greiðslan fer fram eigi síðar en 1. ágúst og síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

b. Danmörk.

Barnabætur greiðast vegna barna sem eru yngri en 18 ára. Þær eru háðar aldri barnsins og eru árið 1999 fyrir hvert barn sem hér segir:

Börn	DKK	ÍSK
1–2 ára	11.300	110.062
3–6 ára	10.200	99.348
7–18 ára	8.100	78.894

Barnabæturnar greiðast út ársfjórðungslega í jöfnum greiðslum og eru til ráðstöfunar 20. janúar, 20. apríl, 20. júlí og 20. október. Þær eru hvorki tekjutengdar né skattskyldar. Þess má geta að í gegnum danska almannatryggingakerfið eru greiddir sérstakir styrkir eftir umsókn til tiltekinna hópa, svo sem einstæðra foreldra.

c. Noregur.

Barnabætur greiðast vegna barna sem eru 16 ára og yngri. Fjárhæð barnabóta á árinu 1999 er eftirfarandi:

	NOK	ÍSK
Með fyrsta barni	11.112	97.674
Með öðru barni	11.112	97.674
Með þriðja barni o.fl.	13.092	115.079
Aukabarnabætur vegna barna á aldrinum 1–3 ára	7.884	69.300
Aukabarnabætur fyrir þá sem búa í Finnmörku og Norður-Troms	3.792	33.332

Einstæðir foreldrar eiga rétt á viðbótarbarnabótum sem jafngilda greiðslu barnabóta með einu barni umfram það sem viðkomandi á. Barnabætur eru greiddar út fyrsta hvers mánaðar með jöfnum greiðslum. Þær eru skattfrjálsar og án tekjutengingar.

d. Svíþjóð.

Barnabætur í Svíþjóð greiðast vegna allra barna 16 ára og yngri. Barnabætur til barnmargra fjölskyldna eru hærri þegar börnin eru orðin þrjú eða fleiri. Hækka bæturnar um

2.400 sænskar kr. (19.992 íslenskar kr.) á ári fyrir þriðja barn, 7.200 sænskar kr. (59.976 íslenskar kr.) á ári fyrir fjórða barn og 9.000 sænskar kr. (74.970 íslenskar kr.) á ári fyrir fimmta barn og fleiri. Fjárhæð barnabóta árið 1999 er eftirfarandi:

	SEK	ÍSK
Með fyrsta barni	9.000	74.970
Með öðru barni	9.000	74.970
Með þriðja barni.	11.400	94.962
Með fjórða barni	16.200	134.946
Með fimmta barni o.fl.	18.000	149.940

Barnabæturnar greiðast út tuttugasta hvers mánaðar. Þær eru skattfrjálsar og án tekjutengingar. Þess skal getið að greiddar eru svokallaðar viðbótarbætur eða framlengdar barnabætur vegna barna á aldrinum 16–19 ára þegar þau eru í tilteknum skólum.

e. Finnland.

Barnabætur í Finnlandi greiðast með börnum til 17 ára aldurs. Fjárhæð bótanna fer eftir fjölda barna í hverri fjölskyldu og einstæðir foreldrar fá hærri barnabætur. Fjárhæð barnabóta árið 1999 er eftirfarandi:

	FIM	ÍSK
Með fyrsta barni	6.420	78.324
Með öðru barni	7.884	96.185
Með þriðja barni.	9.348	114.046
Með fjórða og hverju barni til viðbótar	10.812	131.906
Viðbótarbarnabætur til einstæðra foreldra er 200 FIM á mánuði.	12.276	149.767

Barnabæturnar eru greiddar út mánaðarlega og eru þær skattfrjálsar og án tekjutengingar.

3. *Hve mörg lönd innan OECD tekjutengja barnabætur og að hvaða aldursmörkum barna eru greiddar barnabætur?*

Í aðildarríkjum OECD þekkist tekjutenging barnabóta í Ástralíu, Grikklandi, Ítalíu, Kanada, Portúgal og á Spáni auk Íslands. Aldursmörkin eru 16 eða 18 ár og er skiptingin nokkuð jöfn. Í einu tilviki eru aldursmörkin 17 ár.

4. *Hvaða áform eru uppi um að draga úr tekjutengingu barnabóta og hvenær má ætla að þau komist til framkvæmda?*

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkana er fjallað um tekjutengingu barnabóta og þar segir: „Að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. Meðal annars verði dregið úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum.“ Gert er ráð fyrir að unnið verði að þessu markmiði á kjörtímabilinu.

5. *Telur ráðherra eðlilegt að greiða barnabætur til 18 ára aldurs barns við hækkun á sjálfræðisaldrinum og eru uppi áform um það?*

Engin bein tengsl eru milli breytinga á sjálfræðisaldri og barnabóta. Ekki eru uppi áform um að greiða barnabætur til 18 ára aldurs.

185. Svar [93. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um bensínstyrki til hreyfihamlaðra lífeyrisþega.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur upphæð bensínstyrks til hreyfihamlaðra lífeyrisþega þróast miðað við bensínverð undanfarin fimm ár? Upphæð bensínstyrks og bensínverð miðist við 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert.

Dagsetning	Bensínstyrkur, kr.	Bensínverð, kr.	Lítrar á styrk (lítrar á mánuði)	Meðalfjöldi lítra á ári
1995				**741**
1. janúar	4.119	68,7	60	
1. apríl	4.317	68,7	63	
1. júlí	4.317	70,6	61	
1. október	4.317	68,5	63	
1996				**720**
1. janúar	4.317	70,0	62	
1. apríl	4.317	69,5	62	
1. júlí	4.317	73,7	59	
1. október	4.317	76,0	57	
1997				**702**
1. janúar	4.403	77,0	57	
1. apríl	4.579	77,5	59	
1. júlí	4.579	77,5	59	
1. október	4.693	79,3	59	
1998				**777**
1. janúar	4.881	77,2	63	
1. apríl	4.881	74,2	66	
1. júlí	4.881	75,4	65	
1. október	4.881	74,8	65	
1999				**789**
1. janúar	5.076	70,2	72	
1. apríl	5.076	72,1	70	
1. júlí	5.076	79,7	64	
1. október	5.076	88,6	57	

Hvergi í lögum eða reglugerðum er talað um bensínstyrk. Með reglugerð nr. 394/1980 var ákveðið að að veita uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrki vegna rekstrar bifreiðar hreyfihamlaðra. Í upphafi var ákveðið að um yrði að ræða árlegan styrk og voru 48 þús. kr. greiddar sem eingreiðsla til þeirra sem rétt áttu samkvæmt reglugerðinni. Með reglugerð nr. 349/1982 var ákveðið að þessi uppbót skyldi miðast við 800 lítra af bensíni á ári sem verðmælikvarða og skyldi upphæðin greidd út ársfjórðungslega og miðuð við bensínverð í byrjun hvers ársfjórðungs. Hliðstæð ákvæði var að finna um dísilbíla, en eigi að síður festist nafnið bensínstyrkur á þessa rekstraruppbót.

Árið 1991 var ljóst að þessi verðviðmiðun, sem og breytt greiðslufyrirkomulag í kjölfar tölvuvæðingar, hentaði engan veginn greiðsluformi almannatrygginga auk þess sem það olli verulegu aukaálagi á starfsmenn greiðsludeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Því voru gerðar ráðstafanir til breytinga á reglugerð þannig að þessar greiðslur yrðu áþekkar öðrum greiðslum almannatrygginga, þ.e. sérstakur bótaflokkur, greiddar mánaðarlega í gegnum tölvu- og bókhaldskerfi Tryggingastofnunar ríkisins og tækju sömu breytingum og aðrar bætur almannatrygginga. Þessi bótaflokkur er nú byggður á 11. gr. laga um félagslega aðstoð og reglugerð nr. 438/1991 um greiðslu sérstakrar fjárhæðar til rekstrar ökutækis hreyfihamlaðra.

Sveiflur í verði bensíns á liðnum árum hafa verið meiri en hækkun bóta almannatrygginga, sem fylgt hafa hækkunum á almennu verðlagi. Því hafa orðið talsverð frávik frá gamla verðviðmiðinu um 800 lítra bensíns á ári. Í því samhengi má geta þess að bílar eru almennt sparneytnari nú en áður var þótt þau rök hafi aldrei verið lögð til grundvallar. Verðþróun annarra rekstrarhluta bifreiða hefur hins vegar fylgt almennri verðþróun.

186. Frumvarp til laga [160. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Ráðherra kveður á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir, nema á annan veg sé mælt í lögum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin lagaákvæði:

a. Við 2. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, sbr. 10. gr. laga nr. 73/1996, bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:
   Aðsetur sjóðsins skal vera í Borgarnesi, nema ráðherra ákveði annað.
b. Við 1. gr. laga nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands, bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Aðsetur Blindrabókasafns Íslands er í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
c. Við 1. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Aðsetur stofnunarinnar er í Reykjavík, nema ráðherra ákveði annað.
d. Við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. 148. gr. laga nr. 83/1997, bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Veiðistjóraembættið hefur aðsetur á Akureyri, nema ráðherra ákveði annað.
e. Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Aðsetur Siglingastofnunar er í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
f. Við 4. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Ríkislögreglustjóri hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
g. Við 2. mgr. 1. gr. laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Stofnunin hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.
h. Við 1. gr. laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:

Verðlagsstofa skiptaverðs skal hafa aðsetur á Akureyri, nema ráðherra ákveði annað.

i. Við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, bætist nýr málsliður er hljóðar svo: Aðsetur stofnunarinnar er í Reykjavík, nema ráðherra ákveði annað.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi getur með almennum lögum ákveðið hvar ríkisstofnun skal hafa aðsetur sé ekki á annan veg mælt í stjórnarskrá. Ákvæði stjórnarskrár setja þessum valdheimildum Alþingis einvörðungu skorður um aðsetur forseta Íslands, ráðuneyta og Alþingis, sbr. 12., 13. og 37. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig skal forsetinn hafa aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. Ráðuneyti skulu á hinn á bóginn hafa aðsetur í Reykjavík og þar skal samkomustaður Alþingis jafnaðarlega einnig vera. Þegar þessum takmörkunum sleppir getur Alþingi ákveðið hvar ríkisstofnanir skulu hafa aðsetur með almennum lögum. Ákveði Alþingi á hinn bóginn að taka ekki afstöðu til staðsetningar stofnunar í lögum, var talið að það félli í hlut þess ráðherra, sem stofnunin heyrði undir. Þessi niðurstaða er í samræmi við þá meginreglu að þegar ákvæðum laga sleppir taki stjórnvöld allar nauðsynlegar ákvarðanir um framkvæmdaratriði og innri málefni stjórnsýslunnar sem eru forsenda þess að hægt sé að hrinda lögum í framkvæmd. Þannig taka t.d. stjórnvöld ákvörðun um opnunartíma afgreiðslna þeirra og önnur framkvæmdaratriði, sé ekki á annan veg mælt í lögum. Þessum heimildum stjórnvalda eru þó settar ákveðnar skorður af lögmætisreglunni. Þannig geta stjórnvöld ekki tekið ákvarðanir sem íþyngja borgurunum verulega nema hafa til þess sérstaka lagaheimild. Lögmætisreglan hefur á hinn bóginn ekki verið talin setja ákvörðunum um staðsetningu stofnana þröngar skorður, þar sem efni slíkra ákvarðana veit að almennu atriði um framkvæmd á stjórnsýslu og snertir hagsmuni flestra neytenda þjónustunnar með viðlíka hætti. Í þessu sambandi er rétt að minna á að bæði í stjórnarskrá og lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er fjallað um réttarstöðu starfsmanna við tilflutning stofnana. Sambærilegar meginreglur og lagasjónarmið og hér að framan eru rakin hafa verið talin gilda í Danmörku (sjá t.d. Bent Christensen: Forvaltningsret. Opgaver, hjemmel, organisation, útg. 1997, bls. 279–368).

Í minnisblaði ríkislögmanns til umhverfisráðherra frá 8. mars 1994 var dregið í efa að ráðherra hefði heimild til að flytja Landmælingar Íslands. Í því sambandi var bent á að í 4. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, væri kveðið svo á, að ekki mætti setja á fót nýjar ríkisstofnanir nema með lögum. Í sömu lögum voru ennfremur reistar skorður við því, að ríkisstofnanir ykju við húsnæði sitt. Skiptar skoðanir voru meðal lögfræðinga um hvort fyrrnefnd lög legðu einhver bönd á heimildir ráðherra til að ákveða aðsetur stofnana og bentu andmælendur á að markmið fyrrnefndra laga væri það að sporna við þenslu í stjórnsýslu ríkisins, en lögin tækju í engu á því álitaefni hvar stofnanir skyldu hafa aðsetur sitt. Ekki er lengur þörf á að taka afstöðu til þessa lögfræðilega álitaefnis þar sem lög þessi voru felld úr gildi með 55. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þegar ekki hefur verið tekin afstaða til þess í lögum hvar stofnun skuli hafa aðsetur, hefur hlutaðeigandi ráðherra almennt tekið ákvörðun eða staðfest ákvörðun um staðsetningu hennar. Í flestum tilvikum hefur stofnunum verið valin staðsetning í Reykjavík. Dæmi eru þó um

annað. Þannig var t.d. Rannsóknarlögreglu ríkisins valinn staður í Kópavogi og ríkislögreglustjórinn hefur haft þar aðsetur frá upphafi.

Það hefur verið stefna fjölmargra ríkisstjórna að flytja ríkisstofnanir út á land og eru þess nokkur dæmi. Aðsetur Skógræktar ríkisins var flutt til Egilsstaða og embætti veiðistjóra til Akureyrar. Þá hafa verið teknar ákvarðanir um flutning Landmælinga Íslands til Akraness og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til Borgarness og tók fyrrnefnda stofnunin til starfa nú um áramót. Auk þess eru ýmsar stofnanir ríkisins starfræktar í nágrenni Reykjavíkur, eins og t.d. Póst- og fjarskiptastofnun, skrifstofa ríkislögreglustjóra og Siglingastofnun Íslands sem allar eru í Kópavogi. Loks eru dæmi þess að einstök svið stofnana hafi verið flutt frá Reykjavík, sbr. flutning þróunarsviðs Byggðastofnunar til Sauðárkróks.

Með dómi hæstaréttar frá 18. desember 1998 í málinu nr. 312/1998[1] var ákvörðun umhverfisráðherra um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness dæmd ólögmæt þar sem ráðherra hafði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness. Í dómi hæstaréttar segir að þótt ekki séu bein fyrirmæli um það í lögum að ríkisstofnun skuli staðsett í Reykjavík verði ekki talið að það eitt gefi ráðherra frjálst val um það hvar hún skuli vera. Vöntun á ákvæðum um þetta í lögum megi helst skýra með því að fyrirmæli séu í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hafi það verið talið svo sjálfsagt fram á hin síðari ár að stofnanir, sem undir þau heyrðu, hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni, að ekki þyrfti að taka það fram í lögum.

Túlkun hæstaréttar á þessu ákvæði 2. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar kemur á óvart þegar til þess er litið að uppruna ákvæðisins má rekja til þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórnarskránni um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 með stjórnarskipunarlögum nr. 16 frá 3. október 1903. Þær breytingar höfðu tvennt að markmiði. Annars vegar að koma á þingræði í landinu þannig að ráðherra Íslands bæri ábyrgð gagnvart Alþingi Íslendinga. Hins vegar að færa aðsetur ráðherrans til Íslands frá Danmörku. Til að síðarnefnda breytingin gæti gengið eftir meðan landið var enn hluti af danska konungsríkinu bar nauðsyn til að færa þau orð í ákvæði stjórnarskrárinnar að ráðherrann skyldi hafa aðsetur í Reykjavík, en ekki á öðrum stað í ríkinu.[2] Ákvæðið hélst óbreytt í stjórnarskipunarlögum nr. 12 frá 19. júní 1915 um breytingu á sömu stjórnarskrá og í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands nr. 9 frá 18. maí 1920 með því orðalagi, er síðan hefur haldist, en þá var tekið upp orðið ráðuneyti í stað ráðherra, enda voru þeir þá orðnir fleiri en einn, og tiltekið að það hefði aðsetur í Reykjavík.

Hvað sem líður tilurð og tilgangi þessa ákvæðis verður ekki fram hjá því litið að hæstiréttur hefur síðar ljáð því rýmri merkingu en því virðist í upphafi hafa verið ætluð. Fordæmisgildi dóms hæstaréttar virðist í stuttu máli mega draga saman með svofelldum hætti: Þegar Alþingi kveður ekki á um aðsetur ríkisstofnunar í lögum ber að líta svo á að stofnunin eigi að hafa aðsetur í Reykjavík. Þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um aðsetur stofnunar í lögum getur ráðherra — að óbreyttum lögum — ekki tekið ákvörðun um að flytja aðsetur hennar frá Reykjavík.

Margvísleg starfsemi og þjónusta á vegum ríkisins fer fram utan Reykjavíkur og nægir að vísa þar um til greinargerðar um staðbundna stjórnsýslu og þjónustu á vegum ríkisins í fylgiskjali nr. 5 með skýrslu forsætisráðherra til Alþingis um endurskoðun á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis á 123. löggjafarþingi.[3] Í ljósi framangreinds dóms hæstaréttar

---

[1] Sbr. dómasafn hæstaréttar frá árinu 1998, bls. 4552 o.áfr.
[2] Alþt. 1902, C-deild, bls. 4.
[3] Alþt. 1998, A-deild, bls. 989–999.

er nauðsynlegt að tekinn verði af allur vafi um heimildir til að starfrækja ríkisstofnanir utan Reykjavíkur, hvort heldur er í Kópavogi eða á Akureyri, svo dæmi séu tekin. Því er lagt til að í lög verði tekin heimild fyrir ráðherra til að ákveða aðsetur ríkisstofnana sem undir ráðuneyti þeirra heyra. Heimildin tekur einvörðungu til þeirra ríkisstofnana sem Alþingi hefur ekki mælt fyrir um í lögum hvar hafa skuli aðsetur. Þessi lagabreyting haggar að sjálfsögðu ekki við skyldum stjórnvalda til að afla fjárlagaheimilda fyrir stofnkostnaði eða auknum rekstrarkostnaði stjórnvalda við flutning.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu felst að hafi ekki verið tekin afstaða til þess í lögum hvar stofnun skuli hafa aðsetur falli það í hlut þess ráðherra, sem stofnunin heyrir stjórnarfarslega undir samkvæmt lögum eða ákvörðun forsætisráðherra með atbeina forseta um skiptingu starfa með ráðherrum, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar.

Með stofnun í skilningi ákvæðisins er átt við öll stjórnvöld ríkisins, þ.e. alla þá aðila sem taldir eru til framkvæmdarvalds ríkisins, svo sem ríkisstofnanir, embætti, stjórnsýslunefndir, sjóði, ríkisfyrirtæki, o.s.frv.

Í ákvæðinu felst í senn heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða að flytja stofnun um set og einnig það sem minna er, að flytja til ákveðnar deildir eða skrifstofur stofnunar.

Um 2. gr.

Til að taka af allan vafa um gildi ákvarðana sem teknar hafa verið hingað til um aðsetur stofnana utan Reykjavíkur þykir rétt að festa í viðeigandi lög ákvæði þar að lútandi. Í samræmi við meginreglu frumvarps þessa skv. 1. gr. er þó lagt til að ákvörðunarvald um aðsetur þeirra verði eftir sem áður á hendi ráðherra.

Í c-lið er lagt til að aðsetur Byggðastofnunar skuli vera í Reykjavík, nema ráðherra ákveði annað. Á þann hátt er því ákvæði er tekið var í b-lið 9. gr. reglugerðar nr. 274/1998, um Byggðastofnun, um að stjórn hennar sé heimilt að staðsetja þróunarsvið stofnunarinnar utan aðalskrifstofu hennar, veitt örugg lagastoð. Þá er í i-lið lagt til að sams konar ákvæði gildi um aðsetur Íbúðalánasjóðs þar sem innheimtusvið stofnunarinnar er starfrækt á Sauðárkróki.

Aðrir stafliðir greinarinnar skýra sig sjálfir í ljósi framanritaðs.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, o.fl.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra kveði á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir nema á annan veg sé mælt í lögum. Jafnframt er lagt til að staðfest verði í lögum aðsetur nokkurra stofnana sem þegar eru starfandi utan Reykjavíkur. Þar sem meginákvæði frum-

varpsins miða einungis að því að færa réttarástand í sama horf og áður var talið gilda og ákvæði frumvarpsins fela ekki í sér nein áform um breytingar frá því sem nú er verður ekki talið að frumvarpið valdi sem slíkt neinum kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

187. Frumvarp til laga [161. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

3. málsl. 3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 88/1998, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í mars sl. setti Seðlabanki Íslands nýjar reglur um laust fé lánastofnana sem byggjast á núverandi 3. mgr. 8. gr. laganna um Seðlabanka Íslands. Við setningu reglnanna var Seðlabankanum ljóst að þær væru ekki nútímalegar. Í ljósi þróunar lausafjárstöðu lánastofnana mánuðina næst á undan taldi bankinn eigi að síður nauðsynlegt og réttlætanlegt að setja reglur á grundvelli gildandi laga til að stuðla að bættri lausafjárstöðu en hún hafði rýrnað verulega. Sérstaklega var erlend lausafjárstaða þeirra slæm og fól í sér umtalsverða veikleika á fjármögnunarhlið þeirra að mati Seðlabankans. Seðlabankinn bauð um leið lánastofnunum og Fjármálaeftirlitinu til samstarfs um undirbúning að setningu nýrra reglna sem væru meira í takt við nútímaleg og alþjóðleg sjónarmið.

Forsvarsmenn ýmissa lánastofnana voru ósáttir við reglurnar og töldu þær í ósamræmi við sjónarmið sem væru almennt lögð til grundvallar í lausafjárstýringu lánastofnana. Meðal annars var fundið að því að reglurnar tækju ekki til fjölmargra þátta sem telja mætti til lausafjár. Í gildandi reglum væru aðeins svokallaðir hefðbundnir liðir taldir til lausafjár, svo sem sjóður og innstæður í Seðlabanka. Lánastofnanir ættu eignir sem féllu utan reglnanna en með sanngjörnum hætti mætti telja til lauss fjár. Þá tækju reglurnar ekki til lausafjárskuldbindinga lánastofnana. Gildandi reglur gerðu kröfu um laust fé sem hlutfall af svokölluðu ráðstöfunarfé. Sama lausafjárhlutfall gilti hjá öllum lánastofnunum sem reglurnar tækju til, óháð eðli viðskipta þeirra. Stofnanir með ólíka starfsemi þyrftu því að sæta sömu lausafjárkvöð. Þá settu gildandi lög þær skorður að lánstími mætti ekki vera lengri en þrír mánuðir til þess að eignir teldust til lauss fjár. Allt sem væri lengra væri utan lausafjár. Bent hefði verið á að þetta skekkti vaxtarófið og að hnykkur kæmi á ávöxtunarkúrfuna við 90 daga. Gagnrýni þessi féll nokkuð í sama farveg og leiddi til þess að þróaðar hafa verið nútímalegri reglur í ýmsum öðrum löndum.

Seðlabanki Íslands hefur að undanförnu fylgst með þróun reglna um laust fé í nágrannalöndunum og á vegum alþjóðastofnana, svo sem Alþjóðagreiðslubankans í Basel (BIS). Til þeirra var einnig horft við undirbúning nýrra reglna sem er nánast lokið. Þær byggjast á hugmyndum sem þróaðar hafa verið í öðrum löndum. Samkvæmt þeim færi fram almennt lausafjáruppgjör þar sem litið væri á alla liði innan og utan efnahags og metið hver væru lausa-

fjáreinkenni þeirra, en miðað við ákveðin fyrir fram skilgreind tímabelti. Lausafjárstaða lánastofnana yrði með öðrum orðum metin með því að greina áhrif allra eigna og skuldaliða lánastofnana á lausafjárstöðuna, þ.e. innstreymi og útstreymi fjár á komandi mánuðum hverju sinni. Lagt yrði mat á líkur þess að lánastofnun, sem skortir laust fé, gæti gengið að einstökum eignum til skamms tíma og hversu líklegt væri að einstakar skuldir lánastofnunar kæmu til greiðslu á komandi mánuðum. Endanleg krafa í reglunum yrði sú að lausafjárkröfur stofnana væru meiri en sem svaraði til lausafjárskulda þeirra. Þessar reglur ættu að tryggja betur öryggi og heilbrigði í rekstri þeirra stofnana sem þeim er ætlað að ná til.

Nýjar reglur hliðstæðar þeim sem settar hafa verið í nágrannalöndunum eða eru í mótun á vegum BIS og Evrópusambandsins verða ekki settar hér á grundvelli núgildandi laga um Seðlabanka Íslands. Gildandi ákvæði 3. málsl. 3. mgr. 8. gr. er of þröngt til þess að svo verði gert. Til að veita Seðlabankanum heimild til þess að setja viðhlítandi lausafjárreglur er því einfaldast að fella úr gildi þá skilgreiningu á lausu fé sem nú felst í 3. málsl. 3. mgr. 8. gr. laga um Seðlabanka Íslands.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að rýmka skilgreiningu á lausafé lánastofnana í þeim tilgangi að auðvelda setningu nýrra reglna sem eru hliðstæðar þeim sem gilda í nágrannalöndunum og eru í mótun á vegum BIS og Evrópusambandsins.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér verði það óbreytt að lögum.

188. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Aðilar sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína skulu hafa til reiðu skriflegar upplýsingar um slíka þjónustu ásamt upplýsingum um kostnað tengdan viðskiptunum og skilyrði fyrir yfirfærslu fjármuna, tímamörk sem áskilin eru til þess að ljúka yfirfærslum, kostnað við yfirfærslur, gengisskráningu sem miðað er við og um úrræði sem viðskiptamaður hefur telji hann ástæðu til þess að kvarta yfir viðskiptunum. Aðilar sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa fyrir viðskiptamenn sína, eða móttöku yfirfærslu, skulu veita þeim skriflegar upplýsingar þar sem fram kemur staðfesting á að yfirfærsla hafi átt sér stað, fjárhæð yfirfærslunnar, kostnaður við hana og hver eigi að bera hann, svo og yfirfærslugengi, eigi slíkt við.

Með viðskiptamönnum er bæði átt við einstaklinga eða lögaðila sem leggja fram beiðni um yfirfærslu og einstaklinga eða lögaðila sem lokamóttakendur yfirfærslunnar. Með viðskiptamönnum er hins vegar ekki átt við aðila sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína, lánastofnun, vátryggingafélag, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða verðbréfasjóð.

Heimilt er að veita upplýsingar þær sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. með rafrænum hætti.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

a. (11. gr.)

Nú óskar viðskiptamaður eftir því að aðili sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa skuldbindi sig til að ljúka tiltekinni yfirfærslu innan ákveðinna tímamarka gegn ákveðnu gjaldi og skal aðilinn þá verða við þeirri ósk nema hann ákveði að hafna viðskiptunum. Skuldbindingin tekur ekki til yfirfærslugengisins.

Yfirfærsla skal gerð án þess að kostnaður sé dreginn af yfirfærslufjárhæðinni nema viðskiptamaður sem bað um yfirfærsluna hafi tilgreint að móttakandi hennar eigi að greiða hluta af kostnaðinum eða hann allan.

Ákvæði þessarar greinar taka eingöngu til yfirfærslna á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins í evrum eða gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og að hámarki 4.000.000 kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 1. júlí 1999.

b. (12. gr.)

Hafi ekki verið samið um annað á milli viðskiptamanns og aðila sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa skal henni lokið fyrir lok fimmta almenns viðskiptadags (bankadags) talið frá deginum eftir að beiðni viðskiptamanns barst um færsluna. Hafi yfirfærslu eða móttöku yfirfærslu ekki verið lokið innan tilskilins frests og frestur eða vanefndir verði ekki raktar til viðskiptamanns skal aðili sem annast yfirfærslu eða móttöku greiða viðskiptamanni vexti nema óviðráðanleg ytri atvik hafi komið í veg fyrir að unnt væri að ljúka yfirfærslu eða móttöku innan tímafrestsins. Hafi yfirfærslu eða móttöku yfirfærslu ekki verið lokið innan tilskilins frests og þegar um er að ræða yfirfærslur að fjárhæð allt að 1.000.000 kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins getur viðskiptamaður óskað eftir endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar að viðbættum vöxtum og kostnaði við yfirfærsluna. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 1. júlí 1999. Skal endurgreiðslan innt af hendi eigi síðar en fjórtán almennum viðskiptadögum (bankadögum) frá því að viðskiptamaðurinn óskaði eftir henni nema greiðslan hafi innan þess tímafrests verið greidd inn á reikning stofnunar móttakanda yfirfærslunnar.

Ákvæði þessarar greinar, sbr. þó ákvæði 2. mgr., taka eingöngu til yfirfærslna á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins í evrum eða gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og að hámarki 4.000.000 kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í gjaldmiðlum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 1. júlí 1999.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð, þar á meðal um skuldbindingar sem hvíla á milliliðum er eiga þátt í yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

c. (13. gr.)

Í reglugerð skal kveðið á um þau kæru- og bótaúrræði sem standa viðskiptamanni til boða komi til ágreinings milli hans og aðila sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa eða móttöku yfirfærslna í samræmi við ákvæði 11. og 12. gr. Skuldbindingar sem lagðar eru á þá sem annast yfirfærslu á milli viðskiptareikninga á milli landa eða móttöku yfirfærslna í samræmi við ákvæði 11. og 12. gr. eiga eftir atvikum einnig við þá aðila sem eru milliliðir í slíkum viðskiptum.

3. gr.

14. gr. laganna (er verður 17. gr.) orðast svo:

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann setur reglugerð um framkvæmd þeirra.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til þess að laga íslenskan rétt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997, um peningayfirfærslur milli landa. Skv. 11. gr. tilskipunarinnar skal þeirri aðlögun lokið eigi síðar en 14. ágúst 1999. Frumvarpið er samið í viðskiptaráðuneytinu.

Markmið tilskipunarinnar er að bæta þjónustu þegar peningar eru yfirfærðir á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins en slíkar yfirfærslur eru umtalsverður hluti af greiðslum milli landa, bæði að umfangi og verðgildi. Það er mikilvægt fyrir einstaklinga og fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór, að geta yfirfært fé á skjótan, áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta efnahagssvæðisins til annars. Frumvarp þetta hefur ekki áhrif á lög nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Til þess að laga íslenskan rétt að tilskipuninni mun ráðherra setja nánari ákvæði í reglugerð, umfram það sem fram kemur í frumvarpinu, þar sem heimfærðar eru í íslenskan rétt þær skyldur sem í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru lagðar á stofnanir sem yfirfæra fyrir viðskiptamenn sína peninga á milli reikninga á milli aðildarríkjanna. Þessar skyldur eru m.a.:

— að veita viðskiptavinum sínum upplýsingar um þjónustuna, þar á meðal um skilyrði fyrir og kostnað vegna yfirfærslna milli landa og um að yfirfærslunni sé lokið,
— að fara að fyrirmælum viðskiptamanns við yfirfærsluna,
— að annast yfirfærsluna innan umsamins frests,
— að yfirfæra greiðsluna innan fimm daga hafi ekki verið samið um annan frest
— að bæta það tjón sem viðskiptavinurinn verður fyrir við það að greiðslan er ekki yfirfærð innan tilskilins tíma,
— að endurgreiða sendanda ef yfirfærsla fer ekki fram,
— að milliliðum sem eiga þátt í yfirfærslu sé ljóst að sama kvöð hvílir á þeim og öðrum viðskiptastofnunum sem annast viðskiptin.

Allar peningamillifærslur að fjárhæð 50.000 EUR, eða jafngildi þeirrar upphæðar í innlendri eða erlendri mynt, eru háðar ákvæðum tilskipunarinnar. Í samræmi við íslenska lagavenju hefur verið farin sú leið í frumvarpinu að umreikna skuldbindingarnar í íslenskar krónur og binda gengi evru. Í reglugerð er gert ráð fyrir, auk þess sem þegar hefur komið fram, ákvæðum um bætur ef yfirfærsla hefur ekki verið gerð í samræmi við beiðni eða samkvæmt almennum reglum sem settar kunna verða. Einnig verður að kveða á um undanþágur frá skuldbindingum samkvæmt tilskipuninni, svo og um lausn deilumála sem upp geta komið. Unnið verður að drögum að reglugerð um nánari útfærslu þessara ákvæða þannig að reglugerð geti legið tilbúin til útgáfu 1. janúar 2000 á sama tíma og lögin taka gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þrátt fyrir að tilskipunin taki aðeins til millifærslna á milli reikninga á milli aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur sú leið verið farin að láta kvöð um upplýsingagjöf þjónustuveitanda ná til allra tilvika þar sem viðskiptamaður fer fram á millifærslu á reikning erlendis, án tillits til heimaríkis viðtakanda eða myntar.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um þær lágmarksskuldbindingar sem lagðar eru á þá aðila sem annast millifærslur á milli reikninga á milli aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið fyrir viðskiptamenn sína. Samsvara greinar þessar 5.–10. gr. tilskipunarinnar.

Gert er ráð fyrir því að stofnun sem annast yfirfærslu fyrir viðskiptamann skuli staðfesta fyrir fram tímamörk, kostnað og annað það sem viðskiptamaður óskar eftir og tengist viðskiptunum. Sé stofnun það ekki kleift getur hún neitað að eiga viðskiptin.

Rétt þykir að taka sérstaklega fram að þær skuldbindingar sem hvíla á yfirfærslustofnun samkvæmt tilskipuninni séu háðar því að utanaðkomandi óviðráðanlegir atburðir (force majeure) komi ekki í veg fyrir fullar efndir af hálfu hennar.

Nánar verði útfært í reglugerð hvernig standa skuli að endurgreiðslu, útreikningi vaxta og þátttöku milliliða í viðskiptunum.

Til þess að tryggja skjóta úrlausn deilumála sem upp geta komið á milli viðskiptamanns og þess aðila sem hefur annast millifærslu peninga á milli reikninga á milli aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvæði 10. gr. tilskipunarinnar, er gert ráð fyrir að sett sé á laggirnar sérstök kærunefnd eða viðskiptamönnum tryggður sá kæruréttur með öðrum úrræðum. Nú starfa tvær úrskurðarnefndir á fjármagnsmarkaði og standa Neytendasamtökin, viðskiptaráðuneytið og hagsmunasamtök fyrirtækja á fjármagnsmarkaði að þeim. Verði um það samkomulag á milli þeirra sem standa að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki má fela þeirri nefnd að vera vettvangurinn sem kveðið er á um í greininni.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

Tilgangur frumvarpsins er að laga íslenskan rétt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins 97/5/EB frá janúar 1997, um peningayfirfærslur milli landa.

Markmið frumvarpsins er að bæta þjónustu þegar peningar eru yfirfærðir á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríka Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig er gert ráð fyrir að kvöð um upplýsingagjöf þjónustuveitanda nái til allra tilvika þar sem viðskiptamaður fer fram á millifærslu á reikning erlendis án tillits til heimaríkis viðtakanda eða myntar.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

189. Frumvarp til laga [163. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Seðlabankanum er samkvæmt samningi við reikningsstofnun heimil veðtrygging í rafbréfum reikningsstofnunar til tryggingar á efndalokum viðskipta þeirra með rafbréf og skal skrá veðréttindin skv. IV. kafla laga þessara. Hafi reikningsstofnun ekki uppfyllt skyldur sínar innan þess frests, sem ákveðinn er í gildandi reglum um viðskipti samkvæmt þessari grein, er Seðlabankanum heimilt að innleysa þegar í stað þau rafbréf sem standa til tryggingar hlutaðeigandi efndalokum.

2. gr.

Í stað orðsins „hennar“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: þess.

3. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða II í lögunum bætist nýr málsliður er orðast svo: Að uppfylltum skilyrðum um innköllun samkvæmt reglugerð og að lokinni yfirfærslu og eignarskráningu í verðbréfamiðstöð eru hin áþreifanlegu verðbréf ógild.

II. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

4. gr.

Í stað orðanna „viðskiptabönkum og sparisjóðum“ í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. laganna kemur: viðskiptabönkum, sparisjóðum og verðbréfamiðstöðvum.

III. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

5. gr.

22. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Hlutkesti.

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem sýslumaður hefur umsjón með.

Íbúðalánasjóður yfirfærir eldri flokka húsbréfa í áþreifanlegu formi í rafbréf samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131 frá 1997. Í auglýsingu skal tekið fram:

1. Hvort yfirfærsla tiltekinna flokka húsbréfa eigi sér ekki stað.
2. Dagsetning yfirfærslu, svo og dagsetning fyrsta útdráttar húsbréfa í verðbréfamiðstöð og tilhögun á greiðslum síðari útdrátta þar.
3. Önnur atriði er varða yfirfærslu húsbréfa í verðbréfamiðstöð, svo sem réttarstöðu eigenda áþreifanlegra bréfa gagnvart útdrætti o.fl.

Að liðnum auglýstum fresti fara útgreiðslur á hlutkesti samkvæmt þessari grein einungis fram fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar. Rétthafi kröfu samkvæmt hinu áþreifanlega húsbréfi getur vitjað hennar hjá útgefanda eða reikningsstofnun sem útgefandi vísar til, hafi skírteini ekki verið yfirfært til skráningar í verðbréfamiðstöð. Skal nánar kveðið á um framkvæmd hlutkestis og yfirfærslu samkvæmt þessari grein í reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í árslok 1997 samþykkti Alþingi lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997. Í kjölfar þess hefur verið unnið að undirbúningi stofnunar verðbréfamiðstöðvar sem fyrirhugað er að taki til skráningar helstu markaðsverðbréf sem gefin eru út á Íslandi. Þess er vænst að slík skráning geti hafist í upphafi næsta árs. Eins og getið var um í upphaflegu frumvarpi til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa var ljóst að nauðsynlegt kynni að vera að breyta ákvæðum einstakra laga til samræmis við það nýmæli sem felst í rafrænni útgáfu verðbréfa. Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og breytingar á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, en breytingar á síðastnefndu lögunum varða tryggingaréttindi Seðlabanka Íslands við efndalok viðskipta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við undirbúning að stofnun verðbréfamiðstöðvar hefur komið í ljós að æskilegt væri að hafa ákvæði í 15. gr. laganna sem veiti Seðlabanka Íslands beinan innlausnarrétt á þeim rafbréfum sem reikningsstofnun kann að leggja fram til tryggingar á fullu uppgjöri viðskipta (efndalokum). Gert er ráð fyrir að í sérstökum samningi reikningsstofnunar og Seðlabanka Íslands verði nánar skilgreint hvaða rafbréf skuli standa til tryggingar efndalokum og skal Seðlabankinn skrá slík veðréttindi samkvæmt ákvæðum IV. kafla laganna, um réttaráhrif skráningar o.fl. Tilgangurinn með setningu þessa ákvæðis er að stuðla því að uppgjör viðskipta við rafræna eignarskráningu verðbréfa fari fram á greiðan og öruggan hátt. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að lagfært verði orðalag í 16. gr. laga nr. 131/1997 en þar hafa orðið mistök í orðanotkun við setningu laganna sem reyndar eru augljós við lestur greinarinnar. Rétt þykir þó að lagfæra orðanotkunina nú þegar frumvarp er flutt um breytingu á lögunum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um 3. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 131/1997 er að finna ákvæði sem varða yfirfærslu þegar útgefinna verðbréfa úr hinu áþreifanlegu formi á pappír í rafrænt form, þ.e. rafbréf sem eignarskráð eru í verðbréfamiðstöð. Við setningu laganna var talið að framangreint ákvæði væri fullnægjandi og nægilega skýrt varðandi yfirfærslu þegar útgefinna bréfa og ógildingu þeirra þegar eignarskráning réttindanna hefur átt sér stað í verðbréfamiðstöð. Ráðuneytinu hafa hins vegar borist ábendingar um að æskilegt sé að í lögum sé að finna ákvæði sem hnykki á því að hið áþreifanlega verðbréf sé ógilt þegar innköllun og eignarskráningu þess sé lokið samkvæmt lögum, reglugerðum og reglum sem um það munu gilda. Bent hefur verið á að t.d. hafi verið sett bein ákvæði um þetta atriði þegar Alþingi samþykkti lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Í þeim lögum segir í 132. gr. að „hlutabréf í hlutafélögum, sem verða einkahlutafélög, verða ógild".

Í ákvæði til bráðabirgða II er gert ráð fyrir því gefin verði út reglugerð í tengslum við yfirfærslu verðbréfa og hefur frá upphafi verið að því stefnt að þar yrði tekið fram að ógilda eigi hin áþreifanlegu verðbréf þegar slík yfirfærsla á sér stað. Augljóst er að frá og með þeim tíma eru slík „áþreifanleg" verðbréf ógild og í stað þeirra hefur komið rafbréf sem gefið hefur verið út í verðbréfamiðstöð og nýtur fullkominnar verndar samkvæmt lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, frá og með eignarskráningu réttindanna þar. Sú viðbót sem gerð er hér tillaga um að verði bætt við ákvæði til bráðbirgða II miðar því að því sem fyrr segir að hnykkja á því að við yfirfærslu í rafbréf sé hið áþreifanlega verðbréf ógilt og um leið fæst traustari lagastoð fyrir ákvæðum sem munu einnig kveða á um þetta í þeirri reglugerð sem fyrirhugað er að setja samkvæmt ákvæðinu.

Um 4. gr.

Í gjaldþrotalögum, nr. 21/1991, eru bankar og sparisjóðir sérstaklega nefndir og þykir rétt að bæta verðbréfamiðstöð inn í þá upptalningu til frekari áréttingar. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 5. gr.

Nú þegar er orðið mikið um húsbréf á verðbréfamarkaði. Því er mikilvægt að hagræðið sem felst í rafrænni skráningu þessara bréfa verði sem allra fyrst að veruleika. Í því skyni þykir rétt að gera þá breytingu sem hér er lögð til á 22. gr. laga nr. 44/1998 til að tryggja greiða og örugga yfirfærslu húsbréfa í rafrænt eignarskráð verðbréf. Hér er því lagt til að um leið og eignarskráningar í verðbréfamiðstöð verða tæknilega mögulegar fari fram yfirfærsla þegar útgefinna húsbréfa í áþreifanlegu formi í rafrænt eignarskráð rafbréf. Í því skyni mun verða birt auglýsing um dagsetningu yfirfærslunnar, svo og hvenær fyrsta greiðsla á útdregnum bréfum fari fram fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar, sbr. 2. tölul. 2. mgr. þessarar greinar. Í 1. tölul. 2. mgr. er að finna heimild til þess að undanskilja einstaka flokka útgefinna húsbréfa frá yfirfærslu í rafrænt eignarskráð rafbréf. Hér er miðað við að sú staða komi aðeins upp í undantekningartilvikum, svo sem þegar stuttur tími er til þess að flokknum sé lokið eða fá bréf standa þar eftir, þannig að ekki sé hagkvæmt né ástæða til að yfirfæra

flokkinn í rafrænt eignarskráð verðbréf eða því um líkt. Í 3. mgr. kemur fram að eftir að yfirfærsla hefur átt sér stað fara útgreiðslur fram samkvæmt útdrætti þannig að þær verði aðeins gerðar fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar og mun það m.a. hvetja eigendur húsbréfa, svo og þá sem annast varðveislu slíkra bréfa, til að ganga frá eignarskráningu bréfanna í verðbréfamiðstöð innan þess frests sem kveðið verður á um í auglýsingu skv. 2. mgr. Hafi rétthafi kröfu að áþreifanlegu húsbréfi hins vegar ekki skilað inn hinu áþreifanlega verðbréfi sem dregið er út samkvæmt reglum um hlutkesti getur hann vitjað hennar hjá útgefanda eða þeirri reikningsstofnun sem Íbúðalánasjóður vísar til. Að ósk Íbúðalánasjóðs er ekki gert ráð fyrir því að breytt verði frá núverandi fyrirkomulagi varðandi útdrátt bréfa og því mun hann, hér eftir sem hingað til, fara fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans, að viðstöddum fulltrúa sýslumanns og sjóðsins og niðurstöðurnar verða síðan sendar til verðbréfamiðstöðvar. Með því móti er verið að nýta áfram útdráttarforritið sem hingað til hefur verið notað, en það var hannað til að sjá um útdrátt fyrir happdrætti en nýtist fullkomlega fyrir útdrátt húsbréfa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum.

Í frumvarpinu eru lagðar til smávægilegar breytingar á lögum nr. 131/1997 og 21/1991 sem ekki munu hafa kostnað í för með sér. Einnig eru lagðar til breytingar á lögum nr. 44/1998 í þeim tilgangi að auka hagræði og öryggi í viðskiptum með húsbréf og færa þau í nútímalegra form. Ætla má að stjórnsýslukostnaður við breytingu yfir í rafrænt kerfi verði um 500.000 kr. fyrsta árið eftir gildistöku laganna. Þó má gera ráð fyrir að þessi kostnaður skili sér strax á fyrsta ári í auknu hagræði og öryggi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum ættu langtímaáhrif laganna að leiða til lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs.

190. Frumvarp til laga [164. mál]

um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

Flm.: Árni Gunnarsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við Lánasjóð landbúnaðarins starfar jafnframt sérstök deild, nýsköpunardeild, sem hefur að markmiði að stuðla að útflutningi landbúnaðarafurða og öflun nýrra markaða fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 12. gr., svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Lánasjóður landbúnaðarins starfrækir sérstaka deild, nýsköpunardeild, sem hefur það hlutverk að stuðla að útflutningi landbúnaðarafurða og öflun nýrra markaða fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir. Sjóðurinn gegnir hlutverki sínu með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar í útflutningi, einkum með hlutafé en einnig með því að veita lán, ábyrgðir og styrki í þessu skyni.

Ríkissjóður greiðir til deildarinnar hið minnsta 500 millj. kr. af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkisins og skal höfuðstóllinn greiddur eigi síðar en 31. desember árið 2000. Höfuðstól samkvæmt þessari málsgrein skal halda aðgreindum frá bókhaldi og eignum Lánasjóðs landbúnaðarins og verja til verkefna skv. 1. mgr.

Halda skal sérstakan afskriftareikning vegna deildarinnar samkvæmt góðri reikningsskilavenju og eftir mati á áhættu þannig að efnahagsreikningurinn gefi á hverjum tíma sem raunhæfasta mynd af fjárhagsstöðunni. Samhliða ákvörðunum um hlutafjárþátttöku, lánveitingar, ábyrgðir og styrki skal ákveða framlög á afskriftareikninginn. Fjárhæðirnar sem bætt er við afskriftareikninginn skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er og vera í samræmi við reglur sem ráðherra staðfestir. Til verkefna deildarinnar má ekki verja hærri fjárhæð en svo að afskriftir vegna þeirra rúmist innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun deildarinnar skal miðast við að eigið fé deildarinnar dugi til fullrar starfsemi í a.m.k. tíu ár frá því að deildin hefur starfsemi.

Við deildina skal starfa þriggja manna stjórnarnefnd sem gerir tillögu til stjórnar lánasjóðsins um þátttöku í verkefnum. Nefndin er skipuð af landbúnaðarráðherra. Þar af skal einn nefndarmaður tilnefndur af Bændasamtökum Íslands og einn af samtökum afurðastöðva í landbúnaði.

Landbúnaðarráðherra skal setja nánari reglur um starfsemi deildarinnar að fengnum tillögum stjórnar og stjórnarnefndar.

Um deildina gilda að öðru leyti ákvæði laga þessara eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að stuðla að útflutningi landbúnaðarafurða og öflun nýrra markaða fyrir þær erlendis. Í frumvarpinu er kveðið á um stofnun sérstakrar deildar innan Lánasjóðs landbúnaðarins, nýsköpunareildar, er hafi það hlutverk að styðja við einstaklinga og félög við öflun nýrra markaða erlendis fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir. Þessu hlutverki skal nýsköpunardeild einkum sinna með því að leggja hlutafé í félög sem stofnuð eru sérstaklega til að afla nýrra markaða fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir erlendis. Jafnframt er nýsköpunardeild heimilt að veita lán, ábyrgðir og styrki í þessu skyni. Markmið deildarinnar er þannig að stuðla að sjálfbærri þróun í útflutningi til lengri tíma litið með því að leggja fram áhættufé í góðar viðskiptahugmyndir. Hlutur nýsköpunardeildar í viðkomandi fyrirtæki yrði síðan seldur nái það árangri en afskrifaður að huta eða öllu leyti gangi viðskiptaáætlun ekki eftir.

Í sívaxandi alþjóðlegri samkeppni er afar mikilvægt fyrir íslenskan landbúnað að geta flutt út afurðir á nýja markaði til mótvægis við minnkandi hlut á heimamarkaði. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að allar búgreinar geti sótt um til nýsköpunardeildar en við mat á um-

sóknum verði fyrst og fremst tekið tillit til framtíðarmöguleika þeirrar viðskiptahugmyndar sem metin er hverju sinni. Á þeim u.þ.b. áratug sem liðinn er frá því að stuðningur við útflutning landbúnaðarafurða var aflagður hefur gætt verulegs samdráttar í sauðfjárrækt. Sauðfjárræktin er dæmi um búgrein sem ekki á vaxtarmöguleika í framtíðinni án útflutnings á afurðum. Nýsköpunardeild Lánasjóðs landbúnaðarins er hugsuð sem eitt af úrræðum er styrkt gæti sauðfjárrækt og byggt upp greinina.

Gert er ráð fyrir a.m.k. 500 millj. kr. stofnframlagi frá ríkissjóði er aflað verði með söluandvirði af hlutafé í eigu ríkisins. Ekki er útilokað að um önnur framlög geti verið að ræða og ekki er heldur útilokað að nýsköpunardeild geti í framtíðinni fengið framlög af fjárlögum ef reynsla af deildinni verður góð.

Lagt er til að við deildina starfi sérstök þriggja manna stjórnarnefnd sem verði ráðgefandi fyrir stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins við mat á umsóknum og skulu tveir nefndarmanna tilnefndir af samtökum bænda og afurðastöðva. Gert er ráð fyrir að stjórnarnefndin geri, ásamt stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins, tillögur um nánari reglur fyrir starfsemi deildarinnar.

Við samningu frumvarps þessa var höfð hliðsjón af lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, einkum 7. og 9. gr. þeirra laga.

191. Fyrirspurn [165. mál]

til viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hve miklu námu beinar erlendar fjárfestingar í árslok 1998 eftir atvinnugreinum og hvaða breytingar hafa átt sér stað frá 1996?
2. Hve miklu námu óbeinar erlendar fjárfestingar í árslok 1998 eftir atvinnugreinum og hvaða breytingar hafa átt sér stað frá 1996?

Sjávarútvegur verði tiltekinn sérstaklega og greint á milli veiða og vinnslu eftir því sem unnt er.

Skriflegt svar óskast.

192. Fyrirspurn [166. mál]

til dómsmálaráðherra um framsal Háskóla Íslands á einkaleyfi til peningahappdrættis.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvaða eftirlit er haft með því þegar Háskóli Íslands framselur til einkafyrirtækja einkaleyfi sitt til að reka peningahappdrætti?

193. Fyrirspurn [167. mál]

til dómsmálaráðherra um kynferðislega misnotkun á börnum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra ástæðu til viðbragða við nýlegum sýknudómi Hæstaréttar yfir ákærðum föður sem dóttir hafði kært fyrir grófa kynferðislega misnotkun?
2. Hversu oft hefur Hæstiréttur beitt ákvæði 3. mgr. 157. gr. laga um meðferð opinberra mála um munnlega sönnunarfærslu fyrir Hæstarétti?
3. Telur ráðherra rétt að herða viðurlög við kynferðisbrotum gagnvart barni, t.d. með ákvæði um lágmarksrefsingu?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir endurskoðun á lagaákvæðum er varða starfshætti dómstóla, m.a. að skylda sé að kveðja til meðdómendur með sérfræðikunnáttu á sviði kynferðisbrota, þegar dómstólar fjalla um kynferðislega misnotkun á börnum?

194. Fyrirspurn [168. mál]

til dómsmálaráðherra um ættleiðingar einhleypra.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hversu oft hefur einhleypum verið veitt heimild til ættleiðingar?
2. Hvenær var það gert?
3. Í hve mörgum tilvikum hafa börnin komið erlendis frá?
4. Hvaða aðstæður hafa einkum verið lagðar til grundvallar heimild til ættleiðingar einhleypra innan lands?
5. Telur ráðherra að leggja beri annars konar mat á hæfi einhleypra til ættleiðingar en gert er í tilviki hjóna eða fólks í sambúð?
6. Hvaða kringumstæður þurfa að vera fyrir hendi að mati ráðherra til að rétt sé að heimila einhleypum ættleiðingu?

Skriflegt svar óskast.

195. Fyrirspurn [169. mál]

til umhverfisráðherra um íslenska hrafnastofninn.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um ástand íslenska hrafnastofnsins?
2. Er það mat sérfræðinga að hann sé í hættu?
3. Ef svo er, til hvaða aðgerða er áformað að grípa?

196. Fyrirspurn [170. mál]

til menntamálaráðherra um upplýsingatækni í skólum.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Er það í samræmi við yfirlýstan vilja ráðherra til að efla upplýsingatækni í skólum landsins að selja Menntanetið?
2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja jafnan aðgang allra skóla að námskeiðum og upplýsingum og aðra þátttöku sem er mikilvæg ef skólar eiga að vera virkir í upplýsingabyltingunni?
3. Mun ráðuneytið greiða viðbótarkostnað skóla við tölvumál þegar þeir eru ekki lengur hluti af félagslegu umhverfi Menntanetsins?

197. Fyrirspurn [171. mál]

til menntamálaráðherra um netþjónustu við skóla.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hvernig sér ráðherra fyrir sér að sérhæfðri skólaþjónustu verði sinnt eftir að Menntanetið, sem hefur verið eina fyrirtækið/stofnunin í landinu sem hefur sérhæft sig í netþjónustu við skóla og menntastofnanir, hefur verið selt án slíkra skilyrða?
2. Hvaða aðili mun taka við hlutverki Menntanetsins varðandi fjarmenntun KHÍ og VMA?
3. Telur ráðherra að fámennir skólar í litlum sveitarfélögum sitji við sama borð og hinir fjölmennari í stærri sveitarfélögunum hvað varðar möguleika og þátttöku þegar búið er að selja Menntanetið án nokkurra kvaða?

198. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um að skipta árlegum afnotarétti nytjastofna á Íslandsmiðum milli íbúa landsins.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og galla þess að árlegum afnotarétti nytjastofna á Íslandsmiðum verði skipt jafnt milli allra íbúa landsins. Nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipaði í september 1999 og hefur það hlutverk að endurskoða og koma með tillögur til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, verði falið að hafa forgöngu um að gera þessa könnun og henni verði lokið 1. september 2000.

Greinargerð.

Á 122. löggjafarþingi var flutt tillaga sama efnis en fékkst ekki útrædd. Ýmislegt hefur gerst síðan þá og ber þar hæst dóm Hæstaréttar frá 3. desember 1998, úthlutun byggðakvóta og aukna umræðu um fólksflótta af landsbyggðinni, sem sumir kenna fiskveiðistjórnunarkerfinu um. Ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur tekið við völdum og

í stefnuyfirlýsingu hennar stendur m.a. að stjórnin ætli „að vinna að sem víðtækastri sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið." Þingsályktunartillagan er flutt í anda þessarar stefnuyfirlýsingar.

Með flutningsmanni vann Markús Möller hagfræðingur og skrifaði hann III. kafla greinargerðarinnar.

Yfirlit.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að árlegum veiðiheimildum verði dreift til allra íbúa landsins, ungra sem aldinna. Allir sem eiga lögheimili hér á landi fái jafna hlutdeild í árlegum afrakstri auðlindarinnar. Auka má framboð og markaðshæfni aflaheimildanna með því að ákveða hlutdeildina t.d. þrjú eða fimm ár fram í tímann og með því að leggja engar kvaðir á framsal hlutdeildar í heildarafla. Hver íbúi landsins fái árlega ávísun á hlutdeild sína í heildaraflaheimildum hvers árs.

Til þess að koma í veg fyrir óeðlilegan hvata til að flytjast til landsins fái fólk ekki hlutdeild í aflaheimildum fyrr en það hefur búið hér á landi í t.d. þrjú eða fimm ár. Börn öðlist hlut í árlegum veiðirétti við fæðingu, enda eigi foreldrar þeirra hlut. Ýmis tilvik þarf að kanna sérstaklega. Til að mynda að þeir sem flytjast til útlanda fái ekki aflahlutdeild á meðan þeir búa erlendis nema þeir séu í viðurkenndu námi. Þeir fái t.d. aflahlutdeild að láni og þurfi ekki að endurgreiða hana ef þeir búa hér á landi í tíu ár að námi loknu.

Gert er ráð fyrir að breyting á eignarhaldi frá núverandi varanlegri „eign" eigi sér stað á 20 árum og útgerðin afskrifi núverandi „kvótaeign" sína um 5% á ári. Þannig yrði komið í veg fyrir kollsteypur og stuðlað að sátt um breytinguna. Sem sárabætur til útgerðarinnar yrði þessi tímabundna eign hennar tryggð með lögum og framsal á henni yrði alveg frjáls. Afskriftir mætti draga frá tekjum fyrir skatt. Enn fremur verði felldar niður allar sérstakar kvaðir, sem lagðar eru á útgerðina umfram aðra atvinnuvegi, t.d. varðandi fjárfestingar útlendinga, veðsetningu kvóta, sjóðakerfi o.fl.

Viðkvæmustu byggðirnar verði í upphafi styrktar sérstaklega með fjárframlögum eða sérstakri kvótaúthlutun. Sett verði tímatakmörk á aðstoðina, t.d. í fjögur til sjö ár, og önnur skilyrði um hvernig dregið verður úr henni, t.d. þegar verð á árlegum aflaheimildum lækkar eða þegar íbúafjöldi breytist. Styrkurinn renni til sveitarfélaganna. Auðlindinni sjálfri, hinum varanlega veiðirétti, verði ekki skipt né hún framseld. Þáttur þjónustugjalda á útgerð verði aukinn og standi undir eftirliti og nauðsynlegum rannsóknum. Ekki verði hróflað við aflamarkskerfinu.

Greinargerð er í níu meginköflum:

I. *Hugmyndin.* Um hvað snýst kvótaumræðan? Hvers vegna þarf að breyta eignarhaldinu? Hvað er sameign þjóðar? Getur auðlind þjóðar verið í einkaeign? Nokkrar spurningar um núverandi kerfi.

II. *Rökstuðningur fyrir ýmsum þáttum hugmyndarinnar.* Hvað er þjóð? Af hverju tekur yfirfærslan 20 ár? Af hverju frjálst framsal? Á að úthluta byggðakvóta? Hverjum? Á að taka upp þjónustugjöld?

III. *Hugmyndir erlendra hagfræðinga.*

IV. *Dómur Hæstaréttar.* Niðurstöður dómsins eru túlkaðar og komist að þeirri niðurstöðu að sú leið sem hér er lögð til gæti verið ein þeirra leiða sem Hæstiréttur auglýsir eftir. Hún tryggir að allir séu jafnir fyrir lögum og jafnframt tryggir hún að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa.

V. *Hvað á að kanna?* Hver yrðu áhrif breytingarinnar og hverjir yrðu fyrir þeim?

VI. *Tæknileg útfærsla.* Nákvæm tæknileg útfærsla á nýju kerfi þegar það yrði komið í fullan gang og nákvæm útfærsla á 20 ára aðlögunarferli.

VII. *Hugsanlegar afleiðingar.* Hvaða afleiðingar hefði tillagan fyrir útgerðina og fyrir sjómenn?

VIII. *Gagnrýni á hugmyndina.* Mundi tillagan valda byggðaröskun? Mundi kvótinn safnast á fáar hendur? Mundu útlendingar komast yfir kvótann? Er hugmyndin framkvæmanleg? Eru til fordæmi slíkra lausna erlendis?

IX. *Rök fyrir nýju kerfi og gallar núverandi kerfis.*

I. KAFLI

Um hvað snýst kvótaumræðan?

Þegar rætt er um kvótamál er brýnt að halda vel aðskildum eftirfarandi þáttum: fiskveiðistjórnunarkerfi, þ.e. hvort notað er aflamark eða sóknarmark, framsali kvóta, eignarhaldi á kvóta, árlegum og varanlegum kvóta og vísindalegri stjórnun fiskveiða.

Aflamark felst í því að magn sem veiða má af hverri tegund er takmarkað en í sóknarmarki felst að aðeins má nota einstök veiðarfæri eða ákveðna gerð fiskiskipa í takmarkaðan tíma eða svæðum er lokað. Bæði kerfin hafa galla og kosti. Sóknarmarkskerfum fylgja ýmis vandkvæði, svo sem hætta á að skipum sé haldið til veiða við hættuleg skilyrði, vandi við að skilgreina sóknargetu og hætta á óhagkvæmum veiðitoppum. Á vinningur af brottkasti minnkar en á móti kemur hætta á að meðferð fisksins hraki vegna ofuráherslu á að nýta sóknarheimildir sem best. Aflamarkskerfi stuðlar að brottkasti en einnig að jafnri og rólegri sókn.

Í þingsályktunartillögunni er ekki tekin afstaða til þess hvort stjórnunarkerfið eigi að nota heldur er einungis tekið á eignarhaldi á þeim verðmætum sem verða til þegar aðgangur að fiskstofnum er takmarkaður og skilyrði til hagkvæmrar nýtingar sköpuð.

Verðmæti myndast í fiskveiðistjórnunarkerfinu óháð því hvort stjórnunarkerfið er valið. Annars vegar sem verð á einhvers konar staðlaðan togtíma eða sóknareiningu (daga) og hins vegar verð á veiddan afla. Ef sókn er skömmtuð verður hver sóknareining verðmæt. Sérstaklega ef framsal heimilda er frjálst. Í aflamarkskerfum miðast verðmætið við þann afla sem draga má úr sjó. Verðmætin verða til vegna þess að aðgangur að auðlindinni er takmarkaður og takmarkanirnar gefa færi á að minnka kostnað niður fyrir aflaverðmætið.

Frjálst framsal veiðiréttinda skiptir miklu máli í sambandi við hagkvæmni veiðanna og er þá alveg sama hvort fiskveiðistjórnunarkerfið er notað. Það má jafnvel álykta að framsalið skapi verðmætin eða sé forsenda þeirra. Ef tveir útgerðamenn eiga hvor sitt skipið og tilheyrandi kvóta og annað skipanna gæti vel veitt sameiginlegan kvóta beggja skipanna getur sú hagræðing ekki orðið án framsals heimilda.

Hagkvæmni í útgerð hefur aukist mikið með tilkomu framsalsins. Nú virðist vera að hægja á þeirri þróun. Skoða þarf hvort auknar takmarkanir á framsal geti verið ástæða þess. Auk þess er furða hvað útgerðin getur skilað miklum hagnaði miðað við þá hlekki sem hún þarf að burðast með. Fáar atvinnugreinar í heiminum búa við þvílíka lagaflækju, enda felst útgerð á Íslandi aðallega í lögfræði. Þessi þversögn skýrist væntanlega af því hve auðug fiskimiðin eru. Líklega væru miklir ónýttir möguleikar fyrir útgerðina ef hlekkjunum yrði létt af henni.

Verð á leigukvóta hefur hækkað og mun enn hækka um hríð með auknum takmörkunum á framsali og vegna þess að margar stórar útgerðir hafa fengið mikið af aflaheimildum sínum ókeypis og munar því ekki um að greiða hátt verð fyrir litla viðbót. Þörf fyrir hagræðingu er aðallega hjá þeim útgerðum sem hafa keypt stóran hluta af veiðiheimildum sínum. Þær sem ekkert hafa greitt fyrir kvótann búa ekki við sömu nauðsyn á hagræðingu og geta jafnvel selt kvóta öðru hverju til að fela lakan rekstur um langt árabil. Núverandi eignarhald vinnur þannig gegn hámarksarðsemi í útgerðinni og skerðir því hag þjóðarinnar.

Umræðan á meðal almennings snýst aðallega um eignarhald á veiðiheimildunum út frá réttlætissjónarmiðum. Hvernig geta útgerðarmenn selt fiskinn í sjónum, sameign þjóðarinnar fyrir hundruð milljóna króna? Önnur sjónarmið hafa komið upp að undanförnu þegar fólk sér varanlegar aflaheimildir seldar úr einstökum byggðarlögum. Íbúunum eru allar bjargir bannaðar þar sem nýir aðilar geta ekki hafið útgerð vegna þess hve hátt verð er á veiðiheimildum. Fyrra sjónarmiðið snýr að sameign þjóðarinnar og það síðara að hegðun einstaklinga, sem rætt verður um hér á eftir þegar velt verður upp þeirri spurningu hvort auðlind þjóðar geti verið í eigu einstaklinga.

Niðurstaða: Kvótaumræðan snýst fyrst og fremst um eignarhald á fiskveiðiheimildum.

Hvers vegna breyta?

Ljóst er að ekki er sátt um núverandi eignarhald á fiskveiðiheimildunum og mikil óánægja ríkir með núverandi fyrirkomulag. Ekki er hægt að laga það sem miður hefur farið í fortíðinni og vegna þeirra sem nýverið hafa keypt varanlega veiðiheimild á 800 kr./kg væri mjög óréttlátt að afnema veiðiheimildirnar í einu vetfangi. Slík aðgerð mundi auk þess kosta svo mikla röskun á atvinnulífinu að hún er fráleit.

Vegna réttlætissjónarmiðanna og ekki síður vegna þess að auðlind getur ekki verið auðlind þjóðar ef hún er á hendi fárra einstaklinga, eins og sýnt verður fram hér á eftir kemur þessi tillaga fram. Hún kemur ekki hvað síst fram vegna þess að brátt mun sama þróun og átt hefur sér stað í dreifðum byggðum landsins gagnvart stórum þéttbýlisstöðum eiga sér stað í landinu í heild gagnvart útlöndum, ef hún er ekki þegar hafin. Einstaklingar og útgerðarfyrirtæki munu ráðstafa kvótanum á nákvæmlega sama hátt og útlendingar, með eigin hag í huga.

Niðurstaða: Mikilvægt er að breyta eignarhaldinu þannig að sátt náist um það meðal þjóðarinnar.

Sameign þjóðar?

Í 1. gr. laga nr. 38/1990 kemur fram sú almenna forsenda löggjafarinnar að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Hér skortir skýringar á hvað átt sé við með sameign og hvað felst í hugtakinu þjóð.

Um þessi hugtök hefur staðið mikill styrr, sérstaklega sameignarhugtakið. Í venjulegum skilningi orðsins sameign er átt við eign margra (hóps), sem þeir geta ráðstafað allir saman. Ekki liggur fyrir hvort sérhver eigendanna hefur neitunarvald eða hvort meiri hluti ræður. Hvernig sem því er háttað er fáránlegt að lítill hluti hópsins hafi allt um eignina að segja, megi ráðstafa henni og fénýta en mikill meiri hluti eigenda ráði engu.

Niðurstaða: Með núverandi fyrirkomulagi eru nytjastofnarnir augljóslega ekki sameign þjóðarinnar.

Auðlind þjóðar.

Í umræðu um eignarhald á fiskveiðiheimildum (kvótaumræðunni) heyrist iðulega að fiskimiðin í kringum landið séu auðlind þjóðarinnar. Að því gefnu að sátt sé um hugtakið þjóð er rétt að skoða hugtakið auðlind þjóðar. Með hugtakinu er líklega átt við lind sem auður streymir úr til þjóðarinnar þannig að hlutfallslegt verð breytist. Eitthvað sem færir þjóðinni velsæld án þess að hún þurfi að vinna sérstaklega fyrir henni. Hafi tekist að skilgreina hugtakið vaknar spurningin: Getur auðlind þjóðar verið í eigu eða á forsjá einstaklinga?

Ef hagur einstaklingsins af auðlindinni rekst á hagsmuni þjóðarinnar mun einstaklinguinn, sem ræður yfir eða tekur ákvörðum um auðlindina, að sjálfsögðu taka ákvörðun í sam-

ræmi við hagsmuni sína nema mjög litlu muni. Hann mun hegða sér í samræmi við hagsmuni sína og skiptir þá litlu máli hvort hann er íslenskur eða erlendur. Slíkt hefur oft sést að undanförnu þegar fólk selur og flytur kvóta frá heimabyggð sinni, jafnvel þótt því þyki vænt um átthaga sína. Þannig má rökstyðja að ekki er hægt að líta á auðlind í eigu eða á forsjá einstaklinga sem auðlind þjóðar.

Núverandi kerfi þar sem umráðaréttur yfir auðlindinni er í höndum tiltölulega fárra einstaklinga útilokar að hægt sé að líta á fiskimiðin sem auðlind íslensku þjóðarinnar. Til hvers var þá landhelgisbaráttan? Verði ekki breyting á umráðarétti yfir fiskimiðunum er mikilvægt að hætt verði að vernda sjávarútveginn með þvílíkum lagabálkum og hann þarf að búa við í dag. Þá er líka eins gott að hætta að telja fólki trú um að auðlindin sé eign þjóðarinnar og snúa sér að öðru.

Niðurstaða: Auðlind þjóðar getur ekki verið í eigu einstaklinga eða fyrirtækja þeirra.

Nokkrar spurningar um núverandi kerfi.

Sú ráðstöfun að úthluta aflaheimildum til útgerða í samræmi við veiðireynslu á ákveðnu ári í fortíðinni hefur vakið upp margar spurningar.

Hvers vegna fengu útgerðirnar verðmætin en ekki skipstjórar og sjómenn sem þó sóttu aflann? Voru útgerðarmennirnir ekki búnir að fá þann arð af rekstrinum sem fyrir lá að þeir gætu vænst og ættu að fá miðað við þekktar aðstæður á rekstrartímanum, nákvæmlega eins og skipstjórarnir og sjómennirnir höfðu fengið launin sín? Útgerðin hætti fé sínu en sjómennirnir hættu lífinu. Var ekki úthlutunin til útgerðarmannanna miklu seinna happdrætti?

Á það má benda að ef aðgangur hefði ekki verið takmarkaður að auðlindinni hefði hún sennilega horfið og þessi eign aldrei orðið til. Þannig skapaði ríkisvaldið auðlindina.

Hvers vegna var þetta tímabil, nóvember 1982 til október 1983, valið? Margir útgerðarmenn höfðu veiðireynslu bæði fyrir og eftir þetta tímabil og fengu þó ekki neitt. Hjá öðrum voru skipin í viðgerð eða breytingum á þessu tímabili og fengu þeir því minni heimildir en ella. Er hægt að koma löngu seinna og breyta forsendum fyrir ráðstöfunum fólks, t.d. viðgerðum sem urðu mjög dýrar og afdrifaríkar?

Hvers vegna fengu fiskverkunarhúsin eða starfsmenn þeirra engan hlut í verðmætunum þótt þau hafi gert fiskinn að söluvöru og séu mjög háð veiðunum?

Hvers vegna fengu sveitarfélögin engan hlut þó að þau hafi skapað aðstöðu og þjónustu fyrir allt það fólk sem vann við veiðar og vinnslu og séu sum hver mjög háð aflanum?

Hvers vegna fékk ríkið engan beinan hlut þó að það hafi lagt til ríkisábyrgð á lán til skipa, kostað rannsóknir og reist hafnir? Ef ekki hefði komið til aðgerða ríkisvaldsins til að takmarka aðgang að auðlindinni hefði hún sennilega horfið, útgerðarmenn gætu ekki veitt neitt og eign þeirra, eða hefðarréttur, væri verðlaus. Sums staðar erlendis þar sem sjávarútgerð skiptir hlutfallslega mjög litlu máli hafa stjórnvöld ekki gripið til ráðstafana nógu snemma og þar hafa fiskstofnar hrunið. Eiga útgerðarmenn að eignast verðmæti vegna þess að ríkisvaldið greip til ráðstafana?

Hvers vegna fékk fólkið í landinu ekkert?

II. KAFLI

Hvað er þjóð?

Við tæknilega útfærslu á þeirri hugmynd sem hér er lögð fram þarf að skilgreina hvað átt sé við með orðunum „íslensk þjóð". Eru það allir sem eru íslenskir ríkisborgarar? Sumir sem hafa íslenskan ríkisborgararétt hafa engin tengsl við Ísland og hafa jafnvel aldrei komið til landsins, þekkja ekki til íslenskra málefna og tala ekki orð í íslensku. Svo verður æ algengara

að fólk sé með ríkisborgararétt í tveimur og jafnvel mörgum ríkjum. Nýsamþykkt breyting á lögum um ríkisborgararétt (2. júní 1998) þynnir út hugtakið því að samkvæmt henni fá börn íslensks foreldris íslenskan ríkisborgararétt. Ef sambærileg lög giltu í öðrum ríkjum, eins og reyndar er stefnt að, fengju börn hjóna með hvort sitt ríkisfangið ríkisborgararétt í báðum ríkjum. Þannig er hugsanlegt að fólk verði með 16 ríkisföng eftir aðeins fjórar kynslóðir. Varla verður það talið til 16 þjóða!

Hér á landi hefur búið og unnið fólk með erlendan ríkisborgararétt í áratugi, jafnvel fætt hér á landi, talar reiprennandi íslensku, á hér maka og börn og þekkir alla innviði íslensks þjóðfélags. Er það hluti af íslenskri þjóð? Nauðsynlegt er að skýra hugtakið „íslensk þjóð" þegar kemur að útfærslu á hverri þeirri hugmynd sem kemur til móts við þau sjónarmið sem Hæstiréttur setur fram í framangreindum dómi sínum.

Að lokum er rétt að benda á að í sumum ríkjum búa tvær eða fleiri þjóðir, t.d. í Belgíu og Sviss. Þá búa nokkrar þjóðir í mörgum ríkjum og má nefna Kúrda sem dæmi. Þegar Jón forseti hóf baráttu fyrir sjálfstæði Íslendinga voru Íslendingar í dönsku ríki og hefði einhver átt að segja á þeim tíma að sama væri ríki og þjóð.

Niðurstaða: Með þjóð er átt við það fólk sem býr í landinu með þriggja eða fimm ára biðtíma fyrir þá sem flytjast til landsins.

Hvers vegna 20 ára aðlögunartími?

Með hliðsjón af þeim miklu hagsmunum sem tengjast kvótaúthlutun er nauðsynlegt að yfirfærsla árlegra veiðiheimilda frá þeim sem njóta þeirra nú til íbúa landsins eigi sér stað á löngum tíma. Sumir hafa nýverið keypt varanlegan veiðirétt á mjög háu verði og það væri mjög ósanngjarnt að taka hann af þeim í einu vetfangi. Bankar og fjárfestingarsjóðir hafa lánað stórfé til útgerðar, mest með beinni eða óbeinni ríkisábyrgð. Þessi lán eru veitt með veði í skipum og þar með í þeim kvóta sem bundinn er skipunum. Það mundi valda mikilli röskun og útlánatöpum sem lentu að einhverju leyti á ríkinu ef þessi breyting ætti sér stað í einu vetfangi. Verð hlutabréfa í útgerðarfyrirtækjum félli auk þess til skaða fyrir almenning og lífeyrissjóði sem hafa fjárfest í þessum hlutabréfum. Þeir fjármagnsstraumar sem nauðsynlegir væru til að taka skyndilega upp nýtt kerfi væru mjög skaðlegir.

Frá sjónarhorni útgerðarfyrirtækjanna yrðu veiðiheimildir á aðlögunartímanum afskrifanleg eign sem þau mundu afskrifa á 20 árum, sem á margan hátt gæti talist eðlilegur afskriftartími. Á það má benda að 20 ár eru langur tími í ævi einstaklinga og fyrirtækja en stuttur tími í sögu þjóðar sem hyggst gera svo veigamikla breytingu á afnotarétti nytjastofna. Þessi tími kann einnig að vera nauðsynlegur til þess að sæmileg sátt náist um málið.

Sömu reglu má beita gagnvart þeim útgerðum sem með dugnaði, frumkvæði og áræði eiga þátt í að skapa ný sóknarfæri í ónýttum tegundum. Þær gætu fengið að njóta veiðireynslunnar og afskrifað hana á 20 árum þegar nauðsynlegt kann að vera að takmarka aðgang að þessum tegundum. Það er í samræmi við einkaleyfi. Sá sem finnur upp vélbúnað sem ekki var til áður er síst óverðugri en útgerðarmaður sem uppgötvar aldagamlan krabbastofn.

Niðurstaða: Eðlilegt er að breytingin sé gerð á löngum tíma til að forðast kollsteypur og ná sáttum.

Frjálst framsal.

Þessi tillaga gengur út frá því að framsal aflaheimilda verði alveg frjálst þannig að árleg heimild til að veiða ákveðið magn fisks verði ekki bundin skipi né öðrum kvöðum. Miklar takmarkanir eru á framsali í dag en sérhver takmörkun lækkar arðsemi fiskveiðistjórnunarkerfisins. Viðbúið er að mikil aukning verði á framboði og verslun með árlegar veiðiheimild-

ir ef sú hugmynd verður framkvæmd sem hér er til umræðu og líklegt að verðið lækki mjög mikið. Þó eru neðri mörk á því vegna þess að arðbær útgerðarfyrirtæki geta hugsanlega boðið meira og haldið verðinu uppi. Lægra verð er til hagsbóta fyrir nýjar útgerðir og þar með byggðir landsins.

Miklar takmarkanir á framsali veiðiheimilda milli útgerða en ekki milli skipa innan sömu útgerðar leiða til þess að útgerðir sameinast eða kaupa hver aðra til að hagræða. Þetta hefur verið að gerast undanfarið með alvarlegum afleiðingum fyrir einstök byggðarlög. Ef reynt verður að takmarka framsal milli skipa sömu útgerðar enn frekar verður engin hagræðing í greininni með alvarlegum afleiðingum fyrir þjóðarhag.

Þeir sem hafa barist hvað mest gegn frjálsu framsali hafa gert það til að koma í veg fyrir að útgerðarmenn seldu og fénýttu sameign þjóðarinnar. Ef farin yrði sú leið sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir er það þjóðin sjálf sem er að selja og fénýta eign sína þannig að þessir baráttumenn ættu að sætta sig við alveg frjálst framsal.

Til þess að sætta útgerðarmenn við að ævarandi eign þeirra á fiskveiðiheimildum verði skert um 5% á ári og deyi út á 20 árum er nauðsynlegt að liðka fyrir útgerðinni, m.a. með því að leyfa framsal 20 ára kvótans án kvaða og að hann verði ekki bundinn við skip.

Niðurstaða: Mikilvægt er að auka frelsi til framsals.

Úthlutun byggðakvóta.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 1 14. janúar 1999 segir:

„Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með fiskveiðiársins 2005/2006 hefur Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar."

Mikill styrr og deilur hafa staðið um þessa úthlutun sem og fyrri úthlutanir enda alltaf vandasamt að gefa fé. Þó virðist almennt vera vilji til að reyna að bæta þann skaða sem talið er að fiskveiðistjórnunarkerfið hafi valdið einstökum stöðum á landsbyggðinni.

Ekki er auðvelt að hanna kerfi sem bætir þetta tjón því að aðstæður hafa allar breyst. Hverjum á bæta tjónið? Sjómönnum, útgerðum, frystihúsum, sveitarfélaginu, verslunareigendum eða húseigendum? Fyrirtæki hafa farið á hausinn, verið sameinuð öðrum fyrirtækjum á öðrum stöðum eða jafnvel flutt starfsemi sína annað. Einstaklingar hafa látist eða flust burt. Ný fyrirtæki hafa verið stofnuð og nýtt fólk flutt til staðarins og börn fæðst. Sveitarfélagið er eini aðilinn sem stendur óbreyttur eftir. Veita mætti því veiðiheimildir sem það mætti svo selja á markaði. Að sjálfsögðu er það ígildi peningastyrks þegar markaðurinn er orðin lipur.

Ómögulegt er að skilyrða slíkar veiðiheimildir því að aflanum verði landað á staðnum. Útgerðir á staðnum mundu bara selja eigin heimildir og kaupa þessar eða nota aðrar aðferðir, t.d. að aka aflanum burt. Auk þess ganga fyrirtæki kaupum og sölum. Ekki er heldur hægt að fara eftir afkomu fyrirtækja á staðnum. Þá er verið að verðlauna skussana og hegna þeim sem reka fyrirtæki sín vel. Affarasælast virðist vera að sveitarfélaginu verði gert skylt að nota söluandvirðið til að lækka skatta og fasteignagjöld. Erfitt er þó að sannreyna slíkt en þess má vænta að slík aðstoð ætti að létta fólki og fyrirtækjum á staðnum lífsbaráttuna. Alltaf er þó hætta á að þessu fé verði illa varið, eins og vill verða með gjafafé.

Ekki er erfitt að hanna kerfi sem úthlutar á staði. Þannig mætti telja upp alla þá staði sem tapað hafa t.d. meira en 30% af aflaheimildum sínum frá árdögum kerfisins á íbúa. Svo yrði hlutfallslega bætt það sem umfram er. Til þess yrðu notuð t.d. 2% óskiptra aflaheimilda fyrsta árið sem færi lækkandi um 0,5% af aflaheimildum á ári frá fjórða ári. Þannig yrði búið til ferli sem ekki væri háð hlutlægu mati á fólki og fyrirtækjum og stæði yfir í sex ár eða frá 2002 til 2007.

Niðurstaða: Ef taka á upp byggðakvóta verður hann að renna til sveitarfélaga.

Þjónustugjald.

Vel má hugsa sér að auk þessarar almenningsvæðingar veiðiheimilda verði komið á lágu þjónustugjaldi. Gjaldið, sem kvótaeigendur greiddu, stæði undir beinum kostnaði ríkisins af rannsóknum og veiðieftirliti sem hvort tveggja er í þágu eigenda kvótans, þ.e. almennings. Ekki þykir eðlilegt að fræðilegar grunnrannsóknir verði greiddar með þjónustugjaldinu. Þjónustugjaldið mætti t.d. innheimta þegar ávísununum er skipt í tegundir. Það mundi lækka það verð sem hver einstaklingur fær. Með þessu yrði til nauðsynlegt kostnaðareftirlit með rannsóknum og veiðieftirliti.

Niðurstaða: Eðlilegt er að taka upp þjónustugjald sem stendur undir beinum rannsóknum og eftirliti.

III. KAFLI

Hugmyndir erlendra hagfræðinga.

Augljóst er að ákvæðið um sameign þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum felur í sér viljayfirlýsingu um að þessa stofna eigi að nýta í þágu þjóðarheildarinnar. Mýmörg dæmi eru um að stuðningsmenn núverandi laga um fiskveiðistjórn hafa gengið út frá því að lögin uppfylli þetta skilyrði. En hvað skyldu virtir fræðimenn segja um þetta? Svo vill til að ekki færri en þrír Nóbelsverðlaunahafar í hagfræði hafa úttalað sig um þetta efni:

Fyrstan má nefna Paul A. Samuelson sem skrifaði um einkavæðingu almenningsauðlinda árið 1974 og komst að þeirri niðurstöðu að við tiltekin einfölduð skilyrði fengju þeir fáu einstaklingar sem öðluðust eignarrétt á auðlindunum allan arðinn af þeirri hagræðingu sem einkavæðingin skapaði og gott betur, því að laun hinna lækkuðu við einkavæðinguna.

Í öðru lagi má nefna Gary S. Becker sem sagði í viðtali við Morgunblaðið árið 1995 að sér sýndist íslenska kvótakerfið leiða til þess að þeir sem fyrstir hrepptu kvótann fengju allar tekjurnar af honum.

Í þriðja lagi má benda á grein eftir James M. Buchanan sem birtist í greinasafninu „Valdar ritgerðir um stjórnmálahagfræði eftir daga sósíalismans“ sem út kom 1997. Greinin heitir „Hverjum er ekki sama hvort almenningar séu einkavæddir?“ og þar segir Buchanan, í lauslegri þýðingu: „En hver hagnast á aukinni hagkvæmni í nýtingu auðlindanna? Sérstaklega skal bent á að neytendur, sem slíkir, hagnast ekki, því að verð breytist ekki ... Ábatinn af einkavæðingunni rennur eingöngu til þeirra sem tekst að hrifsa til sín eignarréttinn eða tryggja sér hann með öðrum hætti ... Neytendur og (aðrir) framleiðendur hvorki græða né tapa við einkavæðinguna.“ Buchanan bætir reyndar við að sennilega hafi engir nægilega gilda hagsmuni af einkavæðingunni nema þeir sem vinna við viðkomandi atvinnugrein og því verði ekki aðrir til að hvetja til hagræðingar. Augljóst er að þetta á ekki við um atvinnugrein sem leggur til 15% af landsframleiðslu og meira en helming útflutningstekna.

Það er ekki eins og hér tali einhverjir sérstakir talsmenn ríkisafskipta eða menn sem hafa óvenjulega vantrú á getu markaðarins til að bæta almenn lífskjör. Becker og Buchanan hafa þvert á móti verið í fylkingarbrjósti frjálshyggju og markaðshyggju og þeir virðast sjá öll

tormerki á að almenningur njóti góðs af einkavæðingu á borð við þá sem felst í núverandi reglum um úthlutun veiðiheimilda. Hins vegar er augljóst að með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til að verði skoðað verða markaðsöflin virkjuð til þess að öll þjóðin njóti góðs af auðlindunum.

Niðurstaða: Þegar leitað er raka í skrifum fremstu hagfræðinga og virtustu formælenda frjálshyggjunnar blasa við röksemdir gegn því að einkavæðing á borð við þá sem felst í núverandi kvótakerfi sé líkleg til að skila ábata til almennings.

IV. KAFLI

Dómur Hæstaréttar frá 3. desember 1998.

Í dómi Hæstaréttar frá 3. desember 1998 (sjá fylgiskjal) segir:

„Með hliðsjón af framansögðu verður ekki talið, að sjávarútvegsráðuneytinu hafi verið rétt að hafna umsókn áfrýjanda um almennt og sérstakt veiðileyfi á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar í bréfi þess 10. desember 1996. Verður synjun ráðuneytisins því felld úr gildi."

Áfrýjandi hafði:

a. sótt um að sér yrði veitt almennt veiðileyfi, þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990, og
b. sótt um sérstakt leyfi til að veiða ákveðið magn af fiski.

Því hafði sjávarútvegsráðuneytið synjað með eftirfarandi rökum:

a. veiðileyfi væru bundin við fiskiskip sem uppfylltu óundanþæg skilyrði skv. 5. gr. og
b. veiting sérstakra leyfa væri háð því að viðkomandi fiskiskip hefðu jafnframt leyfi til veiða í atvinnuskyni.

Þegar Hæstiréttur fellir synjunina úr gildi vakna spurningar um það hvort það er a) synjun ráðuneytisins um almennt veiðileyfi eða b) synjun ráðuneytisins um sérstakt veiðileyfi, eða hvort tveggja, sem ekki stenst. Hæstiréttur segir í dómsorði sínu:

„Þegar allt er virt verður ekki fallist á, að til frambúðar sé heimilt að gera þann greinarmun á mönnum, sem hér hefur verið lýst. Hið umdeilda ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990 er því að þessu leyti í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65 gr. stjórnarskrárinnar og þau sjónarmið um jafnræði, sem gæta þarf við takmörkun á atvinnufrelsi samkvæmt 1. mgr. 75. gr. hennar.

Með hliðsjón af framansögðu verður ekki talið, að sjávarútvegsráðuneytinu hafi verið rétt að hafna umsókn áfrýjanda um almennt og sérstakt veiðileyfi á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar í bréfi þess 10. desember 1996. Verður synjun ráðuneytisins því felld úr gildi. Hins vegar er ekki í þessu dómsmáli tekin afstaða til þess, hvort ráðuneytinu hafi að svo búnu borið að verða við umsókn áfrýjanda, en málið er einungis höfðað til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins en ekki til viðurkenningar á rétti áfrýjanda til að fá tilteknar veiðiheimildir í sinn hlut."

Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að 5. gr. geti ekki staðist stjórnarskrána en tekur ekki afstöðu til þess hvort synjun ráðuneytisins um sérstakt veiðileyfi fái staðist.

Þegar í kjölfar dómsins, 9. desember 1998, flutti sjávarútvegsráðherra frumvarp um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, sérstaklega 5. gr. Þetta frumvarp var samþykkt sem lög frá Alþingi 14. janúar 1999. Þar er öllum haffærum íslenskum skipum veitt veiðileyfi. Enn er þó ósvarað þeirri spurningu, sem Hæstiréttur tók ekki afstöðu til „hvort ráðuneytinu hafi að svo búnu borið að verða við umsókn áfrýjanda ... til að fá tilteknar veiðiheimildir í sinn hlut."

Ekki er gott að búa við slíka lagalega óvissu um hvort lagareglur um sérstakt veiðileyfi fái eða fái ekki staðist stjórnarskrána. Það er einmitt um þessar reglur og óvisst eignarhald á úthlutun sérstakra veiðiheimilda sem umræðan hefur mest snúist.

Eftir setningu laga nr. 1 14. janúar 1999 er staðan sú að velflestir landsmenn mega kaupa sér skip og hafa heimild til að veiða „ekki neitt". Tiltölulega fáir „eiga" til frambúðar rétt til að fá sérstakt veiðileyfi og mega veiða allt.

Í rökstuðningi Hæstaréttar fyrir dómnum kemur fram:

„Af forsögu núgildandi fiskveiðistjórnunarlaga er ljóst, að löggjafinn hefur talið, að almannaheill ræki til takmörkunar veiðanna. Ekki eru efni til þess, að því mati verði haggað af dómstólum. Þær skorður, sem atvinnufrelsi á sviði fiskveiða við strendur Íslands eru þannig reistar með lögum, verða á hinn bóginn að samrýmast grundvallarreglum stjórnarskrárinnar."

Tiltekur Hæstiréttur sérstaklega jafnræðisregluna í 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar (allir skulu vera jafnir fyrir lögum) og vernd atvinnufrelsis í 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar (öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa). Enn fremur 1. gr. laga nr. 38/1990 (Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.).

Hæstiréttur er hér að segja að allir skuli vera jafnir gagnvart þeim skorðum sem settar eru á atvinnufrelsi borgaranna þegar aðgangur að nytjastofnun er takmarkaður, sér í lagi þar sem nytjastofnar eru sameign þjóðarinnar og markmiðið er að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu.

Áfram segir Hæstiréttur:

„Svigrúm löggjafans til að takmarka fiskveiðar og ákvarða tilhögun úthlutunar veiðiheimilda verður að meta í ljósi hinnar almennu stefnumörkunar 1. gr. laga nr. 38/1990 og þeirra ákvæða stjórnarskrárinnar, sem nefnd hafa verið. Skipan 5. gr. fiskveiðistjórnunarlaga horfir þannig við með tilliti til jafnræðis og atvinnufrelsis, að réttur til veiða er bundinn við eignarhald á skipum, sem haldið var úti á öndverðum níunda áratugnum eða hafa komið í stað slíkra skipa. Af því leiðir, að aðrir eiga þess ekki kost að stunda veiðar í atvinnuskyni en þeir, sem fengið hafa heimildir til þess í skjóli einkaeignarréttar, ýmist sjálfir eða fyrir kaup, erfðir eða önnur aðilaskipti."

Hér fjallar Hæstiréttur um hina tilviljanakenndu úthlutun veiðiheimilda sem þeir útgerðarmenn fá sem gerðu út skip til veiða á einu ári (nóvember 1982 til október 1983). Ekki lá fyrir fyrir fram að þetta tímabil yrði lagt til grundvallar allri framtíðarúthlutun veiðiheimilda hér við land og því gat fólk almennt ekki tekið þátt í þessu „happdrætti".

Eftir umfjöllun um takmarkanir á framsali, nauðsyn sérstakra úrræða á árinu 1983 vegna þverrandi fiskstofna og um að úthlutun veiðiheimilda hafið verið bundin við skip segir í greinargerð Hæstaréttar:

„Er óhjákvæmilegt að líta svo á, að þessi tilhögun feli í sér mismunun milli þeirra, sem leiða rétt sinn til veiðiheimilda til eignarhalds á skipum á tilteknum tíma, og hinna, sem hafa ekki átt og eiga þess ekki kost að komast í slíka aðstöðu. Þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi til varnar hruni fiskstofna kunni að hafa verið réttlætanlegar, en um það er ekki dæmt í málinu, verður ekki séð, að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð þá mismunun, sem leiðir af reglu 5. gr. laga nr. 38/1990 um úthlutun veiðiheimilda."

Hér fjallar Hæstiréttur um úthlutun veiðiheimilda og segir að úthlutun sem nú á sér stað til þeirra sem eiga rétt á veiðiheimildum vegna eignarhalds á skipum á tilteknum tíma og hinna sem hafa ekki átt og eiga þess ekki kost að komast í slíka aðstöðu feli í sér mismunun

sem sé í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Það kunni að hafa verið réttlætanlegt að gera slíkar ráðstafanir tímabundið en ekki varanlega eins og núgildandi reglur mæli fyrir um.

Það er mat flutningsmanns að ekki muni vera nægilegt að breyta 5. gr. laganna um takmörkun á almennu veiðileyfi og veita öllum veiðileyfi sem eiga skip. Breyta þurfi úthlutun veiðiheimilda þannig að varanlega eigi allir borgarar jafnan rétt til þessara hlunninda í samræmi við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Spurning vaknar hvort til sé kerfi sem tryggir jafnræði og atvinnufrelsi borgaranna í þessu tilliti og verndi jafnframt fiskstofna við landið. Það er skoðun flutningsmanns að hugmyndin sem hér er lögð til geti orðið undirstaða slíks kerfis.

Hæstiréttur segir enda í beinu framhaldi:

„Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að aðrar leiðir séu ekki færar til að ná því lögmæta markmiði að vernda fiskstofna við Ísland."

Í hugmyndinni að baki þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir löngum aðlögunartíma breytinga. Þessi langi tími, sem ætlaður er til að ná fram pólitískri samstöðu, rekst þó ekki á afstöðu Hæstaréttar, eða eins og segir í dómnum: „verður ekki séð, að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð þá mismunun," þar sem stefnan er tekin á jafna dreifingu árlegra veiðiheimilda á íbúa landsins og mismununin stendur ekki um ókomna tíð.

Ljóst er af dómi Hæstaréttar að hugmyndir um að skattleggja sérstaklega veiðiheimildir eða útgerðir geta ekki allar náð fram því sjónarmiði Hæstaréttar að gæta að jafnræði við takmörkun á atvinnufrelsi skv. 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Vel hannað (opinbert?) uppboðskerfi gæti hugsanlega náð fram slíkum sjónarmiðum ásamt þeirri hugmynd sem lýst er í tillögu þessari og þyrfti að skoða það.

Niðurstaða: Dómur Hæstaréttar leiðir til þess að breyta þarf eignarhaldi á fiskveiðiheimildum þannig að hver borgari fái sinn hlut eða að allir þurfi að kaupa fiskveiðiheimildir á uppboði.

V. KAFLI

Könnun á áhrifum hugmyndarinnar.

Hugmyndin sem þingsályktunartillaga þessi byggist á felst í mikilli markaðs- og almenningsvæðingu veiðiréttarins sem mun lækka verð á árlegum veiðirétti.

Í könnun sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni væru áhrif tillögunnar á eftirfarandi atriði athuguð:

— Fjárhagslega stöðu útgerðarfyrirtækja, sjómanna, fiskvinnslufyrirtækja, fiskvinnslufólks, sveitarfélaga og íbúa þeirra, landshluta og ríkissjóðs.
— Hagvöxt, samkeppnisstöðu atvinnuvega innbyrðis og gagnvart útlöndum, gengisþróun, tekjudreifingu, lífskjör, viðskipti með veiðiheimildir og verð þeirra, útflutning sem og þjóðhagsleg áhrif.
— Félagsleg áhrif á sjómenn, fiskvinnslufólk og íbúa sveitarfélaga.
— Byggðaþróun og atvinnu.

Enn fremur yrði kannað hvaða áhrif aukið framboð á árlegum veiðiheimildum hefði á verð þeirra og hvert yrði líklegt markaðsverð þegar allar veiðiheimildir verða seldar á markaði. Einnig verði metið hvert sé verðmæti kvótaeignar sem afskrifuð verði á 20 árum og varanlegs kvóta miðað við ýmsar forsendur, t.d. um markaðsvexti og væntanlegar veiðiheimildir.

Einnig er gert ráð fyrir að kannaðir verði kostir og gallar annarra mögulegra leiða sem tryggt geti að þessi auðlind verði ævarandi í eigu þjóðarinnar.

Vegna þess hve miklir hagsmunir eru í húfi væri eðlilegt að nefnd sjávarútvegsráðherra sem gerði slíka könnun fengi færustu erlenda sérfræðinga sér til fulltingis auk innlendra.

Eðlilegt verður að teljast að kannað verði hvort beita megi sömu reglu á aðrar takmarkaðar auðlindir í eigu þjóðarinnar, svo sem vatnsorku, hálendi og útvarpsrásir.

VI. KAFLI

Nýtt kerfi. Tæknileg útfærsla.

Tillöguhugmyndina mætti til dæmis útfæra með eftirfarandi hætti: Í byrjun hvers árs, t.d. í tengslum við skattframtöl, fengi hver sá sem búsettur var á landinu t.d. 1. desember árið á undan senda ávísun á sinn hlut í kvóta fiskveiðiársins sem hefst 1. september þremur árum síðar.

Ef kerfið hefði verið komið í fullan gang um síðustu áramót (1998/1999) hefði hver sá sem var á þjóðskrá 1. desember 1998, alls 275.264 einstaklingar, fengið ávísun um að hann ætti rétt á að veiða $1/275.264 = 0{,}00036328761\%$ af öllum þeim veiðiheimildum sem heimilt verður að veiða frá 1. september 2002 til 31. ágúst 2003. Búið væri að úthluta veiðiheimildum fiskveiðiáranna fram til 2001/2002. Miðað við reynslu undanfarinna ára má reikna með að heildarveiðiheimildir séu um 550.000 þorskígildistonn og fengi hver einstaklingur að veiða árlega u.þ.b. 2 þorskígildistonn. Miðað við markaðsverð núna, um 100 kr. á kg, gæfi þetta 200 þús. kr. á ári. Verðið mun hins vegar lækka mikið þegar allar veiðiheimildir verða seldar á markaði, jafnvel niður í 20 kr./kg. Því er líklegt að salan muni skila hverjum einstaklingi um 40–80 þús. kr. eða 160–320 þús. kr. til hverrar fjögurra manna fjölskyldu.

Þessi ávísun á hlutdeild í veiðiheimildum er að því leyti óviss að ekki liggur fyrir hvað má veiða mikið af hverri tegund né heldur hvert verður markaðsverð eða afkoma útgerðar þegar kemur að veiðum. Sú er áhætta þess sem á ávísunina.

Tilvalið er að nýta hina nýju rafrænu skráningu verðbréfa til þess að gera þetta kerfi mjög lipurt. Þannig má minnka viðskiptakostnaðinn, sem óneitanlega er nokkur fyrir svo litlar upphæðir. Lækka má viðskiptakostnað með því að skipta þjóðinni upp í jafnstóra einsleita hópa sem fengju úthlutað árlegum veiðiheimildum til skiptis. (Dæmi: Þeir sem eru fæddir á sunnudögum og mánudögum fengju fyrst. Næst fengju þeir sem eru fæddir á þriðjudögum og miðvikudögum o.s.frv.) Þannig hækkaði einstakur hlutur umtalsvert, eða um $3{,}5 = 7/2$. Enn fremur mætti úthluta annað eða þriðja hvert ár og þá tveimur eða þremur árum. Í þessu sambandi má benda á að kvótaviðskipti eru mjög dýr núna.

Sá sem fær ávísun á kvóta getur geymt kvótann sinn eða selt hann á markaði strax. Eflaust yrðu stofnaðir sjóðir, kvótasjóðir, sem fjárfestu í slíkum kvótum fram í tímann. Enn fremur gætu útgerðir, sem vegna langtímasölusamninga þurfa að tryggja sér veiðiheimildir fram í tímann, haft áhuga á því að kaupa kvótann strax. Virkur markaður mun myndast með þessa kvóta eins og húsbréf. Fólk gæti hvenær sem er selt kvótann sinn og útgerðir og aðrir sem áhuga hafa gætu hvenær sem er keypt kvóta. Þannig yrði til stöðugur markaður með kvóta.

Fyrir byrjun fiskveiðiárs 1. september 2002 mundi sjávarútvegsráðuneytið auglýsa hvað mikið mætti veiða af hverri fisktegund á því fiskveiðiári. Það mundi jafnframt skipta ávísununum á hluta af heildarkvótanum í heimildir til að veiða einstakar fisktegundir.

Útgerðirnar myndu svo skiptast á fisktegundum eins og þær gera nú eða kaupa heimild til að veiða ákveðið magn af ákveðinni fisktegund á markaði. Við löndun yrði skipstjóri að framvísa heimildum til þess að veiða þær tegundir sem skipið kom með að landi. Hann gæti jafnvel keypt þær á staðnum eftir þörfum.

Margur mun selja kvóta sinn og fjölskyldu sinnar eins fljótt og auðið er. Það mun hugsanlega valda lægra gengi á kvóta strax eftir útsendingu ávísananna. En markaðurinn mun koma í veg fyrir að sú sveifla verði mikil.

Verð árlegra veiðiheimilda mun lækka umtalsvert því að útgerðin getur ekki og mun ekki vilja greiða hærra verð fyrir kvótann en svo að reksturinn skili bærilegum hagnaði að meðaltali. Ef litið er á rekstur nokkurra stórra útgerðarfyrirtækja á síðasta ári sést að hagnaður þeirra á þorskígildiskíló er sem hér segir:

	Nettó hagnaður 1998 í þús. kr.	Veiðiheimildir 1998/99, tonn	Hagnaður á kg veiðiheimilda, kr./kg
Samherji	506.020	25.519	20
Grandi	324.121	14.563	22
Hraðfrystihús Eskifjarðar	275.154	8.788	31
Haraldur Böðvarsson	243.443	21.189	11
Síldarvinnslan	208.763	11.632	18

Miðað við núverandi stöðu og rekstur munu þessi fyrirtæki alls ekki geta né vilja greiða það verð sem nú gengur á markaði, 100 kr./kg ef þau þyrftu að kaupa allar veiðiheimildir sínar. Þau gætu í hæsta lagi greitt 5–10 kr. á kg. *Ætli trillukarlar á Vestfjörðum mundu fúlsa við því að kaupa veiðiheimildir á því verði?* Augljóst virðist að smábátaútgerðin í landinu yrði meira en samkeppnisfær á þessu verði. Því væri skynsamlegast fyrir stóru útgerðirnar að selja frá sér eitthvað af árlegum veiðiheimildum, leigja skipin og hætta veiðum og sýna margfaldan hagnað!

Líklegt er að verð fyrir veiðiheimildir verði nálægt 20–40 kr. á kíló þegar kerfið fer að starfa að fullu. Þeir, sem geta veitt ódýrast munu halda verðinu uppi. Það mun svo aftur skila hverjum einstaklingi um 40–80 þús. kr. eða 160–320 þús. kr. til hverrar fjögurra manna fjölskyldu.

Ljóst er að svo mikil lækkun á verði árlegra veiðiheimilda mundi bæta stöðu þeirra sem vildu hefja útgerð og þar með stöðu þeirra byggða sem verst hafa farið út úr kvótakerfinu. Einnig mun það stórbæta afkomu þeirra útgerða sem gera út án þess að eiga kvóta.

20 ára yfirfærsla. Tæknileg útfærsla.

Ef gert er ráð fyrir að nefnd sjávarútvegsráðherra skili áliti haustið 2000, lagasetning sé tilbúin haustið 2001, lögin taki gildi í ársbyrjun 2002 og að nefndin og löggjafinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að sú hugmynd, sem hér er lögð til sé sú besta, gæti tæknileg útfærsla litið út sem hér segir:

Ef eignin flyst yfir á 20 árum, 5% á ári, héldu núverandi handhafar kvóta 95% kvótans fiskveiðiárið 2002/2003, 90% árið 2003/2004, 85% árið 2004/2005 o.s.frv.

Í byrjun árs 2002 fengju allir sem verða í þjóðskrá 1. desember 2001 senda ávísun á 5% af veiðiheimildum kvótaársins sem hefst 1. september 2002, 10% af veiðiheimildum kvótaársins sem hefst 1. september 2003 og 15% af veiðiheimildum kvótaársins sem hefst 1. september 2004. Þannig mætti strax selja sem svarar 30% af árskvóta, þótt þau tilheyrðu að vísu þremur mismunandi fiskveiðiárum.

Ef gert er ráð fyrir að árlegar veiðiheimildir verði um 550.000 þorskígildistonn og íbúafjöldi sé óbreyttur, 275.000 manns, mun hver einstaklingur fá heimild til veiða 100 þorskígildiskíló fiskveiðiárið 2002/2003, 200 kg árið 2003/2004 og 300 kg árið 2004/2005. Alls fengi hver úthlutað heimild til að veiða tæp 600 kg. Ef verð fiskveiðiheimilda lækkaði úr 100 kr./kg í 75 kr./kg gæti hver einstaklingur selt þessa fyrstu úthlutun í ársbyrjun 2002 á 45 þús. kr.

Í ársbyrjun 2003 yrði dreift 20% af veiðiheimildum kvótaársins sem hefst 1. september 2005. Miðað við sömu forsendur væru það 400 þorskígildiskíló. Ef verðið á fiskveiðiheimildum lækkar enn frekar í 65 kr./kg gæfi það söluverð 26 þús. kr. á mann.

Í ársbyrjun 2004 yrði dreift 25% af veiðiheimildum kvótaársins 2006/2007 sem væru 500 kíló á mann. Ef verðið á fiskveiðiheimildum lækkar enn í 55 kr./kg gæfi það söluverð 28 þús. kr.

Í ársbyrjun 2005 yrði dreift 30% af veiðiheimildum kvótaársins 2007/2008, eða 600 kíló á mann. Ef verðið á fiskveiðiheimildum lækkar enn frekar í 50 kr./kg gæfi það söluverð 30 þús. kr. eða 120 þús. kr. til fjögurra manna fjölskyldu.

Margir munu ekki selja kvótann sinn fyrr en seinna en þó mætti búast við að um helmingur mundi selja strax. Fyrsta úthlutun í ársbyrjun 2002 mundi miðað við það þýða að fjárþörf sjóða og útgerða gæti numið um 6 milljörðum kr.

Nær fullvíst verður að telja að slík markaðsvæðing veiðiheimilda muni lækka verð á árlegum veiðiheimildum verulega þegar í byrjun. Verðið mun svo lækka jafnt og þétt uns jafnvægisverð næst þegar allur kvóti verður seldur eftir 20 ár.

Í þessu sambandi má benda á veiðiheimildir í Norðurlandssíldinni sem ekki er unnt að veita á grundvelli veiðireynslu. Þær gætu verið fyrsta skrefið í þessari yfirfærslu til almennings.

Verð kvótans mun fara eftir hag útgerðarinnar hverju sinni. Þegar vel gengur, mikið má veiða eða verð á mörkuðum er hátt mun útgerðin bjóða meira í kvótann og verðið hækkar. Þá munu fjölskyldurnar geta veitt sér utanlandsferð eða nýjan bíl. Þegar aftur horfir illa fyrir útgerðinni mun verðið lækka því útgerðir munu heldur draga saman seglin en greiða of hátt verð fyrir kvótann, verð sem valda mundi taprekstri. Eftirspurn mun minnka. Verðið á kvótanum gæti jafnvel farið niður í ekkert ef staðan á mörkuðum er svo slæm að verðið nægi ekki fyrir rekstrarkostnaði, vöxtum og afskriftum. Þær útgerðir, sem veitt geta með minnstum tilkostnaði, eru vel reknar eða liggja vel við miðum eða markaði munu geta greitt hæsta verð fyrir kvótann. Þannig mun breytingin leiða til hraðari hagræðingar en ella.

Gert er ráð fyrir að útgerðirnar og aðrir sem eiga kvóta geti afskrifað eignina á 20 árum, 5% á ári. Þetta eru svipaðar afskriftir og á mestu langtímafjárfestingum fyrirtækjanna og lækka tekjuskattgreiðslur þeirra þar sem núna er ekki heimilt að afskrifa kvótaeign. Miðað við þá ávöxtun sem nú tíðkast, 7–10% og þá 12% ávöxtunarkröfu sem fram kemur í kvótaviðskiptum sem hlutfall verðs leigukvóta og kvóta er verðmæti slíkrar eignar 70–80% af verðmæti ævarandi eignar. Er þá tekið tillit til umræðunnar um auðlindaskatt sem veldur mikilli óvissu og skerðir væntanlegt verðmæti kvótaeignar og afskrifta í nýju kerfi. Ekki er tekið tillit til væntinga um meiri veiði sem auka verðmæti kvótans eða alfrjálsu framsali. Ef þessi þingsályktunartillaga verður samþykkt geta útgerðir gengið að þessari eign vísri og hagað rekstrinum eftir því. Vel má vera að mörg útgerðin muni meta slíka vissa eign jafnmikils og óvissa „kvótaeign“ í dag.

Bankar, sjóðir og aðrir lánardrottnar sem lánað hafa til útgerða og tekið hafa óbeint veð í kvóta skipanna geta gert ráðstafanir á þetta löngum tíma til að taka veð í öðrum eignum eða fá lánin greidd upp.

Eðlilegt er að útgerðir sem finna nýja fiskstofna, sem síðan þarf að setja kvóta á, fái á sama hátt þann kvóta til tímabundinnar eignar og afskrifist hann á 20 árum. Þetta gæti átt við Smuguveiðar, veiðar á Flæmingjagrunni eða kúfiskveiðar. Þannig verði útgerðir hvattar til að finna nýjar fisktegundir og frumkvæði þeirra verðlaunað.

VII. KAFLI

Áhrif á útgerðir.

Þeim „varanlegu“ veiðiheimildum sem útgerðin hefur undir höndum yrði breytt í venjulega eign útgerðarinnar, sem afskrifast á 20 árum. Afskriftir mætti draga frá tekjum fyrir skatt. Þessa eign mætti veðsetja, framselja alveg frjálst og óháð skipum. Hún yrði tryggð með lögum. Það yrðu sárabætur til útgerðarmanna sem þurfa að sæta upptöku „eignarinnar“ á 20 árum, eignar sem sumir þeirra eru nýbúnir að kaupa á 800 kr. kílóið.

Þegar búið verður að tryggja eign þjóðarinnar á auðlindinni með því að dreifa árlegum veiðiheimildum á þjóðina verður ekki lengur þörf á alls konar kvöðum sem settar hafa verið á útgerðina, t.d. banni við fjárfestingu útlendinga, kvótaþingi, veðsetningarvandanum o.s.frv. Þessar kvaðir mætti allar fella niður. Þá yrði útgerðin frjáls en nú snýst útgerð meira um lögfræði en veiðar.

Þessi atriði, langur aðlögunartími, frjálst framsal, skattaleg afskrift veiðiheimildanna og aflétting kvaða, gætu stuðlað að sátt um breytinguna. Viðskipti með „varanlegar“ veiðiheimildir mundu líklega stóraukast en verðið lækka vegna þess að veiðiheimildirnar eru ekki lengur ævarandi. Hins vegar væri þessi „eign“ tryggð með lögum og eigandinn þyrfti ekki að óttast frekari hremmingar. Möguleiki á afskriftum og alfrjáls viðskipti myndu einnig sporna við mikilli verðlækkun. Jafnvel er hugsanlegt að verð þessara eigna lækki hreint ekki neitt. Þessar heimildir myndu svo lækka jafnt og þétt í verði niður í núll eftir 20 ár enda gefa þær árlega veiðiheimildir og falla niður. Hagur útgerðarfyrirtækja kynni þrátt fyrir þetta að batna vegna minni kvaða.

Útlendingar ættu að geta eignast bæði árlegar veiðiheimildir og „varanlegar“ veiðiheimildir eins og aðrir enda munu þeir ekki hegða sér í neinu öðruvísi en Íslendingar, eins og rökstutt er í kafla I þar sem rætt er um auðlind þjóðar. Ekki þarf að óttast að þeir eða einstakir innlendir aðilar geti í krafti fjármagns keypt upp allar veiðiheimildir. Ævarandi varanlegar veiðiheimildir væru ekki lengur til og sá sem ætlaði sér að gína yfir öllum veiðum á Íslandi yrði á hverju ári að bjóða hæst og mundi það spenna verðið upp úr öllu valdi til hagsbóta fyrir allan almenning. Sá aðili yrði auk þess að veiða ódýrar en aðrir ef hann ætlaði ekki að tapa á dæminu.

Í umræðu undanfarinna ára hefur útgerðin fengið á sig neikvæða ímynd vegna kvótasölu. Það er ekki að öllu leyti sanngjarn því fæstir sem stunda útgerð í dag hafa selt kvóta. Þvert á móti hafa margir þeirra keypt varanlegan kvóta dýrum dómum. Þá hafa hagræðingaraðgerðir sem leiða til flutnings kvóta frá sumum byggðum mætt litlum skilningi. Sú lausn sem hér er lögð til gæti bætt ímynd útgerðarinnar.

Áhrif á sjómenn.

Mikillar óánægju hefur gætt á meðal sjómanna með þróun sem hefur átt sér stað á undangengnum árum. Ber þar fyrst að nefna „tonn á móti tonni“-aðferðina þar sem fiskvinnsla leggur til tonn af veiðiheimildum á móti tonni útgerðarinnar. Í staðinn lækkar verðið á fiskinum, sem fiskvinnslan greiðir. Hlutur sjómanna lækkar þannig að í raun greiða þeir fyrir aflaheimildirnar. Svipaðar sögur eru sagðar þegar útgerðin kaupir aflaheimildir beint. Sjómenn standa frammi fyrir því að taka pokann sinn vegna þess að aflaheimildir skipsins eru búnar eða taka þátt í að kaupa frekari veiðiheimildir. Til að koma í veg fyrir þetta var kvótaþinginu komið á en við það missti fjöldi sjómanna vinnuna. Eignarhald á veiðiheimildum hefur þannig í reynd komið niður á sjómönnum.

Ekki fer hjá því að eigendur útgerða sem hafa keypt aflaheimildir á 800 kr. kílóið geri kröfu um arð af þeirri fjárfestingu. Fulltrúi sjómanna hefur talað um nýjan aðila um borð sem

krefjist hlutar. Þannig mun ekki verða mikill munur á því hvort útgerðin kaupir aflaheimildina beint, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir, eða hvort eigendur útgerðarinnar gera kröfu um sambærilegan arð af því fjármagni sem bundið er veiðiheimildum sem útgerðin hefur undir höndum og gæti selt frá sér. Sjómenn munu verða eins settir.

VIII. KAFLI

Gagnrýni á hugmyndina.

Nokkur gagnrýni hefur komið fram á þessa hugmynd.

Veldur tillagan byggðaröskun? Fullyrt hefur verið að slík dreifing skaði landsbyggðina vegna þess að íbúarnir fái miklu minni aflahlutdeild en fyrirtæki á staðnum þurfi að kaupa. Til dæmis fengju íbúar Vestmannaeyja um 1,7% af öllum aflaheimildum en fyrirtæki á staðnum þyrftu að kaupa um 11–12% af öllum aflaheimildum til að veiða sama magn og hingað til. Þessi fullyrðing væri rétt ef Vestmannaeyjar væru lokað hagkerfi og íbúar Vestmannaeyja væru jafnframt allir jafnt í útgerð. En svo er ekki. Mikið fjármagn fer á milli lands og eyja og fyrirtæki í Vestmannaeyjum eru að nokkru í eigu einstaklinga og stofnanafjárfesta í Reykjavík og víðar og þeir eigendur þyrftu hugsanlega að sætta sig við lægri arð. Svo má ekki gleyma því að margir þeirra sem selt hafa kvóta hafa fjárfest í Reykjavík ef ekki erlendis. Margir íbúar Vestmannaeyja eiga og íbúðir í Reykjavík.

Það eru allt aðrir aðilar sem fá aflaheimildir í Vestmannaeyjum en þeir sem þurfa að kaupa þær. Spurningin snýst um það hvort útgerðir í Vestmannaeyjum geti greitt jafnhátt eða hærra verð en útgerðir t.d. í Reykjavík. Útgerð hefur verið stunduð frá Vestmannaeyjum vegna þess að stutt er á miðin og þess vegna er ódýrara að veiða fisk þar en víða annars staðar. Útgerðir í Vestmannaeyjum ætti því alla jafna að geta greitt hærra verð en útgerðir annars staðar og yrðu því væntanlega ofan á í samkeppninni um aflaheimildir til hagsbóta fyrir svæðið.

Mikið framboð og þar með lækkað verð á aflaheimildum mun gagnast Vestamannaeyjum sem bæjarfélagi umfram önnur því að nýir aðilar geta hafið útgerð og gömlu útgerðirnar fá samkeppni. Fólk á staðnum þarf ekki að óttast að kvótinn sigli burt með ákvörðun eins útgerðaraðila og ekkert komi í staðinn.

Safnast kvótinn á fárra hendur eða kaupa útlendingar allt? Þar sem stofninn sjálfur, varanlegur kvóti, verður ekki lengur til sem hugtak er engin hætta á að einhver sterkur aðili geti eignast stóran hlut í kvótanum. Einungis verða seldar árlegar veiðiheimildir. Ef einhver vill eignast stóran hluta í fiskveiðiheimildum yrði hann að bjóða almenningi mjög hátt verð á hverju ári. Það er þekkt á mörkuðum að slíkt hækkar verðið mjög. Hann mundi auk þess þurfa að keppa við þá sem geta veitt ódýrast. Hann gæti ekki keypt stóran hlut til lengdar nema geta sjálfur veitt mjög ódýrt. Það er því útilokað að einhver reyndi slíkt nema tapa umtalsvert á því sjálfur.

Er hugmyndin framkvæmanleg? Fyrir einum eða tveimur áratugum hefði slík hugmynd vart verið framkvæmanleg vegna mikils viðskiptakostnaðar. Nú er hugmyndin vel framkvæmanleg, sérstaklega eftir að rafræn skráning verðbréfa hefur verið tekin upp. Almenningur er auk þess búinn að læra á húsbréfakerfið, þar sem hægt er að selja húsbréf eða kaupa með mjög stuttum fyrirvara. Svo hafa síðustu útboð á ríkisbönkum sýnt að almenningur er mjög vel með á nótunum í fjármagnsviðskiptum. Fjármálamarkaðurinn er orðinn nokkuð vel þróaður og viðbót sem þessi yrði honum mikil lyftistöng. Almenningur kæmist auk þess í mun betri snertingu við auðlind sína og fengi aukinn áhuga á henni.

Er slíkt kerfi til erlendis? Ekki er kunnugt um nákvæmlega slíkt kerfi erlendis en kerfi þessu líkt er við lýði í Alaska. Það ætti þó ekki að hindra það að hugmyndin verði skoðuð.

Slík vandamál koma ekki upp nema við sérstakar aðstæður eins og eignarhald á veiðiheimildum við Ísland og þau þurfa sérstakar lausnir.

IX. KAFLI

Rök fyrir nýju kerfi.

Sú breyting á eignarhaldi veiðiheimilda sem hér er lögð til hefur eftirfarandi kosti:

1. Eignarhald á árlegum veiðirétti er bundið við fólk sem er búsett á Íslandi. Þannig er tryggt að auðlindin nýtist íbúum landsins og að arðurinn af auðlindinni renni til innlends efnahagslífs. Ekki er hætta á því að auðlindin verði alþjóðleg og að arðsmiðja hennar flytjist úr landi. Dæmi af Vestfjörðum og Suðurnesjum sýna að illmögulegt er í núverandi kerfi að halda arðsmiðju kvótans á ákveðnum stað. Unnt er að stofna útgerð með höfuðstöðvar á einum stað þó að reksturinn sé í reynd allt annars staðar.
2. Öll sú flókna lagasetning sem ætlað er að tryggja að auðlindin sé í höndum „Íslendinga“, t.d. lög um fjárfestingar útlendinga í íslensku atvinnulífi, verður óþörf. Ekki skiptir lengur máli hverrar þjóðar sá er sem veiðir fiskinn og vinnur hann ef hann greiðir markaðsverð til íbúa landsins fyrir aðgang að miðunum. Aflinn verður veiddur þar sem hagkvæmast er að veiða hann og vinna með hliðsjón af fjarlægð til miða og markaðar og hæfu starfsfólki.
3. Þau óleystu vandamál sem snúa að veðsetningu kvóta, eignfærslu hans, erfðum og búskiptum verða öll mjög einföld þegar það liggur fyrir að kvótinn er venjuleg eign sem afskrifast á 20 árum.
4. Þessi lausn kemur til móts við þá réttlætiskröfu að auðlind þjóðarinnar verði ekki úthlutað tilviljanakennt til útvalins hóps fólks en aðrir, jafnvel þeir sem öfluðu reynslunnar, fái ekki neitt. Hún lagar aftur að einhverju leyti þá tilviljanakenndu tekjumisskiptingu sem átt hefur sér stað að undanförnu.
5. Að mati flutningsmanns er meginkostur hugmyndarinnar að baki þessari þingsályktunartillögu að andvirði kvótans rennur ekki til ríkisins, eykur ekki ríkisumsvif. Skarpan greinarmun verður að gera á ríkissjóði og fólkinu í landinu. Hér er um almannavæðingu að ræða en ekki ríkisvæðingu. Reginmunur er á þessari tillögu og öðrum sem ganga út á að veiðileyfagjaldið renni til ríkisins í formi skatts, sölu eða opinbers uppboðs.
6. Þar sem hver einstaklingur, börn og gamalmenni meðtalin, fær sinn hlut í árlegum veiðiheimildum og getur selt hann verður ekki eins mikil þörf fyrir barnabætur og opinberan örorku- og ellilífeyri. Þannig yrði þeim byrðum létt af ríkinu að hluta.
7. Tekjur fólks af sölu ávísana á hlut í árlegri veiðireynslu yrðu væntanlega skattskyldar eins og aðrar tekjur. Skattstofninn stækkaði og lækka mætti tekjuskatt þegar fram í sækti. Í kerfinu er auk þess fólgin svo mikil tekjujöfnun, þar sem allir fá sömu upphæð, að hugsanlega mætti samhliða taka upp flata skatta. Eins mætti hugsa sér að þessar tekjur yrðu skattfrjálsar sem nokkurs konar frítekjumark.
8. Tillagan hefur í för með sér mikla markaðsvæðingu kvótans. Þar sem kvóta er úthlutað þrjú ár fram í tímann færu 30% af árlegum kvóta á markað fyrsta árið; 5% fyrir fyrsta fiskveiðiárið, 10% fyrir það næsta og 15% fyrir hið þriðja. Við næstu úthlutun færu svo á markað 20%, 25% o.s.frv. Þessi mikla markaðsvæðing mun valda mikilli verðlækkun á árlegum leigukvóta, úr 100 kr./kg í hugsanlega 50–60 kr./kg eða jafnvel lægra. Útgerðin mun ekki geta né vilja greiða jafnhátt verð og nú tíðkast þegar hún þarf að kaupa stóran hluta þess afla sem hún veiðir. Ella mundi hún ekki skila hagnaði. Þessi verðlækkun mun gera nýjum aðilum kleift að hefja útgerð en nú er það nánast óhugsandi.

Það mun svo aftur bæta stöðu þeirra byggðarlaga sem misst hafa mikinn kvóta og liggur við landauðn í dag.

9. Það kerfi sem hér er lagt til að tekið verði upp gerir ráð fyrir að einstaklingar selji kvóta sinn á markaði. Þegar vel gengur í útgerðinni, hátt verð er á mörkuðum eða afli mikill mun verð á kvótanum hækka. Allir vilja auka við sig og kaupa kvóta. Þá munu fjölskyldurnar geta keypt sér bíl eða farið í ferðalag. Þegar illa árar munu útgerðirnar vilja draga saman seglin og verða ekki reiðubúnar til að greiða eins hátt verð fyrir kvótann. Þá verða heimilin að sleppa einhverju af útgjöldum sínum. Afkoma útgerðarinnar mun jafnast og sú sveiflujöfnunin sem talsmenn iðnaðarins hafa lagt svo mikla áherslu á mun verða hjá fjölskyldunum og kvótasjóðum. Það hefur enda sýnt sig að þar gengur betur að draga saman seglin en t.d. hjá ríkinu.
10. Þetta nýja kerfi mun bæta samkeppnisstöðu Íslands gagnvart útlöndum. Fyrirtæki sem ræður launþega hér á landi nýtur þess að hann og fjölskylda hans fá árlegar tekjur af kvótasölu en fyrirtæki erlendis njóta ekki slíks.
11. Útgerðin mun ætíð geta keypt allan kvóta sem hún þarfnast á verði sem ræðst á markaði. *Hún mun kaupa kvóta á sama hátt og olíu og önnur aðföng.*
12. Kvótaeign útgerðanna verður viss og afskrifast á 20 árum í stað þeirrar óvissu sem ríkir um núverandi „eign". Sumum útgerðum kann að þykja sú eign betri en óvissan sem fylgir núverandi kvóta. Þessi langi afskriftatími mun gefa útgerðinni og lánastofnunum nægan tíma til að ganga frá skuldum og mynda eign.

Ókostir núverandi fyrirkomulags.

Það eignarhald sem tekið var upp til bráðabirgða árið 1984 hefur eftirfarandi ókosti:

1. Eignarhaldið er bundið við hugtakið „Íslendingur". Íslendingur er hins vegar einstaklingur sem hegðar sér aðallega í samræmi við eigin hagsmuni en ekki nema að litlu leyti í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar. Þegar um mikla fjármuni er að ræða, hundruð eða þúsundir milljóna króna, verða einkahagsmunir ávallt teknir fram yfir hagsmuni þjóðarinnar. Þessu hafa Vestfirðingar fengið að kynnast þegar hagsmunir byggðarlagsins rekast á hagsmuni einstaklinga sem „eiga" kvótann.
2. Í auknum mæli hafa íslensk útgerðarfélög keypt útgerðir í mörgum löndum, orðið alþjóðleg. Þessi þróun er í fullum gangi. Þegar slíkt alþjóðafyrirtæki stundar útgerð í mörgum löndum heims, þar á meðal á Íslandi, er nokkuð víst að arðsmiðja þess mun ekki vera á Íslandi heldur yrði Ísland verstöð jafnsett hinum verstöðvum fyrirtækisins. Verksmiðjuskip fyrirtækisins kæmu jafnvel aldrei til hafnar á Íslandi. Auðlindin væri orðin alþjóðleg. Staðsetning höfuðstöðva fyrirtækisins skiptir hér engu eða ríkisfang eigenda.
3. Til þess að halda auðlindinni í eigu þjóðarinnar hafa verið sett viðamikil og flókin lög á Alþingi sem takmarka fjárfestingar útlendinga í útgerð og fiskvinnslu. Útgerðin skal vera í höndum Íslendinga og íslenskra fyrirtækja. Vandamálin sem skapast vegna eignartengsla eru nánast óyfirstíganleg og reglurnar verða afar flóknar. Ekki er komið í veg fyrir raunveruleg yfirráð vegna lánveitinga sem oftast eru sterkari en bein eignaraðild. Mörkin á milli útgerðar, fiskiðnaðar og annars iðnaðar eru oft mjög óljós. Þessar flóknu reglur hamla allri eðlilegri fjármögnun atvinnugreinarinnar. Þær eru krampakennd tilraun til þess að halda auðlindinni í eigu þjóðarinnar. Með þeirri lausn, sem hér er stefnt að, er allsendis óþarft að setja allar þessar hömlur og kvaðir því að arðurinn af auðlindinni rennur til þjóðarinnar sem leigugjald.
4. Vegna þess að auðlindin er sameign þjóðarinnar en gengur samt kaupum og sölum hafa

komið upp mikil og vaxandi vandkvæði. Minna má á lögin um samningsveð sem samþykkt voru fyrir nokkrum árum. Enn fremur má minna á vandamál í sambandi við afskriftir kvóta, skattalega eignfærslu kvóta, erfðir og skiptingu kvótaeignar við búskipti. Allt vandamál sem ekki hafa verið leyst.

5. Framsal kvóta, sem er grundvöllur fyrir hagkvæmni fiskveiðistjórnunarkerfisins, hefur valdið miklum deilum. Reynt hefur verið að takmarka framsal en allar slíkar takmarkanir eru til baga og valda tjóni. Þessi vandræði stafa af því að ekki liggur fyrir hver á kvótann og fólk sættir sig ekki við fjárhagslegar afleiðingar kerfisins fyrir einstaklinga, þ.e. að verið sé að selja það sem er í sameign þjóðarinnar.
6. Núverandi kerfi gerir nýjum aðilum ókleift að hefja útgerð. Þeir þurfa að keppa við aðila sem hafa fengið kvóta gefins. Myndast hefur óeðlilega hátt verð fyrir leigukvóta, þ.e. um 100 kr. á þorskígildiskíló. Þetta verð er mjög hátt í samanburði við markaðsverð á fiski upp úr sjó. Þetta verð geta þeir einir greitt sem hafa fengið stóran hluta af kvóta sínum gefinn og greiða því í raun lágt meðalverð fyrir leigukvótann. Afleiðingarnar eru vandræði margra byggðarlaga sem misst hafa kvóta og fá hann ekki aftur vegna þess að nýir aðilar geta ekki hafið útgerð. Þá kemur upp krafa um byggðakvóta, sem svo aftur hlýtur að kalla á deilur.
7. Flest stærstu fyrirtæki í útgerð hafa aflað sér fjár á hlutabréfamarkaði og notað það fé til að kaupa veiðiheimildir. Þannig hefur nýtt fé streymt til þeirra útgerðarmanna sem fyrir voru, ýmist til að greiða tap á óhagkvæmum rekstri eða til að kaupa kvóta af útgerðarmönnum sem hætta útgerð og fá þannig fé fyrir sameign þjóðarinnar.
8. Þrátt fyrir ákvæði í kjarasamningum um að sjómenn skuli ekki taka þátt í kvótakaupum útgerðarinnar er töluvert um slíkt, enda er auðvelt að sjá fyrir sér aðstæður þar sem skip er búið með kvótann og áhöfnin stendur frammi fyrir því að taka pokann sinn eða taka þátt í kvótakaupum sem ekki borga sig fyrir útgerðina nema sjómenn taki þátt í þeim. Angi af þessu máli eru t.d. samningar útgerðar við fiskvinnsluhús um tonn á móti tonni sem lækka verðið á aflanum.
9. Þetta býður svo aftur upp á misnotkun sem felst í því að útgerðarmaður stofnar fyrirtæki og leigir því skipið en selur því leigukvóta.
10. Samtök iðnaðarins hafa bent á skaðleg áhrif sem sjávarútvegurinn hefur á aðrar atvinnugreinar. Þegar vel gengur í sjávarútvegi keppir hann við aðrar greinar um fólk. Laun hækka, aðrar greinar geta ekki borið þann kostnað og hætta starfsemi því gengisþróun tekur mið af stöðu sjávarútvegs. Þegar illa gengur hjá sjávarútveginum er gengið fellt og aftur myndast grundvöllur fyrir aðrar atvinnugreinar. Þessar sveiflur eru öðrum atvinnugreinum mjög dýrkeyptar. Núverandi eignarhald kemur ekki í veg fyrir slíkar sveiflur.
11. Fiskvinnslan er oft samtvinnuð útgerð en ekki alltaf. Það hefur í för með sér að sum fiskvinnslufyrirtæki njóta kvótagjafarinnar á meðan önnur þurfa að kaupa til sín viðskipti. Auk þess er fiskvinnslan í mikilli samkeppni við frystitogara. Þannig þrengir sífellt að fiskvinnslunni og það kemur niður á því fólki sem þar starfar.
12. Einn helsti ókosturinn við núverandi eignarhald er að það byggist á tilviljanakenndri veiðireynslu á tilviljanakenndu tímabili og hefur því öll einkenni happdrættis. Happdrættið var ekki auglýst fyrir fram. Fólk skilur ekki slíkt réttlæti því að einungis þröngur hópur fólks fékk að taka þátt í happdrættinu. Þeir sem hlutu vinning fengu hann ekki endilega vegna eigin snilli, dugnaðar eða frumkvæðis. Eignarhaldið hefur valdið þvílíkri röskun á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu að leita þarf aftur til verðbólgutímans og neikvæðu vaxtanna til að finna sambærilega eignatilfærslu og dugir ekki til. Þessi eignatil-

færsla hefur valdið sárindum og gremju almennings sem skilur ekki svona réttlæti.

13. Það er og ókostur við núverandi eignarhald að stöðug umræða er um að skattleggja veiðiheimildir, breyta eignarhaldinu eða afnema það. Þannig skapast mikil óvissa og dýr fyrir útgerðarmenn. Bent hefur verið á að þegar sé kominn vísir að veiðileyfagjaldi, sem er gjaldtaka Þróunarsjóðs, og veiðieftirlitsgjald. Þessi gjöld, sem samtals eru um 1,50 kr. á hvert úthlutað þorskígildiskíló, renna til hagræðingar í sjávarútvegi, reksturs rannsóknaskips og eftirlits og gæti því flokkast sem þjónustugjald.

199. Svar [151. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um aukagreiðslur til ríkisendurskoðanda o.fl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur ríkisendurskoðandi, persónulega, fengið sérstakar aukagreiðslur frá opinberum aðilum, ráðuneytum, stofnunum, félögum eða fyrirtækjum í eigu ríkisins eða þar sem ríkið á hlut, fyrir störf sín sem endurskoðandi frá því að hann tók við starfi ríkisendurskoðanda? Í svari komi fram fjárhæðir sundurliðaðar eftir árum og launagreiðendum.*
2. *Hefur ríkisendurskoðandi á sama tímabili fengið sérstakar aukagreiðslur frá Ríkisendurskoðun fyrir útselda vinnu hans eða stofnunarinnar? Í svari komi fram fjárhæðir sundurliðaðar eftir árum og einstökum launagreiðendum.*
3. *Í hve mörgum nefndum framkvæmdarvaldsins hefur ríkisendurskoðandi setið frá því að hann tók við embætti og þar til nú? Hver voru eða eru verkefni þessara nefnda? Óskað er að fram komi hverjar þessar nefndir hafi verið og jafnframt hvaða verkefni þeim hafi verið falin.*
4. *Hversu mörg stöðugildi voru við embættið þegar það var fært undir Alþingi 1987 og hversu mörg eru þau nú?*

Í 49. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, er nánar kveðið á um stjórnarskrárbundinn fyrirspurnarrétt alþingismanna. Þar segir m.a. að fyrirspurn skuli vera um mál sem ráðherra ber ábyrgð á.

Ríkisendurskoðun var færð undir yfirstjórn Alþingis með lögum nr. 12/1986. Af þessum lögum og lögskýringargögnum má greinilega ráða að meginmarkmið þeirrar ráðstöfunar hafi verið að tryggja sjálfstæði Ríkisendurskoðunar gagnvart ríkisstjórn og framkvæmdarvaldinu öllu. Um stofnunina gilda nú lög nr. 86/1997. Þar segir í 1. gr. að Ríkisendurskoðun starfi á vegum Alþingis. Í 2. gr. segir að forsætisnefnd ráði forstöðumann stofnunarinnar, ríkisendurskoðanda, hann sé starfsmaður Alþingis og beri ábyrgð gagnvart því. Þar segir jafnframt að forsætisnefnd geti vikið honum úr starfi að fengnu samþykki Alþingis. Í 3. gr. segir að Ríkisendurskoðun sé engum háð í störfum sínum en forsætisnefnd geti þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falli undir starfsemi Ríkisendurskoðunar. Þar segir enn fremur að starfsmenn Ríkisendurskoðunar skuli í einu og öllu óháðir ráðuneytum og stofnunum sem þeir vinna að endurskoðun hjá. Ætla verður að það eigi einnig við um ríkisendurskoðanda sjálfan.

Samkvæmt þessu má ljóst vera að ríkisendurskoðandi lýtur ekki boðvaldi forsætisráðherra og hann hefur engar þær valdheimildir gagnvart Ríkisendurskoðun eða starfsmönnum stofnunarinnar sem leiða má af stöðu hans í stjórnkerfinu, hvorki til stjórnunar né eftirlits. Ríkis-

endurskoðanda verður því ekki talið skylt að veita forsætisráðherra þær upplýsingar sem leitað er eftir í framangreindri fyrirspurn.

Jafnvel þótt forsætisráðuneytið fari samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96/1969, með mál er varða Alþingi verður að ætla að sú skipan eigi fyrst og fremst við um samskipti Alþingis og ríkisstjórnar, frumkvæði ríkisstjórnar að lagasetningu, staðfestingu samþykktra lagafrumvarpa, eftirlit með framkvæmd þingsályktana, upphaf þings og lok, fjárstjórn o.þ.h., en síður um samskipti Alþingis við stofnanir sem undir það heyra. Þá er og til þess að líta að Alþingi hefur verið talið bært til að hlutast með lögum til um ýmis innri málefni stjórnarráðsins, þ.m.t. verkaskiptingu ráðuneyta og stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra gagnvart stofnunum sem undir þá heyra. Reglugerð um stjórnarráðið verður því eftir atvikum að beita lögskýringum um tengsl yngri laga og eldri. Slík skýring reglugerðar um stjórnarráðið og samanburður við lög um Ríkisendurskoðun leiðir til sömu niðurstöðu að því er varðar heimildir forsætisráðherra gagnvart Ríkisendurskoðun. Forsætisráðherra verður því heldur ekki á þessum grundvelli gert að gerast boðberi milli Alþingis og einstakra stofnana er undir það heyra.

Af framangreindu leiðir að forsætisráðherra ber ekki stjórnskipulega ábyrgð á Ríkisendurskoðun eða athöfnum einstakra starfsmanna hennar. Að því athuguðu verður ekki talið að fyrirspurnin fullnægi því skilyrði þingskapalaga að taka til máls sem forsætisráðherra ber ábyrgð á. Fyrirspurninni verður því ekki svarað efnislega af minni hálfu.

Á hinn bóginn má benda á að forsætisnefnd Alþingis virðist hafa allar þær heimildir sem annars væru á hendi ráðherra til að krefjast þeirra upplýsinga sem um er beðið, bæði í krafti veitingarvalds síns og þeirra sérstöku heimilda sem lög um Ríkisendurskoðun veita forsætisnefnd til að krefjast skýrslna um mál sem undir stofnunina falla.

200. Frumvarp til laga [173. mál]

um málefni aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Markmið og skilgreiningar.

Markmið.

1. gr.

Markmið þessara laga er að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða.

Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf.

Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

Skilgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aldraður:* Sá sem náð hefur 67 ára aldri.

2. *Öldrunarmál:* Þau mál sem varða aldraða og eru undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Til þeirra teljast þeir þjónustuþættir sem aldraðir eiga rétt á samkvæmt lögum þessum og Framkvæmdasjóður aldraðra.
3. *Vistunarmat aldraðra:* Faglegt, einstaklingsbundið mat á þörf fyrir vistun á stofnun.
4. *Starfssvæði þjónustuhóps aldraðra:* Umdæmi heilsugæslustöðva í læknishéruðum landsins samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

II. KAFLI
Stjórn öldrunarmála og skipulag öldrunarþjónustu.

Yfirstjórn.

3. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn öldrunarmála.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal annast stefnumótun og áætlanagerð fyrir landið í heild um málefni aldraðra og hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Jafnframt skal ráðuneytið beita sér fyrir almennri umræðu og kynningu á stöðu og valkostum aldraðra.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra.

4. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir skulu skipaðir án tilnefningar, þar af skal annar hafa faglega þekkingu á málefnum aldraðra. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Sérstakur starfsmaður öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu skal vera ritari samstarfsnefndar um málefni aldraðra.

5. gr.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni:

1. Að vera heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
2. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra.
3. Að stjórna Framkvæmdasjóði aldraðra og gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum, sbr. 9. og 11. gr.

Þjónustuhópur aldraðra.

6. gr.

Í hverju heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Sveitarfélög geta sameinast um þjónustuhóp aldraðra sé það talið hagkvæmt.

Kostnaður af starfi þjónustuhóps aldraðra greiðist af sveitarfélögum á starfssvæði hans í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

7. gr.

Sveitarstjórnir í umdæmi heilsugæslustöðvar, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnir

lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu, samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og tveir fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra síðasttöldu vera félagsráðgjafi ef unnt er.

Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

8. gr.

Þjónustuhópur aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
4. Að meta vistunarþörf aldraðra, sbr. 14. og 15. gr.

Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf og að sjálfsákvörðunarréttur þess sé virtur.

III. KAFLI
Framkvæmdasjóður aldraðra.

9. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt.

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal varið til að styrkja:

1. Byggingu þjónustumiðstöðva og dagvista, sbr. 13. gr., og byggingu stofnana fyrir aldraða, sbr. 14. gr.
2. Nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða.
3. Sveitarfélög og heilsugæslustöðvar til að þróa skipulagða heimaþjónustu fyrir aldraða.
4. Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum, sbr. 14. gr.
5. Rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum.
6. Önnur verkefni sem eru í samræmi við markmið laganna.

Um framkvæmdir skv. 2. mgr. fer, eftir því sem við á, samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda.

10. gr.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 4.065 kr. á hvern gjaldanda og kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur 701.594 kr. eða lægri á tekjuárinu 1997. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. A-lið 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Við álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um álagningu og innheimtu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Í stað tíu gjalddaga skal þó gjalddagi vera einn, 1. ágúst ár hvert. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst færist gjalddagi til 1. dags næsta mánaðar eftir framlagningu álagningarskrár.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra skulu einnig vera frjáls framlög, aðrar tekjur er til kunna að falla og vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi tekna sjóðsins á því ári.

11. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra annast stjórn sjóðsins, sbr. 3. tölul. 5. gr. Þegar nefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í henni.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra gerir árlega tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úthlutun.

12. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra.

IV. KAFLI
Öldrunarþjónusta.
Opin öldrunarþjónusta.

13. gr.

Til opinnar öldrunarþjónustu samkvæmt lögum þessum telst:

1. Heimaþjónusta veitt öldruðum sem búa heima. Þjónustan skal miðast við einstaklingsbundið mat á þjónustuþörf og byggjast á hjálp til sjálfshjálpar. Þjónustan er tvíþætt. Annars vegar er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu sem er í höndum starfsfólks heilsugæslustöðva, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Hins vegar er félagslegur þáttur heimaþjónustu viðkomandi sveitarfélaga eða aðila sem sveitarfélög semja við, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Veita skal heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf. Leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða og árangursmarkmið að leiðarljósi.
2. Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta.
3. Dagvist aldraðra sem er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Um framkvæmda- og rekstrarleyfi fyrir dagvist aldraðra fer skv. 16. og 17. gr.

4. Þjónustuíbúðir aldraðra sem geta verið sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðir. Áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst ber að afla framkvæmdaleyfis hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 16. gr. Í þjónustuíbúð fyrir aldraða skal vera öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og þrifum, og aðgangur að félagsstarfi. Um greiðslu fyrir veitta þjónustu fer skv. 20. gr. Íbúar þjónustuíbúða skulu eiga rétt á sömu heima- og vaktþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins.

Stofnanir fyrir aldraða.

14. gr.

Stofnanir fyrir aldraða samkvæmt lögum þessum eru:

1. Dvalarheimili, sambýli og íbúðir, sérhannað fyrir þarfir aldraðra sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Á stofnunum þessum skal vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi. Aðstaða skal vera fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða og skal byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.
2. Hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum, sbr. 1. tölul. Þar skal veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta og vera endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með heilabilunareinkenni. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða. Möguleiki skal vera á að einstaklingar geti komið þar til skammtímavistunar, sé þess þörf. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi.

Um framkvæmda- og rekstrarleyfi fyrir stofnanir skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. fer skv. 16. og 17. gr.

Vistunarmat.

15. gr.

Stjórn dagvistar, sbr. 3. tölul. 13. gr., tekur ákvörðun um dagvistun og stjórn stofnunar fyrir aldraða, sbr. 14. gr., og um vistun fólks á viðkomandi stofnun enda hafi öðrum skilyrðum þessarar greinar verið fullnægt.

Engan má vista til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra.

Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal þjónustuhópur aldraðra meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun eða fyrir önnur úrræði.

Í reglugerð skal setja ákvæði um vistunarmat og framkvæmd þess.

Framkvæmdaleyfi.

16. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. 3. tölul. 13. gr. eða stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. skal afla framkvæmdaleyfis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst skv. 4. tölul. 13. gr. ber að afla framkvæmdaleyfis hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Sama á við um eldra húsnæði sem tekið er til slíkra nota. Gildir þetta jafnt um framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og á frjálsum markaði. Enn fremur skal afla samþykkis heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á

teikningum áður en framkvæmdir hefjast og skýra ráðuneytinu frá því hver muni bera ábyrgð á rekstri sameignar og sameiginlegrar þjónustu í húsnæðinu.

Beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir dagvist eða stofnun fyrir aldraða skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skal fylgja greinargerð um eigendur og fjárhag þeirra. Beiðninni skal og fylgja umsögn þjónustuhóps aldraðra á því starfssvæði þar sem stofnunin mun verða.

Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða.

Áður en ráðherra heimilar framkvæmdir skal umsóknin send til umsagnar samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Ef um hjúkrunarrými er að ræða skal umsóknin einnig send til umsagnar landlæknis og viðkomandi héraðslæknis.

Rekstrarleyfi.

17. gr.

Áður en rekstur dagvistar skv. 3. tölul. 13. gr. og stofnunar fyrir aldraða skv. 14. gr. getur hafist skal sækja um rekstrarleyfi hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Umsókn um rekstrarleyfi skal fylgja greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhag þeirra og skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna.

Ráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt, sbr. og lög um heilbrigðisþjónustu.

Stjórn stofnana.

18. gr.

Eigendur stofnana fyrir aldraða, sbr. 14. gr., skipa stjórn stofnunarinnar.

Sé stofnunin í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda um stjórn stofnunar ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu.

Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar stofnunar fyrir aldraða með málfrelsi og tillögurétti. Sama gildir um vistmannaráð.

V. KAFLI
Kostnaður við öldrunarþjónustu.

19. gr.

Þeir sem þjónustu dagvistar njóta skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni að hámarki sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings samkvæmt almannatryggingalögum. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna dagvistar af Tryggingastofnun ríkisins.

20. gr.

Íbúar í þjónustuíbúðum, sbr. 4. tölul. 13. gr., greiða sjálfir þá þjónustu sem þar er veitt, aðra en heimaþjónustu, sbr. 24. gr., samkvæmt ákvörðun rekstraraðila.

21. gr.

Dvalarkostnaður á stofnunum fyrir aldraða skv. 14. gr. greiðist af Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 22. gr.

Með dvalarkostnaði á stofnun fyrir aldraða er átt við daggjald eins og það er ákveðið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

22. gr.

Vistmenn, sem hafa tekjur umfram 29.217 kr. á mánuði, skulu taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 14. gr.

Með tekjum sínum, sem eru umfram 29.217 kr. á mánuði, skal vistmaður greiða dvalarkostnað sinn að hluta eða öllu.

Setja skal reglugerð með nánari ákvæðum um þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar, m.a. um hækkun viðmiðunartekna.

23. gr.

Vistmaður á stofnun fyrir aldraða, sbr. 14. gr., sem ekki hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, fær ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lög um almannatryggingar.

24. gr.

Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skiptist þannig að sveitarfélög bera kostnað af félagslegum þætti hennar en ríkissjóður af heilbrigðisþættinum.

Sveitarstjórnir geta ákveðið greiðsluþátttöku einstaklinga í þeirri heimaþjónustu sem þær veita, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Undanþegnir gjaldskyldu vegna heimaþjónustu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu samkvæmt almannatryggingalögum.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

25. gr.

Þær stofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra.

26. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um húsnæði, búnað stofnana fyrir aldraða og aðbúnað og þjónustu fyrir vistmenn, svo og starfsfólk stofnana eftir starfsemi þeirra.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 82/1989, um málefni aldraðra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um málefni aldraðra nr. 82/1989 er kveðið á um að lögin skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Í samræmi við ákvæðið hóf samstarfsnefnd um málefni aldraðra endurskoðun á lögunum og lauk við drög að frumvarpi á útmánuðum 1997. Drögin voru send ýmsum samtökum aldraðra til umsagnar, fagfélögum og stjórnvöldum sem fara með málefni aldraðra. Bárust umsagnir frá 19 aðilum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði nefnd til að fara yfir umsagnirnar og endurskoða frumvarpsdrögin. Í nefndinni áttu

sæti Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur hjá landlæknisembættinu, sem jafnframt var formaður, Hrafn Pálsson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Vilborg Þ. Hauksdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Dagný Brynjólfsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Benedikt Davíðsson, formaður Landssambands eldri borgara, og Þorgerður Ragnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, sem var ritari nefndarinnar. Í framhaldi af því lagði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fram frumvarp á Alþingi vorið 1999 en það náði ekki fram að ganga. Frumvarpið hefur enn verið endurskoðað og hafa nokkrar breytingar verið gerðar á textanum. Aðalbreytingin er að ákvæði 18. gr. frumvarpsins um að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skuli eiga fulltrúa í stjórn stofnana fyrir aldraða er fellt út og er ákvæði 18. gr. frumvarpsins því óbreytt frá núgildandi lögum. Aðrar breytingar eru smávægilegar lagfæringar á orðalagi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breyttri framsetningu laganna, markmið gerð einföld og skýr og tiltekin hugtök skilgreind. Einnig er gert ráð fyrir að öldrunarnefndir og öldrunarmálaráð verði felld niður og þjónustuhópur aldraðra taki við hlutverki þeirra. Með því er verið að taka mið af reynslu og einnig er það til hagræðis og einföldunar. Slíkur þjónustuhópur á að vera í hverju heilsugæsluumdæmi og skipaður af sveitarstjórnum í umdæmi heilsugæslustöðvar. Einnig er fulltrúum í þjónustuhópi fjölgað úr fjórum í fimm og skulu samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna þann fulltrúa. Lögð er áhersla á þátttöku aldraðra í ákvörðunum um eigin málefni og reynt að einfalda ákvarðanatöku og framkvæmd.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fjölga fulltrúum í samstarfsnefnd um málefni aldraðra og að skipun nefndarmanna fari fram að loknum alþingiskosningum en ekki sveitarstjórnarkosningum. Samkvæmt núgildandi lögum sitja þrír fulltrúar í nefndinni, skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samkvæmt tilnefningum Öldrunarráðs Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Tveir fulltrúar munu bætast við, annar tilnefndur af Landssambandi eldri borgara og hinn án tilnefningar. Fulltrúar án tilnefningar verða því tveir og skal annar þeirra hafa fagþekkingu á málefnum aldraðra.

Talið var nauðsynlegt að stækka nefndina vegna mikilvægis verkefna hennar. Nefndin fer með stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra en árlegt ráðstöfunarfé hans er um hálfur milljarður króna. Nefndin ber því mikla ábyrgð og þótti rétt að dreifa henni á fleiri hendur. Það er einnig í samræmi við nútímastjórnsýsluhætti að hafa fulltrúa sérhópa með í ráðum þegar hlutast er til um mál varðandi þá og því mikilvægt að tryggja að sjónarmið aldraðra komi fram í störfum nefndarinnar. Jafnframt benda mannfjöldaspár til þess að öldruðum muni fjölga stöðugt næstu árin og áratugina. Mun málaflokkurinn því fara vaxandi og er mikil þörf fyrir fólk með fagþekkingu á málefnum aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum nr. 49/1981 en lögin voru ári síðar felld inn í lög um málefni aldraðra, nr. 91/1982. Upphaflegt markmið með sjóðnum var að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Með lögum nr. 12/1991 var hlutverki sjóðsins breytt á þann veg að heimilað var að nýta hluta af fjármagni sjóðsins til rekstrar stofnana fyrir aldraða og er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að svo verði áfram. Til að afla sjóðnum tekna var lagt sérstakt gjald (nefskattur) á skattskylda einstaklinga. Samkvæmt núgildandi lögum er gjaldið endurskoðað við afgreiðslu fjárlaga ár hvert og er því ekki breytt með frumvarpinu.

Það nýmæli er í frumvarpinu að Framkvæmdasjóður aldraðra skal styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum.

Helstu breytingar með frumvarpi þessu eru:

1. Fulltrúum í samstarfsnefnd um málefni aldraðra er fjölgað um tvo vegna mikilvægis nefndarinnar. Annar fulltrúinn er tilnefndur af Landssambandi eldri borgara en hinn er

án tilnefningar. Fulltrúar án tilnefningar verða því tveir og skal annar þeirra hafa fagþekkingu á málefnum aldraðra.
2. Þjónustuhópur aldraðra tekur við hlutverki öldrunarnefnda og öldrunarmálaráða sem verða lögð niður.
3. Sveitarstjórnir skipa fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í stað öldrunarnefnda og verður hópurinn skipaður fimm fulltrúum í stað fjögurra. Hinn nýi fulltrúi skal tilnefndur af samtökum eldri borgara á starfssvæði þjónustuhóps aldraðra.
4. Framkvæmdasjóður aldraðra skal styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum.
5. Nokkur hugtök eru sérstaklega skilgreind í lögunum, t.d. hugtakið aldraður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru tilgreind markmið með lögunum og eru þau lítillega breytt frá núgildandi lögum. Orðið hagkvæmast sem er í 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga er fellt niður þar sem slíkt er talið felast í ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu. Einnig eru ákvæði 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga um tilgang með lögunum gerð að markmiðum laganna.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu. Rétt þótti að miða skilgreiningu á orðinu aldraður við einstakling sem orðinn er 67 ára gamall og er þar tekið mið af aldursmörkum sem eru í 11. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Öldrunarmál teljast þau mál sem varða aldraða og heyra undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Ýmis önnur mál er varða aldraða, svo sem réttur til atvinnuþátttöku, falla ekki undir ákvæði frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að yfirstjórn öldrunarmála verði óbreytt, þ.e. hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Samkvæmt 2. mgr. er hlutverk heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að annast stefnumótun og áætlanagerð fyrir landið í heild í öldrunarmálum og að annast eftirlit með framkvæmd laganna. Er hlutverk ráðuneytisins óbreytt að þessu leyti en til viðbótar er gert ráð fyrir að ráðuneytið beiti sér fyrir almennri umræðu í þjóðfélaginu og kynningu á stöðu og valkostum aldraðra til að lifa sínu lífi utan eða innan stofnana. Sem dæmi um slíka kynningu gæti verið átak til að kynna hvað séu þjónustuíbúðir sem hafi framkvæmdaleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hvaða skilyrði þær þurfi að uppfylla.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um skipun samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Í frumvarpinu er gerð sú breyting að nefndin verður skipuð fimm mönnum í stað þriggja. Þá er gert ráð fyrir að skipun nefndarinnar fari fram að loknum alþingiskosningum en samkvæmt núgildandi lögum fer skipun fram að loknum kosningum til sveitarstjórna. Þar sem ráðherra skipar nefndina er talið heppilegra að hafa þann háttinn á. Tilnefningar frá Öldrunarráði Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga eru óbreyttar en gert er ráð fyrir að við bætist einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Landssambands eldri borgara. Þá verða fulltrúar sem ráðherra skipar án tilnefningar tveir, í stað eins áður, og skal annar þeirra hafa fagþekkingu á málefnum aldraðra. Þar sem margir faghópar sinna málefnum aldraðra, svo sem hjúkrunarfræðingar, lækn-

ar, félagsráðgjafar og sjúkra- og iðjuþjálfar, þótti ekki rétt að binda í lögum úr hvaða heilbrigðisstétt viðkomandi fagaðili ætti að koma.

Stækkun samstarfsnefndar um málefni aldraðra er talin mikilvæg m.a. af þeim sökum að nefndin fer með stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra en árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins er um það bil hálfur milljarður króna. Nefndin ber því mikla ábyrgð og þótti rétt að dreifa henni á fleiri hendur. Einnig er það í samræmi við nútímastjórnsýsluhætti að hafa fulltrúa sérhópa í svo mikilvægri nefnd og þótti því nauðsynlegt að tryggja þátttöku aldraðra í henni. Þá má jafnframt benda á að mannfjöldaspár benda til þess að öldruðum muni fjölga stöðugt næstu árin og áratugina. Það þýðir að málaflokkurinn sem varðar málefni þeirra mun vaxa í samræmi við það.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sérstakur starfsmaður öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu verði ritari nefndarinnar. Ekki þótti nauðsynlegt að tilgreina stöðuheiti í frumvarpinu.

Um 5. gr.

Í greininni eru talin verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Fellt er niður ákvæði um að nefndin skuli úrskurða um ágreiningsmál. Samstarfsnefndin hefur aldrei kveðið upp úrskurð um ágreiningsmál á gildistíma laganna. Ekki virðist því vera þörf á því að fela henni slíkt hlutverk. Einnig er bent á að skipun hennar þyrfti að vera með öðrum hætti ef henni væri ætlað að fara með úrskurðarvald í ágreiningsmálum. Þá er gerð sú breyting að röð 1. og 2. tölul. í núgildandi lögum er víxlað. Þótti rökréttara að hafa það verkefni nefndarinnar að vera heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til ráðuneytis um málefni aldraðra á undan því verkefni að vera tengiliður ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra. Að öðru leyti er ákvæðið óbreytt.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þjónustuhópar aldraðra taki við hlutverki öldrunarnefnda og öldrunarmálaráða samkvæmt núgildandi lögum. Það skipulag að hafa öldrunarnefndir, öldrunarmálaráð og þjónustuhópa aldraðra á hverju starfssvæði þótti fremur flókið og óljóst hvaða tilgangi það þjónaði. Þjónustuhópar aldraðra hafa aðallega sinnt vistunarmati en samkvæmt frumvarpinu víkkar starfssvið þeirra.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar gera ráð fyrir að þjónustuhópar aldraðra verði styrktir frá því sem er í núgildandi lögum, sérstaklega þar sem þeir taka við hlutverki öldrunarnefnda og öldrunarmálaráða. Skipun þjónustuhópa verður formlegri og sveitarstjórnir skipa fulltrúa í hópana þar sem sveitarfélög bera ábyrgð á öldrunarþjónustu í hverju byggðarlagi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í þjónustuhópi verði fimm fulltrúar í stað fjögurra, þar af einn úr hópi aldraðra, læknir, hjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi. Héraðslæknar hafa umsjón með heilbrigðisstarfi og sjá um að lögum og reglum um heilbrigðismál sé framfylgt í átta læknishéruðum landsins. Það þótti því rökrétt að héraðslæknir tilnefndi lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu, í þjónustuhóp aldraðra. Það er nýmæli í frumvarpinu að samtök eldri borgara á svæðinu tilnefni einn fulltrúa úr sínum röðum. Tveir fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar en annar þeirra skal vera félagsráðgjafi sé þess kostur. Loks er lagt til að sveitarstjórnir velji þjónustuhópnum formann.

Um 8. gr.

Í greininni eru talin upp verkefni þjónustuhóps aldraðra á starfssvæði hópsins. Þjónustuhópurinn heldur þeim verkefnum sem hann hefur samkvæmt núgildandi lögum en við bætast verkefni sem áður heyrðu undir öldrunarnefndir og öldrunarmálaráð, t.d. að gera tillögur um öldrunarþjónustu á starfssvæði þjónustuhópsins. Önnur verkefni sem öldrunarnefndir hafa samkvæmt núgildandi lögum heyra undir aðra aðila. Eftirlit með ákvæðum staðla eða reglugerða heyrir undir héraðslækna samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða er ýmist á hendi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eða sveitarstjórna.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra og er sjóðnum ætlað að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt. Er það hlutverk sjóðsins óbreytt frá núgildandi lögum (1. tölul. 2. mgr.).

Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum nr. 49 frá 29. maí 1981 og var markmið með sjóðnum að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Framkvæmdasjóður aldraðra hefur árlega haft til ráðstöfunar um hálfan milljarð króna og gerir samstarfsnefnd um málefni aldraðra tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ráðstöfun fjárins, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Með lögum nr. 12/1991, um breytingu á lögum um málefni aldraðra, var hlutverki sjóðsins breytt á þann veg að heimilað var að nýta hluta af fjármagni sjóðsins til rekstrar stofnana fyrir aldraða. Frá þeim tíma hefur allt að 55% af fjármagni sjóðsins, hátt í 300 milljónir króna, verið notað árlega til rekstrar stofnana. Í frumvarpinu (4. tölul. 2. mgr.) er gert ráð fyrir að fjármagni skuli áfram varið til að styrkja rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum.

Í 2. tölul. 2. mgr. er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni nauðsynlegar endurbætur og breytingar sem þarf að gera á húsnæði til að sníða það að þörfum aldraðra íbúa og er það óbreytt frá núgildandi lögum. Í frumvarpinu er fellt brott sérstakt ákvæði um að sjóðurinn skuli leggja til fé í viðhald húsnæðis þar sem það felst í rekstri stofnana enda er gert ráð fyrir að við ákvörðun daggjalda verði ákveðnu hlutfalli af daggjaldataxta varið til viðhalds og tækja (4,8%).

Þjónusta fyrir aldraða er í örri þróun og verður sífellt fjölbreyttari. Stefnt er að því að sníða hana sem best að þörfum íbúa á hverjum stað. Frumvarpið gerir ráð fyrir að það verði eitt af hlutverkum Framkvæmdasjóðs aldraðra að styrkja ýmis þróunarverkefni (3. tölul. 2. mgr.) sem miða að því að bæta þá þjónustu sem í boði er. Sjóðurinn hefur styrkt slík þróunarverkefni undanfarin ár þrátt fyrir að ekki sé beinlínis kveðið á um það í núgildandi lögum. Þekkt þróunarverkefni sem hafa verið styrkt eru mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum og vistunarmat.

Sum fámenn sveitarfélög hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að reka heimaþjónustu eins og þörf hefur verið á. Samkvæmt núgildandi lögum hafa styrkir verið veittir úr Framkvæmdasjóðnum til sveitarfélaga þegar þannig stendur á til að aldraðir geti áfram búið í sinni heimabyggð. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ákvæði þetta verði óbreytt (3. tölul. 2. mgr.).

Nauðsynlegt er að bæta þekkingu á öldrunarmálum í þjóðfélaginu þar sem hlutfall aldraðra á eftir að hækka verulega næstu áratugina. Kynna þarf málefni aldraðra fyrir almenningi til að auka skilning á aðstæðum þeirra og aðbúnaði. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að það verði hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra að veita fjármagn til að styrkja kennslu og kynningu á öldrunarmálum (5. tölul. 2. mgr.).

Undir önnur verkefni sem Framkvæmdasjóður aldraðra styrkir (6. tölul. 2. mgr.) fellur ýmislegt, t.d. ófyrirsjáanleg útgjöld sem samrýmast hlutverki sjóðsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að um framkvæmdir skuli fara eftir því sem við á samkvæmt lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Ákvæðið er samhljóða 13. gr. núgildandi laga um málefni aldraðra.

Um 10.–12. gr.

Ákvæðin eru óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar eru um opna öldrunarþjónustu.

Í 1. tölul. er fjallað um heimaþjónustu og ákvæðinu breytt á þann veg að rík áhersla er lögð á að mat á þjónustuþörf sé einstaklingsbundið. Einnig er það nýmæli að leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða og árangursmarkmið að leiðarljósi. Fellt er út ákvæði um að í hverju sveitarfélagi skuli reka heimaþjónustu fyrir aldraða þar sem ljóst er af lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að í hverju sveitarfélagi skuli reka heimaþjónustu.

Í 2. tölul. er fjallað um þjónustumiðstöðvar aldraðra og er ákvæðinu örlítið breytt efnislega frá núgildandi lögum. Ákvæðið tekur til þjónustumiðstöðva sem eru starfræktar af sveitarfélögum og er tilgreint hvaða þjónustu þær skulu veita.

Í 3. tölul. er fjallað um dagvist aldraðra og er ákvæðið nokkuð breytt frá núgildandi lögum. Dagvist aldraðra er skilgreind sem stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Slík skilgreining er ekki í núgildandi lögum. Dagvistun felst í því að einstaklingar geta dvalið daglangt, eða hluta úr degi, á stofnun þar sem þeir fá ýmiss konar þjónustu og stuðning. Markmið með dagvist aldraðra er að aðstoða einstaklinginn við að viðhalda og auka hæfni sína til að takast á við breytingar á heilsufari og félagslegri stöðu. Dagvistun getur leyst vanda þeirra sem geta því aðeins búið áfram heima að þeir séu undir stöðugu eftirliti. Hún er mikilvægur þáttur í að rjúfa einsemd, tryggja næringu, aðstoða við persónulegt hreinlæti og almennt að styðja aldraða við að ráða fram úr viðfangsefnum daglegs lífs. Fólk sem þarf á dagvist að halda getur sótt hana daglega eða ákveðna daga. Dagvistun hefur reynst vel hér á landi sem mikilvægur fyrirbyggjandi þáttur með tilliti til stofnanadvalar og er því talið rétt að renna frekari stoðum undir ákvæði um dagvist. Í frumvarpinu er einnig tekið fram að í dagvist aldraðra skuli veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu og er það breyting frá núgildandi lögum.

Í 4. tölul. er fjallað um þjónustuíbúðir aldraðra og er ákvæðið efnislega óbreytt frá núgildandi lögum. Talið var rétt að leggja áherslu á að íbúar þjónustuíbúða skuli eiga rétt á sömu heima- og vaktþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins. Þjónustuíbúðir fyrir aldraða þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur um öryggiskerfi og þjónustu. Brögð hafa verið að því að húsnæði hafi verið selt sem þjónustuhúsnæði fyrir aldraða án þess að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt. Þess eru einnig dæmi að félagslega þjónustu sé að finna í næsta nágrenni við íbúðir sem aldraðir búa í en að íbúar þar hafi ekki aðgang að þjónustunni. Mikilvægt er að íbúðir sem fá þann gæðastimpil að vera þjónustuíbúðir fyrir aldraða standi undir nafni.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um stofnanir fyrir aldraða og er ákvæðið nánast óbreytt efnislega þó að orðalagi sé breytt nokkuð. Í 2. tölul. 1. mgr. er nýmæli um að möguleiki skuli vera á að

einstaklingar geti komið til skammtímavistunar sé þess þörf. Hér er t.d. um að ræða hvíldarinnlögn þar sem aldrað fólk í heimahúsum nýtur aðstoðar aðstandenda.

Um 15. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum. Þó er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skuli þjónustuhópur aldraðra meta þörf hans fyrir önnur úrræði, t.d. opna öldrunarþjónustu.

Um 16.–18. gr.

Ákvæðin eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 19. gr.

Ákvæðið fjallar um þátttöku í kostnaði af dagvist og er óbreytt frá núgildandi lögum að öðru leyti en því að hámark þátttöku miðast við óskertan grunnlífeyri. Er orðinu óskertur bætt við þar sem grunnlífeyrir almannatrygginga skerðist við aðrar tekjur.

Um 20.–24. gr.

Ákvæðin eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 25. gr.

Ákvæði frumvarpsins munu einnig gilda um þær stofnanir sem starfandi eru við gildistöku laganna. Þetta ákvæði er í 23. gr. núgildandi laga en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að síðari hluti 23. gr. falli brott. Í ákvæðinu sem er fellt brott segir að stefnt sé að því að innan þriggja ára hafi stofnanir uppfyllt þær kröfur um gerð og búnað er felist í 18. gr. núgildandi laga enda hafi Framkvæmdasjóður aldraðra bolmagn til að styrkja framkvæmdir af þessu tagi. Síðari hluti 23. gr. var í lögum um málefni aldraðra, nr. 91/1982, og var settur til að tryggja að þær stofnanir sem voru starfandi við gildistöku þeirra laga uppfylltu kröfur sem lögin kváðu á um. Má reikna með að stofnanir hafi þegar uppfyllt þessar kröfur á þeim 16 árum sem liðin eru frá því að ákvæðið var upphaflega sett.

Um 26. og 27. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um málefni aldraðra.

Í lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, er kveðið á um endurskoðun þeirra innan fimm ára frá gildistöku. Við endurskoðun laganna hefur framsetningu þeirra verið nokkuð breytt auk þess sem gert er ráð fyrir nokkrum efnislegum breytingum. Breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir og hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs eru fyrst og fremst ákvæði um fjölgun fulltrúa í samstarfsnefnd um málefni aldraðra um tvo. Gert er ráð fyrir að kostnaðarauki verði óverulegur verði frumvarpið óbreytt að lögum.

201. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Már Sigurðarson, Mörður Árnason.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sérfræðinga sem hafi það verkefni að kanna og gera tillögur um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota, einkum barna og unglinga.

Verkefni nefndarinnar verði að gera ítarlega úttekt á stöðu þolenda kynferðisbrota og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu. Sérstaklega skal skoða lagaákvæði er varða starfshætti dómstóla og hvort þörf er á að herða refsiúrræði. Einnig skal nefndin leggja fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömb kynferðisbrota eiga kost á.

Í úttektinni skal jafnframt kanna hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum hægt er að beita, m.a. gagnvart gerendum, til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi. Jafnframt skal nefndin leitast við að benda á leiðir sem eru færar til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra verknaðinn.

Tillögur nefndarinnar og úrbætur skulu lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en á haustþingi árið 2000.

Greinargerð.

Kynferðisbrot gegn börnum þjóðarinnar er einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja, enda ljóst að hann getur eyðilagt líf þolenda.

Á 121. löggjafarþingi veturinn 1996–97 svaraði félagsmálaráðherra fyrirspurn um kynferðislega misnotkun á börnum. Þar kom fram að á árunum 1992–96 hefðu barnaverndarnefndir fengið til meðferðar 465 mál vegna meintrar kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis gegn börnum og áttu þar hlut að máli 560 börn yngri en 16 ára. Athyglisvert var að aðeins var birt ákæra í 45 málum af 465, eða um 10% þeirra mála sem barnaverndarnefndir fengu til meðferðar. Gerendur voru sakfelldir enn færri málum, eða í um 35 þeirra.

Í svarinu kom jafnframt fram að búast mætti við að árlega þurfi ekki færri en 50 börn á sérhæfðri meðferð að halda vegna kynferðisofbeldis. Væru fjölskyldur þeirra reiknaðar með mætti áætla að á annað hundrað manns þyrfti á stuðningi og meðferð að halda á ári hverju. Engin hópmeðferð stæði þessum börnum til boða en áfallameðferð og langtímameðferð væri sjaldnast skipulögð af barnaverndarnefndum, enda væru lagaskyldur á því sviði óljósar.

Á Alþingi 1997–98 var flutt frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum í þá veru að lágmarksrefsing fyrir kynferðisbrot gegn börnum yrði eitt ár, en lengi hefur verið kveðið á um eins árs lágmarksrefsingu við nauðgunarbrotum. Sérkennilegt er að ákvæði um lágmarksrefsingu á ekki við um kynferðisbrot gegn börnum. Í yfirliti um refsidóma sem birt var á Alþingi fyrir nokkrum árum komu fram fimm dómar í kynferðisbrotum gegn börnum þar sem refsing var ákveðin 2–30 mánaða fangelsi. Aftur á móti leiddi ákvæði laga um lágmarksrefsingu fyrir nauðgun til þess að í tíu dómum sem gengu í nauðgunarmálum var refsing ákveðin 12–48 mánaða fangelsi. Nauðsynlegt er að skoða ítarlega hvaða rök séu fyrir því að refsingar fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum eigi að vera vægari en refsingar fyrir nauðganir.

Mikla athygli hefur vakið nýgenginn sýknudómur Hæstaréttar yfir ákærðum manni, föður sem dóttir hafði kært fyrir gróft kynferðisbrot og héraðsdómur dæmt í þriggja og hálfs árs fangelsi.

Víst er að mörgum þykir þessi sýknudómur mjög óréttlátur og þeir finna ekki fullnægjandi skýringu á niðurstöðunni. Spurt er hvaða skilaboð sýknudómurinn beri annars vegar til barna og unglinga sem hafa orðið fyrir kynferðisbrotum og til kynferðisbrotamanna hins vegar.

Að öllu samanlögðu er ljóst að varðandi kynferðisbrotamál er alvarleg brotalöm í réttarfarinu sem brýnt er að gera úttekt á og endurskoða. Megintilgangur þessarar tillögu er að sérfræðingar verði fengir til að gera ítarlega úttekt á öllu réttarfari í kynferðisbrotamálum, einkum þeim er snerta börn og unglinga. Eins og lagt er til hér þarf úttektin að vera víðtæk og finna verður hvar í réttarfarinu þessi brotalöm er. Athuga þarf hvaða úrbætur eru nauðsynlegar á allri málsmeðferðinni, frá því að kæra berst og þar til úrskurður dómstóla liggur fyrir.

Sérstaklega þarf að skoða aðgerðir sem varða stöðu brotaþola kynferðisofbeldis í réttar- og dómskerfinu og hvort herða þurfi refsiúrræði og þá hvernig. Sömuleiðis er brýn þörf á að bæta stuðning og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb kynferðisbrota. Þá þarf að benda á mögulegar leiðir til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn. Einnig verður að huga að fyrirbyggjandi aðgerðum svo að börn verði ekki þolendur. Í því sambandi hlýtur staða gerenda eða kynferðisbrotamanna að verða skoðuð og þau meðferðarúrræði sem þeim gefst kostur á, en oftar en ekki er um mjög sjúka einstaklinga að ræða.

Enn fremur verður að athuga refsiákvæði og starfshætti dómstóla, m.a. meta hvort skylt ætti að vera að kveðja til meðdómendur með sérfræðikunnáttu þegar fjallað um kynferðisbrot gegn börnum. Jafnframt þarf að kanna hvernig betur er hægt að tryggja aðbúnað og aðstöðu þeirra sem leita réttar síns vegna kynferðisbrota, enda ljóst að hér er um mjög vandmeðfarin tilfinningamál að ræða og ber opinberum aðilum skylda til að auðvelda þolendum kæru- og dómsferilinn eins og kostur er.

Mikilvægt er að í nefndinni, sem skipa á samkvæmt tillögunni, verði sérfræðingar á sviði kynferðisbrota. Flutningsmenn leggja áherslu á að í nefndina verði m.a. skipaðir fulltrúar stéttarfélaga geðlækna, félagsráðgjafa og sálfræðinga, auk fulltrúa Barnaverndarstofu, Stígamóta og lögregluyfirvalda.

Skoðun flutningsmanna þessarar tillögu er að víðtæk sátt ætti að nást á Alþingi um að láta gera slíka úttekt, enda ætti hún að leiða til úrbóta í kynferðisbrotamálum og bættrar stöðu þolenda.

202. Frumvarp til laga [175. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingum.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

1. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi ungmenna sem haldið var í Alþingishúsinu við Austurvöll dagana 29.–31. mars 1999 var samþykkt ályktun um ungt fólk og menntun á 21. öldinni. Ályktunin er um margt athyglisverð en hún hefst á þessum orðum: „Alþingi ungmenna ályktar að stuðlað skuli að því að á nýrri öld hafi allir landsmenn jafnan aðgang og rétt til náms óháð búsetu, námsgetu, fötlun, efnahag eða öðrum aðstæðum.“ Fjallað er um það í tíu liðum til hvers skuli sérstaklega litið og eitt þeirra atriða er að endurinnritunargjöld í framhaldsskólum skuli „með öllu afnumin“.

Menntamálaráðherra gaf út reglugerð um endurinnritunargjald 16. maí 1997, nr. 333/1997. Setning reglugerðarinnar byggist á 3. mgr. 7. gr. laga um framhaldsskóla, en málsgreinin fellur brott verði frumvarpið að lögum. Gjald þetta hefur verið nefnt fallskattur en samkvæmt reglugerðinni er framhaldsskólum heimilt að innheimta sérstakt gjald af nemendum við endurinnritun í bekkjardeild eða námsáfanga. Ekki hafa allir skólar nýtt sér heimild til innheimtu gjaldsins. Samkvæmt svörum menntamálaráðherra við fyrirspurn á 123. löggjafarþingi, en þá hafði gjaldið verið innheimt í þrjár annir, nam upphæðin í heild um 6 millj. kr. þannig að ekki er um háa fjárhæð að ræða. Í umræðum um gjaldið á Alþingi ungmenna kom berlega fram að framhaldsskólanemum var engan veginn ljóst hver tilgangurinn með innheimtu gjaldsins var, nema þá sem fallskatts sem þau efuðust um að ætti að leggja á nemendur því að ýmislegt, svo sem gæði kennslu og framboð á viðeigandi námi, gæti haft áhrif á námsframvindu einstaklings. Niðurstaða þeirra var því sú að rétt væri að afnema endurinnritunargjöld með öllu, eins og segir í ályktuninni um ungt fólk og menntun á 21. öld.

Með þessu frumvarpi er lagt til að fella burt þá lagagrein sem endurinnritunargjaldið hvílir á og mæta þannig vilja ungmennanna sem töluðu svo skýrt á Alþingi ungmenna síðasta vor.

203. Frumvarp til laga [176. mál]

um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, sbr. lög nr. 47 16. maí 1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Skal gjaldið nema 5,63 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu og er ráðherra heimilt að hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá síðustu hækkun gjaldsins. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja umsýsluþóknun á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 3,00 kr. á umbúðir úr stáli, 2,20 kr. á umbúðir úr gleri, 1,60 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 0,70 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í umhverfisráðuneytinu að beiðni Endurvinnslunnar hf. um að endurskoðuð yrðu ákvæði um umsýsluþóknun í lögum nr. 52 29. maí 1989. Af hálfu Endurvinnslunnar hf. hefur komið fram að fyrirsjánlegt sé að tap verði á rekstri félagsins og eru engar horfur á að ástandið breytist að óbreyttum lögum. Endurvinnslan telur nauðsynlegt að hækka umsýsluþóknun frá því sem lögin kveða á um til að tryggja fyrirtækinu rekstrargrundvöll þannig að það geti staðið undir kostnaði við þau verkefni sem það hefur tekið að sér.

Endurvinnslan hf. var stofnuð 7. júní 1989 á grundvelli 2. gr. laga nr. 52/1989 og hefur ríkissjóður átt aðild að félaginu og fulltrúa í stjórn þess frá upphafi. Umhverfisráðherra fer með framkvæmd laga nr. 52/1989, sbr. lög nr. 47/1990.

Samkvæmt lögum nr. 52/1989 ber Endurvinnslunni hf. að taka að sér umsýslan skilagjalds sem lagt er á einnota umbúðir samkvæmt lögunum svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða er falla undir lögin. Endurvinnslunni ber að sjá um að koma upp og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 282/1994, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar. Samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 52/1989 var samið við félagið um að það fengi umsýsluþóknun til að standa undir rekstri og auk þess skilagjald af þeim umbúðum sem ekki er skilað.

Samkvæmt lögunum ber að leggja skilagjald á allar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málmi, gleri eða plastefni hvort sem þær eru innfluttar eða framleiddar eða átappaðar hér á landi og getur fjárhæð skilagjalds verið að hámarki 10,00 kr. á hverja umbúðaeiningu. Heimilt er að hækka þessa hámarksfjárhæð í samræmi við breytingar á verði drykkjarvaranna frá gildistöku laganna. Þetta hefur ekki verið gert og er skilagjald nú, samkvæmt reglugerð nr. 282/1994, 5,63 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu og er hin sama fyrir allar tegundir einnota umbúða fyrir utan stálumbúðir en skilagjald þeirra er 8,00 kr. á hverja umbúðaeiningu án virðisaukaskatts eftir breytingar sem gerðar voru á reglugerð nr. 282/1994 með 1. gr. reglugerðar nr. 446/1996. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja á umsýsluþóknun sem skal vera að hámarki 5% af skilagjaldi

Umsýsluþóknunin er í eðli sínu gjald fyrir söfnun og endurvinnslu eða eyðingu einnota umbúða er falla undir lögin og fyrir aðra tengda umsýslu. Ráðherra nýtti sér fyrrgreinda heimild að fullu þegar árið 1990 en þá kom í ljós að rekstrarskilyrði Endurvinnslunnar hf. reyndust mun verri en búist hafði verið við. Skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52/1989 skal við ákvörðun umsýsluþóknunar við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að skv. 4. mgr. 3. gr. laganna skal félagið greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs. Umsýsluþóknun, sem samkvæmt framansögðu er 5% af skilagjaldi, er 0,28 kr. án virðisaukaskatts á einnota umbúðir úr plasti, áli og gleri en 0,40 kr. á umbúðir úr stáli.

Helstu breytingar sem gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu er hækkun umsýsluþóknunar á umbúðir úr stáli, gleri og plastefni. Einnig er lagt til að tekið verði upp það fyrirkomulag að hafa umsýsluþóknunina misháa eftir tegundum einnota umbúða. Ástæður fyrir því að þessar breytingar eru lagðar til eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi var á undirbúningstíma fyrir setningu laganna reiknað með miklum tekjum af sölu áldósa. Álverð var hátt á síðari hluta níunda áratugarins en hefur síðan verið mjög sveiflukennt. Á undanförnum árum hefur álverð verið lágt. Tekjur Endurvinnslunnar hf. af áldósum hafa verið allmiklar öll árin sem félagið hefur verið í rekstri en þó langt frá því að vera jafnmiklar og traustar og reiknað var með þegar forsendur reksturs félagsins voru metnar í upphafi.

Í öðru lagi gefa plastflöskur litlar tekjur nú. Horfur á verðþróun eru slæmar vegna ástands á heimsmarkaði. Söluverð plastflaskna er enn þá hærra en flutningskostnaður til kaupanda erlendis en þróunin á mörkuðum og í verðlagi er óhagstæð vegna stóraukinnar söfnunar plastflaskna í Evrópu og á fleiri markaðssvæðum, ásamt miklu framboði af ódýru hráefni frá Asíu. Lagt er til að hærri umsýsluþóknun verði lögð á litaðar plastflöskur en á ólitaðar. Það er gert í ljósi þess að mjög erfitt og kostnaðarsamt er að koma slíkum umbúðum til endurvinnslu og ekki útlit fyrir að það breytist. Litaðar plastföskur eru við þessar aðstæður óumhverfisvænar.

Í þriðja lagi hefur samsetning umbúðategunda breyst verulega frá því að lögin voru sett. Upphaflega var gert ráð fyrir að hlutfall áldósa af seldum einnota drykkjarvöruumbúðum yrði 70–80%, en þá var ekki reiknað með söfnun og endurvinnslu eða eyðingu glerja. Hefur hlutfall áls reynst mun lægra en búist var við og hafa einkum plastflöskurnar aukið verulega hlut sinn á markaðinum á kostnað áldósanna. Gera má ráð fyrir því að sú þróun haldi áfram. Af skilum nú er hlutfall áldósa um 39%, plastflaskna um 44%, glerflaskna um 16% og stáldósa um 1%. Rekstur Endurvinnslunnar hf. hefur eins og fyrr segir frá upphafi byggst mikið á sölutekjum af áli og er þessi þróun því mjög óhagstæð rekstrinum. Plastflöskurnar taka mikið pláss og eru því kostnaðarsamar í flutningi frá umboðsaðilum Endurvinnslunnar hf. á landsbyggðinni. Tekjur af sölu þeirra eru auk þess litlar, eins og fyrr segir. Hlutfall glerflaskna hefur einnig hækkað verulega undanfarin tvö ár en á þeim tíma hefur fjöldi umbúða úr gleri aukist um 33% en heildarfjöldi umbúða í heild jókst um 16%. Upphaflega var ekki lagt skilagjald á einnota umbúðir úr gleri en ákveðið var að gera það 1991 og byrjaði Endurvinnslan hf. þá að safna þeim. Yfir 90% af glerflöskum er fargað þar sem aðeins eitt fyrirtæki, Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., kaupir aftur þær bjórflöskur sem félagið tappar á. Allar aðrar glerflöskur eru brotnar niður og urðaðar. Eru einnota glerflöskur því óvistvænar umbúðir fyrir drykkjarvörur. Mjög kostnaðarsamt er að flytja þær til Endurvinnslunnar hf., mala þær niður og flytja glermulninginn til urðunar en engar tekjur fást af sölu hans. Með reglugerð nr. 446/1996 var spornað við notkun á stáldósum hér á landi vegna erfiðleika við endurvinnslu þeirra. Skilagjald þeirra var hækkað í 8,00 kr. án virðisaukaskatts. Hefur þetta tvímælalaust haft áhrif en hlutfall stáldósa er nú um 2% af dósamarkaðinum. Vandasamt er að endurvinna stáldósirnar auk þess sem erfitt hefur reynst að selja þær. Verði frumvarp þetta að lögum mun skilagjald á stáldósir lækka að nýju í 5,63 kr. en aftur á móti hækkar umsýsluþóknun vegna þeirra.

Í fjórða lagi hafa skil umbúða miðað við sölu verið mun meiri en búist var við, eða 84–86% síðustu ár. Eins og fyrr segir fær Endurvinnslan hf. í sinn hlut skilagjald af þeim umbúðum sem ekki er skilað án þess að þurfa að hafa af þeim nokkurn kostnað. Þannig vinnur hærra hlutfall skila með vissum hætti gegn afkomu félagsins en með ákvæðum um lágmarksárangur og með aðild ríkisins að félaginu er stuðlað að því að þetta hafi ekki áhrif á rekstur þess, eins og bent var á í athugasemdum þess frumvarps sem varð að lögum nr. 52/1989. Í forsendum fyrir rekstri skilagjaldakerfis í upphafi var talið að félagið gæti staðið undir 75% skilum án þess að tap yrði á rekstrinum.

Í fimmta lagi hefur Endurvinnslan hf. beitt sér fyrir aukinni þjónustu á höfuðborgarsvæðinu til að auðvelda og auka skil umbúða. Stórmarkaðir hafa flestir hætt móttöku á einnota umbúðum. Við því þurfti að bregðast til að skil umbúða yrðu ekki lakari. Gerður var samstarfssamningur við Sorpu haustið 1998 um móttöku skilagjaldsskyldra umbúða á öllum átta móttökustöðum Sorpu á höfuðborgarsvæðinu. Ef þessi samningur hefði ekki komið til hefði Endurvinnslan hf. þurft að opna móttökustaði með tilheyrandi kostnaði. Þó að samningurinn

við Sorpu hafi verið hagkvæmur í því tilliti felur hann samt í sér verulegan kostnaðarauka í rekstri Endurvinnslunnar hf.

Framangreind atriði hafa verulega breytt rekstrarforsendum Endurvinnslunnar hf. miðað við það sem upphaflega var gert ráð fyrir og einnig miðað við reksturinn undanfarin ár. Vægi umsýsluþóknunar átti upphaflega að vera lítið á móti t.d. sölu á áli og óendurgreiddu skilagjaldi af umbúðum sem ekki yrði skilað inn. Rekstur Endurvinnslunnar hf. hefur staðið undir sér fram að þessu enda tókst félaginu óvænt að verða sér úti um verulegar tekjur á markaði fyrir endurunnið plast í Evrópu sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í upphaflegum áætlunum. Rekstraráætlun fyrir árið 1999 gerir hins vegar ráð fyrir verulegu tapi og ekki eru horfur á að ástandið muni batna að óbreyttri löggjöf. Vegna lögákveðinna rekstrarforsendna Endurvinnslunnar hf. hefur félagið ekki getað velt lækkuðum tekjum og auknum gjöldum vegna hinnar óhagstæðu þróunar, sem gerð var grein fyrir hér að framan, og vegna almenns kostnaðarauka í þjóðfélaginu út í verðlag vöru sinnar. Hefur Endurvinnslan hf. þegar hagrætt verulega í rekstri sínum og hefur kostnaður á hverja einingu lækkað úr 3,73 kr. á hverja umbúðaeiningu árið 1990, miðað við verðlag 1998, niður í 2,67 kr. á hverja umbúðaeiningu árið 1998.

Þannig þykir einsýnt að umsýsluþóknun þurfi að hækka frá því sem lög nr. 52/1989 kveða á um til að tryggja Endurvinnslunni hf. rekstrargrundvöll. Í frumvarpinu er lagt til að við hækkunina verði umsýsluþóknunin mishá eftir tegundum umbúða eins og gert er á Norðurlöndunum. Byggist þessi tillaga á tvenns konar sjónarmiðum. Í fyrsta lagi er tekið mið af gjöldum og tekjum sem leiða af söfnun og endurvinnslu eða eyðingu hverrar umbúðartegundar fyrir sig þannig að umsýsluþóknun fyrir óhagkvæmari tegundirnar verði hærri. Í öðru lagi er ýtt undir notkun vistvænna umbúðategunda með því að hækka umsýsluþóknun umbúðategunda sem erfitt er að endurvinna en það ætti að draga úr notkun þeirra. Umhverfissjónarmið mæla með því að unnt sé að endurnýta með einhverjum hætti sem hæst hlutfall af þeim umbúðum sem skila sér inn. Áldósir, stáldósir og ólitaðar plastflöskur eru bræddar upp og notaðar aftur í ýmsu skyni en glerflöskur og litaðar plastflöskur eru eingöngu að mjög takmörkuðu leyti endurnýttar. Tillögur að fjárhæð umsýsluþóknunar í frumvarpi þessu hafa verið miðaðar við þessi sjónarmið. Þrátt fyrir óhagstæða þróun á álverði á mörkuðum mundi endurvinnsla á áli enn standa undir sér þótt engin umsýsluþóknun væri lögð á umbúðir úr áli. Þar sem umsýsluþóknun í frumvarpi þessu tekur mið af gjöldum og tekjum vegna hverrar umbúðategundar fyrir sig þykir ekki rétt að leggja til að haldið verði áfram að leggja umsýsluþóknun á ál til þess að fjármagna endurvinnslu á öðrum umbúðategundum. Lagt er til að umsýsluþóknun án virðisaukaskatts á umbúðir úr lituðu plastefni verði 1,60 kr. en 0,70 kr. fyrir ólitað plastefni, á umbúðir úr gleri verði hún 2,20 kr. og á umbúðir úr stáli verði hún 3,00 kr. Verði frumvarpið að lögum mun því umsýsluþóknun fyrir ál lækka úr 0,28 kr. í ekkert, fyrir litað plast mun umsýsluþóknun hækka úr 0,28 kr. í 1,60 kr., en úr 0,28 kr. í 0,70 kr. fyrir ólitað plastefni. Umsýsluþóknun fyrir stál mun hækka úr 0,40 kr. í 3,00 kr. og fyrir gler mun hún hækka úr 0,28 kr. í 2,20 kr.

Lagt er til að skilagjald verði óbreytt á einnota umbúðir úr áli, gleri og plasti, en það er 5,63 kr. án virðisaukaskatts. Verði frumvarp þetta að lögum mun skilagjald fyrir stálumbúðir hins vegar lækka úr 8,00 kr. í 5,63 kr. Rétt þykir að skilagjald sé hið sama fyrir allar tegundir umbúða sem falla undir lögin en að umsýsluþóknun verði mismunandi eftir tegund umbúða og um ástæður þess er vísað til þess sem að framan er rakið.

Lagt er til að skilagjald verði ekki lengur tengt við breytingar á verði drykkjarvara heldur við breytingar á vísitölu neysluverðs. Drykkjarvörumarkaðurinn lýtur sérstökum lögmálum, t.d. lækkaði almennt verð drykkjarvara verulega fyrstu árin eftir að lög nr. 52/1989 voru

samþykkt. Ekki þykja rök fyrir því að tengja þróun skilagjalds eingöngu við verð drykkjarvara, enda verður að taka tillit til annarra atriða við ákvörðun þess, svo sem mikilvægis þess að drykkjarvöruumbúðir skili sér en neytendur eru síður líklegir til að skila umbúðum ef skilagjald er lágt.

Gerð er tillaga um að í stað þess að tilgreina málm sem umbúðaeiningu í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna verði talað um ál og stál en það eru þær umbúðir drykkjarvara úr málmi sem falla undir lögin.

Í frumvarpinu er lagt til að skilagjald verði fastákveðin krónutala eða 5,63 kr. en það er upphæð skilagjaldsins nú án virðisaukaskatts.

Lagt er til að ráðherra hafi heimild til að hækka hámarksfjárhæð skilagjalds á hverja umbúðaeiningu í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs í stað þess að miða við breytingar á verði drykkjarvara. Verði frumvarpið samþykkt verður grunnvísitala sú vísitala sem í gildi var við síðustu hækkun gjaldsins á árinu 1994.

Loks er lagt til að umsýsluþóknun hækki frá því sem gildandi lög kveða á um nema umsýsluþóknun fyrir umbúðir úr áli. Lagt er til að fjárhæðin verði mishá eftir tegundum umbúða. Umsýsluþóknunin er samkvæmt tillögunni ekki lengur prósenta af skilagjaldi heldur ákveðin sjálfstætt fyrir hverja umbúðategund.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, sbr. lög nr. 47 16. maí 1990.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að endurskoða ákvæði um umsýsluþóknun sem lögð er á hverja einnota umbúðaeiningu undir drykkjarvörur til að koma í veg fyrir hugsanlegan taprekstur Endurvinnslunnar hf. Í núgildandi lögum er umsýsluþóknunin hlutfall af skilagjaldi en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að gjaldið verði föst krónutala, mishá eftir gerð umbúða, og miðast við förgunarkostnað. Áætlað er að tekjuauki Endurvinnslunnar verði um 44 m.kr. við þessar breytingar og reikna má með að sá kostnaður skili sér í verðlagi drykkjarvara.

Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi í för með kostnað fyrir ríkissjóð, verði frumvarpið óbreytt að lögum, og telja má víst að arðgreiðslur til ríkissjóðs haldist óbreyttar en ríkissjóður á 17,83% í Endurvinnslunni hf.

204. Fyrirspurn [177. mál]

til iðnaðarráðherra um samstarf eða samruna á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir samruna, sameiningu eða frekara samstarfi stofnana og sjóða hjá hinu opinbera á sviði rannsókna og nýsköpunar?

205. Fyrirspurn [178. mál]

til iðnaðarráðherra um smíði skipa.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve mörg skip lengri en 15 m eru nú í smíðum fyrir Íslendinga
   a. innan lands,
   b. erlendis?
   Fram komi í hvaða löndum þau eru smíðuð.
2. Hve mörg ný skip lengri en 15 m voru smíðuð fyrir Íslendinga á árunum 1995–98
   a. innan lands,
   b. erlendis?
   Fram komi í hvaða löndum þau voru smíðuð.
3. Hefur eða hafði Siglingastofnun Íslands eftirlit með smíði skipa sem spurt er um í 1. og 2. lið, og þá hve mörgum? Fram komi skipting eftir löndum varðandi þau skip sem smíðuð voru erlendis.

206. Fyrirspurn [179. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tannréttingar barna og unglinga og opinberan stuðning við þær.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hvernig er háttað opinberum stuðningi við börn og unglinga vegna nauðsynlegra tannréttinga og um hve háar fjárhæðir er að ræða? Svarið óskast sundurliðað fyrir síðustu tíu ár.
2. Hver er þessi opinberi stuðningur hlutfallslega miðað við áætluð heildarútgjöld?
3. Er haft eftirlit með því að aðstandendur leiti lækningar fyrir börn sín þegar þörf krefur og ef svo er hvernig er því háttað?
4. Er vitað hvort og þá í hversu miklum mæli fólk sækir ekki þessa læknisþjónustu fyrir börn sín vegna mikils útlagðs kostnaðar umfram opinberan stuðning?

207. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslujöfnunar í greiðslukerfum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitinu.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að taka upp í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins og Evrópuþingsins nr. 26 19. maí 1998, um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir

verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum, sem felld var inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/1999. Með því er brugðist við kerfisbundinni áhættu sem bent var á í svonefndri „Lamfalussy-skýrslu" frá 1990 sem samin var fyrir seðlabankastjóra tíu helstu iðnríkja heims. Eiga ákvæði frumvarpsins það sammerkt með reglum sem gilda á þessu sviði að með þeim er stefnt að því að tryggja eins og unnt er skilvirk og örugg fjármálaviðskipti á sameiginlegum innri markaði Evrópu.

Nefndin tók til sérstakrar skoðunar þau ákvæði frumvarpsins þar sem lagt er til að uppgjör viðskipta í greiðslukerfum verði í engu raskað þrátt fyrir að gjaldþrotameðferð sé hafin á hendur einum þátttakenda í viðskiptunum og hvort breyta þyrfti gjaldþrotalögum vegna þeirra. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Aðallega er orðalag gert skýrara og markvissara en helstu efnisbreytingar sem lagðar eru til eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að aðilum sem starfrækja greiðslukerfi verði gert skylt að veita Seðlabanka Íslands upplýsingar um beina og óbeina þátttakendur sem aðild eiga að kerfinu, svo og breytingar á þeim.
2. Lagt er til að ráðherra verði heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laganna.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. nóv. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. | Gunnar Birgisson. | Pétur H. Blöndal.

Sigríður A. Þórðardóttir. | Kristinn H. Gunnarsson. | Páll Magnússon.

Jóhanna Sigurðardóttir. | Ögmundur Jónasson.

208. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslujöfnunar í greiðslukerfum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „tilnefnt" komi: tilkynnt.
2. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „greiðslujöfnunar- og stórgreiðslukerfi" í 1. tölul. komi: fyrirkomulag.
   b. Orðin „greiðslujöfnun og" í 1. tölul. falli brott.
   c. 13. og 14. tölul. falli brott.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „tilnefna skal í samræmi við 2. mgr." í 1. mgr. komi: viðurkennt skal, sbr. 2. mgr.
   b. Í stað orðsins „tilnefnd" í 2. mgr. komi: viðurkennd.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Aðilum sem starfrækja greiðslukerfi samkvæmt þessari grein er skylt að veita Seðlabanka Íslands upplýsingar um beina og óbeina þátttakendur sem aðild eiga að kerfinu, svo og breytingar á þeim.

4. Á eftir 10. gr. komi ný grein er verði 11. gr., svohljóðandi:
Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

209. Fyrirspurn [180. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um beinþynningu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða rannsóknir hafa farið fram á beinþynningu hér á landi og hverjar hafa verið meginniðurstöður þeirra? Hversu útbreiddur er þessi heilbrigðisvandi? Hefur ráðuneytið staðið að rannsóknum á beinþynningu?
2. Hvernig er unnið að forvörnum gegn beinþynningu og hver hefur þáttur ráðuneytisins verið í þeim?
3. Er áformuð þátttaka Tryggingastofnunar í kostnaði við beinþéttnimælingar?

210. Frumvarp til laga [181. mál]

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:
Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að vátryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laga þessara og að veita styrki til rannsókna og framkvæmda sem ætlað er og sýnt er fram á að varni og dragi úr tjóni af völdum náttúruhamfara.

2. gr.

21. gr. laganna orðast svo:
Stjórn stofnunarinnar skal veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara sé sannanlega sýnt fram á að um virkar forvarnir sé að ræða. Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til fræðslu- og þjálfunarmála þeirra landssamtaka sem hafa samstarfssamning við Almannavarnir ríkisins um skipun hjálparliðs. Árleg heildarfjárveiting í þessu skyni má þó ekki vera meiri en 8% af bókfærðum iðgjöldum síðasta árs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í því skyni að koma í veg fyrir þær miklu og ófyrirséðu hörmungar sem náttúruhamfarir geta valdið með tilheyrandi eignatjóni og mannskaða. Með náttúruhamförum er m.a. átt við jarðskjálfta, skriðuföll, vatnsflóð og snjóflóð. Mikilvægt er að öflugt forvarnastarf verði unnið á þessu sviði svo að koma megi í veg fyrir eða minnka hættuna á eignatjóni og mannskaða. Sérstaklega er brýnt að afstýra tjóni sem orðið getur á heilbrigðisstofnunum, skólum og elliheimilum. Í mörgum tilfellum er einnig mikilvægt að veita einstaklingum styrki til slíkra forvarna sé sannanlega sýnt fram á að yfir lífi þeirra og eignum vofi vá náttúruhamfara.

Það hefur margoft komið í ljós að náttúruhamfarir hafa valdið meira tjóni en orðið hefði ef forvarnastarfi hefði verið betur sinnt og meira fé runnið til þess. Viðlagatrygging Íslands ætti að hafa skýrara hlutverki að gegna í þessu sambandi og því er mikilvægt að umboð hennar og hlutverk til þess að veita fé til forvarna sé skýrara en það er nú. Því er lagt til í frumvarpi þessu að hún skuli veita fé til forvarna gegn náttúruhamförum sé sannanlega sýnt fram á að þær séu virkar.

Í tíð Íslandsbyggðar hafa náttúruhamfarir margoft valdið gríðarlegu tjóni. Það eina sem komið getur í veg fyrir og minnkað hættuna sem af þeim stafar er fé til forvarna. Sem dæmi má nefna að hægt er að veita stofnunum og einstaklingum á jarðskjálftasvæðum fé til að styrkja gler í gluggum og til að koma upp neyðarútgönguleiðum úr byggingum og eins þyrfti að tryggja að þær byggðir landsins sem eru á snjóflóðasvæðum séu varðar sem skyldi.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutverk Viðlagatryggingar Íslands sé aukið í þá veru að hún virki sem forvörn gegn yfirvofandi náttúruhamförum auk þess að vátryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laganna. Því er einnig mikilvægt að árleg heildarfjárveiting til Viðlagatryggingar Íslands megi vera hærri og lagt til að hún sé hækkuð í 8% af bókfærðum iðgjöldum síðasta árs svo að stofnunin geti sinnt þessu aukna hlutverki sínu.

211. Fyrirspurn [182. mál]

til menntamálaráðherra um jöfnun námskostnaðar.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvernig verður staðið við fyrirheit um að veita 230 millj. kr. til viðbótar til jöfnunar námskostnaðar á næstu þremur árum eins og fram kom í tillögum svokallaðrar byggðanefndar forsætisráðherra sem allir þingflokkar stóðu að á 123. löggjafarþingi 1998–99?

212. Svar [96. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um ár aldraða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur verið gert á vegum ráðuneytisins sérstaklega í málefnum eldri borgara á ári aldraðra? Hefur verið haft samráð við samráðsnefnd aldraðra? Ef svo er, hvenær og af hvaða tilefni?

Sjö manna framkvæmdastjórn, skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur haft umsjón með verkefnum í tilefni af ári aldraðra. Áhersla hefur verið lögð á víðtæka samvinnu um verkefnaskrá ársins hér á landi og voru því fulltrúar fjölmargra samtaka og stofnana kvaddir til samstarfs í samráðsnefnd. Á grundvelli stefnumiða Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra markaði framkvæmdastjórnin, í samvinnu við samráðsnefndina, þá stefnu sem unnið hefur verið eftir. Í samráðsnefndinni eiga sæti fulltrúar eftirtalinna stofnana og samtaka:

ASÍ, BHM, BSRB, Biskupsstofu, Bændasamtaka Íslands, Félags eldri borgara í Reykjavík, Félags stjórnenda í öldrunarþjónustu, Íþróttasambands Íslands, Kvenfélagasambands Íslands, Landssambands eldri borgara, Landssambands lífeyrissjóða, Sambands almennra lífeyrissjóða, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ungmennafélags Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Öldrunarfræðafélags Íslands, Öryrkjabandalags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins.

Undirbúningur að ári aldraðra hófst með fundi framkvæmdastjórnar árs aldraðra og samráðsnefndarinnar 4. júní 1998 þar sem lagðar voru línur að þeim verkefnum sem áhersla skyldi lögð á á árinu. Formlega hófst ár aldraðra með ráðstefnu í Kópavogi á vegum ASÍ, BSRB og Landssambands eldri borgara sem haldin var á alþjóðlegum degi aldraðra 1. október 1998. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri". Meginviðfangsefnið voru starfslok og umræður um undirbúning einstaklinga og samtaka fyrir starfslok og viðbrögð fólks við þeim. Markmið ráðstefnunnar var að efla umræðuna um þessi mál í þjóðfélaginu og hvetja forustumenn í verkalýðssamtökunum til að láta sig þau varða.

Til að kynna stefnumið Sameinuðu þjóðanna í málefnum aldraðra stóð framkvæmdastjórn árs aldraðra fyrir fundum í öllum kjördæmum landsins fyrri hluta ársins. Fundirnir voru haldnir í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Landssamband eldri borgara og verkalýðsfélögin og þá sóttu nokkur þúsund manns um allt land. Fundir voru haldnir í Reykjavík, Reykjanesbæ, á Selfossi, í Vestmannaeyjum, Borgarnesi og Hnífsdal, á Patreksfirði, í Skagafirði, á Akureyri, Húsavík, Reyðarfirði, Egilsstöðum og á Hornafirði. Í haust voru haldnir sambærilegir fundir í Hafnarfirði og Garðabæ.

Segja má að grundvallarmarkmið Sameinuðu þjóðanna á ári aldraðra rúmist í yfirskriftinni „Þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri". Með þessa yfirskrift að leiðarljósi hefur framkvæmdastjórn árs aldraðra valið sér viðfangsefni. Áhersla hefur verið lögð á endur- eða símenntun aldraðra, að brúa bilið milli kynslóða með því að stuðla að auknum og bættum samskiptum ungra og aldraðra og eins hefur framkvæmdastjórnin hvatt til heilsueflingar aldraðra.

Meðal verkefna má t.d. nefna tölvunámskeið fyrir aldraðra hjá Viðskipta- og tölvuskólanum. Því lauk með útgáfu skýrslu sem á að nýtast öðrum við tölvukennslu aldraðra. Gott samstarf tókst við Reykjavíkurborg um margvísleg verkefni sem ætlað er að auka samskipti ungra og aldraðra. Má þar nefna tengsl sem komið var á milli félags- og þjónustumiðstöðva aldraðra, félagsmiðstöðva unglinga og grunnskóla borgarinnar og hafa leitt af sér ýmis samstarfsverkefni ungs fólks og eldri borgara. Til dæmis er í vetur boðið upp á tölvukennslu fyrir aldraða í nokkrum grunnskólum borgarinnar þar sem unglingar sjá um kennsluna undir umsjón tölvukennara. Hvað heilsueflingu aldraðra snertir má m.a. nefna sérstakt átak gegn beinþynningu sem felst í fræðslu og forvörnum. Alþjóðaheilbrigðisdagurinn 1999 var helgaður öldruðum og í tilefni þess var efnt til opins fundar í Salnum í Kópavogi þar sem fjallað var um nýsköpun á efri árum.

Framkvæmdastjórn árs aldraðra hefur ekki eingöngu litið á það sem hlutverk sitt að standa fyrir verkefnum í tilefni ársins heldur ekki síður að vekja almenna umræðu um málefni

aldraðra og styðja og hvetja aðra til að vinna að verkefnum í þeirra þágu. Í þessu skyni hafa verið veittir styrkir til ýmissa verkefna, t.d. útgáfu á ýmsu fræðslu- og kynningarefni. Gott samstarf tókst við Ríkisútvarpið sem hefur fjallað á margvíslegan hátt um aldraða og málefni þeirra. Meðal annars má nefna 11 útvarpsþætti á Rás 1 í umsjá Stefáns Jökulssonar sem útvarpað var fyrri hluta þessa árs, þar sem fjallað var um málefni aldraða frá ýmsum hliðum. Einnig styrkti framkvæmdastjórn árs aldraðra gerð átta útvarpsþátta sem nú er verið að flytja á Rás 1. Finnbogi Hermannsson ræðir þar við fólk á efri árum um starfslok þess og hvernig það hagar lífi sínu eftir að það er hætt þátttöku á vinnumarkaði.

Aldraðir eru afar breiður hópur fólks sem býr við margvíslegar og ólíkar aðstæður. Til að fá yfirsýn og skilning á aðstæðum aldraðra og brýnustu hagsmunamálum þeirra fékk framkvæmdastjórnin Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til að gera viðamikla úttekt á högum aldraðra. Niðurstöðurnar eru birtar í skýrslunni *Lífskjör, lífshættir og lífsskoðun eldri borgara á Íslandi 1988–1999. Kynslóðagreining og samanburður milli landa.* Í skýrslunni er fjallað ítarlega um efnahagsleg lífskjör eldri borgara og þau borin saman við kjör annarra aldurshópa, auk samanburðar við aðrar þjóðir. Jafnframt vann Gallup í mars 1999 afar viðamikla könnun meðal aldraðra fyrir heilbrigðisráðuneytið: *Viðhorfskönnun meðal aldraðra.* (1200 manna úrtak fólks á aldrinum 65–80 ára). Þar var kannað viðhorf fólks á þessum aldri til margvíslegra mála. M.a. var spurt um húsnæðismál, heilbrigðisþjónustu og heilsufar, félagsþjónustu, félagsstarf, vinnuviðhorf og ýmis siðferðismál og einnig voru athugaðir ýmsir þættir sem lúta að kjörum aldraðra og lífsmáta þeirra.

Miklar upplýsingar liggja nú fyrir um hagi aldraðra. Þær gera m.a. kleift að greina ýmis sérhópavandamál meðal aldraðra og vísa á leiðir til úrbóta. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofna nefnd sem fær það hlutverk að móta víðtæka stefnu í málefnum aldraðra til næstu fimmtán ára og er auðsætt að upplýsingar sem aflað hefur verið á ári aldraðra munu koma að góðu gagni í starfi nefndarinnar.

Auk þess sem sérstaklega hefur verið unnið á vegum framkvæmdanefndarinnar eins og fyrr er getið skal bent á endurskoðun laga um málefni aldraðra og breytingar á almannatryggingum.

Lög um málefni aldraðra, nr. 82/1989, hafa verið endurskoðuð og verður frumvarp þess efnis lagt fyrir Alþingi á næstunni. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að auka þátttöku aldraðra í ákvörðunum um málefni þeirra.

Með lögum nr. 149/1998, sem tóku gildi 1. janúar 1999, var frítekjumark tekjutryggingar hækkað hjá öllum hópum nema einhleypingum með ellilífeyri. Með lögunum var frítekjumark hjóna, sem bæði eru ellilífeyrisþegar, hækkað úr 28.156 kr. í 40.224 kr. Einnig er í lögunum tekið sérstakt tillit til þess ef annað hjónanna er ellilífeyrisþegi en hitt útivinnandi. Fyrir setningu laganna var slíkur bótaþegi meðhöndlaður eins og einstaklingur með 20.112 kr. frítekjumark en nú er gert ráð fyrir 50% viðbót vegna maka þannig að frítekjumarkið nemur 30.168 kr.

Frítekjumark fyrir ellilífeyrisþega vegna hugsanlegra tekna úr lífeyrissjóði er óbreytt, en það nemur 9.104 kr. fyrir einstaklinga og 6.374 kr. fyrir hvort hjóna. Frítekjumörk þessi koma til viðbótar almennum frítekjumörkum, sem að framan var getið.

Með reglugerð nr. 204/1999 voru vasapeningar vistmanna á stofnunum hækkaðir um 35%, úr 12.535 kr. í 16.829 kr. Upphæð vasapeninga fylgir nú bótaupphæð grunnlífeyris almannatrygginga og verður það lágmark sem vistmönnum á stofnunum er tryggt.

Með reglugerð nr. 205/1999 var ákveðið að hækka bætur elli- og örorkulífeyris um 7%.

Um síðustu áramót breyttust reglur um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar. Meðal breytinga eru þessar:

— Elli- og örorkulífeyrisþegar sem hafa ekki tekjutryggingu fá nú 50% af kostnaði (áður ekkert).
— Elli- og örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu fá nú 75% af kostnaði (áður 50%).
— Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir og njóta ekki vasapeninga fá nú 100% (áður 75%).

Samráðsnefnd stjórnvalda og samtaka aldraðra hefur ekki verið kölluð til fundar með framkvæmdanefnd árs aldraðra. Þess má hins vegar geta að formaður Landssambands eldri borgara, sem situr í samráðsnefndinni, á jafnframt sæti í framkvæmdastjórn árs aldraðra. Þá hefur samráðsnefnd framkvæmdastjórnar árs aldraðra verið kölluð saman reglulega, henni gerð grein fyrir stöðu verkefna og leitað hugmynda og álits á störfum framkvæmdastjórnarinnar. Formaður félags eldri borgara í Reykjavík, sem situr í samráðshópi stjórnvalda og samtaka aldraðra, situr jafnframt í samráðshópi framkvæmdastjórnar árs aldraðra.

Hér hefur verið sagt stuttlega frá því helsta sem unnið hefur verið að á ári aldraðra á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Í lok ársins verður gefin út skýrsla þar sem gerð verður nánari grein fyrir verkefnum á ári aldraðra.

213. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um samræmt svæðisskipulag fyrir suðvesturhluta landsins.

Flm.: Helga Guðrún Jónasdóttir, Sturla D. Þorsteinsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Árni Johnsen, Kristján Pálsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að gerð samræmds svæðisskipulags fyrir suðvesturhluta landsins í heild, í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, allt frá Borgarbyggð í vestri að Reykjanesbæ í suðri og til Árborgar í austri, enda sé fullur vilji fyrir slíku samstarfi innan þeirra.

Greinargerð.

Fyrirsjáanleg þróun atvinnu- og byggðamála felur í sér skýr merki um mikilvægi þess að skipulagsmál standi á landfræðilega breiðari grunni en tíðkast hefur. Þetta á við um landið í heild, enda yrði slíkt landshlutaskipulag fyrir suðvesturhorn þess fyrirmynd að sams konar skipulagi fyrir aðra landshluta. Með því að mynda stærri ramma um skipulagsvinnu sveitarfélaga er unnt að móta samræmda stefnu sem tekur til þriggja meginþátta samgangna, þ.e. vega- og loftsamgangna og hafnarmannvirkja, þannig að úr verði heild sem styrkir til mikilla muna hagþróun á viðkomandi svæðum. Jafnframt getur slík skipulagsvinna fætt af sér frjórra samstarf og fjölþættari samvinnuverkefni sveitarfélaga en nú tíðkast.

214. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um nefnd sem fjalli um málefni ungs fólks á sviði jafnréttismála.

Flm.: Helga Guðrún Jónasdóttir, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að setja á fót nefnd sem fjalli um málefni ungs fólks á sviði jafnréttismála. Nefndin starfi sem fastanefnd á vegum Jafnréttisráðs og njóti aðstoðar Skrifstofu jafnréttismála.

Greinargerð.

Einn helsti vandi jafnréttisumræðunnar lýtur að almennum viðhorfum í garð málaflokksins. Viðhorfskannanir hafa leitt ítrekað í ljós að almenningur er hlynntur jafnstöðu kynjanna í hvívetna. Engu að síður er oft og tíðum glímt við neikvæð viðhorf.

Liður í því að bregðast við þessum vanda var að setja karlanefnd Jafnréttisráðs á fót, en hún hefur verið starfandi frá árinu 1994. Hlutverk nefndarinnar er að auka þátt karla í þjóðfélagsumræðunni um jafnrétti kynjanna og breikka þar með almenna skírskotun þessara mála. Á þeim rúmlega hálfa áratug sem liðinn er hefur karlanefnd Jafnréttisráðs beint athygli almennings og stjórnvalda að miklvægum þáttum jafnréttismála, aðallega þeim sem að karlmönnum snúa. Sambærileg nefnd fyrir ungt fólk mun að mati fagaðila hafa afar jákvæð áhrif á þróun þessa mikilvæga málaflokks. Jafnframt hafa ýmis fjölmenn samtök ungs fólks á framhaldsskólaaldri lýst yfir áhuga á formlegum vettvangi á sviði jafnréttismála fyrir ungt fólk.

215. Frumvarp til laga [185. mál]

um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Gunnar Ólafsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Við 6. mgr. 59. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Þessi ákvörðun dómara skal ekki hafa áhrif á mat á sannleiksgildi skýrslu vitnis.

Greinargerð.

Samkvæmt 6. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, getur dómari „ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist og dómari telur að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess“. Hér er um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að hinn ákærði sé viðstaddur skýrslutöku dómara af vitnum í opinberu máli sem höfðað er gegn honum.

Nýlega féll í Hæstarétti dómur (nr. 286/1999) í kynferðisbrotamáli þar sem ákærði var sýknaður af kæru um kynferðisbrot gegn dóttur sinni. Málið hafði í tvígang verið til meðferðar í héraðsdómi, en eftir fyrri meðferð þess þar þótti Hæstarétti að fleiri gögn skorti í málinu og ómerkti því dóm héraðsdóms. Í báðum tilvikum þegar héraðsdómur fjallaði um

málið var ákærði látinn víkja úr þinghöldum á meðan kærandi gaf skýrslur sínar fyrir dómnum og var sú ákvörðun byggð á fyrrgreindri 6. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Fyrri ákvörðun héraðsdóms um að ákærði viki úr dómnum meðan kærandi gæfi skýrslu, kærði verjandi ákærða til Hæstaréttar 29. október 1997 og krafðist þess að þessi ákvörðun héraðsdóms yrði felld úr gildi. Hæstiréttur staðfesti ákvörðun dómara í dómi sínum nr. 449/1997 12. nóvember 1997. Í þessum dómi Hæstaréttar segir orðrétt: „Af hálfu ákæruvaldsins hefur fyrir Hæstarétti verið tekið undir ósk vitnisins um, að varnaraðili verði látinn víkja af dómþingi, á meðan það gefur skýrslu. Með því er látið í ljós, að ákæruvaldið sé reiðubúið að axla byrðina af því, að sönnunargildi skýrslunnar kunni ekki að verða hið sama og ef hún væri gefin að varnaraðila viðstöddum." (bls. 3234 í Hæstaréttardómi nr. 449/1997).

Þessi túlkun á lagaákvæðinu sem hér um ræðir er endurtekin í dómi Hæstaréttar nr. 286/1999 í sama máli.

Það er þessi skilningur Hæstaréttar, þ.e. að notkun framangreinds heimildarákvæðis kunni að rýra sönnunargildi skýrslu vitnis, sem er tilefni þess að frumvarp til laga um breytingu á lögunum um meðferð opinberra mála er flutt. Ætla verður að löggjafarvaldið hafi við setningu þessa heimildarákvæðis viljað tryggja að nærvera sakbornings hefði hvorki áhrif á framburð vitnis né íþyngdi því svo að það gæti ekki sagt satt og rétt frá málavöxtum. Sömuleiðis verður að ætla að vilji löggjafans hafi verið sá að þessi háttur á meðferð máls yrði ekki til að rýra sannleiksgildi framburðar vitnis við mat á sönnunarfærslu í málinu.

Umrætt heimildarákvæði hefur einkum verið notað í kynferðisbrotamálum. Eðli þeirra er að þolendur þeirra hafa mátt sæta mikilli valdníðslu og andlegu og stundum líkamlegu ofbeldi af hendi ákærða. Umrætt heimildarákvæði skiptir því sérstaklega miklu máli fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Sá skilningur Hæstaréttar að fjarvera hins ákærða þegar vitni, sem jafnframt er þolandi meints ofbeldis, gefur skýrslu sína í dómsal kunni að rýra sannleiksgildi framburðar þess getur jafnvel leitt til þess að þolendur treysti sér enn síður að kæra kynferðisbrotamál en nú er.

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, sem hér er lagt fram, er ætlað að tryggja að þegar 6. mgr. 59. gr. laganna er beitt rýri það á engan hátt sönnunargildi framburðar vitnis, þó að skýrsla þess sé gefin að ákærða fjarverandi.

216. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugunar á samfélagslegum áhrifum þess lýsir Alþingi yfir stuðningi við að haldið verði áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun, sbr. lög um raforkuver, nr. 60/1981, samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, og lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Ástæður þingsályktunartillögu þessarar og tilgangur hennar.

Það er alkunna að bæði hérlendis og erlendis greinir menn á um ágæti vatnsaflsvirkjana. Fylgismenn slíkra virkjana benda á að æskilegt sé að framleiða rafmagn úr vatnsafli þar sem slík framleiðsla hafi ekki í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda og að verið sé að nýta endurnýjanlegar orkulindir. Andstæðingar vatnsaflsvirkjana leggja hins vegar á það áherslu að slíkum virkjunum geti fylgt neikvæð umhverfisáhrif, einkum vegna uppistöðulóna. Báðum þessum sjónarmiðum hefur verið hreyft upp á síðkastið í tengslum við umræður um framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Þá hefur því og verið haldið fram í umræðunni að eðlilegt sé og jafnvel lögskylt að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun sæti mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Einnig hefur því verið hreyft að stjórnvöldum og Alþingi sé heimilt að afturkalla eða breyta þeim heimildum til virkjunarinnar sem þegar hafa verið veittar.

Af ástæðum sem nánar verða skýrðar síðar í athugasemdum þessum brestur framkvæmdarvaldshafa að óbreyttum lögum heimildir til þess að ákveða einhliða að beita um Fljótsdalsvirkjun ákvæðum laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Leiða hvorki ákvæði íslenskra laga né þjóðréttarskuldbindingar, sem Ísland hefur undirgengist, til þeirrar niðurstöðu að slík ákvörðun verði tekin. Fyrir lagabreytingu í þeim efnum er ríkisstjórnin ekki reiðubúin til að beita sér, enda kynni slík lagasetning að hafa í för með sér bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart virkjunaraðilanum.

Þá skortir framkvæmdarvaldshafa lagaheimildir til þess að breyta eða afturkalla einhliða og í andstöðu við vilja virkjunaraðila þær heimildir sem veittar hafa verið til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal. Það verður einungis gert með lögum frá Alþingi. Fyrir slíkri lagasetningu er ríkisstjórnin ekki heldur reiðubúin að beita sér, enda næsta víst að lagasetning í þeim efnum færi í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og hefði í för með sér bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart Landsvirkjun eins og síðar verður rakið.

Til þess er hins vegar að líta að nokkuð er um liðið síðan heimildir voru veittar til þess að reisa og reka Fljótsdalsvirkjun. Með hliðsjón af því og þeirri miklu umræðu sem fram hefur farið að undanförnu á Alþingi og utan þess um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar er það mat ríkisstjórnarinnar að eðlilegt sé, m.a. í ljósi breyttrar skipunar Alþingis frá því að lagaákvæði um virkjunina komu síðast til kasta þingsins, að Alþingi taki í formi þingsályktunar afstöðu til framhalds virkjunarframkvæmdanna. Mikilvægt framlag til þeirrar umræðu er umfangsmikil skýrsla sem Landsvirkjun hefur sem framkvæmdaraðili látið vinna um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar og dagsett er 5. nóvember 1999, en skýrslan er fylgi-

skjal með þingsályktunartillögu þessari og grundvöllur umfjöllunar og ályktunar Alþingis. Þá fylgir greinargerð Orkustofnunar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, dags. 4. nóvember 1999, skýrsla Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði, frá október 1999, og skýrsla Nýsis hf. um athugun á samfélagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði, frá nóvember 1999.

Í tillögu þessari, sem iðnaðarráðherra flytur f.h. ríkisstjórnarinnar, er lagt til að Alþingi lýsi á grundvelli fyrrgreindra skýrslna og greinargerða yfir stuðningi við að haldið verði áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun, sbr. lög um raforkuver, nr. 60/1981, samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar sem dagsettur er 11. ágúst 1982 og lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983. Gefst Alþingi þannig færi á að taka afstöðu til framhalds virkjunarframkvæmdanna. Er við það miðað að þingsályktunartillagan fari í samræmi við ákvæði 23. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991, til umfjöllunar iðnaðarnefndar Alþingis, en iðnaðarnefnd getur kallað eftir umsögnum annarra nefnda þingsins og umsögnum frá aðilum utan Alþingis. Þá er og á þennan hátt tryggð aðkoma almennings að málinu því að almenningi gefst nú kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingnefndina við hina þinglegu meðferð málsins.

Auk þeirra atriða sem að framan greinir liggur það til grundvallar tillöguflutningnum að skýrsla Landsvirkjunar ber það ekki með sér að Fljótsdalsvirkjun komi til með að hafa svo neikvæð áhrif á hið náttúrulega umhverfi sitt að sá mikli þjóðhagslegi ávinningur, sem hlýst af virkjuninni, yfirvinni þau ekki. Einnig vegur það þungt í tillöguflutningnum að ljóst er að verulegar líkur eru á að það matsferli, sem lögin um mat á umhverfisáhrifum kveða á um, kollvarpi þeirri tímaáætlun sem unnið er eftir í tengslum við álver við Reyðarfjörð og fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium A/S frá 29. júní 1999. Gætu við það glatast mikilvægir samningshagsmunir íslensku þjóðarinnar. Ber í því sambandi að hafa í huga að aðrir virkjunarkostir en Fljótsdalsvirkjun eru ekki fyrir hendi til að mæta orkuþörf fyrirhugaðs álvers við Reyðarfjörð þannig að það geti hafið rekstur árið 2003. Er nánar vikið að þessu atriði síðar í athugasemdunum.

2. Almenn sjónarmið við lagasetningu um vatnsaflsvirkjanir.

Við undirbúning að setningu laga um vatnsaflsvirkjanir er eðli málsins samkvæmt til margra sjónarmiða að líta.

Fyrst er þess að geta að undirbúningur bæði vatnsafls- og jarðvarmavirkjana tekur að jafnaði langan tíma, og oft líða áratugir frá því að undirbúningsathuganir hefjast þar til rekstur virkjunar getur hafist. Helgast það m.a. af því að virkjunarrannsóknir eru margslungnar, tímafrekar og kostnaðarsamar. Þarf því við lagasetningu um málefni virkjana að gæta langtímasjónarmiða, hafa löggjöfina nægilega sveigjanlega og tryggja heimildir virkjunaraðila, enda er ekki hægt að ætlast til að fyrirtæki ráðist í og ljúki undirbúningi slíkra framkvæmda sem kostað geta milljarða króna nema hafa fyrir þeim öruggar heimildir. Helstu reglur um undirbúning og framkvæmd vatnsaflsvirkjana samkvæmt íslenskum rétti er að finna í orkulögum, nr. 58/1967, og lögum um raforkuver, nr. 60/1981. Byggist sú lagasetning m.a. á þeim grundvallarsjónarmiðum sem hér voru nefnd. Vikið er að framangreindum atriðum í almennum athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 60/1981, um raforkuver, en þar segir m.a. svo:

Rökin fyrir því, að hafa slíkt svigrúm í stefnunni í virkjunarmálum til næstu ára eru fyrst og fremst þau, að virkjanir eru tímafrekar framkvæmdir, sem þurfa langan undirbúningstíma. Þannig er mjög erfitt, eða jafnvel ógerlegt, að mæta með stuttum fyrirvara þörfum,

sem ekki voru séðar löngu fyrir, ef virkjað er naumt eftir orkuspá. Aftur á móti er tiltölulega auðvelt að hægja á, ef þarfirnar ætla að reynast minni en spáð var.

Í annan stað þarf að tryggja eftir því sem kostur er eðlilega dreifingu virkjana um landið þannig að virkjað sé utan eldvirkra svæða og nýttir séu mismunandi rennsliseiginleikar fallvatna eftir landshlutum. Þessi sjónarmið voru mjög höfð í huga við setningu laga nr. 60/1981, um raforkuver, og höfðu þau áhrif á þá lagasetningu eins og glöggt má sjá af eftirfarandi ummælum þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifs Guttormssonar, er hann fylgdi úr hlaði frumvarpi til laganna:

Frumvarp þetta ásamt greinargerð felur í sér stefnumótun um byggingu raforkuvera í landinu á næstu 10–15 árum, allt að 820 MW að afli, þar af 720 MW í vatnsaflsvirkjunum, 50 MW í jarðvarmavirkjunum og 50 MW í varastöðvum, auk heimildar til að reisa og reka orkuveitur til að tengja þessi orkuver við núverandi landskerfi og styrkja landskerfið að því marki sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingarstaða út frá því ... Þessi aukning á orkuvinnslu getur komið í gagnið á 10–15 árum eða lengri tíma samkvæmt hugmyndum sem settar eru fram í greinargerð með frumvarpinu, en þar eru eðlilega settir fram ýmsir fyrirvarar varðandi framkvæmdahraða og nýtingu þeirra heimilda sem hér er leitað eftir.

Þá rakti ráðherra í framsöguræðu sinni athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins. Í þeirri grein er mörkuð meginstefna um framkvæmdaröð varðandi þær virkjanir og veitur sem leitað var heimilda fyrir samkvæmt frumvarpinu, en þar segir meðal annars:

...

3) *Undirbúningi vegna Fljótsdalsvirkjunar og Blönduvirkjunar verði lokið sem fyrst og framkvæmdir við fyrri áfanga Fljótsdalsvirkjunar og við Blönduvirkjun skarist nokkuð. Verði við það miðað að önnur þessara virkjana geti hafið rekstur á árunum 1986–87, en hin um 1990 eftir því sem markaðsaðstæður leyfa.*
4) *Framkvæmdir við síðari áfanga Fljótsdalsvirkjunar, við Sultartangavirkjun og Villinganesvirkjun hafa ekki verið tímasettar, en orkuvinnslugeta þeirra til viðbótar gæti rúmast innan efri marka orkuspár á næstu 15 árum. Ákvarðanir um framkvæmdir hljóta hins vegar að ráðast af aðstæðum í landskerfinu og markaði er þar að kemur.*

Um þetta sagði iðnaðarráðherra í framsöguræðu sinni er hann fylgdi frumvarpinu úr hlaði:

Með þessu er mörkuð um það stefna að í framhaldi af byggingu Hrauneyjafossvirkjunar og annarra aðgerða á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu og jafnhliða þeim verði ráðist í tvær stórvirkjanir utan Suðurlands og að því stefnt að þær komist í gagnið innan 10 ára. Með frumvarpinu er þannig í fyrsta sinn leitað heimilda fyrir meiri háttar virkjunum utan Suðvesturlands og mörkuð sú stefna að dreifa virkjunum um landið og virkja utan eldvirkra svæða í samræmi við stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Slík dreifing virkjana býður upp á aukið öryggi fyrir hina ýmsu landshluta og traustari rekstur kerfisins en ríkir við núverandi aðstæður þar sem allar helstu virkjanir landsins eru á tiltölulega litlu svæði sunnanlands. Með slíkri dreifingu virkjana gefst einnig færi á að nýta mismunandi rennsliseiginleika íslenskra fallvatna eftir landshlutum þar eð lágrennslistímabil fylgjast yfirleitt ekki að um allt land vegna mismunandi veðráttu. Hin samtengdu raforkuver, sem dreifð eru um landið, geta einnig samanlagt unnið meiri raforku en væru þau einangruð eða öll í sama landshluta, vegna þess að rennslissveiflur jafnast nokkuð út yfir landið í heild.

Enn sagði iðnaðarráðherra í framsöguræðu sinni er hann fylgdi úr hlaði frumvarpi því sem varð að lögum nr. 60/1981:

Til viðbótar þessu mun fylgja byggingu umræddra virkjana og veitumannvirkja um tvöföld[un] á miðlunarforða eða miðlunarstigi að baki raforkuvera landsins, en það er að sjálfsögðu stórfellt öryggisatriði. Þar munar mestu um fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun með allt að 745 gígalítra miðlun, sem felur í sér yfir 1000 gwst. orkuforða á ári, og til samanburðar má nefna að í núverandi Þórisvatnsmiðlun er fólgin um 700 gwst. orkuforði yfir árið, – orkuforði í heild reiknað, ekki tímabundið út af fyrir sig.

Þá sagði ráðherra m.a. í framsöguræðunni að ríkisstjórnin mundi með hliðsjón af því sem að framan greindi beita sér fyrir því að ljúka rannsóknum vegna Fljótsdalsvirkjunar og hefja verkhönnun hennar og að hraða verkhönnun Blönduvirkjunar. Því næst sagði ráðherrann að eftir að frumvarpið yrði að lögum yrðu þegar hafnir samningar við Landsvirkjun sem væntanlegan virkjunaraðila skv. 1. gr. og reynt að koma því máli í höfn sem fyrst. Að þeim samningum er nánar vikið hér á eftir.

3. Lagagrundvöllur Fljótsdalsvirkjunar.

Eins og áður segir tekur undirbúningur vatnsafls- og jarðvarmavirkjana að jafnaði langan tíma, og oft líða margir áratugir frá því að undirbúningsathuganir byrja þar til rekstur virkjunar getur hafist. Virkjun Jökulsár í Fljótsdal hefur lengi verið talin einn af álitlegri virkjunarkostum hér á landi, og allt frá árinu 1954 hafa verið uppi hugmyndir um virkjun árinnar. Forathuganir á aðstæðum til virkjunar árinnar og hagkvæmni framkvæmda hófust um 1970, og árið 1975 fóru af stað viðamiklar umhverfisathuganir á vegum Orkustofnunar og síðar Rafmagnsveitna ríkisins (RARIK) í tengslum við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir.

Í 7. gr. orkulaga, nr. 58/1967, var kveðið á um leyfisveitingar vegna raforkuvinnslu. Þar kom m.a. fram að til þess að reisa og reka raforkuver stærra en 2 MW þyrfti leyfi Alþingis. Sambærilegt ákvæði er nú í 10. gr. laganna. Með lögum um raforkuver, nr. 60/1981, veitti Alþingi ríkisstjórn Íslands heimild til að semja svo við Landsvirkjun að fyrirtækið tæki að sér að reisa og reka tilteknar vatnsaflsvirkjarnir sem upp voru taldar í lögunum, sbr. 1. gr. Þeirra á meðal var virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli. Í 2. gr. laganna sagði að tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þar á meðal um framkvæmdaröð, skyldu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 60/1981 eru raktar forsendur þær sem lágu til grundvallar virkjuninni og öðrum virkjunum sem heimild var veitt til, sbr. Alþingistíðindi 1980–81, þskj. 784, bls. 2409–2572. Frumvarpinu fylgdi einnig skýrsla um Fljótsdalsvirkjun þar sem fram kemur að gert var ráð fyrir 745 Gl heildarmiðlun vegna virkjunarinnar, þar af 615 Gl miðlun við Eyjabakka. (Sjá mynd nr. 1.)

Rafmagnsveitur ríkisins, sem á þessum tíma fóru með undirbúning virkjunarframkvæmda, leituðu með bréfi, dags. 24. febrúar 1981, umsagnar Náttúruverndarráðs um virkjun Jökulsár í Fljótsdal. Í bréfi ráðsins, dags. 31. mars sama ár, en bréfið ásamt umsögn Náttúruverndarráðs var í fylgiskjali 2.2.2 með frumvarpinu, segir svo:

Ráðið hefur nú fjallað um mál þetta með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og könnun ráðsmanna á áhrifasvæði virkjunarinnar. Á fundi ráðsins 26. mars sl. var meðfylgjandi umsögn samþykkt og kemur þar fram að þótt mikill sjónarsviptir yrði að hinu víðfema gróðurlendi Eyjabakkasvæðisins, færi það undir vatn, og þrátt fyrir að forðast beri að eyða þannig grónu landi, sé þess nokkur kostur, þá vill Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega.

Á grundvelli fyrrnefndrar heimildar í lögum nr. 60/1981 gerðu ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun með sér samning um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl., sem dagsettur er 11. ágúst 1982. Samningurinn var gerður með vísan til heimildar í 1. gr. laga nr. 60/1981,

um raforkuver, og 3. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, en í þeirri lagagrein var kveðið á um að Landsvirkjun væri heimilt með samningum að kaupa orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki. Skv. 1. gr. samningsins tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign frá og með 1. október 1982 Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli, virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli og Villinganesvirkjun með allt að 40 MW afli. Frá sama tíma tók Landsvirkjun samkvæmt samningnum við rannsóknum, hönnun og undirbúningsframkvæmdum þeim við framangreindar virkjanir sem fram til þess tíma höfðu verið í höndum RARIK og Orkustofnunar.

Alþingi setti vorið 1983 ný lög um Landsvirkjun, þ.e. lög nr. 42/1983. Með þeim lögum varð sú breyting að orkusvæði Landsvirkjunar er nú skilgreint sem landið allt. Í 4. mgr. 6. gr. laganna segir að Landsvirkjun beri að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Í 1. mgr. 6. gr. laganna segir m.a. að Landsvirkjun reisi og reki samkvæmt lögum nr. 60/1981, um raforkuver, og samkvæmt fyrrgreindum samningi við ríkisstjórn Íslands frá 11. ágúst 1982, að fengnu leyfi ráðherra orkumála skv. 7. gr. laganna, Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli og Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli. Áðurgreindur samningur frá 11. ágúst 1982 var staðfestur af þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifi Guttormssyni, 21. september sama ár. Með samningi þessum og 6. gr. laga nr. 42/1983 lá fyrir leyfi Landsvirkjunar til Fljótsdalsvirkjunar í skilningi áður tilvitnaðrar 7. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

4. Ákvörðun um röð virkjanaframkvæmda.

Í gegnum tíðina hefur Alþingi átt stóran þátt í ákvörðunum um virkjanir og raforkuframleiðslu, og er áður vikið að efni 10. gr. orkulaga, nr. 58/1967, í því sambandi. Á árinu 1981 voru eins og áður segir sett sérstök lög um raforkuver, nr. 60/1981, en í 2. mgr. 2. gr. þeirra laga sagði meðal annars:

Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þar á meðal um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Skal áður liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim aðilum, sem ríkisstjórnin kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Jafnframt leggi ríkisstjórnin fram greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Á grundvelli þessa fyrirkomulags skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981 samþykkti Alþingi 6. maí 1982 þingsályktun um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu. Í 2. tölul. þeirrar þingsályktunar segir:

Fljótsdalsvirkjun og síðar Sultartangavirkjun verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Eftir því sem orkuþörf gefur tilefni til skarist annars vegar Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun og hins vegar Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun.

Áðurgreindu fyrirkomulagi við ákvörðun um virkjanaröð var breytt með lögum nr. 74/1990, um breytingu á lögum nr. 60/1981, og er það fyrirkomulag enn í gildi. Í 2. gr. laga nr. 60/1981 (nú 3. gr., sbr. lög nr. 48/1999) segir svo eftir þá lagabreytingu:

Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarbúið. Við val á virkjunarkostum skal einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skulu liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til.

Í ákvæði til bráðabirgða I með lögunum sagði svo:

Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL – aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með 200 þús. tonna framleiðslu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

1. *Fljótsdalsvirkjun.*
2. *Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.*
3. *Stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.*

Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi til laganna sagði m.a. um þessa breytingu að í stað þess að Alþingi ákveði röð einstakra framkvæmda með þingsályktun sé lagt til að framkvæmdarvaldinu verði settar almennar reglur um röðun framkvæmda sem ráðist af væntanlegri orkunýtingu. Jafnframt verði leitast við að styrkja raforkukerfið og auka öryggi orkuöflunar og orkudreifingar. Í sérstöku ákvæði til bráðabirgða sé þó lagt til að lögfest verði tiltekin röð virkjanaframkvæmda takist samningar um nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar frá 13. mars 1990. Sú röð virkjanaframkvæmda sé í öllum meginatriðum sú sama og Alþingi hafi samþykkt með þingsályktun um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu 6. maí 1992. Í athugasemdum greinargerðarinnar segir m.a. svo:

Í verkhönnunarskýrslu um virkjun Jökulsár í Fljótsdal, sem kom út í maí 1982, er gert ráð fyrir að frá Eyjabakkamiðlun verði vatni veitt um skurð og lón á Fljótsdalsheiði að inntaki virkjunarinnar á Teigsbjargi, en síðan um hallandi þrýstipípu að þremur vatnsvélum í stöðvarhúsi neðan jarðar. Þaðan færi vatnið um frárennslisgöng aftur út í farveg árinnar milli bæjanna Hóls og Valþjófsstaðar. Umsögn Náttúruverndarráðs frá 31. mars 1981 miðaðist við þessa útfærslu.

Árið 1989 var hönnun Fljótsdalsvirkjunar tekin til endurskoðunar, og nú er áætlað að í stað skurðar og lóna á Fljótsdalsheiði komi jarðgöng (heilboruð) frá Eyjabakkamiðlun að fallpípu stöðvarhúss, sem er á sama stað og í eldri áætlun. Umsögn Náttúruverndarráðs um þessa útfærslu liggur ekki fyrir, en augljóst er að nýja tilhögunin hefur mun minni áhrif á umhverfið. Minna land fer undir vatn og lítil röskun verður á Fljótsdalsheiði.

Árið 1982 var gert samkomulag við Fljótsdalshrepp um virkjunina.

Af framangreindu leiðir að það var ekki Landsvirkjun sem í upphafi tók ákvörðun um að ráðist skyldi í Fljótsdalsvirkjun heldur Alþingi sem jafnframt fól ríkisstjórninni að semja um virkjunarframkvæmdina við fyrirtækið. Þetta verður að hafa í huga þegar rætt er um heimildir og samningsskyldur Landsvirkjunar vegna virkjunarframkvæmdanna og undirbúning fyrirtækisins, bæði rannsóknir og undirbúningsframkvæmdir vegna Fljótsdalsvirkjunar.

5. Kostnaður Landsvirkjunar vegna Fljótsdalsvirkjunar.

Rannsóknar- og undirbúningskostnaður Landsvirkjunar á árunum 1983–98, í milljónum króna á verðlagi í júlí 1999, hefur verið sem hér segir:

Yfirtekinn kostnaður greiddur samkvæmt samningi til ríkisins	1.200
Kostnaður við grunnrannsóknir Orkustofnunar	350
Samtals greitt ríkissjóði	**1.550**

Framkvæmdir og undirbúningur Landsvirkjunar:	
Rannsóknir	270
Hönnun	370
Aðstöðusköpun og eftirlit	95
Framkvæmdir	480
Bókfærðir vextir og lántökukostnaður á framkvæmdatíma	315
Samtals	**1.530**
Heildarkostnaður	**3.080**

Í þessum tölum er annar fjármagnskostnaður ekki meðtalinn, né stjórnunarkostnaður Landsvirkjunar.

6. Stjórnvaldsleyfi til Fljótsdalsvirkjunar.

Fyrir gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum giltu ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, um rétt þeirra sem hagsmuna áttu að gæta til að koma að athugasemdum vegna virkjunaráforma o.fl., sbr. 144. gr. þeirra laga. Ákvæði þessi gilda enn og taka m.a. til framkvæmda vegna Fljótsdalsvirkjunar. Þegar iðnaðarráðherra hafði gefið út leyfi til framkvæmda vegna virkjunar Jökulsár í Fljótsdal í apríl árið 1991 var framkvæmdin auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu og auk þess í vikublöðum útgefnum á Austurlandi, og bárust athugasemdir frá átta aðilum. Tekið var tillit til ýmissa þeirra athugasemda sem fram komu, en rétt er að hafa í huga að í engri þeirra var gerð athugasemd við þá fyrirætlan að gera lón á Eyjabökkum.

Þá er einnig rétt að fram komi að meðal gagna, sem lágu fyrir þegar framkvæmdaleyfi iðnaðarráðherra vegna Fljótsdalsvirkjunar var gefið út, var ný umsögn Náttúruverndarráðs (nú Náttúrvernd ríkisins), dags. 7. febrúar 1991. Í umsögninni segir meðal annars:

Það er skilningur Náttúruverndarráðs að jákvæð umsögn ráðsins (bréf dagsett 31. mars 1981) varðandi eldri hugmyndir um virkjun standi enn, þar með talið samþykki við því að leggja Eyjabakka undir vatn. Sú breytta verkhönnun sem hér er verið að óska umsagnar um dregur verulega úr umhverfisáhrifum á heiðinni. Þeir skurðir og stíflur sem eldri hugmyndir gerðu ráð fyrir hefðu efalítið verið til lýta í landslagi og hindrað för manna og skepna um heiðina. Loks er það mikils virði að tjarnir og votlendi á Fljótsdalsheiðinni fái að halda sér.

Í 7. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, segir að áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur, skuli Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með orkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim, og getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna. Í samræmi við ákvæði þetta óskaði Landsvirkjun, með bréfi, dags. 19. apríl 1991, eftir leyfi iðnaðarráðherra til að hefja framkvæmdir við byggingu Fljótsdalsvirkjunar, og veitti þáverandi iðnaðarráðherra, Jón Sigurðsson, Landsvirkjun umbeðið leyfi með bréfi, dags. 24. apríl 1991.

Samkvæmt fyrrgreindu bréfi ráðuneytisins var leyfisveitingin byggð á 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 42/1983. Í virkjunarleyfinu er vakin athygli á skilyrði sem felist í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 60/1981, um raforkuver, varðandi röð framkvæmda. Þá kemur í bréfi iðnaðarráðherra fram að ráðherra muni í samræmi við ákvæði vatnalaga birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu varðandi hina ráðgerðu virkjun þar sem þeim er hagsmuna eiga að gæta verði gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við virkjunaráformin. Er tekið fram að leyfið sé bundið því skilyrði að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra vandamála sem kunni að rísa vegna slíkra athugasemda að höfðu samráði við ráðuneytið.

Umrædd auglýsing var birt í Lögbirtingablaði og bárust eins og áður segir athugasemdir frá átta aðilum. Iðnaðarráðuneytið fól Orkustofnun að láta í té umsögn um fram komnar athugasemdir, og er umsögn Orkustofnunar dagsett 2. desember 1991. Landsvirkjun sendi iðnaðarráðuneytinu greinargerð 18. febrúar 1992 um þær athugasemdir sem höfðu borist og um það hvernig við yrði brugðist. Segir í greinargerð Landsvirkjunar að ýmist hafi verið hætt við flest þau mannvirki sem athugasemdir hefðu beinst að eða þau verulega einfölduð miðað við forsendur í auglýsingu.

Því hefur verið haldið fram að framangreint leyfi ráðherra frá 24. apríl 1991 sé fallið niður sökum brostinna forsendna þar sem útgáfa þess hafi verið bundin samningaviðræðum íslenskra stjórnvalda við Atlantal og staðsetningu álvers á Keilisnesi. Fer því fjarri að unnt sé að telja forsendur brostnar fyrir leyfinu þótt leyfishafi hyggist nú selja raforku sem framleidd verður í Fljótsdalsvirkjun öðrum aðila en hann taldi líkur á að mundi kaupa hana þegar sótt var um leyfið. Því síður getur slíkur forsendubrestur falist í því að kaupandi orkunnar af leyfishafa hyggist nota hana á öðrum stað en leyfishafi bjóst við að hún yrði notuð á þegar sótt var um leyfið.

Í leyfi því sem iðnaðarráðherra gaf út 24. apríl 1991 var annars vegar vakin athygli Landsvirkjunar á skilyrði bráðabirgðaákvæðis laga um raforkuver, nr. 60/1981, varðandi röð virkjunarframkvæmda sem Alþingi hafði tekið afstöðu til eins og áður er rakið. Hins vegar var leyfið bundið því skilyrði að Landsvirkjun ábyrgðist úrlausn þeirra vandamála sem kynnu að rísa vegna hugsanlegra athugasemda sem þeir kynnu að gera er hagsmuna hefðu að gæta. Ekki liggur annað fyrir en að Landsvirkjun hafi farið eftir ákvæðum leyfis ráðherra, en við útgáfu þess var í einu og öllu farið eftir gildandi ákvæðum laga um kynningu, aðkomu náttúruverndaryfirvalda og önnur atriði sem máli skipta. Var útgáfa leyfisins því fyllilega lögmæt og hafa engin þau atriði gerst síðar sem hnekkt geta gildi þess. Er leyfið því í fullu gildi.

Í grófum dráttum má segja að tilhögun þeirra virkjunarframkvæmda sem iðnaðarráðherra, á grundvelli laga nr. 60/1981 og 42/1983, heimilaði Landsvirkjun að ráðast í árið 1991 sé eftirfarandi:

Jökulsá í Fljótsdal verður stífluð við Eyjabakka austan Snæfells og myndast við það miðlunarlón, Eyjabakkalón, sem verður 44 km^2 að flatarmáli, miðað við vatnsborð í yfirfallshæð og miðlunarrými um 500 Gl. Úr lóninu verður vatninu veitt um 31 km leið eftir því sem næst láréttum aðrennslisgöngum norður Fljótsdalsheiði að lóðréttum fallgöngum og aflvélum í stöðvarhúsi neðanjarðar. Þaðan verður vatninu veitt um göng og skurð út í farveg Jökulsár um 3 km innan við Valþjófsstað. Uppsett afl virkjunarinnar verður 210 MW, hönnunarrennsli 42 m^3/sek og fallhæð 576 m. Orkuaukning í raforkukerfi landsins við gangsetningu virkjunarinnar er talin verða um 1.400 GWst. á ári, sem er u.þ.b. 18% aukning.[1] (Sjá mynd nr. 2.)

7. Fljótsdalsvirkjun og skipulags- og byggingarlög.

Í 4. gr. eldri skipulagslaga, nr. 19/1964, sagði að öll sveitarfélög væru skipulagsskyld og að allar byggingar ofan jarðar og neðan og önnur mannvirki sem áhrif hefðu á útlit umhverf-

---

[1] Í greinargerð sem fylgdi erindi Landsvirkjunar, dags. 19. apríl 1991, kemur fram að gert sé ráð fyrir 500 Gl Eyjabakkamiðlun. Af þessu leiðir að heimildir Landsvirkjunar vegna Fljótsdalsvirkjunar á grundvelli laga um raforkuver, nr. 60/1981, og samnings fyrirtækisins og ríkisstjórnar Íslands frá 11. ágúst 1982 eru ekki að fullu nýttar, hvorki að því er varðar uppsett afl né stærð miðlunar við Eyjabakka.

isins, aðrar en byggingar á lögbýlum, skyldu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt sem samþykktur hefði verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins. Í 1. mgr. 5. gr. sagði að á skipulagsskyldu svæði skyldu allar byggingar og önnur mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt. Ef skipulagsuppdráttur af sveitarfélaginu eða hluta þess eða af skipulagsskyldum stað var ekki fyrir hendi gat sveitarstjórn að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar leyft einstaka byggingarframkvæmdir, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna.

Í 1. gr. eldri byggingarlaga, nr. 54/1978, sagði að lögin tækju til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan og annarra mannvirkja sem áhrif hefðu á útlit umhverfisins. Undanþegin ákvæðum laganna væru þó götur og vegir, framræsluskurðir, girðingar á lögbýlum, flugbrautir, holræsi og dreifikerfi rafmagns, síma, hitaveitna og vatns, svo og hafnarmannvirki og virkjunarmannvirki að undanskildum húsbyggingum tilheyrandi þessum mannvirkjum. Mannvirki sem undanþegin væru ákvæðum laganna skyldu byggð í samræmi við ákvæði skipulagslaga og laga um náttúruvernd, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Skv. 1. mgr. 9. gr. laganna var óheimilt að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem áhrif hefðu á útlit umhverfisins nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar. Skyldu framkvæmdir vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deildarskipulag, sbr. 1. mgr. 4. gr. þágildandi skipulagslaga, nr. 19/1964, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 54/1978.

Hinn 14. nóvember 1990 ritaði Landsvirkjun bréf til hreppsnefndar Fljótsdalshrepps og fór þess á leit í samráði við Skipulag ríksins að hreppsnefndin leyfði byggingu Fljótsdalsvirkjunar í samræmi við 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, með áorðnum breytingum. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps svaraði með bréfi, dags. 20. nóvember 1990, á þá leið að ákveðið hefði verið að fresta því að taka afstöðu til þessarar beiðni og vinna að því að útvega gögn og upplýsingar um rétt og stöðu hreppsnefndar í samningsmálum. 23. nóvember 1990 ritaði Landsvirkjun að nýju bréf til hreppsnefndar Fljótsdalshrepps og óskaði eftir að fá að ráðast í gerð aðkomuganga fyrir Fljótsdalsvirkjun. Hreppurinn heimilaði gerð aðkomuganga með bréfi, dags. 30. nóvember 1990. 17. desember 1990 ritaði Skipulag ríkisins Fljótsdalshreppi bréf þar sem tilkynnt er að skipulagsstjórn hafi samþykkt að mæla með leyfisveitingunni. Með bréfi, dags. 13. maí 1992, óskaði Landsvirkjun enn á ný eftir leyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun á grundvelli 2. mgr. 5. gr. þágildandi skipulagslaga. Með bréfi, dags. 24. júní 1992, svaraði hreppsnefndin bréfi Landsvirkjunar á þá leið að ekki hafi verið tekin endanleg afstaða til málsins og telji sveitarstjórnin æskilegt að aðilar fundi um þessi mál og önnur sem sveitarstjórnin hefði áhuga á að ræða. Samkvæmt þessu liggur ekki fyrir formlegt samþykki Fljótsdalshrepps fyrir frekari framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun en áður greindum aðkomugöngum.

Með skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, voru felld úr gildi eldri skipulagslög, nr. 19/1964, og byggingarlög, nr. 54/1978. Skv. 9. gr. laganna er landið allt skipulagsskylt. Skal bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan, svo og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Í 2. gr. laganna er skipulagsáætlun skilgreind sem áætlun þar sem gerð er grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýst forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast samkvæmt ákvæðum laganna í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Svæðisskipulag er skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag og er ætlað að samræma stefnu í landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismálum og þróun byggðar á minnst 12 ára tímabili. Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem stefna

sveitarfélagsins í fyrrgreindum þáttum kemur fram. Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Gilda ákvæði um deiliskipulag jafnt um þéttbýli og dreifbýli.

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga nr. 73/1997 er óheimilt að grafa grunn, reisa hús, breyta því eða burðarkerfi þess, formi eða svipmóti eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Skulu framkvæmdir vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 43. gr. laganna. Í 2. mgr. 36. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 135/1997, er kveðið á um undanþágu frá ákvæðum um byggingarleyfi. Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir og dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda séu þær gerðar á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Þó þarf byggingarleyfi fyrir varanlegum húsbyggingum í tengslum við þessar framkvæmdir. Mannvirki sem undanþegin eru byggingarleyfi skulu gerð í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laganna, sbr. 3. mgr. 36. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 135/1997, skulu meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Er óheimilt að hefja slíkar framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

Skilja verður orðið virkjanir í 36. gr. skipulags- og byggingarlaga svo að átt sé við virkjunarframkvæmd í heild sinni, þ.e. stöðvarhús, göng og lón. Eru þau mannvirki óaðskiljanlegur hluti virkjunar og því ekki háð byggingarleyfi. Með húsbyggingum í tengslum við virkjanaframkvæmdir er hins vegar átt við íbúðarhús, mötuneyti, verkstæði og fleira sem er ekki nauðsynlega tengt virkjunarframkvæmdinni sem slíkri og þyrfti byggingarleyfi sveitarstjórnar fyrir þeim.

Samkvæmt 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag að liðnum tíu árum frá gildistöku laganna, sem var 1. janúar 1998, sbr. 62. gr. Í 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða segir að sveitarstjórn geti án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að vera sótt. Unnt er að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Er þetta sambærilegt ákvæði við það sem áður var í 2. mgr. 5. gr. eldri skipulagslaga.

Fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir eru að mestu leyti innan Fljótsdalshrepps en að nokkru innan Jökuldalshrepps miðað við upplýsingar sem nýlega hafa komið fram um mörk milli hreppanna. Hrepparnir eru að hluta til á miðhálendinu og hluti hinna fyrirhuguðu virkjunarframkvæmda. 10. maí 1999 var birt í B-deild Stjórnartíðinda auglýsing nr. 355, um staðfestingu umhverfisráðherra á svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015. Í auglýsingunni segir að með vísan til 13. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997, staðfesti ráðuneytið svæðisskipulag miðhálendis Íslands 2015. Síðan segir að samvinnunefnd um svæðiskipulag á miðhálendi Íslands, sbr. bráðabirgðaákvæði skv. 1. gr. laga nr. 73/1993 og 13. gr. laga nr. 135/1997, hafi samþykkt tillöguna 23. nóvember 1998 til afgreiðslu Skipulagsstofnunar sem með greinargerð ásamt viðaukum, dags. 9. apríl 1999, mæli með staðfestingu skipulagsáætlunarinnar. Mörk svæðisskipulags miðhálendis Íslands 2015 sé lína sem mótuð hafi verið við gerð svæðisskipulagstillögunnar, sbr. 2. gr. laga nr. 58/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997, og sé sýnd á skipulagsuppdrætti í mælikvarða 1:350.000, sbr. einnig fylgiskjal með auglýsingunni. Þá segir í auglýsingunni: „Afmörkun svæða á skipulagsuppdrætti og umfjöllun í skipulags-

greinargerð svæðisskipulags miðhálendis Íslands 2015 felur í sér eftirfarandi varðandi landnotkun, samgöngur, veitur og takmarkanir á landnotkun: ... **Fyrirhuguð orkuvinnslusvæði:** Afmörkun allra fyrirhugaðra orkuvinnslusvæða vatnsaflsvirkjana sem samræmast stefnumörkun skipulagsins.“

Á framangreindum skipulagsuppdrætti fyrir svæðisskipulag miðhálendisins er dregin markalína milli miðhálendis og sveitarfélaga. Samkvæmt uppdrættinum er fyrirhugað Eyjabakkalón á því svæði sem tilheyrir miðhálendinu. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir lóninu á staðfestu svæðisskipulagi. Í greinargerð með svæðisskipulagstillögunni (bls. 131) segir að Fljótsdalsvirkjun sé heimiluð með lögum 1981 og leyfi ráðherra hafi verið veitt fyrir 1. maí 1994. Virkjunin sé því einungis matsskyld ef um breytingar sé að ræða frá upphaflegum áætlunum.

Unnið er að gerð svæðisskipulags fyrir Héraðssvæði sem tekur til Norður-Héraðs, Fellahrepps, Fljóstsdalshrepps, Austur-Héraðs og Borgarfjarðar eystra. Hvorki er til aðalskipulag Fljótsdalshrepps eða Jökuldalshrepps né deiliskipulag fyrir svæðið þar sem stöðvarhúsi virkjunarinnar og öðrum mannvirkjum tengdum henni er ætlað að rísa. Skv. 3. tölul. bráðabirgðaákvæðis núgildandi skipulags- og byggingarlaga getur sveitarstjórn að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar veitt leyfi til frekari framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun þótt ekki liggi fyrir staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag. Er hér eins og áður segir um sömu heimild að ræða og áður var í 2. mgr. 5. gr. eldri skipulagslaga, en með vísan til þess ákvæðis sótti Landsvirkjun á sínum tíma um heimild til framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun og á þeim grundvelli veitti sveitarstjórn Fljótsdalshrepps heimild fyrir gerð aðkomuganga virkjunarinnar.

8. Fljótsdalsvirkjun og náttúruverndarlög.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. þágildandi náttúruverndarlaga, nr. 47/1971, hafði Náttúruverndarráð með höndum framkvæmdir í náttúruverndarmálum með þeim hætti sem mælt var fyrir um í lögunum. Í 1. mgr. 29. gr. laganna var kveðið svo á að skylt væri að leita álits Náttúruverndarráðs áður en framkvæmdir hæfust ef fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask ylli hættu á því að landið breytti varanlega um svip, merkum náttúruminjum yrði spillt eða hættu á mengun lofts og lagar. Gat ráðið krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því að verk yrði hafið eða því fram haldið, sbr. 2. mgr. 29. gr. Þá var í 3. mgr. 29. gr. mælt fyrir um að virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skyldu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð, svo og vegalagning til slíkra mannvirkja.

Í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 47/1971 leituðu Rafmagnsveitur ríkisins umsagnar Náttúruverndarráðs um Fljótsdalsvirkjun með bréfi, dags. 24. febrúar 1981. Umsögnin barst með bréfi ráðsins, dags. 31. mars 1981, og lagðist ráðið ekki gegn virkjuninni. Leitað var álits Náttúruverndarráðs að nýju þegar ákveðið var að gerð skyldu aðrennslisgöng í stað skurða sem áður voru fyrirhugaðir. Ráðið taldi í umsögn sinni, dags. 7. febrúar 1991, að þessi breytta verkhönnun mundi draga verulega úr umhverfisáhrifum. Ákvæðum náttúruverndarlaga um aðkomu náttúruverndaryfirvalda að málefnum Fljótsdalsvirkjunar var því að öllu leyti fullnægt áður en leyfi iðnaðarráðherra til Landsvirkjunar var gefið út 24. apríl 1991.

Með nýjum náttúruverndarlögum, nr. 93/1996, sem komu í stað laga nr. 47/1971, urðu verulegar breytingar á stjórnskipan náttúruverndarmála. Ný ríkisstofnun, Náttúruvernd ríkisins, tók við daglegum rekstri og verkefnum Náttúruverndarráðs en ráðinu var ætlað að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld. Sama skipan er samkvæmt núgildandi náttúruverndarlögum, nr. 44/1999.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 44/1999 skal þess gætt við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands. Í 34. gr. laganna er ákvæði samhljóða 1. málsl. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 135/1997, þess efnis að meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi og efnistöku, skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Skv. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 44/1999 skal leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 42. gr. skipulags- og byggingarlaga, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun landslagsgerða sem tilgreindar eru í 1. mgr. 37. gr. Meðal þeirra eru stöðurvötn og tjarnir, 1.000 fermetrar að stærð eða stærri, og mýrar og flóar 3 hektarar að stærð eða stærri, svo og fossar. Eins og kunnugt er mun nokkurt votlendi raskast við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir auk þess sem fossum verður raskað. Ekki þarf að leita umsagnar ef fyrir liggur aðalskipulag sem samþykkt hefur verið eftir 1. júlí 1999 þar sem umsögn Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda um skipulagsáætlunina liggur fyrir, sbr. 33. gr. laga nr. 44/1999.

Eyjabakkar eru á náttúruminjaskrá en eru ekki friðlýstar náttúruminjar. Skv. 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga skal leita umsagnar og tilkynna Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði náttúruminjum sem ekki hafa verið friðlýstar.

Í 10. kafla meðfylgjandi skýrslu Landsvirkjunar um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar (fylgiskjal I) er ítarlega gerð grein fyrir alþjóðasamningum um umhverfismál, m.a. náttúruvernd, og vísast til þeirrar umfjöllunar um þau atriði.

9. Fljótsdalsvirkjun og lög um mat á umhverfisáhrifum.

Árið 1993 setti Alþingi lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, og var með því meðal annars verið að leiða í lög hér á landi ákvæði tilskipunar Evrópubandalagsins, 85/337/EBE, um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Markmið laganna er skv. 1. gr. þeirra að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana. Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Meðal þeirra eru vatnsorkuvirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira og vatnsmiðlanir, þar sem meira en 3 km^2 lands fara undir vatn vegna stíflumannvirkjanna og/eða breytinga á árfarvegi.

Samkvæmt upphaflegu frumvarpi til laga nr. 63/1993 skyldu lögin öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlaðist gildi að því er Ísland varðar. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var sú breyting gerð á gildistökuákvæðinu að lögin skyldu þegar öðlast gildi, en jafnframt var bætt inn bráðabirgðaákvæðum. Í bráðabirgðaákvæði II segir: „Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum.“ Segir í nefndaráliti umhverfisnefndar Alþingis, sem skilaði samhljóða áliti og breytingatillögum, að lagt sé til að lögin öðlist þegar gildi, enda þyki þau eiga fullan rétt á sér án tillits til EES-samningsins. Um bráðabirgðaákvæðið sagði að nauðsynlegt væri að gefa hlutaðeigandi aðilum nokkurn aðlögunartíma vegna þeirra breyttu réttarreglna sem lagðar væru til í frumvarpinu. Í ræðu framsögumanns með nefndarálitinu sagði að með gildistöku frumvarpsins, þó að það kæmi ekki til framkvæmda strax, væri hægt að vinna að undirbúningi málsins og semja

reglugerð en „allri óvissu um það hvernig farið verður með leyfi sem útgefin eru fyrir 1. maí 1994 er eytt með þessu ákvæði“.

Samkvæmt þessu er afdráttarlaust á því byggt í lögum nr. 63/1993 að framkvæmdir samkvæmt virkjunarleyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 séu undanþegar mati á umhverfisáhrifum, þar með talin Fljótsdalsvirkjun, en leyfi til hennar voru í skilningi laganna gefin út fyrir umræddan tíma. Í því sambandi skal þess getið að umhverfisráðuneytið fer með málefni sem tengjast lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Hefur umhverfisráðuneytið talið að virkjunarframkvæmdir séu undanþegnar mati á umhverfisáhrifum þegar útgefin leyfi í skilningi bráðabirgðaákvæðis laga um mat á umhverfisáhrifum liggja fyrir, sbr. t.d. bréf ráðuneytisins, dags. 6. september 1996, varðandi Nesjavallavirkjun. Í því tilviki hafði iðnaðarráðherra ekki gefið út virkjunarleyfi en í lögum um raforkuver er iðnaðarráðherra veitt heimild til að gefa út leyfi til virkjunarinnar. Umhverfisráðuneytið taldi að þar sem fyrir hendi væri heimild Alþingis til viðkomandi framkvæmdar væri hún undanþegin mati á umhverfisáhrifum.

Að því er varðar Fljótsdalsvirkjun sérstaklega hefur umhverfisráðuneytið með bréfi til nefndasviðs Alþingis, dags. 15. júlí 1999, í tilefni af þingsályktunartillögu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, sem lögð var fyrir síðasta löggjafarþing, tekið fram að fyrir virkjuninni sé leyfi í skilningi bráðabirgðaákvæðis II í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Er niðurstaða ráðuneytisins mjög afgerandi en í bréfinu segir m.a.:

„...var ríkisstjórninni með lögum nr. 60/1981 heimilað að semja við Landsvirkjun m.a. um að reisa og reka virkjun við Jökulsá í Fljótsdal allt að 330 MW að stærð. Hinn 24. apríl 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, 210 MW að stærð ásamt aðalorkuveitum.

Í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, kemur fram í ákvæði til bráðabirgða að lögin gildi ekki um framkvæmdir með leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994.

Með vísun til þess er Fljótsdalsvirkjun, 210 MW að stærð ásamt aðalorkuveitum, ekki matsskyld framkvæmd samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, þar sem leyfi til hennar var veitt fyrir 1. maí 1994.

Samkvæmt ofanrituðu er ljóst að ekki verður krafist mats á umhverfisáhrifum vegna Fljótsdalsvirkjunar að óbreyttum lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.“ (Sjá fylgiskjal IX.)

Sami skilningur kemur einnig fram í bréfi umhverfisráðuneytisins til iðnaðarráðherra, dags. 5. nóvember 1999, þar sem staðfestur er sá skilningur iðnaðarráðuneytisins að á grundvelli heimildar Alþingis, sbr. lög um raforkuver, nr. 60/1981, og samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, sbr. og 6. og 7. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, og leyfi iðnaðarráðherra, dags. 24. apríl 1991, liggi fyrir útgefið leyfi í skilningi nefnds bráðabirgðaákvæðis laga nr. 63/1993. Jafnframt er staðfest að ekki sé skylt að lögum að fram fari mat á umhverfisáhrifum áður en gefið er út leyfi sveitarstjórnar á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. (Sjá fylgiskjöl X og XI.)

Segja má að þýðing bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 63/1993 sé tvíþætt. Í fyrsta lagi felst það í ákvæðinu að framkvæmdir sem hlutu leyfi á tímabilinu frá gildistöku laganna, 21. maí 1993 og fram til 1. maí 1994, eru undanþegnar mati á umhverfisáhrifum.

Í öðru lagi felst í hinu tilvitnaða bráðabirgðaákvæði laga nr. 63/1993 áréttting þeirrar grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar að lögum verður almennt ekki beitt með afturvirkum hætti, hvorki lögum nr. 63/1993 né öðrum lögum. Hefði þessi og orðið niðurstaðan varðandi lög nr. 63/1993, hvort sem bráðabirgðaákvæðis laganna hefði notið við eða ekki. Alþingi hefði því orðið að setja sérstakt ákvæði sem skyldaði Fljótsdalsvirkjun í mat á um-

hverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993 ef sú hefði verið ætlunin. Í því sambandi er hins vegar rétt að hafa í huga að vafamál er hvort slíkt hefði staðist jafnræðisreglu íslensks stjórnarfars, sbr. nú 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. laga nr. 97/1995.

Að því er afturvirkni laga varðar skal til frekari áherslu bent á að í 77. gr. stjórnarskrárinnar er nú lagt bann við afturvirkni refsilaga og skattalaga, en ekki er sérstaklega kveðið á um bann við afturvirkni almennra laga. Sú lögskýringarregla er þó almennt talin gilda hér á landi að lögum verður ekki beitt afturvirkt um atvik sem áttu sér stað fyrir gildistöku þeirra. Þó er eðli málsins samkvæmt talið að löggjafinn hafi nokkuð rúmar heimildir til þess að kveða á um afturvirkni laga sem auka réttindi borgaranna eða laga sem eru réttarskýrandi án þess að vera íþyngjandi.

Heimildir löggjafans til þess að kveða á um afturvirkni íþyngjandi laga eru hins vegar óljósari. Fyrir setningu núverandi 77. gr. stjórnarskrárinnar árið 1995 var talið að afturvirkni skattalaga gæti verið óheimil með vísan til þeirra raka, að óheimilt væri að setja íþyngjandi lagaákvæði með afturvirkum hætti, sbr. Hrd. 1984. 560. Í því máli taldi meiri hluti Hæstaréttar að afturvirk álagning gatnagerðargjalda væri óheimil og fæli í sér brot gegn eignarréttindum þeirra sem fyrir henni urðu. Að því er varðar heimildir löggjafans til þess að kveða á um afturvirkni annarra laga en skattalaga skal bent á Hrd. 1985. 1296. Í því máli taldi meiri hluti Hæstaréttar að óheimilt hefði verið að leggja skyldu á aðila til að greiða verðtryggingu á lífeyrisréttindi fyrrverandi starfsmanna með afturvirkum hætti.

Úrlausnir dómstóla benda til þess að niðurstaða þeirra um heimildir löggjafans til þess að kveða á um afturvirkni laga ráðist af samanburði á þeim hagsmunum annars vegar sem verið er að tryggja með afturvirkninni og hins vegar því hversu íþyngjandi hið afturvirka lagaákvæði er fyrir þá sem fyrir því verða. Að því er Fljótsdalsvirkjun varðar er ljóst að lagasetning um afturvirk áhrif laganna um mat á umhverfisáhrifum gagnvart þeirri virkjun mundi fela í sér íþyngjandi takmörkun á heimildum til að nýta þegar veitt leyfi. Verður ekki séð að neinar þær breytingar hafi átt sér stað frá setningu laga nr. 63/1993 sem réttlætt geta nú nauðsyn þess að beita ákvæðum laganna með afturvirkum hætti. Þá er og ljóst, eins og áður segir, að lagasetning, sem skyldaði Fljótsdalsvirkjun eina í mat á umhverfisáhrifum, mundi vera í andstöðu við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Af framansögðu er ljóst að í ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 63/1993 fólst árétting á þeirri grundvallarreglu að lögum verður ekki breytt með afturvirkum hætti. Ákvæðið hefur ekki verið fellt úr gildi og verður ekki nema með breytingu á lögunum. Niðurfelling þess hefði og engin áhrif á leyfi sem gefin voru út fyrir 1. maí 1994, enda á engan hátt hægt að líta svo á að framkvæmdir sem leyfðar hefðu verið fyrir þann tíma ættu við niðurfellingu ákvæðisins að sæta mati á umhverfisáhrifum með þeim hætti sem mælt er fyrir í lögunum.

Mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993 getur verið tímafrekt ferli. Á það einkum við um umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir eins og Fljótsdalsvirkjun, þar sem ekki er mögulegt að stunda rannsóknir ekki nema lítinn hluta ársins vegna staðsetningar og verðurfars. Í ljósi þess sem áður segir er fróðlegt að skoða hver atburðarásin gæti orðið ef málefni Fljótsdalsvirkjunar yrðu sett í allt það formlega ferli sem lög nr. 63/1993 gera ráð fyrir, þar með talið frekara mat:

Þannig mætti gera ráð fyrir að skipulagsstjóri tæki skýrslu Landsvirkjunar til athugunar í nóvember 1999 og gæti niðurstaða hans þá legið fyrir í janúar 2000. Ef í kjölfarið yrði farið fram á frekara mat sem krefðist viðbótarrannsókna eða gagna sem kölluðu á vettvangsrannsóknir gætu þær að öllum líkindum ekki farið fram fyrr en næsta sumar. Ef unnt yrði að ljúka þeim á einu sumri er líklegt að skýrsla um frekara mat gæti fyrst legið fyrir í nóvember á næsta ári. Skipulagsstjóri gæti þá fyrst úrskurðað síðari hluta janúar 2001. Verulegar líkur

eru á að sá úrskurður yrði kærður til umhverfisráðherra og gæti það kæruferli tekið tólf vikur. Endanlegur úrskurður ráðherra gæti því í fyrsta lagi legið fyrir í apríl árið 2001. Ef vinna við gerð útboðsgagna yrði hafin strax að fengnum úrskurði umhverfisráðherra væri unnt að auglýsa útboð haustið 2001. Samningar við verktaka gætu legið fyrir í ársbyrjun 2002 og framkvæmdir hafist þá um sumarið. Unnt yrði að gangsetja virkjunina síðari hluta árs 2005 miðað við fyrrgreindar forsendur, en á það skal minnt, að í yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium A/S frá 29. júní 1999 er stefnt að því að starfsemi álvers við Reyðarfjörð geti hafist undir lok ársins 2003.

10. Fljótsdalsvirkjun og tilskipun nr. 85/337/EBE.

Með tilskipun nr. 85/337 setti Evrópubandalagið reglur um að meta skyldi áhrif sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kynnu að hafa á umhverfið. Aðildarríkjunum var gefinn þriggja ára frestur til að innleiða efni hennar í rétt sinn. Sá frestur rann út 3. júlí 1988 og hvað Ísland varðar með gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994. Reglur tilskipunarinnar voru eins og áður segir teknar upp í íslenskan rétt með áðurgreindum lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993.

Í tilskipun 85/337 er að finna leiðbeinandi lágmarksreglur um það hvaða framkvæmdir skulu háðar mati á umhverfisáhrifum og hvernig það mat skuli framkvæmt. Í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar segir „að aðildarríkin skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að leyfi til framkvæmda, sem geta haft í för með sér veruleg áhrif á umhverfið vegna eðlis þeirra, stærðar eða staðsetningar, verði ekki veitt, fyrr en farið hefur fram mat á því, hver áhrifin kunna að verða".

Í tilskipuninni er ekki að finna ákvæði sem kveða á um það hvernig farið skuli með framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir gildistöku tilskipunarinnar. Um þetta atriði hafa á hinn bóginn gengið nokkrir dómar Evrópudómstólsins og má í stuttu máli segja að dómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að tilskipunin hafi ekki afturvirk áhrif. Í því felst að hafi formleg beiðni legið fyrir um leyfi vegna tiltekinnar framkvæmdar áður en tilskipunin öðlaðist gildi sé viðkomandi framkvæmd ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar. Áður tilvitnað bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 63/1993 gengur því lengra en niðurstaða Evrópudómstólsins þar sem lögin binda þetta tímamark við útgáfu leyfis eins og áður er rakið. Tilskipunin öðlaðist ekki gildi hér á landi fyrr en 1. janúar 1994 og er því ljóst að leyfi til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal voru þá þegar til staðar. Ákvæðum tilskipunarinnar verður því ekki beitt um Fljótsdalsvirkjun, sbr. og það sem áður sagði um afturvirkni laga.

Síðari breytingar á tilskipuninni, sbr. tilskipun nr. 97/11/EC um breytingar á tilskipun nr. 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið, hafa engin áhrif á leyfi til virkjunarinnar að þessu leyti. Skal í því sambandi ítrekað að engar þær breytingar hafa verið gerðar á verkhönnun Fljótsdalsvirkjunar frá því að leyfi iðnaðarráðherra var gefið út sem leiða til þess að þörf sé á útgáfu nýs leyfis eða sérstöku matsferli og á framkvæmdin heldur ekki undir ákvæði tilskipunarinnar af þeirri ástæðu.

11. Heimildir ráðherra til að afturkalla leyfi.

Í umræðunni um framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun sem fram hefur farið að undanförnu hefur því sjónarmiði stundum verið hreyft að iðnaðarráðherra sé heimilt að afturkalla áður útgefin leyfi til framkvæmda við virkjunina. Þykir því rétt að fara um það atriði nokkrum orðum í athugasemdum þessum.

Það er almennt viðurkennd meginregla samkvæmt íslenskum rétti að stjórnvaldi er óheimilt að afturkalla ívilnandi stjórnvaldsákvörðun þegar hún hefur verið tekin og tilkynnt aðilum máls nema fyrir hendi sé skýr lagaheimild til slíkrar afturköllunar. Rök þessarar reglu mega vera öllum ljós því það mundi skapa óþolandi réttaróvissu og glundroða ef stjórnvöld gætu afturkallað fyrri ákvarðanir sínar að eigin geðþótta.

Að því er Fljótsdalsvirkjun varðar er í fyrsta lagi ljóst að ráðherra skortir með öllu vald til þess að afturkalla þær heimildir til virkjunarinnar sem Alþingi hefur þegar veitt og grein er gerð fyrir hér að framan. Í öðru lagi er til þess að líta að í lögum um virkjunarframkvæmdir er ekki að finna sérstaka heimild ráðherra til að afturkalla leyfi sem hann hefur veitt. Má og benda á að slík afturköllun hefði litla þýðingu því eftir sem áður stæði óhaggað leyfi Alþingis til virkjunarinnar. Í þriðja lagi ber að hafa í huga að í leyfi vegna Fljótsdalsvirkjunar er enginn fyrirvari um heimildir ráðherra til afturköllunar leyfisins. Umhugsunarefni er þá hvort til greina kæmi við afturköllun af hálfu ráðherra að beita ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Í 25. gr. þeirra laga kemur fram að stjórnvald geti að eigin frumkvæði afturkallað ákvörðun sem tilkynnt hefur verið þegar það er ekki til tjóns fyrir aðila eða ákvörðunin er ógildanleg.

Ljóst má vera að skilyrði 25. gr. stjórnsýslulaga eru ekki fyrir hendi varðandi leyfið sem iðnaðarráðherra gaf út vegna Fljótsdalsvirkjunar 24. apríl 1991. Slík afturköllun mundi hafa í för með sér verulegt tjón fyrir leyfishafann og ekki eru til staðar nein atriði sem valdið geta ógildingu leyfisins. Af þessum sökum er það ekki á valdi ráðherra að afturkalla einhliða umrætt leyfi vegna Fljótsdalsvirkjunar.

Eins og áður segir veitti iðnaðarráðherra 24. apríl 1991 Landsvirkjun leyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun með 210 MW uppsettu afli ásamt aðalorkuveitum á grundvelli 7. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983. Greinin hljóðar svo:

Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með orkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Af orðalagi ákvæðis 2. mgr. 7. gr. verður ráðið að ráðherra er heimilt að setja skilyrði um breytingar á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja *áður en* hann veitir leyfið. Þetta ákvæði veitir ráðherra á hinn bóginn ekki heimild til að afturkalla stjórnvaldsákvörðun *eða setja henni skilyrði eftir að* hún hefur verið tekin og tilkynnt aðila. Þrengir ákvæði þetta því augljóslega rétt ráðherra til íhlutunar.

12. Afturköllun eða breyting Alþingis á virkjunarleyfi.

Áður hefur verið gerð grein fyrir samningi sem ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun gerðu 11. ágúst 1982 um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. Í 4. gr. samningsins segir að Landsvirkjun taki að sér að greiða kostnað RARIK af undirbúningi og rannsóknum fyrir Blöndu-virkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun til 1. október 1982. Samkvæmt því sem fram kom í fylgiskjali með samningnum var áætlaður kostnaður RARIK 1. október 1982 á verðlagi 1. júlí 1982 107.344.000 kr. Í 5. gr. samningsins segir að Landsvirkjun greiði ríkissjóði hlutdeild í kostnaði af undirbúningi og rannsóknum Orkustofnunar vegna Fljótsdalsvirkjunar þar til í október 1982 og var áætlað að kostnaður við Fljótsdalsvirkjun yrði 48.818.000 kr. Segir í 5. gr. að greiðslur umrædds kostnaðar samkvæmt þeirri grein skuli tengjast útgáfu hlutaðeigandi virkjunarleyfa.

Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar greiddi fyrirtækið um 1.550 millj. kr. á núvirði til ríkisins vegna Fljótsdalsvirkjunar á grundvelli 4. og 5. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982. Kostnaður Landsvirkjunar við rannsóknir, hönnun, annan undirbúning og framkvæmdir frá þeim tíma að Landsvirkjun tók að sér, með samningi við ríkissjóð á árinu 1982, að reisa og reka virkjunina nemur um 1.650 millj. kr. á núvirði samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins. Samtals er því kostnaður Landsvirkjunar vegna Fljótsdalsvirkjunar orðinn um 3.200 millj. kr. á núvirði.

Að framan er þess getið að framkvæmdarvaldshafa skorti heimildir til þess að breyta eða afturkalla einhliða og í andstöðu við vilja virkjunaraðila þau leyfi sem veitt hafa verið til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal. Jafnframt er tekið fram að slíkt verði einungis gert með lögum frá Alþingi. Vafasamt sé að slík lagasetning fái staðist bótalaust gagnvart virkjunaraðilanum. Við mat á því hvort Alþingi geti bótalaust breytt eða afturkallað virkjunarleyfi Landsvirkjunar vegna Fljótsdalsvirkjunar skiptir mestu máli hvort leyfi fyrirtækisins telst eign þess í merkingu eignarréttarákvæðis 72. gr. íslensku stjórnarskrárinnar og skal næst að því vikið.

Hugtakið *eign* í íslensku lagamáli hefur ekki fastmótaða merkingu. Yfirleitt er þó talið að hugtakið setji ákveðin takmörk og veiti vissa vísbendingu, þar með talið í skilningi eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Það bendir til þess að hagsmunir eða verðmæti þurfi að vera í nánum tengslum við ákveðinn eða ákveðna aðila öðrum fremur og að jafnaði er talið að því skilyrði sé ekki fullnægt nema því aðeins að réttarreglurnar fái viðkomandi aðilum ákveðnar heimildir í hendur og að hann hafi völ einhverra úrræða til verndar rétti sínum. Hugtökin *eign* og *eignarréttur* eiga því fyrst og fremst við um réttarstöðu sem fær ákveðnum aðila eða aðilum einkaforræði eða einkaumráð tiltekins verðmætis. Um réttarstöðu er talað vegna þess að rétthafinn getur fylgt eftir heimildum sínum með þvingunum, ef þörf krefur, oftast fyrir atbeina dómstóla eða annarra handhafa opinbers valds.

Í upphafi var talið að stjórnarskrárvernd eignarréttinda takmarkaðist við líkamlega muni eins og fasteignir og lausafé. Það er hins vegar löngu viðurkennt að með orðinu *eign* í 72. gr. stjórnarskrárinnar er ekki aðeins átt við líkamlega muni eins og fasteignir og lausafé heldur einnig hvers konar önnur verðmæt réttindi sem til eigna verða talin, eins og afnota- eða nýtingarréttindi, kröfuréttindi, höfundarréttindi, réttindi samkvæmt einkaleyfi og vörumerki o.fl. Þá má einnig geta þess að atvinnuréttindi eru í ýmsum samböndum talin til eignaréttinda. Ýmsar heimildir og ívilnanir sem veittar eru af hálfu hins opinbera geta og talist til eignar í skilningi stjórnarskrárinnar. Má í því sambandi benda á Hrd. 1943, bls. 154. Í þeim dómi var talið að ekki hefði verið heimilt að svipta fyrirtæki skatt- og útsvarsfrelsi sem því hafði verið veitt til ákveðins tíma með sérstökum lögum sem felld voru úr gildi áður en skattfrelsistímabilinu lauk.

Sá réttur sem felst í virkjunarleyfi telst til afnota- eða nýtingarréttinda í framangreindum skilningi og er hann því eign rétthafans í merkingu 72. gr. stjórnarskrárinnar. Með virkjunarrétti fær virkjunaraðilinn heimildir til þess að reisa og reka virkjun á tilteknu landsvæði. Eru slíkar heimildir almennt ótímabundnar og yfirleitt grundvöllur umfangsmikillar atvinnustarfsemi á viðkomandi svæði. Færir leyfið rétthafanum í hendur flestar heimildir til afnota og nýtingar lands og landsgæða sem almennt felast í eignarrétti. Dæmi um afnota- eða nýtingarréttindi, sem svipar til virkjunarleyfis en hefur þó að jafnaði ekki í sér fólgið jafnmikið fjárverðmæti, er byggingarleyfi en óumdeilt er samkvæmt íslenskum rétti að slíkt leyfi nýtur verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið og að því gættu að Landsvirkjun greiddi með samningi við ríkisstjórn Íslands 1.550 millj. kr. fyrir réttinn til Fljótsdalsvirkjunar er

ljóst að það virkjunarleyfi telst eign fyrirtækisins skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Af því leiðir að virkjunarleyfið verður hvorki tekið af fyrirtækinu í heild né að hluta nema fullnægt sé áskilnaði 72. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. að almenningsþörf krefji, til komi lagafyrirmæli í þá veru og fullar bætur komi fyrir. Í þessu felst að verði virkjunarleyfið afturkallað eða það takmarkað frá því sem nú er væri um bótaskylda eignarskerðingu að ræða í skilningi 72. gr. stjórnarskrár lýðveldsins.

Eignarréttarvernd 72. gr. stjórnarskrárinnar er ekki algjör. Þrátt fyrir þetta stjórnarskrárákvæði getur löggjafinn heimilað ýmiss konar takmarkanir á eignarrétti og eignarskerðingu sem ekki verða taldar eignarnám og án þess að til nokkurra bóta komi. Mörkin milli eignarnáms og annars konar takmarkana eða skerðinga á eignarrétti eru ekki alltaf ljós. Þar geta komið til ýmis vafatilvik og þar er einmitt eitt vandasamasta úrlausnarefnið í sambandi við skýringu á 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Þær takmarkanir á eignarrétti sem eigendur verða að þola bótalaust hafa stundum verið nefndar *almennar takmarkanir eignarréttinda*. Það hugtak veitir nokkra vísbendingu um hvaða eignarskerðingu megi ótvírætt framkvæma án þess að nokkrar fébætur komi fyrir tjón sem af henni leiðir. Eignarskerðing sem leiðir beint af lögum, kemur niður á mörgum eignum eða eigendum og hefur ekki í för með sér verulegt tjón á fjárhagslegum hagsmunum verður tvímælalaust talin til almennra takmarkana á eignarrétti sem 72. gr. stjórnarskrárinnar skyldar ekki til að bæta. Á hinn bóginn eru líkur til að um bótaskylda skerðingu sé að ræða þegar eigandi er sviptur verðmætum eignarheimildum sínum og þær fengnar öðrum aðila eða almenningi í hendur í heild eða að hluta. Einnig er fremur um eignarnám að ræða, og þar með bótaskylda skerðingu, þegar eignarskerðing byggist á ákvörðun sem beint er sérstaklega að ákveðinni eign eða eiganda.

Þegar þetta er virt er ljóst að lagasetning sem afturkallar eða þrengir rétt Landsvirkjunar til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal teldist engan veginn almenn takmörkun eignarréttinda. Hið sama gildir um lagasetningu sem skyldar Landsvirkjun til að hlíta niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum.

13. Tengsl Fljótsdalsvirkjunar við álver í Reyðarfirði.

Á grundvelli fyrirliggjandi heimilda og stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, dags. 28. maí 1999, samþykkti ríkisstjórnin yfirlýsingu sem undirrituð var af fulltrúum iðnaðarráðherra, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium A/S. Í yfirlýsingunni er lagður grunnur að vinnu- og tímaáætlun næstu ellefu mánuði og skuldbindingum og fyrirætlunum samstarfsaðila. Markmiðið er að búa svo í haginn með undirbúningsvinnu að taka megi ákvörðun um, hvort ráðist verður í byggingu vatnsorkuvers á Austurlandi og álvers í Reyðarfirði fyrir 1. júní árið 2000. Svo standa megi við yfirlýsinguna þarf að liggja fyrir virkjunarkostur sem unnt væri að hefja framkvæmdir við á næsta ári. Eini raunhæfi kosturinn í þessu sambandi er Fljótsdalsvirkjun. Tafir vegna mats á umhverfisáhrifum yrðu til þess að tefja virkjunarframkvæmdir um a.m.k. eitt ár en af því mundi leiða að rekstur álvers í Reyðarfirði gæti í fyrsta lagi hafist í lok ársins 2004 eða byrjun 2005.

Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði hefur verið lögð fram og er hún dagsett í október 1999. Í skýrslunni er m.a. komist að þeirri niðurstöðu að mengun frá álverinu verði innan viðmiðunarmarka fyrir nálæga byggð og atvinnustarfsemi á svæðinu. Bygging álvers muni hafa í för með sér breytingar á gróðurfari í næsta nágrenni álvers þar sem viðkvæmur gróður muni hörfa fyrir þolnari, en áhrif á dýralíf verði lítil. Einnig kemur fram að bygging álvers muni hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf og byggðaþróun á Austurlandi. Um 270 ársverk muni skapast í álverinu þegar í árslok 2003 og áætlað er að svipaður fjöldi starfa

verði til í öðrum atvinnu- og þjónustugreinum á Austurlandi. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi álversins leiði til þess að íbúar verði um 1.500 fleiri en reiknað er með í fyrirliggjandi áætlunum.

Ljóst er að stórverkefni á borð við byggingu og rekstur álvers í Reyðarfirði hefur víðtæk þjóðfélagsleg áhrif. Í nýlegri rannsókn á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju á Íslandi kemur fram að til þessa hafi stóriðjan skilað hreinum arði til þjóðfélagsins, að teknu tilliti til alls kostnaðar, þar með talins fjárfestingarkostnaðar, sem nemur 0,5% af þjóðarframleiðslu á hverju ári síðustu 30 árin og var t.d. 2,5 milljarðar árið 1997. Ávinningur þjóðarinnar af stóriðju er að núvirði um 18% af landsframleiðslu ársins 1997 eða rúmir 92 milljarðar. Með tilkomu fyrsta áfanga álvers í Reyðarfirði mun árlegt útflutningsverðmæti álframleiðslu aukast um 16 milljarða og vægi stóriðju í heildarútflutningi fara úr 16% í 24%.

Nú er séð fyrir endann á þeim fjárfestingum sem hófust árið 1996 og er hætt við að takturinn í íslenskum þjóðarbúskap breytist frá og með árinu 2000 ef ekki kemur til frekari uppbygging á sviði orkufreks iðnaðar. Þá má búast við minni hagvexti, minni fjárfestingu og auknu atvinnuleysi, nema því aðeins að verkefni sem skila jafnmiklum þjóðhagslegum ávinningi á öðrum sviðum komi til. Ætla má að bygging álvers í Reyðarfirði verði þjóðarbúinu farsæl. Það dragi úr vægi sjávarútvegs í þjóðarbúskapnum, renndi fleiri styrkum stoðum undir útflutningsatvinnuvegina, yki framleiðslugetu þjóðfélagsins, skapaði fjölbreyttara atvinnulíf, flytti inn erlent fjármagn og tækniþekkingu og skapaði hundruð nýrra hálaunastarfa.

14. Meginniðurstöður í skýrslu Landsvirkjunar.

14.1. Inngangur.

Í skýrslu Landsvirkjunar kemur fram að undirbúningur og rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar hafa staðið yfir í meira en aldarfjórðung þótt ekki hafi verið um samfellda vinnu að ræða. Mikilvægasta breytingin á hönnun virkjunarinnar var gerð á árunum 1989–90 þegar fallið var frá löngum veituskurðum frá miðlunarlóni að stöðvarinntaki og aðrennslisgöng valin sem veituleið. Sú jarðgangatilhögun sem nú er miðað við var boðin út árið 1991. Á grundvelli tilboða sem bárust er kostnaðaráætlun virkjunarinnar öruggari en ella.

Miðað við aðrar fyrirhugaðar stórar vatnsaflsvirkjanir hér á landi er Fljótsdalsvirkjun afar hagkvæm að því gefnu að orka hennar nýtist að fullu strax í upphafi og hagstætt raforkuverð fáist. Ekki hefur fundist annar raunhæfur möguleiki á vatnsmiðlun fyrir sjálfstæða virkjun í Jökulsá í Fljótsdal en á Eyjabökkum. Eini möguleikinn til að virkja Jökulsá í Fljótsdal án miðlunar á Eyjabökkum er að veita ánni í aðrennslisgöng Kárahnúkavirkjunar eftir að sú virkjun hefur verið reist og nýta miðlun í Hálslóni.

Í skýrslunni kemur fram að áhrif Fljótsdalsvirkjunar á umhverfi eru fjölmörg og margvísleg. Þegar þessi áhrif veru vegin og metin kemur í ljós að áhrif virkjunarinnar á náttúrufar eru að langmestu leyti fólgin í áhrifum Eyjabakkalóns. Áhrif annarra hluta virkjunarinnar á náttúrufar eru yfirleitt talin vera lítil eða óveruleg.

Hér á eftir er farið yfir þætti þar sem áhrif eru mikil eða talsverð en lýsingu á þeim þáttum þar sem áhrif eru talin lítil eða óveruleg er yfirleitt sleppt í þessari samantekt og vísast til meginmáls skýrslunnar um þau.

14.2. Eyjabakkasvæði.

Landslag.

Eyjabakkasvæðið er hluti af landslagsheild sem breytist verulega með tilkomu miðlunarlóns. Það sem einkum gerir þessa landslagsheild tilkomumikla er Snæfell og fjallaklasinn í

nágrenni þess, ásamt Vatnajökli í suðri. Eyjabakkalón veldur miklum breytingum á þessari landslagsheild. Þessum breytingum er lýst í máli og myndum í skýrslunni og er vísað til þeirra. Lítið mun sjást til lónsins af vegum og slóðum sem um svæðið liggja. Sjónræn áhrif á hefðbundnar gönguleiðir eru talsverð, t.d. á gönguleið á Snæfell og einnig á fyrsta hluta gönguferðar niður í Lónsöræfi. Gönguferðir um Snæfellssvæðið eru einkum stundaðar frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst og á þeim tíma er Eyjabakkalón yfirleitt nálægt hæstu stöðu þannig að ströndin umhverfis lónið verður mjó rönd á flestum stöðum.

Jarðvegur og jarðmyndanir.

Með tilkomu lónsins myndast strandlína við lónið. Þessi strandlína verður til við rof á þeim jarðefnum sem fyrir eru. Í aurkeilum undir Snæfelli og við sunnanvert lónið er þó ekki búist við miklu öldurofi vegna þess hve land er þar hallalítið og strandefnið grófkornótt. Þar sem land er bratt og fínkornóttur jarðvegur við ströndina má búast við jarðvegsrofi, einkum fyrstu árin.

Framan við sporð Eyjabakkajökuls er kerfi af jökulgörðum og jökulmyndunum. Þessar jökulminjar munu að mestu fara í kaf við tilkomu lónsins. Eitt af því sem sérstætt hefur verið talið við Eyjabakkasvæðið eru svonefndir Hraukar, en það eru jarðvegsfellingar við Eyjafell sem mynduðust við það að jökullinn vöðlaði upp jarðvegi fyrir framan sporðinn. Hraukarnir munu fara í kaf og eyðileggjast vegna öldurofs.

Hraukarnir framan við Eyjabakkajökul eru ekki einstæðir, heldur er sambærilega jarðvegsmyndun að finna norðan við Brúarjökul. Þá eru einnig svipuð fyrirbæri á Svalbarða.

Yfirborðsvatn og fossar.

Miklar breytingar verða á fossum í Jökulsá í Fljótsdal og fossar í Laugará hverfa. Enda þótt fossar í Jökulsá hverfi ekki alveg verða þeir ekki svipur hjá sjón að lokinni virkjun, nema síðla sumars þau ár þegar Eyjabakkalón fyllist og vatn rennur um stífluyfirfall.

Loftslag.

Aurburður í Jökulsá í Fljótsdal er mestur í júlí og ágúst þegar lónið er að fyllast. Því verður að gera ráð fyrir að aur botnfalli á strandsvæðum sem standa upp úr vatnsborði lóns að sumarlagi þegar það er ekki orðið fullt. Há grunnvatnsstaða að vori, leysingavatn og ölduáhrif lónsins á haustin munu þó draga úr hættu á því að aur safnist í verulegum mæli á strandsvæði lónsins. Ef fínn jökulleir þornar í þurrum og hvössum vindi má búast við að rykmistur myndist við lónið. Við þessar aðstæður er oft mistur í lofti við Snæfell vegna ryks, einkum frá aurum Jökulsár á Fjöllum. Ekki er því gert ráð fyrir að mistursdögum á svæðinu fjölgi frá því sem verið hefur. Reynsla frá Sultartangalóni og Blöndulóni er þó sú að jökulleir safnast ekki í strandsvæði lónanna.

Fullyrðingar um loftslagsbreytingar vegna lónsins eiga ekki við rök að styðjast. Reynsla frá náttúrulegum vötnum, t.d. Leginum, sýnir að lofthiti og vindur ráða mestu um hitastig lónsins en ekki hitastig innstreymis. Reynsla frá öðrum uppistöðulónum Landsvirkjunar og reynsla erlendis frá styður þessar niðurstöður. Losun gróðurhúsalofttegunda frá Eyjabakkalóni er aðeins brot af þeirri losun sem kemur frá öðrum gerðum orkuvera.

Gróður.

Allur gróður á Eyjabökkum fer undir vatn. Flóra svæðisins er vel þekkt. Ekki hafa komið í ljós á Eyjabökkum tegundir sem eru í útrýmingarhættu, eða á válista, enda umhverfisskilyrði þannig að þar þrífast helst plöntur sem hafa mikið þolsvið gagnvart umhverfinu.

Ekki að sjá að á Eyjabökkum sé að finna staði sem eru einstakir í sinni röð að því er viðkemur gerð gróðurfélaganna heldur eiga þau sér hliðstæður víða á hálendinu. Náttúrulegt gróðurfélag, sem hefur lagað sig að ákveðnum aðstæðum, er ávallt einhvers virði þótt það búi ekki yfir einstökum sérkennum. Þá er það einnig talið merkilegt við svæðið að gróðurlendið þar er hluti af gróðurlendi sem nær nánast óslitið frá sjó og inn að Eyjabakkajökli eða um 140 km leið. Strandrof getur valdið skemmdum á gróðri sem næst er lóninu, bæði með ölduágangi og vindrofi. Engar stórar gróðurvinjar eru þó í hættu vegna þessa.

Dýralíf.

Þrátt fyrir að rannsóknir á dýralífi við Eyjabakka hafi nú staðið yfir í hartnær 30 ár liggja ekki fyrir svör um það hvaða áhrif myndun lóns á Eyjabökkum muni hafa á dýralíf. Það eru einkum þrjár dýrategundir sem Eyjabakkalón hefur áhrif á. Þær eru hreindýr, álftir og heiðagæsir.

Samkvæmt rannsóknum nýtir hluti hreindýrastofnsins Eyjabakka til beitar, einkum í ágúst, og sjást á þeim tíma stundum stórir hópar hreindýra þar. Aðalástæðan fyrir því að dýrin leita á þetta svæði síðsumars virðist vera sú að þarna er snjóþungt fram eftir sumri og gróður tekur því seinna við sér og er næringarríkari á þessum tíma en t.d. á Vesturöræfum. Ljóst er að myndun lónsins mun auka beitarálag á öðrum svæðum, en talið er að tilkoma lónsins muni lítið breyta lífsskilyrðum hreindýrastofnins.

Um 20 álftapör verpa í lónstæðinu. Þetta er innan við 1% af íslenska álftastofninum. Ólíklegt verður að teljast að þetta hafi afdrifaríkar afleiðingar fyrir stofninn.

Áhrif fyrirhugaðs Eyjabakkalóns á dvöl geldra heiðagæsa á Eyjabökkum hafa verið mikið til umræðu og vakið mikla athygli. Geldgæsir nýta Eyjabakka til þess að fella flugfjaðrir um mitt sumar. Þær eru þá ófleygar um 3–4 vikna skeið. Eyjabakkar eru nú stærsti fjaðrafellistaður heiðagæsa. Þar fella fjaðrir um 7–10% geldgæsa í stofninum. Fyrst varð vart við heiðagæs í fjaðrafelli á Eyjabökkum árið 1979 og voru þá taldir um 1.300 fuglar á svæðinu. Síðan þá hefur fuglum í fjarðrafelli fjölgað á Eyjabökkum og urðu þeir flestir 1991 eða um 13.000. Þeim fækkaði strax árið eftir og eru þeir nú um 8.000.

Fáar heiðagæsir verpa á Eyjabakkasvæðinu. Heiðagæsastofninn virðist vera í örum vexti, enda þótt heiðagæsum í Þjórsárverum, þar sem er stærsta heiðagæsavarp í heiminum, hafi fækkað. Fram til ársins 1985 virðast Eyjabakkar hafa gegnt mun minna hlutverki fyrir heiðagæsastofninn en nú. Nýir staðir sem hugsanlegir eru sem fellistaðir fyrir heiðagæs hafa einnig myndast, eins og í nágrenni Blöndulóns. Þá er rétt að benda á það til samanburðar að skotnar eru um 30–40 þúsund heiðagæsir á ári þannig að það eru ekki eingöngu virkjanir sem geta haft áhrif á viðkomu heiðagæsastofnsins.

14.3. Sauðárveita.

Sauðárveita hefur talsverð áhrif á yfirborðsvatn og fossa. Vatnsmagn í Kelduá í Suðurdal minnkar um sem næst fjórðung og ásýnd fossa breytist. Sauðárveita er talin geta haft góð áhrif á vatnalíf í Kelduá vegna þess að jökulgrugg í ánni nánast hverfur.

14.4. Virkjun í heild.

Ferðamennska.

Vegagerð vegna virkjunarinnar hefur þegar skilað sér í auknum fjölda ferðamanna á svæðinu við Snæfell. Í skýrslunni eru leidd rök að því að bygging Fljótsdalsvirkjunar muni ekki leiða til samdráttar í ferðamennsku, hvorki á landinu í heild né á virkjunarsvæðinu heldur benda flest rök til þess að bætt aðgengi geti hleypt nýju blóði í ferðamennsku á svæðinu.

Ekki er talið að breytt ásýnd lands á Eyjabakkasvæði muni skipta þar sköpum ef marka má reynslu Norðmanna. Talið er að virkjunin geti dregið úr fjölda ferðamanna sem vilja lágmarksþjónustu og sækja í einveru og kyrrð hálendisins. Benda má á að um 90% íslenskra ferðamanna á Þjórsár-Tungnaársvæði töldu í skoðanakönnun 1996 að uppistöðulón hefðu jákvæð eða engin áhrif á upplifun þeirra á náttúru svæðisins.

Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá.

Eyjabakkalón hefur áhrif á svæði nr. 616 á náttúruminjaskrá, Eyjabakka í Fljótsdalshreppi. Svæðið afmarkast að vestan af 700 m hæðarlínu í Snæfellshálsi frá Eyjabakkajökli norður á móts við Eyjabakkafoss, þaðan í suðvesturenda Folavatns og áfram um Háöldu að mörkum friðlands í Lónsöræfum. Óskir um friðun svæðisins stangast á við heimildarlög um Fljótsdalsvirkjun.

Atvinnusköpun og byggðaþróun.

Bygging virkjunarinnar er meginforsenda þess að unnt sé að sjá fyrirhuguðu álveri á Reyðarfirði fyrir nægri orku eigi það að taka til starfa árið 2003. Því má segja að áhrif virkjunar séu samofin þeim efnahagslegu áhrifum sem verða af byggingu og rekstri álvers með tilheyrandi eflingu byggðar og atvinnulífs á Austurlandi. Þessara áhrifa mun gæta um allt land. Reynsla Norðmanna sýnir að áhrif virkjana og stóriðju í tiltölulega einangruðum dreifbýlishéruðum styrkja þessi sveitarfélög og draga úr brottflutningi fólks af viðkomandi svæði. Önnur augljós áhrif á byggingartíma eru efling verktakastarfsemi, hærra þjónustustig á svæðinu og aukin almenn atvinna. Á byggingartíma munu mest starfa rúmlega 500 starfsmenn og við rekstur virkjunarinnar er gert ráð fyrir 15–20 heilsársstörfum. Þessir starfsmenn munu væntanlega búa í nálægum þéttbýlisstöðum.

Mótvægisaðgerðir.

Í skýrslunni er fjallað um hugsanlegar mótvægisaðgerðir gegn þeim áhrifum sem virkjunin mun hafa á náttúrufar svæðisins, eftir því sem við á. Veigamestu mótvægisaðgerðirnar verða vegna gróðureyðingar á Eyjabökkum. Er lagt til að átak verði gert í uppgræðslu og ræktun annarra svæða, þó ekki nauðsynlega í næsta nágrenni virkjunarsvæðisins heldur þar sem slík uppgræðsla er talin skila mestum árangri. Verður það gert í samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og ef til vill fleiri aðila.

15. Aðrir virkjunar- og stóriðjukostir.

Að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins hefur Orkustofnun samið greinargerð um hugsanlega kosti til að afla orku fyrir fyrsta áfanga ráðgerðs álvers í Reyðarfirði sem taki til starfa í árslok 2003. Greinargerðin er birt sem fylgiskjal II með þessari tillögu.

Í upphafi greinargerðar sinnar reifar Orkustofnun raforkuþarfir umræddds álvers, en það er talið þurfa um 1.700 GWh/a af raforku. Þá er farið yfir raforkuspá að öðru leyti þar sem m.a. er tekið tillit til skuldbindinga um aukna raforku til núverandi stóriðjuvera. Jafnframt er gerð grein fyrir orkuöflun til að mæta þessum þörfum allt fram til ársins 2005.

Þá gerir stofnunin grein fyrir stöðu undirbúnings á frekari virkjunum, jafnt vatnsafls- sem jarðgufuvirkjunum. Þar kemur fram að tiltækir séu aðrir virkjunarkostir en Fljótsdalsvirkjun, sem gætu gefið um 1.500 GWh/a af raforku fyrir árslok 2003. Þar af kæmu þó aðeins um 600 GWh/a frá virkjunum á Norður- og Austurlandi.

Af þessu dregur stofnunin þá meginniðurstöðu „að aðeins með því að reisa Fljótsdalsvirkjun [sé] nú unnt að tryggja 120 þúsund tonna álveri í Reyðarfirði orku fyrir árslok 2003. Er þá miðað við að orkuverð frá öðrum virkjunarkostum verði að vera álíka og frá Fljótsdalsvirkjun og að staðfesta verði fyrir mitt ár 2000 væntanlega orkuafhendingu.“ En í yfirlýsingu Hydro Aluminium A/S, Landsvirkjunar og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá 29. júní sl. er einmitt gert ráð fyrir að ákvörðun um það hvort álverið verður reist verði tekin fyrir 1. júní nk.

Ályktun Orkustofnunar er síðan rökstudd í einstökum atriðum. Tekur stofnunin þá bæði til umfjöllunar orkukosti í nálægð við Reyðarfjörð, þ.e. á Norðaustur- og Austurlandi, sem og möguleika á öflun orku annars staðar og á flutningi þeirrar orku til Reyðarfjarðar. Að mati stofnunarinnar er meginástæða þess að þeir kostir koma ekki til álita sú að tími sé of naumur til ákvarðanatöku, undirbúnings og framkvæmda. En fleira kemur til, einkum að kostnaður við aðra kosti verði of mikill, t.d. ef flytja þarf raforkuna um langan veg.

Að auki er í greinargerð Orkustofnunar ítarleg umfjöllun um aðdraganda Fljótsdalsvirkjunar. Áform um virkjunina frá þeim tíma að lagaheimild var veitt fyrir henni 1981 eru borin saman við núverandi áform. Kemur þar glöggt fram að tilhögun virkjunarinnar hefur tekið margvíslegum breytingum sem allar eru til bóta með tilliti til náttúru- og umhverfisverndar.

Að beiðni ráðuneytisins fjallar Orkustofnun enn fremur um það „hvort unnt sé að breyta hönnun Fljótsdalsvirkjunar frekar til að draga enn meir úr umhverfisáhrifum virkjunarinnar, einkum áhrifum fyrirhugaðrar miðlunar á Eyjabökkum“ eins og sagði í erindi ráðuneytisins til stofnunarinnar. Er þá fyrst fjallað um stærð Eyjabakkalóns og fengin sú niðurstaða að ekki sé unnt að minnka flatarmál þess án þess að gera það næsta gagnslaust til miðlunar. Nýtt miðlunarlón neðar í Jökulsá í Fljótsdal er heldur ekki talið koma til álita sakir verulega aukins kostnaðar. Á hinn bóginn bendir stofnunin á að afla mætti umtalsvert meiri orku með því að hækka Eyjabakkastíflu nokkuð án þess að flatarmál lónsins ykist að ráði.

16. Þjóðhagsleg áhrif virkjunar- og stóriðjuframkvæmda.

Í upphafi þessa áratugar var talið að heppilegast væri að reisa álverksmiðju á Suðvesturlandi og kom þar margt til. Í fyrsta lagi væri ódýrara að afla orku þar. Í öðru lagi væri umhverfisröskun við byggingu og rekstur álvers þar talin minni en á öðrum svæðum. Í þriðja lagi væri rekstrarkostnaður álvers á því svæði talinn lægri. Þetta hefur breyst. Orka frá Blönduvirkjun hefur verið seld og búið er að reisa þær virkjanir og gera þær orkuöflunarframkvæmdir sem áformaðar voru vegna álvers á Keilisnesi, samkvæmt bráðabirgðaákvæði sem sett var í lög um raforkuver, að Fljótsdalsvirkjun undanskilinni. Ef reisa ætti álver á suðvesturhorni landsins á næstu árum þyrfti því að ráðast í miklar framkvæmdir við raforkukerfi landsins með byggingu hálendislínu sem gerir orkuöflunina óhagstæða. Þá er líklegt að mikil andstaða yrði við gerð slíkrar línu vegna sjónmengunar.

Þessi breyttu skilyrði og viðhorf hafa því skapað nýja möguleika á að tengja stóriðjuverkefni aðgerðum til að styrkja byggð utan suðvesturhorns landsins. Bygging álvers í Reyðarfirði mun styrkja byggð á Austurlandi, auka fjölbreytni atvinnulífsins og draga úr mikilvægi sjávarútvegsins. Atvinnutækifærum ungs og vel menntaðs fólks sem kýs að búa á atvinnusvæði væntanlegs álvers mun fjölga. Það mun leiða til eflingar á annarri starfsemi á svæðinu samfara því sem byggðirnar verða betur í stakk búnar til að mæta auknum kröfum um hagræðingu í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Þjóðhagsstofnun hefur metið þjóðhagsleg áhrif 120 þúsund tonna álvers í Reyðarfirði sem tæki til starfa árið 2003. Matið miðast við að virkjunarframkvæmdir hefjist á næsta ári og bygging álversins árið 2001. Heildarfjárfesting næmi rúmlega 60 milljörðum króna. Fjárfest-

ing yrði að meðaltali rúmlega 15% meiri á tímabilinu 2000–2003 en ef ekki kæmi til byggingar álversins. Varanleg hækkun landsframleiðslu yrði um 1,4% og varanleg hækkun þjóðarframleiðslu um 1,2%. Einnig hafa verið könnuð staðbundin áhrif álversins. Um 270 framtíðarstörf yrðu í verksmiðjunni. Miðað við fyrri reynslu er reiknað með því að störfum á atvinnusvæði álversins fjölgi um annað eins fyrir óbein áhrif af starfsemi þess. Miðað við áætlaða umframeftirspurn eftir vinnuafli sem starfsemin mundi skapa má ætla að aðfluttir umfram brottflutta á atvinnusvæðinu yrðu um 640 manns.

Þá hefur Þjóðhagsstofnun metið þjóðhagsleg áhrif 360 þúsund tonna álvers í Reyðarfirði sem byggt yrði í tveimur áföngum. Gert er ráð fyrir að fyrri áfanginn yrði 120 þúsund tonn og tæki til starfa árið 2003 og að hinn síðari yrði 240 þúsund tonn og tæki til starfa árið 2008. Heildarfjárfesting í álverinu og nauðsynlegum orkumannvirkjum yrði alls um 180 milljarðar króna á tímabilinu 2000–2008. Varanleg hækkun landsframleiðslu yrði um 4% og varanleg hækkun þjóðarframleiðslu um 3%. Í verksmiðjunni yrðu um 570 störf. Aðflutningur fólks sem stækkun álversins úr 120 þúsund tonnum í 360 þúsund tonn hefði í för með sér yrði svipaður eða heldur minni en við fyrsta áfanga.

17. Helstu niðurstöður í skýrslu Nýsis um athugun á samfélagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði.

Við rekstur 120 þúsund tonna álvers munu starfa um 240 manns auk þess sem afleysingastörf munu nema um 30 ársverkum. Talið er að vegna margfeldisáhrifa geti skapast allt að 200–250 störf til viðbótar á svæðinu. Talið er að þeir sem nú búa á Mið-Austurlandi, auk þess unga fólks sem kemur á vinnumarkaðinn þar á næstu árum, muni geta mannað um ⅔ hluta þessara starfa. Miðað við svipaða fjölskyldustærð og atvinnuþátttöku og nú er þar má áætla að þessi 450–500 nýju störf muni framfleyta a.m.k. 900–1.000 manns.

Miðað við 480 þúsund tonna framleiðslu má gera ráð fyrir að störfum í heild fjölgi um 1.250–1.350 og um allt að 2.500 manns á Mið-Austurlandi á u.þ.b. 15 árum. Í þeirri áætlun er ekki reiknað með ýmsum óhjákvæmilegum þjóðfélagsbreytingum og tækniþróun á næstu 15 árum sem hafa munu áhrif á störf, laun, fjölskyldugerð og viðskipti, auk þess samdráttar sem óhjákvæmilega mun gæta í einhverjum greinum. Af þessum sökum er erfitt að segja nákvæmlega fyrir um heildaráhrif álversins á samfélagið. Ljóst er að starfsemi álvers mun auka umsvif í verslunar- og þjónustustarfsemi og líklegt er að ungt fólk muni sækja í störf í álverinu. Það getur dregið úr því misvægi sem nú er í aldursdreifingu íbúanna.

Margir á Austurlandi uppfylla hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsmanna í álveri. Flest bendir til að áhrif af uppbyggingu og rekstri álvers verði jákvæð jafnt fyrir framþróun í atvinnulífi og í samfélaginu almennt. Ný þjónustufyrirtæki verði stofnuð og framtíðarmöguleikar starfandi fyrirtækja birtist á jákvæðan og neikvæðan hátt. Hugsanlegt er að þensluáhrif álvers birtist í skorti á vinnuafli í öðrum fyrirtækjum og að þau geti tímabundið misst starfsfólk til álversins. Hins vegar telja flestir atvinnurekendur á svæðinu að þetta muni virka jákvætt þegar til lengri tíma er litið og aðgangur að þjónustu verði auðveldari. Talið er að rekstur álvers muni hafa lítil áhrif á sjávarútveg, útgerð muni halda áfram óbreytt en tímabundið gætu fiskvinnslufyrirtæki misst vinnuafl til álvers. Þegar fram í sækir er búist við að aukinn fólksfjöldi og efling þjónustu muni koma útgerðarfyrirtækjum vel. Álver mun því keppa um vinnuafl við önnur fyrirtæki en jafnframt skapast grundvöllur fyrir ýmsa atvinnustarfsemi. Talið er að fólk í sérfræðistörfum sé frekar en ófaglært fólk tilbúið til að flytja lengri vegalengdir. Áhrif af álveri muni m.a. verða þau að sérfræðingar flytjist til svæðisins, m.a. af höfuðborgarsvæðinu. Eins má reikna með að álver virki hvetjandi á ungt fólk á Aust-

fjörðum til að afla sér menntunar sem störf í álveri krefjast. Tilkoma álvers muni því hækka menntunarstig á svæðinu.

Rekstur álvers eykur þörf fyrir íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi. Reiknað er með að byggja þurfi um 200–250 íbúðir í tengslum við fyrsta áfanga en allt að 500 íbúðir ef 1. og 2. áfangi ná fram að ganga. Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði mun aukast, það getur leitt til hækkunar á fasteignaverði og kallað á endurbætur og viðhald á því húsnæði sem fyrir er. Þetta væri jákvæð þróun þar sem íbúðaverð á Austurlandi hefur verið lágt undanfarið. Fjölgun íbúa kallar á aukna opinbera þjónustu en ekki er talið að fjölgun íbúa muni valda teljandi stofnkostnaði, t.d. í skólakerfinu. Á því sviði eins og ýmsum öðrum mun íbúafjölgun bæta nýtingu fjárfestinga sem fyrir eru. Tilkoma álvers og fjölgun íbúa mun hafa góð áhrif á menningarlíf á Mið-Austurlandi og gera má ráð fyrir að það verði fjölbreyttara en nú er, auk þess sem eftirspurn eftir hvers konar afþreyingu muni aukast.

Samgöngur til og frá iðnaðarsvæðinu eru góðar. Meiri umferð mun verða samhliða byggingu og rekstri álvers. Almenningssamgöngur eru innan Fjarðabyggðar og tilkoma álvers mun skjóta styrkari stoðum undir þær. Hugsanleg jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar mundu stækka vinnusóknarsvæði álvers og þar með gætti áhrifa þess víðar á Austurlandi. Flugumferð um Egilsstaðaflugvöll mundi aukast á byggingartímanum.

18. Álit Byggðastofnunar á áhrifum álvers á byggðaþróun á Austurlandi.

Í bréfi Byggðastofnunar til iðnaðarráðuneytisins, dags. 2. nóvember 1999, er lagt mat á það hver áhrif álver í Reyðarfirði muni hafa á atvinnu- og búsetuþróun á Austurlandi. Þar er vísað til skýrslu ráðgjafarþjónustunnar Nýsis hf. og Community Resource Services Ltd. um athugun á samfélagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði (sjá 17. kafla hér að framan). Í bréfinu segir að Byggðastofnun hafi veitt aðstoð við efnisöflun skýrslunnar og sé hún m.a. byggð á þeim gögnum, sem stofnunin lét í té. Þá segir orðrétt:

„Skýrslan gefur greinargóða lýsingu á samfélagslegum þáttum á Mið-Austurlandi, svo sem íbúa- og atvinnuþróun, húsnæðismálum og þjónustustigi. Þar er einnig að finna könnun á vinnumarkaði svæðisins og menntunarstigi íbúa og hvernig vinnuaflsþörf álvers fellur að þessum atriðum. Mat á fjölda afleiddra starfa er einnig mikilvægur þáttur í greiningu á áhrifum stóriðju á svæðinu. Þá er einnig sett fram mat á samfélagslegum áhrifum sem er m.a. byggt á viðtölum við heimamenn. Einnig er gerð tilraun til að meta áhrif álvers á aðrar atvinnugreinar.

Byggðastofnun telur að skýrslan gefi raunhæft mat á áhrifum á byggð og atvinnulíf á starfssvæði fyrirhugaðs álvers og hefur engu þar við að bæta. Stofnunin vill jafnframt benda á að nauðsynlegt er að ríkisvaldið hugi vel að framkvæmdum í grunngerð svæðisins, svo sem varðandi framhaldsmenntun, heilbrigðisþjónustu og vegakerfi á svæðinu. Einnig er mikilvægt að sveitarfélög hafi góða möguleika til að sinna þeim þáttum sem að þeim snúa, svo sem varðandi skipulagsmál, lagnakerfi, leik- og grunnskóla og hafnargerð.

Byggðastofnun telur að nýbreytni verði að koma til í atvinnuuppbyggingu á svæðinu ef stöðva á þann brottflutning sem verið hefur að undanförnu. Þar þarf margt að koma til skoðunar og sú kynning sem fram kemur í gögnum um álver í Reyðarfirði virðist staðfesta að þar er á ferðinni kostur sem ber að gaumgæfa rækilega.“

Fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari:

I. Skýrsla Landsvirkjunar um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, dags. 5. nóvember 1999, ásamt fylgiriti.
II. Greinargerð Orkustofnunar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, dags. 4. nóvember 1999.
III. Skýrsla Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði, október 1999.
IV. Skýrsla Nýsis hf., dags. í september 1999.
V. Samningur ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl., dags. 11. ágúst 1982.
VI. Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium A/S, dags. 29. júní 1999.
VII. Umsókn Landsvirkjunar um leyfi iðnaðarráðherra, dags. 19. apríl 1991.
VIII. Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 24. apríl 1991.
IX. Bréf umhverfisráðuneytisins til nefndasviðs Alþingis, dags. 15. júlí 1999.
X. Bréf iðnaðarráðuneytisins til umhverfisráðuneytisins, dags. 3. nóvember 1999.
XI. Bréf umhverfisráðuneytisins til iðnaðarráðuneytisins, dags. 5. nóvember 1999.


Fljótsdalsvirkjun
Skurðvirkjun
Bessastaðaá
Gilsárlón
Hólmalón
Inn-
taksión
Valþjófs-
staður
Gilsár-
vötn
Stöðvarhús
Eyvindarfjöll
Aðalból
Jökulsá á Dal
Hrafnkelsdalur
Hölkná
Kvíslarlón
Norðurdalur
Múli
Keldua
Egilsstaðir
Hölknárlón
Hölknárveita
Hrafnkela
Dimmugljúfur
Kárahnúkar
Þræla-
háls
FLJÓTSDALSHEIÐI
Eyjabakkaskurður
Suðurdalur
Sturluflöt
Laugarárveita
Laugará
Kálffell
Sauða-
fell
Laugar-
fell
Kirkjufoss
Jökulsá í Fljótsdal
Þorgerðarstaðadalur
Villingadalur
VESTURÖRÆFI
Hölkná
Grjótá
Grábergs-
hnúkar
Nálhús-
hnúkar
Hafurs-
fell
Grjótár-
hnúkur
Fellsá
Ytri-Sauðá
Sultarranaá
Snæfell
1833
Snæfells-
nes
Eyjabakkafoss
Eyjabakkastífla
Keldua
Grjótá
Innri-Sauðá
Stækkað
svæði
Sauða-
hnúkur
Eyjabakkalón
Folavatn
Snæfells-
háls
Þjófa-
dalur
Fitja-
hnúkur
Þjófa-
hnúkar
Þórs-
eyjar
Eyjabakkar
Eyja-
fell
Sauðárveita
Sauðárvatn
Háalda
EYJABAKKA-
JÖKULL
Geldinga-
fell
Kelduár-
vatn
N
0
10 km
VATNAJÖKULL
Lón
Stöðvarhús
Stífla
Göng
Skurður
Skáli
100 m hæðarlínur


Fljótsdalsvirkjun
Jarðgangavirkjun
Bessastaðaá
Gilsárvötn
Valþjófsstaður
Stöðvarhús
Teigsbjarg
Aðalból
Jökulsá á Dal
Hrafnkelsdalur
Hölkná
Hrafnkela
Dimmugljúfur
Kárahnúkar
FLJÓTSDALSHEIÐI
Norðurdalur
Múli
Keldúá
Egilsstaðir
Suðurdalur
Aðrennslisgöng
Þræla-háls
Sturluflöt
Hölknárveita
Laugarárveita
Laugará
Kálffell
Grjótárveita
Sauða-fell
Laugar-fell
Kirkjufoss
Jökulsá í Fljótsdal
Þorgerðarstaðadalur
Villingadalur
VESTURÖRÆFI
Grjótá
Grábergs-hnúkar
Nálhús-hnúkar
Hafurs-fell
Fellsá
Sultarranaá
Grjótár-hnúkur
Snæfell
1833
Snæfells-nes
Eyjabakkafoss
Eyjabakkastífla
Eyjabakkalón
Sauða-hnúkur
Grjótá
Innri-Sauðá
Stækkað svæði
Fólavatn
Snæfells-háls
Þjófa-dalur
Fitja-hnúkur
Þjófa-hnúkar
Þórís-eyjar
Eyjabakkar
Ytri-Sauðá
Sauðárvatn
Eyja-fell
Sauðárveita
Háalda
EYJABAKKA-JÖKULL
Geldinga-fell
Kelduár-vatn
N
0
10 km
VATNAJÖKULL
Lón
Stöðvarhús
Stífla
Göng
Skurður
Skáli
100 m hæðarlínur

Fylgiskjal I.

FLJÓTSDALSVIRKJUN

Umhverfi
og
umhverfisáhrif



Landsvirkjun

NÓVEMBER
1999

FORMÁLI

Hér á eftir fer skýrsla sem stjórn Landsvirkjunar ákvað í júní á sl. ári að láta gera um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar. Landsvirkjun er heimilt að byggja Fljótsdalsvirkjun samkvæmt lögum frá Alþingi og hefur virkjunarleyfi iðnaðarráðherra. Leyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun var veitt áður en lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi. Virkjunin er því undanþegin mati á umhverfisáhrifum samkvæmt þeim lögum eins og aðrar framkvæmdir sem leyfðar höfðu verið áður en lögin tóku gildi. Landsvirkjun ákvað engu að síður að láta gera þessa skýrslu í samræmi við kröfur þær sem gerðar eru til frummatsskýrslu í lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Hún verður nú birt almenningi og send Alþingi og ríkisstjórn.

Ástæður þess að Landsvirkjun lætur gera þessa skýrslu þótt fyrirtækið hafi fullar heimildir fyrir byggingu Fljótsdalsvirkjunar eru ýmsar. Nefna má að samkvæmt umhverfisstefnu Landsvirkjunar vill fyrirtækið að allar upplýsingar um áhrif framkvæmda liggi fyrir áður en í þær er ráðist. Viðhorf almennings til náttúruverndar og umhverfismála eru sífellt að breytast og nokkur tími er liðinn frá því að framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun var frestað árið 1991. Aðdragandi virkjunarinnar var langur og hugmyndir og útfærslur hafa tekið verulegum breytingum í tímans rás. Full ástæða er til að rekja þessa sögu, því að ýmsar umbætur hafa verið gerðar á hönnun virkjunarinnar til að draga úr þeirri röskun sem hún óhjákvæmilega veldur.

Á vegum íslenskra stjórnvalda hafa viðræður við fulltrúa Norsk Hydro A/S staðið yfir um nokkurt skeið. Hinn 29. júní 1999 var undirritað yfirlýsing á Hallormstað milli viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og norska fyrirtækisins Hydro Aluminium A/S um að láta fara fram ítarlega könnun á hagkvæmni þess að reisa álver á Reyðarfirði með 120.000 tonna ársframleiðslu er taki til starfa í árslok 2003. Í yfirlýsingunni er jafnframt tekið fram að Landsvirkjun muni reisa og reka Fljótsdalsvirkjun vegna orkuöflunar fyrir álverið. Miðað við áðurnefnda tímasetningu þurfa framkvæmdir við virkjunina að hefjast að nýju sumarið 2000.

Hér á landi eru miklar, hagkvæmar og umhverfisvænar orkulindir ónýttar. Rannsóknir vegna virkjana og annar undirbúningur taka langan tíma og kosta ógrynni fjár. Afar mikilvægt er að vel takist til um stefnumörkun á nýtingu þeirra á fyrstu stigum undirbúnings. Því er það ánægjuefni að ríkisstjórnin hefur ákveðið á grundvelli framkvæmdaáætlunar um sjálfbæra þróun að láta gera rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma til að unnt verði að komast hjá hatrömmum deilum um einstök verkefni sem eru löngu komin á framkvæmdarstig.

Landsvirkjun hefur ávallt lagt mikla áherslu á umhverfismál og fengið viðurkenningar fyrir framlög sín til uppgræðslu landsins. Frágangur við mannvirki Landsvirkjunar hefur að flestra áliti verið til fyrirmyndar. Virkjanir fyrirtækisins laða til sín ferðamenn sem vilja kynnast því hvernig hrein og endurnýjanleg orka verður til. Ljóst er að framleiðsla þessarar hreinu orku til stórra iðjuvera getur ekki einungis bætt lífskjör þjóðarinnar heldur getur hún jafnframt verið framlag hennar til alþjóðlegrar baráttu gegn svokölluðum gróðurhúsaáhrifum og styrkt hreina ímynd Íslands. Í því sambandi má benda á að losun koltvíildis er sjö til tíu sinnum meiri þegar álframleiðsla byggir á rafmagni frá olíu- eða kolaorkuveitum í stað vatnsaflsvirkjana.

Í þessari skýrslu er safnað saman miklum fróðleik um Fljótsdalsvirkjun á grundvelli umfangsmikilla rannsókna á undanförnum áratugum. Það er von Landsvirkjunar að skýrsla þessi svari ýmsum spurningum. Í henni er lýst aðdraganda virkjunarinnar, hagkvæmni og þeim kostum sem kannaðir hafa verið. Jafnframt er gerð grein fyrir áhrifum hennar á byggð, búsetu og náttúrufar svæðisins. Skýrslan ætti því að geta verið góður grundvöllur málefnalegra umræðna í þjóðfélaginu, meðal almennings og á Alþingi.

5. nóvember 1999
Friðrik Sophusson forstjóri

SAMANTEKT

Hér á eftir er rakið í stuttu máli það efni sem fjallað er um í köflum skýrslunnar.

Í inngangi er gerð grein fyrir aðdraganda og vinnu við skýrsluna, sem hófst í júlí 1998.

Í öðrum kafla er greint frá forsendum virkjunarinnar, undirbúningi og rannsóknum. Heimildarlög um Fljótsdalsvirkjun voru sett árið 1981. Í apríl 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til framkvæmda við 210 MW Fljótsdalsvirkjun með 500 Gl miðlunarlóni á Eyjabökkum. Í framhaldi af því voru helstu verkþættir boðnir út og hófust framkvæmdir sama ár með gerð vega og fyrsta hluta aðkomuganga. Framkvæmdum var frestað í nóvember 1991.

Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður milli íslensku ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium AS í Noregi um byggingu álvers við Reyðarfjörð, sem áformað er að taki til starfa í árslok 2003. Fljótsdalsvirkjun er nú eini virkjunarkostur sem Landsvirkjun getur ráðist í ef samið verður um byggingu álvers á Reyðarfirði.

Í þriðja kafla er stutt svæðislýsing og örnefnakort.

Í fjórða kafla er tilhögun virkjunarinnar lýst og grein gerð fyrir einstökum mannvirkjum. Tilhögunin er í meginatriðum sú sama og miðað var við í virkjunarleyfi iðnaðarráðherra frá 1991, en nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar, einkum til að draga úr umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Gerð er grein fyrir þessum breytingum þar sem um þær er að ræða.

Í fimmta kafla er yfirlit um aðra virkjunarkosti sem athugaðir hafa verið á þessu svæði. Hraunaveita meiri, sem lýst er í kafla 5.2, er talin álitlegri kostur en Sauðárveita, sem lýst er í kafla 4.9. Í virkjunarleyfi iðnaðarráðherra frá 1991 er gert ráð fyrir Sauðárveitu. Verði ákveðið að ráðast frekar í Hraunaveitu meiri, er talið nauðsynlegt að umhverfisáhrif hennar verði metin.

Í sjötta kafla er náttúrufari lýst og gerð grein fyrir hvaða áhrif Fljótsdalsvirkjun hefur á það. Lýsingunni er skipt eftir svæðum. Eyjabakkasvæðið fær ítarlegasta umfjöllun, enda eru áhrif virkjunarinnar mest þar. Lýst er jarðfræði svæðisins, lausum jarðlögum, strandrofi, aurburði, hugsanlegu foki úr lónstæði, vatnafari, loftslagi, gróðurhúsaáhrifum, gróðurfari, dýralífi o.fl. Með tilkomu Eyjabakkalóns verða miklar breytingar á landslagsheild austan Snæfells. Jökulminjar við jaðar Eyjabakkajökuls hverfa undir lónið. Af 43 km^2 lands sem fara undir lónið eru 27 km^2 grónir, þar af um 15 km^2 votlendi. Á Eyjabökkum er nú stærsta fjaðrafellistöð heiðagæsa, og hafa 8-9.000 heiðagæsir hafst þar við um 6 vikna skeið undanfarin sumur. Talsverður fjöldi hreindýra notar Eyjabakka til beitar, einkum síðsumars.

Í sjöunda kafla er lýst rennsli fyrir og eftir virkjun í þeim vatnsföllum sem virkjunin hefur áhrif á. Einnig er gerð grein fyrir hvaða breytingar verða á útliti fossa. Mestar breytingar verða á útliti fossa í ofanverðri Jökulsá í Fljótsdal og Laugará.

Í áttunda kafla er fjallað um landareignir og sveitarfélög á svæðinu, einnig skipulag og minjar. Nánast öll mannvirki Fljótsdalsvirkjunar eru innan Fljótsdalshrepps. Virkjunin er í samræmi við svæðisskipulag Miðhálendis Íslands, og unnið er að skipulagi í byggð í Fljótsdal.

Í níunda kafla er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á samfélag, efnahag og útivist. Áhrif virkjunarinnar verða mest á framkvæmdatímanum, og er gert ráð fyrir að rúmlega 500 manns vinni við virkjunina þegar mest verður. Á rekstrartíma virkjunar munu 15–20 manns vinna við hana að staðaldri. Reiknað er með að aðkeypt þjónusta, sem nýtir mannafla úr aðliggjandi byggðarlögum, verði umtalsverð. Efnahagsleg áhrif virkjunarinnar verða þó aðallega óbein, þar sem hún er forsenda þess að unnt sé að reka álver á Reyðarfirði, þar sem starfa munu um 240 manns. Talið er að virkjunin muni ekki draga úr fjölda ferðamanna á Austurlandi. Ferðafólki sem kýs einveru og kyrrð mun þó e.t.v. fækka, en í staðinn koma ferðamenn sem kjósa góðar samgöngur og þjónustu.

Í tíunda kafla er fjallað um náttúruvernd og alþjóðlega samninga. Greint er frá umfjöllun náttúruverndaryfirvalda um Fljótsdalsvirkjun. Virkjunin snertir tvö svæði sem eru á náttúruminjaskrá, svæði

616, Eyjabakka í Fljótsdalshreppi, og lítillega svæði 615, sem kennt er við Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur. Hvorugt þessara svæða hefur verið friðlýst. Af alþjóðlegum samningum snertir virkjunin helst Ramsar-samninginn um votlendi. Gert er ráð fyrir að missir gróðurlendis verði bættur með uppgræðsluaðgerðum annars staðar.

Í ellefta kafla er fjallað um náttúruhamfarir o.fl. sem geta hugsanlega haft áhrif á rekstraröryggi virkjunarinnar. Náttúruhamfarir eru ekki taldar vera umtalsverður áhættuþáttur við rekstur virkjunarinnar.

Í tólfta kafla er fjallað um rannsóknir og umhverfisvöktun, sem gert er ráð fyrir ef ráðist verður í virkjunina.

Í þrettánda kafla er gerð grein fyrir kynningu framkvæmdarinnar, bæði á árunum 1981-1991, og einnig að undanförnu, þ.e. 1998-1999.

Í fjórtánda kafla eru svo niðurstöður dregnar saman, þar sem fram kemur að áhrif Fljótsdalsvirkjunar á náttúrufar eru að mestu leyti fólgin í áhrifum Eyjabakkalóns. Áhrif annarra hluta virkjunarinnar eru yfirleitt talin verða lítil eða óveruleg.

Með skýrslu þessari er gefið út fylgirit í minna upplagi. Í því er eftirfarandi efni:

- Bréf og upplýsingar frá hagsmuna- og umsagnaraðilum.
- Fundargerðir vegna kynningar Fljótsdalsvirkjunar.
- Bréf og greinargerðir fram til 1992.
- Nokkrar óbirtar skýrslur og greinargerðir.
- Skrá um skýrslur og greinargerðir sem gefnar hafa verið út um Fljótsdalsvirkjun.

1 INNGANGUR

Í júní 1998 ákvað stjórn Landsvirkjunar að láta vinna skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar. Vinnu við skýrsluna hefur verið eins háttað og um venjulegt mat á umhverfisáhrifum væri að ræða, í samræmi við lög nr. 63/1993, þó svo að ekki hefði verið ákveðið í upphafi á hvern hátt skýrslan yrði kynnt.

Fljótsdalsvirkjun fellur ekki undir ofangreind lög um mat á umhverfisáhrifum þar eð framkvæmdir við virkjunina voru hafnar á árinu 1991 og virkjunin hafði þá verið auglýst og kynnt opinberlega, og fengnar almennar athugasemdir í samræmi við gildandi ákvæði vatnalaga. Engin skylda hvíldi því á Landsvirkjun um að láta vinna að skýrslu og rannsóknum á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Enda þótt framkvæmdir við virkjunina hafi hafist fyrir sjö árum taldi stjórn fyrirtækisins eðlilegt að láta kanna hvort nýjar upplýsingar eða rannsóknir á umhverfisáhrifum hennar væru þess eðlis að þær gætu í einhverju breytt fyrri ákvörðun stjórnvalda um byggingu virkjunarinnar. Stjórn Landsvirkjunar byggði ákvörðun sína m.a. á ákvæði í umhverfisstefnu fyrirtækisins, en þar segir:

Við ætlum að greina umhverfisáhrif nýrra orkumannvirkja fyrirfram og stunda rannsóknir á umhverfi þeirra áður en þau verða byggð og eftir að þau komast í rekstur til þess að fylgjast með áhrifum þeirra og fyrirbyggja eftir því sem kostur er skaða á umhverfinu sem þær geta valdið en bæta úr ef ekki verður hjá honum komist.

Þessi ákvörðun var einnig tekin vegna þeirrar miklu umræðu sem verið hefur undanfarið ár um umhverfisáhrif virkjunarinnar, og andstöðu við hana. Fjölmargir aðilar, sem fjallað hafa um Fljótsdalsvirkjun opinberlega, virðast hafa litla hugmynd um forsögu málsins og þær rannsóknir og athuganir, sem leiddu til þess að ákvörðun var tekin um að ráðast í virkjunina árið 1991. Því þótti ástæða til að koma á framfæri við almenning þeim upplýsingum og forsendum sem fyrir lágu við ákvörðunartöku um virkjunina, og bæta við með frekari rannsóknum ef ástæða væri talin til.

Landsvirkjun ákvað að koma á fót sérstakri verkefnisstjórn skipaða reyndum mönnum frá þekktum ráðgjafarfyrirtækjum til að vinna að þessu verkefni, þá Sigurð Þórðarson hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf, Björn Jóhann Björnsson hjá Stuðli og Sigurjón Pál Ísaksson hjá Línuhönnun hf. Hafa þeir unnið að gerð hennar í nánu samstarfi við Helga Bjarnason deildarstjóra umhverfisdeildar Landsvirkjunar.

Vinna verkefnisstjórnar hófst í júlí 1998 með því að farið var yfir fyrirliggjandi rannsóknir, en mikil gögn og upplýsingar liggja fyrir frá fyrri árum. Á árunum 1975–1991 fóru fram víðtækar rannsóknir á náttúrufari virkjunarsvæðis Fljótsdalsvirkjunar, sem ákvörðun um Fljótsdalsvirkjun byggðist á og gerir enn að mestu leyti. Í ágúst 1998 var ákveðið að endurskoða og bæta við fyrirliggjandi rannsóknir og afla frekari upplýsinga til þess að geta betur svarað ýmsum fram komnum athugasemdum, svo að skýrslan um umhverfisáhrif virkjunarinnar yrði miðuð við bestu fyrirliggjandi þekkingu, gögn og upplýsingar.

Vinnan við skýrsluna miðaðist í upphafi við þá tilhögun, sem leyfi ráðherra var fengið fyrir og auglýst var formlega til kynningar árið 1991, þ.e.a.s. 210 MW virkjun með 500 Gl miðlun á Eyjabökkum. Gerð var samantekt og lýsing á þeirri virkjun og var hún send til 30 umsagnar- og hagsmunaaðila í júlí 1998. Voru þeir beðnir um að senda Landsvirkjun ábendingar sem hugsanlega gætu komið að gagni við gerð skýrslunnar. Í annan stað var haft samband við ýmsa sérfræðinga og ráðgjafa um þessi verkefni og hefur tekist að afla verulegra nýrra upplýsinga. Greinargerðir og svör þeirra um niðurstöður rannsókna er að finna í fylgiriti með skýrslunni, en í nokkrum tilvikum hafa niðurstöður verið gefnar opinberlega út og er þá til þeirra vitnað neðanmáls og í heimildaskrá hér á eftir.

Einnig var með bréfi leitað til hagsmunaaðila, fyrirtækja og stofnana um ábendingar um hugsanleg áhrif virkjunarinnar á umhverfið til að unnt væri að skoða þá þætti sem þessir aðilar teldu mestu skipta varðandi umhverfisáhrif virkjunarinnar. Í skýrslunni er þess freistað að svara þessum athugasemdum og ábendingum. Svör þessara aðila og ábendingar er að finna í fylgiriti með skýrslunni.

Kynningarferðir voru farnar og fundir haldnir um málefni virkjunarinnar eftir að þessi vinna hófst. Verkefnisstjórnin fór um virkjunarsvæðið ásamt fulltrúum frá Skipulagsstofnun 18. og 19. ágúst 1998, þar sem helstu staðir sem varða virkjunina voru skoðaðir og fulltrúum Skipulagsstofnunar kynnt áform um virkjunina og fyrirkomulag hennar.

Landsvirkjun stóð fyrir kynningarfundum með fulltrúum heimamanna um virkjanir á Austurlandi. Fundirnir voru haldnir á Hallormsstað 22. ágúst 1998. Á fundunum voru kynntar hugmyndir um virkjanir á Austurlandi, einkum virkjun Jökulsár í Fljótsdal, og lýst helstu áhrifum virkjunarinnar á umhverfið. Öllum umsagnar- og hagsmunaaðilum var boðið til skoðunarferðar um virkjunarsvæðið 2. október 1998. Þátttaka í ferðinni var mjög góð, alls um 40 manns.

Í skýrslunni er fjallað um markmið virkjunarinnar og ráðstöfun orku frá henni. Fyrirkomulagi virkjunarinnar og staðsetningu er lýst, svo og framkvæmdum við hana. Greint er frá staðháttum, náttúrufari og skipulagi svæðisins eins og það er í dag. Lýst er breytingum sem gætu orðið á samfélaginu með tilkomu virkjunarinnar. Fjallað er um umhverfisáhrif framkvæmdanna og þær mótvægisaðgerðir sem eru fyrirhugaðar vegna þeirra.

Fjallað er um fyrirliggjandi tilhögun Fljótsdalsvirkjunar og hugsanlegar breytingar á virkjuninni, og er hún borin saman við aðrar virkjanir sem gætu komið í stað hennar. Einnig hvaða afleiðingar það hefði í för með sér fyrir Austfirðinga og þjóðarbúið ef vatnsorkan norðan Vatnajökuls yrði ekki nýtt.

Ekki er fjallað um línulagnir að og frá virkjuninni í þessari skýrslu, þar eð um þær verður fjallað í sérstökum skýrslum um mat á umhverfisáhrifum sem verið er að vinna að og lagðar verða fram til formlegrar afgreiðslu um næstkomandi áramót.

Þess er vænst að skýrslan gefi glögga mynd af umhverfisáhrifum virkjunarinnar og þeim undirbúningi og rannsóknum, sem fram hafa farið á svæðinu undanfarna áratugi. Að öðru leyti skal vísað í samantekt og niðurstöður skýrslunnar.

2 FORSAGA, FORSENDUR OG MARKMIÐ VIRKJUNAR

2.1 RANNSÓKNIR OG UNDIRBÚNINGUR VIRKJUNAR

Fyrstu hugmynd um sjálfstæða virkjun Jökulsár í Fljótsdal setti Sigurður Thoroddsen verkfræðingur fram árið 1954. Þar gerði hann ráð fyrir miðlunarlóni á Eyjabökkum og veitu þaðan út á Múla í Fljótsdal, þar sem rúmlega 500 m fall yrði virkjað niður í Suðurdal í Fljótsdal. Árið 1969 útfærði Orkustofnun þessa hugmynd að nýju, en þá með veitu frá Eyjabökkum út Fljótsdalsheiði með miðlunarlónum í vötnunum þar og virkjun í Valþjófsstaðarfjalli. Á grundvelli þessarar hugmyndar hófust sumarið 1970 jarðfræðirannsóknir í Fljótsdal, á Fljótsdalsheiði og inn við Snæfell. Umhverfisrannsóknir á svæðinu hófust árið 1975 með könnun á jarðmyndunum og rannsóknum á gróðri og dýralífi, og stóðu þær samfellt yfir til ársins 1981. Raunar var tekið fyrir mun stærra svæði en snertir Fljótsdalsvirkjun eina, því rannsóknirnar beindust einnig að svæðinu vestan Snæfells af ýmsum ástæðum. Þessar rannsóknir voru unnar í samræmi við kröfur náttúruverndaryfirvalda á þeim tíma og voru aðstæður á vettvangi í upphafi kynntar fulltrúum þáverandi Náttúruverndarráðs og samráð haft við þá um helstu rannsóknir.

Vettvangsrannsóknir og áætlanagerð vegna hugsanlegra virkjunarkosta á svæðinu hófust um svipað leyti. Beindust þær í upphafi að vatnasvæðinu ofan Valþjófsstaðar utan til á Fljótsdalsheiði, en þar eru vötn, sem talin voru heppileg sem miðlunarlón. Var þá talið eðlilegt að reisa í upphafi minni virkjun, svokallaða Bessastaðaárvirkjun, sem fyrsta áfanga að Fljótsdalsvirkjun. Lauk virkjunarrannsóknum vegna Bessastaðaárvirkjunar árið 1978. Forsendur þeirrar virkjunar höfðu þá verulega breyst með lagningu byggðalínu, sem tengdi allt raforkukerfi landsins saman, og var fallið frá hugmyndum um sérstaka Bessastaðaárvirkjun.

Á þessum árum hófust rannsóknir vegna virkjunar Jökulsár í Fljótsdal þegar kannað var stíflustæði fyrirhugaðs miðlunarlóns á Eyjabökkum og skurðleið þaðan út Fljótsdalsheiði að fyrrgreindum vötnunum ofan Valþjófsstaðar. Einnig voru rannsakaðar veituleiðir frá Eyjabökkum austan Norðurdals út Múla (Múlavirkjun), en vorið 1980 var niðurstaða sérfræðinga sú að Fljótsdalsvirkjun væri hagkvæmari kostur. Þá hófust umfangsmiklar mannvirkja- og umhverfisrannsóknir á fyrirhuguðu virkjunarsvæði. Rannsóknirnar beindust að því að ljúka við svokallaða verkhönnun virkjunarinnar, en þá eiga nægjanlegar rannsóknir að liggja fyrir um virkjunina til að unnt sé að taka ákvörðun um að í framkvæmdina skuli ráðist. Einnig var unnið við gerð varanlegs vegar úr Fljótsdal upp á Fljótsdalsheiði og þaðan gerð akfær vegslóð inn heiðina að Eyjabökkum. Þessum rannsóknum lauk með gerð sérstakrar hönnunarskýrslu um Fljótsdalsvirkjun árið 1982.

Í júní 1981 voru samþykkt á Alþingi lög um raforkuver, nr. 60/1981. Þar var veitt heimild fyrir ríkisstjórnina að semja við Landsvirkjun um að reisa Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli. Í lýsingu sem var í greinargerð með lagafrumvarpinu, kom fram að veita átti vatni Jökulsár í Fljótsdal frá 615 Gl (gígalítra) miðlunarlóni á Eyjabökkum út Fljótsdalsheiði, í Gilsárvötn og Hólma- og Garðavatn ofan Teigsbjargs, þar sem 120 Gl miðlun var fyrirhuguð, og þaðan var áformað að vatni yrði veitt að neðanjarðarstöðvarhúsi inni í Valþjófsstaðarfjalli. Var fyrirhugað að reisa virkjunina í tveimur áföngum, sá fyrri yrði virkjun með rúmlega 200 MW afli og 475 Gl miðlun á Eyjabökkum, en síðari áfangi yrði um 100 MW með aukningu miðlunar þar upp í 615 Gl.

Vorið 1981 náðist víðtækt samkomulag milli stjórnvalda, orkufyrirtækja og Náttúruverndarráðs um friðun Þjórsárvera, en þar hafði verið fyrirhugað stórt miðlunarlón, sem náði yfir meginhluta veranna. Í umsögn Náttúruverndarráðs í mars 1981 kemur fram að ráðið muni ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega. Sú afstaða mótaðist m.a. af því, eins og segir í ályktun ráðsins, að „samkomulag hefur tekist um varanlega verndun Þjórsárvera, sem frá sjónarmiði náttúruverndar og samkvæmt niðurstöðum rannsókna á báðum þessum svæðum eru talin enn mikilvægari hálendisvin.“ Þessi afstaða Náttúruverndarráðs vó þungt á vogarskálum manna í afstöðu til virkjunarinnar.



Mynd 2.1: *Afstöðumynd af virkjunarsvæðinu í Fljótsdal.*



Mynd 2.2: *Framkvæmdir við aðkomugöng á árinu 1991.*

Í framhaldi af samþykkt laganna um raforkuver hófust deilur um byggingu næstu virkjunar hér á landi. Niðurstaða umræðna á Alþingi vorið 1982 (þingsályktun 6. maí 1982) var sú að Fljótsdalsvirkjun skyldi reisa næst á eftir Blönduvirkjun og framkvæmdatími við virkjanirnar skarast ef orkuþörf krefði. Hinn 1. október sama ár tók gildi sérstakur samningur milli Landsvirkjunar og ríkisstjórnarinnar um yfirtöku fyrirtækisins á byggðalínum og undirbúningi virkjana. Með lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, varð orkusvæði fyrirtækisins allt landið, og undirbúningur Fljótsdalsvirkjunar þar með í höndum Landsvirkjunar. Unnið var að ýmiss konar vettvangsrannsóknum og undirbúningi á árunum 1983–1985, m.a. við uppbyggingu vegakerfis í byggð áleiðis að virkjuninni og vegakerfis innan virkjunarsvæðisins.

Um miðjan níunda áratuginn varð nokkurt hlé á rannsóknum enda hafði ekki tekist að afla markaða fyrir orku virkjunarinnar, en í lok hans var aftur hafist handa þegar stóriðjumarkaður virtist í augsýn. Tilhögun virkjunarinnar var þá tekin til gagngerðrar endurskoðunar, m.a. í ljósi nýrrar tækni í jarðgangagerð. Árið 1990 kom út ný verkhönnunarskýrsla þar sem vatni frá Eyjabakkamiðlun var veitt um jarðgöng að stöðvarhúsi virkjunarinnar í Norðurdal í Fljótsdal, í stað skurða og lóna á Fljótsdalsheiði eins og eldri verkhönnun gerði ráð fyrir. Með þessari tilhögun var dregið mjög úr umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Þannig minnkaði flatarmál lands er fór undir vatn úr 83 km^2 í 46 km^2.

Í apríl 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun heimild til framkvæmda við 210 MW Fljótsdalsvirkjun með 500 Gl lóni á Eyjabökkum og í framhaldi af því var virkjunin auglýst og kynnt opinberlega í samræmi við vatnalög. Átta athugasemdir bárust og lutu þær flestar að veitum umhverfis Snæfell, en engin athugasemd var gerð við Eyjabakkalón. Tekið var tillit til flestra athugasemda sem bárust.

Þegar ljóst þótti að samningar Landsvirkjunar við svonefndan Atlantal-hóp um orkusölu til álvers á Keilisnesi væru komnir á lokastig, var ákveðið í ársbyrjun 1991 að bjóða út framkvæmdir við virkjunina, en alls var hér um að ræða útboð á um 75% af heildarverkinu. Hófst vinna á virkjunarstað sumarið 1991 með lagningu vega á Fljótsdalsheiði og gerð aðkomuganga að stöðvarhúsi. Haustið 1991 var gengið frá viljayfirlýsingu við verktaka vegna meginhluta byggingarframkvæmda. Þá lágu einnig fyrir tilboð í vél- og rafbúnað. Í nóvember 1991 tók Atlantal-hópurinn ákvörðun um að fresta byggingu álversins um óákveðinn tíma. Þar með var stöðvaður að sinni frekari undirbúningur og framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Viljayfirlýsingin svo og gildistími tilboða í vél- og rafbúnað voru hins vegar framlengd til ársins 1994. Lítið hefur verið unnið við undirbúning og rannsóknir vegna virkjunarinnar frá þeim tíma, fyrr en á yfirstandandi ári þegar ljóst var að fullur vilji var hjá íslenskum stjórnvöldum og Hydro Aluminium AS í Noregi að stefna að byggingu nýs álvers á Reyðarfirði.

2.2 MARKMIÐ VIRKJUNAR OG RÁÐSTÖFUN ORKU

Um þessar mundir eru liðin 30 ár frá upphafi áliðnaðar hér á landi, sem hófst með gangsetningu Búrfellsvirkjunar og álvers ÍSAL í Straumsvík síðari hluta árs 1969. Nú eru þrjú stór iðjuver hér á landi, álverin tvö og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Á árinu 1997 var lokið við 62.000 tonna stækkun álversins í Straumsvík eða úr 100.000 í 162.000 tonna ársframleiðslu. Frekari afkastaaukning er fyrirhuguð á næstu misserum. Mikill áhugi hefur verið undanfarið á frekari uppbyggingu stóriðnaðar hér á landi. Íslenska járnblendifélagið hefur nýlokið við stækkun verksmiðju sinnar um 60%, úr 72.000 tonnum af kísiljárni á ári í 115.000 tonn. Norðurál hf. er að hefjast handa við stækkun álvers síns úr 60.000 tonna framleiðslugetu á ári í 90.000 tonn, og síðar meir hugsanlega í 180.000 tonn.

Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður milli íslensku ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium AS í Noregi um byggingu álvers við Reyðarfjörð, svokallað NORAL verkefni. Þessar viðræður leiddu til þess að hinn 29. júní 1999 var undirrituð yfirlýsing á Hallormsstað milli viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium AS um ítarlega könnun á hagkvæmni þess að byggja álver á Reyðarfirði, sem í byrjun yrði með 120.000 tonna ársframleiðslu og tæki til starfa í árslok 2003, en afl- og orkuþörf þess er 195 MW og 1.700 GWh/ári. Miðað við þessar forsendur er Fljótsdalsvirkjun (1400 GWh/ári) eini virkjunarkostur hér á landi, sem Landsvirkjun getur ráðist í til að fá næga orku fyrir ofangreint álver, en að auki þarf álverið um 300 GWh/ári frá hinu samtengda raforkukerfi landsins. Er nú áformað að í þessu skyni verði byggð 40 MW jarðgufuvirkjun við Bjarnarflag og lögð háspennulína frá Kröflu og austur í Fljótsdal.

Markmið með byggingu Fljótsdalsvirkjunar er því að nýta þá auðlegð sem fólgin er í endurnýjanlegum og mengunarlitlum orkugjöfum landsins, vatnsafli og jarðvarma, til eflingar atvinnulífs og bættra lífskjara í landinu í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Fljótsdalsvirkjun er einn hagkvæmasti virkjunarkostur landsins sé hún borin saman við aðra kosti með svipaða eða meiri orkuvinnslu. Hins vegar er stærð virkjunarinnar slík að bygging hennar verður því aðeins hagkvæm að unnt sé að nýta meginhluta af orkuframleiðslu hennar strax í upphafi, og þá í tengslum við orkufrekan iðnað.

Allt fram til 1985 var því spáð að árleg aukning í orkueftirspurn hins almenna markaðar yrði á bilinu 130–150 GWh/ári. Með hæfilega stórri viðbót í stóriðju, eins og kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, hefði tekið þennan markað um 5–7 ár að fullnýta Fljótsdalsvirkjun. Þróunin gjörbreyttist hins vegar á níunda áratugnum. Árlegur vöxtur hins almenna markaðar hér á landi er nú um 50–60 GWh/ári. Sé tekið mið af hærri tölunni, tæki yfir 20 ár að fullnýta Fljótsdalsvirkjun og orkuverð frá henni til almenningsveitna yrði verulega hærra en t.d. frá jarðgufuvirkjunum, sem hægt er að byggja í minni einingum í takt við orkueftirspurn hins almenna markaðar.

Á þessu stigi, þegar ekki eru enn hafnar samningaviðræður um orkusölu til álvers á Reyðarfirði, getur Landsvirkjun augljóslega ekki birt tölur um arðsemi Fljótsdalsvirkjunar. Hins vegar er ljóst að Fljótsdalsvirkjun er meðal hagkvæmustu virkjunarkosta sem athugaðir hafa verið á síðustu árum. Þegar teknar verða upp samningaviðræður um orkusölu mun Landsvirkjun eins og önnur fyrirtæki gera ákveðnar lágmarkskröfur um arð á eigið fé og vexti á lánsfé sem fyrirtækið þarf að taka vegna virkjunarframkvæmda er tengjast orkusölunni. Þá er lögð mikil vinna í að greina helstu áhættuþætti er gætu haft áhrif á afkomu fyrirtækisins, eins og verðlagsbreytingar, óvissu í stofnkostnaði, vexti, álverð, gengi o.fl. Þegar þessar athuganir og upplýsingar liggja fyrir, tekur stjórn Landsvirkjunar ákvörðun um það hvort viðkomandi orkusölusamningur skuli samþykktur eða ekki. Náist samningar um stóriðju á Reyðarfirði er í yfirlýsingunni frá 29. júní 1999 mörkuð sú stefna að orka Fljótsdalsvirkjunar verði nýtt til þeirrar starfsemi. NORAL verkefnið nær aðeins til álvers með 120.000 tonna framleiðslugetu á ári, sem síðar yrði e.t.v. stækkað í a.m.k. 360.000 tonna framleiðslugetu.

Áfallinn kostnaður Landsvirkjunar vegna Fljótsdalsvirkjunar er á verðlagi í júlí 1999 um 3.080 Mkr, er skiptist þannig að um 50% eru greiðslur í ríkissjóð vegna rannsókna og undirbúnings er ríkið stóð fyrir áður en Landsvirkjun tók við undirbúningi virkjunarinnar árið 1982. Um 20% eru kostnaður Landsvirkjunar við framkvæmdir og rannsóknir á árabilinu 1983–1985, og loks eru um 30% vegna útboða og framkvæmda 1989–1991 þegar áformað var að reisa virkjunina og selja orkuna til álvers á Keilisnesi. Landsvirkjun telur afar mikilvægt að þeir fjármunir sem lagðir hafa verið í virkjunina skili sér í tekjum af henni. Ofangreindur kostnaður fæst ekki endurheimtur, að hluta eða öllu leyti, í tekjum frá virkjunni nema hún verði byggð. Það sem ræður því úrslitum þegar ákvörðun verður tekin um framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun er hvort afkoma Landsvirkjunar með orkusölunni til fyrirhugaðs álvers við Reyðarfjörð verði betri en ella hefði orðið án hennar.

3 SVÆÐISLÝSING OG ÖRNEFNI

3.1 VIRKJUNARSVÆÐIÐ

Frá Egilsstöðum er um 30 km leið meðfram Lagarfljóti inn að svokölluðum Fljótsbotni, þar sem Lagarfljótið endar innan við Hallormsstað. Þar tekur Fljótsdalurinn við, 10 km langur, þar til hann skiptist um svokallaðan Múla í Norðurdal og Suðurdal. Eftir Norðurdal rennur Jökulsá í Fljótsdal, en Kelduá, sem kemur niður Suðurdal, sameinast Jökulsá nokkru utan við Múlahornið. Þekktasti bær í Fljótsdal er kirkjustaðurinn Valþjófsstaður, sem stendur undir samnefndu fjalli að norðanverðu (eða norðvestanverðu) í dalnum. Nokkru utar er Skriðuklaustur. Vestur af Fljótsdal og Norðurdal er Fljótsdalsheiði, um 20 km breið, og nær vestur að Jökuldal og Hrafnkelsdal. Heiðin er háslétta, rúmlega 600 m há að jafnaði, og er um 600 m fall af austurbrún heiðarinnar ofan í Fljótsdal, þar sem landhæð er um 30 m. Inn af Fljótsdalsheiði rís Snæfell, 1.833 m hátt og snævi krýnt, eitt helsta kennileitið á þessum slóðum. Umhverfis Snæfell er þyrping lægri hnúka.

Virkjunarsvæðið í Fljótsdal nær yfir ofanvert vatnasvið Jökulsár í Fljótsdal, frá Valþjófsstað og inn að jökli, sem er um 40 km leið. Miðlunarlón virkjunarinnar er fyrirhugað á Eyjabökkum, skammt austan Snæfells. Þaðan verður vatni veitt um göng út Fljótsdalsheiði að neðanjarðarstöðvarhúsi skammt sunnan við Valþjófsstað.

Eyjabakkasléttan er í um 650 m hæð yfir sjávarmáli. Hún er um 12 km að lengd frá Eyjabakkajökli norður að Eyjabakkafossi, þar sem segja má að séu efstu drög Norðurdals. Jökulsá kvíslast um sléttuna milli gróinna Eyja. Austan Eyjabakka fer land hækkandi austur á svokölluð Hraun, sem eru hrjóstrugt og víðáttumikið hálendissvæði sem nær austur að Þrándarjökli. Fyrirhugað er að veita vatni af Hraunum til Eyjabakkalóns, úr Kelduá og ám sem falla til hennar. Einnig er fyrirhugað að veita til virkjunarinnar kvíslum norðvestan Snæfells. Fellur ein þeirra (Grjótá) til Hrafnkelsdals, og önnur (Hölkná) til Jökuldals.

3.2 ÖRNEFNI

Myndir 3.1 og 3.2 sýna helstu örnefni á virkjunarsvæðinu. Þegar kemur upp á heiðar, og einkum upp undir jökul og austur á Hraun, eru örnefni fá. Þessi svæði voru alla tíð fáfarin, sem skýrir fæð örnefnanna. Eftir að rannsóknir hófust fyrir alvöru, upp úr 1970, hefur verið reynt að bæta úr þessu með því að gefa helstu kennileitum nöfn. Hefur Hjörleifur Guttormsson verið einna drýgstur við þá iðju.

3.3 GAMLAR ÖRNEFNAHEIMILDIR

Fróðlegt væri að taka saman elstu heimildir um örnefni á virkjunarsvæðinu, en ekki er kostur á því hér. Þó skal drepið á nokkur atriði. Örfá örnefni koma fyrir í fornritum. Í Njálu er t.d. getið um fjallveg um Öxarhraun á milli Fljótsdals og Sviðinhornadals (Hamarsdals). Líklega er þar átt við leiðina um Hornbrynjuslakka og síðan til SA fram hjá Líkárvatni, ofan í Hamarsdal.[1] Örnefnið Þóriseyjar kemur fyrir í máldaga Hallormsstaðakirkju frá því um 1397.[2]

Sveinn Pálsson landlæknir fór merkilega rannsóknarferð um Austurland sumarið 1794 og freistaði þess að klífa Snæfell. Hann varð þó frá að hverfa vegna hvassviðris og þoku. Hann getur um Fljótsdalsjökul og Eyjar (þ.e. Þóriseyjar). Um Fljótsdalsjökul segir hann: [Svo] „kallast öll norðausturbrún Klofajökuls [Vatnajökuls], handan Snæfells og austur á Kollumúlaheiði.“ Skv. því er Eyjabakkajökull vestasti hluti Fljótsdalsjökuls. Sveinn segir: „Enn liggur fáfarin leið upp úr Fljótsdal austanverðum, sem kölluð er Fyrir Hraun, og af henni liggur önnur yfir Sviðinhornahraun norðan Þrándarjökuls niður í Hamarsfjörð.“[3]

Á árunum 1838–1875 lét Hið íslenska bókmenntafélag sýslumenn og presta taka saman sýslu- og sóknalýsingar um allt landið. Meðal þeirra er lýsing Valþjófsstaðarsóknar eftir sr. Stefán Árnason, frá árinu 1840. Hún er enn óprentuð, en er varðveitt í handritadeild Landsbókasafns.[4] Þar er fjöldi örnefna, og koma

1 *Íslensk fornrit* XII, bls. 353.
2 *Íslenskt fornbréfasafn* IV, bls. 207-9.
3 Sveinn Pálsson, 1983, bls. 469, 473 og 475.
4 ÍB 18 fol. a.



Mynd 3.1: *Örnefnakort af sunnanverðu virkjunarsvæðinu: Snæfell, Eyjabakkar og Hraun.*



Mynd 3.2: *Örnefnakort af norðanverðu virkjunarsvæðinu: Fljótsdalsheiði, Norðurdalur.*



Mynd 3.3: *Horft yfir Fljótsdal til suðvesturs. Suðurdalur t.v., þá Múlinn, Norðurdalur og Fljótsdalsheiði t.h. Snæfell í fjarska.*

mörg þeirra þar fyrir í fyrsta sinn. Litlar breytingar virðast hafa orðið á helstu örnefnum frá þeim tíma til dagsins í dag. Þar segir að fram af Múlanum og Fellinu [þ.e. Kiðafellinu] taki við Fells- og (eða Múlaöræfi) fram til jökla. Einnig koma fyrir nöfnin Snæfell, Hafur(s)fell, Laugarfell, Vesturöræfi, Gilsárvötn, Hólmavatn, Garðavatn, Bessastaðarvötn og Bessastaðará. Svæðið umhverfis Snæfell er þar kallað Fellnaafréttur, öðru nafni Undir Fellum.

Þorvaldur Thoroddsen lýsir í Ferðabók sinni rannsóknarferð um svæðið sumarið 1894. Hann lagði þá leið sína úr Víðidal í Lóni yfir sunnanverð Hraun og Eyjabakkajökul að Þjófahnúkum. Hann kleif Litla-Snæfell, og hélt svo út með Snæfelli að austan, út að Laugará, og þaðan að Kleif í Fljótsdal. Lýsing hans er mjög greinargóð og tilfærir hann allmörg örnefni, sem flest eru notuð enn í dag. Þeirra á meðal eru Eyjabakkar, Eyjafell og Eyjabakkajökull. Hann segir að svæðið á milli Jökulsár í Fljótsdal og Kelduár sé kallað Múlaheiði. Því til stuðnings má benda á örnefnin Ytri- og Innri-Heiðará á mörkum Múla og Múlaheiðar. Skv. því var örnefnið Hraun þá eingöngu notað um svæðið austan Kelduár.[5]

3.4 EYJABAKKASVÆÐIÐ ÁRIÐ 1894

Hér fer á eftir brot úr lýsingu Þorvaldar Thoroddsen á Eyjabakkasvæðinu árið 1894:

Beint á móti tjaldstaðnum blasir Snæfell við, hátt og tignarlegt, og bæði fyrir utan og innan það standa hnúkar í röðum eins og þjónar, er bíða bendingar húsbóndans. Milli Múlaheiðarinnar og Snæfellshnúkanna er marflöt slétta upp að jökli, og um hana kvíslast óteljandi jökulkvíslar, er sundrast og safnast innan um grasi vaxnar eyrar og hólma. Svæði þetta kalla menn Eyjabakka, og renna þar saman hinar efstu kvíslar Jökulsár í Fljótsdal. Milli Þjófahnúka og Múlaheiðar gengur breiður skriðjökull (Eyjabakkajökull) niður á hálendið, og undan rönd hans koma allir þeir jökullækir, er kvíslast um þetta breiða sléttlendi. Út undan rönd skriðjökulsins gengur vestarlega um miðjuna dálítið fell, sem heitir Eyjafell. Það deilir vötnum, svo að kvíslarnar koma undan jöklinum í tveimur aðalkerfum; austurkvíslarnar eru vatnsmeiri en hinar vestri. Graslendið á eyrunum milli kvíslanna er mjög víðlent og ákaflega loðið, eins og best er í byggð, en galli er á gjöf Njarðar: Bleyturnar á eyrunum eru svo miklar, að þar kemst víðast enginn yfir nema fuglinn fljúgandi. Alls staðar eru ófær kviksyndi, og menn hafa jafnvel séð hreindýr hverfa í ysjuna, og eru þau þó allvel fær á blautum jarðvegi. ...

Vestan til undir sporði jökulsins gengur út undan honum lágt hamrafell úr blágrýti, sem kallað er Eyjafell, og hefir jökullinn ýtt fram á það fjarska miklu grjóti og möl, svo inn af fellinu gengur langt upp í jökul hár, svartur hryggur af grjótrusli með ótal nibbum og hrúgum. Í felli þessu kvað fyrrum hafa verið góð beit, áður jökullinn gekk fram á það. ... [Vestan við Eyjafellið] eru þverhníptir íshamrar í jökulröndinni, og leirurnar fyrir neðan eru ekki nærri eins blautar, því mölin er þar stórgerðari næst jöklinum. Aðalkvíslin kemur hér vestan við jökulinn, og í hana renna svo margir smáir jökullækir undan jökulhömrunum, og sameinast allar þessar kvíslar austurkvíslunum fyrir neðan Eyjafell, og verður mikill vatnafláki úr öllu saman. ...

Vestasti hluti jökulsins, fyrir vestan Eyjafell, var alveg genginn fram af jökulöldum og var töluverður gangur í honum.[6]

Síðan Þorvaldur Thoroddsen var þarna á ferð fyrir rúmum 100 árum hafa verulegar breytingar orðið. Eyjabakkajökull hefur hörfað um tæpa 3 km með rykkjum sem skilið hafa eftir sig jökulgarða. Aðalkvísl Jökulsár kemur enn upp við jökulinn vestanverðan en sveigir til austurs innan við jökulgarða frá þessari öld og rennur í gegnum lón út á austanvert Eyjabakkasvæðið.

5 Þorvaldur Thoroddsen, 1959, bls. 275-276.
6 Þorvaldur Thoroddsen, 1959, bls. 275-278.

4 LÝSING Á MANNVIRKJUM OG FRAMKVÆMD

4.1 INNGANGUR

Í apríl 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun „virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, 210 MW virkjun ásamt tilheyrandi aðalorkuveitum“ eins og fyrr er sagt. Í kjölfar leyfisins var virkjunin kynnt opinberlega með auglýsingum í samræmi við ákvæði vatnalaga. Lýsing á tilhögun virkjunar ásamt ýmsum gögnum lá frammi til kynningar í 10 vikur. Nokkrar athugasemdir bárust frá einstaklingum og félagasamtökum varðandi einstök mannvirki. Til að koma til móts við framkomnar athugasemdir gerði Landsvirkjun nokkrar breytingar á tilhögun mannvirkja. Þær breytingar voru eftirfarandi:

- Legu aðrennslisganga var breytt lítillega.
- Aðkomugöng að aðrennslisgöngum við Laugará, Aðkoma II, var felld út.
- Hafursárveita var minnkuð verulega.
- Hætt var við að veita Hafursárkvísl inn í aðrennslisgöng virkjunar.
- Fallið var frá hugmyndum um að veita Grjótlækjum vestan Snæfells til virkjunar.

Mannvirkjum Fljótsdalsvirkjunar verður hér lýst eins og þau eru nú fyrirhuguð. Ýmsar minniháttar breytingar hafa verið gerðar á hönnun mannvirkja frá því 1991–1992, fyrst og fremst með hliðsjón af tæknibreytingum við framkvæmdir, aðallega í jarðgangagerð, og einnig til að draga úr umhverfisáhrifum virkjunarinnar eins og frekast er kostur. Allra breytinga frá fyrri útfærslu verður sérstaklega getið í viðkomandi köflum, en þær helstu eru:

- Jöfnunarþró, sem fyrirhuguð var í 30 m háum turni, hefur verið flutt í neðanjarðarmannvirki í Miðfelli.
- Frárennslisgöng opnast nú nokkru norðar út í Fljótsdal og frárennslisskurður verður mun styttri og veigaminni en áður var.
- Aðkomuhúsi, sem ráðgert var við gangamunna aðkomuganga í Norðurdal, hefur verið breytt verulega og skipt í forskála við gangamunna og sérstakt tengivirkishús.
- Háspennulína (33 kV) sem fyrirhuguð var inn Norðurdal og upp á heiði við Axará og þaðan inn að Eyjabökkum, hefur verið felld niður. Í stað hennar kemur jarðstrengur frá byggðalínu að gangamunna í Norðurdal, um 600 m löng lína upp hlíðina við munnann og síðan jarðstrengur inn að Eyjabökkum.

Mynd 4.1 er yfirlitskort af Fljótsdalsvirkjun. Þar er einnig sýnd afmörkun sérkorta, sem sýna fyrirkomulag mannvirkja.

Virkjunartilhögun er í megindráttum sú að Jökulsá í Fljótsdal er stífluð ofan við Eyjabakkafoss austan Snæfells og myndast við það miðlunarlón, Eyjabakkalón, um 500 Gl að stærð. Til lónsins verður veitt vatni frá Sauðárvatni, Innri-Sauðá, Grjótá og Kelduá til Eyjabakkalóns. Frá miðlunarlóni er vatninu veitt um sem næst lárétt 31 km löng aðrennslisgöng norður Fljótsdalsheiði, að bröttum fallgöngum og aflvélum í stöðvarhúsi neðanjarðar undir Teigsbjargi. Úr stöðvarhúsi streymir vatnið um göng og stuttan skurð út í farveg Jökulsár um 2 km innan við Valþjófsstað. Við Laugará er veitt inn í aðrennslisgöngin vatni úr Laugará, Hölkná og Grjótá. Hafursá er veitt inn í Eyjabakkalón með stuttum skurði. Afl virkjunarinnar verður um 210 MW. Orkuaukning í raforkukerfi landsins er talin verða um 1.400 GWh/ári með tilkomu virkjunarinnar. Helstu einkennisstærðir virkjunarinnar eru í töflu aftast í þessari skýrslu.

Á síðustu árum hafa farið fram töluverðar athuganir á Hraunasvæðinu austan við Eyjabakka, sem árið 1991 voru mjög skammt á veg komnar. Niðurstöður þessara rannsókna, ásamt framþróun í jarðgangagerð, benda eindregið til að hagkvæmt sé að ná til Fljótsdalsvirkjunar meira vatni af Hraunasvæðinu umfram það sem gert var ráð fyrir á árinu 1991. Um þetta er nánar fjallað í kafla 5.2.

Hér á eftir verður einstökum mannvirkjum Fljótsdalsvirkjunar lýst.

4.2 STÍFLA, YFIRFALL, BOTNRÁS OG INNTAKSMANNVIRKI

Stífla: Jökulsá í Fljótsdal er stífluð við Hafursárufs, austan Snæfells. Sjá mynd 4.2. Stíflan verður um 800 m ofan við Eyjabakkafoss og liggur þaðan til vesturs



Mynd 4.1: *Yfirlitskort af Fljótsdalsvirkjun og afmörkun sérkorta.*

að rótum Snæfells. Austan ár sveigir hún til suðausturs. Stíflan er fyrirhuguð sem malar- og grjótstífla með þéttikjarna úr malbiki eða jökulruðningi. Krónuhæð hennar verður í 668,5 m y.s. Lengd stíflunnar verður um 3.600 m og hæst verður hún um 26 m í farvegi Jökulsár. Mestur hluti stíflunnar er um og innan við 10 m hár garður og er meðalhæð hennar um 11 m.

Efni í stífluna verður tekið úr tveimur námum: Annars vegar verður tekið efni úr grjótnámu austan Jökulsár, sem er í sama blágrýtislagi og myndar Eyjabakkafoss, og hins vegar úr aurkeilu við Dimmagil. Ef notaður verður þéttikjarni úr jökulruðningi, verður hann tekinn úr námum við Hölkná.

Yfirfall verður við austurenda stíflunnar, austan við farveg Jökulsár. Það er tvískipt, annars vegar 110 m langt yfirfall úr steinsteypu með krónuhæð 664,5 m, og hins vegar um 250 m langt yfirfall úr grjótfyllingu (flóðvar) með krónuhæð 664,8 m. Yfirfallsvatnið fer fyrst um lækjarfarveg, en kemur út í farveg Jökulsár skammt neðan við Eyjabakkafoss.

Botnrás: Á vesturbakka árinnar verður byggð steinsteypt botnrás undir stífluna með lokum og lokuhúsi við neðri endann. Botnrásin er til að veita vatni úr árfarvegi á byggingartíma og til að lækka vatnsborð í lóni ef þörf krefur, t.d. vegna viðhalds.

Inntak: Inntaksmannvirki virkjunarinnar verður sambyggt Eyjabakkastíflu, um 650 m frá vesturenda hennar, þar sem aðrennslisgöngin byrja. Grafinn verður um 1.700 m langur aðrennslisskurður frá farvegi Jökulsár að inntakinu. Botnbreidd hans verður 7 m og dýpt um 25 m við stífluna. Inntaksmannvirkið verður steinsteypt og með lokum og ristum og húsi fyrir lokubúnað.

4.3 EYJABAKKALÓN

Ofan (sunnan) Eyjabakkastíflu myndast miðlunarlón virkjunarinnar, Eyjabakkalón. Sjá mynd 6.2 síðar í skýrslunni. Yfirfallsbrún verður 664,5 m y.s. og verður hæsta vatnsborð í lóni við hönnunarflóð um 1 m hærra. Lægsta rekstrarvatnshæð í lóni er 648,0 m y.s. og verður nýtanleg miðlun 500 Gl. Þegar vatnsborð er í yfirfallshæð verður flatarmál lónsins um 43 km^2, en þegar lægst er í lóni verður flatarmál þess 8 km^2. Eyjabakkalægðin er mjög flöt og hallalítil ofan við Eyjabakkafoss og inn að jökulgörðunum framan við Eyjabakkajökul. Þannig hækkar land einungis um 7 m á þessari vegalengd, sem er um 10 km. Nánari lýsing á lónstæðinu er í kafla 6.3.

4.4 AÐRENNSLISGÖNG, FALLGÖNG OG JÖFNUNARÞRÓ

Aðrennslisgöng: Frá gangainntaki, sem er sambyggt Eyjabakkastíflu, liggja um 31 km löng aðrennslisgöng



Mynd 4.2: *Eyjabakkastífla.*

norður Fljótsdalsheiði, að bröttum fallgöngum og neðanjarðarstöðvarhúsi undir Teigsbjargi. Verða þau að meginhluta heilboruð með gangaborvélum, en að hluta sprengd og grafin á hefðbundinn hátt. Boraði hluti ganganna verður um 28 km, um 5 m í þvermál, en sprengdi hlutinn um 4 km með ívið stærra þvermál. Lega ganga er sýnd á mynd 4.1. Við Hafursá verða sprengd um 360 m löng aðkomugöng að aðrennslisgöngunum, svonefnd „Aðkoma I“, sjá einnig mynd 4.13. Við Axará eru ráðgerð aðalaðkomugöngin í aðrennslisgöngin, „Aðkoma III“, sjá einnig mynd 4.12. Þau aðkomugöng verða um 1.230 m löng. Miðað er við að aðrennslisgöngin verði boruð með tveimur jarðgangaborvélum frá Aðkomu III, og borar önnur í átt að Eyjabakkalóni en hin að fallgöngum. Við Aðkomu III er fyrirhugaður lægsti hluti aðrennslisganganna og verður komið fyrir lokubúnaði í aðkomugöngunum til tæmingar á aðrennslisgöngum, þegar nauðsyn krefur vegna viðhalds og eftirlits. Vatni úr göngunum verður veitt í Axará eða næsta læk norðan við Axará. Ofan við Teigsbjarg verður „Aðkoma IV“, um 300 m löng, inn að aðrennslisgöngunum við fallgöngin, sjá mynd 4.3. Aðkomu I verður lokað að loknu verki, en Aðkoma III og Aðkoma IV verða þjónustugöng að aðrennslisgöngum, notuð til viðhaldsverka.

Svo getur farið að verktaki telji heppilegra og hagkvæmt að hafa fleiri aðkomugöng að aðrennslisgöngum en að framan er talið, t.d. ef hann vill nota þrjár jarðgangaborvélar í stað tveggja. Því má vera að síðar verði ákveðið að gera tvenn aðkomugöng í stað Aðkomu III, hér nefnd „Aðkoma IIIa“ og „Aðkoma IIIb“. Í slíku tilfelli kann Aðkoma IIIa að verða nokkru innar en sýnd Aðkoma III og Aðkoma IIIb nokkru utar.

Vatni frá svonefndri Laugarárveitu (Laugará, Hölkná og Grjótá) verður veitt inn í aðrennslisgöngin við Laugará. Í því skyni verða gerð hallandi göng frá aðrennslisgöngunum upp að fyrirhugaðri stíflu í Laugará.

Fallgöng: Frá enda aðrennslisganganna liggja fallgöng að stöðvarhúsi. Fallgöngin eru hallandi en brött, úr um 490 m y.s. niður í um 40 m y.s. Þau verða fóðruð með steypu efst en með stáli neðar.

Jöfnunarþró: Í greinargerð um virkjunartilhögun árið 1991 var gert ráð fyrir steyptum jöfnunarturni ofanjarðar, 30 m háum. Þessu hefur nú verið breytt í jöfnunarþró og sveiflugöng neðanjarðar, sjá mynd 4.3. Hallandi sveiflugöng til þrýstijöfnunar munu liggja frá enda aðrennslisganga við Teigsbjarg, upp í Miðfell og enda þar í opinni þró. Göngin verða tæplega 2 km löng og um 4,5 m í þvermál. Þróarbotn við gangaenda verður í 665 m y.s. og lægsta þróarbrún í 676 m y.s.



Mynd 4.3: *Stöðvarhússvæðið í Norðurdal. Sérkort.*

Mannvirkin eru hönnuð þannig að ekki renni út úr þrónni við hæstu vatnsborðssveiflu. Þróin verður um 50x100 m að stærð, og dýptin er 10-12 m. Hún verður afgirt og gengið þannig frá henni að að fyllsta öryggis verði gætt.

4.5 STÖÐVARHÚS, AÐKOMUGÖNG OG AÐKOMUHÚS

Stöðvarhúsið verður neðanjarðar. Sjá mynd 4.3. Stöðvarhúshellirinn verður um 94 m langur, 13-14 m breiður og um 32 m hár. Í stöðvarhúsinu verða þrír Pelton hverflar, hver 70 MW, og verða þeir í hæð 41 m y.s. Auk þess er rými fyrir fjórðu vél til framtíðar stækkunar, ef hennar verður talin þörf og leyfi fæst fyrir henni. Samsíða stöðvarhúshellinum, 20 m frá honum, verður spennahellir, um 88 m langur, 10 m breiður og 13 m hár. Stöðvarhús og spennasalur verða tengd með tvennum göngum. Vélasalur í stöðvarhúsi og spennasalur verða báðir með gólfhæð um 50,5 m y.s.

Rétt er að geta þess að stöðvarhúsið verður ekki endanlega staðsett í fjallinu fyrr en eftir gerð aðkomuganga og nákvæma rannsókn á byggingartíma á jarðfræðilegum aðstæðum á fyrirhuguðu stöðvarhússtæði og næsta nágrenni þess.

Aðkomugöng: Aðkoma að stöðvarhúsi og spennasal verður um aðkomugöng, sem verða væntanlega um 700 m löng. Sjá mynd 4.4. Gangamunninn er í um 72 m hæð yfir sjó ofan við svonefnda Stekkeyri í Norðurdal. Aðkomugöngin verða sprengd með skeifulaga þversniði, 6,0 m há og 6,1 m breið. Fyrstu 155 metrar aðkomuganganna voru sprengdir 1991.

Aðkomuhús: Í fylgigögnum með bréfi Landsvirkjunar til hreppsnefndar Fljótsdalshrepps o.fl., 13. maí 1992, var gert ráð fyrir allstóru húsi við gangamunnann, með rofasal, stjórnrými o.fl. Nú er ráðgert að byggja forskála við gangamunnann með rými fyrir loftræsibúnað, en sérstakt tengivirkis- og þjónustuhús verður byggt til hliðar við munnann. Í heild verða byggingarnar verulega minni en áður var gert ráð fyrir. Nokkru frá gangamunnanum er gert ráð fyrir að verði starfsmannahús og aðstaða fyrir gestamóttöku. Staðsetning hússins og annað fyrirkomulag mannvirkja við gangamunnann, verður ákveðið í samráði við skipulagsyfirvöld í Fljótsdal.

4.6 FRÁRENNSLISGÖNG OG FRÁRENNSLISSKURÐUR

Frá stöðvarhúsi verða gerð um 900 m löng sprengd frárennslisgöng, sem opnast út í Fljótsdal um 2,5 km innan við Valþjófsstað. Sjá mynd 4.4. Göngin verða skeifulaga, 5 m breið og 7 m há. Í göngunum verður vatnið frá virkjuninni með opnu vatnsborði. Frá gangamunna verður grafinn um 250 m langur skurður út í



Mynd 4.4: *Aðkoma og frárennslisgöng í Norðurdal.*



Mynd 4.5: *Grjótár-, Hölknár- og Laugarárveita. Sérkort.*

Jökulsá, þar sem venjulegt vatnsborð árinnar er í hæðinni 34,0 m y.s. Efni sem kemur úr stöðvarhúsi og göngum verður notað til þess að mynda fyllingu meðfram Jökulsá.

Í greinargerð um virkjunartilhögun 1991 var miðað við að munni frárennslisganga væri um 300 m innar í Fljótsdal og var þá frárennslisskurðurinn um 600 m langur, að mestu út eftir eyrum Jökulsár. Með færslu á gangamunna frárennslisganga hefur mestur hluti þessa skurðar verið felldur niður, m.a. til að draga eins og unnt er úr jarðraski í Fljótsdal.

4.7 TENGIVIRKI Í FLJÓTSDAL

Tengivirki (af SF_6 gerð) verður í húsi sem byggt verður 50–100 m innan við munna aðkomuganga í Norðurdal. Háspennulínur verða tengdar í húsið. Áður var gert ráð fyrir að tengivirkið yrði í stóru húsi við gangamunnann, en nú hefur skipulag mannvirkja við munnann verið endurskoðað til að draga sem mest úr umfangi mannvirkja. Tengivirkishúsið verður mjög svipað slíkum húsum við Búrfells- og Sultartangavirkjun.

4.8 VEITUR AF VESTURSVÆÐI

Mynd 4.13 sýnir Hafursárveitu. Mynd 4.5 sýnir Grjótár-, Hölknár- og Laugarárveitur.

Hafursárveita: Við vesturenda Eyjabakkastíflu verður Hafursá veitt í Eyjabakkalón um 1,4 km langan skurð. Áætlað meðalrennsli um veituna er 0,25 m^3/s, en það jafngildir um 8 GWh/ári í orku. Hönnun skurðarins þarf hins vegar að taka mið af töluverðum vorflóðum. Botn skurðarins verður 3–5 m að breidd og skurðdýpi verður allt að 4 m. Uppgrefti verður komið fyrir á neðri skurðbakka og myndaður þar lágur garður, 1–2 m á hæð. Gert er ráð fyrir að framburður Hafursár geti safnast í skurðinn og þarf því að hreinsa úr honum með reglulegu millibili.

Samkvæmt upphaflegum áætlunum átti Hafursárveita að ná lengra til norðurs, en fallið hefur verið frá því til að draga úr raski.

Grjótárveita: Norðvestan Snæfells eru ráðgerðar veitur úr Grjótá og Hölkná. Efri hluta Grjótár verður veitt í Hölkná með stíflum og skurði og er áætlað að þannig náist um 1,4 m^3/s meðalrennsli. Gerð verður lág jarðvegsstífla í farveginum þar sem áin er í um 787 m y.s. auk minni stíflu um 500 m norðvestan við Grjótárstíflustæðið. Krónuhæð verður 792 m y.s. Lónið sem myndast ofan við stíflurnar verður um 0,17 km2, og verður það á hálfgrónum eyrum Grjótár. Heildarlengd stíflugarða er um 950 m. Austan við stíflu í Grjótá verður gert yfirfall, um 180 m að lengd í



Mynd 4.6: *Sauðárveita (Hraunaveita minni). Sérkort.*

hæð 790 m y.s., sem hleypir flóðvatni aftur út í farveg Grjótár neðan stíflunnar. Til norðausturs frá stíflunni verður grafinn skurður, um 2.200 m langur með botnbreidd 4 m, mesta skurðdýpt verður um 6 m. Meðfram skurðleiðinni verða hlaðnir lágir stíflugarðar á þremur stöðum. Lengd garðanna verður samtals um 460 m. Frá skurðenda er sjálfrennsli vatns yfir í Hölknárlón.

Kjarnaefni Grjótárstíflu verður flutt úr kjarnanámu við Hölkná, síuefni fæst frá námu við Laugará, stoðfyllingarefni og grjótvörn fást úr skurði frá Grjótá yfir í Hölkná.

Hölknárveita: Með Hölknárveitu verður vatni úr Grjótá og Hölkná veitt yfir í efstu drög Laugarár með stíflu og stuttum skurði. Hölkná verður stífluð um 2,5 km norðvestur af Sauðafelli þar sem hún er í um 720 m y.s. Stíflan verður grjótfyllingarstífla með kjarna úr jökulruðningi, eða steinsteypt, krónuhæð 726 m, og verður hún jafnframt yfirfall. Hölknárlón verður um 0,73 km^2 og er lónstæðið mikið til gróið. Frá Hölknárlóni verður grafinn skurður, um 850 m langur, allt að 4 m djúpur með botnbreidd 4 m. Með skurðinum er vatninu veitt til draga Laugarár. Áætlað er að úr Hölkná fáist um 1,2 m^3/s meðalrennsli auk 1,4 m^3/s frá Grjótá eins og áður var getið.

Endurbæta þarf núverandi slóð meðfram Hölkná þannig að unnt sé að nota hana til efnisflutninga. Gera þarf ræsi eða brú á Laugarárskurð. Efni í Hölknárstíflu fæst úr sömu námum og fyrir Grjótárstíflu.

Það hefur komið fram hugmynd um að breyta fyrirkomulagi Hölknárveitu þannig, að í stað þess að mynda þar lón, verði vatninu veitt eftir skurði yfir í Laugará. Þannig má að mestu komast hjá því að skerða gróður í lónstæðinu. Eftir er að útfæra þessa hugmynd nánar, en reynist þetta hagkvæmt og umhverfisvænt verður, í samráði við Náttúruvernd ríkisins, ákveðið hvor kosturinn verður valinn.

Laugarárveita: Með Laugarárveitu er vatninu úr Grjótá, Hölkná og Laugará veitt inn í aðrennslisgöng Fljótsdalsvirkjunar. Laugará verður stífluð þar sem árbotninn er um 660 m y.s. Í árfarveginum verður 75 m langt steypt yfirfall með yfirfallshæð 667 m y.s. Beggja megin við yfirfallið verða um 300–400 m langar jarðvegsstíflur, mesta hæð stíflunnar verður 7,5 m norðan ár, og 5 m sunnan ár. Við yfirfallið og sambyggt því verður steypt mannvirki sem í verður botnrás og inntaksmannvirki sem veitir vatninu um 1.000 m löng sprengd, hallandi veitugöng sem tengjast aðrennslisgöngum Fljótsdalsvirkjunar norðan Laugarfells. Lónið sem myndast ofan við stífluna verður um 0,15 km^2.

Efni til jarðvegsstíflnanna fæst úr sömu námum og fyrir Grjótár- og Hölknárstíflur. Ráðgert er að sprengja veitugöngin fyrir Laugará niður í móti frá Laugarárstíflu og að aðrennslisgöngum og verður sú framkvæmd því óháð gerð þeirra síðarnefndu.

4.9 SAUÐÁRVEITA (HRAUNAVEITA MINNI)

Rannsóknir á Fljótsdalsvirkjun hafa sýnt að hagkvæmt er að sækja vatn yfir á Hraunin til að auka orkugetu virkjunarinnar. Sú tilhögun Hraunaveitu sem hér verður lýst, er ýmist kölluð Sauðárveita, eða Hraunaveita minni, en við hana var miðað í greinargerð um virkjunartilhögun 1991.

Aukin þekking á Hraunasvæðinu vegna rannsókna síðasta áratugar, sérstaklega vatnamælinga og jarðfræðiathugana, og ekki síður tækniþróun í jarðgangagerð, hefur leitt til þess að aukin vatnssókn á Hraunasvæðið, umfram Sauðárveitu, er nú talin hagkvæm. Því er nú í athugun ný útfærsla Hraunaveitu, Hraunaveita meiri. Sjá nánar í kafla 5.2.

Sauðárveita: Vatni úr Ytri-Sauðá, Innri-Sauðá, Grjótá og Kelduá verður veitt með stíflum og skurðum inn í Eyjabakkalón. Sjá mynd 4.6. Ytri-Sauðá verður stífluð við útfallið úr Sauðárvatni og einnig verður stífla í lægð rétt austan við ána. Á mynd 4.7 er horft yfir Sauðárvatn vestur að Snæfelli. Stíflurnar verða væntanlega úr jarðvegsefnum, samtals um 640 m langar með krónuhæð 798,5 m y.s. Mesta hæð stíflnanna er 12 m í Ytri-Sauðá. Yfirfall um 40 m langt verður austan við Ytri-Sauðá með yfirfallshæð 795,0 m y.s. Vatnsborðshækkun í Sauðárvatni frá núverandi vatnsborði verður um 5 m. Austan árfarvegarins verður steypt botnrás með loku í miðri botnrásinni.

Einnig kemur til greina að stíflurnar verði steinsteyptar (úr hnoðsteypu) með efri brún í hæð 795 m y.s. Í því tilfelli yrðu þær um 400 m langar og yrði yfirfallsvatn látið renna yfir þær. Sérstakt yfirfall verður þá óþarft.

Frá Sauðárvatni verður grafinn um 2.100 m langur skurður, allt að 10 m djúpur, með botnbreidd 6 m, sem veitir vatninu til Grjótár. Við enda hans verður steyptur 3 m hár yfirfallsþröskuldur til þess að halda lágmarks vatnsdýpi í skurðinum. Þar sem skurðurinn liggur yfir farveg Innri-Sauðár verður hlaðinn 400 m langur jarðvegsstíflugarður, allt að 10 m hár, í árfarveginum. Vestan við stífluna verður 100 m langt steypt yfirfall. Hæðir á stíflu og yfirfalli eru þær sömu og við Ytri-Sauðá. Í stað jarðvegsstíflu kemur til álita að gera steypta stíflu í farvegi Innri-Sauðár með efri brún í 795 m y.s. og yrði stíflan þá alls um 250 m löng.

Farvegur Grjótár verður dýpkaður og víkkaður með því að eftir honum verður grafinn 600 m langur og 6 m breiður skurður sem veitir vatninu í Grjótárvatn. Frá Grjótárvatni verður grafinn um 900 m langur skurður af sömu breidd, sem veitir vatninu yfir í Hellukvísl, og þaðan rennur það í Kelduá. Í enda skurðarins verður steyptur yfirfallsþröskuldur, svipaður og í skurðinum frá Sauðárvatni. Vatnsborðshæð Grjótárvatns verður svipuð eftir veitu sem fyrir hana eða í um 734 m y.s.

Kelduá verður stífluð þar sem farvegurinn er í um 688 m hæð yfir sjó. Stíflan verður grjótstífla með malbiksþéttikjarna eða jökulruðningskjarna. Krónuhæð verður 706,5 m y.s. og verður mesta hæð stíflunnar því 18,5 m. Lengd stíflunnar verður 775 m og auk þess er þar 100 m langt grjótfyllingaryfirfall sem einnig verður með malbikskjarna eða jökulruðningskjarna. Yfirfallshæðin verður 703 m y.s. Austan við árfarveginn er ráðgerð steypt botnrás með lokum og lokuhúsi við neðri endann.

Frá lóninu sem myndast ofan stíflunnar í Kelduá verður grafinn skurður að upptökum Kofakvíslar, en þaðan rennur vatnið í Eyjabakkalón. Skurðurinn verður um 2.060 m langur með 6 m botnbreidd. Mesta dýpt skurðarins verður um 11 m. Við enda skurðarins verður steyptur yfirfallsþröskuldur sem heldur uppi lágmarks vatnsdýpi í skurðinum til þess að hann botnfrjósi ekki.

4.10 VEGAGERÐ

Aðkoma að mannvirkjum verður um þjóðveg frá Egilsstöðum, annars vegar inn Norðurdal og hins vegar upp með Bessastaðaá inn á Fljótsdalsheiði. Ráðgerðar eru lagfæringar á brúm á leiðinni frá Egilsstöðum inn í Fljótsdal þannig að þær geti borið þann hámarksþunga flutnings sem nauðsynlegur er vegna virkjunarinnar.

Vegagerð í Fljótsdal: Vegir í Fljótsdal eru burðarlitlir og víða með ófullnægjandi vegferil. Þeir geta því ekki tekið við þeim þunga og umferðarmagni sem fyrirhugað er vegna Fljótsdalsvirkjunar. Til þess að mæta þessu hefur verið gert ráð fyrir að endurbyggja og gera nýjan veg og brýr frá Atlavík inn að stöðvarhúsi. Rætt hefur verið um þrjár leiðir:[7]

Leið 1 fylgir núverandi vegi frá Atlavík inn að Vallholti. Þar yrði Jökulsá brúuð yfir að Bessastaðagerði og síðan fylgt vegi norðan Jökulsár inn að stöðvarhúsi.

Leið 2 fylgir núverandi vegi frá Atlavík um Keldukvíslarbrú og Jökulsárbrú, yfir hjá Végarði og áfram inn að stöðvarhúsi undir Teigsbjargi.

Leið 3 fylgir núverandi vegi frá Atlavík um Keldukvíslarbrú og Kelduárbrú, fram hjá Langhúsum

7 Vegabætur í Fljótsdal vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda. Greinargerð frá Vegagerðinni á Reyðarfirði, dagsett 13.10.1999.



Mynd 4.7: *Horft vestur yfir Sauðárvatn á Hraunum í átt til Snæfells.*

(Múla), og með nýrri brú á Jökulsá nokkru innan við stöðvarhús.

Gert er ráð fyrir að byggja þurfi nýjar tvíbreiðar brýr vegna þessara framkvæmda, bæði á ofangreindar ár og Gilsá. Aðstæður til vegagerðar eru mjög erfiðar frá Vallholti inn undir Víðivelli ytri. Ef leiðir 2 eða 3 verða valdar, þá þarf líklega að leggja veginn undir brekkurótum, úti í farvegi Jökulsár, með dýrum varnaraðgerðum. Á leið 3 þarf einnig að gera ráð fyrir endurbyggingu vegarins frá stöðvarhúsi út að Bessastöðum, vegna flutnings upp á Fljótsdalsheiði. Leið 1 styttir mjög flutninga upp á Fljótsdalsheiði, og kemur auk þess að bestum notum fyrir almenna umferð, því hún styttir Upphéraðsveg umhverfis Lagarfljót verulega og bætir innansveitarsamgöngur mest. Landsvirkjun hefur átt viðræður við Vegagerðina um undirbúnings þessa máls. Telur Vegagerðin að leið 1 sé álitlegasti kosturinn og mun hún annast frekari undirbúning verksins. Þessar vegaframkvæmdir munu gangast undir sérstakt mat á umhverfisáhrifum.

Vegagerð á virkjunarsvæði: Vegir innan framkvæmdasvæðis hafa að mestu verið lagðir, en eftir er þó að byggja upp veg frá Laugarfelli inn að stíflustæði við Eyjabakkafoss. Sjá mynd 4.7.

Vegur upp á Fljótsdalsheiði (F910): Uppbyggður vegur liggur norðan við Bessastaðaárgil frá Eyrarlandi og upp á Fljótsdalsheiði. Vegurinn liggur í mörgum sneiðingum og er nauðsynlegt að lagfæra hann. Vegurinn verður ekki færður heldur breikkaður, fyrst og fremst í beygjum. Efni í þessar lagfæringar verður tekið úr gangaefni við stöðvarhús og/eða úr frárennslisskurði virkjunarinnar í Fljótsdal.

Vegur suður Fljótsdalsheiði að stíflustæði (F910): Þegar liggur vegur suður Fljótsdalsheiði og suður fyrir Laugarfell. Þaðan liggur malarborin slóð inn að stíflustæði ofan við Eyjabakkafoss. Gert er ráð fyrir að ljúka við veginn inn að stíflustæði með efni úr námu við Laugará og úr eyrum við Hafursá og víðar meðfram veginum. Frá aðalveginum suður Fljótsdalsheiði liggja afleggjarar langleiðina að aðkomugöngum við Axará og í átt að aðkomugöngum ofan við Teigsbjarg. Þessir afleggjarar hafa þegar verið gerðir að hluta, en ólokið er að gera um 0,4 km veg að Aðkomu III við Axará og um 2,0 km veg að Aðkomu IV ofan við Teigsbjarg. Fjallvegurinn F910 nær að Laugará, en framhaldið að Eyjabakkastíflu er hliðarslóð.

Vegur meðfram Laugará og tenging við veg í Hrafnkelsdal (F910): Gert er ráð fyrir að vegur verði á svipuðum stað og núverandi slóð, en færist nokkuð til suðurs við fyrirhugað inntakslón Laugarárveitu. Frá inntakslóninu og að Hölkná þarf að færa veginn til suðurs og gera brú á Laugará. Vegurinn verður lítið uppbyggður og mætti frekar kallast slóð. Efni í þennan veg kemur úr malarhjöllum við Laugará sem sumir eru á botni fyrirhugaðs inntakslóns, og úr veitugöngum frá Laugará.

Vegur upp úr Hrafnkelsdal (F910): Við Hölknárlón þarf að gera brú yfir Hölknárveitu til þess að tengja veginn við slóð sem liggur upp úr Hrafnkelsdal. Mjög litlar breytingar verða á veginum niður í Hrafnkelsdal. Hölkná hverfur að mestu næst neðan við stífluna og verður hún því auðveldari yfirferðar.

Vegur í Snæfellsskála (F909): Lagfæra þarf veginn frá gatnamótum við (F910) nálægt Hölknárlóni að slóð að Grjótárstíflu.

Vegur að Grjótárstíflu: Gera þarf akfæra slóð frá vegi að Snæfellsskála (F909) að Grjótárstíflu, og síðan meðfram skurði í Grjótárveitu, norðvestan hans. Slóðin sést lítið frá ferðamannaleiðum, nema þar sem hún tengist vegi í Snæfellsskála (F909).

Vegur í Hraunaveitu: Gera þarf veg yfir Jökulsá og brú á yfirfallsfarveg austan ár. Frá austurenda Eyjabakkastíflu verður lögð akfær slóð að mannvirkjum við Sauðárvatn. Slóð að Hraunaveitu mun liggja á svipuðum stað og núverandi slóð austur að Kelduá. Hún liggur síðan suður með Kelduá að stíflu, og þaðan austur með skurðum og stíflum að Sauðárvatni. Til slóðagerðarinnar verður notað efni úr áreyrum við Kelduá og efni úr skurðum. Frá þessari slóð mun verða nauðsynlegt að gera afleggjara vestur með Hraunaveitu að Eyjabakkalóni. Frá aðalslóðinni verða lagðar stuttar hliðarslóðir, t.d. að steyptum yfirfallsþröskuldum í skurðum. Gera þarf brú á veituna til þess að tryggja aðkomu að Geldingafellsskála. Þessi brú hefur ekki verið staðsett enn sem komið er. Endanleg staðsetning slóða verður ákveðin í samráði við sveitarstjórn Fljótsdalshrepps, landeigendur og Náttúruvernd ríkisins.

Aðrir vegir á byggingartíma: Gerður verður vinnuvegur frá Eyjabakkastíflu að námu við Dimmagil. Þessi vegur mun verða neðan lónborðs að sumri til. Þá verða gerðir vinnuvegir báðum megin við aðalstíflu og í grjótnám austan Jökulsár, til þess að auðvelda efnisflutninga. Slóð verður lögð að aðkomugöngum við Hafursá.

Flestir þeirra vega sem taldir hafa verið upp hér að framan, hafa annað hvort verið lagðir eða eru slóðir sem eknar hafa verið árum saman vegna rannsókna og ferðamennsku. Undantekningar frá þessu er slóð í Hraunaveitu (slóð nú einungis austur að Kelduá) og slóð í Grjótárveitu. Um vinnuvegi sem gera verður vegna byggingar mannvirkja gildir, að þeim verður lokað eftir að mannvirkjagerð er lokið og gengið frá þeim á sama hátt og venja er við aðrar virkjanir Landsvirkjunar.

4.11 HÁSPENNULÍNUR

Eftirtaldar háspennulínur eru áætlaðar í tengslum við Fljótsdalsvirkjun.

*1. **Byggðalína:*** Fyrirhugað er að breyta legu núverandi byggðalínu á Fljótsdalsheiði og leggja hana að Bjargshæðum, og niður að munna aðkomuganga í Norðurdal. Frá aðkomugöngum er fyrirhugað að leggja 132 kV jarðstreng (eða línu) að byggðalínu í Fljótsdal austan við Jökulsá. Breytingin á byggðalínunni þarf að gangast undir mat á umhverfisáhrifum.

Eldri áætlanir miðuðu við tvöfalda 132 kV tengilínu frá virkjun út eftir norðanverðum Fljótsdal að byggðalínu. Var sú lega línunnar staðfest í skipulagi árið 1991. Nú hefur verið hætt við þær áætlanir, enda fáist heimild fyrir áðurnefndum breytingum.

*2. **Fljótsdalslínur 3 og 4***, eru tvær nýjar 220/400 kV háspennulínur frá virkjun til Reyðarfjarðar. Undirbúningur og mælingar vegna þessara lína er hafinn, og er reiknað með að skýrsla um mat á umhverfisáhrifum þeirra verði lögð fram fyrir áramót.

*3. **Kröflulína 3:*** Fyrirhugað er að styrkja stofnlínukerfi Landsvirkjunar með lögn 220 kV háspennulínu, Kröflulínu 3, frá Kröflustöð austur að Fljótsdalsvirkjun. Fyrirhugað er að meta umhverfisáhrif línunnar á næstu mánuðum.

Lagður verður 33 kV jarðstrengur frá byggðalínu inn eftir Norðurdal að munna aðkomuganga. Þaðan um 600 m löng lína upp á Teigsbjarg, síðan jarðstrengur, væntanlega meðfram vegi, að Aðkomu III og að Eyjabakkastíflu. Samkvæmt upphaflegum áætlunum 1991 átti að leggja loftlínu inn að Eyjabakkastíflu, en breytingin yfir í jarðstreng er m.a. gerð af umhverfisástæðum. Strenghluti frá byggðalínu að aðkomugöngum verður lagður af að framkvæmdum loknum.

4.12 EFNISNÁM OG HAUGSTÆÐI

Námur: Mynd 4.8 sýnir staðsetningu þeirra náma sem áætlað er að nota við byggingu Fljótsdalsvirkjunar og er námunum lýst hér á eftir. Námur vegna Fljótsdalsvirkjunar verða allar í lausum jarðlögum, nema grjótnáma við Eyjabakka. Auðvelt er að ganga frá námum sem eru í lausum jarðlögum, og verksummerki um námuvinnsluna munu hverfa á nokkrum árum eftir að framkvæmdum lýkur, ef miðað er við reynslu frá öðrum virkjunarsvæðum.

Steypuefnisnáma á Bessastaðaármelum:
Umfangsmikil leit að steypuefnum hefur verið gerð vegna virkjunarinnar. Í nágrenni stöðvarhússins hefur einungis ein hentug náma fundist. Þessi náma er á svonefndum Bessastaðaármelum, neðan þjóðvegarins. Gert er ráð fyrir að úr námunni þurfi að taka um 50.000 m^3. Á öðrum hugsanlegum námusvæðum hefur hlutfall af óæskilegum berggerðum reynst of hátt. Árið 1991 lét Landsvirkjun vinna efni á námusvæðinu, sem er í haugum neðan til á melunum, en það er aðeins lítill hluti af því sem þarf í virkjunina.

Sand- og malarnámur við Sauðafell: Við Sauðafell,



Mynd 4.8: *Námur, haugstæði, vinnubúðir og vegir. Yfirlitskort.*

norðan Snæfells, eru malarhjallar eða malarásar. Magn malarefnis á þessum slóðum hefur verið áætlað 2,3 milljónir rúmmetra.[8] Hjallar þessir eru taldir myndaðir við jaðar hörfandi ísaldarjökuls. Mynd 4.9 sýnir hluta af námusvæðinu.

Kjarnanáma við Hölkná: Gert er ráð fyrir að kjarnaefni sem notað verður í stíflur í Grjótár-, Hölknár- og Laugaráveitum verði tekið úr jökulruðningi sem fundist hefur við Hölkná. Komi verktaki með hagstætt frávikstilboð í Eyjabakkastíflu með jökulruðningskjarna, er líklegt að kjarnaefni í þá stíflu verði einnig tekið hér. Jökulruðningur er þar í tveimur námum, og er sú stærri vestan ár í lágum ávölum ás. Landið er gróðurlítið eða gróðurlaust og auðvelt að ganga þannig frá námunni að ummerki hverfi. Vegurinn upp úr Hrafnkelsdal verður notaður sem námuvegur og væntanlega endurbættur vegna flutninga úr námunni. Hluti af námusvæðinu sést á mynd 4.10.

Vegagerðarefnisnáma við Hafursá: Þessi náma er í gömlum árframburði meðfram Hafursá. Þarna er gert ráð fyrir að taka lítið magn vegagerðarefna til þess að ljúka vegagerð inn að Eyjabakkastíflu. Frágangur á námunni er auðveldur og um er að ræða gróðurlitla mela.

Dimmagilsnáma sunnan Eyjabakkastíflu: Náman er í stórri aur- og malarkeilu framan við svonefnt Dimmagil í undirhlíðum Snæfells. Keilan er lítt gróin ofan lónborðs, en gróður vex niður eftir keilunni. Úr þessari námu er gert ráð fyrir að taka efni í Eyjabakkastíflu og einnig steypuefni til þess að nota í steypt mannvirki við þá stíflu og í Hraunaveitu og Grjótárveitu. Úr námunni verður einnig tekið efni í vegi á stíflusvæðinu. Gert er ráð fyrir að alls verði rúmlega ein milljón rúmmetra af efni tekin úr þessari námu. Mest af efninu verður tekið ofan lónborðs. Frágangur á þeim hluta sem mun sjást er einfaldur, sléttað verður yfir og sífellt bætist efni í keiluna úr aurhlaupum úr Dimmagili.

Grjótnáma við Eyjabakkastíflu: Úr þessari námu verður unnið efni í ölduvörn og stoðfyllingu Eyjabakkastíflu og ölduvarnarefni fyrir Kelduárstíflu, auk þess sem fyllingarefni í malbikskjarna fyrir báðar þessar stíflur verður unnið úr námunni. Berglagið sem unnið verður er það sama og er í brún Eyjabakkafoss. Námusvæðið er sýnt á mynd 4.11. Námusvæðið er gróið að hluta, eins og sést á mynd. Gert er ráð fyrir að yfirborðsefnum verði ýtt til hliðar áður en náman verður unnin og þau nýtt til frágangs námunnar. Hægt er að laga sárið þannig að það sjáist vart.

Malarnám við Kelduá: Úr áreyrum Kelduár austan Folavatns er hugsanlegt að taka efni til stíflu- og vegagerðar í Hraunaveitu. Þetta eru ógrónar eyrar og setfyllur. Ofan við Kelduárstíflu er einnig eyrarsvæði þar sem líklegt er að stoðfylling í Kelduárstíflu verði unnin. Á báðum þessum stöðum er námufrágangur einfaldur og námur verða lítt áberandi eftir notkun.

Kjarnanáma vestan Sauðárvatns og malarnáma fyrir síuefni: Vegna stíflugerðar við Sauðárvatn þarf um 20.000 m^3 af kjarnaefni. Gert er ráð fyrir að kjarnaefnið verði tekið úr námu við enda skurðar úr Sauðárvatni. Síuefni í stíflur við Sauðárvatn verður tekið úr árfarvegi ofan og neðan við stíflu í Ytri-Sauðá. Um 30.000 m^3 af síuefni þarf í stíflurnar. Ef nægilegt efni finnst ekki þar verður að sækja efnið að Kelduá.

Haugstæði: Við gerð hinna ýmsu mannvirkja er nauðsynlegt að koma uppgrefti fyrir á þar til ætluðum haugstæðum. Landslagshönnuður mun ákveða form uppgraftarhauganna á útboðsstigi þannig að við upphaf verksins liggi fyrir áætlun um mótun fyllinga. Endanleg staðsetning haugstæða verður ákveðin í samráði við sveitarstjórn Fljótsdalshrepps, landeigendur og Náttúruvernd ríkisins.

Við gröft skurða verður efni að mestu leyti jafnað meðfram skurðum og látið mynda tengingu milli skurðarins og landsins meðfram honum þannig að vel fari. Í sumum tilvikum verður vegur á fyllingunni.

Norðurdalur: Aðkomugöng að stöðvarhúsi verða grafin frá Norðurdal við Teigshús. Frárennslisgöng virkjunarinnar opnast einnig út í Norðurdal. Efni úr göngunum og úr stöðvarhússhelli verður komið fyrir í fyllingu meðfram Jökulsá, að norðanverðu, og myndar það jafnframt garð meðfram frárennslisskurðinum til að varna því að flóð í Jökulsá geti komist í skurðinn, sjá mynd 4.3. Áætlað magn er 450.000 m^3.

Ofan Teigsbjargs: Úr aðkomugöngum ofan við Teigsbjarg koma um 200.000 m^3 af efni. Áætlað er að koma því fyrir austan undir hjöllum sem eru í grennd við aðkomumunnann. Áætluð haugsvæði eru um 4 ha að stærð, sjá mynd 4.3.

Við Axará: Meginhluti útgraftar úr aðrennslisgöngunum kemur út við Axará, sjá mynd 4.12. Áætlað er að koma þurfi fyrir um 900.000 m^3 af efni í grennd við aðkomugöngin, og byggja þar upp landslag sem fallið getur inn í þá landslagsheild sem fyrir er á svæðinu. Miðað við að meðalþykkt fyllingarinnar verði 10 m þarf um 9 ha svæði undir útgröftinn.

Við Laugará: Úr veitugöngum við Laugará koma um 30.000 m^3 af efni. Þessu efni verður að hluta komið fyrir í gömlum, fullnýttum malarnámum meðfram Laugará, en einnig nýtt í stíflu og vegagerð.

Við Hafursá: Úr aðkomugöngum við Hafursá koma um 100.000 m^3 af efni sem ráðgert er að nota

8 Sigbjörn Guðjónsson (1985) Byggingarefnisleit á Fljótsdalsheiði 1984. Orkustofnun OS-85008/VOD-03.



Mynd 4.9: *Sand- og malarnámur norðan Sauðafells, við Hölkná.*

sem stoðfyllingu í Eyjabakkastíflu að hluta, en hluta þess verði komið fyrir við Hafursá neðan Hafursárufsar. Sjá mynd 4.13.

Við Eyjabakkastíflu: Fjarlægja þarf lausan jarðveg undan Eyjabakkastíflu, alls um 570.000 m^3. Þessum uppgrefti verður komið fyrir í lónstæði við stífluna og meðfram yfirfallsfarvegi.

4.13 FRAMKVÆMDA-, MANNAFLA- OG KOSTNAÐARÁÆTLUN

Framkvæmdatími virkjunarinnar er áætlaður 4 ár og er ráðgerður á árunum 2000 til 2003. Miðað er við að virkjunin verði tilbúin til raforkuframleiðslu í árslok 2003.

Fyrsta sumarið verður haldið áfram með gerð aðkomuganga að stöðvarhússhelli þar sem frá var horfið 1991, og þeim lokið í byrjun árs 2001. Jafnframt verður byrjað á aðkomugöngum að aðrennslisgöngum á Fljótsdalsheiði. Gerð aðkomuganganna á heiðinni verður lokið fyrri hluta árs 2001. Borun með jarðgangaborvélum hefst snemma árs 2001 og verður vinna samfelld fram á mitt ár 2003. Jafnframt verður gerður sá hluti aðrennslisganganna sem er sprengdur, þ.e.a.s. innsti hlutinn næst Eyjabakkastíflu og ysti hlutinn sem er næst þrýstigöngum. Jöfnunarþró og göng að henni verða sprengd frá fyrri hluta árs 2002 fram á mitt ár 2003.

Vinna við stöðvarhúss- og spennahella hefst snemma á árinu 2001 og steypuvinna þar verður í beinu framhaldi af gerð hellanna. Vinna í stöðvarhúsinu, innanhússfrágangur og uppsetning vél- og rafbúnaðar, verður samfelld frá miðju ári 2001 til loka verksins í árslok 2003.

Unnið verður við frárennslisgöng og frárennslisskurð samhliða vinnu í stöðvarhúsi.

Gert er ráð fyrir að Eyjabakkastífla verði hlaðin á 3–4 árum; vinna við stífluna hefjist haustið 2000 eða vorið 2001 og ljúki haustið 2003. Ekki verður unnið við stíflugerðina að vetrarlagi.

Unnið verður við hinar ýmsu veitur til virkjunarinnar á árunum 2001 til 2003; ekki verður unnið við veiturnar um veturinn.

Mest umsvif verða sumrin 2001 og 2002 þegar vinna við stíflur og veitur er í hámarki. Mannfjöldi í vinnu við virkjunina verður mestur um 480 manns sumarið 2001 og um 540 manns sumarið 2002. Sjá mynd 4.14.

Áætlaður framkvæmdakostnaður við virkjunina er um 22.000 Mkr., með fjármagnskostnaði á byggingartíma, en án virðisaukaskatts.

4.14 VINNUBÚÐIR

Reiknað er með að vinnubúðir verði aðallega á fjórum stöðum: Í Norðurdal á bökkum Jökulsár í Fljótsdal, við gangamunna aðkomuganga, verða vinnubúðir og verkstæðisaðstaða fyrir verktaka vegna vinnu á stöðvarhússvæði. Hér eru ráðgerðar vinnubúðir fyrir um 150 manns.

Við Aðkomu IV ofan Teigsbjargs, verða vinnubúðir og verkstæðisaðstaða vegna sprengingar og útgraftar ysta hluta aðrennslisganga, ganga að jöfnunarþró og gerðar hennar, auk borunar fallganga. Hér eru ráðgerðar vinnubúðir fyrir 50–100 manns.

Við Axará er gert ráð fyrir vinnubúðum og verkstæðisaðstöðu verktaka. Þessar vinnubúðir munu þjóna vinnu við gerð aðrennslisganganna. Nauðsynleg stærð vinnubúðanna er fyrir 100–150 manns.



Mynd 4.10: *Kjarnanáma við Hölkná. Jökulruðningur.*



Mynd 4.11: *Grjótnáma við Eyjabakkastíflu.*



Mynd 4.12: *Aðkoma III við Axará. Sérkort.*



Mynd 4.13: *Aðkoma I við Hafursá. Sérkort.*



Mynd 4.14: *Framkvæmda- og mannaflaáætlun fyrir Fljótsdalsvirkjun.*

Fjórða vinnubúðasvæðið verður við Eyjabakkastíflu og þjónar efsta vinnusvæðinu, einkum gerð Eyjabakkastíflu, gerð innsta hluta aðrennslisganga og einnig vinnu við hinar ýmsu veitur. Vinnubúðirnar verða fyrir allt að 250 manns. Auk þess er reiknað með að verktaki komi sér upp aðstöðu á öðrum stöðum þar sem unnið verður, einkum þar sem langt er til aðalvinnubúðanna.

Neysluvatn fyrir vinnubúðirnar verður fengið úr lindum í næsta nágrenni þeirra. Frárennsli frá búðunum verður veitt í rotþrær sem verða tæmdar og fjarlægðar að verki loknu. Allt sorp verður flutt af staðnum og því fargað á viðurkenndan hátt.

Að verki loknu verða vinnubúðirnar fjarlægðar og vinnubúðasvæðin jöfnuð og lagfærð þannig að þau verði sem næst fyrra horfi.

5 AÐRIR KOSTIR

Hér á eftir verður gefið yfirlit yfir ýmsa aðra virkjunarkosti, sem til athugunar hafa verið í Fljótsdal og nágrenni.

5.1 FLJÓTSDALSVIRKJUN – SKURÐVIRKJUN

Í áætlun um virkjun Jökulsár í Fljótsdal, eins og henni var lýst 1981 í skýringum með lagafrumvarpi um virkjunina, var miðað við að vatni úr Eyjabakkalóni yrði veitt út Fljótsdalsheiði í skurðum að inntakslóni ofan Teigsbjargs. Mynd 5.1 sýnir þessa tilhögun.

Ráðgert var að Jökulsá í Fljótsdal yrði stífluð ofan við Eyjabakkafoss upp í 667,5 m y.s. Þar var ráðgert miðlunarlón, 615 Gl að stærð. Frá Eyjabakkalóni skyldi vatninu veitt eftir 25 km löngum skurði, sem lægi undir Hafursfelli og Laugarfelli og norður heiðina til Gilsárvatna.

Gilsárlón yrði myndað með stíflum við Gilsárvötn og Eyrarselsvatn. Í lóninu var ráðgert að miðla 102 Gl. Frá Gilsárlóni skyldi veita vatninu um rúmlega kílómetra langan skurð, Grjóthálsskurð, í inntakslón virkjunarinnar, Hólmalón. Hólmalón yrði þar sem nú er Hólmavatn og Garðavatn. Ráðgerð miðlun í inntakslóni var 18 Gl.

Frá Hólmalóni yrði vatninu veitt um opinn skurð, 2 km langan, að stöðvarinntaki á fjallsbrúninni. Þaðan lægju um 630 m stálfóðruð hallandi þrýstigöng að greiningu til vatnsvéla virkjunarinnar. Stöðvarhús yrði neðanjarðar með fjórum vélasamstæðum, og frá því sprengd um 950 m löng frárennslisgöng að 560 m löngum skurði út í Jökulsá. Tengivirki og spennar skyldu vera neðanjarðar, í og við stöðvarhúsið. Aðkomugöng að stöðvarhúsinu yrðu um 750 m löng.

Gert var ráð fyrir að auka aðrennsli til virkjunarinnar með veitum af öðrum vatnasviðum. Með Sauðárveitu á Hraunum var ráðgert að veita vatni af vatnasviði Sauðár, Grjótár og Kelduár vestur í Eyjabakkalón, en af Fljótsdalsheiði að vestan kæmi veita af vatnasviði Hölknár og Þórisstaðakvíslar. Ofan við stíflu í Hölkná var ráðgert að miðla 10 Gl. Einnig var gert ráð fyrir að rennsli Bessastaðaár yrði virkjað.

Fallhæð við fullt inntakslón yrði 572 m. Orkugeta Fljótsdalsvirkjunar var talin verða 1.450 GWh/ári með áðurnefndum miðlunum, sem samtals nema 745 Gl. Uppsett afl var fyrirhugað 290 MW miðað við 5.000 nýtingarstundir á ári.

Þessi kostur, þar sem gert var ráð fyrir löngum opnum skurðum á Fljótsdalsheiði og stórum miðlunarlónum á heiðinni, hefði miklu meiri umhverfisröskun í för með sér en núverandi tilhögun með jarðgöngum. Þannig hefðu farið um 83 km^2 lands undir mannvirki og miðlunarlón virkjunarinnar, í stað um 46 km^2 lands eins og núverandi tilhögun gerir ráð fyrir.

5.2 HRAUNAVEITA MEIRI

Landsvirkjun hefur látið kanna breytta tilhögun Hraunaveitu, til þess að ná meira vatni af Hraunum til Fljótsdalsvirkjunar en unnt er með Sauðárveitu, sem lýst er í kafla 4.9.

Í því skyni hafa Orkustofnun og Landsvirkjun staðið fyrir rannsóknum á Hraunasvæðinu á undanförnum árum. Jarðfræði svæðisins hefur verið könnuð,[9] gróðurfar,[10] vatnalíf[11] o.fl. Auk þess hefur verið gerð skýrsla um helstu umhverfisáhrif virkjunarmannvirkja á Hraunum.[12]

Fljótsdalsvirkjun með Hraunaveitu meiri er sýnd á mynd 5.2. Þessi tilhögun, þar sem gert er ráð fyrir meiri veitum af Hraunasvæðinu en með Sauðárveitu, kallar á meiri miðlun í Eyjabakkalóni vegna aukins aðrennslis til virkjunarinnar. Athuganir benda til að hagkvæmt verði að nýta um 625 Gl miðlun og að yfirfallshæð Eyjabakkalóns verði 667,5 m y.s. Er það sú miðlunarhæð sem getið er um í greinargerð með heimildarlögum fyrir virkjunina frá 1981. Í virkjunarleyfi iðnaðarráðherra frá 1991 er gert ráð fyrir Sauðárveitu en ekki Hraunaveitu meiri. Því er talið nauðsynlegt að Hraunaveita meiri gangist undir mat á

9 Árni Hjartarson og Þórólfur H. Hafstað, 1997.
10 Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson, 1995; og Kristbjörn Egilsson, 1996.
11 Hákon Aðalsteinsson, 1995.
12 Einar Þórarinsson, 1997.



Mynd 5.1: *Fljótsdalsvirkjun – skurðvirkjun. Yfirlitskort.*



Mynd 5.2: *Fljótsdalsvirkjun með Hraunaveitu meiri. Yfirlitskort.*



Mynd 5.3: *Hraunavirkjun. Yfirlitskort.*

umhverfisáhrifum verði ákveðið að ráðast frekar í hana en Sauðárveitu.

Gert er ráð fyrir veitu á Hraunum sem nær austur að vatnaskilum milli Sultarranaár og Hamarsár. Austast er Sultarranaá stífluð og veitt í grunnum skurði inn á vatnasvið Fellsár. Fellsá er stífluð og þaðan verða 8,5 km löng boruð veitugöng vestur að Grjótá. Ytri-Sauðá er tekin inn í göngin neðan ármóta við Hellukvísl þar sem hún er stífluð, og inntaksvirki byggt ásamt tengingu inn á veitugöngin. Innri-Sauðá er veitt inn á vatnasvið Grjótár. Þar verður smástífla og skurður í gegnum lágan söðul á vatnaskilunum.

Í Grjótá verður um 15 m há stífla. Frá smálóni ofan stíflunnar verða 1.750 m löng sprengd göng vestur að Kelduá. Kelduá er stífluð neðan við Folavatn. Þar er gert ráð fyrir sömu yfirfallshæð og við Eyjabakkalón og gert ráð fyrir botnrás og yfirfalli. Úr Kelduárlóni er vatninu veitt eftir opnum skurði frá Folavatni yfir vatnaskilin inn í Eyjabakkalón. Botnhæð í skurði er ráðgerð 661 m y.s., og nýtist með því dálítil miðlun í Kelduárlóni. Að öðru leyti verður tilhögun mannvirkja hin sama og við grunntilhögun Fljótsdalsvirkjunar sem lýst er í kafla 4.

Miðað við aukninguna í rennsli til virkjunarinnar er gert ráð fyrir að orkugeta hennar aukist úr 1.390 GWh í um 1.700 GWh á ári.

5.3 HRAUNAVIRKJUN

Einn af þeim kostum sem hafa verið til athugunar er að virkja Jökulsá í Fljótsdal ofan í Suðurdal í Fljótsdal, svokölluð Hraunavirkjun. Miðlunarlón yrði á Eyjabökkum, og vatninu veitt þaðan um jarðgöng niður með Suðurdal austanverðum, að stöðvarhúsi í grennd við Víðivallagerði. Sjá mynd 5.3. Vatni af Hraunum yrði veitt inn í göngin á leiðinni. Hraunin eru mikið úrkomusvæði og því er eftir miklu að slægjast þar. Með nýrri útfærslu Hraunaveitu, Hraunaveitu meiri, næst til Fljótsdalsvirkjunar verulegur hluti af því vatni sem ætlunin er að nýta í Hraunavirkjun, sjá kafla 5.2. Með Hraunavirkjun er talið að meira vatn náist til virkjunar, og yrði nýting á vatnsafli svæðisins nokkru betri en með Fljótsdalsvirkjun. Að vísu næst ekki vatn úr Laugará, Hölkná og Grjótá til virkjunar, en hugsanlegt er að nýta það síðar með sérstakri lítilli virkjun, svokallaðri Gilsárvatnavirkjun, eða í Kárahnúkavirkjun.

Eitt afbrigði Hraunavirkjunar er svokölluð Kiðafellsvirkjun. Yrði þá virkjað í botni Suðurdals, í grennd við Sturluflöt. Með þessari tilhögun tapast nokkurt fall (um 60 m) og afl virkjunarinnar minnkar. Hins vegar styttast jarðgöng það mikið, að þetta er líklega hagkvæmasti virkjunarkosturinn á Hraunasvæðinu. Kiðafellsvirkjun þykir ekki nógu áhugaverður kostur af því að hún nýtir ekki vel vatnsafl svæðisins. Það afl sem ekki er nýtt er einnig hagkvæmt að virkja. Miðlun á Eyjabökkum er forsenda fyrir Kiðafellsvirkjun.

Til þess að unnt verði að ráðast í Hraunavirkjanir þarf frekari rannsóknir, hönnun og mat á umhverfisáhrifum. Nokkur áhætta við mat á hagkvæmni virkjunar er fólgin í því hvað rennslismælingar á Hraunum ná yfir skammt tímabil, miðað við þær kröfur sem almennt eru gerðar til slíkra mælinga áður en ráðist er í virkjanir.

Hraunavirkjanir virðast því vera hagkvæmur kostur, en ekki er unnt að bera hagkvæmni þeirra beint saman við hagkvæmni Fljótsdalsvirkjunar og alls ekki hægt að ráðast í þær með skömmum fyrirvara.

5.4 KÁRAHNÚKAVIRKJUN

Hér er stuttlega lýst þeirri tilhögun Kárahnúkavirkjunar sem fram kemur í frumhönnun hennar, sjá mynd 5.4.

Gert er ráð fyrir 500 MW virkjun með 1.880 Gl miðlun. Yfirfallshæð miðlunarlóns sem kallast Hálslón verður 621 m y.s. og flatarmál þess um 52 km^2. Stíflustæðið er við Fremri-Kárahnúk syðst í Dimmugljúfrum. Gert er ráð fyrir að stífluhæð verði 185 m. Auk þess er gert ráð fyrir tveimur hjástíflum, annars vegar 50 m hárri stíflu í Desjarárdragi og hins vegar 25–30 m hárri stíflu í Sauðárdalsdrögum.

Frá Hálslóni liggja um 37 km löng aðrennslisgöng að lóðréttum stálfóðruðum fallgöngum sem liggja að stöðvarhúsi neðanjarðar. Frá stöðvarhúsinu liggja lárétt frárennslisgöng og þaðan frárennslisskurður út í farveg Jökulsár í Fljótsdal skammt innan við Valþjófsstað. Ráðgert er að stífla útfall Bessastaðaár úr Gilsárvötnum og veita henni inn í aðrennslisgöng virkjunarinnar.

Til þess að koma í veg fyrir óæskilega vatnsborðshækkun í Lagarfljóti samfara veitu Jökulsár á Brú austur í Fljótsdal, er ráðgert að dýpka farveg Lagarfljóts neðan Egilsstaða, einkum við Strauma og ofan flóðgátta við Lagarfossvirkjun.

Uppsett afl Kárahnúkavirkjunar er meira en tvöfalt afl Fljótsdalsvirkjunar og orkugeta áætluð um 3.500 GWh á ári. Til þess að hagkvæmt sé að ráðast í Kárahnúkavirkjun í stað Fljótsdalsvirkjunar er því ljóst að semja þarf við verulega stærri orkunotanda en nú er fyrirhugað, og ekki verður hægt að ráðast í framkvæmdir við Kárahnúkavirkjun fyrr en eftir nokkur ár.

5.5 KÁRAHNÚKAVIRKJUN MEÐ VEITU ÚR JÖKULSÁ Í FLJÓTSDAL

Landsvirkjun hefur um nokkurt skeið haft til athugunar áætlun um Kárahnúkavirkjun með veitu Jökulsár í Fljótsdal úr litlu inntakslóni og þá án miðlunar á



Mynd 5.4: *Kárahnúkavirkjun. Yfirlitskort.*

Eyjabökkum. Þessi kostur var m.a. nefndur í riti iðnaðarráðuneytisins frá 1994 um virkjanir norðan Vatnajökuls. Frá þeim tíma hefur áhugi margra aðila beinst að þessari tilhögun af því að með henni yrði unnt að hlífa Eyjabökkum þegar Jökulsá í Fljótsdal verður virkjuð. Hefur m.a. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands mælst til þess í greinargerð með svæðisskipulaginu að þessi kostur verði athugaður frekar.

Tilhögun miðlunarvirkja við Kárahnúka er að mestu leyti ráðgerð eins og kemur fram í frumhönnun Kárahnúkavirkjunar. Sjá mynd 5.5. Jökulsá á Brú er stífluð við Fremri-Kárahnúk og er yfirfallshæð miðlunarlónsins ráðgerð 625 m y.s. Miðlunarlónið,

Hálslón, mun rúma um 2.100 Gl miðlun. Kárahnúkastífla efst í Dimmugljúfrum verður um 189 m há sem er 4 m hærri stífla en miðað er við við virkjun Kárahnúka án veitu að austan. Jökulsá í Fljótsdal er stífluð um 2 km neðan við Eyjabakkafoss. Yfirfallshæð í inntakslóni verður 626 m y.s. en mesta stífluhæð í árfarvegi verður 35 m. Reiknað er með veitum úr Hafursá, Laugará, Hölkná og Grjótá að vestanverðu við Jökulsá í Fljótsdal, en veitum af Hraunum að austanverðu. Gert er ráð fyrir að vatni af Hraunum verði að einhverju leyti miðlað í miðlunarlóni í farvegi Kelduár, og er talið að þar megi ná allt að 50 Gl miðlun.

Göng frá Hálslóni og Jökulsá í Fljótsdal tengjast um 2 km norðan Laugarár og verða þaðan aðrennslisgöng norður að Teigsbjargi. Aðrennslisgöngin verða um 40 km löng og veitugöngin frá Jökulsá 9 km. Lóðrétt stálfóðruð fallgöng liggja að stöðvarhúsi neðanjarðar og þaðan liggja lárétt frárennslisgöng sem opnast út í farveg Jökulsár í Fljótsdal skammt innan við Valþjófsstað. Reiknað er með að afl virkjunarinnar verði um 700 MW.

Með þessari tilhögun verður miðlunarlóni á Eyjabökkum sleppt en miðlun rennslis Jökulsár í Fljótsdal og þess vatns sem veitt er til virkjunarinnar verður í Hálslóni.

Unnt er að skipta þessari virkjunartilhögun í áfanga þannig að fyrst verði virkjað rennsli Jökulsár á Brú með uppsettu afli um 500 MW, en síðar yrði rennsli Jökulsár í Fljótsdal tengt inn á aðrennslisgöngin og aflið aukið í um 700 MW.

Þessi virkjunartilhögun er heldur óhagkvæmari með tilliti til orkunýtingar en Kárahnúkavirkjun og Fljótsdalsvirkjun hvor í sínu lagi, þar sem um 100–240 GWh (eða 2,0-4,5 %) meiri orka fæst á ári hverju ef virkjað er í tveimur virkjunum. Kostnaður á orkueiningu verður svipaður í báðum tilvikum.

Kostur tilhögunarinnar er, að með þessu móti er komið til móts við þær óskir að hlífa Eyjabökkum, en ókostir eru að vandamál kunna að verða vegna aurburðar í inntakslón við Jökulsá í Fljótsdal, auk þess sem tilhögunin hentar aðeins mjög stórum orkukaupanda vegna stærðar fyrri áfanga virkjunarinnar sem er í raun Kárahnúkavirkjun, sem lýst er kafla 5.4. Hún hentar því ekki þeim orkunýtingaráformum sem nú eru uppi. Auk þess eru ýmsar rannsóknir nauðsynlegar áður en endanlegt fyrirkomulag til verkhönnunar liggur fyrir.

5.6 BERUFJARÐARVIRKJUN

Í tengslum við hugsanlega nýtingu vatns af Hraunum hefur verið athugað að virkja Jökulsá í Fljótsdal ofan í Berufjörð. Sjá mynd 5.6. Niðurstaðan var að sá kostur væri ekki hagkvæmari en virkjun ofan í Suðurdal, en sennilega er ekki á þeim mikill munur. Í þessum athugunum var miðað við að nýta meira vatn af Hraunum en nú er áætlað. Forsenda fyrir virkjuninni er miðlun á Eyjabökkum. Með Berufjarðarvirkjun breytist Lagarfljótið að einhverju leyti í bergvatn og rennsli í því minnkar verulega. Þess ber þó að geta að flest haust færi jökulvatn á yfirfalli niður í Lagarfljót, sem myndi viðhalda nokkrum jökullit á fljótinu.

5.7 MÚLAVIRKJUN

Ein hugmynd til nýtingar rennslis af Hraunum í meira mæli en við Fljótsdalsvirkjun er hin svokallaða Múlavirkjun, sjá mynd 5.7, en forathugun um þá tilhögun var gerð 1979.[13] Hún er í meginatriðum þannig, að Jökulsá í Fljótsdal er stífluð ofan við Eyjabakkafoss og til Eyjabakkalóns er veitt vatni af Hraunum um Sauðárveitu. Um 2 km neðan Eyjabakkastíflu er vatni veitt í Eyjabakkaskurð, 15,5 km langan veituskurð, sem veitir vatninu út í Fossárvötn á Múla en þar verður inntakslón. Stöðvarhús er neðanjarðar með frárennsli í Kelduá í Suðurdal. Hraunaveita veitir vatni um skurði og göng í Eyjabakkaskurð af neðri hluta vatnasviðs ánna á Hraunum. Með þessari tilhögun fæst góð nýting vatns af Hraunum, en galli hennar er langur opinn aðrennslisskurður út eftir Múla. Jarðgangavirkjun í Suðurdal (Hraunavirkjun) nýtir vatnið af Hraunum í sama mæli og Múlavirkjun. Með hagkvæmri bortækni við gangagerð hefur athygli verið beint fremur að Hraunavirkjun en Múlavirkjun til fullnýtingar vatns af Hraunum.

5.8 ÖNNUR MIÐLUNARLÓN EN EYJABAKKALÓN

Vegna náttúruverndargildis Eyjabakkasvæðisins hefur verið athugað hvort hægt er að ná svipuðu miðlunarrými annars staðar á svæðinu, annað hvort neðan við Hafursárufs, á Fljótsdalsheiði eða á Hraunum.

Tillaga Helga Hallgrímssonar: Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur hefur bent á þá sáttaleið að gera miðlunarlón fyrir neðan Hafursárufs, með hárri stíflu við Hrakstrandarfoss í drögum Norðurdals. Sjá mynd 5.8. Telur hann að slá verði af kröfum um hagkvæmni virkjunarinnar til að ná sátt um nýtingu orkunnar í Jökulsá í Fljótsdal.[14] Þessi kostur hefur verið athugaður, en er ekki talinn raunhæfur vegna kostnaðar. Stíflan verður 110 m há, og um 15 faldast að efnismagni miðað við að miðlun verði 500 Gl eins og í Eyjabakkalóni. Jarðgöng styttast að vísu um 6 km, en þrátt fyrir það hækkar kostnaður við virkjunina um

13 Sveinn Þorgrímsson, 1979.

14 *Morgunblaðið* 28. ágúst 1999.



Mynd 5.5: *Kárahnúkavirkjun með veitu úr Jökulsá í Fljótsdal. Yfirlitskort.*

80%. Þetta kollvarpar hagkvæmni virkjunarinnar. Auk þess minnkar virkjanleg fallhæð og þar með orkugetan, og loks yrði 110 m há stífla í botni dalsins mjög áberandi.

Önnur hugsanleg lónstæði: Hægt er að gera minna miðlunarlón, eða um 150 Gl, neðan við Hafursárufs með um 50 m hárri stíflu. Þó að reynt yrði að ná einhverri miðlun á Hraunum, t.d. við Folavatn og í Kelduá, þá vantar enn mikið á nauðsynlega miðlun til að Fljótsdalsvirkjun geti orðið hagkvæm virkjun.

Í upphaflegum áætlunum um Fljótsdalsvirkjun var gert ráð fyrir rúmlega 100 Gl miðlun í Gilsárvötnum, en það er einungis 20% af því rými sem þarf, auk þess sem hluti af því færi í að miðla rennsli Bessastaðaár.



Mynd 5.6: *Berufjarðarvirkjun. Yfirlitskort.*



Mynd 5.7: *Múlavirkjun. Yfirlitskort.*



Mynd 5.8: *Fljótsdalsvirkjun með miðlun í drögum Norðurdals. Yfirlitskort.*

Einnig standa Gilsárvötnin of hátt til þess að hægt sé að koma vatni úr inntakslóni neðan við Hafursárufs þangað út eftir.

Niðurstaðan er að ekki hefur tekist að finna eitt hagkvæmt miðlunarlón, sem komið gæti í stað Eyjabakkalóns.

5.9 HELSTU AÐRIR VIRKJUNARKOSTIR Á AUSTURLANDI

Núverandi virkjunaráætlanir gera ráð fyrir að úr vatnsafli landsins megi vinna orku á hagkvæman hátt er svarar til um 30.000 GWh/ári og hefur þó verið tekið tillit nokkurra virkjunarkosta, sem af umhverfisástæðum verða vart virkjaðar í bráð. Af þessari orku eru um 30%, eða ríflega 9.000 GWh/ári á Norð-Austurlandi, aðallega í jökulsánum þremur, Jökulsá í Fljótsdal, á Brú og á Fjöllum. Í dag hafa verið virkjaðar samtals um 7.300 GWh/ári, og hlutur Austurlands í því sem eftir er að nýta af vatnsaflinu er þannig um 40%.
Á síðustu árum hafa áætlanir miðast við eftirfarandi virkjunarkosti í Jökulsánum þremur:

Tafla 5.9-1 *Helstu virkjunarkostir norðan Vatnajökuls.*

Virkjun	MW	GWh/ári	Vatnsfall
Fljótsdalsvirkjun	*210*	*1.400*	*Jökulsá í Fljótsdal*
Kárahnúkavirkjun	*500*	*3.500*	*Jökulsá á Brú*
Arnardalsvirkjun	*200*	*1.350*	*Jökulsá á Fjöllum*
Brúarvirkjun	*345*	*2.350*	*Jökulsá á Fjöllum*
Samtals:	**1.255**	**8.600**	

Í riti iðnaðarráðuneytisins, *Virkjanir norðan Vatnajökuls*, sem út kom 1994, er fjallað um helstu virkjunarkosti sem hafa verið til skoðunar í þessum vatnsföllum.[15] Þar er komist að þeirri niðurstöðu að einna hagkvæmast sé að veita ánum og virkja þær til Lagarfljóts sitt í hvoru lagi.

Í skýrslunni er miðað við að veita Jökulsá á Fjöllum og Kreppu til Arnardals með miðlun þar, og síðan yrðu árnar virkjaðar þaðan niður á Jökuldal í Arnardalsvirkjun, og frá Jökuldal til Fljótsdals í Brúarvirkjun. Gert er ráð fyrir verulegu sumarrennsli niður farveg Jökulsár á Fjöllum til að auka rennsli um Dettifoss. Ekkert hefur verið unnið við rannsóknir á virkjunarkostum í Jökulsá á Fjöllum vegna óvissu um það hvort og hvenær verði ráðist í þá framkvæmd. Hins vegar hefur nokkuð verið unnið að rannsóknum og undirbúningi Kárahnúkavirkjunar á undanförnum árum og þá einkum á fyrirhuguðu stíflustæði við Kárahnúka og á jarðgangaleið, sjá lýsingu í kafla 5.4 hér að framan.

15 Iðnaðarráðuneytið, 1994: *Innlendar orkulindir til vinnslu raforku.*

Ef af áformum um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsá á Fjöllum verður gæti reynst hagkvæmt að stækka Lagarfossvirkjun um 35 MW, en sú stækkun er háð því að ofannefndar þrjár virkjanir hafi verið reistar. Þessi stækkun gefur um 240 GWh/ári, og loks má nefna að Rafmagnsveitur ríkisins hafa haft til athugunar að reisa Fjarðarárvirkjun í Seyðisfirði, um 20 MW, með orkugetu 120 GWh/ári. Í ofannefndri tilhögun Kárahnúkavirkjunar er gert ráð fyrir því að veita Bessastaðaá í aðrennslisgöng hennar. Að auki er mögulegt að fá meiri orku frá Fljótsdalsvirkjun en hér að ofan greinir með stærri veitu af Hraunum, sem gefur um 300 GWh/ári í orku.

Af ofangreindu er ljóst að verði ekkert virkjað í jökulsánum norðan Vatnajökuls, mun það rýra ónýtt vatnsafl landsins sem hagkvæmt er talið að virkja um 40%, og þetta er einna hagkvæmasti hluti þessarar vannýttu auðlindar landsins. Þá virðast fáir og smáir virkjunarkostir eftir á Austurlandi, og því ólíklegt að orkuvinnsla vatnsaflsvirkjana muni í náinni framtíð nýtast þessum landshluta til uppbyggingar atvinnulífs. Það mun einnig hafa veruleg efnahagsleg áhrif fyrir þjóðfélagið í heild, þ.e. draga mun úr hagvexti og atvinnusköpun.

5.10 ENGIN VIRKJUN Í FLJÓTSDAL

Ein er sú leið sem ekki hefur verið nefnd, en það er að virkja ekki í Fljótsdal, svokölluð „núll lausn“. Þá verður Eyjabökkum og virkjunarsvæðinu í heild ekki raskað frá því sem nú er um óráðinn tíma.

Eins og fram hefur komið er Fljótsdalsvirkjun fyrst og fremst ætlað að standa undir orkufrekri iðnaðaruppbyggingu á Reyðarfirði. Til þess þarf nýja stórvirkjun um leið og iðjuverið tekur til starfa. Þarna er um að ræða stefnu sem stjórnvöld hafa markað og fylgt um langa hríð. Náist samningar við orkukaupanda, ber Landsvirkjun lagaskylda til að útvega þessa orku. Það kann hins vegar að breytast á næstu árum ef orkuflutningur verður klofin frá Landsvirkjun, og samkeppni komið á í orkuframleiðslunni.

Núll lausn varðandi Fljótsdalsvirkjun gæti falist í eftirfarandi:

- Hætt verði við byggingu álvers og virkjunar.
- Tekin ákvörðun um frestun á byggingu álvers þar til annar jafn hagkvæmur virkjunarkostur byðist á Austurlandi.
- Tekin ákvörðun um frestun á byggingu álvers og kannaðar leiðir til að afla orku frá öðrum landshluta.

Þetta er því spurning um forgangsröðun virkjana miðað við orkuþörf og tímasetningu á orkusölu. Aðrir sambærilegir virkjunarkostir geta ekki verið tilbúnir innan þess tíma sem er til ráðstöfunar vegna áætlaðs álvers á Reyðarfirði. Einnig er óvíst að virkjanir í öðrum landshlutum verði nýttar til iðnaðaruppbyggingar á Reyðarfirði.

6 NÁTTÚRUFAR OG ÁHRIF Á NÁTTÚRUFAR

6.1 INNGANGUR

Í þessum kafla verður fyrst lýst náttúrfari virkjunarsvæðisins. Síðan er gerð grein fyrir þeim áhrifum sem framkvæmdin hefur og bent á hugsanlegar mótvægisaðgerðir. Efninu er skipt niður eftir svæðum.

6.2 ALMENNT UM VIRKJUNARSVÆÐIÐ

6.2.1 Berggrunnur

Mynd 6.1 sýnir snið í berggrunn eftir jarðgangaleið frá Eyjabökkum að stöðvarhúsi í Norðurdal. Berggrunnur við innanverðan Fljótsdal er að mestu byggður upp af basalthraunlögum frá tertíertíma. Þessi hraunlög eru um 55% af jarðlagastaflanum. Setbergslög eru um 25-30% og móbergsmyndanir 15-20%. Jarðlögunum hallar til vesturs. Hallinn er 8 gráður í dalbotninum en minnkar í um 4 gráður í fjallseggjum Fljótsdals. Elsta hluta berglaganna, sem koma við sögu við gerð Fljótsdalsvirkjunar, er að finna í neðri hluta Bessastaðaárgljúfurs og eru þau talinn vera 6,5 milljón ára gömul. Þar eru þykk setlög á milli basaltlaganna. Setlögin varðveita plöntuleifar og önnur ummerki um hægt kólnandi loftslag. Í setlögum á milli basaltlaga í ofanverðu Valþjófsstaðarfjalli eru einhver elstu ummerki um víðáttumikla jökla á Íslandi. Þessi ummerki eru talin vera um 5 milljón ára gömul. Heildarþykkt jarðlaga frá ósum Hengifossár og inn að rótum Snæfells er um 1,5 km.

Berggangar eru tiltölulega strjálir og ekki áberandi, nema Tröllkonustígur, sem sker hlíð Valþjófsstaðarfjalls. Misgengi eru algeng og er færsla berglaganna um misgengin oftast á bilinu 5–20 m.

Á innanverðum Hraunum og Múla er súrt berg og ljósar bergtegundir sem stinga í stúf við dökkt basaltið. Þetta eru ummerki um megineldstöð sem mun hafa verið virk fyrir um 2,5 milljónum ára og er hluti hennar undir austanverðum Vatnajökli.

Snæfell rís um 1.100 m upp af basalthálendinu vestan Jökulsár í Fljótsdal. Berggrunnurinn undir því er um 2,5 milljón ára gamall. Um tveggja milljóna ára hlé virðist hafa orðið á upphleðslu jarðlaga frá því að myndun basaltsléttunar lauk þar til eldvirkni hófst að nýju við Snæfell. Í sökkli fjallsins er 400 þúsund ára gamalt berg. Á þessu bergi er ráðgert að aðalstífla Fljótsdalsvirkjunar verði reist. Í hömrunum efst í fjallinu er að finna gosberg af ýmsum gerðum, hraunlög, kubbaberg og móberg. Ytri aðstæður hafa því verið með ýmsu móti þegar gosin áttu sér stað. Vísindamenn greinir á um aldur efri hluta fjallsins. Gæti hann verið á bilinu 20 þúsund til 140 þúsund ára gamall, tæpast yngri. Unnt væri að skera úr þessu með aldursgreiningu á berglögum í tindi fjallsins Um sögu eldvirkni í Snæfelli er fjallað í kafla 11.6.

6.2.2 Laus jarðlög

Eftir að jöklar hörfuðu inn í mynni Suðurdals og Norðurdals hefur Fljótsdalur verið fjörður með sjávarmál í liðlega 50 m y.s. Við þessa sjávarstöðu mynduðust malarhjallar í innanverðum Fljótsdal. Við hörfun jökla urðu til jaðarmyndanir úr möl. Slíkar myndanir eru algengar vestan Snæfells, og malarhjallar við Sauðafell hafa líklega orðið til á milli tveggja jökultungna sem lágu sitt hvorum megin við Snæfell. Lítið er um jökulruðning á Fljótsdalsheiði. Í hlíðum fjallaklasans við Snæfell eru aurkeilur og skriðumyndanir.

6.2.3 Vatnafar

Árni Hjartarson, jarðfræðingur á Orkustofnun, hefur tekið saman greinargerð um vatnafar svæðisins.[16] Hér á eftir verður stuðst við hana, en umfjöllun um hlaup úr Háöldulóni og framhlaup Eyjabakkajökuls er í köflum 11.3 og 11.7.

Vatnasvið Jökulsár í Fljótsdal og Kelduár, ofan ármótanna við Valþjófsstað, er um 1.020 km^2, þar af eru 145 km^2 á jökli. Helstu þverár Jökulsár eru: Laugará, Hafursá, Þjófagilsá, Kverkkvísl, Innri- og Ytri-Bergkvísl, Innri- og Ytri-Heiðará, Innri- og Ytri-Snikilsá og Kelduá. Þverár Kelduár eru: Blanda, Grjótá, Innri- og Ytri-Sauðá og Fellsá, en í Fellsá renna

16 Árni Hjartarson, 1999.



Mynd 6.1: *Snið í berggrunn frá Eyjabakkalóni að stöðvarhúsi í Norðurdal.*

Sultarranaá og Strútsá. Flestar ár á vatnasviðinu eru dragár, en ár sem eiga upptök í jökli og hafa jökulvatnseinkenni eru: Jökulsá sjálf sem kemur undan Eyjabakkajökli, Hafursá sem fær oft á sig jökullit frá lækjum sem koma undan Hálsjökli í Snæfelli, Kverkkvísl sem kemur undan Kverkjökli í allháum fossi, Innri-Bergkvísl sem kemur undan Kvíslarjökli og Ytri-Bergkvísl sem kemur undan Geldingafells- eða Blöndujökli. Þar á Blanda einnig upptök, en hún er sú eina þessara jökulkvísla sem fellur til Kelduár. Mynd 6.2 sýnir vatnasvið Fljótsdalsvirkjunar.

Vatnamælingar Orkustofnunar hafa gert mælingar á rennsli áa á vatnasviðinu, lengst í Jökulsá í Fljótsdal við Hól, allt frá árinu 1950. Rennslishættir allra þessara vatnsfalla einkennast af mjög sveiflukenndu rennsli. Meðalafrennsli einstakra vatnasviða gefur góðar upplýsingar um úrkomu í þessum landshluta, sjá Töflu 6.2.3-1. Þar kemur fram að Fljótsdalsheiði er afar úrkomusnauð, þar er sýnilega úrkomuskuggi. Afrennsli við Snæfell er líka minna en ætla mætti, en þó mun meira en á Fljótsdalsheiði. Afrennsli fer síðan vaxandi austar og sunnar á svæðinu, og er mest í grennd við Þrándarjökul.

Tafla 6.2.3-1 *Meðalafrennsli einstakra vatnasviða.*

Staður (vatnasvið)	Afrennsli: l/s km^2
Vatnasvið Lagarfljóts (Lagarfoss)	41
Fljótsdalsheiði (Bessastaðaá við Hylvað)	24
Umhverfi Snæfells (Laugará, Hölkná)	42-46
Jökulsá í Fljótsdal við Eyjabakkavað	77
Múlaheiði og Hraun (Kelduá, Fellsá)	50-53
Sunnanverð Hraun	80
Þrándarjökull	95

Í Töflu 6.2.3-2 er yfirlit um þær ár og það rennsli sem virkjað verður í Fljótsdalsvirkjun. Um breytingar á rennsli þessara vatnsfalla er fjallað í 7. kafla.

Tafla 6.2.3-2 *Virkjað rennsli í Fljótsdalsvirkjun.*

Á (vatnsfall)	Meðal-rennsli: m^3/s	Vatna-svið: km^2
Jökulsá í Fljótsdal við Eyjabakkavað	22,5	288
Hafursá (Hafursárveita)	0,3	7
Laugará	0,9	24
Hölkná norðan Snæfells	1,2	27
Grjótá vestan Snæfells	1,1	30
Kelduá og Grjótá á Hraunum	3,7	56
Innri- og Ytri-Sauðá á Hraunum	2,3	29
Samtals:	32,0	461

Grunnvatn fyllir allt holrými bergsins undir grunnvatnsborði. Víðast hvar á virkjunarsvæðinu er grunnvatnsborð mjög nálægt jarðaryfirborði. Berggrunnurinn á svæðinu er gamall og þéttur, þannig að engir umtalsverðir grunnvatnsstraumar ná að flæða um hann. Lindir eru því fáar og smáar, regnvatn og leysingavatn streymir í lausum jarðlögum og á yfirborði, og eru því dragáreinkenni yfirgnæfandi í öllum vatnsföllum. Í ám sem eiga upptök við Snæfell er nokkur lindavatnsstofn, en þó minni en ætla mætti. Mælingar í Laugará sýna t.d. fyrst og fremst dragáreinkenni.

Eyjabakkajökull er aðalskriðjökullinn á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal, en austan hans eru smærri skriðjöklar, sem hafa nýlega fengið nöfnin Kverkkvíslarjökull, Kvíslarjökull og Geldingafellsjökull.[17] Eyjabakkajökull er þekktur framhlaupsjökull, sjá nánar í kafla 11.8.

Jarðhiti á yfirborði er bundinn við hálendið norðan og austan Snæfells. Heitasta laug á svæðinu er við Laugarkofa hjá Laugarfelli, 52°C. Rennsli frá lauginni er um 0,5 l/s. Önnur laug er þar skammt frá, 42°C. Við Hafursá er 44,5°C heit laug, og frá henni renna 0,9 l/s. Skv. mælingum í borholum á heiðinni upp af Valþjófsstað er hitastigull í bergi eins og gengur og gerist utan jarðhitasvæða, eða 60-65°C/km. Við Laugarfell er hann um 90°C/km og 92°C/km í undirhlíðum Snæfells, við Hafursá. Mynd 6.3 sýnir laugina við Laugará.

> Í lýsingu Valþjófsstaðarsóknar frá 1840, er getið um Laugarfell og laugina austan þess. Þar segir: »Í laug þessari eða pytti, sem gjörður er skammt fyrir neðan uppsprettuna og sett stífla fyrir þá fyllast skal, laugar sig með jafnaði gigtveikt og kláðfullt fólk, og þykir koma að góðu haldi, einkum þegar menn undir eins drekka vatnið úr sjálfri uppsprettunni. Þegar menn hafa laugað sig, er 4 geta í senn, er stíflan tekin úr pyttinum og vatninu hleypt burt«. (ÍB 18 fol. a).

Efnagreiningar hafa verið gerðar á vatni úr 5 lindum og 10 borholum á Fljótsdalsheiði og við Snæfell. Greinilegra jarðhitaáhrifa verður vart í borholum við Hafursá og raunar er vatnið sem seytlar úr borholu FS-36 við Hafursá hreint ölkelduvatn, þ.e. mettað kolsýru. Einnig hafa fundist ölkeldur norðan í Sauðafelli (norðan Nálhúshnjúka).

Ótölulegur fjöldi vatna og tjarna er á svæðinu. Stærstu vötnin eru á Fljótsdalsheiði, en þau eru flest á vatnasviði Bessastaðaár og koma því ekki við sögu hér. Stærstu stöðuvötn á virkjunarsvæðinu eru Sauðárvatn á Hraunum, 1,9 km^2, og Folavatn á Múlaheiði, 0,8 km^2.

6.3 EYJABAKKASVÆÐIÐ

Mynd 6.4 er loftmyndakort sem sýnir stærð Eyjabakkalóns við hæsta og lægsta vatnsborð í lóni. Mynd 6.5 sýnir hvernig rúmmál og flatarmál Eyjabakkalóns breytist sem fall af hæð vatnsborðs.

17 Hjörleifur Guttormsson, 1998.



Mynd 6.2: *Vatnasvið Fljótsdalsvirkjunar.*



Mynd 6.3: *Ferðafólk í lauginni við Laugará 27. júlí 1999. Slæðufoss í baksýn.*

Ekki eru augljós mörk á milli umhverfisáhrifa Eyjabakkastíflu og Eyjabakkalóns, sem mynda í raun og veru eina heild. Hér verður þó fjallað um hvort um sig, þegar það þykir henta.

6.3.1 Jarðfræði Eyjabakka

Jarðsaga: Líklegt er að eftir að meginjökla leysti í ísaldarlok hafi orðið til á Eyjabökkum skammlíft jökullón ofan við ísúrt, hart hraunlag sem finnst m.a. í Hafursárufs. Merki um það að Jökulsá hafi ekki alltaf verið í núverandi farvegi sínum má sjá í norðurbrún Hafursárufsar, þar sem virðist vera gömul fossbrún frá því áður en Jökulsá gróf sér núverandi farveg austan við Hafursárufs.

Gera má ráð fyrir að undir Eyjabökkum sé grunn dæld í berggrunninn sem fyllst hefur af framburði Jökulsár. Dýpi á berg er óþekkt, en líklega er það ekki mikið, því að á nokkrum stöðum skagar klöppin upp úr.

Gróðureyjarnar á Eyjabökkum standa yfirleitt 50-100 cm upp úr áreyrunum. Eyjarnar eru uppgrónar áreyrar, þar sem gróður hefur náð sér á strik þegar áin breytti farvegi sínum. Í stórflóðum vatnar yfir eyjarnar og í þurrkum berst foksandur og ryk inn yfir þær. Þetta hvort tveggja flýtir fyrir jarðvegsmyndun.

Ekki er vitað nákvæmlega hvenær jöklar hörfuðu af Eyjabökkum í ísaldarlok. Geislakolsmælingar sem gerðar hafa verið á mójarðvegi rétt utan við jökulgarðana frá 1890, sýna að jökull var horfinn af svæðinu fyrir a.m.k. 7.000 árum.[18] Síðan þá hefur Eyjabakkajökull skriðið lengst til norðurs í lok síðustu aldar. Vitni um það bera jökulgarðarnir framan við jökulinn, en ysti jökulgarðurinn er frá því um 1890. Aðrir jökulgarðar sem liggja nær jöklinum eru frá 1931-1938 og 1972. Allmikið hefur verið ritað um jökulminjar við Eyjabakkajökul.[19]

6.3.2 Landslag og jarðmyndanir

Laus jarðlög á Eyjabakkasvæðinu skiptast í fjóra megin flokka. Þeir eru:

1. Eyrar Jökulsár og jökulárframburður.
2. Jökulgarðar og Hraukar.
3. Fokjarðvegur, mór og mýrarjarðvegur.
4. Aurkeilur.

Eyrar Jökulsár: Eyjabakkadældin er fyllt með framburði Jökulsár, og hefur grófasta efnið borist með hlaupum úr Háöldulóni.

Syðst og vestast á svæðinu, frá útfalli Jökulsár út á móts við Eyjafell, er aurkeila með möl á yfirborði. Eftir því sem norðar dregur verður efnið fínkornóttara og landið nær því að vera lárétt. Gróðureyjarnar á Eyjabökkum eru uppgrónar sandeyrar, og pollar og

18 Sharp, M. og Dugmore, A, 1985.

19 Todtmann, E. M., 1960. Clapperton, 1975. Croot, D. G., 1987 og 1988. Sharp, M., 1985a og 1985b.



Mynd 6.4: *Eyjabakkalón. Loftmyndakort sem sýnir stærð lóns við hæstu vatnsstöðu, 664,5 m, við lægstu vatnsstöðu, 648 m, og tvö milligildi.*



Mynd 6.5: *Rúmmál og flatarmál Eyjabakkalóns sem fall af vatnsborðshæð.*

tjarnir í eyjunum eru yfirleitt leifar af gömlum árfarvegum eða samföllnum rústum. Jökulsá rennur tiltölulega beint í norður frá jökulgörðunum í átt að Hafursárufs.

Stór ógróin sandslétta er norðan Eyjafells og í framhaldi af henni er áberandi farvegur meðfram undirhlíðum Snæfells, sjá mynd 6.4.

Jökulgarðar: Kerfi jökulgarða er við jaðar Eyjabakkajökuls. Elstu garðarnir og þeir nyrstu eru frá 1890, þegar Eyjabakkajökull hljóp fram og náði mestu útbreiðslu sinni frá síðjökultíma. Syðri jökulgarðarnir, sem eru frá þessari öld, eru minjar um síðari framhlaup Eyjabakkajökuls. Mynd 6.6 sýnir þessa garða og aldur þeirra.

Hraukar: Við ystu jökulgarðanna frá 1890 er sérkennilegt landslagsfyrirbrigði, svonefndir Hraukar, sem mynduðust þegar jökullinn ruddist út í gróðurlendið við Eyjafell og ýtti á undan sér gróðurþekju og jarðvegi og vöðlaði saman í fellingar. Mynd 6.7 sýnir hluta þeirra. Þorvaldur Thoroddsen[20] kom að Haukunum sumarið 1894 og lýsir þeim svo:

Fyrir framan hinar eiginlegu jökulöldur eru glögg merki þess, hve þrýstingurinn hefir verið afarmikill. Jarðvegurinn hefir fyrir þunga jökulsins vafist upp í hringstykki bylgjumynduð, er fylgja jöklinum, og lækka jarðvegsbylgjurnar eftir því sem fjær dregur jökulröndinni. Næst hefir svörðurinn vafist upp eins og risavaxnar pönnukökur, og er sandur og möl innan í. Þessir uppvöfðu jarðvegsdrönglar eru allir grasi vaxnir, og alls staðar er kafgresi í mitt læri af stör og rauðbreyskingi alveg að jökulröndinni.

Hraukarnir eru sérstæð landform, sem eiga sér líklega aðeins eina hliðstæðu hérlendis, í svonefndum Töðuhraukum í Kringilsárrana við Brúarjökul. Töðuhraukarnir eru hins vegar myndaðir úr þurrlendisjarðvegi, en Hraukarnir á Eyjabökkum úr votlendisjarðvegi. Þá hefur svipuðum fyrirbærum verið lýst erlendis, t.d. á Svalbarða (Spitsbergen). Mynd 6.8 sýnir Hrauka austan Jökulsár. Eins og fram kemur í umfjöllun um strandrof hér á eftir, munu Hraukarnir að mestu jafnast út með tilkomu Eyjabakkalóns.

Fokjarðvegur, mór og mýrarjarðvegur: Víða í Eyjabakkalægðinni er að finna mó eða mýrarjarðveg. Könnunargryfjur hafa sýnt lagskiptingu þar sem skiptast á slíkur lífrænn jarðvegur og jökulárset. Fokjarðvegur er að mestu úr fínkorna fokefni með lífrænu ívafi og öskulögum.

Aurkeilur: Vestan Eyjabakka eru nokkrar stórar aurkeilur í rótum Snæfells. Nyrst er aurkeila neðan við Hálsjökul. Vesturendi Eyjabakkastíflu liggur á þessari keilu. Efnið í keilunni er blanda af líparítmöl og sandi,

20 Þorvaldur Thoroddsen, 1959, bls. 276-277.



Mynd 6.6: *Jökulgarðar eftir framhlaup Eyjabakkajökuls. Loftmyndakort.*



Mynd 6.7: *Hraukar vestan Jökulsár í Fljótsdal, horft af Eyjafelli til austurs. Ljósmynd.*



Mynd 6.8: *Hraukar austan Jökulsár í Fljótsdal, sem áin sverfur úr. Þarna hefur verið jökulárset ofan á lífrænum jarðvegi, sem vafist hefur upp eða lagst í fellingar við framrás jökulsins 1889-1890.*



Mynd 6.9: *Útsýni frá Laugarfelli suður yfir Eyjabakka.*

með lífrænum lögum, enda er keilan að mestum hluta gróin. Sunnar er aurkeila neðan við Dimmagil. Efnið er gróf möl og steinar. Nokkru sunnar er önnur aurkeila, ógróin. Syðst er aurkeila við Þjófagilsá, gerð úr fínkornóttri möl og er hún allgróin, einkum neðan til. Suðvestan við Eyjabakkalón er víðáttumikil aurkeila við útfall Jökulsár undan Eyjabakkajökli.

Áhrif á landslag, jarðveg og jarðmyndanir

Sjónræn áhrif stíflumannvirkjanna verða óveruleg miðað við sjónræn áhrif lónsins frá flestum sjónarhornum nema úr norðri. Mynd 6.9 sýnir útsýni að stíflunni frá Laugarfelli eftir byggingu hennar. Meðalhæð stíflunnar er aðeins um 11 m, og er það í raun ekki fyrr en komið er suður fyrir Laugarfell sem hún verður áberandi í landslagi. Stíflan sjálf mun því ekki hafa veruleg áhrif á landslag enda er reynslan annars staðar frá sú, að jarðstíflur falla vel inn í landslag og eru ekki áberandi. Frá yfirfalli mun myndast nýr farvegur niður fyrir Eyjabakkafoss. Á mynd 6.10 er horft norður yfir Eyjabakkasvæðið úr flugvél. Mynd 6.11 er sama mynd, en Eyjabakkalón hefur þar verið teiknað inn á myndina. Litur þess verður svipaður og á Lagarfljóti. Eins og sjá má eru sjónræn áhrif lónsins mikil þegar flogið er yfir það. Frá sjónarhóli ferðamanna verða þau mun minni, nema af gönguleið upp á Snæfell. Um áhrif lónsins á helstu ferðamannaleiðum er fjallað í kafla 9.5.

Jarðvegur í stíflustæðinu verður fjarlægður og komið fyrir í lónstæðinu við stífluna og meðfram yfirfallsfarvegi. Jarðvegur í yfirfallsfarvegi mun skolast burtu og rofbakkar myndast, sem gera þarf við. Áhrif á jarðmyndanir verða vegna efnistöku til byggingar Eyjabakkastíflu. Tekið verður efni úr tveimur námum: Annars vegar úr grjótnámu austan Jökulsár, sem er í sama blágrýtislagi og myndar Eyjabakkafoss. Hins vegar verður tekið efni úr aurkeilu við Dimmagil. Um þessar námur er fjallað í kafla 4.12.

6.3.3 Strandlínur og strandrof

Til þess að leggja mat á myndun strandlína og rof á jarðmyndunum við jaðar lónsins er notað líkan frá Iowa State University í Bandaríkjunum, og benda athuganir hérlendis til að líkanið sé nothæft til þess að spá fyrir um myndun strandlína við íslenskrar aðstæður.[21]

Helstu atriði sem skipta máli við rof á ströndum eru:

1. Stærð lónsins.
2. Vindhraði og vindstefna.

21 Almenna verkfræðistofan, 1997.



Mynd 6.10: *Útsýn norður yfir Eyjabakka. Flugmynd.*



Mynd 6.11: *Útsýn norður yfir Eyjabakka, með Eyjabakkalóni. Flugmynd.*



Mynd 6.12: *Strandrof við Sultartangalón, við lága vatnsstöðu haustið 1999.*

3. Gerð jarðefna við strendur.
4. Halli á ströndinni.

Skv. Iowa líkaninu verður strandrof lítið þegar halli lands við ströndina er minni en 7%, jafnvel þó að fínkornóttur jarðvegur sé á ströndinni. Fyrsta stigið í athugun á Eyjabakkalóni er því að skipta ströndinni umhverfis lónið í tvo flokka, annars vegar svæði þar sem halli er minni en 7%, og hins vegar svæði þar sem hallinn er meiri en 7%. Hér á eftir er hugsanlegu strandrofi lýst og því skipt í þrjú svæði: vesturströnd, suðurströnd og austurströnd.

Vesturströnd: Aurkeilurnar við vesturströndina hafa minna en 7% halla og ætti því ekki að vera hætta á verulegu rofi úr þeim. Auk þess er efnið í keilunum gróf möl og hnullungar sem veita munu vörn gegn rofi.

Svæði á milli aurkeilanna, og einkum svæðið á milli Hálskofa og Þjófagilsár, er víðast með halla sem er meiri en 7%. Á þessum slóðum er víðast hvar nokkuð þykkur fokjarðvegur með þunnu gróðurlagi. Þykkt jarðvegsins virðist yfirleitt vera á bilinu 1-3 m, en undir er skriðumöl eða klöpp. Jarðvegurinn myndar ekki vörn gegn öldurofi, þess vegna verður öldurof þar til ströndin nær inn að klöpp, eða grjóti og möl sem er undir fokjarðveginum og myndar rofvörn. Á meðan á þeirri þróun stendur munu myndast rofabörð við efsta vatnsborð. Líklegt er að ströndin muni líta út líkt og sést á mynd 6.12, sem tekin er við Sultartangalón við lágt vatnsborð í lóni þar.

Sunnan við Þjófagilsá verður landið flatara og er halli lands við efsta lónborð minni en 7%. Þar er líklega nokkuð djúpt á fast en ekki er búist við verulegu rofi vegna þess hve landið er hallalítið.

Suðurströnd: Innan við Þjófagilsflóa tekur við aurkeila eða framburðarkeila sem er ættuð úr þeim hluta Jökulsár sem komið hefur frá vesturjaðri Eyjabakkajökuls. Keilan er úr grófri möl og sandi, og er halli innan við 7% þannig að ekki er hætta á að þarna myndist áberandi rof við efstu fjörumörk.

Eyjafell er að mestu úr klöpp og ekki hætta á að það skolist burtu. Jökulgarðarnir innan við það eru að mestu úr grófri möl og má búast við að við hæsta lónborð myndist grýtt fjara sem verndi a.m.k. hluta garðanna fyrir öldurofi. Sumir þessir jökulgarðar eru úr dauðís, sem byrjar að þiðna þegar öldurof skolar aur af þeim.

Öldurof mun brjóta Hraukana niður að mestu, en leifarnar af þeim munu verða á þurru þegar lægst er í lóninu.

Austurströnd: Í suðurátt frá fyrirhugaðri aðalstíflu við Eyjabakkafoss er halli við efsta lónborð minni en 7% allt suður fyrir svonefnda Háubakka og að Háubakkalæk. Þar sunnan við, utan í Ytri-Kofaöldu, er landhalli það mikill að búast má við rofi á lausum

jarðlögum, þ.e. fínkornóttum fokjarðvegi. Þar virðist þó yfirleitt vera stutt í klöpp, þannig að rofsvæði ættu ekki að verða stór. Sunnan Kofakvíslar er landhalli mestur rétt sunnan Ytri-Bergkvíslar, en þar er grunnberg nálægt yfirborði.

6.3.4 Aurburður og setmyndun

Um aurburð í Jökulsá í Fljótsdal er stuðst við skýrslu frá Orkustofnun.[22] Þar kemur fram að farið var að taka aurburðarsýni við Hól í Fljótsdal árið 1966, og hafa verið tekin sýni þar árlega, að undanskildu árinu 1987. Framburðurinn fer mest eftir jöklaleysingu (lofthita og rennsli), og má segja að nær allur aurinn berist fram frá maí og fram í september, mest í júlí og ágúst. Á mynd 6.13 má sjá meðalframburð svifaurs í einstökum mánuðum 1966-94, og á mynd 6.14 heildarframburð svifaurs á ári yfir sama tímabil. Þar kemur fram að heildarframburðurinn var um 270 þúsund tonn á ári á tímabilinu 1966-72. Í lok ágúst 1972 hófst framhlaup Eyjabakkajökuls og jókst þá svifaur í um 700 þúsund tonn á ári, en fór svo minnkandi og var farinn að nálgast fyrri gildi 6 árum síðar, en alls gætti áhrifa framhlaupsins í um 10 ár. Meðaltal alls tímabilsins er um 350 þúsund tonn á ári.



Mynd 6.13: *Jökulsá í Fljótsdal við Hól. Meðalframburður svifaurs í einstökum mánuðum 1966-1994.*



Mynd 6.14: *Jökulsá í Fljótsdal við Hól. Heildarframburður svifaurs á ári 1966-1994.*

Farið var að taka aurburðarsýni við Lagarfoss árið 1962, en sýnataka þar hefur verið stopul. Aurburður við Lagarfoss er um 100 þúsund tonn á ári, og er talið að um 10% hans sé úr öðrum ám en Jökulsá í Fljótsdal. Í heild setjast um 75% framburðar Jökulsár til á óseyrunum í Fljótsdal og í Fljótinu. Viðdvöl vatns í Lagarfljóti (Leginum) er um 9 mánuðir.

Framburður jökulvatna er breytilegur frá ári til árs. Sumarhiti hefur mikil áhrif, svo og stór jökulvatnshlaup og framhlaup jökla. Hafa ber í huga að mælingatímabilið var tiltölulega kalt samanborið við áratugina á undan. Má búast við að aurburður á fyrri hluta aldarinnar hafi verið mun meiri, vegna þess að þá var hlýrra. Rannsóknir Kristins Guðjónssonar á setmyndun í Lagarfljóti varpa ljósi á langtímabreytingar á aurburði. Að sögn hans verða miklar breytingar eftir Öskjugosið 1875, og þó einkum eftir 1890. Þá eykst aurburður verulega, m.a. vegna framhlaups Eyjabakkajökuls og hlýnandi loftslags.[23]

Þess ber að geta að botnskrið er ekki innifalið í aurburðarmælingunum. Mælingar á botnskriði eru erfiðar. Botnskrið er mjög háð straumhraða, sem er

22 Haukur Tómasson, Svanur Pálsson og Guðmundur H. Vigfússon, 1996.

23 Kristinn Guðjónsson, munnlegar upplýsingar 1999.

ekki mikill á Eyjabakkasvæðinu. Talið er að botnskrið sé yfirleitt tiltölulega lítið í samanburði við svifaurinn, og er hér áætlað að það geti verið um 10% af heildinni.

Svifaurinn í Jökulsá í Fljótsdal er mun minni og fínkornóttari en aurinn í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal. Í skýrslu Orkustofnunar er gefið í skyn að það stafi af því að sú fyrstnefnda kemur undan jökli á blágrýtissvæði, en hinar af móbergssvæðum. Nýlegar mælingar benda þó til að lón framan við Eyjabakkajökul eigi þar hlut að máli.

Við hop Eyjabakkajökuls á þessari öld hefur myndast lón við jökuljaðarinn. Á fyrri hluta aldarinnar rann meginkvísl Jökulsár í Fljótsdal fram vestan við Eyjafell, en undanfarna áratugi hefur hún runnið austur með jökuljaðrinum og í gegnum lónið áður en hún streymir fram um gróðurlendið á Eyjabökkum. Í þessu lóni sest grófasti aurinn til, þannig að áin er búin að hreinsa sig talsvert þegar hún hefur ferð sína niður í byggð. Lónið var dýptarmælt síðastliðið sumar, og er það litla sem eftir er af því grunnt, eða innan við 2 m. Þegar lónið fyllist, og ef Jökulsá heldur núverandi farvegi austur með jökuljaðrinum, þá mun grófur aur berast út á gróðurlendið og mynda með tímanum aurkeilu norðan við Hraukana. Þá er hugsanlegt að gróðurlendið á austanverðum Eyjafellsflóa og sunnanverðum Eyjabökkum skemmist, nema ráðstafanir verði gerðar til að breyta rennsli árinnar.

Aurkeilan fram undan vesturjaðri Eyjabakkajökuls mun hafa myndast að miklu leyti á þessari öld. Þar er aðalútfall Jökulsár í Fljótsdal og þar gætir mest framburðar vegna hlaupa úr Háöldulóni. Lítil merki sjást þar um jökulgarða frá 1889-90, og hefur áin rofið þá niður, ef þeir hafa einhverjir verið. Aurkeilan er mjög gróf inni við jökul, hrein möl, en verður fíngerðari eftir því sem lengra dregur út á aurana. Norðan við Eyjafell mjókkar hún. Þar fyrir norðan hefur hún breitt úr sér yfir vestanvert gróðurlendið á Eyjabökkum og eyðilagt það að miklu leyti norður á móts við Hálskofa. Þar er sandur í aurunum. Eyjafellsflói á tilveru sína að þakka því að Eyjafell veitir honum skjól fyrir aurburði og landbroti Jökulsár.

Áætlaða endingu Eyjabakkalóns má sjá í töflu 6.3.4-1, og samanburð við Hálslón og Arnardalslón, sbr. skýrslu Orkustofnunar.

Tafla 6.3.4-1 *Yfirlit um endingu miðlunarlóna norðan Vatnajökuls.*

Vatnsfall	Miðlunarlón	Rúmmál lóns Gl	Rúmmál sets Gl/ár	Ending lóns ár
Jökulsá í Fljótsdal	Eyjabakkalón	500	0,25	2.000
Jökulsá á Dal	Hálslón	2.500	5,40	435
Jökulsá á Fjöllum	Arnardalslón	2.000	5,90	310

Ending lóna, sem hér er tilgreind, miðast við að lónin allt að því fyllist af aur. Virkjanirnar verða þó ekki rekstrarhæfar allan þann tíma, nema með sérstökum ráðstöfunum, t.d. dælingu aurs úr lónum. Hafa ber í huga að loftslagsbreytingar á löngum tíma geta breytt þessum niðurstöðum um endingu lóna, en slíkar breytingar munu væntanlega ganga nokkuð jafnt yfir alla staðina.

Síðastliðið sumar var að frumkvæði Landsvirkjunar reynt að meta hvort aurburður við Hól í Norðurdal gæfi rétta mynd af aurburði undan Eyjabakkajökli. Orkustofnun var fengin til að mæla aurburð á fjórum stöðum: við útfall Jökulsár, neðan við fyrrnefnt lón, við Eyjabakkafoss og við Hól. Bráðabirgðaniðurstöður benda til að um þriðjungur af aurnum verði eftir inn við jökul.[24] Samkvæmt töflunni virðist ljóst að aurburður verði aldrei vandamál á endingartíma Fljótsdalsvirkjunar.

Ekki er ástæða til að fjalla hér um hvaða áhrif setmyndun hefur á miðlunarhæfni lónsins og rekstur virkjunarinnar þegar til lengri tíma er litið. Ekki er heldur ástæða til að fjalla um mótvægisaðgerðir, t.d. dælingu úr lóni, hvað verði um efnið sem dæla á upp, og hvort það muni spilla umhverfinu, né hvað tekur við þegar lónið er fullt. Útilokað er að meta hvaða aðstæður verða þá uppi í náttúru landsins og þjóðlífi.

Í umræðum um Eyjabakkasvæðið virðist gengið út frá því að þar ríki stöðugt ástand sem vara muni um aldur og æfi. Því fer fjarri. Þetta svæði er og hefur verið undirorpið verulegum breytingum á liðnum áratugum og öldum, og svo mun enn verða, einkum eftir að lónið við jökuljaðarinn fyllist, og aurburðar fer að gæta meira á gróðurlendinu neðan við Hraukana.

6.3.5 Fok úr lónstæði

Magn og dreifing fokefna: Skv. athugunum Orkustofnunar, sem lýst hefur verið hér að framan, er áætlað að heildarsetmyndun á ári í Eyjabakkalóni verði um 250.000 m^3. Grófasta setið mun setjast til syðst í lóninu, en það fínna mun dreifast um lónið. Ef gert er ráð fyrir að fínni hluti setsins verði um 125.000 m^3 á ári, og dreifist jafnt um lónbotninn, myndast árlega um 3 mm þykkt lag á botni lónsins.

Mynd 6.15 sýnir áætlaða vatnshæð Eyjabakkalóns eins og hún hefur verið áætluð miðað við meðaltal 39 vatnsára. Þrír ferlar eru sýndir: meðaltal, mjög þurrt ár (1966) og vott ár (1958).

Gera má ráð fyrir að lónið muni leggja í október eða nóvember á hverju ári. Skv. þeim ferlum sem sýndir eru á mynd 6.15 verður vatnsborð nálægt hæstu stöðu

24 Sigvaldi Árnason, Orkustofnun, munnlegar upplýsingar, 1999.



Mynd 6.15: *Áætluð vatnshæð í Eyjabakkalóni. Meðaltal, þurrt ár og vætusamt ár.*

þegar lónið leggur. Því ætti ekki að vera mikil hætta á foki úr lónbotni á haustin. Auk þess má benda á að öldugangur skolar þá fínkornóttu efni af ströndinni.

Mismunandi verður eftir árum hvenær ísa leysir af Eyjabakkalóni, en hér er gert ráð fyrir að það verði um mánaðamótin maí/júní. Að meðaltali er vatnshæð þá um 654 m. Lónið fyllist síðan með jöfnum hraða fram í júlílok og er þá farið að nálgast hámark. Ekki er hægt að útiloka að fok verði úr lónbotninum á meðan lónið er að fyllast að sumri til. Benda má á tvö atriði sem vinna gegn foki:

1. Grunnvatn við yfirborð getur haldið leirnum blautum svo hann fýkur ekki. Ef tekið er mið af hvar votlendi og mýrar eru nú, virðist núverandi grunnvatnsborð í lónstæðinu vera neðan við 655 m hæðarlínu. Grunnvatnsborð mun hækka eftir að lón er tekið í notkun. Þegar lónlækkun verður myndast lindir ofan við vatnsborð í lóni og er líklegt að þessar lindir nái að skola fínkornóttasta setinu sem á botninum liggur aftur niður í lónið.
2. Gera má ráð fyrir að íshellan, sem verður á lóninu á veturna, setjist á botnin þegar lækkar í lóninu. Þar liggur hún allan veturinn og bráðnar þegar snjóa leysir á vorin. Líklegt er að umtalsverður hluti leirsins renni í burtu með leysingarvatni frá ísnum. Klaki fer að jafnaði ekki úr jörðu á þessu svæði fyrr en undir lok júní og jafnvel síðar. Þá er vatnsstaða lónsins í um 70% tilvika komin upp í 660 m y.s. Við þá hæð eru um 5 km² af lónbotni ofan vatnsborðs, eða um 12%.

Í hvössum suðvestlægum áttum rýkur oft úr eyrum Jökulsár í Fljótsdal, sbr. mynd 6.16, þar sem horft er frá Þjófadal yfir Eyjabakka í allhvassri suðvestanátt. Mistur á svæðinu berst þó aðallega frá Jökulsá á Fjöllum, þar sem eru víðáttumiklar leirur.

Þar sem strandrof verður getur nokkuð af jarðvegi úr rofbökkunum legið í efstu strandlínu lónsins. Ef hann er fínkornóttur getur skapast hætta á að hann fjúki til eftir að snjóa leysir og klaki er farinn úr jörðu, einkum í þurrum vindáttum í júlímánuði. Einnig getur orðið vindrof úr rofbökkum lónsins þar sem fínkornóttur jarðvegur er, einkum austan lónsins og þá í þurrum suðvestanáttum. Ekki er þó talin meiri hætta á uppblæstri af þessum sökum en er fyrir hendi í dag. Miðað við ofangreinda lónhæð um mánaðarmót júní-júlí, þegar líklegt er að bakkar lónsins geti þornað, er strandsvæði lónsins ekki meira en 50-100 m á breidd að austanverðu. Stærð sendinna uppblásturssvæða á leirum Jökulsár er væntanlega mun meiri nú.

Reynsla frá öðrum lónum: Lón Landsvirkjunar eru flest ólík Eyjabakkalóni að því leyti að árlegar vatnssveiflur eru ekki miklar í þeim. Það eru helst Þórisvatn og Blöndulón sem hafa verulega vatnssveiflu.

Í Þórisvatni hefur ekki orðið vart við fok fínna jarðefna úr fjöru lónsins.

Við Blöndulón hefur ekki orðið vart við fok leirs úr ströndum lónsins. Lítilsháttar foks hefur gætt úr öldurofsbörðum við sunnanvert lónið þar sem strandlína er sendin og fínkornótt. Það fok er hinsvegar langtum



Mynd 6.16: *Útsýni frá Þjófadal austur yfir Eyjabakka 23. ágúst 1999. Eins og sjá má rýkur nokkuð úr leirunum í hvassri suðvestanátt.*

minna en þar var áður. Ekkert fok hefur orðið úr lónbotni af völdum jökulaurs svo vitað sé.

Sumrin 1998 og 1999 voru miðlunarlón Landsvirkjunar skoðuð til að kanna hvort þar væri að finna merki um jökulleir við strendur lóna. Var farið meðfram Blöndulóni, Sultartangalóni og Sigöldulóni þegar vatnsstaða lónanna var um 5-6 m lægri en yfirfallshæð þeirra. Við Blöndulón og Sultartangalón fannst ekki leirset, sem sýnir að alda á lónum skolar fínkornóttu seti af ströndinni. Við Sigöldu fannst leirset í bollum og lægðum þar sem alda hefur ekki náð til. Aurburður í Þjórsá er litlu minni í hverjum rúmmetra en í Jökulsá í Fljótsdal.

6.3.6 Vatnafar

Um vatnafar virkjunarsvæðisins í heild er fjallað í kafla 6.2.3, og skal vísað til þess.

Ótölulegur fjöldi vatna og tjarna er á Eyjabakkasvæðinu. Nafnlaust jökullón er framan við Eyjabakkajökul, með vatnsborð nálægt 655 m y.s. Jökulsá rennur í gegnum það og þar botnfellur mikið af framburði árinnar. Það hefur því farið minnkandi með árunum. Minna jökullón er innan við Hraukana. Stórar tjarnir eru algengar á Eyjabökkum og í Þóriseyjum.

Áhrif Eyjabakkalóns á vatnafar

Grunnvatnsborð umhverfis lónið mun að einhverju leyti fylgja vatnsborðssveiflum í lóninu. Þar sem grunnvatnsborð er víðast hvar nálægt yfirborði, þá verða áhrif lónsins á grunnvatnsstöðu lítil, auk þess sem þau dvína út frá lóninu.

Rannsóknir sýna að ekki þarf að gera ráð fyrir miklum leka undir stífluna. Líkur eru þó á að rennsli aukist eitthvað frá lindum og mýravætlum neðan við stífluna, og nýjar lindir myndist þar. Næst stíflunni geta myndast votlendisblettir vegna hækkandi grunnvatnsborðs.

Ekki er vitað til að lindir, laugar eða volgrur muni hverfa undir lónið.

6.3.7 Loftslag

Við Eyjabakkafoss er sjálfvirk veðurstöð sem Landsvirkjun hefur rekið frá 1997, og á Sauðahnúki á Hraunum er veðurstöð sem Orkustofnun hefur rekið frá 1992. Úrkoma er mæld á fyrrnefnda staðnum. Auk þess rak Landsvirkjun veðurstöð við Axará á Fljótsdalsheiði til 1992.

6.3.7.1 Hitafar og þokumyndun

Stuðst er við greinargerð Veðurstofu Íslands um áhrif Blöndulóns[25] á þessa þætti, enda hefur að sögn starfsmanna Veðurstofunnar ekkert nýtt komið fram um þessi áhrif. Um ***hitafar*** segir í skýrslunni:

Almennt virðist mega gera ráð fyrir að á hlýjum og björtum sumardögum geti lækkun lofthita í mannhæð þeim megin sem vindur stendur af vatninu numið nokkrum gráðum, og við hagstæð skilyrði geti hún náð allnokkra tugi metra í loft upp. Mesta kælingin nær yfirleitt fremur skammt frá vatninu, þótt mælanlegrar kælingar geti orðið vart t.d. 10 km frá því við hagstæð skilyrði. Allt er þetta þó mjög háð staðháttum og veðurfari.

Til jafnaðar eru áhrifin á hitafarið mun minni bæði vegna breytileika veðurs, mismunandi og gagnverkandi áhrifa að nóttu og degi og vegna þess að kæling nær aðeins til hluta af umhverfi vatnsins hverju sinni. Við stór og djúp vötn eru áhrifin meiri en við lítil og þar sem svo hagar til við stór vötna að ein vindátt er nokkuð ríkjandi geta áhrif á meðaltöl verið talsverð.

Í skýrslunni segir einnig varðandi Blöndulón:

Að athuguðu máli þykir okkur einnig ólíklegt að fyrirhugað

25 Flosi Hrafn Sigurðsson og Eyjólfur Þorbjörnsson, 1979. Greinargerð Orkustofnunar 1979. OS79038/ROD14.

Blöndulón hafi umtalsverð skaðleg áhrif á meðallofthita umhverfisins. Kemur þar til meðal annars að vatnið yrði grunnt og myndi því væntanlega hlýna tiltölulega ört við geislanám að vorinu þegar ísa leysir eins og dæmið frá Mývatni gefur til kynna.
Í hreinviðri að sumarlagi er þess hins vegar að vænta að dagleg hitasveifla minnki þeim megin sem vindur stendur af lóninu og verður þar þá um nokkra tímabundna lækkun hámarkshita að ræða. Á vorin þegar lónið er einna minnst og helst er von kælandi áhrifa mun verulegur hluti þessara áhrifa ... falla á svæði sem síðar um sumarið verða undir vatni.

Almennt má segja að lónið dempar hitabreytingar í næsta nágrenni við sig, bæði dagssveiflur og árssveiflur. Þó að lónið liggi að jökli, þá er þess ekki að vænta að jökullinn muni hafa áhrif á hitastig þess nema næst jökulröndinni. Meðalviðdvöl vatns í Eyjabakkalóni er um 200 dagar. Á þeim tíma munu veðurfarsáhrif eyða áhrifum íssins, sbr. kafla 6.7.4.

Reynsla annars staðar frá: Erlendis eru dæmi um að lágþoka geti myndast við lón vegna uppgufunar frá tiltölulega hlýju vatni miðað við lofthita, t.d. á kyrrum nóttum eftir hlýja sumar- og haustdaga. Við miðlunarlón Landsvirkjunar hefur ekki orðið vart við neinar loftslagsbreytingar né þokumyndun. Þetta er í samræmi við erlendar niðurstöður um vötn af sömu stærð og lón Landsvirkjunar eru.[26] Einnig má draga ályktanir af rannsóknum á Þingvallavatni og Lagarfljóti, sjá kafla 6.7.4. Hvað varðar áhrif á lofthitastig og rakastig, hafa rannsóknir sýnt að breytingarnar eru það litlar að þær hafa enga þýðingu. Þó geta orðið breytingar á næturfrostum (minni næturfrost) næst lónum og ám, sérstaklega síðsumars og á haustin.[27]

6.3.7.2 Gróðurhúsaáhrif virkjunarlóna

Á undanförnum árum hefur umræða um gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar vaxið. Lengi vel töldu menn að vatnsaflsvirkjanir hefðu nær engin áhrif að þessu leyti, en um 1993 voru birtar niðurstöður sem bentu til að þessi áhrif hefðu verið vanmetin. Hafa nú verið gerðar ítarlegar rannsóknir á gróðurhúsaáhrifum miðlunarlóna, t.d. í Kanada og Finnlandi, og einnig að frumkvæði alþjóðastofnana. Dr. Hákon Aðalsteinsson líffræðingur hjá Orkustofnun hefur tekið saman skýrslu um stöðu þessara rannsókna, og verður hér stuðst við hana.[28]

Þegar gróðurlendi fer undir vatn hefst rotnunarferli, sem getur tekið langan tíma. Ef súrefni kemst að rotnandi gróðurleifum myndast koltvísýringur (CO_2), en metan (CH_4) ef skortur er á súrefni. Metan er talið vera um 20 sinnum virkari gróðurhúsalofttegund en jafnþyngd þess af koltvísýringi. Að hluta berast þessar lofttegundir til yfirborðs viðkomandi vatns, en að hluta ganga þær í samband við súrefni (O_2) og vatn (H_2O) áður en þær ná yfirborði. Rannsóknir á íslenskum vötnum hafa sýnt að í þeim er mikil lóðrétt blöndun, einkum vegna landlægs hvassviðris og lítils skjóls, þannig að lítil hætta er á súrefnisþurrð við botninn.[29] Því má reikna með að það verði fyrst og fremst koltvísýringur en ekki metan sem myndast á botni Eyjabakkalóns. Þau erlendu miðlunarlón sem mest hafa verið rannsökuð hafa sökkt mjög vel grónum svæðum, oft skóglendi og mómýrum með miklu af gróðurleifum. Aðstæður á hálendi Íslands eru ekki sambærilegar. Í Töflu 6.3.7.2-1 er samanburður á gróðurhúsaáhrifum mismunandi aðferða við raforkuframleiðslu, miðað við 50 ára endingu orkuvera. Metin er heildarlosun koltvísýrings við orkuframleiðsluna, og því talin með olíunotkun við byggingu orkuversins og við framleiðslu varaafls. Í töflunni er miðað við að lónin séu nær algróin og í barrskógabeltinu.[30]

Tafla 6.3.7.2-1 *Gróðurhúsaáhrif nokkurra aðferða við raforkuframleiðslu.*

Orkuver	Nýtni við raforkuframleiðslu	Losun CO_2-ígildi t/TWh(a)	Hlutfall
Vatnsorkuver		17.200	1
(þar af miðlunarlón)		10.000	)
Jarðgufuorkuver		100.000	6
Gasorkuver	45%	475.200	28
Olíuorkuver	35%	828.000	48
Kolaorkuver	35%	1.033.200	60

Ef borið er saman við íslenskar aðstæður þá er flatarmál gróðurlendis sem fer undir miðlunarlón hér mun minna á orkueiningu (TWh/a) en í ofangreindum dæmum. Af því og þeim eðlismun sem er á gróðri og gróðurþekju þar og hér, þar sem verið er að bera saman skóglendi þar, en mýrar og móa hér, þá ályktar Hákon að losun gróðurhúsalofttegunda (CO_2-ígilda) frá miðlunarlónum hérlendis sé að meðaltali um tíundi hluti af því sem fram kemur í töflunni, eða 1.000 tonn/TWh(a). En þar sem lónstæðið á Eyjabökkum er í betra lagi gróið má e.t.v. tvöfalda þessa tölu og miða þar við 2.000 tonn/TWh(a).

6.3.7.3 Kolefnisbinding

Allar plöntur vinna koltvísýring úr andrúmsloftinu, og þar sem plöntuleifar safnast fyrir í jarðvegi myndast nokkur kolefnisbanki. Með tilkomu Eyjabakkalóns

26 Sama heimild.
27 Sjöberg, Anders, 1991.
28 Hákon Aðalsteinsson, 1998.
29 Magnús Á. Sigurgeirsson og Hákon Aðalsteinsson, 1998.
30 Dubeau, D. o.fl., 1995.

stöðvast kolefnisbinding gróðurs á lónstæðinu, en slík binding vinnur gegn gróðurhúsaáhrifum.

Ekki hefur farið fram sérstök rannsókn á því hvort á Eyjabakkasvæðinu er jafnvægi á milli losunar á gróðurhúsalofttegundum og kolefnisbindingar. Það fer eftir því hvort þar eigi sér nú stað jarðvegsmyndun og hve mikil losun metans er nú. Gróðurlendið (flæðiland og gulstararmýri) uppfyllir helstu skilyrði þess að þar sé talsverð losun metans, þ.e. há vatnsstaða og starir með loftæðar sem geta flutt metan út úr jarðveginum fram hjá súrefnisríkum jarðvegssverði.

Þörungar og gróður í stöðuvötnum geta bundið kolefni, en af því að Eyjabakkalón verður jökulvatnslón er lítils vatnagróðurs að vænta í því.

Mótvægisaðgerðir: Kolefnisbinding verður helst aukin með skógrækt (Héraðsskógum) eða með uppgræðslu svæða þar sem jarðvegsrof er.

6.3.8 Gróðurfar á svæði Eyjabakkalóns

Allmargar athuganir hafa verið gerðar á gróðurfari Eyjabakkasvæðisins. Fyrstu marktæku skrefin steig Steindór Steindórsson frá Hlöðum[31] sumarið 1935, en ítarlegar rannsóknir vegna virkjunaráforma hófust 1975, og hafa þær staðið yfir með hléum síðan.[32] Sumarið 1998 gerði dr. Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur athuganir á svæðinu, auk þess sem hann tók saman og lagði mat á fyrri grasafræðirannsóknir þar.[33] Ágúst gerði auk þess gróðurmælingar í 100 athugunarreitum, sem skiptust á 5 staði: lónstæði við Grjótá (9), Hölkná (35) og Laugará (24), við aðkomugöng III (22) og á Bessastaðaármelum (10). Fjallað er um þessi svæði í köflum 6.4.5, 6.5.5 og 6.6.5.

Hér á eftir verður fjallað um gróðurlendi á því svæði sem fer undir Eyjabakkalón. Áhrifum á gróður er lýst í kafla 6.3.8.7. Ný gróðurkort hafa verið gerð, og sýnir mynd 6.17 gróðurkort af Eyjabakkasvæðinu með helstu örnefnum sem vísað er til.

Alls fara 43 km^2 lands undir Eyjabakkalón. Þar af eru 27 km^2 af grónu landi (24 km^2 af algrónu landi). Þessar tölur miðast við 664,5 m vatnsborðshæð, sem leyfi er fyrir. Eins og fram kemur í kafla 5.2, er hugsanlegt að síðar verði óskað eftir því að veita meira vatni til Fljótsdalsvirkjunar og auka miðlun Eyjabakkalóns. Þá yrði vatnsborð lónsins hækkað um 3 m, í 667,5 m. Sú hækkun þýðir að lónið stækkar um 3,3 km^2, þar af er um helmingur gróið land meðfram jöðrum þess, að mestu þurrlendi svipað því sem að lóninu liggur, sjá mynd 6.18.

Vegna stærðar Eyjabakkasvæðisins og þess hve helstu gróðurlendin eru ólík að gerð, verður lýsingunni hér á eftir skipt í nokkra undirkafla í samræmi við svæðislýsingu Hjörleifs Guttormssonar (1977). Nafnið Eyjabakkar hefur að undanförnu oft verið notað um lónstæðið í heild, en þetta nafn á þó strangt til tekið aðeins við flæðilandið sem Jökulsá kvíslast um, en ekki allt gróðurlendið.

6.3.8.1 Svæðið vestan Jökulsár – Undir Fellum

Hjörleifur Guttormsson skiptir svæðinu vestan Jökulsár í sex hluta: Hafursárufs, Snæfellsnes, Snæfellsháls (undir Hálsi), Þjófagilsflóa, Mosdalsslakka og Háöldukverk. Tvö síðastnefndu svæðin eru suðvestan við lónstæðið og utan áhrifasvæðis virkjunarinnar.

Hafursárufs. Stíflustæði Fljótsdalsvirkjunar liggur eftir Hafursárufs, grýttum ás, sem gengur frá rótum Snæfells austur að Eyjabakkafossi. Austan til er Ufsin með mólendisgróðri og mýrum, en sunnan og vestan til er hún hallalítil með smávötnum og flóum, og rennur þar saman við ofanvert Snæfellsnes.

Snæfellsnes er aflíðandi, samfellt gróðurlendi, sem liggur í sveig undir hlíðum Snæfells, innan við Hafursárufs. Fram með Jökulsá eru lágir bakkar, en ofan þeirra stórþýfðir móar með móagróðri í þúfnakollum, en hálfdeigju- og dældagróðri á milli þeirra. Ofar eru hallalitlar mýrar með fífu, hálmgresi og hengistör, en bleikstinnungi þar sem blautast er.

Snæfellsháls (undir Hálsi) gengur sem öxl suðaustur úr Snæfelli, milli Dimmagils og Þjófagilsár. Austurhlíðar hálsins eru allvel grónar, einkum móti suðaustri. Virðast ýmsar láglendisplöntur vaxa þar í meiri hæð yfir sjó en algengt er á Austfjarðahálendinu. Lítið undirlendi er á móts við Hálskofa. Hálsinn er að mestu þurrlendi, hálfgrónir þursaskeggsmóar með rofskellum. Mýrablettir eru á stöku stað við brekkurót og fram með farvegi Jökulsár.

Þjófagilsflói hefst skammt innan við Hálskofa og nær að heita má óslitið um 5 km til suðvesturs. Sérkenni þessa mýrlendis, sem er afar blautt á köflum, er aragrúi smátjarna eða polla. Meðfram Þjófagilsá eru miklar breiður af hrafnafífu með hálmgresi. Gamlir bakkar Jökulsár eru þurrari, vaxnir stinnastör og grávíði. Mynd 6.19 sýnir smátjörn í Þjófagilsflóa.

Sumrin 1936 og 1937 dvöldu breskir líffræðingar undir forystu P. Falk við gróðurathuganir á Eyjabakkasvæðinu. Þeir gerðu allnákvæmt gróðurkort af landskika í utanverðum Þjófagilsflóa, sem nær frá Jökulsá upp í um 780 m hæð í Snæfellshálsi. Væri áhugavert að reyna að staðsetja skikann og kanna

31 Steindór Steindórsson, 1945. Sjá einnig Falk, P., 1940.

32 Hjörleifur Guttormsson, 1977. Kristbjörn Egilsson og Hjörleifur Guttormsson, 1981. Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson, 1995. Kristbjörn Egilsson, 1996. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 1978.

33 Ágúst H. Bjarnason, 1999.



Mynd 6.17: *Gróðurkort af Eyjabökkum með helstu örnefnum sem vísað er til.*



Mynd 6.18: *Eyjabakkalón. Loftmyndakort sem sýnir stækkun lónsins ef vatnsborð verður hækkað úr 664,5 m í 667,5 m.*



Mynd 6.19: *Horft til austurs yfir Þjófagilsflóa. Næst er smátjörn með mýrarauða.*

hvaða breytingar hafa orðið á gróðri þar á rúmum 60 árum. Neðri hluti skikans mun fara undir Eyjabakkalón.

6.3.8.2 Eyjafellssvæðið

Eyjafellssvæðinu er skipt í fjóra hluta: Eyjafell, Ystaklett, Hrauka og Eyjafellsflóa. Á mynd 6.20 er horft yfir svæðið til suðausturs.

Eyjafell er sunnarlega á miðri Eyjabakkasléttunni, og rís um 25 m yfir hana. Það er vaxið þyrrkingslegum móagróðri (lyngmór, þursaskeggsmór). Í Eyjafelli voru skráðar 56 tegundir háplantna sumarið 1975.

Ystiklettur er skammt norðan Eyjafells, og er 10 m hærri en sléttan umhverfis. Þar, og í brekkurótinni í kring, voru skráðar 53 tegundir háplantna.

Hraukarnir austan Eyjafells rísa um 10 m yfir umhverfið. Þetta eru sérkennilegar öldur eða múgar, sem jökullinn hefur ýtt á undan sér við framhlaupið 1889-90. Vestan Jökulsár mynda Hraukar 3 hálfmánalaga svigður. Ofan til í þeim eru þykkar fellingar, sem smækka til norðurs og renna saman við sléttuna. Hafa mest verið taldar um 20 bogmyndaðar öldur í jarðveginum. Hraukar eru ekki eitt sérstakt gróðurfélag, heldur eru þeir smásæ útgáfa af mörgum gróðurfélögum, þ.e. mýrlendi, jaðarsvæði, snjódældum, graslendi, mólendi og mel. Sumarið 1975 voru skráðar 58 tegundir háplantna í Hraukum vestan Jökulsár, 15 mosategundir og 5 tegundir af fléttum. Steindór Steindórsson bar saman gróður á Hraukum á Eyjabökkum og Töðuhraukum í Kringilsárrana 1935 og 1933. Reyndust sömu tegundir vaxa á báðum stöðum, en þó var áberandi munur á hlutföllum tegunda. Á Hraukum á Eyjabökkum voru heimskautategundir meira áberandi og hlutfall runn- og þófaplantna hærra. Gróður þar sýndi engan veginn sömu grósku og í Kringilsárrana, þó að báðir staðirnir séu í svipaðri hæð. Steindór telur þennan mun stafa af ólíku veðurfari. Láglendisplöntur eru mun algengari í Hraukunum en almennt gerist í hálendisgróðri.

Áberandi var hve gróður í Hraukunum var bitinn sumarið 1975. Hins vegar virtust óveruleg beitaráhrif í mýrlendi á svæðinu.[34] Sama var uppi á teningnum í júlí 1999, þegar höfundar þessarar skýrslu könnuðu svæðið, sjá myndir 6.21 og 6.22. Virðist þetta stangast á við eftirfarandi fullyrðingu í skýrslu Náttúrufræðistofnunar:[35]

Gæsirnar á Eyjabökkum bíta talsvert í Hraukunum en einkum þó í mýrlendinu við kvíslar Jökulsár. Þurrlendið umhverfis Eyjabakka sem ekki mun lenda undir lóni er ekki heppilegt beitiland fyrir heiðagæsir sem um fellitímann sækjast fyrst og fremst eftir næringarríkum grösum og störum sem vaxa í votlendi.

Eyjafellsflói er flatt og blautt svæði austan og

34 Hjörleifur Guttormsson, 1977, bls. 16.
35 Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 1999, bls. 5.



Mynd 6.20: *Jökulgarðar og Hraukar sunnan gróðurlendisins á Eyjabökkum. Eyjafellsflói fyrir miðju. Horft til suðausturs.*



Mynd 6.21: *Nauðbitinn gróður í Hraukunum 28. júlí 1999. Eyjafell og Snæfell í baksýn. Eyjafellsflói t.h.*



Mynd 6.22: *Gæsahópur á Hraukunum vestan Jökulsár, horft til norðurs.*

norðaustan við Eyjafell og nær að Jökulsá. Í honum eru allmargar tjarnir og smávötn, einkum næst Jökulsá, sem flæðir sýnilega yfir flóann næst ánni. Þar sem lægst er vex víða bleikstinnungur, en hengistör myndar hins vegar víðáttumesta gróðurhverfið. Neðar með ánni liggja að henni smáþýfðir bakkar, og óx þar m.a. stinnastör, grávíðir og naflagras. Skráðar voru 11 tegundir háplantna, 8 mosategundir en engar fléttur í flóanum. Einkenni flóanna á þessu svæði er tegundafæð, en því meiri gróska.

6.3.8.3 Svæðið austan Jökulsár

Hjörleifur Guttormsson skiptir svæðinu austan Jökulsár í fjóra hluta: Kverk (gróðurlítið svæði inn við jökul), Bergkvíslanes, Háubakka og Útflóa.

Bergkvíslanes kallast svæðið sunnan og vestan Kofakvíslar, allt að Jökulsá og suður að jökulgörðunum frá 1890. Á eyrum Ytri-Bergkvíslar neðan til mynda fífur og hálmgresi þéttar græður, svipað og við Þjófagilsá. Flóarnir næst Jökulsá eru svipaðir Eyjafellsflóa, mjög blautir með tjörnum og flæðimýrum. Við útfall Jökulsár eru hraukar, allt að 8 m að hæð, í fyrstu grónir eins og vestan árinnar, en brátt taka við ógrónir jökulgarðar suðaustur eftir Kverk, þar sem jökullinn hefur ýtt á undan sér áreyrum.

Háubakkar kallast 4,5 km löng spilda út með Jökulsá, frá Kofakvísl norður að Útflóa. Hvergi er þar verulegt undirlendi því að landið hækkar fljótt til austurs. Svæði þetta er þurrt að kalla, enda víða 2 m háir bakkar að ánni og þykkur jarðvegur. Næst ánni eru víða sendnar víðiflesjur, en annars mólendi og dældir, og klettaholt með melagróðri.

Útflói kallast nyrsta spildan austan Jökulsár, á um 3 km kafla meðfram ánni. Þetta er votlendi með mörgum tjörnum og pollum, en þurrari bökkum meðfram Jökulsá. Nyrst rís Eyjabakkaufs, þar sem stíflustæðið er fyrirhugað.

6.3.8.4 Þóriseyjar (Eyjar)

Þóriseyjar (Eyjar) eru afmarkaðar gróðurspildur eða hólmar á sléttlendinu milli kvísla Jökulsár. Alls 13 eyjar ná 500 m lengd eða meira, en erfitt er að segja til um heildarfjölda gróinna hólma á svæðinu, enda er slíkt skilgreiningaratriði. Eyjarnar eru flestar því sem næst flatar og rísa varla meira en 50-100 cm yfir árfarvegina í kring. Þó eru bakkar hærri á köflum, einkum nyrst á svæðinu þar sem mikils áfoks gætir af leirum Jökulsár. Á nyrðri eyjunum eru aðstæður breytilegar. Vestast og nyrst er sendið þurrlendi, víðiflesjar eða mosaþembur næst bökkunum, en síðan tekur við jaðar með hálmgresi og klóelftingu sem ríkjandi tegundum. Sums staðar er mýrlendi ríkjandi, flóar

og smáþýfðar mýrar. Rústir (sífreraþúfur, dysjar) voru á tveimur stöðum á móts við Hálskofa. Syðri eyjarnar eru nær eingöngu mýrlendi, flóar og flæðimýrar, sem áin gengur yfir í leysingum. Svipar gróðri þar til Eyjafellsflóa næst Jökulsá.

6.3.8.5 Yfirlit

Gróður á Eyjabakkasvæðinu markast mjög af landsháttum, en þar skiptast á: Tjarnir og vötn, flóar, rústir, mýrar, hálfdeigjur, áreyrar, sendnar víðiflesjar, mólendi (lyngmóar, þursaskeggsmóar, mosaþembur), dældir, hraukar og jökulurðir, og melar. Sumrin 1975-79 voru á Eyjabakkasvæðinu skráðar 133 tegundir háplantna, 113 mosategundir, 56 tegundir af fléttum og 17 sveppategundir. Þetta er mjög svipað og búast má við miðað við landshætti og hæð yfir sjó. Af tiltölulega sjaldgæfum tegundum má nefna haustbrúðu, héluvorblóm, melasól og snækobba, en þær eru ekki á válista. Af þeim svæðum sem þá voru rannsökuð var gróðurfar fjölbreyttast á Eyjabakkasvæðinu og í Snæfelli, sem stafar af fjölbreytni lands þar. Á Fljótsdalsheiði og Vesturöræfum er land mjög einsleitt, sem leiðir til meiri tegundafæðar.

Rústir (dysjar) eru ekki algengar á Eyjabakkasvæðinu, en séu pollar, sem svo víða gætir í flóum, myndaðir á grunni hruninna rústa, er það vísbending um að meira hafi verið um þær fyrrum. Þorvaldur Thoroddsen getur um rústir í Þjófagilsflóa og víðar í Ferðabók sinni frá 1894.[36]

Samfelldur gróður er víðáttumikill á svæðinu, þó að það sé talsvert markað af beit. Gróður á Eyjabökkum er eðlilegt framhald af gróðri Fljótsdals, og telur Ágúst H. Bjarnason það einna merkilegast við svæðið að gróðurlendi sé þar nánast óslitið frá sjó og inn undir Eyjabakkajökul, eða um 140 km leið. Flóra svæðisins er vel þekkt. Ekki hafa komið í ljós tegundir sem eru í útrýmingarhættu, eða á válista, og gæti skýringin verið sú að á Eyjabökkum eru umhverfisskilyrði þannig að þar þrífast helst plöntur sem hafa mikið þolsvið gagnvart umhverfinu. Við samanburð fyrirliggjandi gagna er ekki að sjá að á Eyjabökkum sé að finna staði sem séu einstakir í sinni röð að því er viðkemur gerð gróðurfélaganna, heldur eiga þau sér hliðstæður víða á hálendinu. Náttúrlegt gróðurfélag, sem hefur lagað sig að ákveðnum aðstæðum, er þó ávallt einhvers virði, þótt það búi ekki yfir einstökum sérkennum.[37]

Beitargildi: Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur áætlað að beitargildi landsins sem fer undir Eyjabakkalón svari til 1.280 ærgilda, miðað við 2,5 mánaða beitartíma. Lítill hluti þeirrar beitar nýtist sauðfé Fljótsdælinga, en mikið er nýtt af álftum, heiðagæsum og hreindýrum.

6.3.8.6 Vatnagróður

Takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar á plöntum í ám og lækjum á svæðinu. Lítils gróðurs er að vænta í Jökulsá í Fljótsdal vegna aurburðar og lítils gegnsæis jökulvatnsins. Hins vegar er nokkur gróður í bergvatnsám og lækjum.

Tjarnir eru fjölmargar á votlendinu, einkum á Þóriseyjum. Allnokkrar eru stórar, allt að 200 m í þvermál, en flestar eru nokkrir metrar að þvermáli. Þær eru yfirleitt grunnar, innan við 50 cm, og er botn þeirra fastur og sendinn eða leirkenndur. Fjöldi smærri polla og tjarna í flóum og mýrum er gífurlegur. Lögun þeirra gæti bent til að þær séu samfallnar rústir. Flestar tjarnanna eru gróðurlitlar, en bakkarnir eru hins vegar vel grónir fífu og stör. Algengasti botngróðurinn er myndaður af nokkrum mosategundum, sem teygja sig út frá bökkunum.

6.3.8.7 Áhrif á gróðurfar

Forsendan fyrir virkjun Jökulsár í Fljótsdal er miðlunarlón, sem hér er gert ráð fyrir að verði á Eyjabökkum. Allur gróður á svæði Eyjabakkalóns mun líða undir lok. Lónið er 43 km^2 að stærð, þar af eru 27 km^2 gróið land, og 24 km^2 algróið. Stíflumannvirki og námur valda og nokkurri skerðingu á gróðurlendi, en það er hverfandi miðað við lónið. Erfitt er að bæta fyrir þennan missi gróðurlendis með uppgræðslu annars staðar á virkjunarsvæðinu, auk þess sem þar yrði um annars konar gróðurlendi að ræða.

Velta má því fyrir sér hvort unnt sé að endurheimta gróður á Eyjabakkasvæði, ef einhvern tíma í framtíðinni verður ekki lengur þörf fyrir orkuna frá Fljótsdalsvirkjun og hún því tekin úr rekstri. Svæði sem legið hafa undir vatni gróa vissulega upp á ný í flestum tilvikum, en vart er hægt að reikna með því, að þar verði sams konar gróðurfélög og höfðu áður náð að mótast á mjög löngum tíma við skilyrði, sem mönnum eru að mestum hluta óþekkt. Auk þess verða aðstæður á setmyndun á botni lónsins all frábrugðnar þeim sem eru núna á Eyjabakkasvæðinu. Um raunverulega endurheimt gróðurfélaga verður því ekki að ræða, heldur öllu fremur nýja gróðurframvindu.

Mótvægisaðgerðir: Fylgst verður með strandrofi og áfoki við Eyjabakkalón og gripið til gagnráðstafana ef í ljós kemur að uppblástur er að hefjast, þegar og þar sem slíkt þykir líklegt til að bera árangur. Allt jarðrask verður lagfært í samráði við Náttúruvernd ríksins og landslagshönnuði og sáð í sár til að græða þau upp. Val á frætegundum verður í samráði við sérfræðinga. Hugsanlegt er að nýta til uppgræðslu gróðurþekju úr

36 Þorvaldur Thoroddsen, 1959, bls. 286-7.
37 Ágúst H. Bjarnason, 1999, bls. 1-3.

Tafla 6.3.9.1-1 *Fuglar sem sést hafa austan Snæfells. Varpfuglar feitletraðir.*

Tegund	Algengi	Athugasemd	Tegund	Algengi	Athugasemd
Álft	**algeng**	varpfugl	**Hrossagaukur**	sjaldgæfur	varpfugl
Heiðagæs	**algeng**	varpfugl	**Spói**	sjaldgæfur	líkl. varpfugl
Grágæs	all-algeng	gestur	Stelkur	sjaldgæfur	gestur
Snjógæs	sjaldgæf	flækingur	**Óðinshani**	all-algengur	varpfugl
Urtönd	sjaldgæf	varpfugl	Þórshani	sjaldgæfur	gestur
Stokkönd	sjaldgæf	gestur	**Kjói**	sjaldgæfur	varpfugl
Duggönd	sjaldgæf	líkl. varpfugl	Skúmur	sjaldgæfur	gestur
Straumönd	sjaldgæf	varpfugl	Sílamávur	all-algengur	gestur
Hávella	all-algeng	varpfugl	Svartbakur	all-algengur	gestur
Smyrill	sjaldgæfur	gestur	Haftyrðill	sjaldgæfur	flækingur
Fálki	sjaldgæfur	varpfugl	**Þúfutittlingur**	sjaldgæfur	varpfugl
Rjúpa	all-algeng	varpfugl	Maríuerla	all-algeng	gestur
Sandlóa	sjaldgæf	varpfugl	**Steindepill**	all-algengur	varpfugl
Heiðlóa	**algeng**	varpfugl	Skógarþröstur	sjaldgæfur	gestur
Sanderla	sjaldgæf	gestur	**Hrafn**	sjaldgæfur	varpfugl
Sendlingur	all-algeng	varpfugl	**Snjótittlingur**	**algengur**	varpfugl
Lóuþræll	**algengur**	varpfugl			

lónstæðinu, því að hún er fræbanki plöntutegunda sem hafa aðlagast svæðinu. Slíka gróðurþekju mætti e.t.v. setja utan á stífluna neðan til. Viðræður eru fyrirhugaðar milli Landsvirkjunar, Landgræðslu ríkisins og Fljótsdalshrepps um það hvernig bætt verði fyrir þann gróður sem tapast vegna virkjunarinnar.

6.3.9 Dýralíf

Hér á eftir verður gerð grein fyrir dýralífi svæðisins, í lofti, á landi og í vötnum, eins og því er lýst í fyrirliggjandi skýrslum og greinargerðum.

6.3.9.1 Fuglar

Kristinn Haukur Skarphéðinsson fuglafræðingur hefur um árabil rannsakað fuglalíf á Eyjabökkum.[38] Hann hefur m.a. tekið saman fyrir Landsvirkjun skýrslu um *Áhrif Fljótsdalsvirkjunar á heiðagæsir*, sem hér verður stuðst við.[39] Einnig verður höfð hliðsjón af öðrum ritum, einkum varðandi heiðagæsir.[40]

Fuglar á Eyjabökkum

Alls hafa 33 tegundir fugla sést austan við Snæfell, þar af 20 varpfuglar. Í töflu 6.3.9.1-1 eru þessar fuglategundir taldar upp og gefið til kynna hvort fuglinn er varpfugl á svæðinu eða ekki.

Engin þessara fuglategunda er verulega sjaldgæf. Svæðið gegnir þýðingarmiklu hlutverki sem fjaðrafellistöð fyrir heiðagæs, en fáar gæsir verpa þar. Algengustu fuglar við Snæfell eru heiðagæsir, álftir og nokkrir algengir mófuglar, einkum heiðlóa, lóuþræll, sendlingur og snjótittlingur.

Yfir veturinn er fátt fugla við Snæfell. Rjúpur og snjótittlingar halda þar til allan veturinn og stöku fálkar og hrafnar sjást þar. Með hlýnandi veðri í byrjun maí fer að fjölga fuglum á hálendinu. Á Eyjabökkum hefst varp ekki að marki fyrr en í byrjun júní, því að svæðið er oftast undir snjó og ís fram undir þann tíma. Þegar kemur fram í miðjan júní hafa flestar fuglategundir hafið varp. Í byrjun ágúst hafa flestir fuglar lokið varpi og yfirgefið heimahaga sína á hálendinu. Heiðagæsir koma úr sárum um það leyti og eru ungar orðnir fleygir um 20. ágúst. Álftar- og andarungar verða ekki fleygir fyrr en í september og yfirgefa þá svæðið. Í byrjun október eru flestir fuglar horfnir af hásléttunni umhverfis Snæfell, og tekur vetur þá við.

Á lónstæðinu á Eyjabökkum verpa um 20 álftapör, þ.e. um 0,8% af íslenska stofninum og um 5% af álftum á Austurlandi. Nokkur pör til viðbótar verpa í grennd við lónstæðið, og eitthvað er um að álftir með unga sína sæki inn á svæðið seinni hluta sumars. Álftin er alfriðuð hér á landi.

Heiðagæs

Heiðagæs skiptist í tvo nokkurn veginn aðskilda stofna. Annars vegar Íslands-Grænlandsstofninn, sem telur nú um 230.000 fugla að haustlagi, og hins vegar Svalbarðastofninn, en í honum eru um 30.000 fuglar. Heiðagæs er ekki til annars staðar í heiminum, en akurgæs er náskyld henni og er heiðagæs stundum talin deilitegund akurgæsar.

Svalbarðastofninn hefur vetursetu í Danmörku,

38 Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Skarphéðinn G. Þórisson, 1993. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 1998.

39 Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 1999.

40 Jesper Madsen, Gill Cracknell og Tony Fox, 1999. Sigurður Ægisson, 1996.

Hollandi og Belgíu, en er á sumrin á Svalbarða og verpir þar. Farleiðir vor og haust liggja um Danmörku og Noreg, þar sem fuglarnir hafa oft viðdvöl í stórum hópum.

Íslands-Grænlandsstofninn hefur vetursetu á Bretlandseyjum, mest á Skotlandi. Um mánaðamótin apríl-maí fljúga heiðagæsirnar til Íslands, staldra fyrst við á láglendi við suðurströndina, en leita svo upp á hálendið, þar sem varp hefst í byrjun júní. Talið er að yfir 90% af varpstofninum sé á Íslandi, en tæp 10% á Austur-Grænlandi. Langstærsta heiðagæsavarp í heiminum er í Þjórsárverum, er nú um 6.500 pör. Heiðagæsavarp á Eyjabökkum er lítið, eða nokkrir tugir para árið 1981.

Talið er að heiðagæsir geti orðið 20 ára, en kynþroska verða þær 3-4 ára. Þær sækja mest í að bíta nýgræðing. Í mars eru þær mest um miðbik Englands, þegar gróður er að taka við sér þar. Í apríl eru þær mikið á norður Skotlandi, í byrjun maí koma þær til Íslands, og flytja sig loks upp á hálendið þegar gróður tekur við sér þar. Með þessu móti ná þær að nærast á nýgræðingi um fjögurra mánaða skeið, þegar mest á ríður, fyrir varptímann.

Mynd 6.23 sýnir þróun íslensk-grænlenska heiðagæsastofnsins 1979-1998. Stofninn hefur nær tífaldast frá því um 1950. Hann hefur þrefaldast frá 1970, og á sama tíma hefur fjöldi geldgæsa sem fellir flugfjaðrir hér á landi fimmfaldast. Um leið hafa heiðagæsir verið að nema ný lönd á hálendi Íslands, ekki síst á Norðausturlandi. Íslenskar hálendisvinjar gegna því æ meira hlutverki fyrir stofninn.

Á okkar tímum, þegar flestar fuglategundir eiga undir högg að sækja, hafa gæsir verið undantekning. Þær hafa náð að aðlagast sambýlinu við manninn, og nýta sér ræktarlönd bænda til beitar. Samfara mikilli fjölgun í gæsastofnunum hafa árekstrar við hagsmuni bænda farið vaxandi, einkum á Bretlandseyjum. Bresk stjórnvöld hafa haft til athugunar ýmsar ráðstafanir til að draga úr tjóni af völdum gæsa, einkum á vorin þegar gróður er að taka við sér. Rætt hefur verið um fælingaraðgerðir, en einnig fækkun í stofninum.[41] Íslensk-grænlenski heiðagæsastofninn er nú í sögulegu hámarki, og er fjarri því að vera í nokkurri hættu.

Fjaðrafellir

Gæsir og aðrir andfuglar fella allar flugfjaðrir í einu, og er þá talað um að fuglarnir séu í sárum. Líða 3-4 vikur þar til þeir verða fleygir aftur. Algengt er að heiðagæsir, einkum ókynþroska fuglar, safnist saman í hópa á fellitímanum, og þá oft fjarri varpstöðvunum. Eru þær mjög varar um sig þar til þær verða fleygar í ágúst. Fjaðrafellistaðir geldra heiðagæsa þurfa að bjóða upp á eftirtalin skilyrði:

- *Greiður aðgangur þarf að vera að vatni; gæsirnar fella ávallt fjaðrir í grennd við vatn og leita þangað við aðsteðjandi hættur.*
- *Víðsýni; gæsirnar þurfa að geta séð óvini á löngu færi.*
- *Næg beitilönd með próteinríkri fæðu (grös, starir).*
- *Afskekkt svæði þar sem mannaferðir eru ekki tíðar á fellitímanum í júlí.*

Fáir staðir hér á landi bjóða upp á þessi skilyrði, og þeim fer fækkandi með aukinni umferð um hálendið. Fylgst hefur verið með fjölda fellifugla á Eyjabökkum síðan 1979. Það ár felldu um 1.300 fuglar þar fjaðrir, og hélst fjöldinn á bilinu 1.200-2.500 til 1985. Þá fór fuglum að fjölga mikið, og náði fjöldinn hámarki árið 1991 þegar þar voru rúmlega 13.000 fuglar. Síðan hafa gæsirnar verið 8.000-9.000, sjá mynd 6.23. Árið 1992 var gerð talning á heiðagæsum í fjaðrafelli á Íslandi. Alls fundust um 21.000 felligæsir og var helmingur þeirra á Austurlandi, þar af um 9.000 á Eyjabökkum. Fjaðrafellirinn stendur yfir í 3-4 vikur, en dvalartími gæsanna á Eyjabökkum er nokkru lengri, eða 5-7 vikur. Myndir 6.24 og 6.25 sýna gæsahópa á Eyjabökkum.

Geldgæsir í íslensk-grænlenska heiðagæsastofninum eru taldar vera a.m.k. 100.000, þar af eru um 15-20.000 á Íslandi, og á Eyjabökkum um 9.000 gæsir, eða 50-70% af geldgæsum á Íslandi. Austur-Grænland er lang mikilvægasta fellistöð geldra heiðagæsa í íslensk-grænlenska stofninum. Þar fella um 80% þeirra fjaðrir. Á Eyjabökkum er nú stærsti fellihópur heiðagæsa sem þekktur er í heiminum. Mikilvægi Eyjabakka að þessu leyti hefur aukist á síðari árum.

Skotveiði

Heimilt er að veiða heiðagæs frá 20. ágúst til 15. mars, en hún er að mestu horfin af landi brott í lok október. Rjúpnaveiðitíminn er frá 15. október til 22. desember. Í eftirfarandi töflu 6.3.9.1-2 er yfirlit um veiði á heiðagæs, grágæs og rjúpu, skv. upplýsingum frá veiðistjóraembættinu.[42]

Tafla 6.3.9.1-2 *Veiði á nokkrum fuglategundum 1995-1997.*

	1995	1996	1997	Stofnstærð að hausti	
Heiðagæs	10.695	12.178	14.522	200-230.000	fuglar
Grágæs (til samanburðar)	35.350	37.628	40.644	83.000	fuglar
Rjúpa	123.392	157.900	163.711	50-100.000	varppör

41 Jesper Madsen, Gill Cracknell og Tony Fox, 1999.

42 Sjá heimasíðu Veiðistjóraembættisins. (www.ni.is/veidi/).



Mynd 6.23: *Þróun heiðagæsastofnsins 1979-1998, og fjöldi felligæsa á Eyjabökkum.*

Á Bretlandseyjum er veiðitíminn frá 1. september til 1. febrúar, og er áætlað að 15.000-25.000 heiðagæsir séu skotnar þar árlega, en nákvæmar tölur liggja ekki fyrir. Veiði á Grænlandi er lítil, líklega um 1.000 fuglar. Veiðin nemur því alls 30.000-40.000 fuglum á ári, eða 12-16% af stofninum. Veiðiþungi á grágæs er mun meiri, eða um 30% hér á landi og 40-45% alls. Er það talið meira en stofninn þolir. Á Bretlandseyjum hafa bændur nokkrar tekjur af því að selja ferðamönnum aðgang að gæsaveiði, oft með gistingu og leiðsögn.[43] Eins og veiðitölurnar bera með sér er heiðagæsin mun erfiðari viðfangs fyrir veiðimenn, og sækja þeir því meira í grágæsina.

Áhrif á fugla: Ekki er talið að Fljótsdalsvirkjun hafi veruleg áhrif á aðrar fuglategundir en álftir og heiðagæsir. Á Eyjabökkum verpa um 20 álftapör, þ.e. um 0,8% af íslenska stofninum.

Í skýrslu sinni segir Kristinn Haukur Skarphéðinsson eftirfarandi um hugsanleg áhrif Eyjabakkalóns á heiðagæsir:

- *Miðlunarlón í Eyjabakkalægðinni mun taka yfir allt sléttlendi og um leið kaffæra mestallt votlendi og þar með eyða nær öllu beitilandi heiðagæsa um fellitímann.*
- *Útilokað er að meta með nokkurri vissu hvaða áhrif það kann að hafa á heiðagæsastofninn enda eru engin kunn dæmi þess að fellistöðvar heiðagæsa eða annarra gæsa hafi verið skertar með framkvæmdum á borð við stórvirkjanir.*

Lítið er vitað um gæsir á svæðinu á fyrri öldum, en þó segir í máldaga Hallormsstaðakirkju (Vilkinsmáldaga) frá því um 1397: »Mansfar í Þóriseyjar í gásveiði«, sem merkir að kirkjan eigi rétt á að senda einn vinnumann til gæsaveiði í Þóriseyjum. (*Íslenskt fornbréfasafn* IV, 207-209).

Af *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem byggð er á ferðum þeirra 1752-57, er ekki að sjá að gæsir hafi verið veiddar, en um álftir segir: »Álftirnar eru eltar uppi með hundum, þegar þær eru í sárum. ... Sums staðar [í Múlasýslum], þar sem álftir verpa á fjöllum, elta menn þær uppi í ágúst. Fyrsta varp þeirra á vorin er einnig tekið« (*Ferðabók* II (2. útg., 3. prentun, Rvík 1978), bls. 110-111 og 132). Um gæsir segir: »[Villigæsir] verpa og unga út í háfjöllunum kringum Fljótsdalshérað, þar sem enginn maður kemst að þeim« (II, bls. 138-9). Gæsa- og álftafjaðrir virðast hafa verið eftirsótt verslunarvara á þessum tíma, og fjaðratekja umtalsverð hlunnindi. Í ferðabókinni segir: »Villigæsir ... eru ekkert veiddar [á Mýrum], og einu notin, sem eru af þeim, eru þau, að fjaðrirnar, sem þær fella, eru tíndar og seldar bæði útlendingum og innanlands. Þykja þær góðar skriffjaðrir« (I, bls.128).

Í lýsingu Valþjófsstaðarsóknar eftir sr. Stefán Árnason, frá árinu 1840, segir svo um fugla: »Álftir og gæsir koma strax um sumarmál. ... Sjást álftir hér ekki eftir Jónsmessu, en gæsir fara héðan seinast í september og fyrst í október eftir sem viðrar«. Og um hlunnindi segir: »Álfta- og gæsafjaðratekja er við Jökulsána fram undir Snæfellinu, hvar þær særast, einkum gæsir, því álftir koma hér fáar, og með Lagarfljótinu, útí hvert áin ber fjaðrirnar«. (ÍB 18 fol. a). Ekki er að sjá að þá hafi verið stundaðar gæsaveiðar austan Snæfells.

43 Jesper Madsen, Gill Cracknell og Tony Fox, 1999.



Mynd 6.24: *Gæsahópur á tjörn norðan Hraukanna, horft til suðurs.*



Mynd 6.25: *Nokkur þúsund heiðagæsir á jökullóni sunnan við Hraukana, horft til norðurs.*

- *Til að hægt sé að meta hugsanleg áhrif Fljótsdalsvirkjunar á heiðagæsir er nauðsynlegt að gera áhættumat (e. risk assessment) sem tekur til líklegra breytinga á lykilbúsvæðum tegundarinnar hér á landi, svo og í sumarhögum á Grænlandi og vetrarstöðvum á Bretlandseyjum.*

Ljóst er af þessu að erfitt er að segja til um hvað þær gæsir munu taka til bragðs sem missa fellistaði á Eyjabökkum. Sumar heiðagæsir munu e.t.v. láta slag standa og fella fjaðrirnar á svæðinu þrátt fyrir að beitilönd séu flest í kafi. Þær munu e.t.v. eiga erfitt uppdráttar og jafnvel veslast upp.

Þá hefur komið fram sú tilgáta að geldgæsir á Eyjabökkum kunni að flykkjast til Þjórsárvera og muni keppa þar við varpfugla um beitilönd. Slíkt gæti leitt til minni viðkomu og þar með fækkunar í stofni. Í því sambandi má geta þess að varppörum heiðagæsa í Þjórsárverum fækkaði úr 10.500 árið 1981 í um 6.500 árið 1996, á sama tíma og heiðagæsum fjölgaði mikið á Eyjabökkum.

Líklegast er þó að þær heiðagæsir sem fellt hafa fjaðrir á Eyjabökkum muni leita annarra fellistaða, annað hvort hér á landi eða á Grænlandi. Það svæði í nágrenni Snæfells sem helst gæti komið í stað Eyjabakka sem fellistöð heiðagæsa, væri Fellaheiði og svæðið þar suður af allt að Bessastaðavötnum. Þar eru gróðurlendi, tjarnir og vötn, sem gæsirnar gætu nýtt sér, auk þess sem lítið er þar um mannaferðir.

Mótvægisaðgerðir: Hugsanlegt er að hluti af geldgæsunum sem verið hafa á Eyjabökkum geti nýtt sér lónið sem fellistöð og gróðurlendið meðfram því sem haga. Manngerð vötn á hálendinu virðast nýtast heiðagæsum. Má þar sem dæmi nefna Sultartangalón, en þar sáust 350 heiðagæsir árið 1992, og Blöndulón og nágrenni þar sem sést hafa 1.800 heiðagæsir.[44]

6.3.9.2 Hreindýr og önnur spendýr

Viðamestu rannsóknir sem gerðar hafa verið á íslensku hreindýrunum, unnu þeir Skarphéðinn G. Þórisson og Kristbjörn Egilsson á árunum 1979-1982.[45] Síðan þá hafa hreindýrin verið talin nánast árlega á vegum Hreindýraráðs og Veiðistjóra.

Hreindýr voru flutt til Íslands frá Noregi seinni hluta 18. aldar, fyrst 1771. Síðasti hópurinn var fluttur til Vopnafjarðar árið 1787. Hreindýrunum virðist hafa fjölgað nokkuð ört í fyrstu, en fækkað síðan. Töldu margir að veiði á dýrunum hefði verið orsök fækkunarinnar en líklegra verður að telja að snjóþyngsli og hugsanlega minnkandi vetrarfæða fyrir dýrin hafi ráðið mestu um fækkun þeirra. Á fyrra helmingi þessarar aldar dóu hreindýrin út á suðvesturhorni landsins og í Þingeyjarsýslum. Árið 1939 fundust 100 hreindýr í Kringilsárrana og var talið að það væru einu hreindýrin sem eftir væru á landinu. Síðan hefur dýrunum fjölgað og er sumarstofn hreindýra nú áætlaður 2.500 dýr og þar af dvelur rúmur helmingur á Vesturöræfum á sumrin.

Hreindýratalning með myndatöku úr flugvél leiðir í ljós að hreindýrakýrnar leita úr byggð áleiðis til Vesturöræfa eftir því sem snjóa leysir í maí og byrjun júní, en leita austur fyrir Snæfell þegar líður á sumarið og í ágúst eru flest dýrin dreifð austan og sunnan Snæfells (undir Fellum).[46] Yfirleitt fara hreindýrin úr sumarhögunum síðari hluta ágúst og í byrjun september. Farleiðir dýranna af Vesturöræfum eru sunnan og norðan Snæfells í ágúst, áleiðis á Eyjabakkana og svæðið út að Laugará, síðan fara þau austur yfir Jökulsá í Fljótsdal eða út Fljótsdalsheiði. Mynd 6.26 sýnir hreindýr við Snæfell.

Áhrif á hreindýr: Beitilönd hreindýranna undir Fellum ná yfir um 100 km^2 þar af eru um 64 km^2 gróið land. Eyjabakkalón mun færa undir vatn um 35% þeirra gróðurlenda sem hreindýrin nýta sér þar nú.[47] Lónið mun því skerða verulega það svæði sem hreindýrin nýta sér í ágústmánuði sem mun verða til þess að þau færa sig á önnur svæði þoli hið minnkaða beitarsvæði ekki aukið beitarálag dýranna.

Lónið mun hafa áhrif á far hreindýranna síðsumars, einkum þeirra sem leitað hafa austur yfir Eyjabakkana. Þó munu þau geta komist norður fyrir lónið yfir farveg Jökulsár í Fljótsdal sem að jafnaði verður vatnslítill á þeim tíma. Þekkt er frá Alaska að hreindýr synda auðveldlega yfir mun breiðari vötn en Eyjabakkalón verður.[48] Gera má þó ráð fyrir að dýrin leiti fremur út með lóninu að vestanverðu. Norskar athuganir benda til að lón breyti fari hreindýra og þau leiti nýrra farleiða og jafnvel leggi af far til einstakra svæða einkum ef þau eru dýrunum ekki mikilvæg. Í Noregi er víða mjög bratt að lónum og gerir það far dýranna erfitt meðfram lónunum.[49] Við Eyjabakkalón eru aðstæður þannig að það truflar ekki far dýranna meðfram lóninu.

Búast má við að aukin umferð um virkjunarsvæðið muni geta truflað far hreindýranna á byggingartíma

44 Kristinn Haukur Skarphéðinsson: Óbirt gögn í vörslu Landsvirkjunar.

45 Skarphéðinn Þórisson, 1983. Kristbjörn Egilsson, 1983. Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson, 1983. Sjá einnig Skarphéðinn Þórisson, 1998.

46 Skýrslur frá Upplýsinga- og merkjafræðistofu Háskólans. Unnar fyrir Landsvirkjun.

47 Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson, 1983.

48 Skoog, R.O., 1968.

49 Eigil Reimers, 1986.



Mynd 6.26: *Hreindýr á faraldsfæti í grennd við Snæfell.*

virkjunarinnar. E.t.v. venjast þau þó umferðinni. Óvíst er að umferðin aukist mikið frá því sem nú er, því að helstu vegir hafa nú þegar verið lagðir. Ekki er vitað til þess að sú breyting sem varð með vegagerð um Fljótsdalsheiði á árunum 1975-1991 hafi haft áhrif á far og viðkomu hreindýra. Veiðistjóri telur að umferð og truflun á framkvæmdatímanum geti verið hreindýrunum bagalegri en það að missa beitilöndin á svæði Eyjabakkalóns. Hann telur að dýrin séu viðkvæm fyrir truflun og vilji vera þar sem þau fá að vera í friði. Útsýnisflug (lágflug) er líka truflandi fyrir dýrin, tvístrar hópunum.

Æskilegt er að kanna nánar far hreindýranna á svæðinu austan Snæfells fyrir framkvæmdir, einnig meðan á framkvæmdum stendur og eftir að þeim er lokið þannig að unnt sé að fylgjast með hvernig dýrunum tekst að laga sig að breyttum aðstæðum. Í því skyni mætti setja GPS-staðsetningartæki á nokkurn fjölda dýra og skrá far þeirra.

Tafla 6.3.9.2-1 *Fjöldi hreindýra í nágrenni Snæfells, fyrri part sumars 1979-1998 (kálfar meðtaldir).*

Ár	Múli	Undir Fellum	Vestur-öræfi	Vestan Jöklu	Samtals
1979	0	23	1.760	598	2.381
1980	0	146	904	242	1.292
1981	0	102	1.196	624	1.922
1982	0	0	1.137	458	1.595
1983	-	-	-	-	-
1984	0	34	756	326	1.116
1985	119	150	606	185	1.060
1986	-	-	-	-	-
1987	-	38	832	356	1.226
1988	303	0	793	418	1.514
1989	116	34	936	255	1.341
1990	54	156	1.139	444	1.793
1991	0	64	1.367	354	1.785
1992	173	257	856	179	1.465
1993	428	255	551	67	1.301
1994	542	42	590	120	1.294
1995	253	241	402	99	995
1996	-	-	-	-	-
1997	60	108	1.279	165	1.612
1998	145	0	1.377	156	1.678
Meðaltal	**129**	**97**	**969**	**297**	**1.492**

Tafla 6.3.9.2-2 *Veiði á villtum spendýrum 1995-1997.*

	1995	1996	1997	Stofnstærð að vori	
Hreindýr	329	359	259	2.500	dýr
Refur	3.677	3.535	3.888	3.900	dýr
Minkur	6.341	6.693	7.779	>3.500	dýr

Í töflu 6.3.9.2-1 er yfirlit um fjölda og dreifingu hreindýra í nágrenni Snæfells árin 1979-1998.[50] Talning fer yfirleitt fram um mitt sumar, og virðast þau mest halda sig á Vesturöræfum á þeim tíma. Þegar líður á sumarið leita þau austur fyrir Snæfell og í ágúst eru flest dýrin dreifð austan og sunnan Snæfells. Að meðaltali hafa verið á svæðinu 1.492 hreindýr, þar af um 1.000 fullorðin dýr, eða um 40% af stofninum.

Í töflu 6.3.9.2-2 er yfirlit um hreindýraveiði 1995-1997.[51] Veiðitíminn er frá 1. ágúst til 15. september, en

50 Bréf Veiðistjóra, dags. 27.09.1999.

51 Upplýsingar af heimasíðu Veiðistjóraembættisins. (www.ni.is/veidi/)

á Snæfellsöræfum er þó ekki heimilt að hefja veiðar fyrr en 15. ágúst. Verð veiðileyfa er breytilegt eftir svæðum, og eru Snæfellsöræfi dýrasta svæðið.

Mótvægisaðgerðir: Sem mótvægisaðgerð kæmi til greina að takmarka skotveiði á virkjunarsvæðinu, í samráði við sérfræðinga.

Refir: Með lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, var tekin upp sú meginregla að refir séu friðaðir, en umhverfisráðherra er þó heimilt að aflétta friðun á ákveðnum svæðum til að koma í veg fyrir tjón af völdum refa, sbr. reglugerð um refa- og minkaveiðar. Í reynd nær friðun refa einungis til friðlanda, eins og á Hornströndum, í Kringilsárrana og Lónsöræfum. Einnig nær takmörkuð friðun til miðhálendisins. Á svæðinu inn af Fljótsdal er miðað við línu frá ármótum Sauðár og Jökulsár á Brú (innan við Kárahnjúka) og yfir í Þrándarjökul. Þessi lína liggur yfir Nálhúshnjúka norðan Snæfells, og yfir Jökulsá í Fljótsdal skammt norðan við Eyjabakkafoss. Norðan við þessa línu er handhöfum veiðikorta heimilt að veiða ref frá 1. ágúst til 31. apríl, en á grenjatímanum, frá 1. maí til 31. júlí, mega einungis grenjaskyttur á vegum sveitarfélaga stunda veiðarnar. Sunnan línunnar eru veiðar ekki bannaðar, en grenjaleit fer þar ekki fram, og ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði vegna veiða.

Talið er að eitt greni fari undir Eyjabakkalón, en þar hefur þó ekki legið refur í 30-40 ár. Engin greni eru á Hraunum, enda er það svæði ekki komið undan snjó á vorin þegar tófan fer að velja sér bústað. Nokkur greni eru á Fljótsdalsheiði, þó að ekki séu nema 1-2 greni á ári sem hún liggur í. Mesta grenjaland á þessum slóðum er í Vesturöræfahálsinum og þar í grennd. Þar er snjólétt og góðar aðstæður.[52]

Í Töflu 6.3.9.2-2 er yfirlit um fjölda veiddra refa 1995-1997 og áætlaða stofnstærð að vori. Talið er að refastofninn sé í nokkrum vexti, þrátt fyrir þessa veiði. Með hliðsjón af ofangreindu er talið að Eyjabakkalón hafi óveruleg áhrif á refi.

Áhrif virkjunar á ***mink*** og ***hagamús*** eru ekki talin umtalsverð[53] og því ekki ástæða til að reyna að tíunda þau hér. Beitarnýting ***sauðfjár*** á Eyjabakkasvæðinu er mjög lítil og mun tilkoma lónsins því hafa litlar breytingar í för með sér fyrir beit sauðfjár.

6.3.9.3 Vatnalíf

Vatnalíf (bleikja, urriði, lax): Dr. Sigurður Guðjónsson hjá Veiðimálastofnun hefur tekið saman skýrslu um áhrif Fljótsdalsvirkjunar á lífríki ferskvatns.[54] Þar sem skýrslan fjallar fyrst og fremst um svæðið neðan virkjunar, þá er gerð grein fyrir henni í kafla 6.7.6.

Áhrif á vatnalíf: Í farvegi Jökulsár á Eyjabökkum myndast lón sem verður breytilegt að stærð og dýpt. Vegna hæðar yfir sjó og jökulvatns, svo og vegna mikillar miðlunar, eru miklar líkur til að lónið verði líflítið. Þó er hugsanlegt að í fyrstu verði lífræn uppsveifla, eftir að lífræn næringarefni frá jarðvegi og gróðri leysast út í vatnið. Slíkt getur birst í skammvinnri veiði, að því gefnu að bleikja sé á svæðinu. Reynslan úr lónum annars staðar, t.d. á vatnakerfi Þjórsár og Blöndu, sýnir að slík veiði stendur stutt.

Mótvægisaðgerðir: Ekki er þörf á sérstökum mótvægisaðgerðum vegna breytinga á vatnalífi á svæði Eyjabakkalóns.

6.3.9.4 Smádýralíf

Hákon Aðalsteinsson líffræðingur hefur tekið saman greinargerð um smádýralíf í tjörnum og lækjum á Eyjabökkum.[55] Það hefur talsvert verið rannsakað, einkum tjarnirnar, á árunum 1975 og 1978. Helstu niðurstöður eru, að tjarnir á Eyjabakkasvæði eru fremur gróðursnauðar og smádýrafána fábreytt, mun fábreyttari en t.d. í tjörnum á Vesturöræfum. Þær tegundir sem fundust eru allar algengar um allt hálendið. Mismunur í tegundasamsetningu skýrist af gerð tjarnanna og áhrifum jökulvatns (í flóðum). Í lækjum voru fulltrúar flestra ætta og undirætta sem við er að búast, en greining mýlirfutegunda var ófullkomin. Fána lækja og áa á hálendinu er frekar lítið þekkt enn sem komið er, nema á afmörkuðum svæðum. Hins vegar verður að teljast ólíklegt að lækir við Snæfell skeri sig úr öðrum lækjum á svæðinu, því að flestar tegundir sem í þeim lifa eiga auðvelt með að dreifast, og mun auðveldar en þær tegundir sem eru einkennandi fyrir tjarnir.

Sumarið 1979 kannaði Erling Ólafsson smádýralíf í gróðurlendi á Eyjabakkasvæðinu. Niðurstöður þeirrar könnunar birtust í skýrslu Orkustofnunar 1981.[56] Söfnun dýranna fór fram dagana 30. júlí til 4. ágúst. Veður var fremur óhagstætt, rakt og fremur kalt. Miðað við þær slæmu aðstæður, sem ríktu á meðan söfnun fór fram, fundust þar furðumargar tegundir smádýra. Í skýrslunni kemur fram að greindar voru um 120 tegundir skordýra, 9 tegundir áttfætla, 3 tegundir lindýra, 3 tegundir liðorma auk nokkurra þráðorma. Árið 1979 vorði mjög seint og var því samsetning fánunnar

52 Hjörtur E. Kjerúlf, Hrafnkelsstöðum í Fljótsdal, munnlegar upplýsingar.
53 Páll Hersteinsson, 1998.
54 Sigurður Guðjónsson, 1999. Þar er vísað til heimilda.
55 Hákon Aðalsteinsson, 1999. Þar er vísað til heimilda.
56 Hjörleifur Guttormsson (ritstj.), 1981, bls. 219-238.

dæmigerð fyrir fyrri hluta sumars þótt könnunin færi fram um mánaðamótin júlí-ágúst. Í samanburði við smádýralíf í Þjórsárverum er Eyjabakkasvæðið engan veginn eins fjölskrúðugt, enda umtalsverður munur á staðháttum. Eyjabakkasvæðið liggur í um 650 m y.s. en í Þjórsárverum fer undirlendið lítið yfir 600 m y.s. Auk þess er Eyjabakkasvæðið norðan jökla og úrkoma því miklu minni en í Þjórsárverum, sem er sunnan jökla. Á Eyjabakkasvæðinu vantar hin fögru blómlendi, sem víða er að finna í Þjórsárverum og veita þar ýmsum tegundum smádýra lífsskilyrði, tegundum, sem ekki fundust á Eyjabakkasvæðinu. Á báðum stöðum eru þó flestar sömu hálendistegundirnar, sem setja mestan svip á fánuna.

Áhrif á smádýralíf: Reikna má með að smádýralíf í tjörnum og lækjum á svæði Eyjabakkalóns líði að mestu leyti undir lok, því að lífsskilyrði fyrir það eru slæm í jökulvatni. Litlar breytingar ættu hins vegar að verða í nágrenni lónsins. Jökulsá í Fljótsdal verður bergvatnsá mikinn hluta ársins þegar fjær dregur frá Eyjabakkastíflu og niður að frárennslisskurði virkjunar. Það mun ýta undir smádýralíf í ánni, sem er lítið nú. Áhrif á smádýralíf neðan virkjunar í Norðurdal verða hverfandi.

Sama er að segja um smádýr í gróðurlendi á svæði Eyjabakkalóns, þau munu hverfa með tilkomu lónsins.
Mótvægisaðgerðir: Smádýralíf er fábreytt og á engan hátt einstætt, og er tæplega ástæða til að ráðast í sérstakar mótvægisaðgerðir þess vegna.

6.3.10 Ferðamennska

Áhrifum Eyjabakkalóns á ferðamennsku er lýst í kafla 9.5.

6.4 VEITUR AF VESTURSVÆÐI

Þessar veitur, Hafursár-, Grjótár-, Hölknár- og Laugarárveita, eru hagkvæm leið til að auka orkugetu Fljótsdalsvirkjunar. Lýsing mannvirkja er í kafla 4.8. Staðsetning veitnanna er sýnd á yfirlitsmynd 4.1, og í stærri mælikvarða á mynd 4.5.

6.4.1 Jarðfræði

Sjá almenna greinargerð um jarðfræði svæðisins í kafla 6.2.1.

6.4.2 Landslag og jarðmyndanir

Hafursárveita: Hún er í aurkeilu neðan við Hálsjökul, sem hálfgróin og að mestu úr líparítmöl. Uppgröftur úr skurði verður settur bakkann meðfram skurðinum.

Við ***Grjótárveitu*** myndast lítið lón á grýttum áreyrum ofan við stíflu í Grjótá. Sjá mynd 6.27. Í lónborði er aðallega sandur og möl, en vegna þess hvað lónið er lítið er ekki að búast við miklu rofi við strendur þess. Rétt neðan við stíflustæðið hverfur fallegur foss í þröngu gljúfri.

Stíflustæði er á tiltölulega flötu landi þar sem árfarvegur Grjótár er grunnur og er á föstu bergi. Yfirfall við stífluna er á grýttum mel.

Áhrif Grjótárveitu á jarðveg verða tvenns konar. Annars vegar vegna skurðgraftar og hins vegar vegna jarðvegsrofs. Grafinn verður burtu jarðvegur úr Grjótárskurði. Þessi jarðvegur verður lagður út til hliðar við skurðinn, eins og annað efni sem úr skurðinum kemur. Gengið verður frá þessum uppgrefti í samráði við landslagshönnuði.

Vatn úr Grjótárveitu verður sjálfrennandi frá skurðenda ofan í Hölkná. Á þessum kafla rennur vatnið eftir gömlum leysingavatnsfarvegum sem víðast eru allgrýttir í botninn, eða á klöpp. Jarðvegur sem er um 1 m á þykkt er sums staðar í bökkum farveganna. Búast má við jarðvegsrofi þegar vatn streymir um farvegina. Ef ástæða þykir til að stöðva jarðvegsrofið, er nægt efni fyrir hendi úr skurðuppgrefti til þess að stöðva það.

Áhrif ***Hölknárveitu*** á landslag eru bundin lóni sem myndast ofan við stíflu í Hölkná, og mun setja svip á landið. Vatnsborð í lóninu verður stöðugt. Mynd 6.28 sýnir lónstæðið. Rofbakki mun myndast við vatnsborð lónsins á meðan rofið er að ná jafnvægi við nýjar aðstæður.

Jarðvegur á skurðleið frá Hölknárlóni að Laugará verður grafinn burtu og komið fyrir undir stalli norðan við austurenda skurðarins eða á skurðbökkum.

Áhrif ***Laugarárveitu*** á landslag eru sjónræn áhrif vegna inntakslóns og stíflu, og vegna þess að fossar í Laugará neðan stíflunnar hverfa.

Þá mun verða rof í strandlínu lónsins, sem verður nokkuð stöðug, og í farvegi Laugarár ofan inntakslónsins vegna aukins vatns sem veitt verður úr Hölknárlóni í efstu drög Laugarár. Ef ástæða þykir til að stöðva rof, verður notað efni úr veitugöngum Laugarárveitu, sem haugsett verður við Laugará. Mynd 6.29 sýnir lónstæðið við Laugará.

Mótvægisaðgerðir: Fylgst verður með rofi við strendur lóna og á veituleiðum. Ef í ljós kemur rof mætti grípa til varnaraðgerða, sbr. lýsingu hér á undan.

6.4.3 Vatnafar

Með ***Gjótárveitu*** er veitt vatni af af vatnasviði Grjótár yfir til Fljótsdals. Grjótá rennur í Þuríðarstaðadalsá (Þuru) sem aftur rennur í Hrafnkelsdalsá. Að meðaltali minnkar rennsli neðst í Hrafnkelsá um 28%. Sjá kafla 7.3.

Veita Hölknár yfir í Laugará hefur í för með sér að vatn í Hölkná neðan stíflunnar minnkar, en sem hlutfall af heildarrennsli minnka þau áhrif er neðar



Mynd 6.27: *Fyrirhugað lón og stíflustæði í Grjótá, horft til norðurs.*



Mynd 6.28: *Fyrirhugað lónstæði við Hölkná, horft til suðurs.*



Mynd 6.29: *Fyrirhugað lónstæði við Laugará, horft til austurs.*

dregur. Rennsli í Hölkná minnkar einnig um 28% að meðaltali. Grunnvatnsborð næst lóninu hækkar með tilkomu veitunnar.

Áhrif ***Laugarárveitu*** á vatnafar eru þau að Laugará neðan við inntaksstíflu minnkar verulega og næstum hverfur. Grunnvatnsborð næst inntakslóninu hækkar með tilkomu lónsins.

6.4.4 Loftslag

Veiturnar hafa ekki áhrif á loftslag í grennd við sig.

6.4.5 Gróðurfar

Grjótár-, Hölknár- og Laugarárveita: Sumarið 1998 gerði dr. Ágúst H. Bjarnason gróðurathuganir á lónstæðum og skurðleiðum þessara veitna.[57] Ágúst gerði 68 gróðurmælingar við þessar veitur, við Grjótá 9 athuganir, við Hölkná 35 og við Laugará 24 athuganir. Niðurstaða Ágústs var að allar tegundir flórunnar megi telja algengar, og að gróðurfélög þar teljist ekki sérstæð.

Áhrif á gróðurfar: Nokkur gróður fer forgörðum við gröft skurða, einkum milli Grjótár og Hölknár, og í lónstæðum við Grjótá, Hölkná og Laugará. Lónstæðið við Hölkná verður stærst, 0,73 km^2, og það er best gróið. Grjótárlón verður 0,17 km^2 og Laugarárlón 0,15 km^2. Þessi lón verða bergvatnslón. Einhverjar gróðurbreytingar verða í næsta nágrenni lónanna og skurðanna, bæði vegna breyttrar jarðvatnsstöðu og strandlínumyndunar (rofs). Næst skurðum má búast við að land þorni, en í grennd við lón verður einhver hækkun á jarðvatnsstöðu.

Yfirfallsvatn frá Grjótárstíflu mun rjúfa gróðurþekju á mel neðan við yfirfallið, en um er að ræða lítið svæði.

Mótvægisaðgerðir: Athuga mætti að nota gróðurþekju úr lónbotni Hölknárlóns til uppgræðslu í nágrenni lónsins.

6.4.6 Dýralíf

Áhrif á hreindýr: Veiturnar hafa hverfandi áhrif á dýralíf. Það er helst að skurðir þessara veitna gætu haft áhrif á far hreindýra. Milli Grjótár og Hölknár er 2.200 m langur skurður með vaði, og milli Hölknár og Laugarár 850 m langur skurður, með brú. Auðvelt er fyrir hreindýrin að krækja fyrir þessa skurði og lón.

Áhrif á smádýralíf: Lón og skurðir í Grjótár-, Hölknár- og Laugarárveitum annars vegar, og Sauðárveitu hins vegar, verða að mestu leyti án jökulvatns, og er reiknað með að það smádýralíf sem er í þessum vatnsföllum nú muni viðhaldast og ná að dafna í veitumannvirkjunum. Einhver skakkaföll verða þó í ánum fyrst neðan við

57 Ágúst H. Bjarnason, 1999.

stíflurnar, þar sem þær munu verða mjög vatnslitlar, en neðar í ánum verða áhrifin lítil.
Mótvægisaðgerðir: Smádýralíf er fábreytt og á engan hátt einstætt, og er ekki ástæða til að ráðast í sérstakar mótvægisaðgerðir þess vegna.

6.4.7 Ferðamennska
Áhrif á ferðamennsku: Mannvirki og lón Laugarárveitu verða vel sýnileg af þjóðvegi. Ekið verður yfir brú á Hölknárveitu þegar ekinn er vegurinn upp úr Hrafnkelsdal. Stíflur og skurður Grjótárveitu sjást lítið frá ferðamannaleiðum. Um áhrif á ferðamennsku er nánar fjallað í kafla 9.5.

Sú fullyrðing að þessar veitur skerði á einhvern hátt aðgengi manna og dýra að Snæfelli á ekki við rök að styðjast, ekki frekar en aðrar ár og vötn á svæðinu.

6.5 SAUÐÁRVEITA (HRAUNAVEITA MINNI)
Nafnið Sauðárveita er notað yfir veitu Ytri- og Innri-Sauðár, Grjótár og Kelduár í Eyjabakkalón. Þessi veita er hagkvæm til að auka orkugetu Fljótsdalsvirkjunar. Lýsing mannvirkja er í kafla 4.9. Staðsetning er sýnd á mynd 4.1, og í stærri mælikvarða á mynd 4.6.

6.5.1 Jarðfræði
Sjá almennan jarðfræðikafla nr. 6.2.1

6.5.2 Landslag og jarðmyndanir
Sauðárvatn mun stækka. Mynd 6.30 sýnir útsýni til suðurs yfir stíflustæði í Ytri-Sauðá og er Sauðárvatn í baksýn. Inn á myndina hefur verið teiknuð stíflan og áætlað vatnsborð í Sauðárvatni. Gert er ráð fyrir að öldurof við strendur Sauðárvatns verði lítið og ekki áberandi, enda liggur gróðurlendi ekki að vatninu.

Mynd 6.31 sýnir stíflustæði í Kelduá. Inn á þessa mynd hefur verið teiknað lónborð og stífla. Eins og sést á myndinni fara á kaf eyrar Kelduár ásamt grýttum lágum ásum. Rof við strendur Kelduárlóns er talið að muni verða lítið, enda stutt í berggrunn og yfirborðið við ströndina grýtt.

Aðar stíflur í Sauðárveitu eru minni en tvær ofantaldar stíflur og áhrif þeirra á landslag og jarðmyndanir minni.

Laus jarðlög verða fjarlægð úr öllum stíflustæðum. Þessum uppgrefti verður komið fyrir í lónum sem myndast fyrir ofan stíflurnar. Jarðstíflur munu falla vel inn í það landslag sem er á Hraunum og verða lítið áberandi.

Skurðir verða grafnir í laus jarðlög og klöpp. Mynd 6.32 sýnir dæmigert landslag á skurðleið. Mynd 6.33 sýnir hluta af Kelduárveitu. Öllum uppgrefti úr þessum skurðum verður komið fyrir á skurðbökkum. Hluti efnisins verður þó notaður til stíflugerðar. Efninu verður komið þannig fyrir að sem best fari í landinu og í samráði við landslagshönnuði. Á þeim hluta veitunnar þar sem ekki er þörf á skurðgrefti, og vatnið er sjálfrennandi, verður rof á lausum jarðlögum. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til þess að hindra slíkt. Talið er að á Hraunum þar sem gróður er lítill fari betur á því að láta veitufarvegina þróast og mynda jafnvægi við umhverfið. Undantekning frá þessu er þó veituleiðin um Kofakvísl, þar sem er nokkur gróður.
Mótvægisaðgerðir: Við Kofakvísl er ekki ólíklegt að setja þurfi rofvörn til þess að vernda gróður.

6.5.3 Vatnafar
Hraunaveitan mun sækja vatn á hið úrkomuríka svæði á Hraunum. Sótt er vatn í efstu drög Ytri- og Innri-Sauðár, Grjótár og Kelduár, sem veitt er um farveg Kofakvíslar í Eyjabakkalón. Meðalrennsli í Kelduá við Sturluflöt minnkar um 40%, m.a. er tekið úr henni allt jökulvatn. Sjá nánar 7. kafla um fossa og rennsli.

6.5.4 Loftslag
Sauðárveita hefur óveruleg áhrif á loftslag.

6.5.5 Gróðurfar
Fyrir liggja tvær skýrslur um gróðurfar á svæði Hraunaveitu, einkum Hraunaveitu meiri.[58] Hraunin eru á heildina litið berangursleg, og er þar helst að finna lággróður í snjódældum. Norðar, þar sem land lækkar, er víða vel gróið, eins og við Folavatn.
Áhrif á gróður: Lítið gróið land fer undir vatn við stækkun Sauðárvatns. Sama gildir um lónið sem myndast ofan stíflu í Kelduá. Skurðir liggja almennt eftir lægðum og í þeim er helst að finna gróður á Hraunasvæðinu. Sá gróður sem eyðileggst er þó mjög lítill hluti þess gróðurlendis sem fyrir er á Hraunum og er ekki talið að eyðilegging gróðurs á skurðleiðum og stíflustæðum hafi mikil umhverfisleg áhrif.

Slóð í Hraunaveitu mun hafa óveruleg áhrif á gróðurlendi á Hraunum. Lítið land fer undir veginn þannig að skerðing gróðurs verður óveruleg.

6.5.6 Dýralíf
Sauðárveita hefur óveruleg áhrif á landdýr. Áhrif Kelduárveitu á vatnalíf eru talin verða hagstæð. Flóðtoppar minnka og jökulvatn hverfur að mestu úr ánni. Áhrif á vatnalíf eru því talin verða hagstæð.

58 Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson, 1995. Kristbjörn Egilsson, 1996.



Mynd 6.30: *Stíflustæði í Ytri-Sauðá, horft til suðurs til Sauðárvatns.*



Mynd 6.31: *Stíflustæði í Kelduá.*



Mynd 6.32: *Dæmigert landslag á skurðleið Sauðárveitu.*



Mynd 6.33: *Hluti af Kelduárveitu.*

6.5.7 Ferðamennska

Vegslóð að mannvirkjum Sauðárveitu opnar nýtt svæði fyrir ferðamennsku á Hraunum og auðveldar gönguferðir milli Hrauna og Lónsöræfa. Náttúruverndarráð setti árið 1991 skilyrði um að bílaumferð verði takmörkuð inn á Hraunin. Sjá kafla 10.2.2. Reynsla annars staðar frá (Laugavegurinn, vegir við Snæfellsjökul) sýnir að göngumenn nota bílslóðir, og er talið líklegt að svo verði einnig á Hraunum. Gert er ráð fyrir því að göngubrú verði byggð á Sauðárveitu og ætti hún því ekki að hefta umferð gangandi fólks.

Mótvægisaðgerðir: Rofvörn verður gerð við Kofakvísl sé það talið nauðsynlegt. Byggð verður brú á Sauðárveitu til þess að tryggja aðkomu að Geldingafellsskála.

6.6 AÐVEITUMANNVIRKI OG STÖÐVARHÚSSVÆÐI

Mannvirkin sem hér verður fjallað um eru að verulegu leyti neðanjarðar, og ná frá Eyjabakkastíflu að frárennslisskurði í Norðurdal. Lýsing mannvirkja er í köflum 4.2, 4.4, 4.5 og 4.6. Yfirlitskort er á mynd 4.1, og kort í stærri mælikvarða á myndum 4.3, 4.4, 4.12 og 4.13.

6.6.1 Jarðfræði

Sjá almenna greinargerð um jarðfræði í kafla 6.2.1.

6.6.2 Landslag og jarðmyndanir

Aðrennslisskurður virkjunar er allur innan lónstæðis Eyjabakkalóns og sést aðeins í brúnir hans þegar vatnsstaða er lág. Að sumarlagi verður vatnsborð lóns hærra en skurðbrúnir. Áhrif skurðarins á landslag eru því lítil umfram áhrif lónsins. Uppmokstri úr skurðinum verður komið fyrir í lónstæði Eyjabakkalóns.

Áhrif aðrennslisganga á landslag eru vegna útmoksturs úr göngunum. Gert er ráð fyrir að útmokstri verði komið fyrir á þremur stöðum, við Hafursá, við Axará og ofan við Teigsbjarg. Mestu áhrif á landslag verða við Axará, enda verður að koma þar fyrir mestum hluta efnis úr jarðgöngunum. Þar eru mýrlendishjallar, sjá mynd 6.34. Talsverðu magni verður einnig komið fyrir ofan Teigsbjargs, þar eru hrjóstrugir malarásar, sjá mynd 6.35. Gert er ráð fyrir að móta úr efninu landslag sem líkist því sem fyrir er og útmokstur falli vel inn í landið, sjá kafla 4.12.

Efnismagn, miðað við laust efni sem kemur út úr göngunum og ekki nýtist til stíflugerðar og annarra mannvirkja, er sýnt í Töflu 6.6.2-1.

Hlíðin fyrir ofan stöðvarhúsið verður ósnert að öðru leyti en því að háspennulínur verða lagðar þar upp, og verða umhverfisáhrif þeirra metin sérstaklega. Helstu landslagsáhrif á stöðvarhússvæði verða vegna efnis úr göngum og hvelfingum sem koma þarf fyrir neðan við aðkomugöng og meðfram Jökulsá, vegna frárennsliskurðar, vegagerðar og aðstöðu fyrir utan gangamunna. Áhrifum á landslag er lýst með myndum 4.4 og 6.36.

Tafla 6.6.2-1 *Helstu haugstæði og magn efnis.*

Staðsetning útmoksturs	áætlað magn þús. m^3	landnotkun ha
Hafursá	100	2
Axará	900	9
Bjargshæðir	200	4
Norðurdalur	450	7

Á Bessastaðaármelum er fyrirhugað að taka möl til steypugerðar, alls um 50.000 rúmmetra. Nokkrar breytingar verða þar á ásýnd lands.

Mótvægisaðgerðir: Eins og fyrr segir verða mótvægisaðgerðir þær að útmokstri verði komið snyrtilega fyrir í samráði við landslagshönnuði og Náttúruvernd ríkisins. Gengið verður frá útmokstri í Norðurdal í samræmi við útboðsgögn og deiliskipulag hreppsins.

6.6.3 Vatnafar

Áhrif Eyjabakkamiðlunar á vatnafarið utan þess svæðis sem fer undir vatn, verða fyrst og fremst á rennslið í Jökulsá í Fljótsdal. Áin þornar að mestu frá Eyjabakkafossi niður að ármótum við Hafursá, en þar fyrir neðan byrjar vatn að safnast í hana úr þverám og lækjum. Mestan hluta ársins verður bergvatn í ánni ofan við frárennslisskurð virkjunarinnar. Í vætusömum árum fyllist lónið seinnipart sumars og mun jökulvatn þá renna á yfirfalli um nokkurra vikna skeið, fram á haust. Rennslið verður þó heldur minna en fyrir virkjun, sjá kafla 7.1.

Jarðgöngin út Fljótsdalsheiði geta haft einhver áhrif á grunnvatnsborð, en hafa ber í huga að bergið er allþétt, og að göngin verða á um 100 m dýpi. Þegar virkjunin er komin í rekstur og göngin orðin full af vatni, ættu áhrif á grunnvatnsborðið að verða hverfandi. Fallgöngin verða stálfóðruð og því vatnsþétt. Ekki er vitað til að í Fljótsdalsheiði séu vatnsleiðandi sprungur eins og þær sem ollu flóði í jarðgöngum á Breiðadalsheiði og breytingum á vötnum þar.

Ólíklegt er að aðrennsisgöngin hafi áhrif á jarðhitasvæðið við Laugarfell. Göngin eru í um 3 km fjarlægð frá laugunum við Laugará, og laugarnar eru í svipaðri hæð og göngin, þannig að breyting á jarðhitasvæðinu er afar ósennileg. Hugsanlegt er að göngin hafi áhrif á 44,5 °C heita laug við Hafursá, sem er tæpum km austar en göngin. Rennsli úr lauginni, sem er 0,9 l/s, gæti minnkað og hitastig lækkað.

Mótvægisaðgerðir: Ef vatnsæðar opnast í aðrennslis-



Mynd 6.34: *Fyrirhugað haugstæði við Axará.*



Mynd 6.35: *Fyrirhugað haugstæði ofan við Teigsbjarg.*



Mynd 6.36: *Aðkoma að Fljótsdalsvirkjun í Norðurdal. Ljósmynd með fyrirhuguðum mannvirkjum.*

göngum, sem kunna að hafa áhrif á grunnvatnsstöðu, verða þær þéttar.

6.6.4 Loftslag

Engar loftslagsbreytingar fylgja þessum neðanjarðarmannvirkjum. Ef litið er til gróðurhúsaáhrifa þá er rétt að geta þess að á síðastliðnum 20 árum hefur lítið magn af einangrunargasinu SF_6 verið notað hérlendis til einangrunar á háspenntum rafbúnaði, en eingöngu í lokuðum kerfum. Líklegt er að í Fljótsdalsvirkjun verði SF_6 notað til einangrunar í tengivirki. Þetta gas er mjög virkt sem gróðurhúsalofttegund. Starfsmenn Landsvirkjunar hafa fengið sérstaka þjálfun í notkun rafbúnaðar sem einangraður er með þessu efni, og er hætta á að missa SF_6 út í andrúmsloftið í algjöru lágmarki.

6.6.5 Gróðurfar

Útjöfnunarsvæði á Fljótsdalsheiði: Aðallega er um að ræða svæði við Axará, þar sem koma þarf fyrir megninu af útmokstri úr aðrennslisgöngum virkjunarinnar. Alls gæti landnotkun orðið um 9 hektarar. Land á þessum hjalla er dæmigert fyrir Fljótsdalsheiði, ber holt, melar, mólendi, snjódældir og mýrar. Minni útjöfnunarsvæði eru við Bjargshæðir, og Hafursá. Ágúst H. Bjarnason kannaði gróður við Axará sumarið 1998. Gerði hann þar gróðurmælingar á 22 stöðum.[59] Gróðurfélög þar geta ekki talist sérstæð, en þau setja sinn svip á landið.

Vegir og námur: Vegagerð er að mestu lokið inn fyrir Laugarfell, og nothæfur vegur er upp með Laugará að Hölkná. Bráðabirgðavegur liggur nú frá Laugarfelli inn að stíflustæði við Eyjabakkafoss, en nýr vegur, sem búið er að hanna, verður á svipuðum slóðum. Við gerð hans skerðist gróður lítillega frá því sem nú er.

Bessastaðaármelar: Sumarið 1998 kannaði Ágúst H. Bjarnason gróður á Bessastaðaármelum. Samtals skráði hann þar 48 tegundir háplantna, sem skiptust í 44 blómplöntur og 4 byrkninga. Borið hefur verið tað á melana í því augnamiði að auka grasvöxt, og eru þeir því hálfræktað land. Í hinum upprunalega gróðri melanna er þursaskeggsmór einkennandi gróðurfélag. Niðurstaða Ágústs er að allar tegundir flórunnar megi telja mjög algengar, og að á melunum sé heldur ekki nein þau gróðurfélög að finna sem sérstæð geti talist.

Áhrif á gróðurfar: Efnistökustaðir eru á lítt grónum svæðum, en náma fyrir Eyjabakkastíflu er stærst. Töluvert gróðurlendi fer undir útmokstur úr jarðgöngum og stöðvarhúsi, einkum við aðkomugöng III við Axará, en einnig nokkuð meðfram frárennslisskurði í Norðurdal. Miklu skiptir fyrir gróðurframvindu á útmokstrinum hvernig frá honum verður gengið. Efni sem jafna þarf út í Norðurdal fer að mestu á áreyrar meðfram Jökulsá, sem eru að hluta til grónar.

Áhrif á árfarvegi verða nokkur, bæði á vatnagróður í farvegunum sjálfum og gróður við bakka þeirra vegna minna rennslis. Jökulsá í Fljótsdal verður bergvatnsá mikinn hluta ársins, og kann það að auka á fjölbreytni lífríkis hennar sunnan við frárennsli virkjunarinnar.

Mótvægisaðgerðir: Til greina kemur að nota hluta af gróðurþekju og jarðvegi sem er á svæðinu til að setja yfir útmoksturinn, svo að náttúrlegur gróður verði fljótari að ná sér á strik. Búast má við að þar verði fyrst og fremst þurrlendisgróður, mosar og fléttur. Nánari útfærsla verður í samráði við landslagshönnuð, Náttúruvernd ríkisins, landeigendur og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps.

6.6.6 Dýralíf

Varðandi dýralíf skal vísað til kafla 6.3.9 um Eyjabakkalón. Varanleg áhrif á dýralíf verða nánast engin. Helst gæti aukin umferð verið truflandi fyrir far hreindýra.

6.6.7 Ferðamennska

Áhrifum á ferðamennsku er lýst í kafla 9.5.

6.7 SVÆÐIÐ NEÐAN VIRKJUNAR

Hér er átt við Löginn og Lagarfljót. Í þessum kafla verður farið yfir þær breytingar sem hugsanlega kunna að verða á Leginum og Lagarfljóti.

6.7.1 Jarðfræði

Sjá almenna greinargerð um jarðfræði svæðisins í kafla 6.2.1.

6.7.2 Jarðmyndanir, aurburður

Áhrif á jarðmyndanir eru fólgin í breytingum á aurburði og því hve mikill aurburður sest til í Lagarfljóti. Augljóst er að mikið af þeim aurburði sem nú berst í Löginn mun setjast til í Eyjabakkalóni. Þetta er ekki talið hafa mikil áhrif á strandmyndanir við Löginn. Hugsanlegt er að ströndin við Fljótsbotninn gangi eitthvað til baka á löngum tíma. Þarna hefur hluti aurburðar Jökulsár í Fljótsdal sest til í gegnum aldirnar, og eru þar nú víðáttumiklar leirur. Grófasti hluti aurburðarins hefur þó sest til í lónum inn við jökul og á Eyjabakkaséttunni.

Í Lagarfljóti er ekki að búast við neinum breytingum, og ekki heldur breytingum á strandrofi við Héraðsflóa. Sá aurburður sem setjast mun til í Eyjabakkalóni, hefur fram til þessa sest til í Leginum. Breytingar á aurflutningi til sjávar verða því litlar.

59 Ágúst H. Bjarnason, 1999.

6.7.3 Vatnafar, flóð

Mynd 6.37 sýnir rennsli við Lagarfljótsbrú fyrir og eftir virkjun. Eins og sést hefur virkjunin þau áhrif að flóðtoppar minnka. Hins vegar verður meira grunnrennsli yfir veturinn. Fljótsdalsvirkjun hefur því áhrif til rennslisjöfnunar. Þannig minnkar álag á farvegi og rof úr bökkum fljótsins minnkar.

Mynd 6.38 sýnir vatnshæð við Lagarfljótsbrú fyrir og eftir virkjun. Vatnshæð í Lagarfljóti hefur á undanförnum árum verið stjórnað með lokum í Lagarfossvirkjun. Vatnshæð nú er um 50 cm hærri yfir veturinn en náttúrulegt vatnsborð væri án stjórnunar. Vatnshæð við Lagarfljótsbrú eftir byggingu Fljótsdalsvirkjunar er sýnd miðað við að vatnsborði verði ekki haldið uppi með lokum Lagarfossvirkjunar. Þá kemur í ljós að vatnsborð við Lagarfljótsbrú, miðað við óstjórnað náttúrulegt rennsli, hækkar u.þ.b. 10 cm, nema yfir sumarmánuðina. Á sumrin lækkar vatnshæð miðað við náttúrulegt óstjórnað rennsli um 20-40 cm. Það má því segja að Fljótsdalsvirkjun hafi lítil áhrif á vatnshæð og rennsli í Lagarfljóti. Vatnshæð að lokinni virkjun má stjórna með lokum í Lagarfossvirkjun þannig að nánast engin áhrif verði af Fljótsdalsvirkjum umfram það sem nú er af Lagarfossvirkjun.



Mynd 6.37: *Rennsli við Lagarfljótsbrú fyrir og eftir virkjun.*



Mynd 6.38: *Vatnshæð við Lagarfljótsbrú fyrir og eftir virkjun.*

Efnavöktun: Frá og með nóvember 1998 hafa verið tekin sýni á mánaðar fresti úr Jökulsá í Fljótsdal við Hól, og úr Lagarfljóti við Lagarfoss. Vatnamælingar Orkustofnunar og jarðfræðistofa Raunvísindastofnunar Háskólans sjá um sýnatöku, rannsóknir og úrvinnslu. Mældur er styrkur fjölmargra efna og efnasambanda, auk sýrustigs o.fl. Landsvirkjun stendur undir 50% af kostnaði við þessar rannsóknir, en aðrir aðilar eru Hollustuvernd, Umhverfisráðuneyti og auðlindadeild Orkustofnunar. Þessar rannsóknir hafa víðtækt vísindalegt gildi, en fyrir Landsvirkjun verða þær hluti af gagnabanka sem nýtist til að meta áhrif virkjana á vatnafarið.

6.7.4 Loftslag við Löginn

Í þessum kafla er byggt á greinargerð frá Orkustofnun varðandi varmanám í Lagarfljóti.[60] Sjá einnig kafla 6.3.6 um loftslag við Eyjabakkalón.

Rúmmál Lagarfljóts er um 2.700 Gl og til þess renna árlega 3.200 Gl. Þetta þýðir að viðstöðutími vatns í Leginum er um 300 dagar. Rannsóknir hafa sýnt að Þingvallavatn, sem hefur álíka langan viðstöðutíma vatns og Lagarfljót, hitnar í samræmi við lofthita frá vori og fram á síðari hluta sumars, þrátt fyrir það að í Þingvallavatn streymi 90-100 m^3/s af lindarvatni með 3-4 °C hita. Áhrifa innrennslis gætir í efstu 20 m vatnsins næst lindum, en þetta frávik er innan við 1 °C. Áætlað hefur verið að varmanám, þ.e.

60 Orkustofnun, Vatnsorkudeild, 1995.

hlýnun af völdum sólar og lofthita, sé meira í Leginum en í Þingvallavatni.

Til Lagarfljóts rennur nú nær eingöngu yfirborðsvatn. Hitastig þess fylgir lofthita og er yfirleitt hærra en vatns í Leginum. Vegna þess hve viðstöðutími þess er langur, hefur hitastig innrennslisins nær engin áhrif á hitastig Lagarins. Við virkjun kann hitastig innrennslis að breytast lítillega, en með samanburði við Þingvallavatn má álykta að breytingar verði nær engar á hitastigi í Leginum. Það verður eftir sem áður mest háð lofthita.

Orkustofnun hefur gert nokkrar mælingar á hitastigi í Leginum á mismunandi dýpi, en síritandi hitamælar hafa verið í rekstri við Lagarfljótsbrú og Hól.[61] Hitabreytingar með dýpi hafa ekki mælst miklar. Þannig mældist hiti úti af Atlavík 12. júní 1975 4°C frá yfirborði og allt niður á 30 m dýpi. Meðallofthiti í júní 1975 var um tveimur gráðum undir meðallagi. Hinn 3. ágúst á sama ári var hitastig í Lagarfljóti mælt út af Hafursá og reyndist 9 °C við yfirborð, lækkaði frá 8,5 °C í 7 °C á 25-40 m dýpi, og var um 6 °C á 100 m dýpi. Hinn 22. ágúst 1975 var gerð önnur hitamæling út af Atlavík sem sýndi að hiti var 9 °C allt frá yfirborði og niður á 100 m dýpi.

Vegna þess að ekki er gert ráð fyrir að hitastig Lagarins breytist er ekki heldur gert ráð fyrir að loftslag breytist við vatnið.

6.7.5 Gróður

Ekki er talið að breytingar á rennsli Lagarfljóts muni hafa áhrif á gróður meðfram fljótinu.

6.7.6 Dýralíf, vatnalíf

Vatnalíf (bleikja, urriði, lax): Dr. Sigurður Guðjónsson hjá Veiðimálastofnun hefur tekið saman skýrslu um áhrif Fljótsdalsvirkjunar á lífríki ferskvatns, og er hér stuðst við hana.[62] Allnokkrar rannsóknir hafa farið fram á lífríki á vatnasviði Lagarfljóts. Sjógenginn fiskur komst upp að Lagarfossi í árdaga, og jafnvel upp fyrir hann í ákveðnu vatnsrennsli í Lagarfljóti. Fiskvegur var gerður í Lagarfoss 1932, en óvíst er um virkni hans. Eftir að virkjað var í Lagarfossi 1975 var gerður nýr fiskvegur, en hann virkaði ekki sem skyldi og var honum breytt upp úr 1992. Er nú fiskgengt inn allan Lög og upp í ár sem til hans falla að næstu gönguhindrunum. Talsvert hefur verið reynt að koma til laxgengd og veiði ofan við Lagarfoss. Þær tilraunir hafa litlu skilað, bæði vegna slaks göngufæris lengi vel upp Lagarfoss, og vegna takmarkaðra uppeldisskilyrða fyrir lax ofan við fossinn. Lítið er um sjógenginn silung á svæðinu. Silungsveiði, að mestu úr staðbundnum stofnum, er í ánum sem falla til Lagarfljóts. Þannig er stangveiði í Eyvindará, Rangá, Grímsá og Kelduá. Netaveiði hefur einnig verið stunduð í einhverjum mæli í Leginum og í Steinsstaðaflóa og Vífilsstaðaflóa.

Áhrif á vatnalíf: Áhrif fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar á lífríki ferskvatns eru umtalsverð. Ár á heiðum (Ytri- og Innri-Sauðá, Grjótá, Kelduá, Hafursá, Grjótá, Hölkná og Laugará) raskast, þar sem efsta hluta þeirra verður veitt úr farvegum sínum. Allar eru þessar veitur í mikilli hæð yfir sjó þar sem mikillar snjó- eða jökulbráðar gætir. Við þessar veituframkvæmdir minnkar meðalrennsli Kelduár, þannig að flóðtoppar minnka og jökuláhrif í henni hverfa að mestu. Þetta ætti að koma lífríki hennar að einhverju leyti til góða.

Í farvegi Jökulsár á Eyjabökkum myndast lón sem verður breytilegt að stærð og dýpt. Vegna hæðar yfir sjó og jökulvatns, svo og vegna mikillar miðlunar, eru miklar líkur til að lónið verði líflítið. Þó er hugsanlegt að í fyrstu verði lífræn uppsveifla, eftir að lífræn næringarefni frá jarðvegi og gróðri leysast út í vatnið. Slíkt getur birst í skammvinnri veiði, að því gefnu að bleikja sé á svæðinu. Reynslan úr lónum annars staðar, t.d. á vatnakerfi Þjórsár og Blöndu, sýnir að slík veiði stendur stutt.

Í Jökulsá í Fljótsdal munu jökuláhrif hverfa ef undan er skilinn stuttur tími á haustin þegar yfirfallsvatns gætir. Rennslið verður þó lítið ofan til. Lífríki árinnar er líklegt til að eflast. Neðan til í ánni er að finna bæði bleikju og urriða, og gætu þeir stofnar náð sér á strik eftir virkjun. Áin verður þar áfram jökulskoluð, en aurburður minnkar. Ofan frárennslis virkjunarinnar verður ferskvatn og fært fiski 20 km leið að fyrsta fossi innan við Glúmsstaðasel.

Rennsli verður stöðugra í Lagarfljóti vegna Fljótsdalsvirkjunar og jökulaur minnkar mikið. Því eflist lífríki þess og þar með staðbundnir fiskstofnar frá því sem nú er. Gæta verður þess að áfram verði fært fiski um fiskveg í Lagarfossi.

Mótvægisaðgerðir: Ekki er þörf á sérstökum mótvægisaðgerðum, því að áhrif Fljótsdalsvirkjunar á lífríki ferskvatns verða í megindráttum jákvæð. Ef til virkjunar kemur þarf að fylgjast með breytingum á lífríki vatnasvæðisins.

---

61 Magnús Á. Sigurgeirsson og Hákon Aðalsteinsson, 1998.

62 Sigurður Guðjónsson, 1999. Þar er vísað frekar til heimilda.

7 FOSSAR OG RENNSLI

7.1 FOSSAR Í JÖKULSÁ Í FLJÓTSDAL

Í Jökulsá í Fljótsdal eru margir fagrir fossar. Á bilinu frá Kleif í Fljótsdal upp að Eyjabökkum eru um 15 fossar og fossasyrpur. Með þeim fegurstu eru Kirkjufoss og Faxfoss. Einnig er fagurt gljúfur í botni Norðurdals, 70 m djúpt. Í umsögn Náttúruverndarráðs 26. mars 1981 segir m.a. um fossana:

... taldi ráðið þá óefað eiga heima í 2. flokki og suma jafnvel í 1. flokki að verndargildi. ... Þó að enginn þeirra sé einstæður að gerð eða formfegurð setja þeir allir mikinn svip á umhverfi sitt og er tvímælalaust mikil eftirsjá að þeim. En þar sem Náttúruverndarráð leggur meiri áherslu á að nokkrir þekktari stórfossar landsins verði varðveittir, getur það frekar sætt sig við að þessir hverfi. ...

Mjög góð grein hefur verið gerð fyrir fossunum í Jökulsá, bæði í jólablaði *Austra* 1990 og í *Glettingi* 1998.[63] Í raun og veru er litlu við þessar greinar að bæta, og því er hér vísað í þær hvað varðar lýsingar á fossunum. Hér verða þó birtar nokkrar myndir, sjá mynd 7.1 og 7.2.

Til þess að gera grein fyrir þeim breytingum sem verða á rennsli Jökulsár í Fljótsdal á milli Eyjabakkastíflu og frárennslis virkjunarinnar í Norðurdal, hefur verið athugað hvernig rennslið í Jökulsá í Fljótsdal við mælistaðinn Hól verður fyrir og eftir virkjun. Niðurstöður eru sýndar á mynd 7.3. Athugaðar voru rennslismælingar árin 1950 til 1988.

Eins og fram kemur á línuritunum verður rennsli yfir vetrarmánuðina við Hól eftir virkjun að meðaltali um helmingur af rennsli fyrir virkjun, en yfir sumarið verður rennslið eftir virkjun um fjórðungur af náttúrulegu rennsli. Reikna má með að rennslið í ánni sé jafnt vaxandi frá Eyjabakkastíflu að Hóli, og kemur vatnið úr lækjum og þverám Jökulsár. Efstu fossar í ánni verða að jafnaði mjög vatnslitlir miðað við þá sem neðar eru í ánni.

Á línuritunum kemur fram að í þurrum árum, sem eru um þriðjungur ára, verður að jafnaði lítið rennsli í farvegi Jökulsár neðan Eyjabakkastíflu, einkum í efri hluta farvegarins, enda fyllist lónið í þurrum árum fyrst síðsumars og rennsli á yfirfalli verður tilölulega lítið. Í vorleysingum verður þó töluvert rennsli í ánni neðan stíflu.

Í vatnsmiklum árum, sem einnig eru um þriðjungur ára, fyllist Eyjabakkalón snemma sumars og vatn rennur um yfirfall mikinn hluta sumarsins, þannig að rennsli í farveginum verður þá mikið.

Breyting á útliti fossa í ánni verður því mjög mismikil eftir því hvernig árar, allt frá því að þeir verði mjög vatnslitlir og efstu fossarnir hverfi, í það að fossarnir virðist nánast óbreyttir frá því sem nú er yfir sumarmánuðina, þegar vatn rennur á yfirfalli við Eyjabakkastíflu. Breytingar á fossum í Jökulsá í Fljótsdal eru ekki óafturkræfar eins og breytingar á gróðurlendinu á Eyjabökkum.

7.2 FOSSAR Í HAFURSÁ OG LAUGARÁ

Í ***Hafursá*** er allhár foss þar sem hún fellur fram af Hafursárufs. Þessi foss hverfur ef Hafursá verður veitt inn í Eyjabakkalón. Sjá mynd 7.4.

Í ***Laugará*** eru fagrir fossar, á leið hennar ofan í Norðurdal, t.d. Slæðufoss og Stuðlafoss. Þeir hverfa vegna veitu Laugarár inn í aðrennslisgöng Fljótsdalsvirkjunar. Sjá myndir 7.5 og 7.6.

7.3 FOSSAR Í GRJÓTÁ OG HÖLKNÁ

Grjótárveita hefur áhrif á fossa sem eru neðan veitumannvirkja, einkum í Þuríðarstaðadalsá, sem rennur í Hrafnkelsá. Rennslið í Þuríðarstaðadalsá skerðist að jafnaði um 40% við veitu Grjótár. Áhrif á útlit fossa ofan til í ánni verða talsverð, en áhrifin minnka eftir því sem neðar dregur. Eins og fram kemur á línuriti á mynd 7.7, minnkar rennsli í Hrafnkelsá við Aðalból um 28% að meðaltali.

Í ***Hölkná*** er fallegur, regulega lagaður foss með sérstæðum aðdraganda neðarlega í ánni nálægt ármótum hennar við Jökulsá á Dal. Mynd 7.8 sýnir fossinn. Meðalrennsli Hölknár við ármótin er sýnt á

63 Helgi Hallgrímsson, 1990, 1998a, 1998b.



Mynd 7.1: *Kirkjufoss (efri fossinn) í Jökulsá í Fljótsdal.*



Mynd 7.2: *Innri-Gjögurfossar í Jökulsá í Fljótsdal.*



Mynd 7.3: *Rennsli Jökulsár í Fljótsdal við Hól fyrir og eftir virkjun.*



Mynd 7.4: *Foss í Hafursá, þar sem hún fellur ofan af Hafursárufs.*



Mynd 7.5: *Slæðufoss í Laugará.*



Mynd 7.6: *Stuðlafoss í Laugará.*



Mynd 7.7: *Rennsli í Hrafnkelsá, Hölkná og Kelduá fyrir og eftir veitu til Fljótsdalsvirkjunar.*



Mynd 7.8: *Foss í Hölkná nálægt ármótum við Jökulsá á Dal.*



Mynd 7.9: *Foss í Kelduá.*

mynd 7.7, þar sem fram kemur á línuriti rennslið fyrir og eftir virkjun. Á línuritinu má sjá að rennslið skerðist að jafnaði innan við 30% eftir virkjun frá því sem er án veitu Hölknár til virkjunarinnar. Útlitsbreytingar á fossinum verða því ekki miklar eftir virkjun frá því sem nú er.

7.4 FOSSAR Í KELDUÁ OG ÖÐRUM ÁM AF HRAUNUM

Við Sauðárveitu minnkar rennsli í ***Kelduá*** og þverám hennar (Grjótá, Innri-Sauðá og Ytri-Sauðá), sem hefur áhrif á fossa og flúðir í þeim. Mynd 7.9 sýnir foss í Kelduá. Meðalrennsli Kelduár við Sturluflöt er sýnt fyrir og eftir virkjun á mynd 7.7. Þar kemur fram að rennslið mun skerðast að jafnaði um 40% við byggingu Sauðárveitu. Efstu fossar í ánum sem veitt verður til virkjunarinnar breytast mikið frá því sem nú er en þeir fossar sem eru neðarlega í ánum munu breytast lítið í útliti þar eð rennsli þar mun verða um og yfir 50% af því rennsli sem nú er.

7.5 ÁHRIF Á GRÓÐUR

Ágúst H. Bjarnason vekur athygli á því í skýrslu sinni að fossúði leiði oft til óvenjulegrar tegundafjölbreytni umhverfis fossa, og geti lífsskilyrði plantna þar breyst við virkjun. Þessi áhrif verða þó minni en ætla mætti, því að töluvert rennsli verður í farvegunum eftir virkjun, einkum síðari hluta sumars.

8 LANDAREIGNIR, SVEITARFÉLÖG, SKIPULAG, MINJAR

8.1 LANDAREIGNIR

Með fyrirliggjandi tilhögun Fljótsdalsvirkjunar verða flest mannvirki og miðlunarlón gerð í landi kirkjujarðarinnar og höfuðbólsins Valþjófsstaðar í Fljótsdal, eða jarða sem byggðar hafa verið út frá þeirri jörð. Mynd 8.1 sýnir mörk jarða á virkjunarsvæðinu.

Aðkomugöng undir Teigsbjargi og vegur að þeim eru innan marka jarðarinnar Hóls, sem nýlega hefur verið seld einkaaðila á Egilsstöðum. Aðrennslisgöngin frá Axará að Teigsbjargi munu liggja á um 120 m dýpi undir Fljótsdalsheiði, í landi jarðanna Kleifar, Egilsstaða, Þuríðarstaða, Hóls og Valþjófsstaðar. Land innan við Axará hefur verið talið afréttur, sem er í eigu Valþjófsstaðar. Land austan Jökulsár í Fljótsdal, allt að Kelduá, er afréttur Múlajarða, þ.e. jarðanna Glúmsstaðasels, Glúmsstaða II, Glúmsstaða I, Langhúsa, Arnaldsstaða og Þorgerðarstaða. Margir Fljótsdælingar hafa talið að land þetta hafi áður verið eign Glúmsstaðabæja, en fyrir því finnast engar heimildir.[64] Austan þessa svæðis, milli Kelduár og Sauðár, er fornt ítak Valþjófsstaðarkirkju, og greiddu bændur til kirkjunnar fyrir sumarbeit á þessu svæði langt fram á þessa öld. Sóknarnefnd Valþjófsstaðarkirkju hefur gert fyrirvara um eignarhald ríkisins á jörðinni og telur að kirkjan sé sjálfseignarstofnun, sem sé eigandi allra jarða og ítaka sem kirkjunni tilheyra.

8.2 SVEITARFÉLÖG

Nánast öll mannvirki Fljótsdalsvirkjunar eru innan Fljótsdalshrepps. Nokkur ágreiningur hefur verið milli Fljótsdælinga og Jökuldælinga á undanförnum árum um mörk á milli hreppanna. Fljótsdælingar hafa talið að mörkin hafi verið Jökulsá á Brú fyrir sunnan land Aðalbóls, þar eð það svæði hefur tilheyrt afréttarlandi Valþjófsstaðarkirkju. Hafa þeir í samræmi við það smalað Vesturöræfi á haustin. Nýlega komu fram skjöl, sem benda til þess að hreppamörk séu vatnaskil á Fljótsdalsheiði. Í samræmi við það væru mörkin milli hreppanna þá vatnaskilin milli Laugarár og Hölknár. Væru þá Grjótárveita og hluti Hölknárveitu innan marka Jökuldalshrepps. Mynd 8.1 sýnir mörk sveitarfélaga á virkjunarsvæðinu.

Mannvirki Fljótsdalsvirkjunar eru að langmestu leyti í Fljótsdalshreppi. Þau sveitarfélög sem áhrif virkjunarinnar ná til með beinum eða óbeinum hætti eru einkum sveitarfélögin á Héraði:

Norður-Hérað.
Fljótsdalshreppur.
Fellahreppur.
Austur-Hérað.

Ef litið er á orkunýtingarþáttinn bætist Fjarðabyggð við, og jafnvel fleiri sveitarfélög. Sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna er Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA).

Frekari sameining sveitarfélaga hefur verið til umræðu, t.d. á Héraði, en óvíst er hvað úr því verður. Einnig kann kjördæmabreytingin, sem nú hefur verið samþykkt, að breyta einhverju í stjórnsýslunni, því að á næstu árum munu þessi sveitarfélög, ásamt Norðurlandi eystra, tilheyra Norðausturkjördæmi.

8.3 SKIPULAG

Á árunum 1995–1997 var unnið við gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands, á vegum sérstakrar nefndar þeirra sveitarfélaga, sem fara með stjórnsýslu á hálendinu. Skipulagstillagan var auglýst á árinu 1997 og staðfest af umhverfisráðherra 10. maí 1999. Mynd 8.2 sýnir hluta af skipulagsuppdrætti miðhálendisins.

Í umfjöllun svæðisskipulagsins um fyrirhuguð orkuvinnslusvæði í Norður-Múlasýslu er gert ráð fyrir Fljótsdalsvirkjun og einnig Kárahnúkavirkjun, en nefndin bendir á þann möguleika að skoða til hlítar samtengingu virkjananna til þess að unnt verði að hlífa Eyjabökkum. Eins og kemur fram hér að framan þýðir sú tilhögun að virkja þarf fyrst við Kárahnúka, sem er mun stærri virkjun en Fljótsdalsvirkjun. Það krefst

64 Skv. ritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* II (Egilsstöðum 1975), bls. 49 og 57, eru suðurmörk Glúmsstaðasels við Snikilsá, og suðurmörk Þorgerðarstaða við Tunguá. Þar fyrir innan eru afréttir.



Mynd 8.1: *Mörk jarða og sveitarfélaga á virkjunarsvæðinu.*



Mynd 8.2: *Svæðisskipulag miðhálendis Íslands, hluti úr korti.*

mjög stórs orkukaupanda strax í byrjun. Einnig er lengra í að unnt verði að hefjast handa við þá virkjun.

Sveitarstjórnir á Héraði og Skipulag ríkisins höfðu frumkvæði að því að ráðist var í að vinna svæðisskipulag fyrir Hérað og Borgarfjörð eystra árið 1996. Skipulagssvæðið náði þá til alls lands 11 sveitarfélaga og hófst vinnan í samræmi við þágildandi skipulagslög. Á árinu 1997 hófst vinna við gerð svæðisskipulags Héraðssvæðis á vegum sveitarfélaganna þar og Skipulagsstofnunar. Eftir sameiningu sveitarfélaga nær svæðisskipulag Héraðssvæðis nú til lands Norður-Héraðs, Fellahrepps, Fljótsdalshrepps, Austur-Héraðs og Borgarfjarðar eystra, neðan markalínu svæðisskipulags Miðhálendisins.

Sérstök samvinnunefnd þessara aðila stýrir verkinu, og í júní s.l. voru lögð fram drög að greinargerð til kynningar. Unnið er við gerð skipulagsuppdrátta og er stefnt að frekari kynningu á næstu vikum hjá ýmsum umsagnar- og hagsmunaaðilum. Stefnt er að því að skipulagsvinnunni verði lokið um mitt árið 2000.

Ekki liggur fyrir aðalskipulag af Fljótsdalshreppi. Þegar framkvæmdir hófust við Fljótsdalsvirkjun árið 1991 giltu þau lög (nr. 19/1964) að skipulagsskylda sveitarfélaga tók aðeins til hins byggða svæðis þeirra. Í 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga sagði, að væri ekki fyrirliggjandi staðfestur skipulagsuppdráttur af sveitarfélagi eða hluta þess, gat sveitastjórn, að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir. Í ljósi þess sótti Landsvirkjun, í samráði við Skipulag ríkisins, um leyfi fyrir byggingu virkjunarinnar í nóvember árið 1990. Sveitarstjórn taldi sig ekki geta svarað þessari beiðni fyrr en gögn og upplýsingar um rétt og stöðu hreppsnefndar lægju fyrir, en veitti leyfi til undirbúningsframkvæmda og framkvæmda við gerð aðkomuganga virkjunarinnar. Í framhaldi af því áttu aðilar viðræður um hagsmunamál þau er sveitarstjórn taldi brýnust og voru þau farsællega leyst.

Með nýjum skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, voru eldri skipulagslög felld úr gildi. Varðandi Fljótsdalsvirkjun gildir bráðabirgðaákvæði laganna, nr. 3, en þar segir:

Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að vera sótt og unnt er að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Heimilt er að vísa niðurstöðum Skipulagsstofnunar varðandi slík erindi til úrskurðarnefndar skipulagsmála.

Virkjunin sem slík er ekki byggingarleyfisskyld samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, en byggingarleyfi þarf fyrir almennum húsbyggingum virkjunarinnar í samræmi við 43. gr. laganna. Eru það sams konar ákvæði og voru í eldri skipulagslögum.

8.4 FORNMINJAR OG SÖGUMINJAR

Skv. 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breytingu á lögum 7/5 1994) eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifanefndar komi til.“ Með fornleifum er þarna m.a. átt við mannvirki og rústir sem eldri eru en 100 ára. Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 ná einnig yfir verndun menningarminja.

Áður hafa verið gerðar nokkrar athuganir á fornminjum á svæðinu. Orkustofnun lét skrá fornleifar á heiðunum á árunum 1978–1983.[65] Fornleifastofnun Íslands skráði minjar vegna svæðisskipulagsgerðar á miðhálendi[66] og á Fljótsdalshéraði.[67] Einnig hefur Helgi Hallgrímsson ritað „Samantekt um gangnamannakofa á Fljótsdalsafréttum“ (í handriti).

Landsvirkjun fékk Fornleifastofnun Íslands til að kanna nánar fornleifar á virkjunarsvæðinu, og var tekin saman greinargerð um þær.[68] Byggt var á heimildavinnu og vettvangsskoðun 14.–16. ágúst 1998. Vegna vatnavaxta komust starfsmenn Fornleifastofnunar ekki austur fyrir Jökulsá til könnunar á Múlaafrétti, og studdust þeir við ritaðar heimildir um fornminjar á því svæði.

Í greinargerð Fornleifastofnunar Íslands er getið um 12 minjastaði sem huga þarf að á framkvæmdasvæðinu, en á Fljótsdalshéraði eru alls um 186 skráðir minjastaðir.

Áhrif á fornminjar og söguminjar: Eins og fram kemur hér á undan gerði Fornleifastofnun Íslands úttekt á fornleifum á virkjunarsvæðinu. Í niðurstöðum segir:

Einu augljósu minjaspjöllin eru þau að tveir gangnamannakofar munu lenda undir vatni. Ekki er nein opinber stefna um varðveislu gangnamannakofa, enda hefur sjaldan reynt á að varðveita þá vegna framkvæmda. Þess ber að geta að gangnamannakofar eru merkar minjar sem nú eru óðum að hverfa. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um hve margir slíkir staðir eru varðveittir. Ber að leita til embættis þjóðminjavarðar um heimild til að farga þessum menningarminjum.

65 Sjá minnisblöð Odds Sigurðssonar jarðfræðings. Einnig Hjörleifur Guttormsson, 1981, bls. 249.
66 Orri Vésteinsson, 1996.
67 Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998.
68 Adolf Friðriksson, 1998.



Mynd 8.3: *Við Hálskofa 29. júlí 1999.*

Helstu niðurstöður eru þessar:

- *Hálskofi vestan Jökulsár mun fara undir vatn við gerð Eyjabakkamiðlunar.*
- *Eyjafellskofi [Bergkvíslarkofi] austan Jökulsár mun fara undir vatn við gerð Eyjabakkamiðlunar.*
- *Hrakstrandarkofi austan Jökulsár er skammt frá grjótnámu ... og ber því að forðast rask nærri mannvistarleifunum vegna grjótnámsins.*
- *Melarétt [í Fljótsdal] er skammt frá þeim stað þar sem fyrirhugað er að sækja steypuefni innan við Bessastaðaá. Mikilvægt er að gæta þess að réttinni verði ekki spillt.*
- *Grjótárveita, Hölknárveita, Laugarárinntak ...: Engar minjar eru sjáanlegar á þessum stöðum.*
- *Ekki var gerð athugun á áhrifum vegna framkvæmda við Sauðárveitu [Hraunaveitu minni], enda mun hönnun hennar ekki vera lokið.*
- *[Aðkomugöng í Norðurdal]: Landsvirkjun hefur þegar gert ráðstafanir til varðveislu Teigshúsa og Gamli stekkur, sem er norðaustan þeirra, er ekki í hættu.*
- *[Aðkoma III við Axará]: Engar minjar eru sjáanlegar á þessum stöðum.*
- *Hólssel og varðan ofan við selið eru [á heiðarbrúninni ofan við Hól í Norðurdal]. Æskilegt er að sýna aðgát á þeim stað.*

Þess skal getið að Hrakstrandarkofi austan Jökulsár er talsvert norðan við grjótnámu og mun ekki vera í hættu, og Hólssel mun ekki heldur vera í hættu.[69] Þó að hér sé talað um Hálskofa í eintölu, þá eru tveir kofar undir Snæfellshálsi. Það er eldri kofinn sem hefur minjagildi. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti og er nú notaður sem hesthús. Sjá mynd 8.3.

Mótvægisaðgerðir: Eins og fram kemur hér á undan þarf að sýna aðgæslu við framkvæmdir við Melarétt og Teigshús og e.t.v. Hólssel. Rústir Teigshúsa hafa þegar verið girtar af til þess að koma í veg fyrir rask af völdum framkvæmda. Hvað snertir Hálskofa og Bergkvíslarkofa verður haft samráð við þjóðminjavörð um hvernig tekið verður á málum, t.d. hvort ráðist verður í fornleifarannsóknir á þessum stöðum. Einnig kæmi til greina að endurbyggja kofana á nýjum stað.

69 Rúst Sjónarhólskofa gæti farið undir vatn ef ráðist verður í Hraunaveitu meiri, en mat á þeirri framkvæmd er utan við ramma þessarar skýrslu.

9 ÁHRIF Á SAMFÉLAG, EFNAHAG OG ÚTIVIST

Eftirfarandi samantekt er að mestu leyti byggð á greinargerð sem Hönnun og ráðgjöf á Reyðarfirði hefur unnið fyrir Landsvirkjun um félagsleg og efnahagsleg áhrif virkjana á Austurlandi.[70] Kafli 9.5 um ferðamennsku byggist á greinargerð Jóns Gauta Jónssonar um það efni.

9.1 STAÐA ATVINNULÍFS Á AUSTURLANDI

Vinnumarkaður á Austurlandi einkennist af árstíðasveiflum og miklu vægi sjávarútvegs. Tafla 9.1-1 sýnir skiptingu starfa á Austurlandi á milli atvinnugreina á árunum 1986 og 1996. Á töflunni sést að á 10 ára tímabili fækkaði störfum um 850 á Mið-Austurlandi, og þar af fækkaði um 466 störf í fiskvinnslu, 250 í landbúnaði og yfir 220 samtals í iðnaði og byggingarvinnu. Á sama tíma fjölgaði störfum í þjónustu um 159. Einnig er áberandi að í samdráttargreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, hefur fækkað meira á Austurlandi en á landsvísu og fjölgað minna í þjónustugreinum. Töluvert er um árstíðabundin störf á Austurlandi, svo sem í sjávarútvegi, sláturhúsum, byggingarstarfsemi, ferðamannaþjónustu og annarri þjónustu. Þessi störf hafa m.a. hentað ágætlega fólki sem býr í sveitum, skólafólki og húsmæðrum. Þau eru hins vegar ekki framtíðarstörf fyrir unga fólkið, sem sækir í áhugaverð, krefjandi og vel launuð heilsársstörf á höfuðborgarsvæðinu. Margt fólk flytur þannig á brott til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Tafla 9.1-1 *Skipting atvinnugreina á 10 ára tímabili*

ATVINNUGREIN	*1986*	*1996*	*BREYTINGAR %*
Landbúnaður	577	327	-43,3
Fiskveiðar	433	409	-5,5
Fiskvinnsla	1.096	630	-42,5
Iðnaður	517	367	-29,0
Byggingarstarfsemi	385	307	-20,3
Verslun	526	506	-3,8
Samgöngur	250	240	-4,0
Bankar o.fl.	153	186	+21,6
Önnur þjónusta	895	1.054	+17,8
Alls	4.832	3.981	-16,7

Þó svo að aukning í þjónustugreinum hafi verið hægari á Austurlandi en á landsvísu, er opinber þjónusta allgóð í fjórðungnum, aukin áhersla hefur verið lögð á að auka tækifæri til menntunar. Samgöngur hafa farið batnandi, bæði með nýjum flugvelli á Egilsstöðum, bættum vegum og aukinni þjónustu við að halda opnum vegum milli fjarða og Héraðs að vetrarlagi.

Atvinnusvæði fyrirhugaðra virkjana ræðst af einkennum svæðisins og fjarlægðum, en vinnusókn afmarkast yfirleitt af þeirri hámarksvegalengd sem raunhæft er að reikna með að fólk fari daglega til vinnu sinnar. Í þessu tilfelli er eðlilegra að miða vinnusókn við ferðatíma heldur en vegalengd og er í þessari skýrslu miðað við þá staði sem eru innan 30 mínútna aksturlengdar frá stöðvarhúsi í Fljótsdal. Það er í um 40 km fjarlægð frá Egilsstöðum, sem gerir u.þ.b. 30 mínútna akstur, og því er hægt að tala um mest allt Upp-Hérað sem vinnusókn. Þjónustusvæði getur hins vegar verið mun stærra og telja má víst að áhrifa á framkvæmdatíma virkjana gæti beint og óbeint um allt land, þar eð verulegur hluti starfsmanna mun þá búa í vinnubúðum á svæðinu og fara heim um helgar eða í vaktafríum. Líklegast er þó að áhrif virkjunarinnar á atvinnulíf á byggingartíma verði langmest á Austurlandi og Norðausturlandi.

Eðlilegt er að greina samfélagsleg áhrif Fljótsdalsvirkjunar í tvennt. Annars vegar er um að ræða áhrif virkjunar á undirbúnings- og framkvæmdatíma og hins vegar áhrif virkjunar eftir að rekstur hennar er hafinn.

9.2 ÁHRIF VIRKJUNAR Á UNDIRBÚNINGS- OG FRAMKVÆMDATÍMA

9.2.1 Inngangur

Segja má að áhrifa virkjana gæti strax og umræða um viðkomandi virkjunarkost hefst. Mörg dæmi eru um að slíkt veki væntingar um aukna atvinnu og betri afkomu. Á níunda áratugnum, þegar stjórnvöld lögðu áherslu á að hefjast handa við Fljótsdalsvirkjun, varð

70 Hönnun og ráðgjöf, 1999.

þess vart að menn töldu vænlegt að endurnýja tæki og búnað í ljósi bjartari tíma framundan.

Á árunum 1980–1985 var unnið við verulegar undirbúningsframkvæmdir, eins og vegagerð í byggð og um Fljótsdalsheiði. Þessar framkvæmdir hafa leitt til aukins ferðamannastraums og bættra samgangna innan Héraðs. Ferðamennska á Fljótsdalsheiði og nærliggjandi hálendi hefur á undanförnum árum byggst á þessum framkvæmdum að verulegu leyti. Einnig má nefna hér að vegna undirbúnings virkjunarinnar hafa skapast ýmiss konar verkefni og þjónusta innan héraðs við rannsóknarstörf, verktakastarfsemi, tækniþjónustu og aðra þjónustu. Slík verkefni hafa verið unnin á svæðinu í aldarfjórðung með sívaxandi þátttöku heimamanna.

Ekki er óeðlilegt að horfa til Blönduvirkjunar sérstaklega þegar reynt er að meta áhrif Fljótsdalsvirkjunar, því þar er um að ræða nýlega virkjun á landsbyggðinni og án stóriðju í nágrenninu. Eitt megin einkenni áhrifa frá Blönduvirkjun er að þau koma á sama tíma og mikill samdráttur á sér stað í landbúnaði. Umsvifin komu að nokkru í stað þess samdráttar þannig að heildarútkoman varð e.t.v. minni samdráttur fremur en aukin þensla.[71]

Vinnuaflsþörf er breytileg eftir eðli og umfangi virkjunarframkvæmda. Verktakar við byggingu virkjananna munu koma víðsvegar að af landinu, og jafnvel erlendis frá. Þeir munu væntanlega koma með hluta vinnuaflsins með sér og ráða það heimafólk sem býðst til starfa.

Á framkvæmdatíma virkjana á Suðurlandi kom í ljós að meira vinnuafl var tiltækt en talið var. Bændur í nágrenninu unnu mikið í virkjununum. Erfitt er að meta áhrif virkjunarframkvæmda á Suðurlandi á fækkun íbúa í sveitum þar. Mikil eftirspurn var eftir vinnu við virkjanirnar og sumir vinnustaðir í næsta nágrenni stóðu eftir hálftómir, sér í lagi þeir sem ekki gátu keppt um vinnuaflið hvað varðaði kaup og kjör. Þetta voru einkum vinnustaðir sem buðu upp á stopult eða sveiflukennt vinnuframboð.

Leitað var til Norðmanna varðandi reynslu þeirra af uppbyggingu í Suldal á árunum 1968–1983, en þar reistu bæði Statkraft og Norsk Hydro virkjanir í samfélagi, sem líkist að sumu leyti aðstæðum austanlands. Fram kom í viðræðum við forráðamenn sveitarfélagsins í Suldal, að fólksfjöldi sveitarfélagsins hefði aukist verulega að loknum virkjunarframkvæmdunum, sem stóðu yfir í 15–20 ár. Stafaði það af aukinni þjónustu, bæði opinberri og einkaaðila, sem byggst hefði upp á framkvæmdatímanum, og stækkaði þannig þjónustusvæði sveitarfélagsins. Heldur hefur íbúum þó fækkað þar eins og víðar í dreifbýli Noregs síðustu árin.

71 Örn D. Jónsson, 1990.

9.2.2 Mannaflaþörf við byggingu Fljótsdalsvirkjunar

Reikna má með að framkvæmdatími við Fljótsdalsvirkjun verði tæp fjögur ár. Talið er að heildarársverk við Fljótsdalsvirkjun verði um 1.100 við beina framkvæmd verksins. Að auki er reiknað með allt að 200 ársverkum við hönnun, eftirlit umsjón og stjórnun þannig að heildarfjöldi ársverka verður um 1.300. Fjöldi starfsmanna á framkvæmdatíma ræðst af verktíma og hvers konar verk eru unnin. Þannig er erfitt að vinna að vetrarlagi við stíflugerð og steypuvinnu á hálendinu, en unnt er að vinna allan ársins hring við jarðgangagerð.

Rétt er að vekja athygli á því að sú þróun hefur orðið á undanförnum árum að aukin tækni og vélvæðing hefur orðið við framkvæmdir þannig að hlutfall verkamannavinnu hefur minnkað en þörf fyrir vana tækjamenn og sérhæfða iðnaðarmenn aukist.

Að öðru jöfnu er stígandi í mannaflaþörf á framkvæmdatímanum þannig að mestur fjöldi starfsmanna er yfirleitt það ár, sem virkjunin er tekin í notkun. Eftir það er yfirleitt aðeins um frágangsvinnu að ræða, sem ekki krefst mikils mannafla.

Mynd 9.1 sýnir fjölda starfsmanna á virkjunarstað á byggingartíma skv. núverandi áætlunum. Mun minni sveiflur verða í mannaflaþörf við byggingu Fljótsdalsvirkjunar en við fyrri virkjanir hér á landi og stafar það af því að vinna neðanjarðar er hlutfallslega mun hærri.

Ef litið er til þess hvernig þessi ársverk skiptast milli starfsgreina hjá verktökum er áætlað að slík skipting geti litið út eins og sýnt er á mynd 9.2

9.3 VARANLEG ÁHRIF VIRKJUNAR

9.3.1 Störf við virkjunina á rekstrarstigi

Eftir að framkvæmdum lýkur munu starfa við virkjunina um 15 manns, einkum tæknimenn og vélstjórar. Þá er ótalin ýmis mælinga-, eftirlits- og rannsóknarvinna, sem og sumarvinna fyrir unglinga líkt og gert er við virkjanir á Suðurlandi og við Blönduvirkjun. Einnig kaupir virkjunin að ýmsa þjónustu frá heimamönnum og töluverðar rannsóknir og eftirlit fara fram á sumrin. Sú þjónusta sem Landsvirkjun kaupir af fyrirtækjum, verktökum og einstaklingum í nágrenni Blönduvirkjunar er á bilinu 40–50 milljónir á ári, og má ætla að ámóta viðskipti muni verða vegna Fljótsdalsvirkjunar, við rekstur hennar.

9.3.2 Áhrif á efnahag og atvinnu

Reynslan frá Suðurlandi og Noregi sýnir að nokkurt rót komist á samfélagið þar sem mikið vinnuframboð verður á litlum heimamarkaði, eins og hér að framan hefur verið lýst. Ástæður þess eru að framkvæmdirnar



Mynd 9.1: *Fjöldi starfsmanna á byggingarstað á virkjunartíma.*



Mynd 9.2: *Skipting mannafla eftir starfsgreinum við byggingu Fljótsdalsvirkjunar.*

fela í sér áherslubreytingar í atvinnulífinu og breyta atvinnuskiptingu. Þessar breytingar eru þó ekki varanlegar. Þannig má segja að ástandið sem skapast á uppbyggingartíma sé „óeðlilegt“, þ.e. tímabundin þensluáhrif sem hverfa.

Á Blönduósi varð töluverður hagvöxtur í langan tíma í tengslum við Blönduvirkjun, en verkið dreifðist á um 10 ár. Þar kom fram að áhrif virkjanaframkvæmdanna á atvinnulíf nágrannabyggðarlaga voru veruleg, en þau voru staðbundin og tengd ákveðnum atvinnugreinum.[72] Á þeim tíma gátu allir heimamenn fengið vinnu við verkið sem vildu. Þensla einkenndi þetta tímabil.

Svipaða sögu má segja af Suðurlandi en þar efldust nokkur fyrirtæki verulega í kjölfar virkjanaframkvæmdanna. Framkvæmdirnar komu fótum undir starfsemi öflugra verktakafyrirtækja, sem nú starfa á landsvísu, og heimamenn hafa í sívaxandi mæli fengið verkefni við virkjanaframkvæmdir sem aðal- eða undirverktakar.

Fyrirsjáanlegt er að fjöldi smærri fyrirtækja sem eru í iðnaði og byggingarstarfsemi auk sjálfstætt starfandi iðnaðarmanna, muni njóta góðs af framkvæmdum við fyrirhugaðar virkjanir. Þau munu selja vörur og þjónustu til verktaka, framkvæmdaraðila og annarra aðila sem tengjast framkvæmdunum. Reynslan sýnir að veruleg þensla getur orðið á næsta áhrifasvæði stórframkvæmdanna og dæmi eru um að heimamenn vinni áfram hjá verktaka í næsta verki í öðrum landshluta. Vélbúnaður verktaka er í dag afkastameiri og sérhæfðari en áður var og verktakar reyna að halda mönnum, sem hafa öðlast nauðsynlega þjálfun og færni. Hinu er ekki að leyna að margt það fólk sem ræður sig til virkjanaframkvæmda hverfur frá annarri vinnu og þessi aukna eftirspurn veldur því að hefðbundnir atvinnuvegir svæðisins kunna að eiga erfiðara en ella með að tryggja sér fullnægjandi vinnuafl.

Áhrif virkjanaframkvæmda eru ekki eingöngu bundin við beina atvinnuþátttöku, heldur virðist þjónusta í nágrenni framkvæmdanna vega þungt. Við virkjanaframkvæmdir á Suðurlandi var mikil þjónusta sótt til Selfoss, en nálægðin við höfuðborgina gerði það einnig að verkum að hluta þjónustu var sinnt þaðan. Á Norðurlandi gætti þessara áhrifa mest á Blönduósi og er hlutur kaupfélaganna þar áberandi mestur, auk sérhæfðari þjónustu minni aðila. Loks má nefna að á framkvæmdatíma er ávallt töluvert um ferðamenn sem vilja skoða framkvæmdirnar og mun svo verða við Fljótsdalsvirkjun einnig.

Ferðaþjónusta á Suðurlandi og á Norðurlandi hefur notið góðs af vegabótum samfara virkjanaframkvæmdum, en helstu leiðir á hálendinu, s.s. Sprengisandsleið og Kjalvegur, voru að hluta byggðar upp í tengslum við virkjanaframkvæmdir. Líklegt er að þjónustuhlutverk Hallormsstaðar stóraukist frá því sem nú er, þar eð staðurinn verður í 10-15 mínútna akstursvegalengd frá stöðvarhússvæði virkjunar. Hið sama á vitaskuld um Egilsstaði hvort heldur er á byggingartíma virkjunar eða við rekstur hennar.

Viðbrögð fyrirtækja á Austurlandi við fyrirsjáanlegri aukinni eftirspurn eftir vörum og þjónustu í tengslum við virkjanirnar ráða miklu um hve mikil margfeldisáhrif af þessum framkvæmdum verða á svæðinu, en reynslan sýnir að margfeldisáhrif eru sterkust þar sem þjónustustigið er hæst. Þau eru m.a. fólgin í afleiddum störfum og rætt hefur verið um að margfeldisstuðull vegna þessara starfa sé 2 til 2,5 en aðeins 1 starf af þessum áhrifum skili sér á Austurlandi. Því er fyrirsjáanlegt að skapast muni nokkur fjöldi þjónustustarfa og rannsóknarstarfa á Austurlandi á næstu árum. Hins vegar eru margfeldisáhrif ekki síður fólgin í auknum hagvexti á svæðinu og fjölgun hálaunastarfa, sem sumpart verða á kostnað láglaunastarfa sem kunna að leggjast af. Bætt nýting þjónustu og hagræði vegna fleiri íbúa eru einnig dæmi um margfeldisáhrif sem erfitt er að mæla.

9.3.3 Viðnám gegn brottflutningi

Ekki eru til áþreifanleg dæmi um verulega íbúafjölgun vegna áhrifa virkjana eingöngu. Síðustu virkjanaframkvæmdir á Íslandi hafa átt sér stað á sama tíma og stórkostlegur flutningur fólks úr dreifbýli í þéttbýli, ásamt verulegum samdrætti í landbúnaði og hefðbundnum framleiðsluatvinnugreinum. Framkvæmdir og rekstur virkjana hafa hamlað gegn fólksflótta þar sem þróunin er í þá áttina.

Reynslan hér á landi sýnir að íbúafjöldi í dreifbýli og smáum bæjum tekur kipp við stórframkvæmdir, en nær undantekningalaust hefur fólki haldið áfram að fækka eftir framkvæmdirnar. Á Suðurlandi hægðu virkjanaframkvæmdir á brottflutningi fólks í mörgum sveitarfélögum og margir aðfluttir stöldruðu við að framkvæmdum loknum. Á Blönduósi náði fólksfjöldi hámarki um lok níunda áratugarins, þegar framkvæmdir við Blönduvirkjun stóðu sem hæst, en fækkaði svo fljótlega aftur. Íbúafjöldinn hefur farið úr 1.100 þegar mest var, en er nú um 970. Áhrif af fólksfækkun í landbúnaði í Skagafirði og á Norðurlandi vestra ráða meiru um þessa þróun en áhrif Blönduvirkjunar. Flest bendir til að áhrif virkjunar hafi verið góð fyrir efnahag íbúanna og líklega væri þar verra ástand nú ef ekki hefði komið til virkjunar.

Reynslan frá Noregi sýnir að íbúum dreifbýlis fjölgar þar sem virkjað er, á meðan á framkvæmdum stendur og fyrstu ár þar á eftir. Yfirleitt er íbúaþróunin

72 Örn D. Jónsson, 1990.

neikvæð fyrir virkjanaframkvæmdir, og eftir að nokkurri aukningu er náð tekur íbúum að fækka á nýjan leik. Sú fækkun verður þó hægari en hún var fyrir framkvæmdirnar og tilkoma virkjananna skapar meiri stöðugleika en fyrir var. Virkjanirnar eru ekki eins og fyrirtæki sem koma og fara, heldur eru þær „mengunarlausar eilífðarvélar" sem eru komnar til að vera.[73]

9.3.4 Bættar samgöngur og ferðaþjónusta

Aukin umferð vegna stórframkvæmda kallar eðlilega á samgöngubætur, sem nýtast til góðs eftir framkvæmdatímabil. Endurbyggja þarf helstu brýr og flutningaleiðir í innaverðum Fljótsdal frá Atlavík. Áætlaður kostnaður við vegabætur, þ.e. klæðningu allra vega, undirbyggingu helstu leiða og brúarframkvæmdir, verður um 550 milljónir króna. Eins og kemur fram í kafla 4.10 hér að framan, eru fyrirhugaðar ýmsar vegabætur á Fljótsdalsheiði vegna framkvæmdanna, sem nýtast munu í framtíðinni.

Aðilar í ferðaþjónustu telja afar óþægilegt að búa við þá óvissu sem ríkir um framtíð fyrirhugaðs virkjanasvæðis og áhrifasvæða virkjana, en búast jafnframt við að njóta aukinna tekna vegna tilkomu virkjana og bættra samgangna. Á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir að mikil eftirspurn verði eftir gistirými í nágrenni virkjunarinnar. Í Suldal í Noregi telja talsmenn sveitarfélaganna að uppbygging vega og þjónustu í kjölfar virkjana hafi haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu. Reynsla þeirra er sú að bygging virkjana á svæðinu hafi síður en svo fælt ferðamenn frá svæðinu. Reynslan þaðan sýnir að ferðamönnum fjölgaði við framkvæmdirnar vegna bætts aðgengis og aukinnar þjónustu í kjölfar uppbyggingar. Því má leiða líkur að því að sama þróun verði vegna Fljótsdalsvirkjunar. Rétt er að benda á að einhverjir ferðamenn kunna að velja aðra staði vegna þeirrar röskunar, sem virkjunin mun valda, en líklegt er að aðrir og fleiri komi í þeirra stað. Sjá nánari umfjöllun um ferðamennsku í kafla 9.5 hér á eftir.

Efnahagsleg áhrif virkjana felast einkum í atvinnusköpun vegna þess iðnaðar sem nýtir orkuna, svo og raforkusölunni sjálfri. Í nýlegri rannsókn á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju á Íslandi kemur fram, að til þessa hefur stóriðjan skilað hreinum arði til þjóðfélagsins, að teknu tilliti til alls kostnaðar, þar með fjárfestingarkostnaðar, sem nemur 0,5% af þjóðarframleiðslu á hverju ári síðustu 30 árin, og var t.d. tveir og hálfur milljarður árið 1997. Ávinningur þjóðarinnar af stóriðju er að núvirði um 18% af landsframleiðslu ársins 1997, eða rúmir 92 milljarðar króna. Stærstur hluti þessa ávinnings, eða 60%, felast í notkun vannýttra framleiðsluþátta í efnahagslægðum, en að öðru leyti í ávinningi Landsvirkjunar, viðbótartekjum hins opinbera vegna skatta stóriðjufyrirtækjanna og launaávinningi sem til kemur af aukinni fjölbreytni atvinnuveganna. Á tímabilinu 1967 til 1971 var fjárfesting í stóriðju hvað mest og nam hún fjórðungi af heildarfjárfestingu á árunum 1968 og 1969.[74]

9.4 NIÐURSTAÐA UM FÉLAGSLEG OG EFNAHAGSLEG ÁHRIF

Bygging Fljótsdalsvirkjunar mun hafa veruleg áhrif á atvinnulífið á Austurlandi tímabundið, og reyndar mun áhrifanna gæta um allt land. Helstu áhrif byggingarframkvæmda á atvinnulíf svæðisins munu koma fram í kaupum verktaka og starfsmanna á vörum og þjónustu, fjölgun starfa og aukningu tekna. Fjöldi smærri fyrirtækja sem eru í iðnaði og byggingarstarfsemi, auk sjálfstætt starfandi iðnaðarmanna, munu njóta góðs af framkvæmdunum. Þensluáhrifa kemur til með að gæta á uppbyggingartíma virkjunar með aukinni atvinnuþátttöku, hækkun launa og fjölda aðkomufólks sem leitar inn á atvinnusvæði virkjunarinnar til skammtímavalar. Aukin eftirspurn eftir vinnuafli kann að draga tímabundið vinnuafl frá hefðbundnum atvinnugreinum. Virkjunarframkvæmdin og sú uppbygging atvinnulífs sem hún veldur, mun veita viðnám gegn brottflutningi fólks af svæðinu.

Mestu varanlegu áhrif virkjunarinnar eru atvinnusköpunin vegna þess iðnaðar sem nýtir orkuna og þau margfeldisáhrif sem af uppbyggingu slíks iðnaðar mun leiða.

9.5 ÁHRIF FLJÓTSDALSVIRKJUNAR Á FERÐAMENNSKU

Í fylgiriti er greinargerð um líkleg áhrif Fljótsdalsvirkjunar á ferðamennsku norðan Vatnajökuls.[75] Athugunarsvæðið afmarkast af Jökulsá í Fljótsdal að austan og Jökulsá á Brú að vestan. Í suðri ráða jöklar en í norðri afmarkast svæðið af línu milli Brúar á Jökuldal og Bessastaða í Fljótsdal.

Markmið greinargerðarinnar er að meta hvort fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir muni draga úr vaxtarmöguleikum ferðaþjónustunnar, bæði á þessu svæði og eins á landinu í heild, eða hvort hið gagnstæða kunni að gerast, þ.e. að ferðamennska á svæðinu muni eflast í kjölfar virkjunar.

Litið er á ferðamennskuna í ljósi arðsemi, bæði fyrir þjóðarbúið í heild og einstaka hagsmunaaðila og sú forsenda gefin að vilji og áhugi sé fyrir því að efla

73 Hallvard Bakka, Suldal utviklingsselskap. Munnl. upplýsingar.

74 Páll Harðarsson, 1998.

75 Jón Gauti Jónsson, 1999. Þar er vísað nánar til heimilda. Einnig Anna Dóra Sæþórsdóttir, 1998.

hana frá því sem nú er. Í ljósi þessa er gengið út frá því að vernd náttúrunnar felist einkum í því að halda allri umferð á afmörkuðum og merktum slóðum þannig að hvorki hljótist af landspjöll, né að röskun verði á dýra- og fuglalífi. Einnig felst hún í góðri gistiaðstöðu með vörslu og snyrtiaðstöðu, sem uppfyllir kröfur heilbrigðisyfirvalda.

Ferðamennska og ferðaþjónusta á svæðinu í dag

Ferðamennska á svæðinu hefur skv. athugunum að mestu staðið í stað undanfarinn áratug þrátt fyrir tilraunir til að efla hana, m.a. með aukinni markaðssetningu. Hlutur erlendra ferðamanna í gestakomum á svæðið er tiltölulega lítill, a.m.k. samanborið við gestakomur til landsins og aðra hluta hálendisins.

Vegir/slóðir: Hringleið liggur um svæðið. Hún liggur upp úr Hrafnkelsdal og inn undir Snæfell og þaðan eftir Fljótsdalsheiði niður í byggð í Fljótsdal. Af þessari leið liggja afleggjarar inn að Snæfellsskála og áfram inn að Brúarjökli, og einnig inn að Eyjabakkafossi frá Laugarfelli. Upp úr Fljótsdal er uppbyggður vegur inn að Laugarfelli. Afleggjarinn inn að Eyjabakkafossi verður byggður upp inn að fyrirhuguðu stíflustæði við Eyjabakkavað, og slóð verður lögð meðfram stíflunni. Ekki er ráðgert að almenn umferð verði um svæðið austan Jökulsár, en þó er gert ráð fyrir vegslóðum þar meðfram Sauðárveitu. Sjá kafla 4.10 um vegi.

Gistiaðstaða: Góð gistiaðstaða er í Snæfellsskála, skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs við rætur Snæfells að vestan. Sjá mynd 9.3. Ennfremur er gist við gangnamannakofann við Laugarfell, þ. á m. í skipulögðum hestaferðum.

Reiðleiðir: Ein reiðleið hefur myndast á svæðinu. Þetta er hringferð um Fljótsdalsheiði, Vesturöræfi og Snæfell með viðkomu bæði við Kárahnjúka og hjá Eyjabökkum.

Gönguleiðir: Gönguferðir um svæðið hafa nær einskorðast við svæðið í kringum Snæfell og upp á það og frá Eyjabakkajökli og niður í Lónsöræfi.

Ferðamennska á svæðinu sumarið 1999

Sumarið 1999 var gerð úttekt á ferðum og ferðaháttum fólks sem lagði leið sína um Vesturöræfi og Snæfellssvæðið. Hún fólst í fyrsta lagi í ökutækjatalningu sem stóð yfir frá 9. júlí til 14. september, og gerð var á þremur stöðum. Í öðru lagi var fylgst með ferðaháttum fólks um þriggja vikna skeið, og í þriðja lagi var leitað til ferðafélaga og annarra ferðaþjónustuaðila um upplýsingar um fjölda ferða o.fl. í lok sumars.

Ljóst er að sprenging varð í fjölda ferðamanna sumarið 1999, aðallega í fjölda Íslendinga. Þessi geysilega fjölgun kemur fyrst og fremst fram í aukinni dagsumferð um svæðið. Gistináttum í Snæfellsskála fjölgaði reyndar um 30–40%, en vart er merkjanleg aukning í skipulögðum hestaferðum eða gönguferðum niður í Lónsöræfi.

Ástæður þessarar fjölgunar má einkum rekja til eftirtalinna þátta:

- Veður var mjög hagstætt ferðamennsku á Austurlandi í sumar.
- Bætt efnahagsástand hér á landi hefur m.a. skilað sér í stóraukinni jeppaeign landsmanna, sem ætla má að leitt hafi til aukinna ferðalaga um óbyggðir Íslands.
- Síðast en ekki síst var nær dagleg kynning á þessu landsvæði í fjölmiðlum, bæði sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum allt sumarið 1999, þar sem m.a. var skorað á fólk að fara um þetta svæði og kynna sér það vegna virkjanaáforma.

Samkvæmt niðurstöðum talningar sumarið 1999 má áætla að fjöldinn sem fór um Snæfellssvæðið og inn að Eyjabakkafossi sumarið 1999, hafi verið 4.000–4.500 manns.

Helstu niðurstöður athugunar á ferðaháttum í einstaklings/fjölskylduferðum á eigin vegum eru þær að langstærstur hluti fólks, eða 3.000–3.500 manns, notar ökutækið nær eingöngu til að skoða sig um og dvelur mjög stutt á svæðinu, eða einn dag eða skemur.

Samkvæmt upplýsingum frá ferðaþjónustuaðilum má ráðgera að um eða yfir 1.000 manns hafi farið í skipulögðum hópferðum um Snæfellssvæðið í sumar, þar af hafi rúmur helmingur haft þar viðkomu í lengri ferðum og um leið gefið sér betri tíma til að fara um svæðið.

Fullyrða má að langstærstur hluti ferðamanna, eða 85–90%, hafi varið um einni klukkustund til að skoða fyrirhugað virkjanasvæði og þá fyrst og fremst með yfirsýn frá Eyjabakkafossi.

Mannvirki – sjónræn áhrif

Fyrir hinn almenna ferðamann mun fyrirhuguð virkjun einkum hafa þær afleiðingar að sýn til einstakra svæða og náttúrufyrirbæra mun breytast verulega. Mest áberandi í landslaginu verður nýtt lón, Eyjabakkalón og stíflumannvirki, en einnig verður mikil skerðing á vatnsrennsli Jökulsár fyrir neðan stífluna.

Hvað varðar Snæfellssvæðið og Vesturöræfi þá virðist ljóst að langstærstur hluti ferðafólks meti fegurð svæðisins m.t.t. að það sé skoðað úr fjarlægð. Þessi ályktun er dregin í ljósi þess að ferðafólk á þessu svæði stoppar stutt við og lætur nægja að skoða landið út um bílrúðuna.

Þá er það staðreynd að erfitt er að fara um Eyja-



Mynd 9.3: *Snæfellsskáli 26. júlí 1999.*

bakkasvæðið og eiga því fáir þess kost að kynnast þeirri náttúru er þar gefur að líta, m.a. við jaðar Eyjabakkajökuls. Ennfremur er torsótt að njóta þess fugla- og dýralífs sem þar heldur sig. Hreindýr koma sér strax á brott og heiðagæsir sem þarna halda sig eru í sárum og flytja sig um leið og þær verða fyrir truflun. Má því segja, að eigi Eyjabakkar að vera griðastaður heiðagæsa og hreindýra þá verður að friða svæðið fyrir allri umferð ferðamanna, a.m.k. á fellitíma gæsanna í júlí og ágúst.

Hér verður gerð grein fyrir því hvar ferðamenn verða fyrst og fremst varir við breytingar á núverandi sýn til landsins er þeir ferðast um svæðið.

Af ökuleiðum: Sé gengið út frá núverandi vegakerfi mun Eyjabakkalón verða sýnilegt öðru hverju af veginum inn að Brúarjökli þegar kemur inn fyrir Litla-Snæfell. Eyjabakkalón og mannvirki því tengd eru sýnileg þegar ekið er inn fyrir Laugarfell og um skarðið milli Sandfells og Hafursfells. Þá munu ennfremur verða sýnilegir lágir stíflugarðar vegna Grjótár-, Hölknár- og Laugarárveitna, svo og veituskurðir á leiðinni inn í Snæfellsskála, einkum í grennd við vegamót við Sauðafell, þar sem m.a. þarf að breyta legu vegarins.

Af reiðleiðum: Skipulagðar hestaferðir síðustu ára hafa myndað hringleið um Vesturöræfi og Snæfell. Þessi leið liggur m.a. utan í hlíðum Snæfells að austan nálægt fyrirhuguðu vatnsborði. Fyrirhugað lón verður því mjög áberandi á um 10 km kafla.

Af gönguleiðum: Vinsæl gönguleið er yfir í Lónsöræfi, sem leiðin er venjulega kennd við. Á fyrsta degi þessarar göngu er gengið yfir Eyjabakkajökul og þaðan mun útsýni yfir Eyjabakka breytast verulega. Frá skála við Geldingafell sést lítið til lónsins og það sama gildir austar á þessari gönguleið. Ganga frá Snæfellsskála í gegnum Þjófadal og að Eyjabökkum hefur verið stunduð nokkuð. Þessi leið breytist verulega með tilkomu lónsins. Þá mun útsýn af tindi Snæfells yfir Eyjabakka breytast verulega. Á gönguleið niður með Jökulsá í Fljótsdal mun útlit fossa breytast verulega, einkum útlit efstu fossanna.

Frá gististöðum: Sýn frá núverandi og fyrirhuguðum gististöðum mun ekki breytast með tilkomu virkjunar.

Áhrif virkjunar á ferðamennsku

Við mat á áhrifum Fljótsdalsvirkjunar á ferðamennsku, bæði á landinu almennt en einnig Vesturöræfum og Snæfellssvæðinu, er eftirfarandi einkum lagt til grundvallar:

- Rannsóknir Norðmanna á áhrifum virkjana á ferðamennsku.
- Saga ferðamennsku og ferðaþjónustu í heiminum og kenningar fræðimanna.
- Áhrif núverandi virkjana hér á landi á ferðamennsku og ferðaþjónustu.
- Þróun ferðamennsku hér á landi.
- Skoðanakannanir meðal erlendra gesta og Íslendinga.
- Miðhálendi Íslands – svæðisskipulag 2015.
- Upplýsingar/álit frá ferðaþjónustuaðilum.

Öll þessi gögn og upplýsingar benda til þess að virkjanir á þessu landsvæði muni ekki leiða til samdráttar í ferðamennsku, hvorki á landinu í heild né á virkjunarsvæðinu. Þvert á móti benda flest rök til þess að bættir vegir muni geta hleypt nýju blóði í ferðamennsku á svæðinu, og skipta þar ekki sköpum þau mannvirki sem fyrirhuguð eru og tilheyrandi breyting á ásýnd lands.

Sennilegt er að breyting verði á því hvers konar ferðamenn heimsæki svæðið. Ferðamönnum, sem vilja lágmarksþjónustu, og sækja í einveru og kyrrð muni líklega fækka, en í stað þeirra muni koma mun fjölmennari hópur, sem vill betri og fjölbreyttari þjónustu en nú er boðið upp á. Er það í samræmi við það mat að áhrif virkjunarinnar verði mest á ferðir göngufólks.

Í umræðunni um þróun ferðamennsku hér á landi hefur því m.a. verið haldið fram að mannvirkjagerð á hálendinu geti skaðað ímynd Íslands, að hún muni draga úr aðdráttarafli þess sem ferðamannalands. Byggir þetta m.a. á þeirri skoðun að ferðamaður framtíðarinnar muni vera sér mjög meðvitaður um umhverfismál. Þetta er ekki dregið í efa, en allt bendir hins vegar til þess að ferðamaður framtíðarinnar muni, þrátt fyrir aukna vitund um vernd umhverfisins, fara fram á góðar samgöngur, fjölbreytta gistiaðstöðu og ítarlegar upplýsingar og leiðbeiningar. Samvinna aðila orkuöflunar og ferðaþjónustu um bættar samgöngur og uppbyggingu á aðstöðu og upplýsingamiðlun, geti farið saman og byggt upp öfluga og fjölbreytta ferðaþjónustu eins og dæmin sanna. Í því sambandi má benda á Noreg, og þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu á öllum helstu virkjanasvæðum landsins, og viðhorf ferðamanna til þeirra samkvæmt könnunum.

Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér að framan greinir, og að því gefnu að vilji og áhugi sé fyrir því að auka hlut ferðamennsku á svæðinu, er það niðurstaða þessarar samantektar að ferðamennska muni eflast í kjölfar virkjunar. Það mun fyrst og fremst stafa af bættum samgöngum en einnig í aðstoð við ferðaþjónustuaðila við að auka fjölbreytni gistingar og afþreyingar m.a. með eftirfarandi mótvægisaðgerðum. Svæðið mun við það höfða til mun breiðari hóps ferðamanna.

Mótvægisaðgerðir til að mæta vaxandi fjölda ferðamanna: Eðlilegt væri að Landsvirkjun hefði samráð við heimamenn og yfirvöld náttúruverndar- og ferðamála um skipulag ferðaaðstöðu á þessu svæði, svo sem:

- Að lagfæra vegi á svæðinu.
- Aðstoða við uppbyggingu jaðarmiðstöðva á svæðinu.
- Auðvelda umferð göngufólks þar sem framkvæmdir hafa haft áhrif á gönguleiðir.
- Loks er rétt að benda á að ein besta mótvægisaðgerð vegna ferðamennsku er að allur frágangur við mannvirki verði eins vandaður og mögulegt er og kostað verði kapps um að fella mannvirki vel að umhverfi og landslagi.

10 NÁTTÚRUVERND OG ALÞJÓÐLEGIR SAMNINGAR

10.1 INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir umfjöllun náttúruverndaryfirvalda, náttúruminjasvæðum, náttúruverndarlögum, alþjóðlegum samningum o.fl., sbr. bréf Náttúruverndar ríkisins 17. september 1999.

10.2 FYRRI UMFJÖLLUN NÁTTÚRUVERNDARYFIRVALDA

Áætlanir um virkjanir á vatnasvæði Jökulsár í Fljótsdal hafa verið til athugunar hjá Náttúruverndarráði og öðrum yfirvöldum náttúruverndarmála frá árinu 1975.

10.2.1 Umsögn Náttúruverndarráðs 1981

Þegar unnið var að lokaundirbúningi virkjunar með vatnsvegum ofanjarðar, fyrri hluta árs 1981, var óskað eftir formlegri afstöðu Náttúruverndarráðs til virkjunarinnar. Á fundi ráðsins 26. mars 1981 var samþykkt umsögn, sem birt er í heild í fylgiriti með þessari skýrslu. Þar segir í niðurstöðu:

Enda þótt mikill sjónarsviptir yrði að hinu víðfeðma gróðurlendi Eyjabakkasvæðisins, færi það undir vatn, og þrátt fyrir að forðast beri að eyða þannig grónu landi, sé þess nokkur kostur, þá vill Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun, telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega. Sú afstaða mótast m.a. af því að samkomulag hefur tekist um varanlega verndun Þjórsárvera, sem frá sjónarmiði náttúruverndar og samkvæmt niðurstöðum rannsókna á báðum þessum svæðum eru talin enn mikilvægari hálendisvin.

Í greinargerð er nánar fjallað um einstök atriði og segir þar m.a.:

Eyjabakkar eru gróskumikið flæðiland í fögru umhverfi. Á hálendinu eru fá gróðurlendi á borð við þá. Fyrst og fremst eru það Þjórsárver við Hofsjökul, Hvítárnes og örfáir staðir á Möðrudalsöræfum. Allir þessir staðir eru hentugir fyrir miðlunarlón vegna virkjana, en jafnframt er náttúruverndargildi þeirra mikið. Náttúruverndarráð telur ekki annað koma til mála en þyrma einhverjum þessara svæða, og því þarf að líta á þau í samhengi þegar áformað er að taka eitthvert þeirra undir miðlunarlón. Þjórsárver hafa tvímælalaust mest verndargildi þeirra og við friðlýsingu þeirra telur ráðið verjanlegt að samþykkja miðlunarlón á einhverjum hinna svæðanna, því tæpast er þess að vænta að hægt verði að halda í þau öll til lengdar, vegna mikilvægis þeirra fyrir raforkuvinnslu í landinu.

... Eftir að Náttúruverndarráð kannaði [fossana í Jökulsá í Fljótsdal] sumarið 1980, taldi ráðið þá óefað eiga heima í 2. flokki og suma jafnvel í 1. flokki að verndargildi. Umræddir fossar eru fjarri alfaraleiðum og því lítt þekktir, enda nafnlausir aðrir en Eyjabakkafoss og Kirkjufoss. Þó að enginn þeirra sé einstæður að gerð eða formfegurð setja þeir nær allir mikinn svip á umhverfi sitt og er tvímælalaust eftirsjá að þeim. En þar sem Náttúruverndarráð leggur meiri áherslu á að nokkrir þekktari stórfossar landsins verði varðveittir, getur það frekar sætt sig við að þessir hverfi. ...

Enn standa yfir rannsóknir á líklegum áhrifum þessara framkvæmda á umferð og landnýtingu hreindýranna, ... Vegna [bráðabirgða]niðurstaðna þessara rannsókna telur Náttúruverndarráð ekki ástæðu til að óttast áhrif þessara framkvæmda á hreindýrastofninn, enda verði þess gætt að hanna mannvirki með tilliti til þess, m.a. til að hindra ekki árstíðabundnar ferðir þeirra.

Í ábendingum og fyrirvörum óskar ráðið eftir að gerðar verði nokkrar frekari rannsóknir, með hliðsjón af fræðilegu og sögulegu gildi svæðisins. Þar segir m.a.:

Jökulminjar við jaðar Eyjabakkajökuls og Brúarjökuls þarf að kanna nánar og lýsa þeim, svo og jarðvegsfyrirbærum umhverfis Eyjabakka.

Þau svæði sem færu undir vatn, ásamt Jökulsá í Fljótsdal með öllum hennar fögru fossum, þarf að kvikmynda og ljósmynda í heimildarskyni. Sérstaklega er nauðsynlegt að láta taka innrauðar myndir og litmyndir úr lofti í mkv. 1:20.000 af gróðursvæðum og jökulminjum, sem breytast eða hverfa.

Fylgjast þarf með foki úr lónstæði þegar lítið er í því, dreifingu og áhrifum foks á gróður.

Mestur hluti þeirra rannsókna sem farið var fram á hefur nú verið unninn. Ekki liggur fyrir nýtt mat

[Náttúruverndar ríkisins] á því hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar eða æskilegar áður en svæðið fer undir vatn.

10.2.2 Umsögn og athugasemdir Náttúruverndarráðs 1991

Haustið 1990 óskaði Landsvirkjun eftir umsögn Náttúruverndarráðs varðandi breytta útfærslu Fljótsdalsvirkjunar. Þar var gert ráð fyrir að veita vatninu út eftir Fljótsdalsheiði í jarðgöngum í stað skurða, eins og fyrri hugmyndir gerðu ráð fyrir. Ráðið svaraði með bréfi 7. febrúar 1991, sjá fylgirit. Þar segir m.a.:

Það er skilningur Náttúruverndarráðs að jákvæð umsögn ráðsins (bréf dagsett 31. mars 1981) varðandi eldri hugmyndir um virkjun standi enn, þar með talið samþykki við því að leggja Eyjabakka undir vatn. Sú breytta verkhönnun sem hér er verið að óska umsagnar um dregur verulega úr umhverfisáhrifum á heiðinni. Þeir skurðir og stíflur sem eldri hugmyndir gerðu ráð fyrir hefðu efalítið verið til lýta í landslagi og hindrað för manna og skepna um heiðina. Loks er það mikils virði að tjarnir og votlendi á Fljótsdalsheiði fá að halda sér.

Í hinni nýju virkjunartilhögun er gert ráð fyrir talsverðu raski á vatnasvið Grjótár og Hölknár. Ennfremur er gert ráð fyrir að veita lækjum austan í Snæfelli um skurð í Eyjabakkalón (Hafursárveita).

Tillögur liggja fyrir í Náttúruverndarráði um að friðlýsa Snæfell og Vesturöræfi. Ráðið telur því brýnt að kanna sérstaklega umhverfisáhrif af fyrrgreindum veitum áður en endanleg afstaða er tekin til þeirra. Þá telur ráðið ófært að gefa umsögn um efnisgeymslur og efnisnám án þess að vettvangsskoðun hafi farið fram.

Meðal skilyrða sem ráðið setti var að:

Landsvirkjun og Náttúruverndarráð vinni saman að því að skipuleggja eða hindra bílaumferð sunnan [þ.e. austan] Eyjabakkalóns, bæði við byggingu Sauðárveitu [þ.e. Hraunaveitu minni] og eins þegar virkjunin er komin í rekstur.

Loks segir í bréfinu:

Náttúruverndarráð mun taka afstöðu til Hafursárveitu, Grjótárveitu og Hölknárveitu að fengnu rökstuddu áliti sérfræðinga um umhverfisáhrif þessara veitna.

Eftir að auglýst var eftir athugasemdum við framkvæmdina, sendi Náttúruverndarráð svarbréf dagsett 31. október 1991, sjá fylgirit. Þar segir m.a.:

***Hafursárveita,** ráðið gerir athugasemd við áætlaða framkvæmd svo sem hún hefur verið kynnt, vegna mikils jarðrasks er þessi framkvæmd hefði í för með sér, skurðurinn yrði mjög áberandi í landinu og gæti heft för gangandi fólks um svæðið. Óskað er eftir viðræðum við Landsvirkjun um þessa framkvæmd áður en endanleg afstaða er tekin.*

*Lagst er gegn að **Grjótlækjum,** í vesturhlíðum Snæfells, verði veitt í Grjótárveitu. Framkvæmd þessi hefði í för með sér jarðrask á fjölförnu útivistarsvæði í nágrenni Snæfellsskála. Um er að ræða töluvert mannvirki sem standast þarf leysingaflóð, en ekki hefur verið sýnt fram á að vatnsmagn sem þarna fæst skipti það miklu máli að það réttlæti framkvæmdina.*

***Grjótárveita:** Stífluhæð verði haldið í algjöru lágmarki svo lón verði sem minnst. Meta þarf hættu á landbroti og jarðvegseyðingu þar sem vatnið kemur úr göngum [þ.e. skurði] og rennur til Hölknárveitu og kynna nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því.*

Fylgjast þarf með og koma í veg fyrir rof og uppblástur úr bökkum Eyjabakkalóns þegar lítið er í því, einnig þarf að fylgjast með dreifingu og áhrifum áfoks á gróður.

Fylgjast þarf með setmyndun í miðlunarlóni og myndun nýrra „Eyjabakka" og ákveða í tíma hvað gera skuli við þann leir sem þyrfti að dæla úr botni lónsins.

Framkvæmdir vegna virkjunarinnar hindri ekki aðkomu ferðafólks á Snæfellssvæðið eða í Snæfellsskála.

Landsvirkjun hefur fallist á þessi skilyrði, eftir því sem unnt er á þessu stigi, að öðru leyti en því að enn er gert ráð fyrir Hafursárveitu, en hún hefur verið stytt um helming frá því sem áður var áætlað.

10.2.3 Ábendingar Náttúruverndar ríkisins 1999

Í ársbyrjun 1997 tók Náttúruvernd ríkisins við hlutverki Náttúruverndarráðs. Í umsögn um tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands tók Náttúruvernd ríkisins undir það sjónarmið samvinnunefndar, „að endurskoða beri tilhögun virkjunar á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal vegna náttúruverndarsjónarmiða, ekki síst þar sem talið er að mikilvægi svæðisins fyrir stofn heiðagæsa hafi aukist til muna."

Sumarið 1998 var leitað til Náttúruverndar ríkisins og óskað eftir ábendingum vegna vinnu við þá skýrslu sem hér liggur fyrir. Í bréfi 28. september 1998 taldi stjórn Nvr. „ekki rétt að veita aðstoð og koma með ábendingar fyrir skýrslugerðina fyrr en fyrir liggur hvaða meðhöndlun skýrslan fær." Þegar fyrir lá að skýrslan yrði lögð fyrir Alþingi, féllst Náttúruvernd ríkisins á að veita ábendingar, og gerði það með bréfi 17. september 1999, sjá fylgirit. Þar eru 12 spurningar sem óskað er eftir að verði svarað í skýrslunni. Hér verða nokkrar þeirra teknar til umfjöllunar, en öðrum er svarað annars staðar í skýrslunni.

10.3 NÁTTÚRUMINJASVÆÐI

Náttúruvernd ríkisins spyr hvaða röskun fyrirhugaðar framkvæmdir muni valda á svæðum á náttúruminjaskrá. Á náttúruminjaskrá eru náttúruminjar og lönd

sem ástæða kann að verða til að lýsa friðlönd eða leggja til þjóðgarða eða fólkvanga. Alls eru nú 402 svæði á náttúruminjaskrá, þar af eru 74 friðlýst skv. náttúruverndarlögum, og 3 svæði skv. sérlögum. Þarna er miðað við 7. útgáfu náttúruminjaskrár, Rvík 1996. Ný útgáfa náttúruminjaskrár er væntanleg árið 2000, en ekki er búist við að þar komi fram miklar breytingar. Svæði á náttúruminjaskrá, sem ekki hafa enn verið friðlýst, eru 325. Meðal þeirra eru tvö svæði sem snerta Fljótsdalsvirkjun, þ.e. *Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur*, og *Eyjabakkar*. Um mörk þeirra og gildi segir svo í náttúruminjaskrá:

Svæði nr. 615: Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur. *Frá Eyjabakkajökli fylgja mörkin 700 m hæðarlínu að Laugará, þaðan í Fremra-Kálf(a)fell, um Tungusporð í Búrfellstopp og þaðan beina línu í ós Dysjarár og þvert yfir Jökulsá. Að vestan fylgja mörkin vestari barmi Jökulsár á Dal inn að Kringilsá og sameinast þar eystri mörkum Kringilsárranafriðlands. Vesturöræfi eru víðáttumikið og vel gróið hálendissvæði ásamt því að vera sumarland hreindýra. Mikilvægt beitiland heiðagæsa. Hafrahvammagljúfur er eitt hrikalegasta gljúfur landsins og eru gróðursælir hvammar meðfram því.*

Þetta svæði snertir ekki mannvirki Fljótsdalsvirkjunar að öðru leyti en því, að það liggur að Eyjabakkalóni, sem hefur áhrif á útsýni frá svæðinu. Grjótár- og Hölknárveitur (NV Snæfells) eru í útjaðri þess. Laugarárveita er hins vegar utan þess. Um áhrif þessara veitna á svæðið skal vísað til kafla 6.4.

Svæði nr. 616: Eyjabakkar, Fljótsdalshreppi. *Svæðið afmarkast að vestan af 700 m hæðarlínu í Snæfellshálsi, frá Eyjabakkajökli að Eyjabakkafossi og þaðan í suðvesturenda Folavatns. Frá Folavatni beina línu um Háöldur að mörkum friðlands í Lónsöræfum suður í jökul. Óvenju grösugt votlendi í um 650 m y.s. með fjölda tjarna. Svipmikið landslag við rætur Snæfells, jökulgarðar með hraukum við Eyjafell. Beitiland hreindýra, heiðagæsa og álfta. (Sett á skrá 1978).*

Ljóst er að friðun þessa svæðis fer ekki saman við virkjun Jökulsár í Fljótsdal, og því verður að telja að með heimildarlögum um Fljótsdalsvirkjun ætlist löggjafinn til að það skuli nýtt til virkjunar, en ekki friðlýst. Stór hluti svæðisins fer undir Eyjabakkalón, en einnig er vesturhluti Sauðárveitu (Hraunaveitu minni) innan þess. Um áhrif virkjunarinnar er nánar fjallað í köflum 6.3 og 6.5. Mynd 10.1 sýnir ofangreind náttúruminjasvæði.

Meðfram Lagarfljóti eru eftirtalin náttúruminjasvæði:

Svæði 605: Votlendi og sandar í Hjaltastaðaþinghá.
(Svæði 617: Hengifossárgljúfur, Fljótsdalshreppi).
Svæði 618: Ranaskógur og Gilsárgil (með Gilsáreyri), Fljótsdalshreppi og Austur-Héraði.
(Svæði 646: Fell, Fellahreppi).
Svæði 647: Finnsstaðanes og Egilsstaðanes, Austur-Héraði og Fellahreppi.
Svæði 648: Húsey, Hróarstungu.
Svæði 649: Gláma og nágrenni (votlendissvæði), Hjaltastaðaþinghá.

Áhrif Fljótsdalsvirkjunar á þessi svæði eru svo lítil, að ekki er ástæða til að fjalla sérstaklega um þau hér. Áhrifin eru nær eingöngu fólgin í smávægilegum vatnsborðsbreytingum í Lagarfljóti, vatnsborð að sumri lækkar lítillega, en hækkar ögn að vetri. Sjá nánar kafla 6.7

Á náttúruverndarþingi 1990 var samþykkt tillaga um að fela Náttúruverndarráði að vinna að friðlýsingu Snæfells og nágrennis. Árið 1993 voru fyrstu drög að friðlýsingartillögu send til hagsmunaaðila til kynningar. Voru austurmörk svæðisins miðuð við vesturbakka fyrirhugaðs miðlunarlóns á Eyjabökkum og að vestanverðu var miðað við Jökulsá á Brú. Sjá mynd 10.1.

Á árunum 1993–1996 breyttust tillögur að friðlýsingarskilmálum allverulega, en mörk hins friðlýsta lands breyttust lítið. Í síðustu drögum að auglýsingu var gerð tillaga um að austurmörk færðust að austustu kvísl Jökulsár í Fljótsdal og þaðan eftir miðlínu árinnar að Laugará. Helstu breytingar voru þær að 8 manna umsjónarnefnd átti að sjá um málefni friðlandsins og áttu nefndarmenn að vera búsettir á Fljótsdalshéraði eða næsta nágrenni. Landsvirkjun tók vel í upphaflegar tillögur að friðlýsingarskilmálum, en hins vegar hefur fyrirtækið gert athugasemdir við síðustu drög að friðlýsingarskilmálum.

10.4 LÖG UM NÁTTÚRUVERND, NR. 44/1999

Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, öðluðust gildi 1. júlí 1999, og um leið voru felld úr gildi lög nr. 123/1940, um bann við jarðraski, og náttúruverndarlög, nr. 93/1996, með síðari breytingum. Þegar heimildarlög um Fljótsdalsvirkjun voru sett 1981 og framkvæmdaleyfi gefið út 1991 voru í gildi lög um náttúruvernd, nr. 47/1971. Í nýju náttúruverndarlögunum eru ýmis nýmæli, sem voru ekki í hinum eldri lögum.

Náttúruvernd ríkisins spyr á hvern hátt framkvæmdirnar hafi áhrif á landslagsheild norðan Vatnajökuls, og hvort þau samrýmist ákvæðum 5. kafla náttúruverndarlaga um landslagsvernd. Þau ákvæði laganna, sem snúið gætu að Fljótsdalsvirkjun, eru þessi:

33. Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda, sbr. 11. gr., við gerð svæðis- og aðal-



Mynd 10.1: *Friðlönd og svæði á náttúruminjaskrá.*

skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim, og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.

34. Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess ... skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Leitað var umsagnar Náttúruverndarráðs við undirbúning Fljótsdalsvirkjunar, sjá kafla 10.2. Í tillögum Samvinnunefndar um svæðisskipulag Miðhálendisins er gert ráð fyrir Fljótsdalsvirkjun. Þar er mælst til þess að skoðaðir verði til hlítar möguleikar á að virkja saman Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal, sbr. kafla 5.5. Við gerð svæðisskipulags Miðhálendisins var leitað umsagnar Náttúruverndar ríkisins, sem tók undir það sjónarmið að endurskoða beri tilhögun virkjunar á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal, ekki síst af því að mikilvægi svæðisins fyrir stofn heiðagæsa hafi aukist til muna. Að öðru leyti skal áréttað að Fljótsdalsvirkjun er undanþegin lögum um mat á umhverfisáhrifum.

35. Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

Ef borin er saman núverandi útfærsla, og hinar upprunalegu, sem voru með vatnsvegum og flestum mannvirkjum ofanjarðar, þá er ljóst að reynt hefur verið að fella mannvirkin sem best að landinu.

37. Eftirtaldar landslagsgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: a. Eldvörp, gervigígar og eldhraun. b. Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m^2 að stærð eða stærri. c. Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri. d. Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur .... Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun landslagsgerða skv. 1. mgr. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir.

Hér er um nýmæli að ræða, sem var ekki í náttúruverndarlögum þegar lög voru sett um Fljótsdalsvirkjun og framkvæmdaleyfi gefið út. Ljóst er að með Fljótsdalsvirkjun verður raskað vötnum og tjörnum stærri en 1.000 m^2, mýrum og flóum stærri en 3 ha, og fossum.

38. Leyfi Náttúruverndar ríkisins þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum. Leita skal umsagnar og tilkynna Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. og 68. gr.

Varðandi þessa grein skal vísað til kafla 10.3. Varðandi 39. grein laganna um gróðurvernd skal vísað til kafla 10.7.

Í 6. kafla náttúruverndarlaganna er fjallað um nám jarðefna og frágang efnistökusvæða. Fljótsdalsvirkjun uppfyllir þau ákvæði laganna. Í 8. kafla er fjallað um náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá. Þar segir m.a.:

66. Í náttúruverndaráætlun skv. 65. gr. skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins. Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda búsvæða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til:

a. menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar,

b. nauðsynjar á endurheimt búsvæða,

c. nýtingar mannsins á náttúrunni,

d. ósnortinna víðerna [þ.e. svæða sem eru a.m.k. 5 km frá mannvirkjum].
Þá skal m.a. miðað við að þau svæði sem áætlunin tekur til:

a. hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu,

b. séu óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun,

c. séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda

d. hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi,

e. séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla,

f. hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi,

g. séu einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta.

Enn hefur engin náttúruverndaráætlun verið unnin á grundvelli þessara ákvæða, en væntanlega hafa þessi atriði verið höfð í huga þegar Eyjabakkar voru settir á náttúruminjaskrá, sjá kafla 10.3.

10.5 ALÞJÓÐLEGIR SAMNINGAR

Í bréfi Náttúruverndar ríkisins er spurt á hvern hátt framkvæmdirnar samræmist eftirtöldum skuldbindingum sem Íslendingar hafa tekið á sig með undirritun:

10.5.1 Samþykkt um fuglavernd, París 1950

Ísland gerðist aðili að Parísarsamningnum 28. janúar 1956.[76] Skv. annarri grein samningsins skulu aðilar samþykktarinnar friða

76 Stjórnartíðindi A, nr. 14/1956.

a. alla fugla, að minnsta kosti um varptímann, og sömuleiðis farfugla þann tíma, sem þeir hverfa aftur til varpstöðva sinna, einkum í marz, apríl, maí, júní og júlí.
b. þær tegundir, sem gereyðing vofir yfir eða eru vísindalega merkilegir, allt árið.

Einnig eru í 5. grein bannaðar ákveðnar veiðiaðferðir. Undantekningar frá þessu eru í 6. grein, og gera ráð fyrir því að:

Ef einhver fuglategund á tilteknu svæði er líkleg til þess annað hvort að reynast hættuleg nytjagróðri eða dýrum með skaða þeim, er hún gerir á ökrum, vínekrum, matjurtagörðum, aldingörðum, skógum, veiðidýrum eða fiski, eða er líkleg til að eyða eða fækka einni eða fleiri tegundum, sem æskilegt er að viðhalda, skal réttum stjórnarvöldum heimilt, með því að veita einstaklingum leyfisbréf, að létta af banni því, er 2. og 5. grein fyrirskipa, að því er til þeirrar tegundar kemur. ...

Með því að sérstakir atvinnuhagsmunir eru í húfi í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, [Íslandi] og Færeyjum, mega rétt stjórnarvöld í löndum þessum gera undanþágur og leyfa sérstök frávik frá ákvæðum þessarar samþykktar.

Ákvæði þessi um fuglaveiðar eru nánar útfærð í lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í 17. grein þeirra laga kemur fram að heimilt sé að veiða grágæs og heiðagæs frá 20. ágúst til 31. mars, og að óheimilt sé að veiða fugla í sárum. Áformin um Fljótsdalsvirkjun stríða á engan hátt gegn þessum ákvæðum. Í 11. grein samþykktarinnar segir:

Til þess að bæta úr afleiðingum þess, að hentugum varpsvæðum fyrir fugla fækkar sem óðast fyrir aðgerðir manna, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til þess að hvetja til þess þegar í stað og stuðla að því með öllum viðeigandi ráðum, að bæði á sjó og landi verði friðlýst ákveðin svæði af hentugri stærð og á hentugum stöðum, þar sem fuglar gætu orpið og komið upp ungum sínum óáreittir og þar sem farfuglar geti einnig hvílst og aflað sér ætis í friði. ...

Ýmis svæði hér á landi hafa verið friðlýst sem griðastaðir fugla. Sem dæmi má nefna: Eldey, Miklavatn við Sauðárkrók, Mývatn og Laxá, Oddaflóð í Rangárvallahreppi og Pollengi og Tunguey í Biskupstungum.

10.5.2 Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, Ramsar 1971

Ramsar-samningurinn er kenndur við borgina Ramsar í Íran. Hann tók gildi á Íslandi 2. apríl 1978.[77] Í fyrstu grein samningsins eru eftirfarandi skilgreiningar:

Í samþykkt þessari teljast til votlenda hvers konar mýrar, flóar, fen og vötn, bæði náttúruleg og tilbúin, varanleg og óvaranleg, með kyrru vatni eða rennandi, fersku, hálfsöltu eða söltu, og þar á meðal sjór allt að sex metra dýpi um fjöru. Í samþykkt þessari teljast votlendisfuglar þeir fuglar sem vistfræðilega byggja tilveru sína á votlendum.

Skv. annarri grein samningsins skal hvert aðildarríki setja eitt eða fleiri alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði á skrá samningsins yfir vernduð svæði með alþjóðlegt mikilvægi. Aðildarríkið skuldbindur sig þar með til að vernda viðkomandi svæði og hafa eftirlit með því að vistfræðileg einkenni þess breytist ekki. Ísland hefur tilnefnt þrjú svæði sem Ramsar-svæði.

Mývatn og Laxá (fyrsta íslenska Ramsar-svæðið, 1978).
Þjórsárver.
Grunnafjörður í Leirársveit.

Ef vistfræðilegir eiginleikar Ramsar-svæða breytast eða eru líklegir til að breytast vegna röskunar af mannavöldum, skal þegar senda upplýsingar um það til stofnunar þeirrar sem ber ábyrgð á skrásetningu. Tvö fyrstnefndu svæðin voru um tíma á lista yfir svæði sem eru talin í hættu; það var vegna kísilgúrnáms í Mývatni og fyrirhugaðs miðlunarlóns í Þjórsárverum, en nú hafa bæði svæðin verið tekin af listanum.

Í Ramsar-samningnum er lögð áhersla á sjálfsákvörðunarrétt þjóða, ef mikilvægir hagsmunir krefjast þess. Þannig segir í 2. og 4. grein:

... Þá skal aðili hafa rétt til að þrengja mörk votlenda er þegar eru á skránni, eða fella þau burt með öllu, ef brýnir þjóðhagsmunir krefjast þess.

Ef aðili þrengir, vegna brýnna þjóðhagsmuna, mörk votlendis sem er á skránni, eða fellir það af skrá, skal hann svo sem framast er unnt bæta þann missi. Áhersla er lögð á, að hann stofni í staðinn friðlönd fyrir votlendisfugla og til verndar nægilega stórum hluta upphaflegrar vistar, annað hvort á sömu slóðum eða annars staðar.

Í Ramsar-samningnum er ekki skilgreint hvernig meta beri alþjóðlegt mikilvægi, en sú skilgreining sem nú er miðað við, var samþykkt á fjórðu ráðstefnu Ramsar-ríkja í Montreux í Sviss 1990. Þar segir, í lauslegri þýðingu:

Votlendi er talið alþjóðlega mikilvægt [fyrir fugla] ef:
a. þar framfleyta sér reglulega a.m.k. 20.000 votlendisfuglar.
b. þar framfleytir sér reglulega umtalsverður fjöldi einstaklinga úr ákveðnum hópum votlendisfugla, sem eru einkennandi fyrir gildi votlendis, framleiðni þess eða fjölbreytni.
c. þegar upplýsingar um stofnstærð eru fáanlegar, þar framfleytir sér reglulega a.m.k. 1% af stofni tegundar eða deilitegundar votlendisfugla.

77 Stjórnartíðindi C, nr. 1/1978, með breytingum nr. 10/1986 og 19/1993.

Í 3. grein Ramsar-samningsins er gengið út frá því sem kallað er „skynsamleg nýting" votlendis, enda hafa flest votlendissvæði orðið fyrir meiri eða minni áhrifum af athöfnum mannsins. Skynsamleg nýting var skilgreind svo á þriðju ráðstefnu Ramsar-ríkja í Regina í Kanada 1987:

[Skynsamleg nýting votlendis] er sjálfbær nýting þess í þágu mannkyns, á þann hátt að það sé í samræmi við viðhald náttúrulegra eiginleika vistkerfisins.

[Sjálfbær nýting er] þegar maðurinn nýtir votlendi á þann hátt, að það gefi af sér mestan samfelldan afrakstur í þágu lifandi kynslóða, jafnframt því að viðhalda getu þess til að fullnægja þörfum og væntingum komandi kynslóða.[78]

Eins og hér hefur komið fram mun Fljótsdalsvirkjun ekki raska Ramsar-svæðum. Hins vegar segir í 4. grein samningsins:

Sérhver aðili skal stuðla að verndun votlenda og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum, hvort heldur þau eru á skránni eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi. ...

Aðilar skulu leitast við að auka stofna votlendisfugla í heppilegum votlendum með viðeigandi ráðstöfunum.

Þarna er vísað til votlenda almennt, og fellur Eyjabakkasvæðið því undir þessi ákvæði. Þar hefur að vísu ekki verið stofnað friðland, en svæðið er á náttúruminjaskrá sbr. kafla 10.3. Á Eyjabökkum halda sig reglulega um 3% af heiðagæsastofninum. Miðað við ofangreinda skilgreiningu á alþjóðlegu mikilvægi votlendissvæða, þá hefur Eyjabakkasvæðið alþjóðlegt mikilvægi sem fellisvæði heiðagæsa. Það uppfyllir því trúlega skilyrði til að geta orðið Ramsar-svæði, ef stjórnvöld óska eftir að tilnefna það. Margt bendir til að fyrir 1970 hafi fjöldi heiðagæsa á Eyjabökkum ekki náð þeim mörkum að svæðið gæti talist hafa alþjóðlegt mikilvægi fyrir fugla. Erfiðara er að meta hvort svæðið hefur alþjóðlegt mikilvægi að öðru leyti sem votlendi, í skilningi Ramsar-samningsins.

10.5.3 Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins, París 1972

Samningurinn tók gildi hér á landi 29. desember 1995.[79] Í samningnum kemur fram, að aðalþing Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), álítur:

að með tilliti til þess hve víðtækar og alvarlegar þær hættur eru sem nú steðja að menningar- og náttúruarfleifðinni beri öllum þjóðum heims skylda til að taka í sameiningu þátt í að vernda þá þætti hennar, sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi, með því að veita sameiginlega aðstoð sem komi ekki í stað aðgerða af hálfu hlutaðeigandi ríkis heldur verði umtalsverð viðbót við þær.

Skv. 2. grein samningsins skal til „náttúruarfleifðar" telja náttúrufyrirbæri „sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi frá sjónarmiði vísinda, náttúruverndar eða náttúrufegurðar." Skv. 3. grein kemur í hlut hvers aðildarríkis fyrir sig að „skilgreina og afmarka hin ýmsu verðmæti sem er að finna á yfirráðasvæði þess." Í 4. grein samningsins segir:

Sérhvert aðildarríki að þessum samningi um sig viðurkennir að sú skylda hvíli fyrst og fremst á því sjálfu að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð þeirri sem um getur í 1. og 2. gr. og er á yfirráðasvæði þess.

Skv. 11. grein skal „Nefnd um arfleifð þjóða heims" sjá um að búa til alþjóðlega yfirlitsskrá, *World Heritage List (Skrá yfir arfleifð þjóða heims, Heimsminjaskrá)*, um menningar- og náttúruarfleifð heimsins. Skal hvert aðildarríki, að því marki sem unnt er, leggja fyrir nefndina „yfirlitsskrá yfir þau verðmæti á yfirráðasvæði sínu, sem tilheyra menningar- og náttúruarfleifðinni og sem eiga heima í skránni."

Engar íslenskar menningar- eða náttúruminjar eru í dag á Heimsminjaskránni. Undirbúningur að tilnefningum á skrána er hins vegar í gangi í menntamálaráðuneytinu. Virkjunarsvæðið í Fljótsdal fellur því ekki beint undir þennan samning. Ef menn hins vegar telja að Eyjabakkasvæðið hafi „sérstakt alþjóðlegt gildi frá sjónarmiði vísinda, náttúruverndar eða náttúrufegurðar", þá mætti segja að varðveisla þess væri í anda samningsins. Samningurinn tók ekki gildi hér á landi fyrr en fjórum árum eftir að framkvæmdaleyfi vegna Fljótsdalsvirkjunar var gefið út.

10.5.4 Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, Bern 1979

Bernarsamningurinn[80] öðlaðist gildi á Íslandi 1. október 1993, tveimur árum eftir að framkvæmdaleyfi vegna Fljótsdalsvirkjunar var gefið út. Í inngangi kemur fram að:

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki er undirrita samning þennan, gera sér ljóst að villtar plöntur og dýr eru arfleifð náttúrunnar með fagurfræðilegt, vísindalegt, menningarlegt, útivistar og efnahagslegt gildi, og með gildi í sjálfu sér, sem nauðsyn ber til að viðhalda og afhenda komandi kynslóðum. ...

Gera sér grein fyrir því að verndun lífsvæða er snar þáttur í friðun og verndun villtra plantna og dýra.

78 Gísli Már Gíslason, 1998, bls. 247-250. Matthews, G.V.T., 1993, bls. 41-55.
79 Stjórnartíðindi C 5, nr. 42/1995.
80 Stórnartíðindi C, nr. 17/1993.

Í fyrstu grein samningsins segir:

Markmið þessa samnings eru að vernda villtar plöntur og dýr og lífsvæði þeirra, einkum þær tegundir og þau lífsvæði þar sem verndun krefst samvinnu margra ríkja og að efla slíka samvinnu.

Sérstök áhersla er lögð á tegundir sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar, þar á meðal fartegundir sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar.

Í viðaukum með samningnum, nr. I, II og III, eru taldar upp þær plöntu- og dýrategundir sem eru í sérstakri hættu. (Í viðauka I eru friðaðar tegundir plantna, í viðauka II friðaðar tegundir dýra, og í viðauka III verndaðar tegundir dýra).

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands[81] er getið um fjórar plöntutegundir á Eyjabakkasvæðinu sem eru sjaldgæfar á landsvísu. Þær eru Haustbrúða (*Callitriche hermaphroditica*), Héluvorblóm (*Draba nivalis*), Melasól (*Papaver radicatum*) og Snækobbi (*Erigeron humilis*). Engar þessara tegunda eru friðaðar skv. viðaukum Bernarsamningsins. Hins vegar felur samningurinn í sér almenna viðurkenningu á verndargildi villtra plantna.

Hvað dýrategundir áhrærir, þá eru hins vegar nokkrar íslenskar fuglategundir undir verndarvæng Bernarsamningsins. Um er að ræða fjórar fuglategundir sem finnast á Eyjabakkasvæðinu, þ.e. álft (*Cygnus Cygnus*), sendling (*Calidris maritima*), lóuþræl (*Calidris alpina*) og óðinshana (*Phalaropus lobatus*). Þessir fuglar eru friðaðir samkvæmt viðaukum Bernarsamningsins. Engir þessara fugla eru sjaldgæfir á Íslandi, en Eyjabakkasvæðið hefur samt gildi fyrir tegundir eins og álft og óðinshana. Um 20 álftapör verpa á Eyjabökkum sem eru 0,8% af íslenska álftastofninum. Samkvæmt Bernarsamningnum skal sérstaklega huga að því að vernda lífsvæði þessara tegunda. Þessi vernd felur m.a. í sér skv. 4. grein að:

Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi og nauðsynlegar lagalegar og stjórnarfarslegar ráðstafanir til að tryggja verndun lífsvæða villtra plöntu- og dýrategunda, einkum þeirra sem tilgreindar eru í viðaukum I og II og til að vernda lífsvæði sem eru í hættu.

Ennfremur segir í 4. grein:

Við áætlanagerð og stefnumótun skulu samningsaðilar taka tillit til verndunarþarfa þeirra svæða sem vernduð eru ... í þeim tilgangi að forðast eða draga eins og mögulegt er úr hrörnun slíkra svæða.

Samningsaðilar takast á hendur að gefa sérstakan gaum að verndun svæða sem mikilvæg eru þeim fartegundum sem tilgreindar eru í viðaukum II og III, og eru vel staðsett með tilliti til farleiða sem vetrardvalarstaðir, viðkomustaðir, fæðusvæði, fengi- og varpsvæði eða fellisvæði.

Heiðagæsin (*Anser Brachyrhynchus*), er ekki friðuð á sama hátt samkvæmt öðrum viðauka Bernarsamningsins. Hins vegar nýtur hún verndunar skv. viðauka III, sem þýðir að hafa skuli stjórn á allri nýtingu stofnsins, svo að honum sé ekki hætta búin, m.a. með því að viðhafa tímabundið veiðibann, o.s.frv. Athygli er vakin á því að Eyjabakkasvæðið fellur ekki undir Bernarsamninginn sem lífsvæði heiðagæsar, heldur frekar sem lífsvæði álftar, sendlings, lóuþræls og óðinshana.

10.5.5 Samningur um líffræðilega fjölbreytni, Ríó de Janeiró 1992

Ríósamningurinn um líffræðilega fjölbreytni[82] öðlaðist gildi hér á landi 11. desember 1994, þremur árum eftir að framkvæmdaleyfi vegna Fljótsdalsvirkjunar var gefið út.

Í inngangsorðum samningsins segir m.a.:

Samningsaðilar, sem gera sér ljóst gildi líffræðilegrar fjölbreytni í sjálfu sér sem og vistfræðilegt, erfðafræðilegt, félagslegt, efnahagslegt, vísindalegt, mennta- og menningarlegt, útivistar- og fagurfræðilegt gildi líffræðilegrar fjölbreytni og efnisþátta hennar, ...

sem staðfesta einnig að ríki bera ábyrgð á að vernda og nýta líffræðilega fjölbreytni sína og að nýta líffræðilegar auðlindir sínar á sjálfbæran hátt, ...

sem veita því enn fremur athygli að grundvallarskilyrði fyrir að vernda líffræðilega fjölbreytni er vernd vistkerfa og náttúrulegra búsvæða á upprunalegum stað og viðhald og endurheimt lífvænlegra stofna tegunda í náttúrulegu umhverfi þeirra, ...

Um markmið samningsins segir í 1. grein:

Markmið samnings þessa, sem keppt skal að samkvæmt viðeigandi ákvæðum hans, eru vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sjálfbær notkun efnisþátta hennar og sanngjörn og réttlát skipting þess hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda, þ.m.t. hæfilegur aðgangur að erfðaauðlindum og miðlun viðeigandi tækni, að teknu tilliti til réttar yfir þessum auðlindum og til tækni, og hæfileg fjármögnun.

Um vernd upprunalegs umhverfis segir í 8. grein:

Hver samningsaðili skal, eftir því sem unnt er og við á, koma á kerfi verndaðra svæða eða svæða þar sem gera þarf sérstakar ráðstafanir til að vernda líffræðilega fjölbreytni, ...

stuðla að vernd vistkerfa, náttúrulegra búsvæða og viðhaldi lífvænlegra tegundastofna í náttúrulegu umhverfi, ...

Um mat á áhrifum og minnkun skaðlegra áhrifa segir í 14. grein:

81 Náttúrufræðistofnun Íslands, Rvík 1999. Drög.
82 Stjórnartíðindi C, 1994.

Hver samningsaðili skal, eftir því sem unnt er og við á, koma á viðeigandi starfsaðferðum sem krefjast mats á umhverfisáhrifum áætlaðra framkvæmda hans sem líklegar eru til að hafa veruleg skaðleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni, í því skyni að forðast eða draga sem mest úr slíkum áhrifum og, þar sem við á, gera ráð fyrir þátttöku almennings í slíkum starfsaðferðum.

Megininntak Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni virðist vera að varðveita erfðaauðlindir jarðarinnar. Spurning er að hve miklu leyti það snertir áformin um Fljótsdalsvirkjun, þar sem ekki er vitað til þess að hún stuðli að útrýmingu neinna jurta- eða dýrategunda. Hins vegar eru í samningnum almenn ákvæði, sem gætu átt við um Fljótsdalsvirkjun. Það yrði þá að rökstyðja með því að á Eyjabakkasvæðinu hafi e.t.v. þróast erfðabreytileiki innan tegunda, sem ástæða væri til að varðveita. Verndun erfðaauðlinda er umhverfismál í þeim skilningi að þar er um að ræða verðmæti, sem geta gagnast mannkyninu í framtíðinni.

10.5.6 Rammasamningur um loftslagsbreytingar, Ríó de Janeiró 1992

Íslendingar gerðust aðilar að samningnum 16. júní 1993, en samningurinn var fullgiltur 21. mars 1994.[83] Í samningnum eru almenn ákvæði í inngangi. Þar segir:

Aðilar að samningi þessum, sem viðurkenna að breytingar á loftslagi jarðarinnar og skaðleg áhrif þeirra séu sameiginlegt viðfangsefni mannkynsins,
sem hafa áhyggjur af því að starfsemi manna hefur verulega aukið styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu, ... og að þetta muni almennt hafa þær afleiðingar að yfirborð jarðar og andrúmsloft hitni enn meir og kunni að hafa skaðleg áhrif á vistkerfi náttúrunnar og mannkynið,
sem veita því athygli að mestur hluti útstreymis gróðurhúsalofttegunda um allan heim fyrr og nú hefur átt upptök sín í þróuðum löndum, ...
sem staðfesta ... að tekið sé fullt tillit til lögmætra forgangsþarfa þróunarlanda til að ná varanlegum hagvexti og útrýma fátækt, ...
sem eru staðráðnir í að vernda loftslagskerfið fyrir núverandi og komandi kynslóðir,

Í 2. grein samningsins segir m.a.:

Lokamarkmið þessa samnings ... er ... að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu innan þeirra marka að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. ...

Þannig viðurkenna Íslendingar með aðild að rammasamningnum að loftslag jarðar sé að hlýna, og að grípa þurfi til aðgerða til að vinna gegn því. Samkvæmt samningnum eiga hin þróuðu aðildarlönd og aðrir aðilar, þar á meðal Ísland, að stefna að því að:

hverfa aftur, hver fyrir sig eða sameiginlega, að því útstreymismagni sem var 1990 á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum af manna völdum ...

Verulega mikil vísindaleg óvissa ríkir um það nákvæmlega hvaða afleiðingar hlýnun andrúmsloftsins mun hafa á einstökum svæðum jarðar. Þó að ákveðnar niðurstöður liggi ekki fyrir, þá segir í 3. grein samningsins, að ekki eigi að „nota skort á vísindalegri fullvissu sem rök fyrir því að fresta“ varúðarráðstöfunum til þess að minnka orsakir loftslagsbreytinga og draga úr skaðlegum áhrifum þeirra. Í sömu grein segir:

Aðilar ættu að vernda loftslagskerfið til hagsbóta fyrir núverandi og ókomnar kynslóðir, á grundvelli sanngirni og í samræmi við sameiginlega en ólíka ábyrgð þeirra og getu hvers og eins. Þess vegna ættu hin þróuðu aðildarlönd að taka forystuna í að sporna gegn loftslagsbreytingum og skaðlegum áhrifum þeirra.

Þetta felur í sér, að í samningnum eru meiri kvaðir lagðar á stærstu iðnríki jarðar, en smáþjóðir og þróunarríki, sem hafa minni efnahagslega og tæknilega getu en stórþjóðirnar til þess að vernda loftslagskerfi jarðar.

Í ljósi þess, að miklar líkur eru á því, að andrúmsloft jarðar sé að hlýna vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda, hefur verið bent á, að vatnsorka er að mörgu leyti umhverfisvænni valkostur, í hnattrænum skilningi, en brennsla á kolum og olíu. Þar liggur til grundvallar sú staðreynd að vatnsorka lætur frá sér mun minna af gróðurhúsalofttegundum en hinar orkulindirnar tvær.

Ekki verður séð að Fljótsdalsvirkjun hafi nein umtalsverð áhrif á magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Hins vegar ber frekar að líta til álversins á Reyðarfirði, sem nýta mun orku frá Fljótsdalsvirkjun. Skal um það vísað til nýútkominnar skýrslu um mat á umhverfisáhrifum þess.

10.5.7 Bókun um loftslagsbreytingar, Kyoto 1997

Kyoto-bókunin er viðauki við Ríó-samninginn um loftslagsbreytingar. Þar eru settir ákveðnir kvótar, þar sem fram kemur hvað hvert ríki má losa mikið af gróðurhúsalofttegundum á árunum 2008–2012, og er hlutfallstala Íslands 110, miðað við að útstreymið árið 1990 hafi verið 100. Af því að Kyoto-bókunin er mun strangari en Ríó-samningurinn, þá hafa fá ríki staðfest hana þó að þau hafi skrifað undir.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að fella nýjan stóriðnað út úr Kyoto-bókuninni, á þeirri forsendu að það séu framkvæmdir á heimsvísu. Röksemdin er sú að hag-

83 Stjórnartíðindi C, nr. 14/1993.

vöxtur í heiminum verði ekki stöðvaður. Ef orkufrekur iðnaður er ekki reistur hér, þá verður hann reistur þar sem orkan fæst með brennslu jarðefnaeldsneytis. Nýting endurnýjanlegrar vatnsorku er því talin betri kostur fyrir andrúmsloftið í heild.

Í þessu sambandi skal bent á, að Íslendingar eru aðeins búnir að virkja um 15% af nýtanlegum orkulindum landsins, meðan flestar iðnaðarþjóðir hafa virkjað meira en 50%. Þrátt fyrir hlutfallslega lága nýtingu orkuauðlinda var efnahagskerfi Íslands árið 1999 talið meðal þeirra 5 sterkustu í heimi[84] auk þess sem íslenskur mannauður og menntun hefur verið talin með því besta sem gerist í veröldinni. Efnahagskerfi Íslands hefur hins vegar lengi verið háð sveiflum í sjávarútvegi, og má leiða að því sterk rök að til þess að dragast ekki aftur úr í samfélagi þjóðanna, þurfi Íslendingar að sýna þá fyrirhyggju að nýta bæði orkuauðlindir sínar sem og mannauð af skynsemi.
Í viðauka A með Kyoto-bókuninni eru taldar upp helstu gróðurhúsalofttegundir:

Koltvísýringur (CO_2).
Metan (CH_4).
Nituroxíð (N_2O).
Ýmis flúorsambönd (HFC og PFC).
Brennisteinssexflúoríð (SF_6).

Í umræðum um gróðurhúsaáhrif er oftast átt við koltvísýring, og er hann notaður sem viðmiðun. Gróðurhúsaáhrif annarra lofttegunda eru mæld í CO_2-ígildum. Metan er t.d. talið vera 20 sinnum virkari gróðurhúsalofttegund en jafnþyngd þess af CO_2.

Á árunum 1980–1990 voru um 55% af gróðurhúsaáhrifum í heiminum af völdum koltvísýrings, hlutur flúorsambanda var 25%, metans 10% og 0,7% af völdum SF_6. Einangrunargasið SF_6 er virkasta gróðurhúsalofttegund sem þekkt er, eða 23.900 sinnum virkara en koltvísýringur. Það er nokkuð notað í raforkuiðnaði, en einnig í magnesíumframleiðslu og til ýmissa annarra þarfa. Langstærsti markaðurinn hefur verið í iðnaði í Bandaríkjunum.[85]

Gróðurhúsaáhrif af völdum koltvísýrings vaxa helmingi hægar en sem nemur hlutfallslegri aukningu hans í andrúmsloftinu. Margir vísindamenn telja hins vegar að einhvern tíma komi dropinn sem fylli mælinn, og valdi þá breytingum á veðrakerfum jarðar, þar á meðal hafstraumum o.fl.[86]

10.5.8 Niðurstaða um alþjóðasamninga

Margar mikilvægustu skuldbindingar Íslendinga á sviði náttúruverndar felast í samningum við aðrar þjóðir, en hafa ber í huga að alþjóðlegir samningar einir sér eru jafnan veikari en löggjöf þjóða.

Landsvirkjun hefur sett ákvæði í umhverfisstefnu sína sem hljóðar svo:

Við leggjum áherslu á að uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til fyrirtækisins í umhverfismálum og fram koma m.a. í lögum, reglugerðum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga. Jafnframt munum við setja okkur strangari kröfur eftir því sem við á í ljósi markmiða þeirra sem umhverfisstefna okkar felur í sér.

Þarna kemur fram vilji fyrirtækisins til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga í umhverfismálum.

Af þeim samningum sem hér hafa verið taldir eru það helst Ramsar-samningurinn og Bernarsamningurinn, sem áformin um Fljótsdalsvirkjun ganga gegn. Eyjabakkasvæðið telst alþjóðlega mikilvægt í skilningi Ramsar-samningsins, einkum sem fjaðrafellisvæði heiðagæsa, og það getur fallið undir Bernarsamninginn sem lífsvæði álftar, sendlings, lóuþræls og óðinshana. Aðrir samningar koma að takmörkuðu leyti til álita. Varðveisla Eyjabakkasvæðisins væri að vísu í anda Parísarsamninganna um fuglavernd og verndun náttúruarfleifðar heimsins og Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni. Samningarnir um loftslagsbreytingar snúa frekar að álveri en virkjun.

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands[87] er vísað til norrænu náttúruverndaráætlunarinnar, sem samþykkt var af umhverfisráðherrum Norðurlanda á fundi við Mývatn, 28. ágúst 1999. Sagt er að þar sé lögð áhersla á verndun gæsa. Þarna mun átt við verkefni nr. 5, sem fjallar um gæsir, og hvaða áhrif nýtingarhlutfall og truflun af völdum framkvæmda og aukinnar ferðamennsku hefur á gæsastofna.

10.6 FLJÓTSDALSVIRKJUN OG TILSKIPUN NR. 85/337/EBE

Með tilskipun nr. 85/337 setti Evrópubandalagið reglur um að meta skyldi áhrif, sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kynnu að hafa á umhverfið. Aðildarríkjunum var gefinn þriggja ára frestur til að innleiða efni hennar í rétt sinn. Sá frestur rann út 3. júlí 1988 og hvað Ísland varðar með gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994. Reglur tilskipunarinnar voru teknar upp í íslenskan rétt með lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993.

Í tilskipun 85/337 er að finna leiðbeinandi lágmarksreglur um það, hvaða framkvæmdir skulu háðar mati á umhverfisáhrifum og hvernig það mat skuli framkvæmt. Í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar segir:

84 The World Competitiveness Yearbook 1999.
85 Maiss, Manfred og Brenninkmeijer, Carl A.M., 1998.
86 Graedel, Thomas E. og Crutzen, Paul J., 1995.
87 Náttúrufræðistofnun Íslands, Rvík 1999. Drög.



Mynd 10.2: *Horft suður yfir Þóriseyjar, Eyjabakkajökull t.h.*

að aðildarríkin skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að leyfi til framkvæmda, sem geta haft í för með sér veruleg áhrif á umhverfið vegna eðlis þeirra, stærðar eða staðsetningar, verði ekki veitt, fyrr en farið hefur fram mat á því, hver áhrifin kunna að verða.

Í tilskipuninni er ekki að finna ákvæði, sem kveða á um það, hvernig farið skuli með framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir gildistöku tilskipunarinnar. Um þetta atriði hafa á hinn bóginn gengið nokkrir dómar Evrópudómstólsins, og má í stuttu máli segja, að dómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu, að tilskipunin hafi ekki afturvirk áhrif. Í því felst, að hafi formleg beiðni legið fyrir um leyfi vegna tiltekinnar framkvæmdar áður en tilskipunin öðlaðist gildi, sé viðkomandi framkvæmd ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar. Tilskipunin öðlaðist ekki gildi hér á landi fyrr en 1. janúar 1994, og er því ljóst, að leyfi til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal voru þá þegar til staðar. Ákvæðum tilskipunarinnar verður því ekki beitt um Fljótsdalsvirkjun.

10.7 ENDURHEIMT VOTLENDIS OG LÖG UM LANDGRÆÐSLU

Náttúruvernd ríkisins óskar eftir því að gerð sé grein fyrir því gróðurlendi sem fer undir lón, og að sérstaklega skuli getið um tap á votlendi, sem og fyrirhugaða endurheimt, sbr. stefnu umhverfisráðuneytisins þar um. Í kafla 6.3.8 er fjallað um gróðurfar á svæði Eyjabakkalóns. Alls fara um 27 km^2 gróins lands undir lónið, þar af er um helmingur votlendi, eða um 15 km^2. Árið 1996 var skipuð nefnd um endurheimt votlendis í samvinnu umhverfisráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis. Nefndin vinnur að því að móta einfaldar reglur um það, hvernig meta á votlendi til verðmæta, og hvernig á að endurheimta það. Einnig hyggst nefndin setja upp gagnabanka um svæði, sem taka má til endurheimtu. Starfi nefndarinnar er ekki lokið.

Í úrskurðum umhverfisráðuneytisins um mat á umhverfisáhrifum hafa á undanförnum árum verið gerðar kröfur um endurheimt votlendis til jafns við votlendi sem skerðist við framkvæmdir. Má þar t.d. nefna vegaframkvæmdir á Hárekksstaðaleið á Norðausturlandi.[88] Umhverfisráðuneytið hefur ekki gert slíkar kröfur varðandi virkjanaframkvæmdir í Fljótsdal, e.t.v. af því að framkvæmdaleyfi stjórnvalda er frá árinu 1991. Ekki liggur fyrir hvaða svæði ofangreind nefnd telur að taka mætti til endurheimtu í staðinn fyrir votlendið á Eyjabökkum.

88 Umhverfisráðuneytið, 1999.

Lög um landgræðslu nr. 17/1965 hafa að geyma hliðstæð ákvæði sem snúa að gróðurlendi almennt. Þar segir í 1., 17. og 18. grein:

1. gr. Tilgangur þessara laga er: 1. Að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs. 2. Að græða upp eydd og vangróin lönd.

17. gr. Land skal nytja svo, að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.

18. gr. Landgræðsla ríkisins skal hafa gát á meðferð á gróðri landsins og vinna gegn því, að hann eyðist fyrir ofnotkun eða aðra óskynsamlega meðferð. Hún skal einnig fylgjast með því, að landspjöll séu eigi unnin að óþörfu, og segja fyrir um hvernig þau skuli bæta. ...

Svipuð ákvæði eru í 39. grein náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Ekki er ljóst hvort virkjanaframkvæmdir í Fljótsdal falla undir þessi ákvæði, þ.e. hvort Landsvirkjun sé skylt að bæta með einhverjum hætti þá tæplega 30 km^2 af grónu landi, sem fara undir mannvirki Fljótsdalsvirkjunar.

10.8 NIÐURSTAÐA

Eins og fram kemur hér á undan samþykktu náttúruverndaryfirvöld Fljótsdalsvirkjun, bæði 1981 og 1991, þó að *Eyjabakkasvæðið* hafi þá verið komið á náttúruminjaskrá. Nú hefur *Snæfell og Vesturöræfi* einnig verið sett á náttúruminjaskrá. Einnig hefur náttúruverndarlögum verið breytt og þau gerð strangari og Íslendingar gerst aðilar að nokkrum alþjóðasamningum á sviði umhverfismála. Loks má nefna ný sjónarmið varðandi endurheimt votlendis. Árið 1995 breyttist afstaða Náttúruverndarráðs til miðlunarlóns á Eyjabökkum. Náttúruvernd ríkisins sem tók til starfa 1997, hefur óskað eftir að tilhögun virkjunar verði breytt. Flestir eru sammála um að á Eyjabakkasvæðinu eru miklir náttúruverndarhagsmunir.

Niðurstaðan er sú, að frá almennu náttúruverndarsjónarmiði er mikil eftirsjá að miklum hluta af því landsvæði sem fer undir Eyjabakkalón. Það þýðir þó ekki, að ekki komi til greina að nýta það undir virkjun. Það verður að vera mat stjórnmálamanna hvort vegi þyngra, náttúruverndarsjónarmið, eða hagsmunir atvinnulífs og byggðar á Austurlandi og landinu í heild.

11 NÁTTÚRUHAMFARIR O.FL.

11.1 INNGANGUR

Hér á eftir verður fjallað um náttúruhamfarir og aðra þætti náttúrufars, sem gætu haft áhrif á rekstraröryggi Fljótsdalsvirkjunar. Rekstraröryggi er mikilvægt fyrir notendur raforkunnar og samfélagið á Austurlandi.

11.2 FÁRVIÐRI, LOFTSLAGSBREYTINGAR

Fárviðri: Eyjabakkastífla er hönnuð með tilliti til þess að standast fárviðri. Líkindi fárviðris hafa verið reiknuð út frá veðurmælingum á staðnum, með samanburði við vindhraða á Hveravöllum þar sem mælingar hafa staðið í lengri tíma. Mestur vindhraði mælist á tímabilinu desember til maí. Við hönnun er tekið tillit til þess að lónið er að jafnaði fullt síðsumars, en venjulega hefst niðurdráttur í lóni í október og er vatnsborð lónsins í lágmarki í byrjun maí. Á þeim tíma sem hættast er við fárviðri er vatnsstaða í lóninu lág og áraun á mannvirki því minni en við fullt lón. Reiknað er með að 10 mínútna vindhraði geti verið 40 m/s við fullt lón með stefnu þvert á stífluna. Líkindi á þessum vindhraða eru talin vera 1% á tímabilinu júní til nóvember þegar líkur eru á að lónið sé fullt. Hæð stíflunnar miðast við að öldugangur nái ekki yfir hana við þessar aðstæður og að öll mannvirki þoli álagið vegna fárviðrisins fullkomlega.[89]

Skurðir í veitumannvirkjum eru hannaðir þannig að þá leggi í fyrstu frostum, og er vatnsdýpi haft það mikið að þeir botnfrjósi ekki. Rennsli um skurðina er þá óháð frostum og skafrenningi (snjóalögum).

Loftslagsbreytingar: Einn áhættuþáttur við rekstur vatnsaflsvirkjana er veðurfarsþátturinn, en lítil úrkoma samfara lítilli jöklabráðnun getur dregið verulega úr vatnsmagninu sem safnast í lónin. Með því að dreifa virkjunum um landið má draga nokkuð úr þessari áhættu, því að mælingar á vatnsrennsli hafa sýnt að oft er vatnsbúskapurinn norðan- og austanlands góður, þegar hann er slæmur sunnanlands, og öfugt. Þetta atriði mælir með því að reynt verði að dreifa virkjunum um landið.

Fari loftslag að kólna og jöklaleysing að minnka, gæti dregið nokkuð úr aðrennsli til virkjunarinnar, sem minnkar orkugetuna. Fari loftslag hins vegar hlýnandi eykst aðrennslið og orkugetan, þar til jökull gengur til þurrðar á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal.

Aðrennslissvæði Eyjabakkajökuls er talið um 119 km^2 að stærð. Jökullinn nær upp í 1.564 m hæð, en jökulsporðurinn er í um 655 m. Meðalþykkt jökulsins er 230 m og mesta þykkt um 500 m. Eyjabakkajökull er að nokkru leyti vatnsforðabúr Fljótsdalsvirkjunar, og því skiptir afkoma hans miklu máli fyrir rekstur virkjunarinnar. Í Töflu 11.2-1 er yfirlit um afkomu Eyjabakkajökuls undanfarin ár[90], og er afkoman mjög breytileg eins og sjá má:

Tafla 11.2-1 *Yfirlit um afkomu Eyjabakkajökuls 1990-1998.*

Jökulárið 1. okt.-30. sept.	Ársafkoma (þykknun eða þynning) vatnsgildi í m	Ársafkoma Gl	Leysing Gl
1990-91	-0,86	-93	344
1991-92	0,04	5	223
1992-93	0,74	80	144
1993-94	0,46	50	198
1994-95	-0,42	-46	236
1995-96	-1,01	-101	384
1996-97	-2,22	-264	405
1997-98	-1,39	-165	310

Mesta leysingarárið var 1996–97, þegar leysing nam 405 Gl, og jökullinn rýrnaði um 222 cm að vatnsgildi að meðaltali, en kaldasta árið var 1992–93, þegar leysing nam 144 Gl, og jökullinn bætti á sig um 74 cm að vatnsgildi. Sveiflan milli þessara ára nemur því um 261 Gl, sem eru um 26% af heildarrennsli til virkjunarinnar, eða +/- 13%. Á árunum 1990–98 rýrnaði jökullinn um 466 cm samanlagt að vatnsgildi. Með sama áframhaldi gæti jökullinn horfið á nokkur hundruð árum. Vitað er að jöklar í landinu höfðu mikla útbreiðslu í lok síðustu aldar, en drógust mikið saman á árabilinu 1930–1960.

89 Fljótsdalur Hydroelectric Project, Design memoranda.

90 Oddur Sigurðsson, 1993. Oddur Sigurðsson og Ólafur Jens Sigurðsson, 1998.

11.3 FLÓÐ OG JÖKULHLAUP

Flóð: Eyjabakkastífla er hönnuð miðað við að þola fullkomlega flóð sem líkindi er á að komi einu sinni á 1.000 árum, en það reiknast um 580 m^3/s. Er þá miðað við að lónið sé fullt þegar flóðið kemur. Einnig er reiknuð áraun á mannvirkin miðað við hugsanlega mesta flóð sem reiknast 1.600 m^3/s, mannvirkin skulu standast slíkt flóð, en gætu þurft lagfæringar við eftir áraunina.[91] Flóðvatn fer um yfirfall niður í farveg Jökulsár í Fljótsdal.

Jökulhlaup: Ekki er vitað til að virkar eldstöðvar séu undir Eyjabakkajökli eða á vatnasviði hans. Því þarf ekki að óttast stórhlaup frá jöklinum, af völdum eldsumbrota. Hins vegar hafa frá árinu 1972 komið jökulhlaup úr svokölluðu Háöldulóni, sem myndast í krikanum vestan við Eyjabakkajökul. Þar er lægð milli ísrandarinnar og Háöldu, sjá mynd 11.1. Þegar vatnsborð Háöldulóns nær ákveðinni hæð, brýst vatnið undir ísinn og veldur hlaupi. Hlaupvegalengd undir jökli er um 7 km, og ryðjast hlaupin út um hinn þekkta íshelli í Eyjabakkajökli, sem jafnframt er útfall Jökulsár í Fljótsdal, sjá mynd 11.2. Hlaupin eru svo lítil niðri í byggð að menn verða lítið varir við þau. Skráð hafa verið 15 hlaup úr Háöldulóni, sem öll hafa komið fyrripart sumars, nema það fyrsta.[92] Heildarvatnsmagn hvers hlaups er 10–30 Gl, og mesta rennsli í Jökulsá í Fljótsdal við Hól 176–428 m^3/s.

Við athugun á eldri vatnshæðarlínuritum (frá september 1962) hafa ekki fundist merki um hlaup í Jökulsá í Fljótsdal eldri en 1972. Það fyrsta kom um jólin það ár, og tengist það eflaust framhlaupi jökulsins sem þá stóð yfir. Hlaupin hafa komið á eins til þriggja ára fresti, en ekki hefur orðið vart við hlaup frá árinu 1995. Í ágúst 1999 var ekkert vatn í Háöldulóni, og virtist vera sírennsli úr því. Hefur hlaup þá e.t.v. verið nýafstaðið, en eftir er að fá það staðfest hjá Vatnamælingum.

Ekki er vitað hvernig hlaupum var háttað fyrir 1962, en líkur benda til að þau séu nýtilkomin. Skv. kortum bandarískra hersins, sem teiknuð eru eftir loftmyndum frá 1945–46, hefur jökull þá hulið lónstæðið að mestu, og leysingavatn runnið norður yfir hálsinn að Litla-Snæfelli og síðan vestur í Jökulsá á Brú. Það kemur heim við lýsingu Þorvaldar Thoroddsens frá árinu 1894, en hann segir í *Ferðabók*[93] sinni:

Í kverkinni milli Brúarjökuls og heiðarinnar inn af Litla-Snæfelli er vatn uppi við jökul, og rennur úr því mikil jökulkvísl, krókótt, norður undir Litla-Snæfell, en beygir svo aftur að jökli, rennur fram með rönd hans, og koma í hana margir lækir; sameinar sig svo Jökulsá [á Brú].

Rennsli í Jökulsá í Fljótsdal hefur aukist þegar þessi kvísl hætti að renna til Jökulsár á Brú.

Hlaupum úr Háöldulóni fylgir talsverður aurburður, og eiga þau drjúgan þátt í myndun grófrar aurkeilu fram undan vesturjaðri Eyjabakkajökuls, rofi á jökulöldum þar og aurburði út yfir vesturhluta gróðurlendisins á Eyjabökkum. Varanleiki gróðurlendisins á Eyjabökkum bendir eindregið til að hlaup úr Háöldulóni séu tímabundið fyrirbrigði sem fylgja núverandi ástandi (þykkt) Eyjabakkajökuls.

Þegar á það er litið að miðlunarrými Eyjabakkalóns er um 500 Gl, þá er ljóst að hlaup úr Háöldulóni breyta litlu fyrir rekstur Fljótsdalsvirkjunar. Hlaup sem eru 20–30 Gl að stærð geta hækkað lónborðið um 50–70 cm. Með tilkomu virkjunarinnar gætir hlaupanna sjaldan niðri í byggð, því að þau koma yfirleitt fyrripart sumars, þegar lónið er ekki orðið fullt, en í einhverjum tilfellum gæti vatn farið á yfirfalli.

11.4 SKRIÐUFÖLL OG SNJÓFLÓÐ

Skriðuföll: Einhver hætta er á aurskriðum úr hlíðum Norðurdals. Skammt utan við aðkomugöngin er lítil skriða frá 1991, og önnur stór í austurhlíð Fljótsdals, gegnt Valþjófsstað. Hún féll haustið 1979. Við hönnun mannvirkja í Norðurdal verða gerðar ráðstafanir til að verja þau fyrir hugsanlegum skriðuföllum (aurskriðum).

Snjóflóð: Ekki er talin hætta á snjóflóðum úr Snæfelli ofan í Eyjabakkalón. Ef svo ólíklega fer að slík snjóflóð falli, þá ættu þau ekki að valda flóðbylgju, sem skaðað gæti mannvirki. Að vetrarlagi er lónið að jafnaði ísilagt, sem eyðir að mestu áhrifum frá hugsanlegum snjóflóðum. Ekki er vitað til að snjóflóð hafi fallið í grennd við aðkomu- og frárennslissvæðið í Norðurdal.[94]

11.5 JARÐSKJÁLFTAR

Veðurstofa Íslands hefur tekið saman skýrslu um *Líkleg jarðskjálftaáhrif á svæði Fljótsdalsvirkjunar*.[95] Í framhaldi af því, og með gerð og mikilvægi væntanlegra mannvirkja í huga, mælti Verkfræðistofnun Háskóla Íslands með því að við hönnun Fljótsdalsvirkjunar yrði reiknað með láréttri yfirborðshröðun jarðar af völdum jarðskjálfta sem 7% af þyngdarhröðun, miðað við klöpp.[96] Ennfremur, að grunngildi jarðskjálftaálags verði miðað við a.m.k. 10% af

91 Fljótsdalur Hydroelectric Project, Project Planning Report. April 1991.
92 Árni Hjartarson, 1999, bls. 9.
93 Þorvaldur Thoroddsen, 1959, bls. 282.
94 Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason, 1992.
95 Páll Halldórsson og Ragnar Stefánsson, 1990.
96 Greinargerð til Landsvirkjunar, dags. 26. október 1990.



Mynd 11.1: *Horft frá Háöldulóni norður með Eyjabakkajökli 9. ágúst 1999. Eins og sjá má er lónið tómt og sírennsli úr því. Jakahrönn er við útfallið. Hvíta röndin á jöklinum er sig þar sem farvegurinn er undir.*



Mynd 11.2: *Útfall Jökulsár í Fljótsdal undan Eyjabakkajökli 9. ágúst 1999. Útfallið er í krikanum vestast við jökulsporðinn. Að vetri til kallast það íshellirinn í Eyjabakkajökli.*

þyngdarhröðun. Einnig er bent á að við hönnun mannvirkja beri að taka tillit til mögnunar vegna hreyfifræðilegra eiginleika þeirra og staðbundinna áhrifa.

Í skýrslunni: *Mat á jarðskjálftaáhættu á Íslandi*[97] er lagt fram kort þar sem Íslandi er skipt í jarðskjálftaáhættusvæði. Þar kemur fram að fyrir brotmarkahönnun falli virkjunarsvæðið innan svæðis 0, sem þýðir að ekki þurfi að reikna mannvirki fyrir álag af völdum jarðskjálfta miðað við 500 ára meðalendurkomutíma þeirra á svæðinu. Jafnframt kemur fram að gert er ráð fyrir að hámarksstærð skjálfta á Vatnajökulssvæðinu (Askja-Dyngjufjöll, Kverkfjöll, Tröllabyngja, Bárðarbunga, Grímsvötn) sé 5,5 stig á Richterskvarða og á Dalvíkur-Kópaskerssvæðinu 6,4 stig. Til fróðleiks hefur verið skoðað að reikna með hámarksskjálfta af stærðinni 6,0 stig á Richterskvarða á Vatnajökulssvæðinu og áhrif þess metin samkvæmt forsendum skýrslunnar. Fæst þá að hönnunarhröðun við aðalstíflu virkjunarinnar gæti orðið um 5,5% af þyngdarhröðun og við stöðvarhúsið 4%. Ekki hefur verið reiknað með skjálfta með upptök utan þessara þekktu jarðskjálftasvæða.

Virkjunarsvæðið í Fljótsdal og við Snæfell, er fjær megin jarðskjálftasvæðum landsins en virkjanir á Þjórsár-Tungnaársvæðinu. Af framansögðu er ljóst að Fljótsdalsvirkjun verður fyrir mun minni áhrifum af völdum jarðskjálfta en virkjanir syðra, og að hönnunarhröðun með gildi 7,5–10,0% af þyngdarhröðun ætti að fullnægja ströngustu áhættukröfum til hönnunar mannvirkja virkjunarinnar.

Við hönnun varanlegra mannvirkja Fljótsdalsvirkjunar er reiknað með 10% af þyngdarhröðun sem jarðskjálftahröðun.[98]

11.6 STÍFLUROF

Ef stífla rofnar og uppistöðulón tæmist um stífluskarðið, verður stórflóð sem getur orðið margfalt meira en mestu úrkomu- og leysingaflóð.

Stíflurof við Eyjabakka í Jökulsá á Fljótsdal verður að teljast afskaplega ólíklegur atburður. Sökum þess hve yfirfall stíflunnar er langt og flatarmál lónsins stórt miðað við flatarmál vatnasviðsins, er flóð yfir stífluna og rof hennar af þeim völdum nærri óhugsandi. Til þess þarf mun stærra flóð en aftakaflóð, einhvers konar hamfaraflóð vegna ófyrirséðra orsaka, svo sem eldgoss undir jökli. Innanrof vegna galla í uppbyggingu stíflunnar er einnig talið mjög ólíklegt og deildar meiningar eru um hvort stífla með malbikskjarna, líkt og fyrirhuguð Eyjabakkastífla verður, geti rofnað á þennan hátt. Til þess að koma í veg fyrir að aðalstíflan rofni í ófyrirséðu hamfaraflóði, er á henni *flóðvar* sem er lægra en aðalstíflan.

Þrátt fyrir að afar sérstakar aðstæður þurfi til að flóðvar stíflunnar rofni, telst það þó líklegri atburður en stíflurof vegna yfirrennslis eða innanrofs. Til þess að kanna afleiðingar slíks atburðar, þótt ólíklegur sé, var reiknað út rennsli úr lóninu vegna rofs á flóðvari. Mesta rennsli úr lóninu er talið geta orðið um 10.000 m^3/s um 8,5 klst. eftir að stíflurof hefst. Slíkar náttúruhamfarir, sem gætu leitt til rofs á flóðvari, ættu ekki að fara fram hjá neinum, þannig að nægur tími gæfist til að grípa til öryggisráðstafana.

Við efstu bæi í Fljótsdal færi flóðsins að gæta um 3–4 klst. eftir að stíflurof hefst og hámarki næði það um 5–6 klst. síðar. Hækkun vatnsborðs þar yrði um 7–8 m, en minni við neðstu bæi í Fljótsdal. Í Fljótsdal eru tveir bæir í byggð taldir geta verið í hættu af flóðbylgjunni: Egilsstaðir og Langhús.

Áhrifa á vatnsborð í Lagarfljóti byrjar að gæta um 8 klukkustundum eftir að stíflurof hefst. Mikil dempun flóðsins verður í Lagarfljóti. Vatnsborðshæð í fljótinu verður mest um 24,6 m y.s. um 19 klukkustundum eftir að stíflurof hefst. Þetta svarar til um 3–4 m hækkunar vatnsborðs frá venjulegri flóðhæð.

Hugsanlega gæti flætt upp að einhverjum húsum við ströndina syðst í Fellabæ samkvæmt þessum niðurstöðum. Hús á Egilsstöðum eru ekki í hættu nema þá byggingar við flugvöllinn, en niðurstöður benda til þess að um 1 m djúpt vatn yrði á flugbrautinni. Þá myndi flæða yfir hluta af þjóðvegi nr. 1 þar sem hann liggur frá brúnni á Lagarfljóti austan megin. Reikna má með að sólarhring eftir að vatnið nær hæstu stöðu, hafi það lækkað það mikið að flugvöllurinn yrði á þurru.

Eins og áður segir eru líkindi á stíflurofi hverfandi við þá hönnun stíflunnar sem miðað er við. Til þess að tryggja að slíkt stíflurof valdi sem minnstum skaða og koma í veg fyrir að mannskaði geti hlotist af, verður sérstök áhersla lögð á að framkvæmd við stíflubyggingu verði eftir ýtrustu hönnunarkröfum. Komið verður fyrir viðvörunarbúnaði við stífluna, þannig að nægur tími gefist til gera varúðarráðstafanir.

11.7 ELDGOS, GJÓSKUFALL

Eldgos: Snæfell er forn eldstöð, en ekki er vitað til að það hafi gosið frá lokum ísaldar. Jarðfræðingarnir Páll Imsland og Ármann Höskuldsson hafa í nýlegri grein[99] reynt að rökstyðja það að Snæfell sé „virkt“ eldfjall. Þessi niðurstaða hefur ekki verið viðurkennd af öðrum fræðimönnum.[100] Fjarlægð Snæfells frá megingosbelt-

97 Björn Ingi Sveinsson, Arnþór Halldórsson, Flosi Sigurðsson og Helgi Valdimarsson, 1995.
98 Fljótsdalur Hydroelectric Project, Design memoranda.
99 Ármann Höskuldsson og Páll Imsland, 1998.
100 Ágúst Guðmundsson, 1999.



Mynd 11.3: *Við jaðar Eyjabakkajökuls, horft til suðurs. Næst er dauðís hulinn aur. Fjær er jökulsporðurinn og miðröndin, sem liggur upp að Hnúkafelli. Jökulsá rennur austur með jökuljaðrinum.*

inu er svo mikil að líkur á eldvirkni þar eru litlar, og ekkert bendir til að við Snæfell sé sérstakt virkt gosbelti.

Þó að ekki sé hægt að útiloka að Snæfell muni einhvern tíma rumska af svefni sínum, þá breytir það ekki því að Fljótsdalsvirkjun mun auka mjög öryggi raforkukerfisins hér á landi gagnvart eldgosum. Enginn virkjunarstaður hér á landi er fullkomlega öruggur gagnvart náttúruhamförum eins og eldgosum eða jarðskjálftum. Hins vegar er hægt að minnka mjög áhættuna með því að dreifa virkjunum um landið.

Gjóskufall: Þó að ekki sé talin hætta á eldgosi úr Snæfelli, þá eru nokkrar líkur á gjóskufalli úr öðrum eldstöðvum á austanverðu landinu.

Í Öskjugosinu 1875 varð mikið gjóskufall á Norðausturlandi. Ljós vikur úr þessu gosi er áberandi í flestum tjörnum á Fljótsdalsheiði, og er vitað að mýrar á heiðunum breyttust mjög við gjóskufallið. Þær urðu mun þurrari og greiðfærari en áður hafði verið, því að gjóskan myndaði burðarmikið lag í jarðveginum. Í seti Lagarfljóts er gjóskan frá 1875 um 5 cm þykk. Í jarðvegi á virkjunarsvæðinu er hún þynnri, einkum á Eyjabakkasvæðinu, sem er í útjaðri öskugeirans. Efri mörk gjóskulagsins í Lagarfljóti eru furðu skörp, sem bendir til að ár og lækir hafi að mestu hætt að bera gjósku út í fljótið á einu til tveimur árum.[101]

Árið 1477 varð annað mikið gjóskufall á Norður- og Norðausturlandi, og er talið að það megi rekja til eldsumbrota í Vatnajökli, líklega norður af Grímsvötnum eða austan Bárðarbungu. Litlar heimildir eru til um þetta gos, en svart öskulag frá því er víða áberandi í jarðvegi. Það er um 5 cm þykkt á virkjunarsvæðinu.[102]

Af þessum dæmum má sjá að eldsumbrot í Vatnajökli eða Ódáðahrauni geta valdið nokkru gjóskufalli á virkjunarsvæðinu, en frá eldstöðvum fjær verður það lítið. Ef litið er til virkjunarinnar sjálfrar eru það helst miðlunarlónin sem gætu orðið fyrir áhrifum. Vikur og aska sökkva fljótlega til botns í lónunum og flýta fyrir setmyndun þar. Vegna þess hve gjóskan er létt er hugsanlegt að hún geti að einhverju leyti borist til virkjunarinnar og valdið sliti á vélum, einkum þegar lágt er í lóninu. Reynslan af gjóskufalli sem fylgdi Heklugosum 1970 og 1980 sýndi þó að það hafði lítil áhrif á rekstur Búrfellsvirkjunar.

11.8 FRAMHLAUP EYJABAKKAJÖKULS

Eyjabakkajökull er tvískiptur, og er hann í raun og veru tveir samvaxnir skriðjöklar. Á milli þeirra er

101 Kristinn Guðjónsson, munnlegar upplýsingar, 1999.
102 Guðrún Larsen, 1982. Jón Benjamínsson, 1982.

urðarrönd sem liggur upp eftir jökultungunni miðri upp að svokölluðu Hnúkafelli, sem stendur upp úr ísnum alllangt inni á jöklinum. Úr því er miðröndin ættuð. Eystri skriðjökullinn kemur úr Hnúkadal, en það er ísi fylltur dalur sem gengur austsuðaustur á milli Grendils og Goðahnúka. Sá vestari nær suður að ísaskilum, á móts við Hoffellsjökul í Hornafirði. Eyjabakkajökull er þekktur framhlaupsjökull sem hleypur fram á nokkurra áratuga fresti. Framhlaup jökulsins stendur yfir í nokkra mánuði og getur numið nokkrum kílómetrum. Lengsta framskrið sem vitað er um frá ísaldarlokum varð 1889–90. Þá gekk jökullinn út á gróið land og ýtti upp miklum jarðvegsmúgum. Urðu þá til hinir svonefndu Hraukar við jökuljaðarinn. Aftur var gangur í jöklinum 1931 og 1938, eins og fyrr er sagt, og skildi hann þá eftir jökulgarð kippkorn innan við Hraukana. Seinast gekk Eyjabakkajökull fram 1972–73 og þá um allt að 2 km. Nú hefur jökuljaðarinn hopað um 600 m og er hann tæpum 3 km innan við Hraukana.[103]

Afleiðingar af framhlaupi Eyjabakkajökuls geta einkum legið í tvennu. Í fyrsta lagi minnkar miðlunarrýmið við framhlaup, og ef það verður þegar lónið er fullt getur eitthvert vatn tapast um yfirfall. Ef jökullinn skríður fram um einn km, þá minnkar miðlunarrýmið um 10-15 Gl, eða 2–3%. Í öðru lagi fylgir framhlaupi mikill aurburður, bæði á meðan á því stendur og í nokkur ár þar á eftir. Slíkur aurburður eykur setmyndun í Eyjabakkalóni, og skilar sér e.t.v. að einhverju leyti í gegnum virkjunina. Framhlaup er hins vegar svo hægfara ferli að engin hætta er á flóðbylgju frá því.

Við framhlaup Eyjabakkajökuls eykst flatarmál jökulsins neðan 700 m y.s. um 4–8 km^2, en þar er leysing mest. Þetta eykur líklega sumarrennsli í Jökulsá í Fljótsdal fyrstu árin eftir framhlaup um 20–40 Gl, sem er allt að 5% af meðalársrennsli.

Við framhlaup út í ísilagt lón mun ísinn brotna upp. Ekki er við því að búast að stór stykki muni losna frá Eyjabakkajökli og fljóta um lónið. Bæði er of grunnt við jökuljaðarinn, auk þess sem slíkir jakar munu stöðvast á grynningum við Hraukana. Eyjabakkalón verður því ekki hliðstætt Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi, með fljótandi ísjökum.

Innan við Hraukana eru flákar af dauðís, sem er hulinn jökulruðningi, sjá mynd 11.3. Öldugangur mun að öllum líkindum skola aurþekjunni af þeim dauðís sem lendir í lóninu og flýta þannig fyrir því að hann þiðni.

103 Oddur Sigurðsson jarðfræðingur telur að framhlaup eystri og vestari hlutans gerist ekki alltaf á sama tíma. Telur hann að vestari álman hafi gengið fram 1931, en sú eystri 1938. Munnlegar upplýsingar, 1999.

12 RANNSÓKNIR OG UMHVERFISVÖKTUN

Áður en vatn safnast í fyrirhugað Eyjabakkalón er talið eðlilegt að nánari rannsóknir fari fram á nokkrum þáttum náttúrufars sem breytast við tilkomu Fljótsdalsvirkjunar. Rannsóknirnar verða skipulagðar í samráði við Náttúruvernd ríkisins og sérfræðinga.

12.1 RANNSÓKNIR

Gróðurfar: Reynt verður að staðsetja svæðið sem P. Falk rannsakaði 1936–37, og kanna hvaða breytingar hafa orðið þar á gróðri á þeim rúmlega 60 árum sem liðin eru.

Jökulminjar o.fl.: Lagt er til að jökulminjar við Eyjafell verði rannsakaðar til hlítar og þeim lýst í máli og myndum. Einnig að sú loftslagssaga sem kann að leynast í jarðvegi á sömu slóðum verði rannsökuð.

Fossar í Jökulsá og Laugará: Þessum fossum verður lýst í máli og myndum þannig að til séu góðar heimildir um þá og útlit þeirra við mismunandi rennsli og aðstæður. Með því fæst samanburðarefni við útlit þeirra eftir virkjun.

12.2 UMHVERFISVÖKTUN

Strandlínur og rof: Fylgst verður með strandlínumyndun og rofi við strendur Eyjabakkalóns. Rannsóknir á rofi verða notaðar til þess að ákveða hvort, hvar, hvernig og hvenær ráðist verður í strandvarnir við einhvern hluta lónsins. Einnig verður fylgst með hugsanlegu áfoki úr lónbotni og uppblæstri í grennd við lónið, og gripið til ráðstafana ef þörf krefur.

Veðurfar: Haldið verður áfram athugunum á veðurfari við Eyjabakka.

Gróðurfar: Fylgst verður með gróðurfari við strendur Eyjabakkalóns. Einnig verður fylgst með gróðurfari og uppgræðslu á svæðum þar sem útgrefti úr aðrennslisgöngum á Fljótsdalsheiði verður komið fyrir.

Dýralíf: Áður en framkvæmdir á svæðinu hefjast verður fylgst með fari hreindýra og nýtingu þeirra á Eyjabakkasvæðinu. Á meðan á framkvæmdum stendur og í áratug að þeim loknum verður haft eftirlit með stofninum. Þetta eftirlit verður skipulagt í samráði við og framkvæmt af sérfræðingum á þessu sviði. Sams konar rannsóknir verða gerðar á heiðagæsastofninum.

Að þessum rannsóknum loknum verða gefnar út skýrslur um niðurstöður rannsóknanna.

13 SAMRÁÐ OG KYNNING VIRKJUNAR

Í þessum kafla verður í stuttu máli rakið hvernig virkjunin hefur verið kynnt hagsmunaaðilum, bæði á fyrri stigum undirbúnings og einnig í sambandi við gerð þessarar skýrslu um umhverfisáhrif virkjunarinnar. Lítið verður fjallað um kynningu framkvæmdar fyrir 1991, enda var þar að nokkru um aðra útfærslu virkjunar að ræða.

13.1 KYNNING FRAMKVÆMDAR 1981–1991

Í virkjunarsamningi Rafmagnsveitna ríkisins og Fljótsdalshrepps frá 25. apríl 1981, var ákvæði um að mynduð skyldi samráðsnefnd aðila til að fjalla sem ráðgefandi aðili um mál, sem snertu hagsmuni beggja. Eftir að Landsvirkjun tók við undirbúningi Fljótsdalsvirkjunar 1983, var á sameiginlegum fundi Landsvirkjunar og hreppsnefndar 23. ágúst 1984 ákveðið að koma nefndinni á laggirnar, og skipuðu aðilar fulltrúa sína í nefndina stuttu síðar. Hélt nefndin þrjá fundi á árunum 1985–1990 þar sem fjallað var um ýmis samskiptamál vegna undirbúnings virkjunar. Í janúar 1991 var haldinn almennur kynningarfundur með íbúum hreppsins og á því ári var unnið að gerð nýs virkjunarsamnings milli aðila. Voru haldnir fjórir fundir á árinu með hreppsnefnd um málefni virkjunarinnar. Í nóvember 1991 lágu fyrir drög að nýjum virkjunarsamningi milli aðila, en ekki var ritað undir þau drög vegna frestunar á framkvæmdum við virkjunina.

Við fyrstu áætlanagerð fyrir virkjunina á árunum 1979–1981 var haft samráð við þáverandi Náttúruverndarráð um þá vinnu. Ráðið féllst á virkjunina árið 1981, en vakti athygli á miklu verndargildi Eyjabakka. Á árunum 1983–1991 fylgdist ráðið með undirbúningi virkjunarinnar, bæði með beinum kynningarfundum og í samráðsnefnd iðnaðarráðuneytis, orkufyrirtækja og Náttúruverndarráðs um orkumál, svokallaðri SINO nefnd. Árið 1991 gaf ráðið umsögn um breytta tilhögun Fljótsdalsvirkjunar. Í kafla 10.2 er nánari grein gerð fyrir umsögnum Náttúruverndarráðs.

Einnig ber að nefna þá opinberu kynningu, sem fram fór eftir að virkjunarleyfi iðnaðarráðherra hafði verið gefið út í apríl 1991. Var virkjunin auglýst í Lögbirtingi í ágúst og september 1991.[104] Frestur til að skila athugasemdum var til 1. nóvember 1991. Átta athugasemdir bárust frá hagsmunaaðilum. Þær helstu voru um:

- Veitu Grjótár og Grjótlækja.
- Gerð veituskurða utan við Hafursá.
- Staðsetningu aðkomuganga við Laugará.
- Fyrirvarar voru gerðir um að tryggja eðlilegt aðgengi ferðamanna um svæðið.

Engin athugasemd barst um sjálft miðlunarlónið á Eyjabökkum. Landsvirkjun gerði í árslok 1991 nokkrar breytingar á einstökum mannvirkjum til þess að koma til móts við framkonar athugasemdir og er greint frá þeim í kafla 4.1 hér að framan. Í fylgiriti er að finna þær athugasemdir, sem fram komu við auglýsingu virkjunarinnar, ásamt svörum Landsvirkjunar.

13.2 KYNNING FRAMKVÆMDAR 1998–1999

Í apríl 1998 voru viðræður stjórnvalda við Norsk Hydro um uppbyggingu stóriðju á Reyðarfirði kynntar fyrir sveitastjórnarmönnum á Héraði á fundi á Hallormsstað. Í maí sama ár var haldinn opinn kynningarfundur í Valaskjálf á Egilsstöðum um stöðu stóriðjuviðræðna og einnig um virkjanir, sem þeim tengdust. Annar sams konar opinn kynningarfundur var haldinn í byrjun júní 1999 á sama stað. Stjórn Landsvirkjunar hélt fund með fulltrúum heimamanna á Hallormsstað 21. ágúst 1998, þar sem farið var yfir stöðu virkjunarmála og leitað eftir athugasemdum og ábendingum þeirra varðandi fyrirhugaðar virkjanir og þá sérstaklega Fljótsdalsvirkjun.

Eftir að stjórn Landsvirkjunar ákvað í lok júní 1998 að vinna að skýrslu um umhverfisáhrif virkjunarinnar, var 36 aðilum, sem talið var að tengdust fyrirhugaðri virkjun á einhvern hátt, sent bréf, þar sem óskað var

104 Lögbirtingablaðið, 99., 106. og 110 tbl. 1991.

eftir ábendingum og athugasemdum þessara aðila til þess að unnt yrði að taka þær til athugunar við gerð skýrslunnar og tengdra rannsókna. Svör hafa borist frá allmörgum aðilum og er í fylgiriti listi yfir þá aðila er fengu ofangreint bréf.

Farnar voru tvær kynnisferðir um fyrirhugað virkjunarsvæði á árinu 1998, annars vegar í ágúst með fulltrúum Skipulagsstofnunar, og hins vegar í október með u.þ.b. 35 aðilum er fengu kynningarbréf Landsvirkjunar. Ýmsar ábendingar og athugasemdir komu fram á ofangreindum fundum og í ferðunum, sem reynt er að svara í þessari skýrslu.

14 NIÐURSTÖÐUR UM ÁHRIF Á UMHVERFIÐ OG MÓTVÆGIS-AÐGERÐIR

14.1 INNGANGUR

Undirbúningur og rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar hafa staðið yfir í meira en aldarfjórðung þó ekki hafi verið um samfellda vinnu að ræða. Mikilvægasta breyting á hönnun virkjunarinnar var gerð á árunum 1989–1990 þegar fallið var frá löngum veituskurðum frá miðlunarlóni að stöðvarinntaki og aðrennslisgöng valin sem veituleið. Sú jarðgangatilhögun, sem nú er miðað við, var boðin út árið 1991. Á grundvelli tilboða sem bárust er kostnaðaráætlun virkjunarinnar öruggari en ella. Miðað við aðrar fyrirhugaðar stórar vatnsaflsvirkjanir hér á landi er Fljótsdalsvirkjun afar hagkvæm, að því gefnu að orka hennar nýtist að fullu strax í upphafi og hagstætt orkuverð fáist.

Ekki hefur fundist annar raunhæfur möguleiki á vatnsmiðlun fyrir sjálfstæða virkjun í Jökulsá í Fljótsdal en á Eyjabökkum. Eini möguleiki til að virkja Jökulsá í Fljótsdal án miðlunar á Eyjabökkum er að veita ánni í aðrennslisgöng Kárahnúkavirkjunar eftir að sú virkjun hefur verið reist og nýta miðlun í Hálslóni.

Í þessari skýrslu hefur komið fram að áhrif Fljótsdalsvirkjunar á umhverfi eru fjölmörg og margvísleg. Til þess að aðalatriði komi skýrt fram er nauðsynlegt að flokka þessi áhrif og meta hve afdrifarík þau eru fyrir umhverfið. Þetta er gert á mynd 14.1 sem sýnir grófa flokkun umhverfisáhrifa og er þeim skipt eftir mannvirkjum eða svæðum eins og gert er í kafla 6. Jafnframt eru umhverfisáhrif flokkuð eftir því hve mikilvæg þau eru talin. Flokkun umhverfisáhrifanna er ekki byggð á reikningsformúlum eða einkunnagjöf. Hún er mat skýrsluhöfunda á því hvaða áhrif séu mikilvæg og afdrifarík fyrir umhverfið og hvaða áhrif séu léttvægari. Af myndinni sést að áhrif Fljótsdalsvirkjunar á náttúrufar svæðisins eru að langmestu leyti bundin við áhrif Eyjabakkalóns. Áhrif annarra hluta virkjunarinnar á náttúrufar eru yfirleitt talin vera lítil eða óveruleg.

Hér á eftir er farið yfir þá þætti þar sem áhrif eru talin mikil eða talsverð, en lýsingu á þeim þáttum þar sem áhrif eru talin lítil eða óveruleg er yfirleitt sleppt í þessari samantekt og vísast til meginmáls skýrslunnar um þau.

14.2 EYJABAKKASVÆÐIÐ

Landslag: Eyjabakkasvæðið er hluti af landslagsheild sem breytist verulega með tilkomu miðlunarlóns. Það sem einkum gerir þessa landslagsheild tilkomumikla er Snæfell og fjallaklasinn í nágrenni þess, ásamt Vatnajökli í suðri. Eyjabakkalón veldur miklum breytingum á þessari landslagsheild. Þessum breytingum hefur verið lýst í máli og myndum í skýrslunni og er vísað til þeirra. Lítið mun sjást til lónsins af vegum og slóðum sem um svæðið liggja. Sjónræn áhrif á hefðbundnar gönguleiðir eru talsverð, t.d. á gönguleið á Snæfell og einnig á fyrsta hluta gönguferðar niður í Lónsöræfi. Gönguferðir um Snæfellssvæðið eru einkum stundaðar frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst og á þeim tíma er Eyjabakkalón yfirleitt nálægt hæstu stöðu þannig að ströndin umhverfis lónið verður mjó rönd á flestum stöðum.

Jarðvegur og jarðmyndanir: Með tilkomu lónsins myndast strandlína við lónið. Þessi strandlína verður til við rof á þeim jarðefnum sem fyrir eru. Í aurkeilum undir Snæfelli og við sunnanvert lónið er þó ekki búist við miklu öldurofi vegna þess hve land er þar hallalítið og strandefnið grófkornótt. Þar sem land er bratt og fínkornóttur jarðvegur við ströndina má búast við jarðvegsrofi, einkum fyrstu árin.

Framan við sporð Eyjabakkajökuls er kerfi af jökulgörðum og jökulmyndunum. Þessar jökulminjar munu að mestu fara í kaf við tilkomu lónsins. Eitt af

	Eyjabakka-svæði	Veitur að vestan	Sauðár-veita	Aðveita/ stöðvarhús	Neðan virkjunar	Virkjun í heild
Náttúrufar:						
Landslag	mikil	lítil	lítil	lítil	óveruleg	
Jarðvegur og jarðmyndanir	mikil	lítil	lítil	lítil	óveruleg	
Yfirborðsvatn og fossar	mikil	lítil	talsverð	óveruleg	óveruleg	
Grunnvatn	lítil	óveruleg	óveruleg	óveruleg	óveruleg	
Loftslag	lítil	óveruleg	óveruleg	óveruleg	óveruleg	
Gróður	mikil	lítil	óveruleg	lítil	óveruleg	
Dýralíf	mikil	óveruleg	óveruleg	óveruleg	óveruleg	
Samfélag og skipulag:						
Fornleifar og menningarverðmæti	lítil	óveruleg	óveruleg	óveruleg	óveruleg	
Friðlýst svæði eða á náttúruminjaskrá	mikil	óveruleg	óveruleg	óveruleg	óveruleg	
Útivist og ferðamennska						talsverð
Samgöngur						talsverð
Atvinnu og atvinnusköpun						mikil
Opinber þjónusta						talsverð
Skipulag						lítil
Umfjöllun í meginmáli og niðurstöðukafla			Umfjöllun eingöngu í meginmáli			

Mynd 14.1: *Gróf flokkun umhverfisáhrifa, skipt eftir svæðum.*

því sem sérstætt hefur verið talið við Eyjabakkasvæðið eru svonefndir Hraukar, en það eru jarðvegsfellingar við Eyjafell sem mynduðust við það að jökullinn vöðlaði upp jarðvegi fyrir framan sporðinn. Hraukarnir munu fara í kaf og eyðileggjast vegna öldurofs.

Hraukarnir framan við Eyjabakkajökul eru ekki einstæðir, heldur er sambærilega jarðvegsmyndun að finna norðan við Brúarjökul. Þá eru einnig svipuð fyrirbæri á Svalbarða.

Yfirborðsvatn og fossar: Miklar breytingar verða á fossum í Jökulsá í Fljótsdal og fossar í Laugará hverfa. Enda þótt fossar í Jökulsá hverfi ekki alveg, verða þeir ekki svipur hjá sjón að lokinni virkjun, nema síðla sumars þau ár þegar Eyjabakkalón fyllist og vatn rennur um stífluyfirfall.

Loftslag: Aurburður í Jökulsá í Fljótsdal er mestur í júlí og ágúst þegar lónið er að fyllast. Því verður að gera ráð fyrir að aur botnfalli á strandsvæðum sem standa upp úr vatnsborði lóns að sumarlagi þegar lónið er ekki orðið fullt. Há grunnvatnsstaða að vori, leysingarvatn og ölduáhrif lónsins á haustin munu þó draga úr hættu á því að aur safnist í verulegum mæli á strandsvæði lónsins. Ef fínn jökulleir þornar í þurrum og hvössum vindi má búast við að rykmistur myndist við lónið. Við þessar aðstæður er oft mistur í lofti við Snæfell vegna ryks, einkum frá aurum Jökulsár á Fjöllum. Ekki er því gert ráð fyrir að mistursdögum á svæðinu fjölgi frá því sem verið hefur. Reynsla frá Sultartangalóni og Blöndulóni er þó sú að jökulleir safnast ekki í strandsvæði lónanna.

Fullyrðingar um loftslagsbreytingar vegna lónsins eiga ekki við rök að styðjast. Reynsla frá náttúrulegum vötnum, t.d. Leginum, sýnir að lofthiti og vindur ráða mestu um hitastig lónsins en ekki hitastig innstreymis. Reynsla frá öðrum uppistöðulónum Landsvirkjunar og reynsla erlendis frá styður þessar niðurstöður.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá Eyjabakkalóni er aðeins brot af þeirri losun sem kemur frá öðrum gerðum orkuvera.

Gróður: Allur gróður á Eyjabökkum fer undir vatn. Flóra svæðisins er vel þekkt. Ekki hafa komið í ljós á Eyjabökkum tegundir sem eru í útrýmingarhættu, eða á válista, enda umhverfisskilyrði eru þannig að þar þrífast helst plöntur sem hafa mikið þolsvið gagnvart umhverfinu. Ekki er að sjá að á Eyjabökkum sé að finna staði sem séu einstakir í sinni röð að því er viðkemur gerð gróðurfélaganna, heldur eiga þau sér hliðstæður víða á hálendinu. Náttúrulegt gróðurfélag, sem hefur lagað sig að ákveðnum aðstæðum, er engu að síður ávallt einhvers virði, þótt það búi ekki yfir

einstökum sérkennum. Þá er það einnig talið merkilegt við svæðið að gróðurlendið þar er hluti af gróðurlendi sem nær nánast óslitið frá sjó og inn að Eyjabakkajökli, eða um 140 km leið. Strandrof getur valdið skemmdum á gróðri sem næst er lóninu, bæði með ölduágangi og vindrofi. Engar stórar gróðurvinjar eru þó í hættu vegna þessa.

Dýralíf: Þrátt fyrir að rannsóknir á dýralífi við Eyjabakka hafi nú staðið yfir í hartnær 30 ár liggja ekki fyrir svör um það hvaða áhrif myndun lóns á Eyjabökkum mun hafa á dýralíf. Það eru einkum þrjár dýrategundir sem Eyjabakkalón hefur áhrif á. Þær eru:

Hreindýr
Álftir
Heiðagæs

Samkvæmt rannsóknum nýtir hluti hreindýrastofnsins Eyjabakka til beitar, einkum í ágúst, og sjást á þeim tíma stundum stórir hópar hreindýra þar. Aðalástæðan fyrir því að dýrin leita á þetta svæði síðsumars virðist vera sú að þarna er snjóþungt fram eftir sumri og gróður tekur því seinna við sér og er næringarríkari á þessum tíma en t.d. á Vesturöræfum. Ljóst er að myndun lónsins mun auka beitarálag á öðrum svæðum, en talið er að tilkoma lónsins muni lítið breyta lífsskilyrðum hreindýrastofnins.

Um 20 álftapör verpa í lónstæðinu. Þetta er innan við 1 % af íslenska álftastofninum. Ólíklegt verður að teljast að þetta hafi afdrifaríkar afleiðingar fyrir stofninn.

Áhrif fyrirhugaðs Eyjabakkalóns á dvöl geldra heiðagæsa á Eyjabökkum hefur verið mikið til umræðu og vakið mikla athygli. Geldgæsir nýta Eyjabakka til þess að fella flugfjaðrir um mitt sumar. Þær eru þá ófleygar um 3–4 vikna skeið. Eyjabakkar eru nú stærsti fjaðrafellistaður heiðagæsa. Þar fella fjaðrir 7–10% af geldgæsum í stofninum. Fyrst varð vart við heiðagæs í fjaðrafelli á Eyjabökkum árið 1979 og voru þá taldir um 1.300 fuglar á svæðinu. Síðan þá hefur gæsum í fjarðrafelli fjölgað á Eyjabökkum og urðu þær flestar 1991, eða um 13.000. Þeim fækkaði strax árið eftir og eru nú um 8.000.

Fáar heiðagæsir verpa á Eyjabakkasvæðinu. Heiðagæsastofninn hefur verið í örum vexti, enda þótt heiðagæsum í Þjórsárverum, þar sem er stærsta heiðagæsavarp í heiminum, hafi fækkað. Fram til ársins 1985 virðast Eyjabakkar hafa gegnt mun minna hlutverki fyrir heiðagæsastofninn en nú. Nýir staðir sem hugsanlegir eru sem fellistaðir fyrir heiðagæsir hafa einnig myndast, eins og í nágrenni Blöndulóns. Þá er rétt að benda á það til samanburðar að skotnar eru um 30–40.000 heiðagæsir á ári, þannig að það eru ekki eingöngu virkjanir sem geta haft áhrif á viðkomu heiðagæsastofnsins.

14.3 SAUÐÁRVEITA

Sauðárveita hefur talsverð áhrif á yfirborðsvatn og fossa. Vatnsmagn í Kelduá í Suðurdal minnkar um sem næst fjórðung og ásýnd fossa breytist. Sauðárveita er talin geta haft góð áhrif á vatnalíf í Kelduá vegna þess að jökulgrugg í ánni nánast hverfur.

14.4 VIRKJUNIN Í HEILD

Ferðamennska: Vegagerð vegna virkjunarinnar hefur þegar skilað sér í auknum fjölda ferðamanna á svæðinu við Snæfell. Í skýrslunni eru leidd rök að því að bygging Fljótsdalsvirkjunar muni ekki leiða til samdráttar í ferðamennsku, hvorki á landinu í heild né á virkjunarsvæðinu heldur benda flest rök til þess að bætt aðgengi geti hleypt nýju blóði í ferðamennsku á svæðinu. Ekki er talið að breytt ásýnd lands á Eyjabakkasvæði muni skipta þar sköpum ef marka má reynslu Norðmanna. Talið er að virkjunin geti dregið úr fjölda ferðamanna, sem vilja lágmarksþjónustu og sækja í einveru og kyrrð hálendisins. Hins vegar má benda á að um 90% íslenskra ferðamanna á Þjórsár-Tungnaársvæði töldu í skoðanakönnun 1996 að uppistöðulón hefðu jákvæð eða engin áhrif á upplifun þeirra á náttúru svæðisins.

Samgöngur: Vegagerð vegna virkjunarinnar hefur þegar haft mikil áhrif á samgöngur á Fljótsdalsheiði og Snæfellssvæði og opnað svæðin fyrir ferðamennsku. Vegna virkjunarinnar verða gerðar umtalsverðar endurbætur á vegum og brúm í Fljótsdal.

Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá: Eyjabakkalón hefur áhrif á svæði nr. 616 á náttúruminjaskrá, Eyjabakka í Fljótsdalshreppi. Svæðið afmarkast að vestan af 700 m hæðarlínu í Snæfellshálsi frá Eyjabakkajökli norður á móts við Eyjabakkafoss, þaðan í suðvesturenda Folavatns og áfram um Háöldu að mörkum friðlands í Lónsöræfum. Óskir um friðun svæðisins stangast á við heimildarlög um Fljótsdalsvirkjun.

Atvinnusköpun og byggðaþróun: Bygging virkjunarinnar er meginforsenda þess að unnt sé að sjá fyrirhuguðu álveri á Reyðarfirði fyrir nægri orku eigi það að taka til starfa árið 2003. Því má segja að áhrif virkjunar séu samofin þeim efnahagslegu áhrifum sem verða vegna byggingar og reksturs álvers með tilheyrandi eflingu byggðar og atvinnulífs á Austurlandi. Þessara áhrifa mun gæta um allt land. Reynsla Norðmanna sýnir að áhrif virkjana og stóriðju í tiltölulega einangruðum dreifbýlishéruðum styrkja þessi sveitarfélög og draga úr brottflutningi fólks af viðkomandi svæði. Önnur augljós áhrif á byggingartíma eru efling



Mynd 14.2: *Fljótsdalur, Snæfell í baksýn.*

verktakastarfsemi, hærra þjónustustig á svæðinu og aukin almenn atvinna. Á byggingartíma munu mest starfa rúmlega 500 starfsmenn við virkjunina og við rekstur hennar er gert ráð fyrir 15–20 heilsársstörfum. Þessir starfsmenn munu væntanlega búa í nálægum þéttbýlisstöðum.

Opinber þjónusta: Landsvirkjun mun greiða opinber gjöld vegna virkjunarinnar til sveitarfélaga og ríkis á byggingar- og rekstrartíma hennar eins og lög segja til um.

Sérstakt sjúkraskýli þarf að vera á virkjunarstaðnum á byggingartíma og verður það starfrækt í tengslum við heilsugæslu héraðsins. Virkjunin mun bæta síma- og fjarskiptaþjónustu á svæðinu þar eð koma þarf fyrir endurvarpsstöðvum vegna reksturs hennar á svipaðan hátt og gert hefur verið á Þjórsár-Tungnaársvæði.

Skipulag: Fljótsdalsvirkjun er í samræmi við staðfest skipulag af miðhálendi Íslands. Unnið er að annarri nauðsynlegri skipulagsvinnu í byggð í Fljótsdal.

Mótvægisaðgerðir: Í skýrslunni er fjallað um hugsanlegar mótvægisaðgerðir gegn þeim áhrifum sem virkjunin mun hafa á náttúrufar svæðisins, eftir því sem við á. Veigamestu mótvægisaðgerðirnar verða vegna gróðureyðingar Eyjabökkum. Er lagt til að átak verði gert í uppgræðslu og ræktun annarra svæða, þó ekki nauðsynlega í næsta nágrenni virkjunarsvæðisins heldur þar sem slík uppgræðsla er talin skila mestum árangri. Verður það gert í samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og ef til vill fleiri aðila.

LOKAORÐ

Í þessari skýrslu er byggt á rannsóknum og upplýsingum frá fjölmörgum aðilum, bæði einstaklingum og stofnunum. Einnig hafa margir umsagnar- og hagsmunaaðilar gefið góð ráð og ábendingar. Er öllum þessum aðilum hér með færðar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til þessa verks.

HELSTU EINKENNISTÖLUR

Rennsli og miðlun

Vatnasvið virkjunar	461 km^2
Meðalrennsli til miðlunarlóns	28,8 m^3/s
Flatarmál miðlunarlóns m.vatnsborði 664,5 m y.s.	43 km^2
Nýtanleg miðlun (lægsta vb. 648 m y.s.)	500 Gl

Afl og orka

Fallhæð	575,9 m
Afl	210 MW
Vatnsnotkun við fullt afl	42 m^3/s
Orkugeta	1.390 GWh/a
Fjöldi vélasamstæðna	3

Eyjabakkastífla

Lengd	4.100 m
Mesta hæð	25 m
Hæð á yfirfalli	664,5 m y.s.
Krónuhæð stíflu	668,5 m y.s.

Veitur

Stíflur, áætluð lengd	4.100 m
Skurðir, áætluð lengd	10.700 m

Aðrennslisgöng

Lengd	32 km
Borað þvermál	um 5 m
Sprengt þversnið	27 m^2

Fallgöng

Lengd	450 m
Þvermál	2,9 m

Jöfnunarþró

Dýpt	10-12 m
Lengd	100 m
Breidd	50 m

Stöðvarhús

Lengd	94 m
Breidd	13,5 m
Hæð	32 m
Hæð túrbína yfir sjó	41 m y.s.

Spennasalur

Lengd	88 m
Breidd	10 m
Hæð	13 m

Aðkomugöng

Lengd	700 m
Þversnið	32,7 m^2

Frárennslisgöng

Lengd	900 m
Þversnið	32,3 m^2

Frárennslisskurður

Lengd	250 m

HELSTU MAGNTÖLUR

Gröftur	1.500.000 m^3
Sprengingar	400.000 m^3
Kjarni	20.000 m^3
Síur	30.000 m^3
Stoðfyllingar	1.500.000 m^3
Steinsteypa og sprautusteypa	50.000 m^3

ORÐASKÝRINGAR

Hér á eftir eru skýrð nokkur orð og skammstafanir, sem koma fyrir í skýrslunni.

Aur, aurburður Föst framburðarefni í vatnsföllum. Skiptist í svifaur og botnskrið.

Ársverk Fjöldi vinnustunda sem einn maður skilar á einu ári, miðað við dagvinnustundir.

Botnskrið Aur sem berst með straumvatni eftir botni farvegar.

Cobraborun Höggborun. Fylgni er milli þéttleika jarðlaga og fjölda högga sem þarf til að þrýsta borstöng ákveðna lengd niður í jarðlögin.

Fallgöng Lóðrétt eða hallandi, (stál)fóðruð göng, er liggja frá aðrennslisgöngum að vélum í stöðvarhúsi.

Fána Allar dýrategundir sem lifa á ákveðnu svæði, bæði spendýr, fuglar, fiskar, skordýr, lindýr o.fl.

Flóðvar Hluti stíflu, sem hefur lægri krónuhæð en aðalstíflan, þannig að við aftakaflóð flæði yfir flóðvarið. Flóðvarinu er ætlað að koma í veg fyrir að aðalstíflan geti brostið.

Flóra Allar plöntutegundir sem vaxa á ákveðnu svæði, bæði háplöntur (byrkningar og fræplöntur) og lágplöntur (fléttur, mosar og sveppir).

g Þyngdarhröðun = 9,81 m/s^2.

Gjóska Föst gosefni sem berast með vindum, samheiti fyrir ösku og vikur.

Gl Gígalítri = þúsund milljón lítrar = milljón rúmmetrar = teningur sem er 100 m á kant.

Grjótvörn Ysta fylling á jarðvegsstíflu, ætluð til að verja stífluna rofi.

Gróður Líffélagið sem plönturnar mynda, án tillits til einstakra tegunda. Oft er notað orðið *Gróðurfélag*.

Gróðurhúsaáhrif Hækkun meðalhita andrúmslofts á jörðinni af völdum gróðurhúsalofttegunda.

Gróðurhúsalofttegundir Lofttegundir er stuðla að hækkun meðalhita andrúmslofts á jörðinni, t.d. koltvísýringur (CO_2) og metan (CH_4).

Grunnvatnsborð Grunnvatnsflötur. Yfirborð grunnvatns. Neðan þess eru allar glufur og sprungur í berginu fylltar vatni.

GWh Gígawattstund = 1.000.000 kWh.

GWh/a (GWh/ári) Gígawattstundir á ári. Mælieining fyrir orkugetu raforkuvera, eða raforkunotkun iðjuvera og annarra raforkunotenda.

Inntak Mannvirki þar sem vatni er hleypt inn í göng eða pípur virkjunar.

Ísöld Tímabil jarðsögunnar sem hófst fyrir um þremur milljónum ára og lauk fyrir um 10.000 árum. Allmörg hlýskeið voru á ísöld þar sem hitastig var svipað eða hærra en það er í dag.

Jöfnunarþró Opin, vatnsfyllt þró við enda aðrennslisganga. Henni er ætlað að jafna rennslissveiflur í jarðgöngum við álagsbreytingar í virkjuninni.

Jökulhlaup Skyndilegt vatnsflóð undan jökli.

Jökulruðningur Framburður skriðjökla. Í honum eru venjulega allar kornastærðir, allt frá leir upp í stóra steina. Sjaldan burðarhæft efni. Öðru nafni *Mórena*.

Kjarnaborun Borun í berg til sýnatöku. Tekin kjarnasýni.

Kjarnafylling, kjarni Vatnsþétt fylling í miðju jarðvegsstíflu, oftast úr leir eða silti.

Krónuhæð Mesta hæð á stíflufyllingu. Króna = efsti hluti stíflu, sem stendur upp úr vatni.

kV Kílóvolt = 1.000 volt. Volt er mælieining fyrir rafspennu. Segir til um stærð háspennulína.

kWh Kílówattstund. Orkueining, framleidd eða seld.

Kyoto-bókun Alþjóðlegt samkomulag um takmörkun gróðurhúsalofttegunda.

Leir Jökulárset úr smæstu kornum sem myndast við veðrun bergs. Leiragnir sökkva treglega eða ekki í vatni, og gefa jökulvatni lit. Sé leir núinn milli fingurgóma, finnst ekki fyrir kornum. Ekki burðarhæft efni.

Lokuvirki Mannvirki sem hýsir lokubúnað til að stýra rennsli.

Malbikskjarni Fylling úr malbiki í miðju jarðvegsstíflu, ætluð til að gera stífluna vatnsþétta.

m^3/s Rúmmetrar á sekúndu. Mælieining fyrir rennsli. Einn rúmmetri = 1.000 lítrar.

mg/l Milligrömm í lítra. Mælieining fyrir grugg eða uppleyst efni í vatni.

Móbergsmyndanir Jarðfræðimyndanir sem urðu til við gos undir jökli. T.d. bólstraberg og móberg (túff).

Mórena Jökulruðningur.

MW Megawatt = milljón wött = 1.000 kW. Mælieining fyrir afl virkjunar.

m y.s. Metrar yfir sjávarmáli (metra hæð yfir sjávarmáli).

Orkugeta Sú orka, eða það orkumagn, sem virkjun getur framleitt á einu ári, mælt í gígawattstundum á ári (GWh/ári).

Reiðuafl Umframafl sem þarf að vera til staðar í raforkukerfinu (varaafl).

Rofahús Hús fyrir háspennurofa, sem rofið geta straum af háspennulínum frá virkjun.

Silt (hk) Jökulárset, millistig milli sands og leirs hvað kornastærð varðar. Sé silti núið milli fingurgóma, finnst fyrir kornum. Ekki burðarhæft efni.

Sía, síuefni Fylling milli kjarnafyllingar og stoðfyllingar. Kemur í veg fyrir að kjarnafylling skolist burt.

Sjáfbær þróun Sú þróun samfélagsins, sem viðheldur getu hins náttúrulega umhverfis mannsins til að fullnægja þörfum og væntingum komandi kynslóða.

Sprautusteypa Steypa sem sprautað er með loftþrýstingi á bergveggi. Í steypuna er sett efni sem flýtir fyrir hörðnun hennar.

Stoðfylling Meginfylling í jarðvegsstíflu. Burðarþol stíflunnar er fyrst og fremst í stoðfyllingunni.

Stöðvarhús Mannvirki fyrir vélbúnað virkjunar.

Svifaur Aur sem sekkur seint til botns í vatni vegna smæðar efniskorna eða iðustreymis í vatninu.

Vatnasvið Landsvæði sem hefur afrennsli til sama svæðis, t.d. sömu ár, stöðuvatns eða virkjunar.

Yfirfall Hluti stíflu sem er lægri en aðalstíflan, þar sem flóðvatn fær framrás.

Yfirfallshæð Mesta hæð á yfirfalli.

TWh Terawattstund = 1.000 GWh.

HEIMILDIR

Mikið er til af gögnum og rannsóknarskýrslum um Fljótsdalsvirkjun. Hér verða aðeins talin upp helstu rit sem notuð voru við samningu þessarar skýrslu. Útgefin rit, sem líkur eru á að finnist á bókasöfnum, eru skáletruð, en rit sem hafa litla dreifingu eru ekki skáletruð.

BÆKUR / SKÝRSLUR / RITGERÐIR / BLAÐAGREINAR:

Adolf Friðriksson, 1998: Fornleifakönnun vegna Fljótsdalsvirkjunar. Fornleifastofnun Íslands. Rvík.

Almenna verkfræðistofan, 1997. Miðlun við Norðlingaöldu. Athugun á öldurofi. Lokaskýrsla. Rvík.

Anna Dóra Sæþórsdóttir, 1998: *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku*. Landsvirkjun. Rvík.

Ágúst H. Bjarnason, 1999: Flóra og gróður á fyrirhuguðu virkjunarsvæði upp af Fljótsdal í ljósi fyrri kannana. Vistfræðistofan. Rvík. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Ágúst Guðmundsson yngri, 1999: Á að telja Snæfell virkt eldfjall? *Glettingur* 20. Egilsstöðum, bls. 22-26.

Ármann Höskuldsson og Páll Imsland, 1998: Snæfell. Eldfjall á gosbelti framtíðar. *Glettingur* 17-18. Egilsstöðum, bls. 22-30.

Árni Hjartarson og Þórólfur H. Hafstað, 1997: *Sviðinhornahraun. Berggrunnsrannsóknir og kort*. Orkustofnun, OS-97016. Rvík.

Árni Hjartarson, 1999: *Vatnafar á Fljótsdalsheiði og Eyjabökkum*. Orkustofnun, OS-99017. Rvík. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Björn Ingi Sveinsson, Arnþór Halldórsson, Flosi Sigurðsson og Helgi Valdimarsson, 1995: *Mat á jarðskjálftaáhættu á Íslandi. Gerð hröðunarkorts vegna EC-8 (ENV 1998)*. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Rvík.

Brennu-Njáls saga, 1954. *Íslensk fornrit* XII, Rvík.

Clapperton, 1975: The debris content of surging glaciers in Svalbard and Iceland. *Journal of Glaciology*, Vol. 14, No. 72.

Croot, D. G., 1987: Glacio-tectonic structures: A mesoscale model of thin-skinned thrust sheets? *Journal of Structural Geology*, Vol. 9, No. 7. Bls. 797–808.

Croot, D. G., 1988: Morphological, structural and mechanical analysis of neoglacial ice-pushed ridges in Iceland. Í *Glaciotectonics; Forms and Processes*, Croot (ed.). Rotterdam.

Dubeau, D. o.fl., 1995: *Hydroelectricity, a tool for sustainable development and reducing atmospheric emissions*. World Energy Council 16th Congress. PS/SRD 4.1 Global Environmental Issues. Bls. 229–248.

Einar Þórarinsson, 1997: *Hraunavirkjun. Helstu umhverfisáhrif*. Orkustofnun, OS-97041. Rvík.

Ellis, N.V. (ed), Bowen, D.Q., Campell, S., Knill, J.L., McKirdy, A.P., Prosser, C.D., Vincent, M.A. og Wilson, R.C.L., 1996: *An introduction to the geological conservation review*. GCR Series no. 1. Joint Nature Conservation Commitee, Petersborough.

Erlingur E. Jónasson og Árni Snorrason, 1996: *Hraunavirkjun. Kostnaðaráætlun - kerfisgreining*. Orkustofnun, OS-96009/VOD-01. Rvík.

Falk, P., 1940: Further Observations on the Ecology of Central Iceland. – *Journal of Ecology* 28. Bls. 1–41.

Fljótsdalur Hydroelectric Project, Design memoranda. May 1993.

Fljótsdalur Hydroelectric Project, Project Planning Report. April 1991.

Flosi Hrafn Sigurðsson og Eyjólfur Þorbjörnsson, 1979: *Um veðurfarsleg áhrif Blöndulóns og greinargerð Orkustofnunar um það efni*. Orkustofnun, OS-79038/ROD-14. Rvík.

Gísli Már Gíslason, 1998: Ramsar á Íslandi. Í *Íslensk votlendi, verndun og nýting*. Ritstjóri: Jón S. Ólafsson. Rvík. Bls. 247–250.

Graedel, Thomas E. og Crutzen, Paul J., 1995: *Atmosphere, Climate and Change*. New York.

Guðrún Larsen: Gjóskutímatal Jökuldals og nágrennis, 1982. Í *Eldur er í Norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum*. Rvík. Bls. 51-65.

Haukur Tómasson, Svanur Pálsson og Guðmundur H. Vigfússon, 1996: *Framburður svifaurs í jökulsánum norðan Vatnajökuls*. Orkustofnun, OS-96024/VOD-02. Rvík.

Hákon Aðalsteinsson og Oddur Sigurðsson, 1993: *Austurlandsvirkjun. Áhrif á framburð og strandrof við Héraðsflóa og Öxarfjörð, grugg og hitastig í Lagarfljóti, og ástand strandsjávar*. Orkustofnun, OS-93070/VOD-07. Rvík.

Hákon Aðalsteinsson, 1998: *Gróðurhúsaáhrif virkjunarlóna*, heimildakönnun. Orkustofnun, OS-98064. Rvík.

Hákon Aðalsteinsson, 1999: Vatnalíf á Eyjabökkum og nágrenni. Orkustofnun. Rvík.

Helgi Hallgrímsson og Skarphéðinn G. Þórisson, 1998: *Hvað fer forgörðum við Fljótsdalsvirkjun?* Morgunblaðið, 9. júlí 1998. Rvík.

Helgi Hallgrímsson, 1990: Fossarnir í Jökulsá í Fljótsdal. *Austri*, 35. árg. 46. tbl., Egilsstöðum, bls. 24–26.

Helgi Hallgrímsson, 1998a: Fossaval í Jökulsá í Fljótsdal. Fyrri hluti: Fossar í Norðurdal. *Glettingur* 16, Egilsstöðum, bls. 19–26.

Helgi Hallgrímsson, 1998b: Fossaval í Jökulsá í Fljótsdal. Síðari hluti: Fossar á hálendinu. *Glettingur* 17–18, Egilsstöðum, bls. 43–50.

Helgi Hallgrímsson, 1998c: Eyjabakkar. *Glettingur* 17–18, Egilsstöðum, bls. 31–38.

Hjörleifur Guttormsson, 1974: *Austfjarðafjöll*. Árbók Ferðafélags Íslands 1974. Rvík.

Hjörleifur Guttormsson, 1987: *Norð-Austurland – Hálendi og eyðibyggðir*. Árbók Ferðafélags Íslands 1987. Rvík.

Hjörleifur Guttormsson og Gísli Már Gíslason, 1977: *Eyjabakkar. Landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi*. Orkustofnun, OSROD-7719. Rvík.

Hjörleifur Guttormsson (ritstj.), Einar Þórarinsson, Kristbjörn Egilsson, Erling Ólafsson, Hákon Aðalsteinsson, 1981: *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal*. Orkustofnun, OS-81002/VOD-02. Rvík.

Hjörleifur Guttormsson og Oddur Sigurðsson, 1997: *Leyndardómar Vatnajökuls*. Víðerni, fjöll og byggðir. Fjöll og firnindi. Rvík.

Hjörleifur Guttormsson, 1998: Við norðaustanverðan Vatnajökul. *Glettingur* 17–18. Egilsstöðum. Bls. 9–21.

Hönnun og ráðgjöf, 1999: Mat á félagslegum og efnahagslegum áhrifum fyrirhugaðra virkjana á Austurlandi. Rvík.

Iðnaðarráðuneytið, 1994: *Innlendar orkulindir til vinnslu raforku*. Reykjavík.

Iðnaðarráðuneytið, 1994: *Virkjanir norðan Vatnajökuls*. Upplýsingar til undirbúnings stefnumótun. Reykjavík.

Íslenskt fornbréfasafn IV, bls. 207–9.

Jakob Björnsson: Íslensk vatnsorka í hnattrænu samhengi. *Morgunblaðið* 9. janúar 1999.

Jóhann Helgason, 1998: Fljótsdalsvirkjun. Hraunaveita: Jarðlagaskipan á veitusvæði austan Jökulsár. Jarðfræðistofan Ekra. Rvík.

Jón Benjamínsson, 1982: Gjóskulag „a“ á Norð-Austurlandi. Í *Eldur er í Norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum*. Rvík. Bls. 181–185.

Jón Gauti Jónsson, 1999: Áhrif Fljótsdalsvirkjunar á ferðamennsku. Rvík.

Kristbjörn Egilsson og Hjörleifur Guttormsson 1981: Gróður. Í *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal*. Orkustofnun. Rvík. Bls. 47–208.

Kristbjörn Egilsson, 1983: *Fæða og beitilönd íslensku hreindýranna*. Orkustofnun, OS-83073/VOD-07. Reykjavík.

Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson, 1983: *Áhrif fyrirhugaðra virkjana á Austurlandi á hreindýr og beitilönd þeirra*. Orkustofnun, OS-83074/VOD-08. Rvík.

Kristbjörn Egilsson og Hörður Kristinsson, 1995: *Gróðurfar við Folavatn austan Eyjabakka*. Orkustofnun, OS-95038/VOD-01. Rvík.

Kristbjörn Egilsson 1996: *Kynnisferðir um vatnasvæði Hraunaveitu. Gróðurfar*. (Með viðauka eftir Skúla Víkingsson: Útreikningur á gróðurþekju eftir hnituðum gróðurkortum). Orkustofnun. OS-96021/VOD-04B. Rvík.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 1998: Fuglar á Snæfellsöræfum. *Glettingur* 17–18. Egilsstöðum. Bls. 51–55.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 1999: Áhrif Fljótsdalsvirkjunar á heiðagæsir. Náttúrufræðistofnun Íslands. Rvík. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Skarphéðinn G. Þórisson, 1993: Fuglalíf. Í *Samanburður á umhverfisáhrifum nokkurra tilhagana á stórvirkjunum á Austurlandi (Austurlandsvirkjun)*. Rvík. Bls. 63–88.

Madsen, Jesper, Cracknell, Gill og Fox, Tony (ritstj.), 1999: *Goose Populatios of the Western Palearctic. A review of status and distribution*. Wetlands International Publication No. 48. National Environmental Research Institute, Denmark. Rönde.

Magnús Á. Sigurgeirsson og Hákon Aðalsteinsson, 1998: *Hiti í Lagarfljóti*. Orkustofnun, OS-98-079. Rvík. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Maiss, Manfred og Brenninkmeijer, Carl A. M., 1998: Atmospheric SF6: Trends, Sources and Prospects. *Environmental Science and Technology*, Vol. 32, no. 20. Bls. 3077-3086.

Matthews, G.V.T. 1993: *The Ramsar Convention on Wetlands, its History and Development*. Gland. Bls. 41-55.
Náttúrufræðistofnun Íslands, 1999: Eyjabakkar. Náttúruminjar, náttúruverndargildi og alþjóðlegar skuldbindingar. Drög. Reykjavík.

Oddur Sigurðsson, 1993: *Afkoma nokkurra jökla á Íslandi 1989-1992*. Orkustofnun, OS-93032/VOD-02. Rvík.

Oddur Sigurðsson og Ólafur Jens Sigurðsson, 1998: *Afkoma nokkurra jökla á Íslandi 1992–1997*. Orkustofnun, OS-98082. Rvík.

Oddur Sigurðsson, Ágúst Guðmundsson, Skúli Víkingsson, Sigbjörn Guðjónsson, Halína Bogadóttir, Hákon Aðalsteinsson, Kristinn Einarsson, Snorri Zóphoníasson, 1985: *Fljótsdalsvirkjun. Undirbúningsrannsóknir vegna verkhönnunar*. Hefti I-II. Orkustofnun, OS-85027/VOD-01. Rvík.

Orri Vésteinsson, 1996: Fornleifar á miðhálendi Íslands. Fornleifastofnun Íslands. Rvík.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998: Svæðisskráning fornleifa á Fljótsdalshéraði. Fornleifastofnun Íslands. Rvík.

Orkustofnun, Vatnsorkudeild, 1995. Um varmanám í Lagarfljóti. Greinargerð HA-95/01. 720.730. Rvík.

Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason, 1992: *Skriðuföll og snjóflóð* I-III. Rvík.

Óskar Knudsen, 1998: Fljótsdalsvirkjun – Öldurof – Bráðabirgðaniðurstöður. Klettur verkfræðistofa. Rvík.

Páll Halldórsson og Ragnar Stefánsson, 1990: Líkleg jarðskjálftaáhrif á svæði Fljótsdalsvirkjunar. Veðurstofa Íslands. Rvík.

Páll Harðarson, 1998: *Mat á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju á Íslandi 1966–1997*. Rvík.

Páll Hersteinsson, 1998: Hugsanleg áhrif fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar á spendýr. Rvík.

Ragna Sara Jónsdóttir og Ragnar Axelsson, 1998: Landið og orkan. *Morgunblaðið* 13., 20., 27. september, 4., 11, og 18. október.

Ragna Sara Jónsdóttir, 1999: Slá þarf af kröfum um hagkvæmni. *Morgunblaðið* 28. ágúst. (Tillaga Helga Hallgrímssonar um miðlunarlón í drögum Norðurdals).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, 1995: *Mat á jarðskjálftaáhættu á Íslandi*. Gerð hröðunarkorts vegna EC-8 (ENV 1998). Rb Skýrsla 95-16. Reykjavík.

Reimers. Eigil, 1986: *Rein og menneskelig aktivitet*.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálendis Íslands, 1998. *Miðhálendi Íslands. Svæðisskipulag 2015*. Umsögn. / Niðurstaða samvinnunefndar eftir auglýsingu á skipulagstillögu.

Sharp, M., 1985a: Sedimentation and stratigraphy at Eyjabakkajökull. An Icelandic surging glacier. *Quat. Res.* 24. Bls. 268–284.

Sharp, M., 1985b: Crevasse-fill ridges. – A landform type characteristic of surging glaciers? *Geogr. Ann.* 67A(3–4). Bls. 213–220.

Sharp, M. og Dugmore, A., 1985: Holocene glacier fluctuations in Eastern Iceland. *Zeitschrift fur Gletscherkunde und Glazialgeologie*. Band 21.

Sigurbjörn Guðjónsson, 1985: *Byggingarefnisleit á Fljótsdalsheiði 1984*. Orkustofnun OS-85008/VOD-03. Rvík.

Sigurður Guðjónsson, 1999: Stutt greinargerð um áhrif Fljótsdalsvirkjunar á lífríki ferskvatns. Veiðimálastofnun. Rvík.
Sigurður Ægisson, 1996: *Ísfygla. Íslenskir fuglar. Aves Islandicæ*. Grenjaðarstað.

Sjöberg, Anders, 1991: *VATTENKRAFTREGLERING*, Undervisningsskrift Nr 1991:3. Göteborg.

Skarphéðinn Þórisson, 1983: *Hreindýrarannsóknir 1979–1981*. Lokaskýrsla. Orkustofnun, OS-83072/VOD-06. Rvík.

Skarphéðinn Þórisson, 1998: Hreindýr á Snæfellsöræfum. *Glettingur* 17–18. Egilsstöðum.

Skoog, R.O., 1968: *Ecology of the caribou in Alaska.*

Staða rannsókna og undirbúnings fyrir mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, 1998. Landsvirkjun. Rvík. (Fjölritað).

Steindór Steindórsson, 1945: Studies on the Vegetation of the Central Highland of Iceland. – *Botany of Iceland*; Vol. III, Part IV. Bls. 351–547.

Stjórnartíðindi A, nr. 14/1956, C, nr. 1/1978, 10/1986, 14/1993, 17/1993, 19/1993, 42/1995.

Sveinn Pálsson, 1983: *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir*. 2. útg. Rvík.

Sveinn Þorgrímsson, 1979: *Austurlandsvirkjun, Múlavirkjun*. Orkustofnun.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 1975. Egilsstöðum.

The World Competitiveness Yearbook 1999. Lausanne.

Todtmann, Emmy Mercedes, 1960: *Gletscherforschungen auf Island (Vatnajökull)*. Universität Hamburg, Abhandlungen aus dem Gebiet der Auslandskunde, Band 65 – Reihe C (Naturwissenschaften), Band 19. Hamburg.

Trausti Jónsson, 1991: *Weather conditions at the proposed Eyjabakki dam*. Veðurstofa Íslands, Rvík.

Umhverfisrannsóknir við Lagarfljót II, 1977: Landmælingar og kortagerð. Forverk, Orkustofnun og VST. Rarik. Rvík.

Umhverfisrannsóknir við Lagarfljót IV–V, 1978: Athuganir á fuglalífi. Könnun á smádýralífi í votlendi. Arnþór Garðarsson og Jón Eldon, Líffræðistofnun Háskólans. Rarik. Rvík.

Umhverfisrannsóknir við Lagarfljót VI, 1978: Gegnsæi og framleiðni í Leginum. Hákon Aðalsteinsson, Orkustofnun. Rarik. Rvík.

Umhverfisrannsóknir við Lagarfljót IX, 1978: Gróðurkort. Einar Gíslason og Ingvi Þorsteinsson, Rala. Rarik. Rvík.

Umhverfisrannsóknir við Lagarfljót X, 1977: Athuganir á vatnsborðssveiflum. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. Rarik. Rvík.

Umhverfisráðuneytið, 1999: *Framkvæmdir í umhverfismálum 1995–1999*. Rvík.

Þorvaldur Thoroddsen, 1959: *Ferðabók* III, 2. útg. Rvík.

Örn D. Jónsson, 1990: *Blönduvirkjun og atvinnulíf Norðurlands vestra*. Rvík.

UPPRUNI MYNDA

Öll vinna við kort og myndir fór fram á teiknistofu Landsvirkjunar.

Mynd 2.1: Landsvirkjun.
Mynd 2.2: Landsvirkjun.

Mynd 3.1: Kortagrunnur: Morgunblaðið.
Mynd 3.2: Kortagrunnur: Morgunblaðið.
Mynd 3.3: Mats Wibe Lund.

Mynd 4.1: Landsvirkjun.
Mynd 4.2: Landsvirkjun.
Mynd 4.3: Kortagrunnur: Orkustofnun.
Mynd 4.4: Landsvirkjun.
Mynd 4.5: Landsvirkjun.
Mynd 4.6: Landsvirkjun.
Mynd 4.7: Oddur Sigurðsson.
Mynd 4.8: Landsvirkjun.
Mynd 4.9: Sigurjón Páll Ísaksson.
Mynd 4.10: Sigurjón Páll Ísaksson.
Mynd 4.11: Ragnar Axelsson.
Mynd 4.12: Kortagrunnur: Orkustofnun.
Mynd 4.13: Kortagrunnur: Orkustofnun.
Mynd 4.14: Landsvirkjun, VST.

Mynd 5.1: Kortagrunnur: Morgunblaðið.
Mynd 5.2: Kortagrunnur: Morgunblaðið.
Mynd 5.3: Kortagrunnur: Morgunblaðið.
Mynd 5.4: Kortagrunnur: Morgunblaðið.
Mynd 5.5: Kortagrunnur: Morgunblaðið.
Mynd 5.6: Landsvirkjun.
Mynd 5.7: Landsvirkjun.
Mynd 5.8: Kortagrunnur: Morgunblaðið.

Mynd 6.1: ÁGVST.
Mynd 6.2: Landsvirkjun.
Mynd 6.3: Sigurjón Páll Ísaksson.
Mynd 6.4: Kortagrunnur: ÍSGRAF.
Mynd 6.5: Landsvirkjun.
Mynd 6.6: Kortagrunnur: ÍSGRAF.
Mynd 6.7: Björn Jóhann Björnsson.
Mynd 6.8: Sigurjón Páll Ísaksson.
Mynd 6.9: Emil Þór Sigurðsson.
Mynd 6.10: Ragnar Axelsson.
Mynd 6.11: Ragnar Axelsson.
Mynd 6.12: Helgi Bjarnason.
Mynd 6.13: Orkustofnun.
Mynd 6.14: Orkustofnun.
Mynd 6.15: Landsvirkjun, VST.
Mynd 6.16: Helgi Bjarnason.
Mynd 6.17: Landsvirkjun.
Mynd 6.18: Kortagrunnur: ÍSGRAF.
Mynd 6.19: Sigurjón Páll Ísaksson.
Mynd 6.20: Ragnar Axelsson.
Mynd 6.21: Björn Jóhann Björnsson.
Mynd 6.22: Sigurgeir Sigurgeirsson.
Mynd 6.23: Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands.
Mynd 6.24: Ragnar Axelsson.
Mynd 6.25: Ragnar Axelsson.
Mynd 6.26: Oddur Sigurðsson.
Mynd 6.27: Björn Jóhann Björnsson.
Mynd 6.28: Sigurjón Páll Ísaksson.
Mynd 6.29: Sigurjón Páll Ísaksson.
Mynd 6.30: Jóhann Helgason.
Mynd 6.31: Jóhann Helgason.
Mynd 6.32: Jóhann Helgason.
Mynd 6.33: Jóhann Helgason.
Mynd 6.34: Björn Stefánsson.
Mynd 6.35: Björn Stefánsson.
Mynd 6.36: Oddur Sigurðsson.
Mynd 6.37: Landsvirkjun, VST.
Mynd 6.38: Landsvirkjun, VST.

Mynd 7.1: Ágúst Guðmundsson.
Mynd 7.2: Ágúst Guðmundsson.
Mynd 7.3: Landsvirkjun, VST.
Mynd 7.4: Ágúst Guðmundsson.
Mynd 7.5: Sigurjón Páll Ísaksson.
Mynd 7.6: Ágúst Guðmundsson.
Mynd 7.7: Landsvirkjun, Vatnaskil.
Mynd 7.8: Ágúst Guðmundsson.
Mynd 7.9: Ágúst Guðmundsson.

Mynd 8.1: Landsvirkjun.
Mynd 8.2: Samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálendis Íslands.
Mynd 8.3: Sigurjón Páll Ísaksson.

Mynd 9.1: Landsvirkjun, VST.
Mynd 9.2: Landsvirkjun.
Mynd 9.3: Jón Gauti Jónsson.

Mynd 10.1: Landsvirkjun.
Mynd 10.2: Oddur Sigurðsson.

Mynd 11.1: Sigurjón Páll Ísaksson.
Mynd 11.2: Sigurjón Páll Ísaksson.
Mynd 11.3: Sigurjón Páll Ísaksson.

Mynd 14.1: Landsvirkjun.
Mynd 14.2: Emil Þór Sigurðsson.

Fylgirit með skýrslu Landsvirkjunar:

FLJÓTSDALSVIRKJUN

Umhverfi og umhverfisáhrif.

(Nóvember 1999.)

I. HLUTI
HAGSMUNA- OG UMSAGNARAÐILAR
BRÉF OG UPPLÝSINGAR TENGD SKÝRSLU LANDSVIRKJUNAR

Bréf Landsvirkjunar til hagsmuna- og umsagnaraðila til kynningar á Fljótsdalsvirkjun.

Bréf Landsvirkjunar til sveitarstjórnar Norður-Héraðs.

(31. júlí 1998.)

Varðar: Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Eins og kunnugt er hefur verið unnið að undirbúningi Fljótsdalsvirkjunar í um þrjá áratugi. Fyrstu rannsóknir og áætlanir voru unnar á vegum Orkustofnunar og síðar Rafmagnsveitna ríkisins í umboði stjórnvalda. Heimildarlög um virkjunina voru samþykkt árið 1981, lög nr. 60/1981, og í framhaldi af því var lokið við verkhönnun virkjunarinnar vorið 1982. Hinn 1. október sama ár tók gildi sérstakur samningur milli Landsvirkjunar og ríkisstjórnar Íslands um yfirtöku fyrirtækisins á byggðalínum og á undirbúningi virkjana. Með lögum um Landsvirkjun árið 1983 var undirbúningur virkjunarinnar samkvæmt lögum í höndum fyrirtækisins.

Á árunum 1983 til 1989 var unnið að ýmsum rannsóknum og undirbúningi á vettvangi, jafnframt hafði ný tækni við gerð jarðganga gert það kleift að unnt var að heilbora berglög á þessu svæði í stað þess að veita vatninu með skurðum norður Fljótsdalsheiði að stöðvarhúsi. Þessi tilhögun reyndist hagkvæmari en sú eldri og var gerð ný verkhönnun fyrir þessa tilhögun árið 1990. Í framhaldi af því var unnið að frekari vettvangsrannsóknum og var virkjunin með breyttri veituleið fullhönnuð í árslok 1990. Í apríl 1991 gaf iðnaðarráðherra út framkvæmdaleyfi fyrir 210 MW virkjun með 500 Gl miðlunarlóni á Eyjabökkum. Í framhaldi af því var virkjunartilhögun auglýst í Lögbirtingarblaði til almennrar kynningar og komu fram nokkrar athugasemdir. Um svipað leyti voru framkvæmdir boðnar út og hófust þær, m.a. með vegagerð og gerð aðkomuganga, en í árslok 1991 var frekari framkvæmdum við virkjunina frestað.

Þó svo að Landsvirkjun hafi fullar heimildir fyrir byggingu Fljótsdalsvirkjunar og sé ekki skylt lögum samkvæmt að vinna mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar hefur stjórn fyrirtækisins eigi að síður ákveðið að láta gera slíkt mat fyrir virkjunina. Með matinu og tengdum rannsóknum er ætlunin að leiða í ljós raunveruleg umhverfisáhrif virkjunarinnar og hvaða

leiðir séu færar til að draga úr þeim. Í framhaldi af þeirri vinnu mun stjórn fyrirtækisins taka ákvörðun um það hvort matsskýrsla verður formlega lögð fram til Skipulagsstofnunar og auglýst að nýju.

Landsvirkjun hefur ráðið eftirtalda sérfræðinga til að vinna og hafa umsjón með matsvinnunni. Þeir eru: Sigurður Þórðarson, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. sem er verkefnisstjóri, Björn Jóhann Björnsson, Stuðli, verkfræði- og jarðfræðiþjónustu og Sigurjón Páll Ísaksson, Línuhönnun hf. Að auki munu fjölmargir sérfræðingar vinna að einstökum efnisþáttum matsins. Undirritaður hefur yfirumsjón með verkinu af hálfu Landsvirkjunar.

Mikilvægt er að fá fram sem fyrst ábendingar og athugasemdir hinna ýmsu aðila, sem hagsmuna eiga að gæta eða telja að þeir geti lagt fram eitthvað, sem máli skiptir við gerð skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Því er ykkur boðið að koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum um þætti eða efnisatriði, sem þið teljið æskilegt að komi fram í matsskýrslu. Allar upplýsingar, ef að gagni geta komið við matið eru vel þegnar. Svör þurfa að berast undirrituðum eigi síðar en í byrjun október.

Meðfylgjandi er: Fljótsdalsvirkjun; samantekt um 210 MW virkjun, dags. júlí 1998. Frekari gögn og upplýsingar fást hjá undirrituðum eða verkefnisstjóra.

Virðingarfyllst,

Helgi Bjarnason,
deildarstjóri umhverfisdeildar
verkfræði- og framkvæmdasviðs.

Bréf Skipulagsstofnunar til Landsvirkjunar.
(13. ágúst 1998.)

Efni: Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Skipulagsstofnun hefur borist erindi Landsvirkjunar, dags. 31. júlí 1998, þar sem stofnuninni er boðið að koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum um þá þætti eða efnisatriði sem hún telji æskilegt að fram komi í mati á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Eins og fram kemur í bréfi Landsvirkjunar hefur fyrirtækið leyfi fyrir 210 MW virkjun frá árinu 1991. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Ef stjórn Landsvirkjunar tekur ákvörðun um að óska eftir formlegu mati á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt lögum nr. 63/1993, þrátt fyrir framangreint leyfi til framkvæmda og lýsir því yfir að fyrirtækið muni hlíta niðurstöðu úrskurðar þar um, mun Skipulagsstofnun yfirfara drög að frummatsskýrslu og veita leiðbeiningar um efnistök eins og venja er til.

Hjálagt er afrit af bréfi umhverfisráðuneytisins til Skipulags ríkisins frá 24. júní 1997.

Stefán Thors


Grjótárveita
Hafursárveita
Eyjabakkalón
664,5 m y.s.
500 Gl
Aðkoma I
Eyjabakkastífla
Kelduá
Sauðárveita
Sauðárlón
Sauðárvatn
Innri-Sauðá
Ytri-Sauðá
Fellsá
Sultarranaá
Kirkjufoss
Ragnaborg
Hrakströnd
Eyjabakkafoss
Hafursárkvísl
Sauðafell
Snæfell
Sauðá
Grjótárhnjúkur
Gjótá
Blöndujökull
Geldingafell
Geldingafellsskáli
Kelduárvatn
Innstavatn
Vatnadæld
Viðidalsá
Háalda
GLACIERS EDGE 1970
GLACIERS EDGE 1890
Snæfellshals
Snæfellsskáli
Grjótárhnjúkur
Langrhnjúkur
Sauðahnjúkur
Sauðá
Hafursfell
Hafursárvísl
Innri-Heiðará
Jökulsá i Fljótsdal
Laugarás
Kelduá
Folavatn
Ytri-Bergkvísl
Mútagraun
Hauklaftar
Grjótárhnjúkur
Vhm 234
Vhm 221
Vhm 217
Vhm 207
Vhm 185


Fljótsdalsvirkjun
210 MW
Hölknárveita
Laugarárveita
Aðkoma III
Aðrennslisgöng
Aðkoma IV
Stöðvarhús
Aðkomugöng
Frárennslisgöng
Jöfnunarþró
Stíflur
Skurðir
Jarðgöng
Vegur
Slóð
Vatnaskil
0
2,5
5 km

Bréf umhverfisráðuneytis til skipulagsstjóra ríkisins.
(24. júní 1997.)

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 28. febrúar sl. þar sem óskað er álits á því hvort skipulagsstjóra beri að taka til athugunar samkvæmt lögum nr. 63/1993, framkvæmdir sem hafa leyfi gefið út fyrir 1. maí 1994, ef framkvæmdaraðili óskar eftir formlegri umfjöllun embættisins um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Enn fremur er óskað álits ráðuneytisins á því hvort framkvæmdaraðili sem óskar framangreindrar umfjöllunar telst bundinn af úrskurði kveðnum upp samkvæmt lögum nr. 63/1993, sem hugsanlega takmarkar á einhvern hátt eldra leyfi hans til framkvæmda.

Því er til að svara að lögin sem slík ná ekki yfir framkvæmdir með leyfi útgefin fyrir 1. maí 1994. Hins vegar telur ráðuneytið því ekkert til fyrirstöðu að beitt verði þeim starfsaðferðum sem lögin kveða á um í slíkum tilvikum óski framkvæmdaraðili eftir því og staðfesti það með formlegum hætti að hann ætli að hlíta lögunum og þar með úrskurði skipulagsstjóra, eftir atvikum umhverfisráðherra.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu en það lenti á milli óviðkomandi skjala.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Bréf Náttúrufræðistofnunar til Landsvirkjunar.
(13. ágúst 1998.)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 31. júlí sl. þar sem stofnuninni er boðið að koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum vegna mats á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ekki „hagsmunaaðili“ í þessu máli og kemur hvorki að því sem stjórnsýsluaðili eða umsagnaraðili, sbr. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 179/1994, þótt skipulagsstjóri geti leitað eftir áliti hennar á matsskýrslu samkvæmt sömu grein reglugerðarinnar.

Náttúrufræðistofnun hefur það meginhlutverk að afla gagna um náttúru landsins og miðla upplýsingum um hana til þeirra sem á þurfa að halda. Jafnframt ber stofnuninni m.a. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar, sbr. lög nr. 60/1992. Það er fyrst og fremst á þessu sviði sem stofnunin getur aðstoðað Landsvirkjun við mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar eða annarra framkvæmda.

Náttúrufræðistofnun býr yfir ágætri vitneskju um það hvaða rannsóknir hafa farið fram á náttúru þess svæðis sem um er að ræða og hvaða gögn eru aðgengileg. Stofnunin er reiðubúin til að aðstoða Landsvirkjun við að meta stöðu þekkingar á þessu svæði og veita þá ráðgjöf sem í hennar valdi stendur óski Landsvirkjun eftir því. Jafnframt að annast tilteknar náttúrufarsrannsóknir og leiðbeiningar á grundvelli þeirra ef þörf krefur.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri.

Bréf Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.
(27. ágúst.)

AÐALFUNDUR SSA 26. OG 27. ÁGÚST 1999
SAMÞYKKT ÁLYKTUN LÖGÐ FRAM AF
FERÐAÞJÓNUSTU- OG ATVINNUMÁLANEFND

Virkjanir og stóriðja á Austurlandi. — Byggðamál.

Aðalfundur SSA haldinn í Brúarásskóla á Norður-Héraði dagana 26. og 27. ágúst 1999 ítrekar þá stefnu sambandsins að styðja eindregið áform um virkjanaframkvæmdir á Austurlandi og nýtingu orkunnar í fjórðungnum. Leggur fundurinn áherslu á eftirfarandi í þessu sambandi:

— lög í landinu heimila að ráðist verði í byggingu Fljótsdalsvirkjunar,
— ekkert virkjunarsvæði hefur verið eins ítarlega rannsakað og virkjunarsvæði Fljótsdalsvirkjunar enda mikilvægt að mat á umhverfisáhrifum slíks mannvirkis sé vandlega unnið,
— brýnt er að félagsleg áhrif og umhverfisáhrif virkjunar og iðjuvers á Austurlandi verði vandlega kynnt, sérstaklega verði vandað til kynningar á þeirri skýrslu á umhverfisáhrifum virkjunar sem væntanlega verður lögð fram á næstunni,
— mikilvægt er að framkvæmdir við virkjun og orkufrekan iðnað hefjist hið fyrsta enda hafa áform um slíkt verið uppi á Austurlandi í um 20 ár,
— úttektir sýna að tilkoma orkufreks iðjuvers mun hafa mjög jákvæð áhrif á íbúa- og efnahagsþróun á Austurlandi,
— virkjun og orkufrekur iðnaður á Austurlandi mun án efa vera áhrifamesta byggðaaðgerð sem stjórnvöld eiga kost á að stuðla að um þessar mundir.

Bréf Náttúruverndarsamtaka Austurlands (NAUST) til Landsvirkjunar.
(31. ágúst 1998.)

Svar við bréfi dags. 31. júlí 1998.

Stjórn NAUST ákvað að leggja bréfið fyrir aðalfund samtakanna. Aðalfundur NAUST 30. ágúst 1998 tók það til umræðu og verður meðfylgjandi ályktun að skoðast sem svar samtakanna til Landsvirkjunar.

Virðingarfyllst,
f.h. NAUST.

Guðmundur Beck.

FRÁ AÐALFUNDI NÁTTÚRUVERNDARSAMTAKA AUSTURLANDS

Aðalfundur NAUST — Náttúruverndarsamtaka Austurlands — var haldinn á Reyðarfirði sunnudaginn 30. ágúst 1998. Guðmundur Beck formaður stjórnar NAUST gerði grein fyrir störfum stjórnar. Á fundinum fluttu erindi Guðrún A. Jónsdóttir forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands og Árni Bragason forstjóri Náttúruverndar ríkisins og greindu frá rannsóknum og starfi að náttúruverndarmálum.

Fundurinn gekk frá ályktunum um eftirtalin efni og voru þær allar samþykktar samhljóða.

1. Um virkjunarmál á Austurlandi.
2. Um risaálbræðslu á Reyðarfirði.
3. Um skipulag miðhálendisins.
4. Um vinnu að staðardagskrá 21.
5. Um stuðning við óháð náttúruverndarsamtök.
6. Um fjárframlög til umhverfismála.
7. Um friðlýsingu Snæfells og Snæfellsöræfa.
8. Um friðlýsingu Gerpissvæðisins.
9. Um Kyoto-bókunina.
10. Um kynningarefni vegna umhverfisáhrifa virkjana.

Ályktanir fundarins eru birtar hér í heild:

1. Ályktun um virkjunarmál á Austurlandi.

Aðalfundur NAUST 1998 haldinn á Reyðarfirði 30. ágúst ályktar eftirfarandi um virkjunamál á Austurlandi:

1. Vatnaflutningar.

Aðalfundurinn varar við öllum hugmyndum um samveitur vatnsfalla og flutning stórfljóta milli vantasviða eins og meðal annars er gert ráð fyrir norðan Vatnajökuls. Allsendis ófullnægjandi rannsóknir hafa til þessa farið fram á afleiðingum þess að veita Jökulsá á Dal til Lagarfljóts.

2. Jökulsá á Dal.

Í ljósi þessa hvetur fundurinn til að allar forsendur vegna hugmynda um virkjun Jökulsár á Dal verði endurmetnar áður en lengra er haldið með rannsóknir og virkjanaundirbúning.

3. Fljótsdalsvirkjun.

Fundurinn skorar á ríkisstjórnina að taka þegar í stað af skarið um að fram fari lögformlegt mat vegna framkvæmdaáforma um Fljótsdalsvirkjun.

4. Jökulsá á Fjöllum.

Fyrirhugaðar veitur frá Jökulsá á Fjöllum og virkjanir á því vatni til Jökuldals eða Fljótsdals telur fundurinn ekki koma til greina.

5. Hraunavirkjun.

Fundurinn telur núverandi hugmyndir um sérstaka virkjun á afrennsli Hraunasvæðisins ofan í Suðurdal Fljótsdals alveg óraunhæfar.

6. Aðrar virkjanir.

Fundurinn hvetur til þess að athugað verði um miðlungsstórar eða smærri virkjanir til úrlausnar í orkumálum fjórðungsins.

7. Kynningarstarf.

Að lokum skorar fundurinn á iðnaðar- og umhverfisráðuneytið að beita sér fyrir ítarlegri kynningu á hugmyndum um virkjanir norðan Vatnajökuls og umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda áður en ráðist verður í mat á umhverfisáhrifum þeirra.

2. Ályktun um risaálbræðslu á Reyðarfirði.

Aðalfundur NAUST 1998 vekur athygli á að litlar upplýsingar hafa komið fram um umhverfisáhrif hugsanlegrar risaálbræðslu á Reyðarfirði. Ljóst er að þótt beitt sé bestu fáanlegum mengunarvörnum er um verulega losun ryks og efnasambanda að ræða frá áliðnaði. Fyrir hver 100 þúsund tonn á ári í álframleiðslu getur losun á ryki numið 100 tonnum, á flúoríði allt að 60 tonnum auk brennisteinssambanda, mismikið eftir því hvaða mengunarvörnum er beitt. Rætt hefur verið um álbræðslu með allt að 480 til 720 þúsund tonna ársafköstum og vex magn mengunarefna í beinu hlutfalli við stærð.

Miðað við tiltölulega lokað umhverfi í innanverðum Reyðarfirði og staðviðri, sem oft ríkir, getur þar orðið um tilfinnanlega og skaðlega mengun að ræða af völdum slíkrar verksmiðju. Afar óvarlegt er að horfa fram hjá slíkum aðstæðum og sætir furðu að fyrir fram virðist gengið út frá því að umhverfi Reyðarfjarðar þoli álag af risafyrirtæki í þessum iðnaði.

Aðalfundur NAUST minnir jafnframt á skuldbindingar Íslands samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá 1992, en þær yrðu að engu gerðar með áframhaldandi stóriðjuframkvæmdum.

3. Ályktun um skipulag miðhálendisins.

Aðalfundur NAUST 1998 fagnar þeirri miklu umræðu sem orðið hefur um málefni miðhálendisins að undanförnu. Fundurinn telur brýnt að við vinnu að skipulagi þessa stóra landsvæðis sé gætt heildstæðra náttúruverndarsjónarmiða.

Fundurinn lýsir ánægju með að í fyrirliggjandi tillögum að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands til ársins 2015 er að finna allgóðar undirtektir við verndarsjónarmið, þótt æskilegt hefði verið að ganga þar lengra í ýmsum efnum.

Fundurinn tekur undir framkomna þingsályktunartillögu um stofnun stórra þjóðgarða á miðhálendinu og vekur athygli á að sú tillaga getur eins og segir í umsögn samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins „í megindráttum verið samrýmanleg skipulagstillögunni en tillögugerð um nánari útfærslu friðlýsingar er hins vegar verkefni yfirvalda náttúruverndarmála“. Skorar fundurinn á Alþingi og yfirvöld náttúruverndarmála að tryggja þessu stórmáli brautargengi.

4. Ályktun um vinnu að staðardagskrá 21.

Aðalfundur NAUST 1998 telur afar brýnt að sveitarfélög landsins móti hið fyrsta umhverfisáætlanir hver á sínum vettvangi í anda staðardagskrár 21 í Ríó-samþykktinni. Hvetur fundurinn stjórnvöld til að veita áframhaldandi öflugan stuðning við vinnu að slíkum áætlunum. Fundurinn fagnar því að nokkur hreyfing er loks komin á þetta mál og vekur sérstaka athygli á frumkvæði Egilsstaða og Austur-Héraðs á þessu sviði.

5. Ályktun um stuðning við óháð náttúruverndarsamtök.

Aðalfundur NAUST 1998 lýsir yfir undrun á neikvæðri afstöðu sumra ráðherra ríkisstjórnarinnar og einstakra sveitarstjórnarmanna í garð óháðra náttúruverndarsamtaka. Þau viðhorf sem endurspeglast í málflutningi þeirra eru í hrópandi mótsögn við meginstrauma á alþjóðavettvangi, meðal annars á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fundurinn minnir í þessum efnum á sérstaka samþykkt umhverfisráðherra Evrópulanda í Árósum í júní 1998 um mikilvægi frjálsra félagasamtaka í þróun umhverfismála í álfunni og aðild þeirra að stefnumörkun.

Aðalfundurinn hvetur íslensk stjórnvöld til að endurskoða viðhorf sín í þessum efnum og taka upp samvinnu við samtök sem sinna umhverfismálum og náttúruvernd og veita þeim eðlilegan stuðning til starfsemi sinnar.

6. Ályktun um fjárframlög til umhverfismála.

Aðalfundur NAUST 1998 telur brýnt að Alþingi og ríkisstjórn tryggi þegar á næstu fjárlögum stóraukin fjárframlög til umhverfismála. Takmarkaðar og allsendis ónógar fjárveitingar standa í vegi fyrir úrbótum og eðlilegri þróun þessa málaflokks. Á það við sjálft ráðuneyti umhverfismála og stofnanir sem undir það heyra, ekki síst Náttúruvernd ríkisins og Hollustuvernd ríkisins.

7. Ályktun um friðlýsingu Snæfells og Snæfellsöræfa.

Aðalfundur NAUST 1998 skorar á umhverfisráðherra og Náttúruvernd ríkisins að tryggja að hið fyrsta verði gengið frá friðlýsingu Snæfells os Snæfellsöræfa.

8. Ályktun um friðlýsingu Gerpissvæðisins.

Aðalfundur NAUST 1998 fagnar samþykkt bæjarstjórnar í sameinuðu sveitarfélagi Eskifjarðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðar þess efnis að hafin verði vinna að friðlýsingu Gerpissvæðisins. Með þeirri samþykkt er tekið undir tillögu NAUST, sem meðal annars gerir ráð fvrir að friðlýsing hafi ekki áhrif á hefðbundnar nytjar á svæðinu.

Aðalfundurinn beinir þeim tilmælum til Náttúruverndar ríkisins að hefja hið fyrsta vinnu til undirbúnings að friðlýsingu svæðisins í náinni samvinnu við landeigendur og aðra rétthafa sem og sveitarstjórn. NAUST mun veita nokkurn fjárstuðning til framgangs þessa áhugaverða verkefnis samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna.

9. Ályktun um Kyoto-bókunina.

Aðalfundur NAUST 1998 skorar á ríkisstjórn Íslands að undirrita hið fyrsta Kyotobókunina um samdrátt í losun gróðurhúsaloftegunda eins og öll aðildarríki OECD önnur en Ísland og Bandaríkin hafa þegar gert.

10. Um kynningarefni vegna umhverfisáhrifa virkjana.

Aðalfundur NAUST 1998 skorar á iðnaðarráðuneyti og Náttúruvernd ríkisins að gefa nú þegar aftur út skýrslu um samanburð á umhverfisáhrifum á nokkrum tilhögunum á stórvirkjun á Austurlandi og sjá til þess að hliðstæð rit séu ætíð fyrirliggjandi fyrir almenning.

Bréf veiðistjóra til Landsvirkjunar.

(1. september 1998.)

Efni: Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Skilja má af bréfi ykkar að hér sé ekki um að ræða fullgilt mat á umhverfisáhrifum. Veiðistjóraembættið mun því ekki geta innt þessa vinnu af hendi við þær aðstæður og með þeim tímamörkum sem embættinu eru gefin í bréfinu en er reiðubúið til samstarfs ef Landsvirkjun ræðst í fullgilt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Með bestu kveðju og ósk um gott samstarf í framtíðinni.

Áki Ármann Jónsson,
veiðistjóri.

Bréf sveitarstjórnar Norður-Héraðs til Landsvirkjunar.
(7. september 1998.)

Á fundi sveitarstjórnar Norður-Héraðs nr. 7512 var tekið fyrir bréf Landsvirkjunar frá 31. júlí 1998 og varðar mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Afgreiðsla sveitarstjórnar var eftirfarandi:

Erindi frá Landsvirkjun frá 31. júlí 1998 um Fljótsdalsvirkjun og umhverfismat á henni. Meiri hluti hreppsnefndar lýsti sig fylgjandi að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Þetta tilkynnist hér með.
Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar Norður-Héraðs,

Jónas Þór Jóhannsson,
sveitarstjóri.

Bréf samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands til Landsvirkjunar.
(7. september 1998.)

Efni: Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands tók á fundi sínum 26. ágúst 1998 fyrir erindi Landsvirkjunar dags. 31. júlí 1998 þar sem óskað er eftir ábendingum og athugasemdum vegna fyrirhugaðrar skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Samvinnunefndin telur eðlilegt að unnið sé formlegt mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar. Æskilegt væri að jafnframt væri metinn sá möguleiki að virkja saman Jökulsá á Brú og Jökulsá á Fljótsdal með þeim hætti að Kárahnjúkalón geti nýst sem miðlun fyrir bæði vatnasviðin.

Að öðru leyti vísar nefndin til umfjöllunar sinnar um virkjanakosti norðan Vatnajökuls í tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015, þ.e. til skipulagsgreinargerðar og uppdráttar, fylgirita og umsagna.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir,
ritari samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands.

Bréf Náttúruverndar ríkisins til Landsvirkjunar.
(28. september 1998.)

Efni: Ábendingar fyrir skýrslu um Fljótsdalsvirkjun, bréf Landsvirkjunar dags. 31. júlí 1998, 62-FDV-002.

Stjórn Náttúruverndar ríkisins hefur fjallað um beiðni Landsvirkjunar þar sem fram kemur ósk fyrirtækisins um ábendingar og athugasemdir fyrir skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar.

Í bréfi Landsvirkjunar segir:

„Þó svo að Landsvirkjun hafi fullar heimildir fyrir byggingu Fljótsdalsvirkjunar og sé ekki skylt lögum samkvæmt að vinna mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar hefur stjórn

fyrirtækisins eigi að síður ákveðið að láta gera slíkt mat fyrir virkjunina. Með matinu og tengdum rannsóknum er ætlunin að leiða í ljós raunveruleg umhverfisáhrif virkjunarinnar og hvaða leiðir séu færar til að draga úr þeim. Í framhaldi af þeirri vinnu mun stjórn fyrirtækisins taka ákvörðun um það hvort matsskýrslan verður formlega lögð fram til Skipulagsstofnunar og auglýst að nýju.“

Stjórn Náttúruverndar ríkisins fagnar því að stjórn Landsvirkjunar hefur ákveðið að láta vinna mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar og telur eðlilegt að matsskýrslan verði lögð inn til Skipulagsstofnunar til formlegrar afgreiðslu. Þegar framkvæmd er tilkynnt í mat veitir Náttúruvernd ríkisins skýrsluhöfundum fúslega aðstoð og ábendingar. Þar sem Náttúruvernd ríkisins er lögboðinn umsagnaraðili telur stjórnin hins vegar ekki rétt að veita aðstoð og koma með ábendingar fyrir skýrslugerðina fyrr en fyrir liggur hvaða meðhöndlun matsskýrslan fær.

Virðingarfyllst,

Árni Bragason, forstjóri.

Bréf Landgræðslu ríkisins til Landsvirkjunar.
(1. október 1998.)

Varðar: Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Í samræmi við bréf Landsvirkjunar dags. 31. júlí 1998 þá er það sem hér fer á eftir ekki formleg umsögn Landgræðslu ríkisins um mat á umhverfisáhrifum téðrar virkjunar, enda hefur matið ekki farið fram. Í þessu bréfi er að finna ábendingar er varða nokkur þau atriði er Landgræðslan telur að fjalla þurfi um í væntanlegri matsskýrslu. Þar af leiðandi einskorðast ábendingarnar við þau atriði er varða verksvið Landgræðslu ríkisins sérstaklega. Í því sambandi vill Landgræðslan minna á 17. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965, en þar stendur: *„Sá sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau“*. Í samræmi við þetta ákvæði hlýtur sérhver sá, er landspjöllum veldur (eða hyggst valda) með verkum sínum, að segja fyrir um með hvaða hætti hann hyggst bæta fyrir spjöllin. Þær tillögur mun Landgræðsla ríkisins síðan meta í samræmi við fyrirmæli 18. gr. nefndra laga.

Landgræðslan ítrekar að hún áskilur sér allan rétt til umsagnar um væntanlega matsskýrslu og mun þá, í samræmi við niðurstöður skýrslunnar, eigin athuganir og upplýsingar, taka afstöðu til málsins í heild sinni.

1. Við gerð stíflu við Eyjabakkafoss fer stórt (tölur vantar í samantekt frá í júlí 1998) gróið svæði undir vatn. Svæðið er að miklum hluta til votlendi. Það hefur verulegt gildi fyrir gróðurfar svæðisins í heild og ætla má að tilvera gróðurs þar dragi úr sandfoki í byggð í Fljótsdal. Skoða þarf stærð og eðli svæðisins, bæði hvað varðar gróður og jarðveg og með hvaða hætti væri hægt að draga úr eða bæta fyrir þau spjöll sem óhjákvæmilega munu leiða af framkvæmdinni.
2. Svæðið bindur talsvert magn kolefnis en tölur um slíka bindingu eru nokkuð á reiki. Votlend svæði binda allajafna mun meira en þurrlend. Kanna þarf kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri á svæðinu og ætla hve mikið kolefni muni losna í lónstæðinu. Gera þarf grein fyrir með hvaða hætti það kolefni verði bundið og hvar og enn fremur með

hvaða hætti verði leitast við að draga úr eða eyða áhrifum gróðureyðingarinnar á kolefnisjafnvægi andrúmsloftsins. Má í því sambandi benda á að flatarmál þeirra gróðursvæða sem þarna hverfa undir vatn er af svipaðri stærðargráðu og grætt verður upp af hálfu sérstaks átaks núverandi ríkisstjórnar til að hamla gegn áhrifum kolefnismengunar. Ætla má að bindigeta gróðurs við Eyjabakka sé aftur á móti mun meiri en uppgræðslu á þurrlendi við sambærileg gróðurskilyrði auk þess sem langan tíma tekur að byggja upp jarðveg sambærilegan því sem þarna fer undir vatn, sé slíkt yfirleitt hægt.

3. Stærð lónsins verður mjög mismunandi eftir árstímum og virðist sem allt að helmingi geti munað á stærsta og minnsta flatarmáli yfirborðs þess. Á því tímabili sem vatn er að safnast upp í lóninu er þess að vænta að í því verði verulegt botnfall, einkum á grunnsvæðum og í lygnum. Þetta botnfall er auðrofið og líklegt til að berast undan vindum til norðurs og norðausturs, en suð- og suðvestlægir vindar eru aðalrofáttir norðan Vatnajökuls. Þessi sandur, silt og ryk mun setjast í nærliggjandi gróður og að líkindum valda rofi út frá lónstæðinu auk þess að auka loftmengun út allt Hérað, einkum á vorin og snemmsumars. Þá er verulega mikill sandur bundinn í og undir þeim gróðri sem nú er við Eyjabakka. Þegar gróðurinn hverfur losnar þessi sandur og bætist í fokefnin, þ.e. sá hluti sem einhvern tíma ársins er ofan vatnsborðs. Meta þarf hugsanleg áhrif þessa vindrofs og sandburðar á gróður í Fljótsdal og finna þarf leiðir til að draga úr hugsanlegum áhrifum og/eða bæta fyrir þau.
4. Farvegur Jökulsár í Fljótsdal frá stíflu við Eyjabakkafoss og að útfalli frá stöðvarhúsi verður líklega mikið til þurr að vetri og vori ef frá er talið leysingavatn og smálækir. Síðsumars og fram á haust má búast við eðlilegu jökulvatnsrennsli í farveginum. Sandur og leir úr árbotninum mun þorna upp vetur og vor og blása yfir nærliggjandi gróðurlendi og getur valdið þar spjöllum. Að öllu óbreyttu má gera ráð fyrir nokkrum gróðurskemmdum í nágrenni farvegarins. Meta þarf umfang þessara hugsanlegu skemmda og finna leiðir lil mótvægis.
5. Eyjabakkar eru beitarsvæði hreindýra, fugla og sauðfjár í einhverjum mæli. Við það að svæðið fer undir vatn mun beitin færast til annarra svæða. Ætla má að beitarálag á landi norðaustan Vatnajökuls sé nærri þolmörkum, sums staðar yfir en annars staðar undir. Líklegt er að missir Eyjabakka sem beitarsvæðis muni leiða til aukins álags á önnur svæði og meðfylgjandi aukningar á jarðvegs- og gróðurrofi. Tilflutningur beitar inni á önnur svæði mun enn fremur rýra getu þeirra svæða til að binda kolefni og þar með draga úr heildaráhrifum aðgerða til að binda kolefni. Nauðsyn ber til að leggja mat á þessi atriði, reyna að sjá fyrir hvert beitin muni færast, hver verði áhrif gróðureyðingarinnar á stofnstærðir og með hvaða hætti megi draga úr eða eyða heildaráhrifunum bæði hvað varðar gróðurlendi, rof og kolefnisbindingu.

Á þessu stigi máls leggur Landgræðslan ekki mat á fyrirhugaðar virkjunaraðgerðir né þá röskun á gróðurfari, umhverfi og náttúru er munu fylgja þeirri framkvæmd. Það bíður væntanlegrar umhverfismatsskýrslu. Að henni fenginni mun Landgræðsla ríkisins enn fremur skera úr um hvort þær rannsóknir er að baki skýrslunni munu liggja verði fullnægjandi fyrir Landgræðsluna til að byggja sínar álitsgerðir á eða hvort frekari rannsókna verði þörf.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri.

Bréf Heilbrigðiseftirlits Austurlands til Landsvirkjunar.
(3. október 1998.)

Varðar mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, sbr. erindi ykkar dags. 31. júlí 1998.

Heilbrigðisnefnd Austurlands fundaði á Breiðdalsvík 2. október sl. og því gátu fulltrúar hennar því miður ekki tekið þátt í skoðunarferð í ykkar boði sama dag.

Á fundinum var tekið fyrir erindi ykkar dags. 31. júlí 1998.

Undirritaðri var falið að svara erindinu og þakka fyrir að fá það. Einnig var mér falið að benda ykkur á að skoða vel staðsetningu línulagna m.t.t. mannvista í umhverfismatinu.

Að auki var talin ástæða til að benda á að fylgja skal reglugerðum um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir (nr. 84/1982 m.s.br.) sem og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi (nr. 35/1994 m.s.br.). Í því skyni hvetur heilbrigðisnefnd til að settar séu inn í útboðsgögn kröfur um að verktakar fylgi ákvæðum þeirra reglugerða sem og annarra sem heyra undir heilbrigðiseftirlitið. Þetta atriði á við bæði á undirbúnings- og framkvæmdastigi virkjana.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Helga Hreinsdóttir, frkvstj. HAUST.

Bréf Ferðafélags Fljótsdalshéraðs til Landsvirkjunar.
(6. október 1998.)

Efni: Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs fagnar aukinni umræðu um mat á umhverfisáhrifum vegna Fljótsdalsvirkjunar. Félagið hefur ekki legið á þeirri skoðun sinni, að slíkt mat ætti skilyrðislaust að fara fram og lögformlega leið.

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs hefur starfað á áhrifasvæði virkjunarinnar í 30 ár. Það er því ljóst að félagið hefur umtalsverðar athugasemdir fram að færa. Það sér hins vegar ekki ástæðu til að tíunda þær að tilefnislausu og bíður tilefnisins; að sú ákvörðun verði tekin að mat á umhverfisáhrifum gangi lögformlega leið. Þegar sú ákvörðun liggur fyrir mun félagið leggja fram sínar athugasemdir. Vonandi verður sú ákvörðun tekin hið fyrsta, ekkert annað er virðulegu fyrirtæki eins og Landsvirkjun sæmandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Ferðafélags Fljótsdalshéraðs,

Þórhallur Þorsteinsson.

Bréf sveitarstjórnar Austur-Héraðs til Landsvirkjunar.
(7. október 1998.)

Varðar mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Vísað er til bréfs Landsvirkjunar dags. 31. júlí 1998 varðandi mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Á fundi bæjarstjórnar Austur-Héraðs 6. október 1998 var svohljóðandi bókun gerð:

„Í framhaldi af umfjöllun um bréf Landsvirkjunar dags. 31. júlí 1998, sem varðar mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, beinir sveitarstjórn Austur-Héraðs eftirfarandi ályktun til stjórnar Landsvirkjunar og umhverfisráðherra:

Sveitarstjórn Austur-Héraðs telur nauðsynlegt að fram fari lögformlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.“

Um leið og framangreindri bókun er komið á framfæri við hlutaðeigandi sendast hjálagðir umræðupunktar frá umhverfis- og atvinnumálaráði Austur-Héraðs, varðandi sama málefni. Er það ósk ráðsins og sveitarstjórnarinnar að áhersluatriði þau, sem þar koma fram, verði öll höfð til hliðsjónar í þeirri vinnu, sem fram undan er.

Ofanritað tilkynnist hér með.

Bj. Hafþór Guðmundsson bæjarstjóri.

Umhverfis- og atvinnumálaráð Austur-Héraðs.
Umræðupunktar og til athugunar vegna vinnu við umhverfismat Fljótsdalsvirkjunar.

Áhrif á lífríki alls virkjanasvæðisins frá Vatnajökli og út í Héraðsflóa
- Votlendi
- Gróður
- Dýralíf
- Landbrot
- Sandfok

Áhrif á Löginn og Lagarfljót
- Vatnshæð
- Hitastig vatnsins
- Loftslag svæðisins
- Straumur
- Aurframburður
- Silungsveiði

Áhrif vegna veitna, þ.e. Hölknár, Laugarár, Kelduár, Sauðár og Grjótáa.
- Vatnsrennsli nefndra áa
- Veiði og ræktun Kelduár
- Gróðurbreyting í kjölfar breytinga á vatnasvæðum

Áhrif á ýmsa þætti
- Ferðamennsku
- Þróun byggðar nær og fjær vegna virkjanaframkvæmda
- Félagslega þróun
- Græna ímynd Héraðsins

Bréf veiðimálastjóra til Landsvirkjunar.
(12. október 1998.)

Varðar áhrif Fljótsdalsvirkjunar og Eyjabakkalóns á fiskgengd og veiði

Þann 2. október síðastliðinn fór undirritaður í skoðunarferð á vegum Landsvirkjunar með ýmsum öðrum umsagnaraðilum og áhugamönnum að skoða virkjunarsvæði Fljótsdalsvirkjunar. Þótt virkjunin hafi þegar verið samþykkt á Alþingi og því ekki ljóst, hvort hún fer í formlegt umhverfismat, var látin í ljós sú ósk að umsagnaraðilar sendu umsagnir eða ábendingar varðandi hugsanleg áhrif þessarar virkjunar.

Rétt er að taka fram að eftirfarandi ábendingar snúa eingöngu að fiskstofnum og veiði í ám og vötnum en taka ekki mið af áhrifum þessa mannvirkis á annað dýralíf eða önnur náttúruverndarsjónarmið.

Samkvæmt upplýsingum um virkjunina, sem dreift var til umsagnaraðila, verður Jökulsá í Fljótsdal stíflað fyrir ofan Eyjabakkafoss og veitt í jarðgöng sem liggja niður í stöðvarhús í Fljótsdal. Samkvæmt áætlunum verður Sauðá og Kelduá í efstu drögum veitt inn í Eyjabakkalón en Laugará ásamt efri hluta Grjótár og Hölknár veitt inn í jarðgöng við Laugaárinntak.

Í samantekt Veiðimálastofnunar fyrir Landsvirkjun (S. Guðjónsson og I. R. Jónsson 1995, VMSTR/95014X) kemur fram að ár á Lagarfljótssvæðinu eru fremur snauðar og stutt fiskgengar nema Kelduá, sem er fiskgeng um 12 km. Hún er dragá sem blandast jökli á vissum árstímum. Bleikja þrífst í ánni og þar er einhver veiði.

Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar verður ekki séð að Eyjabakkalón og 210 MW virkjun í Fljótsdal hafi teljandi neikvæð áhrif á fiskstofna í ám á svæðinu. Ef stíflumannvirkið fjarlægir jökulaur úr ám á svæðinu t.d. Kelduá gæti slíkt verið til bóta fyrir stangaveiði. Minni aurburður í Lagarfljót yrði einnig af hinu góða og má benda á áhrif Blöndulóns á aurburð og veiði í Blöndu því til staðfestingar.

Samkvæmt skýrslu Veiðimálastofnunar eru flestar ár sem falla til Lagarfljóts fremur kaldar og efnissnauðar, þar sem snjóbráð er oft langt fram á sumar, jarðvegur gróðursnauður og viðstöðutími vatns stuttur (S. Guðjónsson og I. R. Jónsson 1995). Þetta ástand er að sjálfsögðu sérstaklega ríkjandi í efstu drögum ánna.

Þegar á heildina er litið, einkum með tilliti til frekari virkjunarframkvæmda á svæðinu norðan og austan Vatnajökuls, er ljóst að auka þarf verulega fiskrannsóknir einkum varðandi vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum og á vatnasvæði þeirra vatnsfalla sem renna til suðurfjarðanna.

Virðingarfyllst,
Árni Ísaksson, veiðimálastjóri.

Bréf Fljótsdalshrepps til Landsvirkjunar.
(19. október 1998.)

Varðar mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar o.fl.

Á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 8. október 1998 var eftirfarandi bókun samþykkt:
Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps vísar til fyrri afstöðu varðandi lögformlegt umhverfismat sem hún telur grundvallaratriði fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar og framkvæmda henni tilheyrandi.
Þá fer sveitarstjórnin fram á að eftirfarandi atriði verði sérstaklega skoðuð:

1. Áhrif aukins vatnsmagns í Jökulsá í Fljótsdal frá frárennslisgöngum í Lagarfljót vegna hugsanlegs landbrots og áhrifa á gróðurfar.
2. Kanna til hlítar möguleika á að í stað jöfnunarturns komi hvelfing undir yfirborði jarðar.
3. Halda í lágmarki opnum skurðum vegna virkjunartilhögunar og leita annarra leiða þar sem það er framkvæmanlegt. Sérstaklega er bent á veitur Grjótár og Hölknár svo og Sauðár ásamt frárennsli frá frárennslisgöngum í Teig.
4. Að gefnu tilefni er ítrekað hversu mikilvægt er að láta umráðamenn lands og aðra er málið varða vita af framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru hverju sinni.
5. Þá lýsir sveitarstjórnin yfir eindreginni andstöðu við hugmyndir um vegalagningu inn úr Norðurdal.

Vinsamlegast,

Hjörtur E Kjerúlf,
oddviti Fjótsdalshrepps.

Bréf Vegagerðarinnar til Landsvirkjunar.
(20. október 1998.)

Varðar mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Vegagerðin bendir á að koma þurfi fram í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum hvaða flutningaleið verði notuð eftir þjóðvegakerfinu að virkjunarsvæðinu og hvernig verði háttað tengingum við landsvegi á Fljótsdalsheiði, þ.e. frá Laugará að Snæfellsleið og svo yfir í Hrafnkelsdal. Vegagerðin telur að samráð þurfi að vera um ofangreind atriði.

Virðingarfyllst,
f.h. Vegagerðarinnar,

Sveinn Sveinsson.

Bréf Löggildingarstofu til Landsvirkjunar.
(22. október 1998.)

Efni: Fljótsdalsvirkjun – mat á umhverfisáhrifum.

Löggildingarstofa hefur fjallað um erindi yðar varðandi „Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar" og vill vekja athygli á eftirfarandi:

Löggildingarstofa starfar á grundvelli laga nr 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Tilgangur laga þessarra er að draga sem mest úr hættu og tjóni af virkjum og rafföngum og truflunum af starfrækslu þeirra.

Við umhverfismat á ofangreindum virkjunarframkvæmdum ber Löggildingarstofu því að taka tillit til umhverfisáhrifa af völdum rafbúnaðar en ekki annarra atriða sem hafa áhrif á umhverfisþætti.

Löggildingarstofa vekur athygli á að við val og uppsetningu búnaðar skal tryggja bruna- og vatnsmengunarvarnir. Staðarval getur einnig verið þáttur í þeim vörnum, sjá § 5 í orðsendingu nr. 2/84.
Lagning strengja og/eða raflína á virkjanasvæðinu skal vera skv. settum reglum.

Virðingarfyllst,

LÖGGILDINGARSTOFA

Jóhann Ólafsson, deildarstjóri
Rafmagnsöryggisdeildar

Bréf Landsvirkjunar til Náttúrufræðistofnunar.
(24. ágúst 1999.)

Varðar: Skýrsla um umhverfisáhrif Fjótsdalsvirkjunar

Landsvirkjun þakkar ofanritað bréf Náttúrufræðisstofnunar, sem var svar við bréfi fyrirtækisins dags. 31. júlí 1998 varðandi ofangreint efni.

Í tengslum við vinnu við skýrslu um umhverfisáhrif fyrirhugaðrar virkjunar Jökulsár í Fljótsdal óskar Landsvirkjun hér með eftir því að Náttúrufræðistofnun taki saman álit um hverjar breytingar kunni að verða á ferli og hegðun heiðagæsa í fjaðrafelli á svæðinu með tilurð fyrirhugaðs lóns við Eyjabakka. Jafnframt er óskað eftir áliti Náttúrufræðistofnunar um hugsanleg áhrif fyrirhugaðs Eyjabakkalóns á far hreindýra á þessu svæði.

Miðað er við að álitsgerðirnar verði gerðar á grundvelli þeirra gagna um heiðagæsa- og hreindýrastofninn sem nú liggja fyrir.

Óskað er eftir að álitsgerðirnar liggi fyrir um miðjan september næstkomandi. Vinsamlegast hafið samband við Sigurð Þórðarson verkfræðing hjá VST hf, um umfang vinnu og aðra þætti verksins.

Vinsamlegast



Helgi Bjarnason
Deildarstjóri umhverfisdeildar

Bréf Landsvirkjunar til Náttúruverndar ríkisins.
(1. september 1999.)

Varðar: Skýrsla um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar

Í tengslum við vinnu við skýrslu um frummat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar virkjunar Jökulsár í Fljótsdal óskar Landsvirkjun hér með eftir því að Náttúruvernd ríkisins gefi ábendingar um hverjar séu megin áherslur í náttúruvernd svæðisins sem hún vill að komi fram í skýrslunni og hvaða náttúrufarsþætti hún telji viðkvæmasta á svæðinu.

Meðfylgjandi er stutt samantekt um tilhögun 210 MW Fljótsdalsvirkjunar.

Óskað er eftir að ábendingarnar liggi fyrir um miðjan september næstkomandi. Vinsamlegast hafið samband við Sigurð Þórðarson hjá VST hf, í tengslum við verkið.

Virðingarfyllst

Helgi Bjarnason
deildarstjóri umhverfisdeildar

Bréf Náttúruverndar ríkisins til Landsvirkjunar.
(9. september 1999.)

Efni: Leiðbeiningar vegna skýrslu Landsvirkjunar um umhverfismál Fljótsdalsvirkjunar

Vísað er í bréf frá Landsvirkjun, dags. 1.september sl., þar sem óskað er eftir ábendingum frá Náttúruvernd ríkisins um hverjar séu megináherslur í náttúruvernd svæðisins og hvaða náttúrufarsþætti stofnunin telji viðkvæmasta. Í bréfinu segir að Landsvirkjun sé að vinna að frummati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar virkjunar Jökulsár í Fljótsdal.

Þar sem fram hefur komið í samtölum milli Landsvirkjunar og Náttúruverndar ríkisins að leggja eigi framangreinda matsskýrslu fyrir Alþingi veitir Náttúruvernd ríkisins fúslega ábendingar við vinnslu skýrslunnar. Náttúruvernd ríkisins lítur svo á að hér með sé búið að eyða hluta þeirrar óvissu sem var ástæða þess að stofnunin gaf ekki ábendingar á fyrri stigum þessa máls sbr. bréf Náttúruverndar ríkisins til Landsvirkjunar dags. 28. september 1998. Málið er í vinnslu hjá stofnuninni og munu ábendingar við gerð skýrslunnar berast Landsvirkjun eins fljótt og auðið er.

Umsögn og afstaða Náttúruverndar ríkisins um einstaka náttúrufarsþætti og áherslur í náttúruvernd mun bíða þar til skýrslan liggur fyrir í heild sinni og ljóst er hver afdrif hennar verða. Það er von stofnunarinnar að skýrslan fari í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Árni Bragason
forstjóri

Trausti Baldursson
sviðsstjóri

Bréf Náttúruverndar ríkisins til Landsvirkjunar.
(17. september 1999.)

Efni: Skýrsla um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar.

Vísað er í erindi Landsvirkjunar, dags. 1. september sl. og bréf Náttúruverndar ríkisins, dags. 9. september sl.

Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að verndargildi landsvæðisins norðan Vatnajökuls og náttúrufar þess sé metið í heild. Stofnunin telur nauðsynlegt að eftirfarandi spurningum verði svarað við gerð skýrslu um umhverfisáhrif fyrirhugaðrar virkjunar.

1. Á hvern hátt munu fyrirhugaðar framkvæmdir valda röskun á náttúruminjum og svæðum sem getið er um í Náttúruminjaskrá frá 1996?
2. Á hvern hátt munu framkvæmdir hafa áhrif á landslagsheild norðan Vatnajökuls? Samrýmast þau áhrif ákvæðum 5. kafla náttúruverndarlaga nr. 44/1999 um landslagsvernd?
3. Gera þarf grein fyrir rannsóknum sem gerðar hafa verið á vistkerfi svæðisins. Sérstaklega skal tekið til langtímarannsókna.
4. Mun virkjunin takmarka möguleika til útivistar á einhvern hátt? Hver verða áhrif virkjunar á ferðaþjónustu á umræddu svæði og á landsvísu?
5. Meta þarf sérstöðu svæðisins og verndargildi staðbundið, á landsvísu og á heimsvísu m.t.t. landfræðilegrar legu, lífríkis, jarðmyndana og landslags.
6. Gera þarf grein fyrir á hvern hátt framkvæmdirnar samræmast eftirtöldum skuldbindingum sem Íslendingar hafa tekið á sig með undirritun:
   a) Samþykkt um fuglavernd (París 1950).
   b) Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971).
   c) Samningi um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (París 1972).
   c) Samningi um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).
   d) Samningi um líffræðilega fjölbreytni (Ríó de Janieró 1992).
   e) Rammasamningi um loftslagsbreytingar (Ríó de Janieró 1992).
7. Gera þarf grein fyrir gróðurlendi sem fer undir lón. Sérstaklega skal getið um tap á votlendi sem og fyrirhugaðri endurheimt sbr. stefnu umhverfisráðuneytis þar um. Hefur lónið áhrif á fræbúskap á hálendinu og gróðureyðingu? Er hugsanlegt að jarðrof og uppblástur fylgi sveiflum í yfirborðshæð lónsins? Gera þarf grein fyrir kolefnisbúskap á svæðinu og breytingu á losun gróðurhúsalofttegunda ef til virkjunar kæmi.

8. Hver verður áhættan samfara framkvæmdum fyrir viðgang þeirra dýrategunda sem eiga sér griðland norðan Vatnajökuls? Greina skal frá breytingum í vatnsbúskap, framburði og setmyndun á áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar. Mun breyting á vatnsbúskap hafa áhrif á dýralíf? Er hugsanlegt að breytingar á framburði jökulánna geti haft áhrif á lífríki í sjó á fjörðunum fyrir Austurlandi?
9. Munu jarðmyndanir eða landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 fara undir vatn eða raskast á annan hátt?
10. Gera þarf grein fyrir öllu hugsanlegu raski komi til framkvæmda. Greina skal frá vegstæðum, efnistöku, förgun og frágrangi. Ennfremur tilhögun og staðsetningu vinnubúða sem og meðferð á sorpi og skólpi með hliðsjón af lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
11. Greina skal frá fyrirhugaðri nýtingu þeirrar orku sem til yrði við virkjun Jökulsár á Fljótsdal. Greina þarf frá öðrum mögulegum kostum varðandi raforkuvinnslu til þeirra nota. Gera þarf grein fyrir umhverfismengun með hliðsjón af fyrirhugaðri orkunýtingu og skoða hana í samhengi við niðurstöðu Rammasamnings um loftslagsbreytingar (Ríó de Janieró 1992) og hugsanlega aðild Íslands að Kyoto bókuninni. Eru áform um tengingu við aðrar virkjanaframkvæmdir?
12. Samræmast fyrirhugaðar framkvæmdir svæðisskipulagi.

Mikilvægt er að við alla efnisþætti hér að framan sé skilmerkilega greint frá fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum þó slíkt hafi ekki verið tekið fram sérstaklega.

Náttúruvernd ríkisins vekur athygli á því að ofangreindar ábendingar binda á engan hátt hendur stofnunarinnar ef fjallað verður formlega um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

Virðingarfyllst,

Árni Bragason
forstjóri

Haukur Þór Haraldsson
sérfræðingur

Bréf Landsvirkjunar til veiðistjóraembættisins.
(21. september 1999.)

Varðar: Skýrsla um umhverfisáhrif Fjótsdalsvirkjunar

Landsvirkjun vinnur eins og kunnugt er að gerð skýrslu um umhverfisáhrif fyrirhugaðrar virkjunar Jökulsár í Fljótsdal. Óskar fyrirtækið hér með eftir því að Veiðistjóraembættið veiti okkur upplýsingar og ábendingar um veiðidýr sem fyrir eru á virkjunarsvæði fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar til að gera okkur betur kleift að fjalla um dýralíf svæðisins í skýrslunni. Miðað er við að umbeðnar upplýsingar verði gerðar á grundvelli þeirra gagna sem nú liggja fyrir hjá stofnun yðar.

Óskað er eftir að svar liggi fyrir um miðjan september næstkomandi, sé þess kostur. Vinsamlegast hafið samband við Sigurð Þórðarson verkfræðing hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf, um umfang vinnu og aðra þætti verksins.

Vinsamlegast

Helgi Bjarnason
Deildarstjóri umhverfisdeildar

Bréf Náttúrufræðistofnunar til Landsvirkjunar.
(22. september 1999.)

Vísað er til bréfs dags. 24. ágúst sl. þar sem Landsvirkjun óskar eftir að Náttúrufræðistofnun taki saman álit um hverjar breytingar kunni að verða á ferli og hegðun heiðagæsa í fjaðrafelli með tilurð fyrirhugaðs lóns við Eyjabakka og áhrif þess á far hreindýra á svæðinu.

Meðfylgjandi er skýrsla stofnunarinnar um áhrif Fljótsdalsvirkjunar á heiðagæsir sem byggð er á þeim gögnum um heiðagæsastofninn sem til eru.

Landsvirkjun óskaði eftir áliti Náttúrufræðistofnunar á hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðs lóns á Eyjabökkum á far hreindýra á þessu svæði á grundvelli þeirra gagna sem Náttúrufræðistofnun hefur aðgang að. Þessi gögn eru annars vegar niðurstöður ítarlegra rannsókna Náttúrufræðistofnunar á fari og dreifingu hreindýra á Snæfellsöræfum sem gerðar voru fyrir tæplega 20 árum og hins vegar árlegar talningar á hreindýrum á þessu svæði. Ljóst er að stór hluti hreindýrastofnsins (allt að 25%) nýtir fyrirhugað lónstæði til beitar síðsumars, en erfitt er að segja til um hversu mikilvægt þetta beitiland er fyrir viðgang hreindýrastofnsins. Náttúrufræðistofnun treystir sér ekki til að spá fyrir um hugsanleg áhrif fyrirhugaðs lóns á far hreindýra á þessu svæði eða um önnur áhrif á hreindýrastofninn á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Vísað er til embættis Veiðistjóra í því sambandi. Með vísun til þessarar afstöðu hefur stofnunin ekki sett saman sérstaka skýrslu um áhrif á hreindýr, en vikið er nokkrum orðum að þeim í meðfylgjandi skýrslu um áhrif á heiðagæs.

Í skýrslunni er jafnframt vakin athygli á öðrum náttúrufarsþáttum sem hafa mikið verndargildi að mati Náttúrufræðistofnunar og hætta er á að fyrirhugað lón muni eyða eða raska. Má t.d. nefna einstaka fossaröð í

Jökulsá í Fljótsdal og svo kallaða hrauka sem eru náttúrufyrirbæri sem aðeins er að finna við Snæfell hér á landi og ekki er vitað til að finnist annars staðar.

Ástæða þykir einnig til að vekja athygli Landsvirkjunar á að samfelld gróðurþekja er frá Héraðsflóa inn að jökuljöðrum beggja vegna Snæfells. Hvergi annars staðar á landinu er að finna sambærilega gróðurhulu frá fjöru til jökla og algróið land við jökulsporða í miðhálendinu er einnig fágætt fyrirbæri.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Bréf veiðistjóraembættisins til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens.
(27. september 1999.)

Efni: Umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar

Hjá Veiðistjóraembættinu eru misgóðar upplýsingar fyrirliggjandi um veiðidýr á Eyjabakkasvæðinu þó helst góð gögn um hreindýr sem Skarphéðinn Þórisson líffræðingur hefur unnið fyrir okkur. Í Morgunblaðinu 9. júlí 1998 birtist ágætis grein eftir hann og Helga Hallgrímsson þar sem m.a. var getið fugla og spendýra á svæðinu. Í þeirri grein koma skýrt fram þær upplýsingar sem Landsvirkjun biður um nú. Ég leyfi mér því að taka þann hluta greinarinnar upp sem fjallar um dýralíf á svæðinu og fer hann hér á eftir:

Fuglar

Fuglalíf er mikið á Eyjabakkasvæðinu á vissum árstímum. Af fuglum ber mest á heiðagæs og álft og verpur töluvert af þeirri síðarnefndu á svæðinu. Álftaveiði á Eyjabökkum var fyrrum talin til hlunninda. Á svæðinu er lítið heiðagæsavarp, en aftur á móti er það mjög þýðingarmikið fyrir heiðargæsir í fjaðrafelli, er safnast saman í júlí svo þúsundum skiptir. Á tímabilinu 1987-97 hefur gæsafjöldinn verið að meðaltali 8.400 fuglar. Árið 1991 töldust þær rúmlega 13 þúsund, sem er helmingur allra geldra heiðagæsa á landinu, og um 10 - 15% af öllum geldfuglum í íslensk-grænlenska heiðagæsastofninum, eða um 7% af þessum stofni, og um leið er það stærsti hópur þeirra sem vitað er um í heiminum.

Samkvæmt Ramsar - sáttmálanum um verndun votlendis, sem Islendingar hafa undirritað, og skilgreiningu alþjóðlega fuglaverndarráðsins, eru svæði talin hafa alþjóðlegt verndargildi ef 1% eða meira af einhverjum stofni vatnafugla nýtir þau í lengri eða skemmri tíma. Eyjabakkasvæðið hefur því ótvírætt verndargildi á heimsvísu.

Spendýr.

Hreindýr hafa nýtt sér Eyjabakkasvæðið til beitar, einkum seinni part sumars, og virðast nú sækja þangað um miðsumar í auknum mæli. Samkvæmt júlítalningum áranna 1992-97 voru að meðaltali 38% allra hreindýra á Snæfellsöræfum austan Snæfells, en aðeins um 9% á árunum 1979 - 91.

Nokkur tófugreni eru á jöðrum Eyjabakkasvæðis.

Veiðistjóri hefur engin gögn undir höndum um fjölda rjúpna á svæðinu.

Veiðistjóri telur helst skorta upplýsingar um far og notkun hreindýra á Eyjabakkasvæðinu (þ.e. fjölda e. árstíðum og hversu lengi þau dvelja á svæðinu) en þeirra gagna væri m.a. hægt að afla með því að setja GPS-senda á nokkurn fjölda dýra.

Virðingarfyllst,

Áki Ármann Jónsson
Veiðistjóri

Hjálagt eru eftirfarandi skýrslur og gögn:
Hreindýratalning sumarið 1998
Hreindýratalning sumarið 1999
Hreindýratalningar Veiðistjóraembættisins í apríl 1991-1998

VEIÐISTJÓRAEMBÆTTIÐ

HREINDÝRATALNINGAR VEIÐISTJÓRAEMBÆTTISINS Í APRÍL 1991-1998

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Vopnafjarðarhreppur	15	32	49	15	15		16	52
Fljótsd.hr. N jökulsár	278	217	426	175	93		70	124
Fljótsd.hr. A jökulsár	168	230	74	190	13		34	10
Jökuld.hr. A Jöklu	355	110	105	79	37		97	218
Jökuld.hr. N Jöklu	205	106	224	69	136		312	279
Fellahreppur	80	185	87	127	63	28	202	82
Tunguhreppur	0	50	106	11	31		189	70
Hlíðarhreppur	37	0	0	0	57		0	120
Hjaltastaðahreppur	4	15	0	18			6	0
Borgarfjarðarhreppur	287	250	246	214	117		160	154
Seyðisfjarðarhreppur	14	19	10	2	6		6	0
Skriðdalshreppur	277	205	91	310	2	24	28	57
Vallahreppur	78	38	84	20	36		4	0
Egilsstaðir					7		0	0
Eiðahreppur	30	0	100	200	0		0	5
Mjóafjarðarhreppur	2	0	0	0	0		0	0
Norðfjarðarhreppur	50	123	113	87	106	93	14	0
Eskifjörður	50	6	0	29	11		98	118
Reyðarfjarðarhreppur	27	50	24	20	23	18	19	0
Fáskrúðsfj.hreppur				1	7		0	0
Stöðvarhreppur	46	0	0	0	0		0	0
Breiðdalshreppur	311	213	174	297	210	115	66	106
Beruneshreppur	72	27	29	114	37	34	73	9
Búlandshreppur	96	34	41	52	0		20	24
Geithellnahreppur	267		150	203	80	77	102	152
Bæjarhreppur	135	106	84	62	110	94	94	55
Nesjahreppur	84	54	75	62	40	37	14	0
Mýrahreppur	96	42	42	40	44	37	75	78
Borgarhafnarhreppur	18	0	0	0	4	8	30	15
SAMTALS	**3.082**	**2.112**	**2.334**	**2.397**	**1.278**	**565**	**1.729**	**1.728**

HREINDÝRATALNING SUMARIÐ 1998

Hreindýr voru talin á hálendinu N og NA Vatnajökuls þann 6. júlí 1998. Til þess verks var flugvélin TF KLÓ sem er Cessna 145 Skyhawk notuð. Flugmaður var Halldór Bergsson en aðstoðarmenn Halldór W. Stefánsson og Emil Björnsson. Leitað var í rúma 5 klst.

Talningarsvæðið afmarkaðist af Sauðá á Brúardölum, Laugarvallardal, Hölkná, Laugará, Ragnaborg, Sauðahnjúk, Sauðárvatni og Geldingarfelli. Veðurskilyrði voru þokkaleg til leitar. Heildarniðurstöður talningarinnar eru sýndar í fyrstu töflu.

1. tafla. Niðurstöður talningar 6. júlí 1998

	Staðsetning	Kýr/tarfar/vetrungar	Kálfar	Samtals
1	Um 3-4 km SA Ragnaborgar á Múla	83	43	126
2	Austan við austustu kvísl Jökulsár á Múla	12	7	19
3	Stutt utan v/Jökulkvísl beint innan Sauðakofa	12	10	22
4	Í Sauðárfit stutt austan Sauðakofa	347	221	568
5	Austast í Sauðárfit vestan Sauðahnjúks	246	104	350
6	A undir Kofaöldu við Sauðárkrók	282	155	437
7	Stutt utan Kringilsár, innarlega	34	5	39
8	Stutt utan við miðja Töðuhrauka í Kringilsárr.	8		8
9	Mitt á milli Töðuhrauka og Kringilsár v/foss	27		27
10	Stutt innan við miðja Töðuhrauka í Kringilsárr.	53	29	82
	SAMTALS	**1104**	**574**	**1678**

Heildarfjöldi hreindýra á Snæfellsöræfum er nú 1678 dýr. Af því eru 34% kálfar sem er með því hæsta sem þekkist og ber vott um snjóléttan vetur og hagstætt tíðarfar í maí (um burðinn). Fullorðin dýr og vetrungar eru 1104 en í marstalningu voru þau 1728 svo samkvæmt því leitaði 64% hreindýrastofnsins í sumarhaga á Snæfellsöræfum. Einungis í Kringilsárrana sáust hópar af fullorðnum törfum. Af fullorðnum hreindýrum í Kringilsárrana voru 37 fullorðnir tarfar en í fyrra voru þar 26. Eitthvað var einnig af fullorðnum törfum í hópum utan Kringilsárrana en ekki greindir þar sérstaklega.

Ef talningin er borin saman við niðurstöður talningar í fyrra sést að nú eru hreindýrin um 400 fleiri. Við nánari skoðun kom í ljós að einn hóp hefur líklega vantað í talninguna í fyrra. Þegar honum hefur verið bætt við sést að það munar einu dýri á fjölda fullorðinna/vetrunga (2. tafla) í talningunni 1997 og 1998.

Í talningunni 1997 sáust hópar 4 og 5 (sjá aðra töflu) samtímis á Vesturöræfum, annar utarlega í Kofaflóa og hinn 1-2 km utar og voru þeir myndaðir. Síðan var leit framhaldið og fljótlega fannst hópur á svipuðum slóðum þ.e. utan við Ljósalykkjuflóa og SA af Fífuleiruvatni. Því var slegið föstu í fluginu að um þriðja hópinn hefði verið að ræða og því ekki svipast um eftir hinum tveimur til að staðfesta það. Þegar hreindýrin voru síðan talin af myndum vöknuðu efasemdir um þennan þriðja hóp því

aðeins munaði einu fullorðnu dýri á honum og hópi 5 og tiltölulega stutt var á milli þeirra. Honum var því sleppt í niðurstöðum talningarinnar 1997.
Það var að öllum líkindum röng ákvörðun að sleppa honum. Hér hefði verið nær að fylgja þeirri reglu sem alltaf hafði verið fylgt að fjölda og staðsetningu hópa er einungis hægt að ákveða í fluginu en alls ekki eftir á.

2. tafla. Niðurstöður talningar 7. júlí 1997 með leiðréttingu (gráir dálkar)

	Staðsetning	Kýr/tarfar/vetrungar	Kálfar	Samtals
1	Inn og niður af Töfrafossi, Kringilsárrani	26		26
2	Stutt innan Kringilsár 1 km innan Töfrafoss	103	36	139
3	A af sporði Eyjabakkajökuls, Múli	15	10	25
4	Yst og austast í Kofaflóa, Vesturöræfi	346	191	537
5	Stutt utan við Kofalæk efst í Hálsi, Vesturöræfi	241	129	370
	Utan við Ljósalykkjuflóa SA af Fífuleiruvatni	240	111	351
6	Stutt utan við Grjótárhnjúkshalann, Vesturöræfi	21		21
7	Út og upp af Hálskofa, Eyjabakkar	15		15
8	Þóriseyjar utan Hálskofa, Eyjabakkar	6		6
9	Þjófagilsflói, Eyjabakkar	15		15
10	Þjófadalur innan Snæfells	52	20	72
11	Milli Ragnaborgar og Folavatns, Múli	25	10	35
	SAMTALS	**865**	**396**	**1261**
	Leiðrétt samtala fyrir hreindýratalningu 1997	**1105**	**507**	**1612**

Þegar litið er á dreifingu hreindýranna á Snæfellsöræfum (3. tafla) sést að nú eru flest dýrin á Vesturöræfum eins og síðastliðið sumar og ævinlega fyrir 1993. Á árunum 1993 til 1996 voru yfirleitt fleiri dýr utan Vesturöræfa í júlíbyrjun. Ekki er einfalt að skýra þetta á viðhlítandi hátt en benda má á að í vetur, eins og í fyrravetur, voru dýrin meir en áður á norðurhluta vetrarhaganna þ.e. á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði, í Hlíð, Fellum og Tungu.

Heildarniðurstaða er því sú að fjöldi og dreifing dýranna er næstum því sú sama í ár og í fyrra og kálfahlutfall með því hæsta sem gerist. Langt er orðið síðan svo margir tarfar sáust í Kringilsárrana og er nú orðið mjög brýnt að kanna raunverulegt hlutfall þeirra í stofninum en það er einungis mögulegt um fengitímann.

3. tafla. FJÖLDI OG DREIFING HREINDÝRA Í NÁGRENNI SNÆFELLS ÁRIN 1979-1998 AÐ UNDANSKILDUM ÁRUNUM 1983, 1986 OG 1996.

Ár	M	UF	VÖ	KRS	Samt.
1979	0	23	1760	598	2381
1980	0	146	904	242	1292
1981	0	102	1196	624	1922
1982	0	0	1137	458	1595
1984	0	34	756	326	1116
1985	119	150	606	185	1060
1987		38	832	356	1226
1988	303	0	793	418	1514
1989	116	34	936	255	1341
1990	54	156	1139	444	1793
1991	0	64	1367	354	1785
1992	173	257	856	179	1465
1993	428	255	551	67	1301
1994	542	42	590	120	1294
1995	253	241	402	99	995
1997	60	108	***1279****	165	***1612****
1998	145	0	1377	156	1678

M: Múli, austan Jökulsár í Fljótsdal.
UF: Undir Fellum, austan og utan Snæfells að jökulsánni.
VÖ: Vesturöræfi, vestan Snæfells að Jökulsá á Dal og út að Hrafnkelsdal.
KRS: Svæðið sem afmarkast af Sauðá á Brúaröræfum og Jökulsá á Dal.
* Leiðrétt talning

Fellabæ 10.júlí 1998

Skarphéðinn Guðmundur Þórisson

HREINDÝRATALNING SUMARIÐ 1999

Hreindýr voru talin á hálendinu N og NA Vatnajökuls þann 6. júlí 1999. Til þess verks var flugvélin TF KLÓ sem er Cessna 145 Skyhawk notuð. Flugmaður var Þórhallur Þorsteinsson en aðstoðarmaður Reimar Ásgeirsson Leitað var í tæpar 6 klst.

Talningarsvæðið afmarkaðist af Sauðá á Brúardölum, Laugarvallardal, Hölkná, Laugará, Ragnaborg, Sauðahnjúk, Sauðárvatni og Geldingarfelli. Veðurskilyrði voru mjög góð til leitar. Heildarniðurstöður talningarinnar eru sýndar í fyrstu töflu.

1. tafla. Niðurstöður talningar 6. júlí 1999

	Staðsetning	Kýr/tarfar/vetrungar	Kálfar	Samtals
1	Grjótárdrag, Vesturöræfi	251	140	391
2	Vestan í V. Sauðahnjúk, Vesturörfi	474	283	757
3	Snæfellsháls, Undir Fellum	3	1	4
4	V/austustu kvíslar Jökulsár í Fd., U.F.	23	2	25
5	SV. Við Folavatn, Múli	4	0	4
6	A. við Ragnaborg, Múli	69	42	111
7	A. við Kelduá, Múli	8	6	14
8	A. við Kelduá, utarlega, Múli	5	0	5
9	Utan við Töðuhrauka, Kringilsárrani	9 tarfar	0	9
10	Utan við Töðuhrauka, Kringilsárrani	62 tarfar	0	62
11	Kringilsárrani	7	4	11
12	Innan Töðuhrauka, Kringilsárrani	14 tarfar	0	14
13	Kringilsárrani	39	19	58
	SAMTALS A SNÆFELLSORÆFUM 1999	**968**	**556**	**1524**
	SAMTALS A SNÆFELLSORÆFUM 1998	**1104**	**574**	**1678**
14	N Þrælaháls	81	18	99
15	V/ Bessastaðaárvötn	12 tarfar	0	12
	SAMTALS 1999	**1061**	**515**	**1576**

Heildarfjöldi hreindýra sem fundust nú á Snæfellsöræfum er 1524. Af því eru 36% kálfar sem er með því hæsta sem þekkist og ber vott um snjóléttan vetur og hagstætt tíðarfar í maí (um burðinn). Fullorðin dýr og vetrungar eru 968 en í marstalningu voru þau 2263 svo samkvæmt því var 43% hreindýrastofnsins kominn í sumarhaga á Snæfellsöræfum. Öruggt má telja að þar vanti eitthvað upp á og að nær helmingi stofnsins nýti

Snæfellsöræfi að sumarlagi. Í Kringilsárrana sáust 3 hópar með samtals 85 fullorðnum törfum (37 í fyrra). Um mánaðarmótin voru 37 tarfar í Sauðafelli og stuttu síðar sáust 33 tarfar koma inn Sauðárdal. Líklegt er að þessi 70 dýr séu að mestu þau sömu og héldu sig á túnum á utanverðum Jökuldal langt fram í júní. Við Bessastaðaárvötn á Fljótsdalsheiði voru 12 tarfar.

Ef talningin er borin saman við niðurstöður talningar í fyrra sést að nú eru hreindýrin 154 færri á Snæfellsöræfum þar sem nokkuð sást af smáhópum á mörkum talningarsvæðisins er víst að einhver dýr vantar upp á heildarfjöldan og skýrist mismunurinn af því.

Þegar litið er á dreifingu hreindýranna á Snæfellsöræfum (2. tafla) sést að nú eru flest dýrin á Vesturöræfum eins og síðastliðin tvö sumur og ævinlega fyrir 1993. Á árunum 1993 til 1996 voru yfirleitt fleiri dýr utan Vesturöræfa í júlíbyrjun. Ekki er einfalt að skýra þetta á viðhlítandi hátt en benda má á að í vetur, eins og í fyrravetur, voru dýrin meir en áður á norðurhluta vetrarhaganna þ.e. á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði, í Hlíð, Fellum og Tungu.

Heildarniðurstaða er því sú að fjöldi og dreifing dýranna sé eins og búast mátti við og kálfahlutfall með því allra hæsta sem gerist. Langt er orðið síðan svo margir tarfar sáust í Kringilsárrana. Að lokum skal ítrekað það sem sagt var í síðustu talningarskýrslu að mjög brýnt er orðið að kanna raunverulegt hlutfall tarfa í stofninum en það er einungis mögulegt um fengitímann.

2. tafla. FJÖLDI OG DREIFING HREINDÝRA Í NÁGRENNI SNÆFELLS ÁRIN 1979-1999 AÐ UNDANSKILDUM ÁRUNUM 1983, 1986 OG 1996.

Ár	M	UF	VÖ	KRS	Samt.
1979	0	23	1760	598	2381
1980	0	146	904	242	1292
1981	0	102	1196	624	1922
1982	0	0	1137	458	1595
1984	0	34	756	326	1116
1985	119	150	606	185	1060
1987		38	832	356	1226
1988	303	0	793	418	1514
1989	116	34	936	255	1341
1990	54	156	1139	444	1793
1991	0	64	1367	354	1785
1992	173	257	856	179	1465
1993	428	255	551	67	1301
1994	542	42	590	120	1294
1995	253	241	402	99	995
1997	60	108	***1279****	165	***1612****
1998	145	0	1377	156	1678
1999	134	29	1148	154	1465

M: Múli, austan Jökulsár í Fljótsdal.
UF: Undir Fellum, austan og utan Snæfells að jökulsánni.
VÖ: Vesturöræfi, vestan Snæfells að Jökulsá á Dal og út að Hrafnkelsdal.
KRS: Svæðið sem afmarkast af Sauðá á Brúaröræfum og Jökulsá á Dal.
* Leiðrétt talning

Fellabæ 13.júlí 1999

Skarphéðinn Guðmundur Þórisson

II. HLUTI

FUNDARGERÐ VEGNA KYNNINGAR Á FLJÓTSDALSVIRKJUN

Fundur Landsvirkjunar með nokkrum fulltrúum heimamanna á Austurlandi um virkjanir á Austurlandi, haldinn á Hallormsstað.

(22. ágúst 1998.)

Fundargerð

Fyrri fundur Landsvirkjunar með nokkrum fulltrúum heimamanna á Austurlandi um virkjanir á Austurlandi var haldinn á Hallormsstað, laugardaginn 22. ágúst 1998 og hófst hann kl. 13:00.

Mættir:

Frá Landsvirkjun:
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, formaður stjórnar
Árni Grétar Finnsson, stjórnarmaður
Jakob Björnsson, stjórnarmaður
Kristín Einarsdóttir, stjórnarmaður
Pétur Jónsson, stjórnarmaður
Sigfús Jónsson, stjórnarmaður
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, stjórnarmaður
Halldór Jónatansson, forstjóri
Jóhann Már Maríusson, aðstoðarforstjóri
Agnar Olsen, framkvæmdastjóri verkfræði- og framkvæmdasviðs
Helgi Bjarnason, deildarstjóri umhverfisdeildar
Ingvar Björnsson, deildarstjóri mannvirkjadeildar
Ragnheiður Ólafsdóttir, umhverfisstjóri
Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi
Örlygur Þórðarson, yfirmaður lögfræðimála

Heimamenn:
Fulltrúar sveitarfélaga og orku- og stóriðjunefnd SSA:

Norðurhérað
Arnór Benediktsson, oddviti

Fljótsdalshreppur
Hjörtur Kjerúlf, oddviti

Austurhérað
Broddi B. Bjarnason, forseti bæjarstjórnar (og form. SSA)
Björn Hafþór Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSA
Skúli Björnsson, formaður umhverfis- og atvinnumálaráðs

Fjarðabyggð
Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar
Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri

Fellahreppur
Þorvaldur P. Hjarðar, varaoddviti
Bergþóra Arnórsdóttir, hreppsnefndarmaður

Orku- og stóriðjunefnd SSA
Þorvaldur Jóhannsson, nefndarformaður og framkvæmdastjóri SSA
Sveinn Jónsson, Egilsstöðum
Jón Már Jónsson, Neskaupstað

Steinþór Pétursson, Fáskrúðsfirði
Páll Kristjánsson, Höfn
Björn Björgvinsson, Breiðdalsvík
Sævar Sigbjarnarson, Egilsstöðum
Andrés Elísson, Eskifirði
Alexander Árnason, Vopnafirði
Ísak J. Ólafsson, Reyðarfirði

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, formaður stjórnar Landsvirkjunar bauð menn velkomna til fundarins. Hann kvað ætlun stjórnar fyrirtækisins með fundum vera að leita eftir athugasemdum og ábendingum heimamanna varðandi hugmyndir um virkjanir á Austurlandi. Hann tók fram að í hinni almennu umræðu þætti sér oft hafa verið gert of mikið úr hlut Landsvirkjunar varðandi ákvarðanir um virkjunar- og stóriðjumál. Reyndin væri sú að Landsvirkjun bæri lögum samkvæmt að hafa ætíð tiltæka raforku vegna þarfa markaðarins hverju sinni. Áform og ákvarðanir um nýja stóriðju væru teknar af stjórnmálamönnum og ekki væri heimilt að ráðast í virkjanir nema að fenginni lagaheimild Alþingis og heimildum annarra stjórnvalda. Að svo búnu kynnti hann stjórn Landsvirkjunar og þá starfsmenn fyrirtækisins sem sátu fundinn.

Agnar Olsen lýsti stuttlega hugmyndum um virkjanir á Fljótsdal og sýndi myndir máli sínu til skýringar.

Þessu næst lýsti Helgi Bjarnason nokkrum atriðum varðandi aðdraganda og umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar.

Að loknu máli Helga veitti formaður gestum tækifæri til að ræða þessi mál og gaf orðið laust.

Broddi B. Bjarnason, forseti bæjarstjórnar Egilsstaða, þakkaði Landsvirkjun fyrir að boða til þessa fundar og annarra funda um þessi mál sem áður hafa verið haldnir. Hann kvaðst telja að heimamenn væru upp til hópa fylgjandi því að virkja vatnsföll á svæðinu til hagsbóta fyrir iðjufyrirtæki á Austurlandi. Hann taldi þó nauðsynlegt að slíkt yrði aðeins gert í kjölfar mats á umhverfisáhrifum. Ef slíkt mat tæki of langan tíma samkvæmt gildandi reglum þá yrði að taka á því með raunsæjum hætti. Hann óskaði eftir að sem mest kynning færi fram um þessi mál meðal almennings því menn væru hræddir við ýmsar afleiðingar framkvæmda sem þessara, t.d. ef straumþungi ykist verulega í Lagarfljóti með tilheyrandi rofi á bökkum fljótsins. Loks las hann upp ályktun sem honum hafði verið falið að flytja inn á fundinn. Hún var svohljóðandi:

"Hagsmunaaðilar um atvinnumál á Fljótsdalshéraði skora á sveitarstjórnarmenn á Austurlandi sem nú eru á fundi með viðræðunefnd Landsvirkjunar á Hallormsstað:

Að þeir hlutist til um að kannað verði til hlítar möguleikar á að virkjun jökulvatna á Austurlandi verði til austurs, t.d. til svæðisins frá Berufirði að Álftafirði. Við teljum nauðsynlegt að við nýtingu náttúruauðæfa Austurlands verði tekið tillit til annarra atvinnuhagsmuna svo sem ferðaiðnaðar á Héraði, sem við teljum að eigi mikla hagsmuni í tærari vatni í Lagarfljóti."

Hjörtur Kjerúlf, oddviti Fljótsdalshrepps, kvaðst velta fyrir sér þeirri áleitnu spurningu á hverju menn ætluðu að lifa í landinu ef ekki mætti virkja fallvötnin. Hann kvaðst bera fulla virðingu fyrir sjónarmiðum náttúruverndarsinna og sjálfsagt væri að fara að öllu

með gát. Hins vegar taldi hann að ýmsum bændum í Fljótsdal þætti ekki veruleg eftirsjá að Eyjabökkum svo dæmi væri tekið. Sem sveitarstjórnarmaður kvað hann sig hafa orðið þess áskynja að 4 af hverjum 5 sveitarstjórnarmönnum væru hlynntir virkjunum á Austurlandi. Þetta væri þó háð því að fram færi mat á umhverfisáhrifum með einhverjum hætti, að orkan yrði nýtt á Austurlandi, bætur fengust til heimamanna, kynning væri í lagi og áformum ekki breytt frá kynningu.

Þorvaldur P. Hjarðar, varaoddviti á Seyðisfirði taldi brýnt fyrir Landsvirkjun að breyta ásýnd sinni sem hefði til þessa komið almenningi fyrir sjónir sem heldur lokað fyrirtæki sem almenningur fengi ekki innsýn í. Hann fagnaði breytingum í þessa átt sem fyrirtækið hefði þegar gert, t.d. með ráðningu upplýsingafulltrúa og umhverfisstjóra. Hann fagnaði þeirri vinnu um mat á umhverfisáhrifum sem nú stæði yfir og benti á nokkur atriði sem gera þyrfti almenningi grein fyrir eins og hvað yrði um botnfall í lónum o.fl. Hann kvaðst meðmæltur því að virkjað yrði á svæðinu.

Sævar Sigbjarnarson, fyrrum oddviti í Hjaltastaðarþinghá ræddi um mengun og gróðurhúsaáhrif og taldi að leggja bæri orkuskatt á mengun. Hann þakkaði fyrir þær upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum sem fram hefðu komið á fundinum og taldi brýnt að slíkt mat færi fram. Hann vék að skipulagi miðhálendisins og kvaðst sakna þess að hafa aldrei heyrt um viðbrögð og vilja Landsvirkjunar í þeim efnum. Hann spurði um kostnað ef vatni yrði veitt til austurs fremur en niður í Lagarfljót. Taldi hann það betri kost enda yrði vatnið þá tært sem rynni niður í Fljótsdal en ekki mórautt.

Arnór Benediktsson, oddviti í Norðurhéraði og fulltrúi í hálendisnefnd Múlasýslu kvað nefndina ekki hafa útlokað Fljótsdalsvirkjun en hún kysi að Kárahnúkavirkjun kæmi á undan. Að öðru leyti væri ekki tímabært fyrir sig að skýra frá niðurstöðum nefndarinnar sem yrðu kynntar eftir fáa daga. Hann kvað viðhorf manna gagnvart mati á umhverfisáhrifum hafa breyst mikið á síðustu misserum og líklega væri sjálfsagt að ráðast í slíkt mat þótt mörgum hafi þótt lítið til um slíkt fyrir fáum misserum.

Björn Hafþór Guðmundsson, fulltrúi SSA, óskaði eftir að fleiri kynningarfundir yrðu haldnir um virkjunarmál.

Sveinn Jónsson, verkfræðingur, kvaðst ósammála gagnrýni sem komið hefði fram á stjórn Landsvirkjunar. Hann kvaðst ekki sjá tilgang í að eyða meiri vinnu og tíma í mat á umhverfisáhrifum en þegar væri komið en í það hefðu þegar farið 20 ár til lítils. Kvaðst hann vilja hraða ákvörðun um virkjunarframkvæmdir.

Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð, lagði áherslu á að ráðist yrði sem fyrst í virkjunarframkvæmdir á Austurlandi og byggð stóriðjuverksmiðja á Austfjörðum. Hann kvaðst telja að krafa um lögformlegt mat á umhverfisáhrifum væri orðin gömul og úrelt tugga og sagðist vera orðinn hundleiður á skýrslum enda hefði þetta mál staðið í þófi á 20 ár og lítið gerst á meðan. Þó þurfi að upplýsa fólk betur um niðurstöður rannsókna.

---- *Kaffihlé* ----

Síðari fundur um virkjanir á Austurlandi hófst kl. 15:30 en hann sátu ásamt fulltrúum Landsvirkjunar nokkrir fulltrúar umhverfis- og náttúruverndarsamtaka á Austurlandi, ferðaþjónustu, bænda og atvinnuþróunar.

Mættir:

Frá Landsvirkjun: Sömu fulltrúar og á fyrri fundinum.

Heimamenn:
Náttúruverndarsamtök Austurlands
Guðmundur Beck, Reyðarfirði
Samtök til verndar hálendi norðan Vatnajökuls
Karen Erla Erlingsdóttir
Orku- og stóriðjunefnd SSA
Skarphéðinn Þórisson
Ferðamálasamtök Austurlands
Ólafur Eggertsson, Berunesi
Atvinnuþróunarfélag Austurlands
Hreinn Sigmundsson
Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps
Gunnþórunn Ingólfsdóttir, formaður
Ultima Thule, Reykjavík
Óskar Helgi Guðjónsson
Karl Ingólfsson
Búnaðarsamband Austurlands
Sigurbjörn Snæþórsson, formaður

Jóhannes Geir Sigurgeirsson bauð gesti velkomna og flutti inngang svipaðan og á fyrri fundinum.

Agnar Olsen lýsti hugmyndum um útfærslu á virkjunum, byggingartíma, fjölda ársverka, kostnað, orkuframleiðslu og önnur helstu atriði er varða undirbúning og áætlanir um virkjanaframkvæmdir.

Helgi Bjarnason lýsti rannsóknum sem fram hafa farið og unnið er að enda sagði hann að miðað væri við að ljúka gerð skýrslu um frummat á umhverfisáhrifum í nóvember á þessu ári. Hann lýsti tilhögun virkjana og sýndi myndir máli sínu til skýringar.

Skarphéðinn Þórisson spurði um farvegi vatnsfalla ef Kárahnjúkavirkjun og Eyjabakkavirkjun yrðu tengdar saman og svaraði Helgi því að þá þyrfti að dýpka farveginn við brúna við Egilsstaði en hann væri alls staðar nægilega breiður.

Ólafur Eggertsson kvað Ferðamálasamtök Austurlands ekki hafa mótað ítarlega afstöðu í málinu. Hann taldi best að málið yrði undirbúið sem best og að sem mestar upplýsingar lægju fyrir. Nauðsynlegt væri að lágmarka spjöll á náttúrunni til að skaða sem minnst ímynd lands og þjóðar. Hann kvaðst ekki vera andvígur því að fara í hæfilegum sveig meðfram lögum og reglum ef með þyrfti til að veita málinu brautargengi. Hann fagnaði hugmyndum um streng í stað línu á svæðinu (en þar er átt við streng frá stöðvarhúsi og inn á Eyjabakka).

Skarphéðinn Þórisson gagnrýndi ónóga upplýsingagjöf. Hann taldi of vægt til orða tekið í skýrslu Landsvirkjunar, Orkustofnunar og iðnaðarráðuneytisins um að virkjunarframkvæmdir hefðu allmikla röskun í för með sér. Hann kvaðst gera kröfu um

fullkomið mat á umhverfisáhrifum lögum samkvæmt og vildi fá að sjá gögn um það væntanlega mat sem Helgi og Agnar hefðu verið að lýsa. Hann taldi nauðsynlegt að láta fram fara mat á umhverfisáhrifum vegna undirbúningsframkvæmda og taldi Landsvirkjun hafa unnið bak við tjöldin að þessu leyti, t.d. með gerð vegar inn að Kárahnjúkum. Hann kvartaði undan því að geta ekki fengið heilsteypta mynd af því sem verið væri að gera. Benti hann á að alþingi muni fjalla um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og væri rétt að bíða með mat á umhverfisáhrifum þar til eftir þá umfjöllun. Framkvæmdir við Kárahnúka sagði hann röskun á sögusviði Hrafnkelssögu.

Karen Erla Erlingsdóttir kvaðst gera kröfu um fullkomið umhverfismat. Hún spurði hvort ekki þyrfti að gera nýtt umhverfismat ef Fljótsdals- og Kárahnjúkavirkjun yrðu virkjaðar saman.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir óskaði eftir sem ítarlegustum kynningum sem allir hefðu aðgang að. Hún hafði áhyggjur af því að lofthiti gæti lækkað á svæðinu, umferð gæti valdið röskun o.fl. Hún spurði um fokhættu og gróðurrof á jöðrum lóna og taldi fullkomið mat á umhverfisáhrifum óhjákvæmilegt.

Guðmundur Beck kvað nauðsynlegt að almenningi í landinu yrði gefinn kostur á að koma athugasemdum að og væri því fullkomið mat á umhverfisáhrifum óhjákvæmilegt. Hann gagnrýndi áform um að sökkva landi undir vatn og taldi þegar hafa verið gengið of langt í því efni. Hann ræddi um fokhættu og taldi að þegar væri fyrir hendi vandi af þeim sökum og ekki á bætandi. Hann taldi að orka frá fyrirhuguðum virkjunum myndi tæplega duga álveri á Reyðarfirði og þá ætti eftir að sinna þörfum almenns markaðar innanlands. Hann taldi það glapræði að selja alla roku til eins aðila. Þó efaðist hann um að aur í lónum settist þar til eins og Landsvirkjun telur.

Hreinn Sigmundsson kvaðst hafa ásamt félögum sínum skoðað fyrirhugað virkjunarsvæði tveimur dögum fyrir fundinn. Kvað hann eftirsjá að gróðri sem færi undir vatn samkvæmt núverandi hugmyndum og taldi að finna mætti aðrar lausnir, þ.e. önnur svæði gróðurminni sem komast mætti að samkomulagi um að nýta í staðinn. Hann ræddi um slæma umgengni á svæðinu en virtist ekki eiga við Landsvirkjun í því sambandi. Hann benti á að jákvæð áhrif virkjunarframkvæmda væru þegar til staðar í formi vegaframkvæmda á Fljótsdalsheiði.

Sigurbjörn Snæþórsson, formaður Búnaðarsambands Austurlands, taldi ekki klókt af Landsvirkjun að láta hjá líða að fara í mat á umhverfisáhrifum. Hann kvaðst ekki hafa áttað sig á því áður að þessar framkvæmdir gætu haft áhrif á hitastig og kvað það forvitnilegt.

Helgi Bjarnason svaraði spurningum sem fram höfðu komið um áhrif á hitastig. Hann las upp úr skýrslu þar að lútandi og var þar áætlað að hitastig Lagarfljóts gæti lækkað um allt að 0,5 gráður síðsumars sem mundi engin áhrif hafa á lofthita á svæðinu.

Óskar Helgi Guðjónsson gagnrýndi það að fundurinn væri fámennur, enda þyrftu allir að eiga þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hann kvaðst afar tortrygginn, m.a. vegna þess að haldnir væru tveir aðskildir fundir. Hann kvað margt þurfa að athuga um þessi mál.

Skarphéðinn Þórisson kvað vanta undirbúning undir hinar stóru lausnir og taldi Landsvirkjun vera seint á ferðinni þannig að tími væri ekki nægur til rannsókna. Hann

vék að 12 ára gömlu máli varðandi áform Náttúruverndar ríkisins um friðun Snæfells og taldi að Landsvirkjun hefði staðið í vegi fyrir að hún næði fram að ganga.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir spurði hvað yrði um uppgröft úr lónum og óttaðist fokhættu.

Guðmundur Beck lagði enn áherslu á aukna kynningu meðal fólks á Austfjörðum og taldi að kynna yrði áhrif stóriðjuverksmiðju þar samhliða áhrifum virkjana. Hann spurði hvort það væri réttlætanlegt að verja öllum virkjunarmöguleikum á Austurlandi í þágu eins iðjuvers. Hann taldi að huga þyrfti að öðrum þörfum fyrir orku og að ekki væri skynsamlegt að veðja á einn orkunotanda í þessu efni.

Karl Ingólfsson kvaðst stunda ferðaþjónustu og sagðist leggja áherslu á að selja hana dýru verði. Eftirspurn eftir þeirri þjónustu byggðist á eftirspurn eftir óspilltri náttúru sem væri í hættu með þeim áformum sem hér væru til umræðu. Hann kvaðst telja það öfgar þegar menn vildu koma í veg fyrir allar framkvæmdir en taldi óeðlilegt að fara ekki eftir þeim reglum í einu og öllu sem gilda um mat á umhverfisáhrifum. Hann taldi það sóðaskap að Landsvirkjun þvingaði inn virkjun án þess að tala við almenning.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson kvað ekkert liggja fyrir um það hvort matsskýrslan sem nú er unnið að yrði lögð formlega fram eða ekki. Hins vegar væri öll sú vinna sem nú væri í gangi fyllilega í samræmi við ýtrustu kröfum laga um mat á umhverfisáhrifum.

Karen Erla Erlingsdóttir lýsti eftir umhverfisstefnu Landsvirkjunar.

Árni Grétar Finnsson benti fundarmönnum á að fylgjast með framkvæmdum Landsvirkjunar og sagði að hvarvetna þar sem gróðri hefði verið raskað þá hefði verið grætt upp land í staðinn sem væri stærra en það sem farið hefði forgörðum.

Agnar Olsen svaraði spurningum og sagði að ef fyrirgreindar virkjanir yrðu tengdar saman þá yrði að fara fram mat á umhverfisáhrifum vegna þeirra framkvæmda. Hann sagði að vatnsborðssveifla í Eyjabakkalóni yrði um 16 metrar en í Hálslóni allt að 60 metrar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson kvaðst hafa komið að undirbúningi laga um mat á umhverfisáhrifum á sínum tíma. Nú væri unnið að endurskoðun þeirra laga, m.a. varðandi þau atriði sem rannsaka ætti við gerð matsskýrslu. Hann kvað menn sífellt koma með ábendingar um ný atriði sem taka ætti til athugunar.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson sagði að Landsvirkjun færi að sjálfsögðu eftir þeim lögum sem í gildi væru um þessi efni sem önnur.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 17:35.

Svör við spurningum
er fram komu á fundi Landsvirkjunar og heimamanna að Hallormsstað 22. ágúst 1998 um virkjanir á Austurlandi.

1. **Aurburður í Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal.**
   - **Hvað er um mikið magn að ræða og hvað verður um hann eftir virkjun?**
     Svar: Heildarmagn framburðar í Hálslón hefur verið áætlað um 8-9 miljónir tonna á ári að meðaltali, þar af er um 1,5-2,0 Mt botnskrið og 6-7 Mt svifaur. Þessar áætlanir byggjast á vatnamælingum í ánni frá árinu 1963. Miðað við ofangreinda skiptingu á aurburði er áætlað að um 4 miljónir rúmmetra á ári muni setjast til á botn lónsins.

     Um 70% aurburðarins er talið að setjist efst í lónið við jökulinn, um 15% er talið dreifast um allan botn lónsins, um 15% berst gegnum lónið til Lagarfljóts og smávegis mun berast niður farveg Jöklu með flóðvatni.

     Heildarframburður Jökulsár í Fljótsdal er áætlaður vera um 350.000 tonn á ári, þar af er áætlað að um 200.000 tonn af grófari aurburði muni setjast til í Eyjabakkalóni en um 150.000 tonn falla áfram til Lagarfljóts.

     Meginhluti aurburðarins mun setjast fyrst efst í lónin og ekki er líklegt að grípa þurfi til aðgerða vegna minna lónrýmis næstu 100 árin eða svo. Talið er að nýtanlegt lónrými í Hálslóni skerðist um allt að 20% á þeim tíma. Aðeins um 5% af fyrirhuguðu lónrými Eyjabakkalóns myndi skerðast á þessum tíma.

   - **Hver verða áhrif minnkandi framburðar á strandlínu fyrir botni Héraðsflóa ?**
     Svar: Samkvæmt aurburðarmælingum berast um 3 miljónir rúmmetra af grófum aurburði til strandar Héraðsflóa og fyrir þann framburð tæki að mestu eftir virkjun Jöklu. Orkustofnun hefur áætlað að strandlína muni hörfa um allt að 400 m á 100 árum. Strandrof mun ná nýju jafnvægi með minni framburði að þeim tíma liðnum, sem ræðst m.a. af grófleika efnis við ströndina í dag. Enginn grófur aurburður berst til sjávar frá Jökulsá í Fljótsdal þar eð hann fellur út í Lagarfljóti og virkjun Jökulsár í Fljótsdal hefur því engin áhrif á strandlínu Héraðsflóa.

2. **Fok úr uppistöðulónum.**
   - **Hver er vatnsborðssveifla í lónum ?**
     Svar: Vatnsborðssveifla Eyjabakkalóns er áætluð frá 664,5 m y.s. niður í 648,0 m y.s. eða um 16,5 m. Mesta vatnsborðssveifla Hálslóns er áætluð frá 621 m y.s. niður í 550 m y.s. eða um 71 m, en slík sveifla verður aðeins í köldustu árum, algengast er að sveiflan verði niður í 570-580 m y.s. eða um 40-50 m.

Er hætta á foki úr lónum þegar vatnsstaða er lág t.d. fyrri hluta sumars ?

Svar: Hætt er við að fínt efni, leir og sylti, sitji í bökkum Hálslóns að vorlagi eftir setmyndun vetrarins. Lónið fyllist í 7 árum af 10 og fer að lækka í því í september. Í maí byrjar lónið að hækka að nýju. Leirinn í aurburðinum situr eftir í bökkum lónsins, hlutfallslega meiri botnleir sest neðst í lónið, en að meðaltali yrði árlegt leirset 1-2 sm. Lagnaðarís lónsins um 1 m á þykkt mun liggja í bökkum fram eftir vori. Í þurru veðri getur þetta fínefni fokið til úr efsta hluta bakka lónsins þar til það fyllist. Þannig er möguleiki að mistur gæti myndast við bakka lónsins. Engin hætta er talin vera á að slíkt fínefnisfok gæti valdið rofi eða spjöllum á gróðurlendi.

3. **Vatnsborð Lagarfljóts og hitastig.**

- **Hver verða áhrif rennslisbreytinga eftir virkjun á vatnsboð fljótsins og til hvaða aðgerða er fyrirhugað að grípa til að halda vatnsborði Lagarins innan eðlilegra marka?**

Svar: Meðalrennsli fljótsins í dag er um 112 m^3/sek og mesta vatnsborðssveifla sumar- og vetrarrennslis er að jafnaði um 1 m. Með veitu Jökulsár á Brú frá Hálslóni til Lagarfljóts er gert er ráð fyrir að rennsli myndi aukast í allt að 200 m^3/sek að meðaltali eða tæplega tvöfaldast.

Ef Jökulsá í Fljótsdal yrði virkjuð á undan Jökulsá á Brú með verulegri miðlun við Eyjabakka mun vor- og sumarrennsli minnka, en vetrarrennsli í Lagarfljóti aukast verulega að sama skapi frá því sem nú er og vatnsborðssveiflur breytast sem því nemur.

Til þess að halda vatnsborði við Lagarfljótsbrú sem næst því sama og náttúrulegt vatnsborð er í dag eftir virkjun Jökulsánna beggja þarf að rýmka farveg Lagarfljóts við Strauma og lækka klapparþröskuld við Lagarfossvirkjun. Með þessum aðgerðum yrði vatnsborð Lagarins að meðaltali svipað og verið hefur að vetrarlagi, 20-30 cm lægra í júní og 20-30 cm hærra í ágúst-september.

Komi til þess að Kárahnúkavirkjun verði virkjuð á undan Jökulsá í Fljótsdal þarf einnig að dýpka farveg Lagarfljóts neðan við brúna hjá Egilsstöðum til að halda vatnsborðsveiflu innan núverandi marka. Sé ekkert að gert í farveginum hækkar vatnsborð Lagarfljóts um allt að 40 cm frá því sem nú er.

- **Hver verða áhrif breytinga á rennsli á hitastig Lagarins og lofthita á Héraði?**

Svar: Reiknaðar hafa verið líklegar hitabreytingar í Lagarfljóti út frá hitamælingum síðustu þriggja ára eftir tilkomu Kárahnúkavirkjunar og er þá reiknað með að vatn frá virkjuninni (þ.e. úr Hálslóni) verði að jafnaði 3°C kaldara en Lagarfljót. Miðað við að áhrif sólgeislunar verði óbreytt er niðurstaða sú að hámarkshiti Lagarfljóts síðsumars geti lækkað um allt að 0,5°C. Slík kólnun hefur engin merkjanleg áhrif á lofthita í nágrenni fljótsins.

4. **Framhlaup Brúarjökuls.**
   - **Ef jökullinn hleypur fram þegar Hálslón er fullt – hver verða áhrifin ?**
     Svar: Ekki er talið að hlaup jökulsins við fullt lón hafi nein veruleg áhrif á rekstur lónsins, en rennsli um yfirfall mun aukast um tíma. Jökullinn hleypur hægt fram, síðast (1963) tók meginhlaupið um 3 mánuði og vegalengdin var 8-9 km. Meðalhraði mældist tæplega 100 m á sólarhring. Vafalaust mun verulegur rekís myndast á lóninu þegar jökulsporðurinn brotnar. Miðað við þennan hraða á framskriði má reikna með að það samsvari um 150 m^3/sek viðbótarinnrennsli í lónið.

5. **Sameiginleg virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal.**
   - **Fellur sú virkjun í heild ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum ?**
     Svar: Jú, en ekki liggja enn fyrir nauðsynleg gögn til að geta unnið slíkt mat.

   - **Stærð hugsanlegrar miðlunar við Folavatn ?**
     Svar: 20-40 Gl. Til að fullnýta möguleika er gert ráð fyrir göngum frá Folavatni til Jökulsár.

6. **Aðkomu- og aðrennslisgöng Kárahnúkavirkjunar.**
   - **Hvernig er fyrirhugað að ganga frá efnishaugum í verklok ? (Er hægt að áætla magn á hverjum stað ?)**
     Svar: Áætlað er að um 650 þús. rúmmetrar efnis frá aðrennslisgöngum komi út við Teigsbjarg (ofan við fyrirhugað stöðvarhús). Aðgöngin opnast út í fjallsbrún norðan við Teigsbjargið. Gert hefur verið ráð fyrir að efni frá Teigsbjargsgöngum verði komið fyrir þar sem fjallsbrúnin skyggir á neðan úr Fljótsdal. Stærð efnishaugs gæti verið 500x130x10 m.

     Efni frá aðkomugöngum stöðvarhúss yrði væntanlega komið fyrir á eyrum Jökulsár neðan aðkomuganga og meðfram frárennslisskurði á Hvammseyri. Samtals er áætlað að magn efnis þar verði um 350.000 m^3.

     Mesta efnið kemur um aðkomugöngin í Glúmstaðadal eða um 900 þús. rúmmetrar, bæði sprengt grjót og borsalli frá jarðgangaborvél. Gert er ráð fyrir að efninu verði komið fyrir á Tungunni á milli ánna eða öðrum heppilegum stað.

   - **Hvernig og hvar verður farið inn í aðkomugöng í Glúmsstaðadal?**
     Svar: Áformað er að aðkomugöngin opnist út í Glúmsstaðadal um 1,5 km ofan ármóta ánna. Aðkomugöngin verða sprengd hallandi niður á við um 2 km að aðrennslisgöngum.

   - **Lýsið stuttlega veitu úr Gilsárvötnum og staðsetningu aðkomu í aðrennslisgöng.**
     Svar: Ráðgert er að stífla Bessastaðaá rétt neðan við Gilsárvötn og veita henni um vötnin og stuttan skurð að inntaki þar sem hún yrði tekin inn í aðrennslisgöng Kárahnúkavirkjunar. Auk stíflu í árfarvegi þarf að reisa lága garða á nokkrum stöðum við Gilsárvötn þar sem nú eru lægðir rétt yfir vatnsborði. Gert er ráð fyrir að yfirborð vatnanna hækki lítillega. Úr fremra Gilsárvatni verður grafinn skurður að lítilli inntakstjörn austan Eyrarselsvatns þar sem inntak verður niður í göngin þar undir.

7. **Mat á umhverfisáhrifum.**
   - **Hverjir munu vinna mat á umhverfisáhrifum fyrir Fljótsdalsvirkjun?**

   Svar: Stjórn matsvinnu og ritun matsskýrslu fyrir Fljótsdalsvirkjun hefur Landsvirkjun falið þremur sérfræðingum, sem hafa unnið að mati á umhverfisáhrifum fyrir fjölmarga aðila og þar á meðal mat á umhverfisáhrifum fyrir virkjanir og önnur stórmannvirki. Hafa þeir því góða reynslu á þessu sviði.

   Þessir menn eru: Sigurður Þórðarson, verkfræðingur hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf, sem er verkefnisstjóri, Björn Jóhann Björnsson, jarðvegsverkfræðingur hjá Verkfræðistofunni Stuðli og Sigurjón Páll Ísaksson, landfræðingur hjá Línuhönnun hf. Helgi Bjarnason hefur yfirumsjón með rannsóknum og gerð matsskýrslu af hálfu Landsvirkjunar.

   Unnið er að matinu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, tilheyrandi reglugerð og leiðbeiningarit frá Skipulagsstofnun um vinnu við mat á umhverfisáhrifum. Lögum samkvæmt er það framkvæmdaraðili sem vinnur eða lætur vinna matið en ekki stjórnvöld.

8. **Berufjarðarvirkjun.**
   - **Hver er kostnaður við að veita og virkja Jökulsá í Fljótsdal til sjávar.**

   Svar: Gerður var lauslegur samanburður á núverandi tilhögun Fljótsdalsvirkjunar og tilhögun með virkjun til Berufjarðar fyrir 4 árum í tengslum við hugsanlega nýtingu vatns af Hraunum. Sá samanburður leiddi í ljós að með veitu frá Eyjabakkalóni og virkjun til Berufjarðar var einingaverð orku virkjunarinnar svipað og fyrir núverandi Fljótsdalsvirkjun, en þá var miðað við meira vatn af Hraunasvæðinu en nú er gert. Einnig verður að gera fyrirvara við þennan samanburð þar eð nánast engar rannsóknir hafa verið gerðar á vettvangi fyrir hugsanlega Berufjarðarvirkjun.

Fundur með umsagnaraðilum, haldin í vinnubúðum í Norðurdal.
(2. október 1998.)

Málefni: Fljótsdalsvirkjun – Frummat á umhverfisáhrifum.

Fundurinn var haldinn við upphaf skoðunarferðar með umsagnaraðilum. Fyrst útskýrði Sigurður Þórðarson tilhögun Fljótsdalsvirkjunar og kom nokkuð inn á mat á umhverfisáhrifum hennar. Síðan hófust umræður:

1. Botn Eyjabakkalóns og aurburður: Arndís Þorvaldsdóttir spurði hve mikill hluti af botni Eyjabakkalóns yrði á þurru við lægstu vatnsstöðu. SÞ sagði að það væri u.þ.b. helmingur botnsins. Lónið yrði í hæstu stöðu seinnipart sumars og á haustin. Yfir veturinn lækkar í því og leggst þá ís á botninn, þar til vorleysingar hefjast í byrjun maí. Helst er hætta á foki úr lónsbotni í júní. Spurt var um áhrif á aurburð. Áhrifin verða fyrst og fremst þau að aurinn sest til í Eyjabakkalóni í stað þess að berast niður í Löginn. Með tímanum munu myndast leirur við suðurjaðar Eyjabakkalóns, en það verður um 4000 ár að fyllast. Við jaðar Eyjabakkajökuls eru leirur sem líkjast fyrirhuguðum lónsbotni.
2. Grjótár- og Hölknárveita: Hrafnkell A. Jónsson spurði hvort Grjótár-, Hölknár- og Laugarárveitur væru forsenda fyrir Fljótsdalsvirkjun. SÞ og HB svöruðu að veiturnar væru ekki forsenda fyrir virkjuninni, en þær væru mjög hagkvæmar. Úr þeim fengjust um 4 m^3/sek af rúmlega 31 m^3 meðalrennsli til virkjunar. Án þessara veitna verður virkjunin óhagkvæmari og orkuverð hærra.
3. Áhrif á Kelduá: Gunnþórunn Ingólfsdóttir spurði hvaða áhrif Hraunaveita (Sauðárveita) hefði á Kelduá. SÞ sagði að vatnsmagn árinnar minnkaði nokkuð.
4. Áhrif veitna á lífríki: Spurt var hvaða áhrif veiturnar hefðu á lífríki ánna og umhverfi þeirra. Áhrif á árnar verða lítil, því að aðeins er veitt af efsta hluta vatnasviðsins og minnkar rennsli þeirra því lítið. Breyting á grunnvatnsstöðu verður aðeins í næsta nágrenni veitnanna, og hefur lítil áhrif á lífríki. Helstu áhrif á lífríkið eru að allur gróður í lónunum líður undir lok.
5. Mat á umhverfisáhrifum: Hrafnkell A. Jónsson spurði um mat á umhverfisáhrifum sem verið er að vinna, og Arnór Benediktsson spurði hvort matið verði kynnt almenningi og hvort menn fái að gera athugasemdir. SÞ sagði að stjórn LV myndi í haust taka ákvörðun um í hvaða farveg málið færi. HB gerði nánari grein fyrir málinu og sagði að niðurstaðan færi að einhverju leyti eftir því hvort

tími yrði nægur til að fara í formlegt mat, sem getur tekið um tvö ár. Ef samið verður fljótlega um orkusölu þá verður að öllum líkindum haldið áfram með framkvæmdir. HB benti á að verið væri að kanna breytta útfærslu Hraunaveitu, og yrði hún væntanlega sett í sérstakt mat síðar. Ef Kárahnúkavirkjun kemur fyrst þá getur komið til þess að tilhögun Fljótsdalsvirkjunar verði breytt, en það skýrist á næstu mánuðum. Þar yrði um að ræða pólitíska stefnumótun.

6. Er hægt að gefa sér tíma?: HAJ benti á að líftími svona virkjunar væri a.m.k. öld, og því vildi hann spyrja hvort ekki væri hægt að gefa sér þennan tveggja ára undirbúningstíma til þess að Skipulagsstofnun geti lagt mat á virkjunina, en ekki eingöngu Landsvirkjun? HB sagði að árið 1991 hefði virkjunin verið auglýst þrisvar skv. þágildandi reglum, og margir kynningarfundir haldnir. Aðeins bárust 9 athugasemdir, og var tekið tillit til þeirra flestra. Engar athugasemdir bárust þá um miðlunarlónið á Eyjabökkum.
7. Breytt viðhorf: Þórhallur Þorsteinsson benti á að nú værum við í allt öðru umhverfi en 1991, með aðrar reglur um umhverfismat og önnur viðhorf almennings. Fannst honum yfirvöld reyna að firra sig ábyrgð, Landsvirkjun vísaði á stjórnvöld og þau aftur á Landsvirkjun. HB benti á að þegar stjórnvöld gerðu orkusölusamninga þá væri það lagaskylda Landsvirkjunar að tryggja að næg orka yrði til ráðstöfunar til að unnt yrði að standa við þessa samninga.
8. Línulagnir: Sigurjón Jónasson spurði um línulagnir. HB sagði að 33 kV lína inn að Eyjabökkum, sem sýnd er á korti, yrði jarðstrengur. Einnig yrði lagður jarðstrengur að Kárahnúkum, því yrði engin loftlína á heiðunum. Fljótsdalslína 1 fylgir byggðalínu að Möðrudal, en hún verður ekki reist í tengslum við Fljótsdalsvirkjun. Arnór Benediktsson undirstrikaði að sú lína yrði aldrei byggð því að orkan yrði notuð hér eystra!
9. Mannafli: Spurt var um mannafla á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Á framkvæmdatíma má reikna með a.m.k. 300 mönnum í vinnu í 3-5 ár. Varðandi rekstrartímann var tekið mið af Blönduvirkjun, en þar starfa um 15 menn, en á sumrin eru 40-50 manns í vinnu, að hluta skólafólk. Spurt var hvort um yrði að ræða heimafólk? Við Blöndu búa flestir á svæðinu eða á Sauðárkróki, og þeim fylgja að sjálfsögðu fjölskyldur.
10. Hagsmunir ferðamennsku: Arndís Þorvaldsdóttir benti á að óvíst væri að almenningur hafi vitað 1991 hverju var verið að fórna með virkjuninni, því að svo fáir þekktu þá svæðið. Arnór sagði að það mætti að nokkru leyti þakka Landsvirkjun aukna þekkingu á svæðinu, því að vegagerð vegna virkjunarinnar hefði opnað það ferðamönnum og skapað ýmsa möguleika í ferðamennsku.
11. Gróðurlendi á Eyjabökkum: Spurt var hve mikið gróðurlendi færi undir vatn á Eyjabökkum og hvað myndi kosta að græða upp jafn stórt svæði? Gróðurlendi á

Eyjabökkum er um 27 km^2. Úlfur Björnsson hjá Landgræðslunni taldi að það myndi kosta 300-400 milljónir króna að græða upp jafnstórt svæði, en það væri þó háð því hvar sú uppgræðsla væri. Spurt var hvað væri mikil kolefnisbinding á Eyjabökkum. Hákon Aðalsteinsson sagði að það hefði ekki verið metið.

12. Frárennsli virkjunar: Spurt var um frárennsli virkjunar og hvort hætta væri á landbroti af völdum þess? SÞ sagði að frárennslisskurðurinn væri samsíða núverandi kvísl og rennsli auk þess jafnara vegna miðlunar. Landbrot ætti því frekar að minnka við virkjunina.
13. Samanburður við Noreg: HAJ kvaðst hafa fylgst með þáttum Ómars Ragnarssonar um virkjanir í Noregi og á Íslandi. Honum virtist að möguleikar okkar til að selja orku stöfuðu að miklu leyti af því að erlendis hefðu menn sett sér strangari reglur í umhverfismálum en hér tíðkast. Þar væri almenningur búinn að setja stjórnmálamönnum ákveðnar skorður í þeim efnum. Einnig hefði hjá Ómari komið fram að í Noregi taki umhverfismat 10 ár, en hér tvö ár. Þess vegna væri auðveldara fyrir Norsk Hydro að ná sínu fram hér en í Noregi. SÞ og HB sögðu að margt væri missagt hjá Ómari. Í Noregi væri rannsóknartíminn talinn með og því væri undirbúningstíminn hér og þar alveg sambærilegur. Þeir hafa að því leyti aðrar reglur að matið fer fram samhliða rannsóknunum. Hér er gerð krafa um að tilhögun virkjunar sé ljós þegar hún fer í mat, og því þarf hún að vera nánast fullhönnuð þegar kemur að mati, sem er óheppilegt. Ragnar Frank Kristjánsson benti á að hér á landi vantaði alveg verndunarstefnu stjórnvalda. Í Noregi er búið að taka frá ákveðin svæði þar sem ekki á að virkja, en slíka stefnumörkun vantar alveg hér.
14. Bráðabirgðaákvæði um undanþágu frá mati: HAJ kvaðst hafa kynnt sér lögin um mat á umhverfisáhrifum og umræður á þingi þegar þau voru í undirbúningi. Taldi hann skjóta skökku við að bráðabirgðaákvæðið um að framkvæmdir sem leyfi var fyrir séu undanþegnar mati, skuli þýða að slík leyfi séu ótímabundin. Taldi hann að í reglugerð hefði átt að taka á gildistíma slíkra leyfa.
15. Áhættumat: Spurt var hvort gert hafi verið áhættumat. Hvað gerist t.d. ef stífla brestur, og hvað er áætlað að margir farist? SÞ sagði að áhættumat hefði verið gert. Kvað hann flóðið verða lengi á leiðinni niður í Norðurdal auk þess sem það dempast mikið á leiðinni. Því á að gefast færi á að vara fólk við. HB benti á að stífla með asfaltkjarna sé mjög örugg, því að kjarninn er seigur og hamlar rofi.
16. Rof úr lónsbökkum o.fl.: Spurt var um rof úr lónsbökkum. SÞ sagði að slíkt rof yrði helst þar sem bakkar eru brattir; þar myndast strandlína eða þrep. Þar sem halli er lítill verður lítið sem ekkert rof. Trausti Ólafsson benti á að þó að gerðar hafi verið allmiklar rannsóknir á svæðinu, þá vantaði alveg vistfræðirannsóknir sem standa yfir í langan tíma, til þess að átta sig á náttúrulegum sveiflum.

17. Orkunýting: Spurt var hvort ekkert annað en stóriðja kæmi til greina. Svarað var að almenn notkun yxi svo hægt að þessi virkjun kallaði á stórnotkun.
18. Samtenging við Kárahnúkavirkjun: Arnór spurði hvað myndi breytast með samtengingu við Kárahnúkavirkjun? HB sagði að þá kæmi lítið lón neðan við Eyjabakkafoss og tengt yrði inn í göngin frá Kárahnúkum. Vegna hæðarmunar þarf líklega þrýstijöfnun þar. Til að fá miðlun í staðinn fyrir Eyjabakkalón þarf að hækka stíflur við Kárahnúka um 10 m, sem óvíst er að sé tæknilega framkvæmanlegt. Þarf að kanna það nánar. Þessi tilhögun þýðir að Kárahnúkavirkjun þarf að koma á undan Fljótsdalsvirkjun. [Samtenging við Kárahnúkavirkjun er óheppileg að því leyti að ef vinna þarf að viðhaldi á göngum þarf að taka báðar virkjanirnar úr rekstri].
19. Áhrif Kárahnúkavirkjunar á Lagarfljót: Spurt var um aukið rennsli í Lagarfljóti með tilkomu Kárahnúkavirkjunar. Rennslið eykst um 100 m^3/sek, sem er um 80% aukning. Viðdvöl vatns í fljótinu minnkar úr 270 dögum í 150 daga, þannig að ekki er hægt að segja að fljótið breytist úr stöðuvatni í straumvatn. Fyrirhugaðar eru aðgerðir til að takmarka vatnshækkun, einkum að rjúfa höft við Straum og lækka klapparþröskuld við Lagarfossvirkjun.
20. Loftslagsbreytingar á Héraði: Rannveig Árnadóttir spurði um áhrif þessara virkjana á hitastig á Héraði eða Jökuldal. Áhrifin hafa verið metin. Talið er að hitastig Lagarins geti lækkað um tæpa gráðu með tilkomu Kárahnúkavirkjunar, en áhrif þess á hitastig lofts verða óveruleg. Virkjanirnar eru ekki taldar hafa áhrif á ísalög á Lagarfljóti.
21. Lagarfljótsormurinn: Í lok fundarins komu fram áhyggjur af því hvort þessar framkvæmdir gætu gert út af við Lagarfljótsorminn!

Í ferðinni var rætt vítt og breitt um málið, utan fundarins, og verður hér drepið á þrjú atriði sem þar komu fram.

1. Virkjun ofan í Suðurdal eða Berufjörð: Arnór Benediktsson spurði hvort athugað hefði verið að virkja Jökulsá í Fljótsdal ofan í Suðurdal í Fljótsdal eða Berufjörð? HB svaraði því til að þetta hefði verið kannað, og hefði vel komið til álita. Ýmislegt mælti þó á móti því, t.d. yrði frárennslisskurður í Suðurdal langur og mikið rask í kringum hann.
2. Þrýstijöfnunarturn: Þegar áð var við Bjargshæðir skýrði SÞ frá því að líklega yrði hætt við að gera 30 m háan þrýstijöfnunarturn á móts við Hól, en í staðinn gerð göng upp í Miðfell og þrýstijöfnunarþró þar neðanjarðar.
3. Aurburður í Fljótsdal: Skv. Droplaugarsona sögu hefur Lögurinn náð nokkru sunnar í fornöld en hann gerir í dag. Það bendir til að aurburður sé umtalsverður.

Dreifing: Landsvirkjun, VST, Stuðull, Línuhönnun

Nafnalisti um þátttakendur:

Sigmundur Freysteinsson	LV
Helgi Bjarnason	LV
Sigurður Þórðarson	VST
Sigurjón Páll Ísaksson	Línuhönnun
Helga Barðadóttir	OS
Hákon Aðalsteinsson	OS
Guðmundur Ólafsson	Þjóðminjasafn
Úlfur Björnsson	Landgræðslan
Áki Jónsson	Veiðistjóri
Árni Ísaksson	Veiðimálastjóri
Guðrún Halla Gunnarsdóttir	Skipulag hálendisins
Guðjón Guðjónsson	Iðnaðarráðuneytið
Árni Magnússon	Iðnaðarráðuneytið
Trausti Ólafsson	Löggildindarstofa
Þóranna Pálsdóttir	Veðurstofa
Ragnar Frank Kristjánsson	Náttúruvernd
Trausti Baldursson	Náttúruvernd
Sigurrós Friðriksdóttir	Náttúruvernd
Sigmundur Einarsson	Umhverfisráðuneytið
Sigríður Arnardóttir	Umhverfisráðuneytið
Ágúst Guðmundsson	ÁGVST
Einar Þorvarðarson	Vegagerðin
Sveinn Sveinsson	Vegagerðin
Anna Bryndís Tryggvadóttir	Búnaðarsamband Austurlands
Gunnar Vignisson	Atvinnuþróunarfélag Austurlands
Þórhallur Þorsteinsson	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
Arndís Þorvaldsdóttir	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
Ásmundur Gíslason	Ferðamálasamtök Austurlands
Sigurjón Jónasson	Ferðamálasamtök Austurlands
Hrafnkell Jónsson	Minjasafn Austurlands
Rannveig Árnadóttir	Samtök um friðun hálendisins
Halldór Walter Stefánsson	Samtök um friðun hálendisins
Gunnþórunn Ingólfsdóttir	Fljótsdalshreppur
Arnór Benediktsson	Norðurhérað
Guðgeir Ragnarsson	Norðurhérað
Skúli Björnsson	Austurhérað
Þórhalla Snæþórsdóttir	Austurhérað
Baldur Pálsson	Fellahreppur
Eyjólfur Valgarðsson	Fellahreppur
Auk þess tveir bílstjórar	

Dreifing: LV, VST, Stuðull, Línuhönnun

III. HLUTI
BRÉF OG GREINARGERÐIR FRAM TIL 1992

Úr lögum um raforkuver, nr. 60 4. júní 1981.

■ 1. gr. Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar — að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW afl, — að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afl, — að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga, — að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afli, [— að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl, — að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl].[1)]

☐ Ríkisstjórninni er heimilt að semja við Landsvirkjun m.a. um að reisa og reka eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir. Uns þeir samningar hafa tekist skulu Rafmagnsveitur ríkisins hafa með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir í nánu samráði við Landsvirkjun.

Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli, — virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli, — virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

☐ [Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli, í tveimur áföngum (38 MW hvor áfangi), enda liggi fyrir samningur um rekstur hvors áfanga virkjunarinnar um sig sem hluta af raforkukerfi landsins.][2)]

☐ Einnig getur ríkisstjórnin heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum, er standa að virkjun jarðvarma, að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver, sem fyrir eru, um samtals 50 MW, enda fullnægi aðili skilyrðum sem ríkisstjórnin kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins.

☐ Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

☐ Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landskerfið að því marki, sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingarstaða út frá landskerfinu.

☐ Ríkisstjórnin getur enn fremur heimilað Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða að reisa varastöðvar með samtals allt að 50 MW afli á næstu 10 árum í því skyni að tryggja viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum.

[1)]L. 74/1990, 1. gr. [2)]L. 74/1990, 2. gr.

...

[Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með um 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

1. Fljótsdalsvirkjun.

2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.

3. Stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.

■ **II.** Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að verja allt að 300 milljónum króna á árinu 1990 til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, stækkunar Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stofnlína eins og nauðsynlegt er til þess að unnt verði að sjá nýju álveri fyrir nægri raforku árið 1994 og taka að láni þá fjárhæð eða jafnviði hennar í erlendri mynt.][1)]

[1)]L. 74/1990, brbákv.

Þingsályktun

um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.

Alþingi ályktar með vísun til 2. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver að:

1. Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun. Miðlun umfram 220 Gl verði ekki aukin fyrr en nauðsyn ber til vegna raforkukerfisins. Verði ágreiningur um aukna miðlun skal honum skotið til Alþingis, að fenginni tillögu ríkisstjórnar.
2. Fljótsdalsvirkjun og síðar Sultartangavirkjun verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Eftir því sem orkuþörf gefur tilefni til skarist annars vegar Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun og hins vegar Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun.
3. Samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjunum verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu, með Kvíslaveitum, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og gerð Sultartangastíflu. Búrfellsvirkjun verði stækkuð þannig að núverandi afkastageta vatnsaflsvirkjana á þessu svæði geti aukist um allt að 950 GWst. á ári.

Samþykkt á Alþingi 6. maí 1982.

Bréf Náttúruverndarráðs til Rafmagnsveitna ríkisins.
(31. mars 1981.)

Efni: Umsögn Náttúruverndarráðs um virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Í bréfi yðar dags. 24. febrúar sl. er óskað umsagnar Náttúruverndarráðs varðandi áform um virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Ráðið hefur nú fjallað um mál þetta með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og könnun ráðsmanna á áhrifasvæði virkjunarinnar. Á fundi ráðsins 26. mars sl. var meðfylgjandi umsögn samþykkt og kemur þar fram að þótt mikill sjónarsviptir yrði að hinu víðfeðma gróðurlendi Eyjabakkasvæðisins, færi það undir vatn, og þrátt fyrir að forðast beri að eyða þannig grónu landi, sé þess nokkur kostur, þá vill Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega.

Þessi afstaða ráðsins tilkynnist hér með.

Með vinsemd og virðingu,

Eyþór Einarsson,
formaður.

Umsögn Náttúruverndarráðs um virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Með bréfi dags. 16. desember 1980 sendu Rafmagnsveitur ríkisins Náttúruverndarráði til kynningar ýmis gögn varðandi fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun, og í framhaldi af því fóru Rafmagnsveiturnar þess á leit við ráðið í bréfi dags. 24. febrúar 1981, að það lýsti formlega afstöðu sinni til virkjunarinnar.

Áætlanir um virkjanir á vatnasvæði Jökulsár í Fljótsdal hafa reyndar verið til athugunar hjá Náttúruverndarráði allt frá árinu 1975 og unnið hefur verið að umfangsmiklum umhverfisrannsóknum þar, m.a. að tilstuðlan Náttúruverndarráðs, hin síðari ár. Eftirtaldar skýrslur um mannvirkjagerð og náttúruvernd á svæðinu liggja nú fyrir, og styðst þessi umsögn m.a. við þær:

1. Minnisblað um Austurlandsvirkjun til samstarfsnefndar iðnarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál, frá Hjörleifi Guttormssyni og Vilhjálmi Lúðvíkssyni. Náttúruverndarráð, 28. ágúst 1975.
2. Eyjabakkar. Landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi eftir Hjörleif Guttormsson og Gísla Má Gíslason. OS ORD 7719, nóvember 1977.
3. Umsögn Náttúruverndarráðs um Bessastaðavirkjun, dags. 24. mars 1978.
4. Austurlandsvirkjun, bindi I. Tilhögun virkjana, útgefin í maí 1978.
5. Austurlandsvirkjun, bindi V. Fljótsdalsvirkjun, Hraunaveita, útg. maí 1978.
6. Yfirlitskort af virkjunarsvæði í mkv. 1:100.000.
7. Þrjú gróðurkort í mkv. 1:20.000 af Eyjabökkum, svæði norður um Laugarfell og af Gilsárvatnasvæði.
8. Útdráttur úr skýrslu Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað um náttúruverndarkönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Brú, gert 1980.
9. Virkjun Jökulsár í Fljótsdal I. Samanburðarathuganir OS, Rarik, maí 1980.

10. Greinargerð um áhrif mannvirkja og umsvifa tilheyrandi virkjunum á hreindýr, eftir Hákon Aðalsteinsson, OS, febrúar 1980.
11. Hreindýr og rannsóknir á lífskilyrðum þeirra, eftir Hákon Aðalsteinsson, Skarphéðin Þórisson og Kristbjörn Egilsson. OS og Náttúrufræðistofnun Íslands, desember 1980.
12. Greinargerð til Náttúruverndarráðs um hugsanleg áhrif virkjunarframkvæmda við Jökulsá í Fljótsdal á hreindýrastofninn eftir Skarphéðin Þórisson, mars 1981.
13. Reaction of caribou and reindeer to obstructions — a reassessment, eftir David R. Klein, bls. 519–527 í Proc. 2nd Int. Reindeer/caribou Symp. Röros, Noregi 1980.

Greinargerð.

Hugsanleg umhverfisáhrif vegna Austurlandsvirkjunar eru greind á minnisblaði frá Hjörleifi Guttormssyni og Vilhjálmi Lúðvíkssyni, dags. 28. ágúst 1975. Hin helstu sem fyrirsjáanleg eru vegna virkjunar Jökulsár í Fljótsdal eru þessi:

1. Eyjabakkar austan Snæfells færu undir vatn, eða um 48 km^2 lands sem að mestu er gróið votlendi, en það svæði er á náttúruminjaskrá. Við Gilsárvötn færu 22 km^2 lands til viðbótar undir vatn og er það einnig gróið að mestu. Samtals fara 78 km^2 lands undir vatn. Samkvæmt áætlun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er hér samanlagt um að ræða land sem nemur beit fyrir allt að 2.800 ærgildi.
2. Nokkrir lítt þekktir en tilkomumiklir fossar í Jökulsá í Fljótsdal hyrfu nærri alveg þar sem sáralítið vatn rynni um farveg árinnar.
3. Allmikið jarðrask yrði við gerð virkjunarmannvirkja, sem fela í sér umfangsmiklar breytingar á rennsli árinnar og stöðu vatns á hinni nýju rennslisleið.
4. Skurður gæti truflað umferð hreindýra og sauðfjár.
5. Opnun landsvæða fyrir almenna umferð, sem leiðir af sér ýmsar hættur á röskun á áður fáförnum svæðum.

Hér á eftir fer umsögn ráðsins um þessa þætti og afstaða þess til málsins í heild:

Eyjabakkar eru gróskumikið flæðiland í fögru umhverfi. Á hálendinu eru fá gróðurlendi á borð við þá. Fyrst og fremst eru það Þjórsárver við Hofsjökul, Hvítárnes og örfáir staðir á Möðrudalsöræfum. Allir þessir staðir eru hentugir fyrir miðlunarlón vegna virkjana, en jafnframt er náttúruverndargildi þeirra mikið. Náttúruverndarráð telur ekki annað koma til mála en þyrma einhverjum þessara svæða, og því þarf að líta á þau í samhengi þegar áformað er að taka eitthvert þeirra undir miðlunarlón. Þjórársver hafa tvímælalaust mest verndargildi þeirra og við friðlýsingu þeirra telur ráðið verjanlegt að samþykkja miðlunarlón á einhverjum hinna svæðanna, því að tæpast er þess að vænta að hægt verði að halda í þau öll til lengdar vegna mikilvægis þeirra fyrir raforkuvinnslu í landinu.

Í riti Náttúruverndarráðs, Fossar á Íslandi eftir Sigurð Þórarinsson frá árinu 1978, er enginn fossanna í Jökulsá talinn í 1. og 2. flokki að verndargildi. Þetta rit er þó aðeins drög að fossaskrá. Eftir að Náttúruverndarráð kannaði þá sumarið 1980, taldi ráðið þá óefað eiga heima í 2. flokki og suma jafnvel í 1. flokki að verndargildi. Umræddir fossar eru fjarri alfaraleiðum og því lítt þekktir, enda nafnlausir aðrir en Eyjabakkafoss og Kirkjufoss. Þó að enginn þeirra sé einstæður að gerð eða formfegurð setja þeir nær allir mikinn svip á umhverfi sitt og er tvímælalaust eftirsjá að þeim. En þar sem Náttúruverndaráð leggur meiri áherslu á að nokkrir þekktari stórfossar landsins verði varðveittir, getur það frekar sætt sig við að þessir hverfi.

Áhrif af breytingum á vatnsfarvegum og vatnsstöðu á virkjunarsvæðinu eru flest á þann veg að mestu varðar hvernig staðið er að virkjunarframkvæmdum og frágangi í verklok svo að ekki verði óþarfa spjöll á gróðri. Þá er minnt á hættu á foki úr lónstæði þegar lítið er í því

en þó er líklegt að leirset og há grunnvatnsstaða á svæðinu dragi nokkuð úr þeirri hættu. Ástæða er til að minna á hættuna á því að lónið fyllist af jökulseti innan ákveðins tíma sem mundi leiða til þess að dýpka þyrfti lónið og flytja til mikið af jökulleir.

Enn standa yfir rannsóknir á líklegum áhrifum þessara framkvæmda á umferð og landnýtingu hreindýranna, ásamt aðferðum til að draga sem mest úr þeim áhrifum, en bráðabirgðaniðurstöður liggja þó fyrir. Þá vill svo vel til að umfangmiklar rannsóknir á þessum þáttum hafa nýlega farið fram erlendis. Vegna niðurstaðna þessara rannsókna telur Náttúruverndarráð ekki ástæðu til að óttast áhrif þessara framkvæmda á hreindýrastofninn, enda verði þess gætt að hanna mannvirki með tilliti til þess, m.a. til að hindra ekki árstíðabundnar ferðir þeirra.

Í 13. gr. náttúruverndarlaga er Náttúruverndarráði falin ábyrgð á því að öræfasvæðum verði ekki spillt með óþörfum akstri. Vakin er athygli á þessu vegna væntanlegra rannsókna á svonefndri Hraunaveitu, en vegagerð vegna þeirra gæti opnað leiðir inn á viðkvæm gróin svæði svo og friðlandið á Lónsöræfum þar sem akstur er bannaður. Ráðið óskar því samráðs um allar vega- og brúaframkvæmdir við virkjunina, svo og að starfsmönnum verði sett ákveðin fyrirmæli um akstur utan vega á rannsóknasvæðum.

Niðurstaða.

Enda þótt mikill sjónarsviptir yrði að hinu víðfeðma gróðurlendi Eyjabakkasvæðisins, færi það undir vatn, og þrátt fyrir að forðast beri að eyða þannig grónu landi, sé þess nokkur kostur, þá vill Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun, telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega. Sú afstaða mótast m.a. af því að samkomulag hefur tekist um varanlega verndun Þjórsárvera, sem frá sjónarmiði náttúruverndar og samkvæmt niðurstöðum rannsókna á báðum þessum svæðum eru talin enn mikilvægari hálendisvin.

Ábendingar og fyrirvarar.

Með hliðsjón af fræðilegu og sögulegu gildi og til að afla frekari upplýsinga um áhrif stórra miðlunarlóna á náttúrufar, óskar Náttúruverndarráð eftir því að gerðar verði nokkrar frekari rannsóknir á svæðinu áður en byrjað yrði á virkjunarframkvæmdum. Ráðið bendir á að eftirfarandi atriði þurfi einkum að athuga:

1. Jökulminjar við jaðar Eyjabakkajökuls og Brúarjökuls þarf að kanna nánar og lýsa þeim, svo og jarðvegsfyrirbærum umhverfis Eyjabakka.
2. Þau svæði sem færu undir vatn, ásamt Jökulsá í Fljótsdal með öllum hennar fögru fossum, þarf að kvikmynda og ljósmynda í heimildarskyni. Sérstaklega er nauðsynlegt að láta taka innrauðar myndir og litmyndir úr lofti í mkv. 1:20.000 af gróðursvæðum og jökulminjum, sem breytast eða hverfa.
3. Fylgjast þarf með setmyndun í miðlunarlóni og ákveða í tíma hvað gera skuli við þann leir sem hugsanlega þyrfti að dæla úr botni lónsins.
4. Fylgjast þarf með foki úr lónstæði þegar lítið er í því, dreifingu og áhrifum áfoks á gróður.
5. Í skýrslu Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað eru ábendingar um umhverfisrannsóknir sem gera þarf til viðbótar, m.a. á varpi fugla á Eyjabökkum og úttekt á Hraunum vegna fyrirhugaðrar veitu þar, sem m.a. tæki til Kelduár. Náttúruverndarráði er ókunnugt um af efnt hafi verið til þessara framhaldsathuguna.

Ef til virkjunar kemur óskar ráðið þess að komið verði á samráði um framkvæmdir vegna hennar, í þeim tilgangi að jarðrask og spjöll á gróðri verði sem minnst, svo og um úttekt á

verkinu að því loknu. Mun Náttúruverndarráð nefna til eftirlitsmann af sinni hálfu og er þess óskað að yfirmönnum framkvæmda og rannsókna verði sett erindisbréf um aðgát vegna umhverfisáhrifa og um samráð við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs.

Umsögn þessi var samþykkt á fundi Náttúruverndarráðs hinn 26. mars 1981.

Bréf Landsvirkjunar til Náttúruverndarráðs.
(20. ágúst 1990.)

Varðar: Fljótsdalsvirkjun.

Verkhönnunarskýrsla um virkjun Jökulsár í Fljótsdal kom út á árinu 1982. Þar er gert ráð fyrir að tilhögun virkjunarinnar sé í aðalatriðum þannig: Jökulsá í Fljótsdal er stífluð við Eyjabakka og þar myndað 540 Gl miðlunarlón. Inn í lónið að austan er veitt vatni af Hraununum, frá Kelduá og Sauðá (Sauðárveita). Frá Eyjabakka er vatninu veitt um skurð 26 km leið að Gilsárlóni (103 Gl, 22 km^2) frammi á Fljótsdalsheiði. Laugará, Hölkná, Þórustaðakvísl og Bessastaðaá er veitt í Gilsárlón. Frá lóninu liggur stuttur skurður niður í Hólmalón (17 Gl, 5 km^2), en þaðan liggur skurður að inntaki á Teigsbjargi. Frá inntaki liggja hallandi göng að aflvélum í neðanjarðarstöðvarhúsi. Þaðan er vatninu veitt um 1 km frárennslisgöng út í Jökulsá í Fljótsdal. Uppsett afl var áætlað 252 MW í þremur vélum, virkjað rennsli 52 m^3/s og orkuvinnslugeta um 1480 GWh/ári.

Eins og ráðinu er kunnugt var hönnun Fljótsdalsvirkjunar tekin til endurskoðunar á árinu 1989, það er þó fyrst nú að helstu stærðir hafa endanlega verið ákveðnar.

Nýja tilhögunin (teikningar nr. 90.324.51-01-02-03 og 0389-218) er í aðalatriðum þannig:

Eyjabakkamiðlun er óbreytt að öðru leyti en því að hún er nú áætluð 500 Gl í stað 540 Gl áður. Sauðárveita er óbreytt. Hafursá verður veitt um skurð inn í lónið. Frá miðluninni er vatninu veitt um 32 km aðrennslisgöng, 5,2 m í þvermál, og 460 m lóðrétta fallpípu að tveim 105 MW aflvélum í neðanjarðarstöðvarhúsi, en þaðan liggja 1,3 km frárennslisgöng út í Jökulsá í Fljótsdal.

Gert er ráð fyrir að Grjótá verði veitt í Hölkná og þaðan í Laugará og síðan um göng niður í aðrennslisgöngin. Hafursárkvísl verður veitt um lóðrétt göng niður í aðrennslisgöngin. Jöfnunarþró verður um 2 km ofan við stöðvarhúsið (teikning nr. 03 89-218). Um 1 km aðkomugöng liggja að stöðvarhúsinu. Nálægt munna aðkomuganga er SF^6 tengivirki, en frá því liggur 220 kV háspennulína til Akureyrar. Byggðalínan mun tengjast virkjuninni. Byggingartími er áætlaður um 4 ár, en gert er ráð fyrir að gangsetja virkjunina fyrir árslok 1994, háð því að samningar takist um byggingu nýs álvers hér á landi. Um 600–700 manns munu starfa við byggingu virkjunarinnar þegar mest er umleikis. Tafla með helstu stærðum er á fylgiskjali 1.

Virkjað rennsli er áætlað 42 m^3/sek. Fallhæð við virkjað rennsli verður um 580 m við hæsta vatnsborð í lóni en meðalfallhæð er 574,8 m. Orkuvinnslugeta áætlast um 1400 GWh/ári.

Helstu kostir nýju tilhögunarinnar miðað við þá eldri (sjá yfirlitsmynd 1:100.000) eru eftirfarandi: a) Áætlaður stofnkostnaður á orkueiningu er lægri, b) rekstraröryggi er meira, þar sem vatnið er leitt um lokaða vatnsvegi, c) mannaflaþörf er mun minni og dreifist jafnar

yfir árið, d) umhverfisáhrif eru mun minni, þar sem lón og veitur á Fljótsdalsheiði hverfa að mestu.

Landsvirkjun óskar hér með eftir umsögn Náttúruverndarráðs um þessa nýju virkjunartilhögun, og lýsir sig jafnframt reiðubúna til að veita allar nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Agnar Olsen,
forstöðumaður verkfræðideilar.

Bréf Náttúruverndarráðs til Landsvirkjunar.
(7. febrúar 1991.)

Efni: Athugasemdir Náttúruverndarráðs vegna Fljótsdalsvirkjunar.

Náttúruverndarráði hefur borist bréf frá Landsvirkjun, dagsett 9. nóvember 1999, þar sem óskað er eftir umsögn ráðsins varðandi breytta útfærslu virkjunar Jökulsár í Fljótsdal. Í þeirri hugmynd sem kynnt var í nefndu bréfi er gert ráð fyrir því að veita vatninu út eftir Fljótsdalsheiði í jarðgöngum í stað skurða eins og fyrri hugmyndir gerðu ráð fyrir.

Það er skilningur Náttúruverndarráðs að jákvæð umsögn ráðsins (bréf dagsett 31. mars 1981) varðandi eldri hugmyndir um virkjun standi enn, þar með talið samþykki við því að leggja Eyjabakka undir vatn. Sú breytta verkhönnun sem hér er verið að óska umsagnar um dregur verulega úr umhverfisáhrifum á heiðinni. Þeir skurðir og stíflur sem eldri hugmyndir gerðu ráð fyrir hefðu efalítið verið til lýta í landslagi og hindrað för manna og skepna um heiðina. Loks er það mikils virði að tjarnir og votlendi á Fljótsdalsheiðinni fá að halda sér.

Í hinni nýju virkjunartilhögun er gert ráð fyrir talsverðu raski á vatnasviði Grjótár og Hölknár. Enn fremur er gert ráð fyrir að veita lækjum austan í Snæfelli um skurð í Eyjabakkalón (Hafursárveita).

Tillögur liggja fyrir í Náttúruverndarráði um að friðlýsa Snæfell og Vesturöræfin. Ráðið telur því brýnt að kanna sérstaklega umhverfisáhrif af fyrrgreindum veitum áður en endanleg afstaða er tekin til þeirra. Þá telur ráðið ófært að gefa umsögn um efnisgeymslur og efnisnám án þess að vettvangsskoðun hafi farið fram.

Þá vill ráðið benda á að í umsögn um Fljótsdalsvirkjun hinn 31. mars 1981 var farið fram á nokkrar rannsóknir sem ráðinu er ekki kunnugt um að hafi farið fram. Náttúruverndarráð fer því fram á að Landsvirkjun uppfylli eftirtalin skilyrði hið fyrsta:

1. Eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs hafi eftirlit með verklegum framkvæmdum.
2. Ekki verði lagðir neinir nýir vegir nema í samráði við Náttúruverndarráð og samvinna verði höfð um hvernig umferð verði háttað um svæðið.
3. Útfærsluatriði hvað varðar efnisnám og efnisgeymslu verði ákveðin af Landsvirkjun og eftirlitsmanni. Ákvæði um ágreining verði í samningi.
4. Unnið verði í samræmi við tillögur í bréfi Náttúruverndarráðs frá 1981 um frekari rannsóknir á áhrifasvæði Fljótsdalsvirkjunar, sem fylgja hér með í viðauka 1.
5. Landsvirkjun og Náttúruverndarráð vinni saman að því að skipuleggja eða hindra bílaumferð sunnan Eyjabakkalóns, bæði við byggingu Sauðárveitu og eins þegar virkjunin er komin í rekstur.
6. Náttúruminjaskráning fari fram á svæðinu sumarið 1991.

Í viðauka 2 eru tillögur frá Skarphéðni Þórissyni um leiðir til að draga úr áhrifum virkjunarinnar á afkomu hreindýra. Ekki hefur unnist tími til þess að leggja þessar tillögur fyrir Náttúruverndarráð og eru þær því sendar til kynningar.

Náttúruverndarráð mun taka afstöðu til Hafursárveitu, Grjótárveitu og Hölknárveitu að fengnu rökstuddu áliti sérfræðinga um umhverfisáhrif þessara veitna.

Virðingarfyllst,

Arnþór Garðarsson,
formaður.

Þóroddur F. Þóroddsson,
framkvæmdastjóri.

Viðauki I.

Tillögur Náttúruverndarráðs frá 31. mars 1981 um rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar og skráningu á náttúruminjum á virkjunarsvæðinu.

1. Jökulminjar við jaðar Eyjabakkajökuls og Brúarjökuls þarf að kanna nánar og lýsa þeim, svo og jarðvegsfyrirbærum umhverfis Eyjabakka.
2. Þau svæði sem færu undir vatn, ásamt Jökulsá í Fljótsdal með öllum hennar fögru fossum, þarf að kvikmynda og ljósmynda í heimildaskyni. Sérstaklega er nauðsynlegt að láta taka innrauðar loftmyndir í mælikvarða 1:20.000 af gróðursvæðum og jökulminjum, sem breytast eða hverfa.
3. Fylgjast þarf með setmyndun í miðlunarlóni og myndun nýrra „Eyjabakka“ og ákveða í tíma hvað gera skuli við þann leir sem þyrfti að dæla úr botni lónsins.
4. Fylgjast þarf með foki úr lónstæði þegar lítið er í því, dreifingu og áhrifum áfoks á gróður.
5. Í skýrslu Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað eru ábendingar um umhverfisrannsóknir, sem gera þarf til viðbótar, m.a. á varpi fugla á Eyjabökkum og úttekt á Hraunum vegna fyrirhugaðrar veitu þar, sem m.a. tæki til Kelduár. Náttúruverndarráði er ókunnugt um að efnt hafi verið til þessara framhaldsathuguna.

Viðauki II.

Fljótsdalsvirkjun.

Skýrslur varðandi náttúruvernd og Fljótsdalsvirkjun útgefnar eftir 1981 — Endurskoðaðar tillögur til að draga úr áhrifum virkjana á afkomu hreindýrastofnsins og gróðurlendi.

Eftirfarandi þrjár skýrslur eru um rannsóknir vegna fyrirhugaðra virkjana í Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá á Dal á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins/Landsvirkjun.

1. Hreindýrarannsóknir 1979–1981. Lokaskýrsla. Skarphéðinn Þórisson, OS-83072/VOD-06, Reykjavík, september 1983.
2. Fæða og beitilönd íslensku hreindýranna. Kristbjörn Egilsson, OS-83073/VOD-07, Reykjavík, september 1983.
3. Áhrif fyrirhugaðra virkjana á Austurlandi á hreindýr og beitilönd þeirra. Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson, OS-83074/VOD-08, Reykjavík, september 1983.

Vegna breyttra forsendna (göng í stað skurðar, fækkun lóna og skurða) verða tillögur úr skýrslu 3 hér endurmetnar.

A. Tillögur um friðun.

Tillaga um friðun Vesturöræfa er í fullu gildi og bent skal á að ályktun um slíkt var samþykkt á náttúruverndarþingi 1990.

B. Tillögur til að draga úr áhrifum virkjana á afkomu hreindýrastofnsins og gróðurlendi.

Þrátt fyrir breytta tilhögun Fljótsdalsvirkjunar tel ég allar tillögur B-hlutans enn í gildi nema 13. lið og varla þarf lengur að hafa áhyggjur af því sem kemur fram í lið 14.2. Til viðbótar þarf að kanna áhrif Hölknárveitu og Grjótárveitu og Hafursárskurðar á ferðir hreindýra.

C. Tillögur um frekari rannsóknir á hreindýrum.

Allar tillögur í þessum hluta eru enn í fullu gildi. Í 4. lið er fjallað um merkingar en auk þeirra væri æskilegt að festa senditæki á hreindýr til að afla ítarlegri upplýsinga um ferðir dýranna á virkjanaslóðum. Í sambandi við 4. lið ber að taka fram að nú heyra hreindýrin undir umhverfisráðuneytið og fer veiðistjóraembættið með þann málaflokk.

Að lokum skal á það bent að vegna þess að níu ár eru síðan ofangreindum rannsóknum lauk er enn brýnna að tillögur í c-lið nái fram að ganga.

Hér með fylgja upphaflegar tillögur úr skýrslu 3.

Fellabæ 26. janúar 1991,

Skarphéðinn Þórisson.

A.

6. Verndargildi svæða með tilliti til afkomu hreindýrastofnsins.
Tillögur um friðun lands.

Úttekt á verndargildi athyglisverðra svæða og náttúrufyrirbæra á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal hefur þegar verið gerð (Hjörleifur Guttormsson o.fl. 1981). Hér verður fjallað um verndargildi svæða á fyrirhuguðum virkjanastöðum með tilliti til afkomu hreindýrastofnsins.

Mikilvægasta svæðið, hvað hreindýrin varðar og komið hefur til álita að setja undir vatn vegna virkjana, er Háls á Vesturöræfum. Með stíflu við Ytri Kárahnjúk og myndun Hafrahvammalóns gætu ómetanleg burðarsvæði og vorbeitilönd horfið undir vatn, svæði sem hreindýrin hafa hingað til getað treyst á sem friðland og beitiland þegar jarðbönn hafa verið á öðrum svæðum. Einmitt á þessu svæði lifðu hreindýrin af þegar stofninn dó út annars staðar á landinu. Má því líta á Hálsinn og gróðurlendin í Kringilsárrana og Sauðafelli sem öryggissvæði fyrir stofninn þegar annað þrýtur í hörðum vorum. Hér er því lagt til að Hafrahvammalón verði ekki leyft eins og áform hafa verið uppi um (lón í 620 m y.s.).

Einnig er lagt til að Vesturöræfi sem heild verði gerð að friðlandi hreindýra, svipað og Kringilsárrani er þegar orðinn. Auk þess þarf að víkka friðland hreindýra vestan Jökulsár

á Dal út að Sauðá. Öll vegalagning og umferð vélknúinna ökutækja yrði bönnuð, nema í sambandi við hefðbundnar ferðir bænda við smalamennsku o.fl. eins og verið hefur. Þessi friðlýsing er nauðsynleg til að hindra að aukin umferð vegna Fljótsdalsvirkjunar og í framhaldi af henni aukinn ferðamannastraumur verði til þess að trufla hreindýrin við beit í hefðbundnum sumarhögum. Slíkt gæti leitt til þess að þau næðu ekki að safna nægilegum fituforða til vetrarins og yrðu því verr undir hann búinn. Slíkt gæti auðveldlega leitt til horfellis í hörðum vetrum.

B.

7. Tillögur til að draga úr áhrifum virkjana á afkomu hreindýrastofnsins og gróðurlendi.

1. Kanna nánar, áður en vinna hefst við Fljótsdalsvirkjun, ferðir og atferli hreindýra Undir Fellum (sjá 8. kafla).
2. Tryggja að hreindýrin sem ganga Undir Fellum í ágúst fjölgi ekki frá því sem var 1981. Veiðikvóti í hlutaðeigandi hreppum ætti að miðast við það.
3. Fylgjast með því hvernig dýrunum tekst að laga sig að breyttum aðstæðum á meðan og eftir að verkinu er lokið. Á grundvelli þeirra athugana á að meta hvort nauðsyn beri til að fækka hreindýrunum.
4. Hreindýraveiðar verði bannaðar innan Þrælaháls á meðan á virkjun stendur. Samhliða því þarf aukið eftirlit með veiðunum.
5. Þegar ráðist verður í virkjun er ráðlegt að skipa sérstakan eftirlitsmann (líffræðing) fyrir hönd Náttúruverndarráðs, sem hafi aðsetur á virkjunarstað. Hann fylgist daglega með framkvæmdum og áætlunum um þær, til að tryggja að raski sé haldið í lágmarki og úr því bætt að verki loknu.
6. Verktökum og virkjunaraðilum verði gert skylt að fá sérhæft fólk til að kynna fyrir starfsmönnum, áður en þeir hefja störf, náttúrufar svæðisins, gildi þess, hversu viðkvæmt það er og hvað beri að varast í umgengni við landið til að spilla sem minnst gróðri og dýralífi. Þessa fræðslu skal veita á hverju vori meðan á verkinu stendur.
7. Saminn verði upplýsingbæklingur fyrir starfsmenn um náttúrufar svæðisins og gildi þess.
8. Sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir akstur og náttúruspjöll að nauðsynjalausu utan fyrirhugaðs virkjunarsvæðis.
9. Vegir á svæðinu verði lagðir með aðkeyrðu efni eins mikið og hægt er.
10. Eftirlit skal haft með línulögnum á heiðunum, sérstaklega með tilliti til hættu á gróðurskemmdum.
11. Tryggja þarf að umhverfis mannvirki verði ekki skildir eftir hlutir er gætu reynst slysagildrur fyrir hreindýr.
12. Fylgst verði með atferli, ferðum og dreifingu hreindýra meðan á framkvæmdum stendur og aðlögun þeirra að mannvirkjum.
13. Gengið verði frá skurðum þannig að þeir valdi sem minnstum hindrunum og slysahættu fyrir hreindýrin. Í því sambandi skal bent á eftirtalin atriði:
    1. Ruðningur við skurði verði ekki hærri en 1,2 m eins víða og hægt er.
    2. Skurðir verði sem víðast þannig úr garði gerðir að hreindýrin komist upp úr þeim.
    3. Eyjabakkaskurður verði brúaður á a.m.k. tveimur stöðum.

14. Takmarkanir á umferð meðan á verkinu stendur og eins að framkvæmdum loknum er æskilegt að verði sem hér segir:
    1. Draga svo sem kostur er úr öllum framkvæmdum innan Laugarár, í ágúst og fyrstu vikur september, svo og um mánaðamótin maí-júní.
    2. Takmarka umferð og framkvæmdir utan Öxarárvatna í línu á suðurenda Eyvindarfjalla og vestan Gilsárvatna frá 20. september til 15. október.
    3. Taka tillit til ferða hreindýra Undir Fellum.
    4. Flug: Almenna reglan yrði sú að ekki er flogið nær jörðu en 300 m. Þó má fljúga allt að 150 m frá jörðu 1. maí til 15. júní (utan burðarsvæða) og 15. ágúst til 15. september (meðan á haustfari stendur).
    5. Varað er við auknum vélsleðaferðum um vetrarbeitilönd hreindýranna.
    6. Eftirlit með umferð og takmörkun á henni að verki loknu verði frá apríl til júníbyrjunar og í ágúst til miðs október. Auka eftirlit á veiðitíma.

C.

Tillögur um frekari rannsóknir á hreindýrum.

Brýnast er að eftirtaldar rannsóknir verði gerðar áður en vinna hefst við virkjanir á Fljótsdalsheiði:

1. Nánari rannsóknir á ferðum hreindýra Undir Fellum. Þar er um að ræða ferðir kelfdra kúa í apríllok og maí og geldra dýra, kúa og kálfa í maílok og júníbyrjun.
2. Rannsóknir á atferli hreindýra Undir Fellum í ágúst og byrjun september. Samtímis ættu að fást nákvæmari upplýsingar um ferðir dýranna um svæðið á þeim tíma.
3. Tryggt verði að árlegar sumartalningar falli ekki niður. Menntamálaráðuneytið hefur annast þær hingað til. Auk þess er mjög æskilegt að dreifing hreindýra verði könnuð úr flugvél um miðjan ágúst og september meðan á virkjun stendur.
4. Kálfamerkingar á Vesturöræfum og í Sauðafelli. Með því að merkja verulegan fjölda kálfa ættu að fást mun nákvæmari upplýsingar um ferðir dýranna.
5. Safna ítarlegum gögnum úr veiðinni, einkum á Fljótsdalsheiði, fyrir og samtímis vinnu við Fljótsdalsvirkjun.
6. Girtir verði reitir (t.d. 10 x 10 m) í beitilöndum hreindýranna í Hálsi, Vesturöræfum, á Fljótsdalsheiði (Klaustursels- og Merkisheiði) og á norðan- og sunnanverðri Jökuldalsheiði. Þessir reitir verða friðaðir fyrir beit. Valdir verði og merktir sambærilegir opnir reitir. Á þennan hátt verður reynt að fylgjast með breytingum á gróðurfari beitilandanna.
7. Lokið verði við gróðurkortagerð af Fljótsdalsheiði. Nú þegar verði hafin vinna við að kortleggja gróðurlendi á Jökuldalsheiði. Nauðsynlegt er að merkt verði inn á þau kort útbreiðsla fléttna á heiðinni.
8. Kanna dvöl hreindýra í einstökum gróðurlendum, til að fá yfirlit um nýtingu lands á öllum árstímum.
9. Kanna dreifingu og fjölda hreindýra og snjóalög á vetrarbeitarsvæðum, til að hægt verði meðal annars að fá upplýsingar um raunverulegt umfang nýtanlegs lands í vetrarbeit.
10. Rannsaka fæðuatferli og fæðuval sauðfjár á Vesturöræfum nánar, með tilliti til hugsanlegrar samkeppni við hreindýr.

Hér hafa verið taldar upp þær rannsóknir sem við teljum nauðsynlegt að verði gerðar sem fyrst. Auk þeirra eru miklu fleiri spruningar sem vaknað hafa um hreindýrastofnunn í kjölfar rannsóknanna. Þær verða ekki taldar upp að sinni, þar sem þær teljast ekki beit áformaðri Fljótsdalsvirkjun.

Fyrir utan rannsóknir sem tengjast virkjunarframkvæmdum beint er brýnast að vistfræði hreindýranna á Austfjörðum verði könnuð.

„Verður girt með farvegi Jökulsár eftir að Jökla er komin í göng? Áin er sauðfjárveikilína. Girðing gæti hindrað ferðir hreindýra.“

Bréf Landsvirkjunar til iðnaðarráðherra.
(19. apríl 1991.)

Með vísan til 6. og 7. gr. laga nr. 42 frá 23. mars 1983 um Landsvirkjun fer Landsvirkjun þess hér með á leit við yður, hæstvirtur iðnaðarráðherra, að þér veitið fyrirtækinu leyfi fyrir allt að 210 MW virkjun í Jökulsá í Fljótsdal ásamt aðalorkuveitum og tilheyrandi aðgerðum á vatnasvæði virkjunarinnar, sbr. og bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 74/1990.

Til upplýsinga varðandi tilhögun Fljótsdalsvirkjunar fylgir hér með greinargerð verkfræðideildar Landsvirkjunar, dags. 15. apríl 1991.

Virðingarfyllst,

Halldór Jónatansson forstjóri.

Bréf frá iðnaðarráðuneyti til Landsvirkjunar.
(24. apríl 1991.)

Iðnaðarráðherra hefur fallist á áform Landsvirkjunar um virkjun Jökulsár í Fljótsdal og er Landsvirkjun hér með veitt virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, 210 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum, skv. 7. gr., sbr. 6. gr., laga um Landsvirkjun nr. 42/1983. Athygli er þó vakin á skilyrði því sem felst í bráðabirgðaákvæði I sem bætt var við lög nr. 60/1981 með lögum nr. 74/1980 varðandi röð framkvæmda.

Í samræmi við c-lið 1. mgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15 frá 20. júní 1923, sbr. a-lið 1. mgr. 133. gr. sömu laga mun ráðuneytið fljótlega birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu varðandi hina ráðgerðu virkjun, þar sem þeim, er hagsmuna eiga að gæta, er gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við virkjunaráformin. Er leyfi þetta bundið því skilyrði að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra vandamála, sem kunna að rísa vegna slíkra athugasemda að höfðu samráði við ráðuneytið.

Jón Sigurðsson.
Björn Friðfinnsson.

Auglýsing
um virkjun Jökulsár í Fljótsdal

Lb. 99 23. ágúst 1991.

Með stoð í heimildum skv. lögum nr. 60/1981 um raforkuver, sbr. lög nr. 74/1990 og 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, ráðgerir Landsvirkjun að reisa 210 MW virkjun í Jökulsá í Fljótsdal; Fljótsdalsvirkjun.

Með hliðsjón af ákvæðum c-liðs, 1. mgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sbr. a-lið, 1. mgr. 133. gr. sömu laga, er ákveðið að kynna hina áformuðu virkjun með auglýsingu þessari þeim aðilum er hagsmuna eiga að gæta gagnvart henni.

Er hér með skorað á þá er kynnu að telja framkvæmdir þessar varða hag sinn og vilja gera athugasemdir við þær að koma þeim á framfæri fyrir 1. nóvember 1991.

Greinargerð með uppdráttum er sýna fyrirhuguð mannvirki, mun liggja frammi í verkfræðideild Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Má koma athugasemdum þar á framfæri, svo og í iðnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, Reykjavík.

Iðnaðarráðuneytið.

Auglýsing
um virkjun Jökulsár í Fljótsdal

Lb. 106 10. september 1991.

Með stoð í heimildum skv. lögum nr. 60/1981 um raforkuver, sbr. lög nr. 74/1990 og 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, ráðgerir Landsvirkjun að reisa 210 MW virkjun í Jökulsá í Fljótsdal; Fljótsdalsvirkjun.

Með hliðsjón af ákvæðum c-liðs, 1. mgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sbr. a-lið, 1. mgr. 133. gr. sömu laga, er ákveðið að kynna hina áformuðu virkjun með auglýsingu þessari þeim aðilum er hagsmuna eiga að gæta gagnvart henni.

Er hér með skorað á þá er kynnu að telja framkvæmdir þessar varða hag sinn og vilja gera athugasemdir við þær að koma þeim á framfæri fyrir 1. nóvember 1991.

Greinargerð með uppdráttum er sýna fyrirhuguð mannvirki, mun liggja frammi í verkfræðideild Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Má koma athugasemdum þar á framfæri, svo og í iðnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, Reykjavík.

Iðnaðarráðuneytið.

Auglýsing
um virkjun Jökulsár í Fljótsdal

Lb. 110 18. september 1991.

Með stoð í heimildum skv. lögum nr. 60/1981 um raforkuver, sbr. lög nr. 74/1990 og 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, ráðgerir Landsvirkjun að reisa 210 MW virkjun í Jökulsá í Fljótsdal; Fljótsdalsvirkjun.

Með hliðsjón af ákvæðum c-liðs, 1. mgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sbr. a-lið, 1. mgr. 133. gr. sömu laga, er ákveðið að kynna hina áformuðu virkjun með auglýsingu þessari þeim aðilum er hagsmuna eiga að gæta gagnvart henni.

Er hér með skorað á þá er kynnu að telja framkvæmdir þessar varða hag sinn og vilja gera athugasemdir við þær að koma þeim á framfæri fyrir 1. nóvember 1991.

Greinargerð með uppdráttum er sýna fyrirhuguð mannvirki, mun liggja frammi í verkfræðideild Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Má koma athugasemdum þar á framfæri, svo og í iðnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, Reykjavík.

Iðnaðarráðuneytið.

ATHUGASEMDIR VIÐ AUGLÝSINGAR UM FLJÓTSDALSVIRKJUN

Bréf frá menningarmálaráði Egilsstaðabæjar til Landsvirkjunar.
(25. október 1991.)

Á fundi menningarmálaráðs Egilsstaða þann 23. október 1991 var eftirfarandi bókun samþykkt:

„Menningarmálaráð Egilsstaða mótmælir harðlega eftirtöldum veitum í tengslum við Fljótsdalsvirkjun:

Hafursárveitu, Hölknárveitu, Grjótárveitu, stíflu við Snæfellsskála og leggur þunga áherslu á mikilvægi þess að svæðinu vestan við Snæfell verði ekki raskað. Þá telur ráðið að framkomnar hugmyndir um Hafursárveitu og skurð í tengslum við hana boði stórfelld umhverfisspjöll.

Menningarmálaráð tekur jafnframt vara fyrir því að bílaumferð verði hleypt inn á viðkvæm svæði austan við Eyjabakkastíflu. Ráðið mótmælir staðsetningu „aðkomu 2“ eins og hún lítur út í auglýsingu Landsvirkjunar vegna fyrirsjáanlegrar eyðileggingar á heitri laug við Laugarfell. Þá leggur menningarmálaráð áherslu á að fyllstu umhverfisverndarsjónarmiða verði gætt við frágang þess efnis sem fyrirséð er að falli til við gerð aðrennslisganga Fljótsdalsvirkjunar.

Rétta útskrift úr fundargerð staðfestir.

Ingigerður Benediktsdóttir,
skrifstofu Egilsstaðabæjar.

Símskeyti til Landsvirkjunar.
(1991.)

Ég undirrituð þinglýstur eigandi hluta jarðarinnar Langhús Fljótsdal N-Múlasýslu, áskil mér fullan rétt til bóta vegna fyrirhugaðrar virkjunar Jökulsár í Fljótsdal, og alls annars sem jörðin ber skaða af.

Óska enn fremur eftir fullu samráði við allar ákvarðanatökur eins og aðrir þinglýstir eigendur jarðarinnar.

Virðingarfyllst,

Rósa Jónsdóttir

Undirskrift staðfestir Halla Eyjólfsdóttir póstafgreiðslumaður.

Bréf til iðnaðarráðuneytis.
(31. október 1991.)

Undirritaðir aðilar, Hólmfríður Jónsdóttir, kt. 180954-3929, Langholtsvegi 173, Reykjavík, Rósa Jónsdóttir, kt. 090849-2209, Skipasundi 80, Reykjavík, og Jónína Jónsdóttir, kt. 210246-2159, Grýtubakka 28, Reykjavík, eigendur 1/4 hluta jarðarinnar Langhúsa, Fljótsdalshreppi N-Múlasýslu áskiljum okkur allan rétt til að leita bóta til ráðuneytisins eða annarra aðila, ef framkvæmdir vegna Fljótsdalsvirkjunar orsaka jarðrask eða önnur spjöll á eignarhlut okkar í Langhúsum Fljótsdalshreppi.

Virðingarfyllst,

Jónína Ósk Jónsdóttir.
Rósa Jónsdóttir.
Hólmfríður Jónsdóttir.

Bréf til Landsvirkjunar frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands.
(11. október 1991.)

Stjórn NAUST vill gera athugasemdir og koma mótmælum á framfæri varðandi einstaka þætti Fljótsdalsvirkjunar, og vísum við til auglýsingar Landsvirkjunar í 110. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1991:

1) Við leggjumst eindregið gegn því að Grjótlækjunum í vesturhlíðum Snæfells verði veitt í Grjótárveitu, vegna þess mikla rasks sem þar yrði á mjög svo áberandi stað. Þarna er hlutfallslega um mjög lítið vatnsmagn að ræða.
2) Einnig leggjumst við eindregið gegn Hafursárskurði vegna þess hve áberandi sá skurður yrði í landslaginu. Þar er líka að okkar mati of stór og sjónmengandi skurður fyrir of lítið vatnsmagn, og sá skurður yrði hugsanleg hindrun á vegi ferðafólks undir hlíðum Snæfells.
3) Við mótmælum eindregið aðkomugöngum II því að þau eru á svæði sem ber að hlífa, m.a. vegna laugarinnar og umhverfisins þar í kring. Hætta er á að vatnsæðar lindarinnar við Laugará skerðist og að lindin þorni upp.
4) Við leggjum til að allt verði gert til að koma í veg fyrir rof og uppblástur úr bökkum Eyjabakkalóns, sem er veruleg hætta á að gerist vegna sveiflna í yfirborðshæð vatnsins.
5) Einnig förum við fram á að framkvæmdir vegna virkjunarinnar hindri ekki aðkomu ferðafólks á Snæfellssvæðið eða í Snæfellsskála, og að tryggt sé að mannvirki verði sem minnst áberandi ef farið verður í Grjótár- og Hölknárveitur.

Að lokum minnum við á að allar virkjunarframkvæmdir hafa mjög mikil áhrif á náttúru okkar viðkvæma lands, og ef mistök verða í umgengni við landið er ekki svo auðvelt að taka þau aftur. Minnumst þess öll að landið er sameign okkar allra og komandi kynslóða, og okkur ber að varðveita náttúruperlur okkar fagra lands.

Með fyrir fram þökk,
f.h. Náttúruverndarsamtaka Austurlands,

Kristbjörg E. Kristmundsdóttir.

Bréf frá Ferðamálasamtökum Austurlands til Landsvirkjunar.
(28. október 1991.)

Með tilvísun til auglýsingar Landsvirkjunar í 110. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1991 vil ég fyrir hönd Ferðamálasamtaka Austurlands koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. AÐKOMA II

Mikil hætta virðist manni vera á því að vatnsæð heitu lindarinnar sem kennd er við Laugarfell verði fyrir skemmdum, ef aðkomugöng II verða grafin.

Á Austurlandi er eins og vitað er lítið um heitar lindir. Lindin við Laugarfell er ein fárra slíkra. Hún er orðin vinsæll áningarstaður fyrir þá ferðamenn sem leggja leið sína um Snæfellssvæðið. Það yrði mikill skaði ef lindin hyrfi í kjölfar virkjanaframkvæmda.

2. HAFUSSÁR-, GRJÓTÁR-, HÖLKNÁR- OG LAUGARÁRVEITUR

Ofantaldar veitur girða að miklu leyti af ákveðið svæði sem kallað er Snæfellssvæðið. Dregur það nafn sitt af einni merkilegustu megineldstöð landsins Snæfelli, hæsta fjalli á Íslandi utan Jökla (1833 m). Þetta landsvæði er rómað fyrir sérkenni sín og náttúrufegurð og hefur Náttúruverndarráð t.d. fullan hug á að friðlýsa það.

Varla þarf að taka það fram að þetta er eitt vinsælasta ferðamannasvæði á Austurlandi og mikil náttúruperla í augum okkar Austfirðinga. Fleiri en við Austfirðingar kunna einnig að meta þetta svæði því straumur ferðamanna eykst þangað frá ári til árs.

Hætt er við að hin mikla mannvirkjagerð með tilheyrandi skurðum, stíflum og uppistöðulónum komi til með að breyta landslaginu til hins verra og hafa verulega sjónmengandi áhrif. Það er skoðun Ferðamálasamtaka Austurlands að ferðamenn leggi ekki leið sína um ákveðin svæði til þess að líta á afrek okkar Íslendinga í gerð skurða, stíflna, orkuvera, flugstöðva, innkaupahalla eða Öskjuhlíðarperlna heldur koma þeir hingað til þess að skoða okkar NÁTTÚRUPERLUR, þ.e. þeir koma til þess að skoða hina óvenjulegu, hreinu og yfirþyrmandi náttúru okkar óspillta af mannavöldum.

Einnig vil ég benda á að hætt er við að þessi mannvirki, þ.e. skurðir, stíflur og uppistöðulón, komi til með að verða hinn mesti farartálmi fyrir ferðamenn sem leggja leið sína um svæðið.

Spurningin er sú hvort það vatnsmagn sem tekst að fá með áðurnefndum veitum sé það mikið að það sé forsvaranlegt út frá náttúruverndarsjónarmiðum að leggja út í þær framkvæmdir.

Ég vona í fullri vinsemd að tillit verði tekið til athugasemda þessara og vil segja að lokum:

„ÞAÐ ER AUÐVELDARA AÐ FYRIRBYGGJA EN AÐ BÆTA EFTIR Á."

Með kærri kveðju að austan,

f.h. Ferðamálasamtaka Austurlands,

Karen Erla Erlingsdóttir,
Ferðamálafulltrúi Austurlands.

Bréf til Landsvirkjunar frá Hirti E Kjerúlf.

Hjálagt er afrit af bréfi til iðnaðarráðuneytis vegna athugasemda sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps við virkjunartilhögun Fljótsdalsvirkjunar sem auglýst var í Lögbirtingi 2. október 1991.

Vinsamlegast,

Hjörtur E Kjerúlf.

Bréf til iðnaðarráðuneytis.
(29. október 1991.)

Athugasemdir vegna auglýsingar um virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

1. Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps fer eindregið fram á að hætt verði við að veita efstu kvíslum Sauðár ásamt efsta hluta Grjótár yfir í Hölkná vegna mikils jarðrasks sem af þeim framkvæmdum hlýtur að leiða á landsvæði sem er svo til ósnortið, einnig mun vatnsmagn í kvíslum Hölknár og Laugarár ekki verða jafnmikið og annars og þær því varla jafnhættulegar yfirferðar fyrir skepnur.
2. Þá fer hreppsnefndin fram á að hætt verði við skurð austan Hafursár í átt að Hafursfelli vegna mjög áberandi skemmda á landi miðað við það vatnsmagn sem þar fæst.
3. Þá fer hreppsnefndin fram á að svæðið við Laugará verði verndað sem mest fyrir öllu raski m.a. með því að hætt verði við aðkomugöng.

Athugasemdir þessar eru miðaðar við þau gögn sem frammi hafa legið samkvæmt auglýsingu iðnaðarráðuneytis í Lögbirtingablaðinu 2. október 1991. Verði breytingar á tilhögun virkjunarinnar miðað við gögn þessi áskilur hreppsnefnd Fljótsdalshrepps sér rétt til að fjalla um þær og gera athugasemdir svo sem ástæða verður til.

Sveitarstjórnin er sammála um athugasemdir þessar að öðru leyti en því að einn hreppsnefndarmanna vildi ekki gera athugasemd við Grjótárveitu.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar,

Hjörtur E Kjerúlf,
oddviti Fljótsdalshrepps.

Bréf til Landsvirkjunar frá
Helga Hallgrímssyni, Egilstöðum.
(29. október 1991.)

Sendi hérmeð greinarkorn, sem ég ritaði í vikublaðið Austra á Egilsstöðum, um fyrirhugaðar framkvæmdir í sambandi við Fljótsdalsvirkjun, við Snæfell.

Í greininni felast athugasemdir mínar varðandi þá virkjunartilhögun, sem nú er helst á döfinni, skv. upplýsingum frá Landsvirkjun, er fengust á skrifstofu RARIK á Egilsstöðum um miðjan október. Því miður eru þessar upplýsingar heldur takmarkaðar, t.d. kemur þar ekki fram hvar helstu efnisnámur verða á svæðinu, en það skiptir auðvitað miklu máli í sambandi við verndun.

Ef eitthvað er misskilið eða missagt í þessari grein minni, miðað við ofangreindar upplýsingar, þætti mér vænt um að fá sendar leiðréttingar á þeim atriðum, eða birtar í sama blaði.

Ég vil einnig taka undir athugasemdir sem Náttúruverndarsamtök Austurlands haf nýlega sent frá sér, varðandi Fljótsdalsvirkjun, og varða m.a. "aðkomugöng" við Laugará ("Aðkomugöng 2")og "rof og uppblástur úr bökkum Eyjabakkalóns."

Ég vil einnig gera athugasemd við það, að yfirfall Eyjabakkastíflu verði haft "austan árfarvegar", þar sem Eyjabakkafoss verður þá ævarandi vatnslaus, og flóðva myndi grafa sér nýjan farveg austan við þann sem áin fellur nú í.

Í sambandi við nýlegar fregnir um lagningu akbrautar upp Norðurdal, sendi ég dálitla lýsingu á Kleifarskógi og Ófæruseli. Hugmyndir um að leggja þennan veg inn Kleifardal og gegnum Kleifarskóg, hljóta að byggjast á vanþekkingu, því bæði er þa vegarstæði mjög erfitt og kostnaðarsamt, og verndargildi þessa svæðis mjög mikið, eins og fram kemur í lýsingunni. Ég tel þetta vegstæði ekki koma til greina, og hafi Náttúruverndarráð gefið eitthvert "grænt ljós" á það, sem mér finnst ótrúlegt byggist það eflaust líka á vanþekkingu og misskilningi.

Að lokum vil ég eindregið mótmæla öllum hugmyndum um lagningu 132 KV háspennulínu á möstrum, frá Bessastaðaármelum inn að stöðvarhúsi, eins og flestir Fljótsdæingar hafa raunar gert sl. sumar.

Virðingarfyllst.

Helgi Hallgrímsson

Helgi Hallgrímsson:

Á að girða Snæfell af með skurðum?
(Austri, 24. október 1991.)

Landsvirkjun hefur nýlega auglýst eftir athugasemdum vegna áætlana sinna um tilhögun virkjunar Jökulsár í Fljótsdal (sjá Lögbirtingablaðið nr. 110/1991). Samkvæmt „greinargerð um virkjunartilhögun", sem dreift er í þessu sambandi, dags. 15. apríl 1991, er fyrirhugað að hringgirða Snæfell og Snæfellshnjúka með stíflulónum og veituskurðum. Ef byrjað er vestan frá og haldið sólarsinnis umhverfis fjallið er röðin þessi:

1. *Sauðárveita:* Efstu drög Sauðár (Grjótlækir) vestan undir Snæfelli verða stífluð um 1 km fyrir norðan Snæfellsskála og veitt í 1,3 km löngum skurði yfir í Grjótárdrög. Sauðá fellur um Vesturöræfi í Jökulsá á Brú.
2. *Grjótárveita:* Grjótá kemur upp í norðvesturhlíðum Snæfells og rennur ofan í Hrafnkelsdal. Hún yrði stífluð milli Grjótárhnjúks og Grábergshnjúka yst, og myndast þá um 4 km langt og allt að 0,5 km breytt lón milli hnjúkanna. Úr því yrði grafinn um 2 km langur skurður yfir á vatnasvið Hölknár.
3. *Hölknárveita:* Hölkná hefur drög upp í norðurhlíð Snæfells og Snæfellshnjúka og rennur til Jökuldals. Hún yrði stífluð milli Háöldu og Sauðafells, og myndast þar um 1,5 km^2 lón. Frá því mundi liggja um 0,5 km langur skurður yfir í vestustu drög Laugarár.
4. *Laugarárveita:* Laugará verður stífluð um 2 km NV af Laugafelli með um 10 m hárri og um 0,7 km langri stíflu, með yfirfalli og inntaki fyrir jarðgöng. Lón yrði þarna um 0,3 km^2.

   Hið sameinaða vatn Sauðár-Grjótár-Hölknár-Laugarárveitu er áætlað 3,5 rúmmetrar á sek. að meðaltali en meginhluti þess er leysingarvatn sem rynni fram á stuttum tíma á vorin. Áætlað er að leiða það í jarðgöngum frá Laugarárstíflu niður í aðalveitugöng virkjunarinnar, rétt fyrir norðan Laugafell. (Væntanlega er ætlast til að það geti runnið báðar leiðir þaðan, þ.e. út í virkjun eða inn í „Eyjabakkalón".) Veituleiðin er alls um 15–20 km, þar af 4 km í skurðum og 1,7 km í jarðgöngum.
5. *Hafursárkvísl* verður stífluð milli Hafursfells og Laugafells og vatnið tekið í stuttum jarðgöngum ofan í aðalgöngin. Lón er þar ekki teljandi.
6. *Hafursárveita:* Hafursá kemur úr NA-hlíðum Snæfells. Áætlað er að grafa skurð frá aðalfarvegi árinnar, austan undir Sandfelli (skammt frá „Snæfellsbúðum"), suður yfir ofanverð Snæfellsnes og inn í „Eyjabakkalónið". Skurðurinn verður um 3 km langur og mestallur á vel grónu landi.
7. *Jökulsárveita og Eyjabakkalón:* Jökulsá verður stífluð rétt ofan við Eyjabakkafoss, með um 4 km langri og allt að 25 km hárri jarðstíflu. („Grjótstífla með asfaltþéttikjarna"). Lónið sem þarna myndast nær inn að Eyjabakkajökli, 11–12 km og meðalbreiddin verður um 3,5 km, en flatarmál lónsins um 42–43 km^2 en af því eru um 37 km^2 vel gróið land (eða um 1.300 ærgilda beit). Hæsta vatnsborð verður 664,5 m yfir sjávarmál, og mesti niðurdráttur um 16 m. Austan undir Snæfelli verður vatnsborð lónsins um Hálskofa, sem fer líklega í kaf.

   Auk þess er svokölluð *Sauðárveita* (eða Hraunaveita) á áætlun Landsvirkjunar, þar sem fyrirhugað er að veita upphafskvíslum Sauðánna og Keldár vestur um Hraunin ofan í „Eyjabakkalón". Veituleiðin er um 12 km, þar af 5,7 km í skurðum. Stíflur eru 2 km og meðalrennsli áætlað 6 m^3/sek. Þessi veita snertir Snæfellssvæðið ekki.

Snæfell er hæsta fjall landsins utan meginjökla, 1.833 m y.s., og eitt hið tignarlegasta. Það er eldfjall, sem var virkt fram á jökultíma eða lengur. Í því er bæði líparít og basalt, en hnjúkarnir umhverfis eru flestir úr móbergi. Nokkrir skriðjöklar hafa grafið sig inn í hlíðar þess, svo þær eru víða þverhníptar.

Jafna má Snæfelli við önnur megineldfjöll landsins, svo sem Öræfajökul, Heklu og Snæfellsjökul. Eins og það síðastnefnda er Snæfellið heilagt fjall í hugarheimi Austfirðinga, t.d. höfðu menn lengi vel ótrú á að ganga á það, töldu að það hefndi sín með illviðri. Sumir skynja þar máttugan fjallvætt. Um feguð þess og upphafna tign þarf ekki að fjölyrða, því hana þekkja flestir af eigin reynd.

Snæfellssvæðið er nú þegar orðið vinsælt ferðamannaland og fer aðsókn vaxandi með hverju ári sem líður. Náttúruverndarráð hefur hug á að friðlýsa svæðið, ásamt Vesturöræfum og er undirbúningur hafinn að því.

„*Eyjabakkasvæðið* er fjölbreytilegast og sérstæðast í heild sinni, af því landi sem Fljótsdalsvirkjun mun raska“ segir í skýrslu Hjörleifs Guttormssonar og félaga 1981. Ekki má heldur gleyma þeim 15 fossum sem verða að engu við virkjun Jökulsár (sbr. grein í jólablaði Austra 1990). Þessum náttúruperlum verður ekki bjargað, eigi Fljótsdalsvirkjun að verða að veruleika.

Með tilliti til alls þessa er furðulegt að Landsvirkjun skuli leyfa sér að leggja fram áætlun um að girða næstum í kringum Snæfellssvæðið með stíflulónum og skurðum sem geinilega skipta ekki sköpum í sambandi við virkjunina og bæta þannig gráu ofan á svart. Þessi veitumannvirki hljóta óhjákvæmilega að verða mjög áberandi í landslaginu þarna, sem er sáralítið raskað fyrir, auk þess sem veiturnar hindra umferð manna og dýra um svæðið. Þá mun efnisnám í stíflur og uppgröftur úr skurðum valda raski. Tveim dáfögrum fossum í Laugará verður líka fórnað við þessa veitu. Hafursárskurðurinn verður fádæma ljótt ör í ásjónu landsins norðaustan undir Snæfelli, þar sem ætla má að verði miðstöð ferðamennsku á Snæfellssvæðinu í framtíðinni og að líkindum sumarhótel. (Vatni Hafursár má auðvitað ná inn í aðalgöngin, án nokkurs skurðar, sbr. Hafursárkvísl.)

Landsvirkjun áætlar meðalrennsli Grjótár-Hölknár-Laugarárveitu 3,5 m^3/sek., sem fyrr segir, eða um 10% af meðalrennsli virkjunarinnar (31,3 m^3/sek.). Rétt er að taka þessar tölur með fyrirvara því mælingar eru litlar fyrir hendi, auk þess óvíst hvernig þetta aukavatn notast til raforkuframleiðslu þar sem það rennur mestallt á stuttum tíma ársins þegar rennsli er líka mikið frá öðrum svæðum ofan í lónið.

Hvað sem því líður, getur það varla talist til mikils ætlast að virkjunaraðilinn afsali sér þeim möguleika sem hér var til umræðu, að girða Snæfell með skurðum og veitum, og taki þannig eitthvert tillit til verndunarsjónarmiða. Fyrir það mundi Landsvirkjun fá betri dóma í framtíðinni en nú lítur út fyrir.

Þá ætti Náttúruverndarráð að sjá sóma sinn í því að vernda það land, sem fyrirhugað er að friðlýsa, annars verður friðlýsing þess varla nema nafnið tómt.

Skjalheiti: KLEIF

KLEIFARSKÓGUR OG ÓFÆRUSEL

Sá hluti Norðurdals að norðan (NV), sem liggur framan við bæinn Kleif, kallast *Kleifardalur*. Dalurinn er þröngur og og undirlendið aðeins mjó ræma, en yfir því gnæfir *Kleifarbjarg* í brúnunum, 50-80 m hátt og teygir sig frá bænum um 5 km inn á dalinn. Fyrir neðan það eru skriður, sem eru nú sem óðast að klæðast *birkiskógi*.

Við innri enda Bjargsins breytir dalurinn stefnu, og blasir þá *Snæfell* við sjónum fyrir botni hans. Þar er gömul selstaða, sem kallast *Ófærusel*. Innan við það er *Ófæran*, brött brekka með framhruni úr hlíðinni, og þar fyrir innan er gamalt skóglendi, sem kallast *Kleifarskógur*, í brattri, smástöllóttri hlíð, með mörgum lækjargiljum. Þar er fagurt og blómlegt land, sannkallaður unaðsreitur í hálendisbrúninni við rætur fjallrisans Snæfells. Vinsæl göngu- og reiðleið liggur inn í gegnum skóginn, og á selinu er heðbundinn áningarstaður gangnamanna og ferðafólks.

Heimildir um Kleifarskóga.

Elstu heimildir um skóg á Kleif eru í máldaga Valþjófsstaðakirkju frá 1397, en þar stendur ritað um eignir kirkjunnar:

"land undir Kleif fram frá Þuríðarstöðum, undir jökla, með öllum gæðum utan skóg." (Ísl. Fornbréfasafn IV,209).

Þessi klausa er endurtekin í máldögum frá síðari tíma. Þá hefur kirkjan átt landið en ekki skóginn, og sýnir það hversu hann hefur verið talinn verðmætur, að hann skyldi vera undanskilinn, þegar kirkjan sölsaði undir sig landið. Einhverntíma á seinni öldum virðist kirkjan svo hafa eignast skóginn líka.

Í sóknarlýsingu Valþjófsstaðasóknar frá 1839, ritar séra Stefán Árnason um Kleif: "Þar er mjög örðugt að ná heyskap og útigangur lítill og ei önnur herlegheit en skógarkropp til kolagjörðar og húsatróðs."

Í byggingarbréfi sem séra Pétur Jónsson á Valþjófsstað ritar 1865, til handa Jóni Sigfússyni, fyrir jörðinni Kleif, segir hann:

"Það litla skógarkropp, sem enn er eftir í jarðarinnar landi, má hann ekki brúka, nema til bráðustu heimilis nauðþurfta, en engum ljá eða leyfa í að yrkja; einasta áskil ég sjálfum mér rétt til að taka þar við í bráð, þegar mig nauðsynjar." (Héraðsskjalasafnið á Eg.).

Í bréfi Sæbjarnar Egilssonar til Sæmundar Eyjólfssonar, sem birt er í grein Sæmundar í Búnaðarritinu 1894, s. 25, er þessi klausa um skóginn:

"Í dalnum inn frá Kleif eru enn leyfar af skógi, sem hætt er að eyða, og því eru að aukast."

Ingimar Óskarsson grasafræðingur kom í Kleifarskóg sumarið 1927 og segir um hann í ferðalýsingu sinni í Degi 41. tbl. 1927, s. 154:

"Skógurinn er 1-3 m hátt kjarr, og liggur móti austri, í allbrattri brekku, sem nær að snarbröttu klettagili. Á stöku stað, þar sem gilið er klettalítið, hefur skógurinn teygt sig alla leið niður að ánni. Grisjaður hefur skógurinn verið hér og hvar, og hefir það auðsjáanlega gert honum gott. Enn var hann tæplega laufgaður, enda "seint á ferðinni" í þetta skipti að sögn.

Hvergi hef ég séð á einum stað vaxa jafn mikið af eini og innanum kjarrskóg þennan. Og þar uxu hvannir (*Angelica* og *Archangelica*) í stórum flekkjum, einkum í hinum röku giljadrögum, sem liggja niður í gegnum skóginn."

Þórarinn Þórarinsson ritar um Kleifarskóg í grein sinni: "Viðaröxi og sauðartönn" - Ársrit Skógrf. Ísl. 1942, s. 42:

"Upp úr Norðurdal, inn af Fljótsdal, gengur dalverpi til hálendisins, meðfram Jökulsá, er Kleifardalur heitir. Dalverpi þetta er skógi vaxið, að vísu ekki hávöxnum, vegna þess hve hátt það er yfir sjó. Skógur þessi er höggvinn nokkuð, en fjarlægðin frá bæjum verndar hann að nokkuru fyrir ágangi búfjár, og það eitt virðist nægja til að tryggja honum lífsskilyrði, þótt á hálendinu sé."

Líklega hefur skógurinn eitthvað verið nýttur fram um 1950-60, bæði frá Kleif og Egilsstöðum, og etv. fleiri bæjum. Snorri Gunnarsson á Egilsstöðum fór oft þangað til skógarhöggs og grisjunar.

Aðalleið gangnamanna og ferðafólks lá lengi vel inn gegnum skóginn á *Götuhjalla*, sem er næstneðsti hjallinn, en þessi gata lokaðist af skóginum fyrir nokkrum áratugum. Myndaðist þá sniðgata inn og upp brekkurnar, nálægt efri mörkum skógarins, en þá götu hefur skógurinn líka kaffært á stykki, og liggur núverandi slóð því nokkuð bratt upp og síðan fyrir ofan skóginn, inn og upp á heiðarbrúnina milli *Hvíldarhnjúkanna* tveggja. Var grisjað nokkuð frá þeirri götu sl. sumar.

Lýsing skógarins

Kleifarskógur vex, sem fyrr segir, í allbrattri og nokkuð jafnt hallandi hlíð. Neðan við hana er djúpt og vítt gljúfur, sem Jökulsáin fellur eftir, og teygist skógurinn niður í það hér og þar. Neðantil í skóginum eru tveir klettahjallar, *Neðstihjalli* neðar og utantil, og *Götuhjalli* innar og ofar. Þeir ná báðir út undir *Ófæru*, sem er brött, stórgrýtt brekka, í dálítilli hvilft í hlíðinni. (Þar hefur líklega einhverntíma orðið framhlaup). Neðan við Götuhjallann heitir *Kinn* á gilbrúninni, en þar er skógurinn einna stórvaxnastur. *Ytri-Kinn* kallast svo skógartorfan í gljúfurmynninu, en þangað er illfært sökum bratta. Samkvæmt nýlega útgefnu gróðurkorti af svæðinu, er stærð skógarins um 30 hektarar.

Nokkrir lækir falla niður í gegnum skóginn í grunnum giljum, með smáfossum. Aðeins tveir þeirra eru nafngreindir: *Hvíldarhnjúkslækur* innantil, og *Mjóagilslækur* yst í skóginum. Mjóagilið nær upp í gegnum skóginn og er víðast illfært enda í bratta miklum. Grjótgarður hefur verið hlaðinn meðfram því endur fyrir löngu, til að varna Kleifarfé að renna inn á afréttina, og stuttu utar setti Þorfinnur á Kleif upp vírgirðingu, frá á og upp í kletta. Innan við skóginn fellur *Öxará* í gili. Utan við hana eru *Öxarárbakkar*, meðfram Jökulsá, en þangað er skógurinn nú farinn að teygja sig.

Kleifarskógur er hreinn *birkiskógur*. *Reynir* kvað ekki vera til þar, og *gulvíðir* og *loðvíðir* hittast aðeins á stangli. Hins vegar eru brúskar af *eini* um allan skóginn, einkum ofantil í honum og er víða allt að 1 m á hæð. Á skógarmörkunum að ofan myndar einirinn víða nær samfelldar breiður, ásamt *fjalldrapa* og *lyngi*, og er afar gróskumikill, oft með blómum og berjaklösum. Dálítið er þarna af líka af *sortulyngi*, svo landið er grænt allan ársins hring. *Birkitrén* í Kleifarskógi eru vöxtulegust á stallinum niður við Jökulsárgilið og í Kinninni (áðurnefndu). Þar ná þau um 7 m hæð og allt að 20 sm stofnþvermáli, og eru flest nokkuð beinvaxin, en meðalhæð skógarins gæti verið um 5 m þar. Ofantil í skóginum, þar sem göturnar liggja nú, er hann mun lægri, meðalhæðin varla nema um 2-3 m og hæstu tré um 5 m há. Þau hallast þar víða undan brekkunni, sem bendir til að þar geti verið nokkuð

Bréf stjórnar Fljótsdalshéraðs til Landsvirkjunar.
(16. október 1991.)

Stjórn Ferðafélags Fljótsdalshéraðs gerir hér með eftirfarandi athugasemdir við áætlaðar framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun og vísum til auglýsingar Landsvirkjunar í 110tb. Lögbirtingablaðsins 1991.

1. Við mótmælum harðlega fyrirhuguðum framkvæmdum við Grjótlækjarveitu í vesturhlíðum Snæfells, ef ráðist verður í þessar framkvæmdir skaða þær hagsmuni félagsins verulega og komum við til með að verja hagsmuni þess með öllum tiltækum ráðum.

2. Við vörum einnig við aðkomugöngum II sem við teljum að geti spillt heitu lindinni við Laugará.

3. Einnig leggjumst við gegn Hafursárskurði sem verður mjög áberandi í landslaginu.

4. Þann 07.05.9 sendum við stjórn Landsvirkjunar bréf og afrit þess til Helga Bjarnasonar verkfræðideild, sjá meðfylgjandi ljósrit. Finnst okkur nú vel tímabært að Landsvirkjun svari umræddu bréfi sem fyrst.

Virðingarfyllst.

f.h. stjórnar Ferðafélags Fljótsdalshéraðs

Þórhallur Þorkelsson

Björn Helgason

Bréf Ferðafélags Fljótsdalshéraðs til Landsvirkjunar.
(7. maí 1991.)

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda Landsvirkjunar á Fljótsdalsheiði, vill Ferðafélag Fljótsdalshéraðs gera eftirfarandi athugasemdir og fyrirvara á öðru:

1. Ætlar LV að taka fyrir alla almenna umferð um Fljótsdalsheiði sbr. skilti v/Bessastaði? Sé svo, gerir Ferðafélag Fljótsdalshéraðs kröfu til þess að vegur þessi verði opinn öllum almenningi til umferðar að skálum Ferðafélags á þessu svæði og um þetta hálendissvæði, valdi það ekki tjóni á veginum t.d. vegna aurbleytu, enda teljum við óheimilt að hindra umferð almennings um ógirt öræfasvæði sé hún í lögmætum tilgangi.

2. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs á og rekur fjallaskála við Geldingafell austan Eyjabakka og hefur verið farið þangað yfir Eyjabakkavað að hausti með eldsneyti og annan búnað. Ferðafélagið gerir kröfu um að komast þessa leið hér eftir sem hingað til, einnig bendum við á að geri Landsvirkjun færan veg inn undir Geldingafell, teljum við alla röskun sem af því hlýst og snertir Ferðafélag Fljótsdalshéraðs verða á ábyrgð Landsvirkjunar.

3. Hölknár og Grjótárveita, sem veita á í Laugará, getur skapað erfiðleika við umferð yfir Laugará t.d. að vetri og vori vegna aukins vatnsmagns í Laugará og gerir Ferðafélagið kröfu um að ekki verði örðugara að fara inn að Snæfellsskála en nú er. Ennfremur telur Ferðafélag Fljótsdalshéraðs ekki koma til greina að stífla kvíslar Sauðár í vesturhlíðum Snæfells rétt við skála ferðafélagsins þar og mun ferðafélagið áskilja sér allan rétt til skaðabóta verði að framkvæmdum þar. ???

4. Bættir vegir inn undir Snæfellsskála geta kallað á gæslu þar í mun lengri tíma á ári en þá þrjá mánuði sem nú er fært þangað að sumri til og getur þetta skapað vandamál fyrir F.F.F. og verðum við að áskilja okkur allan rétt í þeim efnum.

Með von um gott samstarf

f.h. Ferðafélags Fljótsdalshéraðs

Þórhallur Þorsteinsson

Bréf Náttúruverndarráðs til Landsvirkjunar.
(31. október 1991.)

Efni: Athugasemdir Náttúruverndarráðs vegna virkjunar Jökulsár í Fljótsdal.

Í auglýsingu í Lögbirtingablaðinu þann 18.september 1991 er skorað á þá er kynnu að telja framkvæmdir við virkjun Jökulsár í Fljótsdal varða hag sinn, og vilja gera athugasemdir við þær, að koma þeim á framfæri fyrir 1. nóvember 1991. Þess er jafnframt getið að greinargerð með uppdráttum er sýna fyrirhuguð mannvirki, muni liggja frammi á verkfræðideild Landsvirkjunar.

Fulltrúi Náttúruverndarráðs kom þann 30. október á skrifstofu Landsvirkjunnar og óskaði eftir umræddri greinargerð og uppdráttum, en hvorugt lá frammi og varð að leita víða um hús og til nokkurra starfsmanna eftir upplýsingum. Greinargerð fékkst ekki, en ófullkominn uppdráttur dags 25.09.1991. fannst í teikniherbergi. Á þessum uppdrætti er búið að gera verulegar breytingar frá uppdrætti sem Náttúruverndarráð hafði til skoðunar í lok ágúst 1991. Athygli vekur að uppdrátturinn er dagsettur eftir að auglýsingin er birt í Lögbirtingablaðinu.

Þetta eru atriði sem má bæta svo ekki fari á milli mála hvað verið er að auglýsa og gera má athugasemdir við.

Náttúruverndarráð gerir eftirfarandi athugasemdir við virkjun Jökulsár í Fljótsdal, eins og hún hefur verið kynnt ráðinu og fyrirliggjandi gögn hjá ráðinu sína virkjunartilhögun.

1. Hafurársveita, ráðið gerir athugasemd við áætlaða framkvæmd svo sem hún hefur verið kynnt, vegna mikils jarðrask er þessi framkvæmd hefði í för með sér, skurðurinn yrði mjög áberandi í landinu og gæti heft för gangandi fólks um svæðið. Óskar ráðið eftir viðræðum við Landvirkjun um þessa framkvæmd áður en endanleg afstaða er tekin.

2. Lagst er gegn að Grjótlækjum, í vesturhlíðum Snæfells, verði veitt í Grjótárveitu. Framkvæmd þessi hefði í för með sér jarðrask á fjölförnu útivistarsvæði í nágrenni við Snæfellsskála. Um er að ræða töluvert mannvirki sem standast þarf leysingaflóð, en ekki hefur verið sýnt fram á að vatnsmagn sem þarna fæst skipti það miklu máli að það réttlæti framkvæmdina.

3. Grjótárveita: Stífluhæð verði haldið í algjöru lágmarki svo lón verði sem minnst. Meta þarf hættu á landbroti og jarðvegseyðingu þar sem vatnið kemur úr göngum og rennur til Hölknárveitu og kynna nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því.

4. Fylgjast þarf með og koma í veg fyrir rof og uppblástur úr bökkum Eyjabakkalóns þegar lítið er í því, einnig þarf að fylgjast með dreifingu og áhrifum áfoks á gróður.

5. Fylgjast þarf með setmyndun í miðlunarlóni og myndun nýrra "Eyjabakka" og ákveða í tíma hvað gera skuli við þann leir sem þyrfti að dæla úr botni lónsins.

6. Framkvæmdir vegna virkjunarinnar hindri ekki aðkomu ferðafólks á Snæfellssvæðið eða í Snæfellsskála.

Náttúruverndarráð fer fram á að Landsvirkjun uppfylli eftirtalin skilyrði.

1. Eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs hafi eftirlit með verklegum framkvæmdum og er þess óskað að yfirmönnum framkvæmda og rannsókna verði sett erindisbréf um umhverfisþætti og samskipti við eftirlitsmann. Samið verði um verksvið eftirlitsmanns og að Landsvirkjun beri allan kostnað af eftirlitinu.

2. Ekki verði lagðir neinir nýjir vegir nema í samráði við Náttúruverndarráð og samvinna verði höfð um hvernig umferð verði háttað um svæðið.

3. Útfærsluatriði, hvað varðar efnisnám og efnisgeymslu, verði ákveðin af Landsvirkjun og eftilitsmanni, ákvæði um ágreining verði í samningi (sbr. lið 1).

4. Unnið verði í samræmi við tillögur í bréfum Náttúruverndarráðs frá 1981 og 9.júlí 1991 um frekari rannsóknir á áhrifasvæði Fljótsdalsvirkjunar.

5. Landsvirkjun og Náttúruverndarráð vinni saman að því að skipuleggja eða hindra umferð ökutækja austan Eyjabakkalóns, bæði við byggingu Sauðárveitu og eins þegar virkjunin er komin í rekstur.

Ekki er hér tekin afstaða til raflína, er litið á það sem sérmál. Jafnframt er ekki tekin afstaða til vegar fram eftir Norðurdal að "Aðkomu III" og Eyjabakkastíflu.

Virðingarfyllst,

Arnþór Garðarsson,
formaður.

Þóroddur F. Þóroddsson,
framkvæmdastjóri.

Bréf Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytis.
(2. desember 1991.)

Varðar: Umsagnir um athugasemdir við Fljótsdalsvirkjun.

Með tveimur bréfum, dags. 8. og 20. nóvember 1991, óskar hið háa ráðuneyti eftir umsögnum Orkustofnunar um athugasemdir sem ráðuneytinu höfðu borist um Fljótsdalsvirkjun.

Þessar umsagnir fylgja hjálagðar.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Björnsson.

1. Athugasemdir frá hreppsnefnd Fljótsdalshrepps

1.1 Ósk hreppsnefndarinnar um að hætt verði við að veita efstu kvíslum Sauðár ásamt efsta hluta Grjótár yfir í Höllknú

Þessi ósk er rökstudd með því að með þessum veitum verði mikið jarðrask á landssvæði sem er mikið til ósnortið, og að vatnsmagn í kvíslum Höllknár og Laugarár verði ekki jafnmikið og áður, og þær því "varla jafn hættulegar yfirferðar fyrir skepnur".

Nokkuð er erfitt að skilja að hreppsnefndin telji það ókost að ár verði ekki lengur hættulegar fyrir skepnur, því að hingað til hefur það nú yfirleitt verið talinn ókostur við sumarbeitiland að skepnum væri þar hætt. Þessa aðfinnslu er því varla ástæða til að taka alvarlega.

Hin ástæðan, að framkvæmdin valdi raski á ósnortnu landi, er skiljanlegri. Eftir þeim upplýsingum sem Orkustofnun hefur fengið nýjastar frá Landsvirkjun um þessar veitur virðist sem kort þau sem fylgdu auglýsingunni ýki þessar framkvæmdir talsvert, enda er örðugt að sýna svona litlar framkvæmdir í réttum stærðarhlutföllum á korti í svona litlum mælikvarða. Að þessu leyti er hreppsnefndinni nokkur vorkunn að hún geri þessa athugasemd. Sannleikurinn er hinsvegar sá, að þarna er um mjög lítil mannvirki að ræða sem sáralítið mun bera á í umhverfinu þegar þeim er lokið. Um er að ræða ýtugarða á sameiginlegri aurkeilu Sauðár og Grjótár og smáskurði sem beina kvíslum Sauðár yfir til Grjótár, minniháttar stíflu í Grjótá ásamt skurði yfir til Höllknár, aðra minniháttar stíflu þar og smáskurð yfir til Laugarár. Kortin gefa mjög ýkta mynd af þessu. Stíflur þessar verða jarðstíflur sem falla inn í landslagið og eru lítt áberandi, og þeir pollar sem myndast bak við þær verða svipaðir og ótal smávötn á innanverðri Fljótsdalsheiði.

Gert er ráð fyrir að Náttúruverndarráð hafi eftirlitsmann á virkjunarsvæðinu á svipaðan hátt og það hefur gert við Blöndu. Hefur ágæt samvinna tekist með honum og verktökum og öðrum framkvæmdaaðilum. Er ekki að efa að svipað verður uppi á teningnum við Fljótsdalsvirkjun. Þótt athugasemdin sé skiljanleg út frá gögnum sem fylgdu auglýsingunni er ekki að efa að svo vel mun til takast um framkvæmd þessara veitna að ferðamenn munu lítt eða ekki verða varir við þessi mannvirki þegar þeim er lokið og gengið hefur verið frá öllu á svæðinu í samráði við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs.

1.2 Ósk hreppsnefndar um að hætt verði við skurð norðaustan Hafursár

Um þetta er það að segja að Landsvirkjun hefur nú þegar ákveðið að hætta við þennan skurð þar eð nánari athuganir hafa leitt í ljós að eftir mun minna vatni er þarna að slægjast en vænst var áður. Þetta vandamál er þannig úr sögunni.

1.3 Ósk hreppsnefndar um að hætt verði við aðkomugöng II

Landsvirkjun hefur þegar hætt við þessi göng, þannig að þessi vandi er þar með einnig úr sögunni.

2. Athugasemdir þeirra Jónínu Óskar, Rósu og Hólmfríðar Jónsdætra.

Þessar athugasemdir eru í rauninni aðeins venjulegur áskilnaður um rétt til bóta fyrir jarðrask og önnur spjöll á eignarlandi vegna framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Það eignarland sem hér er um að ræða er hluti í jörðinni Langhús í Fljótsdalshreppi.

Þessi áskilnaður er fullkomlega eðlilegur. Um mál sem þetta fer með venjulegum hætti, þ.e. reynt yrði að semja um bætur ef tjón verður en takist það ekki kemur til mat óháðra aðila að réttum lögum. Um þessar athugasemdir er því ekki meira að segja.

3. Sérathugasemd Rósu Jónsdóttur

Þessi athugasemd fjallar um nákvæmlega það sama og athugasemdir þeirra þriggja og raktar eru hér að ofan. Er hið sama um hana að segja og þær.

4. Athugasemdir Ferðamálaráðs Austurlands

4.1 Aðkoma II

Þessi athugasemd er efnislega hin sama og rakin er undir 1.3 hér að ofan. Eins og þar er rakið er vandmálið nú úr sögunni.

4.2 Hafursár-, Grjótár-, Hölknár- og Laugarárveitur

Þessar athugasemdir fjalla efnislega um nánast sömu atriði og athugasemdir hreppsnefndar Fljótsdalshrepps sem raktar eru í liðum 1.1 og 1.2 hér að ofan, en eru hinsvegar miklu öfgafyllri og stóryrtari en hreppsnefndarinnar.

Um skurðinn norðaustan Hafursár er þess þegar getið að Landsvirkjun hefur þegar hætt við hann. Ekki kemur hinsvegar til greina, að mati Orkustofnunar, að hætta við að veita vatni sjálfrar Hafursár inn í Eyjabakkalón. Til þess er eftir of miklu að slægjast með vatni árinnar og ekki verður séð að andmæli gegn þeirri framkvæmd geti stuðst við nein skynsamleg rök. Ferðamálaráð fjallar heldur ekki um þá veitu sérstaklega.

Að því er tekur til sveðanna kringum Sauðárveitu, Grjótárveitu og Hölknárveitu má segja að kort Landsvirkjunar hafi gefið visst tilefni til athugasemdar Ferðamálaráðs með því að ýkja verulega umfang framkvæmda á þessum slóðum, af ástæðum sem raktar eru hér að ofan, í 1.1 og 1.2. Þessum athugasemdum ráðsins má því svara eins og athugasemdum hreppsnefndarinnar var svarað hér að ofan. Þarna verður um mjög lítt áberandi mannvirki að ræða þegar þeim er lokið og verktakar á brott og eftirlitsmenn Náttúruverndarráðs munu fylgjast grant með gerð þeirra og frágangi.

Það á því ekki við rök að styðjast sem segir í athugasemdum Ferðamálaráðs að hér verði um "mikla mannvirkjagerð" að ræða, sem "breyti landslaginu til hins verra og hafi veruleg sjónmengandi áhrif". Þessi mannvirki öll verða lítið áberandi. Hinsvegar er ráðinu nokkur vorkunn að nota þetta orðalag vegna þess sem kortið gefur í skyn og að framan er sagt frá.

Afgangurinn af þessari málsgrein í athugasemdum Ferðamálaráðs Austurlands er aftur á

móti nánast hreint rugl. Enginn hefur látið sér detta í hug að reisa flugstöðvar, innkaupahallir eða Öskjuhlíðarperlur á svæði því sem athugasemd ráðsins fjallar um og orkuver Fljótsdalsvirkjunar verður marga tugi kílómetra frá svæðinu og að auki falið neðanjarðar langt inni í fjalli. Sömuleiðis er það hrein endaleysa að virkjunarmannvirkin komi til með að verða "hinn mesti farartálmi" fyrir ferðamenn sem leggja leið sína um svæðið. Þetta hlýtur Ferðamálaráð Austurlands að mæla gegn betri vitund. Engum er betur kunnugt en því um það, að það er einmitt vegagerð vegna undirbúnings undir Fljótsdalsvirkjun sem hefur nánast opnað Snæfellssvæðið, sem ráðið rómar réttilega fyrir náttúrufegurð, fyrir ferðamönnum, með nútímalegum ferðahætti. Sjálf framkvæmd virkjunarinnar mun þarna enn bæta verulega úr og auðvelda ferðamönnum enn aðkomu að þessu rómaða svæði fyrir náttúrufegurð. Það hlýtur að verða ferðamennsku í Austfirðingafjórðungi til framdráttar, og er gott dæmi um að hagsmunir ferðamennsku og nýtingar orkulinda fara oft saman.

Það vekur óneitanlega athygli að í þessari makalausu málsgrein í athugasemdum Ferðamálaráðs Austurlands, þar sem tíundið eru ýmis mannvirki sem ferðamenn leggi ekki leið sína að til að skoða, er talað um flugstöðvar og innkaupahallir en ekkert minnst á loðnubræðslur. Hafa þó allnokkrar slíkar verið reistar á starfssvæði Ferðamálaráðs Austurlands án þess að þess hafi orðið vart að ráðið hafi haft uppi viðlíka athugasemdir um þær og um Fljótsdalsvirkjun nú.

5. Athugasemdir Helga Hallgrímssonar

5.1 Efnisnámur

Helgi bendir á að í upplýsingum Landsvirkjunar um Fljótsdalsvirkjun komi ekki fram hvar helstu efnisnámur verða, sem auðvitað skipti miklu máli í sambandi við verndun.

Eftir því sem Orkustofnun kemst næst er þetta rétt hjá Helga. Hinsvegar upplýsir Landsvirkjun að hún hafi gert Náttúruverndarráði grein fyrir væntanlegum efnisnámum og rætt málið við ráðið, sem ekki hafi gert athugasemdir við ráðgerða efnistökustaði. Mun síðan vera ætlunin að eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs fylgist með efnistöku og frágangi á námum og umhverfi þeirra með svipuðum hætti og gert var við Blöndu, og mun hafa þótt gefast vel þar. Ætti því að verða vel fyrir þessu séð við framkvæmd á Fljótsdalsvirkjun. Engu að síður er athugaemd Helga réttmæt.

5.2 Rof og uppblástur úr bökkum Eyjabakkalóns

Helgi tekur undir athugasemdir sem Náttúruverndarsamtök Austurlands hafa nýlega sent frá sér varðandi aðkomugöng 2 og hættu á rofi og uppblæstri úr bökkum Eyjabakkalóns.

Sem fyrr segir eru aðkomugöng 2 ekki lengur á dagskrá. En um hættuna á rofi og uppblæstri úr bökkum Eyjabakkalóns er þetta að segja :

Rof : Manngerð stöðuvötn eru í flestu sömu náttúru og önnur vötn. Í Eyjabakkalóni verður í upphafi öldurof þannig að strandlínur myndast í samræmi við ölduverkun í lóninu, á sama hátt og gerist í vötnum almennt. Aðgreining verður á efni þannig að fínkornótt efni skolast úr ströndinni og berst með vatninu út á dýpið og sest þar að. Við leit að byggingarefnum á strandsvæðum Eyjabakkalóns hefur komið í ljós að heldur lítið er um fínkornótt efni þar. Efnið í þeim er mestmegnis möl. Rofið verður af þeim sökum mjög takmarkað. Það er engin ástæða til að ætla að efni berist á land þarna í neinum mæli.

Uppblástur. Svo virðist sem blandað sé saman í athugasemdum Helga Hallgrímssonar og Náttúruverndarráðs annarsvegar þeim náttúruöflum sem virk eru á jökulsáraurum og hinsvegar þeim sem verka við strendur stöðuvatna. Jökulsáraurar valda foki á þann hátt að sífreytilegt rennsli og farvegir jökulsánna skilja eftir polla af jökulvatni sem þorna þannig að eftir verður skán af fínum aur sem fýkur auðveldlega langar leiðir. Þetta hefur ekkert með uppblástur, eða jarðvegseyðingu, að gera því að svona aurar eru að eðli sínu ógrónir. En þarna fæst efnið til myndunar fokjarðvegs, sem er auðgræfur af vindi og vatni. Tilvist hans er þó í sjálfu sér hvergi orsök uppblásturs.

Efnið í Eyjabökkum er mjög fínkornótt, en hreyfist þó ekki í vindi vegna þess hversu blautt það er. Meðfram Eyjabökkum að vestan er töluvert hallandi land úr aurkeilum og klöppum, víða þakin mýrarjarðvegi. Við rof á því er engin fínefni að fá. Að austanverðu er bratt land; að miklu leyti klappir. Þar er því ekkert fokgjarnt efni að fá.

Við virkjunina hverfa aurar Eyjabakka undir vatn. Þar verða því ekki lengur lög af þornuðum jökulaur sem getur fokið. Aurfok fremur minnkar því en eykst við tilkomu lónsins.

Eins og önnur miðlunarlón á Íslandi verður Eyjabakkalón í lægstu stöðu einhvernтíma frá því seint í apríl til seint í maí. Lónið er að sjálfsögðu undir ísi að vetrinum og leggst hann á bakkana jafnóðum og þeir koma upp úr þegar lækkar í lóninu. Þessa ísa leysir ekki fyrr en leysingar hefjast þar efra á vorin í júnímánuði. Um leið byrjar að safnast vatn í lónið. Þegar snjóa hefur leyst á jökullausu landi heldur leysing á jökli áfram og enn safnast í lónið uns það fyllist síðari hluta sumars eða snemma hausts, eftir veðurfari. Þegar ísa hefur leyst af bökkum lónsins og næsta nágrenni þess þorna þeir smám saman; mishratt eftir hita og úrkomu. Samtímis hækkar í lóninu. Uppblásturshætta er takmörkuð við þann tíma sem líður frá því að bakkar eru orðnir nægilega þurrir til að geta blásið upp og þar til þeir fara í kaf aftur. Þessi tími fellur á hásumarið þegar veður eru kyrrust. Vissulega getur orðið um vissan uppblástur að ræða úr bökkunum á þessum tíma, en með hliðsjón af því sem að framan er sagt er þess að vænta að hann verði mjög lítill. Samt er sjálfsagt að fylgjast vel með honum og vera viðbúinn með gagnaðgerðir. Orkustofnun telur sig vita með vissu að Landsvirkjun muni gefa þessari hættu fullan gaum í rekstri virkjunarinnar og skipuleggja mótaðgerðir í samráði við Náttúruverndarráð og aðra.

5.3 Yfirfall Eyjabakkastíflu austan árfarvegar

Helgi finnur að því að yfirfall Eyjabakkastíflu verði haft austan árfarvegarins vegna þess að þá verður Eyjabakkafoss ævarandi vatnslaus og flóðvatn myndi grafa sér nýjan farveg austan við þann sem áin fellur nú í.

Það er rétt að yfirfallið er ráðgert þarna. Ástæðan er sú, að þetta er talinn heppilegasti staðurinn fyrir það og raunar er það tæknilega mjög erfitt, ef ekki ógerlegt, að hafa það annarsstaðar. Það er líka rétt að áin mun grafa sér nýjan farveg frá yfirfallinu niður í núverandi farveg sinn að því marki sem sá farvegur verður ekki gerður fyrir hana í sambandi við framkvæmdina, eins og t.d. næst yfirfallinu. Vegna stærðar Eyjabakkalóns er þess að vænta að mjög sjaldan muni renna um yfirfallið.

Eyjabakkafoss mun þannig hverfa og ekki renna um hann vatn þótt hleypt sé yfir yfirfall. Vegna þess hve sjaldan mun renna um yfirfall skiptir það hinsvegar ekki miklu máli. Það rynni mjög sjaldan vatn um fossinn hvort eð er. Hvarf hans er óhjákvæmileg afleiðing af

virkjuninni. Hinsvegar þarf fossinn þar fyrir ekki að vera "ævarandi vatnslaus". Auðvelt er að hleypa vatni á hann hvenær sem er með því einfalda móti að opna botnlokur stíflunnar. Staðsetning yfirfallsins skiptir í rauninni litlu máli í þessu sambengi.

5.4 Akbraut upp Norðurdal

Helgi víkur að lauslegum hugmyndum um akveg upp Norðurdal. Orkustofnun hefur þær upplýsingar frá Landsvirkjun að engar ávarðanir hafi verið teknar um akveg þama, né heldur séu uppi föst áform um það. Hugmyndina hefur borið á góma en ekki meira. Komi í ljós síðar að ráðlegt þyki einhverra hluta vegna að gera slíkan veg verður málið rætt við Náttúruverndarráð og reynt að leita leiða sem báðir aðilar geta sætt sig við. Alls óvíst er að á það reyni.

5.5 132 kV lína frá Bessastaðaármelum inn að stöðvarhúsi Fljótsdalsvirkjunar

Hér er um að ræða tvöfalda háspennulínu til að tengja núverandi byggðalínn við virkjunina. Byggðalína yrði tekin í sundur á Bessastaðaármelum og hvor endi tengdur við sína línu inn að virkjun. Þessvegna er um tvöfalda línn að ræða. Þetta er sama tilhögun og á tengingu Blöndu virkjunar við byggðalínu.

Helgi mótmælir "eindregið öllum hugmyndum" um að leggja þessar línur "á möstrum", þ.e. sem loftlínu.

Gagnstætt þeim athugasemdum Helga sem að framan er getið og allar eru málefnalegar þá er þessi fjarstæðukennd og er ekki með nokkru móti hægt að taka hana alvarlega eins og hún er sett fram, að mati Orkustofnunar. Í fyrsta lagi segir það sig nánast sjálft, án frekari rökstuðnings, að nauðsynlegt er að tengja byggðalínu við Fljótsdalsvirkjun. Í annan stað myndi vera margfalt dýrara að gera það með jarðstreng auk þess sem það hefði í för með sér tæknileg vandkvæði sem mjög mikils er um vert að forðast þótt ekki verði sagt að þau séu óyfirstíganleg. Menn mega ekki í þessu sambandi rugla saman riðstraumsstreng eins og þama yrði undir öllum kringumstæðum um að ræða ef leggja ætti línur þessar í jörðu og hinsvegar rakstraumsstreng eins og rætt er um að leggja milli landa. Tæknilega er reginmunur á þessu tvennu sem of langt mál er að útskýra hér. Að leggja rakstraumsstreng þessa 8 km er útilokað vegna kostnaðarins við strenginn, en þó sérstaklega við umbreyti-stöðvarnar í endunum sem yrðu óhæfilega dýrar fyrir ekki lengri vegalengd - og þótt vegalengdin væri tífalt eða tuttugufalt lengri. Menn mega heldur ekki rugla svona 132 kV jarðstreng saman við 11 kV strengi til notenda sem Rafmagnsveitur ríkisins eru víða að plægja niður um þessar mundir. Spennumunurinn er tólffaldur og það er einmitt hann sem leiðir af sér þau tæknilegu vandkvæði sem ég gat um áðan að mikilvægt væri að forðast. Hér kemur því ekkert annað en loftlína til greina, að mati Orkustofnunar.

Hitt er annað mál að ekki er sama hvernig slíkar línar línur eru lagðar. Við Blöndu voru samskonar línur lagðar á öflugum stálmöstrum vegna þess að ekki náðist samkomulag um að velja þeim aðra leið en þar sem þær eru áveðra og þurfti því öryggisins vegna að gera möstrin mjög öflug, sem aftur leiðir til þess að þau eru víða áberandi. Aðstæður innst í Fljótsdal eru aðrar. Þar á ekki að þurfa að nota samskonar möstur. Orkustofnun er þess fullviss að unt er að koma fyrir tvöfaldri línu á trémöstrum á mótum hlíðar og dals, bak við bæina í dalnum. Þar yrði línan lítt áberandi.

6. Mótmæli Menningarmálaráðs Egilsstaða

6.1 Mótmæli gegn stíflu við Snæfellsskála, Grjótárveitu og Hölknárveitu

Þessi mótmæli eru ekki nánar rökstudd í bréfi Menningarmálaráðsins til Landsvirkjunar frá 25. okt. 1991. Hér er um að ræða sömu svæðin og fjallað er um í 1.1 og 1.2 hér að ofan, og eiga þær athugasemdir einnig við hér að því marki sem efni þykja til að fjalla yfirleitt um órökstudd mótmæli sem þessi.

6.2 Mótmæli gegn Hölknárveitu

Þessi mótmæli eru rökstudd með því að skurður í tengslum við hana "boði stórfelld umhverfisspjöll".

Hér er aftur vísað til 1.2 hér að framan. Hætt er við skurðinn austan Hafursár en ekki veituna úr ánni sjálfri. Óljóst er hvort mótmælin eiga við skurðinn norðaustan ár eða alla veituna. Orkustofnun telur að ekki geti verið á dagskrá að hætta við veituna úr ánni, enda engin rök til þess.

6.3 Mótmæli gegn Aðkomu 2

Sem fyrr segir er hætt við aðkomu 2.

6.4 Aðvörun við að hleypa bílaumferð á "viðkvæm svæði austan Eyjabakkastíflu"

Ekki kemur fram við hvaða svæði hér er átt. Hér er um svipað atriði að ræða og fram kemur í athugasemdum Náttúruverndarráðs hér á eftir. Vísast því til þess sem þar er sagt um mál þetta.

6.5 Umhverfisverndarsjónarmið við frágang efnis úr göngum Fljótsdalsvirkjunar

Menningarmálaráðið leggur áherslu á að "fyllstu umhverfisverndarsjónarmiða verði gætt við frágang þess efnis sem fyrirséð er að falli til við gerð aðrennslisganga Fljótsdalsvirkjunar".

Orkustofnun hefur fengið upplýsingar um það hjá Landsvirkjun að þessa atriðis verði gætt. Væntanlega verður þarna hafður svipaður háttur á og við Blöndu að um svona atriði verður náið samráð við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á virkjunarsvæðinu.

7. Athugasemdir Náttúruverndarráðs

7.1 Hafursárveita

Náttúruverndarráð gerir athugasemd við Hafursárveitu vegna "jarðrasks"; vegna þess að "skurðurinn yrði mjög áberandi í landslaginu" og að hann "gæti haft för gangandi fólks um svæðið". Óskað er eftir viðræðum við Landsvirkjun áður en endanleg afstaða er tekin.

Hér kemur ekki skýrt fram hvort einungis er átt við skurðinn norðaustan ár, sem nú er horfið frá sem fyrr segir, eða veituna úr sjálfri ánni í Eyjabakkalón einnig. Ef átt er við skurðinn norðaustan ár er það mál úr sögunni. Engin rök eru hinsvegar, að mati Orkustofnunar, til að fella niður veituna úr ánni eins og áður er tekið fram.

7.2 Veita Grjótlækja í vesturhlíðum Snæfells í Grjótárveitu

Hér er á ferðinni hluti sama máls og um er fjallað í 1.1 hér að framan. Vísast til þess sem þar segir.

7.3 Grjótárveita

Farið er fram á að stífluhæð verði haldið í algeru lágmarki svo lón verði sem minnst. Hér virðist enn vera á ferðinni sama málið og um ræðir í 1.1. Orsökin er væntanlega sú sama og þar var minnst á, sem sé sú, að kort Landsvirkjunar gefa til kynna mun veigameiri mannvirki en um verður að ræða í reynd. Sama umsögn gildir því hér og í 1.1.

Að auki er hér varað við landbroti og jarðveigseyðingu þar sem vatnið frá Grjótá kemur "úr jarðgöngum" og rennur til Höllnárveitu.

Ekki verður annað séð af gögnum en að þarna ætti að standa "úr skurði" í stað "úr jarðgöngum". Það er þó ekki aðalatriðið heldur hættan á jarðvegseyðingu. Orkustofnun telur sjálfsagt að Landsvirkjun taki tillit til þessarar ábendingar og telur sig hafa heimildir fyrir því að svo verði gert.

7.4 Rof og upphlástur úr bökkum Eyjabakkalóns

Um þetta atriði er fjallað í 5.2 hér að framan, og vísast til þess sem þar er sagt.

Ennfremur er bent á að fylgjast þurfi með dreifingu áfoks úr lónsbökkunum og áhrifum þess á gróður.

7.5 Setmyndun í miðlunarlóni og myndun nýrra "Eyjabakka"

Bent er á í athugasemdum Náttúruverndarráðs að fylgjast þurfi með með þessari setmyndun og myndun nýrra "Eyjabakka", og ákveða í tíma hvað gert skuli við leir sem dæla þyrfti úr botni lónsins.

Heildarrúmmál Eyjabakkalóns er 570 Gl, þar af er nýtanlegt miðlunarrými 500 Gl, eða 88 % . Það er mjög góð nýting á rými miðlunarlóns sem helgast af því hve flatur lónsbotninn er. Árlegur aurburður inn í lónið er áætlaður um 0,3 Gl á ári, byggt á allgóðum aurburðarmælingum Vatnsorkudeildar Orkustofnunar um margra ára skeið. Það tæki því 1900 ár að fylla lónið. Tæknilegur endingartími þess er þó mikiu styttri, en samt margar aldir.

Rúmmál lónsins minnkar er tímar líða. Aurkeila teygir sig frá efri enda þess lengra og lengra út í það auk þess sem neðri hlutar þess grynnast. Vegna þess hve lónið er stórt og útfelling aursins er dreifð er hæpið að það verði talið borga sig að fjarlægja aur úr því nema helst af takmörkuðum svæðum nálægt inntaki í aðrennslisgöng, yfirfalli og botnrás. Nýtanlegt miðlunarrými lónsins minnkar smám saman en mjög hægt. Það líða aldir áður en miðlunarrýmið minnkar umtalsvert. Til að viðhalda miðlunarrýminu gæti því þurft að hækka Eyjabakkastíflu um nokkra metra seint á þriðja árþúsundinu eftir Krist - ef Fljótsdalsvirkjun verður þá enn í notkun ! Of snemmt virðist að hafa áhyggjur af því nú.

Það er svo aftur að mati Orkustofnunar rétt ábending hjá Náttúruverndarráði að finna þarf í tíma hentugan stað fyrir þann aur sem fjarlægður verður af áðurnefndnum mjög

takmörkuðum svæðum í lónbotninum. Stofnunin er samfærð um að það mun Landsvirkjun og Náttúruverndarráði vel takast að gera í sameiningu, enda er rúmur tími til stefnu.

Hinir "nýju Eyjabakkar" verða að eðli til alveg eins og núverandi Eyjabakkar eða aurar Jökulsár á Fljótsdal, enda verða sömu náttúruöfl áfram að verki. Sá er þó munur á að mun stærri hluti "Eyjabakka" hinna nýju verða undir vatni en núverandi Eyjabakka. Aurfok ætti því að minnka stórlega frá því sem það er nú. Þegar tímar líða og aurkeilan skríður lengra út frá efri enda lónsins á næstu öldum, sækir smám saman, en afar hægt, aftur í núverandi horf með aurfokið.

7.6 Aðkoma ferðafólks á Snæfellssvæðið og í Snæfellsskála

Náttúruverndarráð bendir á að virkjunarframkvæmdirnar megi ekki hindra aðkomu ferðafólks að Snæfelssvæðinu eða Snæfellsskála.

Orkustofnun er sammála um að þetta mál leysa Landsvirkjun og yfirvöld ferðamála mjög auðveldlega. Hún bendir einnig á það sem rakið er hér að framan í kafla 4.2 að það var í rauninni vegagerð til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar sem opnaði Snæfellssvæðið fyrir almennum ferðamönnum á nútímavísu, og að virkjunarframkvæmdirnar munu enn bæta þar stórlega um. Hér er á ferðinni ágætt dæmi um að hagsmunir orkunýtingar og ferðamála fara oft ágætlega saman gagnstætt því sem ýmsir þröngsýnir menn vilja vera láta.

7.7 Skilyrði Náttúruverndarráðs

Að endingu setur Náttúruverndarráð fram "skilyrði" í fimm liðum sem það "fer fram á " að Landsvirkjun uppfylli.

Að mati Orkustofnunar er "skilyrði" ekki rétta orðið hér. Skilyrði setja þeir sem hafa til þess aðstöðu en þeir "fara ekki fram á" að þau verði uppfyllt. Skilyrði er í eðli sínu úrslitakostir. Náttúruverndarráð getur ekki sett skilyrði nema á svæðum þar sem rétt yfirvöld hafa veitt þeim umboð til slíks. Hér væri því réttara að tala um óskir eða tilmæli, enda sýnist ráðið í rauninni hafa haft það í huga.

Fyrstu tilmælin eru um að eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs hafi eftirlit með verklegum framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun, og að Landsvirkjun beri kostnað af því eftirliti. Þetta er sama skipan og höfð var við Blöndu og þótti gefast vel þar. Orkustofnun telur þetta sjálfsögð og eðlileg tilmæli og þykist viss um að Landsvirkjun verður við þeim.

Önnur tilmælin eru um að "ekki verði lagðir neinir nýir vegir nema í samráði við Náttúruverndarráð og samvinna verði höfð um hvernig umferð verður háttað um svæðið" Þetta orðalag er að mati Orkustofnunar líklegt til að geta leitt til árekstra og af þeim sökum óheppilegt. Betra orðalag væri t.d. "Landsvirkjun og verktakar á hennar vegum hafa samráð við Náttúruverndarráð áður en nýir vegir eru lagðir um virkjunarsvæðið og um hvernig umferð verður háttað um það". Samráð eru sjálfsögð og eðlileg. Ákvörðunarvald á hinsvegar að vera hjá einum aðila; ekki mörgum. Landsvirkjun er ábyrg fyrir því að Fljótsdalsvirkjun verði tilbúin að vinna raforku þegar þjóðarbúið þarf á þeirri raforku að halda. Þeirri ábyrgð verður að fylgja vald til að stýra framkvæmdum með þeim hætti að unt sé að uppfylla þá ábyrgðarskyldu. Náttúruverndarráð á síðan málskot til réttra yfirvalda telji það þörf á. Hvorki Landsvirkjun né ráðið eru slík yfirvöld.

Með þessu er ekki verið að gefa í skyn að til árekstra komi; raunar er miklu líklegra að

svo verði ekki. En skýrt orðalag og ótvírætt er alltaf líklegra en óskýrt og loðið til að koma í veg fyrir árekstra. Það er mikilvægt að koma í veg fyrir árekstra og tafir af þeirra völdum við svo mikilvæga framkvæmd sem bygging Fljótsdalsvirkjunar er.

Þriðju tilmælin eru um að "útfærsluatriði, hvað varðar efnisnám og efnisgeymslu, verði ákveðin af Landsvirkjun og eftirlitsmanni, ákvæði um ágreining verði í samningi (sbr. lið 1)".

Hér er aftur gert ráð fyrir að tveir aðilar "ákveði", taki ávörðun. Það er ekki vænleg skipan eins og bent var á hér að ofan. Hér ætti fremur að standa "...ákveðin af Landsvirkjun að höfðu samráði við eftirlitsmann..."

Fjórðu tilmælin fjalla um rannsóknir á áhrifasvæði Fljótsdalsvirkjunar í samræmi við bréf Náttúruverndarráðs frá 1981 og 9. júlí 1991 til Landsvirkjunar.

Með því að Orkustofnun hefur ekki séð þessi bréf getur hún ekki tjáð sig efnislega um þessi tilmæli, en telur rétt að ráðið og Landsvirkjun semji um þetta atriði.

Fimmtu tilmælin hljóða svo : " Landsvirkjun og Náttúruverndarráð vinni saman að því að skipuleggja eða hindra (leturbreyting mín - JB) umferð ökutækja austan Eyjabakkalóns, bæði við byggingu Suðárveitu og eins þegar virkjunin er komin í rekstur".

Sjálfsagt er að Landsvirkjun og Náttúruverndarráð vinni saman að því að skipuleggja umferð þarna. Síðari liðurinn er hinsvegar fráleitur eins og hann er þarna orðaður. Það er alls ekki hlutverk Landsvirkjunar að hindra umferð fólks um neina hluta landsins nema í allra næsta nágrenni mannvirkja, sem hún rekur, af öryggisástæðum; vegna öryggis vegfarenda sjálfra eða rekstraröryggis mannvirkjanna. Slík svæði eiga þá að vera afgirt. Einnig getur verið nauðsynlegt að hindra umferð um svæði þar sem mannvirkjagerð stendur yfir, meðan á henni stendur, af öryggisástæðum eða til að trufla ekki framkvæmdina. Það er heldur ekki hlutverk Náttúruverndarráðs að hindra umferð fólks um Ísland, nema akstur utan vega að óþörfu, eða, eftir nánari auglýstum reglum, umferð á svæðum sem ráðið hefur fengið af réttum yfirvöldum sérstaka lögsögu yfir svo sem þjóðgörðum og að vissu marki fólkvöngum. Því er ekki til að dreifa um svæðið austan Eyjabakkalóns. Ástæðulaust virðist með öllu að meina fólki umferð um vegi sem þarna verða lagðir vegna framkvæmdanna eftir að þeim er lokið. Aðstaða til aksturs utan vega er þarna með því erfiðasta sem um getur á landinu og því lítil hætta á henni; sérstaklega ef vegirnir eru góðir. Góðir vegir eru besta vörnin sem fáanleg er gegn utanvegaakstri. Lélegar bílaslóðir bjóða honum á hinn bóginn beinlínis heim. Þess má víða sjá dæmi.

Tilmæli sem eðlileg mega teljast, og Landsvirkjun ætti að mati Orkustofnunar að fallast á, gætu hljóðað eitthvað á þessa leið: Landsvirkjun og Náttúruverndarráð vinni saman að því að skipuleggja umferð ökutækja austan Eyjabakkalóns, bæði við byggingu Suðurárveitu og þegar virkjunin er komin í rekstur, og að því að hindra óþarfan akstur þar utan vega og slóða".

Bréf Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytis.
(2. september 1991.)

Varðar: Umsögn um beiðni Landsvirkjunar um heimild til stækkunar á Búrfellsvirkjun, stækkunar Þórisvatnsmiðlunar og til að ráðast í 5. áfanga Kvíslaveitu.

Með bréfi dagsettu 13. ágúst 1991 óskaði hið háa ráðuneyti eftir umsögn Orkustofnunar um ofangreinda beiðni Landsvirkjunar um virkjunarleyfi. Umsögn þessi fylgir hjálögð.

Jafnframt vill Orkustofnun spyrjast fyrir um hvað líði virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun og línulagnir þaðan. Hún minnist þess ekki að hafa nýlega fengið til umsagnar beiðni um leyfi til hennar. Vera má að fyrir liggi gamalt virkjunarleyfi fyrir - virkjunina, en þá er í raun um að ræða leyfi fyrir allt annari virkjun en nú er áformað að gera. Hönnun hennar hefur tekið gagngerum breytingum á undanförnum tveimur árum. Væri rétt að ráðuneytið aðgæti þetta.

Stofnunin telur að ráðuneytið ætti að taka það upp sem almenna, ófrávíkjanlega reglu að virkjunarleyfi falli sjálfkrafa úr gildi ef 5 ár líða frá því að leyfi er gefið út án þess að framkvæmdir séu hafnar af fullri alvöru að mati ráðherra, eða ef tilhögun virkjunar er breytt í verulegum atriðum frá þeirri sem leyfið byggðist á. Þurfi þá að sækja um leyfi að nýju. Kringumstæður breytast það fljótt að það er undantekning að allar hinar sömu forsendur séu fyrir hendi að fimm árum liðnum og leyfisveiting var reist á.

Í samræmi við þetta er mælt með að í leyfisbréfinu verði tekið fram að leyfið falli sjálfkrafa úr gildi að fimm árum liðnum frá dagsetningu leyfisbréfsins ef framkvæmdir eru þá ekki hafnar fyrir alvöru að mati ráðherra, enda þótt ólíklegt sé að í þessu tilviki muni reyna á þessa fyrirvara. Slíkt getur þó t.d. gerst ef álviðræðurnar sigla í strand.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Björnsson

Umsögn Orkustofnunar um beiðni Landsvirkjunar um leyfi til að stækka Búrfellsvirkjun um 100 MW, til að stækka Þórisvatnsmiðlun um 400 GI og til að byggja 5. áfanga Kvíslaveitu.

Umsókn Landsvirkjunar var send iðnaðarráðherra með bréfi dagsettu 26. júlí 1991. Bréfinu fylgdi greinargerð Verkfræðideildar Landsvirkjunar um þessar framkvæmdir, dagsett sama dag. Í greinargerðinni er ekkert fjallað um væntanlega nýja línu frá Búrfelli að sunnanverðum Faxaflóa, enda er þeirrar línu út af fyrir sig ekki þörf vegna þessarar 100 MW aflviðbótar í Búrfelli. Hennar er hinsvegar þörf í tengslum við virkjun í Fljótsdal og línulögn þaðan að Búrfelli.

Þær framkvæmdir sem hér er sótt um leyfi fyrir hafa lengi verið til athugunar og umræðu og í undirbúningi sem liðir í ráðstöfunum til að mæta aukinni orkuþörf vegna álvers þess sem ráðgert er að reisa á Keilisnesi ef samningar takast um byggingu þess. Aðrar ráðstafanir í sama tilgangi eru Fljótsdalsvirkjun og línulagnir í tengslum við hana.

Orkustofnun hefur um langt skeið fylgst allnáið með undirbúningi undir þessar framkvæmdir og áætlanagerð um þær; m.a. í tengslum við athuganir stofnunarinnar á því, hvaða aðgerðir séu tiltækar til að mæta aukinni raforkuþörf með og án nýs álvers. Það sem fram kemur í greinargerðum Verkfræðideildar Landsvirkjunar er henni því flest gamalkunnugt. Stofnunin getur staðfest það sem þar kemur fram að sem stendur er Búrfellsvirkjun aflþröskuldur í raforkukerfinu og að hann stendur í vegi fyrir að sá árangur náist að fullu sem að er stefnt með Kvíslaveitum og stækkun Þórisvatnsmiðlunar, nfl. að auka orkuvinnslugetu raforkukerfisins. Þeim þröskuldi er því nauðsynlegt að ryðja úr vegi og það er gert með hinni ráðgerðu stækkun um 100 MW. Það er líka rétt sem þar er tekið fram að óraunhæft er að bæta við afli í Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjunum meðan þessi þröskuldur er fyrir hendi í Búrfelli.

Stofnunin getur sömuleiðis staðfest að samanburður á mismunandi leiðum til að sjá fyrir raforkuþörf álversins leiðir í ljós að þær framkvæmdir sem sótt er um leyfi fyrir eru í þeirri röð virkjana sem lægstan kostnað hafa í för með sér við að afla þeirrar orku.

Að þessu athuguðu mælir Orkustofnun með því að hæstvirtur iðnaðarráðherra veiti Landvirkjun umbeðin leyfi.

Reykjavík, 31. ágúst 1991

Jakob Björnsson
orkumálastjóri

Landsvirkjun
verkfræðideild:

Greinargerð Landsvirkjunar
um athugasemdir vegna auglýsingar um virkjun Jökulsár í Fljótsdal.
(18. febrúar 1992.)

Með bréfi til iðnaðarráðherra dags. 19.04.1991 óskaði Landsvirkjun eftir því að hann veitti leyfi fyrir 210 MW virkjun Jökulsár í Fljótsdal ásamt aðalorkuveitum og tilheyrandi aðgerðum á vatnasviði virkjunarinnar.

Í bréfi dags. 25. apríl 1991 veitir iðnaðarráðherra virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, og í samræmi við 123 gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923 ber ráðuneytinu að birta auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu varðandi hina ráðgerðu virkjun þar sem þeim, sem hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir varðandi virkunaráformin. Virkjunarleyfið var bundið því skilyrði, að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra vandamála, sem kunna að rísa vegna athugasemda hagsmunaaðila.

Auglýsing Iðnaðarráðuneytisins um virkjun Jökulsár í Fljótsdal, birtist í Lögbirtingarblaðinu í 99., 106. og 110. tbl. í ágúst og september 1991 og rann út frestur að skila athugasemdum 1. nóvember 1991. Alls bárust 8 athugasemdir til Iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar frá eftirtöldum aðilum:

1. Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps
2. Náttúruverndarráði
3. Stjórn Ferðafélags Fljótsdalshéraðs
4. Helga Hallgrímssyni, Egilsstöðum
5. Náttúruverndarsamtökum Austurlands
6. Ferðamálasamtökum Austurlands
7. Menningarmálaráði Egilsstaða
8. Athugasemd frá Jónínu Ósk, Rósu og Hólmfríði Jónsdætrum.

Verður hér á eftir fjallað efnislega um ofangreindar athugasemdir og þeim svarað eftir því sem tilefni gefst til.

1. ATHUGASEMDIR HREPPSNEFNDAR FLJÓTSDALSHREPPS.

1.1 Ósk um aða hætt verði við gerð Grjótárveitu.

Við verkhönnun Fljótsdalsvirkjunar árið 1982 var gert ráð fyrir veitu úr Hölkná austur í Þórisstaðakvísl norðan við Þrælaháls. Í fyrstu áætlunum um virkjun Jökulár í Fljótsdal var gert ráð fyrir veitu Grjótár yfir í Hölkná. Við verkhönnun var hinsvegar ekki gert ráð fyrir veitu Grjótár yfir í Hölkná, enda var þá lítið vitað um rennsli árinnar og talið að ekki væri hagkvæmt að nýta vatn árinnar miðað við kostnað við veitуna. Reglulegar vatnamælingar í Grjótá hófust 1985 og hafa þær staðfest að meðalrennsli árinnar er öllu meira en áður var talið eða um 1,4 m^3/sek eða um 4,5% af áætluðu meðalrennsli til virkjunarinnar.

Við endurskoðun verkhönnunar árið 1990 var gert ráð fyrir veitu Grjótár yfir til Hölknár, enda virtist hún vera hagkvæm. Jafnframt var þar gert ráð fyrir að veita efstu drögum Sauðár (svonefndum Grjótlækjum) yfir á vatnasvið Grjótár, en ekki er vitað hversu miklu vatni mætti þannig ná. Talið er þó að hér geti verið um að ræða 200-500 l/sek meðalrennsli, en það verður kannað nánar næsta sumar.

Nýlega var lokið við gerð korta í mælikvarða 1:5000 af svæðinu umhverfis Hölkná og Grjótá, en eldri kort af svæðinu voru í mælikvarða 1:20.000 og því mun ónákvæmari. Við athugun á veitum á hinum nýju kortum kemur í ljós að allar aðstæður á svæðinu fyrir veitu Grjótá og Hölknár eru mun hagkvæmari en eldri kort sýndu, þ.e. fyrirhuguð mannvirki þurfa að vera mun veigaminni en áður var gert ráð fyrir.

Á yfirlitskorti með auglýsingu virkjunarinnar er veita Grjótlækja sýnd nokkuð ýkt, enda er kortið í litlum mælikvarða og miðað við eldri kotagrunn. Ekki er ætlunin að byggja nein stíflumannvirki í tengslum við þessa veitu frá drögum Sauðár yfir í Grjótá heldur einungis að grafa grunnan skurð í líkingu við áveituskurð í grjótkeilunni, enda vatnsmagn ekki það mikið af nauðsyn verði á miklum mannvirkjum. Áður fyrr féllu þessir lækir niður grjótkeiluna og hafa flæmst um hana alla. Síðar hefur þeim verið beint í einn farveg til suðvesturs til að auðvelda vegslóðagerð og umferð að Snæfellsskála. Hér er því um að ræða að lækjunum er beint til norðvesturs í stað suðvesturs í grjótkeilunni. Slíkt má auðveldlega gera án þess að ásýnd svæðisins bíði skaða af fyrir þá, sem þarna eiga leið um að Snæfellsskála. Sjá meðfylgjandi teikningu nr. 90.324.81-01.

Taka ber fram, að ekki er fyrirhugað að ráðast í þessa veitu, ef veitan reynist vera óhagkvæmari en ráð hefur verið fyrir gert.

Sankvæmt hinum nýju kortum virðist hagkvæmara að stífla Grjótá nokkru neðar en áður var miðað við, sjá meðfylgjandi teikningu. Lónið ofan stíflunnar verður verulega minna en sýnt er á yfirlitskortinu með auglýsingu um virkjunina, eða um 17 ha. Veituskurður milli Grjótár og Hölknár verður einnig styttri og minna mannvirki en þar er sýnt, um 1400 m á lengd og mesta dýpi um 3 m. Allt jarðrask á þessu svæði verður því minna en áður hefur verið talið og þessi mannvirki ásamt lóni við Grjótá munu trúlega ekki sjást frá núverandi vegslóða

að Snæfellsskála. Hin nýju kort sýna einnig, að stífla í Hölkná verður lægri og lónið ofan hennar minna en sýnt er á yfirlitskortinu, eða um 73 ha. Röskun af völdum þessara mannvirkja verður því minni en talið hefur verið.
Sjá meðfylgjandi yfirlitsteikningu 90.324.81-01.

Með veitu Hölknár og Grjótár yfir í Laugará eykst rennsli í farvegi árinnar að gangainntaki í Laugarárstíflu. Gert er ráð fyrir að veituskurður verði um 850 m og allt að 4 m á dýpt. Neðan stíflunnar verður Hölkná hinsvegar að miklu leyti þurr nema í vorflóðum, en þá er gert ráð fyrir að vatn renni yfir yfirfall í Laugarárstíflu þegar rennsli er mest. Fullt samráð verður haft við hreppsnefnd um hugsanlegar brýr á veituskurði þar sem þeir kunna að hamla ferðum um svæðið.
Í athugasemd hreppsnefndar er vikið að því, að Hölkná verði síðri hindrun fyrir sauðfé eftir að vatni hefur verið veitt af efsta hluta árinnar til Laugarár. Bændur á Aðalbóli hafa einnig haft samband við Landsvirkjun vegna þessa máls.
Ekki er vitað til að Hölkná hamli umferð sauðfjár um Fljótsdalsheiði. Hinsvegar mun rétt vera að neðantil er áin markalína á milli heimalanda Aðalbóls og Vaðbrekku annarsvegar og afréttarlands Valþjófsstaða hinsvegar og fellur þar þröngum farvegi. Á þeim hluta er áin hald fyrir sauðfé að vori og fram eftir sumri. Reiknað er með að meðalrennsli í Hölkná, sem veitt verður til virkjunarinnar verði um 1,0-1,2 m^3/sek og áin minnkar neðantil sem því nemur. Óvíst er með öllu um áhrif af þessari minnkun á hlutverk árinnar neðantil sem sauðfjárhald, en væntanlega verður það breytilegt eftir tíðarfari, árum og árstíma. Komi í ljós að breytingar á ánni muni valda ofangreindum aðilum þeim vandræðum, sem gefið hefur verið í skyn, mun verða tekið til athugunar að girða meðfram neðsta hluta árfarvegarins til að firra aðila vandræðum af völdum veitunnar.

1.2 Ósk um að hætt verði við gerð skurðar austan Hafursár.

Við verkhönnun Fljótsdalsvirkjunar haustið1990 var ákveðið að reyna að ná inn í Eyjabakkalón því vatni af vatnasviði Hafursár, sem hagkvæmt var talið.
Við athuganir á rennsli til Hafursár sumarið 1991 kom fram, að rennsli austan Hafursár að Sanddal er mun minna en reiknað var með og veituskurður frá Hafursá út með hlíðum Sandfells skilar ekki því vatni sem vænst var. Hefur því verið ákveðið að hætta við öll slík áform, en Hafursá verður stífluð og veitt í veituskurði inn í miðlunarlónið eins og gert hefur verið ráð fyrir.

1.3 Ósk um að hætt verði við aðkomugöng II.

Við hönnun aðrennslisganga frá Eyjabakkastíflu að stöðvarhúsi var talið æskilegt að reikna með aðkomugöngum á svæðinu nálægt Laugará m.a. vegna veitu Laugarár inn í aðrennslisgöngin með tilheyrandi gangagerð. Á yfirlitskortinu, sem fylgdi auglýsingu iðnaðarráðuneytisins, er munni

aðkomuganga sýndur sunnan við Laugará nálægt heitu lauginni og gangamannahúsinu við Laugará.

Við samningsgerð við lægstbjóðendur í gangagerðina í október 1991 kom fram tillaga um breytingu á legu aðrennslisganganna þannig, að þau færðust til vesturs að stíflunni í Laugará. Sjá meðfylgjandi yfirlitskort. Með þeirri tilhögun eru aðkomugöng II óþörf. Í samningunum var frá því gengið að þessi háttur yrði hafður á. Þó svo að samningum sé ekki fulllokið og óvissa ríkir um tímasetningu framkvæmda má telja fullvíst, að breytt tilhögun á legu aðrennslisganganna á þessum kafla verði endanlega valin, þannig að ekki verður þörf fyrir aðkomugöng II.

2. ATHUGASEMDIR NÁTTÚRUVERNDARRÁÐS.

2.1 Hafursárveita.

Ráðið gerir athugasemdir vegna mikils jarðrasks, sem framkvæmdin hefði í för með sér og jafnframt gæti skurðurinn heft för gangandi fólks um svæðið. Er þá væntanlega átt við svæðið sunnan Snæfells.
Eins og fram kemur í lið 1.2. hér að framan hefur verið ákveðið að fella niður gerð veituskurðarins austan Hafursár, en á þeim hluta hefði skurðurinn legið um gróið viðkvæmt land og mun ráðið væntanlega eiga við það þegar talað er um jarðrask og það hve áberandi skurðurinn yrði. Hinsvegar er landið frá Hafursá að miðlunarlóni að mestu sundurgrafin grjótkeila og mun skurður á þeim hluta valda langtum minna jarðraski og ekki verða áberandi í landinu. Skurðurinn sem slíkur verður ekki neinn farartálmi gangandi fólks þar eð hann verður grafinn með vel aflíðandi hliðarhalla og verður lítið meira mannvirki en farvegur árinnar er í dag. Hafursá er og verður í leysingum farartálmi fyrir gangandi fólk. Landsvirkjun mun væntanlega byggja brú yfir skurðinn vestan við stífluenda til að tryggja umferð fénaðar og fólks, en ekki hefur verið gert ráð fyrir umferð faratækja yfir skurðinn í framtíðinni.

2.2. Veita Grjótlækja yfir á vatnasvið Grjótár.

Hér er átt við veitu á efstu drögum Sauðár til Grjótár, sbr. lið 1.1. hér að framan. Vísast til þess, sem þar stendur.

2.3 Grjótárveita.

Við endurskoðun hönnunar eftir fyrrnefnda kortagerð í mkv. 1:5000 kemur í ljós að stífla í Grjótá verður um hæst um 5 m á hæð í farvegi árinnar og lónstærð ofan stíflu verður því í algjöru lágmarki. Veituskurður frá Grjótárlóni yfir í drög Hölknár verður um 1400 m á lengd og verða 2-3 lágir varnargarðar byggðir meðfram veituskurði að Hölknárlóni. Dýpi á veituskurði verður mest 3-4 m eða mun minna en áður var ráðgert.

Sá misskilningur kemur fram í athugasemdum Náttúruverndarráðs að Grjótá verði veitt í göngum yfir í Hölkná í stað skurðar. Skurðurinn endar í hliðarfarvegi Hölknár og fellur vatnið eftir honum til Hölknárlóns. Verður sá farvegur lagaður og varinn gegn rofi ef ástæða er til.
Sjá að öðru leyti svar við 1.1. hér að framan.

2.4 Rof og uppblástur úr bökkum Eyjabakkalóns.
Ráðið telur að fylgjast þurfi með og koma í veg fyrir rof og uppblástur úr bökkum Eyjabakkalóns og dreifingu og áhrifum áfoks á gróður.

Ekki er hægt að koma í veg fyrir að strandlínur myndist í lónum vegna öldurofs, einkum á þetta við um ný lón meðan fínefni skolast úr ströndinni út í lónið og falla þar til botns. Bakkar væntanlegs Eyjabakkalóns eru að mestu vel aflíðandi, að vestanverðu eru þeir ríkir af grófu malarefni, sem ekki er hætta á að valdi rofi við myndun lónsins, en að austanverður eru klappir og mýrarjarðvegur algengast. Rof úr bökkum lónsins er talið að verði í algeru lágmarki miðað við mörg önnur vötn og miðlunarlón. Af þeim ástæðum, sem hér að framan er rakið er lítil hætta á uppblæstri úr bökkum lónsins. Fínefnishlutfall strandefna er mjög lágt og verður enn lægra eftir lónmyndun, en það eru einmitt fínefnin í bökkum lóna sem valdið geta uppblæstri.
Fylgst verður reglulega með rofmyndun lónsins eftir myndun þess eins og við önnur miðlunarlón Landsvirkjunar bæði með árlegri skoðun og reglulegum myndatökum.
Komi til áfoks úr bökkum eða lónsbotni síðar meir er rétt að fylgjast með því eins og ráðið bendir á og kanna leiðir til úrbóta ef þörf verður fyrir.

2.5 Setmyndun í miðlunarlóni.
Bent er á að fylgjast þurfi með setmyndun í lónbotni, myndun nýrra Eyjabakka og ákveða þurfi hvað gera þurfi við leir þann , sem dæla þurfi úr botninum.

Núverandi stærð miðlunar í Eyjabakkalóni er áformuð 500 Gl (500 milljón rúmmetra), en heildarstærð lónsins er um 570 Gl. Áætlað magn aurs, sem áin flytur, er um 0,3 Gl árlega, sem byggist á mælingum um langt árabil. Þannig er ljóst að falli allur aur í lónbotn tekur áratugi eða aldir þar til aurinn verður til vandkvæða við rekstur virkjunarinnar. Aurkeila frá Jökulsá mun smám saman myndast efst í lóninu þar sem grófasti hlutinn fellur út, en fínefnið mun dreifast jafnt um allan lónbotninn. Að vori við lægstu vatnsstöðu verða eyrar ofan lónins á svipaðan hátt og nú eru á Eyjabökkum. Vegna þess hve botinn er láréttur er grunnvatn nálægt vatnsborði og mun það, eins og nú, væntanlega draga úr fokáhrifum fínefna. Í venjulegu árferði leysir snjóa ekki fyrr en komið er fram á sumar og hin háa grunnvatnsstaða í bökkum mun draga úr hættu á uppblæstri. Hinir "nýju Eyjabakkar" eða efstu aurar Jökulsár ofan lóns verða því minni útgáfa af núverandi Eyjabökkum, en trúlega með minni hættu á foki.
Loks er rétt að geta þess, að jökulhlaup í ánni hafa orðið nánast árlega að jafnaði í júní eða júlí við lægstu vatnsstöðu í lóni. Áhrif þeirra verða væntanlega

þau að grófur aur, sem sest efst í lónstæði mun berast niður í lónið og aurinn þannig dreifast betur um lónstæði en ella.

Landsvirkjun mun að sjálfsögðu fylgjast náið með myndun hins nýja lóns og umhverfi þess. Í því skyni hefur verið gerð nákvæm myndmæling í mkv. 1:5000 á af öllum lónbotninum á tölvutæku formi m.a. til að unnt verði með góðu móti að fylgjast með setmyndun og rofi síðar meir.
Sjálfsagt er að huga í tíma að heppilegu landsvæði fyrir uppdælingu á aur úr lóni, þó svo að ekkert bendi til þess að af slíku verði í bráð.

2.6 Aðkoma ferðafólks að Snæfellssvæði og Snæfellsskála.
Náttúruverndarráð óskar þess, að framkvæmdir hindri ekki aðkomu ferðamanna að ofangreindum svæðum.

Ekkert er því til fyrirstöðu að ferðamenn geti notað þá vegi, sem Landsvirkjun hefur byggt á svæðinu til að komast að þessum stöðum. Það hefur ávallt verið stefna fyrirtækisins að allir landsmenn fái að njóta þeirra samgöngubóta, sem fylgja byggingu nýrra virkjana, svo sem dæmin sýna sunnanlands og á Blöndusvæðinu. Á þann hátt fá nánast allir landsmenn möguleika á að njóta náttúru landsins á viðkomandi landsvæðum.
Hinsvegar er rétt að benda á að hinir nýju uppbyggðu vegir eru vinnuvegir á meðan á framkvæmdum stendur og hafa verktakar á svæðinu forgang á notkun þeirra á þeim tíma. Þannig getur komið til tafa á almennri umferð og tímabundinnar lokunar á uppbyggðum vegum um Fljótsdalsheiði vegna sérstakra flutninga á framkvæmdatíma. Þá væri hægt að beina almennri umferð á gömlu vegslóðina, sem liggur eftir heiðinni í dag. Væntanlega verður gerður uppbyggður vegur frá Laugarárstíflu upp með Laugará að Hölkná vegna framkvæmda á því svæði, en ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á vegum frá Hölkná að Snæfellsskála.

<u>Tilmæli Náttúruverndarráðs um ákveðna þætti við framkvæmdir.</u>

Líta verður á "skilyrði" ráðsins í bréfi þess sem tilmæli um að einstök upptalin atriði verði uppfyllt af Landsvirkjun. Landsvirkjun gerir eftirtaldar athugasemdir við tilmæli ráðsins:

2.A. Eftirlitsmaður með framkvæmdum.
Um árabil hefur Náttúruverndarráð haft eftirlitsmann með framkvæmdum við Blönduvirkjun, sem fylgst hefur reglulega með framkvæmdum. Hefur sú vinna verið unnin í ágætu samráði við verktaka og Landsvirkjun og engin ágreiningsmál hafa verið um framkvæmd eftirlitsins. Því er raunhæft að reikna með að sama fyrirkomulag verði við Fljótsdalsvirkjun og verksvið verði hið sama.

2.B. Lagning nýrra vega.

Ráðið fer fram á að "ekki verði lagðir nýir vegir nema í samráði við Náttúruverndarráð og samvinna verði höfð um hvernig umferð verði háttað um svæðið".

Landsvirkjun hefur þegar kynnt ráðinu þá varanlegu vegagerð, sem unnin hefur verið s.l. 2 ár. Ekki er unnt að staðsetja nákvæmlega legu allra vega á svæðinu, en varanlega vegi þarf að öllum meiri háttar mannvirkjum. Hins vegar er ljóst, að verktakar gera fjölda vinnuvega eða slóða á verktíma með skömmum fyrirvara vegna framkvæmdar við verkið. Gerð slíkra vega er í öllum tilvikum háð samþykki staðarverkfræðings Landsvirkjunar. Oftast eru þá gerðar kröfur um að verktaki fjarlægi veginn að verki loknu nema í einstöku tilvikum. Hefur þetta gengið vel og árekstralaust við landeigendur og eftirlitsmann ráðsins við Blönduvirkjun og er ekki ástæða til að hafa annan hátt á en þar var gert.

Varðandi skipulagningu umferðar um svæðið er ljóst, að vegir Landsvirkjunar verða opnir til frjálsra afnota fyrir verktaka og eftirlit á byggingartíma, jafnframt verða þeir opnir ferðamönnum til afnota, sbr. lið 6 í athugasemdum Náttúruverndarráðs hér að framan. Við rekstur virkjunarinnar mun helstu vegum um Fljótsdalsheiði að virkjunarmannvirkjum verða haldið við og verða þá væntanlega til afnota fyrir aðra lögum samkvæmt.

Sjálfsagt er að hafa fullt samráð varðandi stjórnun á umferð um ýmsa vegslóða, sem tengjast varanlegu vegum á Fljótsdalsheiði, enda verður umferð um þá væntanlega háð opnunartíma að vori og lokun að hausti samkvæmt reglum Vegagerðar ríkisins.

2.C. Útfærsluatriði varðandi efnisnám og efnisgeymslu.

Við útboð verka er verktökum bent á ákveðna efnistökustaði, sem álitlegir þykja og hafa verið rannsakaðir. Byggja þeir yfirleitt tilboð sín á þessum upplýsingum, þó dæmi séu um annað. Verktaki tilkynnir opnun þessara námusvæða á verkfundum á staðnum, en óski hann eftir opnun nýrra námusvæða er það háð samþykki eftirlits. Ávallt er ríkt gengið eftir því, að frágangur námusvæða sé vandaður og hafa verktakar nánast undantekningarlaust gengið vel frá námum og er gerð sérstök úttekt á frágangi þeirra í verklok eins og kveður á um í verklýsingu. Efnisvinnsla og umgengni í námu á verktíma er hinsvegar alfarið á ábyrgð verktaka.

Ekki er vitað til að efnisnám eða frágangur á efnistökustöðum hafi valdið teljandi landspjöllum á Þjórsársvæðinu eða við Blönduvirkjun. Eðlilegast er því að viðhafa hér sömu vinnubrögð og tíðkast hafa og fullt samráð verði um opnun námusvæða, nýjar námur og frágang þeirra. Í þessu sambandi er rétt að benda á nauðsyn þess að eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs hafi gott samstarf á verktíma við verktaka um almenn atriði varðandi umgengni og frágang námusvæða.

2.D. Unnið verði í samræmi við tillögur í bréfi Náttúruverndarráðs dags. 9. júlí 1991 um frekari rannsóknir.
Tilvitnuðu bréfi ráðsins hefur formlega ekki verið svarað, en Landsvirkjun hefur fallist á að gera nokkrar viðbótarrannsóknir, sem fram koma í bréfinu. Jafnframt eru í bréfinu talin upp atriði A, B og C hér að ofan, sem Landsvirkjun telur eðlilegt að verði útfærð á þann hátt, sem hér segir.

2.E. Skipulagning eða hindrun umferðar austan Eyjabakkalóns.
Útilokað er fyrir Landsvirkjun að hindra umferð austan Jökulsár eftir vegum, sem lagðir verða vegna virkjunarinnar nema að því marki, sem snertir öryggi vegfarenda og mannvirkja og á byggingartíma vegna nota á veginum við verkframkvæmdir.

Tekið skal hinsvegar undir það, að vegir að Sauðárvatni geta opnað slóðir að viðkvæmum stöðum, t.d. Lónsöræfum. Ástæða kann því að vera til að skipuleggja umferð inn á vegslóða á þessu svæði innan þeirra marka, sem eðlilegt getur talist lögum samkvæmt. Vegslóðar um þetta svæði eru fáir og land afar erfitt yfirferðar þannig að mikið verk er að byggja slóða út frá hinum væntanlega vegi að Sauðárveitu.

3. ATHUGASEMDIR FERÐAFÉLAGS FLJÓTSDALSHÉRAÐS.

3.1 Mótmæli við Grjótlækjarveitu.
Vísað er til svars 1.3. hér að framan við athugasemdum hreppsnefndar Fljótsdalshrepps og 2.2. við ahugasemdum Náttúruverndarráðs, en eins og fram hefur komið eru öll þessi mannvirki sýnd langtum veigameiri en þau verða í raun og viðbrögð manna mótast trúlega af því.
Hér er um að ræða að litlum lækjum verður veitt til norðvesturs í stað suðvesturs eins og nú er gert, en áður hafa lækirnir runnið yfir alla grjótkeiluna. Aksturleið yfir lækina ætti að verða óbreytt og Landsvirkjun mun tryggja að aðkoma að Snæfellsskála verði ekki síðri en nú er.

3.2. Aðkomugöng II.
Fallið hefur verið frá gerð þessara ganga eins og kemur fram í lið 1.3. hér að framan.

3.3 Gerð Hafursárskurðar.
Hönnun Hafursárskurðar hefur verið verulega breytt, eins og kemur fram í lið 1.2. og 2.1 hér að framan. Væntalega á félagið við þann hluta skurðarins, sem hætt er við þegar sagt er í athugasemdum þeirra að skurðurinn verði áberandi í landslaginu, enda er það réttmæt ábending.

Ferðafélagið sendi Landsvirkjun athugasemdir og fyrirvara vegna fyrirhugaðra framkvæmda við virkjunina í bréfi dags. 7.5.1991. Þar er bæði slegið úr og í með fyrirhugaðar samgöngubætur, annarsvegar er þess krafist að nýbyggðir vegir og vegir í byggingu séu öllum opnir og hinsvegar eru gerðir fyrirvarar um að þessar samgöngubætur kunni að valda félaginu tjóni og auknum kostnaði. Er rétt að líta á þetta bréf sem formlegar athugasemdir þó það hafi borist áður en auglýsing um virkjunina birtist.
Svör við einstökum liðum í bréfi félagsins fara hér á eftir.

3.4 Krafa um opinn veg á Fljótsdalsheiði.

Unnið hefur verið við varanlega vegagerð á Fljótsdalsheiði s.l. 2 ár og lítillega sumrin 1984 og 1985. Þessari vegagerð er ekki lokið og víða er aðeins vegslóði inn að Eyjabökkum. Vegurinn telst vera einkavegur í eigu og á ábyrgð Landsvirkjunar. Lögum samkvæmt er eiganda heimilt að loka veginum með vissum skilyrðum, ef ástæður eru fyrir hendi vegna öryggis eða tjóns á mannvirkjum. Til þess hefur komið í nokkur skipti bæði vegna úrrennslis og hættuástands í Bessastaðabrekku, svo og vegna stórskemmda, sem ferðamenn hafa valdið á veginum með akstri þar í vor- og vetrarleysingum. Til umferðartakmarkana kann að koma á meðan framkvæmdum stendur, eins og kemur hér fram í lið 2.6 hér að framan, en að þeim loknum ættu enga hömlur að vera á notkun vegarins.

3.5 Krafa um og mótmæli við vegasambandi inn undir Geldingafellsskála.

Félagið gerir kröfu um að komast að skála sínum við Geldingafell óhindrað á framkvæmdatíma og að þeim loknum. Ekkert er því til fyrirstöðu af hálfu Landsvirkjunar, á framkvæmdatíma er unnt að komast yfir á stíflu eða væntanlega brú neðan hennar og á rekstrartíma verður væntanlega gerð akbraut yfir farveginn, sem tengist vegi að Sauðárvatni.
Greiðfær leið verður að sumarlagi um Fljótsdalsheiði að Kelduá, eins og fram hefur komið. Hins vegar er ekki áformað að gera veg frá Kelduárlóni að Geldingafellsskála, sem er í um 4 km fjarlægð. Ekki er ljóst í bréfi félagsins hvaða röskun þessi vegur kunni að valda félaginu, hitt er nær sönnu að hann muni bæta og auðvelda alla aðkomu að skálanum, sem er erfið í dag.

3.6 Krafa um vegasamband með Laugará að Snæfellsskála og mótmæli við stíflugerð í Grjótlækjum.

Brú verður reist á farveg Laugarár þar sem Eyjabakkabraut þverar ána, enda þarf að tryggja eðlilegar samgöngur að Eyjabökkum allt árið. Ekkert er ákveðið um vegalagningu upp með Laugará frá stíflunni. Líklegast er þó að gerður verði varanlegur vegur upp með ánni norðanverðri að Hölknárstíflu og þaðan gerður vegslóði að Grjótárstíflu samhliða veituskurði. Sjá 2.6 hér ða framan.
Ekkert er því sem bendir til annars en núverandi vegslóði frá Laugará að Snæfellsskála haldi sér óbreyttur þannig að vegasamband við skálann verði sama og áður.

Í lið 3.1 hér að framan hefur verið svarað athugasemdum við veitu Grjótárlækja, en engar stíflur eru fyrirhugaðar þar nú, eins og mátti lesa af yfirlitskorti með auglýsingu um virkjunina.

3.7 Vandamál vegna bættra vega að Snæfellsskála.

Félagið bendir á að bættir vegir inn undir Snæfellsskála geti kallað á gæslu þar lengri tíma á ári en nú tíðkast vegna betri samgangna og lengri ferðamannatíma af þeim sökum.

Eins og kom fram hér að ofan í lið 3.6 hefur Landsvirkjun engin áform um að gera betri veg að Snæfellssskála frá Laugará. Vegakaflinn frá Laugará að skálanum er sá hluti aðkomu að skálanum, sem seinast opnast að vori og fyrst lokast að hausti. Ótti félagsins er því með öllu ástæðulaus. Hinsvegar má spyrja hvort bættar samgöngur að skálanum almennt séu ekki til hagsbóta fyrir ferðamenn á Austurlandi og Héraði.

4. ATHUGASEMDIR HELGA HALLGRÍMSSONAR, EGILSSTÖÐUM.

Helgi sendir bréf með athugasemdum um virkjunina ásamt grein úr fréttablaðinu Austra, þar sem aðrar athugasemdir hans koma fram. Verður hér að neðan svarað athugasemdum í bréfi Helga, en síðan vikið að einstökum atriðum úr blaðagrein hans.

4.1 Efnisnámur.

Það er rétt að á litlu yfirlitskorti er ekki fjallað um hugsanlegar efnisnámur, enda er ekki vitað á þessu stigi undirbúnings hvaða námur verða nýttar og hverjar ekki. Hinsvegar voru upplýsingar námusvæði veittar til aðila, sem óskuðu eftir því. Námuvinnsla við Fljótsdalsvirkjun verður óvenju lítil miðað við aðrar stórvirkjanir, sem reistar hafa verið hérlendis. Stíflur eru flestar litlar, en þar sker Eyjabakkastífla sig þó úr, en hún verður um 1,3 milljón m^3. Ekki er gert ráð fyrir neinum námum á viðkvæmum svæðum eða algrónu landi.

4.2 Aðkomugöng II og rof og uppblástur vegna Eyjabakkalóns.

Sjá svör hér að framan við þessum atriðum í liðum 1.3 og 2.4.

4.3 Yfirfall Eyjabakkastíflu.

Helgi gerir athugasemdir við staðsetningu yfirfalls Eyjabakkstíflu austan ár vegna þess að Eyjabakkafoss verði þá ávallt vatnslaus.

Jarðfræðilega aðstæður eru þannig á svæðinu að ekki kom önnur staðsetning til greina fyrir yfirfall en þessi bæði tæknilega, fjárhagslega og út frá umhverfissjónarmiðum. Yfirfall vestan ár hefði verið staðsett nálægt miðri stíflunni þar sem djúpt er á berg og flóðfarvegur hefði valdið miklum

skemmdum á gróðri og landi auk þess sem flóðfarvegur frá yfirfalli þeim megin hefði einnig opnast í farveg árinnar þar neðan við fossinn.
Unnt verður að skoða Eyjabakkafoss við ákveðnar aðstæður áfram, þ.e. þegar botnrás stíflunnar verður höfð opin, en ekki er gert ráð fyrir að slíkt verði gert nema einstaka tilvikum eftir að virkjunin hefur rekstur og umframrennsli úr lóni fari að öðru jöfnu um yfirfall. Ekki er líklegt að landskemmdir verði af flóðvatni frá yfirfalli og líklegt að vatni verði haldið í afmörkuðum flóðfarvegi eða látið falla niður í grjótnámu vegna stíflugerðarrinnar, sem verður neðan við yfirfallið og þaðan út í farveg árinnar..

4.4 Vegagerð í Norðurdal.

Á s.l. sumri kom fram hugmynd hjá lægstbjóðendum í byggingu stöðvarhúss, aðrennslisganga og Eyjabakkastíflu ásamt tilheyrandi mannvirkjum að gera 19 km akveg inn Norðurdal frá stöðvarhússsvæði að aðkomugöngum III, en þau verða megin vinnusvæði við jarðgangagerðina á framkvæmdatíma virkjunarinnar. Þessi vegur myndi spara verulegar upphæðir í flutnings- og ferðakostnaði og verða auðveldari aðkomuleið að vetri til milli vinnustaða. Samkvæmt tillögunum var lega vegarins fyrirhuguð gegnum Kleifarskóg á 400-500 m kafla, sem er mjög erfiður og viðkvæmur vegna skógarkjarrsins, en að öðru leyti er vegstæði mjög gott inn dalinn.

Engar viðræður hafa farið fram við verktaka, sveitarstjórn, Skógrækt ríkisins eða Náttúruverndarráð um gerð þessa vegar, en hefur lauslega verið kynnt ofangreindum aðilum. Þessi vegagerð er á hugmyndarstigi og engin ákvörðun hefur verið tekin um hana, enda er óvíst um hagkvæmni hennar eftir að uppbyggður vegur er kominn um heiðina. Komi til þess mun Landsvirkjun hafa fullt samráð við alla hagsmunaaðila um þessa framkvæmd.

4.5 132 kV lína frá stöðvarhúsi að byggðalínu.

Hér er um að ræða aðra megintengingu Fljótsdalsvirkjunar við raforkudreifikerfi landsins, þ.e. tengingu byggðalínu að og frá stjórnhúsi virkjunarinnar.
Náttúruverndarráð og Skipulag ríkisins hafa fallist á byggingu línunnar á þessum kafla og línustæðið er orðið staðfest skipulag af ráðherra.

4.6 Athugasemdir í blaðinu Austra 24. okt. 1991.

Helgi ritar grein í Austra 24. okt. 1991 og óskar eftir því í bréfi dags. 29.10.1991 með framangreindum athugasemdum að grein hans verði einnig skoðuð sem athugasemdir um virkjunina.
Meginefni greinarinnar er lýsing á veitum virkjunarinnar og fyrirsögnin gefur til kynna innihaldið: "Á að girða Snæfell af með skurðum". Segir hann að ætlun Landsvirkjunar sé að hringgirða Snæfell og Snæfellshnjúka af með stíflulónum og veituskurðum. Lýsir hann síðan veitunum hverri fyrir sig eins og þær voru fyrirhugaðar á þeim tíma, sem virkjunin er auglýst og yfirlitskort af henni gefur til kynna. Er vísað til þess, sem hér að framan er sagt um þær breytingar á

hönnun Grjótár- Hölknárveitu eftir að nákvæmari kort voru gerð. Gert er ráð fyrir að veituskurður frá Grjótárlóni (um 17 ha) verði 2-3 m á dýpt og u.þ.b. 1400 m á lengd að drögum Hölknár norðan Grábergshnjúka, en þaðan mun rennsli verða eftir þeim vatnsfarvegum, sem fyrir eru. Þessi skurður mun ekki sjást frá þeim vegslóðum, sem liggja að Snæfellsskála. Frá Hölknárlóni (um 73 ha) verður grafinn skurður, um 4,0 m á dýpt, um 900 m leið yfir að drögum Laugarár. Þaðan verður rennsli í farvegi Laugarár að inntakslóni (um 12 ha) og stíflu. Auk gangainntaks verða botnrásir og yfirfall í stíflunni til að veita umframvatni framhjá og til útskolunar á malarefnum úr lóni. Vatn mun því renna niður farveg Laugarár alloft að vori og snemma sumars, en gert er ráð fyrir að um 20 % ársrennslis nýtist ekki til virkjunar og fari niður farveg árinnar. Fossar í Laugará munu því verða áfram sýnilegir flest ár á ofangreindum árstíma. Samtals er gert ráð fyrir að rennsli Grjótár, Hölknár og Laugarár verði um 11% af meðalrennsli virkjunarinnar.
Eins og sjá má af þessari lýsingu eru skurðir sáralítil mannvirki á þessu svæði og lónin verða mjög lítil eða samtals um 1 km^2.
Það er því alrangt, sem kemur fram í grein Helga að þessi veitumannvirki verði mjög áberandi í landinu og einnig að þau muni hindra umferð manna og dýra. Líklegt er að brú verði reist á veituskurð frá Hölknárlóni vegna vegatengingar niður í Hrafnkelsdal, en að öðru leyti ætti umferð ekkert að raskast á þessu svæði. Ekki er gert ráð fyrir að veitan muni valda röskun á ferðum sauðfjár á beitartíma þeirra að sumri og enn síður hamla för hreindýra. Í vorleysingum verða þessar ár hinsvegar illfærar mönnum og skepnum eins og verið hefur.

Helgi telur réttilega, að "efnisnám í stíflur og uppgröftur úr skurðum muni valda raski". Röskun í landi verður óhjákvæmileg við alla efnisflutninga, en í mismiklum mæli eftir umfangi verka og aðstæðum. Efnisnám í stíflur og uppgröftur úr skurðum í Grjótár-Hölknárveitu verður í litlum mæli eins og að framan kemur og verða ummerki í landinu eftir námur væntanlega lítil innan fárra ára. Hinsvegar verður allmikil náma opnuð austan Jökulsár vegna Eyjabakkastíflu, eins og fyrr segir.

Um gagnrýni Helga á Hafursárskurð vísast í lið 1.2. hér að framan varðandi væntanlegar breytingar á hönnun skurðarins.

5. ATHUGASEMDIR NÁTTÚRUVERNDARSAMTAKA AUSTURLANDS.

5.1 Veita á Grjótlækjum til Grjótárveitu.

Samtökin leggjast eindregið gegn veitu Grjótárlækja yfir á vatnasvið Grjótár.
Hér vísast í lið 1.1 hér að framan varðandi svör við þessum atriðum.

5.2 **Gerð Hafursárskurðar.**
Eins og kemur fram hér að framan í liðum 1.2 og 2.1 hefur verið fallið frá gerð skurðar autan við Hafursá í hlíðum Sandfells. Vísast til þeirra liða með frekari svör.

5.3 **Aðkomugöng II.**
Fallið hefur verið frá gerð þessara ganga eins og kemur fram undir lið 1.3 hér að framan.

5.4 **Rof og uppblástur úr bökkum Eyjabakkalóns.**
Um þetta atriði vísast til þess, sem sagt er í lið 2.4. hér að framan.

5.5 **Aðkoma ferðafólks á Snæfellssvæðið og tryggt verði að mannvirki verði sem minnst áberandi við Grjótár-Hölknárveitu.**

Varðandi aðkomu ferðafólks að Snæfellsskála og að Snæfellssvæðinu vísast til þess, sem sagt er undir lið 2.6. hér að framan.
Varðandi Grjótárveitu og Hölknárveitu vísast í liði 1.1 og 2.3.

Að lokum minnir NAUST á það, að virkjanaframkvæmdir hafi mikil áhrif á náttúru landsins og ekki sé auðvelt að lagfæra mistök, sem gerð hafa verið í umgengni við landið. Tekið skal undir þau sjónarmið að virkjanir geti haft mikil áhrif á náttúrufar á virkjanasvæðum, bæði vegna röskunar á landi og vegna rennslisbreytinga, en þessi áhrif verða í mismiklum mæli eftir aðstæðum á hverjum stað.
Loks árétta samtökin nauðsyn þess, að okkur beri að varðveita náttúruperlur okkar fagra lands. Tekið skal undir þau niðurlagsorð í hinu málefnalega bréfi samtakanna.

6. ATHUGASEMDIR FRÁ FERÐAMÁLASAMTÖKUM AUSTURLANDS.

6.1 **Aðkomugöng II.**
Hér vísast í lið 1.3 hér að framan um það að hætt verður við aðkomugöng II.

6.2 **Hafursár-, Grjótár-, Hölknár og Laugarárveitur.**
Athugasemdir ferðamálasamtakanna við þessum veitum eru í sama anda og kemur fram í grein Helga Hallgrímssonar í Austra 24. okt. 1991, sbr. lið 4.6 hér að framan.
Efnislega beinast athugasemdir að því, sem segir í þriðju málsgrein þessa hluta athugasemdanna: "Hætt er við að hin mikla mannvirkjagerð með tilheyrandi skurðum, stíflum og uppistöðulónum komi til með að breyta landslaginu til hins verra og hafa verulega sjónmengandi áhrif."

Eins og kemur fram í lið 1.2 og 2.1 hefur hönnun Hafursárskurðar verið breytt þannig að hann verður helmingi styttri en áður var ráðgert, þ.e. hætt er við austasta hluta skurðarins undir hlíðum Sandfells.
Hvað varðar Grjótár-, Hölknár og Laugarárveitur vísast í liði 1.1., 2.3 og 4.6 hér að framan. Öll þau mannvirki, sem talin eru í athugasemdunum að hafi verulega sjónmengandi áhrif og breyti landinu til hins verra, eru mjög lítil og munu varla sjást frá núverandi alfaraleiðum.

Hin athugasemd samtakanna, sem rétt er að svara er eftirfarandi: ---"hætt er við að þessi mannvirki, þ.e.a.s. skurðir stíflur og uppistöðulón komi til með að verða hinn mesti farartálmi fyrir ferðamenn, sem leggja leið sína um svæðið."
Þessu verður trúlega alveg öfugt farið eins og hinn stóraukna umferð undanfarin ár um þetta svæði sannar. Það er vegagerð vegna undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar, sem hefur gert mönnum kleift að skoða þetta fagra landsvæði með venjulegum ferðamáta. Vegir og aðkoma að Snæfellssvæðinu mun batna er nær dregur að því að framkvæmdir hefjast og verða væntanlega til þess að auka ferðamannastraum enn frekar síðar meir.
Sjá að öðru leyti svar við athugasemdum frá Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs, lið 3.4-3.7 hér að framan.

7. ATHUGASEMDIR FRÁ MENNINGAMÁLARÁÐI EGILSSTAÐABÆJAR.

7.1 Hafursár-, Grjótár- og Hölknárveita.

Menningarmálaráðið mótmælir harðlega ofangreindum veitum og leggur þunga áherslu á að svæðinu vestan við Snæfell verði ekki raskað. Hér vísast til svara í liðum 1.1, 2.3 og 4.6 hér að framan.
Einnig telur ráðið að hugmyndir um Hafursárveitu og skurð í tengslum við hana boði stórfelld umhverfisspjöll. Hér er væntanlega átt við veituskurð austan við Hafursá, sem nú hefur verið hætt við, sbr. svör við liðum 1.2 og 2.1.

7.2 Bílaumferð inn á viðkvæm svæði austan við Eyjabakkastíflu.

Ráðið tekur vara við að umferð sé hleypt inn á viðkvæm svæði austan við Eyjabakkastíflu.
Ekki er vitað hvaða svæði er þarna átt við. Samskonar sjónarmið kemur fram í athugasemdum Náttúruverndarráðs og fjallað er um í lið 2. E. hér að framan og vísast til þess.

7.3 Mótmæli við aðkomu II.

Hér vísast til fyrri svara sbr. lið 1.3.

7.4 Frágangur á úteknu efni úr aðrennslisgöngum.

Ráðið leggur áherslu á "að fyllstu umhverfissjónarmiða verði gætt við frágang þess efnis, sem fyrirséð er að falli til við gerð aðrennslisganga Fljótsdalsvirkjunar".

Talið er að útekið efni úr aðrennslisgöngum geti orðið 1,0-1,2 milljón m^3 samtals og að líkindum mun það að stærstum hluta verða flutt út við aðkomugöng III.

Þetta er því þörf ábending og virkjunaraðila er það ljóst að frágang á efnishaugum þarf að vanda, bæði þarf að velja þeim heppilega staði og ganga frá þeim þannig að þeir falli sem best inn í landið. Einnig þarf að græða þá upp strax og færi gefst á og, ef mögulegt er, með svipuðum gróðri og fyrir er á heiðinni.

8. ATHUGASEMD JÓNÍNU ÓSKAR, RÓSU OG HÓLMFRÍÐAR JÓNSDÆTRA.

Þessi athugasemd er eðlilegur, almennur fyrirvari um að þær áskilji sér rétt til bóta, ef um röskun eða spjöll verður að ræða á landi þeirra, en þær eiga saman 1/4 af landi Langhúsa. Jörðin liggur gegnt frárennslisskurði og aðkomugöngum virkjunarinnar og eru mörk hennar litlu þar ofar.

Ekki er unnt að sjá hvort um einhverja röskun verður að ræða vegna virkjunarinnar á landi jarðarinnar. Hugsanlegt er að vegur verði lagður að virkjunarstað um land jarðarinnar og bætur fyrir slíka röskun, land og efnisnám, verða væntanlega samkvæmt reglum Vegagerðar ríkisins. Einnig þarf að semja um bætur fyrir 132 kV tengilínu við byggðalínuna, en hún liggur á um 2 km kafla um land jarðarinnar.

Eins og fram kemur hér að framan hafa orðið nokkrar breytingar á tilhögun mannvirkja á síðustu mánuðum með ítarlegri hönnun þeirra og betri upplýsinga um landfræðilegar og vatnafarslegar aðstæður á svæðinu. Jafnframt hafa samningaviðræður við lægstbjóðanda í helstu mannvirkjagerð virkjunarinnar í október 1991 leitt til breytinga. Þessar breytingar eru allar góðu heilli í þá veru að draga úr óhjákvæmilegri röskun á umhverfi, sem fylgir ávallt framkvæmdum. Flest þau mannvirki, sem athugasemdir beinast að hefur annaðhvort verið hætt við (aðkomugöng II) eða einfölduð verulega miðað við forsendur í auglýsingu um virkjunina (Hafursárskurður, Grjótárveita).

Ekki er á þessu stigi hægt að sjá fyrir aðrar breytingar á virkjanatilhögun í megindráttum en þær, sem hér að framan hefur verið lýst.

Bréf Landsvirkjunar til hreppsnefndar Fljótsdalshrepps.
(13. maí 1992.)

Varðar: **Virkjun Jökulsár í Fljótsdal.**

Eins og yður er kunnugt hyggst Landsvirkjun ráðast í byggingu Fljótsdalsvirkjunar á næstu árum verði af áformum um byggingu nýs álvers á Keilisnesi. Hefur tilhögun virkjunarinnar verið kynnt fyrir hreppsnefndinni, íbúum hreppsins og á almennum fundi á Egilsstöðum í ársbyrjun 1991.

Með bréfi dags. 30. nóvember 1990 heimilaði hreppsnefnd Fljótsdalshrepps framkvæmdir við gerð aðkomuganga að stöðvarhúsi virkjunarinnar í samræmi við 5. grein skipulagslaga nr. 19 frá 1964 með áorðnum breytingum nr. 31 frá 1978. Framkvæmdir hófust í desember 1990 og þegar grafnir höfðu verið 155 m í apríl 1991, var ákveðið að fresta um sinn frekari framkvæmdum. Á árinu 1991 var lokið lagningu vegar frá Grenisöldu inn fyrir Laugará, að undanskildu ræsi í ána og ýmissi frágangsvinnu. Jafnframt var gerð um 1 ha malarfylling inn við Eyjabakka undir væntanlegar vinnubúðir.

Í maí 1991 voru opnuð tilboð í byggingu Eyjabakkastíflu, gerð aðrennslisganga og stöðvarhúss, framleiðslu og uppsetningu rafala og hverfla en þessi verk nema um 70% af áætluðum heildarkostnaði við virkjunina.

Vegna aðstæðna á álmörkuðum hefur, sem kunnugt er, verið frestað að ganga frá samningum um byggingu hins nýja álvers og tímasetningar um framkvæmdir við virkjunina hafa þar af leiðandi ekki verið ákveðnar né gengið frá samningum við verktaka. Hinsvegar verður áfram í nokkrum mæli unnið að undirbúningi og hönnun virkjunarinnar í þeim tilgangi að gera hana hagkvæmari og einnig til að geta fyrr hafið framkvæmdir þegar ákvörðun liggur fyrir um byggingu álversins. Jafnframt gefur þessi tími Landsvirkjun ráðrúm til að skoða betur tilhögun einstakra hluta virkjunarinnar í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið.

Með bréfi dagsettu. 24. apríl 1991 féllst iðnaðarráðherra á áform Landsvirkjunar um virkjun Jökulsár í Fljótsdal og veitti fyrirtækinu leyfi fyrir 210 MW Fljótsdalsvirkjun ásamt aðalorkuveitum sbr. 7. grein laga um Landsvirkjun nr. 42 frá 1983. Í samræmi við ákvæði vatnalaga birti ráðuneytið auglýsingu í Lögbirtingablaðinu varðandi hina ráðgerðu virkjun þar sem þeim, sem hagsmuna eiga að gæta, var gefið tækifæri til að koma á framfæri

athugasemdum við virkjunaráformin. Eins og venja hefir verið er leyfið bundið því skilyrði að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra vandamála, sem kunna að rísa vegna framkominna athugasemda. Auglýsing um virkjunina var síðan birt í 99., 106. og 110 tbl. Lögbirtingarblaðsins í ágúst og september 1991. Frestur til að skila athugasemdum var til 1. nóvember 1991 og bárust ráðuneytinu formlega 8 athugasemdir frá hagsmunaaðilum, sem hér fylgja sem fylgiskjöl. Landsvirkjun hefur nú tekið saman meðfylgjandi greinargerð, dags. 18.02.1992 þar sem svarað er, eins og efni standa til, athugasemdum er bárust við auglýsingu iðnaðarráðuneytisins um virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Eins og fram kemur í áðurnefndri greinargerð Landsvirkjunar, dags. 18.02.1992 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á tilhögun Fljótsdalsvirkjunar frá því að virkjunarleyfið var gefið út og virkjunin auglýst. Flestar þessar breytingar hafa verið gerðar í kjölfar aukinna rannsókna og endurskoðunar á hönnun svo og nýrra mælinga og kortagerðar á árinu 1991 og leiða breytingarnar til þess að minni umhverfisröskun verður en áður var talið.

Helstu breytingar eru þessar:

1. Sumarið 1991 var svæðið frá Hölkná að upptökum Grjótár kortlagt í mkv. 1:5000 og í framhaldi af því kom í ljós að fyrirhuguð mannvirki Grjótárveitu og Hölknárveitu verða mun minni en áður var talið nauðsynlegt.

2. Við nánari athugun á svonefndri Hafursárveitu kom í ljós, að rennsli úr hlíðum Sandfells er mun minna en gert hafði verið ráð fyrir vegna gljúpari jarðlaga. Af þeim sökum er ekki talið hagkvæmt að veita meira vatni inn í miðlunarlón en Hafursánni sjálfri.

3. Í ljós hefur komið að hagkvæmara verður að ætla aðrennslisgöngum virkjunarinnar stað nokkru vestar og nær fyrirhugaðri stíflu og inntaki við Laugará en áður var áformað. Með því móti er unnt að hætta við aðkomugöng II við Laugará.

Með ofangreindum breytingum er í veigamiklum atriðum komið til móts við flestar athugasemdir, sem bárust í kjölfar auglýsingar iðnaðarráðuneytisins um virkjunina. Er nánar fjallað efnislega um þær í meðfylgjandi greinargerð Landsvirkjunar, sem áður er getið og dagsett er 18.02.1992.

Að höfðu samráði við skipulagsstjóra ríkisins fer Landsvirkjun þess hér með á leit við hreppsnefnd Fljótsdalshrepps að hún leyfi á grundvelli 5. gr. skipulagslaga frá 21. maí 1964 með áorðnum breytingum byggingu virkjunarinnar, eins og henni er lýst í meðfylgjandi gögnum. Fulltrúar Landsvirkjunar eru reiðubúnir til að mæta á fund hreppsnefndarinnar og gefa frekari skýringar á fyrirkomulagi virkjunarinnar.

Landsvirkjun vonast eftir því að góð samvinna muni takast milli fyrirtækisins, hreppsnefndarinnar og íbúa á svæðinu um undirbúning, framkvæmd og rekstur Fljótsdalsvirkjunar.

Virðingarfyllst,

Halldór Jónatansson
forstjóri

Fylgiskjöl:
1. Bréf iðnaðarráðuneytis um leyfisveitingu til Landsvirkjunar um virkjun Jökulsár í Fljótsdal, dags. 24.04.1991.
2. Athugasemdir við auglýsingu iðnaðarráðuneytis frá eftirtöldum aðilum:
   -Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps, dags. 29.10.1991.
   -Náttúruverndarráði, dags. 31.10.1991.
   -Stjórn Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, dags. 16.10.1991.
   -Helga Hallgrímssyni, Egilsstöðum, 29.10.1991.
   -Náttúruverndarsamtökum Austurlands, dags. 11.10.1991.
   -Ferðamálasamtökum Austurlands, dags. 28.10.1991.
   -Menningarmálaráði Egilsstaða, dags. 25.10.1991.
   -Athugasemd frá Jónínu Ósk, Rósu og Hólmfríði Jónsdætrum, dags. 31.10.1991.
3. Greinargerð Landsvirkjunar um athugasemdir vegna auglýsingar um virkjun Jökulsár í Fljótsdal, dags. 18.02.1992.
4. Fljótsdalsvirkjun. Helstu einkennisstærðir, dags. 07.05.1992.
5. Eftirtaldar teikningar og kort:
   a. Fljótsdalsvirkjun yfirlitsmynd, dags. 09.03.1992.
   b. Fljótsdalsvirkjun, 210 MW, teikning nr. 90-47..
   c. Fljótsdalur, aðkomuhús - skipulag. Teikning nr. 90.324.63-20, dags. nóv. 1991.
   d. Fljótsdalsvirkjun - aðkomuhús, dags. 30.11.1991.
   e. Fljótsdalsvirkjun, aðkoma - frárennsli, dags. 20.01.1991.
   f. Fljótsdalur - almennt, vinnusvæði við Eyjabakka, teikning nr. 712.41-0-08, dags. mars 1991.
   g. Fljótsdalur - veitur, Grjótárveita - Hölknárveita, Laugarárveita, yfirlitsmynd. Teikning nr. 90.324.81-01 (ísl.), dags. jan. 1992.

Samrit: Skipulag ríkisins

Bréf sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps til Landsvirkjunar.
(24. júní 1992.)

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur borist ósk Landsvirkjunar þess efnis að hún heimili byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Þá hefur einnig borist greinargerð Landsvirkjunar um athugasemdir sem bárust vegna auglýsingar á tilhögun virkjunarinnar. Sveitarstjórnin hefur ekki tekið endanlega afstöðu til þessara mála og telur æskilegt að aðilar fundi um þessi mál og önnur sem sveitarstjórnin hefur áhuga á að ræða svo sem:

1. Samninga og uppgjör á þeim kostnaði sem orðinn er vegna undirbúnings samningagerðar.
2. Frágang á námum og öðru jarðraski vegna framkvæmda undanfarinna ára.
3. Viðhald á vegum og slóðum.
4. Afnot af vinnubúðum við Laugarfell eða kaup á þeim svo og einum svefnskúr að auki.
5. Hugsanlega þátttöku Landsvirkjunar varðandi endurbætur á slóð í átt að Eyvindarfjöllum.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar,

Hjörtur E Kjerúlf.

IV. HLUTI
SKRÁ YFIR ÚTGEFIN RIT OG SKÝRSLUR VEGNA FLJÓTSDALSVIRKJUNAR

Útgefnar skýrslur og greinargerðir um Fljótsdalsvirkjun

Almenna verkfræðistofan: *Fljótsdalsvirkjun : Eyjabakkastífla : Samanburður stífluvalkosta* / Almenna verkfræðistofan ; Landsvirkjun ; Pétur Stefánsson ; Jón Skúlason. - , Des. 1989. - 10 s. : töflur ; 30 sm.

Almenna verkfræðistofan: *Fljótsdalsvirkjun : Eyjabakkastífla athugun á lausum jarðlögum í farvegi Jökulsár* / Almenna verkfræðistofan ; Landsvirkjun. - , Apr. 1983. - 8 s. : kort, línurit, töflur ; 30 sm.

Almenna verkfræðistofan: Fljótsdalsvirkjun. Niðurstöður athugana á byggingarefnum fyrir stíflur við Eyjabakka og Sauðárveitu. - Reykjavík : AV, 1982 04

Almenna verkfræðistofan: Fljótsdalsvirkjun. Sumar- og haustflóð í Jökulsá við Eyjabakka. - Reykjavík : AV, 1981 12

Almenna verkfræðistofan: *Fljótsdalsvirkjun : Útlögn á asfaltkjarna : Frásögn af skoðunarferð til Þýskalands og Austurríkis* / Almenna verkfræðistofan ; Landsvirkjun ; Björn Stefánsson ; Jón Skúlason. - , Nóv. 1990. - 4 s. : myndir ; 31 sm.

Almenna verkfræðistofan: *Fljótsdalsvirkjun : Vindhraði : Hveravellir og Höfn* / Almenna verkfræðistofan. - , Jan. 1982. - 7 s. : línurit, teikn., töflur ; 30 sm.

Almenna verkfræðistofan: *Fljótsdalsvirkjun Eyjabakkastífla : Athugun á byggingarefnum árið 1982* / Almenna verkfræðistofan ; Landsvirkjun. - , Maí 1983. - 11 s. : kort, línurit, töflur ; 30 sm.

Almenna verkfræðistofan: *Fljótsdalur II : Drög að áætlun og ýmsar samanburðarathuganir* / Almenna verkfræðistofan ; Landsvirkjun. - , Feb. 1992. - 7 s. : kort, línurit, töflur ; 30 sm.

Almenna verkfræðistofan: *Hönnun Eyjabakkastíflu og stífla á Sauðárveitu* / Almenna verkfræðistofan ; Rafmagnsveitur ríkisins. - , Jún. 1982. - 16 s : kort, teikn. ; 30 sm.

Almenna verkfræðistofan: *Virkjun Jökulsár í Fljótsdal III Múlavirkjun* / Almenna verkfræðistofan ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Orkustofnun ; VST. - , Maí 1980. - 85 s. : kort, töflur ; 30 sm.

Anna Dóra Sæþórsdóttir: *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku* / Anna Dóra Sæþórsdóttir ; Landsvirkjun ; Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. - , Jan. 1998. - 118 s. : kort, myndir ; 30 sm.

Björn Stefánsson: *Design considerations for an underground power plant in basalt in Iceland. (Fljótsdalsvirkjun).*. - Berkeley : University of California, 1981

Electrowatt: Fljótsdalur Hydroelectric Project. Geotechnical exploration programme for headrace and pressure tunnel. - Electrowatt, 1990 06

Eyjabakkar [Myndband] : þyrluflug yfir Eyjabakkasvæðið / Landsvirkjun. - Reykjavík : Landsvirkjun, 1992. - ; u.þ.b. 6 mín.

Fljótsdalur Engineering Joint Venture. *Fljótsdalur Hydroelectric Project. Design memoranda / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture. - , Dec. 1991. - Óreglul. blst.*

Fornleifastofnun Íslands: *Fornleifakönnun vegna Fljótsdalsvirkjunar* / Fornleifastofnun Íslands ; Adolf Friðriksson. - , 1998. - 21 s. : kort, myndir, teikn. ; 30 sm. - (FS ; 053-98141).

Háskóli Íslands. Upplýsinga- og merkjafræðistofa: *Talning hreindýra með myndatöku úr flugvél á lónsstæði Eyjabakkalóns 3. sept. 1993* / Háskóli Íslands. Upplýsinga- og merkjafræðistofa ; Kolbeinn Árnason ; Ásmundur Eiríksson. - , Sep. 1993. - 6 s. : kort, myndir ; 30 sm. - (Upplýsinga- og

Bókasafn Landsvirkjunar 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki hjá LV.

merkjafræðistofnun Háskóla Íslands ; F93091).

Hönnun: Greinargerð um áfangabyggingu Fljótsdalsvirkjunar. - Reykjavík : Hönnun, 1984 12

Hönnun: *Fljótsdalsvirkjun ritaskrá* / Hönnun ; Landsvirkjun ; Ólafur Sigurðsson. - , Okt. 1983. - 26 s. ; 32 sm.

Hönnun: *Jökulsá í Fljótsdal : Múlavirkjun, framvinduskýrsla I* / Hönnun. - , Júl. 1979. - Óreglul. blst. : línurit, töflur ; 32 sm.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið: Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku. - Reykjavík : Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, 1998 01

Iðnaðarráðuneytið: *Virkjanir norðan Vatnajökuls : Upplýsingar til undirbúnings stefnumótun* / Iðnaðarráðuneytið. - , Ág. 1994. - 72 s. : myndir ; 30 sm.

Jarðboranir: *Fljótsdalur Hydroelectric Project : Hydraulic Jacking of natural fractures on headrace tunnel route* / Jarðboranir ; Landsvirkjun ; Bjarni Bjarnason ; Snorri Zóphóníasson. - , Okt. 1990. - 23 s. : kort, teikn., töflur ; 30 sm.

Klettur verkfræðistofa: Fljótsdalsvirkjun - öldurof - bráðabirgðaniðurstöður. - Reykjavík : Klettur, 1998 11

Krafttak: *Fljótsdalsvirkjun* / Krafttak ; VST ; Landsvirkjun. - , Maí 1989. - 6 s. : kort, teikn., töflur ; 30 sm + kort og teikningar.

Landsvirkjun: *450 kV jafnstraumslína frá Fljótsdalsvirkjun til Reyðarfjarðar : Forhönnun og kostnaðaráætlun* / Landsvirkjun ; Línuhönnun ; Verkfræðistofan Afl ; Árni Björn Jónasson et.al. - , Maí 1995. - Óreglul. blst. : teikn., töflur ; 30 sm.

Landsvirkjun: Austurlandsvirkjun. Virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár á Fjöllum. Fljótsdalsvirkjun II, Arnardalsvirkjun, Brúarvirkjun. Frumhönnun. Áfangaskýrsla.. - Reykjavík : Landsvirkjun, 1992 12

Landsvirkjun: Áfangaskýrsla II - Endurskoðun hönnunarforsendna vatnsaflsvirkjana og mat á tæknilýsingum útboðsgagna. - Reykjavík : LV, 1992 07

Landsvirkjun: *Bestun vatnsorkuvera : Greinargerð um forritið HYDRA* / Landsvirkjun ; VST. - , Apr. 1997. - 9 s. : töflur ; 30 sm. - (VST ; 96.311).

Landsvirkjun: Engineering design and tender documents for Fljótsdalur Hydroelectric Project. - Reykjavík : LV, 1990 05

Landsvirkjun: *Ferð á vegum stjórnar Landsvirkjunar um Þjórsársvæðið, Mývatnssvæðið og virkjunarsvæði norðan Vatnaj : 24. - 26. júlí 1996* / Landsvirkjun. - , Júl. 1996. - Án blst. : kort, teikningar ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Ferð stjórnar Landvirkjunar um virkjunarsvæði Fljótsdals- og Kárahnúkavirkjunar 21. ágúst 1998 : Dagskrá funda með heimamönnum um virkjunaráform og umhverfismál virkjana á Austurlandi 22. ágúst 199* / Landsvirkjun. - , Ág. 1998. - Óreglul. blst. : kort ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Fljótsdalslína 1 : Val á línuleið : Forathuganir* / Landsvirkjun ; Hönnun. - : Landsvirkjun, Sep. 1989. - 11 s. : Kort, töflur ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Fljótsdalslína 1 Fljótsdalsvirkjun - Veggjafell : Frummat á umhverfisáhrifum* / Landsvirkjun ; Hönnun hf. ; Línuhönnun. - , Jún. 1995. - 62 s. : Myndir ; 30 sm.

Landsvirkjun. Verkfræðideild: *Fljótsdalslína 1 Fljótsdalsvirkjun - Veggjafell : Frummat á umhverfisáhrifum : Fylgirit : Loftmyndir af línustæði í mælikvarða ca. 1:100.000* / Landsvirkjun. Verkfræðideild ; Hönnun ; Línuhönnun. - , Jún. 1995. - Óreglul. blst. : loftmyndir ; 30 sm.

Landsvirkjun: Fljótsdalsvirkjun. Áætlaður kostnaður. - Reykjavík : VST, 1992 06

Landsvirkjun: Fljótsdalsvirkjun. Áætlaður kostnaður. - Reykjavík : VST, 1992 11

Landsvirkjun. *Fljótsdalsvirkjun. Eyjabakkabraut. Útboðslýsing / Landsvirkjun ; Landsvirkjun. - , Ág.*

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

1989. - 2 b

Landsvirkjun: *Fljótsdalsvirkjun : Concrete research 1990-91 : Aggregate from Bessastaðaá : Rb H90/1162, preliminary report* / Landsvirkjun ; VST ; Rb. - , Apr. 1991. - Óreglul. blst. : Línurit, töflur ; 30 sm. - (H90/1162).

Landsvirkjun. Verkfræðideild: *Fljótsdalsvirkjun. Greinargerð um virkjunartilhögun / Landsvirkjun ; Landsvirkjun. - , Apr. 1991. - Óreglul. blst.*

Landsvirkjun: *Fljótsdalsvirkjun. Framkvæmdir 1990 og 1991.* – Mars 1992

Landsvirkjun: Fljótsdalsvirkjun. Gangavirkjun. - 1989 05 12

Landsvirkjun: *Fljótsdalsvirkjun Hydroelectric Project : Optimization and review of Design : Intermediate Report* / Landsvirkjun ; VST ; Electrowatt. - , Júl. 1989. - Óreglul. blst. : kort, línurit, teikn. ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Fljótsdalsvirkjun Hydroelecric Project. Contract Documents FDV-41 Eyjabakkar dam - intake. FDV-5 / Landsvirkjun ; The joint venture: NCC International AB (sponsor), Hagvirki hf., Hagvirki-Klettur hf., Statkraftverk. - , Okt. 1991. - óreglul. blst. - (FDV-41 FDV-51 FDV-62).*

Landsvirkjun: *Fljótsdalsvirkjun. Hraunaveita. Jarðlagaskipan á veitusvæði austan Jökulsár: áfangaskýrsla* / Jóhann Helgason, Landsvirkjun. - Des 1998. – 54 s.

Landsvirkjun: *Fljótsdalsvirkjun : Lausleg athugun á veitum af hraunum* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture ; Almenna Verkfræðistofan. - , Nóv. 1991. - 5 s. : kort, töflur ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Fljótsdalsvirkjun. Rannsóknir 1984 - Framvinduskýrsla / Landsvirkjun ; Hönnun ; Þór Aðalsteinsson ; Ólafur Sigurðsson. - , Okt. 1984. - 33 s.*

Landsvirkjun: Fljótsdalsvirkjun. Rannsóknir á stevpuefni við Bessastaðaá 1989-90. - Reykjavík : LV, 1990 04

Landsvirkjun: *Fljótsdalsvirkjun : Samantekt um 210 MW virkjun* / Landsvirkjun. - , Júlí 1998. - 7 s. : kort, myndir ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Fljótsdalsvirkjun : Stutt yfirlit yfir gang mála og samskipti Landsvirkjunar við hagsmunaaðila vegna Fljótsdalsvirkjunar* / Landsvirkjun. - , Okt. 1992. - Óreglul. blst.

Landsvirkjun: *Fljótsdalsvirkjun : öldurof : bráðabirgðaniðurstöður* / Landsvirkjun ; Klettur verkfræðistofa ; Óskar Knudsen. - , Nóv. 1998. - 8 s. : kort ; 30 sm.

Landsvirkjun: Fljótsdalsvirkjun. Kynningarrit / Landsvirkjun ; Landsvirkjun. - , Sep. 1991.

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Power Project. Contract documents FDV-61. Access tunnel. Volume 1. - Reykjavík : LV, 1990 11

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Power Project. Contract documents FDV-61. Access tunnel. Volume 2. - Reykjavík : LV, 1990 11

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Power Project. Contract documents FDV-61. Access tunnel. Volume 3. - Reykjavík : LV, 1990 11

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Project. Appraisal report. Alternative With a Headrace Tunnel / Landsvirkjun ; VST, Electrowatt. - , Jun. 1989. - Óreglul. blst.

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Project : Contract documents FDV-21 : Turbines, generators : and accessory equipment / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture. VST, EWI, Almenna verkfræðistofan, Rafhönnun. - , Jan. 1991. - Óreglul. blst. : Töflur ; 30 sm. - (FDV-21).

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project : Contract Documents FDV-22 : Gate Equipment : Volume 4 Part VI Forms* / Landsvirkjun ; VST ; Elektro-Watt ; Almenna verkfræðistofan et.al. - , Jan. 1992. - Án blst. ; 30 sm. - (Útboðsgögn ; FDV-22).

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Project. Contract Documents FDV-41. Eyjabakkar dam - intake. Volume 3. - Reykjavík : LV, 1991 02

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Project. Contract Documents FDV-41. Eyjabakkar dam - intake. Volume 4. - Reykjavík : LV, 1991 02

Landsvirkjun. *Fljótsdalur Hydroelectric Project : Contract documents FDV-51 : Headrace tunnel : and appurtenant structures. Volume 1, part I,II,III* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture ; EWI ; Almenna verkfræðistofan ; Rafhönnun. - , Dec. 1990. - Óreglul. blst. : Töflur ; 30 sm. - (FDV-51).

Landsvirkjun. : *Fljótsdalur hydroelectric project : Contract documents FDV-51 : Headrace tunnel : and appurtenant structures. Volume 4, part VI* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur engineering joint venture ; EWI ; Almenna verkfræðistofan ; Rafhönnun ; Arkitektastofan. - , Dec. 1990. - Óreglul. blst. : Töflur ; 30 sm. - (FDV-51).

Landsvirkjun: *Fljótsdalur hydroelectric project : Contract documents : FDV-41 Eyjabakkar dam - intake : FDV-51 Headrace tunnel and appurtenant structures : FDV-62 Powerhouse - tailrace* / Landsvirkjun. - : Landsvirkjun, Okt. 1991. - Óreglul. blst. : Teikn. ; 31 sm.

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Project : Contract documents FDV-51 : Headrace tunnel : and appurtenant structures. Volume 1, part I,II,III / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture ; EWI ; Almenna verkfræðistofan ; Rafhönnun. - , Dec. 1990. - Óreglul. blst. : Töflur ; 30 sm. - (FDV-51).

Landsvirkjun: Fljótsdalur hydroelectric project : Contract documents FDV-51 : Headrace tunnel : and appurtenant structures. Volume 4, part VI / Landsvirkjun ; Fljótsdalur engineering joint venture ; EWI ; Almenna verkfræðistofan ; Rafhönnun ; Arkitektastofan. - , Dec. 1990. - Óreglul. blst. : Töflur ; 30 sm. - (FDV-51).

Landsvirkjun: Fljótsdalur hydroelectric project. Contract documents FDV-62. Powerhouse - tailrace. Volume 1. Part I. - Reykjavík : LV, 1991 01

Landsvirkjun: Fljótsdalur hydroelectric project. Contract documents FDV-62. Powerhouse - tailrace. Volume 2. Part IV. - Reykjavík : LV, 1991 01

Landsvirkjun: Fljótsdalur hydroelectric project. Contract documents FDV-62. Powerhouse - tailrace. Volume 3. Part V. - Reykjavík : LV, 1991 01

Landsvirkjun: Fljótsdalur hydroelectric project. Contract documents FDV-62. Powerhouse - tailrace. Volume 4. Part VI. - Reykjavík : LV, 1991 01

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project : Design memoranda* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture ; VST ; EWI. - , May 1993. - Óreglul. blst. : kort, teikn. ; 31 sm.

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Project. Engineering services. Request for proposal / Landsvirkjun ; Landsvirkjun. - , Apr. 1990. - Óreglul. blst.

Landsvirkjun: Fljótsdalur hydroelectric project. FDV-21. Evaluation of bids.. - 1991 06

Landsvirkjun: Fljótsdalur hydroelectric project. FDV-21. Evaluation of bids. Bidders short list. - 1992 04

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric project : FDV-21 Evaluation of Bids : General and Special Conditions* / Landsvirkjun ; VST ; Elektrowatt ; Almenna verkfræðistofan et. al. - , Sept. 1991. - Óreglul. blst. : súlurit, töflur ; 32 sm. - (Útboðsgögn ; FDV-21).

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project : FDV-41 Evaluation of Bids* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture. - , Maí 1991. - 17 s. : töflur ; 30 sm. - (Útboðsgögn ; FDV-41).

Landsvirkjun: *Fljótsdalur : Hydroelectric Project : FDV-51 Evaluation of alternative layout proposed by Nortak* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture. - , Júlí 1991. - Óreglul. blst. ; 30 sm. - (Útboð ; FDV-51).

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project : FDV-51 Evaluation of Bids* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

Engineering Joint Venture. - , Maí 1991. - 20 s. : súlurit, töflur ; 30 sm. - (Útboð ; FDV-51).

Landsvirkjun: *Fljótsdalur : Hydroelectric Project FDV-62 : Evaluation of Bids* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture. - , Maí 1991. - Óreglul. blst. : töflur ; 30 sm. - (Útboðsgögn ; FDV-62).

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project : FEJV Supervisory Board : Second Meeting December 4-6, 1990 : Points of Agreement* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture ; Loftur Þorsteinsson. - , Des. 1990. - 3 s. : töflur ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project : FEJV Supervisory Board : Third Meeting February 19-20, 1991 : Points of Agreement* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture. - , Feb. 1991. - 4 s. ; 30 sm.

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Project. FEJV - Supervisory board. First meeting August 7 and 8, 1990 / Landsvirkjun ; VST, Electrowatt, Almenna verkfræðistofan, Rafhönnun ; Loftur Þorsteinsson. - , Ág. 1990. - 3 s.

Landsvirkjun: Fljótsdalur hydroelectric project. Geological report. Headrace tunnel, surge shaft, pressures shaft. Part A - Factual information; Part B - Evaluation of investigation result. - 1990 12

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project : Geotechnical report : Eyjabakkar dam, headrace canal, Hafursá diversion, access road : Part I. text* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture. - , Jan. 1991. - 122 s. : Töflur ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project : Headrace Tunnel & Appurtenant Works Design Memorandum* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture. - , Sep. 1990. - Óreglul. blst.

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Project. Headrace tunnel. Safety against hydraulic jacking and leakage c / Landsvirkjun ; Fljótsdalur engineering joint venture. - , Apr. 1991. - 12 s.

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project : Powerhouse Cavern : Evaluation of stresses and supports* / Landsvirkjun ; VST. - , Jan. 1991. - 9 s. : kort, teikn., töflur ; 30 sm.

Landsvirkjun: Fljótsdalur Hydroelectric Project. *Prequalification documents for construction of the headrace tunn* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint venture. - , Aug. 1990. - Óreglul. blst.

Landsvirkjun: Fljótsdalur hydroelectric project. Project planning report. - 1990 10

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project. Project planning report. Vol. II. Drawings / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture. - , Apr. 1991. - Óreglul. blst.*

Landsvirkjun: *Fljótsdalur Hydroelectric Project. Project planning report. Vol. I / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture. - , Apr. 1991. - Óreglul. blst.*

Landsvirkjun: *Geological report : Fljótsdalur hydroelectric project : Headrace tunnel : Surge shaft : Pressure Shaft* / Landsvirkjun ; Fljótsdalur Engineering Joint Venture, VST, EWI, Almenna verkfræðistofan, Rafhönnun. - , Dec. 1990. - Óreglul. blst. : Línurit, teikn., töflur ; 30 sm. - (FDV/90-2).

Landsvirkjun: *Greinargerð um áfangabyggingu Fljótsdalsvirkjunar* / Landsvirkjun ; Hönnun hf ; Ólafur Sigurðsson ; Þór Aðalsteinsson. - , Des. 1984. - 15 s. : kort, teikn., töflur ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Landsvirkjun : Atlantal Projects : Construction Schedule 1991 - 1995* / Landsvirkjun ; Skipulag og stjórnun. - , Sep. 1991. - Blst. vantar ; 32 sm.

Landsvirkjun: *Landsvirkjun. Atlantal Projects* / Landsvirkjun ; Skipulag og stjórnun sf. - , Oct. 1991. - Án blst. ; 32 sm.

Landsvirkjun: *NORAL : Power Generation : Intermediate Study* / Landsvirkjun ; Norsk Hydro. - , Apr. 1998. - Óreglul. blst. : kort, línurit, töflur ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Orkugeta nokkurra virkjana : Athugun með sögulegum og stókastískum rennslisröðum* / Landsvirkjun ; Strengur ; Jón Bergmundsson ; Skúli Jóhannsson. - , Sep. 1986. - 62 s. : Línurit, teikn.,

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

töflur ; 30 sm.

Landsvirkjun: *Staða rannsókna og undirbúnings fyrir mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar* / Landsvirkjun. - , Ág. 1998. - Óreglul. blst. : kort, teikn. ; 30 sm.

-M Steinþór Birgisson: Snjóvorið langa. - Reykjavík : Sjónvarpið, 1998

Nortak: Eyjabakkar dam. Construction of asphalt concrete core and transition zone. - Nortak, 1991 05

Orkustofnun: *Austurlandsvirkjanir Fljótsdalur : Skýrsla um jarðfræðiathuganir við Jökulsá í Fljótsdal sumarið 1970* / Orkustofnun ; Elsa G. Vilmundardóttir ; Bente Helgren-Jensen samdi viðauka. - , Ág. 1972. - Óreglul. blst. : kort, töflur ; 30 sm.

Orkustofnun: *Náttúruverndarkönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Brú* / Orkustofnun ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Náttúrugripasafnið á Neskaupstað. - , 1980. - Óreglul. blst. : ljósmyndir ; 30 sm.

Orkustofnun: *Niðurstöður brotþolsprófana á kjarna úr borholum BV-12, BV-13, BV-22, BV-27 og BV-32 Blöndusvæði og* / Orkustofnun ; Edda Lilja Sveinsdóttir. - , Des. 1983. - 5 s.

Orkustofnun. Auðlindadeild: *Hraunavirkjun : Helstu umhverfisáhrif* / Orkustofnun. Auðlindadeild ; Einar Þórarinsson ; Náttúrugripasafnið í Neskaupstað. - , Ág. 1997. - 67 s. : kort, myndir ; 30 sm + Örnefnakort - Hraun eystra. - (OS ; 97041).

Orkustofnun. Landmælingar: Eyjabakkar. Mæling vegna korts 1. - 1978 04

Orkustofnun. Rafmagnsveitur ríkisins.: *Forathugun virkjana á vatnasvirðum Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal. Tilh* / Orkustofnun. Rarik ; Almenna Verkfræðistofan, Virkir, VST. - , Maí 1978. - Óreglul. blst. - (OS ROD 7817).

Orkustofnun. Rafmagnsveitur ríkisins: Austurlandsvirkjun. Forhönnun Fljótsdalsvirkjunar.. - 1977 06

Orkustofnun. Rafmagnsveitur Ríkisins, Rarik.: *Jökulsá í Fljótsdal. Fljótsdalsvirkjun* / Orkustofnun, Rarik ; Virkir. - , Mar. 1980. - óreglul. blst.

Orkustofnun. Raforkudeild: *Aðgerðarannsóknir á orkuvinnslugetu Fljótsdalsvirkjunar (I. áfanga Austurlandsvirkjunar) og Bessasta* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Helgi Sigvaldason ; Gunnar Amundason ; Guttormur Sigbjarnarson. - , Des. 1971. - 19 s. : teikningar, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Austurlandsvirkjun - Fljótsdalsvirkjun : Könnun á lausum jarðlögum í Jökulsá á Fljótsdal við Eyjabakka* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Ágúst Guðmundsson. - , Apr. 1980. - 3 s. : kort ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild ÁG-80/03 ; 80/03).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Austurlandsvirkjun : Brúardalir : Forrannsóknir byggingarefna* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Sveinn Þorgrímsson. - , Des. 1978. - 4 s. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild OS-ROD-7832 ; 7832).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Austurlandsvirkjun : Forathugun virkjana á vatnasviðum Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal : Fljótsdalsvirkjun : Hraunaveita* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Almenna verkfræðistofan hf ; Virkir. - , Maí 1978. - 82 s. : teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild OS-ROD-7817 ; 7817).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Austurlandsvirkjun : Niðurstöður vettvangsfarar og forrannsókna byggingarefna : OS-ROD 7807* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Tæknirannsóknir hf ; Pálmi R. Pálmason et. al. - , Maí 1978. - 21 s. : kort, línurit ; 30 sm. - (Orkustofnun OS-ROD-7807 ; 7807).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Austurlandsvirkjun : Forathugun virkjana á vatnasviðum Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal : Múlavirkjun* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Almenna verkfræðistofan hf ; Virkir. - , Maí 1978. - 27 s. : teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild OS-ROD-7817 ; 7817).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Austurlandsvirkjun : Forathugun virkjana á vatnasviðum Jökulsár á Fjöllum,*

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal : Fljótsdalsvirkjun : Hraunaveita / Orkustofnun. Raforkudeild ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Almenna verkfræðistofan hf ; Virkir. - , Maí 1978. - 82 s. : teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild OS-ROD-7817 ; 7817).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Austurlandsvirkjun - Múlavirkjun : Forathugun á virkjun Jökulsár í Fljótsdal með Hraunaveitu og Eyjabakkaveitu* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Sveinn Þorgrímsson. - , Jún. 1979. - 47 s. : töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild OS79026/ROD09 ; 79026).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Austurlandsvirkjun : Samanburðaráætlanir um orkunýtingu á vatnasviðum Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fl : Drög að hönnunarstöðlum* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Almenna verkfræðistofan hf ; Virkir. - , Nóv. 1977. - Óreglul. blst. : teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Austurlandsvirkjun : Yfirlit um virkjunarhugmyndir og rannsóknir* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Haukur Tómasson. - , Maí 1976. - 16 s. : kort, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild OS-ROD-7641 ; 7641).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Áhrif mannvirkja og umsvifa tilheyrandi virkjunum á hreindýr : Greinargerð* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Hákon Aðalsteinsson. - , Feb. 1980. - 4 s. ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild HA-80/01 ; 80/01).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Eyjabakkar : Landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Náttúrugriðasafnið í Neskaupstað ; Hjörleifur Guttormsson ; Gísli Már Gíslason. - , Nóv. 1977. - 33 s. ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild OS-ROD-7719 ; 7719).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Eyjabakkar. Mæling vegna korts 1:5000* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Landmælingar Íslands. - , Apr. 1978. - 30 s. : teikningar, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild OS-ROD-7811 ; 7811).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Fljótsdalsheiði : Frumkönnun á lífvist straumvatna í veitukerfi Bessastaðavirkjunar* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Hákon Aðalsteinsson. - , Jan. 1979. - 19 s. : teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild OS79004/ROD02 ; 79004).

Orkustofnun. Raforkudeild: Fljótsdalsvirkjun 1980. Gryfjulýsingar. Eyjabakkastífla - Eyjabakkaskurður. Greinargerð. - 1981 02

Orkustofnun. Raforkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Áætlun um vatnafarsathuganir : Greinargerð* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Kristinn Einarsson. - , Maí 1980. - 4 s. ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild KE-LH-80/02 ; 80/02).

Orkustofnun. Raforkudeild: Fljótsdalsvirkjun. Byggingarefnisleit.. - 1981 01

Orkustofnun. Raforkudeild: Fljótsdalsvirkjun. Eyjabakkaskurður. - Jarðgangaleiðir í Laugarfelli. - Gryfjulýsingar Eyjabakkastífla - Eyjabakkaskurður. Greinargerð. - 1981 03

Orkustofnun. Raforkudeild: Fljótsdalsvirkjun. Lýsingar á gryfjum á Hölknárveitu, Laugarárveitu, svæðinu frá Garðavatni að Teigsbjargi og milli Garðavatns og Hólmavatns.

- 1981 02

Orkustofnun. Raforkudeild: *Jökulsá í Fljótsdal : Fljótsdalsvirkjun* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Virkir. - , Mar. 1980. - Án blst. ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Rennslishættir Bessastaðaár og Jökulsár í Fljótsdal : Lýsing haustflóða, vetrarrennslis o.fl : Greinargerð* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Sigurjón Rist. - , Nóv. 1980. - 6 s. : töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild SR-80/01 ; 80/01).

Orkustofnun. Raforkudeild: *Virkjun Jökulsár í Fljótsdal I : Samanburðarathuganir* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Almenna Verkfræðistofan ; Virkir. - , Maí 1980. - Óreglul. blst. : kort ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild).

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

Orkustofnun. Raforkudeild: *Virkjun Jökulsár í Fljótsdal II : Fljótsdalsvirkjun* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Almenna verkfræðistofan ; Virkir. - , Maí 1980. - 111 s. : kort, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Raforkudeild).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Áhrif fyrirhugaðra virkjana á Austurlandi á hreindýr og beitilönd þeirra* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Náttúrufræðistofnun Íslands ; Rafmagnsveitur ríkisins ; Landsvirkjun. - , Sep. 1983. - 65 s. : kort, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-83074/VOD-08 ; 83074).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Áætlun á rennsli Jökulsár í Fljótsdal : Bráðabirgðaskýrsla* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Rarik ; Sigurður L. Hólm ; Jón Ingimarsson. - , Jan. 1982. - Óreglul. blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82002/VOD01 B ; 82002).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Eyjabakkaskurður : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Oddur Sigurðsson. - , Feb. 1981. - 2 s. : teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-81/01 ; 81/01).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Framburður svifaurs í jökulsánum norðan Vatnajökuls* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Haukur Tómasson ; Svanur Pálsson ; Guðmundur H. Vigfússon. - , Maí 1996. - 93 s. : línurit, súlurit, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-96024/VOD02 ; 96024).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Flóðmörk í Norðurdal mæld í mars 1981 : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Gunnar Þorbergsson. - , Mar. 1981. - 3 s. : kort ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild GÞ-81/03 ; 81/03).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsheiði : Úrvinnsla hitamælinga í Múlabúðum, undir Laugarfelli og við Stóralæk* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Kristinn Einarsson ; Örn Ólafsson. - , Júl. 1982. - 26 s. : töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82065/VOD33 B ; 82065).

Orkustofnun: Vantsorkudeild. *Fljótsdalur Hydroelectric Project : Engineering geological report - powerhouse cavern, tailrace tunnel and access tunnel : summary* / Orkustofnun ; Landsvirkjun ; Birgir Jónsson ; Þórólfur H. Hafstað. - , Jan. 1991. - 17 s. : teikn., töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-91001/VOD-01 ; 91001).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Byggingarefniskönnun : Bráðabirgðaskýrsla* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Skúli Víkingsson ; Sigbjörn Guðjónsson. - , Feb. 1982. - 52 s. : kort, línurit, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82013/VOD09 B ; 82013).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Byggingarefniskönnun 1982* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Sigbjörn Guðjónsson. - , Feb. 1983. - Óreglul. blst. : kort, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-83010/VOD-06 B ; 83010).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Byggingarefniskönnun* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Landsvirkjun ; Sigbjörn Guðjónsson. - , Apr. 1984. - 19 s. : kort, línurit, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-84037/VOD-16 ; 84037).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Byggingarefnisleit* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Skúli Víkingsson. - , Jan. 1981. - Óreglul. blst. : kort, línurit ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild SV-81/01 ; 81/01).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Cobraborun í ágúst 1981 á skurðleiðum og stíflustæðum : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Ágúst Guðmundsson ; Pétur Ásbjörnsson. - , Jún. 1981. - Án blst. : teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild ÁG-81/06 ; 81/06).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Eyjabakkaskurður OS-81/01 : Jarðgangaleiðir í Laugafelli OS-81/02 : Gryfjulýsingar Eyjabakkastífla-Eyjabakkaskurður ÞFÞ 81/02* / Orkustofnun. Raforkudeild ; Þóroddur F. Þóroddsson. - , Jan. 1981. - 19 s. : teikn. ; 30 sm. - (Orkustofnun ÞFÞ 81/02 ; ÞFÞ 81/02).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Eyjabakkastíflustæði - jarðfræðikönnun* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Oddur Sigurðsson ; Ágúst Guðmundsson ; Bjarni Bjarnason. - , Feb. 1982. - 8 s. : kort, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82022/VOD17 B ; 82022).

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

Orkustofnun. Vatnsorkudeild.: *Fljótsdalsvirkjun : Eyjabakkastífla Sauðárveita : BA-81/01 BA-81/02 /* Orkustofnun ; Bessi Aðalsteinsson. - , Feb. 1981. - Óreglul. blst. : kort, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun BA-81/02 BA-81/02 ; BA-81/01).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Fylliefni í steinsteypu : Skilagrein* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Sigbjörn Guðjónsson ; Gunnar Birgisson. - , Jan. 1982. - 28 s. : kort, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82006/VOD04 B ; 82006).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Gilsárlón - Hólmalón : Jarðfræðilegar aðstæður : Skilagrein* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Bjarni Bjarnason ; Ágúst Guðmundsson. - , Feb. 1982. - 8 s. : kort, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82019/VOD14 B ; 82019).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild.: *Fljótsdalsvirkjun. Hljóðhraðamælingar 1980. Greinargerð / Orkustofnun ; Orkustofnun ; Halína Bogadóttir. - , Júl. 1981. - 6 s. - (HB-81/01).*

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Hljóðhraðamælingar 1981 : Skilagrein* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Halína Bogadóttir. - , Feb. 1982. - 11 s. : kort, línurit, teikningar, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82015/VOD11 ; 82015).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Hljóðhraðamælingar 1980 : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Halína Bogadóttir. - , Júl. 1981. - óreglul. blst. : kort, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild HB-81/01 ; 81/01).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Hljóðhraðamælingar 1982* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Halína Bogadóttir ; Oddur Sigurðsson. - , Ág. 1983. - Óreglul. blst. : kort, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-83060/VOD-30 B ; 83060).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: Fljótsdalsvirkjun. Hæðarnet og þríhyrninganet á Fljótsdalsheiði. - 1990 07

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun - jarðfræði : Garðavatn - Teigsbjarg - Fljótsdalur : Skurðir og jarðgöng* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Snorri Zóphóníasson. - , Feb. 1982. - 18 s. : kort, teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82016/VOD12 B ; 82016).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Könnun á lausum jarðlögum á stíflu- og skurðstæðum 1981 : Skilagrein* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Gunnar Birgisson. - , Feb. 1982. - 59 s. : teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82020/VOD15 B ; 82020).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Könnun lausra jarðlaga : Yfirlitskort* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Landsvirkjun ; Skúli Víkingsson. - , Ág. 1989. - 5 s. : kort ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-89026/VOD-05 B ; 89026).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild.: *Fljótsdalsvirkjun. Lýsingar á gryfjum á Hölknárveitu, Lagarárveitu, svæðinu frá Garðavatni að Teigs / Orkustofnun ; Orkustofnun ; Ágúst Guðmundsson. - , Feb. 1981. - 16 s. - (ÁgG-81/01).*

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Lýsingar á gryfjum á Hölknárveitu, Laugarárveitu, svæðinu frá Garðavatni að Teigsbjargi og á milli G : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Ágúst Guðmundsson. - , Feb. 1981. - 16 s. : kort ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild ÁgG-81/01 ; 81/01).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Magn síuefnis við Bessastaðaá : Bráðabirgðaskýrsla* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Sigbjörn Guðjónsson. - , Jan. 1982. - 9 s. : kort ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82009/VOD07 B ; 82009).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Mælingar vegna kortagerðar við Hölkná og Grjótá* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Gunnar Þorbergsson. - , Jan. 1991. - 17 s. : teikningar, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-910003/VOD-01 B ; 91003).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Punktálagsprófun á sýnum úr FV - 9, Norðurdal : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Björn A. Harðarson. - , Júl. 1981. - Óreglul. blst. ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild BAH-81/07 ; 81/07).

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

Orkustofnun. Vatnsorkudeild.: *Fljótsdalsvirkjun. Stöðvarhússtæði og jarðgangaleið - Berggæðamat / Orkustofnun ; Orkustofnun ; Sveinn Þorgrímsson. - , Mar. 1981. - (SvÞ-81/02).*

Orkustofnun. Vatnsorkudeild.: *Fljótsdalsvirkjun. Undirbúningsrannsóknir vegna verkhönnunar / Landsvirkjun ; Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Oddur Sigurðsson og fleiri. - , Apr. 1985. - 2 b. - (OS-85027/VOD-01).*

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fljótsdalsvirkjun : Vorflóðaathuganir 1983* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Bessi Aðalsteinsson ; Ólafur Sigurðsson. - , Mar. 1984. - 22 s. : línurit, myndir ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-84023/VOD-12 B ; 84023).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Fæða og beitilönd íslensku hreindýranna* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Náttúrufræðistofnun Íslands ; Kristbjörn Egilsson ; Landsvirkjun. - , Sep. 1983. - 235 s. ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-83073/VOD-07 ; 83073).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Grjótvörn fyrir Eyjabakkastíflu : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Ágúst Guðmundsson. - , Ág. 1981. - 2 s. : kort ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild ÁG-81 ; 81/).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Hraunavirkjun : Forathugun - kerfisgreining* / Orkustofnun ; Halldór Pétursson. - , Des. 1993. - 36 s. : kort ; 29.7 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-93064/VOD-12 B ; OS-93064).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Hraunavirkjun : Rannsóknir á lífríki vatna* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Hákon Aðalsteinsson. - , Maí 1995. - 22 s. : kort, töflur ; 30 sm. - (OS ; 95026).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Hreindýrarannsóknir 1979 -1981 : Lokaskýrsla* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Náttúrufræðistofnun Íslands ; Skarphéðinn Þórisson ; Landsvirkjun. - , Sep. 1983. - 210 s. ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-83072/VOD-06 ; 83072).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Jökulsá í Fljótsdal rennsli áætlað með reiknilíkaninu NAM2* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Sigurður Lárus Hólm ; Rafmagnsveitur ríkisins. - , Mar. 1982. - 108 s. ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82031/VOD04 ; OS82031).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Kynnisferðir um vatnasvæði Hraunaveitu : Gróðurfar* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Náttúrufræðistofnun ; Kristbjörn Egilsson ; Skúli Víkingsson. - , Maí 1996. - 15 s. : kort, töflur ; 30 sm. - (OS ; 96021).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Landmælingar vegna jarðfræðirannsókna á Fljótsdalsheiði 1980 I : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Gunnar Þorbergsson. - , Feb. 1981. - Án blst. : kort, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild GÞ-81/01 ; 81/01).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Landmælingar vegna jarðfræðirannsókna á Fljótsdalsheiði 1980 II : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Gunnar Þorbergsson. - , Feb. 1981. - Án blst. : töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild GÞ-81/02 ; 81/02).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Landmælingar vegna jarðfræðirannsókna á Fljótsdalsheiði 1981. Landmælingaskýrsla* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Gunnar Þorbergsson. - , Jan. 1982. - Án blst. : kort, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS82003/VOD02 B ; 82003).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Landmælingar vegna jarðfræðirannsókna á Fljótsdalsheiði 1982* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Gunnar Þorbergsson ; Ingvar Þór Magnússon. - , Feb. 1983. - Án blst. : kort, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-83004/VOD-02 B ; 83004).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Landmælingar vegna jarðfræðirannsókna á Fljótsdalsheiði 1983* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Gunnar Þorbergsson. - , Des. 1983. - 24 s. : kort, línurit, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-83102/VOD-37 B ; 83102).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal : Skýrsla um rannsóknir unnar á vegum Náttúrugripasafnins í Neskaupstað fyrir Orkustofnun og Rafmagnsv* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Náttúrugripasafnið á Neskaupstað ; Rarik ; Hjörleifur Guttormsson, ritstj. -

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

, Mar. 1981. - 271 s. : kort, myndir, teikningar, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS81002/VOD02 ; 81002).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Prófun korta af Eyjabakkalóni : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Gunnar Þorbergsson. - , Jún. 1981. - Án blst. : kort, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild GÞ-81/07 ; 81/07).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Reiknað rennsli Jökulsár í Fljótsdal við Hól 1941-1982* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Vatnaskil. - , Jan. 1984. - Óreglul. blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-84012/VOD-07 B ; 84012).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Reiknað rennsli Jökulsár í Fljótsdal við Hól 1941-1983* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Vatnaskil ; Snorri Páll Kjaran ; Sigurður Lárus Hólm. - , Feb. 1985. - Óreglul. blst. : línurit, súlurit, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-85009/VOD-04 B ; 85009).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Rennsli um Eyjabakkafoss : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Sigurjón Rist ; Kristinn G. Einarsson. - , Sep. 1981. - 3 s. : teikningar ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild SR-KGe/-81/07 ; 81/07).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Samanburður aðferða við töku svifaurssýna í Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal 1995* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Svanur Pálsson ; Sigfinnur Snorrason. - , Jan. 1996. - 12 s. ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild OS-96002/VOD-01 B ; 96002).

Orkustofnun. Vatnsorkudeild: *Úrvinnsla hitamælinga vegna virkjana á Austurlandi : Sólarhringsmeðalhiti við Stóralæk á Fljótsdalsheiði 1980-90 : Greinargerð* / Orkustofnun. Vatnsorkudeild ; Kristinn Einarsson. - , Feb. 1996. - Óreglul. blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Orkustofnun. Vatnsorkudeild KE-96/02 ; KE96/02).

Pétur Sigurðsson: *Smíðamálmar : Efnisfræði, uppbygging og eiginleikar stáls, ryðfrís stáls og áls ásamt lýsingu á málmtæringu og tær* / Pétur Sigurðsson. - Reykjavík : Pétur Sigurðsson, 1993. - 78 s. : teikn. ; 29.4 sm.

P2.0 Sigmundur Freysteinsson: Fljótsdalur hydroelectric project. Planning and design. - ,

Rafmagnsveitur ríkisins. Rarik.: *Fljótsdalsvirkjun. Verkhönnun 252 MW virkjunar. 2 b. 1.b. Greinargerð, 2.b. Uppdrættir / Rarik ; AV, Hönnun, VST, Virkir, Rafhönnun. - , Maí 1982. - 2. b. - (82506).*

Rafmagnsveitur ríkisins: *Fljótsdalsvirkjun : 33 kV háspennulína : vinnurafmagn : staða undirbúningsvinnu* / Rafmagnsveitur ríkisins. - , Nóv. 1991. - Án blst. : kort, línurit, töflur ; 30 sm.

Rafmagnsveitur ríkisins: Fljótsdalsvirkjun 290 MW. Endurskoðuð áætlun mars-apríl 1981.. - Reykjavík : Rarik, 1981 03-04

Rafmagnsveitur ríkisins: Fljótsdalsvirkjun. Greinargerð til hönnunarstjórnar. - 1980 11

Rafmagnsveitur ríkisins: Fljótsdalsvirkjun. Hydroelectric project. Inquiry on prices and main data for the project planning report.. - Reykjavík : Rarik, 1981 11

Rafmagnsveitur ríkisins: *Fljótsdalsvirkjun. Staða rannsókna.*. – Okt 1980

Rafmagnsveitur ríkisins: *Fljótsdalsvirkjun - vatnafræði rennslisathugun* / Rafmagnsveitur ríkisins ; VST. - , Feb. 1982. - 10 s. ; 30 sm.

Rafmagnsveitur ríkisins: *Fljótsdalsvirkjun : Vorflóð 1982* / Rarik ; Hönnun hf. - , Júl. 1982. - 6 s. : myndir ; 30 sm.

Raforkumálastjóri: *Greinargerð um jarðfræðilegar athuganir við Lagarfoss í Fljótsdalshéraði* / Raforkumálastjóri ; Sigurður Þórarinsson. - , Sep. 1954. - 3 s. : teikningar ; 30 sm.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Concrete research for the Fljótsdalur Hydroelectric Project : Rb H90/1162* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun ; Karsten Iversen ; Níels Indriðason. - , Sep. 1991. - 21 s : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H90/1162).

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Fljótsdalslína 1 : Skerboxpróf, kornadreifing, rúmþyngd, berggreining : Rb h91/15* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun ; Haraldur Haraldsson ; Oddur Þórðarson. - , Júl. 1991. - Óreglul. blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H91/15).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Fljótsdalsvirkjun : Alkalístrendingapróf : Rb H82/1004* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; RARIK ; Jón Baldvinsson. - , Nóv. 1983. - 3 s. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H82/1004).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Fljótsdalsvirkjun : Bessastaðarhjalli : Steypurannsóknir lokaskýrsla : Rb H90/1162* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun. - , Nóv. 1991. - Óreglul. blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H90/1162).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Fljótsdalsvirkjun : Eyjabakkastífla : Rb 89/1031* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun. - , Sep. 1989. - Án blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H89/1031).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Jarðefnarannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar. Áfangarsla 2.. - 1983 02

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Fljótsdalsvirkjun : Prófsteypur og ýmsar rannsóknir : Rb 82/1004* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; RARIK ; Jón Baldvinsson ; Þorgeir S. Helgason. - , Feb. 1983. - 3 s. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H82/1004).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Fljótsdalsvirkjun : Rb 89/965 2. áfangi* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun. - , Maí 1990. - Án blst. : myndir, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H89/965).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Fljótsdalsvirkjun : Rb 89/965 1. áfangi* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun. - , Jan. 1990. - Án blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H89/965).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Fljótsdalsvirkjun. Steypurannsóknir, bráðabirgðaskýrsla. - Reykjavík : Rb, 1991 04

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Fljótsdalsvirkjun. Ýmsar rannsóknir á steypuefnum, prófsteypur og fleira. - 1990 01 16

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Jaðrvegssýni v/Fljótsdalsvirkjunar : Framhald af ranns. H81/1224* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; RARIK. - , Maí 1982. - Án blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H81/1224).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Jarðefnarannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar : Áfangaskýrsla 2 : Rannsókn H82/1004* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; RARIK ; Torbjörn Byrnäs ; Þórir Ingason. - , Feb. 1983. - Án blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H82/1004).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Jarðvegssýni v/Fljótsdalsvirkjunar : Rb H81/1224* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; RARIK. - , Apr. 1982. - Án blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H81/1224).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Rock mechanical testing : for Fljótsdalur Hydroelectric project Powerhouse area : Rb H90/1284* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun ; Þorsteinn Jóhannsson. - , Feb. 1991. - Án blst. : töflur ; 30 sm. - (Rb ; H90/1284).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Rock mechanical testing for Fljótsdalur Hydroelectric project headrace tunnel : Rb H90/882* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun ; Gunnar Svavarsson. - , Des. 1990. - 22 s : töflur ; 30 sm. - (Rb ; H90/882).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Steypuefnarannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar. Áfangarsla 1.. - 1983 01

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Steypurannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar : Rb H90/1162* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun ; Karsten Iversen ; Níels Indriðason. - , Sep. 1991. - 24 s : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H90/1162).

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Viðbót við rannsókn H89/965 vegna rannsóknar á steypuefni við Fljótsdalsvirkjun. Hjalli við Bessastaðaá. - 1990 05 31

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Virkjun v/ Fljótsdalssvæði. - 1984 02

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Virkjun v/Fljótsdalssvæðis : Möl : Rb H83/883* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun ; Thorbjörn Byrnäs ; Þórarinn Magnússon. - , Nóv. 1983. - Án blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H83/883).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Virkjun v/Fljótsdalssvæðis : Steypuefni : Rb H83/1172* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun ; Jón Baldvinsson. - , Jan. 1985. - Án blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H83/1172).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Ýmsar jarðtæknirannsóknir v/ Fljótsdalsvirkjunar - Eyjabakkastíflu : H60/762* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun ; Haraldur Haraldsson ; Oddur Þórðarson. - , Feb. 1991. - Óreglul. blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H90/762).

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: *Þjöppunarpróf : Rb H84/15 : vegna virkjunar á Fljótsdalssvæði : Sýnishorn BS-7* / Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ; Landsvirkjun. - , 1984. - Án blst. : línurit, töflur ; 30 sm. - (Rb ; H84/15).

Samband íslenskra Hitaveitna.: *Samnorrænt verkefni NI P529 : Málmtæring í hitaveitum. Verkhluti 6b : Flotábreiður í miðlunargeyma. Lokaskýrsla* / SÍH ; SÍH ; Ásbjörn Einarsson ; Albert Albertsson. - , Jan. 1986. - 14 s.

Skipulag ríkisins: *Umhverfislegt frummat á Fjótsdalslínu 1* / Skipulag ríkisins ; Skipulag ríkisins. - , Júl. 1991. - Óreglul. blst. ; 30 sm.

Sviss. EWI.: *Fljótsdalur Hydroelectric Project. Powerhouse cavern. Finite element analysis and conclusions / Landsvirkjun ; EWI. - , Mar. 1991. - 11 s. teikn.*

Tækniskóli Íslands. Byggingadeild: *Eyjabakkastífla : Fljótsdalsvirkjun* / Tækniskóli Íslands. Byggingadeild ; Hannes Frímann Sigurðsson ; Ingunn Sæmundsdóttir ; Helgi Bjarnason. - , 1996. - 75 s. : kort, myndir, teikn., töflur ; 30 sm + Viðaukar.

Umhverfisráðuneytið: *Skýrsla starfshóps um raflínuleið milli Austurlands og annarra landshluta* / Umhverfisráðuneytið ; Ráðgjafarhópur um raflínuleið frá Austurlandi. - , Feb. 1994. - 76 s. : teikn., kort ; 30 sm.

Vatnaskil: Fljótsdalsvirkjun. Rennslislíkan. - 1985 12

Vatnaskil: *Fljótsdalsvirkjun rennslislíkan II : Unnið fyrir Landsvirkjun* / Vatnaskil ; Verkfræðistofan Vatnaskil. - , Sep. 1996. - 94 s. ; 30 sm. - (Verkfræðistofna Vantaskil ; 96.08).

Vatnaskil: *Fljótsdalsvirkjun. Endurskoðað rennslislíkan / Vatnaskil ; Vatnaskil ; Snorri Páll Kjaran ; Sigurður Lárus Hólm. - , Jún. 1989. - 14 s. - (89.05).*

Vatnaskil: *Fljótsdalsvirkjun. Rennslislíkan / Landsvirkjun ; Vatnaskil ; Snorri Páll Kjaran ; Sigurður Lárus Hólm. - , Des. 1985. - 22 s., teikn., töflur. ; 30 cm. - (85.14).*

Vatnaskil: *Rennslislíkan : Jökulsá í Fljótsdal : Veðurgögn frá Birkihlíð* / Vatnaskil ; Orkustofnun. - , Maí 1992. - Óreglul. blst. : línurit, töflur ; 30 sm.

Vatnaskil: *Jökulsá í Fljótsdal áætlað rennsli við Eyjabakka með reiknilíkani NAM2* / Vatnaskil. - , 1982?. - Blst. vantar ; 30 sm. - (Verkfræðistofan Vatnaskil).

Vatnaskil: *Jökulsá í Fljótsdal reiknað innrennsli í Eyjabakkalón* / Vatnaskil. - , 1980. - Án blst. ; 30 sm. - (Verkfræðistofan Vatnaskil).

Veðurstofa Íslands. Jarðeðlisfræðideild: Líkleg jarðskjálftaáhrif á svæði Fljótsdalsvirkjunar. - Reykjavík : Veðurstofa Íslands, 1990 12

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

Veðurstofa Íslands.: *Weather conditions at the proposed Eyjabakki Dam* / Landsvirkjun ; Veðurstofa Íslands ; Trausti Jónsson. - , Jan. 1991. - 11 s.

Vegagerð ríkisins: Stöðvarmunnavegur í Fljótsdal. - Reykjavík : Vegagerð ríkisins, 1990 10

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen: *Endurskoðun áætlana um Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Sultartangavirkjun, Villinganesvirkjun og Kvíslaveitu*. - Reykjavík : VST, Apríl 1981

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen: Fljótsdalur Hydroelectric Project. Planning and design. Erindi flutt á Tunnelling Symposium, 1991, Reykjavík. (Geymt á bókasafni P20/Sig). - 1991 07

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen: On the selection of rock support system in the powerhouse area of the Fljótsdalur Hydroelectric Project. Erindi flutt á Tunnelling Symposium, 1991, Reykjavík. (Geymt á bókasafni F/Pál. - 1991 07

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen: Sæstrengsverkefnið. - Reykjavík : VST, 1995 01

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen: Vatnsaflsvirkjanir : ýmsar hönnunarforsendur : II. - Reykjavík : VST, 1991 08

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen: Vatnsorkurannsóknir. - Reykjavík : VST, 1980

VST: *Austurlandsvirkjun : Yfirlit yfir virkjunarathuganir á vatnasviðum Jökulsá á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár á Fljóts : OS-ROD-75.38 VST 75.020* / VST ; Orkustofnun. - , Okt. 1975. - 64 s. : kort, töflur ; 30 sm. - (OS-ROD-75.38 VST 75.020).

Vigfús Helgason: Lausleg áætlun um virkjun Eyjabakkavatnasvæðis Jökulsár í Fljótsdal.. - 1965 02

Virkir, Rafhönnun.: *Fljótsdalsvirkjun. Greinargerð. Hámarksafl stöðvar. Fjöldi véla. Gerð véla / Rafmagnsveitur ríkisins. Rarik ; Virkir, Rafhönnun. - , Okt. 1981. - Óreglul. blst.*

Virkir: Fljótsdalsvirkjun. Verkhönnun. - Reykjavík : Virkir, 1981 10

Virkir: Jökulsá í Fljótsdal. Fljótsdalsvirkjun. Framvindursla I.. - 1979 10

VST: *Fljótsdalur Hydroelectric Project Design Memoranda* / VST ; Elektro-Watt ; Rafhönnun ; Almenna verkfræðistofan. - , Des. 1991. - Án blst. : kort, línurit, teikn. ; 30 sm.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Áhrif Fljótsdalsvirkjunar á heiðagæsir. Kristinn H. Skarphéðinsson, sept. 1999

Jarðfræðistofa ÁG/VST. Fljótsdalsvirkjun – Yfirlit um jarðfræði. Ágúst Guðmundsson, ág. 1999

Áhrif Fljótsdalsvirkjunar á ferðamennsku. Greinargerð. Jón Gauti Jónsson, okt. 1999

Hugsanleg áhrif fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar á spendýr. Páll Hersteinsson, ág.1998

Veiðimálastofnun. Stutt greinargerð um áhrif Fljótsdalsvirkjunar á lífríki ferskvatns. Sigurður Guðjónsson, okt. 1999

Orkustofnun. Vatnalíf á Eyjabökkum og nágrenni. Greinargerð frá Hákoni Aðalsteinssyni, 1999

Þjóðhagsstofnun. Þjóðhagsleg áhrif nokkurra stóriðjuverkefna, ágúst 1999

Bókasafn Landsvirkjunar, 1999
Undirstrikun merkir að skýrslan er til á bókasafni VST en ekki LV.

V. HLUTI
SKÝRSLUR OG GREINARGERÐIR

Náttúrufræðistofnun Íslands,
Kristinn Haukur Skarphéðinsson:

Áhrif Fljótsdalsvirkjunar á heiðargæsir:

Unnið fyrir Landsvirkjun.
(September 1999.)

Inngangur

Með bréfi dags. 24. ágúst 1999 óskaði Landsvirkjun meðal annars eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands *„tæki saman álit um hverjar breytingar kunni að verða á ferli og hegðan heiðagæsa í fjaðrafelli á svæðinu með tilurð fyrirhugaðs lóns við Eyjabakka."*

Miðlunarlón á Eyjabökkum austan Snæfells er forsenda Fljótsdalsvirkjunar; lónið verður 43 km^2 þar af eru 30 km^2 gróið land og helmingur þess mýrlendi. Fljótsdalsvirkjun mun eyða eða raska ýmsu sem að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur mikið náttúruverndargildi. Lón í Eyjabakkalægðinni mun taka yfir allt sléttlendi og um leið kaffæra mestallt votlendi og jökulminjar á svæðinu. Eftir stæðu grónar brekkur í undirhlíðum Snæfells og Snæfellsháls, svo og efst á Snæfellsnesi (sbr. Hjörleif Guttormsson o.fl. 1981). Eyjabakkar eru beitiland þúsunda heiðagæsa *Anser brachyrhynchyus* sem fella þar fjaðrir og er raunar hvergi í heiminum þekktur víðlíka hópur heiðagæsa. Þetta svæði hefur verið á Náttúruminjaskrá Náttúruverndarráðs frá árinu 1978.

Hér verður fjallað stuttlega um sérkenni í náttúrufari Eyjabakka en það nafn er nú yfirleitt notað sem samheiti yfir sléttlendið við upptök Jökulsár í Fljótsdal. Raktar verða heimildir um heiðagæsir á Eyjabökkum; skýrt frá talningu á heiðagæsum í fjaðrafelli sem náði til alls hálendisins árið 1992; fjallað um einkenni fjaðrafellistaða heiðagæsa hér og á Grænlandi og reynt að meta hugsanleg áhrif miðlunarlóns á Eyjabökkum á heiðagæsir. Loks verður fjallað um lagalegar skuldbindingar varðandi verndun heiðagæsar og búsvæða hennar. Þessi samantekt byggir að miklu leyti á handriti um Fjaðrafelli heiðagæsa eftir Kristin Hauk Skarphéðinsson og Skarphéðinn Þórisson sem bíður birtingar í fuglatímaritinu Blika. Arnór Þ. Sigfússon, Jón Gunnar Ottósson, Sigmundur Einarsson og Ævar Petersen veittu aðstoð við þessa samantekt og lásu yfir handrit.

Eyjabakkar og Jökulsá í Fljótsdal

Berggrunnurinn undir Eyjabakkasvæðinu og í innanverðum Fljótsdal er að mestu leyti frá síðasta hluta tertiertímabils jarðsögunnar, þ.e. 2-3 milljóna ára gamall. Einkenni hans eru basalthraunlög með tiltölulega þunnum millilögum og einstaka þykkari setlögum. Þegar jökull hörfaði af Eyjabakkasvæðinu í lok ísaldar fyrir um 10

þúsund árum virðist hann hafa skilið þar eftir sig breiðan flata eða lægð með hafti þar sem nú er gert ráð fyrir því að stífla Jökulsá.

Jökulsá í Fljótsdal er frábrugðin flestum íslenskum jökulám að því leyti að aur- og sandburður er að jafnaði mun minni í henni en í öðrum jökulám. Einnig er lítið um grófan framburð í Jökulsá og botnskrið er lítið. Þetta stafar meðal annars af því að upptakasvæði Jökulsár er á gömlum berggrunni, ólíkt því sem þekkist hjá flestum öðrum jökulám hér á landi. Þetta einkenni árinnar er grundvöllur fyrir það gróðurlendi sem nú ríkir á Eyjabökkum og þar með fyrir lífríki og sérkenni svæðisins. Í stað grófra og síbreytilegra jökuláreyra, sem einkenna jökulár við jökuljaðra, rennur áin um leirborið flatlendi þar sem setmyndun er hæg og skilyrði fyrir gróður ólík því sem gerist annars staðar við jökuljaðra á Íslandi. Þetta sérkenni árinnar veldur einnig því að svörfun í árbotninum er óvenju lítil. Áin hefur því ekki náð að grafa umtalsverð gil eða gljúfur á leið sinni niður Fljótsdal, nema þar sem hún fellur um þykk setlög neðan við Kirkjufoss. Alls er talið að um 15 fossar, 3-30 m háir séu í Jökulsá á 20 km kafla, frá Eyjabökkum að Kleif í Fljótsdal, sem munu hverfa verði Jökulsá virkjuð (Helgi Hallgrímsson 1998). Auk þess eru á þessari leið fjölmargar flúðir og hávaðar. Sambærileg fossaröð er fágæt ef ekki einstæð hér á landi.

Samfelld gróðurþekja nær frá Héraðsflóa inn að jökuljöðrum beggja vegna Snæfells og hvergi annars staðar á landinu er að finna sambærilega gróðurhulu frá fjöru til jökla. Þá er algróið land við jökulsporða í miðhálendinu fágætt. Eyjabakkar liggja hærra yfir sjó en svipaðar gróðurvinjar við upptök jökuláa hérlendis, þ.e. í um 650 m hæð. Gróðurfar er afar fjölbreytt miðað við flest önnur svæði í hálendinu; þar skiptast á votlendi, þurrlendi og bersvæðisgróður ásamt áreyrum og söndum (Hjörleifur Guttormsson 1977). Mestan svip gefur gróska í votlendi meðfram Jökulsá og eyjum milli kvísla hennar enda er stór hluti Eyjabakka flæðiland en svo nefnist frjósamt votlendi sem ár eða lindir flæmast reglulega yfir. Flæðilönd eru algeng á láglendi en fágæt í hálendinu; þekktast þeirra er Þjórsárver við Hofsjökul sem talið er hafa verndargildi á heimsvísu.

Framrás og hop Eyjabakkajökuls og Brúarjökuls hefur skilið eftir sig jökulgarða sem mynduðust er jökullinn gekk fram á gróið land. Slíkir garðar eru nefndir hraukar og er jarðvegurinn í þeim blandaður jökulruðningi og mjög frjósamur; gróðursæld er því mikil í hraukunum. Samfellt gróið land við jaðra jökulsins var því ein af forendum þess að hraukarnir mynduðust. Hraukar á borð við þá sem finnast á

Eyjabökkum er hér á landi aðeins að finna við jaðra Brúarjökuls, einkum í Kringilsárrana (sbr. Hjörleif Guttormsson o.fl. 1981). Líklega eru hraukarnir á Eyjabökkum þeir einu sem orðið hafa til við að jökull gekk út á mýrlendi. Óvíst hvort sambærileg náttúrufyrirbæri finnist annars staðar í heiminum. Hraukar eru því afar fágæt náttúrufyrirbæri sem bundið er við svæðið beggja vegna Snæfells. Hraukarnir á Eyjabökkum munu hverfa undir vatn ef stíflað verður á Eyjabökkum.

Gæsirnar á Eyjabökkum bíta talsvert í hraukunum en einkum þó í mýrlendinu við kvíslar Jökulsár. Þurrlendið umhverfis Eyjabakka sem ekki mun lenda undir lóni er ekki heppilegt beitiland fyrir heiðagæsir sem um fellitímann sækjast fyrst og fremst eftir næringarríkum grösum og störum sem vaxa í votlendi.

Hreindýrastofninn er nú um 2500 dýr að sumarlagi og dvelur rúmur helmingur hans í sumarhögum á Snæfellsöræfum, þar af eru tæplega 20% stofnsins austan Snæfells. Svæðið austan Snæfells er nýtt um fartíma að vori en einkum þó á sumrin og haustin. Það land sem færi undir Eyjabakkalón er lítið sem ekkert nýtt af hreindýrum á vorin enda að mestu undir snjó á þeim tíma. Lónstæðið er hins vegar mikilvægt beitiland á sumrin; allt að 600 hreindýr (fjórðungur stofnsins) voru á Eyjabökkum í ágúst 1999 (Skarphéðinn Þórisson, munnl. uppl.).

Heiðagæsastofninn

Heiðagæsin er hánorræn tegund og skiptist í tvo aðskilda stofna sem kenndir eru við Svalbarða annars vegar og Ísland-Grænland hins vegar. Fyrrnefndi stofninn er miklu minni (um 30 þúsund fuglar) og hefur vetursetu í Danmörku og Þýskalandi.

Sá heiðagæsastofn sem kenndur er við Ísland-Grænland hefur margfaldast frá því farið var að fylgjast með honum fyrir tæpri hálfri öld. Stofninn var talinn um 30 þúsund fuglar um 1950 en er nú um 230 þúsund fuglar að hausti (Mitchell o.fl. 1999). Stofninn óx mjög hratt milli 1980 og 1990 en virðist hafa staðið í stað síðan (1. mynd). Bætt skilyrði á vetrarstöðvum eru talin hafa valdið mestu um þennan mikla vöxt í stofninum. Hér má nefna aukna akuryrkju, sem kemur gæsinni til góða, stofnun friðlanda og bann við sölu á dauðum gæsum, sem leitt hefur til minni skotveiði (Fox o.fl. 1989).



1. mynd. Þróun íslensk-grænlenska heiðagæsastofnsins. Byggt á talningum í Bretlandseyjum að hausti 1950-1998. Einnig eru sýndar talningar Skarphéðins Þórissonar o.fl. á geldgæsum á Eyjabökkum; ekki var talið 1983 og 1986 og talning mistókst 1993. Þá hefur ekki verið talið af myndum sem teknar voru 1998.

Heiðagæsavarp er fremur lítið á Grænlandi (giskað er á 5000 pör) en þangað leita hins vegar ókynþroska ungfuglar (geldgæsir) yfir hásumarið og fella fjaðrir (Boertmann & Glahder 1999). Líklega verpa yfir 80% stofnsins á Íslandi og er Þjórsárver langstærsta varpstöðin. Þar hafa orpið allt að 11 þúsund gæsapör en nú verpa þar um 6500 pör (Arnþór Garðarsson 1997). Heiðagæsin verpur víða um hálendið, til dæmis verpa um 6000 pör á vatnasviðum Jökulsánna þriggja á Austurlandi; á Fjöllum, Dal og Fljótsdal (Kristinn H. Skarphéðinsson & Skarphéðinn Þórisson, í undirbúningi). Gæsirnar eru einnig farnar að verpa sums staðar á láglendi, meðal annars við Héraðsvötn í Skagafirði. Heiðagæsin er þó fyrst og fremst hálendisfugl og verpur einkum í 400-600 m hæð yfir sjó.

Heiðagæsir á Eyjabökkum

Heiðagæsavarp er lítið á Eyjabökkum (nokkrir tugir para 1981) en þar er gósenland fyrir gæsir frá miðjum júní og fram í september er þúsundir geldfugla safnast þangað og fella þar flugfjaðrir. Heimildir eru um mikla gæsamergð á Eyjabökkum á miðöldum og líklegt er að þessi hálendisvin hafi gegnt þýðingarmiklu hlutverki fyrir heiðagæsastofninn a.m.k. öðru hverju um langa hríð. Hliðstæðar staðbundnar stofnsveiflur eru þekktar á mikilvægasta varplandi heiðagæsa sem er í

Þjórsárverum; þar benda heimildir til gæsamergðar á 16. og jafnvel 17. öld en að mun minna hafi verið af gæsum þar næstu árhundruð á eftir (Arnþór Garðarsson 1976).

Heiðagæsir hafa fellt fjaðrir á Eyjabökkum, a.m.k. öðru hverju, eins lengi og heimildir ná. Í Vilkinsmáldaga frá 1397 segir að Hallormsstaðakirkja eigi *„mannsfar í Þóriseyjar í gásveiði"* (Ísl. Fbr.safn IV: 207). Þessi ítök eru tilgreind óbreytt í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá því um 1570 (Ísl. Fbr.safn 15: 682). Kirkjan gætti þess að halda við gömlum réttindum og því er óvíst hve lengi gæsaveiði var stunduð á Eyjabökkum.

Í lýsingu Valþjófsstaðarsóknar frá 1840 segir: *„Álpta- og gæsafjaðratekja er við Jökulsána framundir Snæfellinu hvar þær særast einkum gæsir því álptir koma hér fáar og með Lagarfljótinu útí hvert bera fjaðrirnar"* (Stefán Árnason 1840). Jónas Hallgrímsson (1936) sem fór um Hérað haustið 1842 segir að mikið af *„grágæsum"* felli fjaðrir við Jökulsá austan við Snæfell, og byggir þá vitneskju sína sennilega á lýsingu Stefáns eða upplýsingum annarra Fljótsdælinga. Hafa skal í huga að á þessum tíma gerðu Íslendingar ekki greinarmun á grágæs og heiðagæs.

Litlar heimildir eru um heiðagæsir á Eyjabökkum frá því fyrir miðja 19. öld og fram undir 1970. Nokkrir greinargóðir menn sem fóru þar um geta ekki um gæsir (Kristinn H. Skarphéðinsson & Skarphéðinn Þórisson, í undirbúningi). Hørring (dagbók 1906) var tjáð að gæsir yrpu við Snæfell. Magnús Björnsson (1935) dvaldi austan Snæfells 21.-28. júlí 1935 en varð ekki var við heiðagæsir. Falk (1940) o.fl. sem dvöldu þar síðsumars 1936 og 1937 sáu þar hins vegar ótilgreindan fjölda grá- og/eða heiðagæsa. Það virðist því sem lítið af heiðagæsum hafi fellt flugfjaðrir á Eyjabökkum á fyrri hluta þessarar aldar.

Í ágúst 1968 sást stór hópur af heiðagæsum innan við Eyjafell, yfir 1000 fuglar að því talið var (Ástvaldur Elísson, munnl. uppl. 8.4. 1983). Dagana 20.-25. ágúst sama ár, kannaði Arnþór Garðarsson svæðið frá Snæfelli í Grágæsadal en sá aðeins smáhópa á Vesturöræfum (100-200 fugla alls) sem hann taldi staðbundna varpfugla (Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972). Athuganir Arnþórs voru það seint á sumri að geldfuglar voru orðnir löngu fleygir og gætu hafa leitað út á Fljótsdalsheiði að afloknum fjaðrafelli, eins og þeir hafa gert á undanförnum árum.

Hinn 3. ágúst 1971 leitaði Arnþór Garðarsson að fellistöðvum heiðagæsa á Austurlandi og flaug yfir flesta þá staði sem hægt var að gera ráð fyrir heiðagæsum (Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972). Hann athugaði eftirtalin svæði

og sá gæsir á sumum þeirra: Hvannalindir, Fagradal, Háumýrar, Sauðárdal, Vesturöræfi, Eyjabakka, vötn á Fljótsdalsheiði (120 fuglar á Bessastaðavötnum), Þríhyrningsvatn (40), Arnardal (60 fleygar), Framlönd-Bæjarlönd-Grafarlönd (alls 50 fleygar í 4 hópum). Það fundust m.ö.o. engar heiðagæsir á Eyjabökkum.

Dagana 18.-24. ágúst 1975 sáu Gísli Már Gíslason (1977) o.fl. um 1000 heiðagæsir á Eyjabökkum, en töldu fuglana vera umferðarfugla. Í ljósi þess að mikil ummerki voru eftir gæsabeit í Hraukum sem liggja næst þeim lónum sem felligæsir halda nú mest til á, er líklegt að þessar gæsir hafi fellt flugfjaðrir á Eyjabökkum.

Fylgst hefur verið reglulega með fellifuglum á Eyjabökkum frá 1979 en það ár felldu 1300 fuglar þar fjaðrir (1. mynd). Fjöldinn tvöfaldaðist árið 1982 og hélst síðan svipaður til 1985 (um 2500 fuglar). Tveimur árum síðar (1987) voru gæsirnar um 6000, sumarið 1989 voru þær um 8600 og rúmlega 13000 sumarið 1991. Síðan hafa gæsirnar verið um 9000 talsins. Það er athyglisvert að geldgæsum á Eyjabökkum fjölgaði í takt við stofninn, þ.e. þeim fjölgað ört milli 1982 og 1991 en síðan hefur hópurinn verið svo til óbreyttur. Þetta er langstærsti fellihópur heiðagæsa sem þekktur er í heiminum.

Í stuttu máli þá eru heimildir um gæsamergð á Eyjabökkum fyrir árið 1400; eru það raunar eina skjalfesta vitneskjan frá miðöldum um gæsaveiðar í hálendinu sem hægt er að tengja ótvírætt við ákveðinn stað. Líklegt er að talsvert af gæsum hafi verið á Eyjabökkum laust fyrir miðja 19. öld en kringum 1940 virðist afar lítið hafa verið af gæsum á svæðinu. Einhvern tíma á næstu áratugum fara geldgæsir að fella þar fjaðrir og öruggar heimildir eru um stóra hópa þar meira og minna samfellt síðastliðin 25 ár. Mikil aukning varð í fellifuglum milli 1980 og 1990, samhliða vexti í heiðagæsastofninum. Síðan hefur gæsamergðin lítið breyst á Eyjabökkum.

Fjaðrafellir

Fuglar skipta um búning á hverju ári og kallast það að fella fjaðrir. Tímasetja þarf fjaðrafellinn nákvæmlega og fyrir suma norræna fugla er lífsnauðsynlegt að ljúka fjaðrafelli í tæka tíð til að geta byggt upp orkubirgðir fyrir fartíma að hausti. Öll röskun á þessu ferli getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir afkomu fuglanna og jafnvel varpárangur í framtíðinni (sbr. Owen 1980).

Gæsir og aðrir andfuglar skipta um flugfjaðrir í einu lagi og eru þá ófleygir í 3-4 vikur meðan nýjar fjaðrir vaxa. Kallast það að vera í „sárum“. Algengt er að

andfuglar haldi sig í hópum um fellitímann, einkum ókynþroska („geldar") álftir og gæsir, svo og andasteggir. Þeir staðir sem slíkir fellihópar safnast á eiga það sameiginlegt að bjóða upp á betri vörn gegn óvinum en gengur og gerist um aðra dvalarstaði viðkomandi tegundar. Einnig þarf fæðuframboð þar að vera nægjanlegt og stöðugt þann tíma sem fjaðrafellir stendur yfir.

Fullorðnar heiðagæsir fella fjaðrir á varpstöðvum, þ.e. pör með unga, sem og eitthvað af pörum sem misst hafa undan sér (sbr. Arnþór Garðarsson 1976). Geldfuglar (ókynþroska fuglar) og sennilega eitthvað af öðrum ungalausum gæsum safnast á afskekkta staði og fella fjaðrir, stundum fjarri varpheimkynnum. Slík ferðalög hafa verið nefnd fellifar (Salomonsen 1968, Ogilvie 1978).

Heiðagæsir verða kynþroska (parast) í fyrsta lagi tveggja ára en flestar fara sennilega ekki að verpa fyrr en þriggja ára (Scott o.fl. 1955, Cramp & Simmons 1977). Stór hluti heiðagæsastofnsins eru því geldfuglar, svo og fullorðnir fuglar sem verpa ekki af ýmsum ástæðum.

Heiðagæsapör með unga fella oftast flugfjaðrir þegar ungarnir eru 10-20 daga gamlir og mynda hópa sem samanstanda af mörgum fjölskyldum og einnig af pörum sem sennilega hafa misst undan sér (Scott o.fl. 1953, 1955, Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972, Arnþór Garðarsson 1976, Cramp & Simmons 1977). Auk þessara fjölskylduhópa myndast hópar „geldgæsa". Þetta eru ungalausar gæsir, þ.e. ókynþroska ungfuglar, sennilega kynþroska fuglar sem hafa ekki orpið, og jafnvel eitthvað af varppörum sem misst hafa undan sér.

Geldar heiðagæsir fella flugfjaðrir viku fyrr en varpfuglar (Scott o.fl. 1955), þær fyrstu upp úr 20. júní (sbr. Jón Baldur Sigurðsson 1974). Gæsir sem enn höfðu ekki byrjað að fella flugfjaðrir í Þjórsárverum sáust allt fram til 26. júlí sumarið 1953 (Scott o.fl. 1955). Þessir fuglar voru með slitnar flugfjaðrir aðeins tveimur dögum áður en fyrstu gæsirnar sem þegar höfðu fellt urðu fleygar. Sumarið 1972 urðu menn í Þjórsárverum fyrst varir við geldfugla í sárum hinn 22. júní. Því getur það verið allbreytilegt eftir einstaklingum hvenær þeir fella fjaðrir.

Heiðagæsir eru ófleygar í u.þ.b. 25 daga og geta farið að fljúga nokkru áður en vængfjaðrir eru fullvaxnar (Scott o.fl. 1955). Þær skipta um bolfjaðrir eftir flugfjaðrafelli og lýkur búningaskiptunum ekki að fullu fyrr en í október (Cramp & Simmons 1977). Athuganir í Þjórsárverum sumarið 1953 leiddu í ljós að um 60%

gæsanna voru orðnar fleygar hinn 4. ágúst og tveimur dögum síðar voru þær flestar orðnar fleygar (Scott o.fl. 1955).

Talningar á geldgæsum sumarið 1992

Til skamms tíma felldu tiltölulega fáar geldar heiðagæsir flugfjaðrir hér á landi (sbr. Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972, Jón Baldur Sigurðsson 1974). Þær virðast langflestar hafa flogið til Grænlands og fellt þar fjaðrir (Taylor 1953, Christiansen 1961, Salomonsen 1968). Á árunum 1979-91 fjölgaði geldum heiðagæsum í fjaðrafelli á Austurlandi úr 2000 í 14.000. Mest munaði um aukningu geldgæsa á Eyjabökkum. Ekki var vitað hvort geldgæsum hafði fjölgað á fellistöðum annars staðar í hálendinu, enda litlar sem engar athuganir gerðar þar síðan 1972.

Sumar fellistöðvar heiðagæsa eru jafnframt taldar heppilegar undir miðlunarlón stórvirkjana. Vorið 1992 lagði Náttúrufræðistofnun Íslands því til við Landsvirkjun að ítarleg úttekt yrði gerð á fjölda og dreifingu geldra heiðagæsa í hálendinu. Geldgæsir höfðu þá nýlega verið taldar á Grænlandi (Boertmann 1991) og var það í fyrsta sinn sem sæmileg vitneskja fékkst um fellistöðvar heiðagæsa þar. Einstætt tækifæri gafst því til að afla upplýsinga um fjaðrafelli heiðagæsa hérlendis og tengja þau gögn við rannsóknir á Austurlandi og Grænlandi.

Ákveðið var að kanna (1) öll svæði sem þekkt voru sem fjaðrafellisstaðir heiðagæsa frá fyrri tíð, (2) svæði sem talin voru bjóða upp á hagstæð skilyrði fyrir fellifugla: einangrun, öryggi, og beitilönd og (3) aðra staði eftir því sem tími vannst til. Nauðsynlegt reyndist að kanna mest allt miðhálendið, Skaga, hluta Vestfjarða og Melrakkasléttu. Víðtækar athuganir á láglendi á síðustu áratugum hafa leitt í ljós að heiðagæsir fella ekki flugfjaðrir neðan 300 m y.s. Athuganir beindust því fyrst og fremst að svæðum sem voru 300-900 m y.s. Flogið var um hálendið í nokkrum áföngum, 12. - 23. júlí, nema hvað hluti Vestfjarða var kannaður 5. ágúst.

Sumarið 1992 fundust um 21.000 heiðagæsir í fjaðrafelli hér á landi (1. tafla, 2. mynd). Helmingur þeirra var á Austurlandi, 6000 á vatnasviði Þjórsár, 1700 á vatnasviði Hvítár í Árnessýslu og 1800 á vatnasviði Blöndu. Fátt var um geldar heiðagæsir á vatnasviði Skjálfandafljóts (160), Norðausturlandi (300), á afréttum V-Skaftafellssýslu og Rangárvallsýslu (235) og vatnasviði Héraðsvatna (1). Engar heiðagæsir fundust á heiðunum milli Borgarfjarðar og Húnavatnssýslu, á Skaga og Vestfjörðum.

1. tafla. Geldar heiðagæsir í fjaðrafelli á Íslandi sumarið 1992.

Svæði	Fjöldi fugla	Athugasemdir
Vatnasvið Skjálfandafljóts	160	
Norðausturland	292	
Austurland	10957	
V-Skaft. og Rangárvallasýsla	325	
Vatnasvið Þjórsár, N Köldukvíslar	5868	
Vatnasvið Hvítár	1722	
Borgarfjörður - Húnavatnssýsla	0	Arnarvatnsheiði o.fl.
Vestfirðir	0	A Skálmardals og Djúps
Vatnasvið Blöndu	1797	
Vatnasvið Héraðsvatna	1	
Skagi	0	
Alls	21122	

Heiðagæsir í fjaðrafelli fyrr á tímum

Fram undir 1970 var lítið sem ekkert vitað um hvar geldfuglar í íslensk-grænlenska heiðagæsastofninum felldu fjaðrir. Scott o.fl. (1953, 1955) fundu fáar geldgæsir í Þjórsárverum sumrin 1951 og 1953 (áætlaðir 750-1000 fuglar) miðað við varpstofninn í verunum (3000-5000 pör; sbr. Kerbes 1971). Upp úr 1950 varð mönnum ljóst að mikið af geldum heiðagæsum fer til Grænlands til að fella flugfjaðrir (sbr. Taylor 1953) en svo virðist sem fáar geldgæsir hafi fellt flugfjaðrir á Grænlandi á fyrri hluta þessarar aldar. A.m.k. eru ekki heimildir um umferð heiðagæsa á þessum tíma frá Grænlandi (sbr. Christensen 1967, Madsen o.fl. 1984).

Umfangsmiklar rannsóknir Arnþórs Garðarssonar o.fl. leiddu í ljós að á árunum 1971-72 felldu um 4000 geldar heiðagæsir flugfjaðrir hérlendis (Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972, Jón Baldur Sigurðsson 1974). Flestar þeirra voru í sárum í Þjórsárverum (um 2000) og á Hvítárvatni (um 1400 árið 1971; 250 árið 1972). Miðað við þekkta aldursdreifingu í stofninum og áætlaðan varpárangur gæsanna á þessum árum (Fox o.fl. 1989, Mitchell o.fl. 1999), hafa líklega um eða innan við 10% geldra heiðagæsa fellt flugfjaðrir á Íslandi á þessum tíma og þá væntanlega um 90% á Grænlandi. Til samanburðar má geta þess a upp úr 1990 felldu 75-80% geldgæsanna fjaðrir hér á landi.



2. mynd. Dreifing geldra heiðagæsa í fjaðrafelli sumarið 1992.

Felliflug til Grænlands

Margar geldar heiðagæsir dveljast hér á landi í nokkurn tíma áður en þær halda til Grænlands. Vart hefur orðið við hópflug heiðagæsa í norðurátt á Norðurlandi allan maí og júní (sbr. Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972). Kringum 20. júní 1972 sáust hópar gæsa fljúga norðvestur og norður úr Þjórsárverum (Jón Baldur Sigurðsson 1974). Aðalfartími felligæsa sem eru á leið til Grænlands virðist þó vera frá 20. júní og fram í fyrstu daga júlí (Taylor 1953, Christensen 1967, Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972, Ólafur K. Nielsen, munnl. uppl.). Athuganir á Grænlandi staðfesta þessa tímasetningu á farfluginu; flestir fuglarnir koma til Grænlands um 1. júlí en fuglarnir koma allt frá 24. júní til 15. júlí (sjá Boertmann og Glahder 1999).

Fram á síðustu ár var dreifing og fjöldi heiðagæsa á Grænlandi illa þekktur. Sumarið 1988 voru gerðar ítarlegar athuganir úr lofti til að afla upplýsinga um

Þessar rannsóknir náðu yfir stóran hluta líklegs gæsakjörlendis um miðbik A-Grænlands (72°00' - 78°30'). Þær voru hins vegar ekki skipulagðar með það í huga að þaulleita að heiðagæsum og talningar fóru fram helst til of snemma (5.-8. júlí). Sérstaklega var leitað að gæsum á Jamesonlandi (70°-72°) hinn 18.-20. júlí 1988 en það svæði var til skamms tíma talið vera helsta aðsetur heiðagæsa á Grænlandi. Einnig voru nokkur svæði athuguð 1989.

Talningar á Grænlandi 1988 leiddu í ljós að um 30.000 geldar heiðagæsir felldu á svæðinu. Talsvert var ókannað af líklegu kjörlendi, einkum norðan 78° og frést hafði af heiðagæsum allt norður á 80°. Þá var nokkuð ókannað innan þess svæðis sem þegar hefur verið athugað (vestan 25°). Það er hins vegar talið fremur ólíklegt að stórar fellistöðvar séu á Suðaustur-Grænlandi, sunnan Scoresbysunds, enda lítið um heppilegt kjörlendi á þeim slóðum (Boertmann 1991). Lítils háttar heiðagæsavarp er á 66° (sbr. Christensen 1967) og á þeim slóðum hafa sést ummerki eftir felligæsir (Boertmann & Glahder 1999). Eins hefur verið vakin athygli á því að þær gæsir sem sést hafa yfirgefa Ísland hafa allar stefnt í hánorður en ekki vestur eða norðvestur og því sé ólíklegt að umtalsverðar fellistöðvar heiðgæsa séu á Vestur-Grænlandi.

Mikilvægustu fellistaðir heiðagæsa á Grænlandi miðað við rannsóknirnar 1988 eru á Jamesonlandi (5600 fuglar), Hochstetter Forland sem er á 75° (6500) og á Germaníulandi sem er nokkru norðar (6400 fuglar; Boertmann 1991). Heiðagæsir sem hafa sumardvöl á Grænlandi eru fyrst og fremst geldfuglar en talið er að á einu mikilvægasta heiðagæsasvæðinu (Jamesonlandi) séu aðeins 6-8% gæsanna varpfuglar (Madsen o.fl. 1984).

Eftir að hin umfangsmikla könnun fór fram á Austur-Grænlandi sumarið 1988 hefur heiðagæsastofninn vaxið talsvert og á sama tíma hafa heiðagæsir í fjaðrafelli fundist á mun fleiri stöðum á Grænlandi (Boertmann & Glahder 1999). Talið er fullvíst að um útbreiðsluaukningu sé að ræða en einnig hafa gæsir fundist á stöðum sem ekki höfðu verið kannaðir áður. Útbreiðsluaukningin hefur einkum verið til norðurs og hafa fellifuglar fundist allt norður á nyrsta odda Grænlands (83° N). Talið er að mun fleiri heiðagæsir felli nú flugfjaðrir í Grænlandi en áður (Boertmann & Glahder 1999).

Einkenni fellistöðva

Hér á landi fella geldar heiðagæsir nær eingöngu flugfjaðrir á svæðum sem eru 500-700 m y.s. Tæplega 90% fuglanna fundust á þessu hæðarbili sumarið 1992, þar af

yfir helmingur 600-700 m y.s. Heiðagæsir fundust raunar allt frá 300 m y.s. (Sultartangalón) í 800 m (norðvestan Hofsjökuls) en um 97% fuglanna felldu fjaðrir á svæðum sem eru 400-700 m y.s.

Fellistöðvarnar eru margvíslegar en eiga það allar sameiginlegt að vera afskekktar eða einangraðar frá mannaferðum og vera nálægt opnu vatni, svo fuglarnir geti forðað sér ef hættu ber að höndum. Á Eyjabökkum halda fuglarnir til í grösugu mýrlendi við tjarnir, jökullón og kvíslar Jökulsár í Fljótsdal. Þessi hópur var 42% af þeim fuglum sem felldu hér sumarið 1992. Sama hlutfall (42%) felldi fjaðrir í grennd við minni vötn og tjarnir. Þetta á t.d. við geldgæsir í Þjórsárverum og Guðlaugstungum. Um 11% fuglanna felldi í grennd við stærri vötn, eins og Hvítárvatn og nokkur vötn á Norðaustur- og Austurlandi. Aðeins 5% fuglanna virðist reiða sig á jökulár til að komast undan óvinum. Um helmingur þessara fugla voru við Þjórsá ofan við Gljúfurleit en smærri hópar voru við Skjálfandafljót, Tungná, Skaftá o.fl. ár. Loks voru fáeinir fuglar við litlar ár og læki.

Upp úr 1970 sáust geldgæsir í Þjórsárverum á sömu stöðum og 1992. Fuglarnir héldu sig þá í þéttum, stórum hópum í blautum flóum kringum stærstu tjarnirnar í neðanverðu Arnarfellsveri, Illaveri, Oddkelsveri og hluta af Tjarnarveri (Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972). Annars staðar á miðhálendinu sáust geldgæsir á þessum tíma yfirleitt við eða á stærri vötnum með mýrlendi í kring.

Heiðagæsir í fjaðrafelli eru afar varar um sig og viðkvæmar fyrir hvers kyns truflunum. Gæsir styggjast t.d. fljúgandi þyrlu í 10 km fjarlægð (Mosbech & Glahder 1991). Sameiginlegt einkenni allra fjaðrafellisstaða geldgæsa er einangrun frá mannaumferð. Það er t.d. athyglisvert að í Veiðivötnum hafa geldgæsir aðeins fundist á Grænavatni og Hraunvötnum en það eru afskekktustu vötnin í Veiðivötnum, ásamt Litlasjó. Svo virðist sem geldgæsir í fjaðrafelli sé ekki að finna á stöðum þar sem jeppaslóðir liggja nálægt eða þar sem mannaferðir eru tíðar.

Gæsir í fjaðrafelli þurfa að eiga greiðan aðgang að vatni og beitilöndin verða að vera jafnlend, því gæsirnar virðast forðast beit þar sem hólar og hæðir skyggja á hugsanlegar hættur. Stærð vatna virðist skipta minna máli, a.m.k. eru geldgæsir við fremur litlar tjarnir í Kringilsárrana og á Fljótsdalsheiði. Gæsirnar virðast einnig forðast svæði sem álftir halda til á, a.m.k. er aðeins kunnugt um einn fellistað heiðagæsa þar sem margar álftir halda til (Eyjabakka). Landslag og álftamergð gæti

því skýrt hvers vegna heiðagæsir fella ekki fjaðrir við stóru vötnin á Tunguheiði upp af Vopnafirði.

Beitilönd heiðagæsa á fellistöðvum virðast allfjölbreytt, en sennilega kjósa þær mýrlendi eigi þær kost á því. Í stuttu máli þurfa fjaðrafellistaðir geldra heiðagæsa að bjóða upp á eftirtalin skilyrði:

- Greiður aðgangur þarf að vera að vatni; gæsirnar fella ávallt fjaðrir í grennd við vatn og leita þangað við aðsteðjandi hættur.
- Víðsýni; gæsirnar þurfa að geta séð óvini á löngu færi.
- Næg beitilönd með próteinríkri fæðu (grös, starir).
- Afskekkt svæði þar sem mannaferðir eru ekki vera tíðar á fellitímanum í júlí.

Helsta kjörsvæði geldgæsa á Jamesonlandi á Grænlandi um fellitímann eru starmýrar og hálfdeigjur sem liggja að vötnum og ám og í minna mæli sjávarfitjar (Madsen o.fl. 1984, Madsen & Mortensen 1987). Á fellitímanum nýta gæsirnar beitilönd sem eru allt að 200-250 m frá opnu vatni. Ófleygar gæsir leita síðan athvarfs á tjörnum, vötnum og ám ef hættu (oftast refi *Alopex lagopus*) ber að höndum. Ár og tjarnir þurfa að vera a.m.k. 20 m breiðar og umhverfi þeirra sléttlent þannig að gæsirnar geti fylgst vel með og náð að forða sér í tæka tíð (Madsen & Mortensen 1987).

Um fellitímann bíta heiðagæsir á Jamesonlandi nýgræðing stara og grasa og velja þær plöntur sem hafa mesta næringargildi en minnst af trefjum (Madsen & Mortensen 1987). Eftir að þær verða fleygar að nýju, dreifast þær fljótlega og taka að nýta beitilönd sem ekki hafa áður verið nýtt um sumarið. Auk stara og grasa, taka gæsirnar að bíta elftingar en þær tegundir taka ekki að spretta fyrr en líða tekur á sumarið. Í ágúst bætast hin orkuríku ber við fæðuna (Madsen & Mortensen 1987).

Á Jamesonlandi, þar sem góðar fellistöðvar fyrir gæsir virðast vera takmarkaðar, er beint samband milli fjölda gæsa á einstökum stöðum og stærðar nýtanlegs beitilands, svo að beitarálag er svipað á öllum fellistöðvunum (Madsen & Mortensen 1987). Að meðaltali eru um 600 „gæsadagar“ á hvern hektara nýtanlegs beitilands á ári. Til samanburðar má geta þess að mýrlendi á Eyjabökkum er talið um 1500 ha og þar fella um 10 þúsund fuglar fjaðrir. Ef gert er ráð fyrir að fuglarnir séu á Eyjabökkum í 60 daga á ári er beitarálag þar álíka og á fyrrgreindum fellistöðvum á

Grænlandi eða um 400 „gæsadagar" á hvern hektara mýrlendis á ári. Á Grænlandi bíta gæsirnar allt að fjórðung af ársuppskeru sumra plöntutegunda og er því landið snöggbitið í lok sumars, plönturnar eru innan við hálfan cm. Sambærilegar mælingar hafa ekki verið gerðar á Eyjabökkum.

Talsverð samkeppni virðist vera um fæðu milli helsingja og heiðagæsa á fellistöðvum á Austur-Grænlandi. Þar sem þessar tegundir fella í sitt hvoru lagi er fæðuvalið nánast hið sama en á sameiginlegum fellistöðvum velja þær mismunandi beitarplöntur. Heiðagæsir virðast halda helsingjum frá sumum svæðum og hafa greinilega yfirhöndina þar sem báðar tegundirnar halda til. Aðskilnaður á fellistöðvum verður m.a. vegna þess að heiðagæsir fella aðeins þar sem víðsýnt er en helsingjar fella oft í mishæðóttu landi, enda fara þeir jafnan styttri vegalengd frá opnu vatni í fæðuleit eða innan við 100 m (Madsen & Mortensen 1987).

Fjaðrafellistöðvar andfugla eru mun óstöðugri en varp- og vetrarstöðvar. Þó eru ýmsar þeirra notaðar áratugum og jafnvel öldum saman, t.d. ýmsir fellistaðir álfta hér á landi (Arnþór Garðarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson, óbirt). Ástæður fyrir breytilegri notkun fugla á fellistöðvum eru m.a. þær að skilyrði eru breytileg, bæði fæðuframboð en einnig það öryggi sem slíkir staðir bjóða upp á gagnvart óvinum. Sumar fellistöðvarnar eru fyrst og fremst nýttar af ungfuglum, svo að hver einstaklingur sækir þar aðeins í fáein ár. Hefðirnar sem bundnar eru við notkun þessara staða eru því ekki eins sterkar og þegar um er að ræða fellistöðvar varpfugla (Salomonsen 1968).

Yfirlit um fellistöðvar heiðagæsa kringum 1990

Rannsóknir hér á landi og á Grænlandi á árunum 1988-92 veita vitneskju um fellistöðvar u.þ.b. 50.000 geldra heiðagæsa. Ókynþroska fuglar (1-3 ára) voru á þessum árum áætlaðir um 80.000 (Kristinn H. Skarphéðinsson, óbirt). Því vantaði upplýsingar um a.m.k. 30.000 fugla og sennilega talsvert fleiri. Síðari athuganir á Grænlandi hafa leitt í ljós nýjar og áður óþekktar fellistöðvar (Boertmann & Glahder 1999).

Samkvæmt reynslu í Þjórsárverum og víðar (sbr. Arnþór Garðarsson 1976) er líklegt að gæsir sem missa undan sér haldi sig á varpstöðvum og felli þar flugfjaðrir. Hins vegar er ekki vitað hvort, og þá í hve miklum mæli, fullorðnir „geldfuglar" (4 ára og eldri sem annað hvort verpa ekki eða missa undan sér) fella fjaðrir með yngri

geldfuglum. Því er hugsanlegt að gera þurfi grein fyrir fellistöðvum mun fleiri geldfugla en fjallað var um hér að framan..

Notkun geldgæsa á fellistöðvum er víðast hvar mjög breytileg (sbr. Madsen 1987). Það er hins vegar ljóst að sumir þessara staða hafa verið nýttir a.m.k. öðru hverju um langa hríð. Því verður að gera ráð fyrir að þeir geti verið mikilvægir fyrir viðkomandi stofn þegar til lengri tíma er litið. Því er mikilvægt að vernda fellistöðvar heiðagæsa, sem og önnur lykilbúsvæði þessarar tegundar: varplönd, viðkomustaði og vetrarstöðvar.

Af hverju fella geldgæsir fjarri varpstöðvum?

Helsta ástæðan fyrir því að gæsir og ýmsir aðrir andfuglar leggjast í ferðalög il að fella fjaðrir (fellifar) er talin vera takmarkað fæðuframboð á varpstöðvum. Geldfuglar sem leita burtu létta á beitarálagi á varpstöðvum og draga þar með úr samkeppni við gæsir með unga (Salomonsen 1968, Ogilvie 1978). Með því að halda til Eyjabakka, sem koma seinna undan snjó en aðrar gróðurvinjar á miðhálendinu, eða fljúga norður til Grænlands, nýta gæsirnar sér nýgræðing sem er seinna á ferðinni en á dæmigerðum varpstöðvum. Þar með eiga gæsirnar kost á úrvalsfæðu allt sumarið (Christensen 1967, Owen & Ogilvie 1979).

Þýðing Eyjabakka fyrir heiðagæsir

Fjaðrafellisstaðir heiðagæsa eru tiltölulega fáir samanborið við varpstaðina. Hér á landi er heiðagæsin útbreidd og verpur í hundruðum byggða, stórra og smárra, vítt og breitt um hálendið (3. mynd). Fjaðrafellistaðir eru hins vegar tiltölulega fáir og á flestum þeirra fella einungis tugir eða fáein hundruð fugla fjaðrir (sbr. 2. mynd). Þrátt fyrir víðáttumar í hálendinu eru heppilegir fjaðrafellistaðir fyrir heiðagæsir afar fáir; raunar fella yfir 90% fuglanna hér á landi á einungis 10 stöðum.

Fá svæði hér á landi og á Grænlandi bjóða upp á heppileg skilyrði fyrir geldfugla í fjaðrafelli. Raunar er talið að beitilönd á slíkum svæðum á Austur-Grænlandi séu þegar fullsetin (Madsen & Mortensen 1987, Boertmann & Glahder 1999). Helstu



3. mynd. Varpútbreiðsla heiðagæsa á Íslandi skv. 10x10 km reitakerfi.

fellistöðvar heiðagæsa (og helsingja) á Grænlandi eru innan þjóðgarðs, flokkuð sem IBA („*mikilvæg fuglasvæði*") eða njóta verndar skv. Ramsarsáttmálanum um verndun votlenda. Þessi svæði sem eru yfirleitt afar stór (hundruð eða þúsundir km^2) eru hvert um sig nýtt af 0,1-4% af heiðagæsastofninum. Til samanburðar má geta þess að gæsahópurinn sem fellir fjaðrir á Eyjabökkum er nú um 4% stofnsins en hefur verið allt að 7% stofnsins. Eyjabakkar eru þýðingarmesta einstaka svæðið fyrir geldar heiðagæsir nú á tímum; þar fella nú flugfjaðrir um 10 þúsund heiðagæsir en hafa flestar verið um 13 þúsund; 50-70% af geldum heiðagæsum á Íslandi og 10-15% af geldum heiðagæsum í íslensk-grænlenska heiðagæsastofninum.

Hugsanlegar virkjanir og fellistöðvar heiðagæsa

Íslensk-grænlenski heiðagæsastofninn hefur þrefaldaðist á árunum 1971-91 en á sama tíma fimmfaldaðist fjöldi geldra heiðagæsa sem fellir flugfjaðrir hér á landi. Íslenskar hálendisvinjar gegna því æ þýðingarmeira hlutverki fyrir geldar heiðagæsir,

bæði tölulega og hlutfallslega. Ef gengið er út frá því að allir fellistaðir heiðagæsa á Íslandi séu þekktir má gera ráð fyrir því að 3/4 hlutar geldra heiðagæsa í íslensk-grænlenska stofninum felli flugfjaðrir á Grænlandi.

Sumar fellistöðvar heiðagæsa hér eru á svæðum sem hugmyndir hafa verið uppi um að nota undir miðlunarlón í framtíðinni. Áhrif hugsanlegra virkjana í Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum á fellistöðvar geldgæsa skipta fremur litlu máli. Þær fellistöðvar sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna hennar (Þríhyrningsvatn, Brúarsandar og Möðrudalur) eru athvarf nokkur hundruð fugla.

Önnur svæði þar sem hagsmunir geldgæsa og virkjana rekast á eru Þjórsárver; um 500 geldgæsir fella í þeim hluta veranna sem gæti farið undir vatn ef stíflað verður við Norðlingaöldu. Á Hvítárvatni fundust 1330 geldar heiðagæsir og um 90 grágæsir. Alls felldu því um 1800 geldar heiðagæsir í hugsanlegum lónstæðum utan Austurlands sumarið 1992. Um 52% (11.000/21.000) sem fundust hér á landi sumarið 1992 felldu flugfjaðrir á svæðum sem koma til greina sem miðlunarlón; langflestar á Eyjabökkum (um 10.000). Þetta hlutfall er án efa hærra sum árin og veltur það m.a. á stærð Eyjabakkahópsins.

Áhrif Fljótsdalsvirkjunar á heiðagæsir

Eyjabakkar eru mikilvægt búsvæði heiðagæsa um fjaðrafellitímann. Ef Fljótsdalsvirkjun verður byggð skv. núverandi hugmyndum má telja víst að nær allt beitiland felligæsa á Eyjabökkum fari undir vatn og að svæðið verði úr sögunni sem fellistaður. Gæsir eru ákaflega vanafastir fuglar og nýta sömu svæðin kynslóð fram af kynslóð, hvort sem það er til varps, beitar eða fjaðrafellis. Erfitt er að segja til um hvað þær gæsir munu taka til bragðs sem missa fellistað á Eyjabökkum; engin sambærileg svæði eru þekkt hér á landi sem tekið gætu við 10.000 gæsum og athuganir á Grænlandi benda til þess að beitilönd gæsa þar séu fullsetin (sjá að framan).

Ef lón verður myndað á Eyjabökkum, mun vatnsstaða í því verða lægst snemma vors en gert er ráð fyrir að það fyllist miðsumars. Þegar eftir fyrsta veturinn má gera ráð fyrir að sá gróður sem fyrir er í hugsanlegum lónbotni verði þakin í leðju og leir þegar ísa leysir. Því mun ekkert beitiland verða fyrir gæsir í lónstæðinu eftir að stíflað verður, þrátt fyrir að hluti lónstæðis verði á þurru fram eftir sumri. Í venjulegu árferði eru Eyjabakkar undir snjó fram í byrjun júní en upp úr því fara heiðagæsir að hópast

eru síðbúnar og koma ekki inn á svæðið fyrir rétt áður en þær fella fjaðrirnar. Sumar gæsir munu e.t.v. láta slag standa og fella fjaðrir á svæðinu, þrátt fyrir að beitilönd séu flest á kafi í vatni. Þær munu væntanlega eiga erfitt uppdráttar og jafnvel veslast upp. Heiðagæsum gæti því fækkað sem nemur þeim fjölda fugla sem hingað til hefur nýtt Eyjabakka.

Af framansögðu er ljóst að útlokað er að meta með nokkurri vissu hvað kunni að gerast ef miðlunarlón verður myndað á Eyjabökkum. Engin þekkt dæmi eru um að fellistöðvar heiðagæsa eða annarra gæsa hafi verið skertar með framkvæmdum á borð við stórvirkjanir.

Vakin hefur verið athygli á því að geldgæsir á Eyjabökkum kunni að flykkjast inn á ungauppeldissvæði, eins og í Þjórsárverum og keppi þar með við varpfugla um beitilönd. Slíkt veltur m.a. á því hvort uppistöðulón verði myndað í Þjórsárverum en sú framkvæmd kann að auka aðdráttarafl veranna fyrir geldgæsir (sbr. Arnþór Garðarsson 1997). Aðstæður umhverfis hugsanlegt lón í Þjórsárverum eru öðru vísi en á Eyjabökkum; lón í Þjórsárverum mun vatna upp á mýrlendi og þar með hafa aðdráttarafl fyrir fellifugla, öfugt á við lón á Eyjabökkum sem vatna mun að mestu upp á þurrlendi. Ef geldgæsir fara að flykkjast inn í varplöndin um fellitímann kann það að leiða til þess að fæðuskilyrði á uppeldisstöðvum unga versni og getur það til lengri tíma leitt til minni viðkomu og þar með fækkunar í stofni. Hér kann því að fara af stað atburðarás sem erfitt er að sjá fyrir til hvers muni leiða.

Verndargildi fellistöðva heiðagæsa á Eyjabökkum

Eyjabakkar eru mikilvægasti fjaðrafellistaður heiðagæsar á Íslandi og eitt af mjög fáum svæðum hérlendis sem bjóða upp á heppileg skilyrði fyrir stóran hóp fellifugla. Verndargildi Eyjabakka er því mikið hvort sem er á lands-, Evrópu- eða heimsvísu þar sem hátt hlutfall íslenskra heiðagæsa og íslensk-grænlenska heiðagæsastofnsins nýtir svæðið. Samkvæmt ***Ramsarsamningnum*** sem Íslendingar gerðust aðilar að árið 1978 eru svæði talin hafa alþjóðlegt verndargildi, ef 1% af einhverjum stofni vatnafugla nýtir þau í lengri eða skemmri tíma. Meðal þeirra skuldbindinga sem felast í Ramsarsamningnum er:

- Að setja eitt eða fleiri svæði á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. - Íslendingar hafa tilnefnt Mývatn, Þjórsárver og Grunnafjörð á þessa skrá.

- Að nota samþykktar viðmiðanir við skilgreiningu á votlendi með alþjóðlegt mikilvægi og kanna á skipulegan hátt með vísindalegum aðferðum hvaða votlendissvæði í heimalandinu uppfylli þessar viðmiðanir. - Þessi vinna er stutt á veg komin en er meðal annars hluti af rammaætlun ríkisstjórnarinnar (maður - nýting - náttúra).
- Að semja og hrinda í framkvæmd áætlun sem stuðlar að skynsamlegri nýtingu allra votlenda - Þetta hefur ekki verið gert hér á landi.
- Að láta framkvæma mat á umhverfisáhrifum áður en votlendi er breytt eða það eyðilagt. - Þetta hefur enn ekki verið gert varðandi Eyjabakka.
- Að skrá öll votlendi í heimalandi og kanna ástand þeirra. - Þetta hefur aðeins verið gert í litlum mæli.

Meðal annarra alþjóðlegra samninga sem Íslendingar hafa samþykkt og tengjast verndargildi Eyjabakka fyrir heiðagæsir er ***Bernarsamningurinn*** um vernd villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra í Evrópu. Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra dýra og plantna og búsvæði þeirra. Sérstök skylda er lögð á herðar aðildarþjóðanna að vernda búsvæði tegunda. ***Núgildandi lög um veiðar og vernd villtra dýra*** frá 1994 taka mið af Bernarsamningum, svo og nýsett náttúruverndarlög.

Í ***lögum um náttúruvernd*** nr. 44/1999 var í fyrsta sinn stigið það skref að vernda tilteknar landslagsgerðir sem taldar hafa mikið náttúrverndargildi. Í lögunum er einnig að finna almenna reglu sem ætlað er að hvetja til sérstakrar varkárni í umgengni mannsins við tilteknar landslagsgerðir og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Meðal slíkra landslagsgerða sem finna má á áhrifasvæðum Fljótsdalsvirkjunar eru: stöðuvötn og tjarnir, 1.000 fermetrar að stærð eða stærri; mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri og fossar.

Í nýju náttúruverndarlögunum eru einnig þau nýmæli (65. og 66. gr.) að umhverfisráðherra skal eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi. Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar.

Í náttúruverndaráætlun skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru

landsins. Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda búsvæða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til:

a. menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar,

b. nauðsynjar á endurheimt búsvæða,

c. nýtingar mannsins á náttúrunni,

d. ósnortinna víðerna.

Þá skal m.a. miðað við þau svæði sem áætlunin tekur til:

a. hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu,

b. séu óvenju tegundarík eða viðkvæm fyrir röskun,

c. séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda,

d. hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi,

e. séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla,

f. hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi,

g. séu einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta.

Einnig er vert að hafa í huga skuldbindingar ***Norrænu náttúruverndaráætlunarinnar*** sem umhverfisráðherra undirritaði í ágúst 1999; þar sem meðal annars er lögð áhersla á verndun gæsa og ***Ríó samningsins um líffræðilega fjölbreytni.*** Meðal skuldbindinga hans er ákvæði um að að kanna með lögbundnu mati á umhverfisáhrifum, þær athafnir sem kunna að hafa skaðleg áhrif á vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni (14. gr.).

Niðurstöður

- Sérkenni Jökulsár í Fljótsdal; lítill aurburður og grófur framburður ásamt gömlum berggrunni er ástæða þess að gróskumikið flæðiland hefur myndast við upptök árinnar. Þessir eiginleikar árinnar skýra einnig önnur sérstæð náttúrufyribæri eins og fossaröðina neðan Eyjabakka. Hin næringarríki gróður á Eyjabökkum er síðan forsenda þess að fjöldi heiðagæsa hefst þar við sumarlangt.
- Heiðagæsavarp er lítið á Eyjabökkum en þar er mikið um gæsir frá miðjum júní og fram í september er þúsundir geldfugla safnast þangað og fella þar flugfjaðrir. Heimildir eru um mikla gæsamergð á Eyjabökkum á miðöldum og líklegt er að þetta svæði hafi gegnt þýðingarmiklu hlutverki fyrir heiðagæsastofninn a.m.k. öðru hverju um langa hríð.
- Flestar geldar heiðagæsir (75-80%) fella fjaðrir á Grænlandi.
- Heiðgæsum í fjaðrafelli fjölgaði mikið á Eyjabökkum milli 1980 og 1990, samhliða vexti í heiðagæsastofninum, en fjöldinn hefur lítið breyst á undanförnum árum. Nú fella þar fjaðrir um 10.000 fuglar eða 4% heildarstofnsins; þetta er 50-70% af geldum heiðagæsum á Íslandi og 10-15% af geldum heiðagæsum í íslensk-grænlenska heiðagæsastofninum.
- Eyjabakkar eru mikilvægasti einstaki fjaðrafellisstaður heiðagæsa í heiminum; enginn staður hér á landi kemst í hálfkvisti við Eyjabakka en á Austur-Grænlandi eru margir og tiltölulega dreifðir fellistaðir.
- Heiðagæsir í fjaðrafelli eru afar varar um sig og viðkvæmar fyrir hvers kyns truflunum. Þær þurfa að hafa greiðan aðgang að vatni, því þær fella ávallt fjaðrir í grennd við vatn og leita þangað við aðsteðjandi hættur. Einnig þarf að vera víðsýnt á fellistöðvum enda þurfa gæsirnar að geta séð óvini á löngu færi. Næg beitilönd með próteinríkri fæðu (grös, starir) eru forsenda fyrir því að gæsunum takist að ljúka fjaðrafellinum á réttum tíma. Loks verða fellistöðvarnar að vera afskekktar og mannaferðir mega ekki vera tíðar þar á fellitímanum í júlí.
- Fáir staðir hér á landi bjóða upp á heppileg skilyrði fyrir heiðagæsir í fjaðrafelli, þrátt fyrir víðátturnar í hálendinu; yfir 90% fugla hér á landi fella fjaðrir á einungis 10 stöðum. Slíkum stöðum fer væntanlega fækkandi með aukinn umferð um hálendið.
- Talið er að beitilönd á fjaðrafellistöðum heiðagæsa á Grænlandi séu fullsetin.

- Miðlunarlón í Eyjabakkalægðinni mun taka yfir allt sléttlendi og um leið kaffæra mestallt votlendi og þar með eyða nær öllu beitlandi heiðagæsa um fellitímann.
- Útlokað er að meta með nokkurri vissu hvaða áhrif það kann að hafa á heiðagæsastofninn enda eru engin kunn dæmi þess að fellistöðvar heiðagæsa eða annarra gæsa hafi verið skertar með framkvæmdum á borð við stórvirkjanir.
- Til að hægt sé að meta huganleg áhrif Fljótsdalsvirkjunar á heiðagæsir er nauðsynlegt að gera áhættumat (e: risk assessment) sem tekur til líklegra breytinga á lykilbúsvæðum tegundarinnar hér á landi, svo og í sumarhögum á Grænlandi og vetrarstöðvum á Bretelandseyjum.

Heimildir

Arnþór Garðarsson 1976. Þjórsárver. Framleiðsla gróðurs og heiðagæsar. Orkustofnun OS-ROD 7624. Reykjavík. 85 bls.

Arnþór Garðarsson 1997. Fjöldi heiðagæsar í Þjórsárverum 1996. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit Nr. 40. 20 bls.

Arnþór Garðarsson & Jón Baldur Sigurðsson 1972. Rannsóknir á heiðagæs í Þjórsárverum sumarið 1971. Orkustofnun, Reykjavík. Fjölrit. 100 bls.

Boertmann, D. 1991. Distribution and numbers of moulting non-breeding geese in Northeast Greenland. Dansk Orn. Foren. Tidsskr. 85:77-88.

Boertmann, D. & C. Glahder 1999. Grønlandske gåsebestande - en oversigt. Danmarks Miljøundersøgelser. Faglig rapport fra DMU nr. 276., 59 bls.

Bulstrode, C.J.K. & D.E. Hardy 1970. Distribution and numbers of the Pink-footed Goose in Central Iceland, 1966-69. Wildfowl 21: 18-21.

Christensen, N.H. 1967. Moult migration of Pink-footed Goose *Anser brachyrhynchus* Baillon) from Iceland to Greenland. Dansk Orn. Foren. Tidsskr. 61: 56-64.

Cramp. S. & S.E.L. Simmons 1977. Birds of the West Palearctic. Oxford University Press, Oxford.

Falk, P. 1940. Further observations on the ecology of Central Iceland. J. Ecol. 28: 1-41.

Fox, A.D, H. Gitay, M. Owen, D.G. Salmon & M.A. Ogilvie 1989. Population dynamics of Icelandic-nesting geese, 1960-87. Ornis Scandinavica 20: 289-297.

Gísli Már Gíslason 1977. Dýralíf á Eyjabökkum. Frumkönnun. Í Eyjabakkar. Landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi. Orkustofnun, OS-ROD-7719. 33 bls.

Helgi Hallgrímsson 1998. Fossaval í Jökulsá í Fljótsdal. Glettingur 8(1): 19-26, 8(2-3): 43-50.

Hjörleifur Guttormsson 1977. Gróðurathugun og landkönnun á Eyjabakkasvæðinu. Í Eyjabakkar. Landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi. OS-ROD-7719. Reykjavík. 44 bls.

_____ 1981 (ritstj.). Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal. Orkustofnun, Reykjavík OS 81002/VOD02. 271 bls. + 24 myndasíður.

Hørring, R. 1906. Óbirt dagbók úr Íslandsferðum. Varðveittar á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Íslenskt Fornbréfasafn IV. bindi (Kaupmannahöfn 1897), IX. bindi (Reykjavík 1909-13), XII. bindi (Reykjavík 1923-32), XV. bindi (Reykjavík 1947-50).

Jón Baldur Sigurðsson 1974. Rannsóknir á varpháttum og afkomu heiðagæsar *(Anser brachyrhynchus)* í júní og júlí 1972. Orkustofnun OS-ROD 7414, Reykjavík. Fjölrit.

Jónas Hallgrímsson 1936. Ornithologiske Bemærkninger til Prodromus der islandischen ornithologie von Friedrich Faber, Kobenhagen 1922. Bls. 71-76 í Rit V. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Kerbes, R.H., M.A. Ogilvie & H. Boyd 1971. Pink-footed Geese of Iceland and Greenland: a population review based on an aerial survey of Þjórsárver in June 1970. Wildfowl 22: 5-17.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Skarphéðinn Þórisson. Stofnstærð og varpútbreiðsla heiðagæsa á Austurlandi. Bliki, í undirbúningi.

_____ & _____ . Heiðagæsabyggðir á Austurlandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar, í undirbúningi.

_____ & _____ . Fjaðrafellir heiðagæsa, í undirbúningi.

Madsen, J. 1987. Status and management of goose population in Europe, with special reference to populations resting and breeding in Denmark. Dan. Rev. Game Biol. 12(4):1-76.

Madsen, J., D. Boertmann & C.E. Mortensen 1984. The significance of Jameson Land, East Greenland, as a moulting and breeding area for geese: results of censuses 1982-1984. Dansk orn. for. tidsskr. 78:121-131.

Madsen, J. & C.E. Mortensen 1987. Habitat exploitation and interspecific competition of moulting geese in East Greenland. Ibis 129: 5-44.

Magnús Björnsson 1935. Óbirt dagbók. - Afrit varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Mitchell, C., A.D. Fox, H. Boyd, A. Sigfússon & D. Boertmann 1999. Pink-footed Goose *Anser brachyrhynchus.* Iceland/Greenland. Bls. 68-81 *í:* J. Madsen, G. Cracnell & A.D. Fox (ritstj.) Goose Populations of the Western Palearctic. A review of status and distribution. - Wetlands International Publication No. 48, Wetlands International, Wageningen, The Netherlands. National Environmental Research Institute, Denmark.

Mosbech, A. & C. Glahder 1991. Assessment of the impact of helicopter disturbance on moulting Pink-footed Geese *Anser brachyrhynchus* and Barnacle Geese *Branta leucopsis* in Jameson Land, Greenland. Ardea 233-237.

Ogilvie, M.A.O. 1978. Wild Geese. T.A.D. Poyser, Berkhamstead.

Owen, M. 1980. Wild Geese of the World. London.

Owen, M. & M.A.O. Ogilvie 1979. Wing molt and weight of Barnacle Geese in Spitsbergen. Condor 81:42-52.

Salomonsen, F. 1968. The moult migration. Wildfowl 19: 5-24.

Scott, P, J. Fisher & Finnur Guðmundsson 1953. The Severn Wildfowl Trust's expedition to central Iceland, 1951. Wildfowl Trust Ann. Rep. 5: 78-115.

Scott, P., H. Boyd & W.J.L. Sladen 1955. The Wildfowl Trust´s second expedition to Iceland, 1953. Wildfowl Trust ann. Rep.7: 63–98.

Stefán Árnason 1840. Lýsing Valþjófsstaðarsóknar. Handrit á Landsbókasafni, IB 18, fol. a.

Taylor, J. 1953. A possible moult-migration of Pink-footed Geese. Ibis 95: 638-641.

Jón Gauti Jónsson
landfræðingur:

Áhrif Fljótsdalsvirkjunar á ferðamennsku.

Greinargerð.
(Október 1999.)

INNGANGUR.

Í þessari greinargerð eru skoðuð líkleg áhrif virkjunar Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjunar) á ferðamennsku norðan Vatnajökuls. Athugunarsvæðið afmarkast af Jökulsá í Fljótsdal að austan og Jökulsá á Brú að vestan. Í suðri ráða jöklar en í norðri afmarkast svæðið af línu milli Brúar á Jökuldal og Bessastaða í Fljótsdal.

Markmið samantektarinnar er að meta það hvort fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir muni draga úr vaxtarmöguleikum ferðaþjónustunnar bæði á þessu svæði og eins á landinu í heild, eða hvort hið gagnstæða kunni að gerast, þ.e. að ferðamennska á svæðinu muni eflast í kjölfar virkjunar.

Í þessu sambandi skal tekið fram að hér verður litið á ferðamennskuna í ljósi arðsemi bæði fyrir þjóðarbúið í heild sinni og einstaka hagsmunaaðila og sú forsenda gefin að vilji og áhugi sé fyrir því að efla hana frá því sem nú er. Gengið er út frá því að aukin arðsemi felist m.a. í því að fjölga ferðamönnum með því að höfða til breiðari hóps ferðamanna en nú er án þess að náttúran bíði tjón af.

Þá er ennfremur gengið út frá því að ferðamennska tengd hverskyns veiðum sé víkjandi þáttur þegar almenn ferðalög eru annarsvegar, þó svo veiðar geti í ýmsum tilvikum verið aðilum í ferðaþjónustu mjög arðbærar. Sé hins vegar hægt að lengja ferðamannatímabilið með veiðiskap er sjálfsagt að nýta þá möguleika.

Samkvæmt ofansögðu felst vernd náttúrunnar einkum í því að halda allri umferð á afmörkuðum og merktum slóðum þannig að hvorki hljótist af landspjöll né að röskun verði á dýra- og fuglalífi. Einnig felst hún í góðri gistiaðstöðu með vörslu og snyrtiaðstöðu, sem uppfyllir kröfur heilbrigðisyfirvalda.

HEIMILDIR.

Víða var leitað fanga varðandi heimildir og eru þær tíundaðar í heimildaskrá. Að nokkru má skipta þeim í þrennt. Í fyrsta lagi eru það prentaðar heimildir, bæði rit almenns eðlis og skýrslur um einstaka efnisflokka. Í því sambandi skal sérstaklega getið skýrslunnar, *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku* eftir Önnu Dóru Sæ-þórsdóttur, en við hana var stuðst við ritun nokkurra kafla. Í öðru lagi var aflað upplýsinga frá ferðafélögum og öðrum sem reka ferðaþjónustu á svæðinu. Í svörum þeirra var í flestum tilvikum óskað efir því að með tölur yrði farið sem trúnaðarmál og var að sjálfsögðu orðið við því. Í þriðja lagi var um að ræða niðurstöður ökutækjatalninga með þremur mælum á tímabilinu frá 9. júlí til 14. september og vettvangsdvöl í þrjár vikur sumarið 1999.

SKILGREININGAR.

Tvö hugtök eru mikið notuð í þessari samantekt sem ástæða þykir til að skilgreina hér í upphafi (*heimild: Stefnumótun í ferðaþjónustu, 1996*).

Ferðamennska: Athafnir einstaklinga sem ferðast til staða utan hversdagsumhverfis og dvelja þar í nánar skilgreindum tilgangi.

Ferðaþjónusta: Atvinnugrein sem tekur til fyrirtækja og einstaklinga, sem vinna störf tengd ferðalögum.

FERÐAMENNSKA OG FERÐAÞJÓNUSTA Á SVÆÐINU.

Vegir/slóðir: Hringleið liggur um svæðið, sem er hluti Austurleiðar (F-910). Hún liggur upp úr Hrafnkelsdal og inn undir Snæfell, þaðan með Laugará og síðan eftir uppbyggðum vegi á Fljótsdalsheiði niður í byggð í Fljótsdal. Af þessari leið, norðvestan Sauðafells, liggur

afleggjari inn að Snæfellsskála, Snæfellsleið (F-909), og áfram að Brúarjökli. Hjá Laugarfelli er afleggjari inn að Eyjabakkafossi og áfram um skarðið milli Sandfells og Hafursfells. Við Sauðafell deilist slóðin, liggur önnur norður á Austurleið en hin vestur á Snæfellsleið. Ræsi og brýr eru á Austurleið frá afleggjara inn að Snæfellsskála og niður í Fljótsdal. Auk þessara slóða hefur myndast fjöldi annarra sem orðið hafa til ýmist af ævintýraþrá ferðamanna, vegna smalamennsku, grenjaleitar, rannsókna eða hreindýraveiða.

Gistiaðstaða. Góð gistiaðstaða er í Snæfellsskála, skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs við rætur Snæfells að vestan. Í Snæfellsskála er skálavörður yfir sumarið. Boðið er upp á gistingu í skála og á tjaldsvæði. Þar er góð snyrti- og hreinlætisaðstaða. Ennfremur er gist við gangnamannakofann við Laugarfell þ. á m. í skipulögðum hestaferðum.

Reiðleiðir: Ein reiðleið hefur myndast á svæðinu. Þetta er hringferð um Fljótsdalsheiði, Vesturöræfi og Snæfell með viðkomu bæði við Kárahnjúka og hjá Eyjabökkum.

Gönguleiðir: Gönguferðir um svæðið hafa nær einskorðast við svæðið í kringum Snæfell og upp á það, og frá Eyjabakkajökli niður í Lónsöræfi.

Ferðamennska á athugunarsvæðinu virðist að mestu hafa staðið í stað undanfarinn áratug þrátt fyrir tilraunir til að efla hana m.a. með umtalsverðri markaðssetningu. Þannig hefur fjöldi gistinátta í Snæfellsskála og á tjaldsvæðinu þar síðustu árin verið um 1000 (Íslendingar 65-70%), að stórum hluta göngufólk á leið í Lónsöræfi. Á síðustu árum hafa 2-300 manns gengið frá Snæfellsskála og niður í Lónsöræfi á hverju sumri og um 50-100 manns hafa ferðast í skipulögðum hestaferðum um Vesturöræfi og kringum Snæfell. Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um dagsumferð á svæðinu, en flest bendir til að hún hafi lengst af verið lítil.

Samkvæmt upplýsingum frá ferðaskrifstofum og af kynningarbæklingum má ráða að mjög lítið er um skipulagðar ferðir um svæðið með erlenda gesti sem hluta af lengri ferð um landið. Í ljósi þessa og upplýsinga um gistinætur erlendra gesta í Snæfellsskála er einsýnt að hlutur erlendra ferðamanna í gestakomum á svæðið er tiltölulega lítill, a.m.k. samanborið við gestakomur til landsins og á aðra hluta hálendisins. Má áætla að innan við 500 erlendir gestir hafi lagt leið sína um þetta svæði undanfarin ár. Hluti þeirra er að hefja göngu í skipulögðum ferðum niður í Lónsöræfi, en aðrir koma við í Snæfellsskála á leið sinni milli Fljótsdals og Hrafnkelsdals.

FERÐAMENNSKA SUMARIÐ 1999.

Ljóst er að sprenging varð í fjölda ferðamanna sumarið 1999 og nær hún aðallega til Íslendinga. Þessi mikla fjölgun kemur fyrst og fremst fram í aukinni dagsumferð um svæðið. Gistináttum í Snæfellsskála fjölgaði reyndar um 30-40%, en vart er merkjanleg aukning í skipulögðum hestaferðum eða gönguferðum niður í Lónsöræfi.

Ástæður þessarar fjölgunar má einkum rekja til eftirtalinna þátta:

Veðurfar. Skv. veðurfarsyfirliti Veðurstofu Íslands var sumarið 1999 mjög hagstætt ferðamennsku á Austurlandi og raunar víðar um land. Sérstaklega var fyrri hluti júlímánuðar hagstæður og aftur síðari hlutinn og fram í ágúst. Var þetta mikil breyting frá sumrinu áður, sem var ferðamennsku óhagstætt.

Aukið framboð á afþreyingu: Á síðustu árum hefur framboð á ýmiss konar afþreyingu verið að aukast á Austurlandi og Austfjörðum. Tekur það bæði til afþreyingar á sviði menningar (söfn o.fl.) og útivistar, ásamt með aukinni kynningu.

Efnahagsástand: Bætt efnahagsástand og minnkandi atvinnuleysi undanfarin ár hefur m.a. skilað sér í stóraukinni jeppaeign landsmanna, sem ætla má að leitt hafi til aukinna ferðalaga um óbyggðir Íslands. Þannig hafa á sl. fimm árum verið fluttir inn til landsins samtals tæplega 10.000 jeppar.



Kynning á svæðinu: Síðast en ekki síst hefur verið nær dagleg kynning á þessu landsvæði í fjölmiðlum, bæði sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum allt sumarið 1999, þar sem m.a. var skorað á fólk að fara um þetta svæði og kynna sér það vegna virkjanaáforma.

FERÐAHÆTTIR.

Sumarið 1999 var gerð úttekt á ferðum og ferðaháttum fólks sem lagði leið sína um Vesturöræfi og Snæfellssvæðið. Hún fólst í fyrsta lagi í ökutækjatalningu, í öðru lagi í þriggja vikna vettvangsdvöl og í þriðja lagi var í lok sumars leitað til ferðafélaga og annarra ferða-þjónustuaðila um upplýsingar um fjölda ferða o.fl.

Ökutækjatalning sumarið 1999.

Staðsetning ökutækjateljara	settur upp	tekinn niður	talningar-dagar	samt. umferð allt sumarið (í báðar áttir)
Laugarfell - Eyjabakkafoss	9. 7. 1999	14. 9. 1999	67	1.440
Austurleið - Laugará	9. 7. 1999	14. 9. 1999	67	1.626
Austurleið - Hrafnkelsdalur	28. 7. 1999	14. 9. 1999	48	962

Leiðin frá Brú og upp Hrafnkelsdal að Snæfelli var formlega opnuð þann 24. júní og leiðin upp úr Fljótsdal þann 2. júlí. Í vettvangsdvöl var reynt að áætla umferðina um svæðið, þ. á m. að Eyjabakkafossi og helstu ferðaleiðir, en ökutækjatalningin tekur til umferðar í báðar áttir.

Ökutækjatalning, athugun á vettvangi og upplýsingar frá aðilum í ferðaþjónustu sýna að yfirgnæfandi meirihluti ferðamanna hafði viðkomu við Eyjabakkafoss á ferð sinni um Snæfellssvæðið sumarið 1999 eða talsvert á fimmta þúsund ferðamanna er skiptist þannig:

Eyjabakkafoss.	fjöldi ferðam.
Einstaklings-/fjöldskylduferðir á eigin vegum.	3 - 3.500
Skipulagðar hópferðir:	
- viðkoma í dagsferð.	4 - 500
- viðkoma í lengri ferðum.	5 - 600
Samtals fjöldi ferðamanna inn að Eyjabakkafossi.	**4 - 4.500**

Sömu heimildir sýna að alls hafi um 1250 ökutæki farið inn að Eyjabakkafossi, þar af um 30 - 40 hópferðabílar. Eins og fram kemur á súluritinu hér að neðan er umferðin að jafnaði mest um helgar en þó einnig talsverð á virkum dögum einkum í lok júlí og fyrri hluta ágústmánuðar.



VETTVANGSDVÖL.

Í sumar var fylgst með ferðamennsku á Snæfellssvæðinu og Brúaröræfum um þriggja vikna skeið.

Tímabil 15. - 21. júlí. Dvalið á Snæfellssvæðinu utan einn dag sem farið var að Kárahnjúkum. Helstu viðverustaðir voru Eyjabakkar og Grenisalda.

Tímabil 28. júlí - 4. ágúst. Fyrstu þrjá dagana var dvalið á Eyjabökkum. Næstu þremur dögum var varið við Kárahnjúka og nágrenni, og síðasta degi við Snæfellsskála og Brúarjökul.

Tímabil 10. - 17. ágúst. Þremur fyrstu dögunum var varið á Eyjabakkasvæðinu, m.a. gengið inn með Snæfelli að austan og einnig að vestan um Þjófadal. Næstu fjóra daga var dvalið við Kárahnjúka og nágrenni.

Helstu niðurstöður athugunar á ferðaháttum í einstaklings- og fjölskylduferðum á eigin vegum eru þær, að langstærstur hluti fólks notar ökutækið nær eingöngu til að skoða sig um. Um er að ræða fjölskyldu, sem ferðast um í einkabíl, oft nokkrar saman. Hún dvelur mjög stutt á svæðinu eða einn dag. Hin dæmigerða ferð virðist vera þannig að ekið er upp úr Fljótsdal og inn að Eyjabakkafossi, þar sem stoppað er frá 15 mín. og upp í klukkustund. Þaðan er haldið um skarðið milli Sandfells og Hafursfells og inn að Snæfellsskála. Fjölmargir aka þaðan inn að Brúarjökli. Í bakaleiðinni er ýmist farið niður í Hrafnkelsdal eða skemmstu leið niður í Fljótsdal.

Samkvæmt upplýsingum frá ferðaþjónustuaðilum má ráðgera að um eða yfir 1000 manns hafi ferðast um Snæfellssvæðið í sumar í skipulögðum hópferðum, þar af hafi rúmur helmingur haft þar viðkomu í lengri ferðum og um leið gefið sér betri tíma til að fara um svæðið m.a. með því að fara í lengri gönguferðir.

Langstærstur hluti ferðamanna, eða 85-90% hefur varið um einni klukkustund til að skoða fyrirhugað virkjunarsvæði og þá fyrst og fremst með yfirsýn frá Eyjabakkafossi. Staðreyndin er hins vegar sú að til að fá góða yfirsýn yfir sjálfa Eyjabakkana þarf að fara í 2 - 5 klst. göngu. Er þá ýmist gengið inn með Snæfelli að austan og upp í hlíðar Snæfellsháls eða farið af ökuleiðinni inn að Brúarjökli og gengið um Þjófadal að útsýnisstað við Þjófagilsá.

MANNVIRKI - ÚTLITSBREYTING.

Fyrir hinn almenna ferðamann mun fyrirhuguð virkjun einkum hafa þær afleiðingar að sýn til einstakra svæða og náttúrufyrirbæra mun breytast verulega. Mest áberandi í landslaginu verður nýtt lón, Eyjabakkalón og stíflumannvirki, en einnig verður sýnileg skerðing á vatnsrennsli Jökulsár fyrir neðan stífluna.

Aldrei mun verða einhugur um það hvað flokka megi til fallegra/sérstæðra staða eða svæða, þar sem um svo huglægt og afstætt mat er að ræða. Stórum hópi ber þó saman um það að fjölbreytileikinn, bæði þess lifandi og dauða í ríki náttúrunnar, andstæðan við hið daglega og mikilfengleiki náttúrunnar leiki stórt hlutverk í að skapa með mönnum fegurðartilfinningu eða hughrif til náttúrunnar. Ennfremur getur einvera og kyrrð átt þátt í því að skapa slíka stemningu.

Þá er það ennfremur sameiginlegt álit stórs hóps að sum svæði skapa mönnum fegurðartilfinningu með því að njóta náttúrunnar eða landslagsins úr fjarska. Það gerist einkum á stórum einsleitum svæðum hvað varðar náttúrufar og landslag. Önnur svæði sem ekki virðast jafn „tilkomumikil" úr fjarska geta hins vegar kallað á nána snertingu, að þau séu skoðuð gegnum „stækkunarglerið". Þá eru ennfremur mörg svæði óaðgengileg eða fólk gefur sér ekki tíma til að kynnast þeim. Þetta mat er hins vegar afstætt því sama svæðið getur í raun kallað á bæði þessi hughrif, þ.e. að horft sé á þau úr fjarska eða hugað að hinu smáa.

Ef horft er til þessarar aðgreiningar hvað varðar Snæfellssvæðið og Vesturöræfi þá virðist ljóst að langstærstur hluti ferðafólks meti fegurð svæðisins fyrst og fremst í ljósi fjarlægðarinnar. Þessi ályktun er dregin í ljósi þess að ferðafólk á þessu svæði stoppar stutt við og lætur nægja að skoða landið út um bílrúðuna. Ekki skal hins vegar gert lítið úr þessu atriði.

Þá er það staðreynd að erfitt er að fara um Eyjabakkasvæðið og eiga því fáir þess kost að kynnast þeirri náttúru er þar gefur að líta m.a. við jaðar Eyjabakkajökuls. Ennfremur er torsótt að njóta þess fugla- og dýralífs sem þar er. Hreindýr koma sér strax á brott og heiða-gæsir sem þarna halda til eru í sárum og flytja sig um leið og þær verða fyrir truflun. Má því segja, að eigi Eyjabakkar að vera griðastaður heiðagæsa og hreindýra þá verði að friða svæðið fyrir umferð ferðamanna a.m.k. á fellitíma gæsanna í júlí og ágúst.

Hér verður gerð stutt grein fyrir því hvar ferðamenn verða fyrst og fremst varir við breytingar á núverandi sýn til landsins er þeir ferðast um svæðið.

Af ökuleiðum: Sé gengið út frá núverandi vegakerfi mun Eyjabakkalónverða sýnilegt öðru hverju af veginum inn að Brúarjökli þegar kemur inn fyrir Litla-Snæfell. Þá verður Eyjabakkalón og mannvirki því tengd sýnileg þegar ekið er inn fyrir Laugarfell og um skarðið milli Sandfells og Hafursfells. Þá munu ennfremur verða sýnileg mannvirki tengd vatnsveitum Hölknár og Laugarár á leiðinni inn í Snæfellsskála í grennd við vegamót við Sauðafell, þar sem m.a. þarf að breyta legu vegarins.

Af reiðleiðum: Skipulagðar hestaferðir síðustu ára hafa myndað hringleið um Vesturöræfi og Snæfell. Þessi leið liggur m.a. utan í hlíðum Snæfells að austan nálægt fyrirhuguðu vatnsborði. Fyrirhugað lón verður því mjög áberandi á um 10 km kafla.

Af gönguleiðum: Vinsæl gönguleið er yfir í Lónsöræfi, sem leiðin er venjulega kennd við. Á fyrsta degi þessarar göngu er gengið yfir Eyjabakkajökul og þaðan mun útsýni yfir Eyjabakka breytast verulega. Frá skála við Geldingafell sést lítið til lónsins og það sama gildir austar á þessari gönguleið. Ganga frá Snæfellsskála í gegnum Þjófadal og að Eyjabökkum hefur verið stunduð nokkuð. Þessi leið breytist verulega með tilkomu lónsins. Þá mun útsýni af tindi Snæfells yfir Eyjabakka breytast verulega. Á gönguleið niður með Jökulsá í Fljótsdal mun útlit fossa breytast verulega, einkum útlit efstu fossanna.

Frá gististöðum: Sýn frá núverandi og fyrirhuguðum gististöðum mun ekki breytast með tilkomu virkjana.

ÁHRIF VIRKJUNAR Á FERÐAMENNSKU.

Við mat á áhrifum Fljótsdalsvirkjunar á ferðamennsku, bæði á landinu almennt en einnig á Vesturöræfum og Snæfellssvæðinu, er auk þess sem að framan greinir, eftirfarandi lagt til grundvallar:

Rannsóknir Norðmanna á áhrifum virkjana á ferðamennsku.

Í skýrslunni, *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku,* er gerð grein fyrir rannsókn sem gerð var í Noregi á áhrifum vatnsaflsvirkjunar í Aurlandsdalnum á ferðamennsku en hún var reist á árunum 1970-1984. Niðurstöður þeirrar rannsóknar voru eftirfarandi:

- Fjöldi ferðamanna á nokkurra daga göngu um svæðið stóð í stað fyrir og eftir virkjun. Svipuð þróun átti sér stað á samanburðarsvæðum, sem ekki hafa verið virkjuð.
- Ferðamönnum í dagsgönguferðum fjölgaði verulega (voru engir áður).
- Ferðamönnum í ökuferðum stórfjölgaði, en þeir voru engir áður.
- Það sem truflaði ferðamenn mest voru raflínur, mun meira en vegir, gistiskálar og stíflur.

Þær breytingar sem verða á ferðamynstri í kjölfar virkjunar má draga saman á eftirfarandi mynd (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 1998, bls. 27)



Mynd 6. Áhrif byggingar vatnsorkuvera á ferðamenn.
Heimild: Teigland 1994.

Saga ferðamennsku og ferðaþjónustu í heiminum og kenningar fræðimanna.
Í skýrslunni, *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku,* er rakin í stuttu en gagnorðu máli saga ferðamennsku og ferðaþjónustu í heiminum og gerð grein fyrir kenningum fræðimanna á þessum sviðum. Er hér birtur útdráttur úr þessari samantekt.

Hvatar og hindranir ferðamanna: Aðdráttarafl staða og svæða getur bæði verið af náttúrulegum toga og manngerðum, s.s. ýmiss konar afþreying. Þá hefur það áhrif hve aðgengilegur staðurinn er. Er þá gjarnan talað um ytra og innra aðgengi. Ytra aðgengi er háð fjarlægð til heimabyggðar og samgöngum þar á milli, en innra aðgengi er háð landsháttum, ástandi vega og slóða og ýmsum verndaraðgerðum innan svæðisins.

Gæði og fjölbreytileiki upplifunar á svæðum hefur áhrif á dvalarlengd og hversu oft ferðamenn heimsækja svæðið. Því meiri fjölbreytileiki þeim mun sennilegra er að komið sé aftur og/eða dvalið lengur.

Flokkun ferðamanna: Ýmsir sérfræðingar hafa reynt að flokka ferðamenn. Hefur þá yfirleitt verið gengið út frá einkennum þeirra og þeirri hvöt eða þörfum sem liggur að baki ferðalagsins. Í þessum flokkunum má yfirleit sjá þá tilhneigingu að setja upp andstæður, þar sem á öðrum pólnum eru ferðamenn sem vilja sem minnsta þjónustu og forðast allt samneyti við aðra ferðamenn. Þessi hópur hefur verið nefndur „hreiningjar" eða „flakkarar". Á hinum pólnum eru þeir sem kjósa öryggi og „lúxus" og eru þar af leiðandi sáttir við manngert umhverfi og aðra ferðamenn. Þessi hópur hefur verið nefndur „byrgingar" (urbanistar). Mitt á milli er síðan þorri ferðamanna og fara þeir bil beggja, þ.e. vilja ákveðna þjónustu, öryggi og þægindi án þess að um beinan „lúxus" sé að ræða.

Þróun ferðamannastaða: Ljóst er af sögunni að í ferðamennsku gætir víða ákveðinnar þróunar í vexti og viðgangi ferðamannastaða. Ferðamannastaðir komast fyrst á blað þegar ævintýragjarnir ferðalangar (flakkarar), sem kjósa frumstæðar aðstæður og lítil þægindi, uppgötva staðinn. Í kjölfarið fylgir síðan annar hópur ferðamanna. Hann er fjölmennari og vill viss þægindi og öryggi, sem mætt er með aukinni uppbyggingu á aðstöðu. Það gefur íbúum á svæðinu auknar tekjur sem leiða oftast til frekari fjárfestingar, m.a. í ýmiss konar afþreyingu og aðstöðu til að taka við fleirum.

Í tengslum við þessar vangaveltur hefur orðið til hugtakið *burðarþol ferðamennsku* (tourism carrying capacity), en það er sá fjöldi ferðamanna sem tiltekið svæði þolir. Þetta burðarþol er metið út frá þremur sjónarhornum.

a. Umhverfinu, þ.e. hve umhverfið þolir mikið án þess að láta á sjá.
b. Ferðamönnum, þar sem einhvern tíma kemur að því að ferðamönnum fer að fækka vegna ágangs/fjölda annarra ferðamanna.
c. Heimamönnum, þar sem komið getur að því að heimamönnum þyki nóg um ágang ferðamanna.

Skipulag ferðamannastaða: Ýmsar aðferðir hafa verið viðhafðar við skipulagningu ferðamannastaða eða svæða. Meðal sérfræðinga virðist samstaða um það að þar eigi fjölbreytileikinn að ráða ríkjum m.a. í ljósi eftirfarandi:

- ferðamenn eru mismunandi.
- ferðamenn sækjast eftir mismunandi upplifun.
- upplifun fæst við athafnir í umhverfinu.
- mismunandi umhverfi getur boðið upp á mismunandi upplifun.

ÁHRIF NÚVERANDI VIRKJANA HÉR Á LANDI Á FERÐAMENNSKU.
Í einum kafla skýrslunnar, *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku,* er fjallað um þau sóknarfæri, sem skapast hafa samhliða uppbyggingu virkjana í öðrum landshlutum. Þar kemur skýrlega fram að á virkjunarsvæðunum við Blöndu, á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, við Bláa lónið og á Nesjavöllum hafa menn uppgötvað þessa möguleika og reynt ýmsar nýjungar sem stuðlað hafa að ýmiss konar nýjum tækifærum á sviði ferðamennsku. Það hefur leitt til mikillar fjölgunar ferðamanna er skapað hafa ný störf og stuðlað að aukinni dreifingu ferðamanna.

ÞRÓUN FERÐAMENNSKU HÉR Á LANDI.
Eins og alkunna er hefur heimsóknum erlendra gesta fjölgað mjög hér á landi með hverju árinu og í raun langt umfram spár og væntingar. Þannig fjölgaði heimsóknum erlendra ferðamanna um rúm 15% milli áranna 1997 og 1998 og í ár stefnir að svipaðri fjölgun þannig að fjöldi erlendra gesta fari yfir 250.000. Þetta hefur verið að gerast á sama tíma og ýmsir hafa haldið því fram að framferði okkar Íslendinga á sviði umhverfismála og auðlindanýtingar spilli ímynd landsins sem ferðamannalands. Er ekki hægt að benda á nein rök er styðja það að frekari áform muni hafa þau áhrif að draga muni úr heimsóknum erlendra gesta hingað til lands.

Þá hefur því verið haldið fram að mannvirkjagerð á hálendinu geti skaðað ímynd Íslands, að hún muni draga úr aðdráttarafli þess sem ferðamannalands. Byggir þetta m.a. á þeirri skoðun að ferðamaður framtíðarinnar muni vera sér mjög meðvitaður um umhverfismál. Þetta er ekki dregið í efa, en aðilar í ferðaþjónustu hafa m.a. bent á að ferðamaður framtíðarinnar muni, þrátt fyrir aukna vitund um vernd umhverfisins fara fram á góðar samgöngur, fjölbreytta gistiaðstöðu og ítarlegar upplýsingar og leiðbeiningar. Samvinna aðila orkuöflunar og ferðaþjónustu um bættar samgöngur og uppbyggingu á aðstöðu og upplýsingamiðlun geta því því farið saman og byggt upp öfluga og fjölbreytta ferðaþjónustu eins og dæmin hafa sannað.

SKOÐANAKANNIR MEÐAL ERLENDRA GESTA OG ÍSLENDINGA.
Á síðustu átta árum hafa verið gerðar a.m.k. sjö skoðanakannanir, bæði meðal erlendra og innlendra ferðamanna og með úrtaki úr þjóðskrá, þar sem spurst er fyrir um afstöðu fólks til íslenskrar náttúru og mannvirkjagerðar, einkum raforkumannvirkja á hálendinu. Þessar kannanir eru:

- „Góðir Íslendingar". Ferðamálakönnun meðal Íslendinga á ferð um Ísland sumarið 1992. Rögnvaldur Guðmundsson. febrúar, 1993.
- Ferðakönnun á Íslandi. Erlendir ferðamenn júní 1991 - júní 1992. Samanburður milli árstíða. Félagsvísindastofnun, október, 1992.
- Viðhorf til ferða um hálendi Íslands. Félagsvísindastofnun, janúar 1996 (Unnin fyrir Landsvirkjun).
- Áhrif vatnsaflsvirkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku. Anna Dóra Sæþórsdóttir. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Landsvirkjun, 1998.
- Könnun meðal erlendra ferðamanna, september til október 1996. Ferðamálaráð, janúar 1997.
- Erlent ferðafólk í náttúru Íslands. Könnun á viðhorfum og hugmyndum erlendra ferðamanna til náttúru og umhverfismála á Íslandi. Maðurinn og umhverfi - sumarið 1996.
- Viðhorfskönnun um afstöðu Austfirðinga til virkjana og stóriðju í fjórðungnum. Gerð um mánaðamótin júlí/ágúst 1998. Gallup - Íslenskar markaðsrannsóknir.

Niðurstöður skoðanakannana.
Eftirfarandi megin niðurstöður virðist mega draga af þessum skoðanakönnunum hvað varðar afstöðu til íslenskrar náttúru og mannvirkjagerðar vegna raforkuvinnslu á hálendinu.

- Meginhluti þeirra sem ferðast um Ísland gera það til að kynnast, njóta og skoða náttúru landsins. Það sem höfðar til fólks er víðáttan, kyrrðin og hreinleikinn.
- Erlendir gestir líta á Ísland sem ósnortið/óspillt land í dag og að landið teljist ósnortið þó svo að einhver mannvirki hafi verið reist.
- Meirihluti Íslendinga er á því að gera eigi hálendið aðgengilegra fyrir ferðamenn með bættum vegum.
- Ferðamenn virðast sáttir við ástandið eins og það er í dag og setja sig ekki á móti þeim raforkumannvirkjum sem byggð hafa verið. Þá telur meirihluti ferðamanna að miðlunarlón hafi ekki áhrif á heimsóknir þeirra til svæða þar sem slík lón hafa verið gerð.
- Almennt kom fram jákvæð afstaða til mengunarlausrar orkuvinnslu.

MIÐHÁLENDI ÍSLANDS - SVÆÐISSKIPULAG 2015.

Vegir og slóðir.
Í Svæðisskipulagi Miðhálendisins eru gerðar tillögur um slóðir og reið- og gönguleiðir á miðhálendinu. Samkvæmt því eru vegslóðir flokkaðar í þrennt:

Aðalfjallvegir.
Aðalfjallvegir eru góðir sumarvegir með brúuðum ám og færir venjulegum fólksbílum. Þeir tengja saman byggðarlög yfir hálendið. Vegirnir eru opnir a.m.k. 4-6 mánuði á ári. Í skipulaginu er lagt til að slíkur vegur liggi frá Gilsá á Jökuldal og að Aðalbóli í Hrafnkelsdal og áfram um Snæfell á Upp-Héraðsveg.

Fjallvegir.
Fjallvegir eru tengivegir hálendisins, einkum ferðamannaleiðir innan héraða. Að jafnaði ruddar eða lagfærðar slóðir þar sem hættulegustu ár eru brúaðar. Opnir skemur en aðalfjallvegir. Á athugunarsvæðinu er lagt til að eftirfarandi slóðir verði flokkaðar sem fjallvegir.
Slóð úr Hrafnkelsdal. Hún liggur frá Vaðbrekku og inn að Kárahnjúkum og áfram inn á Vesturöræfi að Sauðakofa og þaðan að Snæfelli.
Snæfellsleið. Afleggjari af aðalfjallvegi inn að Snæfelli.

Einkavegir-aðrar ökuleiðir.
Fremur fáfarnar leiðir að einstökum skálum eða gangnamannahúsum, þ.m.t. ýmsir afréttarvegir, veiðivegir og línuvegir. Í þessum flokki eru vegir sem skilgreindir eru sem „almennir vegir" og „einkavegir" í vegalögum og eru ætlaðir til almennrar umferðar. Í skipulaginu er lagt til að slóðin frá Eyjabakkafossi austur yfir Jökulsá og að Geldingafelli verði í þessum flokki.

Reiðleiðir.
Á svæðisskipulagi eru gerðar tillögur um helstu reiðleiðir, þ. á m. hringleið um Vesturöræfi og Snæfell og niður Fljótsdal.

Gönguleiðir.
Eftirfarandi megin gönguleiðir eru færðar á skipulagskortið.
Milli Jökuldals og Fljótsdals.
Umhverfi Snæfells og Vesturöræfi.
Snæfell - Lónsöræfi - Staðarfell.

Þjónustustaðir ferðamanna.
Á skipulagsuppdrættinum eru gerðar tillögur um þjónustustaði fyrir ferðafólk og er þeim skipt í fjóra flokka:

Jaðarmiðstöðvar.

Frá jaðarmiðstöðvum liggja meginleiðir inn á hálendið. Staðir í góðu vegasambandi við þjóðvegi með möguleika á þjónustu allt árið. Fjölbreytilegir gistimöguleikar. Lagt er til að Möðrudalur verði jaðarmiðstöð.

Hálendismiðstöðvar.

Þjónustumiðstöðvar við aðalvegi hálendisins og í samfelldum rekstri að lágmarki 2 mánuði á ári. Starfsemin tengist alhliða ferðamennsku. Gisting í húsum, en þjónusta minni en í jaðarmiðstöðvum. Tillaga um að við Laugarfell verði hálendismiðstöð.

Skálar.

Staðir í góðu vegasambandi en þjónusta minni en í hálendismiðstöðvum. Gistiskálar sem þjóna breiðum hópi ferðamanna. Margir skálanna eru jafnframt gangnamannahús. Gerð tillaga um að Snæfellsskáli verði í þessum flokki.

Fjallasel.

Hús í takmörkuðu eða engu vegasambandi, s.s. gönguskálar, veiðihús, gangnamannahús. Fjallasel eru opin almenningi. Þau sem eru í einkaeign skulu a.m.k. vera að hluta til opin fyrir almenningi. Tillaga er gerð um eftirfarandi fjallasel: Sauðakofa, Fjallaskarðskofa, Hálskofa (austan við Snæfell), Hrakströnd og Geldingafellsskála.

SJÓNARMIÐ FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA.

Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu skiptast nokkuð í andstæðar fylkingar hvað varðar afstöðu til Fljótsdalsvirkjunar. Margir hafa haldið því fram að virkjanaáform spilli möguleikum til frekari þróunar ferðamennsku á svæðinu, meðan aðrir telja að komi ekki til bættar samgöngur, betri gistiaðstaða og aukin fjölbreytni í afþreyingu muni þetta svæði verða undir í samkeppni um ferðamanninn. Í því sambandi sé enginn annar í augsýn en virkjunar-aðili, enda skipti það ekki sköpum þó virkjanamannvirki komi til. Þessu til sönnunar er bent á önnur virkjanasvæði.

Þá hefur ennfremur verið bent á það að heimsóknir erlendra gesta hingað til lands hafa verið að styttast á sl. áratug, sem kallar á bættar samgöngur og að sífellt vex krafan um góðan aðbúnað á gististöðum.

NIÐURSTAÐA.

Í ljósi þess sem hér að framan greinir, og að því gefnu að vilji og áhugi sé fyrir því að auka hlut ferðamennsku á svæðinu er það niðurstaða þessarar greinargerðar að ferðamennska muni eflast í kjölfar virkjunar. Það mun fyrst og fremst stafa af bættum samgöngum en einnig af hugsanlegri aðstoð virkjunarðila við að auka fjölbreytni gistingar og afþreyingar á svæðinu. Sennilegt er hins vegar að breyting verði á því hvers konar ferðamenn heimsæki svæðið. Ferðamönnum sem vilja lágmarksþjónustu og sækja í einveru og kyrrð mun líklega fækka, en í stað þeirra kemur fjölmennari hópur, sem er tilbúinn til að kaupa betri og fjölbreyttari þjónustu en nú er boðið upp á. Mun það að líkindum leiða til þess að hægt verði að snúa vörn í sókn, en svæðið hefur átt undir högg að sækja í „baráttunni" um ferðamanninn á síðustu árum, m.a. vegna slæmra samgangna og takmarkaðra möguleika til gistingar.

HEIMILDASKRÁ.

Prentaðar heimildir.
Anna Dóra Sæþórsdóttir, 1998. *Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku.* Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Landsvirkjun. Reykjavík.
Tölulegar upplýsingar úr ferðaþjónustu 1998. Ferðamálaráð Íslands.
Fljótsdalsvirkjun, 1998. Samantekt um 210 MW virkjun. Landsvirkjun. Reykjavík.
*Glettingur. Tímarit um austfirsk málefni.*1998. Ýmsir höfundar. 8. árg. 2.-3. tbl. Ásprent Akureyri.
Hjörleifur Guttormsson, 1987. *Árbók Ferðafélags Íslands. Norð-Austurland - hálendi og eyðibyggðir.* Reykavík.
Miðhálendi Íslands Svæðisskipulag 2015.
Páll Ásgeir Ásgeirsson, 1994. *Gönguleiðir. Snæfell og Lónsöræfi.* Mál og menning. Reykjavík.
Skoðanakannanir
- „Góðir Íslendingar". Ferðamálakönnun meðal Íslendinga á ferð um Ísland sumarið 1992. Rögnvaldur Guðmundsson, febrúar, 1993.
- Ferðakönnun á Íslandi. Erlendir ferðamenn júní 1991 - júní 1992. Samanburður milli árstíða. Félagsvísindastofnun, október, 1992.
- Viðhorf til ferða um hálendi Íslands. Félagsvísindastofnun, janúar. 1996. Unnin fyrir Landsvirkjun.
- Áhrif virkjana norðan Vatnajökuls á ferðamennsku, 1998. Anna Dóra Sæþórsdóttir. Reykjavík.
- Könnun meðal erlendra ferðamanna, september til október 1996. Ferðamálaráð, janúar, 1997.
- Erlent ferðafólk í náttúru Íslands. Könnun á viðhorfum og hugmyndum erlendra ferðamanna til náttúru og umhverfismála á Íslandi. Maðurinn og umhverfi, sumarið 1996.
- Viðhorfskönnun um afstöðu Austfirðinga til virkjana og stóriðju í fjórðungnum. Gerð um mánaðamótin júlí/ágúst 1998. Gallup - Íslenskar markaðsrannsóknir.

Staða rannsókna og undirbúnings fyrir mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar. Landsvirkjun 1998.
Stefnumótun í ferðaþjónustu. Samgönguráðuneytið 1996.
Vegagerð ríkisins. Niðurstöður ökutækjatalninga á þremur stöðum á Vesturöræfum sumarið 1999.

Vefsíður - heimildir af netinu.
- Veðurstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands.
- Ferðamálaráð.

Óprentaðar/munnlegar heimildir.
- Ferðafélög.
- Ferðaskrifstofur.
- Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu.

Ágúst Guðmundsson,
Jarðfræðistofa ÁGVST:

Fljótsdalsvirkjun – Yfirlit yfir jarðfræði.

Á síðari hluta Tertíertíma var núverandi Austurland í austurjaðri gosbeltisins sem markar gliðnun Atlantshafsins milli meginlandsfleka og liggur nú yfir Ísland frá Reykjanesi til Skjálfandaflóa. Eldvirkni fyllti jafnóðun gliðnunargeilina milli platnanna og hlóð upp basaltlagahellu. Elstu jarðlög ofansjávar (um 13,5 milljónir ára) eru í ystu nesjum beggja vegna Seyðisfjarðar sem og í Gerpi. Stöðugt samspil landreks og eldvirkni flutti kólnandi helluna til austurs jafnóðum og ný berglög hlóðust á vesturjaðar plötunnar sem seig undan hallanum svo að nú hallar berglögunum að meðaltali niður um 5-10° til vesturs við sjávarmál með nokkrum minni undantekningum en mjög dregur úr hallanum á hverjum stað með vaxandi hæð.

Heildarþykkt hallandi basalthellunnar austan Vatnajökuls er nú um 9 kílómetrar og að meðaltali myndaðist þar um 860 m þykkur stafli á hverjum milljón árum. Í hellunni liggja grafnar nokkrar fornar megineldstöðvar sem á sínum tíma gusu mun meira en meðaltal gosbeltisins og gnæfðu yfir umhverfið en sukku síðan í upphleðslu yngri hraunlaga. Megineldstöðvarnar einkennast af breytilegri berggerð (oft litríkar tegundir) og breytilegum jarðlagahalla. Í yfirliti yfir jarðfræði Austurlands þykir hentugt að skipta jarðlagastaflanum í tvo hluta. Mörkin milli hlutanna eru við mikið hallabelti eða snörun jarðlaga með stórum misgengjum ásamt þykkum setlagamyndunum sem urðu til fyrir 6-7 milljónum ára um ysta hluta Víðivallaháls í Fljótsdal og norður um Hofteig á Jökuldal.

Eldri hluti staflans austan Fljótsdals er 7-8 km þykkur og hraði upphleðslunnar var að meðaltali liðlega 1100 m á milljón árum. Bergið er aðallega basalt (80-85%) súrt berg myndar um 10% og setbergslög 5-10%. Milli basaltlaganna eru víðast tiltölulega þunn setlög (mælast í sentimetrum og metrum) þar sem gjarnan eru ummerki um hlýtt loftslag. Berggangar og misgengi mynda oft samhliða fylkingar sem flestar tengjast tilteknum megineldstöðvum og liggja að jafnaði samsíða strikstefnu jarðlaganna.

Yngri hluti jarðlagastaflans í Fljótsdal og vestur að gosbeltinu við Kverkfjöll er 2-3 km þykkur og tekur yfir síðustu 6-7 milljón árin. Upphleðsluhraði bergstaflans við innanverðan Fljótsdal hefur verið mun hægari en í eldri hlutanum eða um 360 m á milljón árum. Þessi hluti jarðlagastaflans er talsvert breyttur á þann veg að setlög eru þykkari, verða víða malarkennd og merki sjást um návist og síðar yfirgang jökla undir lok tertíertíma og upphaf kvarterstíma (sem á Íslandi er talinn vera fyrir liðlega 3 milljónum ára).

Við lok tertíertíma er líklegt að Austurland hafi verið mikil háslétta úr basaltlögum með bugðótta röð megineldstöðva sem sumar risu ef til vill nokkur hundruð metra yfir umhverfið og mynduðu fjalla- eða hæðakeðju frá norðaustri til suðvesturs. Ályktа má að vatn og jöklar hafi fljótlega lagst í einhverja fastmótaða farvegi er síðar urðu megindalir og firðir. Með kólnandi loftslagi mynduðust jöklar, fyrst á megineldstöðvunum og skriðu þaðan hindrunarlítið til austurs í átt til strandar. Með tímanum myndaðist svokallað Alpalandslag með skálum og dölum milli tindóttra hryggja sem frosti vann niður.

Vestanvert við fjallakeðjuna söfnuðust skriðjöklar í meginstraumi og skriðu til strandar um lægðina milli megineldstöðva Austfjarða og næstu megineldstöðva í norðri þar sem nú er Smjörfjallgarður. Eftir stendur 1000 til 1200 m hár tindóttur og sundurskorinn fjallgarður Austfjarða, skilinn frá hásléttu innlandsins og Hlíðarfjöllum, frá strönd Héraðsflóa suður í Skriðdal.

Berggrunnur Fljótsdals

Vestan Austfjarðafjalla skilur Fljótsdalur milli hennar og 600-800 m hárrar hásléttunnar í vestri (sjá teikn. 1). Brattar hlíðar Fljótsdals veita innsýn inn í samtals liðlega 1500 m þykka, hallandi sneið í basalthellunni (sjá teikn. 3). Kortlagning berggrunnsins hefur verið unnin samkvæmt aðferðum sem Walker (1959) innleiddi við kortlagningu Austfjarðabasaltsins. Basaltið er flokkað í þóleiítbasalt, ólivínbasalt og dílabasalt, súra bergið í andesít og líparít og setbergslög í nokkra undirflokka. Algeng þykkt basaltlaga er 8-12 m en veruleg frávik eru frá því og setlögin eru enþá breytilegri að þykkt. Hlutfall basaltlaga við innanverðan Fljótsdal er um 55-60%, setbergslög eru 25-30% og móbergsmyndanir 15-20%.

Berggrunnurinn við innanverðan Fljótsdal er liðlega 1,5 km þykkur stafli frá ósum Hengifossár inn að rótum Snæfells (sjá teikn. 2). Að meðaltali hafa liðið um 30 þúsund ár milli hraunlaga (miðað við snið á einum stað gegnum staflann) og er upphleðsluhraðinn 360 m á hverjum milljón árum. Virð kortlagninguna hefur staflanum verið skipt upp í belti eða syrpur þar sem hliðstæð jarðlög eru í hverri syrpu reynt að skilgreina hverja syrpu við hundruð metra þykkt í jarðlagastaflanum. Bergsyrpurnar haldast ekki jafn þykkar yfir mjög langar vegalengdir, heldur bætast í þær lög og önnur hverfa. Sem dæmi um einstakar syrpur má nefna áberandi setlagastafla í Hengifossá og Bessastaðaá og svo miklar og áberandi hraunasyrpur t.d. í Teigsbjargi, bjargbrúninni að norðan í utanverðum Norðurdal.

Neðsti hluti jarðlaganna neðan við Hengifoss og í neðri hluta Bessastaðaárgljúfurs er um 6,5 milljón ára gamall. Þar eru þykk setlög milli basaltlaganna og varðveita þau plöntuleifar og önnur ummerki frá hlýju yfir í hægt kólnandi loftslag. Berglögin eru tiltölulega regluleg, hallandi um 8° til vesturs í dalbotninum en um 3-4° uppi í brúnum (sjá. teikn. 3). Bríkur basaltlaganna skaga fram úr hlíð Valþjófsstaðarfjalls og mynda áberandi línur eftir hlíðinni. Almennt er unnt að rekja einstök lög tiltölulega langa leið í norður – suður eftir strikstefnu jarðlaganna. Í setlögum milli basaltlaga í ofanverðu Valþjófsstaðarfjalli eru einhver elstu ummerki víðáttumikilla jökla á Íslandi, liðlega 5 milljón ára gömul.

Á innanverðum Hraunum og Múla skammt austan Vatnajökuls er talsvert útbreitt súrt berg og ljósar bergtegundir sem stinga í stúf við dökkt basaltið. Þetta eru ummerki um megineldstöð sem mun hafa verið virk fyrir um 2,5 milljónum ára og er hluti hennar undir austanverðum Vatnajökli.

Snæfell rís um 1100 m upp á basalthellunni skammt austan Vatnajökuls. Um tveggja milljón ára hlé virðist hafa orðið frá því basalthellan við Eyjabakka hlóðst upp, þar til eldvirkni hófst í Snæfelli. Tvær aldursákvarðanir eru til af bergi í Snæfelli. Í sökkli fjallsins er um 400 þúsund ára gamalt berg og litlu ofar mælist bergið 310 þúsund ára. Leiða má líkur að því að efri hluti fjallsins sé yfir 140 þúsund ára gamall, hugsanlega gæti hann verið um 20 þúsund ára gamall, tæpast yngri. Æskilegt væri að fá frekri aldursgreiningar á bergi úr Snæfelli.

Ummyndun, brotavirkni og vatnsstreymi í jarðlagastaflanum

Þegar basalthella hleðst upp hripar vatn niður og sitrar um berggrunnin. Vatnið hitnar, leysir upp efni úr berginu og fellir önnur efni út þegar vatnið kólnar. Útfellingarnar mynda gjarnan geislasteina, kvarts og kalksteina sem verða holufyllingar í berginu. Mismunandi útfellingar myndast eftir efnasamsetningu berglaga sem upplausnin kemur úr hiti jarðvatnsins og dýpi (þrýstingur) hafa einnig áhrif á gerð útfellinganna. Tiltölulega fáar tegundir útfellinga hafa fundist í Fljótsdal sem benda til þess að innan við 200 m þykkt lag hafi rofnað ofan af berglagastaflanum á Fljótsdalsheiði. Jafnframt benda útfellingarnar til þess að forn jarðhitastigull í berginu hafi verið um 50-150 °C/km.

Jarðlagastaflanun í botni Fljótsdals hallar um 7-9° niður til vesturs (280°) í dalsmynninu en inni í dölunum er hallinn minni. Við Eyjabakka er jarðlagahallinn 3-4° til vesturs. Sprungur hafa myndast og misgengið í staflanum samhliða upphleðslunni. Aðalstefnur brotahreyfinga eru samsíða strikstefnu jarðlaga (N-S).

Berggangar eru tiltölulega strjálir (undir 1% af berginu í dalbotnum í Fljótsdal) og sjaldnast áberandi utan fáeinar undantekningar. Flestir berggangar eru 2-4 m þykkir en stakir gangar ná 10 m þykkt. Gangarnir eru tiltölulega lóðréttir og oftast með smáum lárétt liggjandi stuðlum. Mjög áberandi þykkur berggangur með N-S stefnu liggur upp hlíðar Valþjófsstaðarfjalls (Tröllkonustígur). Líklega má rekja hann í "skástígum" þrepum um ysta hluta Múla og upp hlíð Suðurdals ofan við Víðivallagerði. Annar hliðstæður þykkur gangur með NNA-SSV stefnu er innst í Villingadal í Suðurdal og má rekja hann þaðan langt suðvestur á Hraun. Á fáeinum stöðum virðast innskotslög hafa farið frá berggöngum lárétt út á milli harðari laga og mynda nú lóðrétt stuðlaða basalt- eða dóleríthnjóta. Slíka stuðlahnjóta má sjá í hlíðarfætinum innan við Hengifossá og í Stórahnúki og Þverfelli, innarlega á Múla.

Misgengi eru algeng í berggrunni Fljótsdals (um 100 hafa fundist innan við Hengifossá) og er færsla berglaganna um flest þeirra 5-20 m. Halli brotflata er yfirleitt 75 til 85° og færsla bergspilda undan hallanum. Þessi einkenni misgengja benda til tognunar á jarðskorpunni milli austurs og vesturs. Stærsta misgengið er 85 m (í Bessastaðaá) og það næst stærsta um 40 m (í Teigsbjargi). Að meðaltali virðast vera 4-5 misgengi, flest með N-S stefnu á hvern km til vestur. Mulningur við misgengin er yfirleitt 0,3-2 m þykkur. Út frá brotamulningnum er yfirleitt 5-20 m breitt belti þar sem finna má grannar samsíða sprungur, þéttastar næst misgenginu en gisna og fjara út er fjær dregur. Fjöldi línulegra misfella sést á loftmyndum og margar þeirra eru líklega för eftir lítil misgengi eða granna bergganga. Erfitt er að finna misgengi og bergganga ofan dalahlíðanna vegna þess hve berggrunnurinn er hulinn lausum jarðlögum.

Berggrunnurinn er tiltölulega vatnsþéttur svo að á heiðum situr vatn gjarnan í dældum á yfirborðinu og myndar tjarnir og mýrar. Prófanir á lekt bergsins í borholum staðfesta almennt lága lekt í berginu og að þar sem ekki er vatn á yfirborði er yfirleitt grunnt á vatnsborðið í holunum. Á brún hásléttunnar við Fljótsdal er sums staðar alldjúpt á jarðvatnsborð (í borholum) en samt sitrar vatnið afar hægt niður í berggrunninn. Engar teljandi lindir eru við innanverðan Fljótsdal og allar ár og lækir með sterk dragáreinkenni. Jökulsá í Fljótsdal er hrein jökulá næst jökli en verður neðar blanda af jökulár og dragár. Kelduá er aðallega dragá með tiltölulega lítinn þátt jökuls.

Landmótum og setmyndanir frá nútíma.

Undir lok tertíertíma kólnaði sem kunnugt er á jörðinni og ísöld gekk í garð. Hveljöklar breiddust yfir hálendi Íslands og deigþjáll ísinn skreið víða til strandar með tilheyrandi rofi berggrunns í fjörðum og dölum. Í grennd við Snæfell ber mikið á móbergsmyndunum frá ísöld. Landslag í Fljótsdal hefur sterk einkenni jökulrofs og fremur lítið situr eftir af lausum jarðlögum á hálendinu. Til samanburðar hefur Skriðdalur sterk einkenni frostveðrunar utan jökla.

Jökulgarðar og jökulruðningur eru á strjálingi í og við Fljótsdal svo sem í Norðurdal utan við bæinn Kleif og skammt frá Bessastaðaá bæði á hálendisbrúninni og í hlíðinni. Mjög lítið ber á jökulruðningi að sunnanverðu í Fljótsdal og Suðurdal svo þar hefur líklega verið autt er jökull skreið síðast fram af heiðarbrúninni við Bessastaðaá.

Í Víðivallahálsi eru miklir urðarbingir líklega myndaðir við frostmolnun úr berggrunni í dalbrúninni, síðla á síðasta jökulskeiði og hafa efnishaugarnir, sambland urðar og íss sigið niður í dalinn. Bingirnir hafa myndast á auðu landi en af yfirborði þeirra má ráða, að sumir hverjir hafi lent tímabundið undir framskriði jökla og orðið við það æði kollhúfulegir. Aðrir bingir virðast hafa verið virkir á þessum tíma, legið í dvala undir jöklum og haldið áfram að skríða í langan tíma eftir að jöklar hurfu af svæðinu.

Eftir að jöklar hörfuðu inn í mynni Suðurdals og Norðurdals hefur Fljótsdalur um einhvern tíma verið fjörður með sjávarmál í liðlega 50 m hæð y.s. Árnar hafa borið fram mikið set við þessa sjávarstöðu eins og malarhjallar með yfirborð í 50 m hæð gefa til kynna. Stallur í malarhjalla við Valþjófsstað í 35 m hæð y.s sýnir að sjávarborð hefur staðið í nokkurn tíma við 35 m hæð y.s. Mikinn setburð í ánum má túlka sem leysingu við hörfun jökla. Með ánum í botni Fljótsdals er yfirleitt grófgert set enda bratt og straumhraði því mikill.

Á hálendinu austan Suðurdals og Kelduár ber mest á klapparásum með mismunandi samfelldri grjótdreif. Á Múla, milli Kelduár og Jökulsár í Fljótsdal er meiri jarðvegur og aukin gróðurþekja, (aðallega mýrasund). Vestan Jökulsár og á Fljótsdalsheiði er landið þakið fremur þunnum móa- og mýrajarðvegi með frostlyftum steinum. Algeng þykkt jarðvegs er 2-6 m sjaldan þykkri. Freðmýradysjar sjást víða og vitna um ósamfelldan sífrera. Frost helst lengi fram eftir sumri í jarðvegi og þunnri jökulruðningsskán og gerir heiðarnar ógreiðfærar. Lágir klapparrindar sem almennt stefna norður – suður, skera sundur mýrafláka og rísa fáeina metra upp yfir sléttuna en mynda hjalla næst brúnum Fljótsdals.

Fyrirhugað miðlunarlón Fljótsdalsvirkjunar á Eyjabökkum verður að miklu leyti í grunnri en víðri, jökulsorfinni skál sem nú er sléttfyllt af framburði Jökulsár. Lónstæðið einkennist af áreyrum sem eru að miklu leyti þaktar þunnum jarðvegi og gróðri. Innri hluti lónstæðisins nemur við jökulrönd þar sem samsettir jökulgarðar mynda sveigi framan við jökulinn. Garðarnir eru frá lokum nítjándu aldar, sumt er þar gróið, annað ógróið. Stíflan er fyrirhuguð á lágri klapparufs með skarði í þar sem Jökulsá í Fljótsdal rennur fram. Lágir klapparásar eru meðfram austanverðum Eyjabökkum en að vestanverðu í undirhlíðum Snæfells ber mest á breiðum lágum malarkeilum með þunnum jarðvegi og rýrri gróðurþekju.


Tíðni sprungustefna á Fljótsdal
Fjöldi mæl. = 532
Flokkabil = 10°
Staðalfrávik = 5,51%
Hámarks prósenta = 18,4%
Meðal prósenta = 5,51%
Meðalstefna = 17,3°
Jökuldalur
Vaðbrekkuháls
Eyvindarfjöll
Fljótsdalsheiði
Fljótsdalur
Múli
Snæfell
Laugarfell
Hafursfell
Hornbrynja
Eyjabakkastífla
Eyjabakkar
Eyjabakkajökull
Glacier
Legend
Áformuð gangaleið
áformuð stífla
Langsnið jarðlaga - A-B
Vegur og slóð
Jarðfræðistofa AGVST
Landsvirkjun
Kvarði 1:180.000
Fljótsdalsvirkjun
Yfirlitskort
JFS - 30
Okt. 1999
Teikn. nr.
1
0 5 10 km


Fljótsdalur
Segulkvarði - Aldur jarðlaga
S. C. Cande and D.V. Kent 1992
(Notuð eru enak heiti)
Aldur í milljónum ára
Segulkvarði Fljótsdals
Þykkt jarðlagastafla
Einfölduð jarðlagasúla, horft til vesturs
Samsett einfölduð jarðlagasúla
Brunhes
Epoch 1
Matuyama
Epoch 2
Gauss
Epoch 3
Gilbert
Epoch 4
Epoch 5
Blake
Jaramillo
Olduvai
Reunion
Kaena
Mammouth
Cochiti
Nunivak
Sidufjall
Þverá
Aldursákvörðun frá Fljótsdal Milljón ár
SN - Snæfell
HS - Hafursfellssyrpa
HD - Hafursárandesít
EF - Eyvindarfjöll
HK - Háuklettasyrpa
LA - Laugarársyrpa
HA - Heiðarársyrpa
SA - Snikilsársyrpa
ÞF - Þverfells - Fossáröldusyrpa
FA - Fossársyrpa
TB - Teigsbjargssyrpa
ML - Markleskjarasyrpa
HF - Hengifossársyrpa
Jarðlög í grennd við Eyjabekka
Jarðlög á efri hluta Múla og á Fljótsdalsheiði. Aðrennslisgöng Fljótsdalsvirkjunar munu liggja um þessi jarðlög
Jarðlög á Múla í grennd við Fossárvötn og á Fljótsdalsheiði ásamt hlíð Norðurdals norðri Egilsstöðum. Hluti aðrennslisganga, sveifjugöng og efri hluti fallganga verður í þessari syrpu.
Jarðlagasyrpa í kolli Múla og Teigsbjargi. Fallgöng Fljótsdalsvirkjunar munu liggja um syrpuna.
Jarðlagasyrpa í stefni Múla og Valþjófsstaðarfjalli. Fallgöng Fljótsdalsvirkjunar, stöðvarhús, aðkomugöng og frárennslisgöng verða innan þessarar syrpu.
Jarðlagasyrpan er í botni Fljótsdals við Bessastaðaá, Hengifossá og í Víðivallahálsi. Frárennslisgöng Fljótsdalsvirkjunar verða að litlu leyti í þessari syrpu.
Segulstefna bergs
Rétt
Öfug
Skýringar
Póleítbasalt
Ólivínbasalt
Dílabasalt
Súrt berg - Líparít
Ísúrt berg - Andesít
Setberg (Δ Jökulb.)
Móberg > 0,7 miljón ára
Móberg < 0,7 miljón ára
Jarðfræðistofa
Landsvirkjun
Fljótsdalsvirkjun
JFS - 30
Samantekið jarðlagasnið
Sept. 1999
Teikn. nr.
2


Fljótsdalur - Múli
Þversnið jarðlaga
Horft í norður, út dalina
A
B
C
D
E
F
m y.s.
Valþjófsstaðarfjall
Múli
Víðivallaháls
Norðurdalur
Suðurdalur
Kabasítbelti
Analsímbelti
Skólesítbelti
Litlar sem engar holufyllingar í bergi
Kiðufell
Þorgerðarstaðadalur
Villingadalur
Skammstöfun á bergsyrpum
Skýringar
Þóleiítbasalt
Dílabasalt
Ólivínbasalt
Súrt berg - Líparít
Setberg
Misgengi
Gangur
Geislasteinabelti
SA Sníkilsáasyrpa
ÞF Þverfells - Fossáröldusyrpa
FA Fossársyrpa
TB Teigsbjargssyrpa
ML Markleskjarsyrpa
HF Hengifossársyrpa
Jarðfræðistofa AGVST
Landsvirkjun
Kvarði
Fljótsdalsvirkjun
Fljótsdalur
Þversnið jarðlaga
JFS - 30
Sept. 1999
Teikn. nr.
3


Fljótsdalsvirkjun
Aðrennslisgöng - Einfaldað langsnið jarðlaga
G
H
Eyjabakkar
Hafursárufs
Laugarfell
Laugará
Stórilækur
Aðrennslisgöng
Axará
Kleifará
Eyrarselsá
Hólsufs
Bjargshæðir
Fljótsdalur
Norðurdalur (Fljótsdalur)
Frárennslisgöng
Skýringar
Póleitbasalt
Olivínbasalt
Dílabasalt
Súrt og ísúrt berg
Móberg
Setberg (millilög)
Misgengi (sig 10 m, ónákv. staðs.)
Berggangur (ónákv. staðs.)
Brotalína (ónákv. staðs.)
Jarðgangaleið (með staðs. hliðarganga)
Jarðlagasnið beygir
Skammstöfun fyrir nafn jarðlagasyrpu
Nafnakerfi jarðlagasyrpa
HS Hafursfellssyrpa
HD Hafursárandesít
HK Háuklettasyrpa
EY Eyvindarársyrpa
LA Laugarársyrpa
HA Heiðarársyrpa
SA Sníkilsársyrpa
ÞF Þverfells-Fossáröldusyrpa
FA Fossáröldusyrpa
TB Teigsbjargssyrpa
ML Marklækjarsyrpa
HF Hengifossársyrpa
FS-37 Kjarnaborhola
Lagmót í kjarnaholu
Jarðfræðistofa AGVST
Landsvirkjun
Fljótsdalsvirkjun
Jarðgangaleiðir vatnsvega Langsnið jarðlaga
JFS - 30
okt. 1999
Teikn. nr.
4

Bréf Páls Hersteinssonar til Verkfræðistofunnar Stuðuls.
(9. ágúst1998.)

Undirritaður hefur að beiðni þinni lesið fyrirliggjandi gögn um ofangreinda virkjun og þær rannsóknir sem fram hafa farið á spendýrum á svæðinu. Eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslu tel ég að núverandi þekking á mikilvægi Eyjabakka og nærliggjandi svæða fyrir síðsumarbeit og far hreindýra sé ófullnægjandi og að frekari rannsókna sé þörf.

Virðingarfyllst,

Páll Hersteinsson.

Páll Hersteinsson:

Hugsanleg áhrif fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar á spendýr.

1. Inngangur

Á Íslandi eru aðeins fjórar tegundir villtra landspendýra, þ.e. tófa (*Alopex lagopus*), hreindýr (*Rangifer tarandus*), minkur (*Mustela vison*) og hagamús (*Apodemus sylvaticus*). Af þessum tegundum hefur hreindýrið þá sérstöðu að það er eingöngu fyrir hendi á Austurlandi. Því verður óhjákvæmilega fjallað mest um það í þessari samantekt. Eingöngu er stuðst við birtar heimildir og persónulega þekkingu undirritaðs við gerð þessa yfirlits.

Miðað er við þá áætlun Landsvirkjunar um Fljótsdalsvirkjun sem birtist í júlí 1998 (Anon. 1998) en þar er gert ráð fyrir 210 MW virkjun með 500 Gl (43 km^2) uppistöðulóni á Eyjabökkum.

2. Hagamús

Útbreiðsla hagamúsar hefur ekki verið könnuð sérstaklega en talið er víst að hún sé fremur algeng víðast hvar á láglendi um land allt, sem og mörgum eyjum með ströndum fram (Karl Skírnisson 1993a). Þá er líklegt að hana sé víða að finna í gróðurvinjum á hálendi. Hins vegar eru engar heimildir til um að hún sé á því svæði sem fyrirhugað er að fari undir vatn, verði af Fljótsdalsvirkjun, þótt það megi telja fremur líklegt, enda svæðið ekki hátt yfir sjó. Hagamús er hins vegar ekki sú lykiltegund í íslensku vistkerfi sem ýmis nagdýr eru í vistkerfum annarra landa á norðurslóðum. Því telst ekki ástæða til að rannsaka útbreiðslu hagamúsar eða stofnstærð á virkjanasvæðinu.

3. Minkur

Minkur er útbreiddur um mestallt land (Karl Skírnisson 1993b), m.a. víða á votlendi á hálendinu. Þó er líklegt að minkur sem lifir við ferskvatn sé töluvert háður árferði (Páll Hersteinsson 1992) og verði jafnvel staðbundið og tímabundið útdauður á hálendinu í slæmu árferði. Ekki virðast vera heimildir um að minkur sé á Eyjabakkasvæðinu, en þó verður það að teljast líklegt. Ósennilegt er að uppistöðulón muni hafa mikil bein áhrif á mink. Óbein áhrif kunna að verða nokkur, breytist tegundasamsetning, útbreiðsla eða stofnstærðir fiska og fugla vegna virkjunarinnar.

4. Tófa

Tófan er eina upprunalega landspendýrið á Íslandi. Hún er algeng víðast hvar en stofnþéttleiki er mjög misjafn eftir landsháttum og er þéttleikinn mestur sums staðar við sjávarsíðuna (Páll Hersteinsson 1993). Ávallt hefur verið nokkuð um refi á Vesturöræfum og Fljótsdal. Engar upplýsingar liggja fyrir um staðsetningu eða fjölda grenja á þeim svæðum sem fara undir vatn, en ólíklegt verður að telja að þau séu mörg á sjálfum Eyjabökkunum. Áhrif virkjunarinnar á tófuna munu fyrst og fremst verða óbein, vegna áhrifa á helstu fæðutegundir hennar, fugla. Á þessu svæði eru heiðagæsir, egg hennar og ungar, mikilvægasta fæða tófunnar að sumarlagi. Auk þess lifir tófan að nokkru leyti á ýmsum mófuglum að sumarlagi, hreindýrahrædjum allt árið en rjúpur eru aðallega mikilvægar að vetrarlagi. Þar sem tófan er algeng um land allt og refastofninn víðast har sterkur, er ekki ástæða til þess að rannsaka frekar mikilvægi Eyjabakkasvæðisins fyrir tófur.

5. Hreindýr

5.1. Fyrri rannsóknir

Hreindýrastofninn er nú bundinn við Austurland. Allítarlegar rannsóknir fóru fram á stofninum á árunum 1978-1981. Rannsóknirnar náðu til fæðuvals og ástands beitilands (Kristbjörn Egilsson 1983), almennrar líffræði hreindýranna, þ.á m. helstu burðarsvæða og farleiða (Skarphéðinn Þórisson 1983, 1993), sem og hugsanlegra áhrifa ýmissa virkjunarkosta á hreindýrastofninn (Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson 1983).

Á fyrri hluta þessarar aldar voru hreindýrin að mestu bundin við Vesturöræfi og Kringilsárrana með tiltölulega litlu vetrarfari. Eftir því sem dýrunum fjölgaði næsta aldarfjórðunginn jókst farhegðun dýranna og heita má að Vesturöræfi og Kringilsárrani hafi eingöngu verið sumarbeitiland hreindýra frá því um miðja þessa öld. Þegar umræddar rannsóknir hófust árið 1978, var allstór hluti stofnsins fluttur búferlum niður á firðina og er a.m.k. hluti þeirra hjarða talinn halda sig þar allt árið en óvíst er hve mikilvæg Vesturöræfi eru sem sumarhagar fyrir þessi hreindýr.

Samkvæmt rannsóknum Skarphéðins Þórissonar (1983) var stór hluti hreindýrastofnsins á Eyjabökkum og Undir Fellum í ágústmánuði á árunum 1979-1981 en lítið var af hreindýrum þar á öðrum árstímum.

Fyrirhuguð virkjun og uppistöðulón virðast einkum geta haft áhrif á tvo þætti í lífsháttum hreindýranna, (a) beit í ágúst þegar dýrin eru að fita sig fyrir fengitíma og veturinn, og (b) far hreindýra að haustlagi og hugsanlega einnig að vorlagi.

5.2. Beit á Eyjabökkum og Undir Fellum

Samkvæmt fyrirliggjandi samantekt um Fljótsdalsvirkjun (Anon. 1998) munu 43 km^2 fara undir uppistöðulón á Eyjabökkum. Lauslega áætlað virðast þetta vera um 2/3 hlutar þess svæðis sem hreindýr nýta mest í ágústmánuði á þessum slóðum (Skarphéðinn Þórisson 1983, bls 64, mynd 17). Auk þess mun skurður norðvestan við lónið hefta rennsli Hafursár og fleiri lækja, auk þess sem Hafursárkvísl og Laugará munu hverfa að mestu. Við þetta mun gróðurfar hluta þess svæðis, sem hreindýr nýta hvað mest á þessum árstíma, væntanlega breytast mjög mikið.

Aðalástæða þess að dýrin leita á þetta svæði síðsumars virðist vera sú að þarna er snjóþungt fram eftir sumri og gróður tekur seinna við sér. Því er gróður þar næringarríkari síðsumars en annars staðar, t.d. á Vesturöræfum.

Ekki er ljóst hver áhrif þess verða á hreindýrastofninn að svipta hann að miklu leyti því beitilandi sem hingað til hefur virst vera afar mikilvægt í lok sumars þegar dýrin eru að fitna fyrir fengitíma og vetrarþrengingar.

5.3. Far hreindýra að haust- og vorlagi

Vesturöræfi eru mikilvægasta sumarbeitiland hreindýra á Austurlandi. Flest dýrin sem þar eru á sumrin koma utan af Fljótsdalsheiði en einnig leita þangað hreindýr af Jökuldalsheiði og af svæðinu austan Lagarfljóts, m.a. af Skriðdal. Hins vegar er ekki vitað hve stór hluti hreindýra, sem heldur sig að vetrarlagi á suðurfjörðunum, leitar inn á svæðið á sumrin. Samkvæmt þessu er vorfar því aðallega úr norðaustri og norðri inn á Vesturöræfin og því ætti uppistöðulón á Eyjabökkum ekki að vera hindrun í vegi dýranna, ef frá er talinn sá óþekkti fjöldi dýra sem kemur úr austri.

Um haustfar gildir öðru máli. Stór hluti hreindýra leitar austur fyrir Snæfell í byrjun ágúst og heldur sig um nokkurt skeið á Eyjabökkum og Undir Fellum. Eftir að fengitími hefst, seint í september, eru flest þessi dýr komin út á Múla, Fljótsdalsheiði og Jökuldalsheiði. Þá eru oft stórar hjarðir á Hraunum í upphafi fengitíma. Hraunin voru hins vegar utan við það svæði sem rannsóknirnar 1979-1981 skyldu miðast við samkvæmt rannsóknarsamningi (Skarphéðinn Þórisson 1983, bls. 58). Því er næsta lítið vitað um útbreiðslu hreindýra þar eða mikilvægi Eyjabakkasvæðisins og Vesturöræfa fyrir þau dýr sem halda sig á vetrum á suðurfjörðum.

6. Ályktanir og tillögur

Ekki er þörf frekari rannsókna á refum, minkum eða hagamúsum vegna fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar. Hins vegar er þarf að kanna mun betur en þegar hefur verið gert hve mikilvægt fyrirhugað lónstæði á Eyjabökkum og svæðið Undir Fellum er fyrir hreindýrin. Jafnframt þarf að kanna hve stór hluti hreindýra, sem halda sig að öllu jöfnu á suðurfjörðum, fer inn á Eyjabakka og Vesturöræfi. Þær rannsóknir þurfa að hefjast sem fyrst og þeim verður að halda áfram meðan á virkjunarframkvæmdum stendur og um skeið eftir að þeim lýkur.

Um er að ræða tvö nokkuð aðskilin verkefni. Annars vegar þarf að telja hreindýr á þessu svæði með reglulegu millibili frá því í maíbyrjun og allt fram í september. Þessu þarf að halda áfram árlega þar til a.m.k. 3-5 árum eftir að virkjunarframkvæmdum lýkur. Jafnframt er nauðsynlegt að kortleggja betur gróðurfar og uppskeru svæðisins og þær breytingar sem á því verða við virkjunina.

Hitt verkefnið er best framkvæmt á þann hátt að setja sérhönnuð GPS móttöku- og senditæki á hreindýr sem halda sig á suðurfjörðum á vetrum. Með þessu móti er hægt að fá nákvæma staðsetningu viðkomandi dýra á nokkurra klukkustunda fresti í allt að tvö ár. Gögnum má safna á nokkurra mánaða fresti í móðurtölvu úr flugvél. Hér er um að ræða mjög dýrar rannsóknir. Reynsla mín (óbirt gögn) sýnir að auðveldast er að ná hreindýrum að vetrarlagi með því að skjóta deyfilyfi í þau af vélsleða.

Í ljósi þess að ofangreind verkefni (a) eru langtímaverkefni, (b) þarfnast nákvæms undirbúnings og skipulagningar, og (c) myndu í fyrsta lagi hefjast árið 1999, er ekki tímabært á þessu stigi að útlista nánar framkvæmd þeirra eða mögulegan kostnað við þau.

Heimildir

Anonymus (1998): Fljótsdalsvirkjun; Samantekt um 210 MW virkjun. Landsvirkjun, Reykjavík. 7 bls.

Karl Skírnisson (1993a): Nagdýr á Íslandi. *Í*: Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnarson (ritstj.): Villt íslensk spendýr. Hið íslenska náttúrufræðifélag og Landvernd, Reykjavík, bls 327-346.

Karl Skírnisson (1993b): Minkur. *Í*: Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnarson (ritstj.): Villt íslensk spendýr. Hið íslenska náttúrufræðifélag og Landvernd, Reykjavík, bls 79-102.

Kristbjörn Egilsson (1983): Fæða og beitilönd íslensku hreindýranna. Orkustofnun OS-83073/VOD-07. 235 bls.

Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Egilsson (1983): Áhrif fyrirhugaðra virkjana á Austurlandi á hreindýr og beitilönd þeirra. Orkustofnun OS-83074/VOD-08. 65 bls.

Páll Hersteinsson (1993): Tófan. *Í*: Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnarson (ritstj.): Villt íslensk spendýr. Hið íslenska náttúrufræðifélag og Landvernd, Reykjavík, bls 15-48.

Skarphéðinn Þórisson (1983): Hreindýrarannsóknir 1979-1981. Lokaskýrsla. Orkustofnun OS-83072/VOD-06.

Skarphéðinn Þórisson (1993): Hreindýr. *Í*: Páll Hersteinsson og Guttormur Sigbjarnarson (ritstj.): Villt íslensk spendýr. Hið íslenska náttúrufræðifélag og Landvernd, Reykjavík, bls 251-285.

Orkustofnun,
Hákon Aðalsteinsson,
vatnalíffræðingur:

Vatnalíf á Eyjabökkum og nágrenni.

Allnokkurt yfirlit er til um smádýralíf í vötnum og tjörnum á Eyjabökkum og svolítið um læki og drög nokkurra áa við Snæfell (Gísli Már Gíslason 1977, rannsóknir í ágúst 1975 og Hákon Aðalsteinsson 1979, 1980, rannsóknir í júlí og ágúst 1978 og 1979). Erling Ólafsson (1981) kannaði smádýralíf í ágúst 1979. Hann lagði megináherslu á landdýr, en einnig á lækjafánu, auk fánu í votlendi. Hinir fyrrnefndu lögðu báðir áherslu á að lýsa búsvæðum og vistkerfum, og Hákon kannaði einnig nálæg svæði til samanburðar.

Tjarnir á Eyjabökkum

Tjarnir eru fjölmargar í votlendinu, einkum á Þóriseyjum milli kvísla jökulárinnar. Allnokkrar eru stórar, allt upp í röska 200 m í þvermál, en flestar eru fremur smáar. Hringlaga eða sporöskjulaga tjarnir, nokkrir m í þvermál, eru algengastar. Lögun þeirra bendir til þess að þær séu samfallnar rústir. Flestar tjarnanna á Þóriseyjum eru meira eða minna gróðurlitlar með leirkenndum botni, svipað og við væri að búast í nýlegum tjörnum í delta jökulár eða þar sem jökuláin hefði flætt yfir. Bakkarnir eru hins vegar yfirleitt vel grónir fífu og stör. Algengasti botngróðurinn er mosinn *Calliergon* sp. sem vex meðfram bökkunum, en einnig hafa fundist kransþörungar (*Nitella* sp.) og vatnsaugu (*Nostoc*). Þá fannst einnig haustbrúða (*Callitriche hermafroditica*) í einni tjörn. Austan ár fann Gísli lófót (*Hippuris vulgaris*).

Umfang: Í ágúst 1975 voru sýni tekin úr 9 tjörnum, en í júlí 1978 úr 7 tjörnum. Í einni af tjörnunum voru sýni tekin bæði árin. Í ágúst 1975 var bæði notaður svifháfur og botnháfur fyrir gróðurinn, en í júlí 1978 var einungis beitt svifháf á bæði búsvæðin. Botnháfurinn er sterkari og ætti að ná betur til dýra á gróðri en hinn fíngerði svifháfur, en sá síðarnefndi er með fínni möskva og nær því einnig til smæstu svifdýranna. Úrtak beggja áranna eru því nokkuð sambærilegt hvað varðar krabbadýrasvif og dýr sem halda til á gróðrinum og innan um hann. Úrtakið frá 1975 ætti að vera betra m.t.t. botnlægra dýra, en úrtakið frá 1978 ætti að gefra betri mynd af smæstu dýrunum. Í júlí 1978 voru einnig tekin magnbundin sýni af þyrildýrum.

Eðlis- og efnaeiginleikar: Beinar efnamælingar hafa ekki verið gerðar, en rafleiðni vatnsins var mæld. Rafleiðni hefur reynst gefa ágæta vísbendingu um efnastyrk, sem er aftur viss vísbending um framleiðniforsendur. Lægsta leiðnin mældist í stærstu tjörninni, Eyjafellsvatni (23 uS/cm). Flestar tjarnir hafa leiðni á bilinu 40-70 uS/cm, en leiðni vatns í mýrarrauðatjörnum getur verið talsvert hærri. Flestar tjarnir á Versturöræfum eru efnaríkari en tjarnir á Eyjabakkasvæði, og það á líklega einnig við um tjarnir á Múla (Fljótsdalsmúla). Lægstu tölur um leiðni sem hafa mælst í yfirborðsvatni er um 10 uS/cm (við jökuljaðra og í efstu drögum dragáa) og er sennilega ekki fjarri leiðni í úrkomu. Leiðni nálægt 100 er algeng í vötnum í gróskumiklu umhverfi (Sigurður Guðjónsson 1990).

Hiti er mjög breytilegur í tjörnum almennt. Tjarnir og grunn vötn svara fljótt hitabreytingum og þau geta hæglega orðið nokkru heitari en sem svarar lofthita, vegna sólargeislunar, og því má búast við miklum hitasveiflum. Algengt hitastig í síðari

hluta ágúst (19.-22.) 1975 var 7-11 °C, en hæst í mýrarauðatjörn, um 17 °C, og er líklegt að aðsog í hina rauðbrúnu lífrænu efnakomplexa hafi átt þar hlut að máli.

Dýralíf í tjörnum

Sviflægar tegundir

Margar tegundir, einkum meðal krabbadýra eru ágætlega aðlagaðar að lífi bæði í svifi og við botn, og flestar þeirra sem aðallega halda til við botn koma reglulega upp í svifið, einkum er skyggja tekur. Ennfremur má einnig búast við því, að tegundir sem almennt eru taldar sviflægar, a.m.k. í stærri vötnum, geti haldið til við botninn, einkum í grynnri vötnum og tjörnum (Hákon Aðalsteinsson 1985).

Þyrildýr (Rotatoria)

Öll algengustu þyrildýrin í tjörnunum eru meðal algengustu tegunda í svifi vatna á landinu. Sem vænta má í svo grunnum vötnum koma þarna fram bæði botn- og sviftegundir. Þyrildýr voru allt að því nokkur hundruð í lítra, sem ekki getur talist mikið af svo smáum dýrum, en hin stærstu eru um 0,2 mm. Þyrildýr eru yfirleitt ekki sérlega áberandi í tjörnum, líklega vegna samkeppni frá krabbadýrum.

Krabbadýr (Crustacea)

Samanburður: Sem fyrr segir voru tekin sýni úr sama vatni í einu tilfelli, þ.e. 22. ágúst 1975 (Tangavatn) og 25. júlí 1978 (tjörn nr. 8). Þótt þarna muni u.þ.b. einum almanaksmánuði er óvíst að samanburður gefi vísbendingu um árstíðaframvindu, bæði vegna þess að tíðarfar kann að ráða meira en tíminn og svo er heldur ekki hægt að útiloka breytileika milli ára. Árið 1975 var stutthalan (*Daphnia pulex*) ríkjandi tegund og næstar henni komu ranafló (*Bosmina longispina*) og augndíli (Cyclopoida, líklega aðallega *Cyclops abyssorum*). Árið 1978 voru ísdíli (*Diaptomus glacialis*) og augndíli algengust, og stutthala mátti teljast nokkuð algeng. Flestar tegundir sem fundust 1975 voru til staðar 1978. Hákon tók sýni bæði í 1 og 4 m fjarlægð frá bakka. Stutthalan og ísdílið, sem bæði eru með stærstu svifdýrum í vötnum hérlendis, voru algengust 4 m frá bakkanum, en augndílið við bakkann. Áhrif af stærð vatna á sýnatöku er enn einn þáttur sem gerir allan samanburð erfiðan. Þrátt fyrir erfiðleika við samanburð er þó eitt einkenni sameiginleg niðurstaða beggja. Ekta svifdýr eru ríkjandi bæði árin, en ekta botndýr voru sjaldséð. Það þýðir að fánan er í báðum tilvikum að lýsa ákveðnum eiginleikum vatnsins.

Hákon fann tvær tegundir sem ekki kom fram í sýnum Gísla. Önnur er smávaxin og gæti því hafa smogið möskva við sýnatöku (gáraflóin *Alonella excisa*), en hin, smádílið *Diaptomus minutus*, var sjaldséð.

Tegundasamsetning: Alls fundust 11 tegundir krabbaflóa í tjörnunum og a.m.k. 3 tegundir stökkkrabba. Meðal stökkkrabba er augndílið *Cyclops abyssorum* algengast, en stökkkrabbarnir voru að öðru leyti ekki greindir til tegunda með nægilegri vissu. Þær tegundir sem voru greindar eru allar algengar um allt land, stutthala og ísdíli þó aðallega á hálendinu, líklega ekki síst vegna þess að þær eru báðar stórvaxnar (um 2,5 mm), fremur dökkar og eru því viðkvæmar fyrir afráni.

Ríkjandi tegundir:

Ríkjandi tegundir eru gagnlegur mælikvarði á einkennistegundir og henta vel til samanburðar við önnur svæði. Þegar tegundir eru vegnar á þennan hátt er nauðsynlegt að taka tillit til stærðar einstakra tegunda. Í þessari úttekt þurfa smávaxnar tegundir að ná 25% hlutdeild en stórvöxnum nægir 10% hlutdeild til að teljast meðal ríkjandi tegunda. Hákon Aðalsteinsson (1985) notaði þessa aðferð til að bera saman tjarnir á Hofsafrétt við tjarnir á Vesturöræfum, og í 1. töflu eru þær niðurstöður bornar saman við niðurstöður af rannsóknum á Eyjabökkum. Oftast eru a.m.k. tvær tegundir ríkjandi, en sjaldan fleiri en 4, en það kemur þó fyrir þegar botngerð tjarnanna er fjölbreytt.

1. Tafla: Tíðni ríkjandi tegunda. Tölurnar segja til um hlutfall (%) tjarna þar sem viðkomandi tegund flokkaðist sem ríkjandi tegund.

Tegund	Eyjabakkar	Vesturöræfi	Hofsafrétt
Cyclopoida	75	29	27
Bosmina longispina	38	59	79
Diaptomus glacialis	38	53	38
Daphnia pulex	12	-	31
Simocephalus vetulus	-	24	3
Chydorus sphaericus	25	6	7
Polyphemus pediculus	6	35	-
Eurycercus lamellatus	6	-	7
Acroperus harpae	6	-	-
Alona affinis	6	-	-
Alonella excisa	-	12	-
Leptodiaptomus minutus	-	53	31

Úr þessum samanburði má lesa ýmislegt. Augndíli eru algeng víðast hvar í allskonar búsvæðum, og eru oft meðal fárra ríkjandi tegunda við næringarsnauð skilyrði, t.d. á Hraunum austan Jökulsár í Fljótsdal (Hákon Aðalsteinsson 1995). Kemur þar líklega til fæðuöflunartækni sem gerir tegundinni kleyft að sundra stærri fæðuögnum og fullvaxnir einstaklingar geta lifað jöfnum höndum á hræjum, þörungum og ránum (alætur), og jafnframt eru augndíli nokkuð jafnvíg á líf við botn og í svifi (Hákon Aðalsteinsson 1978, 1979). Krabbaflær eru hinsvegar háðar kornaðri fæðu sem þær sía úr vatninu (sviflægar), eða fíngerðum ásætum eða groti á og við botn og á botngróðri (botnlægar). Stutthalan *Daphnia pulex* er náskyld hakafló *Simocephalus vetulus*, en sú síðarnefnda heldur sig við gróðurríkari tjarnir en stutthala, og hún á því ekki góðra kosta völ á Eyjabökkum. Tíðni hnoðflóar (*Polyphemus pediculus*) á Vesturöræfum endurspeglar líklega þroskað mýrlendi með tjörnum ríkum af mýrarrauða, sem voru sjaldséðar bæði á Eyjabökkum og Hofsafrétt, en flestar tjarnir þar voru í Orravatnsrústum sem eru myndaðar á gömlum botni jökulskotins vatns, þ.e. á aurseti jökulár (Hákon Aðalsteinsson 1985). Hærri tíðni botnkrabba á Eyjabökkum en í hinum tjörnunum kann að stafa af betri söfnun af botni þar en á hinum stöðunum.

Í heild sinni styður krabbadýrafánan þá mynd sem fæst með yfirborðskenndri skoðun tjarnanna á Eyjabökkum, að þær séu fremur gróðursnauðar, með leirkenndan botn og fremur næringarsnauðar. Leiðni vatnsins er í lægri kantinum miðað við Vesturöræfi, sem bendir til að að mýrarjarðvegs gæti minna á Eyjabökkum en þar, þ.e. að vatnið (regnvatn og vatn sem síast úr jökulánni) eigi sér fremur skamma viðdvöl í þroskuðum jarðvægi.

Botnlægar tegundir

Nokkrar af hinum sviflægu tegundum sem fjallað er um hér að ofan eru að mestu leyti botnlægar, en flestar þeirra leita upp í svifið við og við. Það sem hér verður fjallað um eru aðallega lirfur skordýra (Gísli Már Gíslason 1977). Þegar þessar athuganir voru gerðar var lítið farið að greina mýlirfur til tegunda vegna skorts á sérþekkingu sem til þess þurfti. Skötuormar (*Lepidurus arcticus*) voru í flestum tjarnanna og einnig ein tegund samloka (*Pisidium casertum*) og vatnabobbi (*Lymnaea peregra*) í nokkrum. Gísli fann 2 tegundir vorflugna, brunnklukku (*Agabus bipustilatus*) og Grænlandsklukku (*Colembetes dolabratus*). Allar þessar tegundir taldi hann algengar á Fljótsdalsheiði og í Þjórsárverum. Mýlirfur fundust af undirætt Orthocladiinae, og ættum Tanytarsini og Chironomini. Hákon Aðalsteinsson (1980) greindi ekki mýlirfur en hann varð einnig var við skötuorm í flestum tjarnanna.

Dýralíf í Lækjum

Gísli Már Gíslason (1977) og Erling Ólafsson (1981) könnuðu nokkra læki neðan undir Snæfellshálsi og í Grjótá vestan Snæfells. Á því svæði bætast við athuganir Hákonar Aðalsteinnsonar (1981) á Grjótá og drögum Hölknár. Algengustu tegundirnar í þessum lækjum og drögum voru rykmýslirfur af undirættinni Diamesinae, og af öðru rykmýi fundust tegundir af Orthocladiinae og Tanytarsini. Af bitmýi varð aðeins vart við *Prosimulium ursinum* með vissu. Þrjár tegundir vorflugna (*Apatania zonella, Limnephileus griseus* og *Potamophylax singulatus*) og steinflugan *Capnia vidua* fundust. Þetta er eina steinflugutegundin sem finnst á Íslandi og var þetta þá í fyrsta sinn sem tegundarinnar varð vart á hálendinu (Erling Ólafsson 1981), en síðar hefur hún fundist mjög víða. Ekki er að búast við tegundum af öðrum undirættum mýlirfa í lækjunum en hér eru nefndar (Jón S. Ólafsson, munnl. uppl.). Í votlendinu eru hins vegar margar aðrar tegundir (Erling Ólafsson 1981).

Hákon Aðalsteinsson (1980) tók magnbundin sýni af botndýrum í nokkrum ám og árdrögum við Snæfell 1979. Hver steinn sem tekin var var burstaður vandlega og rúmmál hans síðan mælt. Við slíka sýnatöku hefur síðar tíðkast að mæla ofanvarp steinsins og nota flatarmál steinsins eins og hann liggur í ánni. Með samanburði á rúmmáli og flatarmáli úrtaks af steinum af þeirri stærð sem teknir voru í umræddri rannsókn má umreikna rúmmál hvers steins í flatarmál og með því áætla þéttleika lirfanna. Fjöldi mýlirfa var af stærðargráðunni 1-10 þús. á fermetra. Í Hölkná mátti rekja þróun niður eftir ánni og jókst fjöldinn eftir því sem neðar kom í árnar, svo sem við er að búast af dragám (Hákon Aðalsteinsson og Gísli Már Gíslason 1998).

Þær tegundir og ættir sem hér hafa verið nefndar eru allar algengar annars staðar á hálendinu, og þetta verður seint talin tæmandi úttekt enda eru lækir margir á þessu svæði.

Niðurstöður

Rannsóknir á tjörnum voru nokkuð ítarlegar og þær tegundir sem þar fundust eru allar algengur um allt hálendið. Mismunur í tegundasamsetningu skýrist með gerð tjarnanna, en á Eyjabökkum eru fremur gróðursnauðar tjarnir mun algengari en t.d. á Vesturöræfum. Í lækjum og drögum voru í aðalatriðum fulltrúar flestra ætta og undirætta sem við er að búast, en greining mýlirfutegunda var ófullkomin. Hins vegar er fána lækja og áa á hálendinu almennt frekar lítið þekkt enn sem komið er, nema á einstaka mjög afmörkuðum svæðum. Það verður að teljast fremur ólíklegt að lækir á svæðinu við Snæfell skeri sig úr öðrum lækjum á svæðinu vegna þess að flestar tegundir sem í þeim lifa eiga auðvelt með að dreifast, og mun auðveldar en þær tegundir sem eru einkennandi fyrir tjarnir.

Tilvísanir

Erling Ólafsson 1981. *Smádýralíf á Eyjabökkum.* Í: (ritstj. Hjörleifur Guttormsson), Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal. Orkustofnun, OS81002/VOD-02; bls. 219-238.

Gísli Már Gíslason 1977. *Dýralíf á Eyjabökkum.* Í: Hjörleifur Guttormsson og Gísli Már Gíslason 1977. Eyjabakkar, landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi. Orkustofnun, OS-ROD 7719, 33 bls.

Hákon Aðalsteinsson 1978. *Plöntu og dýralíf í vötnum á Auðkúluheiði.* Orkustofnun, OS-ROD 7806; 113 bls.

Hákon Aðalsteinsson 1979 a. *Fljótsdalsheiði, Frumkönnun á lífvist straumvatna í veitukerfi Bessastaðaárvirkjunar.* Orkustofnun, OS-79004/ROD-02; 19 bls.

Hákon Aðalsteinsson 1979 b. Seasonal variation and habitat distribution of benthic Crustacea in lake Mývatn in 1973. *Oikos 32*:195-201.

Hákon Aðalsteinsson 1980. *Lífvist í tjörnum og smávötnum á Vesturöræfum, Eyjabökkum og Múla, yfirlitskönnun vegna Austurlandsvirkjunar.* Orkustofnun, OS-80015/ROD-08; 50 bls.

Hákon Aðalsteinsson 1985. *Lífvist í tjörnum og vötnum á Hofsafrétt.* Orkustofnun, OS-85046/VOD-04; 48 bls.

Hákon Aðalsteinsson 1995. *Hraunavirkjun. Rannsóknir á lífríki vatna.* Orkustofnun, OS-95026/VOD-03 B; 22 bls.

Hákon Aðalsteinsson og Gísli Már Gíslason 1998. Áhrif landrænna þátta á líf í straumvötnum. *Náttúrufræðingurinn 68*: 97-112.

Sigurður Guðjónsson 1990. *Classification of Icelandic watersheds and rivers to explain life history strategies of Atlantic salmon.* Doctoral thesis, submitted to Oregon State University, 136 bls.

Veiðimálastofnun,
Sigurður Guðjónsson:

Stutt greinargerð um áhrif Fljótsdalsvirkjunar á lífríki ferskvatns.
(Október 1999.)

Inngangur

Allnokkrar rannsóknir hafa farið fram á lífríki ferskvatns á vatnasviði Lagarfljóts. Fyrri rannsóknir á svæðinu voru teknar saman í skýrslu 1995 (Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnars Jónsson 1995). Frekari rannsóknir fóru síðar fram á Leginum og ám sem til hans falla og þar var fyrri rannsóknum á því svæði einnig gerð skil (Guðni Guðbergsson og Ingi Rúnar Jónsson 1998). Upplýsingar um virkjunartilhögun eru fengnar hjá Helga Bjarnasyni, Landsvirkjun.

Sjógenginn fiskur komst upp að Lagarfossi í árdaga og jafnvel upp fyrir hann í ákveðnu vatnsrennsli í Lagarfljóti. Fiskvegur var gerður í fossinn 1932, en óvíst er um virkni hans. Eftir að virkjað var í Lagarfossi 1975 var þar reistur nýr fiskvegur. Sá fiskvegur virkaði ekki sem skyldi og var honum breytt upp úr 1992. Er þá fiskgengt inn allan Lög og upp í ár sem til hans falla að næstu gönguhindrunum. Laxaframleiðsla í Lagarfljót neðan við Lagarfoss er afar takmörkuð. Talsvert hefur því verið reynt til að koma til laxgengd og veiði ofan við Lagarfoss í gegnum tíðina fyrst af hálfu Fiskræktarfélags Fljótsdalshéraðs, sem síðar varð að Veiðifélagi Fljótsdalshéraðs. Þær tilraunir hafa litlu skilað bæði vegna slaks göngufæris lengi vel upp Lagarfoss og vegna takmarkaðra uppeldisskilyrða fyrir lax ofan við Lagarfoss. Laxveiði hefur verið neðan Lagarfoss (frá fáum tugum laxa upp í nokkur hundruð laxa) og einstaka lax hefur veiðst ofan hans. Lítið er einnig um sjógenginn silung á svæðinu sem skýrist af því hversu stutt er síðan vel varð fiskgengt upp fyrir Lagarfoss. Silungsveiði, væntanlega að mestu úr staðbundnum stofnum, er í ánum sem falla til Lagarfljóts, þó skráning á veiði hafi ekki verið nægilega góð. Þannig er stangveiði í Eyvindará, Rangá, Grímsá og Kelduá. Netaveiði hefur einnig verið stunduð í einhverjum mæli í Leginum (stöðuvatn 53 km^2) og í Vífilsstaðaflóa og Steinsstaðaflóa (stöðuvatn/vötn 6,9 km^2) (svæðið ofan Lagarfoss). Ekki er kunnugt um veiði á lónstæði fyrirhugaðar Fljótsdalsvirkjunar eða veitum til hennar.

Áhrif virkjunar

Áhrif af fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun á lífríki ferskvatns eru víðtæk. Sérstaklega verður fjallað um áhrifin á lónstæði og af veitum á heiðum annars vegar og hins vegar áhrif af virkjuninni niður vatnakerfið, fyrst í Jökulsá á Fljótsdal og síðan í Leginum og Lagarfljóti allt til sjávar.

Myndað verður lón á Eyjabökkum 43 km^2 að stærð þar sem nú er farvegur Jökulsár og kvísla hennar frá jöklinum. Að auki verður efstu drögum Kelduár veitt til lónsins. Sama gildir um Laugará og efstu drög Hölknár og Grjótár sem veitt verður í aðrennslisgöng virkjunarinnar.

Lífríki þessara áa hefur ekki verið skoðað sérstaklega. Rétt væri að fram fari úttekt á smádýralífi þeirra áa sem raskað verður mest áður en til virkjunar kemur. Ár með svipaða eiginleika verða áfram til staðar á svæðinu óraskaðar. Ekki er vitað um neinar veiðinytjar á svæðinu. Sé fiskur á svæðinu er það líklegast smávaxinn silungur og þá líklegast bleikja.

Mest áhrifin eru í farvegi Jökulsár á Eyjabökkum sem verður breytt úr á í stöðuvatn. Lónið sem myndast verður 43 km^2 að stærð í fullri vatnshæð en áætlað er að það verði um 15 km^2 að stærð þegar lægst er í lóninu. Munur á hæstu og lægstu vatnshæð er um 16 metrar. Þarna myndast því jökullón með afar óstöðugt umhverfi fyrir vatnalífverur. Reynslan annars staðar frá, í miðlunarlónum með mikla miðlunargetu og jökulvatn, bendir til að lífríki lónsins verði fátæklegt og að ekki verði um veiðinytjar að ræða til frambúðar. Þó er hugsanlegt að í fyrstu eftir að næringarefni frá jarðvegi og gróðri leysast út í vatnið verði lífræn framleiðsluaukning, sem birst getur í skammvinni veiði, að því gefnu að bleikja sé til staðar á svæðinu. Slík veiði stæði stutt, eins og reynslan sýnir úr lónum annars staðar t.d. á vatnakerfi Þjórsár og vatnakerfi Blöndu (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996, 1997a,b, Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson 1998).

Áhrif á Jökulsá á Fljótsdal eru mikil bæði í rennsli og svifaur. Meðalrennsli árinnar í byggð er 27,6 m^3sek^{-1}en verður tæpir 5 m^3sek^{-1}eftir virkjun. Yfirfall verður frá Eyjabakkastíflu á haustin í mánaðartíma og er áætlað magn þess 10 m^3sek^{-1}. Áætlað er að virkjun verði keyrð stöðugt og meðalrennsli frá virkjun verði 31 m^3sek^{-1} sem kæmi í farveg árinnar ofan við bæinn Múla rúma 5 km ofan við ós árinnar í Löginn. Í farvegi Jökulsár ofan útfalls virkjunar yrði því bergvatnsá með meðalrennsli tæpa 5 m^3sek^{-1} ef undan er skilin um það bil mánaðartími á haustin

þegar yfirfallsvatns gætir. Brýnt er að í rekstri virkjunarinnar verði reynt af fremsta megni að hlífa lífríki við miklum rennslisbreytingum. Neðantil í Jökulsá er að finna bæði bleikju og urriða og gætu þeir stofnar náð sér betur á strik eftir virkjun. Þetta gerðist vegna aukinnar lífrænnar framleiðslu þegar ljósmagn nær niður í botn árinnar yfir vaxtartíma þörunga og gróðurs á sumrin. Hlutfallslega meira verður af næringarefnum, en nú er, þegar ekki gætir lengur snauðs leysingarvatns frá jökli. Með auknum þörungum og gróðri verður meira um smádýr á botni árinnar sem eru fæða fyrir fisk. Líklegt er einnig að veiðiskilyrði skapist þegar jökulaurs gætir ekki lengur, en ekki er vitað um veiðinýtingu þarna nú. Atferli fiskstofna Jökulsár er óþekkt þ.e. hvort seiði ganga stálpuð niður í Lög til að taka út vöxt og fullorðinn fiskur gangi síðan til hrygningar upp í ána líkt og virðist gerast í Kelduá. Ef svo er, þarf fiskur að ganga upp farveg árinnar í miklu og jökulskoluðu vatni (frárennsli virkjunarinnar og bergvatn) fyrstu 5 km og svo upp í bergvatnsá sem verður í farvegi Jökulsár. Þar er og verður fært um 20 km til viðbótar að fyrsta fossi í Jökulsá innan við Glúmsstaðasel. Frárennsli virkjunarinnar verður jökulskotið, en stærsti hluti jökulaursins kæmi til með að falla til í Eyjabakkalóni. Því ætti að verða vel göngufært fyrir fisk upp farveginn. Gæta verður þess að fært verði úr frárennsli virkjunarinnar og upp í ána þar ofan við. Einnig er athugandi að leiða bergvatnið framhjá frárennsli virkjunarinnar og út í Kelduá til að tryggja að fiskgengt verði upp áfram í Norðurdal.

Áhrif Fljótsdalsvirkjunar koma einnig til með að ná til vatnasviðs Jökulsár á Dal. Með veitu úr Grjótá minnkar vatn í Hrafnkelsá, en aðeins vatni af takmörkuðum hluta vatnasviðs hennar er veitt í burtu. Hrafnkelsá er fiskgeng a.m.k. 15 km frá Jökulsá á Dal (Ingi Rúnar Jónsson og Sigurður Guðjónsson 1997). Ætla má að áhrifin verði lítil og aðallega í að minnka flóðtopp snemmsumars. Sama má segja um Hölknárveitu. Hölkná er ófær fiski upp frá Jökulsá á Dal. Um er að ræða efstu drög þessara áa í mikilli hæð yfir sjó (500-700 m). Laugará á vatnasviði Jökulsár á Fljótsdal yrði einnig tekin inn í göng virkjunarinnar. Lítið vatn yrði eftir í farvegi hennar niður hlíðina að Jökulsá á Fljótsdal og óþekkt er hvort í henni er fiskur eða hversu langt áin er fiskgeng frá Jökulsá í Fljótsdal.

Vænta má fremur takmarkaðra áhrifa í farvegi dragakvísla Kelduár. Þeim verður veitt í aðra átt og munu því hlutar af núverandi farvegum þorna en aðrir myndast í staðinn. Um er að ræða efstu drög þessara áa í mikilli hæð yfir sjó (600 – 800 m) sem renna um hrjóstrugt svæði og eru því væntanlega líflitlar. Við veituna myndi lítil stækkun og þar með dýpkun verða á Sauðárvatni. Líklegt er að þurrir

farvegir neðan stífla verði ekki langir þar sem einhver lekt verður og aðrennslissvæði kvíslanna neðan fyrirhugaðra veitustífla eru stór. Um 6 m^3sek^{-1} að meðaltali verður veitt til Eyjabakkalóns frá vatnasviði Kelduár en Kelduá er 21,8 m^3sek^{-1}. Mest vatn er í drögum þessum snemmsumars þegar vorleysing á sér stað og síðsumars þegar jökulleysing á sér stað. Því valda veituframkvæmdir því að flóðtoppar í Kelduá minnka og jökuláhrif í ánni minnka einnig. Minni svifaur og jafnara rennsli ættu því að auka lífræna framleiðslu árinnar í byggð og gætu þar með eflt fiskstofna og veiði. Erfitt er hins vegar segja fyrir um hversu mikið.

Áhrif af virkjun munu einnig ná niður vatnakerfið og þar yrðu áhrifin einna mest á fiskstofna. Rennsli verður jafnara og jökulaur mun minnka. Rannsóknir hafa sýnt meira lífmagn í ytri enda Lagarins en í innri enda hans þar sem jökuláhrif eru meiri. Sjóndýpi í ós Jökulsár var 5 cm, en 60 cm við Egilsstaði sumarið 1998. Einnig virðist sem fiskmagn hafi verið meira 1998 en 1974 og má tengja þessa breytingu minni framburði Jökulsár 1998 en var 1974. Þá var sjóndýpi við Egilsstaði 18 cm. Mikil áraskipti geta verið á aurburði árinnar eftir ástandi við jökulinn en þar hafa orðið framhlaup. Við virkjun minnkar svifaursmagn verulega. Því ætti lífauðgi í Lagarfljóti öllu að aukast og þar með einnig fiskstofnar, fyrst og fremst staðbundnir fiskstofnar. Lögurinn er djúpt stöðuvatn með hlutfallslega litlu strandvæði. Því er líklegt að það yrðu fyrst og fremst svifdýrasamfélag vatnsins sem myndi eflast við aukið birtumagn, þó botndýrasamfélög nytu einnig góðs af og meira þar sem grynnra er eins og í yrti enda Lagarins og í Fljótinu neðan Egilsstaða. Þó verður breytingin á svifaursmagni þar hlutfallslega miklu minni en ofar. Einnig ætti vatnsborð Lagarins og Lagarfljóts að verða stöðugra en nú er og kemur sú breyting til með að skapa botndýrum á strandsvæðum betri skilyrði. Gæta verður þess að við breytt rennsli vegna Fljótsdalsvirkjunar að áfram verði fært fiski upp fiskveg við Lagarfoss. Grípa þarf til aðgerða þar, verði svo ekki. Minni jökulaur við Lagarfoss ætti að auðvelda fiskför upp fyrir foss, eins og reynslan sýnir frá Blöndu.

Ef til virkjunar kemur þarf að fylgjast með breytingum á lífríki vatnasvæðisins og nauðsynlegt er að skoða lífríki þeirra áa á heiðum uppi sem raskast verulega við virkjunina og myndun lónsins.

Samantekt

Áhrif fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar á lífríki ferskvatns eru umtalsverð.

Ár á heiðum; efstu drög Kelduár (Sauðá, Grjótá og Kelduá), Hafursá, Grjótá, Hölkná og Laugará raskast þar sem þeim verður veitt úr sínum farvegi í aðra átt. Þannig þorna farvegir og aðrir myndast í staðinn. Allar eru þessar ár í mikilli hæð yfir sjó og tekin eru efstu drög þeirra þar sem mikillar snjó- eða jökulbráðar gætir. Við veituframkvæmdir minnkar meðalrennsli Kelduár, þannig að flóðtoppar hennar minnka og jökuláhrifa í henni minnka verulega. Þetta ætti að koma lífríki hennar að einhverju leyti til góða.

Í farvegi Jökulsár á Eyjabökkum myndast lón sem verður breytilegt að stærð og dýpt. Vegna legu sinnar (hæðar yfir sjó) og gerðar (jökulvatn) svo og vegna mikillar miðlunar eru miklar líkur til að lónið verði líflítið.

Í Jökulsá í Fljótsdal verða skilyrði fyrir lífverur stöðugri og jökuláhrif hverfa ef undan er skilinn stuttur tími á haustin þegar yfirfalls gætir. Lífríki árinnar og fiskstofnar eru því líklegir til að eflast og því gæti komið upp veiði í ánni. Gæta þarf þess að fiskgengt verði í ána ofan virkjunarfrárennslis.

Rennsli verður stöðugra í Lagarfljóti vegna Fljótsdalsvirkjunar og jökulaur minnkar mikið. Því eflist lífríki þess og þar með staðbundnir fiskstofnar frá því sem nú er. Gæta verður að áfram verði fært fiski um fiskveg í Lagarfossi.

Heimildir

Guðni Guðbergsson og Ingi Rúnar Jónsson 1998. Rannsóknir á fiski og smádýralífi á vatnasviði Lagarfljóts 1998. *Veiðimálastofnun*, VMST-R/98020.

Guðni Guðbergsson, Þórólfur Antonsson, 1996: Bleikja í vötnum á veituleið Blönduvirkjunar: samanburður fyrir og eftir virkjun Blöndu : niðurstöður rannsókna 1988-1995. *Veiðimálastofnun*, VMST-R/96001.

Guðni Guðbergsson, Þórólfur Antonsson, 1997a. Rannsóknir á urriða í Þórisvatni 1996. *Veiðimálastofnun*, VMST-R/97003X.

Guðni Guðbergsson, Þórólfur Antonsson, 1997b. Bleikja í vötnum á Auðkúluheiði, samanburður fyrir og eftir virkjun Blöndu. *Náttúrufræðingurinn* 67 (2), 105-124.

Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson 1995. Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Dal (Brú), Lagarfljót og ár sem falla til Berufjarðar, Hamarsfjarðar og Álftafjarðar. Samantekt um fiskstofna. *Veiðimálastofnun*. VMSTR/95014x.

Ingi Rúnar Jónsson, Sigurður Guðjónsson, 1997: Fiskrannsóknir í Jökulsá á Dal (Brú) og þverám hennar í Jökuldal 1997. *Veiðimálastofnun*, VMST-R/97018.

Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson. 1998. Vatnakerfi Blöndu 1998. Göngufiskur og veiði. Veiðimálastofnun, VMSTR/98012X.

Þjóðhagsstofnun:

Þjóðhagsleg áhrif nokkurra stóriðjuverkefna.
(30. ágúst 1999.)

Að beiðni iðnaðarráðuneytis hefur Þjóðhagsstofnun metið þjóðhagsleg áhrif byggingar nokkurra stóriðjuvera. Mat þetta er háð ýmsum forsendum sem óvissa ríkir um og raktar eru hér að neðan. Skoðuð voru þrjú dæmi:

1. Álver Norðuráls stækkað um 30 þúsund tonn árið 2000.
2. Álver á Reyðarfirði byggt í tveimur áföngum, 120 þúsund tonn árið 2003 og 240 þúsund til viðbótar árið 2006, til viðbótar við framkvæmdir samkvæmt dæmi 1.
3. Magnesíumverksmiðja tekur til starfa árið 2006 til viðbótar við framkvæmdir samkvæmt dæmi 2.

Það ber að taka fram að hér er ekki um mat á rekstrarlegri né heldur þjóðhagslegri arðsemi þessara verkefna að ræða, t.d. er ekki lagt mat á hagnað af orkusölu til viðkomandi stóriðjufyrirtækja og ekki er tekið tillit til kostnaðar vegna umhverfisáhrifa.

Skýringar:
Niðurstöður dæmanna hér að neðan eru birtar sem frávik frá samanburðardæmi sem byggir á 2½% jöfnum hagvexti og ekki gert ráð fyrir aukningu stóriðju frá því sem nú er. Áhrif dæmanna þriggja eru metin með því að bæta forsendum þeirra ofan á forsendur í samanburðardæminu og framreikna upp á nýtt með sama líkani. Niðurstöðurnar eru síðan bornar saman við samanburðardæmið.

Gert er ráð fyrir að aðrar forsendur en þær sem varða stóriðjukostina haldist óbreyttar. Þetta þýðir til dæmis að opinber útgjöld haldast óbreytt þrátt fyrir aukinn tekjuafgang, nafngengi helst fast þrátt fyrir hækkað raungengi, vextir af erlendum lánum eru óbreyttir þrátt fyrir auknar erlendar lántökur og svo framvegis. Í flestum tilvikum er þetta stóriðjudæmunum í hag, þ.e. neikvæð áhrif virðast minni í dæmunum en ef ytri forsendum yrði breytt.

Í dæmunum er ekki reiknað með erlendum eiginfjárframlögum til stóriðjuframkvæmdanna, né heldur arðgreiðslum til útlanda. Ef það væri gert breyttust viðskiptajöfnuður og þjóðarframleiðsla sem svarar muninum á arðsemiskröfu fjárfestanna og vöxtum á erlendum lánum sem að jafnaði þýddi minni þjóðhagslegan ábata. Ennfremur er við því að búast að yfirgnæfandi hlutfall tekna orkufyrirtækja af sölu til álfyrirtækja í dæmum 2 og 3 myndi að öllum líkindum leiða til þess að fjármagnskostnaður þeirra hækkaði. Erlendum vöxtum er haldið föstum í dæmunum svo ekki er tekið tillit til þessa.

Þá ber að hafa það í huga að líkanið sem notað er við þetta mat er einungis gert til að spá nokkur ár fram í tímann, en ekki til þess árafjölda sem hér er sýndur. Þannig má búast við að margföldunaráhrif séu í raun minni en hér kemur fram. Í þessu sambandi ber einnig að minna á að Þjóðhagsstofnun reiknar ekki með öðru en að framleiðsluþættir séu að jafnaði fullnýttir á því tímabili sem um ræðir án þess að til stóriðjuframkvæmda komi. Það er því spurning hvort jöfnur líkansins, sérstaklega launa- og verðjöfnur, spái nægjanlega vel fyrir um þróun verðlags og raungengis.

Umhverfisáhrif verkefnanna er mjög erfitt að meta á hefðbundinn mælikvarða þjóðhagsreikninga. Þó er rétt að benda á að stækkun Norðuráls um 30 þúsund tonna framleiðslugetu eykur losun CO_2 um 55 þúsund tonn, sem samsvarar 2½% af heildarlosun CO_2 á árinu 1990. Bygging álvers á Reyðarfirði með 360 þúsund tonna framleiðslugetu eykur losun á CO_2 sem nemur 650 þúsund tonnum, sem samsvarar 30% af losun CO_2 á árinu 1990. Erfiðara er að áætla losun frá magnesíumverksmiðju þar sem losunin markast af því hráefni sem notað er, svo og orkugjafa til vinnslu. Búast má við að 50 þúsund tonna magnesíumverksmiðja losi að hámarki 175 þúsund tonn af CO_2, sem svarar til 8% af losun árið 1990, en verið er að leita leiða til að draga úr þessari losun. Í dæmi 1 eykst losun því um 2½% af losun á árinu 1990. Í dæmi 2 eykst losun sem svarar 32½% af losun á árinu 1990 og um 40½% í dæmi 3.

Losunarheimild Íslendinga samkvæmt Kyoto-bókuninni nemur þeirri losun sem var árið 1990 að viðbættum 10%. Losun vegna verkefna í dæmum 2 og 3 er umfram þau mörk. Fyrir liggur tillaga um að Ísland fái að halda losun vegna nýrrar stóriðju utan við losunarbókhald, en ekki er ljóst hvort sú tillaga verður samþykkt. Til að uppfylla ákvæði Kyotobókunarinnar yrði að öðrum kosti væntanlega að kaupa losunarkvóta á alþjóðamarkaði, en kostnaður vegna þess er ekki tekinn með í útreikningana.

Helstu niðurstöður:

Helstu niðurstöður útreikninganna fara hér á eftir.

Dæmi 1. Álver Norðuráls stækkað um 30 þúsund tonn árið 2000.

Dæmi 2. Álver á Reyðarfirði byggt í tveimur áföngum, 120 þúsund tonn árið 2003 og 240 þúsund til viðbótar árið 2006, til viðbótar við framkvæmdir samkvæmt dæmi 1.

Dæmi 3. Magnesíumverksmiðja tekur til starfa árið 2006 til viðbótar við framkvæmdir samkvæmt dæmi 2.

	Dæmi 1	Dæmi 2	Dæmi 3
Aukning frá grunndæmi			
Framkvæmdartími	'99-'01	'99-'06	'99-'06
Fjárfesting á framkvæmdartíma			
Bein fjárfesting	3,1%	16,7%	20,9%
Heildarfjárfesting	4,0%	22,5%	28,0%
Ársverk			
Á framkvæmdatíma	200	1070	1350
Til frambúðar	30	530	930
Útflutningsverðmæti ál- og magnesíumframleiðslu			
1997	0,0%	0,0%	0,0%
2000	0,0%	0,0%	0,0%
2001	13,3%	13,3%	13,3%
2004	13,3%	66,7%	66,7%
2007	13,3%	73,3%	220,0%
Þjóðarframleiðsla			
Á framkvæmdatíma	0,4%	1,9%	2,3%
Til frambúðar	0,3%	3,3%	4,2%

Dæmi 1
Í dæmi 1 er gert ráð fyrir að byggt verði við álver Norðuráls á Grundartanga sem svarar 30 þúsund tonna framleiðslugetu á árunum 1999 og 2000 og að framleiðsla hefjist árið 2001.

Heildarfjárfesting nemur tæpum 13 milljörðum króna sem samsvarar um 10% af fjárfestingu ársins 1998. Landsframleiðsla verður um 0,7% hærri á árinu 2001 þegar verksmiðjan tekur til starfa en ella hefði orðið. Aukning fjárfestingar verður mest 5% á árinu 1999 og einkaneysla eykst um allt að 0,5% á árinu 2001. Útflutningur eykst um ríflega 1% til frambúðar. Hlutfall álframleiðslu í útflutningi nemur þannig um 19% á árinu 2001 samanborið við 17% í grunndæminu. Viðskiptajöfnuður versnar um ríflega ½% á byggingartímabilinu, en til lengdar eru áhrif á viðskiptajöfnuð lítil. Varanleg hækkun þjóðarframleiðslu sem og landsframleiðslu er tæplega ½%.

Við stækkun Norðuráls myndast um 30 framtíðarstörf í verksmiðjunni. Reiknað er með að um 140 ársverk þurfi til byggingarframkvæmdanna, eða um 70 hvort ár. Til virkjanaframkvæmda er áætlað að þurfi um 130 ársverk á ári á árunum 1999-2001.

Dæmi 2
Í dæmi 2 er gert ráð fyrir stækkun álvers Norðuráls og að auki bætist við bygging álvers á Reyðarfirði sem byggt yrði í tveimur áföngum, 120 þúsund tonn árið 2003 og 240 þúsund til viðbótar árið 2006.

Heildarfjárfestingin nemur 180 milljörðum króna, sem dreifist á sex ár, en fjárhæðin samsvarar 140% af fjárfestingu ársins 1998. Reiknað er með að fyrri hluti álversins verði byggður á árunum 2001-2003 og strax að þeim tíma loknum verði hafist handa við að byggja síðari áfangann og honum verði lokið á árinu 2006. Frá árinu 2001-2006 má búast við að fjárfesting verði á bilinu 20-35% hærri en ef ekki yrði ráðist í framkvæmdir. Reikna má með að landsframleiðsla verði 5% meiri en í samanburðardæminu þegar mest lætur en ríflega 4% meiri til frambúðar. Varanleg hækkun þjóðarframleiðslu er minni, eða ríflega 3% sem er svipað og hækkun einkaneyslu.

Þegar síðari hluti álversins verður kominn í gagnið mun útflutningur verða 10-15% hærri en ella. Árið 2007 er gert ráð fyrir að álframleiðsla nemi ríflega 40% af heildarútflutningi samanborið við 15% í grunndæminu. Vegna þess hve stór hluti aðfanga til byggingar álvers eru innflutt, hafa framkvæmdirnar neikvæð áhrif á viðskiptajöfnuð og reikna má með því að hallinn yrði að meðaltali 3½% meiri en í grunndæminu á árunum 2001-2006 sem kemur fram í töluverðri aukningu í erlendum skuldum eða sem nemur ríflega 15% af landsframleiðslu fram til ársins 2006. Eftir að síðari áfangi álversins hefur verið tekinn í notkun má búast við að erlendar skuldir lækki smám saman, eða um 5% af landsframleiðslu frá 2006 til 2015.

Með byggingu álvers á Reyðarfirði til viðbótar við stækkun Norðuráls má búast við að myndist 530 störf til frambúðar, þar af 230 þegar fyrri hluti álversins á Reyðarfirði verður tekinn í notkun. Bygging álversins tekur væntanlega til sín 3200 ársverk sem dreifast á sex ár, eða ríflega 500 störf á ári frá 2001 til 2006, til viðbótar við þau 140 ársverk sem stækkun Norðuráls krefst. Þá má búast við að um 650 manns fái störf við virkjanaframkvæmdir á ári á byggingatímanum frá 1999 til 2006.

Dæmi 3
Í dæmi 3 er reiknað með að magnesíumverksmiðja bætist við stækkun Norðuráls og álver í Reyðarfirði. Forsendur um framleiðslu magnesíum eru um margt óvissari en um framleiðslu áls og munar þar mestu um forsendur um hráefni, hvort um verður að ræða innflutt eða innlent hráefni, þar sem það hefur ekki einungis áhrif á hráefniskostnað heldur einnig framleiðsluferli. Þá ríkir einnig nokkur óvissa um markaðsverð á magnesíum en verð þess er nokkuð breytilegt eftir notkun.

Heildarfjárfesting nemur 230 milljörðum í verksmiðjum og virkjanaframkvæmdum, sem samsvarar 180% af fjárfestingunni í ár. Þegar mest lætur, á árunum 2003 til 2005 þegar bæði álverið í Reyðarfirði og magnesíumverksmiðjan eru í byggingu verður fjárfestingin ríflega 40% meiri en í samanburðardæminu á ári. Landsframleiðsla verður mest rúmlega 6% meiri á árinu 2009, þegar verksmiðjurnar verða allar komnar í fullan rekstur. Varanleg hækkun landsframleiðslu er heldur lægri. Á árinu 2009 verður einkaneysla 4½% meiri en í samanburðardæminu, en varanlega 4% hærri. Reikna má með að varanleg hækkun þjóðarframleiðslu sé svipuð eða ríflega 4%.

Útflutningur verður 15-20% hærri en í samanburðardæminu til frambúðar þegar verksmiðjurnar eru komnar í fullan rekstur. Árið 2007 er búist við að ál- og magnesíumframleiðsla nemi nær 50% af heildarútflutningi samanborið við 15% í grunndæminu. Viðskiptajöfnuðurinn verður enn óhagstæðari en í dæmi 2 og verður mest 5½% meiri halli sem hlutfall af landsframleiðslu en í viðmiðunardæminu á árunum 2003 til 2005. Erlendar skuldir verða mest um 20% hærri sem hlutfall af landsframleiðslu en án fjárfestinga í stóriðju á árinu 2006, en eftir að framleiðsla hefst, lækkar hlutfallið smám saman og frá 2006 til 2015 lækkar hlutfallið um 5% af landsframleiðslu.

Verði þessar þrjár verksmiðjur reistar má búast við að 930 framtíðarstörf verði til, þar af um 400 störf í magnesíumverksmiðjunni. Reikna má með að við byggingaframkvæmdirnar fái 610 manns vinnu að meðaltali á ári og búast má við að bæta þurfi við um 740 manns að meðaltali á ári við virkjanaframkvæmdir á árunum 1999 til 2006.

Línurit:
Í línuritunum hér að neðan er dæmi 1 sýnt með brotalínu, dæmi 2 með breiðri heilli línu og dæmi 3 með mjórri heilli línu.

Mynd 1: Fjárfesting. Mismunur, % frá grunndæmi.
Mynd 2: Þjóðarframleiðsla. Mismunur, % frá grunndæmi.
Mynd 3: Landsframleiðsla. Mismunur, % frá grunndæmi.
Mynd 4: Einkaneysla. Mismunur, % frá grunndæmi.
Mynd 5: Útflutningur. Mismunur, % frá grunndæmi.
Mynd 6: Viðskiptajöfnuður. Mismunur, % af landsframleiðslu.
Mynd 7: Erlendar skuldir. Mismunur, % af landsframleiðslu.

Fjárfesting
Mismunur, % frá grunndæmi



Þjóðarframleiðsla
Mismunur, % frá grunndæmi



Landsframleiðsla
Mismunur, % frá grunndæmi



Einkaneysla
Mismunur, % frá grunndæmi



Útflutningur
Mismunur, % frá grunndæmi



Viðskiptajöfnuður
Mismunur, % af VLF




Erlendar skuldir
Mismunur, % af VLF
%
25
20
15
10
5
0
-5
1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015
Frávik 1
Frávik 2
Frávik 3

Fylgiskjal II.

Orkustofnun:

Greinargerð um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði.
(4. nóvember 1999.)

1. Inngangur.

Með bréfi dagsettu 27. október 1999 óskaði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið eftir því við Orkustofnun að stofnunin tæki saman greinargerð um hugsanlega kosti til að afla orku fyrir fyrsta áfanga ráðgerðs álvers við Reyðarfjörð. Eftirfarandi er texti bréfs ráðuneytisins:
Með vísan til fundar ráðuneytisins með Orkustofnun, dags. 17. september 1999 óskar ráðuneytið eftir greinargerð stofnunarinnar um hvaða virkjunarkostir kunna að koma til greina vegna orkuöflunar fyrir lok árs 2003 og geta nýst vegna 120 þús. tonna álvers á Reyðarfirði. Jafnframt óskar ráðuneytið umfjöllunar um þróun hugmynda um virkjun Jökulsár í Fljótsdal og mat stofnunarinnar á því hvort unnt sé að breyta hönnun Fljótsdalsvirkjunar frekar til að draga enn meir úr umhverfisáhrifum virkjunarinnar, einkum áhrifum fyrirhugaðrar miðlunar á Eyjabökkum.

Með þessari greinargerð bregst Orkustofnun við erindi ráðuneytisins, en kýs um leið að setja málið í nokkru víðara samhengi en beinlínis er um beðið.

Ráðagerðir um umrætt álver miðast við að unnt verði að gefa bindandi vilyrði þegar á fyrri helmingi næsta árs, ársins 2000, um afhendingu orkunnar. Kemur þetta fram í yfirlýsingu Hydro Aluminium AS, Landsvirkjunar og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá 29. júní 1999, en þar er um það samið að ákvörðun verði tekin fyrir 1. júní 2000 um hvort ráðist skuli í byggingu álversins eða ekki. Þá er ljóst að verð rafmagnsins skiptir sköpum.

Umfjöllun Orkustofnunar beinist því einkum að leiðum sem uppfyllt geta eftirfarandi þrjú skilyrði:

- Orkan tiltæk til afhendingar fyrir árslok 2003.
- Skuldbinding á fyrri hluta ársins 2000 um orkuafhendingu.
- Orkukostnaður lægri eða ámóta og frá Fljótsdalsvirkjun.

Athygli skal vakin á því að virkjunarkostir eru nú í endurskoðun í sambandi við þá rammaáætlun um virkjun vatnsafls og jarðvarma sem iðnaðarráðherra — í samráði við umhverfisráðherra — hefur nýlega hrint af stað. Orkustofnun verður einn helsti bakhjarl þessa starfs. Þar verða allir þeir kostir yfirfarnir sem ekki eru þegar í framkvæmd eða með framkvæmdaleyfi. Fljótsdalsvirkjun fellur því ekki undir viðfangsefni rammaáætlunarinnar, en á hinn bóginn flestir ef ekki allir þeir aðrir kostir sem koma við sögu í þessari greinargerð. Sú sýn sem hér verður reifuð varðandi virkjunarmöguleikana kann að taka breytingum eftir því sem starfi að rammaáætluninni vindur fram.

Enn fremur ber að hafa í huga að fæstir þeir virkjunarkostir sem nefndir eru í þessari greinargerð hafa farið í mat á umhverfisáhrifum lögum samkvæmt. Undirbúningstími virkjana er í þessari greinargerð miðaður við að slíkt mat valdi hvorki umtalsverðum töfum né því að hætt verði við framkvæmdir.

2. Orkuspá og þarfir ráðgerðs orkufreks iðnaðar.

Áætlað er að raforkunotkun á Íslandi hafi undir árslok 1998 verið komin í rétt ríflega 6.900 GWh/a (gígavattstundir á ári, en 1 GWh jafngildir 1 milljón kílóvattstunda). Raforkuþörfin hafði þá aukist ört á liðnum árum vegna nýrra verkefna í orkufrekum iðnaði: Stækkunar álvers *Ísals* í Straumsvík og fyrsta áfanga álvers *Norðuráls* á Grundartanga. Síðla á þessu ári, 1999, hófst rekstur þriðja bræðsluofnsins hjá *Íslenska járnblendifélaginu* og gefnar hafa verið skuldbindingar um aukna raforkusölu til álvers Norðuráls vegna stækkunar sem svarar til aukinna afkasta sem nema 30 þús. tonnum af áli á ári, en þessi viðbótarsala á að hefjast í apríl 2001. Aukin orkuþörf af þessum sökum svo og almennur vöxtur í raforkuþörfinni kemur fram í 1. töflu og er þá um leið getið þeirra virkjunarframkvæmda sem ætlað er að mæta þörfinni.

Orkuþörf vegna fyrsta áfanga ráðgerðs álvers í Reyðarfirði nemur við verksmiðjuvegg um 1.700 GWh/a, en afköst þessa áfanga eru áætluð 120 þús. tonna af áli á ári. Í raun verður að reikna orkuþörfina nokkru meiri vegna flutningstaps frá virkjunum að verksmiðju. Á móti kemur að hluti orkunnar getur verið ótrygg orka, en slíkt verður látið liggja á milli hluta í þessari greinargerð.

1. tafla. Raforkubúskapur fram til ársins 2004.

Markaður	*Ár*	*GWh/a*
Raforkuþörfin í árslok 1998	1998	6.905
Aukning á almennum markaði	1999–2003	280
Þriðji ofn hjá Járnblendifélaginu	1999	323
Stækkun um 30 þús. tonn hjá Norðuráli	2000	450
Umsamið og fyrirséð í árslok	*2003*	*7.958*
Álver á Reyðarfirði, 120 þús. tonn	2003	1.700
Alls með álveri í Reyðarfirði	*2003*	*9.658*
Orkuöflun	*Ár*	*GWh/a*
Orkukerfið í árslok 1998	1998	6.550
Sultartangavirkjun	1999	880
Aukning í Svartsengi	1999–2000	220
Vatnsfellsvirkjun	2002–2003	410
Staðfest orkugeta í árslok	*2003*	*8.060*
Fljótsdalsvirkjun	2003	1.390
Bjarnarflag	2002–2003	320
(Eða stækkun Kröflu)	(2002–2003)	(240)
(Eða Hraunaveita)	(2003)	(300)
Ráðgerð orkugeta í árslok	*2003*	*9.690–9.770*

Fram kemur í 1. töflu annars vegar hvernig raforkubúskapurinn verður án álvers í Reyðarfirði og hins vegar að álveri meðtöldu og þeim virkjunum sem nú eru ráðgerðar í því sambandi, þ.e. Fljótsdalsvirkjun, samkvæmt leyfi iðnaðarráðherra frá 24. apríl 1991, og jarðgufuvirkjun í Bjarnarflagi eða með stækkun í Kröflu. Fyrir Bjarnarflagsvirkjun er heimild í lögum um raforkuver, nr. 60/1981, eftir breytingar á þeim með lögum nr. 48/1999. Hvort sem orka er fengin úr Bjarnarflagi eða frá Kröflu þarf að leggja háspennulínu frá Kröflu til Reyðarfjarðar. Því kemur mjög til álita sá kostur að auka orkugetu Fljótsdalsvirkjunar með enn frekari veitum af Hraunum en felast í fyrirliggjandi hugmynd um virkjunina. Að þessu verður vikið síðar í þessari greinargerð undir umfjöllun um Hraunaveitu.

Samkvæmt töflunni er séð fyrir orkuþörfinni fram á árið 2004. Því er spáð að orkuþörf hins almenna markaðar vaxi um allt að 60 GWh/a á ári næstu árin á eftir. Enda þótt ekki kæmi til nýs orkufreks iðnaðar þyrfti því mjög bráðlega að huga að frekari orkuöflun fyrir almenna markaðinn. Unnt væri að sjá fyrir þeirri eftirspurnaraukningu með ýmsu móti, svo sem með vatnsorkuverum af minna tagi (6. áfangi Kvíslarveitu, Villinganesvirkjun) eða áföngum í jarðgufuvirkjunum (Krafla, Bjarnarflag, Öxarfjörður, Þeistareykir, Grensdalur, Reykjanes o.s.frv.).

3. Yfirlit yfir virkjunarkosti og meginniðurstaða.

Í 2. töflu eru taldar upp þær virkjanir sem lengst eru komnar í undirbúningi og mat á því hvenær þær gætu orðið tilbúnar til raforkuframleiðslu. Jarðgufuvirkjunum eru ekki gerð tæmandi skil í þessari töflu, en síðar í þessari greinargerð er fjallað um þær nánar. Virkjunarstaðirnir, svo og aðrir þeir staðir sem koma við sögu í greinargerðinni, eru færðir inn á Íslandskort það sem sést á meðfylgjandi 1. korti.

Virkjunarkostunum er í töflunni raðað í kostnaðarflokka, þar sem I. flokkur merkir að orkuverð gæti orðið sambærilegt við eða lægra en orkuverð frá Fljótsdalsvirkjun. En þá er aðeins miðað við orkukostnað við stöðvarvegg, en ekki tekið tillit til kostnaðar við flutning á orkunni sem getur verið afar mismikill.

Orkugeta virkjana í I. flokki, annarra en Fljótdalsvirkjunar, sem gætu hafið framleiðslu fyrir ársbyrjun 2004 er samtals um 1.500 GWh/a. Þar af er orkugeta nýrra virkjana á Norður- og Austurlandi aðeins um 600 GWh/a. Afganginn þyrfti þá að flytja um langan veg með tilheyrandi viðbótarkostnaði, og skortir þó enn nokkuð, eða um 200 GWh/a.

Á eftirfarandi yfirliti sést að aðeins með því að reisa Fljótsdalsvirkjun er nú unnt að tryggja 120 þúsund tonna álveri á Reyðarfirði orku fyrir árslok 2003. Er þá miðað við að orkuverð frá öðrum virkjunarkostum verði að vera álíka og frá Fljótsdalsvirkjun og að staðfesta verði fyrir mitt ár 2000 væntanlega orkuafhendingu.

Á árunum 2004–2005 væri hugsanlegt að útvega næga orku, annaðhvort með flutningi verulegs hluta orkunnar frá virkjununum á Suður- og Suðvesturlandi eða með stóraukinni virkjun jarðvarma á Norðausturlandi. Fyrri leiðin kallar annaðhvort á lagningu háspennulína yfir Sprengisand, sem mundi hleypa orkukostnaðinum langt yfir sett mörk, eða línulagnir frá Blöndu og allt til Reyðarfjarðar, sem einnig yrði afar dýrt. Erfitt er á þessari stundu að fullyrða að hin leiðin, nýjar jarðgufuvirkjanir á Norðausturlandi, sé fær. Rannsóknarboranir hafa því miður ekki verið gerðar í þeim mæli að um það geti verið full vissa.

***2. tafla:* Virkjanir sem talið er að gætu tekið til starfa fyrir árið 2008, ef ákvörðun yrði tekin um að hefja nauðsynlegan undirbúning á fyrsta ársfjórðungi árið 2000. Raðað er eftir mögulegum fyrsta gangsetningartíma.**

Virkjun	*Afl* *MW*	*Orku-geta* *GWh/a*	*Upp-söfnuð orku-geta* *GWh/a*	*Undir-búnings-stig*	*Undir-búnings-tími* *Mán.*	*Fram-kvæmda-tími* *Mán.*	*Undirb. og framkv.* *Mán.*	*Möguleg gang-setning* *Ár*	*Kostn-aðar-flokkun*
Laxá, stækkun	6	40	40	Vh	12	8	20	2001	I
Kvíslaveita, 6. áfangi		135	175	Fh	12	18	30	2002	I
Bjarnarflag	40	320	495	Vh	3	30	33	2002	I
Nesjavellir, 3. áfangi	30	240	735	Fh	12	24	36	2003	I
Reykjanes	30	240	975	Fh	12	24	36	2003	I
Krafla, 3. áfangi	30	240	1.215	Fh	12	30	42	2003	I
Hraunaveita sem viðbót við Fljótsdalsvirkjun	0-40	300	1.515	Fh	15	30	45	2003	I
Fljótsdalsvirkjun	**210**	**1.390**	**2.905**	**Úb**	**3**	**42**	**45**	**2003**	**I**
Búðarháls (án Norðlingaölduveitu)	100	520	3.425	Vh	12	36	48	2004	II
Norðlingaalda		750	4.175	Vh	12	36	48	2004	I
Villinganes	34	190	4.365	Vh	12	36	48	2004	II-III
Öxarfjörður	30	240	4.605	Fa	24	24	48	2004	
Grensdalur	30	240	4.845	Fa	24	24	48	2004	
Þeistareykir	30	240	5.085	Fa	24	24	48	2004	
Skaftárveita og stækkun Sigöldu	50	515	5.600	Fh	24	33	57	2004	I
Urriðafossvirkjun	160	1.000	6.600	Fa	36	36	72	2006	I-II
Kárahnúkavirkjun	500	3.500	10.100	Fh	36	60	96	2008	I
Skatastaðavirkjun, A-Jökulsá	180	1.290	11.390	Fa	48	48	96	2008	II
Viðbótaráfangar jarðgufuvirkjana	300	2.400	13.790	(Sjá umfjöllun síðar í greinargerðinni)				2004 og síðar	

Undirbúningstími er miðaður við að ákvörðun sé tekin á fyrsta ársfjórðungi árið 2000.
Með undirbúningi er átt við rannsóknir, leyfisveitingaferil, þ.m.t. mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við, gerð útboðsgagna og útboð.

Undirbúningsstigin eru: Fa: Forathugun, Fh: Frumhönnun, Vh: Verkhönnun, Úb: Útboðsstig

Framkvæmdatími er áætlaður verktími á byggingastað.

Kostnaðarflokkun:
I. flokkur eru virkjanir með svipað orkuverð eða lægra en Fljótsdalsvirkjun
II. flokkur eru virkjanir með allt að 25% hærra orkuverð en Fljótsdalsvirkjun
III. flokkur eru virkjanir með orkuverð á bilinu 25-50% hærra en Fljótsdalsvirkjun

Ekki verður fullyrt um orkukostnað frá jarðgufuverum á svæðum þar sem rannsóknir eru enn af skornum skammti.

4. Undirbúningur Fljótsdalsvirkjunar.

Forsaga.

Fyrsta hugmynd að virkjun Jökulsár í Fljótsdal var sett fram í skýrslu Sigurðar Thoroddsen verkfræðings til Raforkumálaskrifstofunnar árið 1954. Samkvæmt þeirri hugmynd var

ráðgert að veita ánni út Múla (milli Norður- og Suðurdals í Fljótsdal) og virkja niður í Norðurdal í Fljótsdal.

Í skýrslu frá Orkustofnun 1969 var sett fram *Áætlun um forrannsókn á vatnsorku Íslands 1970–1974*. Í þeirri skýrslu komu fram hugmyndir um að veita öllum þremur stóru jökulánum norðan Vatnajökuls saman á Fljótsdalsheiði í eina virkjun í Fljótsdal. Undirbúningsrannsóknir samkvæmt fyrrnefndri áætlun hófust 1970 á vegum Orkustofnunar. Meginviðfangsefni rannsóknanna var gerð nákvæmra staðfræðikorta, styrking vatnhæðarmælakerfis í ánum og jarðfræðirannsóknir.

Árið 1974 hófust undirbúningsrannsóknir á svonefndri Bessastaðaárvirkjun á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, en sú virkjun var þá talin vænlegur virkjunarkostur fyrir orkuveitusvæðið á Austurlandi. Þær forsendur breyttust með tengingu orkuveitusvæðisins við aðra hluta landskerfisins.

Mynsturáætlun.

Á árunum 1977–1978 voru fyrirliggjandi niðurstöður úr gagnaöflun nýttar til að gera mynsturáætlun um virkjun jökulánna norðan Vatnajökuls. Varðandi Jökulsá í Fljótsdal varð niðurstaðan sú að hana væri heppilegast að virkja í sérvirkjun, annaðhvort með veitu út Fljótsdalsheiði að inntakslóni, sem áður var ráðgert sem aðalmiðlun Bessastaðaárvirkjunar, eða með veitu út á Múla. Árin 1979–1980 voru þessar leiðir bornar saman og varð Fljótsdalsvirkjun með veitu út Fljótsdalsheiði fyrir valinu, eins og síðar greinir.

Umhverfisrannsóknir.

Umhverfisrannsóknir voru hafnar 1975, annars vegar á Fljótsdalsheiði á virkjunarsvæði Bessastaðaárvirkjunar á vegum Rafmagnsveitna ríkisins og hins vegar á Eyjabakkasvæði á vegum Orkustofnunar. Ein af forsendum þess að hægt sé að meta áhrif einstakra framkvæmda á náttúrufarslega þætti er að eitthvað sé til samanburðar. Því ákvað Orkustofnun að láta þessar athuganir ná til mun stærra grannsvæðis, og á árunum 1977–1979 var safnað ítarlegum upplýsingum um náttúrufar á Eyjabakkasvæði, Vesturöræfum, Kringilsárrana og á svæði sem kennt er við Sauðafell vestan Jöklu og norðan við Kringilsárrana. Auk þessa höfðu áður verið gerðar athuganir á Fljótsdalsheiði og fyrirhuguð skurðstæði voru skoðuð sérstaklega 1979. Nánari listun þessara athugana er að finna í inngangskafla skýrslu Hjörleifs Guttormssonar o.fl. 1981 sem unnin var fyrir Orkustofnun. Gróðurkort voru gerð af lónstæðum og grannsvæðum við Gilsárvötn að tilhlutan Rafmagnsveitna ríkisins 1976 og af Eyjabakkasvæði 1978 að tilhlutan Orkustofnunar. Þessi kort voru í mælikvarða 1:20.000, mun nákvæmari og á betri kortagrunni en önnur kort sem gerð höfðu verið af hálendinu.

Um helmingur hreindýrastofnsins dvelur sumarlangt á Vesturöræfum við Jökulsá á Dal (Jöklu) og á Eyjabakkasvæði við Jökulsá í Fljótsdal, einkum síðla sumars, í ágústmánuði. Orkustofnun hóf þegar árið 1977 undirbúning að ítarlegum rannsóknum á hreindýrastofninum. Eftir að hafa ráðfært sig við þá sérfræðinga sem mest höfðu rannsakað hreindýrin varð að ráði að fá sérfræðinga frá Noregi til aðstoðar við að skipuleggja rannsóknir. Þeir komu hingað til lands og skiluðu áætlun um rannsóknir sem voru taldar bæði nægjanlegar og viðráðanlegar. Í kjölfarið hófust rannsóknir árið 1979 og stóðu út sumarið 1981. Jafnframt var aflað upplýsinga frá erlendum sérfræðingum sem höfðu þekkingu á áhrifum mannvirkja á far dýranna og hvernig mætti við bregðast. Leiddi það til tillagna um hvernig mætti greiða dýrunum leið yfir skurðinn og draga úr áhrifum á dýrin meðan á framkvæmdum stæði. En einmitt skurðirnir voru eitt aðalgagnrýnisatriði við þessa útfærslu Fljótsdalsvirkjunar sem ráðgerð var þegar heimildarlög voru samþykkt um virkjunina.

Í greinargerð Orkustofnunar frá árinu 1992 (HA-02/92) er gerð nánari grein fyrir framangreindum rannsóknum, helstu niðurstöðum varðandi náttúrufarslega þætti og því hvernig þær voru notaðar til að leiðbeina um legu og útfærslu einstakra mannvirkja. Þar er einnig skrá um helstu rannsóknir sem gerðar voru, eða lágu fyrir þegar ákvörðun var tekin um að heimila virkjun árinnar.

Hönnun Fljótsdalsvirkjunar 1982.

Á þeim árum sem tilhögun virkjunar var í mótun var það hald sérfræðinga að veitur í skurðum væru að jafnaði mun ódýrari en veitur í göngum, en reynsla af gangagerð á landinu var þá fremur slæm. Bæði við Múla- og Fljótsdalsvirkjun var gert ráð fyrir löngum veituskurðum í meira en 600 m hæð. Það réði mestu um að Fljótsdalsvirkjun varð fyrir valinu, að á Fljótsdalsheiði endaði hinn 25 km langi skurður í stóru inntakslóni sem gat tryggt áfallalítinn rekstur í um 3–4 vikna skeið, þótt skurðurinn kynni að stíflast á vetrum. Á Múla endaði skurðurinn hins vegar í litlu inntakslóni. Á þessum grundvelli var hafist handa við að ljúka verkhönnun Fljótsdalsvirkjunar, en henni lauk á árinu 1982.

Auk miðlunar á Eyjabökkum og veituskurðar að inntakslónum sem yrðu mynduð annars vegar með stækkun Gilsárvatna og hins vegar með stækkun og tengingu Hólmavatns og Garðavatns var gert ráð fyrir eftirtöldum veitum:

- Að Eyjabakkalóni: Veita úr Innri-Sauðá frá Sauðárvatni um Grjótá og Kelduá.
- Að Gilsárvatnalóni: Veitur frá Laugará, Hölkná og Þórisstaðakvísl með smáuppistöðulónum í þeim síðarnefndu.

Tilhögun þessarar virkjunarhugmyndar frá árinu 1982 kemur fram á 2. korti.

Uppsett afl Fljótsdalsvirkjunar var þarna ráðgert 290 MW og miðað við þáverandi orkukerfi var reiknað með að virkjunin framleiddi um 1.470 GWh á ári. Þess má geta að aflþörf þessarar virkjunar mundi vera talin minni nú, þegar orkufrekur iðnaður vegur orðið þyngra í heildarraforkukerfinu.

Á 1. mynd er til fróðleiks sýnd nokkur dæmi um þverskurð af veituskurðum samkvæmt þessari verkhönnun sem var grundvöllur lagaheimildar um virkjun Jökulsár í Fljótsdal á sínum tíma. Ljóst er að hér hefði verið um veruleg mannvirki að ræða, sem hefði verið lýti í landslagi og farartálmi manna og dýra.



1. mynd. Þversnið skurða samkvæmt eldri hönnun Fljótsdalsvirkjunar frá 1982.

6. Núverandi áform um Fljótsdalsvirkjun, lagastoð og stjórnvaldsheimildir.

Heimildarlög.

Árið 1981 heimilaði Alþingi virkjun Jökulsár í Fljótsdal samkvæmt fyrrgreindri áætlun með lögum nr. 61/1981. Lögin veittu ríkisstjórn heimild til að semja við Landsvirkjun um að reisa Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli. Samkvæmt þeirri tilhögun sem lá þessari heimild til grundvallar var gert ráð fyrir lóni á Eyjabökkum með yfirfallshæð í 667,5 m y.s. Það gæfi 625 Gl miðlun en í veitum og inntakslónum um 130 Gl. Í heild var því gert ráð fyrir um 745 Gl miðlun.

Áður en til heimildar kom var leitað umsagnar ýmissa aðila, bæði heimamanna og opinberra stofnana, þar á meðal Náttúruverndarráðs. Í umsögn ráðsins í mars 1981 kemur fram að það muni ekki leggjast gegn miðlun við Eyjabakka telji yfirvöld hana nauðsynlega. Sú afstaða mótaðist m.a. af því að „samkomulag hafi tekist um varanlega verndun Þjórsárvera, sem frá sjónarmiði náttúruverndar og samkvæmt niðurstöðum rannsókna á báðum þessum svæðum eru talin mikilvægari hálendisvin“, eins og kemur fram í umsögn ráðsins.

Fram til ársins 1979 voru rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar á vegum Orkustofnunar, en þá þótti henta að orkufyrirtæki yfirtækju ábyrgð á kostnaðarsömum hönnunarrannsóknum og samningum sem gera þyrfti við ýmsa rétthafa á virkjunarsvæðinu. Var þá Rafmagnsveitum ríkisins falin umsjón virkjunarinnar með fulltingi stýrihóps sem í áttu sæti fulltrúar frá iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun og Landsvirkjun auk fulltrúa Rafmagnsveitnanna. Á árinu 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar um yfirtöku á forræði

Fljótsdalsvirkjunar og var heimild fyrir Fljótsdalsvirkjun síðan felld inn í ný lög um Landsvirkjun, lög nr. 42/1983.

Með þingsályktunartillögu, sem samþykkt var á Alþingi 6. maí 1982, var ákveðið að Fljótsdalsvirkjun yrði næsta virkjun á eftir Blönduvirkjun, og framkvæmdatími við virkjanir skarast ef orkuþörf krefði. Þessi samþykkt var felld úr gildi með lögum nr. 74/1990 (breyting á lögum nr. 60/1981), en þar segir m.a.: „Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflun verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarbúið."

Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 74/1990 er Fljótsdalsvirkjun jafnframt talin upp fyrst þeirra virkjana sem ráðast skal í takist samningar um nýtt álver á Keilisnesi með 200 þús. tonna framleiðslugetu á ári. Þá er Landvirkjun heimilað að verja fé til undirbúningsframkvæmda í þessu skyni.

Endurskoðun fyrri tilhögunar.

Vegna bættrar tækni í jarðgangagerð og góðrar reynslu af gerð jarðganga í Ólafsfjarðarmúla og við Blönduvirkjun var hönnun Fljótsdalsvirkjunar endurskoðuð á árunum 1989–1990 og tilhögun breytt þannig að veitan frá Eyjabakkalóni færðist af yfirborði í göng. Með því var ekki lengur þörf á stórum inntakslónum og í þeirri útfærslu sem iðnaðarráðherra veitti leyfi fyrir 24. apríl 1991 var fallið frá hinum mikla veituskurði, báðum inntakslónunum og veitum af Fljótsdalsheiði að mestu leyti.

Með því minnkaði landþörf virkjunarinnar um tæpa 30 km^2. Þar af voru ríflega 20 km^2 gróið land, að stórum hluta votlendi, og um 4 km^2 vötn. Auk þess var komist hjá stórfelldum veituskurðum með þeim landslagsáhrifum og tálmunum sem skurðirnir hefðu haft, sbr. uppdrætti á 3. korti. Þetta verður að teljast umtalsverð breyting umhverfinu til hagsbóta miðað við það sem Alþingi heimilaði á sínum tíma.

Í 3. töflu og með 2. mynd kemur fram samanburður á helstu stærðum Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt áformunum frá 1982 og fyrirliggjandi núverandi tilhögun. Þess má geta að mat á umfangi landnotkunar hefur verið nokkuð á reiki. Kemur þar ýmislegt til, svo sem breytingar á landslagi vegna áhrifa jökla og ekki síður gerð nákvæmari korta. Þegar lagaheimild var veitt fyrir virkjuninni árið 1981 var búist við að Eyjabakkalón yrði öllu stærra en hér kemur fram í töflu og á mynd, enda miðaðist lagaheimildin við lónshæð allt að 667,5 m y.s., sem hefði leitt til þess að Eyjabakkalón yrði um 47 km^2 að flatarmáli í stað þeirra tæpra 44 km^2 sem nú er reiknað með. Taflan og myndin sýna því lágmarkslandþörf Fljótsdalsvirkjunar eftir eldri tilhöguninni.

3. tafla. Samanburður á eldri tilhögun Fljótsdalsvirkjunar (sbr. lög nr. 60/1981) og núverandi tilhögun (sbr. leyfi ráðherra frá 24. apríl 1991).

	Landnotkun		*Þar af gróið land*	
	Eldri tilhögun	Núverandi tilhögun	Eldri tilhögun	Núverandi tilhögun
Landnotkun (km²)				
Miðlunarlón	44	44	27	27
Veitu- og inntakslón	32	2	20	1
Skurðir og veitur	3		3	
Alls	*79*	*46*	*50*	*28*
Meginveitur (km)				
Aðalveituskurður	25			
Veitugöng		32		



2. mynd. Samanburður á landþörf Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt eldri og núverandi tilhögun.

Fyrstu framkvæmdaþættir Fljótsdalsvirkjunar voru boðnir út veturinn 1990–1991, en framkvæmdum var hætt síðla árs 1991, að öðru leyti en því að unnið var við aðkomugöng sumarið 1992. Aðrar undirbúningsframkvæmdir hafa verið vegagerð, en slóðir höfðu verið lagðar áður.

6. Hugsanlegar breytingar á tilhögun Fljótsdalsvirkjunar.

Hér verður fjallað um hina eiginlegu beiðni ráðuneytisins um greiningu á öðrum orkukostum fyrir álver á Reyðarfirði en áformum um Fljótsdalsvirkjun. Verður þá fyrst hugað að tilbrigðum við Fljótsdalsvirkjun, *einkum breyting[um] sem gætu stuðlað að aukinni sátt um umhverfisáhrif virkjunarinnar* eins og segir í beiðni ráðuneytisins.

Minna lón.

Það er fyrst og fremst áformað miðlunarlón á Eyjabökkum sem veldur ágreiningi um Fljótsdalsvirkjun. Því verður hugað sérstaklega að því hvort unnt sé að minnka þetta lón að óbreyttu stíflustæði.

4. tafla. Kennistærðir Eyjabakkalóns miðað við mismunandi vatnsborð.

Yfirfallshæð	*Flatarmál lóns*	*Rúmmál lóns*	*Nýtanleg miðlun*	*Meðaldýpi*	*Athugasemdir*
m y.s.	*km²*	*Gl*	*Gl*	*m*	
648,0	7,8	9	0	1,2	
650,0	18,8	37	22	2,0	
653,0	26,8	107	88	4,0	Hraukar rofna
655,0	30,8	164	143	5,3	
658,0	35,3	263	240	7,4	
660,0	37,8	338	312	8,9	
664,5	43,3	518	491	11,9	Virkjunarleyfi 1991
667,0	46,0	630	602	13,1	
667,5	46,6	653	625	14,0	Lagaheimild 1981

Lónstæðið á Eyjabökkum er mjög flatt. Til að ná í helming ráðgerðrar miðlunar þarf t.d. lón sem er að flatarmáli um 80% af hinu fyrirhugaða Eyjabakkalóni. Þetta má lesa út úr 4. töflu og 3. mynd. Svigrúm til að draga úr flatarmáli lónsins er ekki fyrir hendi. Strax við 650 m yfirfallshæð yrði mest af flæðilandinu, þ.e. hinum eiginlegu Eyjabökkum komið undir vatn (um 19 km^2), en miðlun yrði aðeins um 20 Gl. Það er því augljóst að engin leið er að hlífa flæðilandinu ef miðlun verður á annað borð á Eyjabakkasvæðinu.

Enda þótt ekki takist að varna því að Eyjabakkar fari undir vatn, má spyrja hvort ekki mætti lækka stífluna nægilega til að hlífa svonefndum Hraukum, Eyjafelli og hluta af lónunum sem heiðagæsir nýta sem skjól á fjaðrafellitímanum. Ef vatnsborð fer yfir u.þ.b. 653 m fara öldur að rjúfa úr þessum landformum og spilla þeim. Við þá yfirfallshæð næst aðeins um

90 Gl miðlun, sem er með öllu ófullnægjandi fyrir virkjunina. Orkustofnun telur því ekki vera neinn skynsamlegan kost á því að minnka miðlunarlónið á Eyjabökkum.



3. mynd. Flatarmál og miðlunarrými Eyjabakkalóns við mismunandi lónshæð.

Nýtt lónstæði.

Í umræðum um virkjunina hefur komið fram uppástunga um að miðlun virkjunarinnar yrði flutt neðar og árdalurinn stíflaður þar sem hann er þrengstur rétt sunnan við Laugafell. Til þess að ná þar sambærilegri miðlun og á Eyjabakkasvæði þyrfti að stífla upp í um 640 m y.s. Mesta hæð stíflu yrði um 110 m, en árdalurinn er það víður að efnismagn stíflunnar yrði meira en tífalt efnismagn Eyjabakkastíflu, eða um 20 Gl (milljónir rúmmetra). Í stífluna þyrfti helmingi meira efni en í stíflu við Kárahnúka, sem yrði þó ein sú hæsta í Evrópu. Við neðri tilhögun mætti stytta aðrennslisgöngin um 6 km, en á móti yrði virkjað fall um 30–40 m minna. Stofnkostnaður þessarar tilhögunar er áætlaður meira en 50 milljarðar kr. sem er rúmlega tvöfaldur kostnaður við ráðgerða Fljótsdalsvirkjun. Að auki yrði afl og orka slíkrar virkjunar nokkru minni en hinnar ráðgerðu Fljótsdalsvirkjunar sakir minni fallhæðar.

Spyrja má hvort slíkt lón sunnan Laugafells mætti ekki verið minna, enda yrði þá aftur gripið til fyrri áforma um að hafa sérstakt inntakslón við Gilsárvötn, þótt það kalli á dælingu upp í síðarnefnda lónið. Slíkur kostur hefur ekki verið kannaður í þaula en með hliðsjón af því sem hér segir um kostnað við stíflu sunnan Laugafells er ljóst að ekki getur verið um hagkvæma orkuöflun að ræða. Að auki kæmi hvorugur þessara kosta um nýtt lónstæði sunnan Laugafells til álita innan þess þrönga tímaramma sem gefin er. Hér væri um virkjunarkosti að ræða sem þyrfti að rannsaka og undirbúa í hvívetna en lágmarkstími frá hugmyndarstigi til loka framkvæmda er venjulega 6–7 ár. Í þessu tilfelli gæti tíminn þó verið eitthvað styttri vegna mikillar þekkingar á svæðinu í heild.

Stærra lón.

Eins og fram kemur í 4. töflu er unnt að ná umtalsvert meiri miðlun á Eyjabökkum en nú er ráðgert án þess að auka landrými lónsins sem neinu nemur. Breyting í þá veru er í sjálfu sér ekki til þess fallin að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdanna. En á tvennt verður þó að líta. Annars vegar mætti nýta lónið til verulega aukinnar orkuframleiðslu og þar með minni umhverfisáhrifa á hverja orkueiningu og hins vegar gerði stækkun lónsins frekari orkuöflun við Kröflu eða í Bjarnarflagi óþarfa í því skyni að afla viðbótarorku fyrir álver í Reyðarfirði. Slík stækkun virkjunarinnar rúmast innan gildandi heimildarlaga um Fljótsdalsvirkjun. Á hinn bóginn þyrfti nýtt framkvæmdaleyfi frá ráðherra.

Ef yfirfallshæð yrði hækkuð í 667,5 m y.s. færu um 3,3 km^2 meira land undir vatn og miðlun stækkaði um u.þ.b. 130 Gl, úr 500 í um 625 Gl. Þegar heimildarlögin um Fljótsdalsvirkjun voru samþykkt 1981 var reiknað með þessari yfirfallshæð. Auk þess var þá gert ráð fyrir samtals um 130 Gl miðlun á Fljótsdalsheiði. Það er áþekkt því sem Orkustofnun hefur áætlað að fá megi með lóni í Kelduá og ýmsum smálónum á Hraunum. Með því að nýta jafngildi þeirra miðlana sem heimildalögin gerðu ráð fyrir væri mögulegt að stækka veitu af vatnasviði Kelduár til Fljótsdalsvirkjunar að því marki sem hagkvæmt er. Fyrirkomulag slíkra veitna kemur fram á 4. korti, Fljótsdalsvirkjun með Hraunaveitu.

Eins og þegar hefur komið fram í 2. kafla þessarar greinargerðar kemur þessi breyting á fyrirkomulagi virkjunarinnar mjög til álita, þar sem þá væri að fullu séð fyrir orkuþörf umrædds álversáfanga. Unnt ætti að vera að ljúka framkvæmdum við þannig breytta virkjun í tæka tíð fyrir árslok 2003. Breytingin kallar á hinn bóginn á mat á umhverfisáhrifum á hinum breyttu þáttum.

7. Jarðgufustöðvar á Norðausturlandi.

Á Norðausturlandi eru átta háhitasvæði. Fjögur þeirra (Gjástykki, Fremri-Námar, Askja og Kverkfjöll) eru lítið þekkt og er ekki reiknað með að þau verði virkjuð á næsta áratug. Hin fjögur svæðin (Námafjall, Krafla, Þeistareykir og Öxarfjörður) eru betur könnuð og hefur orkuvinnsla farið fram bæði í Námafjalli og Kröflu um áratuga skeið. Landsvirkjun hefur nýtingarleyfi í Kröflu og Námafjalli en tvö ný orkufyrirtæki hafa helgað sér vinnslurétt á Þeistareykjum og í Öxarfirði.

Áður en ráðist er í virkjun á nýju háhitasvæði þarf að bora að minnsta kosti tvær rannsóknarholur til þess að sannreyna hagkvæma vinnslueiginleika svæðisins. Það er orðið nokkuð almenn samstaða um það meðal sérfræðinga á þessu sviði og orkufyrirtækja að jarðgufuvirkjanir séu reistar í 20–40 MW áföngum, eftir því hve öflugt svæðið virðist vera. Fyrsti áfanginn er nýttur til að afla vinnslureynslu og gagna til að meta líklega vinnslugetu svæðisins og leggja mat á skynsamlega áfangaskiptingu við frekari vinnslu. Það er jafnframt mat sérfræðinga að á öflugum háhitasvæðum nægi 2–3 ára reynsla af massatöku úr borholum til að taka ákvörðun um næsta áfanga.

Á Kröflusvæðinu eru margir virkjunarstaðir, enda er talið að svæðið í heild gæti staðið undir allt að 375 MW raforkuvinnslu í 50 ár. Þrjú önnur vinnslusvæði hafa verið skilgreind (Víti–Hveragil, Sandabotnafjall og svæði vestan Hvíthólaklifs). Mjög góður árangur hefur fengist af borunum á árinu 1999 á svæðinu við Víti–Hveragil. Þar mætti nú þegar byrja á virkjunarframkvæmdum við 30 MW einingu sem gæti verið tilbúin fyrir lok árs 2003, sbr. fyrrgreinda möguleika á orkuvinnslu fyrir álver í Reyðarfirði til fyllingar orku frá Fljótsdalsvirkjun. Annar 30 MW áfangi á Víti–Hveragilssvæði gæti síðan verið tilbúinn til orkuvinnslu í lok árs 2005.

Fyrir liggur verkáætlun um 40 MW virkjun í Bjarnarflagi (Námafjall). Ef ákvörðun yrði tekin um þá virkjun í byrjun árs 2000, væri hægt að hefja vinnslu frá virkjuninni fyrir lok árs 2003, eins og áður segir. Samfelld vinnsla hefur verið á jarðvarma í Bjarnarflagi um áratuga skeið sem svarar til 15 MW raforkuvinnslu. Hefur vinnslan ekki haft merkjanleg áhrif á jarðhitakerfið. Allt bendir því til að óhætt væri að hefja vinnslu í öðrum áfanga í Bjarnarflagi í lok ársins 2005. Í eftirfarandi yfirliti er reiknað með að sá áfangi yrði 30 MW.

Á vegum *Íslenskrar orku ehf.* hefur verið lokið við borun fyrstu djúpu rannsóknarholunnar í Öxarfirði og er búist við að vísbendingar um vinnslueiginleika svæðisins í Öxarfirði liggi fyrir í byrjun árs 2000. *Þeistareykir ehf.* hafa hafið undirbúning rannsóknarborunar á Þeistareykjum og er þess vænst að rannsóknarboranir hefjist þar á árinu 2000. Ef boraðar yrðu tvær rannsóknarholur á Þeistareykjum á árinu 2000 og bætt við annarri rannsóknarholu í Öxarfirði á því ári mætti taka ákvörðun um nýjar 30 MW virkjanir bæði á Þeistareykjum og í Öxarfirði í byrjun árs 2001 að því tilskyldu að rannsóknarboranirnar lofuðu góðu. Reynslan frá Nesjavöllum og Svartsengi sýnir að í kjölfarið ætti að vera auðvelt að reisa jarðgufustöðvar á 2–3 árum. Gengju þessar forsendur eftir ætti að vera unnt að hafa fullbúnar 30 MW virkjanir bæði á Þeistareykjum og í Öxarfirði í árslok 2003 í kjölfar jákvæðra niðurstöðu úr rannsóknarborunum sem gerðar yrðu næsta ár. Ef reynsla yrði góð af þeim virkjunum mætti bæta við öðrum 30 MW einingum 3–4 árum seinna, þ.e. á tímabilinu 2006–2007.

Ekki hefur verið borað enn þá á Kröflusvæðinu við Sandabotnafjall og vestan Hvíthólaklifs. Rannsókn þessara svæða eru því á svipuðu stigi og háhitasvæðanna á Þeistareykjum og í Öxarfirði. Ef miðað er við sama framkvæmdahraða á þessum svæðum og áætlað var hér að framan fyrir Þeistareyki og Öxarfjörð, mætti hafa 30 MW virkjanir tilbúnar á báðum vinnslusvæðunum um veturinn 2003–2004. Annar áfangi á þessum svæðum gæti síðan verið tilbúinn í lok árs 2006. Til þess að þessi tímasetning gæti gengið eftir þyrfti að bora tvær árangursríkar rannsóknarholur á hvoru svæðinu fyrir sig strax snemma á árinu 2000.

5. tafla. Hröð þróun í byggingu gufuaflsvirkjana á Norðausturlandi.

Virkjunarstaður *Afl stöðva í MW*	2002–2003	2003–2004	2004–2005	2006 eða síðar
Krafla, Sandabotnafjall		30		30
Krafla, vestan Hvíthólaklifs		30		30
Bjarnarflag	40		30	
Öxarfjörður		30		30
Þeistareykir		30		30
Viðbótarafl (MW)	40	120	30	120
Uppsöfnuð viðbót (MW)	40	160	190	310
Viðbótarorkugeta (GWh/a)	320	960	240	960
Uppsöfnuð viðbót (GWh/a)	320	1.280	1.520	2.480

5. tafla sýnir hugsanlega þróun í byggingu gufuaflsvirkjana á Norðausturlandi. Er þá miðað við eins hraða uppbyggingu og frekast er unnt og út frá því gengið að niðurstöður úr

rannsóknarborunum skili ávallt jákvæðri niðurstöðu. Jafnframt verður að leggja þunga áherslu að ekki yrði unnt að byggja ákvarðanatöku um orkusölu þegar á fyrri helmingi næsta árs á þeim virkjunarkostum þar sem ekki liggur nú þegar fyrir sannreynd gufa. Það er því einungis orka í fyrsta talnadálki töflunnar sem getur komið til álita fyrir fyrsta áfanga álvers í Reyðarfirði miðað við þann þrönga tímaramma sem settur er.

Af þeim sex virkjunarstöðum sem taldir eru í 5. töflu eru fjögur svæði þar sem ekki hefur fengist reynsla með borunum. Óvissa er því tengd þessari áætlun, eins og fyrr segir. Hún lýtur ekki aðeins að því hvenær raforkuvinnsla getur hafist heldur hefur árangur borana einnig áhrif á framleiðslukostnað raforku frá hverju virkjunarsvæði. Ef árangur rannsóknarborana yrði það slæmur að tvö af fjórum nýjum vinnslusvæðum reynast óhagkvæm til vinnslu raforku, yrði viðbótarorkugeta jarðhitavirkjananna eins og sýnt er í 6. töflu.

6. tafla. Slakur árangur rannsóknarborana á nýjum vinnslusvæðum.

Virkjunarstaður *Afl stöðva í MW*	2002–2003	2003–2004	2004–2005	2006 eða síðar
Krafla við Sandabotnafjall eða vestan Hvíthólaklifs		30		30
Bjarnarflag	40		30	
Öxarfjörður eða Þeistareykir		30		30
Viðbótarafl (MW)	40	60	30	60
Uppsöfnuð viðbót (MW)	40	100	130	190
Viðbótarorkugeta	320	480	240	480
Uppsöfnuð viðbót	320	800	1.040	1.520

Samkvæmt því sem hér hefur verið sagt er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að lofa mætti meiri raforku frá umræddum jarðgufustöðvum fyrir hið ráðgerða álver í Reyðarfirði en þeim 560 GWh/a sem komið gætu frá næstu áföngum í Kröflu og Bjarnarflagi. Er þá ekki síst litið til þess að gefa þurfi þegar á fyrri helmingi næsta árs skuldbindingar um orkuafhendinguna. Á hinn bóginn er engan veginn óraunhæft að reikna með að orku megi afla úr jarðgufustöðvum fyrir 120 þúsund tonna álver sem kæmi í gagnið 2005–2006. Til þess að ná mætti því markmiði þyrfti að hefja allumfangsmiklar boranir strax á árinu 2000 á þeim sex vinnslusvæðum sem upp eru talin í 5. töflu.

Ekki verður annað sagt um orkukostnað á þessu stigi en að hann geti verið sambærilegur við kostnað í miðlungs vatnsaflsvirkjunum. Þá má ekki gleyma því að flutningskerfi vantar til að koma orkunni frá hugsanlegum jarðgufuverum á Norðausturlandi til Reyðarfjarðar.

8. Orkuöflunarkostir á Austurlandi, aðrir en Fljótsdalsvirkjun.

Í þessum kafla verður hugað að orkuöflunarkostum á Austurlandi, öðrum en Fljótsdalsvirkjun. Hér er annars vegar um að ræða meginjökulsárnar tvær vestan Jökulsár í Fljótsdal,

þ.e. Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum. Hins vegar koma til skoðunar nokkrar litlar eða miðlungsvirkjanir í öðrum vatnsföllum. Ljóst má vera að enginn þessara virkjunarkosta kemur til álita innan þess tímaramma sem ráðuneytið setur í erindi sínu, eins og nánar kemur fram í umfjöllum um einstaka kosti hér á eftir.

Virkjun stóru jökulvatnanna eru gerð ítarleg skil í riti iðnaðarráðuneytisins frá 1994 *Virkjanir norðan Vatnajökuls, upplýsingar til undirbúnings stefnumótun.* Það sem hér fer á eftir er því að mestu lausleg samantekt úr því riti með nokkrum viðbótum.

Ríkjandi hugmyndir um virkjun jökulsánna þriggja, Jökulsár í Fljótsdal, Jökulsár á Dal og Jökulsár á Fjöllum, hafa það allar sameiginlegt að vatni þeirra er veitt í Lagarfljót og með stöðvarhús að mestu á sama stað í Norðurdal, sjá 5. kort. Þetta helgast af þeirri landfræðilegu staðreynd að Lagarfljót er nánast sem fjörður sem gengur langt inn í hálendi landsins. Það er því unnt að nýta óvenjumikið fall við þessa tilhögun, nánast 600 m, eða frá liðlega 600 m y.s. niður í um 30 m y.s. Til samanburðar er mesta fall sem hingað til hefur verið virkjað í stórvirkjun hérlendis að finna í Blöndu, en þar er fallhæðin 287 m. Þessir einstæðu landfræðilegu kostir gera þessar virkjanir sérlega hagkvæmar. Á móti kemur vissulega að vatnsvegir í göngum eru langir og þörf á vatnsmiðlun veruleg eins og við virkjun stórra jökulvatna yfirleitt.

Virkjun Jökulsár á Dal.

Ríkjandi hugmynd um virkjun Jökulsár á Dal er um svonefnda Kárahnúkavirkjun. Byggir hún á miðlunarlóni sunnan Kárahnúka, Hálslóni og veitu vatns eftir jarðgöngum um 40 km leið að stöðvarhúsi neðanjarðar í Fljótsdal niður undir Lagarfljót. Orkugeta Kárahnúkavirkjunar er nú áætluð um 3.500 GWh/a og orkukostnaður með því lægsta sem fengist getur úr vatnsaflsvirkjunum hérlendis eða álíka og úr Fljótsdalsvirkjun. Slík virkjun verður auðvitað ekki reist nema í tengslum við sérstakan áfanga í orkufrekum iðnaði. Áfanginn yrði að vera stór, eða sem svarar til álvers með um 240 þús. tonna afkastagetu á ári.

Það er mögulegt að skipta virkjuninni í tvo áfanga þar sem sá fyrri yrði virkjun niður undir Brú á Jökuldal (Hafrahvammavirkjun) og sá síðari frá litlu inntakslóni við Eiríksstaði á Jökuldal í göngum undir Fljótsdalsheiði að Fljótsdal sem fyrr (Brúarvirkjun). Fyrirkomulag miðlunar yrði eins í báðum tilvikum, þ.e. í lóni sunnan Kárahnúka. Slík áfangaskipting gerir um leið mögulegt að áfangaskipta að sama skapi álveri eða öðru iðjuveri er keypti orkuna. Orkukostnaður slíkrar skiptrar virkjunar er álíka og frá Kárahnúkavirkjun óskiptri. Hængurinn er aftur á móti sá að miðlunarlónið yrði að mynda strax í fullri stærð með fyrri áfanganum og er það verulegur hluti heildarkostnaðar við báða áfangana. Vaxtabyrði af þeim sökum mundi því fljótt verða verulega íþyngjandi ef seinni áfanginn fylgdi ekki fast á hæla hins fyrri.

Komið hefur fram ábending um að haga fyrri áfanganum þannig að hafa stöðvarhúsið sem næst sjálfri Kárahnúkastíflu. Við það yrði áfram næsta óbreytt vatn í Hafrahvammagljúfrum, en í framangreindum hugmyndum um Hafrahvammavirkjun er gert ráð fyrir að hafa virkjunina neðan gljúfranna til að nýta fallið eftir þeim. Lausleg athugun bendir til að sú tilhögun að sleppa nýtingu þess falls rýri orkugetuna svo að orkan yrði a.m.k. þriðjungi dýrari en ella.

Þá hefur einnig verið kannaður sá möguleiki að virkja Jökulsá á Dal í fjórum þrepum niður Jökuldal. Sú virkjanaröð þarf jafnstóra eða stærri heildarmiðlun en þær fyrrnefndu. Fyrsta þrepið er sambærilegt við Hafarahvammavirkjun, en þar við bætast þrjú þrep og þrjú inntakslón í farvegi árinnar. Þessi síðari þrep hafa í för með sér áhrif á náttúrufar sem er hrein viðbót við umhverfisáhrif fyrsta þrepsins, sem er aftur meginþáttur Kárahnúkavirkjunar í heild, en

Hálslón er báðum hugmyndunum sameiginlegt. Hér vísast til ritsins *Samanburður á umhverfisáhrifum nokkurra tilhagana á stórvirkjun á Austurlandi (Austurlandsvirkjun)*, sem var tekið saman að tilhlutan Samstarfsnefndar iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál árið 1993. Samkvæmt áætlunum frá 1994 er þrepavirkjunarleiðin um 40% eða um 20 milljarða kr., dýrari en Kárahnúkavirkjun. Af þeim sökum er hún ekki talin skynsamlegur kostur.

Mest hefur verið unnið að hugmyndinni um Kárahnúkavirkjun og er talið að sú virkjun gæti verið komin í gagnið um 2007–2008, enda væri ákvörðun um að ráðist í hana tekin þegar á þessum vetri.

Jökulsá á Fjöllum.

Sú hugmynd um virkjun Jökulsár á Fjöllum, sem helst hefur verið staldrað við í seinni tíð, byggist á miðlunarlóni í Arnardal og vatnsveitu þaðan eftir göngum í tveimur þrepum niður í Fljótsdal. Stöðvarhús yrðu á tveimur stöðum, við Brú (Arnardalsvirkjun, 185 MW) og í Fljótsdalnum (Brúarvirkjun, 375 MW). Heildarorkugetan er áætluð allt að 4.000 GWh/a. Miðað við orkugetu er miðlunarþörfin hlutfallslega minni en í hinum jökulsánum tveimur, Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá á Dal, enda er árstíðasveifla í heildarrennsli Jökulsár á Fjöllum minni en í hinum. Orkukostnaður er þó mjög svipaður og í Kárahnúkavirkjun, með öðrum orðum með því lægsta sem fengist getur hérlendis. Helstu umhverfisáhrif eru skerðing á vatni niður Jökulsá á Fjöllum og þar með í Dettifossi.

Hugmyndir um þessa virkjunarkosti eru skemmra á veg komnar en Kárahnúkavirkjun. Því er vart raunsætt að gera ráð fyrir styttri undirbúnings- og framkvæmdatíma en 10 árum.

Smávirkjanir á Austurlandi.

Til eru nokkrar áætlanir um smáar virkjanir á Austurlandi. Hugmyndir þessar eru yfirleitt fremur gamlar eða mjög lauslegar og hafa fæstar þeirra verið endurskoðaðar nýverið. Helstu hugmyndirnar eru:

- Virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði, 20 MW (frumhönnunarskýrsla frá 1989, fremur dýr virkjun).
- Gilsárvatnavirkjun, 50 MW (lausleg áætlun frá 1996, fremur dýr virkjun).
- Berufjarðarvirkjun, a.m.k. 70 MW (lausleg áætlun frá 1976; er í endurskoðun).
- Virkjun Geithellnaár, 5,5 MW (lausleg áætlun frá 1985).

Um þessar virkjanir er það m.a. að segja, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa látið kanna fyrst nefndu kostina tvo. Orkukostnaður beggja er nærri tvöfalt hærri en í Fljótsdalsvirkjun. Gilsárvatnavirkjun nýtir nokkurn veginn þann hluta af veitum á Fljótsdalsheiði, sem felldar voru niður þegar veita Fljótsdalsvirkjunar var færð af yfirborði í jarðgöng við endurskoðun tilhögunar 1991. Rafmagnsveiturnar höfðu heimild fyrir Bessastaðaárvirkjun á sínum tíma, en hún var felld úr gildi við lagahreinsun fyrir allmörgum árum (lög nr. 33/1989), enda slík virkjun ekki talin á dagskrá lengur eftir að heimild var gefin fyrir Fljótsdalsvirkjun. Orkustofnun metur það svo, að lítil virkjun eins og virkjun Geithellnaár með lóni í Geithellnadal, muni stangast mjög á við sjónarmið um verndun náttúru þar í dalnum. Svipað getur átt við um margar fyrrgreindra smávirkjana.

Hugmynd um Berufjarðarvirkjun miðast við að safna saman vatni af Hraunum og veita því eftir göngum niður í virkjun niður við Berufjörð. Hún nýtti því það vatn af Hraunum sem ekki yrði notað í Fljótsdalsvirkjun. Hugmyndin um Berufjarðarvirkjun hefur nýverið fengið lauslega endurskoðun, sem bendir til að hún geti verið stærri og hlutfallslega ódýrari en áður var ráð fyrir gert og nefnt er í upptalningunni. Orkugetan gæti orðið 800–1.000 GWh/a og orkukostnaður um 18–22 kr. á árskílóvattstundina sem setur þennan kost í gott meðallag.

Miðlunarmöguleikar eru aftur á móti mjög rýrir þannig að slík virkjun gæti ótækt staðið ein sér, en gæti fallið þokkalega inn í heildarkerfi sem t.d. byggðist á umtalsverðu jarðgufuafli. Þessi kostur er verður frekari athugunar en ljóst má vera að hann kemur þó engan veginn til álita til orkuöflunar fyrir það álver sem erindi ráðuneytisins fjallar um.

9. Orkuöflun frá stöðvum utan Austur- og Norðausturlands.

Orkuöflun til ráðgerðs álvers á Reyðarfirði frá virkjunum utan Austur- og Norðausturlands kallar að sjálfsögðu á flutning á þeirri orku. Núverandi orkuflutningskerfi, byggðalínan, er með öllu ófær um að flytja þá orku alla. Tvenns konar flutningur orku kemur til álita í þessu sambandi, þ.e. um hugsanlega Sprengisandslínu eða með þeim hætti að Blönduvirkjun yrði losuð undan því að flytja orku suður á land, en sendi í stað þess orku austur á land. Strax skal bent á þann annmarka slíkra flutninga eftir hvorri leiðinni sem er að flutningstap yrði umtalsvert.

Hvað fyrri leiðina varðar hefur verður rætt um annaðhvort 220 kV eða 400 kV línu yfir Sprengisand og alla leið austur í Reyðarfjörð, alls um 375 km vegalengd. Raunar er talið óhjákvæmilegt að lagðar yrðu tvær slíkar línur þó ekki væri nema vegna rekstraröryggis. Miðað við verð og flutningsgetu er vart talið skynsamlegt að leggja slíkar línur nema miða við hærri spennuna. Allt um það er kostnaður við þessar línur þvílíkur að ekki er skynsamlegt að leggja í þau útgjöld vegna umrædds álvers eingöngu. Þess verður þó að geta að aukin raforkuvinnsla og raforkunotkun austanlands kallar fyrr eða síðar á öfluga tengingu við meginvirkjunarsvæðin sunnanlands.

Áætlað er að tvær 220 kV línur (með tengibúnaði) kosti um 14–15 milljarða kr. en tvær 400 kV línur allt að 20 milljarða kr. Orkuöflunarkostir fyrir sunnan eru vart ódýrari en raforkan frá Fljótsdalsvirkjun. Og þegar slíkur flutningskostnaður bættist við, er ekki unnt að tala um að þessi lausn uppfylli með nokkru móti þá kröfu að orkan sé ekki ýkja miklu dýrari en sú frá ráðgerðri Fljótsdalsvirkjun.

Vegna rafmagns til umrædds álvers eins er seinni leiðin, rafmagn frá Blönduvirkjun, nærtækari og verður því farið nokkrum frekari orðum um þann möguleika. Framleiðslugeta Blönduvirkjunar er um 800 GWh/a og undanfarin missiri hefur megnið af því rafmagni farið suður byggðalínu frá Blöndu til markaðarins á Suðvesturlandi. Þessu mætti snúa við án þess styrkja þyrfti línurnar að sunnan til Blöndu að því tilskyldu að tilsvarandi viðbótarorku megi afla úr virkjunum sunnanlands.

7. tafla. Rafmagn frá Blöndu og víðar til Reyðarfjarðar.

	Orkugeta	*Upp-söfnuð orkugeta*	*Gang-setning*
	GWh/a	*GWh/a*	*Ár*
Rafmagn í stað Blöndu			
Kvíslaveitu, 6. áfangi	135	135	2002
Nesjavellir, 3. áfangi	240	375	2003
Jarðgufuvirkjun á	240	615	2003
Búðarhálsvirkjun	520	1.135	2004
Norðlingaölduveita	750	1.885	2004
Villinganes	190	2.075	2004
Rafmagn fyrir álver í Reyðarfirði			
Frá Blönduvirkjun	800	800	
Bjarnarflag	320	1.120	2002
Krafla, 3. áfangi	240	1.360	2003
Öxarfjörður	240	1.600	2004
Þeistareykir	240	1.840	2004

Af efri hluta 7. töflu sést að nokkuð skortir á að útvega mætti nægilegt rafmagn að sunnan til að beina megi Blöndurafmagni í austur fyrir árslok 2003, en megi afhendingin dragast nokkuð ætti að vera unnt að losa um Blöndurafmagn. Heildaröflun rafmagns fyrir umrætt álver í Reyðarfirði gæti með þessari leiðinni verið eins og sýnt er í neðri hluta töflunnar þar sem gripið er til jarðgufuvirkjana norðaustanlands að ríflega hálfu leyti. Enn og aftur verður þá að hafa þann fyrirvara að enn eru jarðhitasvæðin í Öxarfirði og Þeistareykjum það lítt þekkt að af þeim sökum einum yrði örðugt að gefa loforð þegar fyrir mitt ár 2000 um orkuafhendingu síðar.

Þessi lausn hefði enn fremur í för með sér að stórefla þyrfti flutningskerfið milli Blönduvirkjunar og Austurlands, sem yrði kostnaðarsamt og setti þessa lausn því í raun utan kostnaðarrammans. Á hinn bóginn kann af öðrum ástæðum að vera nauðsynlegt að styrkja flutningskerfið norðanlands. Nákvæmir útreikningar á verði orku samkvæmt þessari blönduðu leið liggja því ekki fyrir.


1. kort: Nærtækustu virkjunarkostir á landinu
Lón
Skurður
Háhitasvæði
Göng
Ald ÞH/HA
19991104 SV
0
50 km
Öxarfjörður
Þeistareykir
Laxá
stækkun
Krafla
3. áfangi
Bjarnarflag
Villinganes
Skatastaðavirkjun
Árnardalsvirkjun
Brúarvirkjun
Kárahnúkavirkjun
Fljótsdalsvirkjun
Hraunaveita
Berufjarðar-
virkjun
Kvíslaveita
3. áfangi
Norðlingaalda
Búðarháls
Skaftárveita
og Sigalda
Nesjavellir
3. áfangi
Grensdalur
Reykjanes
Urriðafossvirkjun


2. kort: Fljótsdalsvirkjun
skv. verkhönnun 1982
Lón
Skurður
Rafstöð
Göng
0
10 km
Ald ÞH/HA
19991104 SV
Gilsárlón
Norðurdalur
Suðurdalur
Snæfell
Hornbrynja
Ódáðavötn
Líkárvatn
Berufjörður
Hamarsdalur
HRAUN


3. kort: Fljótsdalsvirkjun
skv. núverandi áformum, verkhönnun 1991
Lón
Skurður
Rafstöð
Göng
0
10 km
Ald ÞH/HA
19991104 SV
Vaðbrekka
Norðurdalur
Suðurdalur
Jökulsá í Fljótsdal
Hölkná
Grjótá
Kelduá
Snæfell
HRAUN
Hornbrynja
Ódáðavötn
Líkárvatn
Hamarsdalur
Brúnárjökull
Berufjörður

4. kort: Fljótsdalsvirkjun
með Hraunaveitu og Berufjarðarvirkjun

Lón
Skurður
Rafstöð
Göng
0
10 km

Ald ÞH/HA
19991104 SV



5. kort: Grunnhugmyndir um virkjun jökulvatna á Austurlandi

Lón
Skurður
Rafstöð
Göng

Ald ÞH/HA 19991104 SV

0 10 km

Fylgiskjal III.

Skýrsla Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði, október 1999.

Að beiðni iðnaðarráðuneytis hefur Þjóðhagsstofnun metið þjóðhagsleg áhrif byggingar og reksturs álvers á Reyðarfirði. Mat þetta er háð ýmsum forsendum sem óvissa ríkir um og raktar eru hér á eftir. Skoðuð voru tvö dæmi:

1. Álver á Reyðarfirði með 120 þúsund tonna framleiðslugetu sem tæki til starfa árið 2003
2. Álver á Reyðarfirði byggt í tveimur áföngum, 120 þúsund tonn árið 2003 og 240 þúsund til viðbótar árið 2008.

Það ber að taka fram að hér er ekki um mat á rekstrarlegri né heldur þjóðhagslegri arðsemi þessara verkefna að ræða, t.d. er ekki lagt mat á hagnað af orkusölu til viðkomandi stóriðjufyrirtækja og ekki er tekið tillit til kostnaðar vegna umhverfisáhrifa.

Skýringar:

Niðurstöður dæmanna hér á eftir eru birtar sem frávik frá samanburðardæmi sem byggist á 2% jöfnum hagvexti og ekki gert ráð fyrir aukningu stóriðju frá því sem nú er ef frá er skilin stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga í 90.000 tonn. Áhrif dæmanna tveggja eru metin með því að bæta forsendum þeirra ofan á forsendur í samanburðardæminu og framreikna upp á nýtt með sama líkani. Niðurstöðurnar eru síðan bornar saman við samanburðardæmið.

Gert er ráð fyrir að aðrar forsendur en þær sem varða stóriðjukostina haldist óbreyttar. Þetta þýðir til dæmis að opinber útgjöld haldast óbreytt þrátt fyrir aukinn tekjuafgang, nafngengi helst fast þrátt fyrir hækkað raungengi, vextir af erlendum lánum eru óbreyttir þrátt fyrir auknar erlendar lántökur og svo framvegis. Í flestum tilvikum er þetta stóriðjudæmunum í hag, þ.e. neikvæð áhrif virðast minni í dæmunum en ef ytri forsendum yrði breytt.

Í dæmunum er hvorki reiknað með erlendum eiginfjárframlögum til stóriðjuframkvæmdanna né heldur arðgreiðslum til útlanda. Ef það væri gert breyttust viðskiptajöfnuður og þjóðarframleiðsla sem svarar muninum á arðsemiskröfu fjárfestanna og vöxtum á erlendum lánum sem að jafnaði þýddi minni þjóðhagslegan ábata. Enn fremur er við því að búast að yfirgnæfandi hlutfall tekna orkufyrirtækja af sölu til álfyrirtækja í dæmum 2 og 3 mundi að öllum líkindum leiða til þess að fjármagnskostnaður þeirra hækkaði. Erlendum vöxtum er haldið föstum í dæmunum svo ekki er tekið tillit til þessa.

Þá ber að hafa það í huga að líkanið sem notað er við þetta mat er einungis gert til að spá nokkur ár fram í tímann, en ekki til þess árafjölda sem hér er sýndur. Þannig má búast við að margföldunaráhrif séu í raun minni en hér kemur fram. Í þessu sambandi ber einnig að minna á að Þjóðhagsstofnun reiknar ekki með öðru en að framleiðsluþættir séu að jafnaði fullnýttir á því tímabili sem um ræðir án þess að til stóriðjuframkvæmda komi. Það er því spurning hvort jöfnur líkansins, sérstaklega launa- og verðjöfnur, spái nægjanlega vel fyrir um þróun verðlags og raungengis. Hér má nefna að jafnvægislíkan Þjóðhagsstofnunar gefur til kynna nokkuð minni áhrif á þjóðarframleiðslu til frambúðar en þær niðurstöður sem hér eru kynntar enda gerir það ekki ráð fyrir neinum margföldunaráhrifum til lengdar fyrir þjóðarbúskapinn í heild.

Helstu niðurstöður:

Helstu niðurstöður útreikninganna fara hér á eftir.

Dæmi 1. Álver á Reyðarfirði sem tæki til starfa árið 2003.

Dæmi 2. Álver á Reyðarfirði byggt í tveimur áföngum, 120 þúsund tonn árið 2003 og 240 þúsund til viðbótar árið 2008.

	Dæmi 1	Dæmi 2
Aukning frá grunndæmi		
Framkvæmdartími	'00-'03	'00-'08
Fjárfesting á framkvæmdartíma		
Bein fjárfesting	11,7%	13,7%
Heildarfjárfesting	15,5%	21,0%
Ársverk		
Á framkvæmdatíma	730	900
Til frambúðar	270	570
Útflutningsverðmæti álframleiðslu		
2000	0,0%	0,0%
2004	47,0%	47,0%
2009	47,0%	140,9%
Þjóðarframleiðsla		
Á framkvæmdatíma	1,5%	2,6%
Til frambúðar	1,2%	3,0%
Landsframleiðsla		
Á framkvæmdatíma	1,6%	3,0%
Til frambúðar	1,4%	4,0%

Dæmi 1.

Í dæmi 1 er gert ráð fyrir að byggt verði álver á Reyðarfirði með 120 þúsund tonna framleiðslugetu sem tæki til starfa árið 2003. Reiknað er með að virkjanaframkvæmdir vegna álversins hæfust á næsta ári og að bygging álversins hæfist árið 2001.

Heildarfjárfesting nemur rúmlega 60 milljörðum króna sem samsvarar nærri 50% af fjárfestingu ársins 1999. Landsframleiðsla verður tæplega 2% hærri en ella hefði orðið fyrstu árin eftir að álverið tekur til starfa en varanleg aukning landsframleiðslu er áætluð um 1,4%. Varanleg aukning þjóðarframleiðslu verður um 1,2% og varanleg aukning einkaneyslu um 1%. Útflutningur eykst um ríflega 4% til frambúðar. Hlutfall álframleiðslu í útflutningi nemur þannig um 20% á árinu 2003 samanborið við tæp 15% í samanburðardæminu. Viðskiptajöfnuður versnar um allt að 2% af landsframleiðslu á byggingartímabilinu, en til lengdar eru áhrif á viðskiptajöfnuð lítil.

Um 270 framtíðarstörf myndast í verksmiðjunni. Reiknað er með að alls þurfi um 1.250 ársverk til byggingarframkvæmdanna. Til virkjanaframkvæmda er áætlað að þurfi alls tæp 1.700 ársverk á árunum 2000–2003.

Auk áhrifa 120 þúsund tonna álvers á helstu þjóðhagsstærðir hefur Þjóðhagsstofnun kannað staðbundin áhrif álversins. Vegna sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi eru ekki aðgengileg gögn um sama atvinnusvæði og miðað var við í fyrri athugun Þjóðhagsstofnunar. Nú er miðað við Fellahrepp, Austur-Hérað, Fjarðabyggð, Fáskrúðsfjarðarhrepp og Búðahrepp. Munurinn frá fyrri athugun eru þeir sveitahreppar sem sameinuðust Egilsstöðum. Íbúafjöldi þessa svæðis sem athugunin nær til var rúmlega 6.400 manns 1998 en á atvinnusvæði fyrri athugunar var íbúafjöldinn rúmlega 6.100. Á meðfylgjandi mynd er reiknað með því að ef ekki kæmu til þau atvinnutækifæri sem álverið býður upp á muni fækkun íbúa nema um 1,5%.

Sé byggt á fyrri reynslu um staðbundin áhrif nýrra starfa má reikna með því að störf sem eru óbein afleiðing af starfsemi álversins séu álíka mörg og störfin í álverinu sjálfu. Reiknað er með því að þau störf verði til einu ári seinna en tilefni þeirra. Því mun 120 þúsund tonna álver leiða af sér um 540 ný störf samtals og er ekki reiknað með því að álverið ryðji burt öðrum atvinnugreinum á svæðinu. Ef gert er ráð fyrir að ákvörðun um álver stöðvi brottflutning frá svæðinu og mannaflaþörf þess atvinnulífs sem fyrir er verði óbreytt veldur álverið umframeftirspurn eftir vinnuafli sem nemur 280 manns. Ef miðað er við að aldursdreifing þeirra sem störfin vinna sé hin sama og annarra sem flytja milli sveitarfélaga þurfa aðfluttir að vera um 640 manns. Það er umtalsverð breyting frá þeirri íbúaþróun sem einkennt hefur þetta svæði á undanförnum árum ef Egilsstaðir og nágrenni er undanskilið.

Dæmi 2.

Í dæmi 2 er gert ráð fyrir því að álverið á Reyðarfirði yrði stækkað um 240 þúsund tonn árið 2008 og yrði framleiðslugeta þess þá alls 360 þúsund tonn.

Heildarfjárfestingin nemur 180 milljörðum króna, sem dreifist á níu ár, en fjárhæðin samsvarar 140% af fjárfestingu ársins 1999. Reiknað er með að fyrri hluti álversins verði byggður á árunum 2001–2003, að hafist verði handa við að byggja síðari áfangann árið 2006 og honum verði lokið á árinu 2008. Á árunum 2001–2003 má búast við að fjárfesting verði á bilinu 15–25% hærri og 25–50% hærri á árunum 2006–2008 en ef ekki yrði ráðist í framkvæmdir. Reikna má með að landsframleiðsla verði meira en 5% hærri en í samanburðardæminu þegar mest lætur en ríflega 4% meiri til frambúðar. Varanleg hækkun þjóðarframleiðslu er minni, eða ríflega 3% sem er svipað og hækkun einkaneyslu.

Þegar síðari hluti álversins verður kominn í gagnið mun útflutningur verða 10–15% hærri en ella. Árið 2009 er gert ráð fyrir að álframleiðsla nemi um 20–25% af heildarútflutningi samanborið við 10–12% í grunndæminu. Vegna þess hve stór hluti aðfanga til byggingar álvers eru innflutt, hafa framkvæmdirnar neikvæð áhrif á viðskiptajöfnuð og reikna má með því að hallinn yrði að meðaltali meiri sem nemur 2% af landsframleiðslu en í grunndæminu á árunum 2000–2008 sem kemur fram í töluverðri aukningu í erlendum skuldum eða sem nemur rétt um 10% af landsframleiðslu fram til ársins 2010. Eftir að síðari áfangi álversins hefur verið tekinn í notkun má búast við að erlendar skuldir lækki smám saman.

Með byggingu álvers á Reyðarfirði má búast við að myndist 570 störf til frambúðar, þar af 270 störf þegar fyrri hluti álversins verður tekinn í notkun. Reiknað er með að 3.200 ársverk þurfi til byggingar álversins. Þar af eru 2.000 ársverk vegna byggingar síðari hluta álversins árin 2006–2008. Þá má búast við að um 500–600 manns fái störf við virkjanaframkvæmdir á ári á byggingartímanum frá 2000 til 2008. Aðflutningur fólks sem stækkun álversins úr 120 þúsund tonnum í 360 þúsund tonn hefur í för með sér verður svipaður eða minni en vegna fyrsta áfanga.

Línurit:

Í línuritunum hér að neðan er dæmi 1 sýnt með brotalínu og dæmi 2 með breiðri heilli línu.

Mynd 1: Fjárfesting. Mismunur, % frá grunndæmi.
Mynd 2: Þjóðarframleiðsla. Mismunur, % frá grunndæmi.
Mynd 3: Landsframleiðsla. Mismunur, % frá grunndæmi.
Mynd 4: Einkaneysla. Mismunur, % frá grunndæmi.
Mynd 5: Útflutningur. Mismunur, % frá grunndæmi.
Mynd 6: Viðskiptajöfnuður. Mismunur, % af landsframleiðslu.
Mynd 7: Erlendar skuldir. Mismunur, % af landsframleiðslu.
Mynd 8: Íbúaþróun á miðsvæði Austfjarða með og án 120 þúsund tonna álvers



Þjóðarframleiðsla
Mismunur, % frá grunndæmi



Landsframleiðsla
Mismunur, % frá grunndæmi



Einkaneysla
Mismunur, % frá grunndæmi



Útflutningur
Mismunur, % frá grunndæmi




Viðskiptajöfnuður
Mismunur, % af VLF
%
1
0,5
0
-0,5
-1
-1,5
-2
-2,5
-3
-3,5
-4
1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015
Frávik 1
Frávik 2


Erlendar skuldir
Mismunur, % af VLF
%
12
10
8
6
4
2
0
1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013 2014 2015
Frávik 1
Frávik 2

Íbúaþróun á miðsvæði Austfjarða með og án 120 þúsund tonna álvers



Fylgiskjal IV.

Skýrsla Nýsis. hf.
(September 1999.)

1. INNGANGUR

1.1 LÝSING VERKEFNIS

Fjárfestingarskrifstofan - orkusvið, Iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun hafa ákveðið, í samstarfi við Hydro Aluminium Metal Products í Noregi, dótturfyrirtæki Norsk Hydro ASA, að skoða hagkvæmni þess að reisa álver á Hrauni við Reyðarfjörð. Þá er Landsvirkjun jafnframt að vinna að áætlunum um virkjanir á svæðinu norðan Vatnajökuls.

Þau áform sem nú eru uppi eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi, bygging álvers með 120 þús. tonna framleiðslu á ári, sem hefur framleiðslu seint á árinu 2003, með 1.700 GWh rafmagnsnotkun frá væntanlegri Fljótsdalsvirkjun og jarðgufuvirkjun við Bjarnarflag. Í öðru lagi, stækkun álversins í 360 þús. tonna framleiðslu sem lokið verði á árunum 2008-2012, líklega með raforku frá fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun. Í þriðja lagi er hugsanleg stækkun álversins í 480 þús. tonna framleiðslu á árunum 2011-2015.

Frá Fljótsdalsvirkjun, sem áætluð er u.þ.b. 200 MW, er fyrirhugað að reisa í fyrstu tvær 220 kV flutningslínur til Reyðarfjarðar og er áætluð vegalengd 30-40 km, eftir því hvaða leið verður valin. Flutningsgeta línanna verður aukin í 400 kV síðar þegar þörf krefur.

Áætlað er að 120 þús. tonna álver skapi 241 heilsársstörf. Vegna orlofs, veikinda og annarra forfalla er áætlað að bæta þurfi við þá tölu 12%, sem þýðir í heild um 270 ársverk. Áætlað er að 480 þús. tonna álver skapi 643 heilsársstörf sem hækkar vegna afleysinga um 12%, eða alls um 720 ársverk. Nánar er fjallað um vinnuaflsþörf vegna verkefnisins í kafla 3.4.

1.2 MARKMIÐ ATHUGUNAR

Markmið þessarar athugunar eru þrenn:

Í fyrsta lagi, könnun á samfélagslegum aðstæðum á Mið-Austurlandi þar sem fyrirhugað álver verður reist. Athugunin tekur til svæðis sem nær yfir 10 þéttbýlisstaði og 250 sveitabæi þar sem búvöruframleiðsla er stunduð. Á svæðinu búa tæplega 8.400 manns og vinnumarkaður þess samsvarar innan við 4.000 ársverkum.

Í öðru lagi, verður lagt mat á samfélagsleg áhrif fyrirhugaðs álvers í Reyðarfirði, bæði meðan á byggingartíma stendur og eftir að það hefur starfsemi.

Mynd 1

Kort af Mið-Austurlandi



Að lokum verður athugað til hvaða aðgerða ríkisvaldið, sveitarfélögin og fyrirtækið þurfa að grípa til á Reyðarfirði eða fjórðungnum öllum ef álverið verður reist og hver yrði hugsanlegur kostnaður ef til þessara aðgerða kæmi.

1.3 ATHUGUNARSVÆÐI

Athugunarsvæðið er skilgreint sem Mið-Austurland en það er svæðið sem mun verða fyrir mestum áhrifum af álveri í Reyðarfirði. Austurland er í þessari athugun skilgreint sem allt kjördæmið en það nær frá Langanesi til Skeiðarársands. Um 12.300 manns búa á öllu Austurlandi.

Mið-Austurland er skilgreint í þessari athugun sem svæðið er nær frá og með Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra í norðri til og með Breiðdals í suðri. Landfræðileg mörk þess eru skýr í norðri, þ.e. um Smjörfjöll og Hellisheiði. Mörk þess til suðurs eru skilgreind sem mörkin milli Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Frá Breiðdalsvík, syðsta sveitarfélaginu, er vegalengdin u.þ.b. 105 km að fyrirhuguðu álveri að Hrauni í Reyðarfirði en hún styttist í u.þ.b. 71 km ef göng verða gerð milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Athugun þessi er miðuð við eftirfarandi tímaáætlun:

- Byggingartími 120 þús. tonna álvers er 2001-2003;
- rekstur 120 þúsund tonna álvers hefst í lok árs 2003;
- stækkun álversins í 360 þús. tonn á árunum eftir 2005;
- rekstur 360 þúsund tonna álvers hefst u.þ.b. 2008-2012;
- seinni stækkun álversins í 480 þús. tonn eftir 2010; og
- rekstur 480 þúsund tonna álvers hefst u.þ.b. 2011-2015.

1.4 AÐFERÐAFRÆÐI

Í þessari athugun er byggt á sömu aðferðafræði og í athugunum á samfélagslegum áhrifum sem unnið hefur verið að í öðrum löndum, einkum í Kanada og Bandaríkjunum. Með þessum

matsaðferðum má sjá fyrir væntanleg félagsleg og hagræn áhrif af fyrirhugaðri framkvæmd á nærliggjandi byggð og meta þá almannahagsmuni sem um er að ræða. Þessar aðferðir tengjast einnig skipulagsvinnu því í þeim felst ekki aðeins mat á kostnaði og áhrifum sem fylgir væntanlegu verkefni. Þetta ferli felur einnig í sér að reynt er með samráði við þá sem hagsmuna eiga að gæta að draga úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum og reynt að vinna að því að jákvæðu áhrifin vegi þyngra. Séu neikvæðar afleiðingar fyrirsjáanlegar getur samráðið falist í því að móta aðferðir við mat á því hvernig bæta megi fyrir þær.

Mat á samfélagslegum áhrifum af verkefni sem þessu felur í sér þrjá þætti:

Grunnlýsing. Lýst er núverandi samfélagi á Mið-Austurlandi og helstu fyrirsjáanlegum breytingum. M.a. er fjallað um efnahags- og atvinnulíf, vinnuafl, mannfjölda, húsnæðismál, einkaþjónustu og grunngerð, opinbera þjónustu, þjónustu við atvinnulífið, land- og auðlindanýtingu, menningu og lífshætti á svæðinu þar sem gætir áhrifa af framkvæmdinni.

Lýsing verkefnis. Verkefninu er lýst í grófum dráttum og þeim áhrifum sem það kemur til með að hafa á umhverfi sitt. Sérstök áhersla er lögð á þau atriði sem eru líklegust til að hafa mikil áhrif, byggt á könnun á heimildum, sérfræðiþekkingu og viðtölum við forystumenn á svæðinu og almenning. Lýsing verkefnisins er ekki eingöngu bundin við staðreyndir (þ.e. staðarval, aðstæður og vinnuafl) heldur er þar einnig að finna hugmyndir um nálgun, stefnu og aðgerðir sem munu hafa áhrif á einstaklinga, fjölskyldur og sveitarfélög á svæðinu.

Samfélagsleg áhrif. Metin eru líkleg samfélagsleg áhrif, byggð á félagslegum, efnahagslegum og landfræðilegum athugunum og sambærilegum athugunum erlendis. Geta stjórnvalda, einkafyrirtækja og annarra á svæðinu til að bregðast við nýjum þörfum sem verkefnið leiðir af sér verður lögð til grundvallar mati á samfélagslegum áhrifum. Sjónum verður sérstaklega beint að því að skilgreina öll hugsanleg vandkvæði og hvernig taka megi á þeim.

Framvinda athugunarinnar er samt sem áður ekki órofin heldur var haft samráð við Fjárfestingarskrifstofuna, Norsk Hydro og ýmsa forystumenn á Austurlandi um málefni og ábendingar sem fram komu á fyrstu stigum athugunarinnar er leiddu síðan til frekari upplýsingaöflunar og nákvæmari athugana. Þannig er í þessu mati nokkur umfjöllun um hvernig megi laða að vinnuafl til að verkefnið nái fram að ganga.

Grunnupplýsinga var aflað eftir mörgum leiðum. Þar má nefna:

Beinar heimildir. Farnar voru vettvangsferðir í þeim tilgangi að kynna sér svæðið. Að auki var gerð ítarleg vinnuaflskönnun. Hún tók til stærstu fyrirtækjanna á svæðinu þar sem spurt var um helstu einkenni vinnumarkaðarins, meðaltekjur, árstíðasveiflur í vinnu o.fl.

Óbeinar heimildir. Safnað var saman tölum, aðallega frá opinberum aðilum. Matið byggist einnig á könnun heimilda og annarra upplýsinga um áhrif álvers og annarra stórframkvæmda á Íslandi, í Noregi, Kanada og annars staðar.

Viðtöl. Grunnupplýsinga var einnig aflað með viðtölum við forystumenn á Austurlandi, þ.e. hjá sveitarfélögum, ríkisstofnunum, fyrirtækjum og verkalýðshreyfingu. Í viðtölum gafst þessu fólki kostur á að viðra hugmyndir sínar um hvernig nálgast mætti viðfangsefnið.

1.5 VINNUHÓPUR

Aðalhöfundur skýrslunnar er Sigfús Jónsson ráðgjafi hjá Nýsi hf., en Mark Shrimpton, Community Resource Services Ltd., St. John´s á Nýfundnalandi og Stefán Þórarinsson ráðgjafi hjá Nýsi hf. veittu sérfræðilega ráðgjöf. Hönnun og ráðgjöf hf. á Reyðarfirði og dr. Eli Janette Fosso, Institutt for geografi, Norges Handelshøyskole í Bergen veittu einnig mikilvægar upplýsingar og komu með gagnlegar ábendingar. Þýðingarmiklar upplýsingar og ábendingar komu einnig frá Jostein Refsnes hjá Norsk Hydro, Garðari Ingvarssyni og Andrési Svanbjörnssyni hjá Fjárfestingarstofunni, Karli S. Lauritzsyni, skattstjóra og Guðmundi Guðmundssyni, Byggðastofnun. Er þeim öllum þakkað ánægjulegt samstarf.

1.6 INNIHALD SKÝRSLU

Skýrslunni er skipt niður í fjóra meginhluta auk inngangskafla. Í kafla 2 er almenn lýsing á samfélagslegum aðstæðum á Mið-Austurlandi. Í kafla 3 er lýst vinnumarkaði svæðisins og fjallað um leiðir til að mæta aukinni vinnuaflsþörf vegna fyrirhugaðs álvers. Í kafla 4 er rætt um áætluð samfélagsleg áhrif fyrirhugaðs álvers en kafli 5 fjallar um nauðsynlegar aðgerðir sem ríkisvaldið, sveitarfélögin og Norsk Hydro þurfa að grípa til ef af byggingu þess verður.

Skýrsla þessi var að mestu unnin í lok ársins 1997 og ársbyrjun 1998, miðað við aðrar forsendur um stærð álversins og framkvæmdatíma en nú eru uppi. Skýrslan var endurskoðuð haustið 1999 miðað við breyttar forsendur. Reynt hefur verið eftir megni að endurvinna upplýsingagrunn verksins. Vegna víðtækrar sameiningar sveitarfélaga sem kom til framkvæmda á Mið-Austurlandi 1998 eru tölur um íbúafjölda ekki lengur birtar fyrir gömlu sveitarfélögin.

Skýrslan er líka samin á ensku. Efnistök hennar bera það með sér að hún er einnig skrifuð fyrir erlenda aðila, m.a sem kynning á aðstæðum á Mið-Austurlandi.

2. *MIÐ-AUSTURLAND - LÝSING Á SAMFÉLAGSLEGUM ÞÁTTUM*

2.1 INNGANGUR

Egilsstaðir/Fellabær, með tæplega 2.000 íbúa, er u.þ.b. 50 ára þéttbýli sem hefur þróast sem miðstöð fyrir landbúnað á Fljótsdalshéraði og sem samgöngu- og þjónustumiðstöð alls Mið-Austurlands. Kaupfélag Héraðsbúa er á Egilsstöðum og einnig ýmis einkaþjónusta og opinber þjónusta, þar á meðal svæðisskrifstofa Rarik, Skattstofa Austurlands, Vinnueftirlit ríkisins, Fasteignamat ríkisins, Atvinnuþróunarfélag Austurlands, Svæðisstjórn málefna fatlaðra, Svæðisvinnumiðlun Austurlands og Héraðsdómur Austurlands. Skógrækt ríkisins er með höfuðstöðvar á Egilsstöðum og einnig Ferðamiðstöð Austurlands. Þar er einnig flugvöllur, hótel, grunnskóli, útisundlaug, íþróttahús, heilsugæslustöð, dvalarheimili aldraðra, sjúkrahús, bankaútibú og Búnaðarsamband Austurlands.

Neskaupstaður, með rúmlega 1.500 íbúa, er stærsti útgerðarbærinn. Fiskveiðar eru undirstöðuatvinnugrein þessa blómlega samfélags þar sem Síldarvinnslan hf. (SVN) er langstærsta fyrirtækið. Þar starfa um 350-400 manns, á sjó, í fiskvinnslu, í fiskmjölsverksmiðju og ýmsum þjónustugreinum tengdri starfseminni. Í Neskaupstað eru Verkmenntaskóli Austurlands, vélsmiðja, netagerð, sparisjóður, útibú Landsbankans, félagsmiðstöð, hótel, sýsluskrifstofa, stærsta sjúkrahús svæðisins, flugvöllur, íþróttahús, sundlaug og golfvöllur. Í Oddsskarði er skíðasvæði.

Eskifjörður, með u.þ.b. 1.020 íbúa, er blómlegur útgerðarbær með góðri höfn. Hraðfrystihús Eskifjarðar hf. (HE) er langstærsta fyrirtæki svæðisins með 280-300 starfsmenn. Auk fiskiskipaflotans á það stórt frystihús þar sem verkaður er bolfiskur og uppsjávarfiskur, fiskmjölsverksmiðju og ýmsar þjónustudeildir. Þar er einnig staðsett síldarvinnslufyrirtækið Friðþjófur hf., vélsmiðja og skrifstofa Eimskipafélags Íslands. Á Eskifirði eru íþróttahús, golfvöllur með 9 holum, sýsluskrifstofa, bankaútibú, lögfræði- og endurskoðunarskrifstofur, heilsugæslustöð, dvalarheimili aldraðra og skrifstofa Alþýðusambands Austurlands.

Reyðarfjörður, með u.þ.b. 670 íbúa, hefur fjölbreytt atvinnulíf. Þar er góð hafnaraðstaða fyrir veruflutninga. Útgerðin er smærri í sniðum en í nærliggjandi bæjum. Þar er SR-mjöl, útgerðarfyrirtækið Skipaklettur og Skinney-Þinganes hf. Önnur fyrirtæki eru kjötvinnsla, vélsmiðja, bílaverkstæði, verkfræðistofan Hönnun og ráðgjöf hf.,

Mynd 2

Mið-Austurland-
Þéttbýlisstaðir og vegalengdir (km)



útibú frá KHB. Einnig er þar svæðisskrifstofa fyrir Vegagerð ríkisins og Skólaskrifstofa Austurlands.

Neskaupstaður, Reyðarfjörður og Eskifjörður sameinuðst í eitt sveitarfélag, Fjarðabyggð, í júní 1998.

Seyðisfjörður, með u.þ.b. 800 íbúa, er útgerðarbær og þangað kemur ferjan Norræna á sumrin. Helstu fyrirtæki staðarins eru vélsmiðjan Stál, SR-mjöl, útgerðarfélagið Gullberg, frystihús í eigu Skagstrendings hf. og Strandarsíld hf. Á Seyðisfirði er heilsugæsla, sjúkrahús og sýsluskrifstofa.

Fáskrúðsfjörður, með u.þ.b. 620 íbúa, er útgerðarbær með frystihúsi, fiskmjölsverksmiðju, ásamt annarri þjónustu fyrir íbúana. Kaupfélag Fáskrúðsfjarðar er langstærsti atvinnurekandi bæjarins.

Stöðvarfjörður og **Breiðdalsvík** eru litlir útgerðarbæir á sunnanverðu svæðinu. Á fyrrnefnda staðnum búa um 270 manns og á þeim síðarnefnda um 200 manns.

2.2 EFNAHAGS - OG ATVINNULÍF

Á Mið-Austurlandi er vægi frumvinnslugreina og úrvinnslugreina í atvinnulífinu meira en fyrir landið í heild og vægi þjónustugreina að sama skapi minna.

Á árinu 1996 voru 18,3% ársverka á svæðinu í frumvinnslugreinum, 32,4% í úrvinnslugreinum og 49,3% í þjónustugreinum. Á sama tíma var hlutfallið fyrir landið allt sem hér segir: 9,3% í frumvinnslugreinum, 26,4% í úrvinnslugreinum og 64,2% í þjónustugreinum. Síðan þá hafa þjónustugreinar vaxið mikið á höfuðborgarsvæðinu og þessi mismunur í samsetningu atvinnulífs milli Mið-Austurlands og landsins alls aukist.

Í heildina fækkaði störfum um u.þ.b. 800 á Mið-Austurlandi á árunum 1986-1996. Þar af fækkaði um 466 störf í fiskvinnslu, 250 í landbúnaði og yfir 200 til samans í iðnaði og byggingavinnu. Á móti fjölgaði nýjum störfum í þjónustu um 160 á sama tíma.

Byggðastofnun hefur áætlað að stærð vinnumarkaðarins á svæðinu hafi verið um 4.000 ársverk á árinu 1997. Það ár var fjöldi fólks á aldrinum 15-69 ára 5.709 manns og atvinnuþátttaka þannig um 70%. Samkvæmt upplýsingum sem fengnar eru frá Skattstofu Austurlands fyrir tekjuárið 1998 má áætla að einstaklingar í fullu starfi hafi

Tafla 1

Tekjudreifing á Mið-Austurlandi 1998

Tekjur (þús. kr.)	*Einstaklingar*
<500	2.476
500-999	1.207
1.000-1.499	1.006
1.500-1.999	655
2.000-2.499	431
2.500-2.999	320
3.000-3.499	238
3.500-3.999	137
4.000-4.499	101
≥ 4.500	200

Tekjur: Launatekjur, reiknað endurgjald og hreinar tekjur af atvinnustarfsemi

Mynd 3

Tekjudreifing á Mið-Austurlandi 1998



Tafla 2

Meðalatvinnuleysi á Austurlandi eftir mánuðum 1994-1997

	Karlar	*Konur*	*Samtals*
	%	*%*	*%*
Jan.	6,75	12,33	9,05
Feb.	3,65	5,90	4,55
Mar.	4,33	6,13	5,05
Apr.	3,90	5,03	4,38
Maí	2,93	4,30	3,48
Júní	2,28	3,98	2,95
Júlí	1,40	2,73	1,95
Ágúst	1,50	3,50	2,33
Sept.	1,18	2,53	1,73
Okt.	1,33	2,93	1,93
Nóv.	2,00	3,53	2,57
Des.	4,10	7,36	5,37

Mynd 4

Meðalatvinnuleysi á Austurlandi eftir mánuðum 1994-1997



verið í kringum 3.000-3.200 og einstaklingar í hlutastarfi hafi þá unnið um 700-1.000 ársverk. Nýliðar á vinnumarkaði eru um 140 á ári ef ekki er tekið tillit til búferlaflutninga. Á sama tíma hætta störfum um 55-60 manns á ári vegna aldurs. Nettóaukning á vinnumarkaði er þar af leiðandi um 80-85 manns á ári. Þá tölu má síðan lækka vegna mikils brottflutnings ungs fólks.

Á árunum 1994-1997 bar nokkuð á atvinnuleysi á Mið-Austurlandi, einkum yfir vetrarmánuðina. Var það meira hjá konum en körlum. Þetta er sýnt á töflu 2 og mynd 4. Á árunum 1998 og 1999 hefur farið að bera á vinnuaflsskorti á Mið-Austurlandi. Í september 1999 vantaði fólk í 100-200 störf. Flest þessara starfa eru í þjónustugreinum eða fiskvinnslu. Þau eru aðallega fyrir ófaglærða og laun tiltölulega lág. Skráð atvinnuleysi er lítið. Þar er annars vegar um að ræða fólk sem er í leit að starfi við hæfi og hins vegar fólk sem stendur höllum fæti á vinnumarkaði.

Samkvæmt upplýsingum frá Skattstofu Austurlands, sem unnar voru fyrir þessa könnun, voru 6.771 einstaklingur á Mið-Austurlandi með skattskyldar tekjur árið 1998, þ.e. launatekjur, reiknað endurgjald og hreinar tekjur af atvinnustarfsemi. Samtals 301 einstaklingur hafði yfir 4 milljónir króna í árstekjur, 375 einstaklingar 3-4 milljónir, 751 einstaklingur 2-3 milljónir og 1.661 einstaklingur 1-2 milljón krónur. Ef lágmarkslaun fyrir fullt starf á ársgrundvelli eru talin 1 milljón króna það ár voru samtals 3.088 í fullu starfi og með laun yfir lágmarkslaunum á árinu 1998.

Samtals 3.683 einstaklingar gáfu upp skattskyldar tekjur innan við 1 milljón króna. Þetta voru aðallega skólafólk, húsmæður í hlutastarfi og bændur. Í hæsta hópnum eru m.a. yfirmenn á fiskiskipum, læknar, forstjórar og nokkrir embættismenn.

Tölur byggðar á útsvarstekjum sýna töluverðan mun á milli byggðarlaga. Meðaltekjur voru hæstar í Neskaupstað, þar sem þær voru um 2,5 sinnum hærri en í tekjulægsta sveitahreppnum.

Breytingar á fjölda starfa og atvinnuskiptingu á Mið-Austurlandi á tímabilinu 1986-1996 voru eftirfarandi (fjöldi ársverka):

Tafla 3

Breytingar á mikilvægi einstakra atvinnugreina á Mið-Austurlandi 1986-1996 (ársverk)

Atvinnugrein	*1986*	*1996*	*Breytingar %*
Landbúnaður	577	327	- 43,3
Fiskveiðar	433	409	- 5,5
Fiskvinnsla	1.096	630	- 42,5
Iðnaður	517	367	- 29,0
Byggingarstarfsemi	385	307	- 20,3
Verslun	526	506	- 3,8
Samgöngur	250	240	- 4,0
Bankar o.fl.	153	186+ 21,6	
Önnur þjónusta	895	1.054 + 17,8	
Alls	*4.832*	*4.026*	*- 16,7*

Breytingar á fjölda starfa og atvinnuskiptingu á Íslandi á tímabilinu 1986-1996 voru eftirfarandi (fjöldi ársverka):

Tafla 4

Breytingar á mikilvægi einstakra atvinnugreina fyrir landið í heild 1986-1996 (ársverk)

Atvinnuvegur	*1986*	*1996*	*Breytingar %*
Landbúnaður	8.704	5.351	-38,5
Fiskveiðar	5.576	6.467	+ 16,0
Fiskvinnsla	9.592	7.562	- 21,2
Iðnaður	18.509	16.152	- 12,7
Byggingarstarfsemi	11.183	9.817	- 12,2
Verslun	18.477	19.056	+ 3,1
Samgöngur	8.192	8.757	+ 6,9
Bankar o.fl.	8.711	11.049	+ 26,8
Önnur þjónusta	34.367	42.591	+ 23,9
Alls	*123.311*	*126.802*	*+ 2,8*

Mynd 5

Skipting atvinnugreina

Mið-Austurland



Ísland



Aðalbreytingar á atvinnulífi á Mið-Austurlandi 1986-1996 í samanburði við landið í heild voru eftirfarandi:

1. Landbúnaðarstörfum fækkaði meira á svæðinu, aðallega vegna samdráttar í sauðfjárframleiðslu. Margir bæir fóru í eyði en á öðrum var lagður af búskapur og vinna sótt utan bús í auknum mæli.

2. Sjómönnun fækkaði á Mið-Austurlandi en fjölgaði á landinu í heild.

3. Fiskvinnslustörfum fækkaði meira á Mið-Austurlandi en landinu í heild. Bolfiskvinnsla í fyrstihúsum dróst mikið saman en vinnsla á síld og loðnu jókst í staðinn. Sú vinnsla krefst mun minna vinnuafls og er sveiflukenndari en bolfiskvinnslan.

4. Störfum í iðnaði á Mið-Austurlandi fækkaði um 29% árin 1986-1996 en þeim fækkaði um 21% á landinu í heild. Slátrun, kjötvinnsla, ullariðnaður, skipasmíðar og viðgerðir eru þær greinar iðnaðar þar sem störfum hefur helst fækkað.

5. Störfum í byggingariðnaði fækkaði um 20% á Mið-Austurlandi 1986-1996 en aðeins um 12% á landinu öllu. Aðalástæðan er sú að hagvöxtur var minni á svæðinu, færri íbúðarhús voru byggð, byggingaframkvæmdir í sveitum voru í lágmarki og lítið var byggt af iðnaðarhúsnæði. Aðalbyggingaframkvæmdirnar á svæðinu voru viðhald á íbúðar- og iðnaðarhúsnæði, ásamt framkvæmdum við vegi, flugvelli og hafnargerð.

6. Ef litið er á alla þjónustu, þ.e. að meðtalinni heilsugæslu, skólum, verslun, bönkum og samgöngum, fjölgaði ársverkum um 8,9% á Mið-Austurlandi 1986-1996 en þau jukust um 16,8% á landinu í heild. Þessi árangur er góður í samanburði við önnur jaðarsvæði. Aðalástæðan fyrir því var mikill vöxtur í opinberri þjónustu á svæðinu (í menntakerfinu, félagskerfinu og heilbrigðiskerfinu) svo og í þjónustu sérfræðinga og ferðaþjónustu.

Fjögur fyrirtæki á svæðinu hafa flesta starfsmenn. Þau eru Síldarvinnslan (SVN) í Neskaupstað með um 360 starfsmenn, Hraðfrystihús Eskifjarðar (HEE) með um 280 starfsmenn og Kaupfélag Héraðsbúa (KHB) á Egilsstöðum og Kaupfélagið á Fáskrúðsfirði (KFF) með um 200 starfsmenn hvort.

Tafla 5

Stærstu fyrirtækin á Mið-Austurlandi 1996

	Velta (Millj. kr.)	*Mannár*	*Heildarlaun (Millj. kr.)*	*Meðallaun á mann (1000 Ísl. kr.)*
Síldarvinnslan hf.	4.249	360	965	2.681
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	3.106	300		
Kaupfélag Héraðsbúa	2.223	159	281	1.765
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	1.055	200	353	1.765
Loðnuvinnslan hf.	812	20	45	2.250
Gunnarstindur hf.	408	129	116	902
Ferðamiðstöð Austurlands hf.	385	28	59	2.096
Skipaklettur hf.	350	28	130	4.643

Með samanburði á öllum atvinnugreinum á svæðinu má draga tvær ályktanir:

- Sá veikleiki er í atvinnusamsetningu á Mið-Austurlandi að hlutfall vinnuafls í frumvinnslu- og úrvinnslugreinum er mun hærra þar (51%) en á landinu öllu (36%).

- Svæðisbundinn veikleiki er í atvinnulífi Mið-Austurlands. Í samdráttargreinum hefur fækkað meira á Mið-Austurlandi og í vaxtargreinum hefur fjölgað minna þar en á landinu í heild.

Veik atvinnusamsetning leiðir oft til svæðisbundins veikleika því í samdráttargreinum halda atvinnurekendur að sér höndum varðandi framkvæmdir, aðföng og kaup á þjónustu.

Töluverður munur er milli byggðarlaga á Mið-Austurlandi hvað varðar breytingar á mannfjölda og í atvinnulífi. Upplýsingar sýna mismun í útsvarstekjum frá 55-138 þúsund kr. á íbúa milli tekjulægsta og tekjuhæsta sveitarfélagsins árið 1997.

Fólksfækkun hefur verið stöðug í sveitum og tekjur bænda minnkað. Búin eru almennt of lítil til framfærslu. Tekjur af landbúnaði hafa minnkað smám saman þar sem niðurgreiðslur hafa lækkað og framleiðslutakmörkunum verið beitt bæði gagnvart sauðfjár- og kúabændum. Margir bændur hafa hætt búskap og aukið störf utan bús eða farið yfir í aðrar búgreinar. Á Fljótsdalshéraði hafa bændur m.a. farið í ferðaþjónustu, skógrækt og lífræna ræktun en þetta hefur ekki

bætt upp tekjurýrnun í hefðbundnum búskap. Íbúafjöldi í sveitum á Fljótsdalshéraði er um það bil 1/3 af því sem hann var í kringum síðustu aldamót. Í sveitum fjærst Egilsstöðum, þar sem tækifæri á aukatekjum eru litlar, var útsvar 1997 á bilinu 55-77 þúsund á hvern íbúa en í tveimur nágrannasveitarfélögum Egilsstaða 90-95 þúsund kr. á íbúa.

Miklar sveiflur hafa verið í útgerðarbæjunum en í sumum þeirra hefur gengið betur en öðrum. Samanlagður íbúafjöldi í útgerðarbæjunum er svipaður árið 1996 og hann var 1971. Tekjuhæstu útgerðarbæirnir á svæðinu eru Neskaupstaður og Eskifjörður. Tekjur þar eru vel fyrir ofan landsmeðaltal. Þar er ekkert atvinnuleysi og þurft hefur að flytja að vinnuafl. Engin einhlít skýring er á því hvers vegna einn útgerðarbær blómstrar á meðan annar stendur í stað eða hnignar. Þrátt fyrir góða afkomu í Neskaupstað og á Eskifirði hefur fólki fækkað þar síðustu 5 árin.

Misjafnlega hefur gengið í öðrum útgerðarbæjum. Fækkað hefur á Fáskrúðsfirði. Þar er KFF mjög öflugt en nokkur einkafyrirtæki í sjávarútvegi hafa hætt starfsemi.

Reyðarfjörður er að nokkru leyti þjónustumiðstöð fyrir Mið-Austurland. Atvinnulífið þar er fremur stöðugt og ekki eins háð fiskveiðum og í öðrum þéttbýlisstöðum við sjóinn. Íbúaaukning var um 20% 1971-1996 og það endurspeglar vaxandi hlutverk bæjarins sem þjónustumiðstöðvar.

Á Seyðisfirði hefur átt sér stað endurskipulagning í sjávarútvegi og íbúunum fækkað. Bærinn hefur notið góðs af bílaferjunni Norrænu yfir sumarmánuðina en með skipinu kemur fjöldi erlendra ferðamanna.

Egilsstaðir, ásamt nágrannabænum Fellabæ, er það byggðarlag sem mest hefur vaxið á Mið-Austurlandi. Atvinnulífið þar er nokkuð stöðugt en það byggist mikið á þjónustustarfsemi. Úrvinnsla landbúnaðarafurða, byggingastarfsemi, veitur og starfsemi tengd flugvellinum er einnig mikilvæg fyrir atvinnu á staðnum.

Útsvar á íbúa á Egilsstöðum er u.þ.b. 80-90% af útsvari í bæjunum niðri á fjörðunum. Þrátt fyrir lægri meðaltekjur halda Egilsstaðir áfram að draga til sín fleira fólk en bæirnir niðri á fjörðunum. Atvinnulífið er fjölbreyttara og auðveldara er fyrir menntuð hjón að finna störf við beggja hæfi en niðri á fjörðunum. Fólk er í auknum mæli farið að sækja vinnu daglega milli staða, m.a. Egilsstaða og Reyðarfjarðar.

2.3 ÍBÚAÞRÓUN

Mannfjöldi

Hinn 1. desember 1998 bjuggu 8.380 manns á Mið-Austurlandi eða u.þ.b. 3% landsmanna. Stærstu byggðarlögin þar eru Egilsstaðir/Fellabær, Neskaupstaður, Eskifjörður, Seyðisfjörður, Reyðarfjörður og Fáskrúðsfjörður (sjá meðfylgjandi töflu). Auk þess búa í þorpunum þremur, Breiðdalsvík, Stöðvarfirði og Borgarfirði eystra samtals um 600 íbúar. Íbúar í sveitum eru u.þ.b. 1.150-1.200.

Á árinu 1971 bjuggu 8.247 íbúar á svæðinu. Á árabilinu 1971-1998 fjölgaði íbúum um 1,2%. Á sama tíma fjölgaði landsmönnum um yfir 30%, eða u.þ.b. 1,1% á ári.

Íbúaþróuninni á svæðinu síðan 1971 má skipta í eftirtalin tímabil.

1. ***Vaxtarskeið 1971-1979.*** Íbúum fjölgaði úr 8.247 í 9.080 eða um 10%.

2. ***Stöðnunartímabil 1979-1990.*** Íbúum fjölgaði mjög hægt, þ.e. frá 9.080 í 9.215 eða um 1,5%.

3. ***Samdráttarskeið frá 1990.*** Íbúum fækkaði úr 9.215 árið 1990 í 8.380 árið 1998 en það er nærri 9%, eða tæp 1% á ári.

Íbúaþróunin á svæðinu síðustu 25 árin hefur verið mismunandi eftir byggðastigi (sjá töflu), þ.e. mikill vöxtur á Egilsstöðum/Fellabæ, stöðnun í útgerðarbæjunum og fólksfækkun í sveitum.

Aldursskipting

Það sem einkennir aldursskiptingu íbúanna á Mið-Austurlandi er eftirfarandi:

1. Aldurshópurinn 50-70 ára er fremur fámennur. Þetta er einkennandi fyrir þjóðina þar sem fæðingatíðni á 4. tug aldarinnar og á árum síðari heimsstyrjaldarinnar var lág. Þann 1. janúar 1999 voru 564 íbúar á svæðinu á aldrinum 45-49 ára, en aðeins 382 á aldrinum 55-59 ára. Það bendir því allt til þess að á næstu 10-15 árum muni 50-65 ára fólki fjölga nokkuð á vinnumarkaði.

2. Aldurshóparnir 20-24 ára og 25-29 ára eru nokkuð fámennir, sérstaklega konur á aldrinum 20-24 ára. Fjöldi ungra kvenna virðist yfirgefa svæðið. Þær hafa betri menntun en áður og bestu menntunarmöguleikarnir og flest atvinnutækifærin eru á suðvesturhorni landsins eða

erlendis. Þetta hefur orðið meira áberandi síðustu 5-10 árin. Konur á aldrinum 20-24 ára flytja í mun ríkara mæli burt nú en eldri konur gerðu þegar þær voru á sama aldri.

3. Fjöldi 0-4 ára barna er 10% minni en barna á aldrinum 5-14 ára. Árgangar 0-4 ára barna á svæðinu eru að meðaltali 118 einstaklingar en árgangar 5-14 ára að meðaltali 139 einstaklingar.

4. Á vinnumarkaði á Mið-Austurlandi er munur á fjölda karla og kvenna í öllum aldurshópum. Konur á aldrinum 15-69 ára voru 2.688 þann 1. janúar 1999 en karlar á sama aldri voru 3.021 eða 12 % fleiri.

Búferlaflutningar

Tölur um búferlaflutninga á Mið-Austurlandi á árunum 1971-1998 sýna að 2.385 fleiri fluttu frá svæðinu en til þess eða 85 að meðaltali á ári. Þannig hefur svæðið tapað 1% íbúanna á ári vegna flutninga 1971-1998. Fjöldi brottfluttra var um 0,6% á árunum 1971-1980, 1,0% á árunum 1981-1990, en tæplega 2,1% á árunum 1991-1998.

Á Mið-Austurlandi var fjöldi brottfluttra umfram aðflutta 234 íbúar árið 1998 eða 2,8%. Þar af fluttu 226 til annarra landshluta. Flestir fluttust á suðvesturhornið.

Tölur um búferlaflutninga miðast við einstök sveitarfélög. Alls fluttu 15.467 úr sveitarfélagi sínu á tímabilinu 1971-1998 en á sama tíma fluttu til sveitarfélaga 12.848 manns. Af þeim sem fluttust búferlum flutti um 1/3 milli sveitarfélaga á Mið-Austurlandi. Því má áætla að um 10.300 íbúar hafi flutt frá Mið-Austurlandi á árunum 1971-1998 en 8.500-8.600 íbúar hafi flutt inn á svæðið. Mikið var um að sömu einstaklingarnir fluttust til og frá svæðinu á þessu tímabili.

Í nóvember 1997 voru birtar niðurstöður rannsóknar um orsakir búferlaflutninga sem Félagsvísindastofnun HÍ vann fyrir Byggðastofnun.

Tafla 6

Mannfjöldi 1961 - 1996

	1961	*1971*	*1981*	*1991*	*1996*
Egilsstaðir/Fellahreppur	479	935	1.462	1.889	2.083

	1961	*1971*	*1981*	*1991*	*1996*
Neskaupstaður	1.614	1.721	1.803	1.767	1.606
Eskifjörður	861	977	1.124	1.038	1.041
Seyðisfjörður	789	896	1.023	919	831
Reyðarfjörður	548	646	710	746	698
Fáskrúðsfjörður	624	723	770	757	657
Breiðdalsvík	309	335	372	350	306
Stöðvarfjörður	216	297	348	340	288
Borgarfjörður	358	267	235	209	177
Útgerðarbæir og þorp	5.319	5.862	6.385	6.126	5.604

	1961	*1971*	*1981*	*1991*	*1996*
Hlíðarhreppur	145	144	125	93	87
Jökuldalshreppur	203	169	171	166	144
Fljótsdalshreppur	235	185	151	113	109
Tunguhreppur	200	134	122	96	93
Hjaltastaðahreppur	174	112	103	83	61
Skriðdalshreppur	148	132	114	104	85
Vallahreppur	203	190	168	166	152
Eiðahreppur	198	175	153	164	143
Mjóifjörður	65	51	32	38	28
Fáskrúðsfjarðarhreppur	225	158	118	92	79
Sveitir	1.796	1.450	1.257	1.115	981
SAMTALS	***7.594***	***8.247***	***9.104***	***9.130***	***8.668***

Mynd 6

Mannfjöldi 1961-1996



Aldursdreifing



Könnunin sýnir að aðeins 50,5% þeirra sem höfðu fæðst á Mið-Austurlandi og voru á lífi 1992 bjuggu þar enn. Erlendis bjuggu 3,7% og 31,8% á höfuðborgarsvæðinu.

Gerð var sérstök könnun þar sem 1.800 einstaklingar víðs vegar af landinu voru spurðir um lífsskilyrði sín með það í huga að þeir sem væru óánægðir væru líklegastir til að flytjast á brott. Könnunin sýndi að þeir sem voru hvað óánægðastir voru bændur, sjómenn, fiskvinnslufólk og fólk á aldrinum 18-24 ára.

Könnunin sýndi enn fremur að íbúar í fjölmennum byggðarlögum eru mun ánægðari með lífsskilyrði sín en íbúar í fámennum byggðarlögum. Fólk sem bjó í bæjum og þorpum með 200-1.000 íbúum var almennt óánægt með aðstæður sínar. Það kvartaði m.a. um háan orkukostnað, hátt verð á vörum og þjónustu, skort á tækifærum til framhaldsmenntunar í byggðarlaginu, skort á tækifærum til tómstundaiðkana og takmörkuð atvinnutækifæri. Einnig kvartaði fólk um lágt og lækkandi fasteignaverð. Íbúar í sveitum voru mun ánægðari með aðstæður sínar.

Um 20% af þeim sem tóku þátt í könnuninni á Mið-Austurlandi sögðust hafa hugleitt að flytjast burt frá svæðinu. Enn fremur sýndi könnunin að fólk af Mið-Austurlandi er almennt ánægðara með veðurfar í sinni heimabyggð en fólk í öðrum byggðarlögum á landinu. Það var einnig ánægt með heilsugæslu á svæðinu, þjónustu leikskóla, grunnskólana og þjónustu við eldri borgara.

Af þessari könnun má ráða að fólksfjölgun sem kæmi í kjölfar nýs álvers í Reyðarfirði yrði að beina að fjölmennustu byggðarlögunum á svæðinu. Aðeins þau geta svarað kröfum um nútímaþægindi, svo sem um góða þjónustu, fjölbreytt tækifæri til tómstundaiðkana, um framhaldsnám og fjölbreytt atvinnutækifæri. Mjög mikilvægt virðist vera að svæðinu takist að skapa þannig aðstæður, m.a. með öflugu framhaldsnámi, tómstundastarfi og áhugaverðum störfum, að það takist að halda í unga fólkið þannig að það festi rætur í sinni heimabyggð.

Það sem ekki kemur nægilega vel fram í ofangreindri könnun er að orsakana fyrir búferlaflutningum er ekki síst að leita í aðdráttarafli þess svæðis sem fólkið flytur til. Mikill vöxtur í atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins síðustu árin, og jafnvel áratugina, hefur virkað sem sterkt aðdráttarafl á íbúa landsbyggðarinnar.

2.4 SVEITARFÉLÖG

Helstu verkefni sveitarfélaga eru eftirfarandi:

Félagsleg þjónusta:

1. Félagshjálp og framfærsla.
2. Barnavernd.
3. Öldrunarþjónusta.
4. Félagsleg húsnæðismál.
5. Varnir gegn fíkniefnum.

Fræðslu-, menningar-, íþrótta- og tómstundamál:

1. Grunnskólar.
2. Tónlistarskólar.
3. Leikskólar.
4. Söfn og menningarmál.
5. Íþrótta- og tómstundamál.

Grunngerð og umhverfismál:

1. Götur og veitur.
2. Bygginga- og skipulagsmál.
3. Brunavarnir.
4. Heilbrigðiseftirlit.
5. Hafnir.
6 Opin svæði.
7. Sorphirða og sorpeyðing.

Mörk margra sveitarfélaga voru í upphafi dregin við aðstæður sem voru allt aðrar en eru nú og mörg þeirra eru of fámenn sem þjónustueiningar. Mörg sveitarfélög hafa verið sameinuð á undanförnum 5 árum og hefur þeim fækkað úr um 200 í 124. Meginmarkmiðið hefur verið að stækka einingarnar þannig að þær geti veitt íbúunum betri þjónustu og staðbundið vald styrkst. Sveitarfélögin hafa verið að taka við nýjum verkefnum, einkum verkefnum sem áður voru sameiginleg verkefni ríkisins og sveitarfélaga.

Í upphafi árs 1997 voru 20 sveitarfélög á Mið-Austurlandi en þeim fækkaði í 12 frá og með júní 1998. Nú er verið að kanna hagkvæmni sameiningar fjögurra sveitarfélaga á sunnanverðu svæðinu, þ.e. Fáskrúðsfjarðarhrepps, Búðahrepps, Stöðvarhrepps og Breiðdalshrepps.

Megintekjustofn sveitarfélaga hér á landi er útsvar. Áætlað er að útsvar verði 76,3% af skatttekjum sveitarfélaga á árinu 1999, fasteignaskattur 13,3% og framlög úr Jöfnunarsjóði 10,1%. Auk skatttekna innheimta sveitarfélögin margvísleg þjónustugjöld, svo sem fyrir veitur, hafnir, almenningssamgöngur og sundlaugar.

Ríkissjóður greiðir árlega til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1,4% af beinum og óbeinum sköttum auk 0,264% af útsvarsstofni. Þá greiða sveitarfélögin sameiginlega til sjóðsins 0,77% af útsvarsstofni vegna yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríkinu til sveitarfélaga. Sé horft á greiðslur Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga á Mið-Austurlandi á árinu 1998, sem hafa það að markmiði að jafna tekjur sveitarfélaga, voru þær almennt hærri á Fljótsdalshéraði en á fjörðunum og á fjörðunum voru þær lægstar í fjölmennustu útgerðarstöðunum. Á Norður-Héraði námu þær svo dæmi sé tekið 60% af skatttekjum og í Fljótsdalshreppi 46,7%, en í Fjarðarbyggð aðeins 9,2%.

Útgjöldum sveitarfélaga má í aðalatriðum skipta í tvennt, rekstrarkostnað (u.þ.b. 80%) og fjárfestingar (u.þ.b. 20%). Á árinu 1998 voru útgjöld sveitarfélaga í landinu tæplega 50 milljarðar kr. Um 37% af rekstrarútgjöldum var varið til fræðslumála og tæplega 22% til félagsþjónustu. Skuldir sveitarfélaga eru nokkuð mismunandi. Á árinu 1998 greiddu þau rúmlega 7% af rekstrarkostnaði sínum í fjármagnsgjöld.

Við athugun þessa voru skoðaðir ársreikningar stærstu sveitarfélaganna á Mið-Austurlandi. Þar kemur fram að skuldir þeirra eru tiltölulega litlar í samanburði við sveitarfélög annars staðar á landinu. Sem dæmi má nefna að sterk fjárhagsstaða var ein af þeim röksemdum sem beitt var til stuðnings sameiningu Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Sveitarstjórnir á Íslandi eru miklir áhrifavaldar í sínu byggðarlagi. Sterk fjárhagsstaða sveitarfélaga á Mið-Austurlandi og sameining þeirra í færri og stærri einingar er styrkur fyrir svæðið þegar metnir eru kostir þess vegna fyrirhugaðs álvers.

2.5 HÚSNÆÐI

Alls eru um 2.500 íbúðir á áhrifasvæði álversins, þar af um 1.600 íbúðir í Fjarðabyggð, Egilsstöðum og Fáskrúðsfirði. Um helmingur alls íbúðarhúsnæðisins er byggður á árunum 1965-1985. Fasteignaverð hefur verið lágt á svæðinu og lítil hreyfing á fasteignamarkaði. Á þessu ári hefur hins vegar orðið breyting þar á, viðskipti aukist og fasteignaverð hækkað í nokkrum byggðarlögum. Samkvæmt upplýsingum Fasteignamats ríkisins er markaðsverð húsa á Mið-Austurlandi á milli helmingur og 2/3 markaðsverðs í Reykjavík, eftir því um hvaða sveitarfélag er að ræða og húsgerð.

Á félagslegum eignaríbúðum hvílir kaupskylda. Sveitarfélög á Mið-Austurlandi hafa á undanförnum árum innleyst meira en 100 félagslegar íbúðir sem þau geta ekki selt aftur vegna þess hve kostnaðarverð þeirra er hátt. Fjarðabyggð hefur leyst til sín 69 íbúðir og Austur-Hérað 25 svo dæmi sé tekið. Þar hefur tekist að leigja út íbúðirnar og nýta leigutekjurnar til að greiða

af veðlánunum. Þrátt fyrir þetta mikla framboð af leiguhúsnæði er erfitt að fá íbúð á leigu á Egilsstöðum og í Fjarðabyggð.

Stjórnun félagslegra húsnæðismála í sveitarfélögum eins og á Mið-Austurlandi verður oft út undan í daglegu amstri framkvæmdastjóra þeirra. Flest sveitarfélaganna eru of smá til þess að geta ráðið eigin húsnæðisfulltrúa, en nú er einn slíkur starfandi hjá Fjarðabyggð.

Í viðræðum við bæjarstjórana var ræddur sá möguleiki að stofnað yrði eitt húsnæðisfélag fyrir svæðið ef af byggingu álversins yrði. Húsnæðisfélagið myndi hafa umsjón með framkvæmdum og rekstri félagslega íbúðakerfisins á svæðinu auk þess að hafa forystu um byggingu á nýju íbúðarhúsnæði sem þyrfti vegna áhrifa álversins. Með þessu móti má gera stjórnun húsnæðismála markvissari, lækka umsýslukostnað, bæta þjónustu við íbúana og auka val þeirra í húsnæðismálum.

2.6 EINKAÞJÓNUSTA OG GRUNNGERÐ

Ríkisvaldið ber ábyrgð á vissum þáttum í opinberri þjónustu á Mið-Austurlandi. Má þar nefna sýslumenn, lögreglu, héraðsdóm, heilbrigðisþjónustu, almannatryggingar, atvinnuleysisbætur og vinnumiðlun, rekstur framhaldsskóla, þjónusta við fatlaða, fasteignamat, skattamál, skipaskoðun og rekstur flugvalla og þjóðvega. Heilsugæslan ber ábyrgð á sjúkraflutningum á svæðinu.

Skólar

Á skólaárinu 1998-1999 eru 13 grunnskólar á Mið-Austurlandi með u.þ.b. 1.500 nemendum. Sumir skólanna ná aðeins upp í 7. bekk og aðrir skólar eru jafnframt safnskólar fyrir 8.-10. bekk.

Leikskólar eru á öllum þéttbýlisstöðunum. Sumstaðar er þörfum mætt að fullu en annars staðar er biðlisti. Hálfsdagsþjónusta er yfirleitt í boði fyrir öll börn en heilsdagspláss eru takmörkuð. Þjónusta leikskólanna er yfirleitt talin góð.

Sveitarfélögin tóku alfarið við rekstri grunnskólanna 1996 en fram til þess tíma voru grunnskólakennarar ríkisstarfsmenn. Samstarf er milli nokkurra sveitarfélaga um sameiginlegan rekstur grunnskóla. Í nokkrum sveitarfélögum eru skólarnir vannýttir vegna fámennra bekkjardeilda. Mismunur í stærð árganga veldur oft óhagræði í skipulagi skólastarfs, sbr. mynd 7.

Verið er að undirbúa stækkun margra skóla á Mið-Austurlandi, m.a. vegna markmiða um samfelldan skóladag og einsetningu skóla.

Samkvæmt rannsókn á orsökum búferlaflutninga sem Félagsvísindastofnun HÍ vann fyrir Byggðastofnun og kom út 1997 lýstu 94% aðspurðra í Neskaupstað, á Eskifirði og Reyðarfirði yfir ánægju með þjónustu grunnskólans í sveitarfélaginu. Þetta var næsthæsta niðurstaðan fyrir landið allt. Framhaldsnám er í boði hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum og Verkmenntaskólanum í Neskaupstað. Auk þess er húsmæðraskóli á Hallormsstað.

Í Menntaskólanum á Egilsstöðum eru um 300 nemendur í dagskóla og nokkrir tugir nemenda utanskóla. Í skólanum er heimavist fyrir 120 nemendur. Um helmingur nemenda á Mið-Austurlandi sem lýkur 10. bekk hefur nám við Menntaskólann á Egilsstöðum. Nokkrir nemendur skipta um skóla eftir 1-2 ár og fara í verkmenntaskóla eða fjölbrautaskóla þar sem þeir finna nám við sitt hæfi.

Verkmenntaskólinn í Neskaupstað er skipulagður svipað og fjölbrautaskóli. Í boði er margvíslegt iðn- og tækninám, auk bóknáms. Heildarnemendafjöldi er um 200, þar af um 180 í dagskóla. Nemendur í bóknámi eru aðallega frá Neskaupstað en nemendur í iðn- og tækninámi koma víðs vegar af svæðinu. Margvísleg fullorðinsfræðsla er í boði hjá Verkmenntaskólanum, til dæmis stutt hagnýt námskeið. Við skólann er rúmgóð heimavist og aðstaða til íþrótta er í íþróttahúsi bæjarins.

Kennsla í grunndeildum málmiðna, tréiðna og rafiðna fer fram í nýju verkkennsluhúsi og tekur eitt ár. Framhaldsdeildir iðnnáms eru vélsmíði, rennismíði, húsasmíði og rafvirkjun þegar nemendafjöldi leyfir. Námið tekur 3-4 ár eftir iðngreinum.

Mynd 7

Dæmi um nýtingu skóla á Mið-Austurlandi.
Skólaárið 1996-1997



Tvær stúdentsbrautir eru kenndar við skólann, félagsfræðibraut og náttúrufræðibraut. Námið tekur fjögur ár. Nám á sjávarútvegsbraut tekur tvö ár og haustið 1998 hófst nám í vélstjórn 1. stigs. Iðnmeistaranám hófst haustið 1997 við skólann og eru nemendur alls staðar að frá Austurlandi. Skólinn hefur lengi sinnt fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Farskólinn á Austurlandi hefur þessa starfsemi með höndum.

Fræðslunet Austurlands var stofnað haustið 1998. Það er samstarfsvettvangur margra skólastofnana, sveitarfélaga og atvinnulífs. Það er tengiliður á milli þeirra aðila sem nú sinna formlegri háskólakennslu og þeirra sem bjóða upp á símenntunarnám annars vegar og hins vegar einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á Austurlandi. Fræðslunetið kynnir, miðlar og skipuleggur nám eða þau námskeið sem einstaklingar og fyrirtæki á svæðinu óska eftir, m.a. á háskólastigi.

Heilbrigðisþjónusta

Búið er að sameina heilbrigðisstofnanir í Múlasýslum í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Austurlands og er skrifstofa hennar á Eskifirði. Sameining heilbrigðisstofnananna gefur tækifæri til hagkvæmari rekstrar og bættrar þjónustu á næstu árum þegar áhrifa hennar verður farið að gæta að fullu. Á Mið-Austurlandi eru 8 heilsugæslustöðvar, þar af 6 þar sem læknir er búsettur. Á svæðinu starfa 11 læknar. Þrjár af heilsugæslustöðvunum eru í starfstengslum við sjúkrahús, þ.e. á Seyðisfirði, í Neskaupstað og á Egilsstöðum. Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað er eina sjúkrahúsið á svæðinu þar sem skurðstofa er starfrækt. Þar eru um 30 rúm, þar af 10-15 rúma hjúkrunardeild. Sjúkrahúsin á Seyðisfirði og Egilsstöðum eru aðallega fyrir hjúkrunarsjúklinga. Á Egilsstöðum og í Neskaupstað eru fæðingardeildir. Á Eskifirði er hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, sem rekið er af Fjarðabyggð, og á Fáskrúðsfirði er hjúkrunarheimili fyrir aldraða.

Félagsþjónusta

Sveitarfélög bera ábyrgð á félagsþjónustu fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Þau eru einnig ábyrg fyrir þjónustu við aldraða og að nokkru leyti félagslegum húsnæðismálum og þjónustu við fatlaða. Greiðslur almannatrygginga, þar með taldar atvinnuleysisbætur og ellilífeyrir svo og sjúkratryggingar og skipulag heilbrigðisþjónustu eru á ábyrgð ríkisins.

Meginreglan er sú að ríkið ber ábyrgð á stuðningsaðgerðum við hópa, en sveitarfélögin aðstoða einstaklinga sem eiga erfitt, til dæmis einstæða foreldra, langveika, lágtekjufólk, öryrkja og vímuefnaneytendur.

Stærstu sveitarfélögin á Mið-Austurlandi hafa félagsmálanefndir og félagsráðgjafa að störfum. Þjónusta við aldraða er góð. Þjónusta við fatlaða hefur batnað mikið á síðustu árum þótt þjónusta við fjölfatlaða sé ekki jafngóð og í Reykjavík.

Almannavarnir og öryggismál

Sveitarfélög á Mið-Austurlandi starfrækja annaðhvort eigið slökkvilið eða eru þátttakendur í byggðasamlögum um slökkvilið. Sjúkraflutningar eru á ábyrgð heilsugæslustöðvanna. Sýslumenn á svæðinu eru á Seyðisfirði, í Neskaupstað og á Eskifirði en þeir bera ábyrgð á lögreglu og starfi almannavarnanefnda. Björgunarsveitir eru öflugar á svæðinu.

Tómstundir og útivist

Á flestum þéttbýlisstöðum á Mið-Austurlandi eru bæði félagsheimili og íþróttahús. Þá er góð aðstaða til skíðaiðkana í Oddsskarði og á Fjarðarheiði. Aðstaða til hvers kyns útivistar er góð. Má þar nefna fjallgöngur, veiði í ám og vötnum, skotveiði, hestamennsku og golf.

2.7 *OPINBER ÞJÓNUSTA, ÞJÓNUSTA VIÐ ATVINNULÍFIÐ OG GRUNNGERÐ*

Vatn og fráveita

Allir þéttbýlisstaðir á Austurlandi hafa góðar vatnsveitur en sveitarfélögin eru ábyrg fyrir starfsemi þeirra. Neytendur greiða vatnsgjald með fasteignagjöldum en mörg fyrirtæki, svo sem fiskvinnslufyrirtæki, greiða aukavatnsgjald eftir mæli. Við botn Reyðarfjarðar eru góðar vatnslindir sem gætu nýst væntanlegu álveri.

Fráveitumál eru á ábyrgð hvers sveitarfélags. Skolp hefur lengst af runnið óhreinsað til sjávar og er svo enn að mestu leyti á Austurlandi. Umhverfisráðuneytið hefur aðstoðað sveitarfélög með fjárveitingu til þess að koma fráveitumálum í betra horf. Holræsagjald er innheimt með fasteignagjöldum.

Sorphirða og sorpeyðing

Sveitarfélögin á svæðinu frá Neskaupstað til Stöðvarfjarðar stofnuðu Sorpsamlag Mið-Austurlands 1995 í því skyni að sjá sameiginlega um sorphirðu og sorpeyðingu. Á vegum sorp-

samlagsins starfar verktaki sem safnar heimilissorpi og öðru sorpi sem flokkað er í gáma. Sorpsamlagið er með urðunarstað við sunnanverðan Reyðarfjörð. Huga þyrfti að stækkun sorpsamlagsins t.d. með sameiningu við Sorpeyðingu Miðhéraðs.

Orka

Á Mið-Austurlandi er rafmagn notað að mestu leyti sem orkugjafi við húshitun, nema á Egilsstöðum og Fellabæ, en þar er hitaveita. Rafmagnsveitur ríkisins þjóna öllu svæðinu með rafmagn, nema á Reyðarfirði, en þar er rafveita í eigu sveitarfélagsins. RARIK kaupir rafmagnið af Landsvirkjun við Hryggstekk í Skriðdal. Þaðan liggur 132 kV lína að Eyvindará. Frá Eyvindará er 66 kV lína til Seyðisfjarðar og 33 kV lína til Eskifjarðar (sem verður endurbætt innan fárra ára upp í 66 kV). Þá liggur 66 kV lína beint frá Hryggstekk að Stuðlum í Reyðarfirði en þaðan liggur 66 kV lína til Fáskrúðsfjarðar og 66 kV lína til Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Neskaupstaðar. Öllum þéttbýlisstöðum á svæðinu er því þjónað með 66 kV línu, með varaafli frá annarri línu eða dieselstöð.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga tvær virkjanir á svæðinu. Lagarfossvirkjun er 7,5 MW og Grímsárvirkjun 2,5 MW. Orkan frá þeim er flutt um rafmagnslínur að Eyvindará. Rafmagnskerfið á svæðinu hefur næga afkastagetu til að geta tekið við aukningu þess íbúafjölda sem fylgja mun álveri.

Hafnir

Öll sveitarfélögin á fjörðunum á Mið-Austurlandi starfrækja hafnir. Rekstur hafnanna er á ábyrgð sveitarfélaganna en fjármögnun framkvæmda er sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Á Seyðisfirði er ferjuhöfn og á Reyðarfirði er völuflutningahöfn með góðum gámastæðum. Aðalútskipunarhöfn Eimskips á Austurlandi er hins vegar á Eskifirði. Við sameiningu Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar varð til einn öflugur hafnarsjóður með um 80-90 milljón kr. veltu sem getur veitt góða þjónustu og er nægilega öflugur til að byggja og reka hafnarmannvirki við álver í Reyðarfirði.

Flugvellir

Varaflugvöllur fyrir millilandaflug er á Egilsstöðum. Brautin er 2.000 m löng og 45 m breið og öll nútímaleiðsögutæki til staðar. Hins vegar er hvorki flugskýli fyrir flugvélar sem koma þangað í heimsókn né aðstæður til viðgerða á flugvélum. Tollafgreiðsla er á Egilsstaðaflugvelli. Þá eru flugbrautir í Neskaupstað, á Fáskrúðsfirði, Breiðdalsvík og Borgarfirði eystra.

Vegir

Vegagerð ríkisins starfrækir svæðisskrifstofu í Reyðarfirði. Flestir vegir sem tengja þéttbýlisstaði á Mið-Austurlandi eru nú með varanlegu slitlagi, nema stuttir kaflar milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar. Snjór er hreinsaður af vegum milli þéttbýlisstaðanna á hverjum morgni ef þörf krefur og veður leyfir.

Reynslan sýnir að fjallvegir á milli þéttbýlisstaða á Mið-Austurlandi teppast aðeins örfáa daga á ári og sum ár alls ekki neitt. Þjónustan hefur batnað mjög mikið á síðustu árum og virðist vera auðvelt með daglegri hreinsun að halda vegum opnum. Ef fjallvegir lokast er yfirleitt ekki ferðaveður á láglendi heldur.

Fjarskipti

Fjarskiptakerfi á Mið-Austurlandi er í góðu lagi, hvort heldur er útvarp, sjónvarp eða símkerfi. Ljósleiðari hefur verið lagður í kringum landið sem veitir mikið öryggi á svæðinu.

Atvinnuhúsnæði

Nokkuð er af ónotuðu atvinnuhúsnæði á Mið-Austurlandi, einkum gömlum fiskvinnsluhúsum. Þá er nokkuð af gömlum ónotuðum byggingum sem gætu hentað sem atvinnuhúsnæði.

2.8 LANDNÝTING

Aðeins lítill hluti landsins er nýttur fyrir byggð, mannvirki og til landbúnaðar. Hálendið upp af Austurlandi er töluvert nýtt af ferðamönnum. Skógrækt er á Fljótsdalshéraði og lífrænn landbúnaður hefur skotið rótum.

Í skipulags- og byggingalögum kemur fram að umhverfisráðherra hefur umsjón með framkvæmd laganna en nýtur í því sambandi aðstoðar Skipulagsstofnunar. Samkvæmt lögunum er það hlutverk sveitarfélaga að undirbúa svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Einnig veita sveitarfélög byggingaleyfi og bera ábyrgð á byggingaeftirliti. Svæðisskipulag er unnið sameiginlega af sveitarstjórnum á hverju svæði. Markmið svæðisskipulags er að samræma skipulag einstakra sveitarfélaga hvað varðar landnotkun og þróun byggðar. Hvert sveitarfélag um sig þarf að samþykkja svæðisskipulagið áður en það er staðfest af ráðherra.

Í aðalskipulagi skal lögð fram skipulagstillaga um allt land innan marka sveitarfélagsins. Þar kemur fram stefna sveitarfélagsins um landnotkun, samgöngur, umhverfismál og þróun byggðar á næstu árum. Umhverfisráðuneytið staðfestir aðalskipulag að tillögu Skipulagsstofnunar. Deiliskipulag sem nær til hluta af sveitarfélaginu skal unnið og samþykkt af sveitarstjórn og falla innan ramma aðalskipulags.

Allir þéttbýlisstaðir á Mið-Austurlandi hafa samþykkt aðalskipulag. Í kjölfar sameiningar Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar hófst undirbúningur að gerð nýs aðalskipulags fyrir Fjarðabyggð. Bygging álvers í Reyðarfirði getur kallað á nauðsyn þess að gert verði svæðisskipulag fyrir allt Mið-Austurland.

Markmið laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er að sjá til þess að áður en ákvarðanir um framkvæmdir sem hafa mikil áhrif á umhverfið eru teknar skuli lagt umhverfismat á þær. Skylt er að framkvæma umhverfismat fyrir vissar framkvæmdir svo sem orkuver, rafmagnslínur, efnisnámur, ferðamannamiðstöðvar í óbyggðum, urðunarstaði sorps, sorpeyðingarstöðvar, vegi, stórar hafnir, flugvelli og framleiðslu á málmum og efnaiðnaði. Forstjóri Skipulagsstofnunar ákveður hvort skilyrt eða óskilyrt leyfi fyrir framkvæmdum verði veitt eða gerð krafa um frekara umhverfismat. Ákvörðuninni má áfrýja til umhverfisráðherra.

2.9 ALMENNAR HORFUR

Mið-Austurland býr bæði yfir kostum og ókostum þegar almennar horfur fyrir svæðið eru metnar.

Svæðið býr við hagstæða veðráttu miðað við önnur svæði landsins, það er gróðursælt og náttúrufegurð mikil. Tækifæri til útivistar eru fjölbreytt. Opinber þjónusta svo sem heilbrigðisþjónusta og skólar er í góðu horfi, svo og félagsleg þjónusta. Fjárhagsleg staða sveitarfélaganna er almennt traust og í Fjarðabyggð og á Austur-Héraði hafa þau sameinast í öflugar heildir. Atvinnuástand er gott og meðaltekjur í útgerðarbæjunum töluvert yfir landsmeðaltali. Nokkur mjög öflug sjávarútvegsfyrirtæki eru á Mið-Austurlandi. Samgöngur eru góðar. Á Egilsstöðum er varaflugvöllur fyrir millilandaflug og skipaleiðir til og frá Evrópu mun styttri en til annarra landshluta. Allir helstu þjóðvegir sem tengja þéttbýlisstaði eru nú lagðir bundnu slitlagi. Miklir möguleikar eru í uppbyggingu ferðamannaþjónustu.

Mið-Austurland býr yfir miklum náttúruauðlindum. Þar eru vatnsföll sem má nýta til orkuframleiðslu og til orkufreks iðnaðar. Fiskveiðar einkennast nokkuð af veiðum á loðnu og síld. Vinnsla þessara tegunda fer ekki fram úti á sjó heldur er aflanum landað eins fljótt og auðið er, sérstaklega til frystingar. Sú nálægð sem er nauðsynleg milli fiskimiðanna og vinnslustöðva í landi gefur svæðinu sterka stöðu í veiðum og vinnslu á þessum tegundum. Samkeppni milli landshluta er miklu meiri í veiðum og vinnslu á bolfiski. Sterk hefð í vinnslu uppsjávarfiska, einkum loðnubræðslu, hefur skapað ákveðna iðnaðarhefð á svæðinu.

Í viðtölum við fólk á svæðinu kom fram að svæðið myndi styrkjast ef þar væru fjölmennari þéttbýlisstaðir og fjölbreyttari og betur launuð störf, einkum fyrir ungt og menntað fólk. Slíkt gæti komið í kjölfar álvers á svæðinu. Viðmælendur lýstu því yfir að þeir myndu vilja sjá fleiri tækifæri til tómstundastarfsemi, félagslífs og framhaldsmenntunar. Nokkuð var kvartað yfir háum húshitunarkostnaði og háu verði á neysluvörum, einkum í samanburði við Reykjavík.

Helstu veikleikar Mið-Austurlands eru fábreytni í atvinnulífi í samanburði við höfuðborgarsvæðið og miklir brottflutningar fólks. Töluvert er af árstíðarbundnum störfum fyrir ófaglært fólk svo sem í fiskvinnu, ferðamannaþjónustu, byggingarstarfsemi og sláturhúsum. Þessi störf freista ekki unga fólksins sem flytur í stórum stíl til höfuðborgarsvæðisins vegna þeirra miklu tækifæra sem þar eru til náms og starfa. Ungar konur virðast sjá enn færri náms- og starfsmöguleika í sinni heimabyggð og flytja á brott í enn meira mæli en ungir karlmenn. Þessir miklu brottflutningar hæfileikaríks ungs fólks hafa neikvæð áhrif á samfélagið.

Húshitunarkostnaður á Mið-Austurlandi er nokkuð hár. Rekstur opinberrar þjónustu er frekar óhagkvæmur vegna fámennis og dreifðrar byggðar. Lágt fasteignaverð og takmarkaðir möguleikar á endursölu, ásamt háum fjármagnskostnaði, valda því m.a. að lítið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði síðustu 15-20 árin.

3. *ATHUGUN Á VINNUMARKAÐI*

3.1 INNGANGUR

Í þessum kafla er lýst megineinkennum vinnumarkaðar á svæðinu og kannað hvað hann getur tekið á móti mörgum viðbótarstörfum með tilliti til núverandi atvinnustigs og horfa á næstu árum. Í kaflanum er fjallað um líklega þróun vinnumarkaðar á næstu árum, hve margir þurfa að flytja til svæðisins ef álver tekur til starfa í Reyðarfirði og hvernig heppilegast sé að nálgast þetta viðfangsefni.

3.2 VINNUMARKAÐSKÖNNUN

Könnun á vinnuafli var gerð meðal stærstu fyrirtækjanna á svæðinu. Þau fyrirtæki sem svöruðu í könnuninni voru: Síldarvinnslan Neskaupstað (SVN), Hraðfrystihús Eskifjarðar (HEE), Kaupfélag Fáskrúðsfjarðar (KFF), Loðnuvinnslan (LV), Kaupfélag Héraðsbúa (KHB), Kambfell, Vélsmiðjan Stál, SR-mjöl og Friðþjófur.

Í október 1997 voru starfsmenn þessara fyrirtækja 1.408. Af þeim er um 1.200 manna kjarni, auk um 200 manna í árstíðabundnum stöfum. Fjögur fyrirtækjanna, þ.e. SVN, HEE, KHB og HFF, eru miklu stærri en hin fimm og starfa hjá þeim um 1.000-1.050 manns árið um kring. Hjá hverju hinna fimm fyrirtækja starfa um 20-60 manns.

Árstíðabundnar sveiflur eru í framboði og eftirspurn eftir vinnuafli á svæðinu. Í október er sláturtíð hjá KHB og þá er bætt við 110 manns. Meginvertíð fyrir loðnu á Austurlandi er í janúar og febrúar. Meginvinnuaflið í sláturhúsum eru bændur, makar þeirra og uppkomin börn. Í fiskvinnslu er árstíðabundið vinnuafl, aðallega skólafólk, farandverkafólk og útlendingar. Aldursdreifing vinnuafls er breytileg milli fyrirtækja og eftir árstíðum. Unga fólkið er fjölmennt á sumrin. Aldursdreifing hjá fjórum stærstu fyrirtækjunum yfir vetrarmánuðina er sem hér segir:

Aldurshópur	*Hlutfall*
16-20 ára	19%
21-34 ára	32%
35-55 ára	34%
56 ára og eldri	15%

Kynjahlutfall er breytilegt eftir fyrirtækjum en virðist ekki breytast eftir árstíma. Á vetrum er hlutfall karla hjá Síldarvinnslunni 56%, hjá Hraðfrystihúsi Eskifjarðar 55%, Hraðfrystihúsi Fáskrúðsfjarðar 55% en aðeins 48% hjá Kaupfélagi Héraðsbúa vegna fjölda þjónustustarfa þar.

Átta af níu fyrirtækjum veittu upplýsingar um skiptingu starfa. Niðurstaðan er sem hér segir:

- Ófaglært starfsfólk 80,5%;
- iðn- og tæknimenntað starfsfólk 11,5%;
- stjórnendur og verkstjórar 5,2%;
- skrifstofufólk 2,8%.

Átta af níu fyrirtækjum veittu upplýsingar um launakjör í október 1997. Almennt voru laun ófaglærðs fólks 110-130 þús. kr. á mánuði, nema í loðnubræðslu þar sem vaktavinna og mikil yfirvinna hækka meðallaunin í yfir 200 þús. á mánuði. Tæknimenntað fólk fær um 170-250 þús. kr. í mánaðarlaun, skrifstofufólk 110-170 þús. kr. og verkstjórar 210-330 þús. kr.

Hlutfall heimamanna af starfsmannafjölda er hæst á sumrin þegar skólafólkið er heima. Farandverkafólk kemur einkum á vetrum. Hlutfall farandverkafólks og starfsfólks úr nágrannabyggðarlögum er aðeins í einu fyrirtæki hærra en 15%. Hlutfall farandverkafólks er hæst hjá SVN og HEE, u.þ.b. 10%. Um helmingur eru Íslendingar og um helmingur útlendingar.

Flest fyrirtækin hafa búið við vinnuaflsskorti á vetrum en ekki á sumrin þegar skólafólkið er til reiðu.

3.3 MENNTUNARSTIG

Því miður er skortur á upplýsingum um menntunarstig íbúa á Mið-Austurlandi. Miðað við vinnuaflskönnunina (kafli 3.2) og viðtöl við íbúana má áætla að um 55-60% vinnuaflsins á svæðinu sé ófaglært, háskólamenntað fólk ekki meira en 5-10%, en faglært fólk, skilgreint mjög vítt, sé u.þ.b. 30-35%. Síðastnefndi hópurinn er breiður og í honum eru m.a. iðnaðarmenn, skipstjórnarmenn, vélstjórar, matsveinar, bændur með próf úr búnaðarskóla, menntað fiskvinnslufólk, verslunarmenntað fólk, sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar, leikskólakennarar og grunnskólakennarar. Fyrir sumar þessara stétta er nú krafist háskólamenntunar.

Meðal unga fólksins blasir nokkuð önnur mynd við. Menntunarstig þess er almennt hærra. Hins vegar hefur mikið af menntuðu ungu fólki, einkum konum, flutt á brott.

3.4 VINNUAFLSÞÖRF VEGNA ÁLVERS

Út frá upplýsingum fengnum hjá Norsk Hydro má áætla að heildarvinnuaflsþörf verkefnisins, mælt í ársverkum, sé sem hér segir:

Byggingartími, 1. áfangi

Áætlað er að á byggingartíma 1. áfanga, 2001-2003, verði vinnuaflsþörfin 1.250 ársverk, mest á árunum 2002-2003. Skipta má byggingartímanum í 12 ársfjórðunga. Áætluð vinnuaflsþörf á hverjum ársfjórðungi er sem hér segir:

Ár	2001	2001	2002	2002	2002	2002	2003	2003	2003	2003
Ársfjórðungur	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4
Fjöldi starfsfólks	100	300	500	500	650	750	850	650	450	250

Af 1.250 ársverkum er þörfin fyrir ófaglærða u.þ.b. 300 ársverk, fyrir rafvirkja u.þ.b. 250 ársverk, trésmiði 190 ársverk, málmiðnaðarmenn 100, pípulagningarmenn 100, vélamenn 60, vörubifreiðastjóra 50, vélvirkja 50 og annað faglært fólk u.þ.b. 150.

Undirbúningur rekstrar

Fyrir fyrsta áfanga álversins (120.000 tonna framleiðsla) eru frumáætlanir Norsk Hydro eftirfarandi:

Flestir yfirmenn munu væntanlega koma frá öðrum fyrirtækjum. Þeir verða ráðnir nokkuð snemma og þjálfun þeirra hefst þegar um 30% af byggingartímanum er liðinn. Um svipað leyti verður ráðinn um 20 manna hópur sem þjálfaður verður í rekstri álversins. Þegar liðið er um 80% af byggingartíma blandast þessir hópar saman og taka þátt í lokafrágangi. Áætlað er að þjálfunin fari fram á miðjum byggingartímanum.

Áætlað er að 25 starfsmenn verði ráðnir á árinu 2002 til undirbúnings og aðrir 50 á árinu 2003.

Rekstur álvers

Áætlað er að rekstur 120.000 tonna álvers hefjist í árslok 2003. Norsk Hydro áætlar að fastráða í 241 störf en að það muni taka allt að 1-2 ár að ná þeim starfsmannafjölda eftir að rekstur hefst. Afleysingafólk, vegna sumarleyfa, veikinda, þjálfunar o.fl. þátta er ekki meðtalið. Ætla má að afleysingar verði 12% til viðbótar mælt í ársverkum, þannig að heildarfjöldi ársverka verði um 270.

Samkvæmt upplýsingum frá Norsk Hydro verður skipting starfa sem hér segir:

Tegund starfa:	*Fjöldi starfa*
Stjórnun	35
Tæknimenn	47
Skautsmiðja	11
Kerskáli	68
Steypuskáli	80
Alls	**241**

Reynsla frá álverum annars staðar í heiminum sýnir að fjarvistir eru heldur meiri hjá verkamönnum en yfirmönnum og tæknimönnum. Afleysingastörfin, sem eru 12% í heild, munu því ekki skiptast jafnt meðal einstakra starfshópa.

Menntunarkröfum til starfsmanna má skipta í nokkra flokka. Um 5% starfa krefjast háskólaprófs, 6% menntunar frá tækniskóla og 15% verkstjórnarmenntunar. Um 68% starfanna krefjast sérstaks fagnáms fyrir starfsmenn álvera. Sem grunnmenntunar fyrir slíkt nám er í Noregi krafist prófs úr framhaldsskóla. Fagnámið samanstendur af bóklegu námi og verklegu námi í álveri. Um 5% starfanna eru ætluð ófaglærðu fólki.

Af áætluðum störfum er um helmingur dagvinnustörf og um helmingur í vaktavinnu. Af vaktavinnunni eru um 80% starfanna hugsuð sem þriggja vakta störf unnin á 8 klst. vöktum allan sólarhringinn og um 20% sem tveggja vakta störf.

Norsk Hydro áætlar að hafa fjölda fastráðinna starfsmanna í lágmarki. Öll starfsemi sem ekki tengist beint framleiðslu áls verður aðkeypt. Má þar nefna töluverða viðhaldsþjónustu, þjónustu rannsóknastofa, matsölu, þrif, garðyrkju, tölvuþjónustu, endurskoðun o.fl.

Undirbúningur stækkunar

Ef ákveðið verður að stækka álverið í 360 þús. tonna ársframleiðslu þarf að ráða starfsmenn til að undirbúa reksturinn 1-2 árum áður. Það verður hins vegar mun auðveldarar en við fyrsta áfanga þar sem margir þjálfaðir starfsmenn eru fyrir.

Byggingartími, 2. áfangi

Áætlað er að byggingartími 2. áfanga hefjist einhvern tímann á árunum 2005-2009 og að þörf verði fyrir vinnuafl sem nemi heldur fleiri en þeim 1.250 ársverkum sem þurfti vegna fyrsta áfanga. Byggingartíminn verður styttri en í 1. áfanga og vinnuaflsþörfin mun ná hámarki með u.þ.b. 900 -1.000 manns þegar mest er. Þörf fyrir einstaka starfshópa við framkvæmdir verður í svipuðum hlutföllum og í fyrsta áfanga.

Rekstur eftir stækkun

Búist er við að stækkað álver með 360.000 tonna framleiðslugetu á ári taki til starfa á árunum 2008-2012. Það mun krefjast 507 fastráðinna starfsmanna miðað við núverandi áætlanir auk 12% vegna afleysinga. Áætla má að vinnuaflsþörfin verði 568 ársverk en það mun taka 1-2 ár að koma álverinu í fullan rekstur.

Byggingartími, 3. áfangi

Áætlað er að byggingartími 3. áfanga hefjist einhvern tímann á árunum 2009-2012 og að þörf verði fyrir mun minna vinnuafl en í fyrri tveimur áföngunum. Byggingartíminn verður einnig styttri en í 1. og 2. áfanga og vinnuaflsþörfin mun ná hámarki með u.þ.b. 400 -500 manns þegar mest er. Þörf fyrir einstaka starfshópa við framkvæmdir verður í svipuðum hlutföllum og í fyrri áföngunum.

Rekstur eftir stækkun

Búist er við að álver með 480.000 tonna framleiðslugetu á ári taki til starfa á árunum 2011-2015. Það mun krefjast 643 fastráðinna starfsmanna miðað við núverandi áætlanir auk 12% vegna afleysinga. Áætla má að vinnuaflsþörfin verði 720 ársverk en það mun taka allt að 1 ár að koma álverinu í fullan rekstur.

3.5 AFLEIDD VINNUAFLSÞÖRF VEGNA ÁLVERS

Í athugun á árinu 1990 um áhrif orkufreks iðnaðar á atvinnulíf og byggð bar Byggðastofnun saman áhrif af nýju álveri á höfuðborgarsvæðinu, í Eyjafirði og í Reyðarfirði. Með því að beita þeirri aðferð að flokka störf í útflutningsstörf og afleidd störf var niðurstaða Byggðastofnunar sú að margfeldisáhrif af hverju einu nýju starfi í álveri yrðu 2,3 ný störf á höfuðborgarsvæðinu, 1,3 á Akureyri og 1,0 í Reyðarfirði. Í þessari niðurstöðu felst það að fyrir hvert 1 starf í álveri í Reyðarfirði verður til 1 viðbótarstarf á Mið-Austurlandi og 1,3 annars staðar á landinu. Fyrir álver í Reyðarfirði mun því minna en helmingur afleiddra starfa verða til á svæðinu samkvæmt útreikningum Byggðastofnunar.

Þessi aðferð að skipta störfum í útflutningsstörf og afleidd störf stendur fræðilega á veikum grunni en hins vegar er auðvelt að beita mælingum samkvæmt henni. Margt annað kemur til álita við mat á margfeldisáhrifum en það hve störfum fjölgar mikið. Tilkoma stóriðjuvers hefur t.d. áhrif á launaþróun og verðlag á áhrifasvæði sínu. Hún getur hugsanlega leitt til fækkunar láglaunastarfa, bætt rekstrarafkomu sveitarfélaga þannig að þau geti boðið betri þjónustu og bætt afkomu þjónustufyrirtækja, sem m.a. leiðir til aukinnar fjölbreytni starfa á svæðinu.

Áhrif álversins á atvinnulíf og byggð á svæðinu má einnig mæla með aðferð sem nefnd er útflutningsgrunnsaðferðin (export-base model). Aðferðin byggist á þeirri hugsun að flokka tengsl útflutningsgreinar við aðra efnahagsstarfsemi á svæðinu. Í þessu skyni er sá vöxtur í atvinnu- og efnahagslífi sem fylgir álverinu flokkaður niður í eftirfarandi tengsl innan svæðisins (mynd 8):

Baktengsl lýsa aukinni þörf fyrir aðföng, aðkeypta þjónustu og grunngerð sem álverið skapar, þar með talin bygging álvers og virkjanir.

Framtengsl lýsa þörf fyrir starfsemi sem framleiðsla álversins skapar, svo sem frekari úrvinnslu, sölu- og markaðsstarfsemi, flutningum á framleiðsluvörum á markað o.fl.

Neyslutengsl lýsa þeirri auknu eftirspurn sem skapast vegna neyslu starfsfólks í álveri og afleiddum greinum, skattgreiðslum þeirra og fyrirtækisins, sem m.a. eru nýttar til að byggja upp opinbera þjónustu á svæðinu. Uppbygging húsnæðis fyrir starfsfólk álversins eru dæmigerð neyslutengsl.

Lárétt tengsl lýsa sambúðar- og samkeppnisáhrifum álvers á aðrar greinar á svæðinu.

Þessi tengsl munu hafa mismunandi áhrif innan svæðisins. Neyslutengsl og baktengsl verða sterkust en framtengsl nokkuð takmörkuð því ekki er á þessu stigi reiknað með frekari úrvinnslu áls á svæðinu. Erfiðara er að segja til um láréttu tengslin.

Sú stefna Norsk Hydro að kaupa að sem mest af þjónustu mun væntanlega efla ýmis viðskipti á Mið-Austurlandi. Önnur baktengsl verða helst í mannvirkjagerð, rekstri hafnar og opinberri þjónustu sem beint tengist rekstri álversins.

Neyslutengsl má mæla með því að meta hvernig starfsfólk í álverinu og afleiddum störfum ver tekjum sínum. Einna sterkust verða áhrifin á auknar tekjur sveitarfélaga, auknar fjárfestingar í íbúðarhúsnæði og að starfsfólkið mun verja launum sínum í neysluvörur og þjónustu. Umtalsverðum hluta af launum starfsfólks mun verða varið til kaupa á vörum og þjónustu utan svæðis.

Beinar launagreiðslur 480 þús. tonna álvers eru áætlaðar um 2 milljarðar króna á ári, auk launatengdra gjalda, mælt á núverandi verðlagi. Af beinum launagreiðslum má áætla að um 16% fari í skatta til ríkisins, 12% í útsvar til sveitarfélaga, 4% í lífeyrissjóðsgreiðslur og 1% iðgjöld til stéttarfélaga. Um 2/3 launanna munu því fara í neyslu og fjárfestingar, eða sparnað, starfsmanna.

Samkvæmt skiptingu útgjalda á grundvelli vísitölu neysluverðs Hagstofunnar 1998 fara um um 25% útgjalda heimila í matvörur, drykkjavörur og tóbak, 15,4% í bifreið og 12,8% í húsnæði, 7,8% í föt og skófatnað, 7,4% í húsgögn og heimilisbúnað, 11% í tómstundaiðkun og menntun, 5,9% í ferðakostnað, veitingahús og hótel og 3,4% í orkukaup.

Mynd 8

Margfeldisáhrif af útflutningsstarfsemi
Dæmi um álver



Þeir af ofangreindum liðum sem fara fyrst og fremst til ráðstöfunar á svæðinu eru útsvar, lífeyrissjóðsgreiðslur, iðgjöld til stéttarfélaga, kaup á matvörum og drykkjarvörum og útgjöld vegna húsnæðis. Varlega áætlað eru þetta því um 50-60% launagreiðslanna, eða u.þ.b. 1.000-1.200 milljónir króna.

Aðkeypt þjónusta 480 þús. tonna álvers er áætluð 3,7 milljarðar króna. Hún er af margvíslegum toga og er óvarlegt að áætla að meira en 30-35% sé launakostnaður, eða 1,1-1,3 milljarður króna. Ekki er ráðlegt að gera ráð fyrir að meira en þriðjungur til helmingur hennar verði unninn af launþegum á Mið-Austurlandi sem gæti þýtt um 400-600 milljónir króna á ári fyrir þá.

Ef útflutningsgreinar eru skilgreindar sem þær atvinnugreinar þar sem meginhluti framleiðslunnar er seldur utan svæðis teljast til þeirra um 45% ársverka á Mið-Austurlandi en 55% starfa flokkast sem afleidd störf. Ef hlutfallið sem er þarna á milli, u.þ.b. 1,2, er nýtt til að reikna áhrif álversins á atvinnulífið mætti reikna með 300-350 afleiddum störfum fyrir 120 þús. tonna álver og 850-875 störfum fyrir 480 þús. tonna álver. Ólíklegt er hins vegar að það muni gerast og eru ástæður þessar:

1. Á svæðinu er ýmis þjónusta vannýtt. Á árinu 1990 bjuggu rúmlega 800 fleiri íbúar á svæðinu en búa þar í dag. Hægt er að taka við þeirri íbúafjölgun aftur án þess að fjölga fólki í þjónustustörfum sem neinu nemur.

2. Framtengsl af starfsemi álversins verða lítil.

3. Vegna álversins munu ýmis láglaunastörf og árstíðabundin störf á svæðinu líklega leggjast af því ekki mun fást fólk til að sinna þeim.

4. Sú stefna Norsk Hydro að kaupa að eins mikla þjónustu og kostur er mun styrkja atvinnusköpun í öðrum greinum.

5. Ef skatttekjur sveitarfélaganna aukast munu greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga líklega dragast saman, að óbreyttum reglum. Auknar skatttekjur þeirra munu því ekki leiða til hlutfallslega sömu aukningar starfa hjá sveitarfélögunum.

Áætlaður fjöldi nýrra starfa í öðrum greinum miðað við þessa aðferð er eins og áður sagði 300-350 störf fyrir 120 þús. tonna álver og 850-875 störf fyrir 480 þús. tonna álver, en séu áhrifaþættir 1-5 hér á undan teknir með í reikninginn mun það lækka þessar tölur um nálægt

þriðjung, eða í u.þ.b. 550-650 afleidd störf vegna 480 þús. tonna álvers. Taka verður skýrt fram að þetta er aðeins gróf áætlun, byggð á forsendum sem ekki er víst að verði til staðar þegar þar að kemur. Leggja verður áherslu á að ríkisvaldið, sveitarfélögin á svæðinu og Norsk Hydro muni með stefnumótun sinni og aðgerðum hafa töluverð áhrif á það hver áhrifin verða af álverinu. Einnig er rétt að ítreka að margfeldisáhrifin má meta á fleiri mælikvarða en fjölgun starfa svo sem áhrif á launaþróun á svæðinu, aukin fjölbreytni starfa, bættir afkomumöguleikar þjónustufyrirtækja og hagkvæmari rekstur opinberrar þjónustu.

Rétt er að taka fram að ef haldið verður áfram og byggðir 2. og 3. áfangi álversins verða nær samfelldar byggingaframkvæmdir við virkjanir, byggingu álvers, línulögn og hafnargerð á Mið-Austurlandi í 10-15 ár sem munu hafa gríðarleg margfeldisáhrif á svæðinu. Það gæti reynst erfitt að aðgreina þau áhrif frá þeim áhrifum sem rekstur álversins hefur einn og sér.

3.6 VIÐBRÖGÐ Á VINNUMARKAÐI

Í þessum hluta kaflans er fjallað um það hvernig vinnumarkaðurinn á Mið-Austurlandi getur brugðist við þörf álversins fyrir vinnuafl og þeim þörfum fyrir vinnuafl sem skapast í öðrum greinum. Hér á eftir er lýst því vinnuafli sem er til staðar og væntanlegum nýliðum á vinnumarkaði á næstu árum. Kannað er frá hve stóru svæði ætla má að fólk sé reiðubúið að sækja vinnu í álverið. Stærð aðdráttarsvæðisins veltur bæði á samgöngum og því vinnufyrirkomulagi sem verður í boði. Hér á eftir verður einnig fjallað um möguleika á því að laða til svæðisins enn frekara vinnuafl. Má þar nefna brottflutta Austfirðinga, fólk sem myndi hugsanlega flytja austur ef atvinna byðist í álveri eða nýjum störfum og vinnusókn fólks úr öðrum landshlutum. Áætlað hefur verið hver séu líklegustu viðbrögð vinnumarkaðarsins fyrir helstu hópa með megináherslu á þarfir álversins. Þessar áætlanir eru byggðar á viðtölum við ýmsa aðila á Austfjörðum og reynslu annars staðar frá.

1. Heimamenn

Sá fjöldi heimamanna sem tiltækur er til vinnu í álverinu mun takmarkast m.a. af þeirri vegalengd sem fólk er reiðubúið að ferðast til og frá vinnu daglega. Innan 30 mínútna akstursfjarlægðar nú eru um 5.400-5.500 íbúar, aðallega í Neskaupstað, á Eskifirði, Reyðarfirði, Egilsstöðum og í Fellabæ. Um 2.800-3.000 íbúar til viðbótar búa í byggðarlögum sem liggja í 30-60 mínútna akstursfjarlægð. Ef göng verða byggð til Fáskrúðsfjarðar (sjá kafli 5.1) munu um 1.000 íbúar til viðbótar lenda innan 30 mínútna akstursfjarlægðar.

Reynslan sýnir að fólk sækir gjarnan vinnu milli staða í allt að 30 mínútna akstursfjarlægð, t.d. milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar, svo og milli Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Fólk sem sækir vinnu daglega um lengri veg þreytist á því en gerir það samt ef engin önnur tækifæri bjóðast, laun eru há, starfið áhugavert eða vinnan unnin í löngum lotum með góðum fríum inn á milli, t.d. hjá sjómönnum.

Fjöldi fólks sem nú býr í 30-60 mínútna akstursfjarlægð frá væntanlegu álveri mun líklega hafa áhuga og möguleika á að vinna þar. Í þessum hópi er m.a. fólk sem hefur stopula vinnu og/eða lág laun. Má þar nefna bændur, maka þeirra, vörubílstjóra, sjálfstætt starfandi iðnaðarmenn, smábátasjómenn, fiskvinnslufólk og starfsfólk í ferðaþjónustu.

Verkafólk, fiskvinnslufólk, sjómenn, iðnaðarmenn og vélstjórar sem nú búa á svæðinu munu af ýmsum ástæðum hafa áhuga á að starfa við álverið. Sumir iðnaðarmenn og fiskiðnaðarmenn munu vænta hærri launa og sjómenn munu vilja komast í vinnu í landi. Þetta fólk mun skilja eftir sig laus störf sem aðrir munu sækjast í, svo sem nýliðar á vinnumarkaði.

Margt af því fólki sem hér hefur verið rætt um þarf frekari grunnmenntun til þess að öðlast þá hæfni sem gerð verður krafa um áður en starfsþjálfun hefst.

Almennt má líta svo á að tækifærin til að ráða heimafólk til starfa í álverinu séu sem hér segir:

1. Innan 1 klst. vinnusóknar frá álverinu eru a.m.k. 250 bújarðir. Á flestum eru sauðfjárbú en á 40-50 er mjólkurbú. Á um helmingi búa með mjólkurframleiðslu eru rekin blönduð bú. Margir bændur og makar þeirra vinna utan bús, einkum þeir sem búa í nálægð við þéttbýli. Bændur stunda m.a. skólaakstur, akstur vörubíla, starfa í byggingavinnu og við mannvirkjagerð, sláturhúsavinnu, uppskipun, sjómennsku og fiskvinnslu. Konurnar vinna í fiskvinnu, á sjúkra- og umönnunarstofnunum, við heimilishjálp, í mötuneytum, við þrif, kennslu, á leikskólum, heimilisiðnað eða ferðamannaþjónustu. Ef varanlegri og betur launuð störf eru í boði innan hæfilegrar akstursfjarlægðar munu margir bændur og eiginkonur þeirra líklega hafa áhuga á þeim.

2. Á Mið-Austurlandi er töluvert af fólki með iðn- eða tæknimenntun, svo sem smiðir, rafvirkjar, pípulagningamenn, múrarar, iðnaðarmenn o.fl. Margir þeirra eru sjálfstætt starfandi, svo sem við viðhalds- og viðgerðarstörf, eða þeir starfrækja lítil verkstæði. Aðrir starfa hjá stærri málmiðnaðar- eða byggingafyrirtækjum. Sumir þeirra búa við ótryggar tekjur. Varanleg og vel launuð störf munu freista margra þeirra.

3. Í byggðarlögum við sjávarsíðuna á Mið-Austurlandi eru margir sjómenn sem hafa áhuga á að breyta um starf. Margir smábátasjómenn sem veiða á eigin bátum búa við margvíslegar takmarkanir svo sem vegna fiskveiðistjórnunar eða veðurs. Þeir geta aðeins stundað veiðar hluta úr árinu og hafa því áhuga á fastri vinnu þar sem þeir gætu hugsanlega stundað smábátaútgerð í aukavinnu. Margir sjómenn á togurum eða nótaveiðiskipum eru með góð laun en eru þreyttir á erfiðum vinnuaðstæðum og löngum fjarvistum frá heimilum sínum. Margir þeirra munu hafa áhuga á öruggu og vel launuðu starfi í landi.

4. Laun fiskiðnaðarfólks eru fremur lág nema þeirra sem starfa í loðnubræðslum eða eru verkstjórar. Margt af því fólki sem nú starfar í fiskiðnaði mun ábyggilega hafa áhuga á störfum tengdum álverinu.

Eins og sagt var hér að framan mun fjöldi heimamanna sem sækja um vinnu í álverinu velta að einhverju leyti á vegabótum á svæðinu þannig að álverið verði innan viðráðanlegrar akstursfjarlægðar. Nægur tími er til undirbúnings áður en álverið tekur til starfa að þjálfa heimafólk til væntanlegra starfa. Verkmenntaskólinn í Neskaupstað er vel undir það búinn að sjá um grunnmenntun og starfsþjálfun, svo og Fræðslunet Austurlands, en í sumum tilvikum er nauðsynlegt að starfsþjálfun fari fram í álverum hjá Norsk Hydro erlendis.

2. Nýliðar á vinnumarkaði

Fjöldi ungs fólks sem kemur inn á vinnumarkaðinn á Mið-Austurlandi er nálægt 140 manns á ári að meðaltali. Miðað við 4 ára undirbúningstíma þar til álverið tekur til starfa eru það 550 manns en 1.500-2.000 manns þar til 3. áfangi álversins tekur til starfa á árunum 2011-2015 .

Ungar konur yfirgefa svæðið almennt fyrr og í meira mæli en ungir karlmenn. Hvað unga fólkið áhrærir þarf að huga að tvennu. Í fyrsta lagi að vekja áhuga ungra karlmanna á störfum í álverinu og bjóða upp á sérstaka náms- og þjálfunarbraut við Verkmenntaskólann í Neskaupstað fyrir þá. Til að halda þeim virkum þar til álverið tekur til starfa mætti gefa þeim kost á störfum við byggingu álversins og einnig gefa þeim tækifæri á tímabundnum störfum í álverum Norsk Hydro erlendis. Í öðru lagi þarf að huga að því hvernig hægt er að laða ungar konur af svæðinu til starfa í álverinu. Það má gera með sérstöku verkefni sniðnu að þeirra þörfum til að þær flytjist síður burt af svæðinu og undirbúi sig til starfa í álverinu. Hafa þarf í huga að á hverju ári ná 55-60 manns á vinnumarkaði á svæðinu eftirlaunaaldri. Því er hrein viðbót við vinnumarkaðinn um 80-85 manns á ári ef ekki er tekið tillit til búferlaflutninga til og frá svæðinu. Álverið mun leiða til þess að ýmsum þjónustustörfum fjölgar á svæðinu en mörg þeirra eru áhugaverð fyrir konur.

3. Brottfluttir Austfirðingar

Fjöldi brottfluttra Austfirðinga, einkum fólk á aldrinum 18-30 ára, getur eflaust hugsað sér að flytja til baka ef áhugaverð og vel launuð störf bjóðast. Gróflega má áætla að um 350 manns á aldrinum 18-30 ára "vanti" í aldurspýramída Mið-Austurlands. Af þessari áætluðu tölu um brottflutta Austfirðinga eru u.þ.b. 60% konur og u.þ.b. 40% karlar. Margt af þessu fólki er enn ógift, sumt barnlaust í sambúð, býr í leiguíbúð og fjöldi er enn í námi. Reynslan sýnir að eftir að ung hjón hafa keypt fyrstu íbúðina og eignast fyrsta barnið minnkar áhugi þeirra á flutningum milli landshluta.

Margir brottfluttir Austfirðingar munu hafa áhuga á að flytja til baka af mismunandi ástæðum. Ungir menn frá svæðinu sem hafa menntun eða reynslu við hæfi munu hafa áhuga á að snúa til baka, einkum ef maki þeirra er líka frá Austurlandi og aðrir í fjölskyldunni eru þar búsettir. Ungar konur frá svæðinu sem giftar eru mönnum annars staðar frá og eiga e.t.v. lítil börn myndu hafa áhuga á að snúa til baka ef starf við hæfi býðst fyrir eiginmanninn og aðrir í fjölskyldunni eru enn búsettir á svæðinu. Ungt einhleypt fólk frá svæðinu gæti haft áhuga á að snúa til baka ef áhugaverð störf væru í boði. Ekki er að búast við að nema lítill hluti þeirra sem eru 30 ára og eldri snúi til baka. Flest af því fólki hefur nú þegar stofnað fjölskyldu, keypt húsnæði, er komið í fasta vinnu, á börn eða unglinga á skólaaldri og á af þeim sökum óhægt um vik að flytja milli landshluta.

4. Aðkomufólk

Aðkomufólki sem flyst til Austurlands vegna fyrirhugaðs álvers má skipta í þrjá hópa: Í fyrsta lagi, aðkomufólk sem kemur upphaflega til að vinna við framkvæmdir við álverið eða virkjanaframkvæmdir og ákveður að dveljast áfram á svæðinu. Í öðru lagi, fólk sem býr í þorpum og bæjum sem eru utan daglegrar vinnusóknar til álversins. Margt af þessu fólki býr við óöryggi í núverandi starfi, er þreytt á því eða er sjálfstætt starfandi og hefði áhuga á að flytja ef því byðist starf við hæfi. Í þriðja lagi, menntað fólk sem hefur áhuga á tæknistörfum eða stjórnunarstörfum, sérhæfðum skrifstofustörfum, störfum við innkaup eða á rannsóknarstofum. Fólk sem sækir í þessi störf getur komið víða að.

Þessu til viðbótar má búast við að einhverjir Íslendingar sem búsettir eru erlendis hafi áhuga á að snúa til fósturjarðarinnar einkum þeir sem hafa menntun og starfsreynslu sem nýtist í starfi í álveri. Þá má búast við því að nokkrir erlendir ríkisborgarar sem starfa á vegum Norsk Hydro muni koma til starfa í fyrirhuguðu álveri, a.m.k. fyrstu árin.

5. Vinnusókn um langan veg

Hugsanlegt er að manna hluta starfa í álveri með fólki sem býr utan daglegrar vinnusóknar en myndi vilja vinna í vinnulotum sem gætu tekið 7, 10 eða 14 daga í einu, 12 klst. á dag. Slíku fólki þarf að útvega gistingu og fæði á vinnustað svo og flutning á milli heimilis og vinnustaðar. Til dæmis kæmi til greina að aka starfsfólki sem starfaði með þessu fyrirkomulagi til og frá Akureyri.

Þetta fyrirkomulag er einungis notað ef ekki reynist unnt að fá nægilega margt starfsfólk sem býr í nálægð við álverið. Þetta fyrirkomulag er þekkt á olíuborpöllum, í námugreftri á heimskautasvæðum og í rekstri vatnsaflsvirkjana í óbyggðum. Margir einstaklingar hafa áhuga á svona störfum, bæði vegna þeirra kjara sem í boði eru og góðra fría sem eru á milli vinnulota. Ekki þarf að flytja fjölskylduna og maki getur haldið áfram í sínum störfum. Þetta er vinsælt fyrirkomulag, t.d. meðal sjálfstætt starfandi iðnaðarmanna sem geta nýtt sér fríin til tekjuöflunar. Þetta fyrirkomulag er hins vegar dýrt fyrir vinnuveitandann og hann notar það ekki nema hann eigi ekki annarra kosta völ. Það er vel hugsanlegt, einkum eftir 2. og 3. áfanga, að þetta fyrirkomulag verði tekið upp til að manna hluta starfa í álverinu.

6. Væntanlegt vinnuafl

Ef byggðir verða allir þrír áfangar álversins á tímabilinu sem nær til u.þ.b. 2015 er um 15 ára undirbúningstími til stefnu vegna þess vinnuafls sem ráða þarf til álversins og vegna afleiddra starfa. Tafla 7 sýnir hvað er líklega raunhæft og mögulegt í þeim efnum. Aðlögunartími til að ná þessum markmiðum er u.þ.b. 12-13 ár eftir að verkefnið hefst en 15 ár frá því verkefnið er samþykkt. Hægt er að nýta framkvæmdatímann vel, bæði til að halda í unga fólkið og laða að aðkomufólk sem kemur sumt fyrst til starfa við framkvæmdir. Framkvæmdatíminn er einnig góður aðlögunartími fyrir ýmis fyrirtæki á svæðinu sem munu sjá ný viðskiptatækifæri bjóðast.

Miðað við þær tölur sem settar eru fram í töflu 7 er gert ráð fyrir 900-1.000 störfum annarra en þeirra heimamanna sem nú þegar eru á vinnumarkaði, þ.e. nýliðar og aðkomufólk. Sé gert ráð fyrir því að atvinnuþátttaka hjóna eða sambýlisfólks sé 1,5 starf eru það u.þ.b.1.350-1.500 einstaklingar á vinnualdri. Sé meðalfjölskyldustærð reiknuð u.þ.b. 3,5 bætast við 1.000-1.100 börn og unglingar. Þetta þýðir að nái áætlanir um 480 þús. tonna álver fram að ganga á næstu 15 árum muni fólki á Mið-Austurlandi fjölga um u.þ.b. 2.500 íbúa umfram þann fólksfjölda sem yrði þá á Austurlandi að óbreyttri þróun. Ekki er hægt að tala um það sem hreina mannfjölgun því álverið mun valda því að margt ungt fólk verður um kyrrt á svæðinu í stað þess að flytja á brott.

Í ofangreindum rökstuðningi er ekki tekið tillit til neinna meiriháttar breytingar í þjóðfélaginu. Margir þættir munu hafa áhrif sem ekki er mögulegt að reikna. Nefna má sem dæmi að aldursskipting Austfirðinga og þjóðarinnar allrar mun breytast á næstu árum með fjölgun þeirra sem eru 60 ára og eldri. Þá mun fæðingartíðni líklega lækka og fjölskyldustærð minnka. Við það fækkar íbúum á hverja íbúð og húsnæðisþörf mun því aukast hlutfallslega meira en nemur mannfjölgun.

Við mat á margfeldisáhrifum álversins á önnur störf er heldur ekki hægt að leggja mat á áhrif þjóðfélagsbreytinga næstu 15 árin. Nefna má sem dæmi að menntunarstig þjóðarinnar fer hækkandi, þátttaka kvenna í atvinnulífinu breytist hratt, orkunotkun á mann eykst stöðugt, sorpmagn eykst sífellt, neysluvenjur fólks breytast með aukinni hagsæld, bifreiðaeign og bifreiðanotkun er að aukast, upplýsingatækninni fleygir fram, gildismat í þjóðfélaginu breytist hratt, fólk verður sífellt kröfuharðara sem neytendur og tækninni fleygir fram. Eftir 15 ár er ekki víst að í 480 þús. tonna álveri þurfi 720 ársverk.

Tafla 7

Væntanlegt vinnuafl, fyrsti áfangi 2003-2004, 120 þús. tonna álver

Tegund vinnuafls:	*Álver*	*Afleidd störf*	*Alls*
Heimafólk	100-120	75-100	175-220
Nýliðar	50-60	75-100	125-160
Brottfluttir Austfirðingar	50-60	25	75-85
Aðkomufólk	50-60	25	75-85
Heildarvinnuaflsþörf	270	200-250	450-550

Væntanlegt vinnuafl, fyrsti og annar áfangi ca. 2003-2012, 360 þús. tonna álver

Tegund vinnuafls:	*Álver*	*Afleidd störf*	*Alls*
Heimafólk	200	125-150	325-350
Nýliðar	125-150	125-150	250-300
Brottfluttir Austfirðingar	50-60	75-100	125-160
Aðkomufólk	150	75-100	225-250
Vinnusókn um langan veg	0-50	-	0-50
Heildarvinnuaflsþörf	568	400-500	950-1.050

Væntanlegt vinnuafl, fyrsti, annar og þriðji áfangi ca. 2003-2015, 480 þús. tonna álver

Tegund vinnuafls:	*Álver*	*Afleidd störf*	*Alls*
Heimafólk	200-250	125-150	325-400
Nýliðar	200-250	200	400-450
Brottfluttir Austfirðingar	70	75-100	145-170
Aðkomufólk	200	100-150	300-350
Vinnusókn um langan veg	0-50	0-50-	0-100
Heildarvinnuaflsþörf	720	550-650	1.250-1.350

4. *MAT Á SAMFÉLAGSLEGUM ÁHRIFUM*

4.1 INNGANGUR

Í þessum kafla er fjallað um mat á samfélagslegum áhrifum af álveri á Reyðarfirði, bæði á byggingartíma og eftir að rekstur hefst. Matið byggist á lýsingu verkefnis (1. kafli), almennri lýsingu á aðstæðum á svæðinu (2. kafli) og umfjöllun um vinnumarkað (3. kafli). Viðfangsefnið er nálgast á þann hátt að metið er hver bein, óbein og afleidd áhrif verkefnisins eru á einstaka þætti í samfélagsgerð svæðisins, miðað við getu svæðisins til að bregðast við nýjum þörfum. Fjallað er um það hvernig einstakir þættir verkefnisins, þar með taldar aðferðir og stefna þeirra sem standa að verkefninu, svo og aðgerðir hins opinbera, atvinnulífs og annarra sem hagsmuna eiga að gæta, geti stuðlað að því að hámarka ávinning þessa mikla verkefnis fyrir Mið-Austurland.

Rétt er að taka fram að ýmsir þættir munu stuðla að því að lágmarka hugsanleg neikvæð áhrif verkefnisins. Þessir þættir eru m.a.:

Dreifing áhrifa. Eins og fram kom í umfjöllun í 3. kafla mun fyrirhugað álver ekki krefjast eða leiða til þess að til verði einhæfur iðnaðarbær. Þvert á móti mun atvinnusköpun og áhrif á viðskiptalíf dreifast um Mið-Austurland. Starfsfólk mun búa í nokkrum byggðarlögum á svæðinu en þó helst þeim sem næst liggja. Búseta fólks sem ræðst í önnur störf mun líklega verða enn dreifðari. Aðfluttir munu hafa nokkurt val um búsetu, byggt á þáttum eins og atvinnutækifærum fyrir maka, húsnæðiskostnaði o.fl. Áhrifin á einstök byggðarlög verða töluverð en vel viðráðanleg.

Fólksfækkun. Nær öll byggðarlögin á fjörðunum og sveitirnar, hafa mátt þola fólksfækkun sl. 10-15 ár. Það hefur leitt til lakari nýtingar húsrýmis, þjónustu og grunngerðar í byggðarlögunum. Því geta þessi byggðarlög tekið við nokkurri fjölgun fólks án vandkvæða, en í nokkrum þeirra þarf þó að byggja íbúðarhúsnæði.

Traust atvinnulíf. Atvinnulíf á Mið-Austurlandi stendur traustum fótum. Ekki virðast neinar líkur á því að atvinnulífið bíði skaða af tilkomu álversins og tengdrar starfsemi á svæðið.

Samráð við heimamenn. Viðtöl við forystumenn sveitarfélaga, yfirmenn ríkisstofnana, atvinnurekendur, stéttarfélög og aðra sem málið varðar hafa gefið til kynna litlar áhyggjur vegna fyrirhugaðs álvers. Þvert á móti hafa þeir mikinn áhuga á þessu verkefni og vilja samstarf um að hámarka jákvæð áhrif þess.

Tímasetning. Tímaáætlun verkefnisins er nógu rúm fyrir sveitarfélögin, atvinnulífið, stéttarfélögin og þá sem standa að verkefninu til að undirbúa aðgerðir, svo sem starfsþjálfun og uppbyggingu grunngerðar, áður en rekstur fyrirhugaðs álvers hefst.

Líklegur ávinningur svæðisins af álveri í Reyðarfirði er eftirfarandi:

Hagvöxtur og aukin fjölbreytni atvinnulífs. Eins og fram kom í 3. kafla mun fyrirhugað álver með beinum, óbeinum og afleiddum hætti leiða til atvinnusköpunar, hærri atvinnutekna og aukinna viðskipta. Þetta yrði ný atvinnugrein á svæðinu sem hefði áhrif á margar aðrar greinar sem myndu selja vörur og þjónustu til álversins og starfsfólks þess. Verkefnið mun hafa áhrif á ferðamannaþjónustu og landbúnað. Í fyrra tilvikinu mun bæði aukinn íbúafjöldi og bættur hagur fólks auka eftirspurn eftir margvíslegri útivist og afþreyingu sem aðilar í ferðaþjónustu njóta góðs af. Atvinna tengd álverinu mun einnig auka möguleika fólks sem starfar í ferðaþjónustu og landbúnaði á aukatekjum en atvinna í þessum tveimur greinum gefur almennt lágar tekjur og er árstíðabundin.

Viðnám gegn brottflutningi fólks. Fólksfækkun á síðustu árum hefur aðallega átt rætur sínar í því að ungt menntað fólk leitar burt í leit að atvinnu við hæfi. Bein, óbein og afleidd áhrif fyrirhugaðs álvers munu verða þau að hjálpa ungu menntuðu fólki á Mið-Austurlandi til að fá störf við hæfi og þar með stuðla að meira jafnvægi í aldursskiptingu íbúanna og draga úr brottflutningi.

Bætt grunngerð og þjónusta. Fyrirhugað álver og tengd starfsemi mun leiða til samgöngubóta, bættrar grunngerðar og þjónustu, til heilla fyrir íbúa svæðisins.

Öflugra menningar- og félagslíf. Bætt afkoma fólks og íbúafjölgun mun leiða til öflugra menningar- og félagslífs á svæðinu og styrkja starfsemi félaga og hópa sem starfa á þessu sviði.

4.2 EFNAHAGS- OG ATVINNULÍF

Eins og fjallað var um í 3. kafla mun álver skapa beint um 270 störf í fyrsta áfanga (að meðtöldum afleysingum) þegar það er komið í fullan rekstur, auk líklega 200-250 afleiddra starfa. Áhrif álversins á atvinnulíf og byggð á Mið-Austurlandi munu verða mjög mikil, einkum eftir að síðari áfangarnir verða byggðir.

Aukning um 1.250-1.350 störf á Mið-Austurlandi á u.þ.b. 15 árum getur hugsanlega leitt til almennra launa- og verðhækkana. Skortur á vinnuafli getur haft neikvæð áhrif á greinar svo sem landbúnað, ferðaþjónustu og ýmsar þjónustugreinar, aukin eftirspurn getur leitt til hækkunar á

verði á húsnæði o.fl., en almennar verðhækkanir geta komið illa við þá sem búa við lágar tekjur.

Hins vegar bendir ýmislegt til þess að slík vandamál verði takmörkuð eða komi ekki upp nema í litlum mæli. Tímaáætlun verkefnisins er svo rúm að nægur tími er til að skipuleggja og undirbúa alla þætti þess. Þarfir fyrir aukið vinnuafl og húsnæði, eða samgöngubætur, eru nú þegar fyrirséðar og því má tímanlega gera áætlanir um það hvernig skuli bregðast við þeim. Framkvæmdastjórar sveitarfélaga, forystumenn stéttarfélaga og aðrir viðmælendur létu í ljós þá skoðun að vinnumarkaður og húsnæðismarkaður svo og stjórnsýsla hins opinbera myndi ráða vel við að mæta nýjum þörfum vegna álversins. Þrátt fyrir traust atvinnulíf hefur fólki fækkað og þar með er töluverð umframgeta í þjónustu og grunngerð á svæðinu.

Sjávarútvegur

Eins og fjallað var um í 2. kafla stendur sjávarútvegur á svæðinu traustum fótum m.a. vegna nálægðar við gjöful fiskimið og öflugra fyrirtækja. Hins vegar fela störf í fiskveiðum í sér fjarvistir að heiman og störf í fiskvinnslu eru ótrygg og tekjur óvissar. Þess vegna munu ýmsir sem starfa í sjávarútvegi vilja komast í störf í fyrirhuguðu álveri eða önnur ný störf sem af því munu leiða. Nú þegar er skortur á vinnuafli í fiskvinnslu og honum er mætt með erlendu vinnuafli og öðru aðkomufólki.

Landbúnaður

Í 2. kafla kom fram að samdráttur hefur verið í landbúnaði. Störf í álveri, eða afleidd störf, munu gefa fólki sem hefur starfað í landbúnaði tækifæri til að skipta um starfsvettvang eða ná sér í viðbótartekjur. Þetta mun hjálpa þeim bændum sem eru illa settir að bregða búi og öðrum að takast á við búháttabreytingar vegna aukinna tekna.

Iðnaður og byggingarstarfsemi

Mörg lítil fyrirtæki eru í iðnaði og byggingarstarfsemi auk sjálfstætt starfandi iðnaðarmanna sem munu njóta góðs bæði af framkvæmdum við fyrirhugað álver og rekstri þess. Þau munu selja vörur og þjónustu til álversins, auk þess að sinna eftirspurn starfsmanna þess svo sem við húsbyggingar.

Ferðaþjónusta

Aðilar í ferðaþjónustu munu njóta aukinna tekna á svæðinu vegna tilkomu álversins og bættra samgangna. Hins vegar má einnig gera ráð fyrir því að skortur geti orðið á hótelrými og verðhækkanir á svæðinu geti valdið ferðamannaþjónustunni erfiðleikum. Hættan er sú að framboð á hótelrými á svæðinu verði mjög takmarkað, einkum meðan á framkvæmdatímanum stendur. Þá munu margir vera á ferðinni, svo sem verktakar, sérfræðingar og eftirlitsmenn, sem munu óska eftir hótelrými í nálægð við álverið. Það getur bæði leitt til skorts á herbergjum og hækkunar á verði sem aftur fælir ferðamenn frá svæðinu. Þessi áhrif eru þó aðeins til skamms tíma og úr þeim dregur þegar ný hótel hefja starfsemi.

Áður hefur verið nefnt að eftirspurn eftir vinnuafli tengt bæði framkvæmdum og rekstri álversins getur leitt til þess að fólk sem hefur haft lág laun og/eða árstíðabundna vinnu muni njóta betri stöðu á vinnumarkaði. Þetta getur haft áhrif á ferðaþjónustu sem hefur lengi byggst á árstíðabundnu vinnuafli, fólki í hlutastörfum og láglaunafólki. Búast má við að þessi áhrif muni vara í skamman tíma.

Ekki er líklegt að tilkoma álversins sjálfs fæli ferðamenn frá svæðinu, einkum ef vandað er til hönnunar og frágangs á lóðinni í kringum álverið. Jafnvel má fremur búast við auknum ferðamannastraumi, bæði meðan á framkvæmdum stendur og eftir að rekstur hefst, sérstaklega ef útbúinn er útsýnisstaður þar sem horfa má yfir svæðið og boðið er upp á leiðsögn fyrir þá sem vilja heimsækja álverið. Sem dæmi má nefna að mörg hliðstæð verkefni hafa skapað aukinn ferðamannastraum. Dæmi um þetta voru framkvæmdir við Ólympíuþorpið í Lillehammer, framkvæmdir við 17 km langa brú sem tengir Prince Edward Island við New Brunswick og bygging olíuborpalla á Nýfundnalandi.

Þjónustugreinar

Eins og fjallað var um í 3. kafla má búast við vexti í þjónustugreinum vegna fjölgunar íbúa, aukinnar atvinnu og tekna. Þá mun sú stefna Norsk Hydro að kaupa þjónustu að í stað þess að leysa hana með eigin starfsfólki efla þjónustugreinar á svæðinu. Vöxtur þjónustugreina mun vafalaust efla Egilsstaði sem þjónustumiðstöð Mið-Austurlands og Reyðarfjörð vegna nálægðar við álverið. Búast má við að makar þeirra sem flytjast vegna starfa í fyrirhuguðu álveri muni bæta úr skorti á sérmenntuðu fólki svo sem í heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, skólum og fleiri þjónustugreinum.

4.3 ÍBÚAÞRÓUN

Væntanleg áhrif fyrirhugaðs álvers á íbúaþróun á svæðinu verða líklega sem hér segir:

Núverandi íbúar flytja síður á brott. Margt ungt fólk, einkum menntað fólk á aldrinum 20-30 ára, flytur burt af svæðinu. Þessi tilhneiging er áberandi meðal kvenna. Álverið mun draga að töluverðu leyti úr brottfluttningi ungs fólks, einkum ef það með beinum eða óbeinum hætti skapar fjölbreytt störf fyrir ungar konur. Margt fólk 50 ára og eldra flytur burt af svæðinu vegna þess að störf við hæfi, þ.e. störf fyrir ófaglært fólk sem ekki krefjast líkamlegrar áreynslu, eru fá. Meiri líkur eru á að fólk á þessum aldri geti fengið létt þjónustustörf í Reykjavík og í mörgum tilvikum er fólk á þessum aldri að flytja á eftir uppkomnum börnum og barnabörnum sem þar hafa sest að. Fyrirhugað álver mun vegna afleiddrar eftirspurnar auka fjölbreytni starfa sem henta ófaglærðu fólki eldra en 50 ára. Ef börn þeirra og tengdabörn fá störf við hæfi eru líkur á að allar þrjár kynslóðirnar muni búa áfram á svæðinu.

Kynhlutfall. Eins og fjallað var um í kafla 2.3 er fjöldi karla á vinnualdri (15-69 ára) 12% hærri en fjöldi kvenna. Af þeim sökum má ætla að ýmsir karlmenn yfirgefi svæðið vegna þess að þeir finna ekki maka á svæðinu eða að erfitt reynist að fá tilvonandi maka til að flytja til svæðisins. Eins og fram kom í 3. kafla er eitt mikilvægasta viðfangsefnið tengt fyrirhuguðu álveri að skapa störf sem laða að konur og það mun hafa þau áhrif að meira jafnvægi kemst í hlutfallið á milli kynja á svæðinu.

Aðflutningur. Fjallað var um áhrif fyrirhugaðs álvers á aðflutning fólks í kafla 3. Til viðbótar má benda á að fólk er helst tilbúið að flytja á þrítugsaldri en úr því dregur eftir því sem fólk eldist. Búast má við að þeir sem flytja til svæðisins í atvinnuleit séu flestir á aldrinum 20-40 ára.

Aldursdreifing. Búast má við að breyting verði í aldursdreifingu fólks á svæðinu vegna áðurnefndra breytinga í íbúaþróun. Auk þess mun fyrirhugað álver leiða til þess að í byrjun verður mikil fjölgun barna yngri en 10 ára og dálítil fjölgun 10-14 ára barna. Þá mun einnig verða mikil fjölgun 20-39 ára fólks.

4.4 SVEITARFÉLÖG

Áhrifin á sveitarfélögin verða þau að tekjur munu aukast vegna útsvars, fasteignagjalda og þjónustugjalda. Væntanlega mun í staðinn draga úr framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Framlög úr sjóðnum nema um þessar mundir u.þ.b. 10-20% af skatttekjum í þorpum og bæjum en allt að 60% í sveitahreppum.

Gerðar verða auknar kröfur til sveitarfélaganna um grunngerð og þjónustu svo og til starfsfólks sveitarfélaga. Sveitarfélögin þurfa að skipuleggja ný byggingarsvæði og hafa frumkvæði að byggingu íbúðarhúsa, annaðhvort í samstarfi sín á milli og/eða í samstafi við byggingarverktaka. Þau þurfa að gera nýtt aðalskipulag og ná samningum við Norsk Hydro um grunngerð og þjónustu á lóð álversins (höfn, vatn, fráveita og brunavarnir).

Sveitarfélögin láta atvinnuþróun mikið til sín taka. Þau starfa saman í Atvinnuþróunarfélagi Austurlands sem getur verið heppilegur vettvangur til þess að aðstoða einkaaðila við að stofna til atvinnurekstrar vegna viðskiptatækifæra sem álverið skapar.

4.5 HÚSNÆÐI

Eins og fjallað var um í 3. kafla mun fyrirhugað álver leiða til mikils aðflutnings fólks til svæðisins. Í þeim hópi eru meðal annars erlendir starfsmenn Norsk Hydro, brottfluttir Austfirðingar sem snúa heim, aðkomufólk sem kemur vegna starfa í álverinu og fólk sem flytur til svæðisins vegna tækifæra sem skapast í öðrum störfum og viðskiptum. Aukin atvinna og tekjur munu einnig leiða til aukinnar eftirspurnar eftir húsnæði meðal núverandi íbúa svæðisins, þar með taldir flutningar fólks í betra húsnæði og fjölgun fjölskyldna. Eins og rætt var um hér á undan er búist við því að áhrifanna muni gæta mjög víða innan vinnusóknarsvæðis fyrirhugaðs álvers.

Ef áform um byggingu allra þriggja áfanga álversins ná fram að ganga verður þörf fyrir allt að 700 nýjar íbúðir á árunum 2003-2015. Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði mælist ekki síður í breyttum kröfum um stærð íbúða. Gera má ráð fyrir að með minnkandi fjölskyldustærð minnki meðalstærð íbúða og að aukin þörf verði fyrir fjölbýli og jafnvel fleiri íbúðir. Búast má við að

mest eftirspurn verði eftir eignaríbúðum þó fjöldi manna muni einnig óska eftir leiguíbúðum. Það mun einkum gilda um aðkomufólk sem er í vafa um það hvort það vill setjast að á svæðinu og vill þá leigja í fyrstu.

Í viðtölum við forystumenn sveitarfélaga á svæðinu kom fram að viðhorf gagnvart fyrirhuguðu álveri eru almennt jákvæð og sýndu þeir áhuga og vilja til þess að bregðast við nýjum þörfum sem af því myndu leiða. Meðal annars var rætt við þá um möguleika á sérstöku húsnæðisátaki á vegum sveitarfélaganna (sjá nánar 5. kafla).

4.6 EINKAREKIN ÞJÓNUSTA

Eins og rætt var í 3. kafla má búast við að með tilkomu álvers muni aukast starfsmöguleikar fyrir sérfræðinga á svæðinu og fólk með menntun á sviði heilbrigðismála, félagsmála og menntamála. Einnig munu aukast möguleikar fyrir margvísleg störf á sviði persónulegrar þjónustu.

Menntun

Aukin þörf verður fyrir menntun á svæðinu í kjölfar íbúafjölgunar. Eftir að ákvörðun um að reisa álver hefur verið tekin þarf að hefja undirbúning að framboði á námi á svæðinu sem nýtist íbúunum til undirbúnings nýrra starfa sem eru tengd álverinu.

Heilbrigðisþjónusta

Þörf verður fyrir bætta heilbrigðisþjónustu bæði vegna krafna frá álverinu sjálfu og fólksfjölgunar. Hvað álverið snertir er áætlað að þar verði boðið upp á aðstöðu til fyrstu aðhlynningar og læknisskoðunar, e.t.v. í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld á svæðinu. Ef slys verða meðan á framkvæmdum stendur eða eftir að rekstur álvers hefst er Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað undirbúið að veita slösuðum bráðaþjónustu.

Félagsþjónusta

Þótt fyrirhugað álver muni leiða til aukinnar þarfar fyrir félagsþjónustu vegna fjölgunar íbúa mun aukning í tekjum og atvinnu draga úr þörfinnni. Líklegt er að heildaráhrifin verði lítils háttar aukning. Engin merkjanleg áhrif eru væntanleg á eftirspurn eftir þjónustu fyrir aldraða og fatlaða.

Öryggismál

Auk beinna krafna frá álverinu fyrir öryggisþjónustu á staðnum (öryggisvarsla, brunavarnir, sjúkraflutningar o.fl.), má gera ráð fyir auknum kröfum um öryggisþjónustu vegna íbúafjölgunar og aukinna umsvifa atvinnulífsins. Kröfum álversins sjálfs verður að öllum líkindum mætt með eigin tækjakaupum, t.d. til brunavarna, aðkeyptri þjónustu, t.d. öryggisþjónustu og samstarfi við sveitarfélögin, t.d. um brunavarnir.

Aukin þörf fyrir öryggis- og neyðarþjónustu mun líklega koma í kjölfar íbúafjölgunar og meiri umsvifa í atvinnulífi, m.a. vegna aukinnar umferðar o.fl. Aukin tekjuskipting gæti einnig leitt til aukinna félagslegra vandamála. Hins vegar verða heildaráhrifin líklega fremur lítil og auðvelt að leysa þau vandamál sem upp kunna að koma.

Afþreying

Kröfum um afþreyingu fyrir starfsfólk við byggingarframkvæmdir verður mætt bæði með aðstöðu á byggingarstað og samstarfi við sveitarfélagið. Einnig verður aukning í eftirspurn eftir margvíslegri afþreyingu og aðstöðu til slíks í kjölfar íbúafjölgunar og bættrar afkomu fólks. Þetta verður ekki erfitt að leysa því bætt afkoma eykur tekjur sveitarfélaga og möguleika fólks á að greiða þátttöku- og þjónustugjöld.

4.7 OPINBER ÞJÓNUSTA, ÞJÓNUSTA VIÐ ATVINNULÍFIÐ OG GRUNNGERÐ

Vatn og fráveita

Hjá flestum vatns- og fráveitum á svæðinu er vannýtt afkastageta þótt sums staðar þurfi að taka til hendinni í endurbótum og uppbyggingu, m.a. vegna aukinna krafna.

Sorpeyðing

Sorpsamlag Mið-Austurlands (sjá kafla 2.7) getur vel sinnt þeirri aukningu sem fyrirsjáanleg er í sorpi til urðunar og endurnýtingar, bæði vegna fjölgunar íbúa og frá álverinu sjálfu. Núverandi urðunarstaður við sunnanverðan Reyðarfjöð mun endast næstu 15-20 árin. Auk þess verður ekki vandkvæðum bundið á næstu árum að leigja land undir nýjan urðunarstað.

Raforka

Núverandi raforkufkerfi fullnægir þörfum svæðisins þótt nauðsynlegt kunni að vera að bæta þjónustu við einstök byggðarlög, allt eftir því hvernig íbúaaukning í kjölfar álvers mun dreifast á milli þeirra.

Samgöngur

Hafnir: Þörf verður fyrir nýja höfn við álverið sem Fjarðabyggð getur byggt og rekið. Núverandi hafnarmannvirki á Mið-Austurlandi eru í megindráttum fullnægjandi fyrir núverandi og fyrirsjáanlega þörf, þar með talda flutninga vegna byggingar væntanlegs álvers. Nýleg vöruflutningahöfn er á Reyðarfirði sem mætt getur allri þörf álversins á byggingartímanum. Viðlegukantur er 80 m langur og með 6.000 fermetra malbikuðu gámasvæði. Tekjur hafnarinnar munu aukast ef af verkefninu verður.

Flugvöllur: Núverandi flugvöllur á Egilsstöðum getur auðveldlega tekið við aukinni flugumferð sem yrði vegna byggingar virkjunar og álvers. Búast má við auknu innanlands- og utanlandsflugi um völlinn.

Vegir: Í upphafi er þörf á að byggja upp veginn frá Reyðarfirði að verksmiðjulóðinni til að hægt sé að flytja að byggingarefni, tæki og vörur áður en höfnin við álverið er tilbúin. Einnig er

mikilvægt að byggja hjáleið við sjóinn svo þungaumferð þurfi ekki að fara í gegnum byggðina á Reyðarfirði. Engar frekari vegaframkvæmdir eru nauðsynlegar á byggingartíma álversins, þótt auknir flutningar á vörum og fólki, bæði milli Reyðarfjarðar og álversins og Reyðarfjarðar og Egilsstaða, geti leitt til tafa fyrir vegfarendur.

Töluverð aukning verður á umferð tengdri vinnusókn í álverið. Eins og áður hefur verið lýst er ekki ljóst hve mikil vinnusókn verður frá einstökum byggðarlögum en meginumferðin verður frá Neskaupstað og Eskifirði annars vegar og Reyðarfirði og Egilsstöðum hins vegar. Umferðarþungi mun m.a. fara eftir vaktafyrirkomulagi og að hve miklu leyti starfsfólki verður ekið til og frá vinnu í fólksflutningabifreiðum en ólíklegt er að umferðin aukist svo mikið að það valdi verulegum töfum. Hins vegar kann tilkoma álversins að leiða til þess að flýtt verði vegabótum frá álverinu um Hólmaháls til Eskifjarðar og áfram til Neskaupstaðar.

Eins og áður hefur verið rætt myndu jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar gera íbúum á suðurfjörðum kleift að stunda vinnu í álverinu. Um þetta er frekar fjallað í kafla 5.1.

Fjarskipti

Í öllum tilvikum er talið að fjarskiptaþjónusta og fjarskiptakerfi á svæðinu séu í nægjanlega góðu horfi fyrir núverandi og væntanlegar þarfir. Meðal annars liggur ljósleiðari til svæðisins, bæði um Suðurland og Norðurland. Ekki er enn hægt að nota GSM-síma á fjallvegum og fáförnum leiðum en slíkt verður ekki vandamál í framtíðinni.

Atvinnuhúsnæði

Nægilegt framboð er af atvinnuhúsnæði á svæðinu vegna núverandi eftirspurnar og til að mæta aukinni þörf sem skapast í tengslum við álverið. Hins vegar kann að verða þörf fyrir viðbótaratvinnuhúsnæði, bæði í Reyðarfirði, tengt þjónustu við álverið, og á Egilsstöðum, vegna aukins hlutverks bæjarins sem þjónustumiðstöðvar á Austurlandi. Búast má við aukinni þörf fyrir hótelrými í báðum byggðarlögum.

4.8 LANDNÝTING

Eins og áður var rætt hefur verið samdráttur í landbúnaði á svæðinu í mörg ár. Hins vegar mun töluverður hluti þeirra sem starfa í landbúnaði sækjast eftir aukastörfum í álverinu eða störfum því tengdu og það gæti betur tryggt áframhaldandi búsetu í sveitum. Það mun einkum geta orðið ef vaktafyrirkomulag byggist á löngum vinnulotum með góðum hléum á milli. Land er

verðmætt til útivistar, svo sem fyrir veiðar, skíðaiðkun og gönguferðir, þar á meðal ferðamannaþjónustu. Fólksfjölgun á svæðinu mun líklega leiða til aukinnar notkunar á landi til útivistar. Með góðri stýringu á landnotkun eru engin sérstök vandamál fyrirséð í þessum efnum.

4.9 MANNLÍF OG LÍFSHÆTTIR

Mannlíf á Austurlandi hefur mótast mjög í tímans rás af landbúnaði og sjávarútvegi. Samfélagið þar hefur einnig lagað sig vel að erlendum áhrifum og miklum sveiflum í atvinnulífinu. Nefna má fjölda erlendra hermanna í síðari heimsstyrjöldinni í Reyðarfirði og mikil áhrif franskra sjómanna á Fáskrúðsfirði fyrr á öldinni. Þá má benda á mikinn vöxt á Austfjörðum vegna síldveiða á síðari hluta 7. áratugarins. Þessi reynsla, svo og viðhorf margra á svæðinu, benda til þess að það verði auðvelt að taka við aðkomufólki og innflytjendum vegna álvers. Sumir aðfluttra verða Austfirðingar sem snúa heim auk þess sem aðflutningar munu dreifast á mörg byggðarlög á svæðinu. Auknir aðflutningar ásamt auknum tekjum munu stuðla að fjölbreyttara mannlífi og efla hvers kyns félags- og menningarstarfsemi.

5. *NAUÐSYNLEGAR AÐGERÐIR*

Í þessum kafla er lýst þeim aðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til ef verkefninu verður hrundið af stað. Viðfangsefnið er nálgast á þann hátt að kannað er hvað sveitarfélög, ríki og Norsk Hydro þurfa að gera á svæðinu. Einnig er fjallað um áætlaðan kostnað vegna slíkra aðgerða.

5.1 RÍKISVALDIÐ

Framhaldsmenntun

Bæði álverið og ný störf sem því tengjast munu krefjast meiri þekkingar fólks en flest störf á svæðinu um þessar mundir. Mælt er með að Menntamálaráðuneytið í samstarfi við Norsk Hydro aðstoði Verkmenntaskólann í Neskaupstað, Menntaskólann á Egilsstöðum og Fræðslunet Austurlands við að mæta þeirri nýju þörf sem skapast á svæðinu. Til að mæta þessari þörf fyrir menntun og starfsþjálfun þarf að vinna að gerð nákvæmrar námsskrár, byggja upp aðstöðu og afla tilskilins fjár.

Heilbrigðisþjónusta

Norsk Hydro mun krefjast fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu fyrir starfsfólk sitt og að sjúkrahús á svæðinu geti veitt bráðaþjónustu vegna hugsanlegra slysa. Þess er að vænta að stofnun Heilbrigðisstofnunar Austurlands muni á næstu árum leiða til aukinnar skilvirkni í rekstri og bættrar þjónustu. Lagt er til að Norsk Hydro semji við Heilbrigðisstofnun Austurlands um þá heilbrigðisþjónustu sem þörf er á í álverinu sjálfu í stað þess að ráða eigið starfsfólk.

Vegakerfið

Eins og fjallað var um í 4. kafla mun álver leiða til aukinnar umferðar á svæðinu. Hluti af umferðinni mun verða vegna flutninga á efni, tækjum og fólki tengdu álverinu. Því verður nauðsynlegt að laga vegi í nálægð við álverið og byggja nýja. Hugsanlega verða byggð jarðgöng á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og það mun stækka vinnusóknarsvæðið til suðurs og þar með dreifa atvinnuáhrifum af verkefninu um svæðið. Þá mun umferð aukast

vegna fjölgunar íbúa og eflingar atvinnulífs á svæðinu. Það mun þrýsta á enn frekari vegabætur á vissum stöðum.

Vegurinn milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar er ekki gerður fyrir mikla þungaumferð. Á Hólmahálsi er veghalli 10-12% og breyta þarf legu vegarins þannig að hann lækki í u.þ.b. 8%. Endurbygging alls vegarins milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar mun kosta um 275 m.kr., auk þess sem hjáleið um byggðina á Reyðarfirði mun kosta allt að 100 m.kr. Vegurinn sem liggur frá Reyðarfirði að lóð fyrirhugaðs álvers er 6 km langur. Nauðsynlegt mun reynast að byggja upp þennan veg áður en framkvæmdir við væntanlegt álver hefjast. Þörf er á að endurbæta aðra kafla vegarins á milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar á næstu árum hvort sem af byggingu álvers verður eða ekki.

Vegna þess að viðkomuhöfnum flutningaskipa hefur fækkað er vörum nú ekið með flutningabifreiðum á milli staða í mun meira mæli en áður var. Öllum þungum hlutum, þar á meðal byggingarefni og vélum, mun væntanlega verða skipað upp á Reyðarfirði og ekið þaðan á byggingarstað.

Þau 5,3 km löngu jarðgöng sem könnuð hafa verið milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar munu stytta vegalengdina frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar um 31 km og til Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur um 34 km. Þau munu einnig kalla á endurbætur á þjóðveginum um Suðurfirði.

Jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og 5 km langar vegtengingar munu kosta u.þ.b. 2.320 m. kr. samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar. Vegagerð ríkisins áætlar að á móti megi spara um 900 milljónir króna ef vegurinn um Breiðdalsheiði verður ekki endurbyggður (640 m.kr.) og kaflar á núverandi vegi milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar ekki endurbættir frekar, þ.e. 4 km um Vattarnesskriður (85 m.kr.) og 5,5 km um Handarhald (175 m.kr.). Jarðgöngin munu því krefjast um 1.420 m kr. viðbótarfjármagns. Í þessum forsendum er aðeins miðað við lágmarksaðgerðir í Vattarnesskriðum. Ef tryggja á öryggi vegfarenda þar vegna hættu á grjóthruni, snjóflóðum og aurhlaupum gæti þurft að ráðast í aðgerðir sem kosta hundruðir milljóna króna.

Jarðgöngin eru ekki nauðsynleg vegna rekstrar álversins en myndu hafa mjög jákvæð áhrif og stækka vinnusóknarsvæðið auk þess sem byggðarlögin á Suðurfjörðum myndu njóta góðs af. Þá munu þau auka öryggi vegfarenda.

Fram hefur farið könnun hjá Vegagerð ríkisins á nýjum jarðgöngum milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar. Núverandi göng um Oddsskarð eru 600 m löng og í 630 metra hæð yfir sjávarmáli. Göng í 350 metra hæð yfir sjávarmáli yrðu 4,2 km löng og myndu kosta allt að 2 milljörðum

króna. Þessi göngu myndu auka öryggi vegfarenda, spara tíma og kostnað vegna snjómoksturs. Þessi göng eru ekki nauðsynleg vegna starfrækslu álversins en munu hafa jákvæð áhrif þar sem hluti starfsmanna mun væntanlega koma frá Neskaupstað.

Hvorug þessara jarðganga eru á 12 ára vegaáætlun og því þarf að fjármagna þau sérstaklega.

Aukin umferð á svæðinu í kjölfar álvers mun leiða til krafna um almennar vegabætur til að auka öryggi vegfarenda. Má þar nefna vegrið, lýsingu einstakra vegkafla, lækkun á veghalla og fækkun krappra beygja með breytingu á vegarstæði o.fl.

5.2 SVEITARFÉLÖGIN

Mikilvægasta og mest aðkallandi krafa til sveitarfélaganna er að þau geri vandaða áætlun um aðgerðir sem fyrst eftir að fyrir liggur ákvörðun um byggingu álvers. Eins og fram kom í 4. kafla mun verkefnið sjálft kalla á beinar aðgerðir sveitarfélaganna auk þess sem íbúafjölgun og aukin umsvif í atvinnulífinu munu kalla á aðgerðir. Nauðsynlegt er að sveitarfélögin hafi fullan skilning á viðfangsefninu og líklegum áhrifum þess og starfi saman með öðrum opinberum aðilum og Norsk Hydro að uppbyggingu aðstöðu og þjónustu og fylgist vel með nýrri eftirspurn jafnóðum og hún kemur fram. Fjallað er um sumt af því sem þarf að gera hér á eftir. Sveitarfélögin munu verða fyrir fjárútlátum sem þau geta að mestu mætt með auknum skatttekjum og þjónustugjöldum.

Höfn

Sveitarfélögin bera ábyrgð á byggingu og rekstri hafna hér á landi. Ríkið leggur fram hluta af framkvæmdakostnaði hafna eftir nánari reglum sem um það gilda. Mælt er með því að hafnarsjóður Fjarðabyggðar byggi og reki höfnina við fyrirhugað álver.

Húsnæðismál

Líklega verður þörf fyrir allt að 700 nýjar íbúðir á tímabilinu 2003-2015 ef uppbygging álversins verður samkvæmt áætlun. Starfsfólk álversins mun velja sér búsetu í einhverju þeirra byggðarlaga sem er innan vinnusóknarsvæðis álversins. Mælt er með því að sveitarfélögin á svæðinu myndi með sér félag sem hafi yfirumsjón með byggingu nýs íbúðarhúsnæðis vegna álversins. Þetta húsnæðisfélag gæti jafnframt tekið að sér fyrir hönd sveitarfélaganna alla umsýslu með félagslegu húsnæði í þeirra eigu svo og umsjón með öllum félagslegum húsnæðisverkefnum. Slíkt félag gæti skipulagt alla uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á svæðinu af kostgæfni og rekið félagslegt húsnæði af fagmennsku. Félagið gæti boðið væntanlegum kaupendum mismunandi gerðir húsnæðis, dregið úr óæskilegri samkeppni milli sveitarfélaga, náð hagstæðum samningum við verktaka, m.a. með útboðum og fengið hagstæða fjármögnun.

Skipulagsmál, brunavarnir, vatn, fráveita og sorp

Mikilvægt er að sveitarfélögin undirbúi tímanlega breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi, ef með þarf áður en framkvæmdir hefjast.

Fjarðabyggð hefur þegar hafið undirbúning að gerð nýs aðalskipulags sem m.a. tekur til byggingarsvæðis álversins og allrar afleiddrar uppbyggingar, þar á meðal afmörkunar nýrra íbúða- og atvinnusvæða.

Sveitarfélagið getur tekið að sér að byggja vatnsveitu fyrir álverið. Sveitarfélagið getur einnig byggt og rekið fráveitu fyrir álverið ef um slíkt verður samið.

Í stórum álverum er jafnan slökkvilið innan fyrirtækisins skipað starfsmönnum en einnig er samstarf við opinbert slökkvilið ef brunar verða. Mikilvægt er að sveitarfélagið byggi upp slökkvilið sem þjónað geti álverinu ef á þarf að halda en Norsk Hydro mun örugglega byggja upp slökkvilið innan fyrirtækisins líka.

Lagt er til að álverið nái samkomulagi við Sorpsamlag Mið-Austurlands um sorpeyðingu bæði til urðunar og endurvinnslu. Hættulegan úrgang og efnaúrgang þarf að losna við með öðrum hætti.

Grunnskóli, félagsþjónusta og grunngerð

Sveitarfélögin munu bera ábyrgð á að mæta nýjum þörfum í rekstri grunnskóla og leikskóla svo og félagsþjónustu og nauðsynlegri grunngerð eins og fjallað var um í kafla 4.6.

Staðbundin atvinnuþróun

Eins og rætt var í 3. kafla munu ýmis ný tækifæri í viðskiptum skapast á svæðinu með tilkomu álvers. Sum tækifæri munu tengjast þörfum Norsk Hydro, sérstaklega þar sem fyrirtækið ætlar að kaupa eins mikla þjónustu að og mögulegt er. Önnur munu verða til vegna fjölgunar íbúa og hærri tekna, svo sem í byggingarstarfsemi, verslun, hótelrekstri, veitingastarfsemi og sérfræðiþjónustu. Áhrif álversins á svæðisbundna atvinnuþróun munu velta að nokkru leyti á hæfni íbúanna til að nýta sér þau tækifæri sem upp koma til að byggja upp atvinnurekstur. Til að aðstoða lítil fyrirtæki og áhugasama einstaklinga við að byggja upp atvinnurekstur er lagt til að Atvinnuþróunarfélag Austurlands, í samstarfi við stuðningsaðila, t.d. Byggðastofnun, setji á fót verkefni sem þjálfi áhugasamt fólk til að takast á við atvinnurekstur. Norsk Hydro gæti aðstoðað við framkvæmd verkefnisins með því að veita upplýsingar um væntanleg innkaup sín og innkaupaaðferðir.

Slíkt verkefni ætti að vera einn þáttur í umfangsmeira samstarfsverkefni sveitarfélaga á Mið-Austurlandi sem hefði það að markmiði að hámarka áhrif álvers á atvinnulíf svæðisins. Meta þarf í fyrstu hver hugsanleg tækifæri til atvinnusköpunar og viðskipta eru, setja raunhæf markmið og gera áætlun um hvernig megi ná þeim fram. Meginmarkmiðið er aukin fjölbreytni í atvinnulífi svæðisins og hámörkun áhrifa á allar atvinnugreinar svæðisins. Slíkt verkefni ætti að vinna í samstarfi við atvinnurekendur á svæðinu, forystumenn sveitarfélaga og Atvinnuþróunarfélag Austurlands. Byggðastofnun og sveitarfélögin gætu t.d. fjármagnað það sameiginlega.

5.3 NORSK HYDRO

Góður tími er til undirbúnings bæði til að bregðast við þörfum álversins fyrir vinnuafl og þörfum þess fyrir þjónustu og grunngerð á svæðinu. Þá er miðað við markviss og nokkuð skjót viðbrögð allra þeirra sem málið snertir, þ.e. Norsk Hydro, ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaganna, samtaka og fyrirtækja á svæðinu, stéttarfélaga og almennings. Mikilvægt er að skipuleggja viðbrögð vel, byggt á víðtækri þekkingu á umfangi verkefnisins. Þýðingarmikið er að dregið verði sem mest úr hugsanlegu braski og spákaupmennsku sem viðbrögðum við ímynduðum

tækifærum eða ógnunum tengdum álverinu. Slík fálmkennd viðbrögð geta skaðað verkefni sem þetta.

Til að ná sem bestum skilningi á verkefninu, líklegum áhrifum þess og hvernig heppilegast sé að stýra því er árangursríkast að skipuleggja náið samráðsferli. Slíkt samráðsferli gæti veitt Norsk Hydro gott tækifæri til að fylgjast náið með (i) viðbrögðum á svæðinu við verkefninu og (ii) eðli og umfangi áhrifa af álverinu eftir því sem verkefninu vindur fram. Þetta samráð veitir Norsk Hydro aðgang að mjög mikilsverðum upplýsingum til að greina og bregðast tímanlega við óvæntum og ófyrirséðum atburðum eða áhyggjum íbúanna.

Samráðsferlið má skipuleggja þannig að fram fari fundir með heimamönnum, bæði til upplýsinga og fyrirspurna, sem fulltrúar Norsk Hydro tækju þátt í og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta. Einnig ættu að vera vinnufundir með einstökum hópum og opnir kynningafundir fyrir almenning sem hluti af sérstakri kynningaráætlun Norsk Hydro. Fram kom á fundum við undirbúning þessarar skýrslu mikill áhugi heimamanna og óskir um að fá að fylgjast með framvindu málsins.

Eins og fjallað hefur verið um fyrr í kaflanum þarf Norsk Hydro að ná samkomulagi við Fjarðabyggð um höfn, vatn, fráveitu, sorpeyðingu, brunavarnir, húsnæðismál o.fl., og taka þátt í að móta nýtt aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Norsk Hydro þarf að ná samkomulagi við sveitarfélögin á svæðinu um að skipuleggja og starfrækja almenningssamgöngur á svæðinu. Fjarðabyggð hóf almenningssamgöngur í tilraunaskyni milli Reyðarfjarðar og Neskaupstaðar í september 1999.

Enn fremur þarf Norsk Hydro að ná samkomulagi við ríkisvaldið um ýmsa þætti, þar á meðal heilbrigðisþjónustu, menntun og starfsþjálfun, auk nauðsynlegra vegabóta. Endurbætur á fjarskiptakerfi eru í augsýn og þurfa ekki að vera áhyggjuefni Norsk Hydro.

HEIMILDASKRÁ

Byggðastofnun (1990) The Impact of Power-Intensive Industries on Population and Employment. Reykjavík.

Byggðastofnun (1997) Svæðisbundin byggðaáætlun. Miðfirðir Austurlands.

Einar Már Sigurðarson og Helga Magnea Steinsson (1994) Austfirðingar í framhaldsskólum. Áfangaskýrsla.

Fosso, E. J. (1997) Vil ungdom bli boende på industristeder under omstilling. SNF-prosjekt nr. 4100 Lokale arbeidsmarkeder i omstilling. Stiftelsen for Samfunns- og Næringslivsforskning Bergen, Mars 1997.

Fosso, E.J. (1997) Interviews with young people, public servants and business people in the Central East Region in December, 1997.

Gramling, Robert (1996) Oil on the Edge: Offshore Development, Conflict and Gridlock, State University of New York Press, Albany, NY, USA.

Gylfi Arnbjörnsson (1989), Iðnaður og búseta: Staðarval iðnaðar á Íslandi og svæðisbundin þróun (Reykjavík).

Gylfi Magnússon (1997) Internal and External Migration in Iceland 1960-94: A Structural Model, Government Policies and Welfare Implications (New Haven: Yale University).

Háskólinn á Akureyri (1997) Háskólamenntun á Austurlandi. Könnun á stöðu.

Hjalti Jóhannesson (1990), Internal Migration in Iceland 1983-1987: A Study of Regional Differences (Ontario: York University).

HMDC (1995) 'Hibernia Construction Project Personal Expenditure Study'. Report to the Hibernia Management and Development Company, prepared by Community Resource Services Ltd., St. John's, NF, Canada.

Rekstur og ráðgjöf ehf. (1997) Greinargerð um sameiningu Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar.

Shrimpton, M. (1992) Islands and Offshore Oil: A Newfoundland Perspective. Paper presented at an Island Living Conference, PEI, Canada.

Shrimpton, M. (1994) Rotational Work Systems: Community and Regional Development Implications. ISER Offshore Oil Project, Memorial University of Newfoundland.

Stefán Ólafsson (1997) Búseta á Íslandi. Rannsókn á orsökum búferlaflutninga. Byggðastofnun.

Vegagerð ríkisins (1993) Jarðgöng á Austurlandi. Nefndarálit.

Vilhjálmur Egilsson (1982) The Location of a large firm in a small village. A Ph.D. thesis at the University of Southern California.

Wills, Jonathan (1991) A Place in the Sun: Shetland and Oil Myths and Realities, Institute of Social and Economic Research, St. John's, NF, Canada.

VINNUAFLSKÖNNUN

1. Fyrirtæki	SVN	HE	KFF	KHB	Stál	Loðnuv.	Kambfell	SR-Mjöl	Friðþjófur
2. Fjöldi starfsmanna fyrirtækisins									
Fjöldi starfsmanna á launaskrá að meðaltali á ári?	360	277	210	300	30	32	62	25	20
Fjöldi starfsmanna á launaskrá í janúar?	399	290	263	270	30	33	66	24	35
Fjöldi starfsmanna á launaskrá í apríl?	349	213	185	270	30	36	60	24	15
Fjöldi starfsmanna á launaskrá í júlí?	455	251	198	300	30	27	58	32	15
Fjöldi starfsmanna á launaskrá í október	420	227	207	380	30	22	62	25	35
3. Aldursdreifing vinnuaflsins									
Vetrartímabil: 20 ára og yngri	18%	15%	14%	27%	7%	6%	16%	0%	10%
21-34 ára	29%	41%	29%	32%	33%	41%	19%	31%	40%
35-55 ára	36%	32%	44%	28%	47%	44%	44%	50%	40%
56 ára og eldri	17%	11%	14%	13%	13%	9%	21%	19%	10%
Sumartímabil: 20 ára og yngri	24%	3%	14%	27%	7%	6%	16%	13%	10%
21-34 ára	36%	32%	29%	32%	33%	41%	19%	27%	20%
35-55 ára	33%	28%	44%	28%	47%	44%	44%	43%	60%
56 ára og eldri	7%	1%	14%	13%	13%	9%	21%	17%	10%
4. Kynjaskipting vinnuaflsins									
Vetrartímabil: Hlutfall karlar	68%	56%	55%	48%	90%	88%	26%	84%	40%
Hlutfall konur	32%	44%	45%	52%	10%	12%	74%	16%	60%
Sumartímabil: Hlutfall karlar	68%	60%	55%	48%	90%	88%	26%	84%	30%
Hlutfall konur	32%	40%	45%	52%	10%	12%	74%	16%	70%
5. Skipting vinnuaflsins eftir starfsheiti									
Fjöldi almennra verkamannastarfa:	319	135	162	258	22	28	42	0	
Hlutfall kvk	27%	56%	54%	53%	0%	10%	80%		
Hlutfall kk	73%	44%	46%	47%	100%	90%	20%		
Fjöldi sérhæfðra tæknistarfa:	46	18	32	12	3	1	6	20	
Hlutfall kvk		0%	6%	9%	0%	0%	50%	24%	
Hlutfall kk	100%	100%	94%	91%	100%	100%	50%	76%	
Fjöldi stjórnunarstarfa (þ.m.t. verkstjórar):	10	8	9	18	3	3	3	8	
Hlutfall kvk	0%	12%	22%	17%	0%	0%	0%	12%	
Hlutfall kk	100%	88%	78%	83%	100%	3%	100%	88%	
Fjöldi skrifstofustarfa:	9	0	7	12	2,5		0,5	2	
Hlutfall kvk	55%		43%	77%	0%		0%	100%	
Hlutfall kk	45%		57%	23%	100%		100%	0%	

VINNUAFLSKÖNNUN

	SVN		HE	KFF	KHB	Stál	Loðnuv.	Kambfell	SR-Mjöl	Friðþjófur	
6. Meðalmánaðarlaun starfsfólks											
Almennur verkamaður			110.000	117.000	127.000	114.000	210.000	109.000		120.000	
Sérhæfður tæknistarfsmaður			248.000	190.000	194.000	170.000	220.000	260.000	183.000	200.000	
Skrifstofustörf				172.000	121.000	130.000		160.000	110.000	120.000	
Stjórnunarstörf				314.000	252.000	270.000	302.000	210.000	330.000	250.000	
7. Hlutfall starfsfólks búsett í byggðarlagi fyrirtæk.											
Sumartímabil			97%	93%	95%	83%	97%	95%	100%	100%	
Vetrartímabil			97%	93%		83%	97%	85%	100%	70%	
8. Hlutfall starfsfólks sem búsett er í nál. byggðarlagi											
Sumartímabil			3%	7%	5%	17%	3%	5%	0%	100%	
Vetrartímabil			3%	7%		17%	3%	15%	0%	10%	
9. Starfa farandverkamenn hjá fyrirtækinu?											
Já	X		X							X	
Nei				X	X	X	X	X	X		
Fjöldi farandverkamanna sl. sumar		4	4								0
Íslendingar		0	0								
Útlendingar		4	4								
Fjöldi farandverkamanna í vetur		44	33								9
Íslendingar		20	17								8
Útlendingar		24	16								1
10. Rekur fyrirtækið verbúð?											
Já	X		X							X	
Nei				X	X	X	X	X	X		
11. Er skortur á vinnuafli? (Svarið já eða nei)											
Sumartímabil				Nei	Nei		Nei	Nei	Nei	Nei	
Vetrartímabil			Já	Já	Nei	Já	Já	Já	Nei	Já	
12. Þá helst í hvaða störf?											
Verkamannastörf	X		X	X	X		X	X		X	
Sérhæfð tæknistörf						X			X		
Stjórnunarstörf											
Skrifstofustörf											

Fylgiskjal V.

Samningur ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl.
(11. ágúst 1982.)

S A M N I N G U R

milli

ríkisstjórnar Íslands

og

Landsvirkjunar

Ríkisstjórn Íslands, hér á eftir nefnd ríkisstjórn og Landsvirkjun gera með sér svohljóðandi

SAMNING UM VIRKJANAMÁL, YFIRTÖKU BYGGÐALÍNA O.FL.

I. Kafli. Um virkjanamál.

1. gr.

Með heimild í 1. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver og 3. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun, tekur Landsvirkjun með samningi þessum að sér að reisa og reka sem sína eign eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir frá og með 1. október 1982:

- Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli.
- Virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli.
- Virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Landsvirkjun tekur frá sama tíma við rannsóknum, hönnun og undirbúningsframkvæmdum þeim fyrir framangreindar virkjanir sem hingað til hafa verið í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar.

Landsvirkjun gætir réttra fyrirmæla í lögum og í stjórnvaldsákvörðunum lögum samkvæmt varðandi framkvæmdir þessar eftir því sem við á, þ.á.m. um framkvæmdaröð, framkvæmdahraða, fjármögnun og nauðsynlegar leyfisveitingar.

2. gr.

Landsvirkjun tekur frá og með 1. október 1982 við réttindum og skyldum virkjunaraðila samkvæmt samningi við heimamenn um Blönduvirkjun, dags. 15. mars 1982.

3. gr.

Áður en rekstur hverrar virkjunar hefst skal gert samkomulag um greiðslur Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem eru í umráðum ríkisins, hvort sem er vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum.

Landsvirkjun greiðir ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærilegt því sem almennt er greitt vegna slíkra réttinda. Endurgjaldið má vera sem eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds.

Nái aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindi samkvæmt grein þessari skuldbinda þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna.

Matsmenn samkvæmt grein þessari skulu tilnefndir einn af hvorum aðila og oddamaður tilnefndur sameiginlega. Nái aðilar ekki samkomulagi um tilnefningu oddamanns skal hann tilnefndur af Hæstarétti.

4. gr.

Landsvirkjun tekur að sér að greiða kostnað Rafmagnsveitna ríkisins af undirbúningi og rannsóknum fyrir Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun til 1. okt. 1982, sem áætlast þá verða kr. 167.515.000,- á verðlagi 1. júlí 1982, en gerist upp eftir nánara samkomulagi í samræmi við fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör.

Kostnaður þessi greiðist Rafmagnsveitum ríkisins eins og nánar verður samið um, m.a. þannig að Landsvirkjun yfirtaki lán vegna umrædds kostnaðar eða gefi út skuldabréf, sem svara til þeirra.

5. gr.

Landsvirkjun greiðir ríkissjóði þann hluta í kostnaði af undirbúningi og rannsóknum Orkustofnunar vegna Blönduvirkjunar til 1. okt. 1982 að svo miklu leyti sem hann telst vera umfram almennar rannsóknir sem Orkustofnun framkvæmir. Áætlast kostnaður þessi verða hinn 1. okt. 1982 kr. 39.059.000,-, en gerist upp eftir nánara samkomulagi í samræmi við fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör.

Landsvirkjun greiðir ríkissjóði á sama hátt hlutdeild í kostnaði til sama tíma af undirbúningi vegna Fljótsdalsvirkjunar og Villinganesvirkjunar. Áætlast kostnaður þessi verða hinn 1. okt. 1982 kr. 48.818.000,- vegna Fljótsdalsvirkjunar og kr. 9.006.000,- vegna Villinganesvirkjunar.

Greiðslur umrædds kostnaðar skulu tengjast útgáfum hlutaðeigandi virkjanaleyfa.

II. Kafli. Um yfirtöku Landsvirkjunar á byggðalínum.

6. gr.

Landsvirkjun yfirtaki hinn 1. janúar 1983 eftirtaldar 132 kV raflínur í eigu ríkisins til eignar og reksturs:

- Lína Brennimelur - Vatnshamrar - Hrútatunga - Laxárvatn - Varmahlíð - Rangárvellir (svo nefnd Norðurlína).
- Lína Rangárvellir - Kröfluvirkjun (svo nefnd Kröflulína).
- Lína Krafla - Hryggstekkur (svo nefnd Austurlína).
- Lína Hryggstekkur - Djúpivogur - Hólar (svo nefnd Suð-austurlína).
- Lína Hrútatunga - Glerárskógar - Geiradalur - Mjólká (svo nefnd Vesturlína).

7. gr.

Landsvirkjun yfirtaki þann 1. janúar 1983 til eignar og reksturs hlutdeild í eftirtöldum aðveitustöðvum í eigu ríkisins samhliða yfirtöku byggðalína sem hér segir.

Aðveitustöð	Áætluð hlutdeild Landsvirkjunar miðað við árslok 1981 %
Brennimelur I	97.6
Brennimelur II	92.8
Vatnshamrar	48.6
Hrútatunga	74.3
Laxárvatn	67.8
Varmahlíð	51.7
Rangárvellir	100.0
Hryggstekkur	32.2
Glerárskógar	62.5
Mjólká	34.2

Endanleg eignarhlutdeild Landsvirkjunar í framangreindum aðveitustöðvum hinn 1. janúar 1983 ákvarðast með samkomulagi sem þá skal gert milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins með hliðsjón af viðbótum 1982 og sérstöku kostnaðaruppgjöri, sbr. 10. og 11. gr. og fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör.

Landsvirkjun yfirtekur hinn 1. janúar 1983 50% hlutdeild í raflínusíma, fjarstýringu og stjórnstöð á Akureyri skv. lið III í meðfylgjandi matsgerð á fylgiskjali 2.

8. gr.

Fyrir þær eignir sem um ræðir í 6. og 7. gr. samnings þessa greiðir Landsvirkjun ríkissjóði samkvæmt meðfylgjandi matsgerð á fylgiskjali 2, 437.5 m.kr., sem miðast við verðlag 1. janúar 1982.

Hið umsamda verð greiðir Landsvirkjun þannig:

1. Með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð 211.0 m.kr. vísitölutryggt miðað við lánskjaravísitölu 1. janúar 1982 (304 stig).

   Skuldabréfið greiðist með 6 jöfnum árlegum afborgunum. Greiðslur fari fram 1. september ár hvert, hin fyrsta 1. september 1982, þ.e. við útgáfu bréfsins. Lán þetta ber 2% ársvexti sem reiknast frá 1. september 1982.

2. Með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð kr. 108.7 m.kr., vísitölutryggt miðað við lánskjaravísitölu 1. janúar 1982 (304 stig).

   - Lánið verði afborgana- og vaxtalaust meðan Landsvirkjun er að greiða skuldabréf skv. lið nr. 1, þ.e. 1982-1987.

   - Lánið endurgreiðist á 12 árum með jöfnum árlegum afborgunum. Greiðslur fari fram 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. júlí 1988.

   - Lánið ber 2% ársvexti sem reiknast frá 1. september 1987.

3. Hinn 1. júlí 1983 greiði Landsvirkjun 117.8 m.kr. vísitölutryggt miðað við byggingavísitölu 1. janúar 1982 (909 stig) og þá með skuldajöfnun við framlag ríkisins vegna áframhaldandi 50% eignaraðildar ríkissjóðs að Landsvirkjun, skv. 17. gr. laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun og 3. gr. sameignarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dags. 27. febrúar 1981.

9. gr.

Landsvirkjun yfirtekur byggðalínur og aðveitustöðvar samkvæmt 6. og 7. gr. í því ástandi sem þær eru hinn 1. janúar 1983 og Landsvirkjun hefur kynnt sér, m.a. af þeim skoðunar- og úttektarskýrslum sem fyrir hendi eru hjá Rafmagnsveitum ríkisins svo og í skoðunarferðum.

III. Kafli. Um yfirtöku Landsvirkjunar á stofnlínum og aðveitustöðvum í byggingu eða undirbúningi.

10. gr.

Landsvirkjun yfirtekur til eignar og reksturs að hluta eða öllu leyti eftirtalin mannvirki til flutnings á raforku sem nú eru í byggingu og undirbúningi á vegum Rafmagnsveitna ríkisins:

a. Raflína 132 kV Hólar - Prestbakki - Sigalda (svo nefnd Suðurlína).

b. Aðveitustöð í byggingu að Geiradal í Barðastrandasýslu.

c. Aðveitustöð í byggingu að Teigarhorni við Djúpavog.

d. Aðveitustöð í byggingu að Hólum við Hornafjörð.

e. Aðveitustöð í undirbúningi að Prestbakka á Síðu.

f. Stækkun aðveitustöðvar í undirbúningi að Sigöldu.

g. Stækkun aðveitustöðvar að Rangárvöllum við Akureyri.

h. Stækkun aðveitustöðvar að Vatnshömrum í Borgarfirði.

i. Stækkun aðveitustöðvar að Hryggstekk í Skriðdal.

j. Aðrar framkvæmdir vegna byggðalína sem samkomulag verður um.

11. gr.

Landsvirkjun yfirtekur hinn 1. janúar 1983 til eignar og reksturs mannvirki samkvæmt 10. gr. sem nú eru í byggingu eða undirbúningi og ákvarðast eignarhlutdeild Landsvirkjunar í mannvirkjum þessum samkvæmt nánara samkomulagi Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar, sbr. fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör. Greiðir Landsvirkjun ríkissjóði hlutdeild fyrirtækisins í kostnaði við framkvæmdir þessar til 1. janúar 1983 sem áætlast þá verða kr. 103.487.000,- á verðlagi 1. júlí 1982, en gerist upp eftir nánara samkomulagi aðila í samræmi við fylgiskjal 1, Kostnaðaruppgjör. Verði ekki samkomulag um annað fer greiðsla þannig fram að Landsvirkjun yfirtekur lán Rafmagnsveitna ríkisins vegna þessara mannvirkja eða gefur út skuldabréf sem svara til þeirra lána.

IV. Kafli. Ýmis ákvæði.

12. gr.

Orkuveitusvæði Landsvirkjunar verður óbreytt til 1. janúar 1983. Til þess tíma gildir samningur Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, dags. 1. júlí 1981, um sölu Landsvirkjunar á rafmagni til Vesturlands, Vestfjarða, Norður- og Austurlands, en fellur að því búnu úr gildi. Frá og með 1. janúar 1983 verða afhendingarstaðir rafmagns frá Landsvirkjun:

a. Aflstöðvar Landsvirkjunar.

b. Aðveitustöðvar samkvæmt 7. gr. samningsins.

c. Aðveitustöð við Elliðaár í Reykjavík.
Aðveitustöð við Korpu við Reykjavík.
Aðveitustöð við Laxárvirkjun (frá 1. júlí 1983).

d. Aðveitustöðvar samkvæmt liðum b. - f. í 10. gr. verða afhendingarstaðir rafmagns frá Landsvirkjun jafnóðum og byggingu þeirra lýkur.

Stjórn Landsvirkjunar ákveður fjölgun og breytingu afhendingarstaða og er Landsvirkjun heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja orkuver sín við landskerfið og bæta við þær eftir þörfum.

Frá og með 1. janúar 1983 skal sama gjaldskrá gilda um afhendingu rafmagns frá Landsvirkjun á ofangreindum afhendingarstöðum.

13. gr.

Landsvirkjun gerir rafmagnssölusamninga við almenningsrafveitur svo og samrekstrarsamninga við rafmagnsframleiðendur sem tengjast stofnlínukerfi Landsvirkjunar.

14. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun gera með sér sérstakt samkomulag um starfsmannamál.

15. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins munu annast þjónustu fyrir Landsvirkjun við byggðalínur, aðveitustöðvar og stjórnstöðina á Akureyri samkvæmt sérstökum samningi sem gera skal fyrir 1. janúar 1983.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila, og skal hvort fyrir sig teljast fullgilt frumrit samnings þessa.

Reykjavík, 11. ágúst 1982

F.h. Landsvirkjunar
með fyrirvara um
samþykki eignaraðila.

F.h. ríkisstjórnar Íslands
með fyrirvara um samþykki
hennar.

Samþykkt
f.h. ríkisstjórnarinnar
Iðnaðarráðuneytinu
21. september 1982

Samþykkt á
fundi stjórnar
Rafmagnsveitna 16.
september 1982

BÆJARFÓGETINN
Í REYKJAVÍK

Fylgiskjal VI.

Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium A/S.
(Hallormsstað, 29. júní 1999.)

A. Inngangur.

1. Viðræður hafa staðið yfir um **Noral-verkefnið** — vatnsorkuver á Austurlandi og álver í Reyðarfirði — um allnokkurn tíma milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium A/S í Noregi. Fulltúar þessara aðila, sem mynda samráðsnefnd, komu saman á Hallormsstað dagana 28.–29. júní til þess að fara yfir þann árangur sem náðst hefði í viðræðunum. Í þessari **yfirlýsingu** er að finna niðurstöður þeirrar yfirferðar að því er varðar þá viðskiptahugmynd sem býr að baki Noral-verkefninu og tíma- og vinnuáætlun fyrir næstu ellefu mánuði, svo og fyrirætlanir og skuldbindingar aðila í þessu tilliti eins og þær eru á þessum tíma. Meginmarkmiðið er að þoka undirbúningsvinnunni áfram á næstu mánuðum að því marki að unnt verði að taka endanlega ákvörðun um að ráðast í verkefnið fyrir 1. júní árið 2000.

B. Grunnhugmyndin að baki Noral-verkefninu.

2. Noral-verkefnið felst í megindráttum í byggingu vatnsorkuvers á Austurlandi og álvers, Noral-álversins, í Reyðarfirði, ásamt öðrum nauðsynlegum mannvirkjum, þar á meðal hafnaraðstöðu. Áætlað er að ljúka fyrsta áfanga verkefnisins síðari hluta ársins 2003. Í grundvallaratriðum er um að ræða 210 MW virkjun í Fljótsdal, álbræðslu með 120.000 tonna upphaflega árlega framleiðslugetu ásamt nauðsynlegum innviðum (infrastrúktúr).

3. Fljótsdalsvirkjun verður byggð og rekin af Landsvirkjun og í eigu Landsvirkjunar. Markmiðið er að afhenda rafmagn til Noral-álversins samkvæmt langtímasamningi á samkeppnishæfu verði. Ef endanleg ákvörðun er tekin um að ráðast í verkefnið í heild er áætlað að vinna við byggingu Fljótsdalsvirkjunar hefjist á síðari hluta ársins 2000, með það fyrir augum að taka orkuverið í notkun fyrir lok ársins 2003.

4. Árleg framleiðslugeta **Noral-álversins** í upphafi verður 120 þúsund tonn, með möguleika á stækkun í áföngum upp í 480 þúsund tonn. Ef endanleg ákvörðun er tekin um að ráðast í verkefnið í heild, er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir við fyrsta áfangann árið 2001 og að þeim áfanga verði lokið á 24 mánuðum. Áhersla verður lögð á að nota bestu fáanlegu tækni til þess að halda loft-, vatns- og jarðvegsmengun frá álverinu í lágmarki. Álverið verður í eigu íslensks almenningshlutafélags, Noral-álfélagsins, sem einnig mun reka verksmiðjuna. Ætlunin er að renna stoðum undir hagkvæmni Noral-álversins með fjölmörgum langtímasamningum milli Noral-álfélagsins og Hydro Aluminium AS, þ.m.t. um rekstur álversins, útvegun tæknibekkingar, sölu og markaðssetningu hrámálms og útvegun súráls og rafskauta.

5. Gert er ráð fyrir að íslenskir fjárfestar og Hydro Aluminium A/S muni samanlagt eignast meiri hluta í Noral-álfélaginu, en að það hlutafé sem eftir stendur verði boðið til sölu á Verðbréfaþingi Íslands og víðar. Hydro Aluminium A/S gerir ráð fyrir að fjármagna hluta af fjárfestingu sinni í hlutabréfum félagsins með framlagi í öðru formi en beinum greiðslum. Gert er ráð fyrir að um 30% af fjárfestingarkostnaði verði greiddur með sölu hlutabréfa, 10% með víkjandi lánum og um 60% með langtímalánum.

6. Útreikningar benda til þess að Noral-álverið geti skilað góðum arði af eigin fé og heildarfjármagni ef unnt verður að halda heildarfjárfestingarkostnaði 120 þúsund tonna ál-

versins undir 420 milljónum USD (3.500 USD á hvert tonn af afkastagetu). Þetta eru þau markmið sem að verður stefnt með hönnun og annarri undirbúningsvinnu á næstu mánuðum.

7. Lóðin undir Noral-álverið og höfn til útskipunar á unnu áli og aðflutnings súráls, rafskauta og annarra aðfanga verður lögð til af ríkisstjórninni eða sveitarstjórninni á staðnum með samningum sem gerðir verða á grundvelli gildandi laga og reglugerða.

8. Eins og raunin hefur verið í fyrri fjárfestingarverkefnum á sviði stóriðju mun Noral-verkefnið, þegar því verður hrint í framkvæmd og þá einkum á byggingarstigum verksins, hafa veruleg áhrif á þjóðarhag á Íslandi, og einkum og sér í lagi á efnahag Austurlands. Ríkisstjórn Íslands mun leitast við að halda í lágmarki hvers kyns óhagstæðum efnahagsáhrifum meðan bygging orkuversins og álversins stendur sem hæst.

C. Tíma- og vinnuáætlun.

9. Til þess að undirbúa jarðveginn fyrir endanlega ákvörðun um að ráðast í verkefnið eigi síðar en 1. júní 2000, þannig að unnt verði að gangsetja álverið á síðari hluta ársins 2003, þarf að ná ýmsum áföngum í ákvarðanatöku í næstunni. Mikilvægustu áfangarnir eru eftirfarandi:

- **Fyrir 1. september 1999.** Umsókn um umhverfismat og starfsleyfi.
- **Fyrir 1. nóvember 1999.** Frumathugun lokið í megindráttum ásamt minnisblaði um innviði (infrastrúktúr).
- **Fyrir 31. desember 1999.** Drög að yfirlitssamningi tilbúin, svo og drög að helstu samningum sem nauðsynlegir eru fyrir verkefnið, þ.m.t. hluthafasamningur, sölu- og markaðssamningur, samningarnir um útvegun hráefnis (súráls og rafskauta), samningur um rafmagnsverð og um heimildir til stækkunar, samningur um tækniþekkingu og rekstrarsamningur. Frumathugun á hagkvæmni lokið og lokahagkvæmnisathugun hafin.
- **Fyrir 1. febrúar 2000.** Gert ráð fyrir samþykki þar til bærra stjórnvalda á umhverfismatinu.
- **Fyrir 1. mars 2000.** Gengið frá lokadrögum að yfirlitssamningi og samningum sem að baki honum liggja.
- **Fyrir 1. apríl 2000.** Endanlegur frágangur á eignarhaldi Noral-álfélagsins. Skráning hlutafélagsins.
- **Fyrir 1. maí 2000.** Gengið frá fjármögnun. Samnningar um undirbúning lóðar og afnot af hafnaraðstöðu gerðir við ríkisstjórnina og/eða sveitarstjórnir.
- **Fyrir 1. júní 2000.** Lokaákvarðanir teknar um að ráðast í byggingu Fljótsdalsvirkjunar og fyrsta áfanga álversins, Noral-álversins, í Reyðarfirði.

10. Frumhönnun Noral-álversins, sem getið er hér að framan, er þegar hafin. Meginþættir frumhönnunarinnar felast í tæknilegum rannsóknum á hönnun álversins, mati á umhverfisáhrifum og hagfræðilegum atriðum. Vinnu á þessum sviðum verður hraðað á komandi mánuðum til þess að unnt verði að ná þeim áföngum sem lýst er í tímaáætluninni hér að framan og afla þeirra upplýsinga sem þörf verður á á síðari stigum ákvarðanatökuferlisins. Þannig mun greining á fjármálahlið verkefnisins og hagkvæmni gegna meginhlutverki við að laða að fjárfesta og afla fjármagns fyrir Noral-álfélagið. Einnig munu rannsóknir á umhverfisáhrifum, einkum á áhrifum af brennisteinstvíoxíði og flúori, svo og jarðvegsmengun í nágrenni fyrirhugaðrar álverslóðar, sem unnar verða af viðurkenndum íslenskum, norskum og sænskum sérfræðingum á viðkomandi sviði, verða mikilvægt framlag til umhverfismatsins. Það gefur tilefni til bjartsýni að fyrstu niðurstöður af útreikningum veðurfarslíkana og rannsóknum á gróðurkortum benda til þess að hugsanleg skaðleg umhverfisáhrif verði minni en

upphaflega var gert ráð fyrir. Engu að síður er þörf á frekari rannsóknum, og þær rannsóknir verða gerðar til þess að tryggja að umhverfisstöðlum verði fylgt.

11. Nákvæm eignarhaldssamsetning álversins liggur ekki enn fyrir, enda mun hún að nokkru leyti ráðast af áhuga fjárfesta. Ætlunin er sú að upphaflegir eigendur verði hópur íslenskra fjárfesta, Hydro Aluminium A/S og fjölþjóðasamtök banka. Ekki er gert ráð fyrir að bankarnir fjárfesti í Noral-álfélaginu til langframa heldur að þeir muni í fyllingu tímans selja hlut sinn til annarra fjárfesta á Verðbréfaþingi Íslands, þar sem Noral-álfélagið verður skráð, og víðar. Bæði íslensku fjárfestarnir og Hydro Aluminium A/S munu eiga þess kost að auka hlutdeild sína í heildarhlutafé félagsins frá upphaflegu framlagi sínu.

12. Vinna við löggerninga, yfirlitssamninginn og aðra samninga, mun halda áfram á vegum samráðsnefndarinnar með það að markmiði að gera mögulegt að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt áætlun eða á undan áætlun. Svo sem tilgreint er í málsgreininni þar sem tímaáætlunin er sett fram eru meginskjölin sem þurfa að liggja fyrir eftirfarandi:

- **Hluthafasamningur** milli helstu fyrirhuguðu eigenda Noral-álfélagsins.
- **Fjármálasamningar** milli Noral-álfélagsins og banka og annarra fjármálastofnana.
- **Fjárfestingarsamningur** milli Noral-álfélagsins og ríkisstjórnar Íslands.
- **Orkusölusamningur** milli Noral-álfélagsins og Landsvirkjunar.
- **Samningar** milli Noral-álfélagsins og Hydro Aluminium AS, þ.m.t. um **sölu og markaðssetningu** málms, **stjórnun** álversins, útvegun **framleiðslutækni** og útvegun **hráefnis** (súráls og rafskauta).
- **Lóðar- og hafnarsamningur** milli Noral-álfélagsins og ríkisstjórnarinnar og/eða sveitarfélaga.

D. Skuldbindingar og fyrirætlanir samstarfsaðila.

13. Samstarfsaðilarnir í Noral-verkefninu, ríkisstjórn Íslands, Landsvirkjun og Hydro Aluminium AS, hafa skuldbundið sig til þess að vinna að því að semja heildardrög að yfirlitssamningi um fyrsta áfanga verkefnisins, svo og um ákvarðanatökuferlið varðandi hugsanlega síðari stækkun, eigi síðar en 31. desember 1999. Tilgangurinn með yfirlitssamningnum er að tryggja að ákvörðun um að ráðast í fyrsta áfanga verkefnisins, Fljótsdalsvirkjun og 120 þúsund tonna álver við Reyðarfjörð, geti legið fyrir fyrir 1. júní árið 2000 þannig að unnt verði að taka orkuverið og álbræðsluna í notkun fyrir árslok 2003. Aðilar hafa samþykkt að framkvæma og fjármagna í sameiningu viðamiklar rannsóknir á sviði tæknimála, fjármála, umhverfismála o.fl. sem varðar heildarmarkmið Noral-verkefnisins.

14. Að því er varðar efni yfirlitssamningsins hafa aðilar tilkynnt um eftirfarandi skuldbindingar og fyrirætlanir:

- **Ríkisstjórnin** mun tryggja að vinna stjórnvalda við mat á umhverfisáhrifum álvers með allt að 480 þúsund tonna afkastagetu tefjist ekki vegna skorts á mannafla eða annarra verkefna. Ríkisstjórnin mun kanna möguleika á því að gera Noral-álfélaginu kleift að kaupa rafmagn frá fyrirhugaðri Kárahnúkavirkjun á samkeppnishæfu orkuverði er ákvarðast af áætlun um kostnað við fjárfestinguna. Ríkisstjórnin mun leitast við að tryggja fjárfestingu í almennum innviðum (infrastrúktúr) samkvæmt minnisblaðinu um innviði (infrastrúktúr), þ.m.t. fjárfestingar af hálfu sveitarstjórna á staðnum. Ríkisstjórnin heitir því að gera það sem í hennar valdi stendur til þess að afla annarra nauðsynlegra leyfa fyrir Noral-álfélagið.
- **Landsvirkjun** mun leitast við að geta boðið Noral-álverinu rafmagn til fyrsta áfangans á samkeppnishæfu verði sem tengist vísitölu álverðs á London Metal Exchange (LME). Ákvæði og skilmálar rafmagnssamningsins og tilhögun vísitölubindingarinnar verða

samkomulagsatriði. Að því gefnu að viðunandi skuldbindingar fáist frá öðrum aðilum, mun Landsvirkjun hefja vinnu við að byggja Fljótsdalsvirkjun á öðrum fjórðungi ársins 2000 svo að unnt verði að hefja afhendingu rafmagns á síðari hluta ársins 2003.

- **Noral-álfélagið** mun í góðri trú gefa yfirlýsingu um þær skuldbindingar sem Landsvirkjun þarfnast til þess að geta hafið framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun a.m.k. einu ári áður en fyrirhuguð bygging álversins hefst. Hluthafar, fyrir hönd Noral-álfélagsins, mun einnig hefja samningaviðræður í góðri trú um öll ákvæði og skilmála rafmagnssamningsins milli Landsvirkjunar og Noral-álfélagsins.
- **Hydro Aluminium A/S** mun eiga samningaviðræður í góðri trú (á grundvelli meginreglunnar um viðskipti milli óskyldra aðila) um ákvæði og skilmála hinna ýmsu samninga, um sölu og markaðssetningu áls, útvegun tækniþekkingar, stjórnun og útvegun hráefnis, við Noral-álfélagið.

15. Óháð yfirlitssamningnum, en í tengslum við hann, munu ríkisstjórnin, Hydro Aluminium A/S og hinir upphaflegu íslensku fjárfestar komast að samkomulagi um eignarsamsetningu Noral-álfélagsins í megindráttum, þ.m.t. um rétt stærstu hluthafa til þess að auka hlutdeild sína, áður en ákvörðun er tekin um að ráðast í verkefnið, svo og um viðunandi fjármögnunaráætlun.

Fylgiskjal VII.

Umsókn Landsvirkjunar um leyfi iðnaðarráðherra.
(19. apríl 1991.)



LANDSVIRKJUN

Iðnaðarráðherra
Jón Sigurðsson
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

HÁALEITISBRAUT 68
103 REYKJAVÍK
SÍMNEFNI: LANDSVIRKJUN
SÍMI: (91) 600700
TELEFAX: (91) 687469
TELEX: 2054

TILV.YÐAR	TILV.VOR	DAGS.
	F 010&032.1	19.04.1991

Með vísan til 6. og 7. gr. laga nr. 42 frá 23. mars 1983 um Landsvirkjun fer Landsvirkjun þess hér með á leit við yður, hæstvirtur iðnaðarráðherra, að þér veitið fyrirtækinu leyfi fyrir allt að 210 MW virkjun í Jökulsá í Fljótsdal ásamt aðalorkuveitum og tilheyrandi aðgerðum á vatnasvæði virkjunarinnar, sbr. og bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 74/1990.

Til upplýsinga varðandi tilhögun Fljótsdalsvirkjunar fylgir hér með greinargerð verkfræðideildar Landsvirkjunar, dags. 15. apríl 1991.

Virðingarfyllst

Halldór Jónatansson
forstjóri

Hjál.



LANDSVIRKJUN **15.04.1991**
Verkfræðideild **Mál: 753.5**

FLJÓTSDALSVIRKJUN

Greinargerð um virkjunartilhögun.

Virkjunartilhögun er í megindráttum sú, að Jökulsá í Fljótsdal er stífluð við Eyjabakka, austan Snæfells, og myndast við það miðlunarlón, Eyjabakkalón. Þaðan er vatninu veitt um sem næst lárétt aðrennslisgöng norður Fljótsdalsheiði, um 31 km leið að lóðréttum fallgöngum og aflvélum í stöðvarhúsi neðanjarðar, um göng og skurð út í farveg Jökulsár um 3 km innan við Valþjófsstað.

Uppsett afl virkjunarinnar verður 210 MW, hönnunarrennsli 42 m^3/sek, og fallhæð 576 m. Orkuaukning í raforkukerfi landsins er talin verða um 1.400 GWh/ári við gangsetningu virkjunarinnar.
Sjá nánar helstu einkennisstærðir virkjunarinnar á meðfylgjandi fylgiskjali.

Hér að neðan er einstökum mannvirkjum virkjunarinnar lýst. Jafnframt vísast til meðfylgjandi yfirlitskorts af virkjunarsvæðinu.

<u>Eyjabakkalón, Eyjabakkastífla og Sauðárveita.</u>

Eyjabakkalón verður um 44 km^2 að flatarmáli miðað við vatnsborð í yfirfallshæð 664,5 m y.s. Miðlunarrými verður um 500 Gl (milj. m^3) miðað við að mesta vatnsborðssveifla miðlunar í lóni verði um 16 m..

Eyjabakkastífla verður grjótstífla með asfaltþéttikjarna og er áætlað rúmmál hennar um 1,3 miljón m^3. Hún verður um 4.100 m á lengd og mesta hæð hennar um 25 m í farvegi Jökulsár. Þar verður byggð botnrás í stíflunni með lokubúnaði. Austan árfarvegar verður um 150 m langur steyptur yfirfallsveggur til að veita flóðvatni niður árfarveginn.

Inn í Eyjabakkalón að austan verður veitt vatni frá Kelduá, og Sauðá, svokölluð Sauðárveita. Verða þessar ár stíflaðar með litlum stíflum og vatni veitt til vesturs um veituskurði inn í Eyjabakkalón. Lengd þessara veituskurða er alls 5.700 m og stíflur verða samtals um 2.000 m.

Að vestan verður Hafursá veitt inn í Eyjabakkalón með því að grafinn verður 3 km langur veituskurður frá farvegi árinnar eftir austurhlíð Sandfells inn í miðlunarlón. Gangainntak aðrennslisganga verður í Eyjabakkastíflu nálægt vesturenda hennar og þaðan verður grafinn 1,7 km langur skurður inn í miðlunarlónið.

Aðrennslisgöng, veitur og tilheyrandi mannvirki.

Aðrennslisgöng frá Eyjabakkalóni að stöðvarhúsi verða um 31,2 km á lengd. Verða þau bæði heilboruð með tveimur gangaborvélum og sprengd og grafin á hefðbundinn hátt. Boraður hluti ganganna verður um 28 km eða 90% ganganna og sprengdur hluti um 3,2 km eða um 10% þeirra. Þvermál heilboraða hlutans er 5,0 m eða um 19,6 m^2 að flatarmáli, sprengdi hlutinn verður um 5,6 m á breidd og hæð og flatarmál hans verður um 27 m^2.

Frá Eyjabakkastíflu liggja aðrennslisgöngin með litlum halla að lóðréttum göngum ofan við stöðvarhús, samtals um 31.150 m.
Við Hafursárkvísl verða lóðrétt fallgöng niður í göngin, lítið inntaksmannvirki verður byggt með lágri veitustíflu og yfirfalli og vatni kvíslarinnar veitt niður í aðrennslisgöngin.

Áformað er að veita efsta hluta Grjótár og Hölknár yfir í drög Laugarár. Verða árnar stíflaðar með lágum stíflum og grafnir veituskurðir norður að kvíslum Laugarár. Jafnframt er áformað að veita efstu kvíslum Sauðár vestan undir Snæfelli til norðurs að Grjótárdrögum með lágum varnargarði og veituskurði.
Laugará verður stífluð um 1,5 km ofan við Eyjabakkabraut með 10 m hárri stíflu og yfirfalli. Í stíflunni verður inntak fyrir 90 m löng fallgöng og 1.600 m lárétt 4,0 m víð göng, sem vatni verður veitt um inn í aðrennslisgöngin.

Frá Laugará að Teigsbjargi liggja göngin undir heiðarbrúninni á 90-100 m dýpi norður að Hólsufs, um 2 km sunnan við fallgöng virkjunarinnar. Þar verða lóðrétt göng frá aðrennslisgöngum upp að jöfnunarþró. Göngin og jöfnunarþróin eru nauðsynleg til að jafna sveiflur, sem verða við breytilegt rennsli við gangsetningu og stöðvun véla virkjunarinnar. Jöfnunarþróin verður um 30 m á hæð og 12 m í þvermál. Efst á henni verður yfirfall fyrir umframvatn.

Gert er ráð fyrir því að aðkomugöng verði sprengd inn að aðrennslisgöngum á 5 stöðum. Miðað er við að jarðgangaborvélar við verkframkvæmd verði tvær og önnur hefji borun nærri lóðréttu göngunum ofan við stöðvarhús, en hin vélin miðja vegu á gangaleiðinni. Aðkomugöngum verður lokað með steinsteypu að loknum framkvæmdum, en þó þannig að unnt verður að komast inn í þau síðar til eftirlits.

Nálægt nyrðri enda aðrennslisganga verður grjótgildra, og lokubúnaður til lokunar fyrir rennsli um göngin verður í hvelfingu rétt framan við fallgöngin.
Lóðréttu fallgöngin verða boruð með um 3,6 m þvermáli, en verða fóðruð með steinsteypu og stálklæðningu, sem er 2,9 m í þvermál. Lóðrétt hæð þeirra er um 450 m. Við neðri enda ganganna greinast þau í tvennt og liggja þaðan að vélum í stöðvarhúsi.

Stöðvarhús og stöðvarhússbyggð.

Stöðvarhúsið verður um 68 m á lengd, 14,5 m á breidd og mesta hæð verður um 32 m. Húsið verður á fjórum hæðum, en stærð þess og gerð ræðst af nauðsynlegu rými fyrir vélar og rafbúnað. Aflvélar verða tvær af pelton gerð, hvor um sig 105 MW.

Samsíða stöðvarhússhvelfingunni verður sprengd önnur hvelfing, 45 m á lengd, 10,5 m á breidd og hæð, þar sem komið verður fyrir aðalspennum virkjunarinnar og rafmagn aflvélanna spennt þar upp í 220 kV. Frá spennahvelfingunni liggja rafstrengir að rofabúnaði í stjórnhúsi við enda aðkomuganganna.

Frá vélum í stöðvarhúsi liggja um 1.200 m löng frárennslisgöng sem næst lárétt út í dalinn og opnast þau út úr fjallshlíðinni um 400 m austar en aðkomugöngin, en 40 m neðar, þ.e. í svipaðri hæð og farvegur Jökulsár. Frá gangamunna frárennslisganga liggur 600 m frárennslisskurður í sveig til norðurs og endar úti í farvegi Jökulsár um 400 m neðan við gangaop.

Aðkomugöng að stöðvarhúsi verða um 1.000 m löng, og verður þar komið fyrir rafstrengjum frá spennum að rofabúnaði í stjórnhúsi, sem reist verður við munna aðkomuganga. Þar verður SF6 rofabúnaður fyrir flutningslínur virkjunarinnar og nauðsynleg aðstaða fyrir stjórnun stöðvarinnar. Frá stjórnhúsi liggja rafstrengir að flutningslínum. Gert er ráð fyrir tveimur flutningslínum frá virkjuninni, 220 kV línu til Akureyrar og tengilínu við byggðalínu, 132 kV,

Miðað er við að starfsmannahús rísi á svæðinu milli aðkomuganga og frárennslisganga. Er miðað við að starfsmenn við virkjunina hafi aðstöðu í starfsmannahúsi þann tíma, sem þeir dveljast þar við vinnu, en séu búsettir annars staðar.

Aðkomuvegur að virkjuninni verður á svipuðum stað og núverandi vegur liggur inn Norðurdal. Byggð verður brú yfir frárennslisskurð virkjunarinnar og þaðan lagður vegur upp hlíðina að gangamunna og byggingum virkjunarinnar .

Áætlaður verktími frá fyrstu útboðum til gangsetningar virkjunar er um 4 ár. Áætluð mannaflaþörf á byggingartíma er um 1.300 ársverk.

LANDSVIRKJUN

15.04.1991
Mál: 753.5

FLJÓTSDALSVIRKJUN

HELSTU EINKENNISSTÆRÐIR

Vatnasvið	478	km^2
Áætlað meðalrennsli	31,3	m^3/s
Eyjabakkalón:		
Flatarmál	43	km^2
Hæsta vatnsborð	664,5	m y.s.
Lægsta vatnsborð	648,0	m y.s.
Miðlunarrými	500	Gl
Krónuhæð stíflu	668,5	m y.s.
Mesta stífluhæð	25	m
Lengd stíflu	4100	m
Innrennsli, meðaltal	27,6	m^3/s
Aðrennslisgöng:		
Lengd	31,2	km
Borað, vídd = 5,0	28,0	km
Sprengt F = 27,00 m^2	3,2	km
Aðkomugöng, sprengd	5,8	km
Jöfunarþró:		
Hæð:		
Neðanjarðar	40	m
Yfir jörð	32	m
Þvermál:		
Neðanjarðar	10	m
Yfir jörð	12	m
Lokuhvelfing:		
Lengd	22	m
Vídd	11	m
Hæð	12	m

HELSTU EINKENNISSTÆRÐIR

Fallgöng, stálfóðruð:		
Hæð	450	m
Boruð vídd	3,6	m
Stálklæðning, vídd	2,9	m
Inntak Hafursárkvíslar:		
Tengigöng:		
Hæð	100	m
Boruð vídd	2,8	m
Meðalrennsli	0,2	m^3/s
Fallgöng v/Laugará:		
Hæð	92	m
Vídd	3,5	m
Lárétt tengigöng:		
Lengd	1580	m
Vídd	3,6	m
Stöðvarhús:		
Lengd	68	m
Breidd	14,5	m
Hæð	32	m
Hæð á vatnshjólum	41	m y.s.
Aðkomugöng:		
Lengd	1,0	km
Flatarmál	33	m^2
Frárennslisgöng:		
Lengd	1,2	km
Flatarmál	32,3	m^2
Frárennslisskurður:		
Lengd	600	m
Verg fallhæð:		
Hámark	623,5	m
Lágmark	607,0	m

HELSTU EINKENNISSTÆRÐIR

Raunfallhæð:		
Hámark	586,8	m
Lágmark	570,3	m
Hönnunarfallhæð	575,9	m
Hönnunarrennsli	42	m^3/s
Uppsett afl	210	MW
Hverflar:		
Fjöldi	2	
Gerð	Pelton hverlar á lóðréttum ás	
Rafalar:	2	
Gerð	lóðréttir, loftkældir	
Spenna	13,8	kV
Orkuvinnsla:	1400	GWh/ári
Sauðárveita:		
Lengd á stíflum	2,1	km
Lengd á skurðum	5,7	km
Meðalrennsli	6,0	m^3/s
Grjótár-, Hölknár- og Laugarárveita:		
Lengd á stíflum	2	km
Lengd á skurðum	4	km
Meðalrennsli	3,5	m^3/s

Fylgiskjal VIII.

Leyfi iðnaðarráðherra.
(24. apríl 1991.)

Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

I/610 24. apríl 1991

Iðnaðarráðherra hefur fallist á áform Landsvirkjunar um virkjun Jökulsár í Fljótsdal og er Landsvirkjun hér með veitt virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, 210 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum, samkvæmt 7. gr., sbr. 6. gr. laga um Landsvirkjun nr. 42/1983. Athygli er þó vakin á skilyrði því sem felst í bráðabirgðaákvæði I sem bætt var við lög nr. 60/1981 með lögum nr. 74/1980 varðandi röð framkvæmda.

Í samræmi við c-lið 1. málsgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15 frá 20. júní 1923, sbr. a-lið 1. málsgr. 133. gr. sömu laga mun ráðuneytið fljótlega birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu varðandi hina ráðgerðu virkjun, þar sem þeim, er hagsmuna eiga að gæta, er gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við virkjunaráformin. Er leyfi þetta bundið því skilyrði, að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra vandamála, sem kunna að rísa vegna slíkra athugasemda, að höfðu samráði við ráðuneytið.

Fylgiskjal IX.

Bréf umhverfisráðuneytisins til nefndasviðs Alþingis.
(15. júlí 1999.)

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 21. f.m. þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, 3. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni var ríkisstjórninni með lögum nr. 60/1981 heimilað að semja við Landsvirkjun m.a. um að reisa og reka virkjun við Jökulsá í Fljótsdal allt að 330 MW að stærð. Hinn 24. apríl 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, 210 MW að stærð ásamt aðalorkuveitum.

Í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, kemur fram í ákvæði til bráðabirgða að lögin gildi ekki um framkvæmdir með leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994.

Með vísun til þess er Fljótsdalsvirkjun, 210 MW að stærð ásamt aðalorkuveitum, ekki matsskyld framkvæmd samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, þar sem leyfi til hennar var veitt fyrir 1. maí 1994.

Samkvæmt ofanrituðu er ljóst að ekki verður krafist mats á umhverfisáhrifum vegna Fljótsdalsvirkjunar að óbreyttum lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

F.h.r.
Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal X.

Bréf iðnaðarráðuneytisins til umhverfisráðuneytisins.
(3. nóvember 1999.)

Með heimild Alþingis, sbr. lög um raforkuver, nr. 60/1981, og samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, sbr. og 6. og 7. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, og leyfi iðnaðarráðherra, dags. 24. apríl 1991, var Landsvirkjun veitt leyfi til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal og framkvæmda í því sambandi.

Í iðnaðarráðuneytinu er nú unnið að gerð þingsályktunartillögu um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Af því tilefni er hér með óskað staðfestingar umhverfisráðuneytisins á þeim skilningi iðnaðarráðuneytisins að með framangreindum lagaheimildum og leyfi iðnaðarráðherra liggi fyrir útgefið leyfi til Fljótsdalsvirkjunar í skilningi bráðabirgðaákvæðis laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Skal í þessu sambandi m.a. vísað til bréfs umhverfisráðuneytisins til nefndasviðs Alþingis, dags. 15. júlí 1999.

Jafnframt er óskað staðfestingar umhverfisráðuneytisins á þeim skilningi iðnaðarráðuneytisins að samkvæmt þessu sé ekki skylt að lögum að fram fari mat á unhverfisáhrifum áður en gefin eru út leyfi sveitarstjórnar á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

F.h.r.
ÞÖ/GAG

Fylgiskjal XI.

Bréf umhverfisráðuneytisins til iðnaðarráðuneytisins.
(5. nóvember 1999.)

Vísað er til erindis yðar dagsett 3. þ.m., þar sem óskað er eftir staðfestingu umhverfisráðuneytisins á þeim skilningi iðnaðarráðuneytisins að með heimild Alþingis, sbr. nánar tilgreind lagaákvæði, og leyfi iðnaðarráðherra, dagsett 24. apríl 1991, liggi fyrir útgefið leyfi til Fljótsdalsvirkjunar í skilningi bráðabirgðaákvæðis laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisráðuneytið staðfestir hér með þann skilning yðar að á grundvelli hinna tilvitnuðu lagaákvæða og leyfis iðnaðarráðherra, dagsett 24. apríl 1991, liggi fyrir að Fljótsdalsvirkjun, 210 MW að stærð ásamt aðalorkuveitu er ekki matskyld framkvæmd samkvæmt lögum nr. 63/1993. Jafnframt staðfestir ráðuneytið þann skilning yðar að ekki sé skylt að lögum að fram fari mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar áður en gefin eru út leyfi sveitarstjórnar á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

F.h.r.
Magnús Jóhannesson.
Kristín L. Árnadóttir.

217. Tillaga til þingsályktunar [187. mál]

um stuðning stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Páll Magnússon, Hjálmar Árnason.

Alþingi ályktar að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skipa í samráði við landbúnaðarráðherra starfshóp er fái það hlutverk að gera tillögur um hvernig stjórnvöld geti stutt íslenska matreiðslumenn í þeirri viðleitni að auka útflutning á þekkingu þeirra og matargerðarlist en auka um leið útflutning á íslenskum landbúnaðarafurðum, svo sem kjöti, grænmeti og mjólkurafurðum, en einnig fiski og fiskafurðum og fullunnum matvælum. Verkefni starfshópsins verði að:

1. Leggja mat á árangur sem íslenskir matreiðslumenn hafa þegar náð á erlendri grund og hvernig hann hefur náðst.
2. Leggja mat á hvort stjórnvöld geta stuðlað að frekari árangri á þessu sviði og gera tillögur um hvernig auka má útflutning á þekkingu og færni íslenskra matreiðslumanna.
3. Gera tillögur um hvernig auka megi útflutning íslensks hráefnis og fullunninna matvæla í tengslum við framangreint.

Hópurinn skili ráðherra niðurstöðum sínum í skýrslu eigi síðar en 15. apríl 2000.

Greinargerð.

Íslenskir matreiðslumenn hafa sýnt það og sannað að þeir eru fagmenn á heimsmælikvarða, um það bera fjölmörg alþjóðleg verðlaun og viðurkenningar vitni. Góður árangur þeirra getur orðið íslensku þjóðinni mikils virði ef rétt er á haldið. Með honum hefur hugsanlega verið lagður grunnur að nýjum landvinningum þeirra og auknum útflutningi á íslensku hráefni og unnum matvörum. Starf þeirra hefur einnig mikið gildi af því að hluti af ferðamennsku nútímans er að njóta matarins í viðkomandi löndum. Íslenskt hráefni er í sérflokki, hvort heldur um er að ræða fisk, kjöt, mjólkurafurðir eða grænmeti, og ef hráefnið er meðhöndlað af snilld margfaldar það gildi sitt.

Benda má á að íslenskir matreiðslumeistarar geta unnið uppeldis- og forvarnastarf og lagt á ráðin um hollt mataræði. Athyglisverðir sjónvarpsþættir voru gerðir fyrir tveimur árum í samstarfi matreiðslumanna og ríkissjónvarpsins þar sem ungu fólki var kennd matreiðsla. Sömuleiðis má nefna mikilvægt starf bænda og samvinnu þeirra við matreiðslumenn við framleiðslu á landbúnaðarvöru, hvort heldur er hefðbundna, vistvæna eða lífræna.

Klúbbur matreiðslumeistara tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi á Norðurlöndum, í Evrópu og á alþjóðavísu, sbr. fylgiskjal I.

Fram undan er virtasta matreiðslukeppni í heimi, Bocuse de Or í Lyon í Frakklandi, en í henni hafa Íslendingar einu sinni tekið þátt. Ákveðið hefur verið að nota lambakjöt sem aðalhráefni keppninnar árið 2001. Flutningsmenn hvetja til þess að lambakjötið verði íslenskt, enda hefur komið boð frá forsvarsmönnum keppninnar þess efnis ef fjárstuðningur fæst. Hver keppandi notar um 40 lambaskrokka þannig að heildarmagn yrði um 800 skrokkar. Þetta er kjörið tækifæri til að koma íslenskri gæðavöru á framfæri. Íslenskir matreiðslumeistarar hafa verið nefndir nýir sendiherrar íslensku þjóðarinnar á erlendri grundu.

Flutningsmenn tillögu þessarar hvetja stjórnvöld, framleiðendur, ferðaþjónustuaðila og forsvarsmenn annarra fyrirtækja til að gefa gaum mikilvægu starfi þessara samtaka að eflingu og kynningu á Íslandi og matvælum sem eru í sérflokki hvað gæði og hreinleika snertir.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala í þskj. 761 (462. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–1999, bls. 2955–2957:

I. Starfsáætlun Klúbbs matreiðslumeistara til ársloka 2000. Gissur Guðmundsson, skólastjóri Matreiðsluskólans okkar, gjaldkeri Klúbbs matreiðslumeistara.
II. Efling útflutnings á fullunnum íslenskum afurðum. Gissur Guðmundsson, skólastjóri Matreiðsluskólans okkar, gjaldkeri Klúbbs matreiðslumeistara.

218. Fyrirspurn [188. mál]

til heilbrigðisráðherra um skort á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum.

Frá Ástu Möller.

Hvernig hyggjast stjórnvöld bregðast við skorti á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum til starfa á heilbrigðisstofnunum?

Skriflegt svar óskast.

219. Frumvarp til laga [189. mál]

um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til áhafna allra flutninga- og farþegaskipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa. Jafnframt gilda lögin, eftir því sem við á, um farþega- og skemmtibáta sem skráðir eru hér á landi.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum.
2. *Skip* er hvert það skip sem skráð er samkvæmt lögum um skráningu skipa og lög þessi taka til.
3. *Flutningaskip* er hvert það skip, skrásett sem flutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.
4. *Farþegaskip* er hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem getur flutt fleiri en 12 farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.

5. *Farþegabátur* er hvert það skip minna en 500 brúttótonn í strandsiglingum, í siglingum innan afmarkaðra hafsvæða eða á stöðuvötnum sem siglir með farþega í atvinnuskyni, t.d. í stuttar skoðunar- eða veiðiferðir, og samþykkt er sem slíkt af Siglingastofnun Íslands.
6. *Skemmtibátur* er hvert það skip sem ekki er notað í atvinnuskyni og ætlað er til skemmtisiglinga, óháð þeirri orku sem knýr skipið. Leiki vafi á hvort skip teljist skemmtibátur sker Siglingastofnun Íslands úr um það.
7. *Námsstig* er lok tiltekins bóklegs og verklegs náms við sjómannaskóla sem veitir prófskírteini til tiltekinna atvinnuréttinda að öðrum skilyrðum uppfylltum.
8. *Skipstjóri* er sá sem fer með æðsta vald á skipi.
9. *Yfirstýrimaður* er skipstjórnarmaður sem gengur næst skipstjóra og tekur við skipstjórn í forföllum hans.
10. *Yfirmaður* er skipstjórnar- eða vélstjórnarmaður á stjórnunar- eða rekstrarsviði skv. 5. gr.
11. *Yfirvélstjóri* er æðsti vélstjóri um borð og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess.
12. *1. vélstjóri* er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess í forföllum yfirvélstjóra. 1. vélstjóri er sá sami og telst annar vélstjóri samkvæmt alþjóðasamþykktinni og skal uppfylla sömu kröfur og þar eru gerðar.
13. *Alþjóðaradíóreglugerðin* er reglur um fjarskipti sem eru, eða eru taldar vera, viðauki við nýjustu alþjóðafjarskiptasamþykktina sem er í gildi á hverjum tíma.
14. *Fjarskiptamaður* er lögmætur handhafi skírteinis sem er gefið út eða viðurkennt af Siglingastofnun Íslands samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.
15. *Skírteini* er staðfesting sem gefin er út og árituð í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim og veitir lögmætum handhafa þess rétt til að takast á hendur störf á því ábyrgðarsviði sem tilgreint er, á skipi þeirrar gerðar og stærðar, með því vélarafli og gerð vélbúnaðar sem notuð eru í viðkomandi sjóferð.
16. *Afmarkað hafsvæði* er hafsvæði eftir nánari skilgreiningu í reglugerð.
17. *Sjómannaskóli* er menntastofnun sem viðurkennd er af menntamálaráðherra eða samgönguráðherra og uppfyllir skilyrði alþjóðasamþykktarinnar um nám og kennslu.
18. *Strandsigling* er sigling innan 50 sjómílna frá ströndum Íslands og á öðrum hafsvæðum eftir nánari ákvörðun Siglingastofnunar Íslands.
19. *Öryggismönnun* er ákvörðun mönnunarnefndar flutningaskipa eða Siglingastofnunar Íslands um lágmarksfjölda í áhöfn flutninga- og farþegaskipa.
20. *Brúttótonn* er mæling á heildarstærð skips eins og hún er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um skipamælingar frá 23. júní 1969.
21. *Ábyrgðarsvið* nær yfir skiptingu starfa og ábyrgðar um borð í flutninga- eða farþegaskipi og skiptist í stjórnunarsvið, rekstrarsvið og stoðsvið:
    a. *Stjórnunarsvið* tekur til skipstjóra, yfirvélstjóra, yfirstýrimanns og 1. vélstjóra.
    b. *Rekstrarsvið* tekur til stýrimanna og vélstjóra undir stjórn skipstjórnar- eða vélstjórnarmanna á stjórnunarsviði.
    c. *Stoðsvið* tekur til skipverja sem heyra ekki undir stjórnunar- eða rekstrarsvið.
22. *Vélarafl* er mesta samfellda heildarhámark ásafls allra aðalvéla skipsins í kílóvöttum (kW) eins og það er skráð í skráningarskírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum.
23. *Útgerðarmaður* er sá aðili sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

3. gr.

Menntun og þjálfun.

Sjómannaskólar sem annast menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa skulu að lágmarki uppfylla ákvæði laga þessara og reglugerða samkvæmt þeim, alþjóðasamþykktarinnar og samnings um Evrópska efnahagssvæðið hvað varðar nám og kennslu. Nám og kennsla í sjómannaskólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Starfsgreinaráð um sjávarútvegsgreinar og siglingar, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, gerir tillögu til menntamálaráðherra, að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands, um námskrár sjómannaskóla.

Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991 og staðfestir samgönguráðherra námskrá skólans.

Menntamálaráðuneytið og Siglingastofnun Íslands hafa eftirlit með að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt.

4. gr.

Skírteini.

Sýslumenn úti á landi og tollstjórinn í Reykjavík gefa út íslensk skírteini samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Skírteinin skulu rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið ákveður og skulu vera bæði á íslensku og ensku. Skírteinin skulu gilda til fimm ára í senn og setur samgönguráðherra skilyrði um endurnýjun þeirra. Til að tryggja samræmi í útgáfu skírteina skal haft samráð við Siglingastofnun Íslands við útgáfu þeirra.

Siglingastofnun Íslands gefur út skírteini og áritanir samkvæmt alþjóðasamþykktinni í samræmi við þessi lög, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Skírteini skulu rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið ákveður og skulu vera bæði á íslensku og ensku. Skírteinin skulu gilda til fimm ára í senn og setur samgönguráðherra skilyrði um endurnýjun þeirra þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykktinni. Útgáfa skírteina og áritana skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, alþjóðasamþykktarinnar og samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um siglingatíma, aldur, heilbrigði, sjón og heyrn, menntun og þjálfun, hæfni og próf, á rétt á að fá útgefið viðeigandi skírteini sér til handa og starfa samkvæmt því um borð í skipum. Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna.

Skipstjóri á íslensku skipi skal ávallt vera íslenskur ríkisborgari. Þó geta ríkisborgarar annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu starfað sem skipstjórar á íslenskum skipum hafi þeir staðist sérstakt próf um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem þeir fá réttindi til að gegna.

Yfirmenn á stjórnunarsviði, þ.e. skipstjóri, yfirstýrimaður, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri, skulu hafa þekkingu á íslenskum lögum og reglum sem varða störf þeirra og tryggt skal að þeir geti tjáð sig á íslensku eða ensku um ábyrgðarsvið sitt.

Frumrit skírteinis sem krafist er skal ávallt vera um borð í því skipi sem skírteinishafi er skráður eða ráðinn á.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir útgefin skírteini.

5. gr.

Skírteini til starfa um borð í flutninga- og farþegaskipum.

Til að starfa sem skipstjórnar- eða vélstjórnarmaður um borð í flutninga- og farþegaskipum skal viðkomandi vera lögmætur handhafi viðeigandi skírteinis og hafa siglingatíma eins og nánar er ákveðið í reglugerð og hafa menntun og þjálfun sem uppfyllir að minnsta kosti lágmarkskröfur.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um önnur skírteini en talin eru upp í lögum þessum og krafist er samkvæmt alþjóðasamþykktinni.

Stjórnunarsvið.

Námsstig	Skírteini	Takmarkanir	STCW-regla
2. stig	Yfirstýrimaður/stýrimaður	< 500 brúttótonn í strandsiglingum	II/3
2. stig	Skipstjóri	< 500 brúttótonn í strandsiglingum	II/3
3. stig	Yfirstýrimaður	< 3.000 brúttótonn	II/2
3. stig	Skipstjóri	< 3.000 brúttótonn	II/2
3. stig	Yfirstýrimaður	engar	II/2
3. stig	Skipstjóri	engar	II/2
4. stig	1. vélstjóri	< 3.000 kW	III/3
4. stig	Yfirvélstjóri	< 3.000 kW	III/3
4. stig	1. vélstjóri	engar	III/2
4. stig	Yfirvélstjóri	engar	III/2

Rekstrarsvið.

Námsstig	Skírteini	Takmarkanir	STCW-regla
2. stig	Stýrimaður	engar	II/1
3. stig	Vélstjóri	engar	III/1

Stoðsvið.

Námsstig	Skírteini	Takmarkanir	STCW-regla
Námskeið	Aðstoðarmaður í brú	engar	II/4
Námskeið/1. stig/2. stig	Aðstoðarmaður í vél	engar	III/4

Skírteini til vélstjórnarstarfa á flutninga- og farþegaskipum með vél minni en 750 kW.

Námsstig	Skírteini	Takmarkanir
Námskeið	Vélgæslumaður	≤ 220 kW
1. stig	Yfirvélstjóri	≤ 375 kW
2. stig	Yfirvélstjóri	< 750 kW

6. gr.

Skírteini til starfa um borð í farþegabátum.

Til að starfa sem skipstjórnar- eða vélstjórnarmaður um borð í farþegabátum skal viðkomandi vera lögmætur handhafi viðeigandi skírteinis og uppfylla kröfur um menntun, þjálf-

un, siglingatíma, aldur, heilbrigði og sjón og heyrn eins og nánar er ákveðið í reglugerð. Skírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á farþegabátum:

Námsstig	Skírteini	Takmarkanir
50 brúttótonn og námskeið	Skipstjóri/stýrimaður	≤ 50 brúttótonn og afmarkað hafsvæði
1. stig og námskeið	Skipstjóri/stýrimaður	< 500 brúttótonn í strandsiglingum
Námskeið	Vélgæslumaður	> 75 kW til og með 220 kW

Siglingastofnun Íslands getur veitt undanþágur frá kröfum þessarar greinar um skírteini eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Á farþegabátum með meira vélarafl en 75 kW og til og með 220 kW skal vera vélgæslumaður sem má vera hinn sami og annast skipstjórn bátsins. Á farþegabátum með vélarafl meira en 220 kW skulu vélstjórnarmenn vera lögmætir handhafar viðeigandi skírteinis. Siglingastofnun Íslands ákveður mönnun og farsvið farþegabáta og viðurkennir námskeið samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Skemmtibátar.

Sá sem annast skipstjórn og vélstjórn um borð í skemmtibátum skal vera lögmætur handhafi skírteinis og uppfylla kröfur um menntun og þjálfun eins og nánar er ákveðið í reglugerð. Skírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á skemmtibátum:

Námsstig	Skírteini	Takmarkanir
50 brúttótonn	Skipstjóri	≤ 50 brúttótonn
1. stig	Skipstjóri	< 500 brúttótonn
Námskeið	Vélstjórnarmaður	> 110 kW til og með 220 kW

Á skemmtibátum með meira vélarafl en 110 kW og til og með 220 kW skal vera vélstjórnarmaður sem má vera hinn sami og annast skipstjórn bátsins. Siglingastofnun Íslands ákveður mönnun skemmtibáta með meira vélarafl en 220 kW og viðurkennir námskeið samkvæmt grein þessari.

8. gr.

Viðurkenning erlendra skírteina.

Siglingastofnun Íslands viðurkennir erlend skírteini í samræmi við lög þessi og reglugerðir samkvæmt þeim, alþjóðasamþykktina og samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Skírteini sem gefin eru út af ríki sem ekki er aðili að alþjóðasamþykktinni eða af ríki sem er aðili að alþjóðasamþykktinni en hefur ekki fullnægt kröfum hennar skulu ekki viðurkennd. Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita í allt að þrjá mánuði lögmætum handhöfum erlendra skírteina leyfi til að gegna tilteknu starfi á tilteknu skipi, þar sem krafist er skírteinis, ef lögð eru fram fullgild vottorð eða skírteini á meðan eða þar til Siglingastofnun Íslands hefur sannreynt viðkomandi gögn og viðurkennt erlenda skírteinið, enda geti viðkomandi skilið fyrirmæli yfirmanna skipsins og stjórnað verkum í þeirra umboði.

Um umsóknir frá ríkisborgurum Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 92/51/EBE, sbr. lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993, með síðari breytingum.

Um umsóknir frá ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 94/58/EB um lágmarksþjálfun sjómanna með síðari breytingum.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir viðurkennd erlend skírteini.

9. gr.

Undanþágunefnd.

Undanþágunefnd sem starfar samkvæmt lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum skal fjalla um veitingu undanþágna til starfa á flutningaskipum eða farþegaskipum samkvæmt lögum þessum. Miða skal við að fulltrúar útgerða og stéttarfélaga eigi sæti í nefndinni eftir því á hvaða tegundum skipa og til hvaða starfa undanþágur eru til umfjöllunar hverju sinni. Nánari reglur um skipan og starfshætti nefndarinnar setur samgönguráðherra með reglugerð.

Siglingastofnun Íslands annast framkvæmd undanþágna samkvæmt ákvörðunum undanþágunefndar og skal halda skrá yfir veittar undanþágur.

10. gr.

Undanþágur.

Þegar brýna nauðsyn ber til og menn með tilskilin skírteini vantar til starfa getur undanþágunefnd, telji hún að öryggi mannslífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu, veitt tilteknum manni undanþágu til að gegna stöðu á tilteknu flutningaskipi eða farþegaskipi í tiltekinn tíma, hafi hann ekki tilskilin réttindi. Undanþágu í umrædda stöðu má þó ekki veita lengur en til sex mánaða, enda sé viðkomandi að mati undanþágunefndar hæfur til að annast starfið á öruggan hátt.

Undanþáguna má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu stöðu fyrir neðan. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu stöðu fyrir neðan má veita þeim undanþágu sem að mati undanþágunefndar hefur til þess þekkingu og reynslu sem augljóslega jafngildir skilyrðum fyrir útgáfu skírteinis vegna stöðunnar sem á að gegna. Til þess að sannreyna að veita megi slíka undanþágu að skaðlausu skal sá sem hefur ekkert skírteini standast próf sem Siglingastofnun Íslands hefur samþykkt. Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er. Yfirmanni sem gegnir starfi fjarskiptamanns eða þeim sem sér um fjarskipti má heldur ekki veita undanþágu nema slíkt sé heimilað í alþjóðaradíóreglugerðinni.

11. gr.

Eldri skírteini.

Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku þessara laga skal halda sínum réttindum óskertum, enda fullnægi hann öðrum kröfum laga þessara. Heimilt er að gefa út ný skírteini samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim í stað eldri skírteina, enda séu réttindi þeirra skírteinishafa í engu skert.

Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna skal öðlast rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður á farþegabáti 50 brúttótonn eða minni sem siglir á afmörkuðu hafsvæði. Auk þess skal viðkomandi gangast undir sérstakt námskeið sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands.

Sá sem hefur lokið 1. stigi stýrimannaskóla skal öðlast rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður á farþegabáti minni en 500 brúttótonn í strandsiglingum. Auk þess skal viðkomandi gangast undir sérstakt námskeið sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands.

Nú hefur skipstjórnarmaður skírteini til skipstjórnarstarfa, samkvæmt brúttórúmlestaviðmiðun, á skipi sem vegna breytinga á mælingum skipa mælist stærra en eldra skírteini hans veitti réttindi til eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi og er þá heimilt að veita honum skírteini til starfa á sama skipi að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.

12. gr.

Vaktstaða.

Skipstjóri skal tryggja að fyrirkomulag vakta sé á þann veg að ávallt sé staðin örugg vakt um borð, hvort sem skipið er á siglingu, í höfn, á legu eða við akkeri. Undir yfirumsjón skipstjóra eru stýrimenn ábyrgir fyrir öruggri siglingu skipsins á sinni vakt og ber þeim sérstaklega að varast árekstur og strand.

Yfirvélstjóri er ábyrgur fyrir öruggri vakt í vélarúmi og skal tryggja að vélstjóri sé tiltækur til að gegna vakt í ómönnuðu vélarúmi og standa þar vaktir ef þörf krefur.

Þeir sem gegna starfi fjarskiptamanns eru á sinni vakt ábyrgir fyrir samfelldri hlustun á viðeigandi tíðnum.

Samgönguráðherra setur reglugerð um vaktir og hvíldartíma þeirra sem standa vaktir. Vaktir skulu þannig skipulagðar að þeir sem standa vaktina séu ávallt vel hvíldir svo að ekki dragi úr árvekni þeirra, sérstaklega skal þessa gætt við fyrstu vakt og í upphafi sjóferðar.

13. gr.

Mönnunarnefnd flutningaskipa.

Samgönguráðherra skipar sjö manna mönnunarnefnd flutningaskipa og jafnmarga varamenn til fjögurra ára í senn. Mönnunarnefnd ákveður mönnun flutningaskipa. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði. Skal einn fulltrúi og varafulltrúi tilnefndur af hverju eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða. Tveir skulu tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Nefndin skal leita umsagnar Siglingastofnunar Íslands um mönnun flutningaskipa. Ákvarðanir nefndarinnar eru endanlegar á sviði stjórnsýslunnar. Nánari reglur um skipan og starfshætti nefndarinnar setur samgönguráðherra með reglugerð.

Siglingastofnun Íslands ákveður mönnun farþegaskipa og farþegabáta samkvæmt lögum um eftirlit með skipum. Ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands eru endanlegar á sviði stjórnsýslunnar.

14. gr.

Öryggismönnun flutninga- og farþegaskipa.

Sérhvert íslenskt flutninga- og farþegaskip skal mannað á öruggan hátt svo að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar, skips og mannslífa á sjó. Flutninga- og farþegaskip skulu þannig mönnuð að unnt sé að fylgja öllum lögum og reglum um verndun umhverfis, einkum er varðar mengunarvarnir sjávar og lífríkis.

Við ákvörðun um fjölda skipverja á flutninga- og farþegaskipum skal taka fullt tillit til alþjóðasamþykktarinnar og krafna hennar um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun og þjálfun, hæfni og próf. Við mönnun flutninga- og farþegaskipa skal tekið sérstakt tillit til

skipulags vakta um borð og nauðsynlegs hvíldartíma skipverja í samræmi við alþjóðasamþykktina.

Siglingastofnun Íslands gefur út öryggismönnunarskírteini fyrir flutningaskip í samræmi við ákvarðanir mönnunarnefndar flutningaskipa þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn, samsetningu áhafnar og skírteini fyrir einstakar stöður.

Siglingastofnun Íslands gefur út öryggismönnunarskírteini fyrir farþegaskip þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn, samsetningu áhafnar og skírteini fyrir einstakar stöður, sbr. lög um eftirlit með skipum.

15. gr.

Gjöld.

Greiða skal fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina og veitingu undanþágna skv. 6. gr. og skulu þau gjöld standa undir beinum kostnaði Siglingastofnunar Íslands vegna afgreiðslu þeirra. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

16. gr.

Refsiákvæði.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum þessara laga til að öðlast slíkt skírteini eða vera skírteinishafi.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um menntun og þjálfun áhafna íslenskra flutninga- og farþegaskipa, bæði um borð í skipi og í landi, öryggisfræðslu, próf, skírteini og skilyrði þeirra, heilbrigðiskröfur, viðurkenningu erlendra skírteina, ábyrgð útgerðarmanna, vaktstöður og mönnun skipa. Jafnframt getur ráðherra sett reglur um sama efni sem tekur til farþegabáta og skemmtibáta.

Samgönguráðherra er heimilt, í samráði við menntamálaráðherra, að setja reglur um eftirlit með menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa, sbr. 3. mgr. 3. gr.

18. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Ákvæði 7. gr. um skemmtibáta öðlast gildi 1. janúar 2002. Fyrir þann tíma skulu viðkomandi afla sér tilskilinna skírteina. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem samgönguráðherra skipaði 8. maí 1998, en nefndinni var falið að undirbúa framkvæmd og gera tillögur um nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar vegna aðlögunar að tilskipun ráðsins 94/58/EB um lágmarksþjálfun sjómanna með síðari breytingum. Jafnframt bar starfshópnum að miða við að fullnægt yrði ákvæðum alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöðu áhafna fiskiskipa frá árinu 1995 (STCW-F) sem og þeirra breytinga sem orðið hafa á alþjóðasamþykktinni frá 1978 um

menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, eða „STCW", sem er skírskotun til heitis hennar á ensku „Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers".

Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu 9. september 1998 og lokaskýrslu 26. nóvember 1998 en í starfi sínu hafði hópurinn samvinnu og samráð við hagsmunaaðila. Í hópnum voru Helgi Jóhannesson, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu, formaður, Þórður Þórðarson, deildarstjóri í Siglingastofnun Íslands, og Sverrir H. Konráðsson frá Siglingastofnun Íslands, Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík, Björgvin Þór Jóhannsson, skólameistari Vélskóla Íslands, Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna og Hörður Lárusson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu. Vilmundur Víðir Sigurðsson var í hópnum meðan hann starfaði sem skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík, þegar Guðjón Ármann Eyjólfsson fór í námsleyfi skólaárið 1998–99.

Megintilgangur frumvarpsins er að laga íslenska löggjöf að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 (STCW), sem tekur til áhafna flutninga- og farþegaskipa og breytt var í verulegum atriðum árið 1995. Evrópusambandið hefur fullgilt samþykktina og sett tilskipanir um lágmarksþjálfun sjómanna 94/58/EB með breytingum 98/35/EB. Þær tilskipanir eru hluti þeirra gerða sem taka verður inn í íslenska löggjöf á grundvelli EES-samningsins.

I. Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna.

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978) var samþykkt á allsherjarþingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í Lundúnum sumarið 1978. Hún öðlaðist gildi 28. apríl 1984 þegar hún hafði verið fullgilt af 25 ríkjum sem áttu meira en helming af samanlögðum kaupskipaflota heimsins. Samþykktin var fyrsta tilraun þjóða heims til að setja alþjóðlegar lágmarkskröfur um þjálfun og menntun áhafna kaupskipa. Hún er talin ein mikilvægasti alþjóðasamþykkt sem gerð hefur verið til að auka öryggi sjómanna.

Tilefni samþykktarinnar var í upphafi ekki síst að mikils misræmis hafði gætt um menntunar- og þjálfunarkröfur sjómanna á flutninga- og farþegaskipum í einstökum aðildarríkjum IMO. Áður hafði hvert ríki sett eigin kröfur í þessum efnum og engir alþjóðastaðlar voru til um útgáfu atvinnuskírteina til handa skipstjórnar- og vélstjórnarmönnum á flutninga- og farþegaskipum. Brýnt var því að samræma þessar kröfur til að auka öryggi skipa og áhafna.

Í samþykktinni er kveðið á um lágmarksstaðla sem samningsaðilum er skylt að uppfylla en þeir mega þó setja strangari kröfur og ganga sum ríki lengra í námskröfum sínum til atvinnuréttinda. Með gildistöku samþykktarinnar átti hún því að hafa þau heildaráhrif að auka hæfniskröfur til sjómanna um heim allan.

Ísland varð fullgildur aðili að samþykktinni 21. júní 1995 og voru þá sett lög um áhafnir íslenskra kaupskipa og lögum um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna breytt til samræmis við kröfur samþykktarinnar.

Seint á níunda áratugnum kom í ljós að samþykktin náði ekki í öllum tilvikum tilgangi sínum þótt stuðningur við hana væri orðinn mjög víðtækur, en hinn 1. júlí 1995 höfðu 113 ríki sem áttu 94,6% af skipastóli heims fullgilt hana. Meginorsök þessa virtist vera að aðilar samþykktarinnar höfðu ekki samræmda túlkun á framkvæmd hennar. Mörg ríki vanræktu að tryggja að farið væri með fullnægjandi hætti að kröfum hennar. Af þeim sökum var ekki lengur hægt að treysta á STCW-skírteini til sönnunar á hæfni. Með því að dró úr trúverðugleika samþykktarinnar og stjórnmálamenn og almenningur höfðu af því áhyggjur að sjóslys voru í auknum mæli rakin til mistaka jókst gagnrýni á samþykktina og IMO.

Af fyrrgreindum ástæðum var ákveðið að gera grundvallarbreytingar á samþykktinni. Meginmál hennar var óbreytt en nýr viðauki var tekinn inn í stað þess gamla auk þess sem svokallaður STCW-bálkur var tekinn inn í hana. Í meginmáli og viðauka eru lagalegar kröfur en þær eru nánar útlistaðar í bálknum. Hin endurskoðaða alþjóðasamþykkt var undirrituð 7. júlí 1995 af 71 aðildarríki, þar á meðal Íslandi, og tók gildi 1. febrúar 1997. Fram til 1. febrúar 2002 mega samningsaðilar þó gefa út og viðurkenna skírteini sem giltu fyrir þann dag og varðar sjómenn sem hófu nám eða byrjuðu að safna siglingatíma fyrir 1. ágúst 1998. Í ársbyrjun 2002 eiga allir skipstjórnar- og vélstjórnarmenn á flutningaskipum og farþegaskipum að hafa fengið í hendur skírteini gefin út samkvæmt samþykktinni. Nýju skírteinin eiga að tryggja að lögmætir handhafar þeirra hafi þá þekkingu og hæfni sem kveðið er á um í samþykktinni. Önnur skírteini verða ekki viðurkennd og þar með er komið í veg fyrir að skipstjórnar- og vélstjórnarmenn gegni ábyrgðarstöðum um borð í flutninga- og farþegaskipum án löglegra skírteina.

Almennt hefur verið talið að menntun íslenskra sjómanna sé í samræmi við þær lágmarkskröfur sem samþykktin kveður á um enda hafa íslenskir stýrimenn og vélstjórar vandkvæðalaust fengið atvinnuskírteini sín viðurkennd í öðrum löndum. Íslensku sjómannaskólarnir hafa lagað nám og námskrár sínar að samþykktinni. Með frumvarpi þessu eru gerðar nauðsynlegar breytingar til samræmis við endurskoðuðu samþykktina. Engin bein úttekt hefur verið gerð af hálfu IMO á menntun sjómanna á Íslandi en í endurskoðuðu samþykktinni er kveðið á um að samningsaðilar skuli senda IMO gögn um framkvæmd hennar innanlands og hvernig menntun og þjálfun sé háttað. Starfshópur sá sem fyrr er nefndur vann og tók saman ítarleg gögn á ensku um framkvæmd menntunar og þjálfunar sjómanna á Íslandi, sem höfðu m.a. að geyma námskrár Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands, gildandi atvinnuréttindalög og ýmsar reglugerðir því tengdar og voru þau gögn send til IMO í lok júlí 1998. Þessi gögn er nú verið að meta innan IMO af þar til kvöddum sérfræðingum. Í framhaldi af því verður gefinn út svokallaður hvítlisti (white list) sem er skrá yfir þau ríki sem að mati IMO uppfylla ákvæði samþykktarinnar. Mjög mikilvægt er að Ísland komist á þennan hvítlista til þess að menntun og skírteini íslenskra sjómanna verði viðurkennd á alþjóðavettvangi. Afleiðingar þess ef Ísland kæmist ekki á listann yrðu m.a. þær að skírteini okkar manna yrðu litin hornauga og íslensk skip jafnvel stöðvuð í erlendum höfnum. Þannig kynnu Íslendingar að verða settir í hóp með vanþróuðum þjóðum á sviði siglinga og stýrimenn og vélstjórar með íslensk skírteini kynnu að eiga erfitt með að fá störf um borð í erlendum skipum en þeir íslenskir skipstjórnar- og vélstjórnarmenn sem eru við störf erlendis núna ættu á hættu að missa störf sín.

Afhending ofannefndra gagna er nauðsynlegt aðhald fyrir samningsaðila til að tryggja að þeir hrindi ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd. Eftir 1. ágúst 1998 var þess krafist að kennsla í öllum viðurkenndum sjómannaskólum yrði í samræmi við endurskoðuðu samþykktina. Sjómenn sem hófu nám í viðurkenndum sjómannaskólum eftir áðurnefndan dag og standast próf verða þar af leiðandi að uppfylla kröfur um fræðilegt nám. Auk þess er krafist tiltekins siglingatíma.

II. Tilskipun Evrópusambandsins.

Öll aðildarríki Evrópusambandsins hafa gerst aðilar að alþjóðasamþykktinni og hefur Evrópusambandið gefið út sérstaka tilskipun ráðsins um lágmarksþjálfun sjómanna 94/58/EB. Gerðar voru breytingar á þeirri tilskipun með tilskipun 98/35/EB þar sem tekið var tillit til þeirra breytinga sem urðu á alþjóðasamþykktinni árið 1995. Tilskipanirnar taka fullt mið

af alþjóðasamþykktinni og eru þær nú orðnar hluti af þeim reglum sem öðlast hafa gildi á EES-svæðinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um gildissvið laganna en þeim er ætlað að taka til allra þeirra sem starfa um borð í íslenskum flutninga- og farþegaskipum og eru skráð samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Jafnframt er miðað við að frumvarpið, verði það að lögum, gildi um farþegabáta og skemmtibáta, eftir því sem við á, og nánar er tilgreint. Um farþegabáta er fjallað í 6. gr. frumvarpsins, þ.e. um skírteini sem krafist er til að starfa um borð í farþegabátum og um mönnun farþegabáta. Um skemmtibáta er fjallað í 7. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið nær yfir heldur víðara svið en alþjóðasamþykktin, en hún miðast við að einstök ríki geti sett reglur sem gilda aðeins á afmörkuðum hafsvæðum (sheltered waters) og strandsiglingum (near coastal voyages). Alþjóðasamþykktin tekur aðeins til skipa sem sigla á opnu hafi (seagoing vessels) og undir hana falla ekki herskip, fiskiskip, skemmtibátar eða tréskip af frumstæðri gerð.

Um 2. gr.

Hér eru einstök orð sem notuð eru í frumvarpinu skilgreind. Byggt er á sömu skilgreiningum og notaðar eru í alþjóðasamþykktinni og þeim skilgreiningum sem koma fram í gildandi atvinnuréttindalögum, sbr. 2. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, nr. 112/1984, og 1. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

Nokkur ný hugtök eru skilgreind sem ekki hafa verið skilgreind eða notuð í íslenskri löggjöf áður, t.d. farþegabátur, námsstig, fjarskiptamaður, afmörkuð hafsvæði, öryggismönnun, sjómannaskóli, ábyrgðarsvið, stjórnunarsvið, rekstrarsvið og stoðsvið.

Hugtakið skírteini er skilgreint sem viðeigandi staðfesting er nær bæði til skírteina sem eru útgefin af viðkomandi yfirvaldi og áritana í samræmi við ákvæði laganna og alþjóðasamþykktarinnar. Tekið er fram að skírteini eða áritun á skírteini nái til ábyrgðarsviðs sem tilgreint er, til ákveðinnar tegundar skipa, t.d. olíu- og efnaflutningaskipa, eða ákveðinna vélagerða, t.d. eimvéla eða gastúrbínuvéla og svo dísilvéla.

Hugtakið sjómannaskóli er skilgreint sem menntastofnun sem viðurkennd er af menntamálaráðherra eða samgönguráðherra, en það er með tilliti til þess að Slysavarnaskóli sjómanna heyrir undir samgönguráðuneytið samkvæmt lögum nr. 33/1991.

Um 3. gr.

Með þessari grein er gerð krafa um að allir skólar sem annast menntun og þjálfun áhafna skipa sem frumvarpið tekur til skuli uppfylla kröfur laganna, alþjóðasamþykktarinnar og skuldbindinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er miðað við að Starfsgreinaráð sjávarútvegs og siglinga geri tillögur til menntamálaráðherra um námskrár framhaldsskóla (sjómannaskóla), þar með talið menntun og þjálfun áhafna flutninga- og farþegaskipa. Miðað er við að Starfsgreinaráð leiti umsagnar Siglingastofnunar Íslands um efni slíkra námskráa enda ber Siglingastofnun Íslands ábyrgð á framkvæmd alþjóðasamþykktarinnar gagnvart IMO sem setur reglur um menntun og þjálfun áhafna skipa á alþjóðavettvangi.

Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991. Skólinn fellur undir samgönguráðuneytið og er því miðað við að samgönguráðherra staðfesti námskrá skólans hvað varðar menntun og þjálfun sjómanna.

Miðað er við að menntamálaráðuneytið og Siglingastofnun Íslands hafi eftirlit með því að kröfum skv. 1 mgr. sé fullnægt.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru skírteini til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna gefin út af sýslumönnum úti á landi og tollstjóranum í Reykjavík, sbr. 13. gr. laga nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, og 9. gr. laga nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Í 1. mgr. er miðað við óbreytt fyrirkomulag í þeim efnum. Hins vegar er lagt til að sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík hafi samráð við Siglingastofnun Íslands við útgáfu þeirra til að tryggja að samræmi verði í útgáfu skírteinanna hjá öllum embættum sem hafa slíka útgáfu með höndum.

Í 2. mgr. er lagt til að Siglingastofnun Íslands gefi út alþjóðleg skírteini samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og er það ekki breyting frá því sem ákveðið var árið 1995, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum og 5. mgr. 9. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum. Þykir sú skipan nauðsynleg til að tryggja samræmda útgáfu skírteinanna þar sem um verður að ræða alþjóðleg skírteini sem geta veitt réttindi til starfa á öllum flutninga- og farþegaskipum sem skráð eru í ríkjum sem aðilar eru að alþjóðasamþykktinni, en þau eru núna um 130 talsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að hver sem fær útgefið skírteini verði að uppfylla kröfur um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun og þjálfun, hæfni og próf. Um þessi skilyrði á að fjalla nánar í reglugerð, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi atvinnuréttindalög.

Í 4. mgr. er kveðið á um að skipstjóri á íslensku skipi skuli ávallt vera íslenskur ríkisborgari. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ríkisborgarar á EES-svæðinu geti starfað sem skipstjórar á íslenskum flutninga- og farþegaskipum hafi þeir nauðsynlega þekkingu í íslensku tal- og ritmáli. Þessi regla er í samræmi við reglur annarra ríkja á EES-svæðinu þar sem einstök lönd gera kröfu um að skipstjóri á skipum þess séu innlendir.

Í 5. mgr. er kveðið á um að yfirmenn á stjórnunarsviði sem þar eru taldir upp skuli hafa þekkingu á íslenskum lögum og reglum sem varða störf þeirra og að þeir geti tjáð sig innbyrðis á sama tungumáli um starfssvið sitt.

Í 6. mgr. er gerð krafa um að frumrit skírteinis skuli vera um borð í skipinu sem skírteinishafi starfar á. Þetta ákvæði er í samræmi við alþjóðasamþykktina og gildandi atvinnuréttindalög nr. 112/1984 með síðari breytingum og 113/1984 með síðari breytingum. Þessi krafa er nauðsynleg vegna alþjóðlegs hafnarríkiseftirlits.

Í 7. mgr. er miðað við að Siglingastofnun Íslands haldi skrá yfir öll útgefin skírteini.

Um 5. gr.

Hér eru talin upp þau skírteini sem krafist er til starfa um borð í flutningaskipum og farþegaskipum og er þeim raðað eftir því hvaða ábyrgðarsviði starfið tilheyrir, þ.e. stjórnunarsvið, rekstrarsvið og stoðsvið. Þessi flokkun og heiti skírteina byggist alfarið á alþjóðasamþykktinni. Jafnframt er miðað við það að í reglugerð verði kveðið á um önnur skírteini, t.d. skírteini sem taka sérstaklega til ekjufarþegaskipa og efnaflutningaskipa.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um farþegabáta, en skv. 2. gr. frumvarpsins er farþegabátur hvert það skip minna en 500 brúttótonn í strandsiglingum eða í siglingum innan afmarkaðra hafsvæða og á stöðuvötnum sem siglir með farþega í atvinnuskyni, t.d. í stuttar skoðunar- eða veiðiferðir, og samþykkt er sem slíkt af Siglingastofnun Íslands.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um skemmtibáta, en skv. 2. gr. frumvarpsins er skemmtibátur hvert það skip sem ekki er notað í atvinnuskyni og ætlað er til skemmtisiglinga óháð þeirri orku sem knýr skipið. Skv. 1. gr. frumvarpsins tekur það aðeins til skemmtibáta sem skráðir eru á skipaskrá. Samkvæmt lögum um skráningu skipa á að skrá skip á skipaskrá sem eru 6 metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna. Núna eru á íslenskri skipaskrá um 230 skemmtibátar og eru flestir þeirra um 5–30 brúttótonn. Þetta er í fyrsta sinn sem fjallað er sérstaklega um skemmtibáta í lögum og krafist skírteinis til að stjórna slíkum skipum. Erlendis hafa í mörg ár gilt ítarleg ákvæði um menntun og þjálfun þeirra sem stjórna skemmtibátum. Margir þeirra sem eiga skemmtibát hafa hins vegar aflað sér menntunar á þessu sviði.

Það krefst kunnáttu og þekkingar að stjórna skemmtibáti eins og öðrum bátum. Því er nauðsynlegt að þeir sem stjórna slíkum bátum hafi til þess þá lágmarksþekkingu sem krafist er af öðrum sem um svæðið sigla og nauðsynleg er til að fyllsta öryggis sé gætt. Þeir þurfa að geta sannað þekkingu sína með einhverjum hætti. Stjórnendur skemmtibáta verða að kunna að haga sér í samræmi við siglingareglurnar á umferðarleiðum til að tryggja öryggi bátsins og manna um borð og annarra sem á sjó sigla. Þeir þurfa einnig að geta staðsett bátinn og komist aftur til lands þótt aðstæður séu erfiðar. Einnig verða þeir að geta brugðist rétt við hættum á neyðarstundu. Aukin hætta er á mistökum ef kunnáttan er lítil. Mistök og vanþekking getur valdið tjóni, jafnt á skemmtibátnum sjálfum sem öðrum skipum og umhverfi, auk meiðsla á fólki. Það tjón sem hlýst af mistökum eða vanþekkingu ber síðan tryggingafélag bátsins.

Með hliðsjón af þessu er eðlilegt að gerðar séu kröfur til að mega stjórna skemmtibátum á sama hátt og gert er um önnur farartæki. Í reglugerð verður nánar kveðið á um þær námskröfur sem gerðar eru til þeirra sem óska eftir að fá skírteini til að stjórna skemmtibát og miðar frumvarpið við að svokallað 30 brúttórúmlesta námskeið sé fullnægjandi, en tekið verður upp heitið 50 brúttótonna námskeið eftir gildistöku þessa frumvarps, verði það að lögum.

Í 18. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 7. gr. taki gildi 1. janúar 2002. Eftir þann tíma verða allir sem sigla skemmtibátum að hafa aflað sér tilskilinnar menntunar og þjálfunar og hafa fengið útgefið skírteini sem 7. gr. gerir kröfu um.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um viðurkenningu erlendra skírteina. Megintilgangur með alþjóðasamþykktinni er að gera samræmdar kröfur um menntun og þjálfun sjómanna á flutninga- og farþegaskipum. Í þeim tilgangi gátu aðildarríki samþykktarinnar fyrir 1. ágúst 1998 sent IMO gögn um menntun og þjálfun sjómanna í sínu heimalandi. Um 90 ríki sendu slík gögn og á undanförnum mánuðum hafa fulltrúar á vegum IMO farið yfir þau gögn og metið hvort ríkin uppfylli kröfur alþjóðasamþykktarinnar. Í maí næstkomandi stefnir IMO að því að gefa út svokallaðan hvítlista, „white list“, sem er listi yfir þau ríki sem hafa uppfyllt ákvæði samþykktarinnar að mati IMO.

Meginreglan er sú að ekki er heimilt að viðurkenna skírteini sem gefin eru út af ríki sem ekki er aðili að samþykktinni eða af ríkjum sem eru aðilar að samþykktinni en hafa ekki uppfyllt ákvæði hennar. Á grundvelli alþjóðasamþykktarinnar er Siglingastofnun Íslands heimilt að viðurkenna skírteini frá ríkjum sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni og er lagt til að gerðar verði sömu menntunarkröfur til erlendra ríkisborgara og innlendra.

Tilskipun ráðsins 89/48/EBE fjallar um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi, sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár. Tilskipun ráðsins 92/51/EBE, sem vísað er til í lagagreininni, fjallar hins vegar um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun sem fyrrnefnda tilskipunin tekur ekki til og ekki er fjallað um í sérstökum tilskipunum. Í tilskipuninni er gerð grein fyrir hvernig farið skuli með umsóknir um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun. Almennt er miðað við að hafi umsækjandi fengið útgefið prófskírteini í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki unnt að synja honum um heimild til að starfa í viðkomandi starfsgrein með sömu skilyrðum og ríkisborgurum viðkomandi ríkis. Þrátt fyrir þetta getur gistiríkið gert vissar ráðstafanir, ef verulegur munur er á menntun umsækjanda og þeirri menntun sem gerð er krafa um í gistiríkinu. Hér má nefna að í slíkum tilvikum getur gistiríkið gert kröfu um að umsækjandinn ljúki tilteknum aðlögunartíma eða taki hæfnispróf.

Í tilskipun Evrópusambandsins, sem jafnframt gildir á Evrópska efnahagssvæðinu, um lágmarksþjálfun sjómanna 94/58/EB, sbr. breytingu 98/35/EB, er fjallað um hvernig standa eigi að viðurkenningu á skírteinum ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um undanþágunefnd, sem starfar samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum og 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, fjalli einnig um undanþágur til starfa á flutningaskipum eða farþegaskipum. Miðað er við að fulltrúar útgerða og stéttarfélaga eigi sæti í nefndinni eftir því á hvaða flokkum skipa og til hvaða starfa undanþágur eru til umfjöllunar hverju sinni, t.d. fulltrúi útgerðar eftir flokkum skipa og fulltrúar stéttarfélaga eftir því í hvaða félagi sá er sem óskar eftir undanþágu. Ef til dæmis er óskað eftir undanþágu til starfa á stoðsviði skal fulltrúi frá Sjómannasambandi Íslands eiga sæti í undanþágunefnd.

Um undanþágur samkvæmt 6. og 7. gr., sem taka til farþegabáta og skemmtibáta, ákveður Siglingastofnun Íslands eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um hvernig með skuli fara ef veita á undanþágu til að gegna tilteknu starfi um borð í skipi. Ákvæði greinarinnar byggjast alfarið á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þeir sem hafa skírteini fyrir gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, haldi sínum réttindum óskertum enda fullnægi þeir öðrum kröfum frumvarpsins, t.d. um endurnýjun skírteina og viðhald skírteina. Við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, er þessum aðilum heimilt að fá gefin út ný skírteini þó að gildistími þeirra sé ekki runninn út.

Í 2. mgr. er miðað við að svokölluð 30 brúttórúmlesta námskeiða verði hér eftir nefnd 50 brúttótonna námskeið í samræmi við breyttar mælingareglur skipa. Miðað er við að þeir sem hafa lokið 30 brúttórúmlesta námskeiðinu við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum,

fái samsvarandi réttindi á skip sem eru 50 brúttótonn eða minni. Til þess að fá réttindi til að vera skipstjóri eða stýrimaður á farþegabát verður viðkomandi enn fremur að sækja sérstakt námskeið sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands og er miðað við að það námskeið varði atriði sem snúa sérstaklega að farþegaflutningnum og viðbrögðum yfirmanna á hættustundu gagnvart farþegum.

Í 3. mgr. er miðað við að þeir sem hafa lokið 1. stigi stýrimannaskóla við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, fái réttindi til að vera skipstjóri eða stýrimaður á farþegabát minni en 500 brúttótonn í strandsiglingum þegar viðkomandi hefur sótt og staðist sérstakt námskeið sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands og er miðað við að það námskeið varði atriði sem snúa sérstaklega að farþegaflutningnum og viðbrögðum yfirmanna á hættustundu gagnvart farþegum.

Í 4. mgr. er miðað við að breyttar mælingareglur eigi ekki að leiða til þess að skírteinishafi missi réttindi til að starfa á skipi ef stærð þess mælist svo í brúttótonnum að skírteinishafinn hefur ekki lengur réttindi til að starfa á því skipi sem hann áður hafði samkvæmt brúttórúmlestastærð skipsins.

Um 12. gr.

Ákvæði 12. gr. frumvarpsins byggjast alfarið á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar. Við það er miðað að í reglugerð verði nánari ákvæði um vaktstöður. Þessar reglur eru þær fyrstu sem settar hafa verið í íslensk lög um vaktstöðu á íslenskum skipum. Ríki sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni hafa tekið þau ákvæði orðrétt úr henni. Hér er því um samræmdar alþjóðlegar reglur að ræða, en vaktreglur alþjóðasamþykktarinnar hafa verið kenndar í íslenskum sjómannaskólum frá 1981. Þessar vaktreglur IMO voru endurskoðaðar ásamt alþjóðasamþykktinni árið 1995 og hafa verið þýddar í heild á íslensku og munu birtast í væntanlegri reglugerð.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) hefur sett reglur um hvíldartíma og vinnutíma sjómanna (ILO 180) á flutninga- og farþegaskipum, en Ísland hefur ekki enn fullgilt þær. Í undirbúningi eru innan Evrópusambandsins tilskipanir um vinnutíma og hvíldartíma sem taka m.a. til flutninga- og farþegaskipa og munu þær væntanlega taka gildi innan fárra ára á EES-svæðinu.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skipan mönnunarnefndar flutningaskipa. Þessi grein er efnislega samhljóða 10. gr. laga um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995. Samkvæmt gildandi lögum eiga Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaga að tilnefna hvort sinn fulltrúa í nefndina en þau hafa sameinast og er því lagt til að Samtök atvinnulífsins tilnefni tvo.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands ákveði mönnun farþegaskipa og farþegabáta og er það í samræmi við lög nr. 74/1998 sem kveða á um breytingar í þessa átt á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um hvernig ákveða skuli mönnun flutninga- og farþegaskipa. Meginreglan er sú að sérhvert flutninga- og farþegaskip skuli mannað þannig að öryggi áhafnar, skips og mannslífa á sjó sé tryggt.

Miðað er við að Siglingastofnun Íslands gefi út öryggismönnunarskírteini fyrir hvert flutningaskip og farþegaskip þar sem kveðið er á um lágmarksmönnun, samsetningu áhafnar og skírteini fyrir einstakar stöður.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands sé heimilt að taka gjöld fyrir veitta þjónustu samkvæmt lögunum til að standa undir beinum kostnaði stofnunarinnar. Lagt er til að þau verði ákveðin í gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands. Um gjaldtöku fyrir skírteini sem gefin verða út af sýslumönnum eða tollstjóranum í Reykjavík fer eftir ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 16. gr.

Grein þessi þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 17. gr.

Miðað er við að samgönguráðherra setji nánari reglur um útfærslu laganna. Reglugerðin verður samin í nánu samráði við menntamálaráðuneytið, sem fer með gerð námskrár fyrir sjómannaskóla, sbr. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að frumvarp þetta, verði það að lögum, taki gildi 1. janúar 2000. Hins vegar er lagt til að ákvæði 7. gr. um skemmtibáta taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2002. Er það gert til að gefa viðkomandi aðilum tiltekið svigrúm til að afla sér þeirrar menntunar, þjálfunar og skírteinis sem 7. gr. gerir kröfu um.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta.

Frumvarp þetta er endurskoðun á lögum nr. 59/1995, um áhafnir íslenskra kaupskipa.

Tilgangur frumvarpsins er að laga íslenska löggjöf að alþjóðasamþykkt STCW frá 1978, um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna, sem tekur til áhafna flutninga- og farþegaskipa.

Siglingastofnun Íslands mun, í samvinnu við menntamálaráðuneyti, fylgjast með að menntun sjómanna uppfylli kröfur STCW-samningsins og taka þátt í gerð námskráa um menntun sjómanna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er talið að útgjöld ríkissjóðs aukist um 3–4 m.kr. við aukin umsvif Siglingastofnunar, þ.e. eftirlit með menntun sjómanna og þátttaka í gerð námskráa.

220. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Sighvatur Björgvinsson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun miðstöðvar nýbúa á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með sveitarstjórnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga að mestu samhljóða þessari var lögð fram á 123. löggjafarþingi. Var mælt fyrir henni og henni vísað til nefndar. Umsagnir bárust frá fimm aðilum sem allar voru jákvæðar.

Eitt af því sem einkennir nútímaþjóðfélag er aukinn margbreytileiki. Fólk sækir nám til útlanda, flytur á milli landa og færir með sér áhrif af dvöl í fjarlægum löndum. Fullyrða má að mun meira sé einnig um að fólk af erlendu bergi brotið flytji hingað til lands af margvíslegum ástæðum. Það er fagnaðarefni að stjórnvöld hafa undanfarin ár tekið árlega á móti nokkrum hópi flóttamanna og stuðlað þannig að því að það geti byggt upp nýtt líf í öðrum heimkynnum.

Fjölmargir útlendingar sækja hingað í atvinnuskyni. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið opnuðust nýjar leiðir í þessum efnum, eins og kunnugt er. Áður var Norðurlandabúum auðvelt að fá vinnu hér á landi. Einnig er löng hefð fyrir því að fólk komi hingað um langan veg til vinnu. Árum saman komu til að mynda stórir hópar fólks frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi og unnu hér á landi um lengri eða skemmri tíma. Sumir festu hér rætur, eignuðust fjölskyldur og völdu sér búsetu á Íslandi.

Öllu fordómalausu og upplýstu fólki er þróun af þessu tagi fagnaðarefni. Aukin menningarleg fjölbreytni bætir hvert þjóðfélag, breikkar umræðu, kveikir nýjar hugmyndir og brýtur niður múra á milli fólks. Þessa sér víða stað hér sem betur fer.

Því er hins vegar ekki að neita að breytingum af þessu tagi geta fylgt vandamál. Við þeim þarf að bregðast. Vænlegast í því sambandi er að auka þekkingu og ryðja burtu fordómum. Forsenda þess er að tengsl erlends fólks og annarra íbúa landsins séu aukin. Oft standa tungumálaörðugleikar í vegi fyrir því að slíkt sé hægt. Þess vegna er mikilvægt að úr því sé bætt.

Þetta er sennilega hvergi orðið jafnbrýnt og á Vestfjörðum. Áratugahefð er fyrir góðum samskiptum íbúanna þar og erlendra hópa sem komið hafa þar til lengri eða skemmri dvalar. Jafnan hafa þessi samskipti gengið vel. Eftir því sem fólki af erlendu þjóðerni fjölgar eykst nauðsyn þess að koma á góðu skipulagi til þess að tryggja snurðulaus samskipti við þá íbúa sem fyrir eru. Þetta má kalla þjóðfélagslega afleiðingu þeirra breytinga sem slík þróun hefur í för með sér.

Ljóst er að mjög umtalsverður hluti íbúa Vestfjarða nú hefur erlent ríkisfang. Samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands frá 31. desember 1998 en það eru nýjustu tiltæku upplýsingarnar, voru 7,3% íbúanna á Vestfjörðum með erlent ríkisfang, eða 630 manns. Það er talsverð

fjölgun frá árinu á undan, en þá voru 5,3% íbúa, eða 461 manns, á Vestfjörðum með erlent ríkisfang. Hlutfallið er nokkuð misjafnt eftir sveitarfélögum en ljóst að fjöldinn á hverjum stað getur sveiflast talsvert milli ára. Í ýmsum byggðarlögum er um að ræða verulegan hluta íbúanna. (Sjá fylgiskjal I.)

Umtalsverður hluti þess erlenda fólks sem nú dvelur á Vestfjörðum er frá fjarlægum málsvæðum. Tungumálið er því veruleg hindrun í vegi þess að taka upp samskipti við Íslendinga. Meiri hluti útlendinga sem býr á Vestfjörðum er frá Póllandi, eða 363 af 630 sem er um 57,6% fólks með erlent ríkisfang á Vestfjörðum. Margt fólk kemur líka frá enn fjarlægari stöðum, en alls eru íbúar á Vestfjörðum með erlent ríkisfang frá 40 þjóðlöndum. (Sjá fylgiskjal II.)

Í fyrra fóru forsvarsmenn atvinnufyrirtækja í Vesturbyggð fram á það við bæjaryfirvöld að tekin yrði upp kennsla í íslensku fyrir það erlenda fólk sem þar dvelst og starfar. Eru þau mál nú í undirbúningi. Víðar er áhugi á þessu, enda gefur það augaleið að á vinnustöðum þar sem svo háttar til að jafnvel meiri hluti starfsfólks er af erlendu bergi brotinn eru tungumálaerfiðleikar farnir að standa í veginum fyrir nauðsynlegum innbyrðis samskiptum fólks.

Til dæmis um stöðu þessa máls má nefna að fyrir rúmu ári gaf Alþýðusamband Vestfjarða út kjarasamninga sína við vinnuveitendur á pólsku auk íslensku til þess að auðvelda erlendu starfsfólki að skilja rétt sinn.

Þeir sem gleggst þekkja til í þessum málum á Vestfjörðum telja að nú gæti aukins áhuga fólks að koma með fjölskyldur sínar hingað til lands. Algengara er en áður að hjón komi til starfa. Þetta erlenda fólk sýnir aukinn vilja til þess að hafa börnin með sér, af skiljanlegum og eðlilegum ástæðum. Nú þegar eru börn pólskra starfsmanna á Vestfjörðum í skólum og leikskólum í byggðarlögunum. Þetta skapar vitaskuld vanda í skólastarfinu sem nauðsynlegt er að bregðast við á fullnægjandi hátt.

Á stöðum þar sem margt fólk með erlent ríkisfang dvelst er einnig þýðingarmikið, til þess að varðveita heillega samfélagsmynd, að íbúarnir eigi sem greiðasta leið til samskipta sín í milli. Þar með er auðvelduð leið allra að þátttöku í því skemmtilega fjölbreytilega og þroskandi menningar- og mannlífi sem er til staðar víða úti um landið. Það er því mikils um vert að tryggja með öllum tiltækum ráðum að svo megi verða.

Vestfirðingar hafa sýnt gott frumkvæði í því að auka samkennd íbúanna. Í tvígang hefur verið efnt til svokallaðrar þjóðahátíðar þar sem íbúar á Vestfjörðum með erlent ríkisfang hafa haft veg og vanda af vandaðri menningardagskrá, kynnt siði og venjur frá heimalandi sínu og borið fram veglega veislurétti að hætti landsmanna sinna. Þetta hefur eflt samkennd íslenskra og erlendra íbúa Vestfjarða.

Allt þetta sýnir mikilvægi þess að skipulega sé unnið að því treysta tengsl þess fólks sem á Vestfjörðum býr og dvelur, hvort sem um er að ræða fólk með erlent ríkisfang eða aðra. Á Vestfjörðum hafa menn gert sér ljósa grein fyrir þessu. Stofnaður hefur verið áhugahópur um menningarfjölbreytni sem starfað hefur um eins árs skeið. Í fyrrahaust var tekin saman greinargerð á vegum þessa hóps um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum sem varpar skýru ljósi á þessi mál og fylgir hér með sem fylgiskjal. (Sjá fylgiskjal III.)

Á hinn bóginn er ljóst að fella þarf stuðning við nýbúa inn í fastmótaðan farveg svo að vel megi takast til. Uppræta þarf fordóma og tryggja að samskipti fólks gangi sem best fyrir sig. Nauðsynlegur stuðningur getur verið kostnaðarsamur, ekki síst fyrir lítil og vanmáttug sveitarfélög, og því þarf að hyggja vel að uppbyggingunni. Þess þarf að gæta að stuðningurinn falli og vel að félagsþjónustukerfi einstakra sveitarfélaga. Þetta kemur vel fram í umsögn bæjarstjórnar Vesturbyggðar dags. 10. mars sl. og eru flutningsmenn samþykkir því.

Fylgiskjal I.

Íbúar á Vestfjörðum 31. desember 1998 eftir sveitarfélögum og ríksfangi.

	Mannfjöldi alls	Íslenskt ríkisfang	Erlent ríkisfang	Íslenskt ríkisfang, %	Erlent ríkisfang, %
Vestfirðir	**8.600**	**7.970**	**630**	92,7	7,3
Bolungarvík	1.018	948	70	93,1	6,9
Ísafjarðarbær	4.482	4.109	373	91,7	8,3
Reykhólahreppur	307	303	4	98,7	1,3
Tálknafjarðarhreppur	348	294	54	84,5	15,5
Vesturbyggð	1.254	1.148	106	91,5	8,5
Súðavíkurhreppur	261	244	17	93,5	6,5
Árneshreppur	71	71	0	100,0	0,0
Kaldrananeshreppur	142	141	1	99,3	0,7
Hólmavíkurhreppur	484	479	5	99,0	1,0
Kirkjubólshreppur	49	49	0	100,0	0,0
Bæjarhreppur	97	97	0	100,0	0,0
Broddaneshreppur	87	87	0	100,0	0,0

Fylgiskjal II.

Mannfjöldi 31. desember 1998 eftir sveitarfélögum og ríkisfangi.

Ísland	**7.970**	**Norður-Ameríka**	**14**
Norðurlönd	**49**	Kanada	3
Danmörk	26	Bandaríkin	11
Noregur	9	**Önnur Ameríkulönd**	**19**
Svíþjóð	14	Brasilía	1
ESB – utan Norðurlanda	**63**	Kúba	2
Austurríki	1	Guyana	8
Þýskaland	7	Perú	8
Spánn	3	**Afríka**	**22**
Frakkland	2	Grænhöfðaeyjar	2
Bretland	18	Marokkó	4
Grikkland	0	Nígería	2
Írland	4	Rúanda	1
Holland	4	Suður-Afríka	11
Portúgal	24	Sambía	1
Önnur Evrópulönd	**418**	Simbabve	1
Bosnía-Hersegóvína	6	**Asía**	**35**
Búlgaría	4	Ísrael	1
Króatía	24	Japan	2
Ungverjaland	1	Filippseyjar	9
Pólland	363	Taíland	23
Rúmenía	3	**Eyjaálfa**	**10**
Rússland	7	Ástralía	4
Slóvenía	1	Nýja-Sjáland	6
Júgóslavía	9	**Alls**	**8.600**

Um fylgiskjal III með tillögunni, greinargerð um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum (haust 1998), vísast til samhljóða fylgiskjals í þskj. 755 (457. mál 123. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1998–99, bls. 2947–2949.

221. Fyrirspurn [191. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um söfnun lífsýna.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hafa borist kvartanir til heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins yfir aðgangshörku rannsakenda við sjúklinga um lífsýni?
2. Er sjúklingum gefinn raunhæfur kostur á að taka ekki þátt í rannsóknum, kjósi þeir það, eða er gefið í skyn að með því minnki þeir möguleika sína eða ættingja til bata?

222. Fyrirspurn [192. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvaða samninga hafa einstakir læknar eða hópar lækna á stofnunum, sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið, gert við Íslenska erfðagreiningu um heilsufarsupplýsingar? Hvernig háttar greiðslum og birtingu niðurstaðna úr rannsóknum? Hvernig er samningum háttað í þeim tilvikum þegar samstarfslæknar hafa stofnað sérstök fyrirtæki sem gera samningana? Hvaða breytingum hafa samningar, sem gerðir hafa verið við viðkomandi einstaklinga, hópa eða fyrirtæki, tekið frá því fyrstu samningar af þessu tagi voru gerðir?
2. Hvað hefur Íslensk erfðagreining fengið upplýsingar um marga sjúklinga frá læknum á stofnunum sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið?
3. Hver ber ábyrgð á rannsóknargögnum (heilsufarsupplýsingum og blóðsýnum) sem aflað er í þessum rannsóknum?
4. Hvaða tryggingar eru fyrir því að þessar heilsufarsupplýsingar — m.a. upplýsingar um þá sem hafa sagt sig úr gagnagrunninum en hafa tekið þátt í rannsóknum samstarfslækna — verði ekki notaðar í fyrirhugaðan gagnagrunn á heilbrigðissviði?

Skriflegt svar óskast.

223. Svar [152. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um söfnunarkassa og happdrættisvélar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverju hafa söfnunarkassar og happdrættisvélar skilað Íslenskum söfnunarkössum og Háskóla Íslands á árinu 1998 og það sem af er þessu ári:

a. í heild,

b. að frádregnum vinningum og kostnaði?

Dómsmálaráðuneytið leitaði til Íslenskra söfnunarkassa sf. og Happdrættis Háskóla Íslands um svör við fyrirspurninni. Byggjast meðfylgjandi tölur á upplýsingum frá þeim.

Árið 1998 og fyrstu sex mánuði þessa árs skiluðu söfnunarkassar og happdrættisvélar Íslenskum söfnunarkössum sf. og Happdrætti Háskóla Íslands eftirgreindum fjárhæðum í tekjur:

	Íslenskir söfnunarkassar	**Happdrætti Háskóla Íslands**
1998	1.133 millj. kr.	757 millj. kr.
1999 (sex mánuðir)	584 millj. kr.	486 millj. kr.

Árið 1998 greiddi Happdrætti Háskóla Íslands 56 millj. kr. í einkaleyfisgjald af framangreindum fjárhæðum og 37 millj. kr. fyrstu sex mánuði ársins 1999.

Að frádregnum vinningum og kostnaði höfðu Íslenskir söfnunarkassar sf. og Happdrætti Háskóla Íslands til ráðstöfunar:

	Íslenskir söfnunarkassar	**Happdrætti Háskóla Íslands**
1998	834 millj. kr.	235 millj. kr.
1999 (sex mánuðir)	432 millj. kr.	150 millj. kr.

224. Frumvarp til laga [23. mál]

um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

(Eftir 2. umr., 12. nóv.)

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Ákvæði þessara laga taka til greiðslukerfis sem rekið er hér á landi og sem tilkynnt hefur verið í samræmi við ákvæði 3. gr. laganna.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Greiðslukerfi:* Formlegt fyrirkomulag þriggja eða fleiri þátttakenda sem byggist á sameiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við framkvæmd *greiðslufyrirmæla* milli þeirra, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína hér á landi, og greiðslukerfið fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru og það hefur verið tilkynnt til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og framkvæmdastjórnar EB, sbr. 3. gr.
2. *Stofnun:*
   a. Viðskiptabanki eða sparisjóður sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
   b. Fyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.
   c. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.
   d. Deild eða deildir í stofnun, sbr. a–c-lið hér að framan, sem ekki teljast sérstakar persónur að lögum en tilheyra eftirlitsskyldri erlendri stofnun sem hefur starfsleyfi og útibú hér á landi.
   e. Seðlabanki Íslands eða stofnun með ríkisábyrgð sem heimild hefur til að stunda að hluta eða öllu leyti starfsemi sem fellur undir a–c-lið.
3. *Milligönguaðili:* Aðili sem hefur milligöngu fyrir stofnun í greiðslukerfi og hefur einkarétt á miðlun greiðslufyrirmæla viðkomandi stofnunar.
4. *Uppgjörsaðili:* Aðili sem stofnar og sér um uppgjörsreikninga fyrir stofnanir og milligönguaðila og sér um framkvæmd á greiðslufyrirmælum þeirra og veitir þeim eftir atvikum lán í þessu skyni.
5. *Greiðslujöfnun:* Að umbreyta í eina kröfu eða skuldbindingu mörgum kröfum eða skuldbindingum sem eiga rót að rekja til greiðslufyrirmæla sem þátttakendur hafa annaðhvort gefið eða eiga að taka við frá einum eða fleiri þátttakendum svo að aðeins ein (nettó) krafa eða skuldbinding myndast um greiðslu eða greiðsluskyldu þátttakanda.
6. *Uppgjörsreikningur:* Reikningur í seðlabanka, hjá milligöngu- eða uppgjörsaðila sem er notaður til að varðveita innstæður og verðbréf til uppgjörs á greiðslum milli þátttakenda í greiðslukerfi.
7. *Greiðslufyrirmæli:* Sérhver fyrirmæli þátttakanda um að móttakanda sem þar er vísað til séu afhentir fjármunir með því að leggja með reikningsfærslu tiltekna fjárhæð inn á reikning stofnunar, seðlabanka eða uppgjörsaðila, eða sérhver fyrirmæli sem skuldbinda hann eða leysa hann undan skyldu til að inna af hendi greiðslu eins og hún er nánar skilgreind í reglum greiðslukerfisins, eða fyrirmæli þátttakanda um að framselja bein eða óbein eignarréttindi í verðbréfum með rafrænni eignarskráningu, eða önnur sambærileg fyrirmæli.
8. *Greiðslujöfnunarstöð:* Aðili sem vinnur úr greiðslufyrirmælum sem berast frá stofnunum og annast greiðslujöfnun þeirra á milli, einnig milligöngu- og uppgjörsaðili, ef það á við.
9. *Þátttakandi:* Stofnun, milligönguaðili, greiðslujöfnunarstöð eða uppgjörsaðili.
10. *Óbeinn þátttakandi:* Lánastofnun sem fellur undir a- eða b-lið 2. tölul. um skilgreiningu á stofnun og sem gert hefur samning við stofnun sem á aðild að greiðslukerfi og sem gerir lánastofnuninni fært að senda greiðslufyrirmæli í gegnum greiðslukerfið.
11. *Veðtryggingar:* Allar seljanlegar eignir, þ.m.t. peningainnstæður, verðbréf og samningar um endurhverf viðskipti eða aðrir sambærilegir samningar sem gerðir eru eða lagðir fram til tryggingar í greiðslukerfi eða í seðlabönkum.

12. *Seðlabanki:* Seðlabanki í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Seðlabanki Evrópu.

3. gr.

Seðlabanki Íslands gerir tillögu til ráðherra um greiðslukerfi sem hann telur að fullnægi ákvæðum þessara laga og viðurkennt skal, sbr. 2. mgr., að fenginni umsókn þeirra aðila sem starfrækja greiðslukerfi hér á landi.

Ráðherra skal með auglýsingu sem birt er í Lögbirtingablaðinu kunngera þau innlendu greiðslukerfi sem viðurkennd hafa verið og falla undir ákvæði þessara laga og senda tilkynningu þar um til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Aðilum sem starfrækja greiðslukerfi samkvæmt þessari grein er skylt að veita Seðlabanka Íslands upplýsingar um beina og óbeina þátttakendur sem aðild eiga að kerfinu, svo og breytingar á þeim.

II. KAFLI
Greiðslujöfnun og greiðslufyrirmæli.

4. gr.

Öll greiðslufyrirmæli, svo og greiðslujöfnun, skulu vera að öllu leyti bindandi gagnvart þriðja manni, jafnvel þó að bú þátttakanda sem fyrirmælin gaf sé tekið til gjaldþrotaskipta, enda séu fyrirmælin komin til greiðslukerfisins áður en úrskurður um gjaldþrot er kveðinn upp.

Sama gildir að því er varðar greiðslufyrirmæli sem koma til greiðslukerfisins á sama degi og gjaldþrotaskipti á búi þátttakanda hefjast en eftir þá stund sem tilgreind er í 6. gr., enda hafi greiðslujöfnunarstöð, milligöngu- eða uppgjörsaðili sýnt fram á að hann hafi hvorki vitað né mátt vita um þau.

Í greiðslukerfum er skylt að skilgreina hvenær greiðslufyrirmæli teljast vera komin til kerfisins og er afturköllun þeirra óheimil eftir tímamark það sem tiltekið er í reglum kerfisins.

5. gr.

Uppgjörsaðili annast efndalok greiðslufyrirmæla í greiðslukerfi. Allar innstæður eða verðbréf á uppgjörsreikningum eða lántökuréttindi honum tengd er uppgjörsaðila heimilt að nota til uppgjörs skuldbindinga þátttakanda gagnvart greiðslukerfi á þeim degi sem gjaldþrotaskipti hefjast, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

III. KAFLI
Ákvæði er varða gjaldþrotaskipti.

6. gr.

Hafi bú stofnunar verið tekið til gjaldþrotaskipta skal héraðsdómari tilkynna það þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, með símskeyti, símbréfi eða rafrænum hætti, enda sé unnt að staðreyna og staðfesta efni og móttöku tilkynningarinnar. Í úrskurði um gjaldþrot, svo og tilkynningu um hann, skal koma fram nákvæm tilgreining þeirrar stundar er úrskurður var kveðinn upp um gjaldþrotaskipti á búi stofnunar. Tilkynningu sem gerð er samkvæmt þessari grein skal Fjármálaeftirlitið senda þegar í stað til hlutaðeigandi yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu sem aðildarríkin hafa tilgreint sem móttakanda slíkra tilkynninga.

7. gr.

Um réttindi og skyldur þátttakanda í greiðslukerfi sem tekinn hefur verið til gjaldþrotaskipta skal fara eftir lögum þess ríkis sem gildir um hlutaðeigandi greiðslukerfi.

IV. KAFLI
Vernd veðréttinda gegn gjaldþrotaskiptum á búi veðþola.

8. gr.

Gjaldþrotaskipti á búi þátttakanda eða milligönguaðila skulu á engan hátt skerða rétt annarra þátttakenda eða seðlabanka til veðtrygginga. Ávallt er heimilt að innleysa þegar í stað veðtryggingar samkvæmt þessari grein til fullnustu á kröfum annarra þátttakenda eða seðlabanka.

9. gr.

Þegar veðtrygging er veitt í rafbréfum, eða erlendum verðbréfum sem eru rafrænt skráð á viðurkenndan hátt að lögum, skal um slíkar veðtryggingar að öllu leyti fara samkvæmt lögum þess ríkis þar sem rafræn skráning verðbréfanna fer fram.

V. KAFLI
Upplýsingagjöf vegna þátttöku í greiðslukerfi o.fl.

10. gr.

Þátttakandi í greiðslukerfi skal upplýsa hvern þann sem þess óskar og hefur lögmætra hagsmuna að gæta um það í hvaða greiðslukerfi hann tekur þátt og um helstu reglur sem gilda um starfsemi hlutaðeigandi kerfis.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Um samning óbeins þátttakanda um aðild að greiðslukerfi fer samkvæmt íslenskum lögum.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

13. gr.

Lög þessi eru sett í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/1999 og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 26 19. maí 1998, um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

225. Frumvarp til laga [193. mál]

um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI
Starfsemi stjórnmálasamtaka.

1. gr.

Til stjórnmálasamtaka samkvæmt lögum þessum teljast þau samtök einstaklinga og félaga sem bjóða fram til Alþingis eða sveitarstjórnar, starfa í samræmi við lög þessi og eru skráð hjá dómsmálaráðuneyti.

2. gr.

Við skráningu stjórnmálasamtaka hjá dómsmálaráðuneyti skal leggja fram lög samtakanna og stefnuskrá. Stjórnmálasamtök skulu birta opinberlega lög sín, stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir.

3. gr.

Stjórnmálasamtök skulu opin öllum landsmönnum sem náð hafa 16 ára aldri.

4. gr.

Stjórnmálasamtök skulu gæta jafnræðis milli félagsmanna í starfi sínu og skipulagi.

5. gr.

Engan skal heimilt að skrá í stjórnmálasamtök nema hann undirriti yfirlýsingu þess efnis eða lýsi því yfir á annan sannanlegan hátt að hann óski eftir inngöngu.

6. gr.

Æðsta vald í málefnum stjórnmálasamtaka skal vera í höndum félagsmanna eða fulltrúa þeirra á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi.

7. gr.

Stjórnmálasamtök skulu setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega.

8. gr.

Stjórnmálasamtökum er óheimilt að skrá upplýsingar á kjörstað.

9. gr.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og þeim ber að skila skattframtali.

Árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi stjórnmálasamtaka. Þeir skulu síðan sendir dómsmálaráðuneyti sem sér um að birta þá í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

10. gr.

Stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, þó þannig að fari framlag yfir 300.000 kr. á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga, sbr. 2. mgr. 9. gr.

II. KAFLI
Ríkisframlög til stjórnmálasamtaka.

11. gr.

Stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til Alþingis, skulu fá framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, þ.e. almenns reksturs og útgáfumála. Framlagið skal ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

Framlag til einstakra stjórnmálasamtaka byggist á hlutfallslegri skiptingu þingsæta í undangengnum alþingiskosningum, þó þannig að stjórnmálasamtök, sem hafa fengið a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í kosningunum á landinu öllu án þess að hafa náð þingsæti, eiga rétt á framlagi í eitt ár sem svarar til eins þingsætis. Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í upphafi hvers árs.

12. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði til þingflokka tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks. Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ.e. 1. febrúar, 1. maí o.s.frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ.e. 1. janúar, 1. apríl o.s.frv.

13. gr.

Forseti Alþingis setur í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokkum.

14. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forseta Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum eftir nánari reglum er forseti setur. Sama gildir um þingmenn utan flokka.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sviptingu fjárframlaga, svo og þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum þar sem það á við.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000 og jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd til að móta samræmdar reglur um óbeina styrki frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum til stjórnmálasamtaka í tengslum við kosningar, svo sem afslátt af gjaldskrám og aukinn aðgang að þjónustu, t.d. kjörgögnum frá Hagstofu Íslands. Skal nefndin skila af sér tillögum eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

II.

Dómsmálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga undirbúa löggjöf sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum til starfsemi þeirra. Skal undirbúningi lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á fimm síðustu þingum en hlaut ekki afgreiðslu. Að lokinni fyrstu umræðu á 119. þingi var frumvarpið til umfjöllunar í allsherjarnefnd sem sendi það til umsagnar. Umsagnir bárust frá Ríkisendurskoðun og ríkisskattstjóra (sjá fylgiskjöl) og var tekið tillit til ábendinga þeirra við endurflutning frumvarpsins. Í umsögn ríkisskattsjóra segir m.a.: „Af þessu tilefni tekur ríkisskattstjóri fram að telja verður mjög til bóta að settar séu réttarreglur um fjárreiður á því sviði sem hér er til umfjöllunar.“

Oft hefur komið upp umræða á Alþingi og víðar um nauðsyn þess að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka án þess að úr því hafi orðið. Annars staðar á Norðurlöndum eru engin heildarlög um stjórnmálaflokka nema í Finnlandi. Í Noregi fær stjórnmálaflokkur, sem býður fram til Stórþingsins, framlag af fjárlögum hafi hann boðið fram í a.m.k. helmingi kjördæma og hlotið meira en 2,5% heildaratkvæða yfir landið. Flokkar, sem bjóða fram til sveitarstjórna, fá einnig ríkisstyrk. Í Svíþjóð voru lögfestar reglur um ríkisframlög til stjórnmálaflokka árið 1972. Þar eru þau bundin við þá stjórnmálaflokka sem bjóða fram til þings. Árið 1986 voru samþykkt lög í Danmörku um fjárframlög frá ríkinu til stjórnmálaflokka, bæði í tengslum við lands- og sveitarstjórnarframboð. Framangreind lög taka ekki til starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti. Í Finnlandi voru lögfest ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka árið 1969, svo og fjárframlög til þeirra sem bjóða fram til þings.

Skortur á vönduðum vinnubrögðum í stjórnmálum og stjórnsýslu leiðir oft til trúnaðarbrests milli stjórnvalda og fólksins í landinu. Margt bendir til að ekki gæti nægilega faglegra vinnubragða í stjórnsýslu og stefnumótun hins opinbera á Íslandi. Með lagafrumvarpi þessu er ætlunin að setja stjórnmálamönnum reglur í starfi sínu innan flokkanna og gera starfsemi stjórnmálasamtaka sýnilegri en áður hefur verið. Skilgreining á siðgæði getur verið breytileg frá einum tíma til annars og mismunandi mat á því hjá ólíkum þjóðum. Í þróuðum stjórnkerfum er þó hægt að finna meginreglur sem menn eru almennt sammála um að verði að halda í heiðri. Það er þessi sameiginlegi skilningur sem gerir löggjafanum kleift að setja reglur sem byggjast á siðgæðis- og réttarvitund þjóða.

Það er brýn nauðsyn að settar verði siðareglur í stjórnmálum. Það er áhrifaríkt tæki til að vinna gegn spillingu á opinberum vettvangi. Nauðsynlegt er að aðgerðir opinberra aðila séu opinberar og gerðar fyrir opnum tjöldum. Óskráðar siðareglur taka mið af þeirri skyldu kjörinna fulltrúa og embættismanna að vinna í þágu almannahagsmuna. Siðareglur, hvort sem eru skráðar eða óskráðar, kveða á um hvað sé heimilt og hvað óheimilt. Með siðareglum gera stjórnmálamenn heyrinkunnugt hvernig þeir líta á störf sín. Skráðar siðareglur skýra einnig ábyrgð valdhafa og gera það auðveldara en nú að draga þá til ábyrgðar fyrir embættisfærslu.

Siðareglur gilda nú orðið fyrir fjölmargar starfsstéttir, svo sem lækna, viðskipta- og hagfræðinga, blaðamenn o.fl. Það reynir á siðferði í öllum samskiptum. Í hugum ýmissa heimspekinga er siðaregla ekki lagaregla. Siðaregla verður til í mannlegum samskiptum.

Við samningu frumvarps þessa hefur víða verið leitað fanga og reynt að nýta það sem hefur þótt vænlegt til eftirbreytni, en það á sér enga beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda. Á 97. löggjafarþingi (1975–76) lagði Benedikt Gröndal fram frumvarp til laga um stjórnmálaflokka sem ekki náði fram að ganga. Í frumvarpinu var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka, svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frumvarpið náði aðeins til stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er farin sú leið að setja lagaramma um starfsemi allra stjórnmálaflokka, einnig þeirra sem bjóða fram til sveitarstjórna. Engin haldbær rök eru fyrir því að stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til sveitarstjórna, þurfi ekki að búa við nauðsynlegt aðhald löggjafans. II. kafli laganna nær hins vegar aðeins til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til Alþingis. Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt fyrir dómsmálaráðherra að undirbúa löggjöf í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálaflokkanna hér á landi, enda eru þeir hvorki framtalsskyldir né skattskyldir. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum í gegnum fjárhirslur þeirra, ekki hvað síst í kosningabaráttunni. Markmið þessa frumvarps er að gera fjármál stjórnmálaflokka opin og sýnileg, enda er slík leynd einungis til þess fallin að auka tortryggni almennings í garð stjórnmálasamtaka. Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld en hér er lagt til að þau verði einnig framtalsskyld og að þau leggi fram endurskoðaða reikninga árlega í dómsmálaráðuneytinu.

Þess ber að geta að skv. 7. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, hvílir á stofnuninni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þannig getur Ríkisendurskoðun krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði, í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögum er varið. Gera verður ráð fyrir að Ríkisendurskoðun beiti þessari heimild sinni ef hún telur ástæðu til.

Til álita kemur að skylda Ríkisendurskoðun til að endurskoða ársreikninga stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði. Lög um Ríkisendurskoðun kveða hins vegar á um að endurskoðunarskylda stofnunarinnar sé bundin við eignarhald ríkisins eða þátttöku þess í greiðslu meginhluta rekstrarkostnaðar. Þótt stjórnmálsamtök fái framlög úr ríkissjóði er starfsemi þeirra ótengd ríkinu og rekstri þess. Þess vegna er ekki talið rétt að Ríkisendurskoðun endurskoði ársreikninga þeirra, enda eru ársreikningarnir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda samkvæmt frumvarpinu og jafnframt hefur Ríkisendurskoðun heimild til afskipta eins og áður segir. Hér er gerð breyting frá upprunalegu frumvarpi í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Á Íslandi hefur lengi tíðkast að einstaklingar og fyrirtæki styrki fjárhagslega þá stjórnmálaflokka sem þeir styðja. Það getur skapað tortryggni að leynd skuli hvíla yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, enda er það óeðlilegt. Hætta getur einnig verið á hagsmunaárekstrum.

Árið 1993 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fjárframlög til stjórnmálaflokka voru gerð frádráttarbær hjá rekstraraðilum. Í framhaldi af því var gerð breyting á reglugerð, sbr. 15.–18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Þetta frumvarp fjallar ekki um slík fjárframlög þannig að framkvæmd skattyfirvalda á fyrrnefndu reglugerðarákvæði breytist ekki þótt það verði að lögum.

Auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir af ríkissjóði. Þetta er gert til þess öðrum þræði að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Í annan stað sporna ríkisstyrkir við þeirri tegund af fyrirgreiðslupólitík þegar stjórnmálasamtök verða óeðlilega háð styrktaraðilum.

Samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður undantekningalítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar geri grein fyrir fjárreiðum sínum hvort sem um er að ræða ráðstöfun fjármuna af opinberu fé eða framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum. Slík lagasetning í anda þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Í umræðunum á Alþingi um frumvarpið komu fram ýmsar ábendingar sem rétt er að allsherjarnefnd skoði við umfjöllun sína. Má þar t.d. nefna hvort hámark eigi að vera á leyfðum framlögum einstaklinga og fyrirtækja til stjórnmálasamtaka, hvort aðskilja eigi kosningastarf frá annarri starfsemi stjórnmálaflokka, hvort setja eigi reglur um prófkjör, þar með talinn fjárhagslegan ramma þeirra, hvort takmarka eigi umfang auglýsinga í kosningabaráttu, hvort setja eigi reglur um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag og hvort þingmenn eigi að leggja fram lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum utan þings.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mótaðar verði lögbundnar reglur um ríkisframlög sem allir stjórnmálaflokkar geti gengið að. Rétt þykir að hafa sérstök lagaákvæði um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, enda eru greiðslur fyrir sérfræðiaðstoð eingöngu ætlaðar, eins og nafnið bendir til, til aðstoðar þingflokkum. Með því að fella lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, inn í frumvarpið verður sjónarmiðum um lagasamræmi náð og krafan um eftirlit með ráðstöfun styrksins verður virkari.

Forsætisráðherra skipaði nefnd árið 1994 til að fjalla um og undirbúa frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðingi tengjast. Þessi nefnd er m.a. skipuð fulltrúum stjórnmálaflokka en illa gekk að fá tilnefningar í nefndina. Nefndin hafði ekki komið saman fyrir kosningar vorið 1995. Nokkur umræða varð um þessa nefnd þegar frumvarpið var til umræðu á vorþingi 1995. Óskað var eftir tilnefningu Þjóðvaka í nefndina en þegar beðið var um nánari upplýsingar um starfssvið nefndarinnar var fátt um svör. Þjóðvaki tilnefndi ekki fulltrúa í þessa nefnd, enda kom hún aldrei saman. Það er því ljóst að þessum málum verður að finna annan farveg og er frumvarpið liður í því. Að lokinni fyrstu umræðu verður gerð tillaga um að frumvarpinu verði vísað til allsherjarnefndar. Það er von flutningsmanna að allsherjarnefnd vinni faglega að málinu og nái nauðsynlegri samstöðu um efnisatriði þess því að brýnt er að sett verði löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka hérlendis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sett er fram skilgreining á stjórnmálasamtökum til að afmarka hvaða samtök falla undir frumvarpið. Skilyrði fyrir því að samtök geti talist falla undir hugtakið stjórnmálasamtök eru annars vegar að þau bjóði fram fulltrúa við kosningu til sveitarstjórna eða Alþingis og hins vegar að þau séu skráð sem stjórnmálasamtök hjá dómsmálaráðuneytinu.

Um 2. gr.

Með því að skylda stjórnmálasamtök til að leggja fram í dómsmálaráðuneytinu lög samtakanna og stefnuskrá skapast meiri festa og aðhald að starfsemi stjórnmálasamtaka í landinu. Þá skulu stjórnmálasamtök birta opinberlega stefnuskrá, lög og stefnumarkandi samþykktir, enda eru það sjálfsögð mannréttindi að kjósendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um hvað tiltekin stjórnmálasamtök standa fyrir. Verði breyting á stefnuskrá eða lögum samtaka ber að birta slíkar breytingar opinberlega samkvæmt þessari grein.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Greinin vísar til innri starfsemi stjórnmálasamtaka og byggist á því að jafnræðisreglan verði virk.

Um 5. gr.

Þessu ákvæði er ætlað að koma í veg fyrir að hægt verði að skrá menn í tiltekin stjórnmálasamtök án vitundar þeirra. Það er hluti af grundvallarmannréttindum hvers einstaklings að ákveða sjálfur hvort hann er skráður meðlimur í stjórnmálaflokki og þá hvar.

Um 6. gr.

Ætlunin er að stuðla að lýðræðislegu fyrirkomulagi í skipulagi stjórnmálasamtaka þar sem meiri háttar breytingu á stefnuskrá samtakanna verður ekki komið við nema með samþykki félagsmanna allra eða fulltrúa þeirra.

Um 7. gr.

Verið er að mæta kröfu almennings um bætt siðferði stjórnmálasamtaka sem speglast hefur í þjóðfélagsumræðunni undanfarin ár. Fræðimenn hafa bent á að skortur á stjórnsýslureglum veldur því að íslensku stjórnmálaflokkarnir hafa frekar þróast til þess að vera fyrirgreiðsluflokkar en hið hefðbundna flokkakerfi í nálægum löndum. Skýrar og tæmandi reglur eru stjórnmálamönnum og öðrum til leiðbeiningar og leiða til þess að faglegra sjónarmiða gætir í starfsháttum þeirra, t.d. við stöðuveitingar og mannaráðningar. Sem dæmi um slíkar reglur er að alþingismenn birti í lok hvers árs opinberlega lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum sem þeir inntu af hendi utan þings á því ári. Þetta gæti verið skynsamlegt til að hindra hagsmunaárekstra eða eyða grun um hagsmunatengsl.

Um 8. gr.

Nokkuð hefur borið á því að stjórnmálaflokkar hafi verið með fulltrúa sína á kjörstað til að skrá niður hverjir koma til að kjósa. Þær upplýsingar eru síðan notaðar til að ýta á eftir þeim flokksbundnu aðilum sem ekki hafa kosið. Rétturinn til að ákveða hvort menn vilja kjósa eða ekki á ekki að vera minni en rétturinn til að ákveða hvaða flokkur kosinn er og því er það andstætt þeirri hugsun sem lýðræði grundvallast á að stjórnmálasamtök viðhafi slíkar persónunjósnir á kjörstað.

Um 9. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir stjórnmálaflokkar sem falla undir skilgreiningu skv. 1. gr. séu bókhaldsskyldir og er það í samræmi við gildandi rétt. Samkvæmt lögum um tekju-

skatt og eignarskatt eru stjórnmálaflokkar undanþegnir framtals- og skattskyldu. Eftirlit skattyfirvalda með stjórnmálaflokkum er því mjög lítið. Til að tryggja nauðsynlegt aðhald gerir frumvarpið ráð fyrir að stjórnmálasamtökum verði gert að skila skattframtali og að reikningar þeirra verði árlega endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og þeir lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi.

Um 10. gr.

Með ákvæði þessu er reynt að stemma stigu við óeðlilegum hagsmunatengslum stjórnmálaflokka við einstaklinga eða fyrirtæki. Reynt er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra með því að gera kröfu um opinbera birtingu á nöfnum þeirra einstaklinga eða fyrirtækja sem veita stjórnmálasamtökum háa styrki. Með fjárhagslegum stuðningi er átt við gjafafé eða annars konar styrkveitingu sem hægt er að meta til fjár. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi.

Um 11. gr.

Til þess að vega upp á móti hertum reglum um styrki frá einstaklingum og fyrirtækjum gerir frumvarpið ráð fyrir að framlög úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka verði lögbundin. Þannig verði framlag til stjórnmálaflokka sérstakur liður í fjárlögum. Slíkt framlag skal í engu skerða rétt þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi samkvæmt gildandi lögum um sérfræðiaðstoð við þingflokka.

Um 12.–14. gr.

Ákvæði laga um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, nr. 56/1971, eru hér tekin óbreytt í frumvarpið þar sem eðlilegra þykir að hafa öll lagaákvæði, sem snúa að stjórnmálasamtökum, á einum stað.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórnmálasamtök og þingflokkar geti misst rétt sinn til ríkisframlaga skv. 11. og 12. gr. ef þeir fara ekki að ákvæðum laganna. Komi hins vegar til brota á öðrum lögum, svo sem bókhaldslögum, geta legið við þyngri refsingar.

Um 16. og 17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Engar samræmdar reglur gilda um afslætti og ýmiss konar ókeypis þjónustu sem flokkunum er látin í té í tengslum við kosningar, svo sem frá Hagstofu Íslands eða undirstofnunum ráðuneyta. Flokkarnir hafa t.d. iðulega fengið afslátt af gjöldum Pósts og síma, en þó hefur þurft að sækja um það í hvert tiltekið skipti og ekki er ljóst hvort það sama á við um alla í því efni. Eðlilegt er að settar verði skýrar samræmdar reglur um þetta sem flokkarnir geta gengið að vísum.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í Danmörku fá sveitarstjórnir styrki til starfsemi sinnar úr sveitarsjóði og er lagt til að sami háttur verði hafður á hér. Sömu sjónarmið og fram koma í athugasemd við 11. gr. eiga hér við.

Fylgiskjal I.

Ríkisskattstjóri:

Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka.
(1. september 1995.)

Ríkisskattstjóri tekur fram að telja verður mjög til bóta að settar séu réttarreglur um fjárreiður á því sviði sem hér er til umfjöllunar.

Stjórnmálastarfsemi eins og önnur félagsleg starfsemi þar sem fjármunir fara um er bókhaldsskyld samkvæmt núgildandi bókhaldslögum. Í 9. gr. frumvarpsins er bókhaldsskyldan áréttuð en þar er og tekið fram að stjórnmálasamtök skuli skila skattframtali. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu eru stjórnmálaflokkar undanþegnir framtalsskyldu og skattskyldu. Skilaskylda sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir mundi að jafnaði ekki hafa áhrif á skattskylduna sem slíka og ekki heldur á framsetningu ársreikninga, sundurliðanir með þeim og þess háttar. Í ýmsum greinum er uppgjör til skatts frábrugðið uppgjörsaðferðum sem þjóna sérhæfðri fjármálaumsýslu, en með lögfestingu á framtalsskyldu verður að ætla að stjórnmálasamtökum yrði skylt að skila ársreikningum í samræmi við skattalög.

Ljóst er að skattyfirvöld geta ekki knúið fram framtalsskil með áætlun skattskyldra tekna hjá stjórnmálasamtökum. Eina færa leiðin samkvæmt núgildandi lögum væri því sektarmeðferð. Ef einhver aðili sinnir ekki framtalsskyldum sínum varðar slíkt sennilega viðurlögum á grundvelli 2. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en sú lagaheimild er þó ekki alveg ótvíræð. Um brot á bókhaldslögum eiga aftur á móti ótvírætt við ákvæði 41. gr. laga um bókhald og 2. gr., sbr. 22. gr., laga um yfirskattanefnd, eins og þeim lögum var breytt með lögum nr. 37/1995. Samkvæmt tilvísuðum lögum fer yfirskattanefnd með viðurlaga- og refsiákvæðin nema máli sé vísað til dómstóla.

Áformuð þriggja manna úrskurðarnefnd um málefni stjórnmálaflokka virðist eiga að hafa valdsvið og verkefni sem hugsanlega gætu varðað skattalegar skyldur, a.m.k. eins og 15. gr. er orðuð. Er hér t.d. átt við ef ágreiningur rís um framtalsskil eða uppfyllingu á bókhaldsskyldum. Vandséð er hvort og þá að hve miklu leyti nefndarskipan þessi varðar það svið sem yfirskattanefnd hefur í sínum verkahring. Væri því æskilegt að taka af skarið með þetta atriði í fyrirhugaðri löggjöf samkvæmt frumvarpinu.

Eins og kunnugt er voru nýverið sett lög þar sem fjárframlög til stjórnmálaflokka voru gerð frádráttarbær hjá rekstraraðilum. Í framhaldi af því var síðan gerð breyting á reglugerð, sjá nú reglugerð nr. 483/1994, 15.–18. gr. Við framkvæmd þessa ákvæðis hafa skattyfirvöld lagt nokkuð annan og rýmri skilning í hugtakið stjórnmálaflokkur en frumvarpið gerir ráð fyrir þegar það skilgreinir stjórnmálasamtök. Væntanlega yrði, ef frumvarpið verður að lögum, að gæta lagasamræmis þannig að hin rúma skattalega skilgreining sem ekki gerir ráð fyrir formlegri skráningu eða skilyrði um framboð til þings og sveitarstjórna eða sérstöku efni laga og samþykkta yrði látin víkja fyrir hinni þrengri skilgreiningu.

Á það er og að líta að með því að framlög og gjafir til flokkanna voru gerð frádráttarbær til skatts verða stjórnmálaflokkar að sæta auknu eftirliti, m.a. með tilliti til útgáfu reikninga og utanumhalds varðandi fjárreiður. Framkvæmd þess eftirlits er í höndum skattstjóra hvers umdæmis og eftir atvikum ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Loks skal minnt á að stjórnmálasamtök, eins og aðrir í þjóðfélaginu, hafa skattalegum skyldum að gegna þegar að því kemur að skila launamiðum með upplýsingum um greidd vinnulaun og verktaka-

greiðslur. Sama á við um virðisaukaskattsskil ef um sölu eða afhendingu á vörum og verðmætum er að ræða í nafni stjórnmálasamtaka. Ber að greiða tryggingagjald af launum og skila virðisaukaskatti af sölu og þess háttar.

Strangt til tekið eru því stjórnmálaflokkar skattskyldir í víðari skilningi þess orðs og háðir eftirliti skattyfirvalda og aðhaldi hvað varðar fjárreiður.

Fylgiskjal II.

Ríkisendurskoðun:

Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka.

(26. september 1995.)

Stofnunin telur ekki eðlilegt að hún sem slík hafi eða móti opinbera afstöðu til hugmynda að slíkri löggjöf. Með vísan til þessa mun hún ekki fjalla almennt um frumvarp það sem hér er til umræðu. Á hinn bóginn þykir ekki hjá því komist að greina frá afstöðu hennar til 9. gr. frumvarpsins þar sem þar er gert ráð fyrir að stofnuninni verði að lögum skylt að endurskoða ársreikninga þeirra stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 12/1986 (nú 6. gr. laga nr. 86/1997), um Ríkisendurskoðun, skal stofnunin aðeins endurskoða ríkisreikning og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eða af öðrum tekjum samkvæmt sérstökum lögum. Á sama hátt skal hún annast endurskoðun reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög og ríkisbankar. Af þessu má ráða að endurskoðunarskylda stofnunarinnar er annars vegar bundin við eignarhald ríkisins eða þátttöku þess í greiðslu meginhluta rekstrarkostnaðar.

Stjórnmálasamtök og fjárreiður þeirra eru, ef frá er talinn ríkisstyrkur samkvæmt fjárlögum hverju sinni, algerlega ótengd ríkinu og rekstri þess. Telja verður óeðlilegt í ljósi hinna lögbundnu verkefna Ríkisendurskoðunar, sem fyrst og síðast tengjast fjárreiðum ríkissjóðs og stofnana hans, að fela henni að annast endurskoðun reikninga sjtórnmálasamtaka. Að mati stofnunarinnar er fullkomlega nægilegt í því efni að kveða á um að löggiltur endurskoðandi annist endurskoðunina eins og reyndar er gert ráð fyrir í umræddri grein frumvarpsins.

Sérstök athygli skal vakin á því að þó svo að á stofnuninni hvíli aðeins skylda til þess að endurskoða ársreikninga þeirra aðila sem um ræðir í nefndri 6. gr. laga nr. 12/1986 hvílir eftir atvikum á henni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu, sbr. 7. gr. laga nr. 12/1986. Þannig getur stofnunin krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum, sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögunum er varið.

Loks skal þess getið að bæði í 13. og 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um að forsetar Alþingis skuli setja reglur eða taka við greinargerðum. Eðlilegra sýnist að kveða fremur á um að forseti eða forsætisnefnd Alþingis taki að sér þessi verkefni.

226. Fyrirspurn [194. mál]

til samgönguráðherra um almenningssamgöngur á landsbyggðinni.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver var afkoma sérleyfishafa sem annast ferðir á landsbyggðinni á síðasta ári og það sem af er þessu ári?
2. Hver er staða sérleyfisrekstrar á Austurlandi, m.a. til og frá Hornafjarðarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli?
3. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu ráðuneytisins til að treysta almenningssamgöngur á landsbyggðinni?

227. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um aðild að samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES).

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu sem gerður var í Washington 3. mars 1973 ásamt breytingum sem gerðar voru á honum í Bonn 22. júní 1979 og í Gaborone 30. apríl 1983.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) sem gerður var í Washington 3. mars 1973 ásamt breytingum sem gerðar voru á honum í Bonn 22. júní 1979 og í Gaborone 30. apríl 1983. Samningurinn með breytingunni frá 22. júní 1979 er prentaður sem fylgiskjal I með tillögu þessari og breytingin frá 30. apríl 1983 sem fylgiskjal II.

Samningurinn öðlaðist gildi 1. júlí 1975 og breytingin sem gerð var á honum í Bonn 22. júní 1979 öðlaðist gildi 13. apríl 1987. Breytingin sem gerð var í Gaborone 30. apríl 1983 miðar að því að gera svæðisbundnum efnahagssamrunastofnunum á borð við Evrópubandalagið kleift að gerast aðilar að samningnum en hún hefur enn ekki öðlast gildi. Aðildarríki samningsins voru 145 talsins 27. ágúst 1999.

Markmið samningsins er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær. Hann nær bæði til viðskipta með lifandi dýr og dauð og með plöntur. Samningurinn er í eðli sínu alþjóðlegur viðskiptasamningur. Í honum eru reglur um innflutning, útflutning og endurútflutning dýra og plantna sem skráð eru í viðaukum við samninginn svo og um aðflutning þeirra úr sjó. Dýr og plöntur sem falla undir samninginn eru talin upp og flokkuð í þrjá viðauka eftir því hvaða reglur gilda um alþjóðaverslun með þau, sbr. 2.–5. gr. samningsins.

Með aðild að samningnum tekur Ísland þátt í alþjóðlegu samstarfi um vernd dýra og plantna í útrýmingarhættu. Með aðild getur Ísland og haft áhrif á það hvaða tegundir eru

skráðar í viðauka við samninginn. Einnig getur Ísland fengið önnur aðildarríki í lið með sér við að vernda einstakar íslenskar tegundir sem eru í útrýmingarhættu með því að skrá þær í III. viðauka.

Í I. viðauka eru tegundir sem eru í útrýmingarhættu og viðskipti hafa eða geta haft áhrif á. Skv. 3. gr. er alþjóðaverslun með þessar tegundir háð mjög ströngum reglum og er aðeins heimiluð í undantekningartilvikum og með því skilyrði að tilskilin innflutnings-, útflutnings- og/eða endurútflutningsleyfi viðkomandi landa, eða vottorð vegna aðflutnings úr sjó, séu fyrir hendi.

Í II. viðauka eru tegundir sem kunna að verða í útrýmingarhættu ef ekki er höfð stjórn á alþjóðaverslun með þær. Skv. 4. gr. er alþjóðaverslun með þessar tegundir heimiluð með því skilyrði að tilskilin útflutnings- og/eða endurútflutningsleyfi viðkomandi landa, eða vottorð vegna aðflutnings úr sjó, séu fyrir hendi.

Í III. viðauka eru tegundir sem verndaðar eru í einstökum aðildarríkjum og skráðar í viðaukann af þeim í þeim tilgangi að önnur aðildarríki aðstoði þau við að hafa eftirlit með verslun með þær. Skv. 5. gr. er alþjóðaverslun með þessar tegundir háð leyfi frá útflutningslandi þeirra ef upprunalandið hefur skráð tegundina í III. viðauka.

Innflutningsleyfi vegna tegunda í I. viðauka má aðeins veita ef tryggt er að viðkomandi eintak sé ekki nýtt fyrst og fremst í viðskiptalegum tilgangi og að innflutningur þess stefni tegundinni ekki í hættu. Útflutningsleyfi vegna tegunda í I. og II. viðauka má aðeins veita ef viðkomandi eintak hefur verið fengið löglega og viðskiptin stefna tegundinni ekki í hættu. Það skilyrði er jafnframt sett fyrir veitingu útflutningsleyfis vegna tegunda í I. viðauka að tilskilið innflutningsleyfi sé þegar fyrir hendi. Endurútflutningsleyfi vegna tegunda í I. og II. viðauka má aðeins veita ef eintakið var flutt inn samkvæmt ákvæðum samningsins. Útflutningsleyfi vegna tegunda í III. viðauka má aðeins veita ef viðkomandi eintaks var aflað löglega. Vottorð vegna aðflutnings úr sjó á eintaki tegundar í I. og II. viðauka má aðeins veita ef staðfest er að aðflutningurinn stefni tegundinni ekki í hættu. Það skilyrði er jafnframt sett fyrir veitingu vottorðs vegna tegunda í I. viðauka að fyrir liggi að viðkomandi eintak verði ekki nýtt fyrst og fremst í viðskiptalegum tilgangi.

Í 7. gr. er kveðið á um nokkrar undanþágur frá ákvæðum 3., 4. og 5. gr. Gilda undanþágurnar m.a. um gegnumflutninga á meðan eintak er í vörslu tollyfirvalda, eintök sem aflað hefur verið áður en ákvæði samningsins öðluðust gildi að því er þau varðar, eintök sem eru persónuleg eign manna eða höfð í húsum þeirra, eintök dýrategunda sem eru alin í vörslu manna í viðskiptaskyni og plöntutegundir sem eru gervifjölfaldaðar í sama skyni, lán á eintökum sem ekki er viðskiptalegs eðlis, gjafir eða skipti á eintökum milli vísindamanna eða vísindastofnana og eintök sem eru hluti af ferðadýragarði, fjölleikahúsi, dýra- eða plöntusýningu eða annarri farandsýningu.

Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. samningsins er óheimilt að gera almenna fyrirvara við ákvæði hans. Hins vegar getur aðildarríki gert fyrirvara að því er varðar sérhverja tegund sem tilgreind er í I., II. eða III. viðauka þegar það gerist aðili að honum, sbr. 2. mgr. 23. gr., svo og vegna breytinga á viðaukunum, sbr. 15. og 16. gr. Ekki eru settar takmarkanir á fjölda þeirra tegunda sem fyrirvari nær til, en altækur eða mjög víðtækur fyrirvari sem stæði í lengri tíma yrði vart talinn samrýmast markmiðum samningsins er koma fram í inngangsorðum hans.

Nokkrar hvalategundir, sem algengar eru hér við land, eru skráðar í I. og II. viðauka þótt þær séu hvorki í útrýmingarhættu né væru í slíkri hættu þótt ekki giltu reglur um verslun með þær. Rétt þykir að gerðir verði af Íslands hálfu fyrirvarar að því er skráningu þessara teg-

unda í viðaukana varðar. Fyrirvararnir eru prentaðir sem fylgiskjal III með þingsályktunartillögu þessari.

Samningurinn kveður á um útflutning eða endurútflutning til ríkis eða innflutning frá ríki sem ekki er aðili að samningnum, sbr. 10. gr. Heimilt er að taka við tilsvarandi skjölum frá bæru stjórnvaldi í viðkomandi ríki séu þau í aðalatriðum í samræmi við kröfur samningsins varðandi leyfi og vottorð.

Samningur þessi hefur engin áhrif á rétt aðildarríkis til þess að setja strangari reglur innan lands um viðskipti, eignarhald og flutning þeirra tegunda dýra og plantna sem eru skráðar í viðaukunum við hann. Samningurinn hefur ekki áhrif á innlend ákvæði eða skuldbindingar aðildarríkja sem leiðir af milliríkjasamningum eða -samkomulagi sem eiga við aðrar hliðar viðskipta og tolla. Þannig fellir samningurinn ekki úr gildi ákvæði annarra alþjóðlegra samninga sem aðildarríki hans er aðili að. Í því samhengi er vert að benda á að í 4. mgr. 14. gr. segir eftirfarandi: „Aðildarríki þessa samnings, sem einnig er aðili að öðrum milliríkjasamningi eða -samkomulagi sem er í gildi við gildistöku þessa samnings og veitir með ákvæðum sínum sjávardýrum sem tilgreind eru í II. viðauka vernd, skal leysa undan skuldbindingum samkvæmt ákvæðum þessa samnings að því er varðar verslun með eintök tegunda sem tilgreindar eru í II. viðauka sem veidd eru af skipum skráðum í því ríki og í samræmi við ákvæði slíks milliríkjasamnings eða -samkomulags."

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum samningsins, sbr. 8. gr. Ber þeim m.a. að banna verslun með eintök sem brýtur í bága við ákvæði samningsins, gera verslun með og eign á slíkum eintökum refsiverða og sjá til þess að slík eintök séu gerð upptæk eða þau flutt aftur til útflutningslandsins. Ákvæði 8. gr. kalla á lagasetningu og nánari útfærslu í reglugerð um framkvæmd samningsins hér á landi.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samningsins skulu aðildarríki tilnefna eitt eða fleiri stjórnvöld sem eru bær til að veita leyfi eða vottorð fyrir þess hönd og eitt eða fleiri stjórnvöld sem fara með vísindalegt ákvörðunarvald. Rétt þykir að sjávarútvegsráðuneytið verði það stjórnvald er veiti leyfi eða vottorð að því er nytjastofna sjávar varðar en umhverfisráðuneytið varðandi aðrar tegundir og að Hafrannsóknastofnunin og Náttúrufræðistofnun Íslands fari með hið vísindalega ákvörðunarvald.

Í 2. mgr. 9. gr. er tekið fram að tilkynna beri vörsluaðila samningsins um það stjórnvald sem fengið hefur umboð til þess að hafa samband við önnur aðildarríki og við skrifstofu samningsins. Rétt þykir að utanríkisráðuneytið verði slíkt stjórnvald hér á landi.

Með tillögunni voru þrjú fylgiskjöl:

I. Samningur (á íslensku og ensku) um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (undirritaður í Washington D.C. 3. mars 1973. Breytt í Bonn 22. júní 1979) ásamt viðaukum I–IV.
II. 21. gr. samningsins eins og henni var breytt í Gaborone, Botsvana, 1983.
III. Fyrirvarar.

Samningurinn birtist í C-deild Stjórnartíðinda.

228. Breytingartillaga [186. mál]

við till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Margréti Frímannsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugunar á samfélagslegum áhrifum þess lýsir Alþingi yfir stuðningi við áform um gerð Fljótsdalsvirkjunar, sbr. lög um raforkuver, nr. 60/1981, samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, og lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, enda hefjist framkvæmdir ekki nema að fengnu jákvæðu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 63/1993.

229. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Jón Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir, Árni Johnsen, Arnbjörg Sveinsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Drífa Hjartardóttir, Jónas Hallgrímsson, Ólafía Ingólfsdóttir, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 40/1989, bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

16. Höfn í Hornafirði.
17. Þorlákshöfn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta mál hefur verið flutt tvisvar áður en ekki verið afgreitt.

Undanfarin ár hafa farið fram umræður í sveitarstjórn Ölfushrepps og bæjarstjórn Hafnar í Hornafirði um möguleika þessara byggðarlaga á að þar verði viðurkenndar aðaltollhafnir.

Þrátt fyrir viðræður og bréfaskriftir forsvarsmanna þessara byggðarlaga hafa yfirvöld ekki enn séð sér fært að verða við óskum heimamanna þar að lútandi. Á Suðurlandi er einn staður sem nýtur réttinda aðaltollhafnar, þ.e. Vestmannaeyjar.

Þorlákshöfn er eina fiski- og flutningahöfn Suðurlandsundirlendis og Sunnlendingar standa einhuga um höfnina og telja eðlilegt að hún njóti allra réttinda.

Undanfarin ár hefur mikilvægi Þorlákshafnar aukist sem almennrar vöruhafnar. Vikurflutningar hafa verið miklir auk þess sem aðrir flutningar aukast stöðugt, svo sem á stykkjavöru, korni, áburði o.fl. Um nokkurt skeið hafa verið reifaðar hugmyndir um enn fjölbreyttari

iðnað á svæðinu. Einnig hafa komið upp hugmyndir um farþegaferjuleið frá Þorlákshöfn til Evrópu.

Í tengslum við flutninga hefur verið reist frysti- og kæligeymsla auk aðstöðu fyrir tollvörugeymslu. Af þessu má ljóst vera að óhjákvæmilegt er að gera Þorlákshöfn að aðaltollhöfn þar sem nútímaflutningar krefjast skjótrar og liprar afgreiðslu.

Íbúar Ölfushrepps stefna að því að auka mikilvægi Þorlákshafnar sem inn- og útflutningshafnar og telja þetta mál eina af forsendum fyrir því að það takist.

Embætti tollvarðar á Selfossi var stofnað í júní 1994. Tollafgreiðslur eru á þriðja þúsund á ári auk þess að sinnt er tollafgreiðslu skipa í Þorlákshöfn.

Fyrir nokkrum árum tók til starfa tollhöfn á Selfossi sem veitir mikilvæga þjónustu í höfuðstað Suðurlands. Hér er ekki verið að leggja til að raska þeirri stöðu, enda snýr málið eingöngu að réttarstöðu Þorlákshafnar, að því að bæta þjónustuna þar og því að hún hafi sama rétt og svo margar aðrar hafnir í landinu.

Á Austurlandi er syðsta aðaltollhöfnin Eskifjörður og því óravegur og löng sjóleið í þá næstu sem er Vestmannaeyjar.

Fyrir ört vaxandi byggðarlag eins og Höfn í Hornafirði hlýtur það að vera mikið hagsmunamál að öðlast réttindi aðaltollhafnar, enda hafa bæjaryfirvöld fyrir nokkru óskað eftir athugun og breytingum í þá átt. Sem kunnugt er hefur íbúafjöldi Hafnar í Hornafirði meira en tvöfaldast síðustu tvo áratugi og umsvif atvinnufyrirtækja eflst að sama skapi.

Í umdæmi sýslumannsins á Höfn hefur tollafgreiðslum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Þar er enginn starfandi tollvörður. Tollafgreiðsla fer því fram meðfram öðrum störfum á skrifstofu sýslumanns eins og á Selfossi. Þegar skip og bátar koma frá útlöndum sinnir lögregla á Höfn tollun. Um báðar þessar hafnir, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn, gilda þær reglur að óska verður heimildar tollgæslustjóra í Reykjavík fyrir tollun skipa inn í landið og úr því.

Þrátt fyrir lipurð embættismanna tollþjónustunnar sem hlut eiga að máli er þetta kerfi þungt í vöfum og tafsamt og vinnubrögðin ekki nútímaleg. Af framanrituðu er ljóst að tímabært er að gerðar verði breytingar til batnaðar án frekari tafa með því að Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði verði gerðar að aðaltollhöfnum. Með því móti einu mundu þessi byggðarlög og nágrenni þeirra öðlast rétt og möguleika á tollmeðferð skipa og á innflutningi og útflutningi, enda mun slíkt leiða til einföldunar, aukinnar hagkvæmni, sparnaðar og betra eftirlits í viðkomandi umdæmum.

Fylgiskjal I.

Bréf Hafnarsjóðs til tollstjórans í Reykjavík.

(17. september 1991.)

Umræður hafa verið í bæjarstjórn Hafnar um flokkun Hornafjarðarhafnar sem tollhafnar, hvort óska skuli eftir því að höfninni verði breytt í aðaltollhöfn. Væntanlega þyrfti þá að breyta lögum þar að lútandi (nr. 59/1969).

Eins og yður er kunnugt eru aðaltollhafnir þrjár á Austurlandi: Seyðisfjörður, Eskifjörður og Neskaupstaður, en engin sunnar og vestar fyrr en í Vestmannaeyjum. Forsendur fyrrnefndra laga hafa e.t.v. breyst nokkuð á þeim rúmu tveimur áratugum sem liðnir eru frá gildistöku þeirra og mætti nefna:

Íbúafjöldi hefur tvöfaldast á Höfn á þessum tíma.

Aflaverðmæti (1989) er hið hæsta á Austurlandi á Höfn.

Af leiðir að útflutningur og innflutningur er sennilega orðinn mestur á Austurlandi að frátalinni umferð um Seyðisfjörð v/Norrænu. Þetta er þó óstaðfest.

Áður en frekari skref verða stigin í þessu máli er óskað eftir áliti embættis yðar um kosti þess og galla að skilgreina Höfn sem aðaltollhöfn.

Virðingarfyllst,

Sturlaugur Þorsteinsson bæjarstjóri.

Fylgiskjal II.

Bréf Ölfushrepps til fjármálaráðuneytis.

(3. maí 1993.)

Um leið og undirritaður vill þakka embætti yðar fyrir fljóta og jákvæða þjónustu vegna tollafgreiðslu fyrir skip Faroe Line í Þorlákshöfn er rétt að upplýsa að þess hefur verið farið á leit við fjármálaráðherra að Þorlákshöfn verði gerð að aðaltollhöfn.

Þangað til að niðurstaða fæst í því máli er óskað eftir að leitað verði allra leiða til að leysa tollafgreiðslumál á sem hagkvæmastan hátt.

Í framhaldi af samtali við yður er þess óskað að þér komið á fundi um þetta mál með hlutaðeigandi svo fljótt sem kostur er.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Hermannsson,
sveitarstjóri Ölfushrepps.

Fylgiskjal III.

Bréf Ölfushrepps til fjármálaráðherra.

(3. maí 1993.)

Undirritaður fyrir hönd Ölfushrepps fer þess á leit við yður að þér beitið yður fyrir því að Þorlákshöfn verði gerð að aðaltollhöfn með aðsetri tollvarðar.

Unnið hefur verið að því á undanförnum árum að koma á reglulegum siglingum milli Þorlákshafnar og Evrópu en Ölfushreppur hefur átt í viðræðum við ýmsa aðila um það mál.

Sú hugmynd er loksins orðin að veruleika, en stefnt er að vikulegum siglingum milli Þorlákshafnar og Evrópu fyrst um sinn þótt enn séu óleyst ýmis mál í þessu sambandi, þar á meðal tollafgreiðsla og fleira.

Rétt er að benda á að Þorlákshöfn er eina höfn Suðurlands og því eðlilegt að þar sé aðaltollhöfn.

Óskið þér frekari upplýsinga um þetta mál er undirritaður ávallt reiðubúinn. Með ósk um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Hermannsson,
sveitarstjóri Ölfushrepps.

230. Frumvarp til laga [197. mál]

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson, Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:

Virkjunarheimildir til handa:

1. Landsvirkjun vegna stækkunar Hrauneyjafossvirkjunar, Sigölduvirkjunar, Búrfellsvirkjunar og Blönduvirkjunar og virkjunar Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) skv. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum, sbr. og 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum,
2. Hitaveitu Reykjavíkur (nú Orkuveitu Reykjavíkur) vegna stækkunar jarðvarmavirkjunar á Nesjavöllum skv. 3. mgr. 2. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum,
3. Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum er standa að virkjun jarðvarma skv. 4. mgr. 2. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum,
4. Andakílsárvirkjun sf. vegna vatnsaflsstöðvar við Kljáfoss í Hvítá samkvæmt lögum um virkjun Hvítár í Borgarfirði, nr. 26/1977,
5. Sjóefnavinnslunni hf. vegna raforkuvers í tengslum við starfrækslu fyrirtækisins skv. 4. gr. laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, nr. 62/1981,

sem ekki eru komnar til fullra framkvæmda árið 1999 skulu háðar mati á umhverfisáhrifum enda falli þær undir skilyrði 5. gr. laganna um skyldu til umhverfismats. Þá er umhverfisráðherra heimilt að gera kröfu um mat á umhverfisáhrifum vegna þessara fyrirhuguðu virkjunarframkvæmda skv. 6. gr. laganna ef skilyrði 5. gr. eiga ekki við. Sama gildir um lagningu háspennulína vegna virkjunarframkvæmdanna.

Aðrar virkjunarheimildir sem veittar hafa verið með lögum fyrir gildistöku laganna en ekki eru komnar til fullra framkvæmda árið 1999 skulu með sömu skilyrðum og getið er í 1. mgr. háðar mati á umhverfisáhrifum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af 62. máli þessa löggjafarþings, fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar til iðnaðarráðherra um virkjunarleyfi og umhverfismat. Í svari iðnaðarráðherra á þskj. 141 kemur fram að þó nokkur fjöldi virkjunarheimilda er í lögum, sérstaklega lögum um raforkuver, nr. 60/1981, sem taldar eru undanþegnar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, þótt framkvæmdir séu ekki hafnar. Ná þessar lagaheimildir til ársins 1947, en á árunum 1947–56 setti Alþingi fjórum sinnum lög um ný orkuver Rafmagnsveitna ríkisins. Þessi lög eru enn í gildi og þar er að finna ónýttar heimildir en um er að ræða litlar virkjanir. Hitt er alvarlegra að í lögum um raforkuver er að finna virkjunarheimildir stórra raforkuvera eða heimildir til verulegra stækkana á eldri raforkuverum sem stjórnvöld telja undanþegin mati á umhverfisáhrifum um ókominn tíma.

Þegar lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, voru sett var í bráðabirgðaákvæði II í lögunum kveðið á um að framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 skyldu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum. Deilt er um þýðingu og gildi þessa ákvæðis enda tilgangur með setningu þess óljós. Því er haldið fram af stjórnvöldum að allar framkvæmdir samkvæmt leyfum fyrir gildistöku laga nr. 63/1993, sem ella féllu undir lögin, séu undanþegnar mati á umhverfisáhrifum því að lögunum verði ekki beitt afturvirkt án lagaheimilda til þess. Þetta á við hvort sem umrætt bráðabirgðaákvæði er einungis talið gilda um framkvæmdir frá gildistöku laga nr. 63/1993 til 1. maí 1994 eða um allar framkvæmdir sem fengu leyfi fyrir 1. maí 1994.

Á undanförnum árum hafa orðið gífurlegar viðhorfsbreytingar almennings til umhverfismála og náttúruverndar. Það er í hæsta lagi óeðlilegt að jafnvel áratuga gömul leyfi í lögum til virkjana sem ekki hafa komið til framkvæmda skuli standa óhögguð þrátt fyrir breyttar kröfur samfélagsins. Slíkar framkvæmdir eiga og verða að vera metnar út frá umhverfissjónarmiðum sem gilda á þeim tíma þegar framkvæmdir fara fram en ekki þegar leyfi var veitt, ef til vill fyrir mörgum árum, ef leyfisveiting og framkvæmdir haldast ekki í hendur.

Af þessum sökum leggja flutningsmenn þessa frumvarps til að ákvæði til bráðabirgða II í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, verði afnumið í núverandi mynd og því breytt þannig að tekinn verði af allur vafi um að lögunum verði beitt afturvirkt um virkjunarframkvæmdir sem fengu leyfi með lögum fyrir gildistöku laganna en hafa enn ekki komið til framkvæmda. Augljós rök mæla með því að öllum vafa um réttarstöðu slíkra leyfa og leyfishafa með tilliti til umhverfismats sé eytt. Ef frumvarpið verður að lögum mun það meðal annars hafa í för með sér að virkjunarframkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun verða háðar mati á umhverfisáhrifum.

231. Frumvarp til laga [198. mál]

um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga um Landsvirkjun er greint frá tilgangi fyrirtækisins og heimildum til að taka þátt í og eiga fyrirtæki á sviði orkumála og tengdrar starfsemi.

Landsvirkjun á og rekur fjarskiptakerfi vegna starfsemi sinnar. Það kerfi getur komið að gagni fyrir fleiri aðila, m.a. þá sem starfa að öryggismálum. Ýmsir aðilar hafa óskað eftir samstarfi við Landsvirkjun um fjarskiptastarfsemi þar sem fjarskiptakerfi fyrirtækisins yrði notað. Til að af slíku geti orðið þarf Landsvirkjun lagaheimild, enda eðlilegt að slík starfsemi sé rekin utan hefðbundins reksturs fyrirtækisins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að veita Landsvirkjun heimild til að taka þátt í og eiga fyrirtæki á sviði fjarskipta auk orkumála og tengdrar starfsemi.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

232. Frumvarp til laga [199. mál]

um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út og birta opinberlega leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

Ákvæði þessara laga eiga, eftir því sem við á, við um eftirlit Fjármálaeftirlitsins, athuganir þess og upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðum sérlaga. Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og

öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan.

Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að skipa sérfræðing til að gera athugun á tilteknum þáttum í starfsemi eða rekstri eftirlitsskylds aðila eða til að hafa að öðru leyti sértækt eftirlit með eftirlitsskyldum aðila. Sérfræðingurinn skal skipaður til tiltekins tíma, ekki lengri en fjögurra vikna í senn. Á hann rétt á að hafa starfsstöð hjá hinum eftirlitsskylda aðila og skal honum veittur aðgangur að öllu bókhaldi, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum og upplýsingum sem eftirlitsskyldi aðilinn hefur í sinni vörslu og óskað er eftir. Sérfræðingurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn eftirlitsskylds aðila sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi. Um þagnarskyldu hans fer skv. IV. kafla þessara laga.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera sérstakar athuganir á starfsstað og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að eftirlitsskyldur aðili hafi brotið gegn lögum eða reglum sem um viðkomandi starfsemi gilda eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð opinberra mála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Komi í ljós að eftirlitsskyldur aðili fylgi ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan ákveðins frests.

Fjármálaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur eftirlitsskylds aðila að öðru leyti óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti, enda þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við, og er jafnframt heimilt að krefjast þess að úr sé bætt innan tiltekins frests.

Þegar svo stendur á sem greinir í 1. eða 2. mgr. getur Fjármálaeftirlitið boðað til fundar í stjórn eða framkvæmdastjórn hins eftirlitsskylda aðila til þess að fjalla um athugasemdir þess og kröfur og leiðir til úrbóta. Fulltrúa Fjármálaeftirlitsins er heimilt að stýra fundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

11. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Dagsektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan tiltekins frests. Greiðast þær þangað til farið hefur verið að kröfum Fjármálaeftirlitsins. Dagsektirnar geta numið frá fimmtíu þúsund krónum til fimm milljóna króna á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri hins eftirlitsskylda aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Ákvarðanir um dagsektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til kærunefndar samkvæmt lögum þessum innan sjö daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Sé ákvörðun skotið til kærunefndar er ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrr en úrskurður hefur verið felldur.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að eftirlitsskyldur aðili verði síðar við kröfum Fjármálaeftirlitsins nema stjórn Fjármálaeftirlitsins ákveði það sérstaklega. Dagsektirnar eru aðfararhæfar. Sama gildir um úrskurði kærunefndar.

Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.

5. gr.

Á eftir 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því. Greinarnar orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (12. gr.)

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Til ákvarðana samkvæmt þessari grein teljast kröfur um úrbætur skv. 10. gr. Sektirnar geta numið frá fimmtíu þúsund krónum til tíu milljóna króna. Við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssekta skal tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Ákvörðun um stjórnvaldssektir má skjóta til kærunefndar samkvæmt lögum þessum innan sjö daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Sé ákvörðun skotið til kærunefndar er ekki heimilt að innheimta sektir fyrr en úrskurður hefur verið felldur.

Stjórnvaldssektirnar eru aðfararhæfar. Sama gildir um úrskurði kærunefndar.

Innheimtar stjórnvaldssektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu stjórnvaldssekta í reglugerð.

b. (13. gr.)

Tilkynningarskylda.

Ef brot eru alvarleg og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur að mati Fjármálaeftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegur við lög ber Fjármálaeftirlitinu að greina ríkislögreglustjóra frá þeim.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skv. 4. mgr. 9. gr., 11. gr., 12. gr. og 1. mgr. þessarar greinar skulu þegar í stað tilkynntar viðskiptaráðherra, þeim ráðherra sem annars fer með viðkomandi málaflokk og stjórn hins eftirlitsskylda aðila eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til að dreifa.

6. gr.

12. gr. laganna, er verður 14. gr., orðast svo:

Stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu. Sama gildir um lögmenn, endurskoðendur, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum Fjármálaeftirlitsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi og er óheimilt að nýta í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má þó veita í samandregnu formi þannig að einstakir eftirlitsskyldir aðilar séu ekki auðkenndir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt þegar eftirlitsskyldur aðili er gjaldþrota eða þvinguð slit fara fram að upplýsa um atriði í rekstri einkamála sem þagnarskylda er um og ekki varða þriðja aðila sem á hlut að björgunaraðgerðum vegna eftirlitsskylds aðila.

Opinber umfjöllun af hálfu þess aðila sem þagnarskyldunni er ætlað að vernda um trúnaðarupplýsingar veitir starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins eða sérfræðingum sem starfa eða starfað hafa á vegum þess ekki sjálfstæða heimild til að láta af hendi trúnaðarupplýsingar.

7. gr.

13. gr. laganna, er verður 15. gr., orðast svo:

Fjármálaeftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja EES-samningsins upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu skv. 14. gr. sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og slík upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi ríki. Þagnarskylda skv. 1. mgr. 14. gr. gildir um hliðstæðar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja.

Semja má við eftirlitsstjórnvöld ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins um skipti á upplýsingum, en þó því aðeins að gætt sé þagnarskyldu í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Ákvæði 1. mgr. gilda um skipti á upplýsingum við stjórnvöld hér á landi eða erlendis sem fjalla um gjaldþrot og slit eftirlitsskyldra aðila, eftirlit með þeim sem framkvæma endurskoðun hjá þeim eða tryggingastærðfræðilegar úttektir. Sama gildir um þá sem eftirlit hafa með þessum aðilum. Í því skyni að stuðla að stöðugleika og öryggi á fjármálasviði skulu upplýsingaskipti einnig heimil milli eftirlitsstjórnvalda og stjórnvalda og aðila sem starfa að því að rannsaka brot á félagarétti.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki EES-samningsins er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

8. gr.

8. mgr. 17. gr. laganna, er verður 19. gr., orðast svo:

Um þagnarskyldu kærunefndar fer skv. 14. gr.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

9. gr.

93. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða, svo og starfsemi innlendra viðskiptabanka og sparisjóða erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í 44. gr. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í viðskiptabanka eða sparisjóði í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 10. gr. og hæfni þeirra til að fara með virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við viðskiptabanka eða sparisjóð, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

10. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Um stofnun lánastofnunar og meðferð eignarhlutar fer að öðru leyti eftir ákvæðum II. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins og heimildir fer að öðru leyti en greinir í lögum þessum skv. XIV. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti,með síðari breytingum.

12. gr.

53. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hér á landi, svo og starfsemi innlendra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Skal Fjármálaeftirlitið hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem að þess mati eru nauðsynleg vegna eftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 12.–14. gr. og hæfni þeirra til að fara með virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Hafi Fjármálaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum IV. kafla laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til rannsóknar málsins.

Um eftirlit með fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. 4. málsl. fellur brott.

b. Við greinina bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í hlutafélagi sem starfar samkvæmt lögum þessum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 6. gr. og hæfni þeirra til að fara með virkan eignarhlut.

Hafi Fjármálaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum 19. eða 26. gr. laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til athugunar á málinu.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Um eftirlit samkvæmt þessum lögum gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessum lögum.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

14. gr.

Við 55. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í vátryggingafélagi í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 39. gr. og hæfni þeirra til að fara með virkan eignarhlut skv. 39. og 40. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við vátryggingafélag, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með vátryggingafélaginu.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum lífeyrissjóða, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi lífeyrissjóði.

16. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gilda, eftir því sem við getur átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessum lögum.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með setningu laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, var ákveðið að sameina opinbert eftirlit í einni stofnun, Fjármálaeftirlitinu. Í lögunum fólst hins vegar ekki endurskoðun á valdheimildum og úrræðum í opinberu eftirliti heldur var byggt á þeim grunni sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið höfðu áður staðið á. Breytingar á valdheimildum og úrræðum átti að móta síðar með hliðsjón af reynslu Fjármálaeftirlitsins og breyttum starfsháttum á fjármagnsmarkaði.

Síðustu mánuði hafa sjónir manna beinst að stöðu og styrk Fjármálaeftirlitsins. Að mati viðskiptaráðuneytisins er tilefni til að gera nú breytingar á lögum um Fjármálaeftirlitið í því skyni að styrkja starfsheimildir þess og stuðla að því að starfsemi þess skili tilætluðum árangri.

Breytingar þær sem lagðar eru til í þessu frumvarpi ber ekki að skoða sem heildstæða endurskoðun á stöðu og heimildum Fjármálaeftirlitsins. Fyrst og fremst er með frumvarpinu leitast við að tryggja betur en áður aðgang að gögnum og upplýsingum og auka möguleika Fjármálaeftirlitsins til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Notkun slíkra heimilda ræðst síðan af

stefnumótun í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Reynslan mun síðar leiða í ljós hvort frekari breytinga sé þörf á lagaumgjörð stofnunarinnar.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

1. Leitast er við að gera ákvæði um starfsemi og starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins markvissari. Í þessu skyni eru gerðar breytingar á III. kafla laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
2. Styrktar verði heimildir Fjármálaeftirlitsins til að kalla eftir upplýsingum frá aðilum sem standa að eða eru tengdir eftirlitsskyldum aðila, þegar upplýsingarnar skipta máli í eftirliti með hinum eftirlitsskylda aðila. Hér er einkum átt við aðgang að upplýsingum frá þeim sem fara með eignarhlut í viðkomandi fyrirtæki og upplýsingum um dótturfyrirtæki og hlutdeildarfyrirtæki eftirlitsskyldra aðila.
3. Styrkt verði úrræði Fjármálaeftirlitsins til að knýja á um skil á upplýsingum og úrbætur á grundvelli krafna og tilmæla sem sett hafa verið fram. Í þessu efni verður að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins til að beita dagsektum. Núgildandi ákvæði um dagsektir eru veik og geta aldrei þjónað þessum tilgangi á fullnægjandi hátt. Jafnframt er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái sambærilegar heimildir og Samkeppnisstofnun til þess að gera leit og leggja hald á muni og upplýsingar.
4. Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að leggja stjórnvaldssektir á eftirlitsskylda aðila sem vanrækja að virða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins.
5. Fjármálaeftirlitið hafi skýrari heimildir til eftirlits með fjármálastarfsemi á vegum viðskiptabanka og sparisjóða sem stunduð er utan viðkomandi fyrirtækis. Hér er átt við starfsemi sem viðkomandi eftirlitsskyldum aðila er heimilt að stunda en fellur utan starfsleyfisskyldrar starfsemi. Jafnframt er leitast við að styrkja eftirlit Fjármálaeftirlitsins með því að leyfisskyld fjármálastarfsemi sé ekki stunduð án tilskilinna leyfa.

Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eru ekki tæmandi og er ljóst að áfram er nauðsynlegt að vinna að skýrari löggjöf um fjármagnsmarkað og styrkari umgjörð eftirlits. Mun viðskiptaráðuneytið á næstu mánuðum beita sér fyrir frekari aðgerðum til að renna styrkari stoðum undir starfsemi á fjármagnsmarkaði. Í því sambandi má nefna eftirtalin verkefni:

1. Skýr löggjöf um fjármálastarfsemi, sem reglulega er löguð að breyttum aðstæðum, er til þess fallin að gera starfsemi á fjármagnsmarkaði traustari. Í þessu skyni hefur m.a. verið skipuð nefnd sem ætlað er að endurskoða lög um viðskiptabanka og sparisjóði og lög um aðrar lánastofnanir en viðskiptabanka og sparisjóði. Jafnframt er starfandi nefnd um breytta stöðu sparisjóða á fjármagnsmarkaði.
2. Skilgreina þarf verkaskiptingu Fjármálaeftirlitsins og viðkomandi ráðuneyta innbyrðis. Huga þarf að því hvar eiginlegt ákvörðunarvald á að liggja í verkefnum. Er hér átt við lagatúlkanir, setningu ýmissa reglna og reglugerða, veitingu starfsleyfa o.fl. Tryggja þarf í þessu sambandi að hlutverk Fjármálaeftirlitsins sé skýrt, samræmis gætt og sjálfstæði þess virt.
3. Huga þarf að refsiákvæðum í lögum um fjármálastarfsemi. Unnið verður að tillögum til lagabreytinga og í því efni höfð hliðsjón af tillögum nefndar sem fjallaði um þetta málefni og skilaði viðskiptaráðherra tillögum árið 1995.

Rétt er að leggja áherslu á að eftirlit með starfsemi á fjármagnsmarkaði er ekki og má ekki vera einvörðungu á vegum og á ábyrgð stjórnvalda. Meginábyrgð á eftirlitinu á að vera á hendi eftirlitsskyldra aðila sjálfra. Það er á ábyrgð stjórnenda fjármálafyrirtækja að skipuleggja starfsemi sína þannig að fyrir hendi sé virk áhættustýring, innra eftirlit og eftirfylgni við lög og reglur. Af hálfu Fjármálaeftirlitsins hefur einmitt verið lögð áhersla á að eitt meg-

inverkefna þess sé að hafa eftirlit með því að innra skipulag og innra eftirlit fjármálafyrirtækja sé í góðu horfi.

Ákvæði þessa frumvarps eru ekki sérstaklega sniðin eftir ákvæðum um eftirlitsstofnanir á fjármagnsmarkaði í nágrannalöndum okkar. Ljóst er þó að víðtækar heimildir eftirlitsaðila til upplýsingaöflunar er hér sem annars staðar hornsteinn skilvirks eftirlits með fjármálastarfsemi. Jafnframt eru úrræði á borð við dagsektir alþekktar í nágrannalöndum okkar. Beiting þeirra ræðst hins vegar af mótun eftirlits og hefðum þess í hverju landi.

Systurstofnanir Fjármálaeftirlitsins á Norðurlöndum eru Finanstilsynet í Danmörku, Finansinspektionen í Svíþjóð og Kredittilsynet í Noregi. Í Finnlandi er eftirlitinu skipt upp, eftirlit með lánastofnunum og verðbréfamarkaði í Finansinspekionen, en vátryggingaeftirlit í Försäkringsinspektionen. Stofnanir þessar hafa allar skýrar lagaheimildir til þess að krefjast þeirra upplýsinga frá eftirlitsskyldum aðilum sem þær þurfa á að halda til að sinna lögmæltu eftirliti. Stofnanirnar hafa jafnframt ýmist sjálfar eða fagráðuneyti þeirra skýrar heimildir í lögum til að leggja dagsektir á eftirlitsskylda aðila eða forsvarsmenn þeirra í því skyni að knýja fram úrbætur og fylgni við kröfur sem settar hafa verið fram.

Í Bretlandi stendur nú yfir endurskipulagning á opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Sameinuð eftirlitsstofnun þar í landi, The Financial Services Authority, hefur óvenjusterkar heimildir til afskipta og eftirlits með fjármálastarfsemi og úrræði þar að lútandi eru skýr og skilvirk. Í því sambandi má nefna ýmsar rannsóknarheimildir á hendur lögaðilum og einstaklingum, m.a. heimild til fyrirvaralausrar rannsóknar í húsakynnum fyrirtækis án sérstakrar húsleitarheimildar. Heimildir til að knýja fram afhendingu mikilvægra gagna, bæði frá eftirlitsskyldum aðilum og þriðja aðila, eru einnig skýrar, svo og heimildir til að leggja á sektir og til málshöfðunar í ákveðnum tilvikum gegn einstökum fjármálafyrirtækjum.

Við samningu frumvarps þessa var jafnframt höfð hliðsjón af ákvæðum samkeppnislaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. mgr. er óbreytt frá núgildandi lögum.

Á Norðurlöndunum er víða gert ráð fyrir að eftirlitsstofnanir gefi út almennar leiðbeinandi reglur sem gefi þannig fyrir fram til kynna viðhorf viðkomandi stofnunar til tiltekinna viðfangsefna, m.a. þeirra er tengjast skilgreiningum á eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Slíkar fyrir fram kynntar reglur eða tilmæli geta verið til hægðarauka fyrir eftirlitsskylda aðila og jafnframt mikil stoð í starfsemi og stefnumörkun eftirlitsstofnunarinnar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti gefið út sams konar leiðbeinandi reglur eða tilmæli, en hefðir hafa ekki enn skapast um þetta hér á landi. Þessar reglur mundu ekki hafa lagastoð í hefðbundnum skilningi og eru því ekki skuldbindandi á sama hátt og ákvæði reglugerða og reglna sem settar eru með sérstakri heimild í lögum. Þær geta hins vegar orðið grundvöllur krafna Fjármálaeftirlitsins um úrbætur með tilvísun til heilbrigðra og eðlilegra viðskiptahátta.

Í 3. mgr. er hnykkt á því að ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, einkum III. kafli þeirra, og ákvæði sérlaga mynda þann ramma sem starfsheimildum Fjármálaeftirlitsins er ætlað að starfa eftir. Ákvæði III. kafla laga nr. 87/1998 eru almenn ákvæði sem ætlað er að gilda um starfsemi Fjármálaeftirlitsins á grundvelli sérlaga.

Um 2. gr.

1. og 2. mgr. eru óbreyttar frá núgildandi lögum.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði sem á sér fyrirmynd í 2. mgr. 11. gr. núgildandi laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þar er að finna heimild Fjármálaeftirlitsins til að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með tilteknum eftirlitsskyldum aðila. Ákvæðið á rætur að rekja til þágildandi IV. kafla laga um Seðlabanka Íslands. Þessari heimild hefur verið beitt á fyrri tíð en hún getur reynst erfið í framkvæmd í því umhverfi sem við búum nú við og í andstöðu við meginreglur um að hinn opinberi eftirlitsaðili eigi helst ekki að vera settur í þá aðstöðu að stjórna fyrirtæki. Þessi heimild getur jafnframt orkað tvímælis sem þvingunarúrræði, en fyrirsögn núgildandi 11. gr. er *Fullnustuúrræði. Tilkynningarskylda.*

Með hliðsjón af fyrrgreindum sjónarmiðum eru lagðar til breytingar á þessari heimild. Í stað skipunar á „fulltrúa" Fjármálaeftirlitsins er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði unnt að skipa sérfræðing til að gera athugun á tilteknum þáttum í starfsemi eða rekstri eftirlitsskylds aðila eða að öðru leyti að hafa sértækt eftirlit með eftirlitsskyldum aðila. Þannig er heimildin sniðin að því að auðvelda Fjármálaeftirlitinu að nýta sér sérfræðiaðstoð utan stofnunarinnar í eftirliti sínu, en í framtíðinni verður nær ógerlegt að tryggja að í Fjármálaeftirlitinu sé á hverjum tíma fullnægjandi sérfræðiþekking á öllum þáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

Jafnframt er áfram unnt að nýta heimildina til að gæta hagsmuna viðskiptamanna og gæta þess að spjöll séu ekki unnin í starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila. Sérfræðingnum er hins vegar ekki ætlað að taka við eiginlegri stjórn eftirlitsskylds aðila. Þannig er t.d. ekki gert ráð fyrir að hann hafi tillögurétt á stjórnarfundum eins og í núgildandi ákvæði.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir sambærilegri heimild til handa Fjármálaeftirlitinu og nú er að finna í 40. gr. samkeppnislaga. Rétt þykir að tryggja Fjármálaeftirlitinu heimild til að gera athuganir á starfsstað og leggja hald á gögn samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Þessi heimild kemur til viðbótar við almenna heimild til aðgangs að gögnum og starfsstöð skv. 1. og 2. mgr. Ákvæðinu verður að beita af varfærni og verður því ekki beitt nema rík ástæða sé til að ætla að ákvæði laga um viðkomandi starfsemi hafi verið brotin eða að ætla megi að aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái ekki tilætluðum árangri með öðrum hætti. Nefna má sem dæmi að fyrirsjáanlegt sé að gagna verði ekki aflað einvörðungu á grundvelli skýrra lagaheimilda og hótunar um dagsektir eða ástæða sé til að ætla að spjöll verði unnin á gögnum eða starfsemi hins eftirlitsskylda aðila.

Um 3. gr.

1. mgr. er óbreytt frá núgildandi lögum. Í 2. og 3. mgr. er leitast við að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins til að grípa til aðgerða ef það telur að tiltekin starfsemi sé ekki í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti enda þótt starfsemin feli ekki í sér brot á lögum eða reglum. Þannig er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti krafist úrbóta vegna atriða sem það telur í ósamræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti þótt ekki sé um brot á lögum og reglum að ræða. Slík heimild er nú í lögum um vátryggingastarfsemi. Þá geti Fjármálaeftirlitið boðað til stjórnarfundar hjá eftirlitsskyldum aðila þegar svo háttar sem hér greinir. Rétt er að taka fram að kröfur Fjármálaeftirlitsins þurfa að sjálfsögðu að eiga sér efnisleg rök og verður unnt að bera þær undir kærunefnd, sbr. núgildandi 17. gr. laga nr. 87/1998.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. núgildandi laga er að finna heimild til að leggja dagsektir á eftirlitsskylda aðila. Ákvæðið á rætur að rekja til laga um Seðlabanka Íslands. Hefur það reynst haldlítið sem fullnustuúrræði og má nefna þrennt sem veldur því: Í fyrsta lagi er framkvæmd dagsektanna ekki nægilega útfærð í lögum og hefur því ekki tilætluð varnaðaráhrif. Erfitt mundi

reynast að byggja nægilega undir framkvæmd ákvæðisins í reglugerð. Í öðru lagi er það almenn regla þegar dagsektir eiga í hlut, nema kveðið sé á um annað, að óinnheimtar dagsektir falla niður þegar skylda hefur verið uppfyllt. Varnaðaráhrif dagsekta geta því verið lítil þar sem innheimta þeirra er fyrirhafnarsöm og alltaf mundu líða nokkrir dagar milli þess að þær væru innheimtar. Í þriðja lagi skortir í núgildandi lögum ákvæði um að dagsektirnar séu aðfararhæfar.

Í þessari grein er að finna nánari útfærslu á dagsektum en áður. Ákvæðið er samið með hliðsjón af XIII. kafla samkeppnislaga en að öðru leyti sniðið að þörfum Fjármálaeftirlitsins.

Samkvæmt 1. mgr. er ákvæðinu ætlað að nýtast sem fullnustuúrræði ef annað af tvennu gerist: eftirlitsskyldur aðili veitir ekki aðgang að umbeðnum upplýsingum eða hann sinnir ekki kröfum um úrbætur innan tiltekins frests. Þær eru ákveðnar af Fjármálaeftirlitinu og er ætlað að skipta máli í rekstri viðkomandi aðila. Þannig er heimilt að ákveða dagsektir sem hlutfall af stærðum í rekstri viðkomandi aðila eða að öðru leyti að hafa hliðsjón af stærð hans við ákvörðunina. Þannig kunna sömu vanskil á upplýsingum að leiða til mismunandi dagsekta í fjárhæðum talið, allt eftir stærð þeirra aðila sem ekki hafa orðið við beiðnum um upplýsingar.

Í 3.–5. mgr. er að finna nánari ákvæði um dagsektirnar. M.a. er kveðið á um að óinnheimtar dagsektir falli ekki niður þó að eftirlitsskyldir aðilar verði síðar við kröfum, sbr. það sem fram kom í upphafi þessarar umfjöllunar. Þá er kveðið á um kærur til kærunefndar. Ekki er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti notið innheimtra dagsekta í rekstri sínum þar sem þær munu renna til ríkissjóðs.

Um 5. gr.

Í a-lið, sem er ný 12. gr., er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti lagt stjórnvaldssektir á eftirlitsskylda aðila sem vanrækja að virða ákvarðanir þess. Rétt þykir að taka skýrt af skarið um það í lagatexta að til ákvarðana teljist ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um að krefjast úrbóta á tilteknum atriðum og er tilvísun til 10. gr. til þess fallin. Rétt þykir einnig að taka fram til hvaða þátta skuli litið við ákvörðun um fjárhæð sekta. Um ákvörðun um stjórnvaldssektirnar, málskot til kærunefndar og innheimtu gilda sambærileg ákvæði og í breyttri 11. gr. laganna (sbr. 4. gr. frumvarpsins).

Í b-lið eru ákvæði 3. og 4. mgr. 11. gr. gerð að nýrri grein, 13. gr. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 6. og 7. gr.

Í þessum greinum er leitast við að endurskoða þagnarskylduákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (6. gr.) og samskipti Fjármálaeftirlits við aðra opinbera eftirlitsaðila (7. gr.). Breytingar frá núgildandi lögum lúta annars vegar að því að ákvæðin endurspegli betur en nú þær reglur sem gilda um þagnarskyldu og upplýsingaskipti opinberra eftirlitsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu, þar á meðal undantekningar frá þeirri þagnarskyldu. Ákvæðin eiga sér fyrirmynd í tilskipunum á Evrópska efnahagssvæðinu, t.d. 12. gr. fyrstu og annarrar bankatilskipunar, og hliðstæðum tilskipunum á vátryggingasviði og verðbréfasviði. Ákvæðum þessara tilskipana var breytt með svokallaðri Post-BCCI tilskipun. Ákvæðunum er ætlað að tryggja samræmi í vernd trúnaðarupplýsinga en jafnframt greið upplýsingaskipti eftirlitsaðila sem lúta sambærilegri þagnarskyldu þannig að þeir geti betur sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Um 8. gr.

Hér er gerð breyting á númeri tilvitnaðrar greinar í samræmi við aðrar breytingar á lögunum.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á 93. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að eftirlit Fjármálaeftirlitsins taki ekki einungis til viðskiptabankanna eða sparisjóðanna heldur einnig til þeirrar starfsemi sem fellur undir fjármálastarfsemi skv. 44. gr. þótt sú starfsemi sé án starfsleyfis. Hér má nefna eftirlit með dótturfyrirtækjum sem annast fjármálaráðgjöf fyrir viðskiptavini viðskiptabanka eða sparisjóða þótt starfsemin sé ekki háð veitingu sérstaks starfsleyfis. Einnig er hér átt við ýmsa sjóði sem ekki falla undir hefðbundnar skilgreiningar á eftirlitsskyldri starfsemi, svo sem skilgreiningum laga um verðbréfasjóði.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir sterkari heimildum Fjármálaeftirlitsins til að krefjast gagna og upplýsinga frá þeim sem eiga eða hyggjast eignast eignarhlut í viðskiptabanka eða sparisjóði. Heimildin tekur ekki einungis til þeirra sem fara með virkan eignarhlut heldur allra sem fara með eignarhlut, hversu stór sem hann er. Þannig getur Fjármálaeftirlitið metið hvort minni hluthafar í viðskiptabanka mynda saman aðila sem líta beri á sem einn virkan eiganda. Jafnframt er ákvæðinu ætlað að tryggja að Fjármálaeftirlitið hafi aðgang að upplýsingum til að meta hæfni þeirra sem eiga eða hyggjast eignast eignarhlut í viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. 10. gr. laga nr. 113/1996.

Samkvæmt 3. mgr. er Fjármálaeftirlitinu veittur aðgangur að upplýsingum hjá dóttur- eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum í nánum tengslum, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

Í 4. mgr. eru tryggðar heimildir til aðgangs að upplýsingum um hvort tiltekinn aðili stundi viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi án tilskilinna leyfa. Jafnframt er það nýmæli að kveðið er á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að birta opinberlega nöfn aðila sem það telur að bjóði þjónustu án tilskilinna leyfa. Þannig geti Fjármálaeftirlitið gefið út aðvaranir hugsanlegum viðskiptamönnum til hagsbóta.

Í 5. mgr. er hnykkt á því að beita megi ákvæðum III. kafla laga nr. 87/1998, sem varða dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á munum, við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt greininni. Þessi ákvæði taka því einnig til eigenda viðskiptabanka eða sparisjóða, dóttur- og hlutdeildarfyrirækja þeirra og aðila sem stunda starfsemi án leyfis.

Um 10. gr.

Hér er tilvísunum núgildandi laga nr. 123/1993 til II. kafla laga nr. 113/1996 breytt þannig að ekki sé unnt að vefengja að tilvísunin taki til allra ákvæða kaflans.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er vísað til ákvæða laga nr. 113/1996 sem fjalla um eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Þeim ákvæðum er ætlað að gilda einnig um eftirlit stofnunarinnar með öðrum lánastofnunum.

Um 12. gr.

Þetta ákvæði felur í sér sams konar breytingar og lagðar eru til á 93. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði í 9. gr. frumvarpsins. Vísast því um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 13. gr.

Hér er að finna sams konar ákvæði og í 9. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að 2. mgr. 93. gr. laga nr. 113/1996 verði breytt. Vísast til athugasemda við þá grein.

Þá er Fjármálaeftirlitinu tryggður aðgangur að upplýsingum sem varða mat á því hvort brotið hafi verið gegn 19. gr. kauphallarlaga um yfirtökutilboð eða 26. gr. sömu laga um flöggunarskyldu. Ákvæði um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á munum eiga við um upplýsingaöflun samkvæmt greininni.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða sams konar breytingar og í 9. gr. frumvarpsins og vísast um skýringar til athugasemda við þá grein.

Um 15. og 16. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um aðgang að upplýsingum frá dóttur- og hlutdeildarfyrirtækjum lífeyrissjóða. Þá er um dagsektaákvæði vísað til ákvæða í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja Fjármálaeftirlitinu betri aðgang en áður að gögnum og upplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum. Gert er ráð fyrir að úrræði Fjármálaeftirlitsins til að knýja á um skil á upplýsingum verði styrkt, þ.e. með heimildum til að beita dagsektum.

Lagt er til að heimildir Fjármálaeftirlitsins til að kalla eftir gögnum frá aðilum sem standa að eða eru tengdir eftirlitsskyldum aðila verði auknar. Jafnframt er lagt til að heimildir til eftirlits með fjármálastarfsemi á vegum viðskiptabanka og sparisjóða sem stunduð er utan viðkomandi fyrirtækis og fellur ekki undir starfsleyfisskylda starfsemi verði styrktar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að útgjöld ríkissjóðs aukist.

233. Frumvarp til laga [200. mál]

um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Almennt ákvæði.

Eftirlitsskyldir aðilar skv. 5. gr. skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laga þessara.

Eftirlitsgjald samkvæmt þessum lögum rennur beint til reksturs Fjármálaeftirlitsins og er innheimt af Fjármálaeftirlitinu.

2. gr.

Skýrsla um álagningu næsta árs.

Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs. Viðskiptaráðherra kveður í reglugerð á um skipan og starfshætti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

3. gr.

Ráðstöfun rekstrarafgangs og rekstrartaps.

Sé áætlað að rekstrarafgangur verði af starfsemi Fjármálaeftirlitsins á því ári þegar áætlun fyrir næsta ár er unnin skal tekið tillit til hans við ákvörðun eftirlitsgjalds næsta árs. Sé áætlað að rekstrartap verði af starfsemi Fjármálaeftirlitsins á því ári þegar áætlun fyrir næsta ár er unnin skal taka tillit til þess við ákvörðun eftirlitsgjalds næsta árs.

4. gr.

Álagningargrunnur.

Álagningargrunnur eftirlitsgjalds er ársreikningur eftirlitsskylds aðila fyrir næstliðið ár þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin.

Hafi tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast skal miða álagningu við samanlagða ársreikninga þeirra fyrir næstliðið ár skv. 1. mgr.

Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er að hefja hina eftirlitsskyldu starfsemi skal miða álagningu við lágmarksgjald skv. 5. gr. Sé ársreikningur fyrir hendi fyrir fyrri starfsemi viðkomandi fyrirtækis er heimilt að nota hann sem álagningargrunn. Heimilt er að beita 2. mgr. þessarar greinar ef við á.

5. gr.

Gjaldskyldir aðilar, álagningarstofn og álagt gjald.

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir skulu greiða 0,01445% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,28524% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,03573% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 250.000. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00779% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,04581% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða 0,08031% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Verðbréfasjóðir skulu greiða 0,01129% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða 0,08031% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,92353% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00779% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,92353% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga og Póstgíróstofa Íslandspósts skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,01445% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,00040% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr. Kvótaþing skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
10. Tryggingasjóður viðskiptabanka og Tryggingasjóður sparisjóða skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

6. gr.

Framkvæmd álagningar og innheimtu.

Álagning eftirlitsgjalds samkvæmt lögum þessum skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Fjármálaeftirlitið skal gera eftirlitsskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi.

Eftirlitsgjald greiðist ársþriðjungslega með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. maí og eindagi 15. maí og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september.

Hefji eftirlitsskyldur aðili starfsemi eftir að álagning fer fram skv. 1. mgr. skal leggja á hann eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 5. gr., sbr. og 3. mgr. 4. gr., og miðast álagningin við næsta gjalddaga eftir útgáfu starfsleyfis. Skal fjárhæð gjaldsins taka mið af því hversu langur tími er eftir af rekstrarárinu, talið frá næsta gjalddaga. Greiðist gjaldið þá á þeim gjalddögum sem eftir eru. Séu allir gjalddagar liðnir skal ekki leggja á eftirlitsgjald vegna yfirstandandi rekstrarárs. Hætti eftirlitsskyldur aðili starfsemi áður en eftirlitsgjald er að fullu greitt fellur niður sá hluti gjaldsins sem ekki er kominn í gjalddaga þegar starfsleyfi fellur úr gildi.

Sé eftirlitsgjald greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við vaxtalög.

Vanræki eftirlitsskyldur aðili greiðslu eftirlitsgjalds er þeim ráðherra sem veitir starfsleyfi til viðkomandi starfsemi heimilt að afturkalla starfsleyfið, enda geri Fjármálaeftirlitið tillögu um það og liðnir séu sex mánuðir frá fyrsta gjalddaga í vanskilum.

Heimilt er Fjármálaeftirlitinu að ákvarða álagningu eftirlitsgjalds að nýju gagnvart tilteknum eftirlitsskyldum aðilum reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar.

7. gr.

Greiðslur fyrir sértækar aðgerðir.

Telji Fjármálaeftirlitið að eftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðila sé umtalsvert kostnaðarsamara og krefjist meiri mannafla en áætlun um reglubundið eftirlit gerir ráð fyrir skal það gera stjórn stofnunarinnar grein fyrir því. Stjórn Fjármálaeftirlitsins getur þá ákveðið að viðkomandi eftirlitsskyldum aðila verði gert að greiða samkvæmt reikningi fyrir nauðsynlegt umframeftirlit.

Gjaldskrá fyrir eftirlit samkvæmt þessari grein skal samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins og birt í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Kæruleið.

Heimilt er viðkomandi eftirlitsskyldum aðilum að bera ákvörðun um álagningu, gjaldstofn og útreikning eftirlitsgjalds, og ákvörðun um greiðslur fyrir sértækar aðgerðir, undir kærunefnd sem starfar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Kærufrestur skal vera 30 dagar. Kæra skal vera skrifleg.

Um málsmeðferð og úrskurði kærunefndar fer að öðru leyti samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og reglugerð settri samkvæmt þeim lögum.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Viðskiptaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt breytist ákvæði 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og orðast svo:

Eftirlitsskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 1999, sbr. auglýsingu nr. 5 6. janúar 1999, um álagningu eftirlitsgjalds þeirra aðila er lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999, er sem hér segir:

1. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,019425% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
2. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,3135% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,038% af bókfærðum endurtryggingaiðgjöldum eins og iðgjöld þessi voru tilgreind í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00931% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,05035% af því iðgjaldamagni sem miðlað var á árinu 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Á þá aðila sem falla undir ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er álagningu háttað þannig að á sérhvert fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er lagt 0,1015% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, á verðbréfasjóði er lagt 0,05481% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997 og á rekstrarfélög verðbréfasjóða er lagt 0,093888% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. á sérhvern aðila.
5. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997.
6. Á sérhvern lífeyrissjóð sem fellur undir ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,00931% af hreinni eign til greiðslu lífeyris eins og hún var í árslok 1997. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna í árslok 1997, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna í árslok 1997 og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir í árslok 1997. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga eins og þeir voru í árslok 1997.
7. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

Ráðherra samþykkir rekstraráætlun fyrir árið og auglýsir í Stjórnartíðindum hundraðshluta álagðs eftirlitsgjalds á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Eftirlitsgjaldið er innheimt af Fjármálaeftirlitinu og rennur til reksturs þess. Gjaldið greiðist ársfjórðungslega með fjórum jafnháum greiðslum. Gjalddagar eru 20. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október, en eindagar 1. febrúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október.

Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er nýr á markaði skal miða álagningu við áætlun hans um rekstur fyrir næsta ár. Eftirlitsgjald vegna fyrsta starfsárs nýs eftirlitsskylds aðila skal miðast við áætlun hans um rekstur á því ári.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Viðskiptaráðherra hefur á þessu löggjafarþingi lagt fram frumvarp um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, en þar eru lagðar til breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og öðrum lögum um fjármagnsmarkað sem varða starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Breytingunum er ætlað að styrkja starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins og stuðla enn frekar að því að starfsemi þess skili tilætluðum árangri.

Í tengslum við það frumvarp, og með sömu markmið að leiðarljósi, leggur viðskiptaráðherra nú fram frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Eðlilegt þykir að taka til umræðu rekstrargrundvöll Fjármálaeftirlitsins og draga lærdóm af þeirri reynslu sem fengin er nú á fyrsta starfsári, en öruggur rekstrargrundvöllur er eitt þeirra meginatriða sem liggja þurfa til grundvallar skilvirkri starfsemi stofnunar af þessu tagi. Þá hafa af hálfu eftirlitsskyldra aðila komið fram sjónarmið um að hraða beri endurskoðun núgildandi ákvæða.

1. Álagning eftirlitsgjalds samkvæmt núgildandi lögum.

Þeir aðilar sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins standa nú straum af kostnaði við rekstur stofnunarinnar og greiða sérstakt eftirlitsgjald skv. 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. og sérstaka reglugerð um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 777/1998. Kveðið er á um lágmarksálagningu á hvern einstakan eftirlitsskyldan aðila og auk þess hámarksálagningu á hvern flokk eftirlitsskyldra aðila, en ráðherra ætlað að ákveða álagningu hvers árs innan þess hámarks. Innbyrðis skipting eftirlitsgjalds á hvern flokk á að endurspegla skiptingu starfsins á sömu aðila, byggt á reynslu fyrri ára. Mismunur á tekjum og gjöldum á hverjum tíma á að endurspeglast í álagningu næsta árs þannig að afgangur kemur til lækkunar við álagningu næsta árs og öfugt. Álagning eftirlitsgjalds fyrir yfirstandandi ár var birt með auglýsingu nr. 5 6. janúar 1999.

Ákvæðið átti sér fyrirmynd í lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, en þar var í 52. gr. kveðið á um hliðstætt eftirlitsgjald á vátryggingafélög og vátryggingamiðlara vegna starfsemi Vátryggingaeftirlitsins. Ákvæðið var fellt niður þegar Vátryggingaeftirlitið var lagt niður.

Við samningu núgildandi lagaákvæðis komu eftirlitsskyldir aðila sjónarmiðum sínum á framfæri og má segja að skapast hafi nokkur sátt um það. Við álagningu á þessu ári hafa þó komið fram athugasemdir af þeirra hálfu, einkum af tvennum toga. Annars vegar töldu lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að við álagningu fyrir þetta ár hafi ekki verið gætt samræmis milli þátttöku þessara aðila í greiðslu eftirlitsgjalds og þess eftirlits sem haft væri með þeim á árinu. Hins vegar hafa smærri aðilar kvartað undan lágmarksgjaldinu og þeim sjónarmiðum hreyft að það sé í engu samræmi við eftirlitið og íþyngi starfsemi þeirra.

2. Reynslan af núgildandi ákvæðum og þörf á breytingum.

Í lögum nr. 87/1998 er gert ráð fyrir að fyrrgreind 16. gr. laganna verði endurskoðuð fyrir 1. janúar 2002. Við framkvæmd ákvæðisins og reglugerðar um sama efni koma hins vegar ýmis atriði til skoðunar sem að mati viðskiptaráðuneytisins er rétt að fjalla um á vettvangi löggjafans. Helstu athugunarefni í þessu sambandi eru eftirtalin:

1. Verulegum vandkvæðum er bundið að tryggja nægileg efnisleg tengsl milli eftirlitsgjaldsins og þeirrar „þjónustu“ sem Fjármálaeftirlitið veitir. Viðurkennt er að sérstaklega vandasamt sé að tryggja slík tengsl í opinberri eftirlitsstarfsemi, eins og þeirri sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að sinna.

Starfsemi Fjármálaeftirlitsins er fjölþætt og byggist bæði á reglubundnu eftirliti á grundvelli upplýsinga frá eftirlitsskyldum aðilum og sérstökum athugunum á grundvelli úrtaks eða ákvarðana stofnunarinnar hverju sinni. Þá fylgja starfsemi Fjármálaeftirlitsins afgreiðsluverkefni og samskipti við ýmsa aðila sem ekki er hægt að tengja beint einstökum eftirlitsskyldum aðilum. Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga hversu margbreytileg starfsemi eftirlitsskyldra aðila er, þ.e. vátryggingastarfsemi, lánastarfsemi, starfsemi á verðbréfamarkaði, lífeyrissjóðastarfsemi o.fl.

Þá skapar það enn meiri erfiðleika hversu ólíkir eftirlitsskyldir aðilar eru oft þótt þeir starfi á grundvelli sams konar starfsleyfa. Þannig má stilla saman litlum sparisjóði úti á landi með lítið eigið fé og lítið starfssvæði og stórum fjárfestingarbanka í Reykjavík með stóran efnahag og ótakmarkað starfssvæði. Báðir starfa á grundvelli sams konar starfsleyfa en stærðir og áhættur eru ólíkar.

2. Núgildandi fyrirkomulag, að heimila álagningu innan tiltekins þaks eða hámarks, er erfitt í framkvæmd, ekki síst þegar litið er til hagsmuna eftirlitsskyldra aðila. Miklar sveiflur eru í efnahag og rekstri einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila og það hversu ólíkir einstakir flokkar fjármálafyrirtækja eru innbyrðis gerir það að verkum að við álagningu getur reynst nauðsynlegt að nýta nær allt það svigrúm sem hámarksálagningin gefur. Þannig getur einn flokkur eftirlitsskyldra aðila þurft að greiða eftirlitsgjald í samræmi við hámarksálagningu samkvæmt lögum, á meðan annar flokkur eftirlitsskyldra aðila þarf einungis að greiða t.d. 10% hámarksálagningar þegar mið er tekið af umfangi flokkanna í eftirlitsstarfinu.

   Nefna má verðbréfasjóði sem dæmi. Hámarksálagning á verðbréfasjóði samkvæmt núgildandi lögum hefði þýtt að þeir hefðu (á árinu 1998) greitt um 24 m.kr. samkvæmt ársreikningum fyrir árið 1996, um 34 m.kr. (á þessu ári) samkvæmt reikningum fyrir árið 1997 og yfir 60 m.kr. (á næsta ári) samkvæmt reikningum fyrir árið 1998.

   Með hliðsjón af þessu hafa vaknað spurningar um hvort eðlilegt sé með tilliti til hagsmuna eftirlitsskyldra aðila að fela stjórnvöldum svo víðtækt mat á álagningu gjaldsins. Hafa verður í huga í þessu sambandi hversu ólíkur álagningargrundvöllur einstakra flokka eftirlitsskyldra aðila er. Þannig er álagning lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu t.d. byggð á efnahag fyrirtækis en í lífeyrissjóðum og vátryggingafélögum er lagt á í hlutfalli við iðgjöld.
3. Nauðsynlegt er að huga sérstaklega að ýmsum framkvæmdaratriðum. Nefna má sem dæmi að álagning á aðila sem fær starfsleyfi á árinu er erfiðleikum bundin samkvæmt núgildandi lögum því að engar staðfestar upplýsingar eru að jafnaði fyrirliggjandi við álagninguna um rekstur og efnahag viðkomandi aðila. Í reglugerð um álagninguna hefur verið brugðið á það ráð að kveða á um að skila skuli áætlun sem byggja skuli álagningu á. Þegar upplýsingar liggi fyrir skuli síðan leiðrétta álagninguna. Vikið er að fleiri atriðum af þessum toga í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til í þessu frumvarpi að gjaldtökunni verði breytt á þann veg að tryggt sé að eftirlitsgjaldið uppfylli á hverjum tíma skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Þetta þýðir m.a. að festa þarf álagningarhlutföll í lögum, í stað þess að nú er kveðið á um hámark álagningar, auk þess sem kveða þarf nánar á um skattstofn, innheimtu o.fl.

Taka verður skýrt fram að almenn markmið skattlagningar annars vegar og álagningar eftirlitsgjaldsins hins vegar eru að mörgu leyti ólík. Markmið skatta er að afla ríkinu tekna til

að standa undir útgjöldum sínum. Skattur er þannig lagður á og innheimtur óháð þeirri þjónustu sem skattgreiðandanum er veitt. Eftirlitsgjaldinu er hins vegar ætlað tiltekið sérgreint markmið. Það er lagt á afmarkaðan hóp sem í heild fær þjónustu sem endurgjald þótt sérgreining þeirrar þjónustu sé erfiðleikum bundin. Fjárhæð eftirlitsgjaldsins, eins og það er í núgildandi lögum, er stýrt þannig að samræmi sé á milli gjaldtöku og rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins. Ríkissjóður verður því ekki rukkaður fyrir neikvæðan mismun gjalda og tekna og hann nýtur ekki heldur afgangs í rekstri stofnunarinnar.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að við ákvörðun eftirlitsgjalds verði það markmið áfram haft að leiðarljósi að mismunur á tekjum og gjöldum verði sem minnstur á hverju ári og eftirlitsskyldir aðilar standi beint undir þeim mismun eða njóti hans. Þetta verði gert með því að við álagningu fyrir komandi ár hverju sinni verði tekið tillit til útkomu yfirstandandi árs eins og hún er áætluð á miðju yfirstandandi ári. Neikvæður mismunur yrði að sama skapi lagður á sömu aðila sem viðbótarskattlagning eða lagt á fyrir honum við álagningu næsta árs.

Jafnframt er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þess verði gætt að nokkurt samræmi sé á milli álagningar á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila og þess eftirlits sem haft er með þeim. Sömu sjónarmið verði því áfram höfð að leiðarljósi og nú er byggt á.

Miklar líkur eru á því að breyta þurfi hlutföllum álagningar í lögum á hverju haustþingi. Hin fjölbreytta flóra eftirlitsskyldra aðila og miklar breytingar og sveiflur í rekstri þeirra gera það að verkum að nær ógerlegt er að ákveða nákvæm hlutföll álagningar á flokka eftirlitsskyldra aðila til lengri tíma en eins árs í senn. Nefna má sem dæmi að hámarksálagning á alla eftirlitsskylda aðila hefði þýtt um 200 m.kr. samkvæmt ársreikningum frá 1996, yfir 220 m.kr. samkvæmt tölum frá 1997 og rúmlega 300 m.kr. samkvæmt tölum frá 1998. Þó er ekki útilokað að stöðugleiki á fjármagnsmarkaði sé svo mikill og áætlunargerð Fjármálaeftirlitsins svo nákvæm að hægt sé að byggja á sömu álagningu fyrir tvö ár í röð.

Fordæmi fyrir þessu er að finna í lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, en hundraðshlutum tryggingagjalds hefur verið breytt árlega undanfarin ár. Höfð hefur verið hliðsjón af þeim lögum við samningu þessa frumvarps.

Rétt þykir að kveða á um eftirlitsgjaldið í sérstökum lögum í stað þess að bæta inn nýjum kafla í lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Mikilvægt er að halda eftirlitsgjaldinu og öðrum þáttum er varða stöðu Fjármálaeftirlitsins aðgreindum. Kynni það að skapa óstöðugleika í starfi Fjármálaeftirlitsins og starfsheimildum ef lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi yrðu opnuð á hverju ári.

Enn fremur er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið haldi áfram innheimtu gjaldsins, en vel hefur tekist til um framkvæmd þessa, bæði í tíð Vátryggingaeftirlitsins og á þessu fyrsta starfsári Fjármálaeftirlitsins. Með því er staðinn vörður um fjárhagslegt sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þetta tækifæri verði notað til að festa álagningu þessa árs í lögum, en það er hægt að gera með því að birta efni auglýsingar nr. 5/1999 sem fyrr er getið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna almennt ákvæði um grundvöll og markmið eftirlitsgjaldsins. Um skýringar vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið áætli kostnað við rekstur næsta árs og áætli jafnframt á miðju ári rekstrarniðurstöðu yfirstandandi árs. Við álagningu næsta árs verði síðan tekið tillit til áætlaðrar niðurstöðu fyrir yfirstandandi ár.

Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið sendi viðskiptaráðherra rekstraráætlun og rökstuðning fyrir henni í sérstakri skýrslu. Þar verði jafnframt að finna umfjöllun um hvernig eftirlitsstarfsemin skiptist á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila þannig að lagt verði mat á það hvort hver flokkur eftirlitsskyldra aðila beri sanngjarnan hlut í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Gert er ráð fyrir að mat þetta taki mið af reynslu liðinna ára, en ekki verkáætlunum eftirlitsins fyrir næsta ár.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta gjaldsins er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra leggi til við Alþingi breytingar á lögunum. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvernig fara skuli með mismun á tekjum og gjöldum eins og þau eru áætluð fyrir yfirstandandi ár þegar áætlun fyrir næsta ár er unnin. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að sem mest samræmi sé milli eftirlitsgjaldsins og rekstrarkostnaðar og að mismunur milli tekna og gjalda, jákvæður eða neikvæður, lendi hjá eftirlitsskyldum aðilum.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um álagningargrunn eftirlitsgjaldsins. Þar sem gert er ráð fyrir að innheimta gjaldsins hefjist þegar í upphafi árs, sbr. 6. gr. frumvarpsins, og að sem mest samræmi sé á milli tekna og gjalda á hverju ári, sbr. 3. gr. frumvarpsins, er nauðsynlegt að álagningargrunnur liggi fyrir þegar álagningarhlutföll eru ákveðin. Því er sú leið farin að álagningargrunnur eftirlitsgjaldsins fyrir komandi ár sé síðasti ársreikningur sem frágenginn er þegar rekstraráætlun er unnin. Þetta þýðir að við álagningu vegna ársins 2000 er byggt á ársreikningum vegna ársins 1998.

Í 2. mgr. er kveðið á um það hvernig fara skuli með þegar tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast. Skal þá miða álagningu við samanlagða ársreikninga þeirra fyrir næstliðið ár þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin.

Í 3. mgr. er kveðið á um að leggja skuli á lágmarksgjald skv. 5. gr. þegar um nýjan aðila er að ræða og ársreikningar eru ekki fyrir hendi. Þetta er einfaldari regla en nú er kveðið á um í reglugerð nr. 777/1998, en þar er gert ráð fyrir að lagt sé á samkvæmt áætlunum en síðan leiðrétt fyrir mismun þegar skekkja kemur fram. Sú aðferð er erfið í framkvæmd auk þess sem ólíklegt er að reyna mundi á hana þar sem álagning á fyrirtæki sem er að hefja starfsemi mundi nær aldrei vera hærri en lágmarksgjald. Í málsgreininni er einnig kveðið á um að heimilt sé að nota fyrri ársreikninga hafi viðkomandi fyrirtæki starfað áður. Séu tvö eða fleiri fyrirtæki sem starfað hafa áður sameinuð og gerð að eftirlitsskyldum aðilum er heimilt að beita 2. mgr.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gjaldskylda aðila, álagningarstofn og hlutföll álagðs eftirlitsgjalds. Meginflokkar eftirlitsskyldra aðila eru fjórir, þ.e. lánastofnanir (1. tölul.), vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar (2. og 3. tölul.) fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, verðbréfasjóðir og rekstrarfélög þeirra (4. tölul.) og lífeyrissjóðir (6. tölul.). Til viðbótar eru kauphallir (nú Verðbréfaþing Íslands, 5. tölul.), verðbréfamiðstöðvar (Verðbréfaskráning

Íslands, 7. tölul.), innlánsdeildir samvinnufélaga og Póstgíróstofa Íslandspósts (8. tölul.), Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (9. tölul.) og Tryggingasjóður viðskiptabanka og Tryggingasjóður sparisjóða (10. tölul.). Jafnframt greiða útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila eftirlitsgjald hafi þeir þurft starfsleyfi hér á landi til að stunda hér starfsemi með útibúi.

Í töluliðum 1. mgr. eru lagðir til grundvallar eftirlitsgjaldinu nánar tilteknir hundraðshlutar af tilteknum álagningarstofni fyrir viðkomandi eftirlitsskylda aðila. Við ákvörðun um álagningarstofn er leitast við að byggja á þeim stofni sem traustastur þykir með hliðsjón af starfsemi og eðli viðkomandi flokks eftirlitsskyldra aðila. Í þessu efni er byggt á sömu stofnum og lagðir voru til grundvallar eftirlitsgjaldi á þessu ári.

Við ákvörðun hundraðshluta er reynt að tryggja sanngjarna skiptingu eftirlitsgjalds á flokka eftirlitsskyldra aðila með hliðsjón af vægi viðkomandi flokks í eftirlitsstarfinu. Í þessu efni er horft til reynslu, bæði af yfirstandandi ári og starfi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlits, að teknu tilliti til breytinga á fjármagnsmarkaði og í eftirlitinu síðustu missiri.

Í sumum tilvikum (8. og 10. tölul.) er einvörðungu byggt á fastagjaldi þar sem ekki þykir eðlilegt að miða við tiltekin hlutföll.

Í nær öllum tilvikum er gert ráð fyrir tilteknu lágmarksgjaldi. Þetta þykir eðlilegt þar sem eftirlit með minni aðilum er oft umfangsmeira en stærð þeirra ein gefur til kynna, enda er starfsemi lítilla fjármálafyrirtækja oft mjög áhættusöm. Lagt er til að fjárhæð lágmarksgjaldsins sé breytileg eftir tegund starfsemi og hefur við ákvörðun fjárhæðar verið höfð hliðsjón af almennri stærð og umsvifum aðila í viðkomandi flokki og því eftirliti sem almennt er haft með aðilum sem falla undir viðkomandi tölulið.

Álagningu skv. 1.–10. tölul. er ætlað að standa undir rekstri Fjármálaeftirlitsins á næsta ári. Því eru hlutföll af álagningarstofni og fastagjöld miðuð við rekstrarkostnað eins og hann er áætlaður fyrir næsta ár. Samkvæmt áætlun sem Fjármálaeftirlitið hefur unnið og viðskiptaráðherra staðfest er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur Fjármálaeftirlitsins nemi 202.860 þús. kr. á næsta ári. Þar sem endurskoðuð áætlun fyrir yfirstandandi ár gerir ráð fyrir að mismunur á tekjum og gjöldum nemi 17.663 þús. kr. nemur álagt eftirlitsgjald fyrir árið 2000 alls 185.197 þús. kr. að teknu tilliti til þessa mismunar. Rekstrarkostnaður yfirstandandi árs var í upphafi áætlaður um 198 m.kr.

Í áætluninni fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að stofnunin hafi svigrúm til að bæta við þá sérþekkingu sem nú er til staðar og styrkja þannig innviði stofnunarinnar.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila var gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við gerð rekstraráætlunarinnar.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið (3. undirkafla) er líklegt að 1. mgr. þessarar greinar verði að breyta árlega í samræmi við skýrslu skv. 2. gr.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um framkvæmd álagningar og innheimtu. Í 1. mgr. er kveðið á um tilkynningu álagningar gagnvart einstökum eftirlitsskyldum aðilum og tímamörk álagningar. Þannig skal álagning fara fram eigi síðar en 15. janúar. Það tímamark er valið til þess að Alþingi hafi sem mest svigrúm til að fjalla um og ákveða breytingar á álagningu skv. 5. gr. Hafi slíkar breytingar hins vegar ekki náð fram tímanlega fyrir 15. janúar verður að ætla að álagning fari fram samkvæmt gildandi lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um greiðslu eftirlitsgjalds, gjalddaga og eindaga. Sú breyting er lögð til frá núgildandi lögum að gjaldið greiðist ársþriðjungslega en ekki ársfjórðungslega.

Í 3. mgr. er kveðið á um álagningu eftirlitsgjalds fyrir þá eftirlitsskyldu aðila sem ekki starfa allt viðkomandi ár. Hefji þeir starfsemi á árinu skal reikna út hlutfallslegt gjald miðað við þann tíma sem eftir er af árinu, talið frá næsta gjalddaga eftir að starfsemi viðkomandi aðila hefst. Greiðir hann þá álagt eftirlitsgjald á þeim gjalddögum sem eftir eru. Að sama skapi fellur eftirlitsgjald sem ekki er komið í gjalddaga niður þegar eftirlitsskyldur aðili hættir starfsemi á árinu.

Í 5. mgr. er kveðið á um heimild til að fella starfsleyfi niður vanefni eftirlitsskyldur aðili greiðslu gjaldsins. Þetta ákvæði er nýmæli en gildir þó gagnvart vátryggingafélögum og vátryggingamiðlurum samkvæmt lögum um starfsemi þeirra.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998 er kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með eftirlitsskyldum aðila, á kostnað viðkomandi aðila. Sambærilegt ákvæði er að finna í frumvarpi til laga um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit sem nú liggur fyrir Alþingi. Þá getur komið fyrir að Fjármálaeftirlitið takist á hendur verkefni sem ekki er eðlilegt að jafna á eftirlitsskylda aðila með því að standa undir þeim með hinu almenna eftirlitsgjaldi. Í slíkum tilvikum er eðlilegt að heimila Fjármálaeftirlitinu að krefjast greiðslu samkvæmt reikningi, enda geti Fjármálaeftirlitið rökstutt kostnaðinn með fullnægjandi hætti og fyrir liggi gjaldskrá.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimildir eftirlitsskyldra aðila til að bera ákvörðun um álagningu, gjaldstofn og útreikning eftirlitsgjalds undir kærunefnd sem starfar í tengslum við Fjármálaeftirlitið. Jafnframt er hægt að bera ákvörðun um greiðslur skv. 7. gr. undir kærunefndina.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lögfest meginefni auglýsingar nr. 5/1999, um álagningu eftirlitsgjalds þeirra aðila er lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999. Í álagningunni eins og hún er lögfest hér er vísað til töluliða í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins í stað 16. gr. laga nr. 87/1998 sem felld er úr gildi skv. 9. gr. þessa frumvarps. 1.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins eru hliðstæðir sömu tölulíðum í núgildandi 16. gr. laga nr. 87/1998.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta eftirlitsgjaldinu á þann veg að tryggja Fjármálaeftirlitinu öruggan rekstrargrundvöll og auka skilvirkni starfseminnar.

Við ákvörðun eftirlitsgjalds verði það haft að leiðarljósi að mismunur á tekjum og gjöldum Fjármálaeftirlitsins verði sem minnstur á hverju ári. Eftirlitsaðilar njóti jákvæðs mismunar í formi lægri álagningar á komandi ári og að sama skapi yrði neikvæður mismunur lagður á sömu aðila í formi viðbótarskatts, eða gert ráð fyrir honum við álagningu næsta árs.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir að eftirlitsgjaldið standi alfarið undir kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins.

234. Fyrirspurn [201. mál]

til samgönguráðherra um þolmörk ferðamannastaða á hálendinu.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver er áætlaður árlegur fjöldi erlendra og innlendra ferðamanna inn á hálendið,
   a. núna,
   b. eftir 10 ár,
   c. eftir 25 ár?
2. Þola náttúruperlur landsins meiri umferð gangandi, ríðandi, akandi og fljúgandi ferðamanna en nú?

235. Fyrirspurn [202. mál]

til umhverfisráðherra um verndun náttúruperlna.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvernig hyggst ráðherra vernda náttúruperlur eins og Þórsmörk, Dimmuborgir og Landmannalaugar fyrir átroðslu sívaxandi fjölda gangandi og akandi vegfarenda? Hefur verið mörkuð stefna um hvort:
   a. leggja eigi göngustíga, gera tröppur upp fjöll, reisa brýr og vegi og leggja skólplagnir til að hindra varanlegar skemmdir,
   b. takmarka eigi aðgang með aðgangseyri, happdrætti eða ítölu?

2. Hvernig hyggst ráðherra koma í veg fyrir sjón- og hávaðamengun af umferð fólksbifreiða, jeppa, langferðabifreiða og flugvéla við og yfir náttúruperlur á hálendinu auk venjulegrar mengunar?

236. Fyrirspurn [203. mál]

til utanríkisráðherra um Íslenska aðalverktaka.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hver er eignarhlutur ríkisins í Íslenskum aðalverktökum?
2. Hversu lengi hafa Íslenskir aðalverktakar einkarétt á framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli?
3. Hefur starfsemi Íslenskra aðalverktaka verið aðskilin fyrir verk sem unnin eru utan og innan Keflavíkurflugvallar?
4. Hve mikið hafa Íslenskir aðalverktakar fjárfest í íslenskum verktakafyrirtækjum og þá hvaða fyrirtækjum,
   a. 100%,
   b. að hluta?
5. Samræmist það samkeppnisreglum að ríkið semji við Íslenska aðalverktaka um verkefni og eigi leiðandi hlut í fyrirtækinu?
6. Hvenær ætlar ríkið að selja hlut sinn í Íslenskum aðalverktökum og hvert er áætlað söluverð?

Skriflegt svar óskast.

237. Svar [138. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um útskrift nemenda úr framhaldsskólum.

1. *Hversu margir nemendur fæddir árin 1975–78 hófu nám í framhaldsskólum landsins strax að loknu grunnskólanámi:*
   a. *miðað við búsetu eftir kjördæmum landsins,*
   b. *eftir kynjum?*

Fæðingarár 1975, skólaár 1991/2		
	Fjöldi nemenda	Hlutfall af árgangi*
Kjördæmi	Samtals	Alls
Reykjavík	1201	84,8
Reykjanes	932	82,0
Vesturland	200	81,0
Vestfirðir	109	69,9
Norðurland vestra	142	80,7
Norðurland eystra	390	81,9
Austurland	165	76,7
Suðurland	302	79,3
Lögheimili erlendis	3	
Alls	3444	81,9

Fæðingarár 1976, skólaár 1992/3		
	Fjöldi nemenda	Hlutfall af árgangi*
Kjördæmi	Samtals	Alls
Reykjavík	1252	87,7
Reykjanes	908	83,5
Vesturland	213	81,9
Vestfirðir	126	67,7
Norðurland vestra	145	84,3
Norðurland eystra	368	85,2
Austurland	187	81,3
Suðurland	318	83,9
Lögheimili erlendis	7	
Alls	3524	84,3

Fæðingarár 1977, skólaár 1993/4		
	Fjöldi nemenda	Hlutfall af árgangi*
Kjördæmi	Samtals	Alls
Reykjavík	1177	88,5
Reykjanes	951	85,6
Vesturland	187	87,8
Vestfirðir	115	78,2
Norðurland vestra	151	77,4
Norðurland eystra	332	83,0
Austurland	153	76,1
Suðurland	272	86,3
Lögheimili erlendis	4	
Alls	3342	85,3

Fæðingarár 1978, skólaár 1994/5		
	Fjöldi nemenda	Hlutfall af árgangi*
Kjördæmi	Samtals	Alls
Reykjavík	1219	90,0
Reykjanes	990	88,9
Vesturland	222	84,7
Vestfirðir	129	82,7
Norðurland vestra	167	85,6
Norðurland eystra	397	89,4
Austurland	184	87,6
Suðurland	284	87,7
Lögheimili erlendis	6	
Alls	3598	88,5

*Eingöngu nemendur sem hafa lögheimili á Íslandi.
Skýringar: Fjöldi nemenda er talinn um miðjan október á hverju skólaári.
Lögheimili miðast við þjóðskrá 1. desember á hverju skólaári.

16 ÁRA NEMENDUR Í FRAMHALDSSKÓLUM EFTIR KYNI							
Nemendur fæddir 1975-1978 samkvæmt Nemendaskrá Hagstofu Íslands							
	Fjöldi nemenda				Hlutfall af árgangi*		
Fæðingarár/skólaár	Karlar	Konur	Samtals		Karlar	Konur	Alls
Fæðingarár 1975, skólaár 1991/2	1691	1753	3444		80,0	83,8	81,9
Fæðingarár 1976, skólaár 1992/3	1744	1780	3524		80,8	88,0	84,3
Fæðingarár 1977, skólaár 1993/4	1624	1718	3342		82,1	88,7	85,3
Fæðingarár 1978, skólaár 1994/5	1797	1801	3598		86,8	90,2	88,5
	6856	7052	13908		82,5	87,8	85,1
* Eingöngu nemendur sem hafa lögheimili á Íslandi							
Skýringar: Fjöldi nemenda er talinn um miðjan október á hverju skólaári.							
Lögheimili miðast við þjóðskrá 1.12. á hverju skólaári.							

2. *Hversu margir þessara nemenda útskrifuðust úr framhaldsskólunum á árunum 1995–98:*
   a. miðað við búsetu eftir kjördæmum landsins,
   b. eftir kynjum?

   Óskað er eftir tölum um fjölda og hlutfall.

Skólaárið 1995/6										
	Fæðingarár					Fæðingarár				
Kjördæmi	1975	1976	1977	1978	Alls	1975	1976	1977	1978
Reykjavík	192	448	28	26	694	16,0	35,8	2,4	2,1
Reykjanes	135	295	39	30	499	14,5	32,5	4,1	3,0
Vesturland	39	52	4	-	95	19,5	24,4	2,1	-
Vestfirðir	13	24	5	3	45	11,9	19,0	4,3	2,3
Norðurland vestra	16	38	3	1	58	11,3	26,2	2,0	0,6
Norðurland eystra	59	89	6	2	156	15,1	24,2	1,8	0,5
Austurland	27	50	3	-	80	16,4	26,7	2,0	-
Suðurland	39	80	6	5	130	12,9	25,2	2,2	1,8
erlendis	1	1	-	-	2	33,3	14,3	-	-
Alls	521	1077	94	67	1759	15,1	30,6	2,8	1,9

Skólaárið 1996/7										
	Fæðingarár						Fæðingarár			
Kjördæmi	1975	1976	1977	1978	Alls		1975	1976	1977	1978
Reykjavík	92	214	423	37	766		7,7	17,1	35,9	3,0
Reykjanes	70	129	254	22	475		7,5	14,2	26,7	2,2
Vesturland	16	36	59	6	117		8,0	16,9	31,6	2,7
Vestfirðir	8	20	18	5	51		7,3	15,9	15,7	3,9
Norðurland vestra	12	18	39	6	75		8,5	12,4	25,8	3,6
Norðurland eystra	36	66	109	16	227		9,2	17,9	32,8	4,0
Austurland	17	28	45	7	97		10,3	15,0	29,4	3,8
Suðurland	27	58	84	13	182		8,9	18,2	30,9	4,6
erlendis	1	-	-	-	1		33,3	0,0	0,0	0,0
Alls	279	569	1031	112	1991		8,1	16,1	30,8	3,1

Skólaárið 1997/8										
	Fæðingarár						Fæðingarár			
Kjördæmi	1975	1976	1977	1978	Alls		1975	1976	1977	1978
Reykjavík	80	111	217	414	822		6,7	8,9	18,4	34,0
Reykjanes	51	66	178	330	625		5,5	7,3	18,7	33,3
Vesturland	8	18	25	65	116		4,0	8,5	13,4	29,3
Vestfirðir	7	9	10	30	56		6,4	7,1	8,7	23,3
Norðurland vestra	7	14	23	39	83		4,9	9,7	15,2	23,4
Norðurland eystra	33	37	63	114	247		8,5	10,1	19,0	28,7
Austurland	12	18	23	48	101		7,3	9,6	15,0	26,1
Suðurland	24	35	38	79	176		7,9	11,0	14,0	27,8
erlendis	-	2	1	1	4		0,0	28,6	25,0	16,7
Alls	222	310	578	1120	2230		6,4	8,8	17,3	31,1

Samtals skólaárin 1995-8										
	Fjöldi útskrifaðra nemenda					Hlutfall útskrifaðra af innrituðum nem.				
	Fæðingarár						Fæðingarár			
Kjördæmi	1975	1976	1977	1978	Alls	samtals	1975	1976	1977	1978
Reykjavík	364	773	668	477	2282	47,1	30,3	61,7	56,8	39,1
Reykjanes	256	490	471	382	1599	42,3	27,5	54,0	49,5	38,6
Vesturland	63	106	88	71	328	39,9	31,5	49,8	47,1	32,0
Vestfirðir	28	53	33	38	152	31,7	25,7	42,1	28,7	29,5
Norðurland vestra	35	70	65	46	216	35,7	24,6	48,3	43,0	27,5
Norðurland eystra	128	192	178	132	630	42,4	32,8	52,2	53,6	33,2
Austurland	56	96	71	55	278	40,3	33,9	51,3	46,4	29,9
Suðurland	90	173	128	97	488	41,5	29,8	54,4	47,1	34,2
erlendis	2	3	1	1	7	35,0	66,7	42,9	25,0	16,7
Alls	1022	1956	1703	1299	5980	43,0	29,7	55,5	51,0	36,1

16 ára nemendur í framhaldsskólum eftir kyni.

Nemendur fæddir 1975–78 sem hafa útskrifast skólaárin 1995/6, 1996/7 og 1997/8 samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands.

Nemendur fæddir 1975–78 sem fóru beint í nám á framhaldsskólastigi eftir grunnskólapróf og hafa útskrifast úr námi á framhaldsskólastigi skólaárin 1995/6–1997/8.

Alls höfðu 5.980 nemendur úr þessum hópi útskrifast 6.949 sinnum á tímabilinu.

Skólaárið 1995/6										
		Fjöldi útskrifaðra nemenda					Hlutfall útskrifaðra af innrituðum			
	Fæðingarár						Fæðingarár			
Kyn	1975	1976	1977	1978	Alls		1975	1976	1977	1978
Karlar	228	461	36	37	762		13,5	26,4	2,2	2,1
Konur	293	616	58	30	997		16,7	34,6	3,4	1,7
Alls	521	1077	94	67	1759		15,1	30,6	2,8	1,9
Skólaárið 1996/7										
		Fjöldi útskrifaðra nemenda					Hlutfall útskrifaðra af innrituðum			
	Fæðingarár						Fæðingarár			
Kyn	1975	1976	1977	1978	Alls		1975	1976	1977	1978
Karlar	140	249	417	60	866		8,3	14,3	25,7	3,3
Konur	139	320	614	52	1125		7,9	18,0	35,7	2,9
Alls	279	569	1031	112	1991		8,1	16,1	30,8	3,1

Skólaárið 1997/8										
		Fjöldi útskrifaðra nemenda					Hlutfall útskrifaðra af innrituðum			
	Fæðingarár						Fæðingarár			
Kyn	1975	1976	1977	1978	Alls		1975	1976	1977	1978
Karlar	129	173	289	472	1063		7,6	9,9	17,8	26,3
Konur	93	137	289	648	1167		5,3	7,7	16,8	36,0
Alls	222	310	578	1120	2230		6,4	8,8	17,3	31,1
Samtals skólaárin 1995-8										
		Fjöldi útskrifaðra nemenda					Hlutfall útskrifaðra			
	Fæðingarár						af innrituðum nemendum			
Kyn	1975	1976	1977	1978	Alls		samtals			
Karlar	497	883	742	569	2691		39,3			
Konur	525	1073	961	730	3289		46,6			
Alls	1022	1956	1703	1299	5980		43,0			
Hlutfall e. fæð.árum	29,7	55,5	51,0	36,1	43,0					

238. Frumvarp til laga [204. mál]

um breytingu á almennnum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 210. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hver sem býr til eða flytur inn í útbreiðsluskyni, selur, útbýtir eða dreifir á annan hátt klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar það refsingu, sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum að framleiða, flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum eða hafa þá til sýnis. Þá varðar það sömu refsingu að láta af hendi við unglinga yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra sambærilega hluti. Í 4. mgr. 210 gr. hegningarlaga er síðan lögð refsing við því að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða aðra sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt. Það er hins vegar ekki lögð sérstök refsing við því í hegningarlögum að búa til, flytja inn, selja, útbýta eða dreifa klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Refsingin er sú sama hvort sem börn eru notuð til framleiðslu efnisins eða fullorðnir. 4. mgr. 210. gr. hegningarlaga fjallar einvörðungu um vörslu barnakláms, en framleiðsla og dreifing á slíku efni varðar sömu refsingu hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna.

Í þessu frumvarpi er lagt til að ný málsgrein bætist við 210. gr. hegningarlaga þar sem lögð verði sérstök refsing við því að búa til, flytja inn, eða dreifa barnaklámi. Flutningsmenn telja eðlilegt að það varði meiri refsingu að búa til eða dreifa barnaklámi en þegar um fullorðna þátttakendur er að ræða, en önnur brot skv. XX. kafla hegningarlaga eru höfð til viðmiðunar við ákvörðun refsirammans. Frumvarpið miðar að því að vernda börn frekar en nú er fyrir því kynferðislega ofbeldi sem framleiðsla á barnaklámi er og fyrir dreifingu á slíku efni.

239. Frumvarp til laga [205. mál]

um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.

1. gr.

5. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

2. gr.

1. málsl. 3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Ráðuneytið leitar umsagnar Bændasamtaka Íslands á hverri umsókn.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum um búfjárhald, fóðragæslu o.fl., nr. 46/1991, með síðari breytingum.

3. gr.

4. málsl. 4. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

4. gr.

Í stað orðanna „Framleiðsluráð landbúnaðarins“ í 2. gr. laganna og sömu orða í 3. mgr. 11. gr., 24. gr., 26. gr., 4. mgr. 29. gr., b-lið 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 31. gr., 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 46. gr., 2. mgr. 47. gr., 1. mgr. 62. gr. og 2. mgr. 70. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Bændasamtök Íslands.

5. gr.

III. kafli laganna, **Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs**, 5. og 6. gr., fellur brott.

6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Verðlagsnefnd getur ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13. gr. þegar samkeppni er að mati nefndarinnar næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag.

7. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Bændasamtök Íslands annast verðskráningu þeirra búvara sem tekin er verðákvörðun um samkvæmt kafla þessum og auglýsa verðákvarðanir og viðmiðunarverð sem ákveðin eru samkvæmt kafla þessum.

8. gr.

4. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Áður en ráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum skal leita tillagna frá Bændasamtökum Íslands og samtökum þeirra afurðastöðva sem um ræðir.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Stjórn Bændasamtaka Íslands er heimilt að fela samtökum afurðastöðva verkefni samkvæmt þessum kafla. Skal það þá gert með sérstökum samningi sem skal staðfestur af ráðherra. Í slíkum samningi skal kveðið á um að samtök afurðastöðva lúti eftirliti Bændasamtaka Íslands við framkvæmd verkefnanna og að þau geri Bændasamtökum Íslands grein fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli samningsins.
b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu skv. 20. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör við framleiðanda og standa Bændasamtökum Íslands skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

10. gr.

1. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Verðmiðlunargjöld, verðskerðingargjöld og verðjöfnunargjöld samkvæmt kafla þessum eru aðfararhæf.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Framleiðsluráð landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: Framkvæmdanefnd búvörusamninga.
b. 7. mgr. fellur brott.

12. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Áður en reglugerðir um beitingu ákvæða þessa kafla eru gefnar út skal leitað tillagna Bændasamtaka Íslands og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein.

13. gr.

2. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna orðast svo: Bændasamtök Íslands skulu halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því.

14. gr.

Í stað orðanna „Bændasamtökum Íslands“ í 42. gr. laganna kemur: stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Bændasamtök Íslands skulu byggja áætlun fyrir komandi verðlagsár á upplýsingum frá afurðastöðvum.
b. Í stað orðanna „Framleiðsluráðs landbúnaðarins“ í 2. mgr. kemur: framkvæmdanefndar búvörusamninga.

16. gr.

2. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Bændasamtök Íslands skulu halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því.

17. gr.

Við 2. mgr. 47. gr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ákvörðun Bændasamtaka Íslands um staðfestingu eða synjun staðfestingar á aðilaskiptum með greiðslumark má skjóta til úrskurðarnefndar sem starfar skv. 42. gr.

18. gr.

50. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Í stað orðanna „Framleiðsluráði landbúnaðarins“ í 3. mgr. 55. gr. laganna kemur: landbúnaðarráðuneytinu.

21. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er heimilt að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara fyrir innlendan og erlendan markað. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

22. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Bændasamtök Íslands láta safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma. Þá skulu samtökin gera áætlanir um framleiðslu og sölu búvara.

Skylt er öllum þeim, er hafa með höndum vinnslu eða sölu búvara, að láta samtökunum í té allar upplýsingar er þeim geta að gagni komið við störf þeirra og þeir geta veitt, þar með talið upplýsingar um verð búvöru til framleiðenda.

23. gr.

68. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI
Um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997.

24. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Innheimta skal sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum og skal það nema 2,55% af gjaldstofni skv. 3. gr.

25. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt þannig, sbr. þó 4. mgr.:

	Velta í nautgripa- og sauðfjárrækt	*Önnur afurðavelta*
Til Búnaðarsjóðs	1,4% af stofni	1,75% af stofni
Til Lánasjóðs landbúnaðarins	1,150% af stofni	0,800% af stofni

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á töflu í viðauka við lögin:

1. Í stað hlutfallstalnanna „0,125“ og 0,325 í undirdálkinum BÍ kemur: 0,3, og: 0,5.
2. Í stað hlutfallstölunnar „2,650“ í dálkinum Alls kemur: 2,550.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá þeim tíma taka Bændasamtök Íslands við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framleiðsluráð landbúnaðarins er samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda í landinu og samtaka þeirra eins og það er orðað í 5. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum. Ráðinu var komið á fót með lögum nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl., og hefur það starfað allar götur síðan að framleiðslu- og verðlagsmálum landbúnaðarins.

Í upphafi var ráðið skipað þannig að fimm menn voru kosnir af Stéttarsambandi bænda og fjórir voru skipaðir af stjórn Stéttarsambands bænda eftir tilnefningu frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands, mjólkurbúum utan mjólkurssvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og þeirri deild Sambands íslenskra samvinnufélaga sem hafði með sölu landbúnaðarafurða að gera. Sú skipan hélst að mestu leyti óbreytt þar til ný heildarlög voru sett um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985.

Samkvæmt lögum nr. 46/1985 skyldi ráðið skipað fimmtán fulltrúum, þar af tólf fulltrúum kjörnum af Stéttarsambandi bænda og tveimur skipuðum af stjórn Stéttarsambands bænda eftir tilnefningu frá félagsráði Osta- og smjörsölunnar og allra sláturleyfishafa í landinu. Þá skyldi landbúnaðarráðherra tilnefna einn mann í Framleiðsluráð og var sú nýbreytni tekin upp til að efla tengsl milli Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðherra.

Samkvæmt núgildandi lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, er Framleiðsluráð landbúnaðarins skipað fimmtán mönnum. Skal stjórn Bændasamtakanna skipa fjórtán menn í ráðið, þar af fjóra án tilnefningar og tíu sem ýmis samtök framleiðenda og seljenda landbúnaðarafurða tilnefna. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn mann í ráðið.

Svo sem fyrr segir hefur ráðið frá stofnun þess haft ýmis lögbundin verkefni sem snúa að framleiðslu- og verðlagsmálum landbúnaðarins. Með lögum nr. 46/1985 var viðamikil breyting gerð á lögbundnum verkefnum ráðsins og var verulegur hluti þeirra færður til landbúnaðarráðherra. Þá urðu breytingar á verkefnum ráðsins með setningu reglugerðar um greiðslur úr fóðursjóði nr. 431/1996, en með reglugerðinni færðust þau verkefni frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til landbúnaðarráðherra. Fram til 1. janúar 1998 hafði ráðið með höndum innheimtu svonefndra sjóðagjalda sem eru nánar tiltekið gjöld til Búnaðarmálasjóðs á grundvelli laga nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, gjöld til Bjargráðasjóðs á grundvelli laga nr. 146/1995, um Bjargráðasjóð, Framleiðsluráðsgjöld á grundvelli 25. gr. laga nr. 99/1993 og neytenda- og jöfnunargjöld á grundvelli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Með lögum um búnaðargjald nr. 84/1997 voru lög nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, og 25. gr. laga nr. 99/1993 felld úr gildi. Lög nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, voru felld úr gildi með lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins. Með lögum nr. 126/1997 var lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, breytt á þann veg að um tekjur Bjargráðasjóðs af búnaðargjaldi var vísað til 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, og viðauka með þeim lögum. Í 6. gr. laga um búnaðargjald og viðauka með þeim lögum er kveðið á um hlutdeild Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka, Bjargráðasjóðs, Lánasjóðs landbúnaðarins og Framleiðsluráðs landbúnaðarins í búnaðargjaldi. Þá var innheimta sjóðagjaldanna, það er búnaðargjalds, færð frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til innheimtumanna ríkissjóðs. Með þeim breytingum sem urðu á starfsemi ráðsins með lögum nr. 46/1985 og í kjölfar gildistöku reglugerðar nr. 431/1996 og þeim breytingum sem urðu á innheimtumálum 1. janúar 1998 hefur því veigamiklum þætti í starfsemi Framleiðsluráðs lokið.

Tekjur ráðsins hafa einkum verið lögboðin gjöld af búvörum, þóknanir vegna innheimtu, vörslu og ráðstöfunar ýmissa sjóða og umsýsluþóknanir frá ríkinu vegna lögbundinna verkefna ráðsins. Fjárhagur ráðsins hefur verið sjálfstæður frá því að það var sett á fót árið 1947 og var fram til ársins 1998 ekki á fjárlögum. Með lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, voru hins vegar gerðar verulegar breytingar á framsetningu frumvarps til fjárlaga, meðal annars þær að frumvarp til fjárlaga skal nú sett fram á rekstrargrunni, auk þess sem það skal sýna greiðsluhreyfingar. Áður hafði fjárlagafrumvarpið verið sett upp á greiðslugrunni. Með framsetningu fjárlaga á greiðslugrunni voru sýndar ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar, þ.e. samtímaráðstöfun fjár til tiltekinna verkefna. Framsetning fjárlaga á rekstrargrunni, jafnframt því að sýndar eru greiðsluhreyfingar, hefur í för með sér að hér eftir kemur það fram í fjárlögum ef rekstur aðila er fjármagnaður að einhverju leyti með hlutdeild í ríkistekjum, þ.e. ef lögboðin gjöld skulu renna til aðila. Í samræmi við þessa breytingu á framsetningu fjárlaga voru til dæmis Samtök iðnaðarins og Framleiðsluráð landbúnaðarins tekin á fjárlög í fyrsta skipti árið 1998.

Á vettvangi samtaka bænda hefur um nokkurt skeið verið fjallað um skipulag og uppbyggingu samtaka og stofnana landbúnaðarins. Eftir búnaðarþing 1998 voru skipaðir tveir vinnuhópar til að vinna að málinu. Átti Framleiðsluráð landbúnaðarins aðild að hópunum. Í janúar 1999 var málið komið það langt í vinnslu að stjórn Bændasamtaka Íslands samþykkti á fundi sínum að leita eftir því, í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins, að landbúnaðarráðherra skipaði nefnd til endurskoða lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með tilliti til færslu verkefna frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til Bændasamtaka Íslands. Framleiðsluráð tók undir þetta og nefndin var skipuð af landbúnaðarráðherra 5. febrúar 1999. Málið var rætt á búnaðarþingi 1999 og samþykkti þingið með samhljóða atkvæðum að stjórn Bændasamtaka Íslands hæfi þá þegar vinnu við „yfirfærslu verkefna

Framleiðsluráðs landbúnaðarins til Bændasamtakanna, þannig að þau hafi tekið við þeim 1. janúar árið 2000".

Eins og áður segir hefur verkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins farið fækkandi á undanförnum árum. Með hliðsjón af þeirri þróun og í ljósi þess að frá upphafi hafa verið náin tengsl milli Framleiðsluráðs landbúnaðarins annars vegar og annarra samtaka bænda hins vegar, sem og þess að fyrir liggur eindregin afstaða Bændasamtaka Íslands og búnaðarþings, er með frumvarpi þessu lagt til að Framleiðsluráð landbúnaðarins verði lagt niður og að sá hluti verkefna ráðsins sem er lögbundinn og nauðsynlegur verði færður til annarra aðila, fyrst og fremst til Bændasamtaka Íslands.

Að því leyti sem Bændasamtökum Íslands er með lögum þessum fengið í hendur opinbert vald til að taka ákvörðun um réttindi og skyldu manna lúta samtökin stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og þá lúta samtökin enn fremur að þessu leyti ákvæðum upplýsingalaga, nr. 50/1996, með síðari breytingum. Í þessu felst meðal annars að taki samtökin ákvörðun um rétt og/eða skyldu tiltekins aðila í ákveðnu máli í skjóli þess opinbera valds sem þeim er fengið með lögum þessum er viðkomandi aðila heimilt að skjóta þeirri ákvörðun með kæru til landbúnaðarráðuneytisins sem æðra stjórnvalds, að því leyti sem úrskurðarvaldið er ekki í höndum úrskurðarnefndar um greiðslumark sem starfar skv. 42. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Að öðru leyti en hér segir um efni frumvarps þessa er vísað til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi ákvæði 1. mgr. 34. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, er gert ráð fyrir að Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefni fulltrúa í tilraunaráð við Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir nefndri tilnefningu þegar Framleiðsluráðs landbúnaðarins hefur verið lagt niður.

Um 2. gr.

Í núgildandi ákvæði 3. mgr. 22. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er gert ráð fyrir umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins á umsókn um staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins á stofnun nýbýlis. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir umsögn Framleiðsluráðs þegar það hefur verið lagt niður.

Um 3. gr.

Í núgildandi 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 46/1991, er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimiluð afnot af forðagæsluskýrslum en samkvæmt ákvæðinu hafa Bændasamtök Íslands yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu og úrvinnslu upplýsinga um forðagæslu. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir nefndri heimild þegar Framleiðsluráð hefur verið lagt niður.

Um 4. gr.

Um athugasemdir við þessa grein er vísað til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

Um 5. gr.

III. kafli núgildandi laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, ber heitið „Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs". Í 5. gr. núgildandi laga er kveðið á um

hlutverk og skipan Framleiðsluráðs landbúnaðarins og í 6. gr. er kveðið á um verkefni ráðsins. Þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að Framleiðsluráðs verði lagt niður er ekki ástæða til að gera ráð fyrir sérstöku kaflanúmeri og heiti í lögunum um það eða sérstökum greinum í lögunum um hlutverk, skipan og verkefni ráðsins.

Um 6. gr.

Í 16. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir að verðlagsnefnd geti undanskilið einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13. gr. að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir nefndri umsögn þegar Framleiðsluráðs landbúnaðarins hefur verið lagt niður.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði taka Bændasamtök Íslands yfir verðskráningu búvara sem verðákvörðun er tekin um hverju sinni. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast þetta verkefni samkvæmt gildandi lögum, sbr. 6. gr. laganna.

Um 8. gr.

Í 4. mgr. 19. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir að áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum skuli leita tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka þeirra afurðastöðva sem um ræðir. Gert er ráð fyrir að tillöguréttur Framleiðsluráðs landbúnaðarins færist til Bændasamtaka Íslands við niðurlagningu ráðsins. Þá er áréttað að landbúnaðarráðherra taki ákvarðanir um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum, samanber ákvæði 27. gr. laganna.

Um 9. gr.

Í 4. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands taki við því verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að annast verðmiðlun. Í a-lið 9. gr. er kveðið á um heimild Bændasamtaka Íslands til að fela afurðastöðvum verkefni samkvæmt sérstökum samningi þar um sem skal staðfestur af ráðherra. Þá er kveðið á um að Bændasamtök Íslands hafi eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt slíkum samningi og að afurðastöðvum beri að veita samtökunum upplýsingar um þær ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt slíkum samningi. Er slíku fyrirkomulagi ætlað að tryggja réttaröryggi þeirra einstaklinga og lögaðila sem þessi verkefni varða.

Samkvæmt orðum ákvæðisins er stjórn Bændasamtaka Íslands veitt heimild til að fela öðrum verkefni og er því framkvæmdastjórn samtakanna eða framkvæmdastjóra ekki heimilt að taka þá ákvörðun.

Í b-lið er lagt til að ný málsgrein bætist við 24. gr. laganna sem kveði á um að ef tekin hefur verið ákvörðun um verðskerðingu skv. 20. gr. laganna sé afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör við framleiðanda og standa Bændasamtökum Íslands skil á hinu innheimta verðskerðingarfé. Ákvæðið er samhljóða núgildandi ákvæði 7. mgr. 29. gr. laganna en í b-lið 11. gr. frumvarpsins er lagt til að sú málsgrein verði felld brott, enda þykir betur fara á því að greininni sé komið fyrir á þeim stað sem hér er lagt til.

Um 10. gr.

Samkvæmt 27. gr. núgildandi laga eru verðmiðlunargjöld, verðskerðingargjöld, verðjöfnunargjöld og gjald til Framleiðsluráðs skv. V. kafla laga nr. 99/1993 aðfararhæf. Svokallað

Framleiðsluráðsgjald var fellt úr gildi með 7. gr. laga nr. 84/1997 og því eðlilegt að fella út tilvísun til þess í 27. gr. laganna.

Um 11. gr.

Í 4. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands taki við því verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að kynna sláturleyfishöfum og sauðfjárframleiðendum ákvörðun um útflutningsþörf kindakjöts. Þá er enn fremur kveðið á um að afurðastöð skuli standa Bændasamtökum Íslands skil á innheimtu verðskerðingarfjár skv. 20. gr. laga nr. 99/1993, í stað Framleiðsluráðs landbúnaðarins áður. Í 11. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að vald Framleiðsluráðs landbúnaðarins til að heimila sölu mjólkur sem er umfram heildargreiðslumark innan lands fari til Framkvæmdanefndar búvörusamninga, en sú nefnd er skipuð fulltrúum landbúnaðar- og fjármálaráðuneytis annars vegar og fulltrúum bænda hins vegar og fjallar nefndin um framkvæmd svonefndra búvörusamninga.

Um 12. gr.

Samkvæmt 34. gr. núgildandi laga skal leita tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins áður en gefnar eru út reglugerðir um beitingu ákvæða VII. kafla laganna. Ekki er ástæða til að gera ráð fyrir þeim tillögurétti þegar ráðið hefur verið lagt niður.

Um 13. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 46. gr. núgildandi laga skal Framleiðsluráð landbúnaðarins halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslu samkvæmt því. Í 13. og 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þetta verkefni færist til Bændasamtaka Íslands, sbr. almennar athugasemdir við frumvarpið.

Um 14. gr.

Samkvæmt 42. gr. núgildandi laga tilnefna Bændasamtök Íslands einn mann í úrskurðarnefnd sem starfar samkvæmt ákvæðinu. Þar sem Bændasamtök Íslands munu samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum verður, taka við þeim verkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem leitt geta til kæru til úrskurðarnefndar þykir rétt að fella niður tilnefningu samtakanna í nefndina. Lagt er til að í stað Bændasamtaka Íslands tilnefni stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins einn mann í nefndina.

Um 15. gr.

Í 4. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands taki við því verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að gera áætlun um neyslu innlendra mjólkurvara á komandi verðlagsári. Í 15. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að samtökin skuli byggja þá áætlun á upplýsingum frá afurðastöðvum. Þá er kveðið á um að í stað Framleiðsluráðs skuli Framkvæmdanefnd búvörusamninga gera tillögu um heildargreiðslumark mjólkur fyrir hvert verðlagsár.

Um 16. gr.

Um greinina vísast til athugasemda við 14. gr.

Um 17. gr.

Í 4. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að Bændasamtök Íslands taki við því verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að staðfesta aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur. Í 17. gr.

frumvarpsins er kveðið á um heimild til að skjóta ákvörðun Bændasamtakanna um slíka staðfestingu eða synjun staðfestingar til úrskurðarnefndar sem starfar skv. 42. gr.

Um 18. og 19. gr.

Í 50. gr. gildandi laga segir að Framleiðsluráð landbúnaðarins skuli stuðla að fjölbreyttu framboði búvara á hverjum tíma, svo og framförum og aukinni hagkvæmni búvöruframleiðslunnar, þannig að hún verði í samræmi við þarfir markaðarins. Í 2. mgr. 51. gr. laganna segir að áður en opinber lánastofnun taki ákvörðun um veitingu lána til að reisa eða endurbyggja afurðastöð fyrir búvörur skuli stofnunin leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hina fyrirhuguðu framkvæmd. Ekki þykir ástæða til að kveða á um nefnd verkefni í lögum þegar Framleiðsluráð hefur verið lagt niður.

Um 20. gr.

Í 3. mgr. 55. gr. gildandi laga segir að seljanda og kaupanda búvöru sé skylt að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins allar umbeðnar upplýsingar um söluna, þar á meðal um uppruna vörunnar, svo að ganga megi úr skugga um að skilyrði 1. og 2. mgr. 55. gr. laganna hafi verið uppfyllt. Í 20. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að viðkomandi aðilar skuli standa landbúnaðarráðuneytinu skil á nefndum upplýsingum. Þykir það fyrirkomulag eðlilegt með hliðsjón af ákvæði 3. gr. laganna þar sem kveðið er á um að landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn þeirra mála sem lögin taka til.

Um 21. gr.

Í 59. gr. núgildandi laga segir að Framleiðsluráð landbúnaðarins og afurðastöðvum í mjólkuriðnaði sé heimilt að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara fyrir innlendan og erlendan markað og að slíkt samkomulag öðlist ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hafi staðfest það. Í 21. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir óbreyttri heimild til handa afurðastöðvum, en án aðkomu annarra aðila en landbúnaðarráðherra sem staðfestir samkomulagið eins og áður.

Um 22. gr.

Í 65. gr. núgildandi laga segir að Framleiðsluráð láti safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma. Þá segir í ákvæðinu að öllum þeim, er hafi með höndum vinnslu eða sölu búvara sé skylt að láta ráðinu í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við störf þess og þeir geta veitt. Í 1. mgr. 22. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að Bændasamtök Íslands láta safna og gefa út nefnda skýrslu í stað Framleiðsluráðs áður. Í 2. mgr. 22. gr. er enn fremur kveðið á um að meðal þeirra upplýsinga sem láta skuli samtökunum í té séu upplýsingar um verð búvöru til framleiðenda.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. 68. gr. núgildandi laga er kveðið á um að skattstjórar skuli fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Þá segir í ákvæðinu að skattstjórum sé skylt að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar séu í þessu sambandi.

Í 2. mgr. sömu greinar segir að Framleiðsluráð landbúnaðarins geti ákveðið að seljendur fóðurs skuli ársfjórðungslega senda ráðinu skrá yfir alla sölu og að í þeirri skrá skuli tilgreina hverjir kaupendur séu, heildarmagn hvers kaupanda og einingaverð.

Með lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, var innheimta svonefndra sjóðagjalda fært frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til innheimtumanna ríkissjóðs og með reglugerð nr. 431/1996 var greiðsla fóðurtolls flutt til landbúnaðarráðherra. Er því ekki þörf á að halda nefndu ákvæði 68. gr. laga nr. 99/1993 í lögum.

Um 24.–26. gr.

Samkvæmt 1. gr. núgildandi laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, skal innheimta sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum og skal það nema 2,65% af gjaldstofni skv. 3. gr. laganna. Skv. 6. gr. núgildandi laga skulu 0,275% af stofni gjaldsins renna til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að 0,175% af stofni búnaðargjalds færist með verkefnum til Bændasamtaka Íslands og lækkar því búnaðargjaldið úr 2,65% af gjaldstofni í 2,55% sem þýðir um 17 milljóna króna lækkun á gjöldum bænda, þ.e. ef frumvarp þetta verður að lögum. Samkvæmt áætlun sem gerð hefur verið um kostnað á árinu 2000 við framkvæmd verkefna þeirra sem nú eru hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins en flytjast til Bændasamtaka Íslands má ætla að sá kostnaður nemi nálægt 40 milljónum króna. Sambærileg áætlun vegna rekstrar Framleiðsluráðs landbúnaðarins árið 1999 gerir ráð fyrir 72 milljóna króna rekstrargjöldum, en nokkur halli er á rekstri Framleiðsluráðs samkvæmt þeirri áætlun. Sparnaður af breytingunni nemur því um 32 milljónum króna á ársgrunni. Áætlað er að peningalegar eignir Framleiðsluráðs landbúnaðarins verði í árslok árið 1999 um 190.000.000 kr. Gert er ráð fyrir að þessar eignir verði lagðar í sjóð sem fylgi þeim verkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem Bændasamtök Íslands taka við og að ávöxtun af honum verði varið til að standa undir hluta af framkvæmd þeirra.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Tilgangur frumvarpsins er að leggja niður Framleiðsluráð landbúnaðarins og færa verkefni þess til Bændasamtaka Íslands og framkvæmdanefndar búvörusamninga. Með þessari breytingu verður hægt að nýta húsnæði þeirra betur og fækka um einn starfsmann. Samhliða þessu lækkar búnaðargjaldsgreiðsla bænda úr 2,65% af gjaldstofni í 2,55%.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

Athygli er vakin á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að peningalegar eignir Framleiðsluráðs að upphæð 190 m.kr. færist til Bændasamtaka Íslands.

240. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Almennt.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna er undirritaður var í Brussel 18. maí 1999. Samningurinn, sem hér eftir er nefndur Brussel-samningurinn, er prentaður sem fylgiskjal I með tillögu þessari.

Upphaf Schengen-samstarfsins má rekja til þess að hinn 14. júní 1985 var undirritað í bænum Schengen í Lúxemborg samkomulag milli Belgíu, Frakklands, Hollands, Lúxemborgar og Þýskalands um að fella smám saman niður eftirlit á sameiginlegum landamærum þessara ríkja (hér eftir nefnt „Schengen-samkomulagið"). Íslensk þýðing Schengen-samkomulagsins er prentuð sem fylgiskjal II með tillögu þessari.

Með Schengen-samkomulaginu voru skilgreind almenn markmið um að koma á í áföngum frjálsri för einstaklinga yfir innri landamæri aðildarríkjanna. Nánar tiltekið kveður samkomulagið á um að aðildarríkin skuli með tilteknum hætti einfalda eftirlit með för fólks á sameiginlegum landamærum. Enn fremur kveður samkomulagið á um að aðildarríkin styrki samstarf sitt í baráttunni gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi.

Hinn 19. júní 1990 var undirritaður á sama stað samningur milli sömu ríkja um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 1985 (hér eftir nefndur „Schengen-samningurinn"). Íslensk þýðing Schengen-samningsins er prentuð sem fylgiskjal III með tillögu þessari. Síðar hafa Ítalía, Spánn, Portúgal, Grikkland, Austurríki, Danmörk, Finnland og Svíþjóð gerst aðilar að Schengen-samningnum. Ákvæði samningsins eru komin til framkvæmda í aðildarríkjunum að undanskildum norrænu ríkjunum og Grikklandi að hluta.

Segja má að kjarni Schengen-samstarfsins sé annars vegar að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri samstarfsríkjanna og hins vegar að styrkja baráttu samstarfsríkjanna gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi, ekki síst ólöglegum innflutningi fíkniefna.

Reglur Evrópubandalaganna frá 1986 um innri markaðinn lúta á sama hátt að því að tryggja frjálsa för einstaklinga en ekki náðist samstaða milli allra aðildarríkja þeirra um hversu langt skyldi ganga. Þau ríkjanna sem lengst vildu ganga stofnuðu því til Schengen-samstarfsins með það að leiðarljósi að hin aðildarríkin gætu seinna gerst aðilar að því. Í ljósi þessa má segja að Schengen-samstarfið sé liður í því að tryggja frjálsa för einstaklinga um Evrópu.

Með Schengen-samstarfinu er leitast við að styrkja baráttu samstarfsríkjanna gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi. Er markmiðið að koma í veg fyrir að afnám persónueftirlits á innri

landamærum auðveldi afbrotamönnum starfsemi sína. Þróunin hefur hins vegar leitt í ljós að burtséð frá fyrirkomulagi persónueftirlits að þessu leyti er brýn þörf fyrir alþjóðlega lögreglusamvinnu til að berjast gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi.

Íslendingar hafa orðið áþreifanlega varir við það að undanförnu að skipulögð afbrotastarfsemi, sem kemur í kjölfar aukinnar fíkniefnaneyslu, virðist ekki ætla að láta Ísland ósnert. Reynsla annarra þjóða sýnir að í kjölfarið má reikna með annars konar skipulagðri afbrotastarfsemi, svo sem peningaþvætti, vændi og skipulögðu smygli á fólki. Hvarvetna í heiminum er þekkt að skipulögð afbrotastarfsemi virðir ekki landamæri á sama hátt og réttarvörslukerfin. Afbrotahringir nýta sér lögsögumörk markvisst til að komast undan armi laganna í heimi sem verður stöðugt minni fyrir áhrif nútímasamskipta og -samgangna. Viðurkennt er að eina leiðin til að bregðast við þessu er að stórauka alþjóðlega lögreglusamvinnu.

Þátttaka í Schengen-samstarfinu styrkir stöðu lögreglunnar í baráttunni gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi þar sem komið hefur verið á fót beinum samskiptum milli lögregluyfirvalda samstarfsríkjanna auk þess sem ríkin hafa komið sér saman um fyrirkomulag lögreglusamvinnu yfir landamæri. Aðgangur lögreglu að Schengen-upplýsingakerfinu er þar einn mikilvægasti þátturinn. Einnig ber að hafa í huga að gagnkvæm réttaraðstoð á þessu sviði á milli samstarfsríkjanna hefur verið einfölduð, m.a. með beinum samskiptum viðkomandi yfirvalda.

II. Grundvöllur þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu.

Schengen-samningurinn kom til framkvæmda milli hluta aðildarríkjanna (Benelúx-ríkjanna, Frakklands, Portúgals, Spánar og Þýskalands) 26. mars 1995. Danmörk hafði þá sótt um áheyrnaraðild að samstarfinu með það fyrir augum að gerast aðili síðar. Aðild Dana að samstarfinu hefði leitt til þess að ytri landamæri Schengen-svæðisins hefðu legið í gegnum Norðurlöndin og með því hefði norræna vegabréfasambandið liðið undir lok. Vegna þessa var sá fyrirvari í umsókn Dana að Schengen-samstarfinu að norræna vegabréfasambandið héldist.

Það var mat stjórnvalda að íbúar Norðurlandanna mundu hvorki skilja né sætta sig við að 40 ára frelsi til ferða án vegabréfs milli norænu ríkjanna þyrfti að ljúka á þennan hátt. Auk þessu hefðu Norðurlöndin haft með sér verulegt samstarf á sviði lögreglumála, réttaraðstoðar o.fl. sem kynni að vera í hættu ef þau væru ekki samstíga í þessu sambandi.

Í ljósi alls þessa lýstu forsætisráðherrar Norðurlanda því yfir á fundi sínum í Reykjavík 27. febrúar 1995 að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að löndin hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu. Samstarfssamningur Íslands og Noregs við Schengen-ríkin var síðan undirritaður í Lúxemborg 19. desember 1996 (hér eftir nefndur „Lúxemborgarsamningurinn") samhliða aðildarsamningum Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar. Þingsályktunartillaga um fullgildingu Lúxemborgarsamningsins var lögð fram á 122. löggjafarþingi, þskj. 1176, en varð ekki útrædd. Lúxemborgarsamningurinn var prentaður sem fylgiskjal með þeirri tillögu.

Með Amsterdam-sáttmálanum, sem undirritaður var í október 1997, um breytingar á Maastricht-sáttmálanum um Evrópusambandið, stofnsáttmálum Evrópubandalaganna og tilteknum gerðum sem tengjast þeim fylgdi bókun sem fellir Schengen-samstarfið undir laga- og stofnanaramma Evrópusambandsins (hér eftir nefnd „Schengen-bókunin"). Í Schengen-bókuninni er sérstaklega kveðið á um að samstarfi við Ísland og Noreg skuli haldið áfram á grunni Lúxemborgarsamningsins en að gera skyldi sérstakan samning um samstarfið milli Evrópusambandsins og ríkjanna tveggja.

Á grundvelli framangreinds gengu Ísland og Noregur sameiginlega til samningaviðræðna við ráð Evrópusambandsins um þátttöku í Schengen-samstarfinu eftir að það færðist undir

laga- og stofnanaramma Evrópusambandsins með gildistöku Amsterdam-sáttmálans. Annað aðalsamningsmarkmið Íslands var að áhrif á mótun nýrra Schengen-reglna yrðu með sambærilegum hætti og samkvæmt Lúxemborgarsamningnum. Þar var skýrt kveðið á um að Ísland og Noregur tækju fullan þátt í framkvæmd og mótun Schengen-reglna á öllum stigum utan þátttöku í atkvæðagreiðslum. Hitt meginmarkmið Íslands var að ekki yrði komið á eftirlitsvaldi alþjóðlegra stofnana með framkvæmd Íslands á samningnum nema því aðeins að Ísland ætti aðild að slíkum stofnunum á að minnsta kosti sambærilegan hátt og í EES-samstarfinu.

Þessi samningsmarkmið byggðust m.a. á álitsgerð þriggja lagaprófessora frá desember 1997 um hvort væntanlegur samningur um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, eftir að það hefði færst undir Evrópusambandið með Amsterdam-sáttmálanum, samrýmdist ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Álitsgerðin er prentuð sem fylgiskjal IV með tillögu þessari.

Samningar náðust um miðjan desember 1998 þar sem meginsamningsmarkmiðum Íslands er náð og skrifaði utanríkisráðherra undir samninginn í Brussel 18. maí 1999. Meðan á samningaviðræðunum stóð leitaði utanríkisráðherra ráðgjafar lagaprófessoranna þriggja um stjórnskipuleg atriði og hafði að öðru leyti samráð við ríkisstjórn og utanríkismálanefnd um framgang samningaviðræðnanna. Með bréfi dags. 17. febrúar sl. óskaði utanríkisráðuneytið eftir því við lagaprófessorana að þeir gæfu skriflega umsögn um endanlega gerð samningsins og er umsögn þeirra, dags. 31. ágúst 1999, prentuð sem fylgiskjal V með tillögu þessari.

III. Nánar um Schengen-samninginn frá 1990.

Schengen-samkomulagið frá 1985 er grundvöllur Schengen-samstarfsins en Schengen-samningurinn afmarkar efnissvið þess. Því er nauðsynlegt að lýsa innihaldi Schengen-samningsins en Schengen-gerðir eru samningnum til fyllingar og verða að hafa stoð í honum.

Rétt er þó að taka fram áður en lengra er haldið að í 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn kemur fram að gildissvið sumra ákvæða og hluta Schengen-samningsins er takmarkað gagnvart Íslandi og Noregi. Slíkra takmarkana er getið í neðanmálsgreinum með íslenskri þýðingu samningsins auk þess sem nánari grein er gerð fyrir takmörkunum og ástæðum þeirra í eftirfarandi umfjöllun um Schengen-samninginn.

Schengen-samningurinn er 142 greinar og skiptist í átta bálka svo sem hér greinir:

- I. bálkur (1. gr.) inniheldur hugtakaskilgreiningar sem skýra sig sjálfar.
- II. bálkur (2.–38. gr.) fjallar um afnám eftirlits á innri landamærum og för fólks. Bálknum er skipt í sjö kafla.
- III. bálkur (39.–91. gr.) fjallar um lögreglu og öryggi. Bálknum og er skipt í sjö kafla.
- IV. bálkur (92.–119. gr.) fjallar um Schengen-upplýsingakerfið. Bálknum er skipt í fjóra kafla.
- V. bálkur (120.–125. gr.) fjallar um flutninga og vöruflæði. Gagnvart Evrópusambandsríkjunum hefur bálkurinn vikið fyrir reglum innri markaðarins. Tekið er fram í viðauka A við Brussel-samninginn að bálkurinn gildi ekki gagnvart Íslandi og Noregi, enda kveður EES-samningurinn á um beitingu reglna innri markaðar EB gagnvart Íslandi og Noregi. Með hliðsjón af þessu er ekki gerð frekari grein fyrir þessum ákvæðum samningsins hér á eftir.
- VI. bálkur (126.–130. gr.) fjallar um vernd persónuupplýsinga.
- VII. bálkur (131.–133. gr.) fjallar um framkvæmdanefnd samningsins.
- VIII. bálkur (134.–142. gr.) hefur að geyma lokaákvæði samningsins.

Um 1. kafla II. bálks – farið yfir innri landamæri (2. gr.).

Mönnum er heimilt að fara yfir innri landamæri aðildarríkjanna hvar sem er og án þess að sæta nokkru persónueftirliti. Þrátt fyrir afnám slíks eftirlits er heimilt, að höfðu samráði við önnur aðildarríki, að koma á tímabundinni landamæravörslu á innri landamærum vegna allsherjarreglu og þjóðaröryggis. Afnám persónueftirlits takmarkar ekki heimildir aðildarríkjanna til löggæslu innan landamæranna lögum samkvæmt. Afnám eftirlitsins hefur ekki áhrif á skyldu einstaklinga til að bera og eftir atvikum framvísa skjölum í samræmi við reglur hlutaðeigandi ríkis.

Samkvæmt viðauka A við Brussel-samninginn gildir 4. mgr. 2. gr., sem fjallar um eftirlit með vörum, ekki gagnvart Íslandi og Noregi, sbr. það sem áður segir um vörusvið samningsins. Felur það í sér að tolleftirliti verður eftir sem áður haldið uppi gagnvart farþegum við komu frá Schengen-svæðinu.

Um 2. kafla II. bálks – farið yfir ytri landamæri (3.–8. gr.).

Umferð yfir ytri landamæri skal almennt einungis fara um landamærastöðvar.

Við komu í flughöfn skal hafa eftirlit með farþegum sem koma frá þriðja ríki og handfarangri þeirra haldi þeir áfram flugi innan svæðisins. Farþegar sem koma með flugi innan svæðisins skulu, áður en þeir halda áfram með flugi til þriðja ríkis, háðir eftirliti og sama gildir um handfarangur þeirra. Þessi ákvæði gilda ekki um innritaðan farangur sem annaðhvort er háður eftirliti á upphaflegum brottfararstað eða áfangastað.

Heimilt er að veita útlendingi leyfi til komu inn á Schengen-svæðið og til dvalar þar í allt að þrjá mánuði hafi hann skilríki sem framkvæmdanefnd samningsins hefur ákveðið að teljist fullnægjandi til að koma inn á svæðið, hafi hann gilda áritun þegar þess er krafist og geti hann lagt fram sannanir fyrir tilgangi og skilyrðum dvalar. Enn fremur verður hann að hafa efni á framfærslu meðan á dvöl stendur og til heimferðar eða ferðar til þriðja ríkis þar sem honum er tryggð koma eða getur á lögmætan hátt framfleytt sér. Loks er það skilyrði að hann hafi ekki verið lýstur óæskilegur í landinu og ekki megi ætla að hann muni spilla allsherjarreglu eða öryggi ríkisins eða alþjóðlegum tengslum aðildarríkjanna. Neita skal útlendingi, sem ekki uppfyllir öll skilyrði til aðgangs að svæðinu, um að koma inn á það nema nauðsynlegt sé að víkja frá þeirri reglu af mannúðarástæðum, m.a. samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Þegar þannig stendur á gildir heimild til komu inn á svæðið aðeins fyrir það ríki sem slíka ákvörðun tekur og skal hún tilkynnt öðrum aðildarríkjum. Útlendingi, sem hefur dvalarleyfi eða áritun til endurkomu til einhvers aðildarríkis, skal veita leyfi til ferðar gegnum ríki þar sem hann kemur inn á svæðið, nema viðkomandi ríki hafi lýst hann óæskilegan útlending.

Eftirlit á ytri landamærum aðildarríkjanna skal framkvæmt af þar til bærum yfirvöldum samkvæmt samræmdum meginreglum innan valdmarka og laga viðkomandi ríkis að teknu tilliti til sameiginlegra hagsmuna aðildarríkjanna. Samræmdu meginreglurnar eru að eftirlit með einstaklingum tekur ekki einungis til þess að staðreyna ferðaskilríki og önnur skilyrði fyrir komu inn á svæðið, dvöl þar, vinnu og brottför af svæðinu, heldur einnig rannsókna á og varna gegn ógnunum við þjóðaröryggi og allsherjarreglu á Schengen-svæðinu. Skulu allir útlendingar sæta slíku eftirliti en aðrir skulu a.mk. sæta eftirliti með ferðaskilríkjum.

Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gilda ákvæði 4. gr. um eftirlit með farangri ekki um Ísland og Noreg þar sem í því efni gilda reglur aðildarríkja ESB þeirra í milli og milli aðildarríkja ESB og Íslands og Noregs að svo miklu leyti sem þær kunna að eiga stoð í EES-samningnum. Í þeim tilvikum verður að öðru leyti beitt reglum íslenskra laga

sem felur í sér óbreytta stefnu að því er varðar tolleftirlit með farþegum er koma frá Schengen-svæðinu.

Um 1. þátt 3. kafla II. bálks – vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (9.–17. gr.).

Aðildarríkin skulu framfylgja sameiginlegum viðmiðunum varðandi för fólks, sérstaklega varðandi reglur um vegabréfsáritanir. Ríkin skuldbinda sig til að framfylgja samræmdum reglum um útgáfu á áritunum sem óheimilt er að víkja frá nema með samþykki þegar sérstakar aðstæður krefjast.

Taka skal upp sameiginlega vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu og getur hún gilt fyrir dvöl sem stendur í allt að þrjá mánuði. Heimilt er að takmarka gildissvið áritunar við tiltekið eða tiltekin aðildarríki.

Áritun getur gilt fyrir eina eða fleiri komur inn á svæðið og einnig má gefa út áritun vegna ferðar í gegnum svæðið, en slík áritun má þó ekki gilda nema að hámarki í fimm daga.

Áritun skal gefin út af stjórnarerindrekum aðildarríkjanna eða ræðismönnum. Meginreglan er að áritun skal gefin út af fulltrúum þess ríkis sem ferðinni er heitið til. Sé það ekki unnt skal áritun almennt gefin út af fulltrúum fyrsta komuríkis á svæðinu.

Ekki má veita áritun á útrunnin ferðaskilríki. Ferðaskilríkin skulu hafa lengri gildistíma en áritunin. Þau skulu hafa nægilega langan gildistíma til að útlendingurinn geti ferðast til baka til heimaríkis eða þriðja ríkis. Áritun má almennt því aðeins veita að útlendingur uppfylli öll skilyrði fyrir komu inn á svæðið. Telji aðildarríki ástæðu til að veita undanþágu frá skilyrðum um aðgang að svæðinu má það veita útlendingi áritun sem takmarkast við landsvæði viðkomandi ríkis.

Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gilda 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 19. gr. um bráðabirgðaráðstöfun þar til samræmd vegabréfsáritun hefur verið tekin upp ekki um Noreg og Ísland. Ástæða þess er að samræmd vegabréfsáritun hefur þegar verið tekin upp milli Schengen-ríkjanna, sbr. reglugerð ráðherraráðs ESB nr. 1683/95 sem er að finna í viðauka B við Brussel-samninginn.

Um 2. þátt 3. kafla II. bálks – vegabréfsáritanir til lengri dvalar (18. gr.).

Hvert ríki gefur út vegabréfsáritun til lengri dvalar en þriggja mánaða í samræmi við eigin lög.

Um 4. kafla II. bálks – skilyrði fyrir för útlendinga (19.–24. gr.).

Útlendingur með sameiginlega áritun getur ferðast frjálst innan svæðisins meðan áritunin er í gildi.

Útlendingur, sem er undanþeginn skyldu til vegabréfsáritunar, getur ferðast frjálst innan svæðisins í allt að þrjá mánuði.

Útlendingur með gilt dvalarleyfi ásamt gildu ferðaskilríki má ferðast frjálst um svæðið í allt að þrjá mánuði.

Útlendingi, sem kemur löglega inn á Schengen-svæðið, er skylt að tilkynna sig til viðkomandi yfirvalda í því landi samkvæmt skilyrðum sem viðkomandi ríki setur. Slíkrar tilkynningar er hægt að krefjast við komu eða í síðasta lagi innan þriggja virkra daga eftir komu. Útlendingi, sem á búsetu í einu aðildarríki og ferðast til annars aðildarríkis, er með sama hætti skylt að tilkynna sig. Undantekningar frá þessum reglum ákveður hvert aðildarríki.

Útlendingur, sem ekki uppfyllir lengur skilyrði fyrir leyfi til skammrar dvalar, skal fylgja þeirri meginreglu að yfirgefa tafarlaust Schengen-svæðið. Hafi útlendingur gilt dvalarleyfi eða bráðabirgðadvalarleyfi í einu aðildarríki skal hann þegar fara til þess ríkis. Yfirgefi út-

lendingur ekki viðkomandi svæði telst hann ekki vilja yfirgefa það og teljist það nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða allsherjarreglu skal honum vísað úr landi. Þessi ákvæði hindra ekki beitingu ákvæða í lögum aðildarríkjanna um hæli og Genfarsamningsins um réttarstöðu flóttamanna.

Um 5. kafla II. bálks – dvalarleyfi og skráning þegar synja á um komu (25. gr.).

Hyggist aðildarríki veita útlendingi, sem er á skrá yfir óæskilega útlendinga og vísa ber frá svæðinu, dvalarleyfi skal það hafa samráð við önnur aðildarríki og taka tillit til hagsmuna þeirra. Dvalarleyfi skal því aðeins veitt að gildar ástæður mæli með því, svo sem mannúðarástæður eða alþjóðlegar skuldbindingar.

Um 6. kafla II. bálks – viðbótarráðstafanir (26. og 27. gr.).

Með fyrirvara um þær skuldbindingar sem leiðir af Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna skuldbinda aðildarríkin sig til að lögfesta reglur um að flutningsaðila verði gert að flytja viðkomandi útlending til baka þegar honum er neitað um aðgang að Schengen-svæðinu. Flutningsaðila er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kanna hvort útlendingur sem fluttur er flug- eða sjóleiðis hafi gild ferðaskilríki til að geta fengið aðgang að svæðinu.

Um 7. kafla II. bálks – ábyrgð á meðferð beiðna um hæli (28.–38. gr.).

Með samningi milli aðildarríkja Evrópusambandsins um ábyrgð á meðferð beiðna um hæli, sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990, (hér eftir nefndur „Dyflinnarsamningur") hefur 7. kafli II. bálks Schengen-samningsins verið leystur af hólmi. Samkvæmt því er í 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn kveðið á um að 7. kafli gildi ekki gagnvart Íslandi og Noregi. Skv. 7. gr. Brussel-samningsins er það forsenda fyrir því að framkvæmd Schengen-reglna geti hafist á Íslandi og í Noregi að áður verði búið að semja við ríkin um ábyrgð á meðferð hælisbeiðna. Reiknað er með að slíkur samningur tengist Dyflinnarsamningnum eða fyrirhugaðri afleiddri löggjöf EB um sama efni auk fyrirhugaðs samræmds kerfis ESB um skráningu fingrafara þeirra er leita hælis í aðildarríkjum ESB en það kerfi er talið ein af forsendum þess að markmið Dyflinnarsamningsins náist.

Markmið Dyflinnarsamningsins er að skýra meðferð umsókna um hæli sem lagðar eru fram í aðildarríkjunum til þess að koma í veg fyrir að vafi leiki á um hvar umsókn skuli tekin til meðferðar. Er ætlunin að tryggja umsækjanda að umsókn hans hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna auk þess að fyrirbyggja að umsækjandi verði sendur frá einu aðildarríki til annars án þess að nokkurt þeirra viðurkenni ábyrgð sína á meðferð umsóknar. Eru efnisatriði samningsins þannig til þess fallin að styrkja réttarstöðu þeirra er sækja um hæli á samningssvæðinu.

Samkvæmt Dyflinnarsamningnum staðfesta aðildarríkin skyldur sínar samkvæmt Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna.

Óháð því í hvaða aðildarríki útlendingur leggur fram beiðni um hæli skal aðeins eitt ríki bera ábyrgð á meðferð beiðninnar. Er nákvæmlega kveðið á um það hvernig skuli ákveðið hverju sinni hvaða ríki beri ábyrgðina.

Hvert aðildarríki getur tekið umsókn til meðferðar jafnvel þótt því sé það ekki skylt samkvæmt samningnum, enda samþykki umsækjandi það.

Hvert aðildarríki hefur rétt til þess á grundvelli gildandi laga að senda umsækjanda um hæli til þriðja ríkis í samræmi við Genfarsamninginn.

Um meðferð beiðni um hæli fer samkvæmt reglum þess ríkis sem ber ábyrgð á meðferð hennar.

Komi beiðni um hæli til ríkis sem ekki fjallar um málið getur það ríki óskað eftir því að umsækjandinn verði fluttur til þess ríkis þar sem málið er til meðferðar. Skylt er að verða við slíkum tilmælum ef beiðni þar að lútandi berst innan sex mánaða frá því að beiðni um hæli var móttekin.

Hvert aðildarríki veitir öðru aðildarríki samkvæmt beiðni þær upplýsingar sem það hefur um umsækjanda um hæli og nauðsynlegar eru til ákvörðunar um hvaða aðildarríki skuli fjalla um beiðni. Aðildarríki getur auk þess beðið annað aðildarríki um að fá upplýst hvaða ástæður umsækjandi um hæli færði fyrir umsókn sinni og rökstuðning þeirrar ákvörðunar sem kann að hafa verið tekin. Þessi upplýsingaskipti gerast samkvæmt beiðni aðildarríkis og mega einungis eiga sér stað milli þeirra stjórnvalda sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt. Upplýsingarnar má einungis framsenda þeim stjórnvöldum og dómstólum sem hafa það hlutverk að ákveða hvaða aðildarríki skuli fjalla um umsóknina. Umsækjandi um hæli hefur samkvæmt beiðni heimild til að fá upplýst hvaða upplýsingar voru veittar um hann, svo fremi sem slíkt er unnt. Komist hann að því að þessar upplýsingar séu rangar eða að ekki hafi átt að veita þær hefur hann rétt til að krefjast leiðréttinga á þeim eða að þeim verði eytt. Hverju aðildarríki er skylt að skrá hvaða upplýsingar það hefur veitt og móttekið. Upplýsingarnar skulu einungis varðveittar svo lengi sem nauðsynlegt er. Veittar upplýsingar skulu a.m.k. njóta sömu verndar og gilda samkvæmt lögum viðtökulandsins um sambærilegar upplýsingar.

Gert er ráð fyrir að verði miðlun upplýsinga á einhvern hátt kerfisbundin skuli það gert í samræmi við samning Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

Til þess að tryggja skilvirka framkvæmd Dyflinnarsamningsins skiptast aðildarríkin á nauðsynlegum upplýsingum svo unnt sé að ákveða hvaða ríki skuli bera ábyrgð á meðferð umsóknar. Er í þessu sambandi um að ræða ýmsar upplýsingar er tengjast viðkomandi umsækjanda, svo sem um ferðaleiðir, skráningu í viðkomandi ríki og ferðaskilríki.

Meðal þeirra upplýsinga sem hafa í framkvæmd reynst áreiðanlegastar til að taka ákvörðun í þessu sambandi eru fingraför umsækjanda. Er þeim nú miðlað á milli aðildarríkjanna að svo miklu leyti sem það er heimilt á grundvelli löggjafar hvers ríkis. Hins vegar hefur um nokkurt skeið verið unnið að samningi milli aðildarríkja Evrópusambandsins um að setja á fót samræmt kerfi í þessu skyni þar sem safnað verði upplýsingum um fingraför einstaklinga er sótt hafa um hæli í aðildarríkjunum auk þess sem úr kerfinu verði miðlað upplýsingum um fingraför til einstakra aðildarríkja. Er einnig gert ráð fyrir að kerfið nái til annarra ólöglegra innflytjenda sem handteknir eru í tengslum við ólöglega umferð yfir landamæri eða eru handteknir innan aðildarríkis þar sem þeir dveljast ólöglega.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur nú lagt fram tillögu að uppsetningu kerfis af þessu tagi, svonefnt EURODAC, en sú tillaga byggist á samkomulagi sem hafði náðst meðal aðildarríkjanna. Er þessi tillaga til meðferðar innan ráðherraráðs Evrópusambandsins en gert er ráð fyrir því að þátttaka í þessu samstarfi verði hluti af því samkomulagi sem gert verður við Evrópusambandið á grundvelli 7. gr. Brussel-samningsins. Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar felst að aðildarríkin skuli taka fingraför af umsækjendum um hæli og miðla þeim til upplýsingakerfis EURODAC. Hið sama gildir um fingraför einstaklinga sem handteknir eru í tengslum við ólöglega för um ytri landamæri. Einnig er lagt til að aðildarríki verði heimilað að senda fingraför þeirra sem handteknir hafa verið vegna ólöglegrar dvalar innan þess.

Tillagan gerir ráð fyrir að sett verði á fót skrifstofa innan framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er annist rekstur upplýsingakerfisins sem felst í móttöku og miðlun upplýsinga í og úr kerfinu fyrir hönd aðildarríkjanna. Með þessu er ætlunin að gera það skýrt að það eru

aðildarríkin sjálf sem stjórna því hvaða upplýsingar eru sendar og eftir hvaða upplýsingum er kallað úr kerfinu en skrifstofan verði einvörðungu milligönguaðili.

Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar er gert ráð fyrir ítarlegum reglum um persónuvernd sem m.a. byggjast á tilskipun ESB nr. 95/46 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Tilskipunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/1999. Er m.a. kveðið sérstaklega á um réttarstöðu viðkomandi einstaklings. Gert er ráð fyrir virku eftirliti með starfsemi EURODAC bæði af hálfu eftirlitsaðila innan aðildarríkjanna og einnig af hálfu sérstaks eftirlitsaðila að því er varðar upplýsingakerfið sjálft.

Til viðbótar er mælt fyrir um að gögn verði einungis vistuð í upplýsingakerfinu í takmarkaðan tíma og skuli í tilteknum tilvikum tekin út úr því. Að auki er skýrt mælt fyrir um það í hvaða tilgangi gögn í upplýsingakerfinu verði notuð og eftir atvikum settar takmarkanir við notkun þeirra.

Um 1. kafla III. bálks – lögreglusamvinna (39.–47. gr.).

Lögregluyfirvöld í aðildarríkjunum skulu veita gagnkvæma aðstoð til að fyrirbyggja og upplýsa refsiverða verknaði. Í vissum tilvikum þarf þá atbeina dómstóla og ekki er gert ráð fyrir að aðstoð feli í sér að þvingunarráðstöfunum verði beitt. Skriflegar upplýsingar má aðeins nota sem sönnunargögn þegar skriflegt samþykki liggur fyrir frá viðkomandi yfirvöldum þess ríkis sem veitti upplýsingarnar.

Hafi lögregla mann undir eftirliti vegna rannsóknar máls sem leitt getur til framsals getur hún haldið eftirliti áfram í öðru aðildarríki að fengnu leyfi þess á grundvelli réttarbeiðni. Binda má slíkt leyfi skilyrðum. Samkvæmt beiðni skal eftirlit flutt til lögreglu þess ríkis þar sem það er framkvæmt. Heimilt er, sérstaklega í áríðandi tilvikum vegna rannsóknar á nánar tilgreindum afbrotum, að halda eftirliti áfram í öðru ríki án fyrir fram samþykkis samkvæmt nánari ákvæðum samningsins. Í slíkum tilvikum skal yfirvöldum þess svæðis þar sem eftirlitið fer fram þegar tilkynnt um málið og geta þau stöðvað eftirlitið. Í öllum tilvikum skal eftirlit stöðvað eigi síðar en fimm klukkustundum eftir að það hófst hafi heimild til að halda því áfram ekki borist.

Hafi lögregla í ríki staðið mann að verki við nánar tilgreind afbrot er heimilt að veita honum eftirför inn í annað ríki sem á landamæri á landi að ríkinu án sérstaks leyfis, enda hafi ekki gefist tími til að upplýsa viðkomandi ríki um málið eða yfirvöld þess ekki átt möguleika á að taka við eftirförinni. Sama gildir þegar strokuföngum er veitt eftirför.

Aðildarríki ásetja sér að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hótelhaldarar og aðrir er hýsa fólk sjái til þess að erlendir gestir, þar með taldir borgarar aðildarríkjanna, að undanskildum mökum, börnum og þátttakendum í hópferðum, fylli persónulega út og undirriti skráningarkort og að þeir sanni á sér deili með gildum skilríkjum. Þessi gögn skulu vera aðgengileg fyrir yfirvöld vegna öryggis, málsmeðferðar, eftirlýstra manna eða vegna slysa. Sama gildir um aðra næturstaði sem eru til boða í atvinnuskyni, svo sem tjaldsvæði, hjólhýsasvæði og báta.

Aðildarríkin geta gert tímabundið eða ótímabundið samkomulag um staðsetningu tengifulltrúa í þeim tilgangi að auðvelda samskipti milli ríkjanna varðandi skipti á upplýsingum til að fyrirbyggja eða upplýsa refsiverða verknaði, auðvelda gagnkvæma réttaraðstoð milli lögreglu og réttarkerfa landanna og veita þeim aðstoð sem gæta ytri landamæra. Skulu þeir veita ráðgjöf og aðstoð en hafa ekki heimild til að starfa sem lögreglumenn. Aðildarríkjum skulu veittar upplýsingar um staðsetningu tengifulltrúa í þriðja ríki og er heimilt að þeir veiti þriðja ríki upplýsingar og aðstoð.

Um 2. kafla III. bálks – gagnkvæm réttaraðstoð í sakamálum (48.–53. gr.).

Ákvæði samningsins um þessi atriði koma til viðbótar Evrópusamningi um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Veita skal gagnkvæma réttaraðstoð við rekstur máls vegna verknaðar sem sætir stjórnsýslumeðferð í öðru eða báðum aðildarríkjunum, enda sé unnt að bera málið undir dómstóla. Sama á við um mál vegna bótakröfu fyrir ólögmæta málsmeðferð eða sakfellingu, varðandi meðferð beiðni um náðun, varðandi einkaréttarkröfur í tengslum við sakamál, enda sé refsiþáttur málsins enn til meðferðar, við birtingu gagna í tengslum við fullnustu refsingar, þar með talda innheimtu sekta eða sakarkostnaðar, eða annarra viðurlaga, og varðandi ráðstafanir í tengslum við skilorðsbindingu á ákvörðun eða fullnustu refsingar, reynslulausn, frestun á fullnustu refsingar o.fl.

Skylt er að veita aðstoð í málum vegna brota á lögum og reglum varðandi ýmsa tolla og skatta. Óheimilt er að synja um aðstoð á þeirri forsendu að viðkomandi gjöld séu ekki innheimt í því ríki þar sem beðið er um aðstoð. Upplýsingar sem veittar eru vegna meðferðar slíkra mála má ekki nota vegna meðferðar annarra mála án samþykkis.

Ekki má setja önnur skilyrði fyrir því að verða við beiðni um rannsókn eða haldlagningu en að verknaður varði a.m.k. sex mánaða refsivist samkvæmt lögum beggja aðildarríkjanna eða hann varði slíkri refsingu samkvæmt lögum annars aðildarríkisins en geti sætt stjórnsýslumeðferð í hinu ríkinu, enda sé unnt að bera málið undir dómstól, eða að beiðnin, verði orðið við henni, sé í andstöðu við lög þess ríkis þar sem beðið er um aðstoð.

Heimilt er að senda dómskjöl og kvaðningar í pósti til aðila í öðru aðildarríki. Sé ástæða til að ætla að viðtakandi skilji ekki það tungumál sem skjölin eru á skal þýða þau eða útdrátt úr þeim á tungumál þess ríkis sem sent er til. Viti sendandi að viðtakandi skjala skilur aðeins eitthvert annað tungumál skal þýða skjöl eða útdrátt úr þeim á það tungumál. Vitni eða sérfróða aðila, sem ekki sinna stefnu sem send hefur verið með pósti, má ekki beita neinum viðurlögum eða þvingunarráðstöfunum, þrátt fyrir aðvörun í stefnu þar um, þótt þeir mæti ekki, nema þeir fari síðar af sjálfsdáðum til landsvæðis þess aðila sem stefndi þeim og þeim sé stefnt þar á ný. Þegar verknaður, sem leiðir til réttarbeiðni, sætir samkvæmt lögum beggja aðildarríkja málsmeðferð fyrir stjórnvöldum sem unnt er að bera undir dómstól skal almennt senda skjöl um það mál með pósti.

Almennt skal senda beiðnir um réttaraðstoð og svör beint á milli viðkomandi dómsmálayfirvalda en þó er einnig heimilt að beiðnir og svör fari í gegnum dómsmálaráðuneyti aðildarríkjanna eða Interpol. Beiðnir um tímabundinn flutning eða gegnumflutning á frjálsræðissviptum manni og beiðnir um upplýsingar um sakaferil eða upplýsingar úr sakaskrá skal senda um viðkomandi dómsmálaráðuneyti.

Um 3. kafla III. bálks – beiting reglunnar „ne bis in idem" (54.–58. gr.).

Reglan „ne bis in idem" fjallar um það að hvaða leyti refsidómur sem kveðinn er upp í einu ríki skuli koma í veg fyrir að dæmt verði í sama máli í öðru ríki, sbr. m.a. 8. gr. a og b almennra hegningarlaga.

Hafi maður verið dæmdur með endanlegum dómi í einu aðildarríki er óheimilt að reka mál fyrir sama verknað í öðru aðildarríki þegar refsingunni hefur verið fullnægt, verið er að fullnusta hana eða ekki er unnt að fullnusta refsinguna vegna löggjafar í dómsríkinu.

Aðildarríki getur við fullgildingu eða aðild að samningnum lýst því yfir að það sé í einu eða fleiri af eftirfarandi tilvikum ekki bundið af framangreindri reglu: Ef verknaður sem lá til grundvallar hinum erlenda dómi var framinn að hluta eða öllu leyti á landsvæði þess. Þetta gildir þó ekki ef verknaðurinn var að hluta framinn á landsvæði dómsríkisins. Hið sama gildir ef verknaður braut gegn öryggi ríkisins eða öðrum álíka mikilvægum hagsmunum eða ef

hann var framinn af manni í þjónustu ríkisins sem með verknaðinum braut þar með opinberar skyldur sínar.

Sé á ný höfðað mál gegn manni fyrir verknað sem hann hefur þegar hlotið dóm fyrir í öðru aðildarríki skal draga frá viðurlögunum sérhverja frjálsræðissviptingu sem hann hefur afplánað í því ríki vegna verknaðarins. Sama gildir um aðra frjálsræðissviptingu sem hann hefur sætt vegna verknaðarins. Sé mál sem dæmt hefur verið í einu aðildarríki á ný til meðferðar í öðru aðildarríki skal það ríki, ef það telur slíkt nauðsynlegt, biðja ríkið sem þegar hefur dæmt í málinu um allar mikilvægar upplýsingar um málið.

Um 4. kafla III. bálks – framsal (59.–66. gr.).

Ákvæði samningsins um framsal koma til viðbótar Evrópusamningi um framsal sakamanna. Hafi aðildarríki ekki fullgilt þann samning gilda þó ákvæði hans í samskiptum aðildarríkjanna. Schengen-samningurinn hindrar ekki beitingu víðtækari ákvæða í gagnkvæmum samningi aðildarríkjanna. Samkvæmt ákvörðun ráðsins frá 20. maí 1999 (1999/435/EB) er 60. gr. Schengen-samningsins ekki felld undir Evrópusambandið og er greinin því að sama skapi undanskilin gildissviði Brussel-samningsins, sbr. 1. hluta viðauka A við hann. Er skýringin sú að öll aðildarríki ESB auk Íslands og Noregs eru nú aðilar að framangreindum samningi.

Varðandi fyrningu gilda einungis lög þess ríkis sem biður um framsal. Náðun eða sakaruppgjöf kemur ekki í veg fyrir framsal nema hinn refsiverði verknaður falli undir refsilögsögu þess ríkis sem slíkt veitti. Krefjist lög þess ríkis sem beðið er um framsal þess að fyrir liggi formleg kæra eða opinber heimild til málshöfðunar hefur það ekki áhrif á skyldu til framsals að slíkt skjal liggi ekki fyrir.

Skylt er að framselja menn vegna brota á lögum um tolla og skatta, bæði vegna málsmeðferðar og fullnustu dóma. Skilyrði Evrópusamningsins um framsal sakamanna gilda í þessum tilvikum.

Sé framsal ekki beinlínis óheimilt skal aðildarríki heimila framsal án formlegrar málsmeðferðar ef sá aðili sem óskast framseldur gefur formlegt samþykki fyrir því hjá dómara eða öðru þar til bæru yfirvaldi, eftir að honum hefur verið kynntur réttur til málsmeðferðar. Þegar yfirlýsing er gefin skal viðkomandi heimilt að njóta aðstoðar lögmanns. Við framkvæmd framsals samkvæmt eigin samþykki getur viðkomandi ekki afturkallað yfirlýsingu sína eftir að hafa afsalað sér þeirri vernd sem felst í sérreglunni. Sú regla fjallar um það að ekki megi höfða mál á hendur framseldum manni, dæma hann eða fullnusta dóm á hendur honum vegna annars afbrots, sem framið var fyrir framsal, nema að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum.

Um 5. kafla III. bálks – flutningur á fullnustu refsidóma (67.–69. gr.).

Ákvæði samningsins koma til viðbótar Evrópusamningi um flutning dæmdra manna.

Nú er ríkisborgari eins aðildarríkis dæmdur í öðru aðildarríki til refsivistar og hann kemur sér undan fullnustu refsingarinnar með því að fara til þess ríkis þar sem hann er ríkisborgari og er þá unnt að biðja það ríki um að fullnægja refsingunni. Flutningur á fullnustu refsingar er í þessu tilviki ekki háður samþykki dómþola.

Um 6. kafla III. bálks – fíkniefni (70.–76. gr.).

Á grundvelli 70. gr. starfar vinnuhópur, m.a. með fulltrúa lögreglu- og tollyfirvalda, til að fjalla um sameiginleg vandamál í baráttunni gegn fíkniefnabrotum og ræða leiðir til þess að bæta hagnýt og tæknileg viðhorf vegna samvinnu aðildarríkjanna á þessu sviði. Sam-

kvæmt ákvörðun ráðsins frá 20. maí 1999 (1999/435/EB) er 70. gr. Schengen-samningsins ekki felld undir Evrópusambandið og er greinin því að sama skapi undanskilin gildissviði Brussel-samningsins, sbr. 1. hluta viðauka A við hann. Starf nefndarinnar hefur verið yfirtekið af sérfræðingahópi á vegum ráðherraráðs ESB þar sem fulltrúar Íslands og Noregs eiga sæti á grundvelli 3. gr. Brussel-samningsins.

Varðandi beina eða óbeina verslun með hvers konar ávana- og fíkniefni skuldbinda aðildarríkin sig, í samræmi við samninga Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði, til þess að grípa til sérhverra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að fyrirbyggja og berjast gegn ólöglegri verslun með ávana- og fíkniefni. Aðildarríkin skuldbinda sig til að fyrirbyggja ólöglegan útflutning á ávana- og fíkniefnum með stjórnvalds- og refsiréttarlegum úrræðum. Í þeim tilgangi að berjast gegn ólöglegum innflutningi ávana- og fíkniefna skerpa aðildarríkin eftirlit á ytri landamærum með einstaklingum, vörum og flutningatækjum, m.a. með notkun nýjustu tækni við leit að fíkniefnum og með fíkniefnahundum. Markvisst eftirlit skal haft með þeim stöðum þar sem verslun með fíkniefni fer venjulega fram. Til að berjast gegn ólöglegri eftirspurn eftir ávana- og fíkniefnum grípur hvert aðildarríki til aðgerða til að fyrirbyggja og berjast gegn neikvæðum áhrifum eftirspurnarinnar. Hvert aðildarríki ákveður hvaða aðgerðum það beitir í þessum tilgangi.

Aðildarríki skulu tryggja að fullnægjandi lagaheimildir séu til að leggja hald á og gera upptækar eignir sem stafa af verslun með ávana- og fíkniefni.

Aðildarríkin skulu vegna ólöglegrar verslunar með ávana- og fíkniefni hafa möguleika á að beita afhendingu undir eftirliti.

Í 74. gr. samningsins er kveðið á um að eftirlit með löglegri verslun ávanabindandi lyfja og geðvirkra efna í samræmi við samninga Sameinuðu þjóðanna skuli fara fram innan lands. Samkvæmt ákvörðun ráðsins frá 20. maí 1999 (1999/435/EB) er 74. gr. Schengen-samningsins ekki felld undir löggjöf Evrópusambandsins og er greinin því að sama skapi undanskilin gildissviði Brussel-samningsins, sbr. 1. hluta viðauka A við hann. Þeir sem ferðast til eða innan aðildarríkjanna mega flytja þau ávanabindandi lyf og geðvirku efni sem þeim eru nauðsynleg vegna læknismeðferðar, enda geti þeir við eftirlit framvísað vottorði sem gefið er út eða staðfest af viðkomandi yfirvaldi í búsetulandi, sbr. 75. gr.

Um 7. kafla III. bálks – skotvopn og skotfæri (77.–91. gr.).

Evrópusambandið hefur sett reglur sem tekið hafa yfir hluta þeirra reglna sem Schengen-samningurinn kveður á um, m.a. á sviði skotvopna. Því er kveðið á um það í Brussel-samningnum að ákvæðin gildi ekki að svo miklu leyti sem tilskipun 91/477/EBE, og er að finna í viðauka B við samninginn, inniheldur ákvæði á sama sviði. Aðildarríkin skuldbinda sig til að löggjöf þeirra og reglur um kaup, vörslu, sölu og afhendingu á skotvopnum og skotfærum verði í samræmi við ákvæði samningsins. Skotvopn samkvæmt samningnum eru bönnuð vopn, vopn sem háð eru leyfum og vopn sem háð eru tilkynningu. Lásar, magasín og hlaup skotvopna eru háð sömu reglum og þau skotvopn sem þau eru hluti af. Stutt skotvopn eru skotvopn með allt að 30 sm hlaupi eða þegar samanlögð lengd fer ekki yfir 60 sm. Önnur skotvopn teljast löng skotvopn.

Í samningnum er gerð nánari grein fyrir mismunandi flokkum skotvopna. Ákvæði hans gilda ekki um skotvopn sem eru framleidd fyrir 1870 eða eftir fyrirmynd frá því fyrir 1870 nema í sérstökum undantekningartilvikum, enda sé ekki hægt að skjóta úr þessum vopnum með skotfærum fyrir bönnuð vopn eða vopn sem háð eru sérstöku leyfi. Sama gildir um eftirlíkingar af þessum vopnum, enda sé ekki hægt að nota málmskothylki í þær, og skotvopn sem

tæknilega eru gerð ónothæf til að skjóta hvers konar skotfærum og bera því til staðfestingar opinberan stimpil eða eru viðurkennd af slíku yfirvaldi.

Leyfi til kaupa og varðveislu skotvopna má einungis veita þeim sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

— einstaklingur sé 18 ára eða eldri; í undantekningartilvikum má þó víkja frá þessu skilyrði vegna veiði eða íþróttaiðkana;
— einstaklingur sé ekki óhæfur til þess að kaupa eða eiga skotvopn vegna geðveiki eða annarrar andlegrar eða líkamlegrar fötlunar;
— einstaklingur hafi ekki verið dæmdur fyrir refsiverðan verknað eða aðrar ástæður séu ekki til þess að ætla að hann stofni almannaöryggi og allsherjarreglu í hættu;
— ástæðan, sem hann tilgreinir fyrir kaupum og eign skotvopns, sé tekin góð og gild.

Halda skal skrá um tilkynningarskyld skotvopn samkvæmt nánari reglum sem tilgreindar eru. Jafnframt skal skylt að krefjast löggildingar til að framleiða og versla með skotvopn sem eru leyfis- eða tilkynningarskyld. Þá skal raunhæft eftirlit haft með þessum aðilum. Skotvopn skulu vera með óafmáanlegu raðnúmeri og merki framleiðanda. Vopnaframleiðendur og söluaðilar skulu halda skrár yfir öll leyfis- og tilkynningarskyld vopn sem þeir framleiða og hafa til sölu og skotvopnaleyfi skulu bera númer og nafn framleiðanda þess vopns sem leyft er.

Þeim sem löglega hefur vopn sem er leyfis- eða tilkynningarskylt er óheimilt að afhenda það öðrum sem ekki hefur leyfi eða tilkynningarvottorð. Skylt er að hafa í lögum ákvæði um að leyfi sé hægt að afturkalla uppfylli viðkomandi ekki lengur skilyrði til að eiga vopn og gera skal nauðsynlegar ráðstafanir ef gildandi lög og reglur um skotvopn eru brotin. Slíkar ráðstafanir skulu m.a. fela í sér heimild til haldlagningar og upptöku á skotvopni, afturköllun á leyfi og beitingu viðurlaga.

Þá er í samningnum ákvæði um að unnt sé að breyta ákvæðum hans um það hvaða skotvopn séu leyfis- eða tilkynningarskyld, að heimilt sé að hafa strangari ákvæði en samningurinn gerir ráð fyrir og um skipti á upplýsingum í nánar tilgreindum tilvikum.

Íslensk löggjöf á þessu sviði er þegar í samræmi við reglur Schengen-samningsins og ákvæði tilvitnaðar tilskipunar.

IV. bálkur. Upplýsingakerfi Schengen.

Um 1. kafla IV. bálks – uppsetning Schengen-upplýsingakerfisins (92. gr.).

Aðildarríkin stofna og reka sameiginlegt upplýsingakerfi sem samanstendur af kerfi í hverju einstöku aðildarríki og miðlægu tæknilegu stuðningskerfi. Kerfið veitir tilnefndum aðilum aðgang að stöðluðum upplýsingum um einstaklinga og hluti vegna persónueftirlits, rannsókna lögreglu og tollyfirvalda og vegna annarra rannsókna innan lands, vegna meðferðar á beiðnum um vegabréfsáritun og dvalarleyfi og framkvæmdar á lögum um útlendinga sem liðar í framkvæmd samningsins.

Hvert aðildarríki setur á stofn og rekur á eigin ábyrgð kerfið í sínu landi. Gagnaskrár skulu vera eins hjá öllum aðilum.

Miðlæga stuðningskerfið sendir vélrænt upplýsingar til kerfanna í hverju einstöku aðildarríki. Í gagnasafni miðlæga kerfisins eru upplýsingar um einstaklinga og hluti sem hafa þýðingu fyrir öll aðildarríki.

Um 2. kafla IV. bálks – rekstur og hagnýting upplýsingakerfisins (93.–101. gr.).

Markmiðið með rekstri upplýsingakerfisins er að veita upplýsingar í þeim tilgangi að viðhalda allsherjarreglu og öryggi, þar með talið öryggi ríkisins, og tryggja beitingu þeirra ákvæða samningsins sem varða för fólks.

Upplýsingar í kerfinu eru um einstaklinga og hluti. Um einstaklinga má skrá upplýsingar um nafn, sérstök óbreytanleg líkamleg einkenni, fyrsta bókstaf í öðru eiginnafni, fæðingardag og fæðingarstað, kyn, ríkisfang, hvort viðkomandi er vopnaður, hvort hann er talinn ofbeldissinnaður, ástæðu fyrir skráningu og til hvaða ráðstafana er óskað að gripið verði. Telji aðildarríki að skýrsla sem fylgir með beiðni um aðgerðir sé í andstöðu við lög þess ríkis, alþjóðlegar skuldbindingar eða mikilvæga hagsmuni ríkisins getur það skráð athugasemd í sinn hluta kerfisins um að beiðnin verði ekki framkvæmd á landsvæði hans.

Í kerfið eru skráðar upplýsingar um einstaklinga sem óskað er eftir að handteknir verði í þeim tilgangi að verða framseldir en samkvæmt 64. gr. samningsins skal líta á skráningu af þessu tagi sem beiðni um handtöku til bráðabirgða. Samhliða skráningu skal senda þeim aðildarríkjum sem skráningu er beint til upplýsingar um hver gaf út handtökubeiðni, hvort fyrir liggur handtökuskipun eða sambærileg ákvörðun, um hvaða refsiverðan verknað er að ræða og lagalega skilgreiningu hans, lýsingu á við hvaða aðstæður afbrot var framið, m.a. um stað og tíma, og að hve miklu leyti sá sem óskast framseldur tók þátt í því og, að svo miklu leyti sem unnt er, hvaða afleiðingar hinn refsiverði verknaður hafði. Geti aðildarríki ekki orðið við beiðni um handtöku vegna þess að það hefur ekki viðurkennt hana eða neitar að framkvæma hana skal litið á beiðnina sem beiðni um að fá upplýsingar um dvalarstað viðkomandi. Aðildarríki er ekki skylt að verða við beiðnum er varða ríkisborgara þess.

Í kerfið eru skráðar upplýsingar um útlendinga sem óskað er eftir að verði neitað um aðgang að Schengen-svæðinu. Slíkar upplýsingar eru skráðar að beiðni einstakra ríkja og vegna ákvörðunar sem tekin er af þar til bæru stjórnvaldi eða dómstóli í samræmi við reglur viðkomandi ríkis um málsmeðferð. Þessar ákvarðanir geta verið rökstuddar með því að dvöl viðkomandi útlendings geti skapað hættu fyrir opinbert öryggi eða allsherjarreglu eða vegna öryggis ríkisins. Þetta gildir sérstaklega um útlendinga sem dæmdir hafa verið fyrir afbrot sem varðar a.m.k. eins árs refsivist og útlendinga sem rökstuddur grunur leikur á að hafi framið alvarlegt afbrot eða fyrir liggja ákveðnar vísbendingar um að ætli að fremja slíkan verknað á svæðinu. Slíkar ákvarðanir geta einnig verið rökstuddar með því að viðkomandi útlendingi hafi áður verið vísað úr landi eða hann endursendur með banni um endurkomu og dvöl í landinu, enda hafi slík ákvörðun ekki verið ógilt eða felld úr gildi.

Í kerfið eru skráðar upplýsingar um horfna menn eða einstaklinga sem vegna eigin öryggis eða fyrirbyggjandi aðgerða, að beiðni viðkomandi yfirvalds, skulu þegar teknir í gæslu þannig að lögregla geti tilkynnt þeim yfirvöldum sem báðu um aðgerðir um dvalarstað viðkomandi eða hindrað frekari ferð þeirra, enda sé slíkt heimilt að lögum. Þetta ákvæði á sérstaklega við ósjálfráða einstaklinga og þá sem ákveðið hefur verið að nauðungarvista.

Í þeim tilgangi að fá upplýsingar um dvalarstað eða búsetu vitna eða einstaklinga sem stefna á fyrir dóm í sakamáli eða til að birta dóm eða ákvörðun um afplánun er heimilt að skrá upplýsingar um þá í kerfið.

Í kerfið skal skrá upplýsingar um einstaklinga og ökutæki í þeim tilgangi að hafa þau undir leynilegu eftirliti eða til að taka þau til sérstakrar athugunar. Slík skráning skal gerð vegna reksturs sakamáls og til að fyrirbyggja að hótanir er beinast að allsherjarreglu verði framkvæmdar, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um að viðkomandi ætli eða sé að fremja fleiri sérstaklega alvarleg afbrot eða með hliðsjón af heildarmati á viðkomandi, einkum á grunni fyrri afbrota, gefi ástæðu til að ætla að hann muni í framtíðinni fremja sérstaklega alvarlegt

afbrot. Að beiðni þeirra sem bera ábyrgð á öryggi ríkisins er heimilt að skrá í kerfið upplýsingar þegar fyrir liggja órækar sannanir til að ætla að slíkt sé nauðsynlegt til að fyrirbyggja alvarlegar hótanir frá viðkomandi eða aðrar alvarlegar hótanir gegn innra eða ytra öryggi ríkisins. Vegna leynilegrar eftirfarar eru í samningnum ákvæði um atriði sem heimilt er að safna og veita upplýsingar um til viðkomandi ríkis. Í þeim tilgangi sem hér er fjallað um er heimilt að framkvæma rannsókn á einstaklingum og farartækjum og farangri.

Í kerfið skal skrá upplýsingar um hluti sem eftirlýstir eru í þeim tilgangi að leggja hald á þá eða nota sem sönnunargögn í sakamáli. Upplýsingar um eftirtalda flokka hluta skulu skráðar: Stolin eða á annan hátt horfin ökutæki með sprengirými yfir 50 sm^3, stolna eða á annan hátt horfna eftirvagna og hjólhýsi sem eru yfir 750 kg, stolin eða á annan hátt horfin skotvopn, stolin eða á annan hátt horfin óútfyllt opinber skjöl og stolin eða á annan hátt horfin persónuskilríki og peningaseðla.

Aðgang að upplýsingum úr kerfinu skulu þeir einir hafa sem bera ábyrgð á persónueftirliti og önnur lögreglu- og tollyfirvöld sem bera ábyrgð á rannsóknum innan lands eða samræmingu á þeim. Sama gildir um yfirvöld sem bera ábyrgð á útgáfu vegabréfsáritana, miðlæg yfirvöld sem bera ábyrgð á rannsóknum á beiðnum um vegabréfsáritun og yfirvöld sem bera ábyrgð á útgáfu dvalarleyfa og yfirvöld sem framkvæma útlendingalöggjöfina að svo miklu leyti sem þeim er það nauðsynlegt í störfum sínum vegna framkvæmdar ákvæða samningsins um för fólks. Notendur mega einungis sækja upplýsingar sem þeim eru nauðsynlegar vegna starfa sinna.

Um 3. kafla IV. bálks – vernd persónuupplýsinga og öryggi upplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu (102.–118. gr.).

Aðildarríki mega einungis nota upplýsingar í upplýsingakerfi Schengen í þeim tilgangi sem þar er tilgreindur.

Aðili má ekki afrita upplýsingar frá öðrum aðila til nota í öðrum gagnasöfnum innan lands. Aðili má einungis fara frá einum skráningarflokki til annars í kerfinu þegar slíkt er nauðsynlegt til að fyrirbyggja yfirvofandi hættu gegn allsherjarreglu og öryggi, vegna alvarlegrar hótunar gegn öryggi ríkisins eða vegna alvarlegs afbrots, enda sé áður fengin heimild frá skráningaraðila.

Í samningnum eru ákvæði um innra eftirlit með kerfinu í hverju einstöku ríki, um að skráningar í kerfið og framkvæmd beiðna í kerfinu fari að landslögum nema samningurinn innihaldi strangari eða að öðru leyti önnur ákvæði og um að viðkomandi ríki beri ábyrgð á upplýsingum sem það setur í kerfið og að þær séu settar í það með lögmætum hætti. Einungis sá sem skráir upplýsingar má breyta þeim, bæta við þær eða afmá þær. Þar sem í samningnum eru ákvæði um framkvæmd beiðna fer það að lögum þess ríkis sem beiðni er beint til hver ber ábyrgð á framkvæmdinni. Þegar ekki er unnt að verða við beiðni skal þegar tilkynna það þeim aðila sem biður um aðgerðir.

Sérhvert aðildarríki tilnefnir miðstjórnvald sem fer með ábyrgð á kerfinu í viðkomandi landi og skulu skráningar í kerfið fara í gegnum þann aðila. Hann gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samningsákvæðin séu haldin.

Réttur einstaklings til að fá aðgang að upplýsingum um hann sjálfan í upplýsingakerfinu fer eftir lögum þess ríkis þar sem slíkra upplýsinga er krafist. Sé slíkur aðgangur heimill ákveður eftirlitsaðili viðkomandi ríkis hvort og hvernig heimilt sé að veita upplýsingar. Ekki má veita upplýsingar um skráningu frá öðru aðildarríki án þess að áður hafi verið fengin umsögn þess um málið. Neita skal um aðgang að upplýsingum ef það getur skaðað framkvæmd þeirra ráðstafana sem um er beðið eða til að vernda réttindi annarra. Sérhver einstaklingur

hefur rétt til að fá afmáðar upplýsingar um hann sjálfan séu þær efnislega eða lagalega rangar.

Sérhver skráður aðili getur á landsvæði hvers aðildarríkis skilað inn kæru til þar til bærra dómstóla eða stjórnvalda og gert kröfu um leiðréttingu eða um að skráðar upplýsingar verði afmáðar, hann fái aðgang að þeim eða skaðabætur. Aðildarríki skuldbinda sig til að framkvæma gagnkvæmt þær ákvarðanir sem teknar eru í þessu sambandi.

Persónuupplýsingar, sem skráðar eru í kerfið þegar lýst er eftir manni, skulu aðeins varðveittar á meðan nauðsynlegt er til að þjóna tilgangi sínum. Í síðasta lagi þremur árum eftir skráningu skal skráningaraðili taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt er að varðveita upplýsingarnar áfram. Í nánar tilgreindum tilvikum eru þessi tímamörk eitt ár. Aðildarríki getur í samræmi við eigin löggjöf haft þessi tímamörk styttri.

Í samningnum eru ákvæði um hve lengi aðrar upplýsingar skulu varðveittar í kerfinu.

Hvert aðildarríki tilnefnir eftirlitsaðila sem samkvæmt lögum viðkomandi ríkis skal hafa sjálfstætt eftirlit með gagnasafni viðkomandi ríkis í upplýsingakerfinu og með því að ekki sé brotið gegn réttindum skráðs aðila við meðferð og notkun upplýsinganna. Eftirlitsaðilanum skal tryggður aðgangur að gagnasafni viðkomandi ríkis í upplýsingakerfinu. Sérhver skráður aðili hefur rétt til að biðja eftirlitsaðilann að framkvæma eftirlit með upplýsingum um hann ásamt því hvernig þær hafa verið notaðar. Slíkt eftirlit fer fram eftir lögum viðkomandi ríkis. Séu upplýsingarnar skráðar af öðru aðildarríki skal eftirlitið fara fram í nánu samráði við eftirlitsaðila viðkomandi ríkis.

Setja skal á fót sameiginlegan eftirlitsaðila sem skal hafa eftirlit með miðlægum hluta gagnasafnsins. Þessi eftirlitsaðili hefur m.a. það hlutverk að hafa eftirlit með því að ákvæðum samningsins sé rétt beitt. Skal honum tryggður aðgangur að miðlæga upplýsingakerfinu. Eftirlitsaðilinn getur einnig rannsakað þau vandamál sem komið geta upp í tengslum við rekstur upplýsingakerfisins með tilliti til beitingar og túlkunar á ákvæðum samningsins og þau vandamál sem komið geta upp vegna eftirlits í einstökum ríkjum.

Hvert aðildarríki skuldbindur sig, vegna eigin hluta upplýsingakerfisins, til að gera ráðstafanir sem skulu tryggja að engir aðrir en þeir sem hafa heimild til þess geti fengið aðgang að búnaði sem notaður er til meðferðar á persónuupplýsingum kerfisins. Enn fremur skal tryggt að ekki sé unnt að lesa, afrita, breyta eða fjarlæga upplýsingar úr gagnamiðlinum af hálfu annarra en þeirra sem hafa heimild til þess, að engir aðrir en þeir sem hafa heimild geti fengið aðgang að upplýsingum í gagnasafninu og að aðrir en til þess hafa heimild öðlist ekki þekkingu til að breyta eða afmá skráðar upplýsingar. Þá skal tryggt að tölvukerfið verði ekki notað af öðrum en þeim sem hafa heimild til þess, að þeir sem hafa heimild til að nota skráðar upplýsingar fái aðeins aðgang að þeim upplýsingum sem varða starfssvið þeirra, að unnt verði að kanna og staðfesta til hvaða yfirvalda persónuupplýsingar hafa verið gefnar með vélrænum hætti, að unnt verði að kanna og staðfesta hvaða persónuupplýsingar voru færðar í annað tölvukerfi, hvenær það var gert og hver gerði það og að ekki verði unnt að lesa, afrita, breyta eða afmá persónuupplýsingar við framsendingu þeirra af öðrum en þeim sem hefur heimild til þess. Hvert aðildarríki skal aðeins tilnefna sérstaklega hæfan aðila sem sætt hefur öryggisskoðun til að fara með upplýsingar í upplýsingakerfinu í eigin landi.

Um 4. kafla IV. bálks – skipting kostnaðar við Schengen-upplýsingakerfið (119. gr.).

Kostnaður við uppsetningu og rekstur miðlæga upplýsingakerfisins og tengingar þess við upplýsingakerfin í einstökum aðildarríkjum skal borinn sameiginlega af aðildarríkjum samkvæmt reglum sem nánar er vísað til í samningnum. Aðildarríki ber sjálft kostnað af uppsetningu og rekstri þess hluta upplýsingakerfisins sem það hefur.

Um VI. bálk – vernd persónuupplýsinga (126.–130. gr.).

Með tilliti til vélrænnar meðferðar persónuupplýsinga sem veittar eru samkvæmt samningnum skal hvert aðildarríki í síðasta lagi við aðild að samningnum hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til að eigin lög þess veiti persónuupplýsingum a.m.k. þá vernd er greinir í Evrópusamningnum um vernd persónuupplýsinga.

Við vélræna meðferð persónuupplýsinga sem veittar eru samkvæmt samningnum gildir að sá sem fær upplýsingar má aðeins nota þær í þeim tilgangi sem þær voru veittar. Önnur notkun upplýsinganna er háð fyrir fram gefnu leyfi þess ríkis sem veitti þær og því að slík notkun sé í samræmi við lög þess ríkis sem fékk upplýsingarnar. Einungis má veita slíkt leyfi ef það er ekki í andstöðu við lög ríkisins sem veitti upplýsingarnar. Einungis þau dómsmálayfirvöld og aðilar mega nota upplýsingarnar sem hafa skyldum eða hlutverki að gegna vegna þess markmiðs sem að framan greinir. Sá aðili, sem veitir upplýsingar, hefur skyldur til að sjá til þess að upplýsingarnar séu réttar. Komist hann sjálfur að því eða samkvæmt beiðni frá viðkomandi einstaklingi að upplýsingarnar séu ekki réttar eða ekki átti að veita þær skal hann tilkynna það þeim aðila sem fékk þær. Sá aðili hefur skyldu til að leiðrétta upplýsingarnar, eyða þeim eða skrá athugasemd við þær um að þær séu ekki réttar eða að ekki hafi átt að veita þær. Aðildarríki getur ekki skotið sér undan þeirri ábyrgð sem hann ber að eigin lögum gagnvart einstaklingi sem orðið hefur fyrir tjóni með vísun til þess að annað aðildarríki hafi veitt rangar upplýsingar. Bæti aðili tjón vegna notkunar rangra upplýsinga sem hann hefur fengið frá öðrum aðila skal sá aðili sem veitti upplýsingarnar endurgreiða viðkomandi ríki að fullu þær bætur sem það greiddi. Skrá skal upplýsingar sem veittar eru og mótteknar í gagnagrunna aðila sem veitti og fékk upplýsingarnar.

Um persónuupplýsingar sem veittar eru samkvæmt samningnum úr gagnasafni og teknar í gagnasafn sem ekki er vélrænt gilda ákvæði næstu málsgreinar hér á undan. Framangreind ákvæði gilda um þessar upplýsingar að öðru leyti en því að ekki þarf að skrá í gagnasafn aðilanna upplýsingar um að þær hafi verið veittar eða mótteknar. Að öðru leyti gildir eftirfarandi um þessar upplýsingar: Veiting og móttaka á upplýsingum skal skráð skriflega. Þetta gildir þó ekki þegar ekki er nauðsynlegt að skrá upplýsingarnar til að nota þær, sérstaklega þegar þær eru ekki notaðar eða einungis notaðar í mjög stuttan tíma. Með tilliti til notkunar upplýsinganna skal viðtakandi þeirra tryggja vernd þeirra á sama hátt og sambærilegra upplýsinga samkvæmt hans eigin lögum. Lög þess ríkis sem beiðni er beint til gilda um aðgang viðkomandi að þessum upplýsingum og um skilyrði fyrir aðgangi að þeim.

Veiting persónuupplýsinga samkvæmt samningnum má þá fyrst eiga sér stað þegar það aðildarríki, sem á að fá upplýsingarnar, hefur tilnefnt eftirlitsaðila til að framkvæma óháð eftirlit með því að ákvæði samningsins um meðferð þessara upplýsinga séu virt. Sé sérstökum aðila samkvæmt lögum falið að hafa eftirlit með vernd persónuupplýsinga sem ekki eru í gagnasafni skal sama aðila falið að hafa eftirlit samkvæmt samningnum.

Með tilliti til verndar persónuupplýsinga sem veittar eru samkvæmt ákvæðum samningsins um lögreglusamvinnu skuldbinda aðildarríkin sig til að vernd þeirra upplýsinga sé í samræmi við ályktun Evrópuráðsins um notkun lögreglu á persónuupplýsingum. Að því er varðar veitingu upplýsinga um þá sem eiga leyfis- eða tilkynningarskyld skotvopn gildir að viðtakandi slíkra upplýsinga má einungis nota þær í þeim tilgangi sem slíkar upplýsingar voru veittar til og samkvæmt skilyrðum sem sá aðili setti sem veitti upplýsingarnar. Upplýsingarnar má einungis veita lögreglu. Án fyrir fram gefins leyfis frá þeim aðila sem veitti upplýsingarnar má ekki veita öðrum aðilum aðgang að þeim. Samkvæmt beiðni þess aðila sem veitti upplýsingarnar skal sá sem fékk þær upplýsa fyrrgreinda aðilann um til hvers upplýsingarnar hafi verið notaðar og um árangur.

Fái tengifulltrúi (sjá 7. gr. Schengen-samningsins) þær upplýsingar sem fjallað er um í þessum kafla gilda ákvæði hans einungis eftir að hann hefur framsent upplýsingarnar til þess aðila sem sendi hann til starfa á yfirráðasvæði annars ríkis.

Í samningnum eru ákvæði um undantekningar frá þeim atriðum sem tilgreind eru að framan.

Um VII. bálk – framkvæmdanefndin (131.–133. gr.).

Í bálkinum er kveðið á um framkvæmdanefnd Schengen-samstarfsins. Þar sem stofnanir Evrópusambandsins hafa leyst stofnanir Schengen af hólmi gildir bálkurinn ekki gagnvart Íslandi og Noregi, sbr. 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn. Ísland og Noregur störfuðu hins vegar með nefnd þessari á grundvelli Lúxemborgarsamningsins og undanfarandi áheyrnaraðildar landanna frá vorinu 1996 og til loka starfs hennar í apríl sl. Frá framkvæmdanefndinni stafa flestar þeirra Schengen-gerða sem Ísland og Noregur hafa samþykkt að taka mið af og þykir því rétt að gera nokkra grein fyrir henni. Auk þeirra sérstöku verkefna sem framkvæmdanefndinni voru falin með Schengen-samningnum var það hlutverk nefndarinnar að tryggja rétta beitingu samningsins.

Í framkvæmdanefndinni var einn fulltrúi frá hverju aðildarríki. Aðildarríkin höfðu einn ráðherra í nefndinni sem bar ábyrgð á framkvæmd samningsins og gat hann að svo miklu leyti sem nauðsynlegt var notið aðstoðar sérfræðings sem gat tekið þátt í umræðum. Framkvæmdanefndin tók ákvarðanir samhljóða. Hún setti sér sjálf vinnureglur og gat í því sambandi ákveðið að ákvarðanir væru teknar skriflega. Samkvæmt beiðni fulltrúa eins aðildarríkis gat endanlegri ákvörðun, sem framkvæmdanefndin hafði tekið afstöðu til, verið frestað í allt að tvo mánuði eftir að málið var borið upp.

Um VIII. bálk – lokaákvæði (134.–142. gr.).

Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gilda 134. og 139.–142. gr. Schengen-samningsins ekki gagnvart Íslandi og Noregi og stafar það m.a. af því að sum ákvæðanna hafa misst gildi sitt við færslu Schengen-samstarfsins undir Evrópusambandið. Af þeim ákvæðum sem eftir standa skiptir 136. gr., um samninga við þriðju ríki, máli meðan aðrar greinar eru fyrst og fremst lagatæknilegs eðlis. Aðildarríki, sem hyggst taka upp viðræður við þriðja ríki um persónueftirlit, skal upplýsa önnur aðildarríki um það. Ekkert aðildarríki má gera samning um einföldun eða afnám persónueftirlits við eitt eða fleiri þriðju ríki án fyrir fram samþykkis annarra aðildarríkja. Þetta takmarkar þó ekki rétt aðildarríkja Evrópusambandsins til að gera slíka samninga sín á milli.

IV. Nánar um Brussel-samninginn.

Með Lúxemborgarsamningnum frá 19. desember 1996 var Íslandi og Noregi tryggð full aðild að öllu ákvarðanaferli Schengen með sama hætti og aðildarríkjunum, að undanskildum atkvæðagreiðslum. Ísland og Noregur voru ekki bundin af ákvörðun framkvæmdanefndarinnar sem fór með æðsta vald Schengen-málefna fyrir gildistöku Amsterdam-sáttmálans. Tóku ríkin hverju sinni sjálfstæða ákvörðun um hvort þau samþykktu niðurstöðu framkvæmdanefndarinnar.

Með Lúxemborgarsamningnum var tilvist norræna vegabréfasambandsins varin en það byggist á sömu grundvallarsjónarmiðum og Schengen-samstarfið. Lúxemborgarsamningurinn tryggði:

- áframhaldandi ferða- og vegabréfafrelsi milli norrænna ríkja,
- aðild að stærsta ferðafrelsissvæði Evrópu,

- þátttöku í aukinni lögreglusamvinnu Evrópuríkja gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi og
- þátttöku í víðtæku samstarfi gegn ólöglegum innflytjendum.

Með Amsterdam-sáttmálanum var ákveðið að færa Schengen-samstarfið undir Evrópusambandið eins og áður er greint frá. Því var ljóst að endursemja þyrfti um þátttöku Íslands og Noregs í samstarfinu en í svonefndri Schengen-bókun við Amsterdam-sáttmálann er sérstaklega að því vikið og kveðið á um að það skyldi gert á grunni Lúxemborgarsamningsins. Þeim samningaviðræðum lauk með gerð Brussel-samningsins eins og áður segir.

Með Brussel-samningnum var áframhaldandi þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu tryggð. Samningurinn er gerður milli ráðs Evrópusambandsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar. Aðild ráðsins að samningnum byggðist á gildistöku Amsterdam-sáttmálans og því var fyrst unnt að undirrita samninginn eftir 1. maí 1999 en meginmál samningsins var að mestu frágengið í desember 1998. Brussel-samningurinn leysir Lúxemborgarsamninginn af hólmi og kveður eins og hann fyrst og fremst á um stofnanalegt fyrirkomulag þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu.

Eins og áður hefur komið fram var megináhersla lögð á tvennt af Íslands hálfu í viðræðunum um gerð Brussel-samningsins. Annars vegar að þátttaka Íslands og Noregs væri tryggð við mótun ákvarðana og rekstur samningsins og hins vegar að nýr samningur héldi öllum einkennum almenns þjóðréttarsamnings, án þátta sem kallast mættu yfirþjóðlegir. Af hálfu Evrópusambandsins þurfti hins vegar að gæta að því að sjálfstæði stofnana og innra starfs Evrópusambandsins væri tryggt.

Ljóst er að með Brussel-samningnum hefur náðst ásættanleg niðurstaða hvað varðar þjóðréttarlega stöðu samstarfsins. Í samningnum er hvorki gert ráð fyrir íþyngjandi eftirlitshlutverki framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins né dómsvaldi Evrópudómstólsins gagnvart Íslandi og Noregi.

Erfitt reyndist fyrir Evrópusambandið vegna grundvallarreglna þess um stöðu ráðsins og meðferð innri mála að koma nægilega til móts við kröfur Íslands og Noregs um þátttöku í mótun gerða en eftir nokkra erfiða samningafundi náðist niðurstaða um fyrirkomulag þátttöku Íslands og Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-reglna. Niðurstaðan var, að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis og ráðgjafa samninganefndarinnar um stjórnskipunarmálefni, metin ásættanleg.

Þannig kveður Brussel-samningurinn á um að komið sé á laggirnar samsettri nefnd sem kemur saman á stigi sérfræðinga, háttsettra embættismanna (COREPER) og ráðherra. Ráðgert er að öll undirbúningsvinna, umræða og mótun nýrra Schengen-gerða fari fram í samsettu nefndinni en einungis hin formlega ákvarðanataka um Schengen-málefni verði í hinum formlegu nefndum Evrópusambandsins. Ísland og Noregur taka sem fyrr sjálfstæða ákvörðun hvort fyrir sig um hvort þau kjósa, að undangenginni þátttöku sinni í undirbúningi ákvarðana, að bindast þeim og taka þær upp í löggjöf sína á grundvelli eigin stjórnskipunarlaga.

Vert er að taka fram að Evrópusambandið áskilur sér rétt til þess að ræða mál fyrst í sínum hópi ef það telur það nauðsynlegt. Af aðdraganda samningaviðræðnanna má ráða að það sé einkum ef um er að ræða málefni sem tengjast samstarfssviðum Evrópusambandsins sem eru utan við Schengen-samstarfið sem sú nauðsyn gæti komið upp að halda sérstaka Evrópusambandsfundi fyrir fundi samsettu nefndarinnar. Í samningsumboði kemur og fram að undirbúningsfundir á vettvangi Evrópusambandsins mundu vera undantekning en ekki regla. Aftur á móti er skýrt tekið fram í 1. mgr. 4. gr. Brussel-samningsins að samsettu nefndinni er ætlað að taka á öllum þeim málum sem falla undir samninginn og tryggja að sjónarmið Íslands og Noregs fái tilhlýðilega umfjöllun. Í ljósi þess verður að telja þetta ásættanlegt þótt vissulega

hefði verið æskilegt að kveðið hefði verið með enn afdráttarlausari hætti á um fulla þátttöku Íslands og Noregs í allri mótun nýrra gerða, utan atkvæðagreiðslna.

Til frekari stuðnings því að samsetta nefndin verði hinn raunverulegi vettvangur allrar mótunar nýrra Schengen-gerða eru að auki ákvæði í inngangskafla samningsins. Þar er m.a. vísað til þess markmiðs með Lúxemborgarsamningnum að viðhalda norræna vegabréfasamstarfinu og þess að virða skuli og þjóna markmiðum og tilgangi Lúxemborgarsamningsins með því að gera samning á grunni hans sem tengi Ísland og Noreg við framkvæmd Schengengerðanna og tryggi áframhaldandi þátttöku þeirra í Schengen-samstarfinu. Enn fremur er áréttuð nauðsyn þess að allir aðilar, þ.m.t. Ísland og Noregur, sem beita ákvæðum Schengengerðanna og geta síðar þurft að hlíta því að þeim sé beitt gagnvart þeim, taki á viðeigandi hátt, á hvaða vettvangi sem er, þátt í umræðum um beitingu þeirra í reynd, framkvæmd þeirra og undirbúningi að frekari þróun þeirra. Að lokum er því lýst yfir í inngangskaflanum að samsetta nefndin sé vettvangur Íslands og Noregs til þátttöku í þessu starfi.

Samsetta nefndin er því virkur samstarfsvettvangur Íslands, Noregs og aðildarríkja Evrópusambandsins. Það styrkir stöðu Íslands og Noregs að samstarf um persónueftirlit er þannig að það er í allra þágu að öll aðildarríki taki fullan þátt í undirbúningi mála. Aðildarríki Evrópusambandsins stefndu eigin öryggi og skilvirku eftirliti í hættu með óþarfa pukri gagnvart ríkjum innan sameiginlega persónueftirlitssvæðisins. Eðli samstarfsins og hagsmunir aðildarríkjanna krefjast virkrar þátttöku Íslands og Noregs frá upphafi til enda. Schengensamstarfið hefur til þessa gengið þannig að það styrkir enn stöðu Íslands og Noregs. Í ljósi þessa er ekki ástæða til annars en að ætla að samsetta nefndin verði á vettvangi sérfræðinga hinn raunverulegi vettvangur mótunar nýrra Schengen-gerða.

Innan Evrópusambandsins eru þau málefni, sem ekki verða rædd til hlítar meðal sérfræðinga og eru sérstaklega mikilvæg eða viðkvæm, jafnan sett á dagskrá ráðherrafunda. Áður en málið kemur til kasta ráðherra eru þau tekin fyrir á fundum fastafulltrúa (COREPER) og er þess freistað þar að leysa vandann eða einfalda og undirbúa umræðuna fyrir ráðherrafundinn. Dómsmála- og innanríkisráðherrar Evrópusambandsins funda 4–6 sinnum á ári og þó ekki sé víst að Schengen-málefni séu fastur liður á dagskrá þeirra má ætla að þau verði alloft til umræðu.

Samkvæmt Brussel-samningnum er ekki gengið út frá því sem gefnu að Ísland og Noregur sæki ráðherrafundi Evrópusambandsins sjálfkrafa eða að ævinlega séu haldnir ráðherrafundir samsettu nefndarinnar í hvert skipti sem Evrópusambandsráðherrar á þessu sviði þinga. Hins vegar hafa Ísland og Noregur rétt á að fara fram á fund ráðherra hvenær sem er til þess að skýra afstöðu sína varðandi einstök málefni innan samningsins og eru ekki takmarkanir á þeim rétti. Sérstök yfirlýsing áréttar þetta. Fyrir liggur að Ísland og Noregur munu fara fram á þátttöku í hvert sinn sem Schengen-málefnum hefur verið vísað áfram til ráðherra. Þegar slíkur ráðherrafundur samsettu nefndarinnar er í undirbúningi verður einnig boðað til fundar háttsettra embættismanna. Á vettvangi fastafulltrúa Evrópusambandsins er algengt að umræðan tengi saman óskyld málefni í leit að heildarlausn sem taki tillit til ólíkra hagsmuna aðildarríkjanna. Einmitt þess vegna er vitað að mörg aðildarríki Evrópusambandsins eru því mótfallin að veita utanaðkomandi ríkjum á borð við Ísland og Noreg aðgang að umræðunni. Á þessu stigi umræðunnar má því búast við einhverjum takmörkunum á þátttöku Íslands og Noregs. Almenn inngangsorð samningsins taka þó af allan vafa um að stefnt sé að víðtæku samstarfi. Af þeirri reynslu sem orðin er af framkvæmd samningsins má ráða að Evrópusambandið hyggist framkvæma þennan hluta samningsins á traustvekjandi hátt. Þegar hefur verið haldinn fundur á vettvangi ráðherra sem undirbúinn var af nefnd háttsettra embættismanna og er annar fyrirhugaður fyrir áramótin 1999/2000.

Þrátt fyrir að Ísland og Noregur hefðu kosið enn afdráttarlausari ákvæði um fulla þátttöku á öllum sviðum má ekki líta fram hjá því að með Brussel-samningnum hefur Evrópusambandið gengið lengra í að hleypa þriðju ríkjum að starfsemi ráðsins en áður er dæmi um. Í því samhengi má minna á að ekki var orðið við kröfu EFTA-ríkjanna í EES-viðræðunum um formbundinn aðgang að starfsemi ráðsins.

Ísland og Noregur skuldbinda sig á svipaðan hátt og ráð var fyrir gert í Lúxemborgarsamningnum til þess að taka upp og framkvæma Schengen-reglur eins og þær eru tilgreindar í sérstökum viðaukum. Árlega munu íslensk stjórnvöld gefa skýrslu um það í samsettu nefndinni hvernig framkvæmd hefur gengið. Nýjar Schengen-gerðir, sem Ísland og Noregur hafa tekið þátt í að undirbúa innan samsettu nefndarinnar, verða fyrst samþykktar af viðeigandi stofnun Evrópusambandsins en síðar taka Ísland og Noregur hvort um sig sjálfstæða ákvörðun um aðild að þeim. Tilkynni Ísland eða Noregur ekki innan þrjátíu daga að gerð sé samþykkt er litið á það sem uppsögn en sambærileg ákvæði voru í Lúxemborgarsamningnum. Sérákvæði eru um málsmeðferð í þeim tilvikum þegar Ísland og Noregur geta stjórnskipunar sinnar vegna ekki samþykkt nýja Schengen-gerð fyrr en að aflokinni þingmeðferð.

Lúxemborgarsamningurinn sætti gagnrýni fyrir að allur samningurinn var sjálfkrafa í húfi í hvert skipti sem gerð kynni að vera hafnað. Samkvæmt Brussel-samningnum er hins vegar gert ráð fyrir níutíu daga sáttaferli til þess að leita leiða til að halda samstarfi áfram þó svo að Ísland eða Noregur hafni gerð. Takist ekki að finna lausn á þeim tíma er samningnum slitið gagnvart viðkomandi ríki þremur mánuðum eftir að frestur rennur út, eða eftir sex mánuði alls. Sérstaklega er tekið fram í yfirlýsingu að leitað verði sátta á ráðherrafundi. Brussel-samningurinn er hvað þetta varðar betri en Lúxemborgarsamningurinn því að neitun eða frestur á samþykki nýrrar gerðar leiðir ekki á jafnsjálfkrafa hátt til uppsagnar eins og var samkvæmt Lúxemborgarsamningnum.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að Schengen-samstarfið er þess eðlis að það fellur nær allt undir verksvið framkvæmdarvaldsins. Engin ákvörðun sem tekin hefur verið innan Schengen frá því Ísland hóf þátttöku 1996 hefur krafist þingmeðferðar. Eftir að almennur rammi hefur verið mótaður er mjög ólíklegt að til þess komi að ný Schengen-gerð þurfi að fara fyrir þing. Ekki þótti til dæmis ástæða til þess að taka á því sérstaklega í Lúxemborgarsamningnum hver málsmeðferð yrði ef gerð þyrfti að sæta þingmeðferð. En þar sem allur samningurinn er í húfi í hvert sinn sem gerð er hafnað og ekki er hægt að útiloka þann möguleika að ákvörðun verði tekin innan Evrópusambandsins sem þyrfti að fara fyrir þing áður en Ísland eða Noregur gætu orðið aðilar að henni var talið æskilegt að ganga frá sérstökum ákvæðum um það í samningnum hvert verklagið yrði í slíkum tilfellum.

Alla jafna verður stefnt að því að gerð gangi í gildi á sama tíma á öllu Schengen-svæðinu. Sé gerð hins vegar þess eðlis að hún þurfi að fara fyrir þing á Íslandi eða Noregi verður gildistökutíminn fyrir Ísland eða Noreg ákveðinn með það fyrir augum að gefa nægilegt svigrúm til umræðu og ákvörðunar á þingi. Gera má ráð fyrir að ljóst sé með nokkuð löngum aðdraganda hvort væntanleg sé gerð sem er þess eðlis að hún þurfi að fara fyrir þing.

Evrópusambandinu er hins vegar umhugað um að einhver tímafrestur sé skilgreindur svo Ísland eða Noregur geti ekki dregið endalaust að segja af eða á. Framkvæmd nýrrar Schengen-gerðar megi ekki dragast óhóflega vegna þess að verið sé að bíða eftir ákvörðun Íslands eða Noregs. Hér lágu hagsmunir Noregs og Íslands ekki saman.

Norðmenn kusu fremur almennan sex mánaða frest eftir tilkynningu til að ljúka þingmeðferð og buðu á móti að nýrri Schengen-gerð yrði beitt til bráðabirgða. Norðmenn töldu sig á grundvelli almennra laga geta heimilað framkvæmdarvaldinu að hlutast til um bráðabirgðainnleiðingu Schengen-gerðar þrátt fyrir að mestar líkur væru á því að hana þyrfti að leggja

fyrir þing vegna þess að hún væri ósamþýðanleg norskum lögum. Að höfðu samráði við ráðgjafa samninganefndar Íslands um stjórnskipunarmálefni og utanríkismálanefnd var talið að slík lagaheimild til bráðabirgðabeitingar Schengen-gerða sem samrýmdust ekki íslenskum lögum stæðist varla íslenskar stjórnskipunarreglur um mörk löggjafar- og framkvæmdarvalds.

Því var valin sú leið af Íslands hálfu að byggja á samningsskuldbindingu um að við ákvörðun um gildistöku að því er Ísland varðar yrði tekið tillit til yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda um að ný Schengen-gerð yrði háð þingmeðferð og gildistaka gæti þannig verið ákveðin talsvert síðar fyrir Ísland en fyrir önnur ríki. Hefð er fyrir lengri þinghléum á Íslandi en í Noregi og fastur sex mánaða frestur til þingmeðferðar kynni því að vera með skemmsta móti, t.d. á kosningaári.

Vert er að hafa í huga að Norðmenn kunna vegna landfræðilegrar legu sinnar að þurfa við ákveðnar aðstæður að vera reiðubúnir til að grípa til aðgerða, svo sem á landamærum sínum, án fyrirvara, en þeir eiga t.d. landamæri á landi að Rússlandi.

Evrópusambandið lagði upp með það í samningaviðræðunum að kveðið yrði á um að Ísland og Noregur *gætu* með sérstakri yfirlýsingu leyft dómstólum sínum að leita til Evrópudómstólsins eftir ráðgefandi áliti og að Íslandi og Noregi væri *gefinn kostur* á því að láta deilumál koma til kasta Evrópudómstóls. Svipuð ákvæði voru í EES-samningnum en honum fylgdu yfirlýsingar um að þessir möguleikar yrðu ekki nýttir af Íslandi eða Noregi. Óskum Evrópusambandsins um ákvæði af þessu tagi var bæði hafnað af Íslandi og Noregi. Því kveður Brussel-samningurinn einvörðungu á um að samningsaðilar muni í samsettu nefndinni fylgjast með því hvernig Evrópudómstóllinn túlkar ákvæði sem falla undir samninginn og að Íslandi og Noregi verði gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir þegar mál á vegum aðildarríkja Evrópusambandsins, sem varða túlkun ákvæða samningsins, eru til umfjöllunar í dómstólnum. Við þetta bætist síðan að Ísland og Noregur munu upplýsa Evrópusambandið um íslenskar og norskar dómsúrlausnir um Schengen-gerðir.

Sérstök ákvæði eru um úrlausn deilumála og þá stöðu ef verulegt misræmi kemur upp varðandi túlkun og framkvæmd samningsins. Er þá gert ráð fyrir að leitað verði lausna í samsettu nefndinni. Sé ekki hægt að leysa málið þar innan tveggja mánaða leiðir það til uppsagnar.

Þátttaka Íslands og Noregs í kostnaði við framkvæmd samningsins er leyst á þann hátt að ákveðið er fast hlutfall af ákveðinni upphæð, 300 millj. belgískra franka. Er sú upphæð miðuð við rekstrarkostnað Schengen-skrifstofunnar árið 1998, en framlagið verður síðan árlega lagað að verðlagsþróun innan Evrópusambandsins. Árlegt framlag Íslands til rekstrarins er 0,1%, eða um 0,6 millj. kr. miðað við núverandi gengi. Þegar um er að ræða sérstök verkefni utan fjárlaga Evrópusambandsins verður greiðsla Íslands og Noregs í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Þessi lausn virðist ágætlega hagstæð Íslandi og byggist á hagstæðum samningum sem Ísland náði um greiðslu framlaga innan Schengen-samstarfsins áður en það var sameinað Evrópusambandinu.

V. Athugasemdir um einstakar greinar Brussel-samningsins.

Samningurinn inniheldur átján greinar auk tveggja viðauka og yfirlýsinga, bókana og lokagerðar sem fylgdu honum.

Viðaukarnir tveir afmarka efnissvið samvinnunnar og eru í viðauka A allar Schengengerðir sem eiga rætur sínar að rekja til Schengen-samstarfsins utan stofnanaramma Evrópusambandsins en í viðauka B eru þær EB-gerðir sem samstarfið nær til. Af Schengen-gerðunum eru það Schengen-samkomulagið og Schengen-samningurinn sem afmarka efnissvið sam-

vinnunnar og skapa grundvöll fyrir þeim ákvörðunum um framkvæmd og útfærslu samstarfsins sem framkvæmdanefndin gat staðið að. Schengen-gerðirnar sem vísað er til í viðaukunum eru ekki formlegur hluti Brussel-samningsins og fylgja því ekki með tillögu þessari utan Schengen-samkomulagið og Schengen-samningurinn. Alþingi verður hins vegar tryggður aðgangur að gerðum þessum eftir því sem óskað er vegna þingmeðferðar málsins.

Hluti Schengen-gerðanna er þess eðlis að um þær verður að ríkja trúnaður eigi samningsmarkmiðin að nást. Hér er einkum um að ræða handbækur fyrir framkvæmd persónueftirlits, lögreglusamstarf, starfsemi upplýsingakerfis Schengen og um útgáfu vegabréfsáritana en ekki síður ýmiss konar tæknilega staðla er samstarfið byggist á. Alþingi verður að sjálfsögðu gerð grein fyrir efni þessara reglna í trúnaði en þeirra er að öðru leyti ekki getið í tillögu þessari. Ástæða þess að aðildarríkin hafa flokkað skjölin sem trúnaðarskjöl er að þau innihalda reglur og leiðbeiningar sem afbrotamenn gætu misnotað og þar með ógnað öryggi aðildarríkjanna og íbúa þeirra ef gerð væru opinber.

Þýðing gerðanna yfir á íslensku er nú á lokastigi og verða þær, að undanskildum þeim gerðum sem eru trúnaðarmál, birtar á heimasíðum dómsmálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins eftir því sem þýðingar verða frágengnar.

Almennt eru gerðirnar þess eðlis að þær þarfnast ekki lagabreytinga en munu verða teknar upp í íslenskan landsrétt ýmist í formi reglugerða eða starfsfyrirmæla. Sérstök grein er gerð fyrir þörf á lagabreytingum í lok greinargerðar þessarar.

Athugasemdir við einstakar greinar samningsins.

Um formálsorð.

Í formálsorðum samningsins er gerð grein fyrir aðdraganda samningsgerðarinnar og meginmarkmiðum samningsaðila. Gerð er grein fyrir Lúxemborgarsamningnum og því meginmarkmiði hans að varðveita norræna vegabréfasambandið. Því næst er vikið að Schengenbókuninni við Amsterdam-sáttmálann þar sem fram kom skuldbinding Evrópusambandsins til að ganga til samninga við Ísland og Noreg um þátttöku þeirra í Schengen-samstarfinu eftir að það hefði verið fært til stofnana Evrópusambandsins og að slíkur samningur yrði að vera reistur á grunni Lúxemborgarsamningsins. Enn fremur er vikið að nauðsyn þess að allir aðilar að Schengen-samstarfinu komi að allri umræðu, á öllum stigum, sem snýr að beitingu Schengen-gerða í reynd, framkvæmd þeirra og undirbúningi að frekari þróun. Í lok formálsorðanna er því lýst yfir að nauðsyn sé að setja á laggirnar samsetta nefnd samningsaðila utan stofnanaramma Evrópusambandsins sem tryggi þátttöku Íslands og Noregs í ferlinu við ákvarðanatöku á þessum sviðum.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um að Ísland og Noregur skuli taka þátt í starfi Evrópubandalagsins og Evrópusambandsins á þeim sviðum sem afmörkuð eru með viðaukum A og B. Um þátttökuna fer eftir ákvæðum samningsins sem að öðru leyti skapar samningsaðilum gagnkvæm réttindi og skyldur í samræmi við ákvæði samningsins um málsmeðferð.

Um 2. gr.

Með 2. gr. er efnissvið Schengen-samstarfsins sem fellur undir samninginn afmarkað og um það vísað til tveggja viðauka við samninginn. Schengen-gerðirnar sem falla undir samninginn eru í öllum meginatriðum þær sömu og voru felldar undir Evrópusambandið með ákvörðun ráðsins frá 20. maí 1999 (1999/435/EB).

Nánar tiltekið er í 1. mgr. kveðið á um að Ísland og Noregur skuli koma í framkvæmd og beita ákvæðum Schengen-gerðanna sem tilgreindar eru í viðauka A. Þar er um er að ræða sömu gerðir og tilgreindar voru í viðauka við Lúxemborgarsamninginn eins og þeim hefur verið breytt, við þær bætt eða þær felldar niður fram að gildistöku Amsterdam-sáttmálans. Ísland hefur tekið þátt í mótun Schengen-gerða með þátttöku sinni í starfi framkvæmdanefndarinnar, fyrst á grundvelli boðs Schengen-ríkjanna um áheyrnaraðild frá vorinu 1996, og síðan á grundvelli ákvæða Lúxemborgarsamningsins um þátttöku í starfi framkvæmdanefndarinnar til bráðabirgða frá undirritun samningsins 19. desember 1996.

Í 2. mgr. er vísað til viðauka B þar sem tilgreindar eru þær ESB-gerðir sem leyst hafa af hólmi ákvæði Schengen-samningsins frá 1990 eða ákvæði sem reist hafa verið á honum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Ísland og Norgur skuli samþykkja, koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum Evrópusambandsins sem breyta eða bætast við þau ákvæði sem um getur í viðaukum A og B að teknu tilliti til málsferðarreglna samningsins.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er kveðið á um stofnun og samsetningu samsettu nefndarinnar.

Nefndin skal skipuð fulltrúum Íslands, Noregs, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Þetta felur það í sér að fulltrúar Bretlands og Írlands eiga sæti í nefndinni þótt löndin séu ekki þátttakendur í Schengen-samstarfinu. Þessi sérstaka aðstaða ríkjanna tveggja og ákvæði Amsterdam-sáttmálans um heimild þeirra til að sækja um að taka þátt í samstarfinu að hluta eða öllu leyti gerði það nauðsynlegt að semja sérstaklega um gagnkvæm réttindi og skyldur þeirra gagnvart Íslandi og Noregi í samræmi við 2. mgr. 6. gr. Schengen-bókunar Amsterdam-sáttmálans. Er sérstök grein gerð fyrir þessum samningi síðar. Samsetta nefndin tók til starfa strax við undirritun samningsins, sbr. 4. mgr. 15. gr.

Samsetta nefndin setur sjálfri sér starfsreglur og skulu þær samþykktar samhljóða. Í yfirlýsingu Evrópusambandsins, sbr. 5. lið lokagerðar samningsins, kemur fram sú skoðun þess að í þeim tilvikum þegar samsetta nefndin ályktar um mál skuli ályktanir vera samhljóða nema annað leiði af starfsreglum nefndarinnar. Voru málsmeðferðarreglur þessar samþykktar í lok júní 1999.

Samkvæmt 3. mgr. kallar formaður til nefndarfunda að eigin frumkvæði eða eftir ósk einhvers nefndarmanns.

Í 4. mgr. eru ákvæði um að samsetta nefndin geti komið saman skipuð ráðherrum, háttsettum embættismönnum eða sérfræðingum og í 5. mgr. eru ákvæði um hvernig forsæti skuli skipað. Á vettvangi sérfræðinga skal fulltrúi Evrópusambandsins vera í forsæti en á vettvangi háttsettra embættismanna og ráðherra skal forsæti vera til skiptis, til sex mánaða í senn, hjá fulltrúa Evrópusambandsins og hjá fulltrúa Íslands eða Noregs. Gegnir Ísland formennsku á þessum vettvangi frá 1. júlí til 31. desember 1999.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er kveðið á um hlutverk samsettu nefndarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. skal nefndin fjalla um öll málefni er falla undir 2. gr. samningsins. Auk þess skal tryggt að hvert það atriði er Ísland og Noregur láta sig varða fái tilhlýðilega umfjöllun. Af formálsorðum verður ráðið að nefndin skal vera vettvangur umræðu allra þeirra aðila er framkvæma reglur Schengen-samningsins, um framkvæmd þeirra og um undirbúning frekari þróunar þeirra. Tengir nefndin þannig Ísland og Noreg við undirbúning ákvarðana á vettvangi Schengen-samstarfsins.

Þegar hlutverk samsettu nefndarinnar er skoðað verður einnig að hafa í huga 5. og 8.–11. gr. sem fjalla m.a. um skyldu til upplýsingamiðlunar, samráð um túlkun og um lausn ágreiningsmála.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um fundi samsettu nefndarinnar á vettvangi ráðherra þar sem ráðherrar Íslands og Noregs eiga þess kost að útskýra vandamál sem komið hafa upp að því er varðar tiltekna gerð eða ráðstöfun eða taka afstöðu til vandamála sem aðrar sendinefndir standa frammi fyrir. Auk þess geta þeir skýrt sjónarmið sín í sérhverju álitamáli er viðvíkur þróun eða framkvæmd ákvæða sem þá varða. Í þessu samhengi verður og að hafa í huga formálsorð samningsins þar sem fram kemur að allir þeir er framkvæma reglur Schengen muni á öllum stigum taka þátt í umfjöllun um þær. Í yfirlýsingu 1 við samninginn lýsa Ísland og Noregur því yfir að þau telji að það sé þeirra að meta hvort skilyrði þau er greinir í ákvæðinu hafi verið uppfyllt. Auk þess undirstrika ríkin í yfirlýsingu þessari rétt sinn til að óska eftir fundi í nefndinni á hvaða vettvangi sem er í samræmi við 3. mgr. 3. gr.

Samkvæmt 3. mgr. eru fundir samsettu nefndarinnar á vettvangi ráðherra undirbúnir af nefnd háttsettra embættismanna. Á vettvangi Evrópusambandsins er það venja að nefnd fastafulltrúa aðildarríkjanna (COREPER) undirbúi ráðherrafundi. Reyndist af þeim sökum nauðsynlegt að samsetta nefndin kæmi einnig saman á þeim vettvangi til að undirbúa fundi ráðherra.

Í 4. mgr. er fjallað um rétt Íslands og Noregs til að leggja fram hugmyndir í samsettu nefndinni og fá umfjöllun um þær. Frekari framgangur þeirra er undir því kominn að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða eitt aðildarríkja Evrópusambandsins geri þær formlega að sínum tillögum. Rétt er að taka fram að með þessu er átt við rétt ríkjanna til að leggja fram hugmyndir að nýjum aðgerðum eða að nýrri gerð á vettvangi Schengen. Hér er ekki átt við einstakar tillögur sem fulltrúar Íslands og Noregs kunna að leggja fram við umræður um fram komnar tillögur framkvæmdastjórnar eða einstakra aðildarríkja.

Um 5. gr.

Með 5. gr. er lögð almenn upplýsingaskylda á ESB til að tilkynna samsettu nefndinni um allar gerðir eða ráðstafanir sem eru í undirbúningi í ráðinu og kunna að varða samninginn. Til viðbótar koma önnur ákvæði samningsins sem innihalda upplýsingaskyldu um gerðir sem samningurinn nær yfir og má þar nefna 4. og 8. gr. Þannig mun upplýsingaskylda á grunni 5. gr. fyrst og fremst hafa sjálfstæða þýðingu um gerðir er falla utan samningsins en kunna þó að tengjast honum óbeint.

Í þessu sambandi er og rétt að hafa í huga yfirlýsingu 6 þar sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skuldbindur sig til að tilkynna Íslandi og Noregi þegar hún sendir ráði Evrópusambandsins og Evrópuþinginu tillögur sínar er varða samninginn.

Um 6. gr.

Með 6. gr. er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli við undirbúning nýrra Schengengerða leita óformlega ráða íslenskra og norskra sérfræðinga til jafns við sérfræðinga frá aðildarríkjum ESB. Grein þessi á sér samsvörun í 103. gr. EES-samningsins og getur eins og hún haft mikið hagnýtt gildi.

Um 7. gr.

Með 7. gr. er kveðið á um að samið skuli um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákveða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram hjá einhverjum samningsaðila. Um

þessi mál fer nú eftir Dyflinnarsamningnum sem áður er getið, en samningurinn leysti af hólmi ákvæði 7. kafla II. bálks Schengen-samningsins um ábyrgð á meðferð beiðna um hæli.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er kveðið á um samþykkt nýrra gerða og ráðstafana sem falla undir Schengen-samstarfið, skuldbindingargildi þeirra gagnvart Íslandi og Noregi og gildistöku. Enn fremur er í greininni kveðið á um afleiðingar þess ef Ísland og Noregur ákveða að samþykkja ekki nýja Schengen-gerð.

Í 1. mgr. er kveðið á um að samþykkt nýrra gerða og ráðstafana sem varða Schengen sé í höndum þar til bærra stofnana Evrópusambandsins. Evrópusambandið er skuldbundið til að tilkynna Íslandi og Noregi strax um samþykkt nýrra gerða og ráðstafana, sbr. a-lið 2. mgr. Þótt gert sé ráð fyrir einhliða samþykki nýrra gerða og ráðstafana af hálfu Evrópusambandsins verður að hafa í huga að gert er ráð fyrir að Ísland og Noregur hafi í samræmi við ákvæði Brussel-samningsins tekið fullan þátt í undanfarandi mótun gerðanna á vettvangi samsettu nefndarinnar.

Með 1. mgr. er mörkuð sú stefna að nýjar gerðir skuli ganga í gildi samtímis innan Evrópusambandsins og á Íslandi og í Noregi. Því er sérstaklega tekið fram að við mótun gildistökuákvæða skuli tekið tilhlýðilegt tillit til þess tíma sem Ísland og Noregur kunna að þurfa til að unnt sé að uppfylla stjórnskipuleg skilyrði fyrir því að löndin skuldbindi sig. Ísland og Noregur skulu upplýsa um slíkt á vettvangi samsettu nefndarinnar. Þess er að vænta að flestar nýjar gerðir og ráðstafanir vegna Schengen verði þess efnis að íslensk og norsk stjórnvöld geti framkvæmt þær innan ramma gildandi laga og þurfi því ekki að gera fyrirvara vegna þingmeðferðar. Í því þeim tilvikum þegar þingmeðferð er nauðsynleg skal Evrópusambandið taka tilhlýðilegt tillit til þess við ákvörðun gildistökutíma.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. skulu Ísland og Noregur hvort fyrir sig ákveða hvort þau samþykki efni nýrrar Schengen-gerðar eða ráðstöfunar. Löndin skulu tilkynna Evrópusambandinu um ákvörðun sína innan 30 daga frá samþykkt gerðar eða ráðstöfunar. Slík tilkynning, sem er einhliða, stofnar til þjóðréttarlegrar skuldbindingar Íslands gagnvart Evrópusambandsríkjunum og Noregi. Án tilkynningarinnar verða ríkin hins vegar ekki skuldbundin en ákvæði 4. mgr. koma til framkvæmda.

Í b-lið 2. mgr. er kveðið á um hvernig staðið skuli að tilkynningum af Íslands hálfu þegar ný Schengen-gerð eða ráðstöfun kallar á atbeina Alþingis. Ísland mun í slíku tilviki tilkynna Evrópusambandinu um að atbeina þingsins þurfi til áður en stjórnvöld geti skuldbundið sig. Stjórnvöld munu í slíkum tilvikum hafa farið fram á að gildistaka viðkomandi gerðar eða ráðstöfunar verði ákvörðuð þannig að fullnægjandi svigrúm sé til þingmeðferðar, sbr. 1. mgr., og Evrópusambandið er samkvæmt sömu grein skuldbundið til að taka tilhlýðilegt tillit til þess. Ísland sendir síðan að lokinni þingmeðferð, og að því gefnu að niðurstaða hennar hafi verið jákvæð, aðra tilkynningu sem stofnar til hinnar þjóðréttarlegu skuldbindingar. Sú tilkynning á að berast í seinasta lagi fjórum vikum fyrir gildistökudag gerðarinnar eða ráðstöfunarinnar.

Í c-lið 2. mgr. er kveðið á um hvernig staðið skuli að tilkynningum af hálfu Noregs þegar ný Schengen-gerð eða ráðstöfun kallar á atbeina Stórþingsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um þjóðréttarlegt skuldbindingargildi tilkynninga Íslands og Noregs samkvæmt framangreindu.

Í 4. mgr. er kveðið á um málsmeðferð í þeim tilvikum að annaðhvort Ísland eða Noregur samþykkja ekki nýja Schengen-gerð eða ráðstöfun. Slíkt getur gerst hvort sem er með því að beinlínis sé tilkynnt að gerð sé ekki samþykkt eða með því að áskildar tilkynningar skv. 8.

gr. berist ekki á réttum tíma. Í slíkum tilvikum telst samningnum slitið að því er varðar Ísland eða Noreg, eftir því sem við á, nema samsetta nefndin ákveði annað. Samsetta nefndin skal kanna ítarlega leiðir til að halda samningnum í gildi og hefur 90 daga til þess. Í yfirlýsingu 2 með samningnum hafa Ísland og Noregur lýst því yfir að ríkin muni í tilvikum sem þessum nýta rétt sinn skv. 3. mgr. 3. gr. og óska eftir fundi í samsettu nefndinni á vettvangi ráðherra svo að leita megi leiða til að halda samningnum í gildi. Renni framangreindur frestur út án þess að samsetta nefndin finni leið til að halda samningnum í gildi verða samningsslit þremur mánuðum síðar.

Um 9. gr.

Í 9. gr. greinir hvernig ætlunin er að ná því markmiði samningsaðila að beiting og túlkun reglna 2. gr. verði samræmd.

Í 1. mgr. kemur fram að gert er ráð fyrir að samsetta nefndin fylgist stöðugt með dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og einnig dómaframkvæmd þar til bærra dómstóla Íslands og Noregs varðandi slík ákvæði. Í þessu augnamiði er gert ráð fyrir sérstöku fyrirkomulagi til að tryggja reglubundna og gagnkvæma miðlun þessarar dómaframkvæmdar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Ísland og Noregur eigi rétt á að leggja greinargerð eða skriflegar athugasemdir fyrir Evrópudómstólinn í málum sem dómstóll aðildarríkis hefur vísað til hans til að fá forúrskurð um túlkun ákvæðis sem um getur í 2. gr. Mun Evrópusambandið leitast við að breyta samþykktum Evrópudómstólsins til að gera þetta mögulegt. Þessi réttur er í líkingu við EES-samninginn.

Um 10. gr.

Samkvæmt 10. gr. skulu Ísland og Noregur árlega gefa samsettu nefndinni skýrslu um hvernig stjórnvöld og dómstólar hafa beitt Schengen-reglum og túlkað þær. Komi í ljós verulegur munur á framkvæmd Schengen-reglna milli samningsaðila skal samsetta nefndin taka slíkt til meðferðar og leita lausna til að tryggja samræmi. Takist það ekki innan tveggja mánaða skal málið koma til meðferðar eftir ákvæðum 11. gr.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er kveðið á um meðferð ágreiningsmála. Slík mál skal setja á dagskrá samsettu nefndarinnar á vettvangi ráðherra. Samsetta nefndin hefur 90 daga til að leysa málið frá þeim degi að telja sem dagskráin sem ágreiningsmálið hefur verið sett á er samþykkt. Náist ekki lausn á því 90 daga tímabili skal bætt við 30 dögum til að finna endanlega lausn. Fáist engin endanleg lausn telst samningnum slitið gagnvart því ríki sem ágreiningurinn er við og öðlast samningsslitin gildi sex mánuðum síðar.

Þetta þýðir að frá því að ágreiningsmál kemur upp og formlega á dagskrá ráðherrafundar samsettu nefndarinnar líða tíu mánuðir áður en til uppsagnar getur komið.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er kveðið á um þátttöku Íslands og Noregs í kostnaði af Schengen-samstarfinu. Hlutfall Íslands er 0,1% af 300 millj. belgískra franka eða um það bil 0,6 millj. kr. Grunnfjárhæðin tekur mið af ársrekstrarkostnaði Schengen-skrifstofunar eins og hann var áður en Schengen færðist undir Evrópusambandið. Grunnfjárhæðin breytist í samræmi við verðlagsþróun í Evrópusambandslöndunum. Að öðru leyti er kveðið á um að þátttaka í rekstrarkostnaði skuli miðast við hundraðshluta vergrar þjóðarframleiðslu af samanlagðri vergri þjóðarframleiðslu allra þátttökuríkjanna.

Í 2. mgr. er kveðið á um rétt Íslands og Noregs til að fá skjöl og túlkun á fundum samsettu nefndarinnar á opinberu tungumáli stofnana Evrópusambandsins að eigin vali. Það er þó áréttað að allar þýðingar og túlkun úr og á íslensku og norsku skuli vera á kostnað Íslands eða Noregs eftir því sem við á. Þessi aðstaða endurspeglast í því framlagi sem að framan greinir til reksturs samstarfsins.

Um 13. gr.

Með 13. gr. er kveðið á um tengsl samningsins við aðra samninga. Samningurinn skal ekki hagga EES-samningnum né neinum öðrum samningum milli Íslands og EB eða Noregs og EB. Enn fremur er kveðið á um að hann skuli ekki hafa áhrif á samninga milli þessara aðila eða samninga milli Íslands eða Noregs og Evrópusambandsins á sviði utanríkis- og öryggismála (2. stoð ESB) eða dómsmálasamstarfsins (3. stoð ESB). Að lokum er ítrekað að samningurinn skuli ekki hagga norræna vegabréfasambandinu.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er kveðið á um að samningurinn gildi ekki um Svalbarða.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um vörsluaðila og samþykki samningsins, gildistöku hans, bráðabirgðaþátttöku í nefndarstarfi fram að gildistöku og upphaf framkvæmdar Schengen-reglna.

Framkvæmdastjóri ráðsins er vörsluaðili samningsins. Samningsaðilar skulu lýsa samþykki sínu við að vera bundnir af samningnum og skal vörsluaðilinn sannreyna að formlegum skilyrðum fyrir yfirlýsingunni sé fullnægt. Samningurinn öðlast gildi einum mánuði síðar.

Á grundvelli 2. mgr. hefur Ísland, líkt og á grundvelli sambærilegs ákvæðis í Lúxemborgarsamningnum, tekið þátt í starfi samsettu nefndarinnar frá undirritunardegi samningsins, 18. maí 1999. Frá gildistökudegi Amsterdam-sáttmálans og fram til 18. maí var fulltrúum Íslands og Noregs boðið sérstaklega til einstakra funda til að tryggja að samstarf sem verið hafði milli aðila á grunni Lúxemborgarsamningsins rofnaði ekki.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Ísland og Noregur skuli innan 30 daga frá gildistöku samningsins tilkynna, í samræmi við 2. mgr. 8. gr., hvort þau samþykki nýjar Schengen-gerðir sem samþykktar hafa verið á tímabilinu frá undiritun samningsins og fram að gildistöku. Í lok októbermánaðar 1999 hafa engar nýjar Schengen-gerðir verið afgreiddar í samsettu nefndinni.

Um upphaf framkvæmdar Schengen-reglna, m.a. um breytingar á fyrirkomulagi persónueftirlits, fer eftir 4. mgr. Þar er kveðið á um að ráðið ákveði upphafsdaginn að höfðu samráði við samsettu nefndina eftir að úttektir hafa farið fram. Í 5. mgr. er síðan kveðið á um að við upphaf framkvæmdar Schengen-reglna skapist réttindi og skyldur milli Íslands og Noregs, svo og milli Íslands og Noregs annars vegar og Evrópubandalagsins og þeirra aðildarríkja þess þar sem þessi ákvæði eru einnig komin til framkvæmda hins vegar. Bretland og Írland standa sem kunnugt er utan Schengen-samstarfsins og Grikkland hefur enn ekki hafið fulla framkvæmd þótt líklegt sé að svo verði fljótlega. Gert er ráð fyrir því að framkvæmd Norðurlandanna á Schengen-reglum hefjist samtímis og verða þá Bretland, Írland og Liechtenstein einu EES-ríkin utan Schengen-samstarfsins.

Um 16. gr.

Samkvæmt 16. gr. geta Ísland eða Noregur hvort fyrir sig sagt samningnum upp án skilyrða og héldi þá samningur gildi áfram milli annarra samningsaðila. Evrópusambandið getur

sagt samningnum upp án skilyrða svo fremi sem ráðið, að undanskildu Bretlandi og Írlandi, samþykki uppsögn einróma. Uppsögn öðlast gildi sex mánuðum eftir að tilkynning um hana berst til vörsluaðila.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um afleiðingar þess að Ísland eða Noregur gangi út úr Schengen-samstarfinu. Í slíku tilviki skulu aðilarnir sem eftir eru leita samninga við aðilann sem gengur úr samstarfinu um lyktir málsins. Takist samningar ekki skal ráðið taka ákvörðun, að höfðu samráði við þann aðila sem áfram er bundinn af samningnum, um nauðsynlegar ráðstafanir. Samningsaðilinn er þó einungis bundinn af slíkum ráðstöfunum ef hann samþykkir þær.

Um 18. gr.

Með greininni er því slegið föstu að samningurinn komi í stað Lúxemborgarsamningsins auk þess sem gerð er grein fyrir því að hann sé gerður á öllum opinberu tungumálum Evrópusambandsríkjanna auk íslensku og norsku og að allar tungumálagerðirnar séu jafngildar.

Um lokagerð samningsins.

Lokagerð samningsins inniheldur sex yfirlýsingar. Hefur þegar verið vísað hér að framan til yfirlýsinga 1, 2, 5 og 6 í tengslum við viðeigandi samningsákvæði.

Yfirlýsing 3 fjallar um framsal sakamanna og er sams konar yfirlýsing og Ísland og Noregur gáfu í tengslum við Lúxemborgarsamninginn. Er henni ætlað að gefa til kynna að í tilteknum tilvikum muni Ísland og Noregur gagnvart aðildarríkjum ESB ekki beita fyrirvörum sem þau hafa sett við samninga Evrópuráðsins um varnir gegn hryðjuverkum og um framsal sakamanna. Með þessari yfirlýsingu er gefin til kynna sú fyrirætlan íslenskra stjórnvalda að laga afstöðu þessa að fyrirkomulagi því er gildir í aðildaríkjum Schengen-samningsins.

Yfirlýsing 4 varðar vettvang til umræðu milli þingmanna Evrópuþingsins annars vegar og íslenskra og norskra þingmanna hins vegar. Kom fram í samningaviðræðum að þetta samstarf gæti byggst á því samstarfi sem þegar er fyrir hendi milli aðila.

Um samning í formi bréfaskipta.

Ef ráðherraráð Evrópusambandsins samþykkir að framselja vald sitt að einhverju leyti til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í því skyni að geta unnið og gefið út reglur til fyllingar á einstökum samningssviðum eða til að hrinda tilteknum gerðum í framkvæmd eru nefndir skipaðar fulltrúum aðildarríkjanna framkvæmdastjórninni til aðstoðar. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að samningur verði gerður milli ráðsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar sem gerir ríkjunum tveimur kleift að taka þátt í störfum nefnda af þessu tagi í samræmi við reglur samningsins.

VI. Samningur um stöðu Bretlands og Írlands.

Bretland og Írland eru einu aðildarríki Evrópusambandsins sem ekki eru aðilar að Schengen-samstarfinu. Um leið og ákveðið var að fella Schengen-samstarfið undir Evrópusambandið reyndist nauðsynlegt að finna lausn á stöðu ríkjanna tveggja í þessu samhengi. Var það gert í sérstökum bókunum þar sem gert er ráð fyrir að ríkin geti sótt um þátttöku í þeim þáttum er varða Schengen að hluta eða öllu leyti.

Vegna þessarar stöðu reyndist nauðsynlegt að gera ráð fyrir að gerður yrði sérstakur samningur um réttarstöðu ríkjanna gagnvart Íslandi og Noregi. Í 2. mgr. 6. gr. Schengen-bókunarinnar er gert ráð fyrir að sérstakur samningur verði gerður um þetta atriði og var

hann undirritaður 30. júní 1999. Er ekki óskað heimildar Alþingis til fullgildingar á honum þar sem hann kallar ekki á breytingar á íslenskri löggjöf.

Í samningi þessum er kveðið á um það að að svo miklu leyti sem Bretland og Írland kjósa að taka þátt í Schengen-samstarfinu skuli Brussel-samningurinn gilda í samskiptum þeirra og Íslands og Noregs nema annað sé tekið fram. Er að auki í samningnum kveðið á um að samráð skuli haft við Ísland og Noreg að því er varðar meðferð umsókna Breta og Íra um þátttöku í Schengen-samstarfinu þegar og ef þær verða lagðar fram. Umsókn Breta er nú til meðferðar. Að öðru leyti er fjallað um það í samningnum hvernig gagnkvæm réttindi og gagnkvæmar skyldur stofnist milli samningsaðilanna.

VII. Brussel-samningurinn með tilliti til stjórnarskrár Íslands.

Eins og áður er getið fól utanríkisráðherra í kjölfar niðurstöðu ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins sumarið 1997 lagaprófessorunum Davíð Þór Björgvinssyni, Stefáni Má Stefánssyni og Viðari Má Matthíassyni að taka saman álitsgerð um hvort væntanlegt samkomulag við Evrópusambandið um Schengen-samstarfið kynni að brjóta í bága við íslensku stjórnarskrána. Í áliti sínu komust lagaprófessorarnir m.a. að þeirri niðurstöðu að samningurinn sem þá var væntanlegur ætti ekki að brjóta í bága við stjórnarskrána. Þessi niðurstaða þeirra var reist á þeim forsendum að samningurinn við Evrópusambandið byggðist á óbreyttu fyrirkomulagi í samræmi við Lúxemborgarsamninginn. Álitsgerð prófessoranna, dags. 3. desember 1997, er að finna í fylgiskjali IV með tillögu þessari.

Samninganefnd Íslands naut ráðgjafar þessara sömu prófessora meðan á samningaviðræðunum stóð, eins og áður greinir, og í fylgiskjali V með tillögu þessari er skrifleg umsögn þeirra um endanlega gerð Brussel-samningsins.

Niðurstaða prófessorana er sú að þátttaka í Schengen-samstarfinu á grundvelli Brussel-samningsins samrýmist stjórnarskrá Íslands.

VIII. Áhrif Schengen-samstarfsins á stjórnsýslu og kostnaður.

Framkvæmd Schengen-reglna mun fyrst og fremst hvíla á dómsmálaráðuneytinu, ríkislögreglustjóra, Útlendingaeftirlitinu og einstökum lögreglustjóraembættum. Utanríkisráðuneytið mun þó koma að starfsemi samsettu nefndarinnar í nokkrum mæli, auk þess sem embætti á þess vegum, þ.e. Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, munu koma að framkvæmdinni.

Eins og áður er getið tryggir Schengen-samstarfið íslenskum lögregluyfirvöldum aðgang að einum nánasta samstarfsvettvangi evrópskra lögregluliða. Ríkislögreglustjóri mun m.a. annast þá samvinnu og verður svonefnd SIRENE-skrifstofa rekin af embættinu. Í því felst að annast um hluta Íslands í upplýsingakerfi Schengen (N-SIS). Uppbygging tenginga við N-SIS fellur að mörgu leyti saman við uppbyggingu á tölvukerfum sýslumannsembættanna. Þar sem tölvukerfi lögreglustjóraembætta á Íslandi hafa nýlega verið uppfærð verður ekki um verulegan kostnaðarauka að ræða vegna þess.

Fyrir lögreglustjóraembættin verður mesta breytingin fólgin í nýjum starfsaðferðum við persónueftirlit. Persónueftirlit leggst niður við komu frá Schengen-ríkjum en fyrirkomulag tollgæslu verður óbreytt. Flugvélar og skip sem koma frá löndum utan Schengen-samstarfsins verða hins vegar að koma fyrst til einhverra hinna opinberu landamærastöðva á auglýstum opnunartíma og sæta þar persónueftirliti eftir samræmdum Schengen-reglum.

Þetta kallar á að lögreglumenn hljóti fræðslu og þjálfun um Schengen-reglur og að aðstaða, tækjabúnaður og annar aðbúnaður til persónueftirlits verði með fullnægjandi hætti á landamærastöðvunum.

Um Keflavíkurflugvöll fer langstærstur hluti þeirra einstaklinga sem samkvæmt þessu mun þurfa að sæta persónueftirliti við brottför og komu. Þar háttar svo til að fyrir dyrum stendur stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til að mæta aukinni umferð farþega um stöðina. Við hönnun þeirrar stækkunar hefur því verið hægt að taka tillit til aðstöðu- og aðbúnaðarþarfar persónueftirlits eftir Schengen-reglum. Ljóst er að einhvern hluta kostnaðar við stækkunina má heimfæra til Schengen-samstarfsins en að sama skapi er ljóst að kostnaður er langtum minni en hjá þeim nágrannaþjóðum okkar sem þurftu að ráðast í kostnaðarsamar breytingar á nýlegum flugstöðvum sem ekki voru hannaðar með framkvæmd Schengen-reglna í huga. Burtséð frá þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu hefði við stækkun flugstöðvarinnar þurft að gera ráð fyrir verulega bættri starfsaðstöðu fyrir persónueftirlit, en persónueftirlit á Keflavíkurflugvelli hefur undanfarin ár liðið fyrir óhentugan aðbúnað.

Ljóst er að fjölga verður þeim er starfa að persónueftirliti við komu og brottför á Keflavíkurflugvelli. Á það sérstaklega við á álagstímum á morgnana þegar áætlunarflug frá Norður-Ameríku kemur til landsins og síðari hluta dags er flug frá Evrópu kemur til landsins til að tengjast flugi til Norður-Ameríku. Þessa fyrirsjáanlegu fjölgun má að nokkru leyti rekja til framkvæmdar Schengen-reglna en ekki síður að styrkja nauðsynlegt persónueftirlit á tímum þegar smygl á fólki til Íslands, jafnt sem annarra Evrópuríkja, er að verða ábatasamur iðnaður alþjóðlegra glæpasamtaka. Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli vinnur nú að útfærslu á því hvernig verði staðið að þessu aukna eftirliti og hvar hagræða megi í rekstri til að takmarka sem mest þá viðbót við mannafla sem það kallar á. Sýslumannsembættið vinnur þar á grundvelli þeirra skýru markmiða að persónueftirlit á Keflavíkurflugvelli skuli bæði að gæðum og skilvirkni vera sambærilegt því besta sem þekkist í Evrópu, enda er það nauðsynlegt til að Keflavíkurflugvöllur geti áfram verið í fremstu röð tengiflugvalla í heimi hvað varðar skilvirkni og stuttan tengitíma flugvéla. Það er markmið stjórnvalda að þátttaka í Schengen-samstarfinu hafi ekki áhrif á rekstur flugstöðvarinnar eða tengda starfsemi.

IX. Persónuvernd.

Hér að framan er gerð grein fyrir þeim efnisákvæðum sem er að finna í Schengen-samningnum um persónuvernd í tengslum við Schengen-upplýsingakerfið. Auk þeirra ákvæða sem samningurinn geymir mun persónuverndin byggjast á nýrri löggjöf um persónuvernd en gert er ráð fyrir að frumvarp þar að lútandi verði lagt fyrir Alþingi innan tíðar. Er markmið þess frumvarps m.a. að uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Til viðbótar verður lagt fram frumvarp til laga um vernd persónuupplýsinga í lögregluskrám sem enn fremur mun styrkja réttarstöðu einstaklinga í þessu sambandi og byggist á tilmælum Evrópuráðsins R (87) 15 frá 17. september 1987.

Eins og komið hefur fram er gert ráð fyrir að hver samningsaðili tilnefni eftirlitsaðila sem hafi eftirlit með þeim hluta Schengen-upplýsingakerfisins sem staðsettur er í viðkomandi ríki. Er gert ráð fyrir því að tölvunefnd verði falið þetta hlutverk hér á landi. Heimildir nefndarinnar er víðtækar til eftirlits með kerfinu á grunni 114. gr. samningsins. Geta einstaklingar m.a. snúið sér til nefndarinnar og óskað eftir að athugun fari fram á gögnum er þá varða í kerfinu og notkun á þeim.

Auk þessa er starfandi sameiginleg eftirlitsnefnd sem ber ábyrgð á eftirliti með miðlæga hluta upplýsingakerfsins. Eiga fulltrúar Íslands sæti í nefndinni. Er það hlutverk nefndarinnar að fylgjast með því að reglum samningsins sé fylgt að því er varðar hinn miðlæga hluta kerfisins.

X. Lagabreytingar.

Vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum til að unnt verði að fullnægja þeim skuldbindingum sem því eru samfara. Þetta felur fyrst og fremst í sér að laga verður íslenskan rétt að Schengen-samningnum, en einnig þarf að taka tillit til annarra gerða sem gildi hafa í Schengen-samstarfinu. Fyrirhugað er að flutt verði lagafrumvörp þessa efnis samhliða framlagningu þessarar þingsályktunartillögu og um þessar mundir er unnið að samningu þeirra í dómsmálaráðuneytinu. Hér er gerð nánari grein fyrir þessum frumvörpum og meginefni þeirra samkvæmt þeim drögum sem nú liggja fyrir:

- *Frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið.* Í frumvarpinu verður mælt fyrir um starfrækslu upplýsingakerfisins hér á landi og um persónuvernd við skráningu og meðferð upplýsinga í því kerfi. Lagt verður til að ríkislögreglustjóra verði falið að reka og bera ábyrgð á upplýsingakerfinu. Í frumvarpinu verður að finna ítarlegar reglur um hvaða upplýsingar megi skrá í kerfið og í hvaða skyni og sérstaklega verður áréttað að einungis eigi að skrá upplýsingar þegar nægjanlega brýnt tilefni er til þess. Í frumvarpinu verður einnig að finna reglur um hvaða stjórnvöld hafi aðgang að skráðum upplýsingum, um þagnarskyldu þeirra sem starfa við kerfið, um aðgang hins skráða að upplýsingum, um rétt hans til að fá leiðréttar rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar og um bótaábyrgð ríkissjóðs vegna tjóns sem rakið verður til skráðra upplýsinga. Þá verður í frumvarpinu mælt fyrir um hvenær afmá beri skráðar upplýsingar, en það sætir takmörkunum hve lengi þær geta staðið skráðar. Loks verður í frumvarpinu lagt til að tölvunefnd verði falið að hafa eftirlit með því að skráning í kerfið sé í samræmi við lög og reglur sem um það gilda.
- *Frumvarp til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965.* Í frumvarpinu verða lagðar til nauðsynlegar breytingar þannig að framfylgt verði samræmdum reglum á Schengen-svæðinu um landamæraeftirlit, dvalarleyfi og vegabréfsáritanir. Þá verður í frumvarpinu að finna heimild til að miðla upplýsingum til stjórnvalda í öðrum Schengen-ríkjum um útlendinga að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja þeim reglum sem gilda á Schengen-svæðinu, auk þess sem kveðið verður á um meðferð umsókna um hæli.
- *Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.* Í frumvarpinu verða lagðar til nauðsynlegar breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, lögreglulögum, nr. 90/1996, og lögum um vegabréf, nr. 136/1998. Tillögur þessar munu ekki fela í sér viðamiklar breytingar frá gildandi lögum.

Auk þeirra frumvarpa sem hér hafa verið rakin er nauðsynlegt að endurskoða lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, til að laga íslenskan rétt að tilskipun Evrópusambandsins frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Þetta er einnig nauðsynlegt til að Ísland fullnægi skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum svo sem fyrr er rakið. Frumvarp til nýrra laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verður væntanlega lagt fram á Alþingi innan skamms. Þá er nauðsynlegt að settar verði nánari reglur um vernd persónuupplýsinga í lögregluskrám, en það málefni er nú til athugunar í dómsmálaráðuneytinu.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR SEM RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS OG LÝÐVELDIÐ ÍSLAND OG KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR GERA MEÐ SÉR UM ÞÁTTTÖKU HINNA SÍÐARNEFNDU Í FRAMKVÆMD, BEITINGU OG ÞRÓUN SCHENGEN-GERÐANNA

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS

og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND OG

KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,

ÞAR EÐ frá því að Lúxemborgarsamningurinn á milli hinna þrettán aðildarríkja Evrópusambandsins, sem hafa undirritað Schengen-samningana, og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs var undirritaður 19. desember 1996 hafa tvö síðarnefndu ríkin tekið þátt í umræðunum um beitingu, framkvæmd og frekari þróun Schengen-samninganna og ákvæða sem tengjast þeim,

ÞAR EÐ bókunin, sem fellir Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins og sett var í viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins með Amsterdam-sáttmálanum sem breytir sáttmálanum um Evrópusambandið, stofnsáttmálum Evrópubandalaganna og tilteknum gerðum sem tengjast þeim (hér á eftir nefnd „Schengen-bókunin"), hefur í för með sér að samstarf á milli aðildarríkja Evrópusambandsins, sem hafa undirritað Schengen-samningana, innan gildissviðs þeirra samninga og ákvæða sem tengjast þeim, mun fara fram innan stofnana- og lagaramma Evrópusambandsins og að virtum viðeigandi ákvæðum sáttmálans um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

MINNAST ÞESS að markmið og tilgangur Lúxemborgarsamningsins er að halda því fyrirkomulagi sem fyrir er milli hinna fimm norrænu ríkja samkvæmt samningi um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna sem var undirritaður í Kaupmannahöfn 12. júlí 1957, þar sem Norræna vegabréfasambandinu var komið á fót, þegar þau norrænu ríki, sem eru aðilar að Evrópusambandinu, taka upp fyrirkomulagið um afnám eftirlits með fólki á innri landamærum sem kveðið er á um í Schengen-samningunum,

HAFA Í HUGA ákvæðin sem mælt er fyrir um í Lúxemborgarsamningnum,

VIÐURKENNA engu að síður að með því að fella Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins er ákvarðanataka um frekari þróun ákvæða Schengen-gerðanna færð til Evrópusambandsins og þar með Evrópubandalagsins,

ÞAR EÐ það er vilji Evrópusambandsins, og þar með Evrópubandalagsins, skv. 1. mgr. 6. gr. Schengen-bókunarinnar að virða og þjóna markmiðum og tilgangi Lúxemborgarsamn-

ingsins með samningi sem, við gildistöku Amsterdam-sáttmálans, tengir Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noreg framkvæmd Schengen-gerðanna og frekari þróun þeirra á grundvelli Lúxemborgarsamningsins sem tryggir það sameiginlega markmið að þessi tvö ríki taki áfram þátt í þessu starfi,

ERU SANNFÆRÐ um nauðsyn þess að allir aðilar, sem beita ákvæðum Schengen-gerðanna og geta síðar þurft að hlíta því að ákvæðunum, eins og þau eru á hverjum tíma, verði beitt gagnvart þeim, Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur þar með talin, taki á viðeigandi hátt, á hvaða vettvangi sem er, þátt í umræðum um beitingu þeirra í reynd, framkvæmd þeirra og undirbúning að frekari þróun þeirra,

ÁLÍTA að í því augnamiði sé nauðsynlegt að mynda skipulagseiningu utan stofnanaramma Evrópusambandsins sem tryggi þátttöku Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs í ferlinu við ákvarðanatöku á þessum sviðum og geri þeim kleift að taka þátt í þessu starfi í samsettri nefnd, og

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur, hér á eftir nefnd „Ísland“ og „Noregur“, skulu taka þátt í starfi Evrópubandalagsins og Evrópusambandsins á þeim sviðum sem ákvæðin, sem um getur í viðaukum A og B við þennan samning, ná yfir, eins og þau eru á hverjum tíma.

Með þessum samningi skapast gagnkvæm réttindi og skyldur í samræmi við þá málsmeðferð sem hér er ákveðin.

2. gr.

1. Ísland og Noregur skulu koma í framkvæmd og beita ákvæðum Schengen-gerðanna sem talin eru upp í viðauka A við þennan samning, á sama hátt og þau eiga við um aðildarríki Evrópusambandsins, hér á eftir nefnd „aðildarríkin“, sem taka þátt í hinu nánara samstarfi á grundvelli Schengen-bókunarinnar.

2. Ísland og Noregur skulu koma í framkvæmd og beita ákvæðum gerða Evrópubandalagsins sem eru talin upp í viðauka B við þennan samning, að því marki sem þau hafa komið í staðinn fyrir samsvarandi ákvæði samningsins, sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990, um framkvæmd samkomulagsins um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum, eða ákvæði sem samþykkt eru samkvæmt honum.

3. Ísland og Noregur skulu enn fremur samþykkja, koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum Evrópusambandsins sem breyta eða bætast við þau ákvæði sem um getur í viðaukum A og B og falla undir málsmeðferðina sem kveðið er á um í þessum samningi, sbr. þó 8. gr.

3. gr.

1. Hér með er komið á fót samsettri nefnd sem skipuð er fulltrúum ríkisstjórna Íslands og Noregs, og þeim sem sæti eiga í ráði Evrópusambandsins, hér á eftir nefnt „ráðið“, og í framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin“.

2. Samsetta nefndin skal samþykkja samhljóða reglur um málsmeðferð.

3. Samsetta nefndin skal halda fundi að frumkvæði forseta hennar eða að ósk einhvers nefndarmanna.

4. Með fyrirvara um 2. mgr. 4. gr. skal samsetta nefndin koma saman á vettvangi ráðherra, háttsettra embættismanna eða sérfræðinga, eftir því sem aðstæður krefjast.

5. Embætti forseta samsettu nefndarinnar skal skipa:

— á vettvangi sérfræðinga: fulltrúi Evrópusambandsins;
— á vettvangi háttsettra embættismanna og ráðherra: til skiptis, til sex mánaða í senn, fulltrúi Evrópusambandsins og fulltrúi ríkisstjórnar Íslands eða Noregs.

4. gr.

1. Samsetta nefndin skal, í samræmi við þennan samning, fjalla um öll málefni sem falla undir 2. gr. og tryggja að hvert það atriði, sem Ísland og Noregur láta sig varða, fái tilhlýðilega umfjöllun.

2. Á vettvangi ráðherra í samsettu nefndinni skulu fulltrúar Íslands og Noregs eiga þess kost:

— að útskýra vandamál sem fyrir þeim verða að því er varðar tiltekna gerð eða ráðstöfun eða taka afstöðu til vandamála sem aðrar sendinefndir standa frammi fyrir;
— að skýra frá sjónarmiðum sínum í sérhverju álitamáli er viðvíkur þróun eða framkvæmd ákvæða sem þá varða.

3. Samsetta nefndin á vettvangi háttsettra embættismanna skal undirbúa fundi nefndarinnar á vettvangi ráðherra.

4. Fulltrúar ríkisstjórna Íslands og Noregs skulu hafa rétt til að setja fram hugmyndir í samsettu nefndinni varðandi málefnin sem um getur í 1. gr. Að loknum umræðum er framkvæmdastjórninni eða sérhverju aðildarríki heimilt að taka þessar hugmyndir til umfjöllunar í því augnamiði að leggja fram tillögu um eða eiga frumkvæði að, í samræmi við reglur Evrópusambandsins, samþykkt gerðar eða ráðstöfunar Evrópubandalagsins eða Evrópusambandsins.

5. gr.

Með fyrirvara um 4. gr. skal tilkynna samsettu nefndinni um allar gerðir eða ráðstafanir sem eru í undirbúningi í ráðinu og kunna að varða þennan samning.

6. gr.

Þegar gerð eru drög að nýrri löggjöf á sviði sem fellur undir þennan samning skal framkvæmdastjórnin leita ráða með óformlegum hætti hjá sérfræðingum Íslands og Noregs á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkjanna við gerð tillagna sinna.

7. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að gera þurfi viðeigandi samkomulag um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju af aðildarríkjunum eða á Íslandi eða í Noregi. Þetta samkomulag þarf að vera frágengið þegar ákvæðin, sem um getur í viðauka A og viðauka B, svo og ákvæði sem þegar hafa verið samþykkt skv. 3. mgr. 2. gr., koma til framkvæmda gagnvart Íslandi og Noregi í samræmi við 4. mgr. 15. gr.

8. gr.

1. Samþykkt nýrra gerða eða ráðstafana, sem tengjast þeim málefnum sem um getur í 2. gr., skal alfarið vera í höndum þar til bærra stofnana Evrópusambandsins. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu þessar gerðir eða ráðstafanir öðlast gildi samtímis að því er Evrópusambandið og hlutaðeigandi aðildarríki þess varðar og að því er Ísland og Noreg varðar, nema skýrt sé kveðið á um annað í þessum gerðum eða ráðstöfunum. Taka skal, að því er þetta varðar, tilhlýðilegt tillit til þess tíma sem Ísland og Noregur greina samsettu nefndinni frá að þau þurfi til að uppfylla stjórnskipuleg skilyrði sín.

2.

a) Ráðið skal tilkynna Íslandi og Noregi án tafar um samþykkt gerða eða ráðstafana sem um getur í 1. mgr. og farið hefur verið með samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem settar eru í þessum samningi. Ísland og Noregur skulu, hvort í sínu lagi, ákveða hvort þau samþykkja efni þeirra og taka þær upp í landsrétt sinn. Þessar ákvarðanir skulu tilkynntar ráðinu og framkvæmdastjórninni innan þrjátíu daga frá samþykkt viðkomandi gerða eða ráðstafana.

b) Ef efni slíkrar gerðar eða ráðstöfunar getur ekki orðið bindandi fyrir Ísland fyrr en stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Ísland gera ráðinu og framkvæmdastjórninni grein fyrir því þegar Ísland sendir tilkynningu sína. Þegar öll stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Ísland þegar í stað gera ráðinu og framkvæmdastjórninni skriflega grein fyrir því og upplýsa þetta eigi síðar en fjórum vikum fyrir daginn sem mælt er fyrir um að gerðin eða ráðstöfunin öðlist gildi að því er Ísland varðar, eins og ákveðið hefur verið skv. 1. mgr.

c) Ef efni slíkrar gerðar eða ráðstöfunar getur ekki orðið bindandi fyrir Noreg fyrr en stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Noregur gera ráðinu og framkvæmdastjórninni grein fyrir því þegar Noregur sendir tilkynningu sína. Þegar öll stjórnskipuleg skilyrði hafa verið uppfyllt skal Noregur þegar í stað gera ráðinu og framkvæmdastjórninni skriflega grein fyrir því og eigi síðar en sex mánuðum frá því að tilkynning ráðsins berst. Frá þeim degi sem mælt er fyrir um að gerðin eða ráðstöfunin öðlist gildi að því er Noreg varðar og þar til upplýst hefur verið að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt skal Noregur, eftir því sem unnt er, beita efni gerðarinnar eða ráðstöfunarinnar til bráðabirgða.

3. Samþykki Íslands og Noregs á efni gerða og ráðstafana, sem um getur í 2. mgr., skapar réttindi og skyldur milli Íslands og Noregs svo og milli Íslands og Noregs annars vegar og Evrópubandalagsins og þeirra aðildarríkja þess, sem eru bundin af viðkomandi gerðum og ráðstöfunum, hins vegar.

4. Í þeim tilvikum þegar

a) annaðhvort Ísland eða Noregur tilkynnir þá ákvörðun sína að samþykkja ekki efni gerðar eða ráðstöfunar sem um getur í 2. mgr. og farið hefur verið með samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem settar eru í þessum samningi; eða

b) annaðhvort Ísland eða Noregur sendir ekki tilkynningu innan þeirra þrjátíu daga tímamarka sem sett eru í a-lið 2. mgr.; eða

c) Ísland sendir ekki tilkynningu fyrir fjögurra vikna tímamörkin sem sett eru í b-lið 2. mgr. fyrir þann dag sem mælt er fyrir um að viðkomandi gerð eða ráðstöfun öðlist gildi að því er Ísland varðar; eða

d) Noregur sendir ekki tilkynningu innan þeirra sex mánaða tímamarka sem sett eru í c-lið 2. mgr. eða gerir ekki ráðstafanir til beitingar til bráðabirgða, eins og gert er ráð fyrir

í sama lið, frá þeim degi að telja sem mælt er fyrir um að viðkomandi gerð eða ráðstöfun öðlist gildi að því er Noreg varðar;

telst samningi þessum slitið að því er varðar Ísland eða Noreg, eftir því sem við á, nema samsetta nefndin, að lokinni ítarlegri könnun á leiðum til að halda samningnum áfram, ákveði annað innan níutíu daga. Slit þessa samnings öðlast gildi þremur mánuðum eftir að níutíu daga tímabilinu lýkur.

9. gr.

1. Til að ná því markmiði samningsaðila að ná eins samræmdri beitingu og túlkun og unnt er á ákvæðunum sem um getur í 2. gr. skal samsetta nefndin fylgjast stöðugt með dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna, hér á eftir nefndur „dómstóllinn“, og einnig dómaframkvæmd þar til bærra dómstóla Íslands og Noregs varðandi slík ákvæði. Í þessu augnamiði skal koma á sérstöku fyrirkomulagi til að tryggja reglubundna og gagnkvæma miðlun þessarar dómaframkvæmdar.

2. Með fyrirvara um samþykkt nauðsynlegra breytinga á samþykktum dómstólsins skulu Ísland og Noregur eiga rétt á að leggja greinargerð eða skriflegar athugasemdir fyrir dómstólinn í málum sem dómstóll aðildarríkis hefur vísað til hans til að fá forúrskurð um túlkun ákvæðis sem um getur í 2. gr.

10. gr.

1. Ísland og Noregur skulu árlega gefa samsettu nefndinni skýrslu þar sem fram kemur hvernig stjórnvöld þeirra og dómstólar hafa beitt og túlkað ákvæðin sem um getur í 2. gr. og, ef við á, eins og dómstóllinn hefur túlkað þau.

2. Ef samsetta nefndin hefur ekki getað tryggt samræmda beitingu og túlkun innan tveggja mánaða frá því að athygli hennar er vakin á verulegum mun á dómaframkvæmd dómstólsins og dómstóla Íslands eða Noregs eða verulegum mun á beitingu yfirvalda viðkomandi aðildarríkja annars vegar og Íslands eða Noregs hins vegar, að því er varðar ákvæðin sem um getur í 2. gr., skal málsmeðferð skv. 11. gr. koma til framkvæmda.

11. gr.

1. Rísi ágreiningur um beitingu þessa samnings, eða komi þær aðstæður upp sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr., skal setja málið opinberlega á dagskrá fundar samsettu nefndarinnar á vettvangi ráðherra sem ágreiningsmál.

2. Samsetta nefndin skal hafa níutíu daga til að leysa ágreininginn frá þeim degi að telja sem dagskráin, sem ágreiningsmálið hefur verið sett á, er samþykkt.

3. Geti samsetta nefndin ekki leyst ágreininginn á því níutíu daga tímabili sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. skal bætt við þrjátíu dögum til að finna endanlega lausn.

Fáist engin endanleg lausn telst samningnum slitið að því er varðar Ísland eða Noreg, eftir því hvort ríkið ágreiningurinn varðar. Samningsslitin öðlast gildi sex mánuðum eftir að þrjátíu daga fresturinn rennur út.

12. gr.

1. Ísland og Noregur skulu á hverju ári leggja til fjárlaga Evrópubandalaganna vegna rekstrarkostnaðar við beitingu þessa samnings fjárhæð sem nemur:

— 0,1% fyrir Ísland
— 4,995% fyrir Noreg

af 300 000 000 BEF (eða samsvarandi fjárhæð í evrum) með fyrirvara um árlega aðlögun með tilliti til verðbólgu í Evrópusambandinu.

Ef til þess er ætlast að hlutaðeigandi aðildarríki greiði rekstrarkostnað við beitingu samningsins beint, en leggi ekki til fjárlaga Evrópubandalaganna vegna hans, skal hlutur Íslands og Noregs í kostnaðinum vera í samræmi við hundraðshluta vergrar þjóðarframleiðslu þessara landa af vergri þjóðarframleiðslu allra þátttökuríkjanna.

Ef rekstrarkostnaður er greiddur með framlagi til fjárlaga Evrópubandalagsins skal hlutur Íslands og Noregs í honum greiðast með árlegum framlögum inn á téð fjárlög í samræmi við hundraðshluta vergrar þjóðarframleiðslu þessara landa af vergri þjóðarframleiðslu allra þátttökuríkjanna.

2. Ísland og Noregur skulu eiga rétt á að fá afhent skjöl sem framkvæmdastjórnin eða ráðið láta gera í tengslum við þennan samning og fá túlkun á fundum samsettu nefndarinnar á opinbert tungumál stofnana Evrópubandalaganna að eigin vali. Ísland eða Noregur skal þó bera kostnað við þýðingu og túlkun úr og á íslensku eða norsku, eftir því sem við á.

13. gr.

1. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða aðra samninga sem Evrópubandalagið og Ísland og/eða Noregur hafa gert með sér.

2. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samninga sem gerðir verða milli Íslands og/eða Noregs og Evrópubandalagsins eða á grundvelli 24. og 38. greinar sáttmálans um Evrópusambandið.

3. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á samstarfið innan ramma Norræna vegabréfasambandsins, að því marki sem samstarfið er ekki andstætt eða til fyrirstöðu þessum samningi og þeim gerðum og ráðstöfunum sem byggjast á honum.

14. gr.

Samningur þessi tekur ekki til Svalbarða (Spitzbergen).

15. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi þegar liðinn er einn mánuður frá þeim degi er vörsluaðili hans, sem er framkvæmdastjóri ráðsins, hefur sannreynt að samningsaðilar fullnægja öllum formlegum skilyrðum fyrir því að þeir lýsi sig, sjálfir eða aðrir fyrir þeirra hönd, samþykka því að vera bundnir af honum.

2. Ákvæðum 1., 3., 4. og 5. gr. og fyrsta málsliðar a-liðar 2. mgr. 8. gr. skal beitt til bráðabirgða frá undirritun þessa samnings.

3. Að því er varðar gerðir eða ráðstafanir sem eru samþykktar eftir undirritun þessa samnings en fyrir gildistöku hans skal þrjátíu daga tímabilið, sem um getur í síðasta málslið a-liðar 2. mgr. 8. gr., hefjast á þeim degi sem þessi samningur öðlast gildi.

4. Ákvæðin, sem um getur í viðauka A og viðauka B, og ákvæði sem þegar hafa verið samþykkt skv. 3. mgr. 2. gr., skulu koma til framkvæmda gagnvart Íslandi og Noregi á þeim degi sem ráðið ákveður með samhljóða samþykki fulltrúa þeirra aðildarríkja sem taka þátt í hinu nánara samstarfi á grundvelli Schengen-bókunarinnar, að höfðu samráði við samsettu nefndina í samræmi við 4. gr. þessa samnings og þegar það hefur gengið úr skugga um að Ísland og Noregur hafi fullnægt skilyrðum fyrir framkvæmd viðkomandi ákvæða og að eftirlit á ytri landamærum þeirra sé skilvirkt.

5. Við það að ákvæðin, sem um getur í 4. mgr., koma til framkvæmda skapast réttindi og skyldur milli Íslands og Noregs svo og milli Íslands og Noregs annars vegar og Evrópu-

bandalagsins og þeirra aðildarríkja þess, þar sem þessi ákvæði eru einnig komin til framkvæmda, hins vegar.

16. gr.

Ísland eða Noregur geta sagt samningi þessum upp og unnt er að segja honum upp með ákvörðun ráðsins með samhljóða samþykki fulltrúa þeirra aðildarríkja sem taka þátt í hinu nánara samstarfi á grundvelli Schengen-bókunarinnar. Tilkynna ber um uppsögnina til vörsluaðila. Hún öðlast gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá því að tilkynningin berst.

17. gr.

Segi Ísland eða Noregur þessum samningi upp eða verði honum slitið gagnvart Íslandi eða Noregi skulu þeir samningsaðilar, sem eru áfram bundnir af honum, og viðkomandi ríki, sem hefur sagt samningnum upp eða samningsslitin eiga við um, semja um lyktir málsins. Reynist ekki unnt að ná samkomulagi skal ráðið taka ákvörðun, að höfðu samráði við þann þátttökuaðila að samningnum sem áfram er bundinn af samningnum, um nauðsynlegar ráðstafanir. Samningsaðilinn er þó einungis bundinn af slíkum ráðstöfunum hafi hann samþykkt þær.

18. gr.

Samningur þessi kemur í stað samstarfssamningsins milli Konungsríkisins Belgíu, Lýðveldisins Frakklands, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands, Lýðveldisins Ítalíu, Konungsríkisins Spánar, Lýðveldisins Portúgals, Lýðveldisins Grikklands, Lýðveldisins Austurríkis, Konungsríkisins Danmerkur, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar, sem eru aðilar að Schengen-samkomulaginu og Schengen-samningnum, og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um afnám eftirlits með fólki á sameiginlegum landamærum sem var undirritaður í Lúxemborg 19. desember 1996.

Gjört í Brussel 18. maí 1999 í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, þýsku, íslensku og norsku og eru allir textarnir jafngildir en frumritið verður afhent til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu Evrópusambandsins.

Fyrir hönd ráðs Evrópusambandsins

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

VIÐAUKI A

(1. mgr. 2. gr.)

Fyrsti hluti þessa viðauka vísar til Schengen-samkomulagsins frá 1985 og Schengen-samningsins frá 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins. 2. hluti vísar til aðildarskjalanna og 3. hluti til viðeigandi afleiddra Schengen-gerða.

1. hluti

Ákvæði samkomulagsins, sem var undirritað í Schengen 14. júní 1985, á milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra.

Öll ákvæði samningsins, sem var undirritaður í Schengen 19. júní 1990, á milli Konungsríkisins Belgíu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Frakklands, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar og Konungsríkisins Hollands, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 með eftirfarandi undantekningum:

4. mgr. 2. gr.,
4. gr., að því er tekur til eftirlits með farangri,
2. mgr. 10. gr.,
2. mgr. 19. gr.,
28. til 38. gr. og skilgreiningar sem tengjast þeim,
60. gr.,
70. gr.,
74. gr.,
77. til 91. gr., að því marki sem þær falla undir tilskipun ráðsins 91/477/EBE um eftirlit með skotvopnakaupum og skotvopnaeign,
120. til 125. gr.,
131. til 133. gr.,
134. gr.,
139. til 142. gr.,
lokagerð: 2. yfirlýsing,
lokagerð: 4., 5. og 6. yfirlýsing,
bókun,
sameiginleg yfirlýsing,
yfirlýsing ráðherra og aðstoðarráðherra.

2. hluti

Ákvæði samninga og bókana um aðild Lýðveldisins Ítalíu (undirrituð í París 27. nóvember 1990), Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals (undirrituð í Bonn 25. júní 1991), Lýðveldisins Grikklands (undirrituð í Madríd 6. nóvember 1992), Lýðveldisins Austurríkis (undirrituð í Brussel 28. apríl 1995) og Konungsríkisins Danmerkur, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (undirrituð í Lúxemborg 19. desember 1996) að Schengen-samkomulaginu og Schengen-samningnum með eftirfarandi undantekningum:

1. Bókunin, sem var undirrituð í París 27. nóvember 1990, um aðild ríkisstjórnar Lýðveldisins Ítalíu að samkomulaginu milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í

áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra sem var undirritað í Schengen 14. júní 1985.

2. Eftirfarandi ákvæði samningsins, sem var undirritaður í París 27. nóvember 1990, um aðild Lýðveldisins Ítalíu að samningnum, sem var undirritaður í Schengen 19. júní 1990, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands, lokagerð hans og tengdar yfirlýsingar:
   1. gr.,
   5. og 6. gr.,
   I. hluti lokagerðar,
   2. og 3. yfirlýsing í II. hluta,
   yfirlýsing ráðherra og aðstoðarráðherra.
3. Bókunin, sem var undirrituð í Bonn 25. júní 1991, um aðild ríkisstjórnar Konungsríkisins Spánar að samkomulaginu, sem var undirritað í Schengen 14. júní 1985, milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra, eins og því var breytt með bókuninni um aðild ríkisstjórnar Lýðveldisins Ítalíu sem var undirrituð í París 27. nóvember 1990, og meðfylgjandi yfirlýsingar.
4. Eftirfarandi ákvæði samningsins, sem var undirritaður í Bonn 25. júní 1991, um aðild Konungsríkisins Spánar að samningnum, sem var undirritaður í Schengen 19. júní 1990, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands, sem Lýðveldið Ítalía hefur gerst aðili að með samningnum sem var undirritaður í París 27. nóvember 1990, lokagerð hans og tengdar yfirlýsingar:
   1. gr.,
   5. og 6. gr.,
   I. hluti lokagerðar,
   2. og 3. yfirlýsing í II. hluta,
   3. og 4. yfirlýsing í III. hluta,
   yfirlýsing ráðherra og aðstoðarráðherra.
5. Bókunin, sem var undirrituð í Bonn 25. júní 1991, um aðild ríkisstjórnar Lýðveldisins Portúgals að samkomulaginu, sem var undirritað í Schengen 14. júní 1985, milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra, eins og því var breytt með bókuninni um aðild ríkisstjórnar Lýðveldisins Ítalíu sem var undirrituð í París 27. nóvember 1990, og meðfylgjandi yfirlýsingar.
6. Eftirfarandi ákvæði samningsins, sem var undirritaður í Bonn 25. júní 1991, um aðild Lýðveldisins Portúgals að samningnum, sem var undirritaður í Schengen 19. júní 1990, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands, sem Lýðveldið Ítalía hefur gerst aðili að með samningnum sem var undirritaður í París 27. nóvember 1990, lokagerð hans og tengdar yfirlýsingar:
   1. gr.,
   7. og 8. gr.,
   I. hluti lokagerðar,
   2. og 3. yfirlýsing í II. hluta,

2., 3., 4. og 5. yfirlýsing í III. hluta,
yfirlýsing ráðherra og aðstoðarráðherra.

7. Bókunin, sem var undirrituð í Madríd 6. nóvember 1992, um aðild ríkisstjórnar Lýðveldisins Grikklands að samkomulaginu, sem var undirritað í Schengen 14. júní 1985, milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra, eins og því var breytt með bókuninni um aðild ríkisstjórnar Lýðveldisins Ítalíu sem var undirrituð í París 27. nóvember 1990, og bókununum um aðild ríkisstjórna Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals sem voru undirritaðar í Bonn 25. júní 1991, og meðfylgjandi yfirlýsing.
8. Eftirfarandi ákvæði samningsins, sem var undirritaður í Madríd 6. nóvem ber 1992, um aðild Lýðveldisins Grikklands að samningnum, sem var undirritaður í Schengen 19. júní 1990, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands, sem Lýðveldið Ítalía hefur gerst aðili að með samningnum sem var undirritaður í París 27. nóvember 1990, og einnig Konungsríkið Spánn og Lýðveldið Portúgal með samningunum sem voru undirritaðir í Bonn 25. júní 1991, lokagerð hans og tengdar yfirlýsingar:
1. gr.,
6. og 7. gr.,
I. hluti lokagerðar,
2., 3. og 4. yfirlýsing í II. hluta,
1. og 3. yfirlýsing í III. hluta,
yfirlýsing ráðherra og aðstoðarráðherra.
9. Bókunin, sem var undirrituð í Brussel 28. apríl 1995, um aðild ríkisstjórnar Lýðveldisins Austurríkis að samkomulaginu, sem var undirritað í Schengen 14. júní 1985, milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra, eins og því var breytt með bókununum um aðild ríkisstjórnar Lýðveldisins Ítalíu, Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals, og Lýðveldisins Grikklands sem voru undirritaðar 27. nóvember 1990, 25. júní 1991 og 6. nóvember 1992.
10. Eftirfarandi ákvæði samningsins, sem var undirritaður í Brussel 28. apríl 1995, um aðild Lýðveldisins Austurríkis að samningnum, sem var undirritaður í Schengen 19. júní 1990, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna aðildarríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands og Lýðveldið Ítalía, Konungsríkið Spánn og Lýðveldið Portúgal, og Lýðveldið Grikkland hafa gerst aðilar að með samningunum sem voru undirritaðir 27. nóvember 1990, 25. júní 1991 og 6. nóvember 1992, og lokagerð hans:
1. gr.,
5. og 6. gr.,
I. hluti lokagerðar,
2. yfirlýsing í II. hluta,
III. hluti.
11. Bókunin, sem var undirrituð í Lúxemborg 19. desember 1996, um aðild ríkisstjórnar Konungsríkisins Danmerkur að samkomulaginu, sem var undirritað í Schengen 14. júní 1985, um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra, og tengdar yfirlýsingar.

12. Eftirfarandi ákvæði samningsins, sem var undirritaður í Lúxemborg 19. desember 1996, um aðild Konungsríkisins Danmerkur að samningnum, sem var undirritaður í Schengen 19. júní 1990, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra, lokagerð hans og tengdar yfirlýsingar:
    1. gr.,
    7. og 8. gr.,
    I. hluti lokagerðar,
    2. yfirlýsing í II. hluta,
    III. hluti,
    yfirlýsing ráðherra og aðstoðarráðherra.
13. Bókunin, sem var undirrituð í Lúxemborg 19. desember 1996, um aðild ríkisstjórnar Lýðveldisins Finnlands að samkomulaginu, sem var undirritað í Schengen 14. júní 1985, um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra, og tengdar yfirlýsingar.
14. Eftirfarandi ákvæði samningsins, sem var undirritaður í Lúxemborg 19. desember 1996, um aðild Lýðveldisins Finnlands að samningnum, sem var undirritaður í Schengen 19. júní 1990, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra, lokagerð hans og tengd yfirlýsing:
    1. gr.,
    6. og 7. gr.,
    I. hluti lokagerðar,
    2. yfirlýsing í II. hluta,
    III. hluti, að undanskilinni yfirlýsingunni um Álandseyjar,
    yfirlýsing ráðherra og aðstoðarráðherra.
15. Bókunin, sem var undirrituð í Lúxemborg 19. desember 1996, um aðild ríkisstjórnar Konungsríkisins Svíþjóðar að samkomulaginu, sem var undirritað í Schengen 14. júní 1985, um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra, og tengd yfirlýsing.
16. Eftirfarandi ákvæði samningsins, sem var undirritaður í Lúxemborg 19. desember 1996, um aðild Konungsríkisins Svíþjóðar að samningnum, sem var undirritaður í Schengen 19. júní 1990, um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra, lokagerð hans og tengd yfirlýsing:
    1. gr.,
    6. og 7. gr.,
    I. hluti lokagerðar,
    2. yfirlýsing í II. hluta,
    III. hluti,
    yfirlýsing ráðherra og aðstoðarráðherra.

3. hluti

A. EFTIRFARANDI ÁKVARÐANIR FRAMKVÆMDANEFNDARINNAR:

Ákvörðun	Efni
SCH/Com-ex (93) 10 14. 12. 1993	Staðfesting á yfirlýsingum ráðherranna og aðstoðarráðherranna frá 19. júní 1992 og 30. júní 1993 um að samningurinn komi til framkvæmda
SCH/Com-ex (93) 14 14. 12. 1993	Bætt samvinna í framkvæmd á milli dómsmálayfirvalda í baráttunni gegn ólöglegum fíkniefnaviðskiptum
SCH/Com-ex (93) 16 14. 12. 1993	Fjárhagsreglugerð um kostnað við uppsetningu og rekstur miðlæga Schengen-upplýsingakerfisins (C.SIS)
SCH/Com-ex (93) 21 14. 12. 1993	Framlenging samræmdrar vegabréfsáritunar
SCH/Com-ex (93) 22, endursk. 14. 12. 1993	Tiltekin skjöl eru trúnaðarmál
SCH/Com-ex (93) 24 14. 12. 1993	Sameiginleg málsmeðferð við ógildingu, afturköllun eða styttingu á gildistíma samræmdrar vegabréfsáritunar
SCH/Com-ex (94) 1, 2. endursk. 26. 4. 1994	Aðlögunarráðstafanir sem miða að því að afnema tálma og takmarkanir á umferð um landamærastöðvar á vegum við innri landamæri
SCH/Com-ex (94) 2 26. 4. 1994	Útgáfa samræmdra vegabréfsáritana á landamærunum
SCH/Com-ex (94) 15, endursk. 21. 11. 1994	Samráð með tölvusamskiptum við miðlægu yfirvöldin, sem um getur í 2. mgr. 17. gr. framkvæmdarsamningsins, tekið upp
SCH/Com-ex (94) 16, endursk. 21. 11. 1994	Öflun sameiginlegra komu- og brottfararstimpla
SCH/Com-ex (94) 17, 4. endursk. 22. 12. 1994	Upptaka og framkvæmd Schengen-kerfisins í flughöfnum og á flugvöllum
SCH/Com-ex (94) 25 22. 12. 1994	Skipst á tölulegum upplýsingum um útgáfu vegabréfsáritana
SCH/Com-ex (94) 28, endursk. 22. 12. 1994	Vottorð, sem um getur í 75. gr., um að handhafi megi hafa með sér lyf og/eða geðvirk efni
SCH/Com-ex (94) 29, 2. endursk. 22. 12. 1994	Samningurinn um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 19. júní 1990 kemur til framkvæmda
SCH/Com-ex (95) PV 1, endursk. (8. liður)	Sameiginleg stefna í málum er varða vegabréfsáritanir
SCH/Com-ex (95) 20, 2. endursk. 20. 12. 1995	Samþykkt skjals SCH/I (95) 40, 6. endurskoðun, um málsmeðferð við beitingu 2. mgr. 2. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins
SCH/Com-ex (95) 21 20. 12. 1995	Schengen-ríkin skiptast á sem skjótastan hátt á tölulegum og efnislegum upplýsingum sem benda til misbrests á starfinu á ytri landamærunum
SCH/Com-ex (96) 13, endursk. 27. 6. 1996	Meginreglur um útgáfu Schengen-vegabréfsáritana í samræmi við a-lið 1. mgr. 30. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins
SCH/Com-ex (96) 27 19. 12. 1996	Útgáfa vegabréfsáritana á landamærum til sjómanna við gegnumferð
SCH/Com-ex (97) 2, 2. endursk. 25. 4. 1997	Tilhögun útboðs á forkönnun vegna Schengen-upplýsingakerfisins (SIS) II

SCH/Com-ex (97) 6, 2. endursk. 24. 6. 1997	Schengen-handbókin um lögreglusamvinnu í málefnum er varða allsherjarreglu og almannaöryggi
SCH/Com-ex (97) 18 7. 10. 1997	Framlög Noregs og Íslands vegna rekstrarkostnaðar miðlæga Schengen-upplýsinga-kerfisins (C.SIS)
SCH/Com-ex (97) 24 7. 10. 1997	Framtíð Schengen-upplýsingakerfisins (SIS)
SCH/Com-ex (97) 29, 2. endursk. 7. 10. 1997	Samningurinn um framkvæmd Schengen-samkomulagsins kemur til framkvæmda í Grikklandi
SCH/Com-ex (97) 32 15. 12. 1997	Samræming stefnu í málum er varða vegabréfsáritanir
SCH/Com-ex (97) 34, endursk. 15. 12. 1997	Framkvæmd sameiginlegrar aðgerðar um samræmt eyðublað fyrir dvalarleyfi
SCH/Com-ex (97) 35 15. 12. 1997	Breyting á fjárhagsreglugerðum um miðlæga Schengen-upplýsingakerfið (C.SIS)
SCH/Com-ex (97) 39, endursk. 15. 12. 1997	Leiðbeinandi meginreglur um sönnunargögn og vísbendingar innan ramma samninga á milli Schengen-ríkjanna um endurviðtöku
SCH/Com-ex (98) 1, 2. endursk. 21. 4. 1998	Skýrsla um störf átakshópsins
SCH/Com-ex (98) 10 21. 4. 1998	Samstarf milli samningsaðilanna í málum er varða endursendingu útlendinga flugleiðis
SCH/Com-ex (98) 11 21. 4. 1998	Miðlæga Schengen-upplýsingakerfið (C.SIS) með 15/18 tengingar
SCH/Com-ex (98) 12 21. 4. 1998	Staðbundin skipti á tölulegum upplýsingum um vegabréfsáritanir
SCH/Com-ex (98) 17 23. 6. 1998	Tiltekin skjöl eru trúnaðarmál
SCH/Com-ex (98) 18, endursk. 23. 6. 1998	Fyrirhugaðar ráðstafanir varðandi lönd sem valda erfiðleikum með tilliti til útgáfu skjala sem krafist er til að flytja ríkisborgara þeirra frá yfirráðasvæði Schengen ENDURVIÐTAKA – VEGABRÉFSÁRITANIR
SCH/Com-ex (98) 19 23. 6. 1998	Mónakó VEGABRÉFSÁRITANIR – YTRI LANDAMÆRI – SCHENGEN-UPPLÝSINGAKERFIÐ
SCH/Com-ex (98) 21 23. 6. 1998	Stimplun vegabréfa umsækjenda um vegabréfsáritun VEGABRÉFSÁRITANIR
SCH/Com-ex (98) 26, lokaútg. 16. 9. 1998	Fastanefnd um Schengen-framkvæmdarsamninginn komið á fót
SCH/Com-ex (98) 29, endursk. 23. 6. 1998	Heildarákvæði sem tekur til allra tæknilegra Schengen-gerða
SCH/Com-ex (98) 35, 2. endursk. 16. 9. 1998	Sameiginlega handbókin send til ríkja sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu
SCH/Com-ex (98) 37, 2. lokaútg.	Aðgerðaáætlun í baráttunni gegn ólöglegum innflytjendum
SCH/Com-ex (98) 43, endursk. 16. 9. 1998	Sérstök nefnd um Grikkland
SCH/Com-ex (98) 49, 3. endursk. 16. 12. 1998	Samningurinn um framkvæmd Schengen-samkomulagsins kemur til framkvæmda í Grikklandi
SCH/Com-ex (98) 51, 3. endursk. 16. 12. 1998	Lögreglusamvinna yfir landamæri á sviði afbrotavarna og uppljóstrana afbrota samkvæmt beiðni

SCH/Com-ex (98) 52 16. 12. 1998	Handbók um lögreglusamvinnu yfir landamæri
SCH/Com-ex (98) 53, 2. endursk.	Samræmd stefna varðandi vegabréfsáritanir – gráu skrárnar felldar niður
SCH/Com-ex (98) 56 16. 12. 1998	Handbók um skilríki sem bera mega vegabréfsáritun
SCH/Com-ex (98) 57 16. 12. 1998	Samræmt eyðublað fyrir heimboð, staðfestingu á gistingu og viðurkenningu á skuldbindingum um framfærslu tekið upp
SCH/Com-ex (98) 59, endursk. 16. 12. 1998	Kerfisbundin þjónusta skjalaráðgjafa
SCH/Com-ex (99) 1, 2. endursk. 28. 4. 1999	Staðan í fíkniefnamálum
SCH/Com-ex (99) 3 28. 4. 1999	Fjárhagsáætlun fyrir þjónustuborð fyrir árið 1999
SCH/Com-ex (99) 4 28. 4. 1999	Kostnaður við uppsetningu miðlæga Schengen-upplýsingakerfisins (C.SIS)
SCH/Com-ex (99) 5 28. 4. 1999	SIRENE-handbókin
SCH/Com-ex (99) 6 28. 4. 1999	Staðan í fjarskiptamálum
SCH/Com-ex (99) 7, 2. endursk. 28. 4. 1999	Samskiptafulltrúar
SCH/Com-ex (99) 8, 2. endursk. 28. 4. 1999	Greiðslur til upplýsingagjafa
SCH/Com-ex (99) 10 28. 4. 1999	Ólögleg viðskipti með skotvopn
SCH/Com-ex (99) 11, 2. endursk. 28. 4. 1999	Ákvörðun sem tengist samningnum um samvinnu um málsmeðferð vegna umferðarlagabrota
SCH/Com-ex (99) 13 28. 4. 1999	Afturköllun á gömlum útgáfum og samþykkt á nýjum útgáfum Sameiginlegu handbókarinnar og Sameiginlegu fyrirmælanna til sendiráða og ræðisskrifstofa
SCH/Com-ex (99) 14 28. 4. 1999	Handbók um skilríki sem bera mega vegabréfsáritun
SCH/Com-ex (99) 18 28. 4. 1999	Bætt lögreglusamvinna að því er varðar afbrotavarnir og uppljóstranir afbrota

B. EFTIRFARANDI YFIRLÝSINGAR FRAMKVÆMDANEFNDARINNAR:

Yfirlýsing	Efni
SCH/Com-ex (96) 5. yfirl. 18. 4. 1996	Skilgreining á hugtakinu „útlendingur“ frá þriðja landi
SCH/Com-ex (96) 6. yfirl., 2. endursk. 26. 6. 1996	Yfirlýsing um framsal
SCH/Com-ex (97) 13. yfirl., 2. endursk. 18. 4. 1996	Brottnám ólögráða barna
SCH/Com-ex (99) 2. yfirl., endursk. 28. 4. 1999	Uppbygging Schengen-upplýsingakerfisins (SIS)

C. EFTIRFARANDI ÁKVARÐANIR MIÐHÓPSINS:

Ákvörðun	Efni
SCH/C (98) 117 27. 10. 1998	Aðgerðaáætlun í baráttunni gegn ólöglegum innflytjendum
SCH/C (99) 25 22. 3. 1999	Almennar meginreglur um greiðslur til upplýsingagjafa og flugumanna

VIÐAUKI B

(2. mgr. 2. gr.)[1]

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 574/1999 frá 12. mars 1999 þar sem tiltekin eru þau þriðju lönd sem um gildir að ríkisborgarar þeirra verða að hafa vegabréfsáritanir undir höndum þegar þeir fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna (Stjtíð. EB L 72/2 frá 18. 3. 1999)[2];

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1683/95 frá 29. maí 1995 þar sem mælt er fyrir um sameiginlegt eyðublað um vegabréfsáritanir (Stjtíð. EB L 164/1 frá 14. 7. 1995) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. febrúar 1996 þar sem mælt er fyrir um frekari tækniforskriftir fyrir samræmt eyðublað um vegabréfsáritanir (ekki birt);

Tilskipun ráðsins nr. 91/477/EBE frá 18. júní 1991 um eftirlit með skotvopnakaupum og skotvopnaeign (Stjtíð. EB L 256/51 frá 13. 9. 1991) og tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 93/216/EBE frá 25. febrúar 1993 um evrópska skotvopnaleyfið (Stjtíð. EB L 93/39 frá 17. 4. 1993) eins og þeim var breytt með tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/129/EB frá 12. janúar 1996 (Stjtíð. EB L 30/47 frá 8. 2. 1996).

LOKAGERÐ

Samningsaðilar hafa samþykkt þessa lokagerð sem hefur að geyma eftirfarandi yfirlýsingar:

1. Yfirlýsing Íslands og Noregs um 2. mgr. 4. gr.:
   Að því er varðar fundi samsettu nefndarinnar á vettvangi ráðherra líta Ísland og Noregur svo á að þau skuli sjálf meta hvort líta beri á tiltekin atriði sem „vandamál sem fyrir þeim verða“ (fyrsti undirliður ákvæðisins) eða atriði sem „varða“ þau (annar undirliður ákvæðisins) og hvort nauðsyn beri til að fjallað sé um málið á vettvangi ráðherra. Í samræmi við sameiginlega hagsmuni samningsaðila er gert ráð fyrir því að slík „vandamál“ og álitamál sem „varða“ þau komi allajafna upp í hinu reglulega samstarfi með einhverjum þeim hætti er leiði til þess að þau verði sett á dagskrá funda samsettu

---

[1] Sjá einnig yfirlýsingu ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar er varðar ákvörðun 95/46/EB sem er samþykkt um leið og þessi samningur er gerður.

[2] Með fyrirvara um tengsl hennar við ákvæði, þar sem tiltekin eru þriðju lönd sem um gildir að ríkisborgarar þeirra verða að hafa vegabréfsáritanir undir höndum eða eru undanþegnir slíkum kvöðum, sem hafa verið samþykkt innan ramma Schengen-samstarfsins og verður beitt áfram þegar Schengen-gerðirnar verða felldar undir ramma Evrópusambandsins og fjallað er um innan viðauka A.

nefndarinnar á vettvangi ráðherra. Engu að síður leggja Ísland og Noregur áherslu á rétt nefndarmanna til að óska eftir fundi í samsettu nefndinni á hvaða vettvangi sem er í samræmi við 3. mgr. 3. gr. samningsins.

2. Yfirlýsing Íslands og Noregs um 4. mgr. 8. gr.:
   Í þeim tilvikum að aðstæður skapast sem gerð er grein fyrir í a-, b-, c- eða d-lið 4. mgr. 8. gr. munu Ísland og Noregur nýta sér heimildina sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. til að óska eftir fundi í samsettu nefndinni á vettvangi ráðherra svo að leita megi leiða til að halda samningnum áfram.
3. Yfirlýsing Íslands og Noregs um framsal:
   1. Ekki skal bera fyrir sig fyrirvara, sem settir hafa verið skv. 13. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum er lagður var fram til undirritunar í Strassborg 27. janúar 1977, í framsalsmálum er tengjast aðildarríkjum Evrópusambandsins sem ábyrgjast sams konar málsmeðferð.
   2. Ekki skal bera fyrir sig yfirlýsingar, sem gerðar hafa verið skv. 1. mgr. 6. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna er lagður var fram til undirritunar í París 13. desember 1957, sem ástæðu þess að synja um framsal á þeim sem þar eru búsettir en hafa ríkisfang annarra ríkja en Norðurlanda til aðildarríkja Evrópusambandsins sem ábyrgjast sams konar málsmeðferð.
4. Sameiginleg yfirlýsing um samráð þjóðþinga:
   Evrópusambandið, Ísland og Noregur telja við hæfi að umræða um málefni sem falla undir þennan samning fari fram á fundum þingmanna Evrópuþingsins og íslenskra þingmanna annars vegar og þingmanna Evrópuþingsins og norskra þingmanna hins vegar.
5. Yfirlýsing ráðs Evrópusambandsins, samþykkt samhljóða af þeim sem sæti eiga í ráðinu og um getur í 1. mgr. 6. gr. Schengen-bókunarinnar, um ákvarðanir sem samsettu nefndinni ber að taka:
   „Það er skilningur ráðsins að ákvarðanir, sem samsettu nefndinni ber að taka samkvæmt samningnum, skuli samþykktar samhljóða af fulltrúum þeirra sem sæti eiga í ráðinu og um getur í 1. mgr. 6. gr. Schengen-bókunarinnar og fulltrúum ríkisstjórna Íslands og Noregs, nema kveðið sé á um annað í reglum um málsmeðferð eða í samningi þeim sem gerður verður skv. 2. mgr. 6. gr. Schengen-bókunarinnar.“
6. Yfirlýsing framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um aðgengi að tillögum:
   Þegar framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna sendir ráði Evrópusambandsins og Evrópuþinginu tillögur sínar er varða þennan samning skal hún senda Íslandi og Noregi afrit af þeim.

Gjört í Brussel 18. maí 1999.

Fyrir hönd ráðs Evrópusambandsins

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

SAMNINGUR Í FORMI BRÉFASKIPTA MILLI RÁÐS EVRÓPUSAMBANDSINS OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG KONUNGSRÍKISINS NOREGS UM NEFNDIR SEM AÐSTOÐA FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA VIÐ AÐ BEITA FRAMKVÆMDAVALDI SÍNU

A. *Bréf frá bandalaginu*

Herra,

Ráðið vísar til samningaviðræðna um samninginn um þátttöku Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og hefur tekið fullt tillit til óskar Íslands og Noregs um að taka fullan þátt í starfi nefndanna, sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna við að beita framkvæmdavaldi sínu, á grundvelli þátttöku þeirra í ákvarðanatöku á sviðum sem falla undir samninginn og til að stuðla að góðri framkvæmd samningsins.

Ráðið tekur mið af því að síðar, þegar slíkri málsmeðferð verður beitt á þeim sviðum sem falla undir samninginn, verði vissulega nauðsynlegt að Ísland og Noregur taki þátt í starfi þessara nefnda, einnig til að tryggja að viðkomandi gerðir eða ráðstafanir hafi fengið málsmeðferð samkvæmt samningnum og þar með orðið bindandi gagnvart Íslandi og Noregi.

Því lýsir Evrópubandalagið sig reiðubúið, jafnskjótt og þörf krefur, til samningaviðræðna um viðeigandi fyrirkomulag á þátttöku Íslands og Noregs í starfi þessara nefnda.

Ég væri yður þakklátur ef þér vilduð tilkynna mér hvort ríkisstjórn yðar samþykkir framangreint.

Ég votta yður virðingu mína,

Fyrir hönd
ráðs Evrópusambandsins

Gjört í Brussel 18. maí 1999.

Fyrir hönd ráðs Evrópusambandsins

B. *Bréf frá Íslandi*

Mér veitist sá heiður að staðfesta að ég hef móttekið svohljóðandi bréf frá yður, dagsett í dag:

„Ráðið vísar til samningaviðræðna um samninginn um þátttöku Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og hefur tekið fullt tillit til óskar Íslands og Noregs um að taka fullan þátt í starfi nefndanna, sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna við að beita framkvæmdavaldi sínu, á grundvelli þátttöku þeirra í ákvarðanatöku á sviðum sem falla undir samninginn og til að stuðla að góðri framkvæmd samningsins.

Ráðið tekur mið af því að síðar, þegar slíkri málsmeðferð verður beitt á þeim sviðum sem falla undir samninginn, verði vissulega nauðsynlegt að Ísland og Noregur taki þátt í starfi þessara nefnda, einnig til að tryggja að viðkomandi gerðir eða ráðstafanir hafi fengið málsmeðferð samkvæmt samningnum og þar með orðið bindandi gagnvart Íslandi og Noregi.

Því lýsir Evrópubandalagið sig reiðubúið, jafnskjótt og þörf krefur, til samningaviðræðna um viðeigandi fyrirkomulag á þátttöku Íslands og Noregs í starfi þessara nefnda.

Ég væri yður þakklátur ef þér vilduð tilkynna mér hvort ríkisstjórn yðar samþykkir framangreint."

Ég get tilkynnt yður að ríkisstjórn mín samþykkir efni bréfs yðar.

Ég votta yður virðingu mína,

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Lýðveldisins Íslands

Gjört í Brussel 18. maí 1999.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

A. *Bréf frá bandalaginu*

Herra,

Ráðið vísar til samningaviðræðna um samninginn um þátttöku Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og hefur tekið fullt tillit til óskar Íslands og Noregs um að taka fullan þátt í starfi nefndanna, sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna við að beita framkvæmdavaldi sínu, á grundvelli þátttöku þeirra í ákvarðanatöku á sviðum sem falla undir samninginn og til að stuðla að góðri framkvæmd samningsins.

Ráðið tekur mið af því að síðar, þegar slíkri málsmeðferð verður beitt á þeim sviðum sem falla undir samninginn, verði vissulega nauðsynlegt að Ísland og Noregur taki þátt í starfi þessara nefnda, einnig til að tryggja að viðkomandi gerðir eða ráðstafanir hafi fengið málsmeðferð samkvæmt samningnum og þar með orðið bindandi gagnvart Íslandi og Noregi.

Því lýsir Evrópubandalagið sig reiðubúið, jafnskjótt og þörf krefur, til samningaviðræðna um viðeigandi fyrirkomulag á þátttöku Íslands og Noregs í starfi þessara nefnda.

Ég væri yður þakklátur ef þér vilduð tilkynna mér hvort ríkisstjórn yðar samþykkir framangreint.

Ég votta yður virðingu mína,

Fyrir hönd
ráðs Evrópusambandsins

Gjört í Brussel 18. maí 1999.

Fyrir hönd ráðs Evrópusambandsins

B. *Bréf frá Noregi*

Mér veitist sá heiður að staðfesta að ég hef móttekið svohljóðandi bréf frá yður, dagsett í dag:

„Ráðið vísar til samningaviðræðna um samninginn um þátttöku Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og hefur tekið fullt tillit til óskar Íslands og Noregs um að taka fullan þátt í starfi nefndanna, sem aðstoða framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna við að beita framkvæmdavaldi sínu, á grundvelli þátttöku þeirra í ákvarðanatöku á sviðum sem falla undir samninginn og til að stuðla að góðri framkvæmd samningsins.

Ráðið tekur mið af því að síðar, þegar slíkri málsmeðferð verður beitt á þeim sviðum sem falla undir samninginn, verði vissulega nauðsynlegt að Ísland og Noregur taki þátt í starfi þessara nefnda, einnig til að tryggja að viðkomandi gerðir eða ráðstafanir hafi fengið málsmeðferð samkvæmt samningnum og þar með orðið bindandi gagnvart Íslandi og Noregi.

Því lýsir Evrópubandalagið sig reiðubúið, jafnskjótt og þörf krefur, til samningaviðræðna um viðeigandi fyrirkomulag á þátttöku Íslands og Noregs í starfi þessara nefnda.

Ég væri yður þakklátur ef þér vilduð tilkynna mér hvort ríkisstjórn yðar samþykkir framangreint."

Ég get tilkynnt yður að ríkisstjórn mín samþykkir efni bréfs yðar.

Ég votta yður virðingu mína,

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Konungsríkisins Noregs

Gjört í Brussel 18. maí 1999.

Fyrir hönd Konungsríkisins Noregs

Fylgiskjal II.

SAMKOMULAG MILLI RÍKISSTJÓRNA RÍKJA BENELÚX-EFNAHAGSSAMBANDSINS, SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS OG LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS UM AFNÁM Í ÁFÖNGUM Á EFTIRLITI Á SAMEIGINLEGUM LANDAMÆRUM

Ríkisstjórnir Konungsríkisins Belgíu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Frakklands, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar og Konungsríkisins Hollands,

hér á eftir nefnd samningsaðilarnir,

sem gera sér ljóst að æ nánara bandalag þjóða aðildarríkja Evrópubandalaganna þarf að koma fram í frjálsri för allra ríkisborgara aðildarríkjanna yfir innri landamæri og í frjálsum vöruflutningum og frjálsri þjónustustarfsemi,

sem hafa fullan hug á að styrkja samstöðu þjóða sinna með því að ryðja úr vegi hindrunum á frjálsri för yfir sameiginleg landamæri ríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands,

með tilliti til þeirra framfara sem þegar hafa orðið innan Evrópubandalaganna að því er varðar frjálsa för fólks, frjálsa vöruflutninga og frjálsa þjónustustarfsemi,

sem hafa einsett sér að afnema eftirlit á sameiginlegum landamærum með för ríkisborgara aðildarríkja Evrópubandalaganna og auðvelda vöruflutninga og þjónustustarfsemi,

sem gera sér ljóst að vegna framkvæmdar þessa samkomulags getur verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir í lagasetningu sem verður að leggja fyrir þjóðþingin í samræmi við stjórnarskrár undirritunarríkjanna,

með hliðsjón af yfirlýsingu leiðtogaráðsins í Fontainebleau frá 25. og 26. júní 1984 um afnám lögreglu- og tollformsatriða á innri landamærum að því er varðar för fólks og vöruflutninga,

með hliðsjón af samningnum milli Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands sem gerður var í Saarbrücken 13. júlí 1984,

með hliðsjón af þeim ályktunum sem voru samþykktar að loknum fundi samgönguráðherra Benelúx-ríkjanna og Sambandslýðveldisins Þýskalands í Neustadt/Aisch 31. maí 1984,

með hliðsjón af minnisblaði ríkisstjórna Benelúx-efnahagssambandsins frá 12. desember 1984 sem var sent ríkisstjórnum Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I. BÁLKUR
Skammtímaráðstafanir

1. gr.

Frá gildistöku þessa samkomulags, og þangað til eftirlit verður að fullu afnumið, skal fullnægja formsatriðum að því er tekur til ríkisborgara aðildarríkja Evrópubandalagana á sameiginlegum landamærum ríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands í samræmi við eftirfarandi skilyrði.

2. gr.

Að því er varðar för fólks skulu lögreglu- og tollyfirvöld, frá 15. júní 1985, að jafnaði framfylgja einföldu sjónrænu eftirliti með einkaökutækjum sem aka hægt yfir sameiginlegu landamærin án þess að stöðva þau.

Þau geta þó gert úrtakskannanir þar sem nákvæmara eftirlit fer fram. Þær skal gera, ef unnt er, utan akreinar þannig að straumur annarra ökutækja yfir landamærin sé ekki rofinn.

3. gr.

Til þess að auðvelda sjónrænt eftirlit geta ríkisborgarar aðildarríkja Evrópubandalaganna, sem hafa í hyggju að fara yfir sameiginlegu landamærin í bifreið, sett á framrúðu ökutækisins græna skífu sem er að minnsta kosti 8 cm í þvermál. Þessi skífa gefur til kynna að þeir fari að fyrirmælum landamæralögreglunnar, hafi eingöngu með sér vörur sem falla undir reglur um tollfrjálsan varning og virði gjaldeyrisreglur.

4. gr.

Samningsaðilarnir skulu leggja sig fram um að stytta, eins og hægt er, viðdvöl á sameiginlegum landamærum vegna eftirlits með fólksflutningum á vegum í atvinnuskyni.

Samningsaðilarnir skulu leita lausna sem gera það kleift að hætta, fyrir 1. janúar 1986, kerfisbundnu eftirliti með akstursskrám og flutningaleyfum þegar um er að ræða fólksflutninga á vegum í atvinnuskyni.

5. gr.

Fyrir 1. janúar 1986 skal setja upp sameiginlegar eftirlitsstöðvar þar sem eftirlitsstöðvar hvers lands um sig standa hlið við hlið á landamærum svo framarlega sem það hefur ekki þegar verið gert og staðhættir leyfa. Í framhaldi af því skal athuga hvort mögulegt sé að setja upp sameiginlegar eftirlitsstöðvar á öðrum landamærastöðvum, að teknu tilliti til aðstæðna á hverjum stað.

6. gr.

Með fyrirvara um hagstæðara fyrirkomulag milli samningsaðilanna skulu þeir gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að auðvelda för þeirra ríkisborgara aðildarríkja Evrópubandalaganna sem búsettir eru í sveitarfélögum í grennd við sameiginlegu landamærin þannig að þeim sé heimilt að fara yfir landamærin annars staðar en á viðurkenndum landamærastöðvum og utan ákveðins afgreiðslutíma.

Viðkomandi einstaklingar njóti þessara fríðinda því aðeins að þeir hafi eingöngu með sér vörur sem falla undir reglur um tollfrjálsan varning og virði gjaldeyrisreglur.

7. gr.

Samningsaðilarnir skulu leggja sig fram um að samræma, eins fljótt og unnt er, stefnu sína í málum er varða vegabréfsáritanir til þess að forðast hugsanlegar neikvæðar afleiðingar þess að draga úr eftirliti á sameiginlegum landamærum í málum sem varða innflytjendur og öryggi. Fyrir 1. janúar 1986 skulu þeir, ef unnt er, gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að koma á málsmeðferð um útgáfu vegabréfsáritana og komuleyfa með tilliti til þess að tryggt verði að allt yfirráðasvæði samningsaðilanna fimm njóti verndar gegn ólöglegum innflytjendum og starfsemi sem getur teflt öryggi í tvísýnu.

8. gr.

Í því augnamiði að draga úr eftirliti á sameiginlegum landamærum, og með tilliti til þess verulega munar sem er á löggjöf ríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands, skuldbinda samningsaðilarnir sig til þess að vinna af festu gegn ólöglegum viðskiptum með fíkniefni á yfirráðasvæði sínu og samræma markvisst aðgerðir á þessu sviði.

9. gr.

Samningsaðilarnir skulu styrkja samstarf milli toll- og lögregluyfirvalda, einkum í baráttunni gegn afbrotum, fyrst og fremst ólöglegum viðskiptum með fíkniefni og vopn, gegn því að einstaklingar komi inn á yfirráðasvæði þeirra og dvelji þar í heimildarleysi, gegn brotum á skatta- og tollareglum og gegn smygli. Í þessum tilgangi, í samræmi við lög í hverju ríki, skulu samningsaðilarnir leggja sig fram um bæta upplýsingaskipti og auka streymi upplýsinga sem gætu komið hinum samningsaðilunum að gagni í baráttunni gegn afbrotum.

Í samræmi við landslög í hverju ríki skulu samningsaðilarnir auka gagnkvæma aðstoð við að hindra ólöglega fjármagnsflutninga.

10. gr.

Til þess að tryggja það samstarf, sem kveðið er á um í 6., 7., 8. og 9. gr., skulu þar til bær yfirvöld samningsaðilanna halda fundi með reglulegu millibili.

11. gr.

Að því er varðar vöruflutninga á vegum yfir landamæri skulu samningsaðilarnir, frá og með 1. júlí 1985, ekki framfylgja reglubundið eftirliti á sameiginlegum landamærum sem hér segir:

— eftirliti með öku- og hvíldartímum (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 543/69 frá 25. mars 1969 um samræmingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar varðandi flutninga á vegum og AETR);
— eftirliti með stærð og þyngd atvinnuökutækja; þetta ákvæði útilokar ekki að innleidd verði sjálfvirk vigtunarkerfi til þess að gera úrtakskannanir á þyngd;
— eftirliti með tæknilegu ástandi ökutækja.

Gera skal ráðstafanir til þess að forðast tvöfalt eftirlit á yfirráðasvæði samningsaðilanna.

12. gr.

Frá og með 1. júlí 1985 skal, í stað eftirlits með skjölum varðandi flutninga sem fara fram án leyfa eða kvóta samkvæmt reglum bandalagsins eða tvíhliða reglum, koma á úrtakskönnunum á sameiginlegum landamærum. Á ökutæki, sem notuð eru við slíka flutninga, skal setja sýnileg merki þegar farið er yfir landamæri. Þar til bær yfirvöld samningsaðilanna skulu ákveða sameiginlega útlit þessa merkis.

13. gr.

Samningsaðilarnir skulu leggja sig fram um að samræma gildandi reglur um leyfi til vöruflutninga í atvinnuskyni á vegum, þar sem farið er yfir landamæri, fyrir 1. janúar 1986 með það að markmiði að einfalda þær og auðvelda notkun þeirra og hugsanlega skipta út ferðaleyfum fyrir tímabundin leyfi sem fela í sér sjónrænt eftirlit þegar farið er yfir sameiginleg landamæri.

Aðferðir við að breyta ferðaleyfum í tímabundin leyfi skulu ákveðnar tvíhliða og skal þá tekið tillit til mismunandi þarfa viðkomandi landa fyrir vöruflutninga á vegum.

14. gr.

Samningsaðilarnir skulu leita lausna sem gera kleift að stytta viðdvöl flutningalesta vegna eftirlits á sameiginlegum landamærum.

15. gr.

Samningsaðilarnir skulu mæla með því við járnbrautarfélög sín að:

— haga tæknilegri málsmeðferð þannig að viðdvöl á sameiginlegum landamærum verði eins stutt og hægt er;
— fyrir tiltekna vöruflutninga með járnbrautarlestum, sem eru ákveðnir af járnbrautarfélögunum, verði allt gert til þess að koma á sérstöku áætlunarkerfi þannig að unnt sé að fara yfir sameiginlegu landamærin með hraði án umtalsverðrar viðdvalar (vörulestir með stutta viðdvöl á landamærum).

16. gr.

Samningsaðilarnir skulu samræma afgreiðslutíma tolleftirlitsstöðva fyrir fljótasiglingar á sameiginlegum landamærum.

II. BÁLKUR
Ráðstafanir til lengri tíma

17. gr.

Samningsaðilarnir skulu stefna að því, að því er varðar för fólks, að afnema eftirlit á sameiginlegum landamærum og færa það að ytri landamærum sínum. Í þessum tilgangi skulu þeir leggja sig fram um að samræma fyrir fram, ef þörf er á, lög og stjórnsýslufyrirmæli um bönn og takmarkanir sem liggja eftirlitinu til grundvallar og gera viðbótarráðstafanir til þess að tryggja öryggi, svo og til þess að hindra komu ólöglegra innflytjenda sem ekki eru ríkisborgarar aðildarríkja Evrópubandalaganna.

18. gr.

Samningsaðilarnir skulu taka eftirfarandi atriði sérstaklega til umræðu en hafa jafnframt hliðsjón af þeim árangri sem skammtímaráðstafanirnar hafa borið:

a) að koma á fyrirkomulagi um lögreglusamvinnu í tengslum við að koma í veg fyrir afbrot, svo og leit;
b) að kanna erfiðleika sem kunna að koma upp við framkvæmd samninga um alþjóðlega réttaraðstoð og framsal til þess að finna þær lausnir sem eru best til þess fallnar að bæta samstarf samningsaðilanna á þessum sviðum;
c) að leita leiða í hinni sameiginlegu baráttu gegn afbrotum, meðal annars með því að kanna þann möguleika að innleiða rétt lögreglumanna til eftirfarar, að teknu tilliti til þeirra samskiptaleiða sem eru fyrir hendi og alþjóðlegrar réttaraðstoðar.

19. gr.

Samningsaðilarnir skulu stefna að því að samræma lög og reglugerðir, sérstaklega varðandi eftirfarandi atriði:

— fíkniefni;

— vopn og sprengiefni;
— skráningu ferðamanna á hótelum.

20. gr.

Samningsaðilarnir skulu leggja sig fram um að samræma stefnu sína í málum er varða vegabréfsáritanir og skilyrði fyrir komu inn á yfirráðasvæði sitt. Þeir skulu, að svo miklu leyti sem þörf er á, búa sig undir að samræma reglur á tilteknum sviðum laga um útlendinga sem varða ríkisborgara ríkja sem eiga ekki aðild að Evrópubandalögunum.

21. gr.

Samningsaðilarnir skulu sameiginlega eiga frumkvæði innan Evrópubandalaganna að því:
a) að rýmka tollfrelsismörk ferðamanna;
b) að afnema, innan ramma tollfrelsismarka bandalagsins, takmarkanir, sem enn eru í gildi við komu til aðildarríkjanna, á varningi sem íbúum landsins er ekki bannað að eiga.

Samningsaðilarnir skulu eiga frumkvæði að því innan Evrópubandalaganna að vinna að því að álagning virðisaukaskatts á flutninga í ferðaþjónustu í brottfararlandi verði samræmd innan Evrópubandalaganna.

22. gr.

Samningsaðilarnir skulu leggja sig fram um, bæði sín á milli og innan Evrópubandalaganna:
— að rýmka tollfrelsismörk fyrir eldsneyti þannig að þau séu í samræmi við eðlilegt geymslurými eldsneytistanks strætisvagna og langferðabifreiða (600 l);
— að samræma skattlagningu díseleldsneytis og rýmka tollfrelsismörk fyrir eðlilegt geymslurými eldsneytistanks flutningabifreiða.

23. gr.

Samningsaðilarnir skulu einnig, á sviði vöruflutninga, leggja sig fram um að stytta biðtíma og fækka viðkomustöðum á samliggjandi eftirlitsstöðvum.

24. gr.

Að því er varðar vöruflutninga skulu samningsaðilarnir leita leiða til að færa það eftirlit, sem er nú framfylgt á sameiginlegum landamærum, til ytri landamæranna eða inn á sitt yfirráðasvæði.

Í þeim tilgangi skulu þeir, ef þörf er á, sameiginlega eiga frumkvæði að því, sín á milli og innan Evrópubandalaganna, að samræma þau ákvæði sem vörueftirlit á sameiginlegum landamærum grundvallast á.

Þeir skulu huga að því að þessar ráðstafanir skaði ekki nauðsynlega heilbrigðisvernd manna, dýra og plantna.

25. gr.

Samningsaðilarnir skulu efla samstarf sín á milli til þess að auðvelda tollafgreiðslu vara sem eru fluttar yfir sameiginleg landamæri með því að skiptast kerfisbundið og sjálfvirkt á nauðsynlegum upplýsingum sem tiltækar eru fyrir tilstilli einingarskjalsins.

26. gr.

Samningsaðilarnir skulu kanna hvernig hægt er að samræma óbeina skatta (virðisaukaskatt og vörugjöld) innan ramma Evrópubandalaganna. Í þeim tilgangi skulu þeir styðja frumkvæði Evrópubandalaganna í þá átt.

27. gr.

Samningsaðilarnir skulu kanna hvort unnt er að afnema, með gagnkvæmu samkomulagi, þær takmarkanir, sem heimilar eru samkvæmt lögum bandalagsins, á tollfrelsismörkum fyrir íbúa landamærasvæða á sameiginlegum landamærum.

28. gr.

Samningsaðilarnir skulu hafa samráð sín á milli áður en gerðir eru hvers konar tvíhliða eða marghliða samningar, í líkingu við þetta samkomulag, við ríki sem eru ekki aðilar að samkomulagi þessu.

29. gr.

Samkomulag þetta gildir einnig fyrir Berlínarfylki, nema ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands lýsi yfir hinu gagnstæða við ríkisstjórnir ríkja Benelúx-efnahagssambandsins og við ríkisstjórn Lýðveldisins Frakklands innan þriggja mánaða frá gildistöku samkomulags þessa.

30. gr.

Þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessu samkomulagi og eru ekki framkvæmanlegar þegar við gildistöku þess, skulu, að því er varðar ráðstafanir sem kveðið er á um í I. bálki, gerðar fyrir 1. janúar 1986 og, að því er varðar ráðstafanir sem kveðið er á um í II. bálki, ef unnt er, fyrir 1. janúar 1990 svo framarlega sem engir aðrir eindagar eru tilgreindir í samkomulagi þessu.

31. gr.

Samkomulag þetta gildir með fyrirvara um ákvæði 5. og 6. gr., svo og 8. til 16. gr. samningsins milli Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands sem gerður var í Saarbrücken 13. júlí 1984.

32. gr.

Samkomulag þetta skal undirritað án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki eða með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki með eftirfarandi fullgildingu eða samþykki.

Samkomulag þetta gildir til bráðabirgða frá deginum eftir undirritun. Það öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að síðasta skjalið um fullgildingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu.

33. gr.

Samkomulag þetta verður í vörslu ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar. Hún lætur ríkisstjórnum hinna undirritunarríkjanna í té staðfest endurrit.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

GJÖRT Í SCHENGEN (Stórhertogadæminu Lúxemborg) fjórtánda dag júnímánaðar nítján hundruð áttatíu og fimm í einu frumriti á frönsku, hollensku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Belgíu

P. DE KEERSMAEKER
aðstoðarráðherra Evrópumála

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands

Próf. Dr. W. SCHRECKENBERGER
aðstoðarráðherra kanslaraembættisins

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Frakklands

C. LALUMIERE
aðstoðarráðherra Evrópumála

Fyrir hönd ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar

R. GOEBBELS
aðstoðarráðherra utanríkismála

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Hollands

W.F. van EEKELEN
aðstoðarráðherra utanríkismála

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR UM FRAMKVÆMD SCHENGEN-SAMKOMULAGSINS FRÁ 14. JÚNÍ 1985 MILLI RÍKISSTJÓRNA RÍKJA BENELÚX-EFNAHAGSSAMBANDSINS, SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS OG LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS UM AFNÁM Í ÁFÖNGUM Á EFTIRLITI Á SAMEIGINLEGUM LANDAMÆRUM

Konungsríkið Belgía, Sambandslýðveldið Þýskaland, Lýðveldið Frakkland, Stórhertogadæmið Lúxemborg og Konungsríkið Holland, hér á eftir nefnd samningsaðilarnir,

sem byggja á Schengen-samkomulaginu frá 14. júní 1985 um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum,

sem hafa ákveðið að hrinda í framkvæmd því markmiði, sem fram kemur í samkomulaginu, að afnema eftirlit með för fólks á sameiginlegum landamærum og að auðvelda flutninga og vöruflæði,

sem hafa í huga að í stofnsáttmála Evrópubandalaganna, sem var nánar útfærður með einingarlögum Evrópu, er kveðið á um að innri markaðurinn skuli mynda svæði án innri landamæra,

sem hafa í huga að stefnumið samningsaðilanna er samhljóða þessu markmiði, með fyrirvara um ráðstafanir sem verða gerðar við framkvæmd ákvæða sáttmálans,

sem hafa í huga að til þess að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að samningsaðilarnir geri ýmsar viðeigandi ráðstafanir og hafi nána samvinnu sín á milli,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. BÁLKUR
Skilgreiningar

1. gr.

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

innri landamæri: sameiginleg landamæri samningsaðilanna á landi ásamt flughöfnum fyrir innansvæðisflug og höfnum fyrir reglubundnar ferjusiglingar sem eru eingöngu á milli hafna á yfirráðasvæðum samningsaðilanna án viðkomu í höfnum sem eru utan þessara yfirráðasvæða;

ytri landamæri: landamæri á landi og sjó ásamt flughöfnum og höfnum samningsaðilanna ef ekki er um innri landamæri að ræða;

innansvæðisflug: flug sem er eingöngu á milli staða á yfirráðasvæðum samningsaðilanna án þess að lent sé á yfirráðasvæði þriðja ríkis;

þriðja ríki: ríki sem er ekki samningsaðili;

útlendingur: maður sem er ekki ríkisborgari í aðildarríki Evrópubandalaganna;

útlendingur sem er á skrá yfir þá sem synja á um komu: útlendingur sem skráður hefur verið í Schengen-upplýsingakerfið í samræmi við ákvæði 96. gr. í þeim tilgangi að synja honum um komu;

landamærastöð: staður þar sem þar til bær yfirvöld heimila að farið sé yfir ytri landamæri;

landamæraeftirlit: eftirlit á landamærum sem fer eingöngu fram vegna fyrirhugaðrar farar yfir landamærin án tillits til annarra ástæðna;

flutningsaðili: einstaklingur eða lögaðili sem stundar fólksflutninga í atvinnuskyni í lofti, á landi eða á sjó;

dvalarleyfi: leyfi sem samningsaðili gefur út og veitir rétt til dvalar á yfirráðasvæði hans. Hér með telst ekki bráðabirgðaleyfi til dvalar á yfirráðasvæði samningsaðila á meðan beiðni um hæli eða umsókn um dvalarleyfi er til meðferðar;

beiðni um hæli: beiðni útlendings sem er sett fram skriflega, munnlega eða á annan hátt á ytri landamærunum eða á yfirráðasvæði samningsaðila í þeim tilgangi að öðlast stöðu flóttamanns samkvæmt Genfarsamningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, og fá sem slíkur dvalarrétt;

beiðandi um hæli: útlendingur sem hefur lagt inn beiðni um hæli í skilningi þessa samnings sem endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um;

meðferð beiðni um hæli: öll málsmeðferð við rannsókn og ákvarðanatöku í tengslum við beiðni um hæli ásamt ráðstöfunum sem eru gerðar í sambandi við endanlega ákvörðun, að undanskilinni ákvörðun um hvaða samningsaðili skuli annast meðferð beiðninnar um hæli samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

II. BÁLKUR
Afnám eftirlits á innri landamærum og för fólks

1. KAFLI
Farið yfir innri landamæri

2. gr.

1. Fara má yfir innri landamærin hvar sem er án þess að persónueftirliti sé framfylgt.

2. Þegar allsherjarregla eða þjóðaröryggi krefst þess getur samningsaðili þó ákveðið, að höfðu samráði við aðra samningsaðila, að taka tímabundið upp landamæraeftirlit á innri landamærum í samræmi við tilefni. Ef allsherjarregla eða þjóðaröryggi krefst þess að brugðist verði við án tafar skal viðkomandi samningsaðili grípa til nauðsynlegra ráðstafana og tilkynna hinum samningsaðilunum um þær eins fljótt og unnt er.

3. Afnám persónueftirlits á innri landamærum skal hvorki hafa áhrif á beitingu ákvæða 22. gr. né framkvæmd lögregluvalds þar til bærra yfirvalda samkvæmt löggjöf hvers samningsaðila, á gervöllu yfirráðasvæði hans né þær skyldur, sem kveðið er á um í löggjöf hans, til að eiga, hafa meðferðis og framvísa leyfum og skilríkjum.

4. Eftirliti með vörum skal framfylgt í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa samnings.[1]

---

[1] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

2. KAFLI
Farið yfir ytri landamæri

3. gr.

1. Meginreglan er sú að aðeins má fara yfir ytri landamærin á landamærastöðvum og á ákveðnum afgreiðslutímum. Framkvæmdanefndin setur frekari ákvæði um þetta og einnig um undantekningar og reglur um staðbundna landamæraumferð, svo og reglur um sérstaka flokka skipasiglinga eins og skemmtisiglingar og strandveiðar.

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að taka upp viðurlög við því að fara í heimildarleysi yfir ytri landamærin utan landamærastöðvanna eða utan ákveðins afgreiðslutíma.

4. gr.[2]

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja að frá og með árinu 1993 þurfi farþegar, sem koma með flugi frá þriðja ríki, að sæta persónueftirliti og eftirliti með handfarangri við komu í flughöfn úr flugi frá viðkomandi þriðja ríki áður en þeir skipta yfir í innansvæðisflug. Farþegar, sem koma með innansvæðisflugi og skipta yfir í flug til þriðja ríkis, sæta persónueftirliti og eftirliti með handfarangri við brottför úr flughöfn þaðan sem flogið er til viðkomandi þriðja ríkis.

2. Samningsaðilarnir skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að eftirliti sé framfylgt í samræmi við ákvæði 1. mgr.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. hafa ekki áhrif á eftirlit með skráðum farangri; það fer annaðhvort fram í þeirri flughöfn, sem er lokaákvörðunarstaður, eða þeirri sem er upprunalegur brottfararstaður.

4. Fram að þeim tíma, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal litið á flughafnir fyrir innansvæðisflug sem ytri landamæri þrátt fyrir skilgreininguna á innri landamærum.

5. gr.

1. Útlendingur getur fengið leyfi til að koma inn og dvelja í allt að þrjá mánuði á yfirráðasvæði samningsaðilanna ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) hann þarf að hafa ein eða fleiri gild skilríki samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndarinnar sem veita heimild til að fara yfir landamærin;
b) hann þarf að hafa gilda vegabréfsáritun ef þess er krafist;
c) honum ber eftir atvikum að framvísa skjölum til staðfestingar á tilgangi dvalar og aðstæðum, meðan á dvölinni stendur, og að hann geti séð fyrir sér, meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur, og greitt fyrir ferð til baka til upprunalandsins eða í gegnum þriðja ríki þar sem honum hefur verið tryggður aðgangur eða sýna fram á að hann sé í aðstöðu til að sjá fyrir sér á löglegan hátt;
d) hann má ekki vera á skrá yfir þá sem synja á um komu;
e) hann má ekki teljast geta verið ógnun við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti neins samningsaðilanna.

2. Útlendingi, sem uppfyllir ekki öll framangreind skilyrði, skal synja um komu inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna, nema samningsaðili telji nauðsynlegt að víkja frá þessari meginreglu af mannúðarástæðum, vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga. Í

---

[2] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg, að því er tekur til eftirlits með farangri.

þeim tilvikum verður aðgangur takmarkaður við yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila og skal hinum samningsaðilunum tilkynnt um þetta.

Þessar reglur hafa ekki áhrif á beitingu sérstakra ákvæða um rétt til hælis eða þeirra ákvæða sem mælt er fyrir um í 18. gr.

3. Útlendingi, sem hefur dvalarleyfi eða vegabréfsáritun fyrir ferð til baka, sem einn samningsaðilanna hefur gefið út, eða hvor tveggja skilríkin ef þess er krafist, skal heimilað að fara í gegn, nema hann sé á landsskrá yfir þá sem synja á um komu hjá þeim samningsaðila þar sem hann óskar að koma yfir ytri landamærin.

6. gr.

1. Ferðir yfir ytri landamærin skulu vera undir eftirliti þar til bærra yfirvalda. Því skal framfylgt eftir samræmdum meginreglum, innan valdsviðs hvers ríkis og í samræmi við innlenda löggjöf og með tilliti til hagsmuna allra samningsaðilanna á yfirráðasvæðum þeirra.

2. Hinar samræmdu meginreglur, sem um getur í 1. mgr., eru:

a) Til þess að önnur skilyrði fyrir komu, dvöl, vinnu og brottför séu uppfyllt skal persónueftirlit ekki aðeins taka til sannprófunar ferðaskilríkja heldur einnig til rannsóknar á og varna gegn ógnunum við þjóðaröryggi og allsherjarreglu samningsaðilanna. Eftirlitið skal einnig taka til ökutækja fólks, sem fer yfir landamærin, og þeirra hluta sem það hefur meðferðis. Eftirlitinu skal framfylgt í samræmi við innlenda löggjöf hvers samningsaðila, sérstaklega þau ákvæði sem varða leit.

b) Allir skulu að minnsta kosti einu sinni sæta eftirliti sem gerir kleift að staðfesta hverjir þeir eru á grundvelli ferðaskilríkja sem þeir framvísa.

c) Útlendingar skulu sæta ítarlegu eftirliti við komu samkvæmt a- lið.

d) Við brottför skal því eftirliti framfylgt sem er nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni allra samningsaðilanna samkvæmt lögum um útlendinga og er tilgangurinn með því rannsókn á og varnir gegn ógnunum við þjóðaröryggi og allsherjarreglu samningsaðilanna. Allir útlendingar skulu sæta slíku eftirliti.

e) Ef ekki er hægt að framfylgja slíku eftirliti af sérstökum ástæðum verður að raða í forgangsröð. Þá gildir sú meginregla að eftirlit við komu hefur forgang fram yfir eftirlit við brottför.

3. Þar til bær yfirvöld skulu halda uppi eftirliti með færanlegum einingum á ytri landamærunum á milli landamærastöðva; hið sama skal gilda um landamærastöðvar utan venjulegs afgreiðslutíma. Þetta eftirlit skal fara þannig fram að það hvetji ekki fólk til þess að komast hjá eftirliti á landamærastöðvunum. Framkvæmdanefndin kveður nánar á um tilhögun eftirlitsins ef svo ber undir.

4. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að hafa yfir að ráða nægilegum fjölda hæfra starfsmanna til að sinna eftirliti á ytri landamærunum.

5. Halda skal uppi sams konar eftirliti alls staðar á ytri landamærunum.

7. gr.

Samningsaðilarnir skulu aðstoða hver annan og hafa nána og stöðuga samvinnu við að halda uppi öflugu eftirliti. Þeir skulu einkum skiptast á öllum mikilvægum upplýsingum sem máli skipta, að undanskildum upplýsingum um nafngreinda einstaklinga, nema þessi samningur kveði á um annað, og á sama hátt skulu þeir samræma, eftir því sem unnt er, fyrirmæli til þeirra yfirvalda sem sinna eftirliti auk þess að stuðla að því að þjálfun eftirlitsmanna, þar með talin framhaldsþjálfun, verði samræmd. Slík samvinna getur falist í gagnkvæmum skiptum á tengifulltrúum.

8. gr.

Framkvæmdanefndin skal taka nauðsynlegar ákvarðanir um einstök hagnýt atriði er varða framkvæmd eftirlits á landamærunum.

3. KAFLI
Vegabréfsáritanir

1. þáttur
Vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar

9. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að fylgja sameiginlegri stefnu í því sem varðar för fólks, sérstaklega með tilliti til reglna um vegabréfsáritanir. Með þetta í huga skulu þeir veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð. Samningsaðilarnir skuldbinda sig einhuga til að samræma enn frekar stefnuna í málum sem varða vegabréfsáritanir.

2. Sameiginlegum reglum samningsaðilanna um vegabréfsáritanir fyrir ríkisborgara frá þriðju ríkjum, sem gilda við undirritun þessa samnings eða verða teknar upp síðar, verður aðeins breytt með samþykki allra samningsaðilanna. Í undantekningartilvikum getur samningsaðili vikið frá sameiginlegum reglum um vegabréfsáritanir gagnvart þriðja ríki þegar brýn þörf er á skjótri ákvörðun með tilliti til innlendrar stefnu þess aðila. Sá aðili skal hafa samráð við hina samningsaðilana fyrir fram og taka tillit til hagsmuna þeirra þegar ákvörðun er tekin og taka tillit til þeirra afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

10. gr.

1. Taka skal upp samræmda vegabréfsáritun sem gildir á yfirráðasvæði allra samningsaðilanna. Þessa vegabréfsáritun má gefa út til dvalar í allt að þrjá mánuði; sjá þó nánar ákvæði 11. gr. um gildistíma.

2. Þangað til vegabréfsáritun af þessu tagi hefur verið tekin upp skulu samningsaðilarnir viðurkenna vegabréfsáritanir hinna landanna svo framarlega sem þær eru gefnar út á grundvelli sameiginlegra skilyrða og viðmiðana samkvæmt viðkomandi ákvæðum þessa kafla.[3]

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. áskilur hver samningsaðili sér rétt til að takmarka gildissvæði vegabréfsáritunarinnar á grundvelli sameiginlegs fyrirkomulags samkvæmt viðkomandi ákvæðum þessa kafla.

11. gr.

1. Vegabréfsáritunin, sem kveðið er á um í 10. gr., getur verið:

a) vegabréfsáritun sem gildir fyrir eina eða fleiri komur inn á svæðið, en hvorki samfelldur né samanlagður dvalartími nokkurra heimsókna í röð má vera lengri en þrír mánuðir á hálfs árs tímabili miðað við þann dag sem fyrst er komið inn á svæðið;

b) vegabréfsáritun vegna gegnumferðar sem veitir handhafa heimild til þess að fara einu sinni, tvisvar eða oftar í undantekningartilvikum um yfirráðasvæði samningsaðilanna yfir á yfirráðasvæði þriðja ríkis, enda taki gegnumferðin að hámarki fimm daga.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að samningsaðili geti, ef með þarf, gefið út á framangreindu hálfs árs tímabili nýja vegabréfsáritun sem gildir eingöngu á yfirráðasvæði þess aðila.

---

[3] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

12. gr.

1. Samræmda vegabréfsáritunin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr., skal gefin út af sendiráðum eða ræðisskrifstofum samningsaðilanna og, þar sem við á, af þeim yfirvöldum samningsaðilanna sem tilgreind eru í 17. gr.

2. Meginreglan er sú að þar til bær samningsaðili til útgáfu slíkrar vegabréfsáritunar er samningsaðilinn þar sem aðalákvörðunarstaður ferðarinnar er. Ef ekki er hægt að fastákveða þennan ákvörðunarstað er meginreglan sú að vegabréfsáritun er gefin út af sendiráði eða ræðisskrifstofu þess samningsaðila sem fyrst er komið inn til.

3. Framkvæmdanefndin kveður nánar á um framkvæmdina og einkum þær viðmiðanir sem verða notaðar við að úrskurða hver teljist aðalákvörðunarstaður ferðarinnar.

13. gr.

1. Ekki má setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem eru fallin úr gildi.

2. Ferðaskilríki skulu hafa lengri gildistíma en vegabréfsáritunin og þá skal tekið tillit til þess hve lengi má fresta því að nota vegabréfsáritunina. Vegabréfsáritun skal taka til ferðar útlendings til baka til upprunalands síns eða komu inn í þriðja ríki.

14. gr.

1. Ekki má setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem gilda ekki hjá neinum samningsaðila. Ef ferðaskilríkin gilda aðeins hjá einum samningsaðila eða nokkrum samningsaðilum skal vegabréfsáritunin, sem sett er í þau, takmörkuð við þann eða þá samningsaðila.

2. Ef ferðaskilríki eru ekki tekin gild hjá einum eða fleiri samningsaðilum má gefa út leyfi sem kemur í stað vegabréfsáritunar.

15. gr.

Meginreglan er sú að aðeins má gefa út vegabréfsáritanirnar, sem um getur í 10. gr., til handa útlendingi sem uppfyllir komuskilyrðin sem kveðið er á um í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.

16. gr.

Telji samningsaðili nauðsynlegt að víkja frá meginreglunni, sem mælt er fyrir um í 15. gr., af einhverri þeirra ástæðna sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr., og gefa út vegabréfsáritun til handa útlendingi sem uppfyllir ekki öll komuskilyrðin sem um getur í 1. mgr. 5. gr., gildir vegabréfsáritunin aðeins á yfirráðasvæði þess samningsaðila og skal hann gera hinum samningsaðilunum grein fyrir þessu.

17. gr.

1. Framkvæmdanefndin skal setja sameiginlegar reglur um meðferð umsókna um vegabréfsáritun, fylgjast með því að þær séu notaðar rétt og laga þær að nýjum aðstæðum og tilvikum.

2. Framkvæmdanefndin skal einnig ákveða í hvaða tilvikum útgáfa vegabréfsáritunar er háð samráði við miðlægt yfirvald þess samningsaðila, sem fékk umsóknina til meðferðar, og, ef við á, við miðlæg yfirvöld hinna samningsaðilanna.

3. Framkvæmdanefndin skal jafnframt taka nauðsynlegar ákvarðanir um eftirfarandi atriði:

a) ferðaskilríki sem mega bera vegabréfsáritun;

b) þá aðila sem eru þar til bærir að gefa út vegabréfsáritanir;

c) skilyrði fyrir útgáfu vegabréfsáritana á landamærum;
d) útlit, efni og gildistíma vegabréfsáritana og gjald sem skal innheimt fyrir útgáfu þeirra;
e) skilyrði fyrir framlengingu eða synjun um vegabréfsáritanirnar, sem um getur í c- og d-lið, með tilliti til hagsmuna allra samningsaðilanna;
f) takmarkanir á gildissvæði vegabréfsáritana;
g) meginreglur sem gilda um gerð sameiginlegrar skrár yfir þá sem synja á um komu, sbr. þó ákvæði 96. gr.

2. þáttur

Vegabréfsáritanir til langrar dvalar

18. gr.

Vegabréfsáritanir til lengri dvalar en þriggja mánaða eru áritanir viðkomandi lands sem einstakir samningsaðilar gefa út í samræmi við eigin löggjöf. Vegabréfsáritun af því tagi heimilar handhafa að fara í gegnum yfirráðasvæði hinna samningsaðilanna til þess að komast inn á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem gaf vegabréfsáritunina út, nema hann uppfylli ekki komuskilyrðin sem um getur í a-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr. eða sé á skrá yfir þá sem synja á um komu hjá þeim samningsaðila sem ræður yfirráðasvæðinu sem hann óskar að fara í gegnum.

4. KAFLI

Skilyrði fyrir för útlendinga

19. gr.

1. Útlendingar, sem eru handhafar samræmdrar vegabréfsáritunar og hafa komið löglega inn á yfirráðasvæði eins samningsaðila, hafa frelsi til að fara um yfirráðasvæði allra samningsaðilanna á meðan vegabréfsáritunin er í gildi, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin sem um getur í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.

2. Þangað til samræmd vegabréfsáritun verður tekin upp hafa útlendingar, sem eru handhafar vegabréfsáritunar sem er gefin út af einum samningsaðilanna og hafa komið löglega inn á yfirráðasvæði eins samningsaðila, frelsi til að fara um yfirráðasvæði allra samningsaðilanna á meðan vegabréfsáritunin er í gildi í allt að þrjá mánuði frá þeim degi sem þeir komu fyrst inn á svæðið, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin sem um getur í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.[4]

3. Ekki skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. um vegabréfsáritanir sem hafa takmarkað gildissvæði í samræmi við ákvæði 3. kafla þessa bálks.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um ákvæði 22. gr.

20. gr.

1. Útlendingar, sem falla ekki undir kvöð um vegabréfsáritun, hafa frelsi til að fara um yfirráðasvæði samningsaðilanna í allt að þrjá mánuði á sex mánaða tímabili frá þeim degi sem þeir komu fyrst inn á svæðið, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin sem um getur í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á rétt hvers samningsaðila um sig til að heimila á yfirráðasvæði sínu að útlendingur dvelji lengur en þrjá mánuði í undantekningartilvikum eða

---

[4] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

vegna framkvæmdar tvíhliða samkomulags sem gert hefur verið áður en þessi samningur öðlast gildi.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um ákvæði 22. gr.

21. gr.

1. Útlendingar, sem eru handhafar gilds dvalarleyfis, sem er gefið út af einum samningsaðilanna, og gildra ferðaskilríkja, hafa frelsi til að fara um yfirráðasvæði hinna samningsaðilanna í allt að þrjá mánuði, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin, sem um getur í a-, c- og e-lið 1. mgr. 5. gr., og séu ekki á innlendri skrá viðkomandi samningsaðila yfir þá sem synja á um komu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um útlendinga sem eru handhafar bráðabirgðadvalarleyfis, sem er gefið út af einum samningsaðilanna, og ferðaskilríkja sem eru gefin út af sama samningsaðila.

3. Samningsaðilarnir skulu senda framkvæmdanefndinni skrá yfir þau skjöl sem þeir gefa út sem dvalarleyfi eða bráðabirgðadvalarleyfi og sem ferðaskilríki í skilningi þessarar greinar.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um ákvæði 22. gr.

22. gr.

1. Útlendingum, sem hafa komið löglega inn á yfirráðasvæði eins samningsaðilanna, er skylt að tilkynna sig hjá þar til bærum yfirvöldum á yfirráðasvæði þess samningsaðila, sem komið er til, í samræmi við þau skilyrði sem hver samningsaðili um sig setur. Hver samningsaðili um sig getur valið um hvort tilkynningin á sér stað við komu eða innan þriggja virkra daga frá komudegi inn á yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila.

2. Útlendingar, sem eru búsettir á yfirráðasvæði eins samningsaðila og ferðast inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila, falla undir tilkynningarskyldu skv. 1. mgr.

3. Hver samningsaðili um sig skal ákveða undantekningar frá 1. og 2. mgr. og tilkynna framkvæmdanefndinni um þær.

23. gr.

1. Útlendingar, sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur þau skilyrði fyrir stuttri dvöl sem gilda á yfirráðasvæði eins samningsaðila, skulu fylgja þeirri meginreglu að yfirgefa tafarlaust yfirráðasvæði samningsaðilanna.

2. Ef útlendingur er handhafi gilds dvalarleyfis eða bráðabirgðadvalarleyfis sem annar samningsaðili hefur gefið út skal hann fara tafarlaust yfir á yfirráðasvæði þess samningsaðila.

3. Fari viðkomandi útlendingur ekki sjálfviljugur úr landi, eða ef ætla má að hann muni ekki fara úr landi, eða verði útlendingur að fara tafarlaust úr landi vegna þjóðaröryggis eða allsherjarreglu skal vísa honum brott af yfirráðasvæði samningsaðilans, þar sem hann var handtekinn, í samræmi við innlend lög þess samningsaðila. Ef brottvísun er óheimil samkvæmt þessum lögum má viðkomandi samningsaðili heimila útlendingnum dvöl á yfirráðasvæði sínu.

4. Viðkomandi útlendingi má vísa brott af yfirráðasvæði þess ríkis til upprunalands síns eða til einhvers annars lands sem hann má koma til, einkum samkvæmt viðeigandi ákvæðum samninga um endurviðtöku sem samningsaðilarnir hafa samþykkt.

5. Ákvæði 4. mgr. hafa ekki áhrif á innlend ákvæði um rétt til hælis, ákvæði Genfarsamningsins frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New

York-bókuninni frá 31. janúar 1967, né ákvæði 2. mgr. þessarar greinar né 1. mgr. 33. gr. þessa samnings.

24. gr.

Með fyrirvara um viðeigandi hagnýtar viðmiðanir og fyrirkomulag, sem framkvæmdanefndin ákveður, skulu samningsaðilarnir jafna sín á milli þann mismun á kostnaði sem getur leitt af brottvísunarskyldu eins og kveðið er á um í 23. gr. þegar viðkomandi útlendingur getur ekki staðið straum af kostnaði við brottvísunina.

5. KAFLI
Dvalarleyfi og skráning þegar synja á um komu

25. gr.

1. Hafi samningsaðili í hyggju að veita útlendingi, sem er á skrá yfir þá sem synja á um komu, dvalarleyfi er haft samráð fyrir fram við þann samningsaðila sem skráði hann og skal taka tillit til hagsmuna þess aðila; dvalarleyfi skal aðeins veitt þegar um þungvægar ástæður er að ræða, sérstaklega mannúðarástæður eða ástæður sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum.

Ef dvalarleyfi er gefið út skal samningsaðilinn, sem skráði viðkomandi útlending, afturkalla skráninguna en er þó heimilt að hafa hann á sinni landsskrá.

2. Komi í ljós að útlendingur, sem hefur undir höndum gilt dvalarleyfi útgefið af einum samningsaðilanna, hefur verið skráður sem einstaklingur sem synja á um komu skal samningsaðilinn, sem skráði hann, hafa samráð við samningsaðilann, sem gaf út dvalarleyfið, um það hvort fullnægjandi ástæður eru til þess að afturkalla dvalarleyfið.

Ef dvalarleyfið er ekki afturkallað skal samningsaðilinn, sem skráði hann, afturkalla skráninguna en er þó heimilt að hafa hann á sinni landsskrá.

6. KAFLI
Viðbótarráðstafanir

26. gr.

1. Með fyrirvara um þær skuldbindingar, sem leiðir af Genfarsamningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, skuldbinda samningsaðilarnir sig til að taka upp eftirfarandi reglur í innlenda löggjöf:

a) Ef útlendingi er synjað um komu inn á yfirráðasvæði eins samningsaðilanna skal flutningsaðilinn, sem flutti hann að ytri landamærunum, hvort sem það var loft-, sjó- eða landleiðis, taka tafarlaust á sig ábyrgð á viðkomandi. Að kröfu þeirra yfirvalda, sem annast landamæraeftirlit, skal flutningsaðilinn flytja útlendinginn til baka til þess þriðja ríkis, sem hann kom frá, til þess þriðja ríkis, sem gaf út ferðaskilríkin sem hann notaði á ferðalaginu, eða til einhvers annars þriðja ríkis sem tryggir honum aðgang.

b) Flutningsaðilanum ber skylda til að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að fullvissa sig um að útlendingur, sem er fluttur loft- eða sjóleiðis, hafi undir höndum nauðsynleg ferðaskilríki til komu inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna.

2. Með fyrirvara um þær skuldbindingar, sem leiðir af Genfarsamningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, skuldbinda samningsaðilarnir sig til að taka upp viðurlög, hver í samræmi við eigin stjórnskipunarlög, gagnvart þeim flutningsaðilum sem flytja útlendinga, sem hafa ekki

nauðsynleg ferðaskilríki undir höndum, loft- eða sjóleiðis frá þriðja ríki inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna.

3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. skulu einnig gilda um flutningsaðila sem annast alþjóðlega hópflutninga fólks í langferðabifreiðum, að undanskildum ferðum yfir landamæri.

27. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að taka upp viðeigandi viðurlög gagnvart öllum þeim sem í hagnaðarskyni hjálpa eða reyna að hjálpa útlendingi við að komast inn á yfirráðasvæði eins samningsaðila eða dvelja þar í andstöðu við lög þess aðila um komu og dvöl útlendinga.

2. Fái samningsaðili upplýsingar um málsatvik, eins og um getur í 1. mgr., sem stríða gegn löggjöf annars samningsaðila skal hann upplýsa þann síðarnefnda um málsatvik.

3. Hafi löggjöf eins samningsaðila verið brotin, og hann farið þess á leit við annan samningsaðila að hefja lögsókn vegna málsatvikanna sem um getur í 1. mgr., skulu þar til bær yfirvöld gefa út opinbera tilkynningu eða staðfestingu á því hvaða lagaákvæði hafa verið brotin.

7. KAFLI[5]
Ábyrgð á meðferð beiðna um hæli

28. gr.

Samningsaðilarnir staðfesta hér með skuldbindingar sínar samkvæmt Genfarsamningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, án nokkurra landfræðilegra takmarkana á gildissviði þessara gerninga, svo og ásetning sinn um að eiga samstarf við flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd þessara gerninga.

29. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að fjalla um sérhverja beiðni um hæli sem útlendingur leggur inn á yfirráðasvæði einhvers samningsaðila.

2. Þessi skuldbinding felur ekki í sér að viðkomandi samningsaðila beri í öllum tilvikum að leyfa beiðanda um hæli að koma inn á eða dvelja á yfirráðasvæði sínu.

Hver samningsaðili um sig heldur þeim rétti að vísa beiðanda um hæli til baka til þriðja ríkis eða vísa honum úr landi samkvæmt eigin ákvæðum eða í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar.

3. Aðeins einn samningsaðili ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli, óháð því hjá hvaða samningsaðila útlendingur hefur lagt inn umrædda beiðni. Skal það ákvarðað á grundvelli þeirra viðmiðana sem mælt er fyrir um í 30. gr.

4. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. heldur hver samningsaðili um sig þeim rétti að fara með beiðni um hæli, af sérstökum ástæðum sem tengjast einkum landslögum, jafnvel þó að ábyrgðin hvíli á öðrum samningsaðila samkvæmt þessum samningi.

30. gr.

1. Ákvarðað er hvaða samningsaðili telst bera ábyrgð á meðferð beiðni um hæli með hliðsjón af eftirfarandi:

---

[5] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir kaflinn ekki fyrir Ísland og Noreg.

a) Hafi einn samningsaðili gefið út einhvers konar vegabréfsáritun eða dvalarleyfi til handa beiðanda um hæli ber sá samningsaðili ábyrgð á meðferð beiðninnar um hæli. Hafi vegabréfsáritunin verið veitt á grundvelli heimildar annars samningsaðila þá ber sá aðili ábyrgð sem veitti heimildina.
b) Hafi fleiri en einn samningsaðili gefið út einhvers konar vegabréfsáritun eða dvalarleyfi til handa beiðanda um hæli ber sá samningsaðili ábyrgð sem gaf út vegabréfsáritunina eða dvalarleyfið sem fellur síðast úr gildi.
c) Hafi beiðandi um hæli ekki yfirgefið yfirráðasvæði samningsaðilanna helst sú ábyrgð sem kveðið er á um í a- og b-lið jafnvel þó að vegabréfsáritunin, af hvaða tegund sem hún er, eða dvalarleyfið sé útrunnið. Hafi beiðandi um hæli yfirgefið yfirráðasvæði samningsaðilanna eftir að vegabréfsáritunin eða dvalarleyfið hefur verið gefið út eru þau skjöl lögð til grundvallar við að ákvarða ábyrgð samkvæmt a- og b-lið, nema þau séu útrunnin miðað við landslög.
d) Hafi samningsaðilarnir leyst beiðanda um hæli undan kvöð um vegabréfsáritun ber sá samningsaðili ábyrgð sem ræður ytri landamærunum sem beiðandi um hæli kom yfir inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna.

Á meðan stefna í málum, er varða vegabréfsáritanir, hefur ekki verið algerlega samræmd, og beiðandi um hæli er aðeins laus undan kvöð um vegabréfsáritanir hjá tilteknum samningsaðilum, ber sá samningsaðili ábyrgð sem ræður ytri landamærunum sem beiðandi um hæli kom yfir inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna án vegabréfsáritunar, sbr. þó a-, b- og c-lið.

Ef beiðni um hæli er beint til samningsaðila, sem hefur veitt viðkomandi beiðanda um hæli vegabréfsáritun til gegnumferðar, óháð því hvort hann hefur sætt vegabréfaeftirliti eða ekki, og hafi sú vegabréfsáritun verið veitt eftir að aðilar gegnumferðarlandsins hafa fengið fullvissu um það hjá yfirvöldum ræðisskrifstofu eða sendiráðs þess samningsaðila, þar sem ákvörðunarstaður ferðarinnar er, að beiðandi um hæli uppfylli skilyrði fyrir því að koma inn í ákvörðunarlandið, ber samningsaðilinn, þar sem ákvörðunarstaður ferðarinnar er, ábyrgð á meðferð beiðni um hæli.
e) Hafi beiðandi um hæli komið inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna án þess að hafa undir höndum ein eða fleiri skilríki, samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndarinnar, sem veita heimild til að fara yfir landamærin ber sá samningsaðili ábyrgð sem hefur hleypt beiðanda um hæli yfir ytri landamærin hjá sér og inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna.
f) Leggi útlendingur, sem er með beiðni um hæli til meðferðar hjá einum samningsaðilanna, fram nýja beiðni ber sá samningsaðili ábyrgð sem er með upprunalegu beiðnina til meðferðar.
g) Leggi útlendingur, sem hefur áður lagt fram beiðni um hæli og einn samningsaðilanna hefur tekið endanlega ákvörðun um, fram nýja beiðni þá ber sá samningsaðili ábyrgð sem hafði fyrri beiðnina til meðferðar, nema beiðandi um hæli hafi yfirgefið yfirráðasvæði samningsaðilanna.

2. Hafi samningsaðili tekið að sér meðferð beiðni um hæli skv. 4. mgr. 29. gr. er samningsaðilinn, sem ber ábyrgð skv. 1. mgr. þessarar greinar, leystur undan skyldum sínum.

3. Ef ekki er unnt að ákvarða á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. hvaða samningsaðili ber ábyrgð telst sá samningsaðili bera ábyrgð þar sem umrædd beiðni um hæli var lögð fram.

31. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu leggja sig fram um að ákvarða, eins fljótt og unnt er, hver þeirra beri ábyrgð á meðferð beiðni um hæli.

2. Ef beiðni um hæli er beint til samningsaðila sem ber ekki ábyrgð á meðferð beiðni skv. 30. gr. og dvelji útlendingurinn á yfirráðasvæði hans getur sá samningsaðili farið þess á leit við samningsaðilann sem ber ábyrgð að taka við beiðanda um hæli með það í huga að taka beiðni hans um hæli til meðferðar.

3. Samningsaðili, sem ber ábyrgð á meðferð beiðni, er skuldbundinn til þess að taka við beiðanda um hæli sem um getur í 2. mgr. þegar þess er farið á leit innan sex mánaða frá því að beiðni um hæli var lögð fram. Ef þess er ekki farið á leit innan þessa frests ber sá samningsaðili, sem beiðni um hæli var beint til, ábyrgð á meðferð beiðninnar.

32. gr.

Farið er með beiðni um hæli í samræmi við innlend lög þess samningsaðila sem ber ábyrgð á meðferð beiðninnar.

33. gr.

1. Dvelji beiðandi um hæli ólöglega á yfirráðasvæði annars samningsaðila á meðan beiðni um hæli er til meðferðar ber þeim samningsaðila, sem ber ábyrgð á meðferð beiðninnar, skylda til að taka við viðkomandi beiðanda aftur.

2. Ekki skal beita ákvæðum 1. mgr. þegar annar samningsaðili hefur gefið út dvalarleyfi handa beiðanda um hæli sem gildir í eitt ár eða lengur. Í því tilviki flyst ábyrgð á meðferð beiðninnar til þess samningsaðila.

34. gr.

1. Samningsaðilanum, sem ber ábyrgð á meðferð beiðni, ber skylda til að taka aftur við útlendingi sem hefur endanlega verið neitað um hæli og hefur farið inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila án þess að hafa leyfi til að dvelja þar.

2. Ekki skal þó beita ákvæðum 1. mgr. ef samningsaðilinn, sem ber ábyrgð á meðferð beiðni, hefur vísað viðkomandi útlendingi brott af yfirráðasvæði samningsaðilanna.

35. gr.

1. Samningsaðilanum, sem hefur veitt útlendingi réttarstöðu flóttamanns og heimilað dvöl hans, ber skylda til að taka á sig ábyrgð á meðferð beiðni um hæli frá aðstandanda hans svo framarlega sem hlutaðeigandi eru því samþykkir.

2. Aðstandandi, sem um getur í 1. mgr., er maki flóttamanns eða einhleypt barn hans undir átján ára aldri eða, ef flóttamaðurinn er einhleypt barn undir átján ára aldri, faðir hans eða móðir.

36. gr.

Samningsaðili, sem ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli, getur farið þess á leit við annan samningsaðila að hann taki að sér að annast beiðnina af mannúðarástæðum, sérstaklega þeim sem snerta fjölskyldu eða menningu, fari beiðandi sjálfur fram á slíkt. Samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, metur hvort unnt er að verða við þessari beiðni.

37. gr.

1. Þar til bær yfirvöld samningsaðilanna skulu tilkynna hvert öðru eins fljótt og unnt er um:

a) nýjar reglur eða ráðstafanir sem samþykktar hafa verið á sviði laga um rétt til hælis eða varðandi meðferð beiðenda um hæli, í síðasta lagi við gildistöku þeirra;
b) tölulegar upplýsingar um fjölda þeirra sem koma og biðja um hæli í hverjum mánuði, ásamt upplýsingum um helstu upprunalönd og um ákvarðanir um beiðnir um hæli þegar þær upplýsingar eru fyrir hendi;
c) tilkomu nýrra hópa, sem biðja um hæli, eða verulega aukningu í ákveðnum hópum og allar fyrirliggjandi upplýsingar um þá;
d) grundvallarákvarðanir á sviði laga um rétt til hælis.

2. Samningsaðilarnir skulu auk þess tryggja nána samvinnu við öflun upplýsinga um aðstæður í upprunalöndum beiðenda um hæli í þeim tilgangi að leggja sameiginlega mat á aðstæður.

3. Samningsaðilarnir skulu virða tilmæli samningsaðila um að fara með upplýsingar frá honum sem trúnaðarmál.

38. gr.

1. Hver samningsaðili um sig lætur hverjum af hinum samningsaðilunum í té, að beiðni þeirra, fyrirliggjandi upplýsingar um beiðanda um hæli sem eru nauðsynlegar til þess að:

— ákvarða hvaða samningsaðili ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli;
— taka viðkomandi beiðni um hæli til meðferðar;
— efna þær skuldbindingar sem koma fram í þessum kafla.

2. Einungis eftirfarandi upplýsingar mega koma fram:

a) hver maðurinn er (kenninafn, eiginnafn, hugsanlega fyrra nafn, auknefni eða fölsk nöfn, fæðingardagur og -ár, fæðingarstaður, núverandi og fyrrverandi ríkisfang beiðanda um hæli og, ef við á, aðstandenda hans);
b) persónuskilríki og ferðaskilríki (númer, gildistími, útgáfustaður og útgáfudagur, yfirvöld sem gáfu út skilríkin o.s.frv.);
c) aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að staðfesta hver beiðandi um hæli er;
d) dvalarstaðir og ferðaleiðir;
e) dvalarleyfi eða vegabréfsáritanir sem samningsaðili hefur gefið út;
f) staðurinn þar sem beiðni um hæli er lögð fram;
g) dagsetning þegar fyrri beiðni um hæli er lögð fram, ef við á, dagsetning þegar núverandi beiðni um hæli er lögð fram, upplýsingar um stöðu málsins og efni ákvörðunarinnar sem tekin hefur verið.

3. Auk þess getur samningsaðili farið þess á leit við annan samningsaðila að hann gefi upplýsingar um ástæðurnar, sem beiðandi um hæli hefur lagt fram til stuðnings beiðni sinni, og eftir atvikum ástæður þeirrar ákvörðunar sem tekin hefur verið um hana. Samningsaðilinn, sem beiðninni er beint til, tekur afstöðu til þess hvort hann getur orðið við þessari beiðni. Í öllum tilvikum er samþykki beiðanda um hæli skilyrði fyrir því að þessar upplýsingar séu látnar í té.

4. Skipst skal á framangreindum upplýsingum að beiðni eins samningsaðila og fara upplýsingaskiptin aðeins fram á milli þeirra yfirvalda sem hver samningsaðili um sig hefur tilnefnt og tilkynnt framkvæmdanefndinni um.

5. Upplýsingarnar má aðeins nota í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Þær má aðeins senda til þeirra yfirvalda og dómstóla sem hafa það verkefni að:

— ákvarða hvaða samningsaðili ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli;
— taka beiðni um hæli til meðferðar;
— efna þær skuldbindingar sem koma fram í þessum kafla.

6. Samningsaðilinn, sem sendir upplýsingarnar, gætir þess að þær séu réttar og uppfærðar.

Komi í ljós að viðkomandi samningsaðili hafi látið í té rangar upplýsingar, eða upplýsingar sem ekki hefði átt að senda, skal tilkynna það tafarlaust þeim samningsaðilum sem tóku við þeim upplýsingum. Þeim ber skylda til að leiðrétta eða eyða upplýsingunum.

7. Beiðandi um hæli hefur rétt á því samkvæmt beiðni að fá að sjá þær upplýsingar sem skipst hefur verið á og varða hann svo framarlega sem þær eru tiltækar.

Telji beiðandi um hæli að þessar upplýsingar séu rangar eða að ekki hefði átt að senda þær hefur hann rétt til að krefjast þess að þær verði leiðréttar eða þeim eytt. Leiðréttingar skulu gerðar í samræmi við 6. mgr.

8. Hverjum samningsaðila um sig ber skylda til að skrá þær upplýsingar sem hann sendir eða fær frá öðrum.

9. Upplýsingar, sem sendar hafa verið, skulu aðeins geymdar eins lengi og nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem þær voru sendar til að þjóna. Viðkomandi samningsaðili skal meta þegar þar að kemur hvort nauðsynlegt er að geyma upplýsingarnar áfram.

10. Upplýsingar, sem sendar eru, skulu að minnsta kosti njóta sömu verndar og þeirrar sem gildir, samkvæmt lögum þess samningsaðila sem tekur við upplýsingunum, fyrir sams konar upplýsingar.

11. Ef upplýsingarnar eru ekki skráðar vélrænt heldur á einhvern annan hátt skal hver samningsaðili um sig gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja með skilvirku eftirliti að farið sé að ákvæðum þessarar greinar. Hafi samningsaðili yfir að ráða eftirlitsstofnun af þeirri gerð sem um getur í 12. mgr. getur hann falið henni að annast eftirlitið.

12. Óski einn eða fleiri samningsaðilar eftir því að tölvuskrá þær upplýsingar sem um getur í 2. og 3. mgr., allar eða að hluta til, er það því aðeins leyfilegt að viðkomandi samningsaðilar hafi samþykkt löggjöf um slíka tölvuskráningu sem tryggir framkvæmd meginreglna samnings Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga og að þeir hafi falið viðeigandi innlendri stofnun að annast óháð eftirlit með vinnslu og notkun þeirra upplýsinga sem sendar eru samkvæmt þessum samningi.

III. BÁLKUR
Lögregla og öryggi
1. KAFLI
Lögreglusamvinna
39. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að tryggja að lögregluyfirvöld þeirra veiti hver öðrum aðstoð, í samræmi við innlenda löggjöf og innan valdsviðs þeirra, við að koma í veg fyrir og rannsaka refsiverða verknaði, svo framarlega sem það er ekki í verkahring dómsmálayfirvalda samkvæmt innlendum lögum að leggja fram eða verða við beiðni um aðstoð og hægt sé að verða við slíkri beiðni án þess að samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, þurfi að beita þvingunarráðstöfunum. Hafi lögregluyfirvöldin, sem beiðni er beint til, ekki heimild til að verða við beiðni framsenda þau hana til þar til bærra yfirvalda.

2. Skriflegar upplýsingar, sem samningsaðili, sem beiðni er beint til, veitir skv. 1. mgr., má sá samningsaðili, sem leggur fram beiðni, aðeins nota sem sönnunargögn í sakamáli að fengnu leyfi þar til bærra dómsmálayfirvalda þess samningsaðila sem beiðni er beint til.

3. Beiðnir um aðstoð skv. 1. mgr. og svör við slíkum beiðnum má senda á milli þeirra miðlægu stofnana sem samningsaðilarnir hafa falið að annast alþjóðlega lögreglusamvinnu. Þegar ekki er hægt að senda beiðni í tæka tíð með þessari aðferð geta lögregluyfirvöld þess samningsaðila, sem leggur fram beiðni, sent beiðnina beint til þar til bærra yfirvalda þess samningsaðila sem beiðni er beint til og þau sent svar beint til baka. Í þeim tilvikum tilkynna viðkomandi lögregluyfirvöld, eins fljótt og unnt er, um þessa millilíðalausu beiðni þeirri miðlægu stofnun sem annast alþjóðlega lögreglusamvinnu fyrir þann samningsaðila sem beiðni er beint til.

4. Þar til bærir ráðherrar samningsaðilanna geta gert með sér samkomulag um samvinnu á landamærasvæðum.

5. Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir víðtækari tvíhliða samninga, sem hafa verið eða verða gerðir, milli tveggja samningsaðila sem eiga sameiginleg landamæri. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum um slíka samninga.

40. gr.

1. Hafi lögreglumenn eins samningsaðila, við rannsókn sakamáls í landi sínu, einstakling, sem er grunaður um að hafa tekið þátt í refsiverðum verknaði er getur haft í för með sér framsal, undir eftirliti skal þeim heimilt að halda eftirlitinu áfram á yfirráðasvæði annars samningsaðila hafi hinn síðarnefndi leyft eftirlit yfir landamæri sem svar við áður sendri beiðni um réttaraðstoð. Leyfi getur verið veitt með skilyrðum.

Samkvæmt beiðni skal eftirlitið falið lögreglumönnum samningsaðilans sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem það fer fram.

Beiðni um réttaraðstoð, sem um getur í 1. lið, skal beina til þess yfirvalds sem hver samningsaðili um sig hefur tilnefnt og er þar til bært að veita eða framsenda slíkt leyfi.

2. Ef ekki er hægt að biðja um leyfi annars samningsaðila fyrir fram í sérstaklega áríðandi tilvikum mega lögreglumenn halda eftirlitinu áfram, þó að komið sé yfir landamæri, þegar um er að ræða mann sem er grunaður um einhvern af þeim refsiverðu verknuðum sem kveðið er á um í 7. mgr., að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Yfirvaldi, sem er tilnefnt skv. 5. mgr., frá samningsaðilanum, sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem eftirliti með einstaklingi skal haldið áfram, skal tafarlaust, á meðan eftirlitið fer fram, tilkynnt um að farið er yfir landamærin.
b) Beiðni um réttaraðstoð, sem lögð er fram í samræmi við 1. mgr., skal send tafarlaust og jafnframt gerð grein fyrir ástæðum þess að farið var yfir landamærin án fyrirframleyfis.

Eftirliti skal hætt um leið og samningsaðilinn, sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem eftirlitið fer fram, krefst þess í framhaldi af tilkynningunni sem um getur í a-lið eða beiðninni sem um getur í b-lið eða hafi leyfi ekki fengist fimm klukkustundum eftir að farið var yfir landamærin.

3. Eftirlit, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal aðeins fara fram með eftirfarandi almennum skilyrðum:

a) Lögreglumennirnir, sem sinna eftirlitinu, skulu fara að ákvæðum þessarar greinar og lögum samningsaðilans sem ræður yfirráðasvæðinu sem þeir starfa á; þeir skulu fylgja fyrirmælum þar til bærra staðaryfirvalda.
b) Að frátöldum þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. ber lögreglumönnunum, á meðan eftirlitið fer fram, að hafa með sér skjal sem sýnir að leyfi hafi verið veitt.
c) Lögreglumennirnir, sem sinna eftirlitinu, verða alltaf að geta sannað að þeir starfi sem opinberir embættismenn.

d) Lögreglumennirnir, sem sinna eftirlitinu, mega hafa með sér vinnuvopn sín á meðan á eftirliti stendur, nema samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, hafi tekið annað sérstaklega fram; notkun vinnuvopns er ekki leyfileg nema í nauðvörn.
e) Bannað er að fara inn á einkaheimili og staði sem eru ekki opnir almenningi.
f) Lögreglumennirnir, sem sinna eftirlitinu, mega hvorki stöðva né handtaka þann sem er undir eftirliti.
g) Um hverja aðgerð skal gefa yfirvöldum þess samningsaðila, sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem aðgerðin átti sér stað, skýrslu; fara má fram á að lögreglumennirnir, sem sinntu eftirlitinu, mæti í eigin persónu.
h) Fari yfirvöld samningsaðilans, sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem eftirlitið fór fram, fram á það skulu yfirvöld samningsaðilans, þar sem lögreglumennirnir, sem sinntu eftirlitinu, eiga heima, aðstoða við rannsóknina í framhaldi af aðgerðinni, þar með talda málsmeðferð.

4. Lögreglumennirnir, sem um getur í 1. og 2. mgr., eru:

— að því er tekur til Konungsríkisins Belgíu: lögreglumenn í „la police judiciaire près les Parquets“ (rannsóknarlögreglu ákæruvaldsins), „la gendarmerie“ (héraðslögreglunni) og „la police communale“ (lögreglu sveitarfélaga), svo og tollverðir, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi tvíhliða samningum sem um getur í 6. mgr., að því er tekur til heimilda þeirra varðandi ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni, vopn og sprengiefni og ólöglegan flutning eitraðs og skaðlegs úrgangs;
— að því er tekur til Sambandslýðveldisins Þýskalands: lögreglumenn í „Polizeien des Bundes und der Länder“ (lögreglu Sambandslýðveldisins og einstakra fylkja), svo og fulltrúar „Zollfahndungsdienst“ (rannsóknardeildar tollyfirvalda) sem fulltrúar opinbers ákæruvalds, eingöngu að því er tekur til ólöglegra viðskipta með fíkniefni og geðvirk efni og vopn;
— að því er tekur til Lýðveldisins Frakklands: lögreglumenn og rannsóknarlögreglumenn í „la police nationale“ (ríkislögreglunni) og „la gendarmerie nationale“ (héraðslögreglunni), svo og tollverðir, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi tvíhliða samningum sem um getur í 6. mgr., að því er tekur til heimilda þeirra varðandi ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni, vopn og sprengiefni og ólöglegan flutning eitraðs og skaðlegs úrgangs;
— að því er tekur til Stórhertogadæmisins Lúxemborgar: lögreglumenn í „la gendarmerie“ (héraðslögreglunni) og „la police“ (lögreglunni), svo og tollverðir, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi tvíhliða samningum sem um getur í 6. mgr., að því er tekur til heimilda þeirra varðandi ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni, vopn og sprengiefni og ólöglegan flutning eitraðs og skaðlegs úrgangs;
— að því er tekur til Konungsríkisins Hollands: lögreglumenn í „Rijkspolitie“ (ríkislögreglu) og „Gemeentepolitie“ (lögreglu sveitarfélaga), svo og fulltrúar skattrannsóknaryfirvalda sem bera ábyrgð á aðflutnings- og vörugjöldum, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi tvíhliða samningum sem um getur í 6. mgr., að því er tekur til heimilda þeirra varðandi ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni, vopn og sprengiefni og ólöglegan flutning eitraðs og skaðlegs úrgangs.

5. Yfirvaldið, sem um getur í 1. og 2. mgr., er:

— að því er tekur til Konungsríkisins Belgíu: „Commissariat général de la Police judiciaire“;
— að því er tekur til Sambandslýðveldisins Þýskalands: „Bundeskriminalamt“;
— að því er tekur til Lýðveldisins Frakklands: „Direction centrale de la Police judiciaire“;

— að því er tekur til Stórhertogadæmisins Lúxemborgar: „Procureur général d'Etat";
— að því er tekur til Konungsríkisins Hollands: „Landelijk Officier van Justitie" sem ber ábyrgð á eftirliti yfir landamæri.

6. Samningsaðilarnir geta með tvíhliða samningum rýmkað gildissvið þessarar greinar og samþykkt aðrar ráðstafanir við framkvæmd hennar.

7. Eftirlitinu, sem um getur í 2. mgr., má aðeins sinna þegar um eftirtalda refsiverða verknaði er að ræða:
— morð,
— manndráp,
— nauðgun,
— íkveikju af ásetningi,
— peningafölsun,
— grófan þjófnað, rán og hylmingu,
— kúgun,
— mannrán og gíslatöku,
— mansal,
— ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni,
— brot á lögum um vopn og sprengiefni,
— notkun sprengiefna,
— ólöglegan flutning eitraðs og skaðlegs úrgangs.

41. gr.

1. Lögreglumönnum eins samningsaðila, sem í sínu heimalandi veita eftirför manni, sem hefur verið staðinn að verki við að fremja einn af þeim refsiverðu verknuðum sem um getur í 4. mgr., eða á hlutdeild í verknaði af því tagi, skal heimilt að halda eftirförinni áfram á yfirráðasvæði annars samningsaðila án þess að fá leyfi til þess fyrir fram, hafi ekki verið mögulegt að tilkynna þar til bærum yfirvöldum þess samningsaðila um þetta með einhverri þeirra boðleiða sem kveðið er á um í 44. gr. vegna þess hversu tilefnið var áríðandi eða þessi yfirvöld komust ekki á staðinn í tæka tíð til þess að taka við eftirförinni.

Hið sama gildir þegar maður, sem veitt er eftirför, hefur strokið úr gæsluvarðhaldi eða fangelsi.

Lögreglumennirnir, sem veita eftirför, skulu hafa samband við þar til bær yfirvöld þess samningsaðila, sem ræður yfirráðasvæðinu sem eftirförin er veitt á, í síðasta lagi þegar farið er yfir landamærin. Hætta skal eftirför um leið og samningsaðilinn, sem ræður yfirráðasvæðinu sem eftirförin er veitt á, krefst þess. Þar til bær staðaryfirvöld skulu stöðva þann sem veitt er eftirför að beiðni lögreglumannanna sem veita eftirförina til þess að staðfesta hver maðurinn er eða handtaka hann.

2. Eftirför skal veita samkvæmt annarri hvorri eftirfarandi aðferða sem eru skilgreindar í yfirlýsingunni sem mælt er fyrir um í 9. mgr.:

a) Lögreglumennirnir, sem veita eftirför, hafa ekki rétt til að stöðva þann sem veitt er eftirför.

b) Þegar þess hefur ekki verið krafist að eftirförinni skuli hætt og þar til bær staðaryfirvöld hafa ekki gripið inn í í tæka tíð mega lögreglumennirnir, sem veita eftirför, stöðva þann sem veitt er eftirför uns lögreglumenn samningsaðilans, sem ræður yfirráðasvæðinu sem eftirförin er veitt á, en þeir skulu þegar í stað upplýstir um málið, geta staðfest hver maðurinn er eða handtekið hann.

3. Eftirför skal veita í samræmi við 1. og 2. mgr. samkvæmt annarri hvorri eftirfarandi aðferða sem eru skilgreindar í yfirlýsingunni sem mælt er fyrir um í 9. mgr.:

a) innan ákveðins svæðis eða tíma frá því að farið er yfir landamæri eins og mælt er fyrir um í yfirlýsingunni;
b) án takmörkunar í rúmi og tíma.

4. Í yfirlýsingunni, sem um getur í 9. mgr., skulu samningsaðilarnir skilgreina þá refsiverðu verknaði, sem um getur í 1. mgr., í samræmi við aðra hvora eftirfarandi aðferða:

a) Um er að ræða eftirtalda refsiverða verknaði:
— morð,
— manndráp,
— nauðgun,
— íkveikju af ásetningi,
— peningafölsun,
— grófan þjófnað, rán og hylmingu,
— kúgun,
— mannrán og gíslatöku,
— mansal,
— ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni,
— brot á lögum um vopn og sprengiefni,
— notkun sprengiefna,
— ólöglegan flutning eitraðs og skaðlegs úrgangs,
— ólöglega brottför af slysstað þegar afleiðingar slyss eru alvarlegir líkamsáverkar eða mannslát.
b) Um er að ræða refsiverða verknaði sem geta haft framsal í för með sér.

5. Eftirför má aðeins veita með eftirfarandi almennum skilyrðum:

a) Lögreglumennirnir, sem veita eftirför, skulu fara að ákvæðum þessarar greinar og lögum þess samningsaðila sem ræður yfirráðasvæðinu sem þeir starfa á; þeir skulu hlýða skipunum þar til bærra staðaryfirvalda.
b) Eftirför má aðeins veita yfir landamæri á landi.
c) Bannað er að fara inn á einkaheimili og staði sem eru ekki opnir almenningi.
d) Lögreglumennirnir, sem veita eftirför, verða að vera auðþekkjanlegir, annað hvort af einkennisbúningi, armbindi eða viðbótarbúnaði á ökutæki; notkun borgaralegs klæðnaðar og ómerktra ökutækja frá lögreglu án framangreindra auðkenna er bönnuð; lögreglumennirnir, sem veita eftirför, verða hvenær sem er að geta sýnt fram á að þeir starfi sem opinberir embættismenn.
e) Lögreglumennirnir, sem veita eftirför, mega hafa með sér vinnuvopn sín; notkun vinnuvopns er ekki leyfileg nema í nauðvörn.
f) Þegar búið er að stöðva mann sem veitt er eftirför, eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr., í þeim tilgangi að færa hann fyrir þar til bær staðaryfirvöld, má aðeins gera á honum öryggisleit; nota má handjárn meðan verið er að flytja hann; leggja má hald á hluti sem sá sem veitt er eftirför hefur meðferðis.
g) Að lokinni hverri aðgerð, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., skulu lögreglumennirnir, sem veita eftirför, mæta hjá þar til bærum staðaryfirvöldum þess samningsaðila, sem ræður yfirráðasvæðinu sem þeir störfuðu á, og gefa skýrslu; að beiðni viðkomandi yfirvalda ber þeim skylda til að vera tiltækir þangað til varpað hefur verið nægilegu ljósi á allar aðstæður í tengslum við aðgerð þeirra; hið sama gildir þó að eftirförin hafi ekki leitt til handtöku þess sem veitt var eftirför.

h) Fari yfirvöld samningsaðilans, sem ræður yfirráðasvæðinu sem eftirför var veitt á, fram á það skulu yfirvöld samningsaðilans, þar sem lögreglumennirnir, sem veittu eftirför, eiga heima, aðstoða við rannsóknina í framhaldi af aðgerðinni, þar með talda málsmeðferð.

6. Mann, sem er handtekinn af þar til bærum staðaryfirvöldum í kjölfar aðgerðarinnar, sem gripið er til í samræmi við 2. mgr., má hafa í haldi til yfirheyrslu óháð ríkisfangi hans. Viðeigandi ákvæði innlendra laga gilda á hliðstæðan hátt.

Ef hinn handtekni er ekki ríkisborgari þess samningsaðila sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem hann var handtekinn skal honum sleppt í síðasta lagi innan sex klukkustunda frá handtöku og þá telst tíminn frá miðnætti til níu árdegis ekki með, nema þar til bær staðaryfirvöld hafi áður fengið beiðni af einhverju tagi um bráðabirgðahandtöku í þeim tilgangi að fá manninn framseldan.

7. Lögreglumennirnir, sem um getur í 1. til 6. mgr., eru:

— að því er tekur til Konungsríkisins Belgíu: lögreglumenn í „la police judiciaire près les Parquets“ (rannsóknarlögreglu ákæruvaldsins), „la gendarmerie“ (héraðslögreglunni) og „la police communale“ (lögreglu sveitarfélaga), svo og tollverðir, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi tvíhliða samningum sem um getur í 10. mgr., að því er tekur til heimilda þeirra varðandi ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni, vopn og sprengiefni og ólöglegan flutning eitraðs og skaðlegs úrgangs;
— að því er tekur til Sambandslýðveldisins Þýskalands: lögreglumenn í „Polizeien des Bundes und der Länder“ (lögreglu Sambandslýðveldisins og einstakra fylkja), svo og fulltrúar „Zollfahndungsdienst“ (rannsóknardeildar tollyfirvalda) sem fulltrúar opinbers ákæruvalds, eingöngu að því er tekur til ólöglegra viðskipta með fíkniefni og geðvirk efni og vopn;
— að því er tekur til Lýðveldisins Frakklands: lögreglumenn og rannsóknarlögreglumenn í „la police nationale“ (ríkislögreglunni) og „la gendarmerie nationale“ (héraðslögreglunni), svo og tollverðir, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi tvíhliða samningum sem um getur í 10. mgr., að því er tekur til heimilda þeirra varðandi ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni, vopn og sprengiefni og ólöglegan flutning eitraðs og skaðlegs úrgangs;
— að því er tekur til Stórhertogadæmisins Lúxemborgar: lögreglumenn í „la gendarmerie“ (héraðslögreglunni) og „la police“ (lögreglunni), svo og tollverðir, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi tvíhliða samningum sem um getur í 10. mgr., að því er tekur til heimilda þeirra varðandi ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni, vopn og sprengiefni og ólöglegan flutning eitraðs og skaðlegs úrgangs;
— að því er tekur til Konungsríkisins Hollands: lögreglumenn í „Rijkspolitie“ (ríkislögreglunni) og „Gemeentepolitie“ (lögreglu sveitarfélaga), svo og fulltrúar skattrannsóknaryfirvalda sem bera ábyrgð á aðflutnings- og vörugjöldum, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi tvíhliða samningum sem um getur í 10. mgr., að því er tekur til heimilda þeirra varðandi ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni, vopn og sprengiefni og ólöglegan flutning eitraðs og skaðlegs úrgangs.

8. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki, að því er viðkomandi samningsaðila varðar, áhrif á 27. gr. Benelúx-sáttmálans um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 27. júní 1962 eins og honum var breytt með bókuninni frá 11. maí 1974.

9. Við undirritun þessa samnings skal hver samningsaðili um sig gefa út yfirlýsingu þar sem er kveðið á um, á grundvelli ákvæða 2., 3. og 4. mgr., hvaða aðferðum samningsaðilarn-

ir, sem viðkomandi aðili á sameiginleg landamæri með, beita þegar rétti til eftirfarar er framfylgt á yfirráðasvæði hans.

Samningsaðili getur hvenær sem er gefið út nýja yfirlýsingu sem kemur í stað eldri yfirlýsingar, svo framarlega sem hin síðari takmarkar ekki gildissvið hinnar fyrri.

Sérhver yfirlýsing skal gerð að höfðu samráði við alla viðkomandi samningsaðila og með það í huga að sambærilegar reglur séu í gildi báðum megin við innri landamærin.

10. Samningsaðilarnir geta á tvíhliða grundvelli rýmkað gildissvið 1. mgr. og samþykkt viðbótarákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

42. gr.

Á meðan á aðgerðunum, sem um getur í 40. og 41. gr., stendur hafa lögreglumenn, sem sinna verkefni á yfirráðasvæði annars samningsaðila, sömu stöðu og lögreglumenn þess samningsaðila með tilliti til refsiverðra verknaða sem þeir verða fyrir eða fremja sjálfir.

43. gr.

1. Þegar lögreglumenn eins samningsaðila sinna verkefni á yfirráðasvæði annars samningsaðila, í samræmi við 40. og 41. gr. þessa samnings, ber fyrrnefndur samningsaðili ábyrgð á því tjóni sem þeir kunna að valda meðan á verkefni þeirra stendur, í samræmi við lög þess samningsaðila sem ræður yfirráðasvæðinu sem verkefnið var unnið á.

2. Samningsaðili skuldbindur sig til að bæta tjón, sem valdið er á yfirráðasvæði hans og um getur í 1. mgr., á sama hátt og hann myndi bæta tjón af völdum sinna eigin lögreglumanna.

3. Samningsaðili með lögreglumenn í sinni þjónustu, sem hafa valdið öðrum tjóni á yfirráðasvæði annars samningsaðila, geldur þeim aðila þá fjárhæð að fullu sem hann hefur þurft að greiða til tjónþola eða til rétthafa þeirra.

4. Með fyrirvara um rétt gagnvart þriðja aðila, og að undanskildum ákvæðum 3. mgr., afsalar hver samningsaðili um sig, í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr., sér réttinum til að krefjast skaðabóta vegna tjóns sem annar samningsaðili hefur valdið honum.

44. gr.

1. Í samræmi við viðeigandi alþjóðasamninga og að teknu tilliti til staðbundinna aðstæðna og tæknilegra möguleika skulu samningsaðilarnir, sérstaklega á landamærasvæðum, sjá fyrir síma-, þráðlausu fjarskipta- og telexsambandi og annars konar beinu sambandi í þeim tilgangi að auðvelda samvinnu lögreglu og tolls og einkum til þess að unnt sé að senda upplýsingar í tæka tíð í tengslum við eftirlit og eftirför yfir landamæri.

2. Auk þessara skammtímaráðstafana skulu þeir athuga sérstaklega möguleika sem felast í því:

a) að skiptast á búnaði eða senda tengifulltrúa til starfa sem hafa yfir að ráða hentugum þráðlausum fjarskiptabúnaði;
b) að breikka tíðnisviðin sem notuð eru á landamærasvæðum;
c) að koma á fót sameiginlegri tengingu milli lögreglu og tolls sem starfar á þessum sömu svæðum;
d) að samræma áætlanir um kaup á fjarskiptabúnaði í þeim tilgangi að koma á fót stöðluðu og samhæfðu fjarskiptakerfi.

45. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

a) að stjórnendur fyrirtækja, sem selja gistingu, eða starfsmenn þeirra sjái til þess að útlendir næturgestir, þar með taldir ríkisborgarar hinna samningsaðilanna svo og annarra aðildarríkja Evrópubandalaganna, nema um maka og ólögráða börn í fylgd með þeim sé að ræða eða þátttakendur í hópferð, fylli út eyðublað eigin hendi og undirriti það og sýni um leið gild persónuskilríki til staðfestingar;

b) að útfyllt eyðublöð séu geymd handa þar til bærum yfirvöldum eða send þeim þegar þau telja það nauðsynlegt til að koma í veg fyrir ógnanir, vegna meðferðar sakamáls eða til þess að upplýsa hvað hafi hent horfna menn eða fórnarlömb slysa, nema kveðið sé á um annað í landslögum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda á hliðstæðan hátt um næturgesti á stöðum sem eru leigðir út gegn gjaldi, einkum í tjöldum, hjólhýsum og bátum.

46. gr.

1. Hver samningsaðili um sig getur í sérstökum tilvikum, í samræmi við innlenda löggjöf, sent viðkomandi samningsaðila upplýsingar án beiðni til þess að aðstoða hann við að berjast gegn refsiverðum verknuðum í framtíðinni og koma í veg fyrir refsiverða verknaði eða verknaði sem ógna allsherjarreglu og almannaöryggi.

2. Með fyrirvara um fyrirkomulag samvinnu á landamærasvæðum, sem um getur í 4. mgr. 39. gr., skal skipst á upplýsingum í gegnum þá miðlægu stofnun sem til þess verður tilnefnd. Í sérstaklega áríðandi tilvikum er hægt að senda upplýsingar, í skilningi þessarar greinar, beint á milli viðkomandi lögregluyfirvalda, nema landslög kveði á um annað. Miðlægu stofnuninni skal tilkynnt um slík tilfelli eins fljótt og unnt er.

47. gr.

1. Samningsaðilarnir geta gert tvíhliða samninga um að senda, tímabundið eða ótímabundið, tengifulltrúa eins samningsaðila til lögreglu annars samningsaðila.

2. Ótímabundin eða tímabundin skipti á tengifulltrúum eru gerð í þeim tilgangi að hvetja samningsaðilana til aukinnar samvinnu og hraða henni, sérstaklega með því að

a) aðstoða við að skiptast á upplýsingum til að koma í veg fyrir og berjast gegn afbrotum;

b) aðstoða við að verða við beiðnum um gagnkvæma lögreglu- og réttaraðstoð í sakamálum;

c) aðstoða yfirvöld sem annast landamæraeftirlit á ytri landamærum.

3. Það er verkefni tengifulltrúa að veita ráðgjöf og aðstoð. Þeir hafa ekki heimild til að vinna sjálfstætt að lögregluaðgerðum. Þeir veita upplýsingar og sinna verkefnum sínum í samræmi við fyrirmæli frá samningsaðilanum, sem þeir koma frá, og frá samningsaðilanum sem þeir eru sendir til. Þeir gefa yfirmanni lögregludeildarinnar, sem þeir eru sendir til aðstoðar, reglulega skýrslu.

4. Samningsaðilarnir geta gert tvíhliða eða marghliða samninga um að tengifulltrúar, sem eru sendir til þriðju ríkja, gæti einnig hagsmuna eins eða fleiri annarra samningsaðila í starfi sínu. Samkvæmt slíkum samningum senda tengifulltrúar, sem hafa verið sendir til þriðju ríkja, öðrum samningsaðilum upplýsingar, ýmist að beiðni þeirra eða að eigin frumkvæði, og sinna verkefnum fyrir þá aðila innan þess ramma sem þeim er heimilt að starfa. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum um tengifulltrúa sem þeir hafa í hyggju að senda til þriðju ríkja.

2. KAFLI
Gagnkvæm réttaraðstoð í sakamálum

48. gr.

1. Ákvæðum þessa kafla er ætlað að vera viðbót við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 og, að því er varðar samskipti samningsaðilanna sem eru aðilar að Benelúx-efnahagssambandinu, viðbót við II. kafla Benelúx-sáttmálans um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 27. júní 1962, eins og honum var breytt með bókuninni frá 11. maí 1974, og auðvelda framkvæmd þessara samninga.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á beitingu víðtækari ákvæða í gildandi tvíhliða samningum á milli samningsaðilanna.

49. gr.

Gagnkvæm réttaraðstoð skal einnig veitt:

a) við málsmeðferð vegna verknaða sem samkvæmt landslögum teljast brot á ákvæðum annars eða beggja samningsaðilanna sem stjórnvöld geta tekið ákvörðun um og slíkar ákvarðanir geta leitt til málsmeðferðar fyrir þar til bærum dómstóli í sakamálum;
b) í málum um skaðabætur fyrir ólögmæta málsmeðferð fyrir rétti eða sakfellingu;
c) í náðunarmálum;
d) í einkamálum sem tengjast sakamálum á meðan sakadómur hefur enn ekki endanlega afgreitt sakamálið;
e) við birtingu málsgagna í tengslum við fullnustu refsingar eða öryggisráðstöfunar, greiðslu fjársektar eða málskostnaðar;
f) vegna ráðstafana í tengslum við frestun sakfellingar eða fullnustu refsingar eða öryggisráðstöfunar, reynslulausn, frestun eða rof fullnustu refsingar eða öryggisráðstöfunar.

50. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að veita hver öðrum gagnkvæma réttaraðstoð vegna brota á lögum og reglum um vörugjöld, virðisaukaskatt og tolla í samræmi við samninginn og sáttmálann sem um getur í 48. gr. Með tollaákvæðum er átt við þær reglur sem mælt er fyrir um í 2. gr. samningsins frá 7. september 1967 milli Belgíu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Ítalíu, Lúxemborgar og Hollands um gagnkvæma aðstoð milli tollyfirvalda, svo og í 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1468/81 frá 19. maí 1981.

2. Beiðni um aðstoð í málum vegna gruns um undandrátt vörugjalda, má ekki hafna með þeim rökum að ríkið, sem beiðni er beint til, leggi ekki vörugjald á þær vörur sem tilteknar eru í beiðninni.

3. Samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, má hvorki senda né nota upplýsingar eða sönnunargögn frá samningsaðilanum, sem beiðni er beint til, við rannsókn eða málsmeðferð í öðrum málum en þeim sem tiltekin eru í beiðninni án leyfis fyrir fram frá sama samningsaðila.

4. Gagnkvæmri réttaraðstoð í skilningi þessarar greinar má hafna þegar fjárhæð ógreidds eða undandregins skatts er lægri en 25.000 ekur eða verðmæti vöru, sem er flutt inn eða út án leyfis, er fyrirsjáanlega ekki meira en 100.000 ekur, nema samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, telji málið mjög alvarlegt vegna sérstakra aðstæðna eða vegna þess hver hinn ákærði er.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda þegar farið er fram á gagnkvæma réttaraðstoð varðandi verknaði sem aðeins er refsað fyrir með fjársektum, eins og reglugerðarbrot

sem sæta málsmeðferð hjá stjórnvöldum, og beiðnin um réttaraðstoð er sett fram af dómsmálayfirvöldum.

51. gr.

Samningsaðilunum er óheimilt að setja önnur skilyrði fyrir afgreiðslu réttarbeiðni varðandi leit eða haldlagningu en þau sem hér eru talin:

a) Verknaðurinn, sem er ástæðan fyrir réttarbeiðni, skal samkvæmt lögum beggja samningsaðilanna varða refsingu, sem er frjálsræðissvipting, eða öryggisráðstöfun í a.m.k. sex mánuði, eða varða samsvarandi refsingu og að framan greinir samkvæmt lögum annars samningsaðilans en varða refsingu samkvæmt lögum hins samningsaðilans sem reglugerðarbrot sem sætir málsmeðferð hjá stjórnvöldum og ákvörðun þeirra má bera undir þar til bæran dómstól í sakamálum.
b) Framkvæmd réttarbeiðni skal að öðru leyti samræmast lögum þess samningsaðila sem beiðni er beint til.

52. gr.

1. Hver samningsaðili um sig getur sent einstaklingum, sem dvelja á yfirráðasvæði annars samningsaðila, málsskjöl í pósti. Samningsaðilarnir skulu senda framkvæmdanefndinni skrá yfir þau skjöl sem má framsenda á þennan hátt.

2. Þegar ástæða er til að ætla að viðtakandi skilji ekki tungumálið sem skjalið er samið á skal þýða skjalið, eða að minnsta kosti mikilvægustu kafla þess, á þjóðtungu eða eina af þjóðtungum þess samningsaðila sem ræður yfirráðasvæðinu sem viðtakandi dvelur á. Ef yfirvaldinu, sem framsendir skjalið, er kunnugt um að viðtakandi skilur eingöngu eitthvert annað tungumál skal þýða skjalið, eða að minnsta kosti mikilvægustu kafla þess, á það tungumál.

3. Vitni eða sérfræðingi, sem hefur fengið stefnu í pósti en ekki hlýtt henni, skal ekki refsa eða beita þvingunarráðstöfun jafnvel þó að í stefnunni sé varað við því að það varði refsingu að hlýða ekki, nema viðkomandi komi síðar af fúsum og frjálsum vilja inn á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem leggur fram beiðni og er þá stefnt á ný á viðeigandi hátt. Yfirvald, sem sendir stefnu í pósti, skal gæta þess að hún hafi ekki að geyma viðvörun um refsingu. Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á ákvæði 34. gr. Benelúx-sáttmálans um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 27. júní 1962 eins og honum var breytt með bókuninni frá 11. maí 1974.

4. Ef ástæðan fyrir beiðni um réttaraðstoð er verknaður sem varðar refsingu sem reglugerðarbrot sem sætir málsmeðferð hjá stjórnvöldum og ákvörðun þeirra má bera undir þar til bæran dómstól í sakamálum, bæði samkvæmt lögum samningsaðilans, sem beiðni er beint til, og samningsaðilans sem leggur fram beiðni, er meginreglan sú að farið er með sendingar á málsskjölum skv. 1. mgr.

5. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má senda málsskjöl í gegnum dómsmálayfirvöld samningsaðilans, sem beiðni er beint til, þegar heimilisfang viðtakanda er óþekkt eða samningsaðilinn, sem leggur fram beiðni, krefst formlegrar birtingar.

53. gr.

1. Beiðnir um réttaraðstoð og svör við þeim má senda beint á milli dómsmálayfirvalda.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að beiðnir séu sendar og þeim svarað í gegnum dómsmálaráðuneyti viðkomandi landa eða í gegnum aðalskrifstofur Alþjóðasambands sakamálalögreglunnar (INTERPOL) í hverju landi.

3. Beiðnir um tímabundinn flutning eða gegnumflutning einstaklinga, sem eru í gæsluvarðhaldi eða fangelsi eða sæta annars konar frjálsræðissviptingu, skal senda í gegnum dómsmálaráðuneytin, og einnig beiðnir um reglubundin eða tilfallandi upplýsingaskipti úr sakaskrá.

4. Í skilningi Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 merkir dómsmálaráðuneyti, að því er tekur til Sambandslýðveldisins Þýskalands, dómsmálaráðherra Sambandslýðveldisins og dómsmálaráðherrar eða -öldungaráðsmenn fylkjanna.

5. Beiðnir um höfðun máls vegna brota á ákvæðum um akstur og hvíldartíma, í samræmi við 21. gr. Evrópusamningsins um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 eða 42. gr. Benelúx-sáttmálans um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 27. júní 1962, eins og honum var breytt með bókuninni frá 11. maí 1974, mega dómsmálayfirvöld samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, senda beint til dómsmálayfirvalda samningsaðilans sem beiðni er beint til.

3. KAFLI
Beiting reglunnar „ne bis in idem“

54. gr.

Einstakling, sem hefur hlotið endanlegan dóm hjá einum samningsaðila, má annar samningsaðili ekki sækja til saka fyrir sama refsiverða verknað hafi, þegar um sakfellingu er að ræða, refsing verið fullnustuð, sé til fullnustu eða ekki lengur hægt að fullnusta hana samkvæmt lögum þess samningsaðila þar sem dómur var kveðinn upp.

55. gr.

1. Samningsaðili getur við fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þessa samnings lýst yfir að hann sé í einu eða fleiri eftirfarandi tilvika óbundinn af 54. gr.:

a) þegar þeir refsiverðu verknaðir, sem lagðir voru til grundvallar erlendum dómi, voru framdir að öllu leyti eða að hluta til á yfirráðasvæði hans; í síðarnefnda tilvikinu gildir undantekningin ekki ef verknaðirnir hafa verið framdir að hluta til á yfirráðasvæði þess samningsaðila þar sem dómur var kveðinn upp;

b) þegar þeir refsiverðu verknaðir, sem lagðir voru til grundvallar erlendum dómi, eru þess eðlis að þeir stofna öryggi ríkisins eða öðrum jafnmikilvægum hagsmunum þessa samningsaðila í hættu;

c) þegar þeir refsiverðu verknaðir, sem lagðir voru til grundvallar erlendum dómi, voru framdir af starfsmanni þessa samningsaðila í andstöðu við embættisskyldur hans.

2. Samningsaðili, sem gefur út yfirlýsingu varðandi undantekninguna sem um getur í b-lið 1. mgr., skal taka fram hvaða refsiverðu verknaði slík undantekning gildir um.

3. Samningsaðili getur hvenær sem er dregið til baka yfirlýsingu varðandi eina eða fleiri undantekningar sem um getur í 1. mgr.

4. Undantekningar, sem eru nefndar í yfirlýsingu skv. 1. mgr., gilda ekki þegar viðkomandi samningsaðili hefur beðið annan samningsaðila um að annast málssókn vegna sama refsiverða verknaðar eða hefur heimilað framsal viðkomandi einstaklings.

56. gr.

Ef samningsaðili hefur nýja málssókn gegn einstaklingi sem hefur fengið endanlegan dóm fyrir sama refsiverða verknað hjá öðrum samningsaðila skal allur sá tími, sem hann hefur sætt frjálsræðissviptingu fyrir þennan refsiverða verknað á yfirráðasvæði síðarnefnds samningsaðila, dragast frá refsingu í hugsanlegum dómi. Svo framarlega sem innlend löggjöf

heimilar skal einnig taka tillit til annarra refsinga en frjálsræðissviptingar ef þær hafa verið fullnustaðar.

57. gr.

1. Ef samningsaðili ákærir einstakling fyrir refsiverðan verknað og hafi þar til bær yfirvöld þessa samningsaðila ástæðu til að ætla að ákæran varði sama refsiverða verknað og viðkomandi hefur þegar fengið endanlegan dóm fyrir hjá öðrum samningsaðila skulu viðkomandi yfirvöld, ef þau telja það nauðsynlegt, fara fram á að fá allar upplýsingar, sem skipta máli, hjá þar til bærum yfirvöldum þess samningsaðila sem ræður yfirráðasvæðinu þar sem dómur var kveðinn upp.

2. Umbeðnar upplýsingar skulu sendar eins fljótt og unnt er og skal taka tillit til þeirra þegar ákvörðun er tekin um framhald málsmeðferðarinnar.

3. Hver samningsaðili um sig tilnefnir, við fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þessa samnings, þau yfirvöld sem hafa heimild til að biðja um upplýsingar eða taka við upplýsingum samkvæmt þessari grein.

58. gr.

Framangreind ákvæði koma ekki í veg fyrir beitingu víðtækari innlendra ákvæða um regluna „ne bis in idem" í tengslum við erlendar dómsákvarðanir.

4. KAFLI

Framsal

59. gr.

1. Ákvæðum þessa kafla er ætlað að vera viðbót við Evrópusamninginn um framsal sakamanna frá 13. september 1957 og, að því er varðar samskipti samningsaðilanna sem eru aðilar að Benelúx-efnahagssambandinu, viðbót við I. kafla Benelúx-sáttmálans um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 27. júní 1962, eins og honum var breytt með bókuninni frá 11. maí 1974, og auðvelda framkvæmd þessara samninga.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á beitingu víðtækari ákvæða í gildandi tvíhliða samningum á milli samningsaðilanna.

60. gr.[6]

Í samskiptum milli tveggja samningsaðila, þar sem annar er ekki aðili að Evrópusamningnum um framsal sakamanna frá 13. september 1957, gilda ákvæði nefnds samnings milli samningsaðilanna að teknu tilliti til fyrirvara og yfirlýsinga sem hafa annað hvort komið fram við fullgildingu umrædds samnings eða, að því er varðar samningsaðila sem eru ekki aðilar að Evrópusamningnum, við fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þessa samnings.

61. gr.

Lýðveldið Frakkland skuldbindur sig til þess að framselja einstaklinga, fari annar samningsaðili fram á það, til þess að unnt sé að sækja þá til saka fyrir refsiverða verknaði sem samkvæmt franskri löggjöf má refsa fyrir með frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun til tveggja ára að minnsta kosti og samkvæmt lögum þess samningsaðila, sem leggur fram beiðni, með frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun til eins árs að minnsta kosti.

---

[6] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

62. gr.

1. Að því er varðar rof á fyrningarfresti gilda eingöngu lög þess samningsaðila sem leggur fram beiðni.

2. Hafi samningsaðili, sem beiðni er beint til, veitt almenna sakaruppgjöf kemur það ekki í veg fyrir framsal, nema hinn refsiverði verknaður falli undir lögsögu þessa samningsaðila.

3. Ef aðeins er gert ráð fyrir því í löggjöf samningsaðilans, sem beiðni er beint til, að kæra eða opinbert leyfi til málssóknar sé fyrir hendi hefur það ekki áhrif á framsalsskylduna að slíkt sé ekki til staðar.

63. gr.

Samningsaðilarnir skuldbinda sig, í samræmi við ákvæði samningsins og sáttmálans sem um getur í 59. gr., til að framselja til hvers annars einstaklinga sem sæta málsmeðferð dómsmálayfirvalda samningsaðilans, sem leggur fram beiðni, fyrir einn af þeim refsiverðu verknuðum sem um getur í 1. mgr. 50. gr. eða eru eftirlýstir af honum í þeim tilgangi að fullnusta refsingu eða öryggisráðstöfun vegna slíks verknaðar.

64. gr.

Skráning í Schengen-upplýsingakerfinu skv. 95. gr. jafngildir beiðni um handtöku og gæslu í skilningi 16. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna frá 13. september 1957 eða 15. gr. Benelúx-sáttmálans um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 27. júní 1962 eins og honum var breytt með bókuninni frá 11. maí 1974.

65. gr.

1. Beiðnir um framsal og gegnumflutning eru sendar af þar til bæru ráðuneyti þess samningsaðila, sem leggur fram beiðni, til þar til bærs ráðuneytis þess samningsaðila sem beiðni er beint til, enda kemur þetta ekki í veg fyrir að hægt sé að senda beiðnir eftir diplómatískum leiðum.

2. Þar til bær ráðuneyti eru:

— að því er tekur til Konungsríkisins Belgíu: dómsmálaráðuneytið;
— að því er tekur til Sambandslýðveldisins Þýskalands: dómsmálaráðuneyti Sambandslýðveldisins og dómsmálaráðherrar eða -öldungaráðsmenn fylkjanna;
— að því er tekur til Lýðveldisins Frakklands: utanríkisráðuneytið,
— að því er tekur til Stórhertogadæmisins Lúxemborgar: dómsmálaráðuneytið,
— að því er tekur til Konungsríkisins Hollands: dómsmálaráðuneytið.

66. gr.

1. Ef framsal einstaklings, sem óskast framseldur, er ekki beinlínis óheimilt samkvæmt lögum þess samningsaðila sem beiðni er beint til getur sá samningsaðili heimilað framsal án þess að málið sæti formlegri framsalsmeðferð, svo framarlega sem einstaklingurinn, sem óskast framseldur, samþykkir framsal og það er bókfært af fulltrúa réttarkerfisins eftir að sá hinn sami hefur yfirheyrt hann og upplýst hann um rétt hans til þess að fá formlega framsalsmeðferð. Einstaklingurinn, sem óskast framseldur, á rétt á lögfræðiaðstoð við framangreinda yfirheyrslu.

2. Þegar um framsal skv. 1. mgr. er að ræða og einstaklingur, sem óskast framseldur, hefur afdráttarlaust lýst því yfir að hann hafni þeirri vernd sem honum stendur til boða samkvæmt sérreglunni getur hann ekki dregið þá yfirlýsingu til baka.

5. KAFLI
Flutningur á fullnustu refsidóma

67. gr.

Eftirfarandi ákvæðum skal beitt milli samningsaðilanna sem eru aðilar að samningi Evrópuráðsins frá 21. mars 1983 um flutning dæmdra manna og skulu þau vera viðbót við þann samning.

68. gr.

1. Samningsaðili getur, þegar ríkisborgari frá öðrum samningsaðila hefur verið dæmdur til frjálsræðissviptingar eða öryggisráðstöfunar á yfirráðasvæði hins fyrrnefnda en komið sér undan fullnustu refsingarinnar eða öryggisráðstöfunarinnar með því að flýja til heimalands síns, beðið síðarnefnda samningsaðilann, ef sá sem flúði dvelur á yfirráðasvæði hans, um að yfirtaka fullnustu refsingarinnar eða öryggisráðstöfunarinnar.

2. Þangað til skjöl til stuðnings beiðni um yfirtöku á fullnustu refsingarinnar eða öryggisráðstöfunarinnar, eða þess hluta refsingarinnar sem eftir er, berast og þangað til ákvörðun hefur verið tekin um beiðnina getur samningsaðili, sem beiðni er beint til, að ósk þess samningsaðila sem leggur fram beiðni, sett dómþola í gæslu eða gert aðrar ráðstafanir til þess að tryggja að hann dvelji áfram á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem beiðni er beint til.

69. gr.

Flutningur á fullnustu skv. 68. gr. skal ekki háður samþykki einstaklings sem er dæmdur til refsingar eða öryggisráðstöfunar. Önnur ákvæði samnings Evrópuráðsins frá 21. mars 1983 um flutning dæmdra manna eiga við á hliðstæðan hátt.

6. KAFLI
Fíkniefni

70. gr.[7]

1. Samningsaðilarnir skulu koma á fót föstum vinnuhópi sem hefur það verkefni að kanna sameiginleg vandamál í sambandi við baráttuna gegn fíkniefnabrotum og, ef við á, gera tillögur um úrbætur varðandi hagnýtar og tæknilegar hliðar samstarfsins milli samningsaðilanna. Vinnuhópurinn skal leggja tillögur sínar fyrir framkvæmdanefndina.

2. Þar til bærar stofnanir í hverju ríki skulu tilnefna þá sem eiga sæti í vinnuhópnum sem um getur í 1. mgr. og í honum skulu vera fulltrúar þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á lögreglu- og tollamálum.

71. gr.

1. Hvað við kemur beinni eða óbeinni sölu fíkniefna og geðvirkra efna af öllu tagi, þar með talið hampefna, og vörslu slíkra efna í þeim tilgangi að selja þau eða flytja úr landi skuldbinda samningsaðilarnir sig, í samræmi við gildandi samninga Sameinuðu þjóðanna[*],

---

[7] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

[*] Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni frá 1961 eins og honum var breytt með bókuninni frá 1972 um breytingu á alþjóðasamningnum um ávana- og fíkniefni frá 1961; Alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni frá 1971; Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988.

til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn ólöglegum viðskiptum með fíkniefni og geðvirk efni.

2. Með fyrirvara um viðeigandi ákvæði 74., 75. og 76. gr. skuldbinda samningsaðilarnir sig með aðgerðum á sviði stjórnsýslu og refsiréttar til að koma í veg fyrir og berjast gegn ólöglegum útflutningi fíkniefna og geðvirkra efna, þar með talinna hampefna, svo og sölu, útvegun og afhendingu þessara efna.

3. Í þeim tilgangi að berjast gegn ólöglegum innflutningi fíkniefna og geðvirkra efna, þar með talið hampefna, skulu samningsaðilarnir auka eftirlit með för fólks, vöruflutningum og flutningatækjum á ytri landamærunum. Vinnuhópurinn, sem um getur í 70. gr., kveður nánar á um þessar ráðstafanir. Vinnuhópurinn skal meðal annars kanna möguleika á því að færa til hluta þeirra lögreglumanna og tollvarða, sem losna undan störfum sínum á innri landamærum, og að nýta nútímaaðferðir við uppljóstrun fíkniefnamála og að nota fíkniefnahunda.

4. Samningsaðilarnir skulu hafa markvisst eftirlit með þeim stöðum sem eru þekktir fyrir fíkniefnaviðskipti til þess að tryggja að ákvæði þessarar greinar séu virt.

5. Samningsaðilarnir skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn neikvæðum áhrifum ólöglegrar eftirspurnar eftir fíkniefnum og geðvirkum efnum af öllu tagi, þar með talið hampefnum. Það er á ábyrgð einstakra samningsaðila hvaða ráðstafanir eru gerðar í þessum tilgangi.

72. gr.

Samningsaðilarnir skulu tryggja í samræmi við stjórnarskrá sína og réttarkerfi að sett verði lagaákvæði sem heimila að leggja hald á og gera upptækan ávinning af ólöglegum viðskiptum með fíkniefni og geðvirk efni.

73. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til, í samræmi við stjórnarskrá sína og réttarkerfi, að gera ráðstafanir sem gerir það kleift að heimila afhendingu undir eftirliti í tengslum við ólögleg viðskipti með fíkniefni og geðvirk efni.

2. Ákvörðun um að heimila afhendingu undir eftirliti skal tekin í hverju tilviki um sig á grundvelli fyrirframleyfis frá hverjum einstökum samningsaðila sem á hlut að máli.

3. Hver samningsaðili um sig stjórnar og hefur eftirlit með aðgerðum á sínu yfirráðasvæði og hefur heimild til þess að grípa inn í þær.

74. gr.[8]

Að því er varðar löglega verslun með fíkniefni og geðvirk efni eru samningsaðilarnir sammála um að eftirlitið, sem fer fram á innri landamærunum samkvæmt ákvæðum samninga Sameinuðu þjóðanna sem um getur í 71. gr., skuli fara fram inni í landinu að svo miklu leyti sem unnt er.

75. gr.

1. Einstaklingar á ferðalagi á milli yfirráðasvæða eða innan yfirráðasvæðis samningsaðilanna mega hafa með sér fíkniefni og geðvirk efni í því magni sem nauðsynlegt er vegna læknismeðferðar að því tilskildu að þeir geti við eftirlit lagt fram vottorð sem er gefið út eða staðfest af þar til bæru yfirvaldi í búsetulandinu.

---

[8] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

2. Framkvæmdanefndin skal kveða nánar á um útlit og efni vottorðsins sem um getur í 1. mgr. og gefið er út af einum samningsaðilanna, sérstaklega skal tilgreind tegund efnis og magn auk fjölda ferðadaga.

3. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum hvaða yfirvöld eru þar til bær að gefa út eða staðfesta vottorðið sem um getur í 2. mgr.

76. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu, ef þörf er á og að teknu tilliti til læknisfræðilegra, siðferðilegra og hagnýtra starfsvenja þeirra, gera viðeigandi ráðstafanir vegna eftirlits með fíkniefnum og geðvirkum efnum sem eru háð strangara eftirliti á yfirráðasvæði eins eða fleiri samningsaðila heldur en á yfirráðasvæði þeirra sjálfra til þess að þessu strangara eftirliti verði ekki teflt í tvísýnu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um efni sem oft eru notuð við framleiðslu fíkniefna eða geðvirkra efna.

3. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum um þær ráðstafanir sem þeir hafa gert til að sinna eftirliti með löglegum viðskiptum með þau efni sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. Framkvæmdanefndin tekur reglulega til umræðu þau vandamál sem upp kunna að koma í þessu sambandi.

7. KAFLI[9]
Skotvopn og skotfæri

77. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að aðlaga innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli um kaup, eign, sölu og afhendingu skotvopna og skotfæra að ákvæðum þessa kafla.

2. Ákvæði þessa kafla gilda þegar einstaklingar og lögpersónur kaupa, eiga, selja og láta af hendi skotvopn og skotfæri; þau gilda ekki um afhendingu til handa opinberum yfirvöldum og sveðisyfirvöldum, her eða lögreglu né kaup eða eign þessara aðila á skotvopnum og skotfærum, né heldur framleiðslu opinberra fyrirtækja á skotvopnum og skotfærum.

78. gr.

1. Í þessum kafla eru skotvopn flokkuð sem hér segir:

a) bönnuð vopn;
b) leyfisskyld vopn;
c) tilkynningarskyld vopn.

2. Um lása, skothylkjahólf og hlaup skotvopna skulu að breyttu breytanda gilda sömu ákvæði og um skotvopnið sem þau eru eða eiga að vera hluti af.

3. Í þessum samningi merkja „stutt vopn“ skotvopn sem hafa ekki lengra hlaup en 30 cm eða eru ekki lengri en 60 cm í allt; öll önnur skotvopn teljast vera „löng vopn“.

79. gr.

1. Skrá yfir bönnuð skotvopn og skotfæri skal ná yfir eftirfarandi:

a) skotvopn sem eru venjulega notuð sem stríðsskotvopn;

---

[9] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir kaflinn ekki fyrir Ísland og Noreg, að því marki sem greinar hans falla undir tilskipun ráðsins 91/477/EBE um eftirlit með skotvopnum og skotvopnaeign.

b) sjálfvirk skotvopn, jafnvel þau sem eru ekki stríðsskotvopn;
c) skotvopn sem eru dulbúin sem eitthvað annað;
d) skotfæri sem fara í gegnum brynvörn, sprengju- og íkveikjuskotfæri ásamt skotum í slík skotfæri;
e) skotfæri í skammbyssur og marghleypur með dúmmdúmm-skotum eða skotum með holum oddi og skot í slík skotfæri.

2. Þar til bær yfirvöld geta í sérstökum tilvikum gefið út leyfi fyrir skotvopnum og skotfærum eins og um getur í 1. mgr. að teknu tilliti til almannaöryggis og allsherjarreglu.

80. gr.

1. Skrá yfir skotvopn, sem þarf leyfi til að kaupa og eiga, skal að minnsta kosti ná yfir eftirfarandi skotvopn, svo framarlega sem þau eru ekki bönnuð:
a) hálfsjálfvirk stutt skotvopn eða stutt skotvopn með handvirkri endurhleðslu;
b) einskota stutt skotvopn með miðkveiktu skothylki;
c) einskota stutt skotvopn með randkveiktu skothylki sem eru styttri en 28 cm í allt;
d) hálfsjálfvirk löng skotvopn með skothylkjahólfi og skothúsi fyrir meira en þrjú skothylki;
e) löng skotvopn með handvirkri endurhleðslu og hálfsjálfvirk löng skotvopn með sléttu hlaupi og hlauplengd er ekki meiri en 60 cm;
f) hálfsjálfvirk skotvopn fyrir óbreytta borgara sem líkjast sjálfvirkum stríðsvopnum.

2. Skrá yfir þau skotvopn, sem þarf leyfi fyrir, nær ekki yfir eftirfarandi skotvopn:
a) viðvörunarskotvopn, táragasbyssur og merkjavopn að því tilskildu að hægt sé að tryggja með tæknilegum ráðstöfunum að ekki sé hægt að breyta þeim með venjulegum verkfærum í vopn sem má skjóta úr skotum með sprengiefni (sprengiskotum) og að það valdi ekki varanlegum áverkum þegar skotið er með ertandi efnum;
b) hálfsjálfvirk löng skotvopn með skothylkjahólfi og skothúsi, sem taka ekki fleiri en þrjú skothylki án þess að það þurfi að hlaða að nýju, með því skilyrði að ekki sé hægt að skipta um skothylkjahólf eða hægt sé að tryggja á annan hátt að ekki megi breyta þeim með venjulegum verkfærum í vopn með skothylkjahólfi og skothúsi fyrir fleiri en þrjú skothylki.

81. gr.

Á skrá yfir tilkynningarskyld skotvopn skulu vera eftirfarandi vopn svo framarlega sem þau eru hvorki bönnuð né leyfisskyld:
a) löng skotvopn með handvirkri endurhleðslu;
b) einskota löng skotvopn með riffluðu hlaupi eða riffluðum hlaupum;
c) einskota stutt skotvopn með randkveiktu skothylki sem eru lengri en 28 cm í allt;
d) skotvopnin sem eru talin upp í b-lið 2. mgr. 80. gr.

82. gr.

Skrár yfir skotvopn, sem um getur í 79., 80. og 81. gr., ná ekki yfir eftirfarandi:
a) skotvopn sem hafa verið hönnuð eða framleidd fyrir 1. janúar 1870, fyrir utan sérstakar undantekningar, að því tilskildu að ekki sé hægt að hlaða þau með skotfærum sem eru fyrir bönnuð eða leyfisskyld vopn,
b) endurgerð vopn eins og lýst er í a-lið að því tilskildu að ekki sé hægt að skjóta úr þeim með skothylkjum með málmhulstrum;

c) skotvopn sem búið er að breyta með sérstökum tæknilegum aðferðum þannig að ekki sé hægt að nota þau til að skjóta skotfærum af nokkru tagi og sem hafa fengið stimpil frá opinberum aðila eða eru viðurkennd af slíkum aðila.

83. gr.

Leyfi til þess að kaupa og eiga skotvopn, sem um getur í 80. gr., má einstaklingur því aðeins fá að

a) hann sé orðinn átján ára, nema í undantekningartilvikum þegar um er að ræða notkun til veiða eða í íþróttum;
b) hann sé ekki óhæfur til þess að kaupa eða eiga skotvopn vegna geðveiki eða annarrar andlegrar eða líkamlegrar fötlunar;
c) hann hafi ekki verið dæmdur fyrir refsiverðan verknað eða aðrar ástæður séu ekki til þess að ætla að hann stofni almannaöryggi og allsherjarreglu í hættu;
d) ástæðan, sem hann tilgreinir fyrir kaupum og eign skotvopns, sé tekin góð og gild.

84. gr.

1. Tilkynningar um vopn, sem um ræðir í 81. gr., skulu færðar í skrá sem haldin er af þeim einstaklingum sem um getur í 85. gr.

2. Ef einstaklingur, sem ekki er getið um í 85. gr., lætur vopn af hendi skal tilkynna það samkvæmt nánari ákvæðum sem hver samningsaðili um sig setur.

3. Tilkynningarnar, sem um getur í þessari grein, skulu taka til þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til þess að þekkja viðkomandi einstaklinga og vopn.

85. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að krefjast þess að allir aðilar, sem framleiða og selja leyfisskyld skotvopn, hafi leyfi til þess og krefjast þess að allir aðilar, sem framleiða og selja tilkynningarskyld skotvopn, sjái um að tilkynna þau. Leyfi fyrir leyfisskyldum skotvopnum nær einnig yfir tilkynningarskyld vopn. Samningsaðilarnir skulu halda uppi eftirliti með vopnaframleiðendum og vopnasölum og tryggja að eftirlitið sé skilvirkt.

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að samþykkja ákvæði um að öll skotvopn þurfi að minnsta kosti að vera varanlega merkt með raðnúmeri og merki framleiðanda.

3. Samningsaðilarnir skylda vopnaframleiðendur og vopnasala til þess að skrá öll leyfisskyld og tilkynningarskyld skotvopn; skrárnar skulu gera það kleift að fá með hraði upplýsingar um tegund, uppruna og kaupanda skotvopna.

4. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að samþykkja ákvæði um leyfisskyld vopn skv. 79. og 80. gr. þar að lútandi að raðnúmer og merki skotvopna skuli tilgreind í leyfisskjölum sem gefin eru út til handhafa skotvopns.

86. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til samþykkja ákvæði sem banna réttmætum handhöfum leyfisskyldra og tilkynningarskyldra skotvopna að láta þau af hendi til einstaklinga sem ekki hafa undir höndum leyfi til að kaupa vopn eða staðfestingu á tilkynningu.

2. Samningsaðilarnir geta gert ráðstafanir til að heimila að slík vopn séu látin tímabundið af hendi til einstaklinga á þann hátt sem þeir ákveða.

87. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu setja ákvæði í innlenda löggjöf sem heimila afturköllun leyfis til einstaklinga ef viðkomandi uppfyllir ekki lengur þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem kveðið er á um í 83. gr.

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. að leggja hald á skotvopn og afturkalla leyfi og að setja viðeigandi viðurlög við brotum á lögum og reglum um skotvopn. Slík viðurlög geta falist í því að skotvopn verði gerð upptæk.

88. gr.

1. Einstaklingar, sem hafa leyfi til þess að kaupa skotvopn, þurfa ekki leyfi til þess að kaupa skotfæri í viðkomandi vopn.

2. Fyrir einstaklinga, sem hafa ekki leyfi til þess að kaupa vopn, gilda sömu reglur um kaup á skotfærum og um þau vopn sem skotfærin eru ætluð í. Hægt er að gefa út leyfi til að kaupa eina tegund skotfæra eða allar tegundir skotfæra.

89. gr.

Framkvæmdanefndin getur breytt skrám yfir bönnuð, leyfisskyld og tilkynningarskyld skotvopn og bætt við þær þannig að tekið sé tillit til tæknilegrar og efnahagslegrar þróunar og öryggis ríkisins.

90. gr.

Samningsaðilarnir skulu hafa heimild til þess að setja strangari lög eða ákvæði um skotvopn og skotfæri.

91. gr.

1. Á grundvelli Evrópusamningsins frá 28. júní 1978 um eftirlit með umráðum einstaklinga yfir skotvopnum og með því hvernig þeir afla þeirra og innan ramma innlendrar löggjafar skulu samningsaðilarnir skiptast á upplýsingum um skotvopnakaup einstaklinga, hvort sem um er að ræða óbreytta einstaklinga eða vopnasmásala, sem dvelja yfirleitt á yfirráðasvæði annars samningsaðila eða hafa þar aðsetur. Vopnasmásali merkir hér sérhver einstaklingur sem hefur að hluta til eða að öllu leyti af því atvinnu að selja skotvopn í smásölu.

2. Skipti á upplýsingum eiga sér stað:

a) á milli tveggja samningsaðila, sem hafa fullgilt samninginn sem um getur í 1. mgr., um þau skotvopn sem eru tilgreind undir a- til h-lið 1. tölul. í A-hluta 1. viðauka nefnds samnings;

b) á milli tveggja samningsaðila, þegar að minnsta kosti annar þeirra hefur ekki fullgilt samninginn sem um getur í 1. mgr., um þau skotvopn sem eru leyfis- eða tilkynningarskyld á yfirráðasvæði hvers einstaks samningsaðila.

3. Upplýsingar um kaup skotvopna skal senda tafarlaust og þær skulu ná yfir:

a) hvaða dag kaupin fóru fram og hver kaupandinn er, nánar tiltekið,

— ef um einstakling er að ræða: kenninafn, eiginnafn, fæðingardag og -ár, fæðingarstað, heimilisfang, númer vegabréfs eða persónuskilríkja og einnig útgáfudag og hvaða yfirvöld gefa það út óháð því hvort um vopnasala er að ræða eða ekki;

— ef um lögpersónu er að ræða: heiti fyrirtækis og aðsetur svo og kenninafn, eiginnafn, fæðingardag og -ár, fæðingarstað, heimilisfang og númer vegabréfs eða persónuskilríkja þess einstaklings sem er réttmætur fulltrúi lögpersónu;

b) tegund, framleiðslunúmer, hlaupvídd og önnur einkenni umrædds skotvopns svo og raðnúmer.

4. Hver samningsaðili um sig skal tilnefna innlent yfirvald sem skal sjá um að senda og taka á móti þeim upplýsingum sem um getur í 2. og 3. mgr. og tilkynna hinum samningsaðilunum tafarlaust um allar breytingar er varða tilnefnt yfirvald.

5. Yfirvaldið, sem hver samningsaðili um sig tilnefnir, getur sent upplýsingar sem það hefur tekið á móti til þar til bærra staðbundinna lögregluyfirvalda og yfirvalda, sem annast landamæraeftirlit, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir refsiverðan verknað og brot á lögum eða til málsmeðferðar fyrir refsiverðan verknað og brot á lögum.

IV. BÁLKUR
Schengen-upplýsingakerfið

1. KAFLI
Uppsetning Schengen-upplýsingakerfisins

92. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu setja upp og reka sameiginlegt upplýsingakerfi, hér á eftir nefnt Schengen-upplýsingakerfið, sem samanstendur af einingu hjá hverjum samningsaðila um sig og tæknilegri stoðeiningu. Með Schengen-upplýsingakerfinu geta yfirvöldin, sem samningsaðilarnir hafa tilnefnt, leitað vélrænt að skráningum um einstaklinga og hluti vegna landamæraeftirlits og annars eftirlits lögreglu og tolls inni í landinu í samræmi við landslög, og, aðeins hvað varðar þá tegund skráninga sem um getur í 96. gr., vegna útgáfu vegabréfsáritana, veitingar dvalarleyfa og framkvæmdar laga um útlendinga með skírskotun til beitingar þeirra ákvæða þessa samnings sem varða för fólks.

2. Hver samningsaðili um sig skal setja upp og reka, á eigin ábyrgð og eiginn kostnað, landseiningu í Schengen-upplýsingakerfinu og skal gagnasafn einingarinnar vera efnislega samsvarandi gagnasöfnum landseininga hvers og eins af hinum samningsaðilunum en það er gert með því að nota tæknilegu stoðeininguna. Til að tryggja skjóta og skilvirka sendingu upplýsinga, sem um getur í 3. mgr., skal hver samningsaðili um sig við uppsetningu sinnar einingar fylgja þeim bókunum og starfsreglum sem samningsaðilarnir hafa sett í sameiningu varðandi tæknilegu stoðeininguna. Hægt verður að leita vélrænt í gagnasafni hverrar landseiningar á yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila. Ekki verður hægt að leita í gagnasöfnum landseininga hinna samningsaðilanna.

3. Samningsaðilarnir skulu setja upp og reka tæknilega stoðeiningu Schengen-upplýsingakerfisins, bera á henni sameiginlega ábyrgð og deila kostnaðinum við hana. Lýðveldið Frakkland skal bera ábyrgð á tæknilegu stoðeiningunni og verður hún staðsett í Strassborg. Tæknilega stoðeiningin mun hafa yfir að ráða gagnasafni sem upplýsingar verða sendar úr með beinlínutengingu í gagnasöfn einstakra landseininga til þess að tryggja að gagnasöfn landseininganna samsvari hvert öðru. Í gagnasafn tæknilegu stoðeiningarinnar verða færðar inn skráningar um einstaklinga og hluti sem varða alla samningsaðilana. Í gagnasafni tæknilegu stoðeiningarinnar skulu ekki vera neinar aðrar upplýsingar en um getur í þessari mgr. og í 2. mgr. 113. gr.

2. KAFLI
Rekstur og hagnýting Schengen-upplýsingakerfisins

93. gr.

Markmiðið með Schengen-upplýsingakerfinu er, í samræmi við ákvæði þessa samnings og með notkun upplýsinga sem miðlað er um þetta kerfi, að tryggja almannaöryggi og alls-

herjarreglu, þar með talið öryggi ríkisins, á yfirráðasvæði samningsaðilanna og tryggja beitingu þeirra ákvæða þessa samnings sem varða för fólks.

94. gr.

1. Í Schengen-upplýsingakerfinu skulu eingöngu vera þeir flokkar upplýsinga sem hver samningsaðilanna sendir inn og eru nauðsynlegir til að uppfylla þau markmið sem mælt er fyrir um í 95. til 100. gr. Samningsaðilinn, sem færir inn skráningu, skal meta hvort málið er nógu mikilvægt til að réttlæta innfærslu skráningarinnar í Schengen-upplýsingakerfið.

2. Flokkar upplýsinga skulu vera:

c) einstaklingar sem til eru skráningar um;
d) hlutir sem um getur í 100. gr. og ökutæki sem um getur í 99. gr.

3. Upplýsingar um einstaklinga skulu takmarkaðar við eftirfarandi:

a) kenninafn og eiginnafn með tilvísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna;
b) sérstök varanleg líkamleg einkenni;
c) fyrsta staf annars eiginnafns;
d) fæðingarstað og fæðingardag og -ár;
e) kynferði;
f) ríkisfang;
g) hvort viðkomandi er vopnaður;
h) hvort viðkomandi er ofbeldishneigður;
i) ástæðu fyrir skráningu;
j) aðgerðir sem farið er fram á.

Aðrar upplýsingar má ekki skrá, sérstaklega ekki upplýsingar sem eru tilgreindar í fyrsta málslið 6. gr. í samningi Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

4. Ef samningsaðili telur að skráning í samræmi við 95., 97. eða 99. gr. samræmist ekki innlendum lögum, alþjóðlegum skuldbindingum eða mikilvægum hagsmunum ríkisins getur sá aðili látið setja merki eftir á við skráninguna í gagnasafni sinnar landseiningar í Schengen-upplýsingakerfinu um að ekki skuli, á yfirráðasvæði þess aðila, gripið til þeirrar aðgerðar sem tiltekin er á grundvelli þessarar skráningar. Hafa skal samráð við aðra samningsaðila um þetta. Ef samningsaðilinn, sem færði inn skráninguna, dregur hana ekki til baka gildir sú skráning áfram fyrir aðra samningsaðila.

95. gr.

1. Upplýsingar um eftirlýsta einstaklinga, sem óskað er eftir að verði handteknir í þeim tilgangi að verða framseldir, verða skráðar að beiðni dómsmálayfirvalda þess samningsaðila sem leggur fram beiðni.

2. Áður en skráning er færð inn skal samningsaðilinn, sem færir inn skráningu, kanna hvort lög samningsaðilans, sem beiðni er beint til, heimila handtöku. Í vafatilvikum skal sá samningsaðili, sem færir inn skráningu, hafa samráð við viðkomandi samningsaðila.

Samningsaðili, sem færir inn skráningu, skal senda, með þeim hætti sem fljótlegastur er, samningsaðilunum, sem beiðni er beint til, bæði skráninguna og eftirtaldar mikilvægar upplýsingar um málið:

a) hvaða yfirvald leggur fram beiðni um handtöku;
b) hvort fyrir liggi handtökuskipun eða ákvörðun með sama gildi eða aðfararhæfur dómur;
c) hvers konar refsiverðan verknað um er að ræða og tilvísun til viðeigandi refsiákvæða;

d) við hvaða aðstæður hinn refsiverði verknaður var framinn, þar með talið hvenær og hvar hann var framinn og hver þáttur hins skráða er í málinu;
e) eftir því sem unnt er, hverjar séu afleiðingar hins refsiverða verknaðar.

3. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, getur látið setja inn merki við skráningu í gagnasafn sinnar landseiningar í Schengen-upplýsingakerfinu um að ekki sé heimilt að handtaka neinn á grundvelli skráningarinnar fyrr en merkinu hefur verið eytt. Merkinu skal eyða í síðasta lagi tuttugu og fjórum klukkustundum eftir að skráning er færð inn, nema viðkomandi samningsaðili hafni handtökubeiðni af lagalegum ástæðum eða af sérstökum tilfallandi ástæðum. Í sérstökum undantekningartilvikum er hægt að lengja áðurnefndan frest upp í eina viku ef málavextir, sem liggja til grundvallar skráningunni, eru mjög flóknir. Með fyrirvara um slíkt merki eða synjun um handtöku geta hinir samningsaðilarnir gripið til handtöku sem beðið er um í skráningunni.

4. Ef samningsaðili biður um tafarlausa leit af sérstaklega áríðandi ástæðum kannar samningsaðili sem beiðni er beint til hvort hann geti dregið merkið til baka. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að unnt sé að framkvæma strax aðgerðina sem beðið var um hafi skráningin verið samþykkt.

5. Sé handtaka ekki möguleg vegna þess að samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, hefur ekki lokið rannsókn eða hefur hafnað handtökubeiðni skal sá samningsaðili fara með skráninguna eins og skráningu í þeim tilgangi að fá upplýsingar um dvalarstað viðkomandi einstaklings.

6. Samningsaðilarnir, sem beiðni er beint til, skulu framkvæma þá aðgerð sem beðið var um í skráningunni í samræmi við gildandi samninga um framsal og innlend lög. Þeir eru ekki skyldugir til að verða við beiðni sem varðar ríkisborgara þeirra nema unnt sé að framkvæma handtöku í samræmi við innlend lög.

96. gr.

1. Upplýsingar um útlendinga, sem eru á skrá yfir þá sem synja á um komu, eru skráðar á grundvelli innlendrar skráningar sem byggjast á ákvörðunum þar til bærra stjórnvalda eða dómstóla í samræmi við reglur um málsmeðferð í innlendum lögum.

2. Þessar ákvarðanir geta byggst á þeirri ógnun við almannaöryggi og allsherjarreglu eða þjóðaröryggi sem stafar af veru útlendings á yfirráðasvæði samningsaðila.

Þetta á sérstaklega við um:

a) útlending sem hefur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað og refsing felur í sér frjálsræðissviptingu í eitt ár að minnsta kosti;
b) útlending sem liggur undir rökstuddum grun um að hafa framið alvarlegan refsiverðan verknað, þar með talið verknað eins og um getur í 71. gr., eða haldgóðar vísbendingar eru fyrir hendi um að hann hafi slíkan verknað í hyggju á yfirráðasvæði samningsaðila.

3. Þessar ákvarðanir geta einnig byggst á því að útlendingi hafi verið vísað úr landi, endursendur eða vísað brott, svo framarlega sem þeim ráðstöfunum hefur ekki verið frestað eða þær afturkallaðar, og þær fela í sér bann við því að koma inn í landið eða dvelja í landinu sem byggist á því að innlend lög um komu og dvöl útlendinga hafi ekki verið virt.

97. gr.

Upplýsingar um týnda einstaklinga eða einstaklinga, sem, vegna eigin öryggis eða til að koma í veg fyrir hættuástand, verður að taka í gæslu tímabundið að beiðni þar til bærs yfirvalds eða þar til bærs dómmálayfirvalds þess samningsaðila sem færir inn skráningu, skal skrá í gagnasafnið til þess að lögregluyfirvöld geti tilkynnt samningsaðilanum, sem færir inn

skráningu, um dvalarstað viðkomandi eða tekið einstaklinginn í gæslu í þeim tilgangi að hindra hann í að halda áfram ferðalagi sínu svo fremi sem innlend löggjöf heimilar það. Þetta á sérstaklega við um ólögráða börn og einstaklinga sem þarf að vista nauðuga á grundvelli ákvörðunar þar til bærs yfirvalds. Upplýsingar um lögráða einstaklinga má aðeins veita með samþykki viðkomandi.

98. gr.

1. Upplýsingar um vitni svo og einstaklinga, sem stefnt er til að koma fyrir rétt í sakamáli vegna verknaða sem þeir eru ákærðir fyrir, eða um einstaklinga, sem á að birta dóm í sakamáli eða boðun til afplánunar frjálsræðissviptingar, skulu skráðar að beiðni þar til bærra dómsmálayfirvalda í þeim tilgangi að veita upplýsingar um búsetu eða dvalarstað.

2. Umbeðnar upplýsingar skal senda samningsaðilanum, sem leggur fram beiðni, í samræmi við innlenda löggjöf og gildandi samninga um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum.

99. gr.

1. Í samræmi við innlenda löggjöf þess samningsaðila, sem færir inn skráningu, skal skrá upplýsingar varðandi einstaklinga eða ökutæki í þeim tilgangi að nota við skyggingu eða markvisst eftirlit í samræmi við 5. mgr.

2. Slík skráning er heimil vegna málsmeðferðar fyrir refsiverðan verknað og til að koma í veg fyrir ógnanir við almennt öryggi þegar:

a) haldgóðar vísbendingar eru fyrir hendi um að viðkomandi hafi í hyggju að fremja eða fremji marga og sérlega alvarlega refsiverða verknaði, eða
b) heildarmat á viðkomandi einstaklingi, sem byggist á þeim refsiverðu verknuðum sem hann hefur þegar framið, bendir til þess að hann muni í framtíðinni einnig fremja sérlega alvarlega refsiverða verknaði.

3. Auk þess er heimilt að færa inn skráningu, svo framarlega sem innlend lög heimila það, að beiðni þeirra þar til bæru aðila sem bera ábyrgð á öryggi ríkisins þegar raunverulegar vísbendingar eru fyrir hendi um að þær upplýsingar, sem um getur í 4. mgr., séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að alvarleg hætta stafi af viðkomandi eða til að koma í veg fyrir alvarlegar ógnanir við innra eða ytra öryggi ríkisins. Samningsaðilanum, sem færir inn skráninguna, ber skylda til að ráðfæra sig við hina samningsaðilana fyrir fram.

4. Við undirbúning skyggingar er heimilt að safna saman upplýsingum um öll eftirfarandi atriði eða hluta þeirra og senda til yfirvaldsins sem færði inn skráningu til að nota við landamæraeftirlit eða við annað eftirlit lögreglu og tolls inni í landinu:

a) að einstaklingur eða ökutæki, sem til er skráning um, hafi fundist;
b) stað, dagsetningu og tilefni eftirlitsins;
c) ferðaleið og ákvörðunarstað;
d) fylgdarmenn eða farþega;
e) ökutæki sem notað er;
f) hluti sem menn hafa meðferðis;
g) við hvaða aðstæður viðkomandi einstaklingur eða ökutæki fannst.

Við söfnun upplýsinga af þessu tagi skal tryggja að skyggingin haldist örugglega leynileg.

5. Í tengslum við markvisst eftirlit, sem um getur í 1. mgr., og í samræmi við innlend lög er heimilt að leita á einstaklingum, í ökutækjum og hlutum, sem menn hafa meðferðis, í þeim tilgangi sem um getur í 2. og 3. mgr. Ef markvisst eftirlit er ekki heimilt samkvæmt lögum einhvers samningsaðila skal því sjálfkrafa breytt í skyggingu hjá þeim samningsaðila.

6. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, getur látið setja merki við skráningu í gagnasafni sinnar landseiningar í Schengen-upplýsingakerfinu um að ekki sé heimilt að taka ákvarðanir um skyggingu eða markvisst eftirlit á grundvelli þeirrar skráningar fyrr en merkinu hefur verið eytt. Merkinu skal eytt í síðasta lagi tuttugu og fjórum klukkustundum eftir að skráning er færð inn, nema viðkomandi samningsaðili hafni því, af lagalegum ástæðum eða af sérstökum tilfallandi ástæðum, að gera þær ráðstafanir sem beðið var um. Með fyrirvara um slíkt merki eða synjun hafa aðrir samningsaðilar heimild til að gera þær ráðstafanir sem beðið er um í skráningunni.

100. gr.

1. Upplýsingar um hluti, sem er leitað að í þeim tilgangi að leggja á þá hald eða nota sem sönnunargögn í sakamáli, skal skrá í Schengen-upplýsingakerfinu.

2. Ef við leit kemur í ljós að fyrir hendi er skráning á fundnum hlut hefur yfirvaldið, sem hefur staðfest þetta, samband við yfirvaldið sem færði skráninguna inn til þess að þau geti komið sér saman um hvaða ráðstafanir skuli gera. Einnig má veita persónuupplýsingar í þessum tilgangi í samræmi við ákvæði þessa samnings. Ráðstafanir, sem gerðar eru af þeim aðila sem fann viðkomandi hlut, skulu gerðar í samræmi við innlend lög.

3. Upplýsingar um eftirfarandi flokka hluta skulu skráðar:

a) vélknúin ökutæki með slagrými yfir 50 rúmsentímetra sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið;
b) eftirvagna og hjólhýsi með eiginþunga yfir 750 kg sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið;
c) skotvopn sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið;
d) óútfyllt skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið;
e) útgefin persónuskilríki (vegabréf, nafnskírteini, ökuskírteini) sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið;
f) peningaseðla (með skráðum númerum).

101. gr.

1. Aðgang að upplýsingum í Schengen-upplýsingakerfinu, með þeim rétti að mega leita beint að tilteknum upplýsingum, hafa eingöngu aðilar sem bera ábyrgð á:

a) landamæraeftirliti;
b) öðru eftirliti lögreglu og tolls inni í landinu svo og samræmingu slíks eftirlits.

2. Aðgang að upplýsingum, sem skráðar eru í samræmi við 96. gr., með þeim rétti að mega leita beint að þessum upplýsingum, hafa auk þess þau yfirvöld sem sjá um að gefa út vegabréfsáritanir, miðlæg yfirvöld sem bera ábyrgð á meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og yfirvöld sem annast útgáfu dvalarleyfa og hafa umsjón með útlendingalöggjöfinni í tengslum við beitingu þeirra ákvæða þessa samnings sem varða för fólks. Aðgangur að framangreindum upplýsingum skal vera í samræmi við innlend lög hvers samningsaðila.

3. Notendur mega aðeins leita að þeim upplýsingum sem þeim eru nauðsynlegar við lausn verkefna sinna.

4. Hver samningsaðili um sig skal senda framkvæmdanefndinni skrá yfir þar til bær yfirvöld sem hafa heimild til að leita beint að upplýsingum í Schengen-upplýsingakerfinu. Í skránni skal tilgreint að hvaða upplýsingum hvert yfirvald megi leita og í hvaða tilgangi.

3. KAFLI
Vernd persónuupplýsinga og öryggi upplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu

102. gr.

1. Samningsaðilunum er eingöngu heimilt að nota þær upplýsingar, sem kveðið er á um í 95. til 100. gr., í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um við hverja tegund skráninga í framangreindum greinum.

2. Upplýsingar má eingöngu afrita í tæknilegum tilgangi þegar það er nauðsynlegt til að þau yfirvöld, sem um getur í 101. gr., geti leitað beint að upplýsingum. Ekki má afrita skráningar frá öðrum samningsaðila úr gagnasafni einnar landseiningar Schengen-upplýsingakerfisins í gagnasöfn annarra landseininga.

3. Varðandi skráningarnar, sem kveðið er á um í 95. til 100. gr. þessa samnings, er aðeins heimilt að víkja frá 1. mgr. með því að breyta úr einni tegund skráninga yfir í aðra ef það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir alvarlega og bráða ógnun við almannaöryggi og allsherjarreglu, af alvarlegu tilefni er varðar öryggi ríkisins eða í þeim tilgangi að koma í veg fyrir alvarlegan refsiverðan verknað. Til þess þarf að fá leyfi fyrir fram hjá þeim samningsaðila sem færði skráninguna inn.

4. Upplýsingarnar má ekki nota í þágu stjórnsýslunnar. Þrátt fyrir þetta má nota upplýsingar, sem eru færðar inn skv. 96. gr., eingöngu í þeim tilgangi sem nefndur er í 2. mgr. 101. gr. og í samræmi við innlend lög hvers samningsaðila.

5. Öll notkun upplýsinga, sem samræmist ekki 1. til 4. mgr., skal vera talin misnotkun samkvæmt innlendum lögum hvers samningsaðila um sig.

103. gr.

Hver samningsaðili um sig skal tryggja að sá aðili, sem ber ábyrgð á gagnasafninu, skrái að jafnaði tíunda hvert tilvik um sendingu persónuupplýsinga í landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því hvort heimild sé fyrir leit. Skráninguna má aðeins nota í þessum tilgangi og skal eyða henni að sex mánuðum liðnum.

104. gr.

1. Um skráningar gilda innlend lög þess samningsaðila sem færir skráninguna inn, nema strangari skilyrði fyrir skráningu séu sett fram í þessum samningi.

2. Svo framarlega sem ekki eru sérstök ákvæði í þessum samningi skal beita innlendum lögum hvers samningsaðila um sig um upplýsingar sem hafa verið færðar inn í landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins.

3. Svo framarlega sem ekki eru sérstök ákvæði í þessum samningi um framkvæmd aðgerðanna sem beðið er um í skráningu gilda innlend lög þess samningsaðila sem beiðni er beint til og sér um aðgerðir. Svo framarlega sem sérstök ákvæði eru í þessum samningi um framkvæmd aðgerða sem beðið er um í skráningu takmarkast ábyrgð til að framkvæma slíkar aðgerðir af innlendum lögum þess samningsaðila sem beiðni er beint til. Ef ekki er hægt að framkvæma umbeðnar aðgerðir skal samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, tilkynna samningsaðilanum, sem færir inn skráninguna, tafarlaust um það.

105. gr.

Samningsaðili, sem færir inn skráningu, ber ábyrgð á því að upplýsingarnar séu rétt færðar inn og uppfærðar svo og á lögmæti þess að skrá upplýsingarnar í Schengen-upplýsingakerfið.

106. gr.

1. Aðeins sá samningsaðili, sem færir inn skráningu, má breyta upplýsingum, bæta við þær, leiðrétta þær eða eyða þeim.

2. Hafi samningsaðili, sem færði sjálfur ekki inn tiltekna skráningu, vísbendingar um að upplýsingar í henni séu rangar eða að ekki hafi verið lögmætt að færa þær inn skal hann tilkynna samningsaðilanum, sem færði skráninguna inn, um það eins fljótt og unnt er og ber þeim síðarnefnda skylda til að kanna þessa tilkynningu umsvifalaust og leiðrétta eða eyða tafarlaust umræddum upplýsingum ef nauðsyn ber til.

3. Ef samningsaðilarnir geta ekki komist að samkomulagi leggur samningsaðilinn, sem ekki færði skráninguna inn upphaflega, málið fyrir sameiginlegu eftirlitsstofnunina, sem um getur í 1. mgr. 115. gr., til ályktunar.

107. gr.

Þegar skráning á tilteknum einstaklingi hefur verið færð inn í Schengen-upplýsingakerfið og samningsaðili hefur í hyggju að bæta við nýrri skráningu skal hann komast að samkomulagi við samningsaðilann, sem færði fyrst inn skráningu, um hvernig skráningarnar skuli færðar inn. Samningsaðilarnir geta einnig sett almenn ákvæði um þetta atriði.

108. gr.

1. Hver samningsaðili um sig skal tilnefna yfirvald sem ber meginábyrgð á viðkomandi landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins.

2. Hver samningsaðili um sig skal færa skráningar sínar inn hjá því yfirvaldi.

3. Umrætt yfirvald skal bera ábyrgð á því að rekstur landseiningar Schengen-upplýsingakerfisins gangi snurðulaust og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa samnings.

4. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum í gegnum vörsluaðilann hvaða yfirvald þau hafa tilnefnt skv. 1. mgr.

109. gr.

1. Réttur hvers einstaklings til þess að fá aðgang að þeim upplýsingum, sem eru til um hann í Schengen-upplýsingakerfinu, skal vera í samræmi við innlend lög samningsaðilans sem fær beiðni um nýtingu þessa réttar á yfirráðasvæði sínu. Svo framarlega sem innlend lög heimila ákveður innlenda eftirlitsstofnunin sem kveðið er á um í 1. mgr. 114. gr. hvort upplýsingar skuli gefnar og á hvaða hátt. Samningsaðili, sem hefur sjálfur ekki fært inn tiltekna skráningu, má því aðeins veita upplýsingar varðandi hana að hann hafi áður gefið samningsaðilanum, sem færði skráninguna inn, tækifæri til að tjá sig um það.

2. Viðkomandi einstaklingi skal neitað um aðgang að upplýsingunum ef það getur skaðað framkvæmd þar til bærra ráðstafana sem leiðir af skráningu eða ef það er nauðsynlegt til að vernda rétt og frelsi annarra. Upplýsingar eru aldrei gefnar á því tímabili sem skráning tengist skyggingu.

110. gr.

Hver sem er hefur rétt til þess að láta leiðrétta rangar upplýsingar sem varða hann eða láta eyða upplýsingum sem hafa verið skráðar ólöglega.

111. gr.

1. Hver skráður einstaklingur hefur rétt til þess að leggja það fyrir þar til bæra dómstóla eða þar til bær yfirvöld á yfirráðasvæði hvers samningsaðila um sig, í samræmi við landslög, að leiðrétta eða eyða skráningu eða fá aðgang að upplýsingum um hana eða skaðabætur.

2. Með fyrirvara um ákvæði 116. gr. skuldbinda samningsaðilarnir sig sameiginlega til þess að fullnusta endanlegar ákvarðanir dómstóla eða yfirvalda sem um getur í 1. mgr.

112. gr.

1. Persónuupplýsingar, sem eru færðar inn í Schengen-upplýsingakerfið í tengslum við leit að einstaklingum, skal ekki geyma lengur en nauðsynlegt er í þeim ákveðna tilgangi. Eigi síðar en þremur árum eftir að skráning er færð inn skal samningsaðilinn, sem færði skráninguna inn, gera könnun á því hvort nauðsyn beri til að geyma upplýsingarnar áfram. Þegar um er að ræða skráningar skv. 99. gr. er umræddur frestur eitt ár.

2. Hver samningsaðili um sig getur ákveðið eftir atvikum að hafa styttri tímabil á milli kannana í samræmi við innlend lög.

3. Tæknileg stoðeining Schengen–upplýsingakerfisins skal tilkynna samningsaðilunum vélrænt með eins mánaðar fyrirvara þegar fyrirhugað er að eyða upplýsingum úr kerfinu.

4. Samningsaðili, sem færði inn tiltekna skráningu, getur ákveðið innan hins tiltekna frests að framlengja skráninguna ef það er nauðsynlegt að teknu tilliti til þeirrar ástæðu sem var fyrir skráningu. Ef ákveðið er að framlengja skráningu skal tæknilegu stoðeiningunni gert viðvart. Ákvæði 1. mgr. gilda um skráningu sem er framlengd.

113. gr.

1. Aðrar upplýsingar en þær sem um getur í 112. gr. skulu varðveittar í mesta lagi í tíu ár eftir skráningu, upplýsingar um útgefin persónuskilríki og skráða peningaseðla í mesta lagi í fimm ár og upplýsingar um ökutæki, eftirvagna og hjólhýsi í mesta lagi í þrjú ár.

2. Upplýsingar, sem hefur verið eytt, skulu varðveittar áfram í eitt ár í tæknilegu stoðeiningunni. Á þeim tíma má þó aðeins nota þær til þess að yfirfara hvort þær hafi verið rétt og löglega skráðar. Eftir þann tíma skal eyðileggja þær.

114. gr.

1. Hver samningsaðili um sig skal tilnefna eftirlitsstofnun sem hefur það verkefni í samræmi við innlenda löggjöf að annast óháð eftirlit með gagnasafni hverrar landseiningar Schengen-upplýsingakerfisins og því hvort úrvinnsla og notkun upplýsinganna í Schengen-upplýsingakerfinu brjóti í bága við réttindi viðkomandi einstaklinga. Eftirlitsstofnunin skal hafa aðgang að gagnasafni viðkomandi landseiningar Schengen-upplýsingakerfisins í þeim tilgangi.

2. Hver sem er hefur rétt til að senda beiðni til eftirlitsstofnunarinnar um athugun á upplýsingum, sem skráðar eru um viðkomandi einstakling í Schengen-upplýsingakerfinu, svo og á notkun þeirra. Þessi réttur er útfærður í samræmi við innlend lög þess samningsaðila sem fær beiðnina. Hafi annar samningsaðili fært inn viðkomandi upplýsingar fer athugunin fram í náinni samvinnu við eftirlitsstofnun þess samningsaðila.

115. gr.

1. Koma skal á fót sameiginlegri eftirlitsstofnun sem annast eftirlit með tæknilegri stoðeiningu Schengen-upplýsingakerfisins. Tveir fulltrúar frá eftirlitsstofnun hvers ríkis skulu vera við stofnunina. Hver samningsaðili um sig hefur eitt atkvæði við atkvæðagreiðslu. Eftir-

litið skal unnið í samræmi við ákvæði þessa samnings, samnings Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, með tilliti til tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins R (87) 15 frá 17. september 1987 varðandi notkun lögreglu á persónuupplýsingum og í samræmi við innlend lög þess samningsaðila sem ber ábyrgð á tæknilegu stoðeiningunni.

2. Verkefni sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar varðandi tæknilega stoðeiningu Schengen-upplýsingakerfisins verður að hafa eftirlit með því hvort rétt sé staðið að framkvæmd ákvæða þessa samnings. Í því skyni skal hún hafa aðgang að tæknilegu stoðeiningunni.

3. Sameiginlega eftirlitsstofnunin er einnig þar til bær að athuga vandamál sem upp koma við rekstur Schengen-upplýsingakerfisins varðandi beitingu eða túlkun, vandamál sem upp koma í tengslum við óháðar athuganir eftirlitsstofnana í hverju ríki eða hvernig nýta beri rétt til þess að fá aðgang að upplýsingum svo og að vinna að samræmdum tillögum að sameiginlegum lausnum á vandamálunum.

4. Skýrslur frá sameiginlegu eftirlitsstofnuninni skulu sendar til þeirra yfirvalda sem fá skýrslur frá eftirlitsstofnunum í hverju ríki.

116. gr.

1. Hver samningsaðili um sig ber ábyrgð á því í samræmi við innlend lög ef einstaklingur verður fyrir tjóni vegna notkunar gagnasafns Schengen-upplýsingakerfisins í því landi. Hið sama gildir ef einhver verður fyrir tjóni vegna þess að samningsaðili, sem færði inn skráningu, hefur skráð rangar upplýsingar eða upplýsingar sem ólögmætt var að skrá.

2. Ef samningsaðili, sem höfðað er mál gegn, er ekki sá samningsaðili sem færði inn skráningu skal hinn síðarnefndi endurgreiða, ef þess er óskað, þær fjárhæðir sem greiddar hafa verið sem skaðabætur, nema samningsaðilinn, sem beiðni var beint til, hafi notað viðkomandi upplýsingar í bága við ákvæði þessa samnings.

117. gr.

1. Með tilliti til tölvuvinnslu persónuupplýsinga, sem eru sendar samkvæmt ákvæðum þessa bálks, skal hver samningsaðili um sig, í síðasta lagi við gildistöku þessa samnings, setja nauðsynleg ákvæði í innlend lög til þess að tryggja að vernd persónuupplýsinga sé að minnsta kosti á því stigi sem leiðir af meginreglum samnings Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga og sé í samræmi við tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (87) 15 frá 17. september 1987 varðandi notkun lögreglu á persónuupplýsingum.

2. Persónuupplýsingar má ekki senda samkvæmt ákvæðum þessa bálks fyrr en ákvæði 1. mgr. um vernd persónuupplýsinga hafa öðlast gildi í ríkjum þeirra samningsaðila sem eiga aðild að sendingunni.

118. gr.

1. Hver samningsaðili um sig skuldbindur sig til að gera ráðstafanir varðandi sína landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins sem eru nauðsynlegar til þess:

a) að hindra að þeir sem ekki hafa til þess heimild hafi aðgang að gagnakerfum þar sem unnið er með persónuupplýsingar (eftirlit með aðgangi að gagnakerfum);
b) að hindra að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið, afritað, breytt eða fjarlægt gagnagrunna (eftirlit með gagnagrunnum);

c) að hindra að hægt sé að bæta inn í skrár án heimildar svo og að hindra að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið persónuupplýsingar, breytt þeim eða eytt þeim (eftirlit með færslum í gagnaskrár);
d) að hindra að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti notað vélræn gagnavinnslukerfi með búnaði til gagnaflutnings (notendaeftirlit);
e) að tryggja að þeir sem hafa heimild til að nota vélræn gagnavinnslukerfi hafi eingöngu aðgang að þeim upplýsingum sem heimildin nær til (eftirlit með aðgangi að gögnum);
f) að tryggja að hægt sé að kanna og staðfesta til hvaða yfirvalda hægt er að senda persónuupplýsingar með búnaði til gagnaflutnings (eftirlit með gagnasendingum);
g) að tryggja að hægt sé að kanna og staðfesta eftir á hvaða persónuupplýsingar hafi verið færðar inn, hvenær og hver hafi fært þær inn í vélræna gagnavinnslukerfið (eftirlit með færslum);
h) að hindra að hægt sé án heimildar að lesa, afrita, breyta eða eyða persónuupplýsingum við sendingu upplýsinga eða við flutning gagnagrunna (eftirlit með flutningi gagna).

2. Hver samningsaðili um sig verður að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga þegar þær eru sendar til stofnana utan yfirráðasvæðis samningsaðilanna. Tilkynna skal sameiginlegu eftirlitsstofnuninni um þær ráðstafanir.

3. Hver samningsaðili um sig má aðeins ráða til starfa við vinnslu upplýsinga í sinni landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins einstaklinga sem eru sérstaklega til þess hæfir og hafa staðist öryggispróf.

4. Samningsaðilinn, sem ber ábyrgð á tæknilegri stoðeiningu Schengen-upplýsingakerfisins, gerir þær ráðstafanir varðandi hana sem mælt er fyrir um í 1. til 3. mgr.

4. KAFLI
Skipting kostnaðar við Schengen-upplýsingakerfið

119. gr.

1. Samningsaðilarnir bera sameiginlega kostnað við uppsetningu og rekstur tæknilegu stoðeiningarinnar, sem um getur í 3. mgr. 92. gr., þar með talinn kostnað vegna tengibúnaðar landseininga Schengen-upplýsingakerfisins við tæknilegu stoðeininguna. Hlutur hvers samningsaðila um sig í kostnaðinum er ákveðinn á grundvelli hlutar hans í samræmdum útreikningsgrundvelli virðisaukaskatts í skilningi c-liðar 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðs Evrópubandalaganna frá 24. júní 1988 um eigið fjármagnskerfi bandalaganna.

2. Hver samningsaðili ber sjálfur kostnað við uppsetningu og rekstur sinnar landseiningar Schengen-upplýsingakerfisins.

V. BÁLKUR[10]
Flutningar og vöruflæði

120. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu í sameiningu sjá til þess að hvorki lög né stjórnsýslufyrirmæli hindri á óréttmætan hátt vöruflutninga yfir innri landamæri.

2. Samningsaðilarnir skulu auðvelda vöruflutninga yfir innri landamæri með því að afgreiða formsatriði varðandi bönn og takmarkanir um leið og vörur eru tollafgreiddar og afhentar til neyslu. Að vali viðkomandi getur tollafgreiðsla annaðhvort farið fram inni í land-

[10] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir bálkurinn ekki fyrir Ísland og Noreg.

inu eða á innri landamærunum. Samningsaðilarnir skulu leggja sig fram um að hvetja til þess að tollafgreiðsla fari fram inni í landi.

3. Hafi ekki verið hægt að koma í framkvæmd þeim einföldunum sem um getur í 2. mgr., eða aðeins að hluta til, skulu samningsaðilarnir leggja sig fram um að skapa skilyrði til þess innbyrðis eða innan ramma Evrópubandalaganna.

Þessi málsgrein gildir einkum um eftirlit með því að farið sé að reglum um atvinnuleyfi til flutninga og tæknilegt eftirlit með flutningatækjum, eftirlit með dýravernd og dýraheilbrigði, eftirlit með hreinlæti við meðferð kjöts og eftirlit með plöntuheilbrigði, svo og um eftirlit með flutningi hættulegs varnings og úrgangs.

4. Samningsaðilarnir skulu enn fremur leggja sig fram um að samræma formsatriði varðandi vöruflutninga yfir ytri landamæri og hafa eftirlit með því samkvæmt sameiginlegum meginreglum að þau formsatriði séu virt. Í þessum tilgangi skulu samningsaðilarnir vinna náið saman í framkvæmdanefndinni, innan ramma Evrópubandalaganna og á öðrum alþjóðlegum vettvangi.

121. gr.

1. Í samræmi við lög bandalagsins skulu samningsaðilarnir falla frá eftirliti með plöntuheilbrigði og kröfum um að leggja fram vottorð um plöntuheilbrigði sem kveðið er á um í lögum bandalagsins varðandi tilteknar plöntur og plöntuafurðir.

Framkvæmdanefndin skal taka saman skrá yfir plöntur og plöntuafurðir sem falla undir einfaldanir þær sem um getur í fyrsta málslið hér að framan. Hún getur breytt skránni og ákveður hvenær slíkar breytingar öðlast gildi. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum um þær ráðstafanir sem þeir hafa gripið til.

2. Ef hætta er á því á skaðvaldar berist inn eða breiðist út getur samningsaðili krafist þess að eftirlitsráðstöfunum, sem mælt er fyrir um í lögum bandalagsins, verði komið á aftur tímabundið og framfylgt þeim sjálfur. Hann skal tilkynna hinum samningsaðilunum um það skriflega án tafar og tilgreina ástæður fyrir þessari ákvörðun.

3. Plöntuheilbrigðisvottorðið má nota áfram sem vottorð sem krafist er samkvæmt lögum um verndun tegundanna.

4. Að fenginni beiðni skal þar til bært yfirvald gefa út plöntuheilbrigðisvottorð þegar sending er að öllu leyti eða að hluta til ætluð til endurútflutnings svo framarlega sem plönturnar eða plöntuafurðirnar uppfylla kröfur um plöntuheilbrigði.

122. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu styrkja samstarf sitt til að tryggja öryggi í tengslum við flutninga á hættulegum varningi og skuldbinda sig til að samræma innlend lagaákvæði til samræmis við gildandi alþjóðlega samninga. Í þeim tilgangi sérstaklega að viðhalda núverandi öryggisstigi skuldbinda þeir sig auk þess til að:

a) samræma kröfur varðandi faglega hæfni bílstjóra;
b) samræma aðferðir við og umfang eftirlits með flutningunum og í fyrirtækjunum;
c) samræma atvikalýsingar lögbrota og lagaákvæði um gildandi viðurlög þar að lútandi;
d) tryggja stöðug skipti á upplýsingum og lýsingum á reynslu af þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til, svo og af því eftirliti sem hefur verið framfylgt.

2. Samningsaðilarnir skulu styrkja samstarf sitt í tengslum við eftirlit með flutningi yfir innri landamærin á hættulegum og hættulausum úrgangi.

Í því sambandi skulu þeir leggja sig fram um að hafa sameiginlega afstöðu til breytinga á tilskipunum bandalagsins um eftirlit og umsjón með flutningi hættulegs úrgangs og til upp-

töku bandalagsgerða um hættulausan úrgang með það að markmiði að koma á fót fullnægjandi innra skipulagi og setja samræmda staðla á háu stigi fyrir förgun úrgangsins.

Á meðan bandalagsreglur um hættulausan úrgang eru ekki fyrir hendi skal eftirlit með flutningi slíks úrgangs vera með þeim hætti að það sé mögulegt að fylgjast með flutningi á ákvörðunarstað á meðan hann er meðhöndlaður.

Ákvæði annars málsliðar 1. mgr. eiga einnig við um þessa málsgrein.

123. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að ráðfæra sig hver við annan í þeim tilgangi að afnema núgildandi gagnkvæma skyldu að framvísa leyfi til útflutnings hernaðarlegra mikilvægra iðnaðarvara og tækniþekkingar og, ef við á, koma á sveigjanlegri málsmeðferð í stað slíks leyfis svo framarlega sem löndin, sem eru fyrsti ákvörðunarstaður og lokaákvörðunarstaður, eru samningsaðilar.

Með fyrirvara um slíkt samráð og til þess að tryggja skilvirkni slíks eftirlits, þar sem það reynist nauðsynlegt, skulu samningsaðilarnir leggja sig fram um í náinni samvinnu, og með því að koma á samræmingarkerfi, að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum í samræmi við innlenda löggjöf.

2. Að því er varðar aðrar vörur en hernaðarlega mikilvægar iðnaðarvörur og tækniþekkingu, sem um getur í 1. mgr., skulu samningsaðilarnir annars vegar leitast við að afgreiða formsatriði varðandi útflutning inni í landi og hins vegar að samræma eftirlitsaðferðir sínar.

3. Innan ramma þeirra markmiða, sem sett eru í 1. og 2. mgr. hér að framan, skulu samningsaðilarnir hafa samráð við önnur aðildarríki sem málið varðar.

124. gr.

Dregið skal, eins og kostur er, úr tíðni og umfangi eftirlits með vörum í tengslum við för fólks yfir innri landamærin. Hvort dregið verður frekar úr eftirliti og það endanlega lagt niður er háð því að komið verði smátt og smátt á undanþágum fyrir ferðamenn og hvernig gildandi ákvæði um för fólks yfir landamæri koma til með að þróast.

125. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu gera samninga um gagnkvæm skipti á tengifulltrúum frá tollyfirvöldum sínum.

2. Markmiðið með skiptum á tengifulltrúum er að styðja og flýta fyrir samstarfi milli samningsaðilanna almennt og sérstaklega innan ramma gildandi samninga og bandalagsgerða um gagnkvæma aðstoð.

3. Það er verkefni tengifulltrúa að veita ráðgjöf og aðstoð. Þeim er ekki heimilt að grípa að eigin frumkvæði til ráðstafana varðandi tollgæslu. Þeir skulu veita upplýsingar og sinna verkefnum sínum í samræmi við leiðbeiningar sem þeir fá frá sínu heimalandi.

VI. BÁLKUR
Vernd persónuupplýsinga

126. gr.

1. Að því er varðar vélræna vinnslu persónuupplýsinga, sem sendar eru á milli samkvæmt þessum samningi, skal hver samningsaðili um sig setja nauðsynleg ákvæði í innlend lög, í síðasta lagi við gildistöku þessa samnings, til þess að tryggja að vernd persónuupplýsinga sé að minnsta kosti á því stigi sem leiðir af meginreglum samnings Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

2. Sendingu persónuupplýsinga, sem kveðið er á um í þessum samningi, má ekki hefja fyrr en ákvæði um vernd persónuupplýsinga, sem tilgreind eru í 1. mgr., hafa öðlast gildi á yfirráðasvæði þeirra samningsaðila sem eru aðilar að sendingunni.

3. Auk þess gilda eftirfarandi ákvæði um vélræna vinnslu persónuupplýsinga sem eru sendar á milli samkvæmt þessum samningi:

a) Samningsaðilanum, sem tekur við upplýsingum, er aðeins heimilt að nota upplýsingarnar í þeim ákveðna tilgangi sem kveðið er á um varðandi sendingu slíkra upplýsinga í þessum samningi; notkun upplýsinganna í öðrum tilgangi er eingöngu heimil að fengnu fyrirframleyfi samningsaðilans, sem sendir upplýsingarnar, og í samræmi við löggjöf samningsaðilans sem tekur við þeim. Gefa má slíkt leyfi svo framarlega sem löggjöf samningsaðilans, sem sendir upplýsingarnar, heimilar slíkt.

b) Aðeins þau dómsmálayfirvöld, þær deildir og stofnanir, sem eru þar til bærar að sinna verkefnum eða rækja skyldur í tengslum við þau markmið sem mælt er fyrir um í a-lið, mega nota upplýsingarnar.

c) Samningsaðilanum, sem sendir upplýsingarnar, ber skylda til að tryggja að þær séu réttar; sannreyni hann, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að fenginni beiðni frá viðkomandi einstaklingi, að upplýsingarnar hafi verið rangar eða ekki hafi verið heimilt að senda þær skal tilkynna það tafarlaust þeim samningsaðila eða samningsaðilum sem tóku við upplýsingunum. Honum eða þeim ber skylda til að leiðrétta upplýsingarnar, eyða þeim eða merkja við þær að þær séu rangar eða ekki hafi átt að senda þær.

d) Samningsaðili getur ekki vísað til þess að annar samningsaðili hafi sent honum rangar upplýsingar til þess að firra sig ábyrgð sem hann ber gagnvart tjónþola samkvæmt innlendum lögum. Þurfi samningsaðilinn, sem tekur við upplýsingum, að greiða skaðabætur vegna tjóns sem hefur orðið vegna notkunar rangra aðsendra upplýsinga skal samningsaðilinn, sem sendi upplýsingarnar, greiða samningsaðilanum, sem tók við þeim, þá fjárhæð sem skaðabótunum nemur að fullu.

e) Sendingu og viðtöku persónuupplýsinga skal færa inn í gagnasafnið sem þær eru sendar úr og í gagnasafnið sem þær eru settar inn í.

f) Sameiginlega eftirlitsstofnunin, sem um getur í 115. gr., getur, að fenginni beiðni frá einum samningsaðilanna, lagt fram álitsgerð um vandamál í sambandi við beitingu og túlkun þessarar greinar.

4. Þessi grein gildir ekki um sendingu upplýsinga sem kveðið er á um í 7. kafla II. bálks og í IV. bálki. Ákvæði 3. mgr. skulu ekki gilda um sendingu upplýsinga sem kveðið er á um í 2., 3., 4. og 5. kafla III. bálks.

127. gr.

1. Þegar persónuupplýsingar eru sendar til annars samningsaðila samkvæmt ákvæðum þessa samnings gilda ákvæði 126. gr. um sendingu upplýsinga sem koma úr órafrænu gagnasafni og upplýsingar sem komið er fyrir í slíku gagnasafni.

2. Þegar persónuupplýsingar eru sendar til annars samningsaðila samkvæmt þessum samningi í öðrum tilfellum en þeim sem um getur í 1. mgr. 126. gr. eða í 1. mgr. þessarar greinar, þá gildir 3. mgr. 126. gr., að undanskildum e-lið. Auk þess gilda eftirfarandi ákvæði:

a) sendingu og viðtöku persónuupplýsinga skal skrá skriflega; þessi skylda fellur niður þegar ekki er nauðsynlegt að skrá notkun upplýsinganna, sérstaklega þegar upplýsingarnar eru ekki notaðar eða eru aðeins notaðar í stuttan tíma;

b) við notkun upplýsinga, sem hafa verið sendar á milli, skal sá samningsaðili, sem tekur við upplýsingum, tryggja að vernd þeirra sé að minnsta kosti í samræmi við þá vernd sem gildir um notkun upplýsinga af sama tagi samkvæmt lögum þess samningsaðila;
c) ákvörðun um hvort heimila skal aðgang að upplýsingum, og með hvaða skilyrðum, er tekin á grundvelli landslaga þess samningsaðila sem viðkomandi einstaklingur lagði beiðni fyrir.

3. Þessi grein gildir ekki um sendingu upplýsinga sem kveðið er á um í 7. kafla II. bálks, í 2., 3., 4. og 5. kafla III. bálks og í IV. bálki.

128. gr.

1. Ekki er heimilt að senda persónuupplýsingar, eins og kveðið er á um í þessum samningi, fyrr en samningsaðilarnir, sem koma að sendingunni, hafa gefið innlendri eftirlitsstofnun fyrirmæli um að láta fara fram óháða úttekt á því að ákvæði 126. og 127. gr., svo og ákvæði um framkvæmd þeirra, séu virt að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga í gagnasöfnum.

2. Hafi samningsaðili, í samræmi við innlend lög, falið eftirlitsstofnun það verkefni að annast óháð eftirlit með því að á einu eða fleiri sviðum séu virt lagaákvæði um vernd persónuupplýsinga sem ekki hafa verið settar inn í gagnasafn skal sá samningsaðili einnig fela þeirri eftirlitsstofnun að hafa eftirlit með því að ákvæði þessa bálks á viðkomandi sviðum séu virt.

3. Þessi grein gildir ekki um sendingu upplýsinga sem kveðið er á um í 7. kafla II. bálks og í 2., 3., 4. og 5. kafla III. bálks.

129. gr.

Að því er varðar sendingu persónuupplýsinga skv. 1. kafla III. bálks skuldbinda samningsaðilarnir sig, með fyrirvara um ákvæði 126. og 127. gr., til að tryggja að vernd persónuupplýsinga sé að minnsta kosti á því stigi sem leiðir af meginreglum tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins R (87) 15 frá 17. september 1987 varðandi notkun lögreglu á persónuupplýsingum. Að því er varðar sendingu upplýsinga skv. 46. gr. gilda auk þess eftirfarandi ákvæði:

a) samningsaðilanum, sem tekur við upplýsingunum, er eingöngu heimilt að nota þær í þeim tilgangi sem samningsaðilinn, sem sendir upplýsingarnar, kveður á um og með þeim skilyrðum sem hann setur;
b) upplýsingarnar má eingöngu senda til lögregludeilda og lögregluyfirvalda; þær má aðeins senda áfram til annarra yfirvalda að fengnu fyrirframleyfi samningsaðilans sem sendi upplýsingarnar;
c) samningsaðilinn, sem tekur við upplýsingunum, greinir samningsaðilanum, sem sendir þær, frá því hvernig viðkomandi upplýsingar hafi verið notaðar og hvaða árangur hafi náðst í því sambandi ef beiðni berst um slíkt.

130. gr.

Ef persónuupplýsingar eru sendar í gegnum tengifulltrúa, eins og um getur í 47. eða 125. gr., gilda ákvæði þessa bálks einungis þegar tengifulltrúinn hefur sent slíkar upplýsingar til þess samningsaðila sem sendi hann til starfa á yfirráðasvæði annars samningsaðila.

VII. BÁLKUR[11]
Framkvæmdanefnd

131. gr.

1. Framkvæmdanefnd skal komið á fót til að framkvæma þennan samning.
2. Með fyrirvara um það sérstaka valdsvið, sem framkvæmdanefndinni er falið í þessum samningi, er meginhlutverk hennar að tryggja rétta framkvæmd þessa samnings.

132. gr.

1. Hver samningsaðili um sig á einn fulltrúa í framkvæmdanefndinni. Fulltrúi samningsaðilanna í framkvæmdanefndinni skal vera ráðherra sem ber ábyrgð á framkvæmd þessa samnings; ef þörf er á er honum heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga sem mega taka þátt í umræðum.
2. Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar skulu vera samhljóða. Hún setur sér starfsreglur og getur í því sambandi ákveðið að ákvarðanatökur geti farið fram skriflega.
3. Fari fulltrúi samningsaðila fram á slíkt er heimilt að fresta endanlegri ákvörðun um tillögu sem framkvæmdanefndin hefur tekið afstöðu til, en þó ekki lengur en í tvo mánuði frá því að tillagan var lögð fram.
4. Framkvæmdanefndin getur komið á fót vinnuhópum, sem í eru fulltrúar stjórnsýslu samningsaðilanna, með það í huga að undirbúa ákvarðanir eða sinna öðrum verkefnum.

133. gr.

Framkvæmdanefndin skal koma saman til skiptis á yfirráðasvæði hvers samningsaðila um sig. Haldnir verða fundir eins oft og nauðsynlegt er til þess að nefndin geti sinnt verkefnum sínum.

VIII. BÁLKUR
Lokaákvæði

134. gr.

Ákvæðum samnings þessa skal því aðeins beita að því marki sem þau samræmast lögum bandalagsins.[12]

135. gr.

Ákvæðum samnings þessa skal beita með fyrirvara um ákvæði Genfarsamningsins um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967.

136. gr.

1. Hafi samningsaðili í hyggju að hefja viðræður um landamæraeftirlit við þriðja ríki skal hann greina hinum samningsaðilunum frá því með góðum fyrirvara.
2. Samningsaðilunum er ekki heimilt að gera tvíhliða eða marghliða samninga við þriðju ríki um einföldun eða afnám eftirlits á landamærum án þess að leita áður samþykkis hinna samningsaðilanna með fyrirvara um rétt aðildarríkja Evrópubandalaganna til að gera slíka samninga í sameiningu.

---

[11] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir bálkurinn ekki fyrir Ísland og Noreg.
[12] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um samninga um staðbundna umferð yfir landamæri svo framarlega sem í þeim samningum séu virtar þær undantekningar og skilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr.

137. gr.

Ekki er hægt að gera aðra fyrirvara við þennan samning en þá sem um getur í 60. gr.

138. gr.

Að því er varðar Lýðveldið Frakkland gilda ákvæði samnings þessa eingöngu um yfirráðasvæði Lýðveldisins Frakklands í Evrópu.

Að því er varðar Konungsríkið Holland gilda ákvæði samnings þessa eingöngu um yfirráðasvæði Konungsríkisins Hollands í Evrópu.

139. gr.[13]

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Stórhertogadæmisins Lúxemborgar sem skal tilkynna öllum samningsaðilunum um það.

2. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu. Ákvæði um að koma framkvæmdanefndinni á fót, um verkefni hennar og valdsvið koma til framkvæmda við gildistöku samningsins. Önnur ákvæði koma til framkvæmda fyrsta dag þriðja mánaðar eftir gildistöku samningsins.

3. Ríkisstjórn Stórhertogadæmisins Lúxemborgar skal tilkynna öllum samningsaðilunum um gildistökudaginn.

140. gr.[14]

1. Öll aðildarríki Evrópubandalaganna geta gerst aðilar að samningi þessum. Um aðildina skal gera samning milli þess ríkis og samningsaðilanna.

2. Slíkur samningur er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þess ríkis sem fær aðild og hvers samningsaðila um sig. Hann öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu.

141. gr.[15]

1. Hver samningsaðili um sig getur sent vörsluaðila tillögu um breytingu á samningi þessum. Vörsluaðili skal tilkynna hinum samningsaðilunum um þá tillögu. Ef beiðni berst frá einum samningsaðila fara samningsaðilarnir aftur yfir ákvæði samnings þessa ef aðstæður, sem voru fyrir hendi við gildistöku samningsins, hafa að þeirra mati breyst í grundvallaratriðum frá gildistöku hans.

2. Samningsaðilarnir skulu samþykkja samhljóða breytingar á samningi þessum.

3. Breytingarnar öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu.

---

[13] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

[14] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

[15] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

142. gr.[16]

1. Verði gerðir samningar milli aðildarríkja Evrópubandalaganna með það í huga að svæði án innri landamæra verði að veruleika þá skulu samningsaðilarnir koma sér saman um með hvaða skilyrðum viðeigandi ákvæði framangreindra samninga komi í staðinn fyrir ákvæði samnings þessa eða hvaða ákvæðum hans þurfi að breyta.

Samningsaðilarnir skulu í þessu sambandi taka tillit til þess að ákvæði samnings þessa geta kveðið á um víðtækara samstarf en ákvæði áðurnefndra samninga.

Ákvæði, sem ganga gegn ákvæðum samninga milli aðildarríkja Evrópubandalaganna, skulu aðlöguð í öllum tilvikum.

2. Þær breytingar á samningi þessum, sem samningsaðilarnir telja nauðsynlegar, eru háðar fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Beita skal ákvæði 3. mgr. 141. gr. enda öðlast breytingarnar ekki gildi fyrr en áðurnefndir samningar milli aðildarríkja Evrópubandalaganna hafa öðlast gildi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Schengen nítjánda dag júnímánaðar nítján hundruð og níutíu á frönsku, hollensku og þýsku, og eru allir textarnir jafngildir, í einu frumriti sem verður afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar sem skal láta hverjum samningsaðila um sig í té staðfest endurrit.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Belgíu

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Frakklands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Hollands

LOKAGERÐ

Við undirritun samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna ríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum hafa samningsaðilarnir samþykkt eftirfarandi yfirlýsingar:

1. Sameiginleg yfirlýsing um 139. gr.

   Undirritunarríkin skulu, fyrir gildistöku samningsins, gefa hvert öðru upplýsingar um allar aðstæður sem máli skipta varðandi efni samningsins og til að hann komi til framkvæmda.

---

[16] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

Samningurinn kemur ekki til framkvæmda fyrr en skilyrðin fyrir framkvæmd samningsins hafa verið uppfyllt í undirritunarríkjunum og eftirliti á ytri landamærunum hefur verið komið á að fullu.

2. Sameiginleg yfirlýsing um 4. gr.[17]

Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að leggja allt kapp á að virða þessi tímamörk samtímis og koma í veg fyrir að öryggi sé ábótavant. Framkvæmdanefndin skal kanna fyrir 31. desember 1992 hvaða framfarir hafi orðið. Konungsríkið Holland bendir á að ekki sé hægt að útiloka erfiðleika við að virða tímamörkin í tiltekinni flughöfn án þess þó að glufa myndist í öryggismálum. Hinir samningsaðilarnir munu taka tillit til þessa án þess þó að það hafi erfiðleika í för með sér fyrir innri markaðinn.

Komi upp erfiðleikar skal framkvæmdanefndin kanna hvernig best er að koma ráðstöfununum í flughöfnum samtímis í framkvæmd.

3. Sameiginleg yfirlýsing um 2. mgr. 71. gr.

Ef samningsaðili víkur í innlendri stjórnmálastefnu sinni um forvarnir og meðferð við misnotkun fíkniefna og geðvirkra efna frá meginreglunni, sem um getur í 2. mgr. 71. gr., skulu allir samningsaðilarnir grípa til nauðsynlegra stjórnsýslu- og refsiréttarlegra ráðstafana til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn ólöglegum inn- og útflutningi slíkra efna, einkum til yfirráðasvæðis hinna samningsaðilanna.

4. Sameiginleg yfirlýsing um 121. gr.[18]

Samningsaðilarnir skulu, jafnframt því að lög bandalagsins eru virt, ekki gera kröfu um eftirlit með plöntuheilbrigði og að lögð séu fram þau vottorð um plöntuheilbrigði, sem kveðið er á um í lögum bandalagsins um plöntur og plöntuafurðir, og

a) eru taldar upp undir 1. lið, eða

b) eru taldar upp undir liðum 2 til 6 og eru upprunnar í einhverju samningsríkjanna.

1. Afskorin blóm og plöntuhlutar, ætluð til skreytinga, af tegundunum:
   Castanea
   Chrysanthemum
   Dendranthema
   Dianthus
   Gladiolus
   Gypsophila
   Prunus
   Quercus
   Rosa
   Salix
   Syringa
   Vitis
2. Ferskir ávextir af tegundunum:
   Citrus
   Cydonia
   Malus
   Prunus
   Pyrus

---

[17] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir yfirlýsingin ekki fyrir Ísland og Noreg.

[18] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir yfirlýsingin ekki fyrir Ísland og Noreg.

3. Viður af tegundunum:
   Castanea
   Quercus
4. Vaxtarefni sem að öllu leyti eða hluta til er samsett úr mold eða föstu lífrænu efni eins og plöntuhlutum, torfi eða berki með moldarefni en er þó ekki eingöngu úr torfi.
5. Fræ.
6. Lifandi plöntur sem eru nefndar hér á eftir og falla undir sameinuðu tollnafnaskrána (SAT) en hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna 7. september 1987.[19]

SAT	*Lýsing*
0601 20 30	blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar og forðastönglar í vexti eða í blóma, brönugrös (orkideur), goðaliljur (hýasintur), hátíðarliljur (narsissur) og túlipanar
0601 20 90	blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar og forðastönglar í vexti eða í blóma: annað
0602 30 10	Alparósir og glóðarrósir (Azalea indica)
0602 99 51	útiplöntur: fjölærar útiplöntur
0602 99 59	útiplöntur: aðrar
0602 99 91	stofuplöntur: blómplöntur með knöppum eða blómum að frátöldum kaktusum
0602 99 99	stofuplöntur: aðrar

5. Sameiginleg yfirlýsing um stefnu einstakra ríkja í málum er varða hæli[20]
   Samningsaðilarnir skulu taka saman greinargerð um stefnur einstakra ríkja í málum er varða hæli með það í huga að stuðla að samræmingu.
6. Sameiginleg yfirlýsing um 132. gr.[21]
   Samningsaðilarnir skulu upplýsa hver sitt þjóðþing um framkvæmd þessa samnings.

Gjört í Schengen nítjánda dag júnímánaðar nítján hundruð og níutíu á frönsku, hollensku og þýsku, og eru allir textarnir jafngildir, í einu frumriti sem verður afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar sem skal láta hverjum samningsaðila um sig í té staðfest endurrit.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Belgíu

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Frakklands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Hollands

---

[19] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir yfirlýsingin ekki fyrir Ísland og Noreg.
[20] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir yfirlýsingin ekki fyrir Ísland og Noreg.
[21] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir yfirlýsingin ekki fyrir Ísland og Noreg.

Fundargerð[22]

Til viðbótar við lokagerð samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum hafa samningsaðilarnir samþykkt eftirfarandi sameiginlega yfirlýsingu og tekið mið af eftirfarandi yfirlýsingum, sem þar eru gefnar einhliða, varðandi áðurnefndan samning:

I. Yfirlýsing um gildissvið samningsins

Samningsaðilarnir taka eftirfarandi fram: eftir sameiningu þýsku ríkjanna tveggja mun gildissvið samningsins samkvæmt þjóðarétti einnig ná yfir yfirráðasvæði Þýska alþýðulýðveldisins.

II. Yfirlýsing Sambandslýðveldisins Þýskalands um túlkun samningsins

1. Samningurinn er gerður í ljósi fyrirhugaðrar sameiningar beggja þýsku ríkjanna.

Hvað varðar Sambandslýðveldið Þýskaland er Þýska alþýðulýðveldið ekki erlent land.

Ákvæði 136. gr. gilda ekki um tengsl Sambandslýðveldisins Þýskalands og Þýska alþýðulýðveldisins.

2. Þessi samningur hefur ekki áhrif á fyrirkomulagið, sem ákveðið var í bréfaskiptum milli Þjóðverja og Austurríkismanna frá 20. ágúst 1984, um að draga úr eftirliti á sameiginlegum landamærum þeirra fyrir ríkisborgara beggja ríkjanna. Með tilliti til krafna Schengen-samningsaðilanna varðandi öryggi og innflytjendur skal þó þessu fyrirkomulagi komið á með þeim hætti að hagræðingin komi í raun aðeins austurrískum ríkisborgurum til góða.

III. Yfirlýsing Konungsríkisins Belgíu um 67. gr.

Með tilliti til yfirfærslu fullnustu erlendra dóma mun Belgía ekki fylgja innlendri málsmeðferð, sem kveðið er á um í belgískum lögum, um flutning dómþola á milli ríkja heldur sérstakri málsmeðferð sem ákveðin verður við fullgildingu þessa samnings.

Gjört í Schengen nítjánda dag júnímánaðar nítján hundruð og níutíu á frönsku, hollensku og þýsku, og eru allir textarnir jafngildir, í einu frumriti sem verður afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar sem skal láta hverjum samningsaðila um sig í té staðfest endurrit.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Belgíu

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Frakklands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Hollands

---

[22] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir yfirlýsingin ekki fyrir Ísland og Noreg.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING[23]

ráðherra og aðstoðarráðherra sem komu saman í Schengen 19. júní 1990

Ríkisstjórnir samningsaðila Schengen-samkomulagsins munu hefja eða halda áfram umræðum um eftirfarandi atriði sérstaklega:

— að bæta og einfalda fyrirkomulag við framsal;
— að bæta samstarf um málsmeðferð vegna umferðarlagabrota;
— að vinna að reglum um gagnkvæma viðurkenningu ökuleyfissviptingar;
— að gera mögulega gagnkvæma fullnustu fjársekta;
— að vinna að reglum um gagnkvæman flutning málsmeðferðar, þar með hugsanlegan flutning hins grunaða til síns heimalands;
— að vinna að reglum um heimsendingu ólögráða barna sem hafa verið tekin ólöglega frá þeim sem fer með forræði barnanna;
— að halda áfram að einfalda eftirlit með vöruflutningum í viðskiptum.

Gjört í Schengen nítjánda dag júnímánaðar nítján hundruð og níutíu á frönsku, hollensku og þýsku, og eru allir textarnir jafngildir, í einu frumriti sem verður afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar sem skal láta hverjum samningsaðila um sig í té staðfest endurrit.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Belgíu

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Frakklands

Fyrir hönd ríkisstjórnar Stórhertogadæmisins Lúxemborgar

Fyrir hönd ríkisstjórnar Konungsríkisins Hollands

YFIRLÝSING RÁÐHERRA OG AÐSTOÐARRÁÐHERRA[24]

Fulltrúar ríkisstjórna Konungsríkisins Belgíu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Frakklands, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar og Konungsríkisins Hollands hafa þann 19. júní 1990 undirritað í Schengen, Stórhertogadæminu Lúxemborg, samning um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna ríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum.

---

[23] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir yfirlýsingin ekki fyrir Ísland og Noreg.
[24] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir yfirlýsingin ekki fyrir Ísland og Noreg.

Við undirritun þessa hafa þeir gefið eftirfarandi yfirlýsingar:

— Samningsaðilarnir eru þeirrar skoðunar að samningurinn sé mikilvægt skref í þá átt að svæði án innri landamæra verði að veruleika og líta á það sem lið í frekara starfi á vettvangi aðildarríkja Evrópubandalaganna.

— Með tilliti til áhættu, sem tengist öryggi og ólöglegum innflytjendum, leggja ráðherrarnir og aðstoðarráðherrarnir áherslu á nauðsyn þess að koma á skilvirku eftirliti á ytri landamærunum samkvæmt þeim samræmdu meginreglum sem mælt er fyrir um í 6. gr. Samningsaðilarnir munu beita sér sérstaklega fyrir því að samræma vinnureglur við landamæraeftirlit með það í huga að koma þessum samræmdu meginreglum í framkvæmd.

Framkvæmdanefndin skal auk þess meta allar þær ráðstafanir sem stuðla að því að koma á samræmdu og skilvirku eftirliti á ytri landamærunum, svo og koma slíkum ráðstöfunum í framkvæmd. Meðal þeirra eru ráðstafanir til þess að staðfesta með hvaða hætti útlendingur kom inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna, ráðstafanir til þess að samræma hvað skuli haft til viðmiðunar þegar synjað er um komu, til þess að vinna að sameiginlegri handbók fyrir embættismenn sem sinna landamæraeftirliti og til þess að stuðla að samsvarandi fyrirkomulagi við eftirlit á ytri landamærunum með skiptum og sameiginlegum vinnuheimsóknum.

Við undirritun þessa hafa þeir staðfest að samningamiðhópurinn hefur ákveðið að koma á fót vinnuhópi með eftirfarandi valdsviði:

— að kynna samningamiðhópnum, fyrir gildistöku samningsins, allar aðstæður sem máli skipta varðandi efni samningsins og til að hann komi til framkvæmda, sérstaklega um þann árangur sem náðst hefur við samræmingu lagaákvæða við sameiningu beggja þýsku ríkjanna;

— að ráðgast um hugsanlegar afleiðingar þessarar samræmingar og þessara aðstæðna fyrir að samningurinn komi til framkvæmda;

— að gera, fyrir gildistöku samningsins, raunhæfar ráðstafanir með tilliti til frjálsrar farar útlendinga, sem falla ekki undir kvöð um vegabréfsáritun, og tillögur til að samræma fyrirkomulag við persónueftirlit á hinum fyrirhuguðu ytri landamærum.

Fylgiskjal IV.

Álitsgerð um Schengensamstarfið og íslensku stjórnarskrána

Efnisyfirlit.

1.0 Verkefnið.
2.0 Schengensamstarfið.
3.0 Aðild Íslands að Schengensamstarfinu.
4.0 Schengensamningurinn.
4.1 Almenn atriði.
4.2 Helstu efnisatriði Schengensamningsins.
4.2.1 Landamæraeftirlit.
a) Fór um innri landamæri (1. kafli, 2. gr.).
b) Fór um ytri landamæri (2. kafli, 3.–8. gr.).

c) Vegabréfsáritanir.
d) Skilyrði varðandi ferðir útlendinga (4. kafli, 19.–24. gr.).
e) Ákvæði um búsetuleyfi, flóttamenn o.fl. (5.–7. kafli, 25.–38. gr.).

4.2.2 Lögregla og öryggi (III. hluti).
a) Lögreglusamvinna (1. kafli, 39.–47. gr.).
b) Gagnkvæm aðstoð í sakamálum (2. kafli, 48.–53. gr.).
c) Beiting Non bis in idem reglunnar
d) Framsal sakamanna o.fl. (4. kafli, 54.–66. gr..).
e) Flutningur á fullnustu refsidóma (5. kafli, 67.–69. gr.).
f) Fíkniefni (6. kafli, 70.–76. gr.).
g) Skotvopn og skotfæri (7. kafli, 77.–91. gr.).

4.2.3 Schengen upplýsingakerfi (IV. hluti, 92.–119. gr.).
4.2.4 Vöruflutningar (V. hluti, 120.–125. gr.).
4.2.5 Vernd persónuupplýsinga (VI. hluti, 126.–130. gr.).
4.2.6 Framkvæmdarnefndin (VII. hluti, 134.–142. gr.).
4.2.7 Lokaákvæði (VIII. hluti, 134.–142. gr.).

5.0 Samstarfssamningur milli aðildarríkja Schengensamkomulagsins og Schengensamningins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar.
6.0 Yfirfærsla Schengen til ESB.
6.1 Fyrsta stoðin.
6.2 Þriðja stoðin.
7.0 Sérstaða Danmerkur.
8.0 Íslensk stjórnarskrárákvæði sem koma við sögu.
9.0 Gildissvið íslensku stjórnarskrárinnar og dæmi úr löggjöf um framsal ríkisvalds.
10.0 Tengsl álitsgerðar þessarar við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.
11.0 Niðurstöður.
11.1 Almenn atriði.
11.2 Löggjafarvaldið.
11.2.1 Áhrif á ákvarðanatöku.
11.2.2 Lögfesting Schengengerða.
11.2.3 Ferill breytinga.
11.2.4 Áhrif synjunar.
11.3 Framkvæmdarvaldið.
11.3.1 Vegabréfsáritanir.
11.3.2 Schengenupplýsingakerfið.
11.3.3 Eftirlit og eftirför á íslensku yfirráðasvæði.
11.3.4 Niðurstöður varðandi framsal á framkvæmdarvaldi.
11.3.5 Ákvarðanir sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar og miðstjórnar.
11.4 Dómsvaldið.
11.4.1 Almennt.
11.4.2 Dómsvald samkvæmt samstarfssamningnum
11.4.3 Vitnastefnur o.fl.
11.4.4 Dómsvald eftir að Schengenreglur hafa verið færðar yfir í ESB-reglur.
11.4.5 EFTA-dómstóllinn eða sambærilegur dómstóll.
11.5 Danska lausnin.
11.6 Framsal á valdi til að gera þjóðréttarsamninga.
12.0 Lokaorð.

1.0 Verkefnið

Með bréfi dags. 17. júlí 1997 fól Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra lagaprófessorunum Stefáni Má Stefánssyni, Davíð Þór Björgvinssyni og Viðari Má Matthíassyni að taka saman álitsgerð um það hvort væntanlegt samkomulag við Evrópusambandið um Schengensamninginn kunni að brjóta í bága við íslensku stjórnarskrána. Nánar kemur fram í bréfinu:

> Á ríkjaráðstefnu ESB, sem lauk hinn 18. júní sl. var ákveðið að færa Schengensamstarfið undir ESB. Þessar breyttu forsendur kalla á samningaviðræður milli Íslands og Noregs annars vegar og ESB hins vegar um endurskoðun á samstarfssamningi sem Ísland og Noregur og Schengenríkin undirrituðu hinn 19. desember 1996. Í ljósi þessara breytinga er líklegt að eitt af umræðuefnunum, sem upp munu koma upp hér á landi, verði hvort væntanlegur samningur við ESB kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá lýðveldisins.

Í bréfinu segir jafnframt að nauðsynlegt sé að þetta málefni verði kannað á faglegum grunni, og því hafi verið leitað eftir álitsgerð frá ofangreindum. Síðan segir í bréfinu, að þar sem niðurstöður samningaviðræðnanna liggi ekki fyrir verði álitsgerðin að byggja á ákveðnum forsendum, en þær eru eftirfarandi:

a) Að samstarfssamningurinn við Schengenríkin verði lagður til grundvallar í samningaviðræðunum.
b) Að væntanlegur samningur verði milliríkjasamningur við ESB.
c) Að önnur atriði í hinni svokölluðu „dönsku" lausn verði höfð til hliðsjónar.
d) Að ef nauðsynlegt reynist að dómstóll fari með dómsvald varðandi þau málefni sem falla myndu undir væntanlegan samning, yrði það EFTA-dómstóllinn eða sambærilegur dómstóll.

2.0 Schengensamstarfið og aðdragandi þess

2.1 *Tilurð Schengensamstarfsins og þátttaka Norðurlanda*

Hinn 14. júní 1985 var undirritað í bænum Schengen í Lúxemborg samkomulag milli Belgíu, Frakklands, Hollands, Lúxemborgar og Þýskalands um að fella smám saman niður eftirlit á sameiginlegum landamærum aðildarríkjanna. Þetta samkomulag hefur verið nefnt Schengensamkomulagið. Þann 19. júní 1990 var undirritaður samningur á sama stað milli sömu ríkja um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 1985. Þessi samningur er almennt nefndur Schengensamningurinn og verður svo gert hér. Síðarnefndi samningurinn hefur sætt nokkrum breytingum með bókunum og aðildarsamningum nýrra aðildarríkja.

Schengensamningurinn gekk í gildi milli upphaflegu ríkjanna 5, auk Portúgals og Spánar, sem höfðu gerst aðilar að honum þann 26. mars 1995. Austurríki, Grikkland og Ítalía hafa einnig gerst aðilar að honum. Danmörk sótti um aðild í maí 1994 og sama gerðu Finnland og Svíþjóð í júní 1995.

Ástæður þess að Norðurlöndin hafa með einum eða öðrum hætti tengst sameiginlega Schengensamningnum eru aðallega þær að þann 26. mars 1995 átti að hefja framkvæmd hans. Samningurinn felur m.a. í sér afnám eftirlits á innri landamærum og hert eftirlit á ytri landamærum. Danmörk hafði í upphafi sótt um áheyrnaraðild með það fyrir augum að gerast aðili síðar. Aðild Danmerkur að samstarfinu hefði leitt til þess að ytri landamæri Schengensvæðisins hefðu legið í gegnum Norðurlöndin. Af því leiddi að Norræna vegabréfasambandið hefði ekki getað verið í gildi áfram þar sem ekki var unnt að samræma reglur þess reglum Schengensamstarfsins. Mat Norðurlandanna var það að þau vildu ekki una því að frelsi til ferða án vegabréfs á milli þeirra þyrfti að ljúka með þessum hætti auk þess sem Norðurlöndin höfðu haft með sér verulegt samstarf á sviði lögreglu- og tollamála, réttaraðstoðar og á

fleiri sviðum sem kynnu að vera í hættu ef Danmörk gerðist aðili að Schengensamstarfinu. Af þessum ástæðum lýstu forsætisráðherrar Norðurlandanna því yfir á fundi í Reykjavík 27. febrúar 1995, að það þjónaði best hagsmunum Norræna vegabréfasambandsins, að Norðurlöndin hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengensamstarfinu. Í framhaldi af því settu norrænu ESB ríkin þann fyrirvara í aðildarumsóknum sínum að lausn fyndist á stöðu Íslands og Noregs.

Norræna vegabréfasambandið er reist á bókun frá 22. maí 1954, sem fjallar um undanþágur fyrir ríkisborgara Norðurlandanna frá þeirri kvöð að hafa vegabréf eða dvalarleyfi er þeir dvelja í öðru norrænu aðildarríki en heimalandinu, sbr. einnig samning milli sömu aðila sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 12. júlí 1957. Norræna vegabréfasambandið er því að nokkru leyti byggt á sömu meginhugmynd og Schengensamningurinn.

Þann 19. desember 1996 undirrituðu Ísland og Noregur samstarfssamning við aðildarríki Schengensamningsins, þar sem leitast er við að finna lausn sem Norðurlöndin gátu unað við með hliðsjón af vegabréfasambandi þeirra. Nánar er fjallað um þann samning í kafla 5.0.

3.0 Aðild Íslands að Schengensamstarfinu

Samkvæmt skýrslu dóms- og kirkjumálaráðherra og utanríkisráðherra um Schengensamstarfið, sem lögð var fram á Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995-1996, hófust í júní 1995 viðræður við formennskuríki Schengensamstarfsins um þátttöku annarra Norðurlanda en Danmerkur í samstarfinu. Viðræðurnar við Danmörku höfðu hafist nokkru fyrr.

Í 140. gr. Schengensamningsins er gert ráð fyrir því að einungis aðildarríki EB geti orðið aðilar að honum. Því snerust viðræðurnar í upphafi að meginhluta til um það með hvaða hætti Ísland og Noregur gætu tekið þátt í samstarfinu. Upphafsviðræður leiddu til þess að í desember 1995 fékk formennskuríki Schengensamstarfsins umboð til að hefja samningaviðræður um aðild Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar að samstarfinu og um samstarfssamning við Ísland og Noreg. Var við það miðað að samningaviðræður yrðu það vel á veg komnar að unnt væri að bjóða Norðurlöndunum öllum áheyrnaraðild frá og með 1. maí 1996. Samningaviðræður við Norðurlöndin hafa þróast þannig að samstaða er um meginþætti hugsanlegs samstarfssamnings Schengenríkjanna við Ísland og Noreg, sbr. nánar það sem rakið er í kafla 5.0.

Í samstarfssamningnum, eins og hann liggur fyrir, er gert ráð fyrir að bæði ríkin hafi rétt til þátttöku í öllum fundum innan samstarfsins með málfrelsi og tillögurétti. Ísland og Noregur hafi aftur á móti ekki atkvæðisrétt. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ríkin taki sjálfstætt ákvörðun um það hvort þau samþykkja ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli Schengensamningsins í framtíðinni. Fallist ríkin á slíkar ákvarðanir fá þær gildi fyrir viðkomandi ríki. Fari á hinn bóginn svo að ríkin tvö geti ekki fallist á þær kemur til sérstök meðferð sem getur leitt til þess að litið verði á neitunina sem uppsögn samningsins.

Á þessum grunni voru viðkomandi ráðherrar Norðurlandanna boðaðir til fundar með framkvæmdanefnd Schengen 18. apríl 1996. Norðurlöndum var í framhaldi af því boðin áheyrnaraðild að samstarfinu frá og með 1. maí 1996. Ríkisstjórn Íslands samþykkti á fundi 9. apríl 1996 að fallast á boð um þátttöku Íslands í Schengensamstarfinu með áheyrnaraðild og sótti dómsmálaráðherra fund framkvæmdanefndar Schengensamstarfsins 18. apríl 1996. Með áheyrnaraðild að Schengen er því lýst yfir að stefnt sé að fullri þátttöku í Schengensamstarfinu. Áheyrnaraðild felur í sér rétt til þátttöku í öllum fundum innan samstarfsins með málfrelsi og tillögurétti. Hún felur aftur á móti ekki í sér að ákvæði samningsins komi til framkvæmda á einn eða annan hátt.

4.0 Schengensamningurinn

4.1 *Almenn atriði*

Aðaltilgangurinn með Schengensamningnum er að skapa skilyrði til þess að afnema allt eftirlit með ferðum manna yfir landamæri innan Schengensvæðisins. Í því felst jafnframt að taka verður upp sameiginlegar reglur varðandi eftirlit við ytri landamæri svæðisins. Schengensamstarfið er þannig liður í því að náð verði áformum þeim sem keppt er að með hinum innri markaði ESB í samræmi við 7. gr. A í Rómarsamningnum. Schengensamkomulagið leiðir óhjákvæmilega til þess að taka verður upp hert eftirlit á ytri landamærum Schengenríkjanna. Þetta hefur aftur haft í för með sér vandamál gagnvart þeim ESB ríkjum sem ekki eru aðilar að Schengen. Af þeim sökum m.a. hefur framkvæmdastjórn ESB fylgst náið með þróun mála innan Schengen með það í huga að samstarfið mætti víkka út til allra ESB ríkjanna og fella það inn í þann lagagrundvöll sem þar gildir.

Í samræmi við framangreint fjallar Schengensamningurinn um frjálsa för fólks um innri landamæri aðildarríkjanna og afnám eftirlits með einstaklingum við innri landamæri svo og um samræmt eftirlit á ytri landamærum samningssvæðisins.

Í samningnum er einnig fjallað um samvinnu um vegabréfsáritanir, þar á meðal um sameiginlegan lágmarkslista yfir þau ríki sem krafist er vegabréfsáritunar frá. Samningurinn fjallar enn fremur um samræmda vegabréfsáritun sem gildir almennt fyrir öll aðildarríkin, reglur um vissa þætti í málsmeðferð varðandi beiðni um hæli og flóttamenn, sameiginlegan upplýsingabanka um óæskilega útlendinga, eftirlýsta einstaklinga o.fl. Loks eru ákvæði í samningnum um samvinnu á sviði lögreglumála, þar á meðal í fíkniefnamálum, og um gagnkvæma réttaraðstoð og fleiri atriði.

Að því er varðar þann kafla samningsins sem fjallar um vöruflutninga er þess að geta að honum er ekki beitt þar sem litið er svo á að nýjar reglur ESB um frjálsa vöruflutninga, svo og um tollasamstarf og samstarf um skatta og önnur gjöld, hafi yfirtekið ákvæði kaflans að langmestu leyti, sbr. ákvæði 134. gr., þar sem segir að ákvæði samningsins skuli aðeins gilda að svo miklu leyti sem þau eru í samræmi við bandalagsrétt. Í 6. gr. samstarfssamningins við Ísland og Noreg er sérstaklega tekið fram að samstarfssamningurinn taki ekki til ákvæða V. þáttar Schengensamningsins um frjálsa vöruflutninga. Því má ætla að EES-samningnum sé ætlað að taka til frjálsra vöruflutninga. Enn fremur er þess að geta að Ísland mun ekki taka þátt í tollasamstarfi Schengenríkjanna.

4.2 *Helstu efnisatriði Schengensamningsins*

Schengensamningurinn skiptist í átta hluta. Verður hér gerð grein fyrir helstu efnisatriðum hans.

4.2.1 *Afnám eftirlits á innri landamærum og frjáls för fólks (II. hluti).*

a) *För um innri landamæri (1. kafli, 2. gr.)*

Í þessum kafla er að finna meginreglurnar um för manna um innri landamæri aðildarríkjanna. Í 1. mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir því sem meginreglu að fara megi yfir innri landamæri hvar sem er án nokkurs eftirlits með fólki. Gildir þetta hvort sem um er að ræða mann sem er ríkisborgari í Schengenríki eða þriðja ríki. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að einstök ríki geti ákveðið eftirlit í tiltekinn tíma vegna allsherjarreglu og þjóðaröryggis. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að samningurinn hafi ekki áhrif á athafnir lögreglu samkvæmt landslögum, sbr. einnig 22. gr. Afnám landamæraeftirlits takmarkar því ekki heimildir aðildarríkjanna til að framkvæma löggæslu innan landamæra sinna.

b) *För um ytri landamæri (2. kafli, 3.–8. gr.)*

Í 1. mgr. 3. gr. kemur fram sú meginregla að aðeins megi fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna á ákveðnum landamærastöðvum á ákveðnum opnunartímum þeirra. Þá kemur fram í 4. gr. að farþegar sem koma frá þriðju ríkjum skuli hlíta því að þeir verði skoðaðir persónulega svo og handfarangur þeirra, bæði við komu á flughöfn í aðildarríki og þegar þeir fara í flug yfir ytri landamæri þó að þeir hafi áður flogið í sömu ferð yfir innri landamæri. Eftirlit samkvæmt þessari grein skal vera samræmt og tekur ákvæðið til allra ríkisborgara sem fara um ytri landamæri. Á flugstöðvum á þó að hafa sérstök hlið fyrir ESB borgara, en almennt eiga þeir ekki að sæta öðru persónueftirliti en að staðreynt verði hverjir þeir eru. Samkvæmt samstarfssamningnum eiga ríkisborgarar EES-ríkja að hafa sömu réttarstöðu að þessu leyti. Ríkisborgarar þriðju ríkja sæta nánara eftirliti og þá sérstaklega þeir sem koma frá ríkjum þaðan sem krafist er vegabréfsáritunar.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. má veita ríkisborgara ríkis, sem á ekki aðild að Schengensamningnum, leyfi til að dveljast á landsvæði samningsríkjanna í þrjá mánuði eða skemmri tíma ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt: a) hann hefur gilt skjal, eða skjöl, sem heimilar för yfir landamæri, samkvæmt því sem ákveðið er af framkvæmdanefndinni, b) hefur gilda vegabréfsáritun ef þess er krafist, c) framvísar, eftir því sem við á, skjali sem sannar tilgang ferðar, ferðaáætlun og næg efni, d) sé ekki maður sem tilkynnt hefur verið að sé óheimil för í ríki, eða e) sé ekki maður sem álitinn er hættulegur vegna allsherjarreglu, öryggi ríkisins eða alþjóðlegra tengsla aðildarríkja. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. er aðildarríkjunum skylt að neita útlendingi um landvistarleyfi sem ekki fullnægir þessum skilyrðum nema nauðsyn beri til að víkja frá þeirri reglu af mannúðarástæðum, vegna hagsmuna ríkisins eða alþjóðlegra skuldbindinga.

Samkvæmt 6. gr. skulu viðeigandi yfirvöld annast eftirlit á ytri landamærum aðildarríkjanna. Eftirlitið skal lúta samræmdum reglum og vera í samræmi við lög viðkomandi ríkis, að teknu tilliti til hagsmuna aðildarríkjanna. Í ákvæðinu er síðan nánar skilgreint hvað felst í orðasambandinu „samræmdar reglur“ (uniform principles). Í 7. gr. er að finna ákvæði sem varðar samvinnu aðildarríkja við framkvæmd samningsins.

c) *Vegabréfaáritanir (3. kafli, 9.–18. gr.)*

Schengenríkin hafa sammælst um lista yfir þau ríki þaðan sem ríkisborgarar skulu hafa vegabréfsáritun til að þeim verði heimilt að koma inn á Schengen-svæðið.

Í gildi eru samningar milli íslenskra stjórnvalda um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritunar við nokkur ríki sem Schengenríkin krefjast vegabréfsáritunar frá. Af þessum ríkjum eru sum á lista ESB. Svo virðist sem Ísland verði að segja upp samningum við þau ríki sem ekki eru á lista ESB ef það gerist aðili að Schengen. Schengenríkin hafa samræmda áritun fyrir vegabréf og almennt gildir vegabréfsáritun til eins ríkis sem heimild til að ferðast til þeirra allra. Það ríki sem gefur út vegabréfsáritun ber ábyrgð á veitingu hennar. Það fyrirkomulag gildir á Íslandi að vegabréfsáritun er ekki veitt af sendiráði án þess að umsókn hafi áður verið send útlendingaeftirliti til athugunar og það samþykkt að áritun verði veitt. Þátttaka í Schengen útilokar ekki slíkt verklag.

Um vegabréfsáritanir vegna styttri dvalar er fjallað í 9.–17. gr. Í 9. og 10. gr. undirgangast samningsríkin m.a. þá skyldu, að móta sameiginlega stefnu fyrir för fólks og reglur fyrir sameiginlega vegabréfsáritun sem gildir á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Gefa má út vegabréfsáritun samkvæmt þessu sem gildir á öllu Schengensvæðinu ef gildistími er þrír mánuðir eða skemmri tími. Ekki má gefa út áritun á útrunnin ferðaskírteini. Ferðaskilríki skulu hafa lengri gildistíma en áritun þannig að hann sé nægjanlegur til að útlendingurinn geti ferðast

til baka til heimaríkis eða þriðja ríkis, sbr. 13. gr. Vegabréfsáritanir taka til svonefndra ferðaáritana, sem geta gilt fyrir eina eða fleiri heimsóknir, eða gegnumáritanir (transitvisa), sem heimilar viðkomandi að fara einu sinni, tvisvar og í undantekningartilvikum oftar í gegnum yfirráðasvæði aðildarríkjanna til þriðju ríkja. Gegnumferð má þó aldrei standa lengur en í 5 daga. Nánari ákvæði um útgáfu vegabréfsáritana er að finna í 10., 11. og 12. gr.

Samkvæmt 17. gr. ber framkvæmdarnefndinni að undirbúa og taka upp sameiginlegar reglur um könnun á umsóknum um vegabréfsáritanir, auk þess sem hún á að tryggja rétta framkvæmd þeirra og aðlaga þær að nýjum og breyttum aðstæðum. Vegabréfsáritanir eru aftur á móti gefnar út af yfirvöldum einstakra ríkja, sbr. 12.

Um vegabréfsáritanir vegna lengri dvalar er fjallað 18. gr. Samkvæmt ákvæðinu sjá aðildarríkin alfarið um að gefa út vegabréfsáritanir til þriggja mánaða eða skemmri tíma. Slík vegabréfsáritun veitir handhafa hennar heimild til þess að fara í gegnum aðildarríkin til að komast til þess lands sem gaf út vegabréfsáritunina. Flestum skilyrðum 5. gr. þarf þó að vera fullnægt til þess að slík för sé heimil, sbr. nánar ákvæði 18. gr.

d) *Skilyrði varðandi ferðir útlendinga (4. kafli, 19.–24. gr.)*

Samkvæmt 19. og 20. gr. geta útlendingar sem hafa aflað sér samræmdrar áritunar ferðast frjálst um á yfirráðasvæði aðildarríkjanna ef þeir hafa komið löglega inn á svæðið. Sama gildir um útlendinga sem eru undanþegnir skyldu til vegabréfsáritunar. Þetta gildir þó ekki nema fullnægt sé tilteknum skilyrðum sem fram koma í 5. gr. Þá eru sérstök ákvæði um ferðafrelsi þeirra útlendinga sem hafa búsetuleyfi (residence permit) í viðkomandi ríki. Þeir eiga einnig frjálsa för í þrjá mánuði eða skemmri tíma ef þeir fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum 5. gr., sbr. 21. gr.

Samkvæmt 22. gr. er útlendingi sem hefur komið löglega inn á yfirráðasvæði eins aðildarríkis, skylt að tilkynna sig til viðkomandi yfirvalda í því landi, samkvæmt þeim skilyrðum sem viðkomandi ríki setur.

Útlendingur sem ekki fullnægir lengur skilyrði til skemmri dvalar skal að meginreglu til þegar yfirgefa Schengensvæðið, sbr. nánar 23. gr.

e) *Ýmis ákvæði sem varða búsetuleyfi, flóttamenn o. fl. (5.–7. kafli, 25.–38. gr.)*

Í 5. kafla, 25. gr., er að finna ákvæði sem lýtur að því þegar aðildarríki hyggst veita búsetuleyfi útlendingi sem hefur verið tekinn á skrá yfir menn sem ekki skal veita landgöngu. Þar kemur m.a. fram að þá skuli haft samráð við það ríki sem tilkynnti viðkomandi á skrá og taka tillit til hagsmuna þess.

Í 6. kafla, 26. gr., er að finna reglur sem varða ráðstafanir til að senda til baka menn sem ekki fá landgönguleyfi. Þar er gert ráð fyrir því sem meginreglu að yfirvöld í viðkomandi landi geti krafist þess af flytjanda að hann flytji viðkomandi aftur til þess ríkis sem hann var fluttur frá, þess ríkis þar sem ferðaskjöl hans voru gefin út eða einhvers annar ríkis þar sem hann á það víst að fá landgönguleyfi.

Í 27. gr. er að finna ákvæði sem varða skyldur ríkja til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að þeim verði refsað sem aðstoða menn við að komast ólöglega inn á yfirráðasvæði ríkis.

Í 7. kafla (28.–38. gr.) er fjallað um skyldur ríkja varðandi meðferð á umsóknum um hæli. Áréttaðar eru skuldbindingar ríkjanna til að aðstoða flóttamenn samkvæmt Genfarsáttmálanum frá 28. júlí 1951 (breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967). Schengensamstarfið felur því ekki í sér sameiginlega stefnu varðandi veitingu hælis eða afstöðu til flóttamanna. Hvert aðildarríki veitir hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum í samræmi við eig-

in lög og alþjóðlegar skuldbindingar og ákveður reglur um synjun og um brottvísun umsækjanda til þriðja ríkis. Í samningnum er hins vegar fjallað nánar um skylduna til að viðhafa réttar málsmeðferðarreglur um flóttamenn ef þeir biðja um hæli. Koma þar m.a. fram ákvæði um það hvaða ríki skuli teljast fyrsta hælisríki. Umsækjanda um hæli verður því ekki vísað á milli margra ríkja sem ekki vilja bera ábyrgð á umsókn hans.

Hver samningsaðili veitir samkvæmt beiðni öðrum samningsaðila þær upplýsingar sem hann hefur um umsækjanda um hæli og sem eru nauðsynlegar til ákvörðunar um það hvaða samningsaðili skuli fjalla um beiðni, til meðferðar á beiðni um hæli og til að uppfylla skyldur samkvæmt ákvæðum 7. kafla. Upplýsingarnar má einungis veita um það hver umsækjandi sé og eftir atvikum um fjölskyldu hans. Samningsaðili getur auk þess beðið annan samningsaðila um að fá upplýst hvaða ástæður umsækjandi um hæli færði fyrir umsókn sinni og rökstuðning þeirrar ákvörðunar sem kann að hafa verið tekin í framhaldinu. Ýmsar skorður eru þó settar við upplýsingagjöf af þessu tagi og í aðalatriðum má aðeins senda upplýsingarnar til viðkomandi stjórnvalda eða dómstóla.

Hér er þó þess að geta að aðildarríki ESB hafa gert með sér svonefnt Dyflinarsamkomulag frá 1990 sem hefur að mestu leyti að geyma sömu reglur og Schengensamningurinn. Samkomulagið hefur að geyma formreglur um það hvaða ríki skuli bera ábyrgð á umsóknum um hæli. Þessar reglur hafa þann megintilgang að gera ábyrgð viðkomandi ríkis skýra og að koma í veg fyrir að sama umsókn lendi í meðferð hjá mörgum ríkjum. Dyflinarsamkomulagið hefur hins vegar almennt ekki að geyma efnisreglur um það hvenær hæli skuli veitt. Aðeins aðildarríki EB geta gerst aðilar að Dyflinarsamkomulaginu. Þó fylgir samkomulaginu yfirlýsing þess efnis, að aðildarríkin lýsa sig reiðubúin til að útvíkka samkomulagið til annarra ríkja. Gert er ráð fyrir því að það sé gert að því er Ísland og Noreg varðar. Með gildistöku Dyflinnarsamkomulagsins falla úr gildi ákvæði 7. kafla Schengensamningsins, sbr. og 134. gr. hans.

4.2.2 *Lögregla og öryggi (III. hluti)*

a) *Lögreglusamvinna (1. kafli, 39.–47. gr.)*

Fram er komið að Schengensamningurinn gengur út frá þeirri meginreglu að persónueftirlit verði fellt niður vegna ferðalaga á milli aðildarríkjanna. Afnám persónueftirlits getur haft í för með sér skert öryggi og því eru í samningnum fjölmörg stuðningsákvæði til að efla samstarf aðildarríkjanna um öryggis- og afbrotamál. Aukin lögreglusamvinna er eitt mikilvægasta stuðningsákvæðið.

Samkvæmt 39. gr. eru lögregluyfirvöld m.a. skyld til að veita gagnkvæma aðstoð til að fyrirbyggja og upplýsa refsiverða verknaði. Þetta á þó hvorki við þegar atbeina dómstóla þarf til að afla eða veita umbeðnar upplýsingar né þegar beita þarf sérstökum þvingunarráðstöfunum til að afla þeirra. Í næstu greinum er að finna nánari ákvæði um framkvæmd þessarar samvinnu. Samkvæmt þeim er t.d. lögreglumönnum í einu aðildarríki heimilað, með tilteknum skilyrðum sem rækilega eru útfærð, að halda áfram eftirför á hendur brotamanni inn í annað aðildarríki, sbr. 41. gr.

Samkvæmt 45. gr. er aðildarríkjum skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hótelhaldarar og aðrir er hýsa fólk sjái til þess að erlendir gestir fylli persónulega út og undirriti skráningarkort og að þeir sanni á sér deili með gildum skilríkjum. Þessi gögn skulu vera aðgengileg fyrir yfirvöld vegna öryggis, málsmeðferðar vegna eftirlýstra manna og vegna slysa.

Samkvæmt 46. gr. er gert ráð fyrir miðlun upplýsinga til annarra samningsríkja í sérstökum tilvikum til að fyrirbyggja afbrot og samkvæmt 47. gr. má gera gagnkvæma samninga um skipti á lögreglumönnum sem ætlað er að vera tengiliðir til að auðvelda samskipti lögreglu

viðkomandi ríkja. Þeir skulu veita ráðgjöf og aðstoð, en starfa ekki beinlínis sem lögreglumenn.

Í 108. gr. er gert ráð fyrir að hvert aðildarríki Schengensamstarfsins skuli tilnefna yfirvald sem beri ábyrgð á Schengenupplýsingakerfinu í viðkomandi landi. Þessi yfirvöld hafa síðar fengið nafnið SIRENE-skrifstofur (Supplément d´information requis á l´entrée nationale). Þeirra hlutverk er að bera ábyrgð á framkvæmd upplýsingakerfisins. Þá hefur skrifstofan það hlutverk að miðla milli lögregluyfirvalda upplýsingum sem falla utan þess sem skráð er í upplýsingakerfi Schengen og umsjón með annarri lögreglusamvinnu sem fellur innan Schengen-samstarfsins.

b) *Gagnkvæm aðstoð í sakamálum (2. kafli, 48.–53. gr.)*

Í greinum 48–53 er fjallað um gagnkvæma aðstoð í sakamálum og er þeim ætlað að vera eins konar viðauki við Evrópusáttmála frá 20. apríl 1959 um gagnkvæma aðstoð í sakamálum og hluta II í Benelúxsamningnum um framsal sakamanna og gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 27. júní 1962, eins og honum var breytt með bókun 11. maí 1994.

Samkvæmt 49. gr. skal einnig veita gagnkvæma réttaraðstoð við rekstur máls sem rekið er fyrir stjórnvöldum vegna verknaðar sem felur í sér lögbrot og sem sætir refsingu í öðru eða báðum samningsríkjum enda sé unnt að bera málið undir dómstóla. Einnig skal veita gagnkvæma réttaraðstoð í tilteknum flokkum mála sem rekin eru fyrir úrlausnaraðilum í aðildarríkjunum, sbr. nánar b)–f) liðir 49. gr.

Skylt er að veita aðstoð í málum vegna brota á lögum og reglum varðandi ýmsa skatta og tolla, sbr. 50. gr. Unnt er þó að hafna gagnkvæmri aðstoð á þessum grundvelli ef undandreginn skattur eða tollur nemur lægri fjárhæð en 25000 ECU eða ef líklegt verðmæti ólöglegs innflutnings eða útflutnings er ekki meira en 100000 ECU.

Almennt má ekki setja önnur skilyrði fyrir því að verða við beiðni um rannsókn eða haldlagningu en að verknaður varði a.m.k. sex mánaða refsivist samkvæmt lögum beggja aðildarríkjanna. Þessi regla er þó útfærð nánar í samningnum, sbr. nánar 51. gr.

Í 52. gr. kemur fram að að heimilt sé að senda dómskjöl og kvaðningar í pósti til aðila í öðru aðildarríki. Vitni eða sérfróða aðila sem ekki sinna stefnu sem send hefur verið með pósti má ekki beita neinum viðurlögum eða þvingunarráðstöfunum þótt þeir mæti ekki. Þetta gildir þó ekki ef þeir fara síðar af sjálfsdáðum til landssvæðis þess aðila sem stefndi þeim og þeim sé þar stefnt á ný. Samkvæmt 53. gr. skal senda beiðnir um réttaraðstoð og svör beint til viðkomandi dómsmálayfirvalda en þó er einnig heimilt að beiðnir og svör fari í gegnum dómsmálaráðuneyti aðildarríkjanna eða Interpol.

c) *Beiting Non bis in idem reglunnar (3. kafli, 54.–58. gr.)*

Regla þessi fjallar um það að hvaða leyti refsidómur sem kveðinn er upp í einu ríki skuli koma í veg fyrir að dæmt verði í sama máli í öðru ríki. Í Schengen-samningnum er gert ráð fyrir þeirri meginreglu að maður sem hefur verið dæmdur í einu landi verði ekki sóttur til saka fyrir sama brot í öðru aðildarríki þegar refsingunni hefur verið fullnægt, verið er að fullnusta hana eða ekki er unnt að fullnusta henni vegna löggjafar í dómsríkinu. Nánari ákvæði sem að þessu lúta er að finna í 54.–58. gr.

d) *Framsal sakamanna o. fl. (4. kafli, 59.–66. gr.)*

Í kafla 4 í III. hluta samningsins er fjallað um framsal sakamanna og er kaflinn viðauki við Evrópusáttmála frá 13. september 1957 um framsal og kafla I í Benelúxsáttmálanum um framsal og gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 27. júní 1962, eins og honum var breytt með

bókun frá 11. maí 1974. Tekið er fram í 2. mgr. 59. gr. að ákvæði kaflans hafi ekki áhrif á samningsákvæði sem í gildi séu milli samningsríkjanna þar sem gert sé ráð fyrir víðtækari samvinnu en Schengen-samningurinn mælir fyrir um. Varðandi fyrningu brota gilda einungis lög þess ríkis sem biður um framsal. Náðun eða sakaruppgjöf kemur ekki í veg fyrir framsal nema hinn refsiverði verkaður falli undir refsilögsögu þess ríkis sem slíkt veitti. Skylt er að framselja menn vegna brota á lögum um tolla og skatta, bæði vegna málsmeðferðar og fullnustu dóma. Skilyrði Evrópusamnings um framsal gilda í þessum tilvikum.

e) *Flutningur á fullnustu refsidóma (5. kafli, 67.–69. gr.)*

Kafli 5 (67.–69. gr.) fjallar um flutning á fullnustu refsidóma. Aðalreglan er sú að hafi ríkisborgari eins aðildarríkis verði dæmdur í öðru aðildarríki til refsivistar og hann kemur sér undan fullnustu refsingarinnar með því að fara til þess ríkis þar sem hann er ríkisborgari, sé unnt að biðja það ríki um að fullnægja refsidóminum. Slíkur flutningur er ekki háður samþykki dómþola.

f) *Fíkniefni (6. kafli, 70.–76. gr.)*

Í 6. kafla III. hluta Schengensamningsins eru ákvæði um samstarf í fíkniefnamálum. Grundvöllur þessa samstarfs eru samningar Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni frá 1961 með síðari breytingum. Samkvæmt Schengensamningnum skal setja á fót fastan vinnuhóp þar sem m.a. eru fulltrúar frá lögreglu og tollyfirvöldum til að fjalla um og rannsaka sameiginleg vandamál í baráttunni gegn fíkniefnabrotum og til að gera tillögur, þar sem þess er þörf, sem miða að því að bæta hagnýt og tæknileg atriði sem varða samvinnu ríkjanna, sbr. 70. gr. Jafnframt skuldbinda aðildarríkin sig til, í samræmi við áðurnefnda samninga, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja og berjast gegn ólöglegum viðskiptum með ávana- og fíkniefni, sbr. 71. gr.

g) *Skotvopn og skotfæri (7. kafli, 77.–91. gr.)*

Í 7. kafla er fjallað um skotvopn og skotfæri. Í ákvæðum kaflans skuldbinda aðildarríkin sig til að löggjöf þeirra og reglur um kaup, vörslu, sölu og afhendingu á skotvopnum og skotfærum verði í samræmi við ákvæði samningsins. Í 78.–82. gr. er ítarlega fjallað um það til hvaða skotvopna samningurinn tekur. Í 83. gr. er ákvæði um skotvopnaleyfi. Leyfi til að kaupa og til að hafa í vörslum sínum skotvopn, sem samningurinn tekur til, má einungis veita þeim sem orðnir eru 18 ára. Þó má ekki veita þeim slíkt leyfi sem vegna geðrænna sjúkdóma eða af öðrum líkamlegum og andlegum annmörkum telst ekki hæfur til að kaupa eða hafa í vörslum sínum skotvopn. Hið sama gildir um þá sem hafa verið sakfelldir fyrir refsiverðan verknað eða þá sem á annan hátt má telja að skapi hættu fyrir opinbert öryggi eða allsherjarreglu og þá sem ekki geta fært fram lögmætar ástæður fyrir ósk sinni um að kaupa eða hafa í vörslum sínum skotvopn.

4.2.3 *Schengen upplýsingakerfi (IV. hluti, 92.–119. gr.)*

Í IV. hluta samningsins er fjallað um stofnsetningu sérstaks Schengen-upplýsingakerfis. Þar er gert ráð fyrir því að sérhvert aðildarríki reki á sína ábyrgð eigið upplýsingakerfi, en að við það bætist miðlægt tæknilegt stuðningskerfi, sem staðsett verði í Strasbourg í Frakklandi (sjá 92. gr.). Í kerfið eru skráðar staðlaðar upplýsingar um einstaklinga og hluti (ökutæki) vegna landamæraeftirlits, rannsókna lögreglu og tollyfirvalda og vegna meðferðar á beiðnum um vegabréfsáritun og búsetuleyfi og framkvæmdar á lögum um útlendinga sem eru liður í framkvæmd samningsins.

Gagnaskrár skulu vera eins hjá öllum aðildarríkjunum. Aðildarríkin geta ekki sótt upplýsingar í staðbundin kerfi hvers annars. Miðlæga stuðningskerfið sendir vélrænt upplýsingar til kerfanna í hverju einstöku aðildarríki.

Í upplýsingakerfið má skrá upplýsingar um einstaklinga sem óskað er eftir að verði handteknir í þeim tilgangi að þeir verði framseldir og um útlendinga sem óskað er eftir að neitað verði um sameiginlega Schengenvegabréfsáritun. Í kerfið á enn fremur að skrá einstaklinga sem vegna fyrirbyggjandi aðgerða skulu teknir í gæslu lögreglu, sérstaklega ósjálfráða einstaklinga og þá sem ákveðið hefur verið að hneppa í nauðungarvist. Þá er heimilt að skrá upplýsingar í kerfið í þeim tilgangi að fá upplýsingar um dvalarstaði einstaklinga sem stefna á fyrir dóm í sakamáli eða til að birta þeim dóm eða ákvörðun um afplánun. Sama gildir um einstaklinga og ökutæki sem hafa á undir leynilegu eftirliti og loks er heimilt að skrá í kerfið hluti sem eftirlýstir eru í þeim tilgangi að leggja hald á þá.

Þá eru í samningnum ítarleg ákvæði um vernd persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu og um aðgang að skráðum upplýsingum og um notkun þeirra, sbr. nánar 102.–118. gr.

Í 119. gr. er fjallað um skiptingu kostnaðar vegna upplýsingakerfisins.

4.2.4 *Vöruflutningar (V.hluti, 120.–125. gr.)*

Í 120.–125. gr. er að finna ákvæði sem varða sérstaklega vöruflutninga um innri landamæri, sem miða að því að gera þá sem greiðasta. Almenna reglan kemur fram í 1. mgr. 120. gr. þar sem samningsaðilar taka á sig þá skyldu að tryggja að lög og stjórnsýslufyrirmæli hindri ekki á óréttmætan hátt vöruflutninga yfir innri landamæri.

Þessum ákvæðum er ekki beitt í samskiptum Schengenríkjanna þar sem nýjar reglur ESB um vöruflutninga, tollasamband og samstarf um skatta og önnur gjöld hafa yfirtekið ákvæði kaflans að langmestu leyti, sbr. ákvæði 134. gr., þar sem segir að ákvæði samningsins skuli aðeins gilda að svo miklu leyti sem þau séu í samræmi við bandalagsrétt. Í viðræðum við Noreg og Ísland mun hafa komið fram að ákvæði EES-samningsins um vöruflutninga muni gilda áfram í samskiptum Íslands og Noregs við önnur Schengenríki. Samkvæmt því mun Ísland ekki taka þátt í tollabandalagi Schengenríkjanna þótt það taki þátt í Schengensamstarfinu.

4.2.5 *Vernd persónuupplýsinga (VI. hluti, 126.–130.gr.)*

Í þessum hluta er fjallað um vernd persónuupplýsinga. Vegna hins greiða aðgangs að upplýsingum sem tölvutæknin gerir mögulegan taka aðildarríkin á sig þá skyldu að taka í lög sín reglur sem veita a.m.k. þá lágmarksvernd sem gert er ráð fyrir í samkvæmt meginreglum Evrópuráðssamningsins frá 28. jan. 1981 um vernd tölvuvæddra persónuupplýsinga.

Við vélræna meðferð persónuupplýsinga sem veittar eru samkvæmt samningnum gildir að sá sem fær upplýsingar má aðeins nota þær í þeim tilgangi sem þær voru veittar. Önnur notkun er háð fyrirframgefnu leyfi þess ríkis sem veitti þær og á notkun að vera í samræmi við lög þess ríkis sem fékk upplýsingarnar. Einungis má veita slíkt leyfi að það sé ekki í andstöðu við lög ríkisins sem veitti upplýsingarnar. Þær má einungis nota af dómsmálayfirvöldum og aðilum sem hafa skyldum að gegna vegna þess markmiðs sem voru grundvöllur að veitingu þeirra.

4.2.6 *Framkvæmdanefndin (VII. hluti, 131.–133. gr.)*

Í 131.–133. gr. samningsins er mælt fyrir um stofnun framkvæmdarnefndar vegna samningsins. Hið almenna hlutverk nefndarinnar er að tryggja rétta beitingu samningsins, auk

þess sem henni eru falin tiltekin sérgreind verkefni. Sérhver samningsaðili á fulltrúa í nefndinni. Gert er ráð fyrir því að ráðherrar eigi þar sæti.

4.2.7 *Lokaákvæði (VIII. hluti, 134.–142. gr.)*

Í þessum hluta er að finna lokaákvæði. Þar segir m.a., að samningurinn gildi aðeins að því leyti sem hann sé í samræmi við bandalagsrétt, sbr. 134. gr. Fjallað er um gildi annarra samninga, um samninga eins ríkis við þriðja ríki og um að ekki verði gerðir aðrir fyrirvarar en þeir sem nefndir eru í 60. gr. (um framsal sakamanna).

Geri aðildarríki bandalagsins samninga í því skyni að koma á svæði án innri landamæra ákveða samningsaðilar með hvaða hætti ákvæði slíkra samninga koma í stað eða breyta ákvæðum Schengensamningsins. Í því sambandi skulu samningsaðilar þó hafa í huga að ákvæði Schengensamningsins kunna að gera ráð fyrir víðtækara samstarfi heldur en leiðir af slíkum samningum, sbr. 142. gr. Í þessu sambandi ber að hafa ákvæði 134. gr. í huga sem kveður á um það að ákvæði Schengensamningsins skulu aðeins gilda að því marki sem hann er í samræmi við bandalagsrétt.

Í 140. gr. segir að sérhvert bandalagsríki geti gerst aðili að samningnum ef aðildarríkin samþykkja. Í 141. gr. er fjallað um meðferð breytingartillagna.

5.0 Samstarfssamningurinn milli aðildarríkja Schengensamkomulagsins og Schengensamningsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar.

Samstarfssamningurinn milli aðildarríkja Schengen-samkomulagsins og Schengensamningsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum var undirritaður 19. desember 1996.

1. Í 1. gr. samnings þessa er gert ráð fyrir því að Schengensamkomulagið og Schengensamningurinn og aðrar gerðir og yfirlýsingar sem honum fylgja og samningar gerðir í tengslum við þessa samninga skuli gilda milli allra samningsaðila nema sérstaklega sé kveðið á um annað og í 2. gr. er gert ráð fyrir því að Ísland og Noregur taki þátt í öllum fundarhöldum ráðherranefndarinnar, sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar, miðstjórnar og allra annarra vinnuhópa sem settir hafa verið á stofn til að undirbúa ákvarðanir eða til annarra starfa. Þar geta þessi ríki lýst skoðunum sínum, gert athugasemdir og lagt fram tillögur en taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu. Þá skulu ríkin sem eiga aðild að Schengen-samningnum skiptast á skoðunum við Ísland og Noreg um þau málefni sem rædd eru á vettvangi ESB og tengjast þessum samningi.

Samkvæmt 4. gr. samningsins skulu ákvæði hans ekki vera til fyrirstöðu samvinnu innan ramma Norræna vegabréfasambandsins að svo miklu leyti sem hún gengur ekki gegn eða hindrar framkvæmd samstarfssamningsins.

2. Mikilvægt er að Ísland og Noregur ákveða hvort í sínu lagi hvort þau samþykkja þær ákvarðanir sem upp eru taldar í 1. mgr. 3. gr., en þær eru:

a. ákvarðanir teknar eða yfirlýsingar gefnar af ráðherranefndinni eða í hennar nafni.
b. ákvarðanir um að ákvæði í gerðum EB sem ráðherranefndin hefur staðfest að felli úr gildi ákvæði í Schengensamningnum samkvæmt 134. gr. hans.
c. ákvarðanir um að ákvæði sem aðildarríki ESB hafa samþykkt og ráðherranefndin hefur staðfest að felli úr gildi ákvæði Schengensamningsins í samræmi við 1. mgr. 142. gr. hans.
d. ákvarðanir um breytingar á Schengensamningnum í skilningi 141. eða 2. mgr. 142. gr. hans.

e. ákvarðanir um samninga sem kunna að verða gerðir milli allra ríkjanna sem eiga aðild að Schengensamningnum við þriðju ríki.

Sé líklegt að Ísland eða Noregur geti ekki samþykkt ákvörðun samkvæmt framansögðu fá þau tækifæri til að skýra afstöðu sína í ráðherranefndinni. Hún tekur ekki ákvörðun í málinu fyrr en hún hefur gaumgæft afstöðu þessara ríkja. Samþykki Ísland og/eða Noregur ekki ákvörðun skv. 1. mgr. 3. gr. jafngildir það uppsögn samningsins samkvæmt 2. mgr. 10. gr. Samstarfssamningnum fylgir yfirlýsing ríkjanna sem eiga aðild að Schengensamningnum. Hún er svohljóðandi:

> Verði þessum samningi sagt upp eða falli hann niður í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. skal persónueftirlit á landamærum hlutaðeigandi ríkis eða ríkja fara fram í samræmi við ákvæði Schengensamningsins.

3. Í 6. gr. er kveðið á um að ákvæði Schengensamningsins sem fjalla um vörur falli utan samstarfssamningsins. Á þessu sviði hafa reglur ESB tekið yfir reglur Schengen. Allt eftirlit með vörum til Íslands og Noregs verður óbreytt þar eð þessi lönd taka ekki þátt í tollasamstarfi við ESB.

6.0 Yfirfærsla Schengen til ESB

Í sérstakri bókun sem fylgir frumvarpi að svonefndum Amsterdamsamningi er gert ráð fyrir því að allur Schengensamningurinn verði færður undir samningana um ESB. Við þá yfirfærslu verður m.a. að hafa í huga að Írland og Stóra-Bretland eru ekki aðilar að Schengensamstarfinu. Við yfirfærsluna mun lagarammi og stofnanir ESB gilda um allar Schengenreglurnar. Yfirfærslan sjálf fer fram með þeim hætti að svonefnt Schengenaquis, þar á meðal ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, sem teknar eru fyrir gildistöku bókunarinnar, eru látnar gilda fyrir þau 13 aðildarríki sem bókunin tekur til (Schengenaquis er nánar skilgreint í sérstökum viðauka með Amsterdamsamningnum). Frá þeim tíma kemur ráðherraráð ESB í stað framkvæmdanefndar Schengensamningsins. Efnisatriði samningsins verða ýmis flutt yfir í 1. eða 3. stoð ESB samningsins.

6.1 *Fyrsta stoðin*

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir því að þessir málaflokkar falli undir 1. stoðina:

afnám eftirlits á innri landamærum,
eftirlit á ytri landamærum,
vegabréfsáritanir,
frjáls för borgara þriðju ríkja,
ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli,
innflytjendamál og
upplýsingakerfi (að hluta til).

Í uppkastinu að Amsterdamsamningnum sést að ætlunin er að færa nýjan hluta (Title) inn í Rómarsamninginn sem ber yfirskriftina „Free movement of persons, asylum and immigration". Þessi hluti tekur til þeirra málaflokka sem að framan eru raktir. Segir í grein A að ráðið skuli:

(a) gera ráðstafanir, innan fimm ára frá gildistöku samningsins, til þess að tryggja frjálsa för fólks í samræmi við ákvæði 7. gr. a Rómarsamningsins og fleiri greinr.
(b) gera ráðstafanir að því er varðar hæli, innflytjendur og til að tryggja réttindi borgara þriðju ríkja samkvæmt grein C,
(c) gera ráðstafanir á sviði réttaraðstoðar í einkamálum í samræmi við grein E,

(d) gera viðeigandi ráðstafanir til að hvetja til og styrkja samvinnu á stjórnsýslusviðinu samkvæmt grein F, og
(e) gera ráðstafanir á sviði lögreglumála og réttaraðstoðar í opinberum málum.

Í grein B er fjallað nánar um ráðstafanir vegna afnáms eftirlits á innri landamærum, eftirlit á ytri landamærum og vegabréfsáritanir. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að ráðið hafi innan 5 ára sett reglur um afnám alls eftirlits á innri landamærum hvort sem þar er um að ræða ríkisborgara ESB eða annarra ríkja. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að ráðið setji viðmiðunarreglur og málsmeðferðarreglur sem aðildarríkin eigi að fylgja við framkvæmd eftirlits á ytri landamærum. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að ráðið setji reglur um vegabréfsáritanir fyrir dvöl sem er ætluð til þriggja mánaða eða skemmri tíma. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að settur verði upp sameiginlegur listi yfir þau ríki sem krafist er vegabréfsáritunar frá, um málsmeðferðarreglur og skilyrði fyrir útgáfu vegabréfsáritana, samræmt form og efni slíkra áritana og í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að kveðið verði á um skilyrði fyrir því að ríkisborgarar þriðju ríkja megi ferðast um í aðildarríkjunum í þrjá mánuði eða skemmri tíma. Samkvæmt bókun sem fylgir er tekið fram að ákvæði greina B (2) (a) sé því ekki til fyrirstöðu að aðildarríki geti gert þjóðréttarsamninga við þriðju ríki um það efni ef slíkir samningar brjóta ekki í bága við bandalagsrétt eða aðra þjóðréttarsamninga sem máli skipta.

Þess skal getið að grein G fjallar nánar um málsmeðferðina við ákvarðanatökuna. Þar segir að ráðið taki ákvörðun með einróma samþykki á fyrstu 5 árunum eftir gildistöku samningsins eftir tillögu frá framkvæmdastjórninni eða að frumkvæði aðildarríkis eftir að það hefur ráðfært sig við þingið. Eftir fimm ára tímabilið breytist hins vegar málsmeðferðin nokkuð, einkum að því leyti að ráðið skal þá ákveða með einróma ályktun og eftir að hafa ráðfært sig við þingið, hvort öll fyrrgreind réttarsvið eða hluti þeirra skuli falla undir málsmeðferðarreglurnar í 189. gr. b Rómarsamningsins. Þau réttarsvið sem færð eru undir 189. gr. b eru þar með komin undir ákvörðunarferli þar sem aðeins er krafist meirihluta til samþykkis gerða í ráðinu. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ráðið hafi þá samþykkt reglur sem lúta að valdsviði dómstóls EB. Að því er varðar vegabréfsáritanir er reglan þó önnur, sbr. 3. mgr. í grein G. Þar er gert ráð fyrir því að frá gildistöku samningsins séu sumar ákvarðanir teknar með auknum meirihluta í ráðinu eftir tillögu frá framkvæmdastjórninni og eftir að hafa ráðfært sig við þingið, en aðrar ákvarðanir eftir þeim málsmeðferðarreglum sem getið er í 189. gr. b í Rómarsamningnum.

Samkvæmt grein C er gert ráð fyrir því að ráðið taki ákvörðun eftir þeim reglum, sem þar er kveðið á um innan 5 ára í flestum tilvikum. Þessar ákvarðanir varða hæli, flóttamenn, innflytjendur og reglur um rétt þeirra erlendu ríkisborgara sem eru heimilisfastir í einu aðildarríki til að eiga heimili í öðru aðildarríki. Í grein D er fjallað um að samningurinn hafi ekki áhrif á ábyrgð aðildarríkjanna til að halda uppi lögum og allsherjarreglu. Í grein E er fjallað um ráðstafanir á sviði réttarsamvinnu í einkamálum og í grein F er fjallað um samvinnu stjórnsýsluaðila í aðildarríkjunum. Í grein H er fjallað um það að 177. gr. Rómarsamningsins um forúrskurði gildi í þeim málaflokkum sem falla undir þann hluta.

Yfirfærsla Schengenacquis í stofnanakerfi ESB þýðir að það verður notað við framkvæmd og þróun nýrra Schengengerða. Frumkvæði að nýjum gerðum breytist þess vegna. Dómstóll EB fær dómsvald á tilteknum sviðum en þó með ákveðnum takmörkunum. Dómsvaldið nær þannig ekki til þess atriðis að viðhalda lögum og allsherjarreglu og að vernda innra öryggi í aðildarríkjunum. Dómstóllinn hefur heldur ekki dómsvald til að kveða upp forúrskurði í þeim málaflokkum sem falla innan þriðju stoðarinnar, nema með tilteknum skilyrðum. Þá er og þess að geta að í öllum tilvikum nema varðandi vegabréfsáritanir er krafist einróma samþykkis til ákvarðanatöku. Þess er hins vegar að geta að samkvæmt gr. A og B (1) í Amster-

damsamningnum er ráðinu skylt að gera ráðstafanir innan 5 ára til að hrinda í framkvæmd þeim málefnum sem þar greinir, þ.e. þeim málefnum sem talin eru falla undir fyrstu stoðina. Þá skal þess enn fremur getið að framkvæmdastjórn ESB kemur til með að hafa eftirlit með öllum Schengenreglunum, eins og þær eru og verða eftir yfirfærsluna í ESB, nema sérstök undantekning kunni að verða gerð frá því varðandi Noreg og Ísland.

6.2 *Þriðja stoðin*

Undir þriðju stoðina falla þessi málefni:

upplýsingakerfi (að hluta til),
lögreglusamvinna á tilteknum sviðum og
aðstoð í sakamálum.

Í öllum þessum tilvikum er krafist einróma samþykkis til ákvarðanatöku.

Eftirfarandi málaflokkar tengjast Schengensamstarfinu en eru þó taldir falla utan Schengengerða:

málefni flóttamanna,
meðferð þeirra sem leita hælis,
réttarsamvinna á sviði einkamála og
EUROPOL.

Í öllum tilvikum er krafist einróma samþykkis til ákvörðunar innan ESB. Þrír fyrst töldu málaflokkarnir falla undir 1. stoðina en EUROPOL fellur undir 3. stoðina.

Ísland er aðili að ýmsum alþjóðsamningum um sum þessara málefna sem setja ákveðnar lágmarksreglur. Stefna Schengen hefur verið að gera framkvæmd þessara samninga einfaldari í samskiptum aðildarríkjanna í því skyni að efla baráttu gegn margvíslegri alþjóðlegri brotastarfsemi. Samstarfssamningur milli Íslands og ESB um tengsl Íslands við Schengensamstarfið getur tryggt nánari samvinnu á umræddum sviðum.

Með gildistöku samstarfssamningsins verður stofnað svonefnt Schengenráð þar sem sitja fulltrúar ESB ríkja annars vegar og Noregs og Íslands hins vegar.

7.0 Sérstaða Danmerkur

Danmörk felldi Maastrichtsamninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í framhaldi af því gerði Danmörk samkomulag við leiðtoga ESB um tiltekin atriði samningsins (Edinborgaryfirlýsingin) m.a. á sviði innanríkismála. Af þessum sökum hefur Danmörk sérstöðu varðandi sambandsborgararétt, Efnahags- og myntsambandið, stefnu í varnarmálum og í lagalegum og innri málefnum. Danir túlka samkomulagið þannig að það takmarki möguleika þeirra til samstarfs á vettvangi Schengen innan sambandsins. Þess vegna er að finna sérstaka yfirlýsingu í Amsterdamsamningnum sem varðar stöðu Danmerkur. Yfirlýsingin á við bókunina sem fellir Schengenacquis inn í lagaramma sambandsins. Í 2. gr. bókunarinnar, sem varðar sérstöðu Danmerkur, kemur fram sú aðalregla að engin ákvæði tiltekins hluta samningsins um EB, engir alþjóðlegir samningar sem gerðir eru samkvæmt kaflanum og engin ákvörðun dómstóls EB sem lýtur að slíkum reglum sé bindandi fyrir Danmörku. Í 5. gr. kemur fram regla um að Danmörk skuli ákveða innan 6 mánaða eftir að ráðið hefur tekið ákvörðun um frumkvæði eða uppástungu sem bætir við Schengenacquis og fellur undir ákvæði undirkaflans hvort hún muni lögfesta ákvörðunina í innanlandslögum sínum. Ákveði Danmörk að gera það ekki er gert ráð fyrir því að aðildarríki grípi til viðeigandi ráðstafana.

Í heild má segja að réttarstaða Danmerkur sé þessi:

a) Staða Danmerkur að því er varðar Schengengerðir sem þegar hafa verið samþykktar og sem Danmörk kann að undirgangast sérstaklega eru þjóðréttarlega bindandi fyrir Danmörku. Þær eru hins vegar ekki á neinn hátt sambandsréttur að því er Danmörku varðar.
b) Danmörk tekur sjálfstæða ákvörðun um hvort hrint er í framkvæmd ákvörðunum um viðbætur eða breytingar á Schengengerðum sem falla undir frjálsa för fólks, hæli og innflytjendur. Samþykki þeir það ekki er gert ráð fyrir að önnur aðildarríki geti ákveðið viðbrögð við því. Danmörk er þó áfram bundin af ákvörðunum sem varða lista yfir vegabréfsáritanir og samræmt form vegabréfsáritana enda voru þeir það við gerð Amsterdamsamningsins.
c) Dómstóll EB hefur ekki dómsvald yfir Danmörku í þessum málaflokki.
d) Varðandi málefni sem falla undir þriðju stoðina hefur Danmörk sömu réttarstöðu og fyrir gerð Amsterdamsamningsins. Þess er að geta að samstarfinu í þriðju stoðinni má jafna til milliríkjasamstarfs enda eru allar ákvarðanir þar teknar með einróma samþykki. Þýðing þess að færa þessi málefni undir ESB er helst sú að stofnanarammi þess er notaður.

8.0 Íslensk stjórnarskrárákvæði sem koma við sögu

Hér verður gefið stutt yfirlit yfir þau ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sem koma helst til skoðunar í álitsgerð þessari:

1) Ákvæði 1. gr. íslensku stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

> Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.

Þetta ákvæði var sett þegar lýðveldi var stofnað árið 1944, en það á sér þó lengri forsögu. Í ákvæðinu felst að okkar mati, að Ísland er frjálst og fullvalda ríki, sem er aðili að þjóðarétti og getur tekið á sig þjóðréttarlegar skuldbindingar, ef því er að skipta. Hugtakið ríki er umdeilt. Algengt er þó að telja, að ríki sé mannlegt samfélag, sem hefur varanleg yfirráð yfir tilteknu landssvæði, býr við lögbundið skipulag og lýtur stjórn, sem sækir vald sitt til samfélagsins sjálfs en ekki til annarra ríkja. Jafnframt er ráð fyrir því gert, að stjórnin fari með æðsta vald í landinu, óháð valdhöfum annarra ríkja eða alþjóðlegum stofnunum að öðru leyti en því, sem leiðir af reglum þjóðaréttar.

2) Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

> Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

Hér verður gengið út frá því, að löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald sé í höndum þeirra aðila, sem nefndir eru í greininni, enda er það eðlileg skýring, þegar horft er til venjubundinna hugmynda um þetta atriði. Sú réttarregla, sem fram kemur í greininni, er meginregla, sem margar undantekningar eru frá. Ekki verður farið nánar út í þetta atriði, en minnt skal þó á, að Alþingi framselur oft hluta af löggjafarvaldi sínu til handhafa framkvæmdarvalds, oftast til ráðherra, með því að heimila eða leggja svo fyrir, að sett séu stjórnsýslufyrirmæli um tiltekin atriði. Þá má benda á, að stundum eru ákvarðanir, sem eftir eðlilegum skilningi ættu að vera í höndum handhafa framkvæmda- eða dómsvalds, faldar löggjafanum. Fjöldi dæma er um þetta. Hér skal látið nægja að benda á, að kosning í bankaráð Seðlabankans (sbr. 30. gr. l. nr. 36/1986), útvarpsréttarnefnd og útvarpsráð (sbr. 3. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 19. gr. l. nr. 68/1985) og ýmsar aðrar slíkar nefndir fer fram á Alþingi, þó að ekki sé unnt að telja slíkar kosningar löggjafarstarf að efni til. Loks eru ákvarðanir, sem eðlilegast er að telja til dómsathafna, stundum teknar af öðrum en dómendum. Þannig má nefna,

að í 15. gr. laga nr. 30/1992 um yfirskattanefnd segir að úrskurður yfirskattanefndar sé fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má þó bera undir dómstóla.

Enn fremur má nefna l. nr. 36/1992 um Fiskistofu, en þeim lögum hefur nú verið breytt. Þar var gert ráð fyrir að sérstök stjórnsýslunefnd hefði heimild til að ákveða sekt á hendur skipstjórum fiskiskipa að tilteknu hámarki fyrir brot á lögum um fiskveiðar við Ísland svo og til að ákveða upptöku ólögmæts sjávarafla. Um heimildir Fiskistofu til að ákvarða viðurlög gilda nú ákvæði í l. nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

Þess má einnig geta, að oft er dómstólum falin verk, sem engan veginn geta talist til dómsathafna í venjubundinni merkingu þess orðs. Má þar t.d. nefna, að Hæstiréttur skipar tvo dómendur í Kjaradóm, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd og tilnefnir þrjá menn og þrjá til vara til að sitja í áfrýjunarnefnd samkeppnismála samkvæmt 2. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 2/1993.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sætir meginreglan um skiptingu ríkisvalds, sem fram kemur í 2. gr. stjórnarskrárinnar, margvíslegum frávikum. Þau frávik koma fram í stjórnarskránni sjálfri, almennum lögum eða byggjast á venju og dómafordæmum.

3) Í 60. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

> Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda.

Þessi regla varðar fyrst og fremst valdaskiptinguna milli hinna þriggja þátta ríkisvaldsins en ekki lögverkanir þjóðréttarsamninga. Með ákvæðinu er tryggt, að íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar geta borið ágreiningsefni sín á milli og við íslensk stjórnvöld undir íslenska dómstóla. Líta má þannig á ákvæðið í ljósi þess, að það veiti íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum vernd gegn athöfnum stjórnsýsluaðila. Það gildir auðvitað fyrst og fremst gagnvart athöfnum íslenskra stjórnvalda. Þess er þó einnig að gæta að ákvæðið getur staðið því í vegi að stjórnvöld færi ákvörðunarvald sitt gagnvart íslenskum ríkisborgurum út úr landinu með þjóðréttarsamningum þannig að þeim stæði eftir það ekki til boða slík réttarvernd. Umrædd stjórnarskrárbundin vernd verður ekki tekin frá íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum án stjórnarskrárbreytingar nema ótvíræð efnisrök standi til þess í nánar skilgreindum tilvikum, sbr. það sem síðar greinir.

4) Í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir:

> Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.

Hin hefðbundna skoðun hér á landi er sú, að í þessu stjórnarskrárákvæði felist ekki sjálfstæð og sérstök heimild til þess að gera þjóðréttarsamninga, sem breyta stjórnarskránni. Rökin fyrir þessu er að finna í forsögu ákvæðisins, auk þess sem nágrannaþjóðirnar hafa komist að svipaðri niðurstöðu varðandi sambærileg ákvæði.

Hafi samningur verið gerður við annað ríki eða alþjóðastofnun og þess gætt,sem í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir er samningurinn bindandi fyrir Ísland að þjóðarétti. Í því felst, að íslenska ríkið hefur skuldbundið sig gagnvart viðsemjanda sínum til að hlíta samningum og gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, jafnvel að breyta stjórnarskrá og almennum lögum, ef þess er þörf. Þjóðréttarsamningar gilda ekki sem lög á Íslandi, þótt fullgiltir verði, nema þeir hafi verið lögfestir sérstaklega. Þetta viðhorf til þjóðréttarsamninga byggist á fordæmisreglum, sem Hæstiréttur hefur skapað. Niðurstaðan er sú sama í rétti hinna Norðurlandanna. Ef Ísland uppfyllir ekki skuldbindingar, sem það hefur tekist á hendur með þjóð-

réttarsamningi, getur það átt á hættu viðbrögð frá viðsemjendum sínum samkvæmt þeim reglum sem um það gilda að þjóðarétti. Fer eftir atvikum, hver þau geta orðið. Í mörgum öðrum ríkjum í Evrópu fá alþjóðasamningar hins vegar lagagildi strax og þeir eru fullgiltir, án þess að hafa verið lögfestir sérstaklega. Af því leiðir, að einstaklingar og lögaðilar geta byggt á þeim, þegar reynir á reglur þeirra í dómsmálum.

Niðurstöður samkvæmt framansögðu:

Niðurstaðan af framangreindum hugleiðingum er sú, að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands hefur að geyma meginreglu um skiptingu ríkisvaldsins milli hinna þriggja þátta þess. Það leiðir af eðli málsins, að ríkisvald þetta tekur í aðalatriðum til íslensks yfirráðasvæðis, íslenskra hagsmuna og íslenskra aðila. Ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar heimilar að skuldbinda íslenska ríkið að þjóðarétti með þjóðréttarsamningum. Í greininni felst þó ekki heimild til að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar. Um nánari afmörkun þess valdssviðs, sem stjórnarskráin mælir fyrir um, verður fjallað í næstu köflum hér á eftir.

9.0 Gildissvið íslensku stjórnarskrárinnar og dæmi úr löggjöf um framsal ríkisvalds

9.1 *Gildissvið stjórnarskrárinnar.*

Gildissvið íslensku stjórnarskrárinnar tekur í aðalatriðum til yfirráðasvæðis íslensks ríkisvalds eins og það er ákveðið samkvæmt íslenskri stjórnskipan. Enn fremur tekur það til þeirra einstaklinga og lögaðila, sem tilheyra íslenska ríkinu og njóta þar réttinda og bera skyldur, sem stjórnskipunin kveður á um. Er þar einkum um að ræða aðila, sem eiga íslenskan ríkisborgararétt eða eiga heimili hér á landi. Frá þessari reglu eru nokkrar undantekningar, sem eiga sér stoð í úrlendisrétti en verða ekki gerðar að umræðuefni hér.

Þegar vald alþjóðastofnana er skoðað gagnvart íslenskum einstaklingum og lögaðilum, með hliðsjón af gildissviði íslenskrar stjórnarskrár, eru nokkur atriði, sem öðrum fremur skipta máli. Í raun er þar um að ræða viðmiðanir, sem notaðar eru í þjóðarétti og alþjóðlegum einkamálarétti (lagaskilarétti) til að afmarka vald aðildarríkis gagnvart valdi annarra aðildarríkja eða alþjóðastofnana. Þessar viðmiðanir eru einkum:

1. *Hvar lögskiptin gerðust.* Vettvangur lögskipta skiptir yfirleitt máli, þegar skorið er úr um það, hvers lands lög skuli gilda um tiltekið réttaratriði, t.d. hvaða alþjóðlegt varnarþing skuli gilda og þar með hvaða dómstólar tiltekinna ríkja skuli hafa dómsvald. Sama gildir um valdbærni opinberra stofnana. Þannig yrði t.d. mál út af skaðabótaskyldu verki Íslendings, sem framið er á Ítalíu, rekið þar í landi, og umsókn sama Íslendings um vegabréfsáritun til ítalskra yfirvalda yrði afgreidd endanlega af yfirvöldum þar. Sama meginsjónarmið á einnig við, þegar stofnanir að þjóðarétti eiga í hlut.
2. *Hvaða hagsmuni lögskiptin vörðuðu.* Miklu máli skiptir að ákvarða, hvaða hagsmuni sakarefni snertir. Íslensk stjórnvöld eru að öðru jöfnu ekki valdbær, ef málefni snertir ekki íslenska opinbera- eða einstaklingshagsmuni. Íslendingur, sem sækir um dvalarleyfi í Frakklandi, er því bundinn af niðurstöðu franskra stjórnvalda um þá umsókn, enda snertir umsóknin aðeins með mjög óbeinum hætti íslenska hagsmuni. Einnig hér eiga svipuð sjónarmið við, þegar stofnanir að þjóðrétti eiga í hlut.
3. *Hvers konar lögskipti var um að tefla.* Það hefur þýðingu að skilgreina þau lögskipti nánar, sem til athugunar eru. Sérstaklega skiptir máli, hvort ákvörðun sú, sem um er að tefla, telst verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi aðila eða ekki. Sem dæmi um þetta má nefna að ýmsar frelsisskerðingar og aðrar skerðingar grundvallarmannréttinda gagnvart íslenskum borgurum mega ekki fara fram innan íslenska ríkisins nema ákvæðum ís-

lenskrar stjórnarskrár sé fullnægt. Þegar um það er að ræða að veita alþjóðastofnunum vald til þess að taka íþyngjandi ákvarðanir, t.d. sektarákvarðanir gagnvart íslenskum aðilum, koma fyrrgreind sjónarmið til álita sérstaklega. Íslenska stjórnarskráin áskilur borgurum sínum rétt til þess að bera ágreining um embættistakmörk yfirvalda undir dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar. Varla er vafi á því, að íslensk stjórnskipun áskilur borgurum sínum ríka og sambærilega vernd gagnvart þeim ákvörðunum erlendra aðila sem hafa sterk íslensk einkenni. Slíka ályktun má m.a. byggja á lögmætisreglunni, sem hér gengur út á það, að heimildir til framsals stjórnskipulegs valds til alþjóðastofnana þurfi að vera mjög skýrar og ótvíræðar, þegar um slíkar ákvarðanir er að tefla. Tæpast er heldur vafi á því, að í 60. gr. stjórnarskrárinnar er átt við íslenska dómstóla og íslenskt yfirvald. Hafi því alþjóðastofnunum verið heimilað með íslenskum lögum að taka íþyngjandi ákvarðanir gagnvart íslenskum einstaklingum eða lögaðilum getur orðið álitamál, hvort fram hafi farið ólögmætt framsal á íslensku ríkisvaldi.

4. *Afmörkun framsalsheimilda, gagnkvæmni o.fl.* Fleiri atriði en nú hafa verið nefnd skipta einnig máli, þegar metið er, hvort stjórnarskráin leyfir framsal tiltekinna valdheimilda. Hér skal nefnt sérstaklega, að máli skiptir, hvort valdframsal er vel afmarkað eða ekki, hvort tiltekið framsal er gagnkvæmt í samskiptum ríkja og hvort tiltekið ríki geti haft áhrif á þær ákvarðanir, sem teknar eru af erlendum aðilum á grundvelli framsalsins. Enn fremur skiptir máli, hvort íslenskir framkvæmdarvaldshafar hafi áður farið með umrætt eða sambærilegt vald. Loks verður að telja að það skipti máli hvers konar aðilar eða stofnanir það eru, sem vald er framselt til, m.a. hvort þar séu virtar þær grundvallarreglur um málsmeðferð, sem séu samrýmanlegar þeim grunnhugmyndum, sem byggt er á hér á landi.

9.2 *Dæmi úr löggjöf um framsal ríkisvalds*

Löng venja er fyrir því, að erlendar dómsúrlausnir megi með lögum gera aðfararhæfar hér á landi. Byggist slíkt að jafnaði á þjóðréttarsamningi, sem Ísland hefur gerst aðili að. Má í þessu sambandi vísa til 11. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, þar sem fram kemur að úrlausnum eða ákvörðunum erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sáttum gerðum fyrir þeim verði fullnægt hér á landi, ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir, enda verði fullnusta kröfunnar talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi. Sem dæmi um slík tilvik má benda á Lúganósamninginn um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum frá 16. september 1988, sbr. lög nr. 68/1995, og Norðurlandasamning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra frá 16. mars 1932, sbr. lög nr. 30/1932. Einnig má benda á lög nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Þar er gert ráð fyrir því í 14. gr., að gerðardómar, sem kveðnir eru upp í samræmi við þjóðréttarsamninga, sem Ísland er aðili að, skuli öðlast viðurkenningu og aðfararhæfi hér á landi, eftir því sem efni þeirra standa til.

Þá eru einnig mörg dæmi um það, að erlendum stjórnsýsluákvörðunum hafi verið veitt aðfararhæfi hér á landi með íslenskum lögum. Sem dæmi um þetta má nefna samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sem veitt var lagagildi hér á landi með lögum nr. 29/1931. Í 22. gr. samningsins, svo sem henni var breytt með lögum nr. 95/1973, er kveðið svo á, að tilteknir úrskurðir umboðsstjórnarinnar skuli gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju samningsríkjanna. Þetta er dæmi þess, að heimilt hafi verið talið að fá stjórnvöldum utan Íslands stjórnvald, sem er skýrt afmarkað og ekki

umfangsmikið eða verulega íþyngjandi fyrir einstaklinga eða lögaðila. Sem annað dæmi um erlendar aðfararhæfar stjórnsýsluákvarðanir má nefna lög nr. 93/1962, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga, sbr. 1. gr. samningsins, og lög nr. 46/1990, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum, sbr. 14. gr. samningsins. Það er þó ekki fullkomlega ljóst samkvæmt þessum og nokkrum öðrum sambærilegum heimildum, hvort endurskoðun íslenskra dómstóla á erlendum stjórnsýsluákvörðunum megi eða geti farið fram, umfram það sem leiðir af endurskoðun á grundvelli ordre-public fyrirvara.

Loks ber hér að nefna samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt þeim samningi og fylgisamningum hans getur eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvarðanir í samkeppnismálum, sem eru bindandi fyrir íslenska einstaklinga og lögaðila. Þessar ákvarðanir eru af ýmsum toga, t.d. í formi bindandi yfirlýsinga, hvort tiltekin aðgerð fari í bága við samkeppnisreglur EES, ákvörðun um rannsóknaraðgerðir gegn fyrirtækjum og ákvörðun um sektir og févíti sem eru aðfararhæf á hendur viðkomandi einstaklingum eða fyrirtækjum. Umræddar ákvarðanir verða almennt ekki endurskoðaðar af íslenskum dómstólum. Í sumum tilvikum getur jafnvel farið svo, að framkvæmdastjórn EB taki sambærilegar ákvarðanir á hendur íslenskum aðilum. Ástæða þess er m.a. sú, að skipta þarf eftirlitshlutverki á hinu Evrópska efnahagssvæði í samkeppnismálum upp á milli EB annars vegar og eftirlitsstofnunar EFTA hins vegar. Getur þá tiltekið vald fallið til framkvæmdastjórnar EB, sem segja mætti með einhverjum rökum, að ætti eðli málsins samkvæmt fremur að vera EFTA megin. Þetta gildir þó einnig öfugt. Í áliti nefndar utanríkisráðherra um stjórnarskrána og EES samninginn frá 6. júlí 1992 sagði um þetta m.a. svo:

> Þegar meta skal, hvort reglurnar um vald stofnana EFTA á sviði samkeppnisreglna sé samrýmanlegt 2. gr. stjórnarskrárinnar, ber að okkar áliti að hafa hliðsjón af því sem nú var sagt.
>
> Við teljum að reglurnar um vald stofnana EFTA séu vel afmarkaðar og feli ekki í sér verulegt valdframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli. Verður að telja að stjórnarskráin heimili framsal stjórnvalds sem er takmarkað með þessum hætti og varðar milliríkjaviðskipti. Ekki verður talið skipta máli í þessu sambandi þótt eftirlits- og ákvörðunarvaldið sé í afmörkuðum tilvikum í höndum eftirlitsaðila EB. Skipting valds milli eftirlitsnefndar EFTA og framkvæmdastjórnar EB í þessum tilvikum helgast af nauðsyn í viðskiptum milli ríkja, það er afmarkað og skýrar heimildir liggja því að baki. Þá er það einnig gagnkvæmt að vissu marki, enda eru bæði EB og EFTA-ríkin aðilar að hinu nýja réttarkerfi sem komið er á með EES-samningnum.

Meginniðurstaðan að þessu leyti er því sú, að ýmis dæmi megi finna í íslenskri löggjöf um framsal valds til erlendra aðila, án þess að það hafi verið talið brjóta í bága við stjórnarskrána. Hér er fyrst og fremst um að ræða afmörkuð svið, sem varða aðfararhæfi dóma og stjórnsýsluákvarðana. Segja má, að EES samningurinn sé nokkurs konar stigmögnun í þessu efni. Umdeilt var, hvort lögtaka hans færi í bága við stjórnarskrána. Alþingi taldi svo ekki vera, sbr. nánar 10. kafla.

9.3 *Heildarmat*

Ekkert eitt af framangreindum atriðum ræður úrslitum um það að hvaða marki íslensk stjórnarskrá heimilar framsal einstakra þátta ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana. Segja má öllu fremur, að hafa beri þau öll í huga, og að það séu heildaráhrif þeirra, sem máli skipti. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að ákvæði íslenskrar stjórnarskrár séu túlkuð með hliðsjón af

gildandi þjóðarétti á hverjum tíma, a.m.k. að því marki sem unnt er að samrýma slíka túlkun fullveldisrétti ríkisins og réttaröryggi borgaranna. Þetta gildir líka um gildissvið hennar. Því eru líkur til þess, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að almenni löggjafinn geti, innan ramma íslenskrar stjórnarskrár, kveðið nánar á um gildissvið tiltekins réttaratriðis sem hefur á sér alþjóðlegan blæ. Líklegt er, að þetta svigrúm sé því meira þeim mun alþjóðlegri sem lögskiptin eru í eðli sínu. Ákvarðanir þær, sem um verður fjallað í álitsgerð þessari, varða að mestu leyti reglur um það þegar farið er yfir innri og ytri landamæri Schengensvæðisins svo og ákvarðanir um sameiginlegar vegabréfsáritanir.

Ekki fer því á milli mála, að umrædd réttarsvið hafa á sér greinilegan alþjóðlegan blæ og samkvæmt samkomulaginu við Ísland og Noreg er gert ráð fyrir gagnkvæmni að því er varðar réttindi og skyldur. Ekki virðist hins vegar gert ráð fyrir jafnræði milli aðila samkomulagsins varðandi ákvörðun um framtíðargerðir sem samþykktar kunna að verða innan Schengensamkomulagsins (eða innan ESB). Um þetta atriði svo og um heimildir alþjóðastofnana til eftirlits á svæðinu verður rætt síðar.

10.0 Tengsl álitsgerðar þessarar við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið

Í næstu köflum hér á eftir verða einstök ákvæði Schengensamningsins könnuð nánar út frá því sjónarmiði, hvort ákvæði hans eða hann í heild brjóti í bága við íslensku stjórnarskrána, ef samstarfssamningur sá um Schengensamninginn við aðildarríki þess samnings yrði fullgiltur og lögtekinn. Er þá miðað að öðru leyti við þær forsendur sem raktar eru í álitsgerð þessari.

Þann 1. janúar 1994 tók samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði gildi, sbr. 5. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Samningurinn er mjög viðamikill. Hann tekur til margra efnisþátta, og þær samningsskyldur, sem íslenska ríkið tók á sig varðandi lagasetningu, eru verulegar. Hann, ásamt fylgisamningum, hefur að geyma ýmis ákvæði, sem talin voru þess eðlis, að þau kynnu að brjóta í bága við stjórnarskrána. Í ýmsum atriðum reyndi því meira á heimildir íslenskrar stjórnarskrár til valdframsals, heldur en áður hafði þekkst. Samningurinn hlaut ítarlega lögfræðilega umræðu út frá þessu sjónarmiði. Eftir talsverðar umræður á Alþingi og utan þess var hann fullgiltur og tekinn í lög með þeim hætti, sem nánar er getið í fyrrgreindum lögum.

Í álitsgerð þessari þykir eðlilegt að miða við, að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafi verið samrýmanlegur íslensku stjórnarskránni. Verður við það miðað í álitsgerðinni og því fjallað um sambærileg eða svipuð atriði út frá sama sjónarhorni, eftir því sem tilefni gefst til. Þetta skiptir ekki síst máli, þar sem reglur Schengensamningsins tengjast framkvæmd á reglum innri markaðar EB, en síðarnefndu reglurnar eru að stærstum hluta teknar yfir með EES-samningnum. Schengensamstarfið er þannig öðrum þræði nánari útfærsla og útvíkkun á því samstarfi sem stofnað er til með EES-samningnum.

Þegar EES-samningurinn er borinn saman við samstarfssamninginn verður að hafa í huga að samningar þessir eru að sumu leyti ólíkir. Í fyrsta lagi gerir EES-samningurinn ráð fyrir sameiginlegum stofnunum sem fara með tiltekin völd og þar sem samningsaðilar eiga sæti og jafnræði ríkir með þeim. Hér er einkum átt við sameiginlegu EES-nefndina. Þó verður að taka fram að EES-samningurinn eða einstakir hlutar hans geta fallið úr gildi til bráðabirgða ef sameiginlegu EES-nefndinni tekst ekki að finna lausn á ágreiningsefnum sínum. Ekki virðist gert ráð fyrir sambærilegum stofnunum í samstarfssamningnum. Í öðru lagi sjá EFTA-ríkin sjálf um eftirlit með EES-reglum á umráðasvæði sínu. Þetta er gert með sérstökum EFTA-stofnunum, þ.e. eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum. Í samstarfssamningnum er ekki gert ráð fyrir sambærilegu kerfi. Helst virðist mega gera ráð fyrir að stofnanir ESB skuli not-

aðar í þessu skyni. Í þriðja lagi má nefna að EES-samningurinn er mun víðtækari en það samstarf sem fram fer innan Schengen. Ganga má út frá því að Schengen réttarheimildir séu aðeins lítill hluti af þeim réttarheimildum sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt EES-samningnum og samningum í tengslum við hann.

11.0 Niðurstöður

11.1 *Almenn atriði*

Í íslenskum rétti er byggt á hinu svonefnda tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar. Það þýðir að þjóðréttarsamningar sem íslenska ríkið gerir binda aðeins það sjálft en ekki einstakar stofnanir þess eða einkaaðila. Þetta hefur m.a. það í för með sér að ekki er nægilegt að fara að í samræmi við 21. gr. stjórnarskrárinnar ef þjóðréttarsamningum er ætlað að binda íslenska aðila beint, heldur verður einnig að lögfesta samsvarandi innlend lög á stjórnskipulegan hátt. Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrárinnar er aftur á móti heimilt að gangast undir þjóðréttarsamninga, sem skuldbinda íslenska ríkið til þess að lögfesta síðar reglur með tilteknu efni. Þessari heimild eru þó sett viss takmörk.

Í fyrsta lagi eru því takmörk sett hversu víðtækar og umfangsmiklar slíkar skyldur íslenska ríkið getur tekið á sig gagnvart erlendum aðilum. Þetta gildir einnig þótt aðeins sé um hefðbundna þjóðréttarsamninga að ræða. Sem dæmi má nefna ef íslenska ríkið skuldbindur sig gagnvart erlendum aðilum til að aðlaga alla löggjöf sína eða stóra hluta hennar samkvæmt þeim fyrirmælum sem tiltekin alþjóðastofnun mælir fyrir um. Vandinn er hins vegar fólginn í því að ákveða hvar eigi að setja mörkin. Í því efni verður m.a. að horfa til umfangs reglnanna, hvort þær skuldbindi aðildarríkin þannig að þau hafi í raun ekki annað ákvörðunarvald en að lögfesta efni þeirra óbreytt og hvort ríki geti haft áhrif á ákvarðanatökuna. Fleiri atriði koma enn fremur til skoðunar, sbr. nánar 9. kafla hér að framan.

Í öðru lagi er það aðalregla að íslenska stjórnarskráin heimilar ekki að valdheimildir íslenskra stjórnvalda séu framseldar alþjóðlegum stofnunum þannig að ákvarðanir sem teknar eru geti haft bein réttaráhrif fyrir íslenska lögaðila eða borgara. Þær valdheimildir sem hér er átt við eru fyrst og fremst þær sem löggjafinn, framkvæmdarvaldið og dómstólar fara með. Þessi regla er heldur ekki án undantekninga svo sem mörg dæmi sýna.

Samkvæmt því sem nú var sagt skiptir mestu máli að kanna í hvaða mæli lagasetningarvald, framkvæmdarvald eða dómsvald kunni að yfirfærast til alþjóðlegra stofnana við fullgildingu samstarfssamningsins og í hvaða mæli ef svo er.

11.2 *Löggjafarvaldið*

11.2.1 *Áhrif á ákvarðanatöku*

Samstarfssamningur milli aðildarríkja Schengensamkomulagsins og Schengensamningsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum var undirritað 19. desember 1996. Í samningi þessum er gert ráð fyrir því í 1. gr. að Schengensamkomulagið og Schengensamningurinn og aðrar gerðir og yfirlýsingar sem honum fylgja og samningar gerðir í tengslum við þessa samninga skuli gilda milli allra samningsaðila.

Að því er varðar framtíðargerðir gildir hins vegar 3. gr. Af henni er ljóst að stofnanir aðila Schengensamstarfsins (þ.e. nú ráðherranefndin og sameiginlega eftirlitsstofnunin en stofnanir ESB eftir gildistöku Amsterdamsamningsins) munu taka ákvarðanir um þær og efni þeirra. Ísland og Noregur taka þátt í öllum fundarhöldum ráðherranefndarinnar og allra annarra vinnuhópa sem settir hafa verið á stofn til að undirbúa ákvarðanir eða til annarra starfa.

Þar geta þau lýst skoðunum sínum, gert athugasemdir og lagt fram tillögur. Þau taka hins vegar ekki þátt í atkvæðagreiðslu.

Framtíðargerðir lúta einkum að því að settar eru bindandi reglur innan marka Schengensamningsins um nánar tiltekin atriði líkt og á sér stað um afleiddar gerðir innan EB. Sumar af þeim gerðum sem nefndar eru í 3. gr. samstarfssamningsins eru þó komnar til með öðrum hætti. Í fyrsta lagi er þar gert ráð fyrir því að EB réttur geti þróast með þeim hætti að hann felli niður tiltekna hluta Schengensamningsins, sbr. 134. gr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að aðildarríki EB geti gert með sér þjóðréttarsamninga um tiltekið efni sem kann að breyta Schengensamningnum, sbr. 1. mgr. 142. gr. Ráðherranefndin verður að staðfesta að slíkar gerðir felli úr gildi tiltekin ákvæði Schengensamningsins. Að því er Ísland og Noreg varðar er gert ráð fyrir því að ráðherranefndin ákveði hvaða atriði í þessum ákvörðunum ættu að verða tilefni sérstaks fyrirkomulags milli samningsaðila. Náist ekki samkomulag um slíkt fyrirkomulag getur ráðherranefndin innan marka valdssviðs síns samþykkt bráðabirgðaákvæði ef þörf krefur.

Hér að framan hafa þær framtíðargerðir verið hafðar í huga sem falla undir fyrstu stoð ESB. Upplýsingakerfið að hluta til, lögreglusamvinna á tilteknum sviðum og aðstoð í sakamálum falla undir þriðju stoðina. Þegar það er kannað sérstaklega hvort framsal á lagasetningarvaldi geti falist í þeim efnissviðum sem þangað eru færð, verður fyrst og fremst að hafa í huga að ávallt er krafist einróma samþykkis í ráðinu til ákvarðanatöku. Þá má einnig ætla að þau efnissvið sem falla undir þriðju stoðina séu að sumu leyti fremur í samvinnuformi og því síður til þess fallin að hafa bein réttaráhrif fyrir borgarana. Engu að síður er vert að taka fram að áhrif synjunar Íslands og/eða Noregs á þeim framtíðargerðum sem koma undir þriðju stoðina eru þau sömu og endranær, þ.e. að synjun getur skoðast sem uppsögn samstarfssamningsins. Af þessum sökum er rétt að líta svo á að ekki sé mikill munur á því hvort framtíðargerðir sem samþykktar eru innan ESB á Schengensviðinu koma undir fyrstu eða þriðju stoðina. Allt lagakerfið verður því að skoða í samhengi.

Samkvæmt 3. gr. samstarfssamningins ákveða Ísland og Noregur „hvort í sínu lagi" hvort þau samþykkja þessar gerðir. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar skapast gagnkvæm réttindi og skyldur milli samningsaðila þegar Ísland og Noregur samþykkja þær gerðir sem getið er í 1. mgr. 3. gr. Samkvæmt framansögðu er alveg ljóst að Ísland verður ekki sjálfkrafa bundið að þjóðarétti við þær framtíðargerðir sem samþykktar verða á vegum stofnana ESB, enda verður að telja þá tilhögun eðlilega með hliðsjón af því að Ísland tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu um tilvist þeirra og efni. Samþykki Ísland hins vegar tiltekna framtíðargerð er viðbúið að af því leiði þjóðréttarleg skuldbinding til að lögfesta hana í innanlandsrétti. Verður um það rætt í næsta kafla.

11.2.2 *Lögfesting Schengengerða*

Í samstarfssamningnum er hvergi sagt berum orðum að gildandi Schengengerðir og framtíðargerðir skuli lögfestar sérstaklega. Ljóst er þó að eftir að Schengengerðir hafa verið færðar yfir í fyrstu stoðina öðlast gildandi Schengenréttur og allar framtíðargerðir lagaáhrif og bein réttaráhrif í aðildarríkjunum með svipuðum hætti og annar ESB réttur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvaða hlutar Schengengerðanna fela í sér bindandi reglur. Ljóst er þó að sumir hlutar þeirra fela aðeins í sér yfirlýsingar, leiðbeinandi reglur og aðrar slíkar reglur. Aðrir hlutar hans fela í sér bindandi reglur. Sumar af þessum reglum eru þess eðlis að þær snúa beint að borgurunum og geta skapað réttindi fyrir þá eða lagt á þá skyldur. Þær fá lagaáhrif eða bein réttaráhrif í rétti ESB eftir því sem efni þeirra stendur til, en þær þyrfti hins vegar að lögfesta hér á landi. Sem dæmi um slíkar reglur má nefna að gerist Ísland aðili

að Schengensamstarfinu verður að breyta allri gildandi löggjöf um aðgang og dvöl útlendinga að landinu þannig að þær verði í samræmi við Schengenreglurnar. Sama á við um vegabréfsáritanir, umsóknir um þær, hvar eigi að koma þeim fyrir, gildistíma þeirra, form o.fl.

Í álitsgerð þessari verður af þessum sökum að reikna með því að samstarfssamningurinn feli það í sér að Ísland verði að lögfesta Schengengerðir í samsvarandi mæli og þeim er ætlað að hafa lagaáhrif og bein réttaráhrif innan ESB. Það er forsenda þess að samstarfið milli Íslands og Noregs annars vegar og Schengenríkjanna hins vegar geti skilað árangri á Schengensvæðinu.

Af fyrrgreindum sökum verður að líta svo á að af samstarfssamningnum leiði að Íslandi sé skylt að lögfesta í innanlandslögum sínum bæði núgildandi Schengengerðir og þær framtíðargerðir sem það kann að samþykkja í sama eða svipuðum mæli og þær öðlast lagagildi í aðildarríkjum sambandsins. Ella yrði líklega litið svo á að um samningsbrot væri að tefla. Enn fremur verður að ætla að löggjafinn hér á landi hafi í reynd ekki svigrúm til að breyta út af umræddum gerðum þegar þær eru lögteknar nema því aðeins að þær sjálfar veiti heimild til tiltekinna valkosta eða til að útfæra Schengenreglu nánar.

11.2.3 *Ferill breytinga*

Sem fyrr segir gerir samstarfssamningurinn ráð fyrir því að Ísland og Noregur taki þátt í öllum fundarhöldum ráðherranefndarinnar og allra annarra vinnuhópa sem settir hafa verið á stofn til að undirbúa ákvarðanir eða til annarra starfa. Þar geta þessi ríki lýst skoðunum sínum, gert athugasemdir og lagt fram tillögur en þau taka aftur á móti ekki þátt í atkvæðagreiðslu. Ekki er alveg ljóst hvernig þessum áhrifum verður háttað ef Amsterdamsamningurinn öðlast gildi og mikilvægustu Schengenmálefnin falla undir fyrstu stoðina. Verður að minnsta kosti að gera ráð fyrir því að framkvæmdastjórn ESB verði gert að leita ráða hjá sérfræðingum Íslands og Noregs, þegar hún undirbýr tillögur um nýja löggjöf, á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkjanna um mótun tillagna.

Hvað sem þessu líður gerir samstarfssamningurinn ráð fyrir því að Ísland og Noregur fái tækifæri til að hafa áhrif á mótun nýrra Schengenreglna. Þannig verður það væntanlega einnig eftir að Schengensamstarfið hefur verið fært undir fyrstu stoðina en einstök útfærsluatriði eru þó ekki ljós.

11.2.4 *Áhrif synjunar*

Í 2. mgr. 10. gr. samstarfssamningsins segir svo:

> Samþykki Lýðveldið Ísland og/eða Konungsríkið Noregur ekki ákvörðun sem um getur í 1. mgr. 3. gr. jafngildir það uppsögn og skal formennskuríki ráðherranefndar tilkynna ríkisstjórn Stórhertogadæmisins Lúxemborgar þá ákvörðun innan 30 daga [...] Lýðveldið Ísland og/eða Konungsríkið Noregur hætta að eiga aðild að þessum samningi sex mánuðum eftir slíka tilkynningu.

Ljóst er af fyrrgreindu ákvæði að Ísland og Noregur eru undir talsverðum þrýstingi til að samþykkja tiltekna framtíðargerð, sem liggur í því að það er að jafnaði mun viðurhlutameira að ganga út úr samstarfi heldur en að samþykkja tiltekna gerð. Ef til vill er ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að Ísland gangi út úr samstarfinu á grundvelli ósamkomulags um tiltekna gerð, nema hún verði talin hafa afgerandi pólitíska þýðingu og samstarfið sem slíkt þætti vegna hennar ekki viðunandi. Af orðum greinarinnar verður ekki ráðið að neinn greinarmunur sé gerður á því hvort umræddar framtíðargerðir séu bindandi eða ekki, hvort þær þurfi að lögfesta í innanlandsrétti eða hvort þær falli undir fyrstu eða þriðju stoð. Engu að síður er ljóst að þýðing gerða er mismunandi mikil að þessu leyti.

Af fyrrgreindum sökum er ljóst að Ísland og Noregur taka ekki þátt í umræddu samstarfi á jafnréttisgrundvelli. Jafnframt virðist ljóst þegar litið er til almenna uppsagnarákvæðisins í 1. mgr. 10. gr. að ákvæðinu í 2. mgr. 10. gr. er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að þrýsta á um að Ísland og Noregur samþykki viðkomandi framtíðargerðir.

Spyrja má hvort í slíku ferli sem að framan hefur verið lýst geti falist framsal á löggjafarvaldi. Reynir þar einkum á 2. gr. stjórnarskrárinnar. Setning nýrra Schengengerða felur í sér breytingu á þjóðréttarsamningi. Þar eiga ekki við stjórnarskrárákvæði um frumkvæðisrétt ríkisstjórnar eða þingmanna að lagafrumvörpum eða rétt til að flytja breytingatillögur. Ísland hefur einungis rétt til að samþykkja viðkomandi breytingu (nýja gerð) eða hafna henni. Jafnframt hefur löggjafinn fullt vald til að ákveða hvaða reglur skuli leiddar í lög samkvæmt skuldbindingum sem felast í samstarfssamningnum. Samþykki Ísland ekki tiltekna gerð eða samþykki Alþingi ekki að leiða hana í lög kallar það eingöngu á þjóðréttarleg viðbrögð samkvæmt samningnum. Þetta atriði teljum við ráða úrslitum um það að ákvæði samstarfssamningsins um samþykki framtíðargerða og lögfestingu þeirra í framhaldi af því feli ekki í sér framsal á löggjafarvaldi og sé í samræmi við 2. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Það styður þessa niðurstöðu að samstarfssamningurinn fjallar um svið sem er vel afmarkað og ekki víðtækt.

Tekið skal fram að það breytir ekki þessari niðurstöðu þó gert sé ráð fyrir því að hluti Schengenreglnanna verði færður yfir í fyrstu eða þriðju stoð ESB. Ástæðan er sú að gagnvart Íslandi (og Noregi) gildir samstarfssamningurinn en samkvæmt skýlausu ákvæði 3. gr. ákveða ríkin, hvort í sínu lagi, hvort þau samþykkja tilteknar framtíðargerðir innan Schengensviðsins. Ísland er því ekki bundið við slíkar gerðir að þjóðarétti nema það samþykki sérstaklega að gangast undir þær.

11.3 Framkvæmdarvaldið

Með framkvæmdarvaldi er venjulega átt við opinbert vald sem hvorki telst löggjafarvald né dómsvald. Hér verður einkum miðað við það vald sem í því felst að taka bindandi ákvarðanir sem beinast að einstaklingum eða lögaðilum. Framsal framkvæmdarvalds getur falist í því að erlendum eða fjölþjóðlegum stjórnvöldum er falið vald til að taka ákvarðanir sem binda hendur íslenskra aðila. Það vald sem þannig er framselt getur verið mismunandi íþyngjandi. Það er t.d. munur á því hvort þessir aðilar þurfa að þola skráningu á tilteknum upplýsingum af hálfu erlendra aðila eða hvort um er að ræða að erlendir aðilar geti framkvæmt eftirlit eða beitt öðrum þvingunaraðgerðum á íslensku yfirráðasvæði. Samkvæmt því sem áður hefur verið rakið um efni Schengensamninganna virðist framsal á framkvæmdarvaldi geta átt sér stað í eftirfarandi tilvikum:

11.3.1 *Vegabréfsáritanir*

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. Schengensamningsins skal það ríki, sem er hinn eiginlegi áfangastaður viðkomandi, gefa út áritun. Áritunin gildir á öllu Schengensvæðinu. Af þessu leiðir að íslensk stjórnvöld eru bundin við áritun í mörgum tilvikum sem gefin hefur verið út af öðrum samningsaðilum. Svipað er að segja um þann lista yfir ríki þaðan sem ríkisborgarar skulu háðir vegabréfsáritun. Schengensamningurinn felur það í sér að aðildarríkin eru bundin við sameiginlegan lista yfir slík ríki. Framsal framkvæmdarvalds felst í því að íslensk stjórnvöld eru bundin við ákvarðanir stjórnvalda samningsaðila eða alþjóðlegra stofnana jafnvel á eigin yfirráðasvæði.

11.3.2 *Schengen upplýsingakerfið (FIS)*

Gert er ráð fyrir að sérhvert aðildarríki reki á sína ábyrgð eigið upplýsingakerfi þar sem skráðar eru ýmsar persónulegar upplýsingar sem nánar er vikið að í IV. hluta Schengensamningsins. Það fer eftir landslöggjöf einstakra ríkja, hvaða upplýsingar eru þar skráðar. Þessu til viðbótar er miðlægt stuðningskerfi í Strasborg. Aðildarríkin geta að vísu ekki sótt upplýsingar í staðbundin kerfi hvers annars. Miðlæga kerfið veldur því þó að þær upplýsingar sem skráðar eru í hverju aðildarríki er unnt að sækja í gegnum miðlæga kerfið. Af þessu leiðir að íslensku reglurnar um kerfisbundna skráningu persónuupplýsinga eiga aðeins við um þær upplýsingar sem lagðar eru inn í íslenska staðbundna kerfið. Ísland er hins vegar bundið við skráningu og aðgang að þeim persónuupplýsingum sem önnur lönd leggja inn. Þetta gildir jafnt þó þar sé um að ræða upplýsingar um íslenska ríkisborgara. Það er því löggjöf annarra Schengen-ríkja sem ræður því hvaða persónuupplýsingar af þessu tagi eru skráðar og Schengenreglur mæla nánar fyrir um hvernig aðgangi að þessum upplýsingum skuli háttað. Í 2. mgr. 92. gr. Schengensamningsins er þó kveðið á um það, að reglur ríkja sem þátt taka í samstarfinu séu samræmdar efnislega. Í kerfinu felst því takmarkað framsal framkvæmdarvalds.

11.3.3 *Eftirlit og eftirför á íslensku yfirráðasvæði*

Schengensamningurinn gerir ráð fyrir því að lögregluyfirvöld eins aðildarríkis geti með nánar tilteknum skilyrðum framkvæmt eftirlit með brotamanni á yfirráðasvæði annars aðildarríkis. Þó verður að afla leyfis hjá viðkomandi ríki, sbr. 1. mgr. 40. gr. Schengensamningsins, nema í mjög afmörkuðum tilvikum, sbr. 2. mgr. greinarinnar.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir því að lögreglumenn eins aðildarríkis megi veita brotamanni eftirför inn á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sbr. 41. gr. Þetta getur einungis átt við þegar brotamaður er staðinn að verki að tilteknum brotum og ef jafnframt er um að ræða óslitna eftirför. Án leyfis er þetta þó því aðeins heimilt að ekki hafi verið unnt að afla þess í tæka tíð eða ef lögregluyfirvöld í viðkomandi ríki gátu ekki yfirtekið eftirförina í tæka tíð. Nánari ákvæði eru síðan í greininni um heimildir þeirra lögreglumanna sem veita eftirför samkvæmt framangreindu.

Þar sem ákvæðið um eftirför tekur aðeins til eftirfarar inn á yfirráðasvæði á landi verður það ekki talið skipta miklu máli að því er Ísland varðar.

11.3.4 *Niðurstöður varðandi framsal á framkvæmdarvaldi*

Helstu niðurstöður eru þær að samstarfssamningurinn felur óhjákvæmilega í sér framsal á framkvæmdarvaldi einkum að því er varðar vegabréfsáritanir til þriggja mánaða eða skemmri tíma og eftir atvikum varðandi skráningar á persónuupplýsingum um íslenska aðila og aðgang að þeim upplýsingum.

Aðalreglan er sú að framkvæmdarvaldið er í höndum þeirra aðila sem nefndir eru í 2. gr. stjórnarskrárinnar að því er tekur til íslensks yfirráðasvæðis og íslenskra ríkisborgara. Frá þessu eru þó ýmsar undantekningar og frávik sem styðjast við sjónarmið sem rakin hafa verið í 9. kafla hér að framan.

Þegar metið er hvort framsal af því tagi, sem segja má að felist í samstarfssamningnum, samrýmist 2. gr. stjórnarskrárinnar skiptir máli að meta hversu íþyngjandi og umfangsmiklar þær valdheimildir eru sem gert er ráð fyrir að framseldar verði. Þegar hugtakið „íþyngjandi" er metið ber m.a. að hafa í huga hvort gert sé ráð fyrir að erlendur aðili geti framkvæmt viðkomandi ákvörðun hér á landi. Sé það unnt felur slíkt að jafnaði í sér meira inngrip í fullveldisrétt ríkis heldur en ef viðkomandi ákvörðun er tekin og framkvæmd erlendis. Við hið

endanlega mat koma fyrri þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að til skoðunar. Ber þá fyrst og fremst að nefna EES-samninginn sem felur í sér framsal framkvæmdarvalds varðandi tilteknar ákvarðanir á samkeppnissviði og 10. tl. 2. gr. fylgiskjals (viðbætir um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra) sem fylgdi lögum nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess. Þar segir m.a. að liði Bandaríkjanna sé rétt að fara með lögregluvald á samningssvæðunum og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að halda uppi aga, allsherjarreglu og öryggi.

Miðað við fyrri fordæmi, eðli ákvarðananna og umfang þeirra er það skoðun okkar að ekki sé um að ræða framsal framkvæmdarvalds í þeim mæli að það fari í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar.

11.3.5 *Ákvarðanir sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar og miðstjórnar*

Sameiginlega eftirlitsstofnunin er stofnun sem tekur ákvarðanir sem eru bindandi fyrir aðildarríkin, sbr. 132. gr. Schengensamningsins. Eftirlitsstofnunin hefur veitt miðstjórninni heimild til að taka vissar tæknilegar ákvarðanir. Schengensamningurinn hefur ekki að geyma nein ákvæði um réttaráhrif þeirra ákvarðana sem hér um ræðir. Af því leiðir að þær hafa ekki bein réttaráhrif samkvæmt gildandi þjóðarétti heldur verður hvert ríki um sig að ákveða hvort þörf sé laga- eða reglugerðabreytinga í innanlandslöggjöf og að framkvæma slíkar breytingar ef það er talið nauðsynlegt. Schengensamningnum svipar að þessu leyti til hefðbundinna þjóðréttarsamninga. Af þessum sökum kemur ekki til álita að líta svo á að þessar ákvarðanir kunni að fela í sér ólögmætt framsal á íslensku framkvæmdarvaldi.

Ef Schengenréttarsviðið verður fært til fyrstu stoðar ESB fær framkvæmdastjórn ESB fyrrgreint ákvörðunarvald að því er ætla má. Við það breytast réttaráhrif slíkra ákvarðana verulega því að ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar geta haft bein réttaráhrif. Vikið verður nánar að þessu í næsta kafla.

11.4 *Dómsvaldið*

11.4.1 *Almennt*

Í dómsvaldi felst vald til að skera úr réttarágreiningi milli einstaklinga eða lögpersóna innbyrðis eða gagnvart ríkisvaldinu. Enginn vafi er á því að aðalreglan er sú að íslenskir dómstólar eiga dómsvald um réttarágreining íslenskra einstaklinga, lögaðila og stjórnvalda samkvæmt 2. og 60. gr. stjórnarskrárinnar. Það er jafnframt grundvallarregla að dómstólar skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Er sérstaklega þýðingarmikið að benda á, að borgararnir eiga rétt á ríkri vernd dómstóla þegar frelsi þeirra og öryggi er í húfi.

11.4.2. *Dómsvald samkvæmt samstarfssamningnum.*

Í samstarfssamningnum er ekki gert ráð fyrir neinum dómstóli til að skera úr einstökum deilumálum sem rísa kunna við túlkun eða framkvæmd Schengenreglna. Það leiðir til þeirrar meginniðurstöðu að íslenskir dómstólar eru valdbærir til að leysa úr ágreiningi um Schengenreglur eftir því sem efni þeirra gefur tilefni til og um stöðu þeirra að landsrétti. Sem dæmi um þetta má nefna að ætla verður að íslenskir dómstólar eigi dómsvald um ákvarðanir íslenskra stjórnvalda sem teknar eru samkvæmt Schengenreglum sem lögfestar hafa verið hér á landi. Enn fremur verður sennilega að líta svo á að íslenskir dómstólar eigi dómsvald um það hvort erlendur maður hér á landi hafi löglega vegabréfsáritun ef um það rís ágreiningur, t.d. hvort áritun hans sé í lögmætu formi. Hins vegar verður að leggja erlenda áritun til grundvallar ef hún er í lögmætu formi og engin heimild er í samstarfssamningnum til að stefna viðkomandi erlendu stjórnvaldi hér á landi til að þola ógildingu þeirrar stjórnsýslu-

gerðar sem ágreiningi veldur. Þá má einnig gera ráð fyrir að t.d. ágreiningur um hvort færa megi upplýsingar um íslenska ríkisborgara, sem annað Schengenríki en Ísland hyggst færa í upplýsingakerfi sitt, eigi ekki undir íslenska dómstóla samkvæmt Schengensamningnum heldur dómstóla viðkomandi ríkis. Samsvarandi á sér stað þegar ágreiningur rís um notkun þeirra upplýsinga sem lagðar hafa verið í upplýsingakerfið. Samkvæmt þessu helst framsal dómsvaldsins að þessi leyti nokkuð í hendur við það framsal á framkvæmdarvaldi sem áður var rakið.

Það framsal dómsvalds sem kann að felast í því sem fyrr er ritað er á þröngu sviði og tiltölulega skýrt afmarkað. Við teljum með svipuðum rökum og teflt var fram varðandi framsal framkvæmdarvaldsins að á grundvelli samstarfssamningsins sé ekki um framsal á dómsvaldi að ræða sem fari í bága við fyrrgreind ákvæði stjórnarskrárinnar.

11.4.3 *Vitnastefnur o.fl.*

Í 52. gr. Schengensamningsins er gert ráð fyrir því að stefna megi vitnum eða sérfræðingum til úrskurðaraðila í öðru landi, en þeir eru staddir í. Ekki er þó unnt að koma fram neins konar viðurlögum ef slíkum stefnum er ekki sinnt. Af þessum ástæðum teljum við að þessi tilhögun fari ekki í bága við íslenska stjórnarskrá.

11.4.4 *Dómsvald eftir að Schengenreglur hafa verið færðar yfir í ESB reglur*

Fari svo að flest Schengenmálefni verði færð undir fyrstu stoð samninganna um ESB hefur slíkt óhjákvæmilega í för með sér að dómstóll EB fær dómsvald í veigamiklum málaflokkum að því er varðar þann hluta Schengenreglnanna sem falla undir fyrstu stoð ESB. Ber þá alveg sérstaklega að nefna að lögmæti allra ákvarðana sem teknar verða af stofnunum ESB verða þá einungis prófaðar af dómstól EB. Þessi tilvik má sérstaklega nefna til sögunnar:

1. Framkvæmdastjórn ESB mun sjá um framkvæmd Schengengerðanna eftir að þær hafa verið færðar í fyrstu og þriðju stoð ESB. Hér er um almennt eftirlit að ræða gagnvart aðildarríkjunum. Ágreiningur um það hvort aðildarríki hafi staðið við skyldur sínar að því er þetta svið varðar á undir dómstól EB.
2. Í núgildandi Schengenrétti (132. gr. Schengensamningsins) felst vald til að taka ákvarðanir sem geta jafnvel beinst að einstaklingum og lögpersónum. Í framtíðargerðum kann einnig að felast vald sem framkvæmdarstjórninni verður fengið til að taka svipaðar ákvarðanir. Schengenreglurnar snúa í talsverðum mæli að einstaklingum og réttarstöðu þeirra. Þegar framkvæmdastjórn ESB tekur slíkar ákvarðanir fá þær réttaráhrif samkvæmt 189. gr. Rómarsamningsins. Þær eru því bindandi í öllum atriðum fyrir þá sem þær beinast að. Ágreiningur um þær ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin kann að taka með heimild í slíkum reglum fellur innan dómsvalds dómstóls EB samkvæmt þeim reglum sem 173. gr. Rómarsamningsins kveður nánar á um.
3. Ágreiningur um lagastoð þeirra afleiddu gerða sem í framtíðinni verða gefnar út á Schengenréttarsviðinu fellur alfarið undir dómstól EB. Sama gildir um allan ágreining varðandi þær málsmeðferðarreglur sem ber að viðhafa við setningu þeirra.
4. Dómsmál sem rekin eru í aðildarríkjunum og varða túlkun eða beitingu Schengen reglna er stundum heimilt og stundum skylt að senda EB dómstólnum til forúrskurðar. Viðkomandi dómstóll í aðildarríki er bundinn við þann forúrskurð sem EB dómstóllinn fella af þessu tilefni.
5. Ekki er vafi á því að dómstóll EB mun skera endanlega úr um dómsvald dómstóla aðildarríkjanna á sviði Schengenreglna. Þetta er nánast rökbundin afleiðing þess að mestur

hluti Schengengerðanna færist yfir í fyrstu stoð ESB. Dómstóll EB fær t.d. færi á að úrskurða um slíkt valdsvið í forúrskurðarmálum.

Niðurstöður

Í samstarfssamningnum er ekki tekið sérstaklega á því hvernig fara skuli með dómsvald og eftirlitsvald ef Schengensviðið verður fært í fyrstu og þriðju stoð ESB. Hér er því miðað við að Ísland (og Noregur) verði að hlíta sömu reglum og ESB ríkin varðandi dómsvald og framkvæmdarvald stofnana ESB.

Við teljum að samstarfssamningur sem fæli í sér slíkt framsal dómsvalds gengi lengra en rúmast getur innan þeirra sjónarmiða, sem rakin eru í 9. kafla að framan og myndi því ekki standast ákvæði íslenskrar stjórnarskrár.

11.4.5 *EFTA dómstóllinn eða sambærilegur dómstóll*

Í bréfi utanríkisráðherra dags. 17. júlí 1997 er m.a. gert ráð fyrir þeirri forsendu að EFTA-dómstóllinn eða sambærilegur dómstóll fari með vald á því sviði sem dómsvaldinu er ætlað að taka til. Við teljum að í því sambandi sé einnig eðlilegt að gera ráð fyrir að eftirlitsstofnun EFTA eða sambærileg stofnun sinni eftirliti og sem fari með hliðstæðar valdheimildir að því er varðar Schengen-samninginn og eftirlitsstofnun EFTA hefur nú. Til viðbótar verður að gera ráð fyrir að verkaskipting milli slíks dómstóls og EB-dómstólsins annars vegar og eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB hins vegar fari eftir vel skilgreindum reglum þar sem jafnræðis sé gætt. Verði þessi leið farin leiða af henni þessar breytingar miðað við þá lausn sem nefnd er í 11.4.4:

a) að íslenskir dómendur eigi sæti í viðkomandi dómstóli og að íslenskir aðilar eigi að sama skapi sæti í þeirri eftirlitsnefnd sem sér um framkvæmdina að því er varðar Ísland og Noreg.
b) að eftirlitsstofnun EFTA verði fengið vald til að hafa almennt eftirlit með samningnum að því er Ísland og Noreg varðar eftir skiptingareglum sem samið verður um við hin aðildarríki samstarfssamningsins. Þetta vald verði sambærilegt því sem framkvæmdastjórn ESB kemur til með að hafa, og
c) að ekki verði skylt að óska eftir forúrskurðum og þau álit sem EFTA dómstóllinn eða sambærilegur dómstóll gefur samkvæmt beiðni dómstóla Íslands eða Noregs verði aðeins ráðgefandi.

Verulegur munur er á þessum valkosti miðað við þann sem reifaður var í kaflanum að framan. Hann felst einkum í því að Ísland tekur þátt í þeim alþjóðstofnunum sem hér koma við sögu. Enn fremur að niðurstöður EFTA dómstólsins eða sambærilegs dómstóls eru ekki bindandi í sama mæli fyrir íslenska aðila.

11.5 *Danska lausnin*

Sú yfirlýsing sem varðar stöðu Danmerkur tekur til undirkafla í samningunum um ESB eins og hann verður ef Amsterdamsamningurinn verður fullgiltur. Undirkaflinn ber heitið „frjáls för fólks, hæli og innflytjendur". Í 2. gr. bókunarinnar, sem á við um Danmörku, kemur fram sú aðalregla að engin ákvæði undirkaflans, engir alþjóðlegir samningar sem gerðir eru samkvæmt kaflanum og engin ákvörðun dómstóls EB sem lýtur að slíkum reglum sé bindandi fyrir Danmörku. Þar fyrir utan er Danmörku samkvæmt 5. gr. bókunarinnar heimilt að taka sjálfstæða ákvörðun um það hvort hún muni lögfesta framtíðargerð sem fellur efnislega innan Schengen í innanlandslög sín þó þannig að búast má við viðbrögðum af hálfu annarra samningsaðila ef það er ekki gert.

Kaflinn um frjálsa för fólks, hæli og innflytjendur er að því er best verður séð kjarni þeirra málaflokka sem falla undir fyrstu stoðina við yfirfærslu Schengenréttarheimildanna í ESB lagakerfið. Stoð þrjú hefur sjálfstæða tilveru gagnvart rétti Evrópubandalagsins og telst ekki hluti af honum. Þau lagaúrræði sem standa til boða í þriðju stoðinni eru einkum þau að ríkin hafa samráð í ráðinu til að samræma aðgerðir sínar auk þess sem aðildarríkin skiptast á tilkynningum. Ráðið hefur auk þess vald til að ákveða sameiginlega stefnu og nánari reglur um framkvæmd hennar, samþykkja sameiginlegar aðgerðir og gera þjóðréttarsamninga. Aðalreglan er hins vegar sú að ráðið verður að ályktа einum rómi þegar það tekur ákvörðun sína.

Þegar sérstaða Danmerkur er metin í heild sinni út frá fyrrgreindri réttarstöðu og jafnframt miðað við það að Ísland muni hljóta sams konar sérstöðu verður að líta svo á að hún sé þess eðlis að það myndi ekki fara í bága við ákvæði íslenskrar stjórnarskrár þótt Ísland undirgengist þjóðréttarlega skuldbindingu af þessu tagi.

Í því sambandi ber annars vegar að líta til þess að Danmörk yrði ekki háð eftirlitsvaldi dómstóls EB. Að vísu stendur þá eftir hið almenna eftirlitsvald framkvæmdastjórnar ESB. Að því er Ísland varðar yrði þó að gera ráð fyrir því að framkvæmdastjórn ESB færi ekki með ákvörðunarvald sem væri beint bindandi gagnvart íslenskum ríkisborgurum eða lögaðilum.

11.6 *Framsal á valdi til að gera þjóðréttarsamninga*

Í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir að forseti lýðveldisins geri samninga við önnur ríki. Í þessu ákvæði felst að valdið til að gera þjóðréttarsamninga við önnur ríki verði almennt ekki framselt til annarra ríkja eða alþjóðastofnana.

Samkvæmt e-lið 1. mgr. 3. gr. samstarfssamningsins er gert ráð fyrir því að Ísland og Noregur ákveði hvort í sínu lagi hvort þau samþykki samninga sem kunna að verða gerðir milli allra ríkjanna sem eiga aðild að Schengensamningnum og þriðju ríkja. Þeir hlutar ákvæðisins sem hér skipta máli hljóða svo:

> Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur ákveða hvort í sínu lagi hvort þau samþykkja: [...]
>
> e. samninga sem kunna að verða gerðir milli allra ríkjanna sem eiga aðild að Schengen-samningnum og þriðju ríkja.

Hér ber jafnframt að hafa í huga ákvæði 2. mgr. 10. gr. samningsins um sjálfkrafa uppsögn hans ef ákvörðun samkvæmt 1. mgr. 3. gr. er ekki samþykkt.

Samstarfssamningurinn gerir samkvæmt framanrituðu ekki ráð fyrir því að valdið til að gera þjóðréttarsamninga sé framselt til annarra ríkja eða alþjóðastofnana. Ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar er af þessum sökum ekki því til fyrirstöðu að samstarfssamningurinn sé undirritaður af Íslands hálfu.

12.0 Lokaorð

Okkur hefur verið ætlað að meta hvort samstarfssamningurinn milli flestra aðildarríkja ESB annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar brjóti á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög. Þetta höfum við gert. Aðalniðurstöður okkar eru þessar:

Sú grein í stjórnarskránni sem helst gæti staðið því í vegi að samstarfssamningurinn yrði gerður er 2. gr. en efni hennar hefur áður verið rakið.

Samningur sá sem hér um ræðir er þjóðréttarsamningur. Honum fylgja ýmsar gerðir auk þess sem gert er ráð fyrir því að settar verði gerðir í framtíðinni innan þess ramma sem samstarfssamningurinn tekur til. Hvorki samstarfssamningurinn sjálfur né þær gerðir sem honum

fylgja eða munu fylgja verða íslensk lög nema Alþingi setji slík lög og forseti staðfesti þau. Telja má víst að af samstarfssamningnum muni leiða þjóðréttarlegar skuldbindingar til að setja íslenska löggjöf á sviðum sem hann tekur til eða til að breyta íslenskum lögum til samræmis við reglur samningsins. Sú málsmeðferð er í samræmi við íslenskan stjórnskipunarrétt. Stjórnarskráin stendur því þó í vegi að með þjóðréttarsamningum sé ríkisvald með óheimilum hætti lagt í hendur annarra en taldir eru í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Það á einkum við ef um er að ræða ákvæði sem leggja skyldur á einstaklinga eða lögaðila. Skyldur sem aðeins varða íslenska ríkið að þjóðarétti fela almennt ekki í sér stjórnarskrárbrot, enda sæta brot á þeim eingöngu þjóðréttarlegum viðurlögum.

Við teljum að ákvæði 1. mgr. 3. gr. samstarfssamningsins sýni svo ekki verði um villst að ekki er gert ráð fyrir því að Ísland sé bundið af neinni framtíðargerð nema það ákveði það sérstaklega að vera bundið við hana samkvæmt stjórnskipunarlögum sínum. Af þessu leiðir að hvorki er þarna um að ræða framsal á valdi til að gera þjóðréttarsamninga né framsal á löggjafarvaldi. Engu breytir í þessu efni þótt Schengenreglurnar verði færðar yfir í fyrstu og þriðju stoð ESB og lúti þeirri ákvarðanatöku sem þar gildir.

Að því er varðar framkvæmdarvald og dómsvald ber að gera ráð fyrir þremur valkostum. Í fyrsta lagi að samstarfssamningurinn verði óbreyttur. Í öðru lagi að Schengensviðið verði lagt til ESB og að Ísland njóti ekki sérstakra undanþága varðandi valdsvið stofnana og í þriðja lagi að Schengensviðið verði lagt til ESB en að Ísland njóti þar tiltekinna undanþága.

Að því er fyrsta valkostinn varðar höfum við komist að þeirri niðurstöðu að framsal á framkvæmdarvaldi og dómsvaldi sé þess eðlis að það brjóti ekki í bága við íslenska stjórnarskrá. Eins og að framan er rakið teljum við að eftirtalin atriði ráða einkum niðurstöðunni:

1. Það er viðurkennd regla í íslenskum rétti að við sérstakar aðstæður megi beita erlendum réttarreglum hér á landi.
2. Þess eru dæmi að ákvarðanir erlendra stjórnvalda hafi gildi hér á landi og séu aðfararhæfar.
3. Vald það sem alþjóðastofnunum er ætlað með samningnum er vel afmarkað og á þröngu sviði.
4. Vald það sem framselt er telst ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila.
5. Ákvarðanir sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar og miðstjórnar eru aðeins bindandi fyrir aðildarríkin.
6. Ekki er gert ráð fyrir neinum alþjóðlegum dómstóli sem sker úr deilumálum þannig að bindandi sé fyrir íslenska ríkisborgara.

Að því er annan valkostinn varðar verður að reikna með því að framkvæmdastjórn ESB og dómstóll EB fari með talsvert vald hvor á sínu sviði sem íslenskir einstaklingar og lögaðilar geti orðið bundnir við. Þetta vald varðar einkum þau málefni sem falla undir fyrstu stoðina. Ekki er unnt að gera ráð fyrir því að Ísland eigi neina aðild að þeim alþjóðastofnunum sem þarna ræðir um. Eins og nánar er lýst í kafla 11.4.4 teljum við að samningur sem gerði ráð fyrir slíku framsali stæðist ekki ákvæði íslenskrar stjórnarskrár.

Að því er varðar þriðja valkostinn kemur fram sá munur miðað við annan valkostinn að gert er ráð fyrir því að Ísland eigi aðild að þeim alþjóðastofnunum sem þar ræðir um. Einnig er gert ráð fyrir því að dómsvald dómstóls EFTA eða sambærilegs dómstóls yrði ekki jafn víðtækt og úrlausnir hans ekki bindandi í sama mæli og ef um dómstól EB væri að ræða. Þetta á einkum við um forúrskurðarmál. Sé málum skipað með þessum hætti er það álit okkar að slík tilhögun stæðist ákvæði íslenskrar stjórnarskrár.

Álit okkar er miðað við tilteknar forsendur. Í því er einnig gert ráð fyrir því að afskipti alþjóðastofnana af íslenskum ríkisborgurum séu ekki veruleg vegna hugsanlegrar aðildar Ís-

lands að samstarfssamningnum um Schengen. Framsal á einstökum þáttum ríkisvalds, sem gert er ráð fyrir í samstarfssamningnum er takmarkað og tekur til afmarkaðra málaflokka. Það framsal ríkisvalds, sem fjallað er um í þessari álitsgerð er takmarkaðra og fyrirsjáanlegra, en það sem felst í samningunum um EES. Við teljum því, eins og að framan greinir, að það brjóti ekki í bága við stjórnarskrána. Rétt þykir þó að benda á, að þótt takmarkað framsal ríkisvalds með samningum um einstök málefni, eins og Schengensamstarfið, sé samrýmanlegt stjórnarskránni, er fyrirsjáanlegt að aukin alþjóðleg samvinna einkum milli Evrópuríkja muni kalla á frekara framsal ríksvalds. Að því kann að koma að talið verði að framsal hafi átt sér stað í of ríkum mæli miðað við reglur stjórnarskrárinnar, eins og þær eru nú. Það er því eðlilegt, þegar horft er fram á vaxandi alþjóðlegt samstarf í framtíðinni, að undirbúa og framkvæma breytingar á íslensku stjórnarskránni, til þess að koma í veg fyrir að sérstakur vafi rísi í hvert sinn, sem stofnað er til samstarfs um tiltekinn málaflokk.

Reykjavík 3. desember 1997.

Sign.	Sign.	Sign.
Stefán Már Stefánsson	*Viðar Már Matthíasson*	*Davíð Þór Björgvinsson*

Fylgiskjal V.

Davíð Þór Björgvinsson,
Stefán Már Stefánsson,
Viðar Már Matthíasson:

Álitsgerð um Schengensamninginn og íslensku stjórnarskrána í ljósi samnings milli ráðs Evrópusambandsins og Íslands og Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengengerðanna frá 18. maí 1999.

1. Inngangur

1. Með bréfi utanríkisráðuneytisins, dags. 17. febrúar 1999, var þess óskað að undirritaðir prófessorar við lagadeild Háskóla Íslands gæfu umsögn um samning sem ráð Evrópusambandsins annars vegar og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur hins vegar gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengengerðanna. Samningurinn, sem var formlega undirritaður 18. maí 1999, verður hér eftir nefndur *Brusselsamningurinn*.

2. Þann 3. desember 1997 skiluðum við álitsgerð um Schengensamstarfið og íslensku stjórnarskrána einkum í því ljósi hvort væntanlegt samkomulag við Evrópusambandið um Schengensamninginn kynni að brjóta í bága við íslensku stjórnarskrána. Álitsgerðin var samin á grundvelli *Samstarfssamningsins* frá 19. desember 1996, sbr. kafli 5.0 í álitsgerðinni. Af drögum að nýjum samningi var þá þegar ljóst að ráðgert var að yfirfæra Schengenreglur í rétt ESB og þar með einnig bandalagsréttinn. Þar sem samningaviðræður voru í gangi þegar álitsgerðin var skrifuð var að öðru leyti ekki ljóst hvernig einstökum atriðum yrði ráðið til lykta og að hvaða marki samstarfssamningurinn yrði lagður til grundvallar. Því var lagt fyrir

okkur í beiðni um eldri álitsgerðina að miða hana við tilteknar forsendur. Þær voru eftirfarandi:

— að samstarfssamningurinn við Schengenríkin frá 19. desember 1996 yrði lagður til grundvallar í samningaviðræðunum,
— að væntanlegur samningur yrði milliríkjasamningur við ESB,
— að hin svonefnda „danska lausn“ yrði höfð til hliðsjónar, og
— að ef nauðsynlegt reyndist að dómstóll færi með dómsvald varðandi þau málefni sem falla ættu undir væntanlegan samning, yrði það EFTA-dómstóllinn eða sambærilegur dómstóll.

Þótt það komi ekki fram í bréfi ráðuneytisins frá 17. febrúar sl. skiljum við beiðnina þannig að fyrst og fremst sé óskað eftir umsögn um það hvort Brusselsamningurinn frá 18. maí 1999 kunni á einhvern hátt að fara í bága við stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, með síðari breytingum.

3. Í bréfi utanríkisráðuneytisins er þess enn fremur óskað að við tökum sérstakt mið af fyrri álitsgerð okkar frá 3. desember 1997. Af þessu leiðir að einkum kemur til skoðunar nú hvort samningurinn sem undirritaður var 18. maí 1999 feli í sér breytingar, sem hafi þýðingu varðandi ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Miðast álitsgerðin fyrst og fremst við þetta álitaefni.

2. Nýmæli Brusselsamningsins

4. Við höfum borið saman Schengensamninginn frá 18. maí 1999 og fyrri samningsforsendur sem lágu grundvallar eldri álitsgerð okkar. Það eru fjögur atriði sem að okkar mati skipta mestu máli fyrir þessa álitsgerð.

— Í fyrsta lagi gerir samningurinn í meginatriðum ráð fyrir sambærilegri þátttöku Íslands í ákvarðanatöku um nýjar Schengengerðir eða aðrar ráðstafanir og fyrri samningsforsendur. Þess ber þó að geta að samningurinn gerir ekki ráð fyrir því að Ísland eða Noregur geti sett fram formlegar tillögur til nýrra gerða eða ákvarðana um ráðstafanir eins og ráðgert var í fyrri samningsforsendum, sbr. t.d. 2. mgr. 2. gr. Samstarfssamningsins frá 19. desember 1996. Aftur á móti getur Ísland sett fram „hugmyndir“ í samsettu nefndinni sem framkvæmdastjórnin eða einstök aðildarríki ESB geta síðan borið upp sem eigin tillögur innan ESB, sbr. nánar 4. mgr. 4. gr.
— Í öðru lagi hafa reglur Brusselsamningsins að geyma önnur og að nokkru leyti hagstæðari ákvæði en eldri samningsforsendur um afleiðingar þess að Ísland samþykkir ekki tiltekna Schengengerð, tilkynnir ekki á réttum tíma um slíkt samþykki eða tilkynnir ekki á réttum tíma að stjórnskipulegum skilyrðum hafi verið fullnægt. Samkvæmt eldri samningsforsendum jafngilti það uppsögn samnings ef Ísland samþykkti ekki ákvörðun. Samkvæmt samningnum frá 18. maí 1999 fellur hann aftur á móti ekki úr gildi fyrr en eftir að reynt hefur verið að ná samkomulagi. Samsetta nefndin getur ákveðið innan tiltekins frests að láta samninginn gilda áfram þrátt fyrir allt. Að öðrum kosti fellur hann úr gildi að því er Ísland varðar að liðnum ákveðnum fresti, sbr. einkum 4. mgr. 8. gr.
— Í þriðja lagi gerir Brusselsamningurinn ráð fyrir því að dómstóll EB eigi dómsvald um Schengenreglur, sbr. einkum 9. gr. Samkvæmt sambandsréttinum er slíkt dómsvald fyrir hendi í talsverðum mæli og verður að því vikið síðar. Dómsúrlausnir dómstóls EB á þessu sviði eru ekki formlega bindandi fyrir Ísland, en samningurinn gerir þó ráð fyrir því að íslenskir dómstólar og íslensk stjórnvöld taki mið af slíkum dómafordæmum við túlkun og framkvæmd samningsins og þeirra reglna sem af honum leiða hér á landi, sbr. 9. og 10. gr. samningsins. Dómsúrlausnir þessar munu því augljóslega hafa þýðingu sem

fordæmi hér á landi. Samkvæmt þessu verða dómsúrlausnir dómstóls EB réttarheimildir á þessu sviði, sem þó eru ekki formlega bindandi.

— Í fjórða lagi gerir samningurinn ráð fyrir því að verði deilur um beitingu hans eða ef upp kemur verulegt misræmi í dómaframkvæmd EB dómstólsins annars vegar og íslenskra (eða norskra) dómstóla hins vegar varðandi túlkun eða beitingu Schengen reglna, eða eftir atvikum ef slíkt misræmi kemur upp milli stjórnvalda aðildarríkja ESB annars vegar og stjórnvalda Íslands eða Noregs hins vegar, er gert ráð fyrir að málið verði tekið upp í samsettu nefndinni og þar reynt að finna lausn innan tiltekins tíma, sbr. 10. gr. Finnist hún ekki fellur samningurinn úr gildi eftir ákveðinn tíma, eins og nánar verður rakið síðar.

3. Staða Schengengerða innan ESB

5. Schengengerðir hafa nú verið yfirfærðar í Evrópusambandsréttinn, þ.e. í stoð 1 (sem hefur að geyma bandalagsrétt) og stoð 3 um dóms- og innanríkismál. Yfirfærsla Schengengerða í bandalagsrétt þýðir að stofnanakerfi þess verður notað við þróun nýrra Schengengerða og framkvæmd þeirra, að virtum viðeigandi ákvæðum samningsins um Evrópusambandið og Rómarsamningsins. Nýjar reglur gilda því varðandi frumkvæði að setningu nýrra gerða og ákvarðanatöku um þær. Þá fær dómstóll EB dómsvald á umræddum sviðum samningshlutans en þó með ákveðnum takmörkunum eins og lýst verður nánar síðar. Dómsvald EB dómstólsins nær þannig t.d. hvorki til þess atriðis að viðhalda lögum og allsherjarreglu né að vernda innra öryggi í aðildarríkjunum. Dómstóllinn hefur heldur ekki dómsvald til að kveða upp forúrskurði í þeim málaflokkum sem falla undir þriðju stoð nema með tilteknum skilyrðum. Minnt er á að í öllum tilvikum, að ákvörðunum um vegabréfsáritanir undanskildum þar sem aukinn meirihluti nægir, er krafist einróma samþykkis til ákvarðanatöku. Þess er hins vegar að geta að samkvæmt 61.–63. gr. (áður 73. gr. i–k) Rs. er ráðinu skylt að gera ráðstafanir innan 5 ára til að hrinda í framkvæmd þeim málefnum sem þar greinir. Þetta þýðir, nánar tiltekið, að eftir þennan tíma má búast við að ákvarðanir verði teknar með auknum meirihluta í stað einróma samþykkis áður. Ákvarðanir í þeim málefnum sem falla innan þriðju stoðarinnar verða þó aðeins teknar með einróma samþykki.

6. Eftir að Schengenreglur hafa verið yfirfærðar annars vegar í 1. stoðina undir bandalagsrétt og hins vegar undir 3. stoðina verður óljósara hvaða reglur það eru sem teljast Schengenreglur og hverjar ekki. Í Brusselsamningum er brugðist við þessu með þeim hætti að í viðaukum A og B við samninginn eru einfaldlega talin upp þau réttarsvið sem Ísland og Noregur taka þátt í. Þessi aðferð getur þó ekki tekið til framtíðargerða eðli máls samkvæmt. Því geta vafamál risið um það hvaða framtíðargerðir falli undir Schengenreglur og hverjar ekki. ESB verður þó sjálft að afmarka þessar reglur frá öðrum enn sem komið er, þar sem Stóra-Bretland og Írland eru ekki aðilar að Schengensamstarfinu, auk þess sem sérstakar reglur gilda um Danmörku. Af þeim sökum gilda sérreglur innan ESB varðandi þessi ríki og munu þá ákvarðanir ESB um afmörkun reglnanna sjálfsagt verða lagðar til grundvallar gagnvart Íslandi og Noregi. Aftur á móti er reiknað með að ríkin þrjú gerist aðilar í framtíðinni. Eftir það getur risið álitamál um það hvaða gerðir eigi undir Schengensamstarfið sem erfitt getur verið að leysa úr.

7. Schengenreglurnar eru nú að stórum hluta að finna í bandalagsrétti (1. stoð) eins og áður er fram komið, þ.e. 3. hluta IV. þáttar Rs., en hluti þeirra, þ.e. lögreglusamvinna og upplýsingakerfi og fleira, falla undir þriðju stoðina. Helstu réttindin varðandi frjálsa för fólks samkvæmt 3. hluta IV. þáttar Rs. eru í því fólgin að mega ferðast frjálst um innri landamæri aðildarríkja bandalagsins. Þessi réttur gildir ekki aðeins fyrir ríkisborgara í aðildarríkjunum

heldur fyrir alla sem löglega eru komnir inn á bandalagssvæðið. Hann veitir þó ekki neinn sjálfkrafa búseturétt. Schengenreglurnar snúa yfirleitt beint að borgurunum sjálfum og geta skipt þá miklu bæði fjárhagslega og persónulega. Ber að hafa þetta í huga við þá umfjöllun sem hér fer á eftir.

4. Sjónarmið við túlkun ákvæða stjórnarskrárinnar

8. Áður en lengra er haldið er rétt að geta nokkurra almennra sjónarmiða sem við teljum að hafa beri í huga þegar metið er hvort Brusselsamningurinn hafi í för með sér sérstök stjórnskipuleg vandkvæði. Rétt er að rekja þessi almennu sjónarmið í stuttu máli þar sem þau liggja til grundvallar við samningu álitsgerðar þessarar, ásamt þeim rökum sem sérstaklega eru tilfærð annars staðar í álitsgerðinni.

9. Í fyrsta lagi er á því byggt að Alþingi, sem handhafi löggjafarvalds, hafi nokkurt svigrúm til að meta hvort tiltekinn þjóðréttarsamningur brjóti í bága við stjórnarskrána eða ekki. Stjórnarskrárákvæði þau sem koma til skoðunar í tengslum við Brusselsamninginn, sbr. einkum 2. gr., eru matskennd, dómaframkvæmd á grundvelli þeirra er takmörkuð og fræðikenningar og skýrar stjórnskipunarheföir skortir. Af þeim sökum ríkir oft vafi um túlkun þeirra. Hafa ber í huga í þessu sambandi að stjórnarskráin sjálf felur ekki neinum einum aðila að skera úr um stjórnarskrárleg álitamál af þessu tagi, eins og gert er í sumum öðrum ríkjum. Fyrir því er hins vegar stjórnskipuleg dómvenja hér á landi að dómstólar hafi þetta vald. Álitamál um samrýmanleika almennra laga eða þjóðréttarsamninga annars vegar og stjórnarskrár hins vegar verða þó aðeins borin undir hina almennu dómstóla í tengslum við tiltekið sakarefni. Ef af slíkri málssókn verður eiga dómstólar þess ekki kost að dæma í málinu fyrr en löngu eftir að tiltekinn samningur (eða almenn lög) er kominn til framkvæmda. Við þessar aðstæður er ekki óeðlilegt að játa löggjafanum sjálfum, lýðræðislega kjörnum meiri hluta Alþingis, visst svigrúm til að túlka stjórnarskrána.

10. Í öðru lagi teljum við að við túlkun ákvæða stjórnarskrárinnar sem varða fullveldi íslenska ríkisins verði að hafa í huga síaukna alþjóðlega samvinnu á öllum sviðum. Þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem hér eru til skoðunar eru gömul að stofni til og stjórnarskárin í heild, af sögulegum ástæðum, samofin hugmyndinni um fullveldi íslenska ríkisins, einkum gagnvart því danska. Alþjóðlegt samstarf hefur fært þjóðir heims saman og Ísland er þar þátttakandi sem fullvalda ríki og staða þess í alþjóðlegu samstarfi að því leyti þjóðréttarlega ótvíræð. Þessa þróun er eðlilegt að hafa í huga þegar ákvæði stjórnarskrárinnar eru túlkuð og hún leiðir að okkar mati til þess að forsendur fyrir túlkun á ákvæðum stjórnarskrárinnar sem varða fullveldi íslenska ríkisins eru aðrar en áður. Af því leiðir að ganga verður út frá því að handhafar löggjafarvalds (og framkvæmdarvalds) hafi að ákveðnu marki svigrúm til að túlka þessi ákvæði þannig að ekki þrengi um of að möguleikum íslenska ríkisins sem fullvalda þjóðréttaraðila til að tryggja hagsmuni sína sem best í samstarfi og samningum við aðrar þjóðir.

5. Almennt um þjóðréttarsamninga og stjórnarskrána

11. Í kafla 11.1 í fyrri álitsgerð okkar frá 3. desember 1997 er gerð grein fyrir nokkrum almennum atriðum sem koma til skoðunar þegar metið er hvort tiltekinn þjóðréttarsamningur standist ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar. Þar er gerð grein fyrir tveimur almennum sjónarmiðum sem til álita koma: Um fyrra atriðið sagði að því væru takmörk sett hversu víðtækar og umfangsmiklar þær skyldur væru sem íslenska ríkið gæti tekið á sig gagnvart erlendum aðilum og gilti þetta einnig þótt um svonefnda heföbundna þjóðréttarsamninga væri að ræða. Um síðara atriðið sagði að aðalreglan væri sú að íslenska stjórnarskráin heimilaði ekki að

valdheimildir íslenskra stjórnvalda væru framseldar alþjóðlegum stofnunum þannig að ákvarðanir sem teknar væru gætu haft bein réttaráhrif fyrir íslenska borgara eða lögaðila. Fyrr í álitsgerðinni var tekið fram að stjórnarskráin hefði að geyma meginreglu um skiptingu ríkisvaldsins milli hinna þriggja þátta þess. Var það talið leiða af eðli málsins að ríkisvald þetta tæki í aðalatriðum til íslensks yfirráðasvæðis, íslenskra hagsmuna og íslenskra aðila.

12. Að því er fyrra atriðið varðar er rétt að taka fram að skyldur samkvæmt þjóðréttarsamningi geta verið víðtækar og umfangsmiklar vegna þess að hann nær til mikils hluta löggjafar aðildarríkis. Ef þar við bætist að skyldurnar eru ekki vel skilgreindar getur niðurstaðan orðið sú að mörk leyfilegs framsals ríkisvalds nálgist. Segja má einnig að skyldur samkvæmt þjóðréttarsamningi geti verið víðtækar og umfangsmiklar, ekki af þeim sökum að hann nái til víðtæks sviðs, heldur fremur vegna þess að hann sé mjög einhliða, t.d. varðandi það hvort annar samningsaðilinn ráði ferðinni þegar teknar eru ákvarðanir samkvæmt samningnum. Sama gildir ef afleiðingar þess að ekki er fylgt ákveðnum reglum eru mjög íþyngjandi fyrir annan aðilann jafnvel þótt slík háttsemi teljist ekki samningsbrot.

13. Að því er varðar síðara atriðið skal tekið fram að í íslenskum rétti er byggt á svonefndu tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar sem þýðir að þjóðréttarsamningar sem íslenska ríkið gerir binda aðeins það sjálft en ekki einstakar stofnanir þess eða einkaaðila nema annað og meira komi til, þ.e. innlend löggjöf. Með orðasambandinu *bein réttaráhrif* er í hefðbundnum þjóðarétti í aðalatriðum átt við að texti þjóðréttarsamnings sé svo skýr og óskilyrtur að honum verði beitt á sama hátt og lögum í landinu án þess að innlendrar lagasetningar sé þörf. Er venjulega við það miðað að einstaklingar og lögaðilar geti byggt á slíkum ákvæðum til stuðnings rétti sínum annað hvort gagnvart stjórnvöldum eða við dómstóla í viðkomandi aðildarríkjum. Orðasambandið bein réttaráhrif á sérstaklega við í Evrópurétti þar sem mikið ber á gerðum og öðrum ráðstöfunum sem einmitt er ætlað að hafa bein réttaráhrif gagnvart einkaaðilum án nokkrar milligöngu af hálfu aðildarríkjanna. Evrópurétturinn hefur að þessu leyti verið í örri þróun sem dómstóll EB hefur stuðlað að með dómafordæmum sínum. Ljóst er að eftir að Schengengerðir hafa verið yfirfærðar í bandalagsrétt að stórum hluta verður það túlkun og framþróun Evrópuréttarins sem mun hér skipta máli í framtíðinni.

14. Samkvæmt íslensku stjórnarskránni, sbr. 2. gr., eru það löggjafinn, framkvæmdavaldið og dómsvaldið sem fara fyrst og fremst með þær valdheimildir sem Schengenreglurnar taka til. Því verður að kanna í hvaða mæli þessar valdheimildir kynnu að yfirfærast til alþjóðlegara stofnana við fullgildingu Brusselsamningsins. Hafa verður jafnframt í huga að umrædd regla stjórnarskrárinnar er meginregla sem undantekningar eru frá auk þess sem ekki er alltaf skýrt hvað felst í orðasambandinu bein réttaráhrif.

6. Brusselsamningurinn og stjórnarskráin

Dómsvaldið

15. Í dómsvaldi felst vald til að skera úr réttarágreiningi milli einstaklinga og/eða lögaðila innbyrðis eða gagnvart ríkisvaldinu. Íslenskir dómstólar eiga dómsvald um réttarágreining einstaklinga, lögaðila og stjórnvalda samkvæmt 2. mgr. 60. gr. stjórnarskrárinnar og þeir skera úr öllum réttarágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Ljóst er að íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar eiga rétt á vernd innlendra dómstóla þegar frelsi þeirra og öryggi er í húfi en Schengenreglur taka einmitt til slíkra atriða.

Framsal dómsvalds getur einkum falist í þrennu:

— að gert sé ráð fyrir að unnt sé að skjóta innlendum dómsúrlausnum eða ákvörðunum stjórnvalda til alþjóðlegra dómstóla til endurskoðunar þannig að bindandi sé,

— að íslenskum úrlausnaraðilum sé gert skylt að bera ákveðin lagaatriði undir alþjóðlega dómstóla og vera bundnir við niðurstöður þeirra um þau atriði.
— að erlendum dómum sé veitt aðfararhæfi hér á landi.

Þótt við það sé miðað að íslenskir einstaklingar og lögaðilar eigi rétt á að innlendir dómstólar (eða aðrir úrlausnaraðilar) fjalli um mál þeirra og að íslenska ríkið lúti fyrst og fremst úrlausnarvaldi þeirra hefur verið talið heimilt að víkja frá þessu að vissu marki án þess að það væri talið fara í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, sbr. kafli 9.0 í eldri álitsgerð okkar. Enn fremur má slá því föstu að það er ekki andstætt ákvæðum íslenskrar stjórarskrár þótt Ísland viðurkenni í þjóðréttarsamningi að alþjóðlegur dómstóll kveði upp dóma sem túlka nánar þær þjóðréttarlegu skyldur sem leiða af viðkomandi þjóðréttarsamningi. Þetta gildir jafnt þótt slíkar niðurstöður geti haft mikla þýðingu fyrir túlkun íslensks réttar af hálfu íslenskra dómstóla og stjórnvalda. Dæmi um þetta er Mannrétindasáttmáli Evrópu, en dómar Mannréttindadómstóls Evrópu hafa haft mikil áhrif á þróun íslensks réttar. Sambærilegt dæmi má einnig finna í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

16. Um dómsvald dómstóls EB um Schengenreglur er fjallað í 3. hluta IV. þáttar Rs. sem fjallar um vegabréfsáritanir, hæli og önnur stefnumið varðandi frjálsa för fólks og í VI. þætti samningsins um Evrópusambandið sem fjallar um ákvæði um lögreglusamvinnu og lagalega samvinnu í refsimálum. Hér skulu nefnd nokkur atriði:

Í 68. gr. (áður 73. gr. p) Rs. er kveðið á um dómsvald dómstóls EB í þeim málaflokkum sem falla undir bandalagsréttinn. Reglurnar sem þarna koma fram eru þær að 234. gr. (áður 177. gr.) Rs. um forúrskurði fær gildi um þessi málefni með mjög líkum hætti og endranær. Þó kemur fram sú mikilvæga undantekning að dómstóllinn hefur ekkert dómsvald þegar um er að ræða ráðstafanir eða ákvarðanir, sem teknar hafa verið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 62. gr. (áður 73. gr. j) Rs. til þess að tryggja að ekki sé haft eftirlit með fólki þegar það ferðast um innri landamæri ef ráðstafanirnar eða ákvarðanirnar varða lög og allsherjarreglu eða vernd innra öryggis. Skal í því sambandi minnt á ákvæði 64. gr. (áður 73. gr. l) Rs. Þar er um það fjallað að þáttur IV um vegabréfsáritanir, hæli, innflutning og önnur stefnumið sem varða frjálsa för fólks, hafi ekki áhrif á heimildir aðildarríkjanna til að halda uppi lögum og allsherjarreglu.

Þá gerir 3. mgr. 68. gr. (áður 73. gr. p) Rs. ráð fyrir því að ráðið, framkvæmdastjórnin eða aðildarríki geti óskað eftir því við dómstól EB að hann kveði á um túlkun einstakra ákvæða umræddsamningshluta eða gerða sem settar eru á grundvelli hans. Ákvæðið leyfir ekki að óskað sé eftir að kveðið sé á um gildi ákvarðana. Það gerir ráð fyrir því að úrlausnir dómstólsins á grundvelli ákvæðisins séu bindandi í felstum tilvikum.

Þar sem farin hefur verið sú leið í bandalagsréttinum að skilgreina hvert sé dómsvald dómstóls EB varðandi þann samningshluta sem hér er til umræðu verður væntanlega að líta svo á að um tæmandi talningu sé að ræða. Dómstóllinn hefur því ekki dómsvald varðandi þennan málaflokk á grundvelli 230. gr. (áður 173. gr.) Rs. svo dæmi sé tekið.

Á svipaðan hátt er fjallað um dómsvald dómstóls EB í 35. gr. (áður grein K.7) samningsins um ESB að því er varðar þau málefni sem falla undir þriðju stoðina. Ekki er ástæða til að rekja þessar reglur nánar hér en bent skal á að dómsvald dómstóls EB í þessum málaflokki er að nokkru takmarkað.

17. Brusselsamningurinn gerir ekki ráð fyrir neinum dómstóli sem sker úr deilumálum sem rísa kunna milli samningsaðila við túlkun eða framkvæmd Schengenreglnanna. Í fyrri álitsgerð okkar var m.a. byggt á þeirri forsendu að slíkt dómsvald yrði falið EFTA dómstólnum eða sambærilegum dómstól. Var það talið samrýmast stjórnarskránni, sbr. bls. 39–40 í eldri álitsgerð okkar. Í aðalatriðum mun dómstóll EB (og framkvæmdastjórnin) túlka og beita

Schengenreglunum eins og hverjum öðrum bandalags- eða sambandsrétti, en íslenskir dómstólar (og stjórnvöld) eru á sama hátt valdbærir til að leysa úr ágreiningi um Schengenreglur hér á landi eftir því sem efni þeirra gefur tilefni til og segja til um stöðu þeirra að landsrétti. Eins og áður greinir má gera ráð fyrir því að túlkunaráhrif dómstóls EB um Schengenreglur muni verða talsverð og ekki fer á milli mála að 9. og 10. gr. Schengensamningsins gera óbeint ráð fyrir slíkum áhrifum. Í þessu felst þó ekkert valdframsal enda eru íslenskir dómstólar ekki formlega bundir við niðurstöður dómstóls EB (eða framkvæmdastjórnarinnar) samkvæmt Brusselsamningnum.

18. Með vísan til þess sem að framan greinir og til þess sem segir um dómsvaldið í kafla 11.4 í álitsgerð okkar frá 3. desember 1997 er það ótvírætt álit okkar að í Brusselsamningnum felist ekki framsal dómsvalds sem fari í bága við íslensku stjórnarskrána.

Framkvæmdarvald

19. Í álitsgerð þessari er gengið út frá því að í framkvæmdavaldi felist vald til að taka bindandi ákvarðanir sem beinast að einstaklingum eða lögaðilum og enn fremur vald til að setja almenn stjórnsýslufyrirmæli á grundvelli almennra laga. Framsal framkvæmdarvalds getur falist í því að alþjóðlegum stofnunum sé falið vald til að taka ákvarðanir sem eru gildar og binda hendur íslenskra aðila að íslenskum lögum eða eftir atvikum til að setja reglur sem hafa stöðu almennra stjórnsýslufyrirmæla. Í kafla 11.3. í álitsgerð okkar frá 3. desember 1997 eru rakin þau atriði sem helst gætu haft í för með sér framsal á framkvæmdarvaldi. Meginniðurstaða okkar var svohljóðandi:

> Miðað við fyrri fordæmi, eðli ákvarðananna og umfang þeirra er það skoðun okkar að ekki sé um að ræða framsal framkvæmdarvalds í þeim mæli að það fari í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Í samningi þeim sem nú liggur fyrir eru engin ný ákvæði sem túlka má sem framsal framkvæmdarvalds frá því sem var í fyrri samningsforsendum. Er m.a. bent á að ekki er gert ráð fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA hafi hlutverki að gegna varðandi eftirlit með því að Ísland og Noregur fullnægi skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum. Eftirlit þetta er þar með, að því er Ísland varðar í höndum íslenskra stjórnvalda. Við vísum því til tilvitnaðra orða og annarra ummæla sem fram koma í kafla 11.3. í fyrrgreindri álitsgerð.

Löggjafarvald

20. Ísland og Noregur taka þátt í starfi Evrópubandalagsins og Evrópusambandsins á þeim sviðum sem viðaukar A og B við Schengensamninginn ná yfir eins og þeir eru á hverjum tíma, sbr. 1. gr. Schengensamningsins. Í viðaukum A og B með Schengensamningnum eru taldir upp þeir samningar og gerðir sem hann tekur til. Af viðaukum þessum er ljóst að þeir taka til Schengensamkomulagsins frá 1985 og Schengensamningsins frá 1990 um framkvæmd Schengensamkomulagsins. Þeir taka einnig til aðildarsamninga og bókana í tengslum við þá og enn fremur til afleiddra Schengengerða. Í síðastnefnda tilvikinu er um að ræða ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar sem nánar eru taldar upp í viðauka A. Þar er m.a. um að ræða ákvörðun um útgáfu samræmdra vegabréfsáritana á landamærum, ákvörðun um sameiginlega stefnu í málum er varða vegabréfsáritanir, ákvörðun um Schengenupplýsingakerfið og margar fleiri. Loks er í viðauka B að finna eftirtaldar gerðir:

— Reglugerð nr. 574/1999 þar sem tiltekin eru þau þriðju lönd sem sú regla gildir um, að ríkisborgarar þeirra verða að hafa vegabréfsáritanir undir höndum þegar þeir fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna.

— Reglugerð nr. 1683/95 þar sem mælt er fyrir um sameiginlegt eyðublað um vegabréfsáritanir og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. febrúar 1996 þar sem mælt er fyrir um frekari tækniforskriftir fyrir samræmt eyðublað um vegabréfsáritanir.
— Tilskipun ráðsins nr. 91/477 um eftirlit með skotvopnakaupum og skotvopnaeign ásamt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 93/216 með síðari breytingum.

21. Eftirtalin Schengenmálefni falla nú undir 3. hluta IV. þáttar Rómarsamningsins:
— afnám eftirlits á innri landamærum,
— eftirlit á ytri landamærum,
— vegabréfsáritanir,
— frjáls för borgara þriðju ríkja,
— ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli og
— innflytjendamál

Geta má þess að þeir málaflokkar sem falla undir 3. hluta IV. þáttar eru fleiri, t.d. réttarsamvinna á sviði einkamála svo og samvinna á sviði stjórnsýslu. Enn fremur má hér nefna málefni flóttamanna. Þessi málefni tengjast Schengensamstarfinu en þau eru þó talin falla utan eiginlegra Schengenreglna.

Þá er þess að geta að samkvæmt 69. gr. (áður 73. gr. q) Rs. má aðeins beita fyrrgreindum reglum að því er varðar Stóra-Bretland, Írland og Danmörku í samræmi við sérstakar bókanir sem fylgja Amsterdamsamningnum. Tvö fyrrnefndu ríkin hafa auk þess fengið sérstakar bókanir varðandi viss atriði í 14. gr. (áður 7. gr. a) Rs. Fyrrgreindar reglur eiga því aðeins við hin 12 ríki ESB enn sem komið er.

Í 61. gr. (áður 73. gr. i) Rs. er gert ráð fyrir því að til þess að koma smám saman á svæði þar sem ríkir frelsi, öryggi og réttlæti skuli ráðið:

(a) gera ráðstafanir, innan fimm ára frá gildistöku samningsins, til þess að tryggja frjálsa för fólks í samræmi við ákvæði 14. gr. (áður 7. gr. a) Rs. og í því sambandi einnig í tengslum við ráðstafanir samkvæmt fleiri greinum, einkum 62.–63. gr. (áður 73. gr. j og k) Rs., sem lúta að eftirliti á ytri landamærum, veitingu hælis og veitingu innflytjendaleyfa.
(b) gera aðrar ráðstafanir að því er varðar hæli, flóttamenn, innflytjendur og til að tryggja réttindi borgara þriðju ríkja samkvæmt 63. gr. (áður 73. gr. k) Rs.
(c) gera ráðstafanir á sviði réttaraðstoðar í einkamálum í samræmi við 65. gr. (áður 73. gr. m) Rs.
(d) gera viðeigandi ráðstafanir til að hvetja til og styrkja samvinnu á stjórnsýslusviðinu samkvæmt 66. gr. (áður 73. gr. n) Rs.
(e) gera ráðstafanir á sviði lögreglumála og réttaraðstoðar í opinberum málum sem miða að miklu öryggi með því að koma í veg fyrir og berjast gegn glæpum innan Sambandsins samkvæmt ákvæðunum í samningnum um Evrópusambandið.

Í 62. gr. (áður 73. gr. j) Rs. er fjallað nánar um ráðstafanir vegna afnáms eftirlits á innri landamærum, eftirlit á ytri landamærum og vegabréfsáritanir.

Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að ráðið hafi innan 5 ára frá því að Amsterdamsamningurinn gekk í gildi og í samræmi við málsmeðferðarreglurnar í 67. gr. (áður 73. gr. o) Rs. gert ráðstafanir í samræmi við ákvæði 14. gr. (áður 7. gr. a) Rs. til þess að tryggja að ekki sé haft eftirlit með fólki þegar það ferðast um innri landamæri. Gildir þetta bæði fyrir borgara sambandsins sem og borgara þriðju ríkja er þeir fara yfir landamæri aðildarríkjanna.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að ráðið geri ráðstafanir að því er varðar för um ytri landamæri. Þar er um það að ræða að setja viðmiðunarreglur og málsmeðferðarreglur sem aðildarríkin eigi að fylgja við framkvæmd eftirlits á ytri landamærum. Enn fremur að setja

reglur um vegabréfsáritanir fyrir dvöl sem er ætluð til þriggja mánaða eða skemmri tíma. Í því efni er ma. gert ráð fyrir því að settur verði upp sameiginlegur listi yfir þau ríki sem krafist er vegabréfsáritunar frá, um málsmeðferðarreglur og skilyrði fyrir útgáfu vegabréfsáritana og um samræmt form og efni slíkra áritana.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að kveðið verði á um skilyrðin fyrir því að ríkisborgarar þriðju ríkja megi ferðast um í aðildarríkjunum í þrjá mánuði eða skemmri tíma.

Samkvæmt 63. gr. (áður 73. gr. k) er gert ráð fyrir því að ráðið taki ákvörðun samkvæmt málsmeðferðarreglunum í 67. gr. (áður 73. gr. o) innan 5 ára í flestum tilvikum um ráðstafanir varðandi hæli, flóttamenn og innflytjendur og til að tryggja réttindi borgara þriðju ríkja.

Loks ber að nefna að undir þriðju stoð Evrópusambandsins fellur upplýsingakerfi (að hluta til), lögreglusamvinna á tilteknum sviðum og aðstoð í sakamálum.

22. Eins og áður er greint frá er ekki fullkomlega ljóst hvaða reglur verða Schengenreglur eftir að þær hafa verið yfirfærðar í sambandsréttinn. Hins vegar er ljóst til hvaða reglna Brusselsamningurinn tekur nú þar sem þær eru skilgreindar í viðaukum A og B með þeim samningi sem fyrr segir.

Í Brusselsamningnum segir berum orðum í 2. gr. að Ísland skuli koma í framkvæmd og beita ákvæðum Schengengerðanna sem taldar eru upp í viðauka A á sama hátt og þær eiga við um aðildarríki Evrópusambandsins. Sama gildir um þau ákvæði gerða sem talin eru upp í viðauka B að því marki sem ákvæðin hafa komið í staðinn fyrir samsvarandi ákvæði samnings sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990 um framkvæmd samkomulagsins um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum eða ákvæði sem samþykkt eru samkvæmt honum. Loks skal Ísland samþykkja, koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum ESB sem breyta eða bætast við þau ákvæði sem um getur í viðaukum A og B.

Ljóst er að eftir að Schengengerðir hafi verið færðar yfir í fyrstu stoðina öðlast Schengenréttur lagaáhrif og bein réttaráhrif innan aðildarríkja ESB með svipuðum hætti og bandalagsréttur. Þetta gildir í minna mæli um þær reglur sem falla undir þriðju stoðina. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvaða hlutar Schengengerða fela í sér reglur sem hafi slík áhrif. Sumar af þeim eru þó þess eðlis að þær snúa beint að borgurunum og geta skapað réttindi fyrir þá eða lagt á þá skyldur. Því verður að reikna með að samningurinn feli það í sér að Ísland verði að lögfesta Schengengerðir í samsvarandi mæli og þeim er ætlað að hafa lagaáhrif eða bein réttaráhrif ef markmið þeirra eiga að nást. Brusselsamningurinn felur þannig í sér að skylt er að lögfesta í innanlandslögum Íslands og Noregs núgildandi Schengengerðir svo og þær framtíðargerðir í sama eða svipuðum mæli og þær öðlast lagagildi í aðildarríkjum sambandsins. Að öðru leyti er vísað í kafla 11.2.2 í álitsgerð okkar frá 3. desember 1997 um frekari reifun.

23. Samkvæmt 3. gr. Brusselsamningsins er komið á fót samsettri nefnd sem skipuð er fulltrúum ríkisstjórna Íslands og Noregs og þeim sem eiga sæti í ráðinu og framkvæmdastjórninni. Samsetta nefndin skal fjalla um öll málefni sem falla undir efnissvið samningsins og tryggja að hvert það atriði sem Ísland og Noregur láta sig varða fái tilhlýðilega umfjöllun. Fulltrúar Íslands og Noregs eiga þess m.a. kost að skýra frá sjónarmiðum sínum í sérhverju álitamáli er viðvíkur þróun eða framkvæmd ákvæða sem þá varða og þeir hafa enn fremur rétt til að setja fram hugmyndir í samsettu nefndinni varðandi málefni sem falla undir gildissvið samningsins. Framkvæmdastjórnin eða aðildarríki getur síðan nýtt sér þessar hugmyndir í þeim tilgangi að leggja fram tillögu eða eiga frumkvæði að samþykkt gerðar eða ráðstöfunar innan EB eða ESB. Jafnframt er áskilið í 5. gr. samningsins að tilkynna skuli samsettu nefndinni um allar gerðir eða ráðstafanir sem eru í undirbúningi í ráðinu. Loks segir í 6. gr. að við gerð nýrrar löggjafar sem fellur undir gildissvið samningsins skuli fram-

kvæmdastjórnin leita ráða með óformlegum hætti hjá sérfræðingum Íslands og Noregs á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkjanna. Ljóst er af samningi í formi bréfaskipta milli samningsaðila frá 18. maí 1999, að bandalagið mun taka fullt tillit til óska Íslands og Noregs um að taka fullan þátt í starfi nefndanna sem aðstoða framkvæmdastjórnina við að beita framkvæmdavaldi sínu á grundvelli þátttöku þeirra í ákvarðanatöku á sviðum sem falla undir samninginn og til að stuðla að góðri framkvæmd hans. Er Íslandi og Noregi í stuttu máli tryggð þátttaka í starfi þessara nefnda. Stofnanir aðila Schengensamstarfsins voru áður ráðherranefndin og sameiginlega eftirlitsstofnunin. Í fyrri samningsforsendum var gert ráð fyrir því að Ísland og Noregur myndu taka þátt í öllum fundarhöldum ráðherranefndarinnar og allra annarra vinnuhópa sem settir voru á stofn til að undirbúa ákvarðanir. Gert var ráð fyrir því að Ísland og Noregur gætu lýst skoðunum sínum, gert athugasemdir og lagt fram tillögur en tækju hins vegar ekki þátt í atkvæðagreiðslu.

Þær breytingar sem fyrirliggjandi samningur felur í sér frá því fyrirkomulagi sem gert var ráð fyrir í fyrri samningsforsendum felast einkum í því að Ísland og Noregur geta nú ekki sett fram formlegar tillögur til nýrra gerða eða ráðstafana og að framkvæmdastjórnin þarf aðeins að leita ráða með „óformlegum hætti“ hjá sérfræðingum þessar landa. Við fyrstu sýn má því ætla að áhrif Íslands og Noregs á ákvarðanatöku samkvæmt Schengensamningnum séu minni en samkvæmt fyrri samningsforsendum. Samþykkt nýrra gerða eða ráðstafana er hins vegar alfarið í höndum stofnana ESB svo sem skýrt kemur fram í 1. mgr. 8. gr. samningsins.

24. Ráðið skal tilkynna Íslandi og Noregi um samþykkt þeirra gerða eða ráðstafana sem falla undir efnissvið samningsins. Ríkin skulu síðan hvort í sínu lagi ákveða hvort þau samþykki efni þeirra og taki þær upp í landsrétt sinn, sbr. (a) lið 2. mgr. 8. gr. en efni slíkrar gerðar eða ráðstöfunar getur þó ekki orðið bindandi fyrir Ísland fyrr en stjórnskipulegum skilyrðum hefur verið fullnægt. Ef Ísland samþykkir ekki efni tiltekinnar gerðar eða ráðstöfunar eða tilkynnir ekki í tíma að það hafi samþykkt tiltekna gerð eða ráðstöfun eða ef tilkynning berst ekki innan settra tímamarka um að öllum stjórnskipulegum skilyrðum hafi verið fullnægt, verður afleiðingin sú að samningnum telst slitið, að því er varðar Ísland nema því aðeins að samsetta nefndin, að lokinni könnun að leiðum til að halda samningnum áfram, ákveði annað innan níutíu daga. Slit samningsins öðlast gildi þremur mánuðum eftir að nítuíu daga tímabilinu lýkur. Með þessum reglum hefur orðið sú breyting á frá fyrri samningsforsendum að neitun Íslands á að samþykkja ákvörðun jafngildir nú ekki lengur uppsögn heldur er gert ráð fyrir ákveðinni málsmeðferð og tímafresti sem nota á til að freista þess að ná samkomulagi um ágreiningsefnið. Náist ekki samstaða um að halda samningnum áfram fellur hann úr gildi með þeim hætti sem fyrr sagði.

25. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því hvernig Schengenreglunum er skipað undir bandalagsrétt og sambandsrétt og hvernig ákvarðanatöku er háttað innan ESB. Þá hefur einnig verið gerð grein fyrir því hvernig ákvarðanatöku er háttað milli samningsaðila samkvæmt fyrirliggjandi samningi, hver áhrif Ísland (og Noregur) geti haft á það samningsferli og hverjar séu afleiðingar þess að Ísland samþykkir ekki tiltekna gerð eða ráðstöfun. Loks liggur fyrir að samkvæmt 2. gr. samningsins ber Íslandi og Noregi enn fremur að samþykkja að koma í framkvæmd og beita gerðum og ráðstöfunum ESB sem breyta eða bætast við þau ákvæði sem getið er í viðaukum A og B með Brusselsamningnum. Ljóst er einnig að Ísland og Noregur eru undir talsverðum þrýstingi til að samþykkja tiltekna framtíðargerð eða ráðstöfun því að ætla má að þessi ríki geti staðið frammi fyrir því að mun viðurhlutameira sé að ganga út úr samstarfinu heldur en að samþykkja tiltekna gerð. Meginatriðið er þó að okkar mati það að ákvæði samningsins gera í engu tilviki ráð fyrir því að ákvarðanir stofnana

ESB öðlist sjálfkrafa gildi hér á landi eða komi til framkvæmda án milligöngu innlendra stjórnvalda eða löggjafarvaldsins.

26. Þegar öll fyrrgreind atriði eru höfð í huga er niðurstaða okkar sú að Brusselsamningurinn feli ekki í sér veruleg frávik frá fyrri samningsforsendum. Eftir stendur að sá samningur sem hér um ræðir er þjóðréttarsamningur og að hann eða hlutar hans verða ekki íslensk lög nema samþykki Alþingis komi til eða eftir atvikum atbeini innlendra stjórnvalda á grundvelli heimilda í almennum lögum. Það sama á við um framtíðargerðir. Engar skyldur samkvæmt samningnum verða heldur lagðar á íslenska ríkisborgara eða lögaðila hvorki í formi lagareglna né annarra ráðstafana nema til komi atbeini íslenskra yfirvalda. Því vísum við til fyrri álitsgerðar okkar frá 3. desember 1997, kafla 11.2. og teljum, m.a. af þeim ástæðum sem þar getur, að fyrirliggjandi Brusselsamningur feli ekki sér framsal löggjafarvalds sem fari gegn ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar.

7. Uppsagnarákvæði samningsins

27. Að lokum má varpa fram því álitamáli hvort samningurinn feli í raun í sér brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar vegna uppsagnarákvæða hans. Álitaefnið er hvort löggjafarvald, framkvæmdavald eða dómsvald sé í raun hjá viðeigandi íslenskum stjórnvöldum þegar ákvæði samningsins eru slík að hann fellur auðveldlega úr gildi ef löggjafarvaldið, framkvæmdavaldið eða dómsvaldið tekur ekki upp þær gerðir eða fer ekki eftir þeim ákvörðunum á gildissviði samningsins sem stofnanir ESB ákveða.

28. Í fyrri kafla hefur verið getið um afleiðingar þess ef Ísland eða Noregur samþykkir ekki tiltekna gerð eða ráðstöfun og það telst að auki samningsbrot að veita ekki þessum gerðum eða ráðstöfunum sambærilegt gildi og þær hafa innan ESB. Við gerð Brusselsamningsins hefur bæst við sú þörf sem augljóslega er fyrir hendi að ná fram samræmdri túlkun og beitingu á reglum samningsins á öllu yfirráðasvæði samningsaðila. Þess er freistað að ná þessu markmiði án þess að fela eftirlits- eða dómsvald alþjóðlegum stofnunum sem Ísland og Noregur eiga aðild að. Í 9. gr. samningsins segir að samsetta nefndin skuli fylgjast stöðugt með dómaframkvæmd dómstóls EB og þar til bærra dómstóla Íslands og Noregs á gildissviði samningsins. Hafi nefndin ekki getað tryggt samræmda beitingu og túlkun þessara aðila innan tveggja mánaða (og samsvarandi gildir ef ekki tekst að koma í veg fyrir verulegan mun á beitingu stjórnvalda viðkomandi aðildarríkja annars vegar og Íslands eða Noregs hins vegar) eða rísi ágreiningur um beitingu samningsins hefur samsetta nefndin 90 daga til að leysa hann. Finnist lausn ekki á þessum tíma skal bætt við 30 dögum til að finna endanlega lausn. Fáist engin endanleg lausn telst samningnum slitið að því er Ísland eða Noreg varðar, eftir því hvort ríkið ágreiningurinn varðar. Samningsslitin öðlast gildi sex mánuðum eftir að þrjátíu daga fresturinn rann út, sbr. nánar 11. gr. samningsins.

29. Miðað við fyrri samningsforsendur hefur það breyst að fleiri atriði geta nú valdið því að samningurinn falli úr gildi. Samningurinn fellur ekki einungis úr gildi ef Ísland eða Noregur samþykkja ekki gerðir eða ráðstafanir ESB á sviði Schengenreglna heldur einnig ef túlkun eða beiting dómstóla eða stjórnvalda þessara ríkja á reglunum er ekki í samræmi við túlkun eða beitingu innan ESB. Þar við bætist að ágreiningur samningsaðila um beitingu samningsins getur leitt til sömu niðurstöðu. Á sama tíma er ljóst af ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og einnig í ljósi lagareglna um starfsemi stofnana ESB að það er túlkun og beiting stofnana ESB sem ber í aðalatriðum að leggja til grundvallar. Ísland (og eftir atvikum Noregur) verða því að grípa inn í og leiðrétta misræmi, t.d. með innlendri lagasetningu. Jafnframt má hafa í huga að slit samstarfs þessa er mun þungbærara fyrir Ísland og Noreg heldur en Evrópusambandið í ljósi þess að aðildarríki þess munu halda áfram Schengensamstarfinu innan

ramma ESB. Af þessu leiðir að talsvert skortir á að jafnræði ríki með samningsaðilum Brusselsamningsins að því er þessi ákvæði varðar.

30. Við teljum þó að þetta leiði ekki til þess að samningurinn teljist ósamrýmanlegur stjórnarskránni. Þess er fyrst að gæta, til viðbótar þeim sjónarmiðum sem nefnd eru í kafla 11.4 í álitsgerð okkar frá 3. desember 1997, að í samningnum felst ekki að íslenskir dómstólar muni fá fyrirmæli um að breyta úrlausnum sem þeir hafa komist að eða bindandi fyrirmæli um að dæma með tilteknum hætti. Á hinn bóginn getur vel verið að íslenski löggjafinn þurfi að bregðast við ef ósamræmi er komið upp og breyta lögum til tryggja einsleitni í framtíðinni.

31. Að því er varðar framsal löggjafarvalds skal einnig tekið fram, til viðbótar og áréttingar þeim sjónarmiðum sem fram koma í kafla 11.2, einkum 11.2.4 í álitsgerð okkar frá 3. desember 1997, að Schengenreglur framtíðarinnar munu að einhverjum hluta fara fram innan þriðju stoðar sem þýðir að þær eru ekki bindandi með sama afgerandi hætti og ef ákvarðanir um þær væru teknar innan bandalagsréttarins. Enn fremur skal þess getið að enda þótt reglur Schengensamstarfsins séu miklar að vöxtum fjalla þær þó um afmarkað svið og er byggt á því hér að framtíðargerðir feli aðeins í sér nánari útfærslu á þeim reglum í formi innlendra reglugerða eða samsvarandi fyrirmæla.

32. Niðurstaða okkar er því sú að áhrif þess að Ísland samþykkir ekki nýjar gerðir, fylgir ekki fyrirmælum um að veita framtíðargerðum bein réttarárhif, lagar ekki ósamræmi sem upp er komið varðandi túlkun eða beitingu laga, eða fellst ekki á að leysa ágreining sem upp er kominn með tilteknum hætti sem upp er kominn, séu ekki slík að unnt sé að meta þau sem brot á 2. gr. stjórnarskrárinnar.

8. Lokaorð

33. Við ítrekum að öðru leyti þau meginatriði sem fram koma í kafla 12 í álitsgerð okkar frá 3. desember 1997.

Reykjavík 31. ágúst 1999

Sign.	Sign.	Sign.
Davíð Þ. Björgvinsson	*Stefán M. Stefánsson*	*Viðar M. Matthíasson*

241. Frumvarp til útvarpslaga. [207. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a. Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er átt við hvers konar útsendingu dagskrárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum, hvort heldur er í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust, hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.

b. Útvarpsstöð er sá aðili, einstaklingur eða lögaðili, sem leyfi hefur til útvarps, annast og ber ábyrgð á samsetningu útvarpsdagskrár í skilningi a- og c-liða, sendir hana út eða lætur annan aðila annast útsendingu hennar.
c. Útvarpsdagskrá er heildarsamsetning dagskrárliða í útvarpi.
d. Auglýsing er hvers konar tilkynning sem útvarpað er gegn endurgjaldi eða í eigin þágu útvarpsstöðvar og felur í sér kynningu á vöru eða þjónustu.
e. Dulin auglýsing er sýning eða önnur kynning í máli eða myndum á vöru, þjónustu, vörumerki eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu í útvarpsdagskrám utan afmarkaðra auglýsingatíma sé slík sýning til þess ætluð af hálfu útvarpsstöðvar að þjóna auglýsingamarkmiðum og villa um fyrir notendum.
f. Kostun er hvers konar fémætt framlag lögaðila eða einstaklinga til framleiðslu eða útsendingar dagskrárliða í útvarpi, með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum.
g. Fjarsala er beint tilboð sem sjónvarpað er til almennings með það í huga að bjóða fram vöru og þjónustu gegn greiðslu. Fjarsala tekur hér einnig til fasteigna, réttinda og skyldna.
h. Læst útsending er hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending ætluð almenningi þar sem hljóð- eða myndmerkjum hefur verið breytt í því skyni að veita einungis þeim aðgang að útsendingunni sem greitt hafa fyrir hana (áskrifendum).
i. Myndlykill er búnaður sem einum sér eða með öðrum búnaði er ætlað að veita aðgang að innihaldi læstrar útsendingar.

II. KAFLI
Lögsaga.

2. gr.
Lögsaga yfir sjónvarpsstöðvum.

1. Lögin gilda um útsendingar á sjónvarpsdagskrám ef sendingu verður náð á Íslandi og/eða í einhverjum öðrum þeim ríkjum sem bundin eru af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið („EES-ríkjum"), sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum, og sú sjónvarpsstöð sem í hlut á

a. hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt skilgreiningu 3. mgr.,
b. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki en notar senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi,
c. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki, notar ekki senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi eða í öðru EES-ríki en notar gervitunglaflutningsgetu sem tilheyrir íslenskum aðila,
d. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki, notar ekki senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi eða í öðru EES-ríki, notar ekki gervitunglaflutningsgetu sem heyrir undir Ísland eða aðila í öðru EES-ríki en notar gervitunglajarðstöð sem staðsett er hér á landi,
e. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki, notar ekki senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi eða í öðru EES-ríki, notar ekki gervitunglaflutningsgetu sem tilheyrir íslenskum aðila eða aðila í öðru EES-ríki, notar ekki gervitunglajarðstöð sem staðsett er hér á landi eða í öðru EES-ríki en telst hafa staðfestu á Íslandi samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. sérstaklega 2. kafla III. hluta samningsins um staðfesturétt.

2. Enn fremur taka lögin til hvers þess aðila sem hefur öðlast staðfestu í öðru EES-ríki með það að markmiði að fara á svig við íslensk lög, enda beinist starfsemin aðallega að Íslendingum og íslenskum markaði.

3. Sjónvarpsstöð telst hafa staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum, sbr. a-lið 1. mgr., í eftirfarandi tilvikum:

a. Ef sjónvarpsstöðin hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi og ákvarðanir um dagskrárefni eru teknar hér á landi.
b. Ef sjónvarpsstöðin hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi, en ákvarðanir um dagskrárefni eru teknar í öðru EES-ríki, telst stöðin hafa staðfestu hér á landi ef verulegur hluti starfsliðs við sjónvarpsútsendingar starfar hér á landi. Þó að verulegur hluti starfsliðs við sjónvarpsútsendingar starfi einnig í öðru EES-ríki telst stöðin hafa staðfestu hér á landi ef aðalskrifstofa hennar er hér. Þó að verulegur hluti starfsliðs við sjónvarpsútsendingar starfi hvorki hér á landi né í öðru EES-ríki telst stöðin hafa staðfestu hér á landi ef hún hefur hafið útsendingar samkvæmt útvarpsleyfi sem veitt var með stoð í íslenskum lögum, enda hafi stöðin haldið stöðugum og virkum tengslum við íslenskt efnahagslíf.
c. Ef sjónvarpsstöð hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi en ákvarðanir um dagskrárefni eru teknar utan EES-ríkja, eða öfugt, telst stöðin hafa staðfestu hér á landi að því tilskildu að verulegur hluti starfsliðs við sjónvarpsútsendingar starfi hér á landi.

3. gr.

Lögsaga yfir hljóðvarpsstöðvum.

Lög þessi gilda um allar hljóðvarpssendingar aðila sem nota senditíðni sem íslensk stjórnvöld hafa úthlutað eða dreifikerfi sem staðsett er á Íslandi.

4. gr.

Útsendingar sem lögin ná ekki til.

Ákvæði þessara laga ná ekki til dreifingar útvarpsdagskrár eða útsendinga sem eingöngu eru ætlaðar þröngum hópi og takmarkast við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð, svo sem einstök íbúðarhús, sjúkrahús, gistihús, skóla og verksmiðjur.

5. gr.

Tímabundin stöðvun á endursendingum sjónvarps frá EES-ríkjum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og skyldu íslenska ríkisins til þess að tryggja frelsi til móttöku á sjónvarpsútsendingum frá öðrum EES-ríkjum getur útvarpsréttarnefnd stöðvað tímabundið sjónvarpsútsendingar frá öðrum EES-ríkjum að uppfylltum eftirgreindum skilyrðum:

a. útsendingin brýtur ljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæðum 14. gr. laga þessara eða telst að öðru leyti geta haft alvarleg skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, eða útsending telst geta kynt undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, trúarskoðana eða þjóðernis;
b. sjónvarpsstöðin, sem í hlut á, hefur að minnsta kosti tvívegis á síðastliðnum 12 mánuðum brotið gegn ákvæðum a-liðar;
c. útvarpsréttarnefnd hefur tilkynnt sjónvarpsstöðinni, og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, hefur verið tilkynnt skriflega um meint brot og þær ráðstafanir sem íslensk stjórnvöld hyggjast grípa til ef um verður að ræða endurtekningu á broti og

d. samráð við útsendingarríki og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, hefur ekki leitt til lausnar innan 15 daga frá tilkynningu skv. c-lið og framhald er á meintu broti.

III. KAFLI
Leyfi til útvarps.

6. gr.
Leyfi til útvarps.

1. Til útvarps, sem á uppruna sinn hér á landi, þarf leyfi útvarpsréttarnefndar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið.

2. Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

3. Útvarpsréttarnefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps. Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Nánari ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa skulu sett í reglugerð. Heimilt er að binda leyfi við afmörkuð svæði.

4. Leyfi til útvarps hér á landi er háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

a. Leyfishafi skal hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild erlends aðila utan EES-ríkis eða íslensks lögaðila, sem slíkur aðili á hlut í, til að reka útvarpsstöðvar fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

b. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva skal einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju.

c. Útvarpsstöðvar skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er.

d. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni skv. IX. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.

e. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hvert sé kallmerki hennar.

f. Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum útvarpsleyfishafa. Útvarpsréttarnefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum útvarpsstöðvar, ef þess er talin þörf, um hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafi verið brotin. Skal sérstakur trúnaðarmaður nefndarinnar annast öflun og könnun slíkra gagna í umboði nefndarinnar. Nefndarmenn, starfsmenn og trúnaðarmenn nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.

g. Hafi útvarpsstöð ekki hafið útvarp innan átta mánaða frá dagsetningu leyfis útvarpsréttarnefndar fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé útvarpsrekstri hætt og hann eigi hafinn á ný innan fjögurra mánaða telst útvarpsleyfi sjálfkrafa niður fallið.

h. Leyfi til útvarps verður ekki framselt, leigt eða flutt með nokkrum öðrum hætti til annars aðila. Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta, og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

5. Útvarpsréttarnefnd fylgist með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt og hefur að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpsútsendingum er lúta íslenskri lögsögu skv. 2. og 3. gr. laga þessara. Útvarpsréttarnefnd getur áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur sjónvarpsstöðva um útsendingu á evrópsku dagskrárefni skv. 7. gr. og um sýningu efnis sem framleitt er af sjálfstæðum framleiðendum, sbr. 10. gr. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með tæknilegum eiginleikum útsendinga.

6. Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar samkvæmt lögum þessum sæta ekki stjórnsýslukæru.

7. Kostnaður við starfsemi útvarpsréttarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

IV. KAFLI
Skyldur útvarpsstöðva.

7. gr.
Dagskrárframboð.

1. Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun, efla íslenska tungu og leggja rækt við sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Þó skal heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku.

2. Sjónvarpsstöðvar skulu kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma sjónvarpsstöðva að frádregnum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarsölu.

3. Í reglugerð skal það nánar skilgreint hvað telst vera evrópskt efni.

8. gr.
Tal og texti á íslensku.

1. Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli.

2. Ákvæði greinar þessarar eiga ekki við þegar um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva. Þau eiga ekki heldur við þegar útvarpsstöð hefur fengi leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku, sbr. 1. mgr. 7. gr.

9. gr.
Lýðræðislegar grundvallarreglur.

Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Þó skal útvarpsstöð, sem fengið hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað, vera óskylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar.

10. gr.

Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum.

1. Sjónvarpsstöðvar skulu, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. mgr. 7. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Sjónvarpsstöðvar skulu leggja áherslu á að svo stór hluti af verkum sjálfstæðra framleiðenda sem unnt er séu sýnd innan fimm ára frá því að gerð þeirra lauk.

2. Í reglugerð skal það nánar skilgreint hverjir teljast vera sjálfstæðir framleiðendur samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Andsvarsréttur.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að lögmætir hagsmunir þeirra, einkum orðspor og mannorð, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í útvarpsdagskrá, hafa rétt til andsvara í viðkomandi útvarpsstöð eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skulu send út innan hæfilegs tíma frá því að rök voru færð fyrir beiðninni og á þeim tíma og með þeim hætti sem hæfir þeirri útsendingu er beiðnin tekur til.

12. gr.

Kærur vegna 9. og 11. gr.

Telji einhverjir að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt skilyrði 9. og 11. gr. gagnvart þeim og þeim er synjað um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá á þann hátt sem þeir vilja við una geta þeir lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefni, og er sá úrskurður bindandi fyrir aðila.

13. gr.

Skyldur vegna almannaheilla.

Skylt er útvarpsstöð að láta lesa endurgjaldslaust tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.

14. gr.

Vernd barna gegn óheimilu efni.

1. Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út efni, þar á meðal auglýsingar, um tilefnislaust ofbeldi með trúverðugum blæ eða með klámfengnum myndum á þeim dagskrártíma og á þann hátt að öðru leyti að á því sé veruleg hætta að börn sjái viðkomandi efni.

2. Nánar skal mælt fyrir um það í reglugerð að sjónvarpsefni, sem ekki er talið við hæfi barna, sé einungis sýnt á nánar tilteknum dagskrártíma eða tryggt sé með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði, er útsendingin nær til, muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út ólæst skal fara á undan því munnleg viðvörun eða það vera auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsending stendur yfir.

V. KAFLI
Tekjustofnar útvarpsstöðva.

15. gr.

Tekjustofnar.

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með afnotagjaldi, auglýsingum, fjarsöluinnskotum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þeirra.

VI. KAFLI
Auglýsingar, fjarsala og kostun.

16. gr.

Almennar meginreglur.

1. Auglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni með myndskilti eða hljóðmerki. Hið sama gildir um fjarsöluinnskot.

2. Duldar auglýsingar eru bannaðar, sem og dulin fjarsöluinnskot.

3. Í auglýsingum og fjarsöluinnskotum skal ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

17. gr.

Tímar fyrir auglýsingar og fjarsöluinnskot.

1. Almennt skulu auglýsingar fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða. Hið sama skal gilda um fjarsöluinnskot.

2. Einstök auglýsinga- og fjarsöluinnskot skulu ekki leyfð nema í undantekningartilvikum.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vera heimilt að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatíma og fjarsöluinnskotum, enda leiði það ekki til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi eða skerði rétt rétthafa, svo sem hér segir:

a. Útsendingu dagskrárliða sem samsettir eru úr sjálfstæðum þáttum, íþróttadagskrár eða sambærilega dagskrárliði, sem svipaðir eru að uppbyggingu, er heimilt að rjúfa með auglýsingatíma og fjarsöluinnskotum á þann veg að auglýsingum og fjarsöluinnskotum sé aðeins skotið inn á milli þátta eða í hléum.

b. Útsendingu kvikmynda, þar á meðal kvikmynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp og eru lengri en 45 mínútur í dagskrá, má rjúfa einu sinni fyrir hvert 45 mínútna tímaskeið með auglýsingatíma eða fjarsöluinnskoti. Heimilt er að rjúfa útsendingu öðru sinni ef sýningartími er meira en 20 mínútum lengri en tvö eða fleiri full 45 mínútna tímaskeið.

c. Ef dagskrárliðir, aðrir en þeir sem fjallað er um í a-lið, eru rofnir með auglýsingum eða fjarsöluinnskotum skulu líða a.m.k. 20 mínútur milli auglýsingahléa í sama dagskrárlið.

4. Óheimilt er að skjóta auglýsingum eða fjarsöluinnskotum inn í útsendingu á guðsþjónustu eða trúarlegri dagskrá, fréttum eða fréttatengdum dagskrárliðum eða dagskrá fyrir börn. Þó er heimilt að rjúfa fréttatengda dagskrárliði ef þeir eru lengri en 30 mínútur.

18. gr.

Takmarkanir á auglýsingatíma í sjónvarpi.

Í sjónvarpsdagskrám skal hlutfall auglýsingatíma ekki fara yfir 15% daglegs útsendingartíma. Þó má auka þetta hlutfall í 20% ef með eru talin fjarsöluinnskot að undanskildum fjarsöluþáttum í skilningi 19. gr. Hlutfall auglýsinga og fjarsöluinnskota innan tiltekins klukkutímaskeiðs má ekki fara yfir 20%. Hvað þessa grein varðar telst eftirfarandi ekki til auglýsinga:

a. Tilkynningar frá sjónvarpsstöð í tengslum við dagskrárefni hennar sjálfrar og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni.
b. Tilkynningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem birtar eru endurgjaldslaust.

19. gr.

Sérákvæði um fjarsöluþætti.

1. Um fjarsöluþætti í dagskrám sem ekki eru eingöngu helgaðar fjarsölu gilda eftirfarandi ákvæði:
a. Þeir skulu standa yfir í að minnsta kosti 15 mínútur órofið.
b. Slíkir þættir mega ekki vera fleiri en átta á degi hverjum. Heildarlengd þeirra má ekki vera meiri en þrjár klukkustundir á dag. Þeir skulu vera skýrt auðkenndir sem fjarsöluþættir með hljóðmerkjum og sjónrænt.

2. Öll ákvæði laga þessara gilda eftir því sem við á og að breyttu breytanda um sjónvarpsdagskrár sem eingöngu eru helgaðar fjarsölu. Auglýsingar eru leyfðar í slíkum dagskrám innan þeirra daglegu marka sem tiltekin eru í 18. gr., þó þannig að a- og b-liðir eiga ekki við.

3. Ákvæði 4.–8. gr. laga nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu, skulu gilda um fjarsölu samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

20. gr.

Vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum.

1. Útvarpsauglýsingar skulu þannig gerðar og fluttar að þær valdi ekki börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í útvarpsauglýsingum er óleyfilegt að:
a. hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgirni,
b. hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er,
c. notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks eða
d. sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um fjarsöluþætti. Í slíkum þáttum er óleyfilegt að hvetja börn til þess að gera samninga um kaup eða leigu á vöru eða þjónustu.

21. gr.

Kostun.

1. Heimilt er útvarpsstöð að afla kostunar við gerð einstakra dagskrárliða, svo framarlega sem kostandi hefur ekki áhrif á innihald eða efnistök við gerð kostaðs dagskrárliðar og raskar ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar.

2. Óheimilt er að kosta fréttaútsendingar og fréttatengt efni.

3. Nú er dagskrárliður kostaður og má þá efni hans ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega. Heimilt er að ákveða með reglugerð að sérstakar reglur skuli gilda um dagskrárliði sem kostaðir eru af góðgerðar- eða líknarfélögum.

4. Kostaðar útvarpsdagskrár skulu vera ljóslega auðkenndar sem slíkar með kynningu, nafni og/eða vörumerki kostanda í upphafi og/eða lok dagskrár.

5. Óheimilt er að aðrir aðilar en sá sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.

6. Útvarpsdagskrár mega ekki vera kostaðar af aðilum sem bannað er að auglýsa vöru sína eða þjónustu. Þó er framleiðendum og söluaðilum lyfja heimilt að kynna nafn eða ímynd fyrirtækis síns með kostun útvarpsdagskrár, án þess þó að um sé að ræða kynningu á einstökum lyfjategundum eða læknisfræðilegri meðferð.

VII. KAFLI
Aðgangur að almennum fjarskiptanetum.

22. gr.
Aðgangur að almennum fjarskiptanetum.

1. Nú óskar útvarpsstöð að fá aðgang að kapalkerfi eða öðru almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpssendinga, þar á meðal breiðbandi, og skal þá fara með málið svo sem fyrir er mælt í fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, hvort tveggja eftir því sem við á.

2. Ef þurfa þykir er heimilt í reglugerð að mæla fyrir um takmörkun á fjölda rása sem útvarpsstöðvar í eigu sömu eða tengdra aðila fá til afnota í framangreindum fjarskiptavirkjum.

VIII. KAFLI
Takmörkun á einkaréttindum.

23. gr.
Aðgangur almennings að þýðingarmiklum viðburðum.

1. Heimilt er að ákveða í reglugerð að einkaréttindi sjónvarpsstöðva til sjónvarps frá innlendum og erlendum viðburðum, sem taldir eru hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu, sé einungis heimilt að nýta á þann hátt að meginhluti þjóðarinnar eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum í beinum eða seinkuðum útsendingum án sérstaks endurgjalds. Í reglugerðinni skal vera tæmandi og nákvæm skrá um þá viðburði sem ákvörðun er ætlað að taka til, og skal ákvörðun um skrána tekin með góðum fyrirvara. Í reglugerð skulu enn fremur vera ákvæði um það hvort hinir tilteknu viðburðir skuli vera sýndir í heild eða að hluta í beinum útsendingum, eða í heild eða að hluta í seinkuðum útsendingum, ef það telst nauðsynlegt eða hagfellt vegna þarfa almennings, sem og önnur atriði sem nauðsynlegt þykir að kveða á um.

2. Sjónvarpsstöð, sem aflar sér einkaréttar sem um ræðir í þessari grein og gildir fyrir Ísland og önnur EES-ríki, skal þegar í stað tilkynna það til útvarpsréttarnefndar sem skal hafa eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

3. Bjóði sjónvarpsstöð annarri sjónvarpsstöð að senda út frá viðburði til þess að uppfylla skyldu sína skv. 1. mgr. skal rétturinn boðinn gegn sanngjörnu endurgjaldi.

4. Rísi ágreiningur milli stöðva sem fullnægja útbreiðsluskilyrðinu og annarrar sjónvarpsstöðvar um endurgjald fyrir sölu sjónvarpsréttarins getur hvor aðili um sig leitað úrskurðar útvarpsréttarnefndar um sanngjarnt endurgjald fyrir réttinn. Endurgjaldið skal nefndin meta með hliðsjón af því hvað telst vera eðlilegt markaðsverð á samkeppnismarkaði fyrir réttindi þau sem um ræðir.

5. Úrskurði útvarpsréttarnefndar um endurgjaldið verður skotið til dómstóla. Málskot til dómstóla frestar þó ekki framkvæmd á úrskurði útvarpsréttarnefndar, og fær sjónvarpsstöð, sem fullnægir útbreiðsluskilyrðinu, rétt til sýningar frá þeim viðburði sem um er að ræða, enda setji hún tryggingu fyrir greiðslu endurgjaldsins sem útvarpsréttarnefnd metur fullnægjandi.

6. Heimilt er að ákveða með reglugerð tilteknar takmarkanir á nýtingu sjónvarpsstöðva á einkaréttindum sínum til dreifingar á sjónvarpsútsendingum frá þýðingarmiklum viðburð-

um þannig að aðrar sjónvarpsstöðvar eigi þess kost með tilteknum skilmálum að flytja stuttar fréttir af þess háttar viðburðum.

24. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á reglum EES-ríkja.

1. Sjónvarpsstöðvum, sem lúta íslenskri lögsögu, er einungis heimilt að nýta einkaréttindi sín til sjónvarps frá viðburðum, sem ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hefur ákveðið að teljist hafa verulega þýðingu í því þjóðfélagi, á þann hátt að meginhluti íbúanna í viðkomandi ríki eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds.

2. Einkaréttindi skulu nýtt í samræmi við reglur viðkomandi ríkis um útsendingu í heild eða að hluta og um beina eða seinkaða útsendingu frá viðburðunum.

3. Útvarpsréttarnefnd skal hafa eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

IX. KAFLI
Ábyrgð á útvarpsefni.

25. gr.

Skylda til varðveislu á frumsömdu útvarpsefni.

Hver sá sem heimild hefur til rekstrar útvarps samkvæmt lögum þessum skal varðveita í a.m.k. 18 mánuði upptöku af öllu frumsömdu útsendu efni. Þó skal heimilt að varðveita fréttir í handriti. Skylt er að láta þeim sem telur misgert við sig í útsendingu í té afrit af upptöku þeirrar útsendingar. Skylt er að láta útvarpsréttarnefnd í té afrit af upptöku útsendingar samkvæmt ósk nefndarinnar.

26. gr.

Ábyrgð.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

a. Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til samtals í útvarpi þannig að hver sem tekur þátt í samtali í eigin nafni ber ábyrgð á sínu framlagi í því.
b. Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.
c. Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.
d. Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.
e. Útvarpsstöð ber ábyrgð á greiðslu fésekta og skaðabóta sem starfsmanni stöðvar kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein. Má innheimta fésektir og skaðabætur hjá útvarpsstöð með fjárnámi.

27. gr.

Upplýsingaskylda, fyrning sakar o.fl.

1. Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 26. gr.

2. Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð fellur niður ef sex mánuðir líða frá útsendingu án þess að

einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber rannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

X. KAFLI
Viðurlög.

28. gr.
Refsingar.

1. Eftirtalin brot gegn lögum þessum varða fésektum:

a. Útvarp án leyfis útvarpsréttarnefndar, sbr. 1. mgr. 6. gr.
b. Misbrestur á tal- eða textasetningu efnis á erlendu máli, sbr. 1. mgr. 8. gr.
c. Misbrestur á efndum skyldna vegna almannaheilla, sbr. 13. gr.
d. Sýning efnis sem bannað er skv. 1. mgr. 14. gr. og misbrestur á varúðarráðstöfunum vegna velferðar barna sem ákveðnar verða í reglugerð skv. 2. mgr. 14. gr.
e. Óheimil nýting á einkaréttindum samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem sett kann að verða með stoð í 23. gr.
f. Óheimil nýting á einkaréttindum skv. 24. gr.
g. Misbrestur á efnd skyldu til varðveislu á frumsömdu útvarpsefni og til afhendingar á afriti af upptöku á útsendingu, sbr. 25. gr.
h. Misbrestur á efnd upplýsingaskyldu, sbr. 1. mgr. 27. gr.
i. Óheimil hagnýting útvarpsefnis, sbr. 32. gr.
j. Óheimil meðferð myndlykla, sbr. 33. gr.

2. Alvarleg eða ítrekuð brot skv. 1. mgr. geta varðað fangelsi.

29. gr.
Upptaka eigna.

1. Hluti og búnað, sem notaðir hafa verið við brot gegn ákvæðum 33. gr., skal gera upptæka, nema þeir séu eign aðila sem ekki er við brotið riðinn. Ávinning, sem aflað hefur verið með broti, skal gera upptækan. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal sá eiga forgang til andvirðis hins upptæka ef bætur fást ekki á annan hátt.

2. Gera má upptæk viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í tekjuöflunarskyni, sbr. 32. gr.

30. gr.
Stjórnvaldssektir.

1. Fari útvarpsstöð ekki að fyrirmælum 9. og 11. gr. og VI. kafla, um auglýsingar, fjarsölu og kostun, varðar það stjórnvaldssektum samkvæmt úrskurði útvarpsréttarnefndar. Gildir þetta nema brot varði refsiviðurlögum samkvæmt öðrum lögum.

2. Við ákvörðun stjórnvaldssekta skv. 1. mgr. skal m.a. tekið tillit til tekna útvarpsstöðvar af broti. Skal stjórnvaldssekt ákveðin sem tvöfalt til tífalt margfeldi af þeim tekjum sem útvarpsstöð hefur aflað sér með broti gegn VI. kafla laganna.

3. Sektarúrskurðir útvarpsréttarnefndar eru aðfararhæfir.

4. Útvarpsstöð getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfðunarfrestur er þrír mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð útvarpsréttarnefndar. Málskot frestar aðför.

5. Ef brot gegn þessari grein telst ekki alvarlegt eða er ekki ítrekað getur útvarpsréttarnefnd látið við það sitja að beita áminningu.

31. gr.

Afturköllun útvarpsleyfis.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

32. gr.

Óheimil hagnýting útvarpsefnis.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til tekjuöflunar, t.d. með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

33. gr.

Myndlyklabrot.

1. Óheimilt er að framleiða, afhenda, leigja, setja upp eða gera við myndlykla í því skyni að veita einhverjum utan hóps áskrifenda aðgang að innihaldi læstrar útsendingar.

2. Óheimilt er að nota myndlykil til þess að taka á móti læstri útsendingu án þess að greiða áskriftargjaldið.

34. gr.

Stafrænt útvarp.

1. Heimilt er menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi.

2. Útvarpsstöðvum skal gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við undirbúning að stafrænu útvarpi.

3. Við útgáfu allra nýrra útvarpsleyfa samkvæmt lögum þessum og við endurnýjun annarra útvarpsleyfa skal sett að skilyrði að með reglugerð megi mæla fyrir um breytingu á merkjum útvarpsstöðvar í stafrænt form, enda verði slík breyting ákveðin með eðlilegum fyrirvara að teknu tilliti til tæknilegra og fjárhagslegra ástæðna. Ákvæði þetta gildir einnig um lögbundið leyfi Ríkisútvarpsins.

35. gr.

Setning reglugerðar.

1. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

2. Ákveða má í reglugerð að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögum.

36. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði útvarpslaga, nr. 68/1985, með síðari breytingum, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum laganna sem varða Ríkisútvarpið: 1. mgr. 2. gr., III. kafli, IV. kafli, 31. gr. og 32. gr. Heiti þeirra laga verður: **Lög um Ríkisútvarpið.** Skulu lögin gefin út svo breytt með nýjum kafla- og greinanúmerum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þrátt fyrir það sem segir í 2. gr., 3. mgr. 6. gr. og a-lið 4. mgr. 6. gr. í lögum þessum er utanríkisráðuneytinu heimilt að veita varnarliðinu leyfi til áframhaldandi útvarpsrekstrar,

sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 106/1954, og skal þá tekið mið af ákvæðum I.–IV. kafla að svo miklu leyti sem við getur átt.

2. Núverandi stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal sitja áfram eftir gildistöku laga þessara þar til hún hefur lokið starfi sínu, þó ekki lengur en til 31. desember 2001. Hlutverk hennar skal þá einvörðungu vera það að hafa eftirlit með framvindu þegar styrktra verkefna, að framvinda og framkvæmd sé í samræmi við umsóknir og forsendur styrkveitinga, að innheimta ógreidd menningarsjóðsgjöld og að koma að öðru leyti fram fyrir hönd sjóðsins.

3. Þar til sett hefur verið reglugerð eða reglugerðir um framkvæmd laga þessara skulu reglugerðir samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem við getur átt.

4. Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Var það lagt fram á 123. löggjafarþingi (371. mál) en varð ekki útrætt. Fyrir framlagningu nú hefur það verið endurskoðað í ljósi athugasemda sem menntamálanefnd Alþingis bárust og nokkrar breytingar gerðar á því. Nefndinni bárust allmargar umsagnir um frumvarpið, og áður en það var lagt fram á síðasta þingi hafði ráðuneytið sent drög að því fjölmörgum aðilum til umsagnar.

Hér er farin sú leið að leggja fram frumvarp til nýrra útvarpslaga í stað breytinga á einstökum ákvæðum. Þykir það skýrara af ýmsum ástæðum. Um er að ræða nokkuð margar breytingar, þótt misþýðingarmiklar séu, lagðar eru til breytingar á lagagreinum sem áður hefur verið breytt og gert er ráð fyrir nokkurri breytingu á tæknilegri skipulagningu laganna.

Að stofni til byggist frumvarp þetta á núgildandi útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Helstu breytingarnar frá núgildandi löggjöf eru þessar:

1. Með frumvarpi þessu er ætlunin að mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Ekki er þar gert ráð fyrir sérákvæðum um Ríkisútvarpið, eins og eru nú í útvarpslögum, heldur er miðað við að um Ríkisútvarpið gildi sérlög, þó þannig að almenn ákvæði útvarpslaga gildi um Ríkisútvarpið nema annað sé sérstaklega ákveðið.

2. Hið beina tilefni endurskoðunar útvarpslaga nú er setning nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins 97/36/EB sem breytir sjónvarpstilskipun sambandsins 89/552/EBE. Við endurskoðun útvarpslaga með lögum nr. 82/1993 var að mestu leyti tekið tillit til fyrirmæla í tilskipun 89/552/EBE. Tilskipun 97/36/EB var birt 30. júlí 1997. Tilskipunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/99 frá 25. júní 1999. Samkvæmt efni sínu tekur sjónvarpstilskipunin aðeins til sjónvarpsmála en ekki til þeirra þátta er varða hljóðvarp. Æskilegt þykir þó að láta sömu reglur gilda samkvæmt útvarpslögum um sjónvarp og hljóðvarp eftir því sem við getur átt.

3. Tilskipun 97/36/EB hefur meðal annars í för með sér eftirfandi breytingar á íslenskri útvarpslöggjöf:

a. Það er skýrt til hvaða sjónvarpssendinga íslensk lögsaga nær, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Ákvæði um þetta efni eru ekki í lögum nú. Reglur tilskipunar 89/552/EBE þóttu ekki nægilega skýrar, spruttu af þeim sökum dómsmál um túlkun þeirra, og hefur verið tekið tillit til niðurstaðna í þeim málum við mótun hinna nýju reglna. Lögsögureglur tilskipunarinnar byggjast á tveimur grundvallarsjónarmiðum: a) frelsi sjónvarpsstöðva innan hvers aðildarríkis EES til þess að sjónvarpa til allra annarra aðildarríkja og b) að sjónvarpsútsendingar eru heimilar um allt Evrópska efnahagssvæðið svo framarlega sem út-

sending er í samræmi við löggjöf útsendingarríkisins sem á lokaorðið um það. Frá síðarnefnda atriðinu er þó undanþáguheimild í þágu móttökuríkisins, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

b. Það nýmæli tilskipunar 97/36/EB, sem hvað mesta athygli hefur vakið, er heimildin í 3. gr. a fyrir hvert aðildarríki EES til þess að gera skrá um tiltekna þýðingarmikla viðburði sem senda skal út í dagskrá sem meginhluti almennings hefur aðgang að þó að sjónvarpsstöð sem selur sérstaklega aðgang að efni sínu hafi keypt einkarétt til sýningar frá þessum viðburðum. Í reynd mun heimild þessi, a.m.k. að sinni, fyrst og fremst geta átt við meiri háttar íþróttaviðburði, innlenda og fjölþjóðlega, svo sem landskeppni, Ólympíuleika, heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu og handknattleik. Er gert ráð fyrir heimild til þess að setja reglugerð um þetta efni í 23. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum kemur fram að gert er ráð fyrir að sjónvarpsstöð uppfylli það skilyrði að hún nái til meginhluta þjóðarinnar ef hin tiltekna útsending nær til a.m.k. 90% allra landsmanna. Gerir þetta að verkum að allar þrjár helstu sjónvarpsstöðvar landsins uppfylla þetta skilyrði, svo framarlega sem útsendingar þeirra eru opnar. Með þessu móti eru afskipti af samkeppni á sjónvarpsmarkaði í lágmarki. Auk þess verða það tiltölulega fáir viðburðir sem skráin um viðburðina getur náð til. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er hugmyndin um upplýsingaþjóðfélagið. Íslenska ríkinu er ekki skylt samkvæmt tilskipuninni að nýta þessa heimild, en rétt þykir að tryggður sé í lögum möguleikinn á að gera það vegna hins mikla áhuga sem ríkir hér á landi á sjónvarpsefni frá meiri háttar íþróttaviðburðum.

c. Í beinum tengslum við ákvæði 23. gr. frumvarpsins er ákvæði 24. gr. sem gerir íslenskum sjónvarpsstöðvum skylt að nýta einkaréttindi sín til sjónvarps frá viðburðum, sem ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hefur ákveðið að teljist hafa verulega þýðingu í því þjóðfélagi, á þann hátt að meginhluti íbúanna í viðkomandi ríki eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum. Ákvæði í þessa átt er skylt að leiða í íslensk lög samkvæmt tilskipun 97/36/EB.

d. Tekin er upp regla þess efnis að sjónvarpsstöðvar skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til gerðar evrópskra verka, þar á meðal íslenskra verka, sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum (10. gr. frumvarpsins). Þetta ákvæði er fyrst um sinn aðallega stefnuyfirlýsing, en með því að Menningarsjóður útvarpsstöðva verður lagður niður verður sjónvarpsstöðvum gert auðveldara að fara eftir þessu ákvæði.

e. Reglur um auglýsingar og kostun eru gerðar nokkru skýrari en verið hefur. Auk þess er bætt inn ákvæðum um fjarsölu og fjarsöluinnskot, og gilda í meginatriðum sömu reglur um þessi efni og gilda um auglýsingar.

f. Tekin eru upp ákvæði um vernd barna gegn óheimilu efni (14. gr.), sem eiga að styrkja gildandi íslensk lög um það efni, sem og um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum (20. gr.), og er þeim ákvæðum ætlað að vera til fyllingar ákvæðum samkeppnislaga.

4. Þá er það nýmæli í frumvarpinu að menntamálaráðherra er heimilað að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi (34. gr.). Stafrænt útvarp, sjónvarp og hljóðvarp, er nú hafið í nágrannalöndunum eða er u.þ.b. að hefjast, a.m.k. á tilraunastigi. Hin stafræna tækni gefur mikla möguleika til betri nýtingar tíðnisviðsins en nú og er þannig m.a. meginforsenda þess að fleiri aðilar eigi þess kost að hefja raunverulega samkeppni, sérstaklega í sjónvarpi, auk víðtækari nota af tíðnisviðinu. Þar sem öll nýting VHF-tíðnisviðsins er nú í raun og veru aðeins í höndum tveggja aðila, Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagsins hf., komast fleiri aðilar ekki að þar. Auk betri nýtingar á tíðnisviðinu mun sá kostur fylgja stafrænu útvarpi að gæði útsendinga aukast til mikilla muna auk fjölmargra annarra kosta, svo sem að skapa

möguleika á þáttasölusjónvarpi („pay-per-view“) og kvikmyndapöntun („video on demand“). Hin stafræna tækni er forsenda hins svokallaða samruna („convergence“) sjónvarps, fjarskipta og tölvutækni í eitt svið með óljósum landamærum eða án landamæra. Gera verður ráð fyrir að innleiðing hinnar stafrænu tækni taki allmörg ár og hafi í för með sér verulegan stofnkostnað.

5. Ætlunin er að ákvæðin um leyfi til útvarps séu gerð fyllri í lögunum en þau hafa verið. Eru tekin upp í frumvarpið ýmis ákvæði um þetta efni sem verið hafa í reglugerð en réttara þykir að mæla fyrir um í lögum.

6. Hlutverk útvarpsréttarnefndar er aukið frá því sem verið hefur. Skal útvarpsréttarnefnd fylgjast með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt, eins og verið hefur, og hafa að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpssendingum er lúta íslenskri lögsögu (einnig Ríkisútvarpsins). Gert er ráð fyrir að nokkur viðbótarkostnaður verði vegna aukins verksviðs nefndarinnar.

7. Tekið er upp ákvæði (22. gr.) sem tryggir útvarpsstöðvum aðgang að almennum fjarskiptanetum sem hagnýtt eru til útvarpssendinga. Hefur þótt skorta ákvæði í útvarpslög um rétt útvarpsstöðva til aðgangs að kapalkerfum, og er úr því bætt með þessu ákvæði. Meðal annars er ætlunin að tryggja útvarpsstöðvum aðgang að breiðbandi Landssímans. Um aðgang útvarpsstöðva að fjarskiptanetum fer að öðru leyti samkvæmt fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, þar á meðal um ákvörðun endurgjalds fyrir aðganginn.

8. Ekki er lengur gert ráð fyrir að leyfi útvarpsréttarnefndar þurfi til endurvarps frá erlendum sjónvarpsstöðvum, heldur verði það Póst- og fjarskiptastofnun sem úthlutar rásum fyrir endurvarp.

9. Lagt er til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður. Sjóðurinn hefur verið mjög umdeildur, sérstaklega fjármögnun sjóðsins og ráðstöfun á fé hans, en hún hefur í raun og veru aðeins falist í því að færa fé á milli útvarpsstöðva. Þar sem í gildandi ákvæðum um Menningarsjóðinn (2. mgr. 11. gr. útvarpslaga) er gert ráð fyrir að hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands greiðist af framlagi Ríkisútvarpsins til sjóðsins þarf að huga sérstaklega að fjáröflun til rekstrar hljómsveitarinnar í tengslum við rekstur Ríkisútvarpsins.

10. Lagt er til að felld verði brott úr útvarpslögum nokkur ákvæði er varða tengsl útvarpslaga og fjarskiptalaga. Er hér m.a. um að ræða 5. gr. (lagning og not þráðar til útvarps), 6. gr. (m.a. móttaka útvarpsdagskrár um gervitungl) og 7. gr. (heimild útvarpsstöðva til að reisa sendistöðvar o.fl.). Með hliðsjón af fjarskiptalögum frá 1996 þykja þessi ákvæði nú óþörf í útvarpslögum, enda fjalla þau fyrst og fremst um málefni sem heyra undir fjarskiptayfirvöld.

Í skýringum við einstakar greinar frumvarpsins verður gerð nánari grein fyrir þeim breytingum sem leiðir af tilskipun 97/36/EB en gert hefur verið hér að framan. Hér þykir þó rétt að fjalla nokkuð frekar um meginsjónarmiðin að baki sjónvarpstilskipun 89/552/ EBE og breytingartilskipuninni við hana, tilskipun 97/36/EB.

Svo sem fram kemur í inngangsorðum tilskipunar 89/552/EBE er það megintilgangur tilskipunarinnar að tryggja frelsi í sjónvarpssendingum milli aðildarríkja Evrópusambandsins (og nú einnig aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins). Er þetta gert í samræmi við reglur Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins um sameiginlegan markað með afnámi hindrana á frjálsri þjónustu milli aðildarríkjanna og að komið verði á fót kerfi er tryggi að samkeppni á svæðinu verði ekki raskað, sbr. einkum 2. mgr. 57. gr. og 66. gr. Rómarsáttmálans, nú 2. mgr. 47. gr. og 55. gr. sáttmálans eftir gildistöku Amsterdamsáttmálans, sbr. 3. kafla í III. hluta EES-samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993. Til-

skipun 97/36/EB byggist á sama sjónarmiði og tilskipun 89/552/EBE auk nokkurra nýrra áhersluatriða: Að stuðla að markmiðum hins svokallaða upplýsingasamfélags meðal aðildarríkjanna, að efla gerð hljóð- og myndefnis í Evrópu og samkeppnishæfni slíks efnis á heimsmarkaði, að stuðla að vernd barna og virðingu fyrir manngildi í hljóð- og myndmiðlum og upplýsingaþjónustu og að skýra sérstaklega lögsögu og ábyrgð einstakra aðildarríkja á sviði sjónvarpsmála með staðfestuhugtakið sem grundvallarviðmiðun. Ákvæði sjónvarpstilskipunarinnar fela eins og áður í sér lágmarkskröfur. Aðildarríkjunum er sem fyrr heimilt að krefjast þess af sjónvarpsstöðvum sem undir lögsögu þeirra heyra að þær fari að nákvæmari eða strangari reglum á þeim sviðum er tilskipunin tekur til, sbr. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar eins og henni hefur verið breytt.

Hér er rétt að víkja sérstaklega að efni 2. gr. og 2. gr. a tilskipunar 97/36/EB er geymir fyrst og fremst þjóðréttarlegar reglur en rétt þykir þó að taka að verulegu leyti upp í innanlandsréttinn, í þessu tilviki útvarpslög. Í 1. mgr. 2. gr. er orðuð sú meginregla að hvert aðildarríki um sig skuli sjá til þess að allar sjónvarpsútsendingar, sem sendar eru út af sjónvarpsstöðvum undir lögsögu þess, fari að ákvæðum þeirra laga er gilda um sjónvarpsútsendingar ætlaðar almenningi í því aðildarríki. Þessi regla stendur í beinu sambandi við meginregluna í 1. mgr. 2. gr. a, en þar skuldbinda aðildarríkin sig til þess að tryggja frelsi til viðtöku á sjónvarpsútsendingum frá öðrum aðildarríkjum og setja ekki hömlur á endurvarp þeirra innan yfirráðasvæðis síns af ástæðum er falla undir þau svið sem samræmd eru með tilskipuninni.

Í þessum tilvitnuðu ákvæðum koma fram tvær grundvallarreglur tilskipunarinnar sem áður var vikið að: a) frelsi sjónvarpsstöðva innan hvers aðildarríkis til þess að sjónvarpa til allra annarra aðildarríkja og b) að sjónvarpsútsendingar eru heimilar um allt Evrópska efnahagssvæðið svo framarlega sem útsending er í samræmi við löggjöf útsendingarríkisins.

Frá þeirri reglu, að móttökuríki verði að heimila útsendingu innan landamæra sinna á sjónvarpsefni sem löglegt telst í útsendingarríki, verða gerðar undantekningar í vissum þröngum undantekningartilvikum. Skorður við óheftri viðtöku sjónvarpsefnis verða þannig settar tímabundið ef a) sjónvarpsútsending frá öðru aðildarríki brýtur ljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæðum til verndar börnum og allsherjarreglu, b) sjónvarpsstöð hefur á síðustu 12 mánuðum a.m.k. tvívegis áður brotið gegn ákvæðum a-liðar, c) viðtökuríkið hefur tilkynnt sjónvarpsstöðinni og annaðhvort framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, skriflega um meint brot og þær ráðstafanir sem það hyggst grípa til ef brot verður endurtekið og d) samráð við útsendingarríkið og framkvæmdastjórnina eða eftirlitsstofnunina hefur ekki leitt til samkomulags innan 15 daga frá tilkynningu skv. c-lið og framhald er á meintu broti. Um framhald málsins eru svo nánari ákvæði í niðurlagsákvæði 2. gr. a.

Í 2.–6. mgr. 2. gr. er það ítarlega skilgreint hvaða sjónvarpsstöðvar heyra undir lögsögu hvers aðildarríkis. Er þar fyrst og fremst byggt á staðfestuhugtaki, í aðalatriðum svo sem Evrópudómstóllinn hefur skilgreint það í nokkrum dómum sem gengið hafa út af samsvarandi ákvæði í tilskipun 89/552/EBE. Hefur í dómum þessum verið miðað við að um væri að ræða raunverulega atvinnustarfsemi með föstu aðsetri um ótiltekinn tíma. Má hér sérstaklega nefna tvo dóma frá 10. september 1996 í málum framkvæmdastjórnarinnar gegn *Stóra-Bretlandi* (mál C-222/94) og gegn *Belgíu* (mál C-11/95), forúrskurð 29. maí 1997 í máli C-14/96, *Paul Denuit*, forúrskurð 5. júní 1997 í máli C-56/96, *VT4*, og forúrskurð 9. júlí 1997 í sameinuðum málum C-34, C-35 og C-36/95 *Konsumentombudsmannen gegn De Agostini (Svenska) Förlag AB og TV-Shop i Sverige AB*. Er talið rétt að taka nú upp í útvarpslög ákvæði um hvaða skilyrði sjónvarpsstöðvar þurfa að uppfylla til þess að þær falli undir íslenska lögsögu, og verður þar stuðst við fyrrnefnd ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr. tilskipunar 97/36/

EB. Er ákvæði þetta orðað í 2. gr. frumvarpsins, en ákvæðin um heimild til tímabundinnar stöðvunar á sjónvarpsútsendingum frá EES-ríkjum er að finna í 5. gr. frumvarpsins.

Það nýmæli tilskipunar 97/36/EB, sem hvað mesta athygli hefur vakið, er heimildin í 3. gr. a fyrir hvert aðildarríki til þess að gera skrá um tiltekna viðburði sem senda skuli út í dagskrá sem meginhluti almennings hefur aðgang að þó að sjónvarpsstöð, sem selur sérstaklega aðgang að efni sínu, hafi keypt einkarétt til sýningar frá þessum viðburðum, sbr. það sem áður sagði almennt um þetta efni. Verður nánar fjallað um þessa heimild í athugasemdum við 22. gr. frumvarpsins.

Ákvæði tilskipunarinnar (4. gr.), sem skyldar sjónvarpsstöðvar, eftir því sem við verður komið, til að taka frá meiri hluta útsendingartíma síns fyrir evrópsk verk, er að mestu óbreytt. Skilgreining evrópskra verka í 6. gr. tilskipunarinnar hefur verið víkkuð út svo að til evrópskra verka teljast nú verk sem unnin eru í samvinnu við aðila utan aðildarríkjanna með tilteknum skilyrðum.

Þá eru tekin upp í tilskipunina nánari ákvæði en áður til verndar börnum gegn sjónvarpsefni sem ýmist er talið geta haft alvarleg skaðvænleg áhrif á þroska þeirra eða til þess fallið að hafa slík áhrif. Verður vikið að þessu efni í skýringu við 14. gr. frumvarpsins.

Geysilega mikil og ör tækniþróun á sér nú stað um allan heim á sviði sjónvarps og öðrum sviðum sem flokkast undir svokallaða hljóð- og myndmiðlun og upplýsingatækni („audiovisual and information services"). Er sama hver flutningsmiðillinn er, almennt sjónvarp, alnetið með fjarskipta- og tölvutækni eða sérþjónusta ýmiss konar. Evrópuþjóðirnar leggja ríka áherslu á að verða ekki eftirbátar annarra í þessum efnum, og á vettvangi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins er þetta svið orðið æði fyrirferðarmikið. Ein mesta byltingin í sjónvarpsmálum er sending sjónvarpsefnis, m.a. um gervitungl, stafrænt („digital") sem gerir það kleift að fjölga svo sjónvarpsrásum að ekki á að verða neinn skortur á sjónvarpsrásum þegar fullur skriður er kominn á þessa tækni. Stafrænar sjónvarpssendingar eru þegar hafnar í Evrópu. Er sérstaklega ör vöxtur í ýmiss konar þjónustu sem send er stafrænt um gervitungl. Nú hafa verið settir staðlar fyrir hvers konar stafrænar útvarpssendingar á vegum Evrópustofnana, m.a. fyrir sjónvarp um þráð og gervitungl og fyrir jarðbundið sjónvarp. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að hafinn verði hér á landi undirbúningur að stafrænu útvarpi, sjónvarpi og hljóðvarpi, sbr. nánar 34. gr. þess. Með frumvarpinu er þannig miðað við að íslensk útvarpslöggjöf sé opin fyrir hvers konar tækniþróun, og í því eru sérstök ákvæði um tengsl útvarpslaga og fjarskiptalaga, sérstaklega með hliðsjón af nýtingu ljósleiðaratækni í þágu sjónvarpssendinga, sbr. VII. kafla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er að verulegu leyti samhljóða 1. gr. núgildandi laga. Sú breyting er þó gerð að í greininni eru nú einungis skilgreiningar á hugtökum, en ákvæði greinarinnar, sem varða önnur atriði, eru færð á aðra staði í frumvarpinu. Skal nú vikið að einstökum breytingum.

a. Ákvæði 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga er fellt niður þar sem það þykir óþarft. Útvarpslög hljóta að taka mið af fjarskiptalögum í tæknilegum efnum og bera ýmis ákvæði frumvarpsins þess vott, sbr. sérstaklega ákvæði VII. kafla um tengsl útvarpslaga við fjarskiptalög.

   Í a-lið er nú orðuð skilgreining hugtaksins útvarps, og er hún samhljóða 2. mgr. 1. gr. útvarpslaga. Hugtakið útvarp tekur bæði til hljóðvarps og sjónvarps svo sem verið hefur. Almenna reglan samkvæmt frumvarpinu er sú að sömu reglur gildi um hljóðvarp og sjónvarp svo að útvarpslöggjöfin verði sem heildstæðust. Í nokkrum efnum gilda þó

mismunandi reglur um hinar tvær mismunandi tegundir útvarps, og er þess þá sérstaklega getið.

Að því er að sjónvarpi lýtur er skilgreiningin í samræmi við skilgreininguna á sjónvarpi í a-lið 1. gr. tilskipunar 89/552/EBE.

b. Ákvæði 3. mgr. 1. gr. laganna um útsendingar, sem útvarpslög gilda ekki um, er í frumvarpinu sett í sérstaka grein (4. gr.) þar sem betur þykir fara á því.

Í b-lið er skilgreining á hugtakinu „útvarpsstöð", en skilgreiningin á þessu hugtaki er talsvert breytt frá skilgreiningu hugtaksins í gildandi lögum, sbr. 4. mgr. 1. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985. Þar er það skilgreint sem sá aðili sem leyfi hefur til útvarps samkvæmt lögunum. Hin nýja skilgreining í 1. gr. frumvarpsins hljóðar svo: „Útvarpsstöð er sá aðili, einstaklingur eða lögaðili, sem leyfi hefur til útvarps, annast og ber ábyrgð á samsetningu útvarpsdagskrár í skilningi a- og c-liða, sendir hana út eða lætur annan aðila annast útsendingu hennar." Breytingin er gerð í samræmi við breytingu á áðurnefndri tilskipun 97/36/EB sem við breytinguna á tilskipun 89/552/EBE tók upp nýtt hugtak í 1. gr. b), þ.e. hugtakið „broadcaster" sem í merkingu tilskipunarinnar þykir rétt að þýða sem „sjónvarpsstöð" þar sem tilskipunin varðar aðeins sjónvarp. Svo virðist vera sem hugtökin „útvarpsstöð" og „sjónvarpsstöð" hafi haft tvenns konar merkingu í íslensku máli, þ.e. bæði náð yfir sendistöð og fyrirtækið sem slíka stöð rekur. Ekki hefur þess orðið vart að þessi hugtakanotkun hafi valdið ruglingi. Er hér því farin sú leið að nota hugtakið „útvarpsstöð" um þau fyrirtæki sem reka hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar. Gildi sérreglur um sjónvarpsstarfsemi er notað hugtakið sjónvarpsstöð um fyrirtæki sem annast sjónvarpsrekstur. Þykir þessi hugtakanotkun í samræmi við notkun hugtaksins „broadcaster" í tilskipuninni, en það hefur til dæmis verið þýtt sem „tv-spredningsforetagende" í hinni dönsku þýðingu tilskipunarinnar og með orðinu „tv-programföretag" í sænsku þýðingunni. Er gert ráð fyrir notkun hugtaksins sendistöðvar um þá tæknilegu starfsemi að senda dagskrá í loftið, en þetta hugtak er þó hvergi notað í frumvarpi þessu.

c. Ákvæði c-liðar um skilgreiningu á því hvað sé útvarpsdagskrá er samhljóða 5. mgr. 1. gr. útvarpslaga.

d. Í d-lið er rýmkuð skilgreining á auglýsingum svo að undir auglýsingar falli hvers konar tilkynningar sem útvarpað er í eigin þágu útvarpsstöðvar, auk þeirra tilkynninga sem útvarpað er fyrir aðra aðila gegn endurgjaldi. Er þessi breyting gerð í samræmi við ákvæði tilskipunar 97/36/EB. Í 39. skýringargrein („recital") í inngangi tilskipunarinnar er kveðið svo á að nauðsynlegt sé talið að taka af tvímæli um það að eigin kynning sjónvarpsstöðvar („self-promotional activities") sé sérstakt form auglýsingar á framleiðslu, þjónustu, efni eða rásum stöðvarinnar. Hér á landi þykir rétt að láta ákvæði þetta ná einnig til hljóðvarpsstöðva. Í hinni tilvitnuðu 39. skýringargrein tilskipunarinnar er sérstaklega tekið fram að svokallaðar „kynningarstiklur" eða „stiklur" („trailers"), sem eru útdrættir eða hlutar úr dagskrárefni, skuli meta sem dagskrárefni, þ.e. ekki sem auglýsingar. Hér þykir rétt að vekja athygli á því að þótt tilkynningar í eigin þágu útvarpsstöðvar falli almennt undir auglýsingahugtakið hefur birting slíkra tilkynninga ekki áhrif til skerðingar á heimilum auglýsingatíma í sjónvarpi, sbr. 18. gr. frumvarpsins.

e. Í e-lið er tekin upp óbreytt skilgreining 7. mgr. 1. gr. útvarpslaga á því hvað teljist duldar auglýsingar. Er sú skilgreining efnislega í samræmi við c-lið 1. gr. tilskipunar 89/552/ EBE.

f. Í f-lið er því bætt inn í skilgreininguna á kostun að framlag kostanda til sýningar dagskrárefnis skuli vera fémætt til þess að það teljist kostun í skilningi laganna. Er þetta

gert til þess að taka af tvímæli um að framlagið þurfi að vera fjárhagslegt, og er það í samræmi við almenna skilgreiningu á kostunarhugtakinu, sbr. d-lið 1. gr. tilskipunar 89/552/EBE.

g. Í g-lið er tekið upp nýmæli um svokallaða fjarsölu („teleshopping") í sjónvarpi og hugtakið skilgreint. Svo sem kunnugt er er þessi verslunarmáti nokkuð farinn að tíðkast í sjónvarpi hér á landi. Er ákvæði þetta samkvæmt ákvæði í tilskipun 97/36/EB. Fjarsala er í meginatriðum látin lúta sömu ákvæðum og auglýsingar í tilskipuninni, og svo verður einnig gert í lagafrumvarpi þessu eins og nánar mun koma fram í einstökum ákvæðum þess. Hugtakið fjarsala er þegar komið inn í íslensk lög, sbr. lög nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu. Skv. 4. mgr. 2. gr. þeirra laga merkir fjarsala í lögunum sölu sem fer fram milli kaupanda og seljanda án þess að þeir hittist augliti til auglitis, og getur þetta gerst með notkun síma, bréfsíma, sjónvarps, sölulista og heimatölvu. Ljóst er þó að inntak fjarsöluhugtaksins verður ekki hið sama í lögum nr. 96/1992 og í útvarpslögum. Að sumu leyti verður hugtakið þrengra í útvarpslögum, en að öðru leyti rýmra. Til dæmis verður það þrengra í útvarpslögum að því leyti að eingöngu er gert ráð fyrir að tilboð til kaupanda fari fram um sjónvarp, en ekki með öðrum hætti. Hugtakið verður svo rýmra í útvarpslögum t.d. að því leyti að gert er ráð fyrir að bjóða megi m.a. fasteignir til sölu í fjarsöluþáttum sjónvarps, en svo er ekki í fjarsölu samkvæmt lögum nr. 96/1992, sbr. 3. gr. þeirra laga.

Hugtakið fjarsöluinnskot, sem er þýðing á hugtakinu „teleshopping spots" í tilskipun 97/36/EB, er einnig allvíða notað í frumvarpinu. Er með því átt við auglýsingar um fjarsöluþætti.

h. Ákvæði h-liðar um læstar útsendingar er samhljóða 9. mgr. 1. gr. útvarpslaga.

i. Ákvæði i-liðar um myndlykla er samhljóða 10. mgr. 1. gr. útvarpslaga.

Um 2. gr.

Í greininni er það skilgreint til hvaða sjónvarpsstöðva lögsaga íslenska ríkisins nær. Er þetta nýtt ákvæði í útvarpslögum. Er greinin orðuð þannig að hún samsvarar efnislega ákvæði 2. gr. sjónvarpstilskipunar Evrópusambandsins eins og henni var breytt með tilskipun 97/36/EB. Þykir rétt að ákvæði um lögsögu íslenska ríkisins á þessu sviði séu tekin upp í íslenskar réttarreglur þannig að upplýsingar um þessi efni séu aðgengilegar almenningi hér á landi í innlendum réttarheimildum, sbr. álit umboðsmanns Alþingis um birtingu og miðlun upplýsinga um „gerðir" samkvæmt EES-samningnum og réttarreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, í máli nr. 2151/1997. Í áliti sínu bendir umboðsmaður Alþingis m.a. á það að taka verði upp í íslenskan rétt þær réttarreglur þjóðaréttarins sem ætlunin er að ljá lagagildi hér á landi (bls. 32). Ákvæði um hvaða sjónvarpsstöðvar heyri undir lögsögu íslenska ríkisins hljóta að eiga heima í íslenskum innanlandsrétti.

Í fyrstu sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins 89/552/EBE kom fram sú meginregla í 1. mgr. 2. gr. að allar sjónvarpsstöðvar í aðildarríkjunum lytu lögsögu einhvers aðildarríkisins. Var þar lögð sú skylda á hvert ríki að sjá til þess að allar sjónvarpssendingar innan lögsögu þess fari að þeim lögum er gilda um sjónvarpssendingar ætlaðar almenningi í því ríki. Er hvert ríki þannig gert ábyrgt gagnvart hinum ríkjunum í þessu efni, enda að aðalreglu til ekki gert ráð fyrir að aðildarríkin hafi eftirlit með eða önnur afskipti af sjónvarpssendingum frá öðrum aðildarríkjum, sbr. 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/552/EBE. Frá þessari aðalreglu eru tilteknar undantekningar sem vikið var að í almennum athugasemdum hér að framan.

Framangreindar meginreglur gilda óbreyttar samkvæmt hinni nýju sjónvarpstilskipun 97/36/EB, en reglurnar um ákvörðun þess hvaða ríki er ábyrgt fyrir sjónvarpssendingu hafa ver-

ið orðaðar mun nákvæmar og skýrar en áður. Í nýju tilskipuninni er að finna tæmandi lýsingu á þeim reglum sem ætlað er að ákvarða hvaða ríki er ábyrgt fyrir hverri sjónvarpssendingu. Sem fyrr er meginreglan sú að það aðildarríki er ábyrgt gagnvart hinum ríkjunum sem hefur sjónvarpsstöð innan lögsögu sinnar, sbr. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Við ákvörðun um hvort sjónvarpsstöð telst vera innan lögsögu tiltekins aðildarríkis er fyrst og fremst litið til þess hvar stöðin hefur staðfestu, sbr. nánar a-lið 1. mgr. 2. gr., sbr. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins og 2. og 3. mgr. 2. gr. hinnar breyttu sjónvarpstilskipunar Evrópusambandsins. Er kjarni þessa staðfestuhugtaks sá að um sé að ræða raunverulega atvinnustarfsemi með föstu aðsetri um ótiltekinn tíma, sbr. nánar skilgreininguna í 3. mgr. 2. gr.

Ef lögsagan verður ekki ákvörðuð á grundvelli staðfestuhugtaks frumvarpsins og tilskipunarinnar ber næst að leitast við að ákveða hana á grundvelli tæknilegra atriða, svo sem þess hvort senditíðni hefur verið úthlutað hér á landi, sbr. nánar b–d-liði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins og 4. mgr. 2. gr. sjónvarpstilskipunarinnar eftir breytinguna með tilskipun 97/36/ EB.

Ef lögsagan verður hvorki ákvörðuð samkvæmt staðfestuhugtaki frumvarpsins og tilskipunarinnar né á grundvelli hinna tæknilegu atriða ber að ákveða hana með hliðsjón af hinu almenna staðfestuhugtaki 43. gr. Rómarsáttmálans (52. gr. sáttmálans fyrir gildistöku Amsterdamsáttmálans), sbr. 2. kafla III. hluta EES-samningsins um staðfesturétt, sbr. e-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins og 5. mgr. 2. gr. sjónvarpstilskipunarinnar.

Loks er svo sérstakt ákvæði um lögsögu íslenska ríkisins yfir sjónvarpsstöðvum, sem öðlast hafa staðfestu í öðru EES-ríki með það að markmiði að fara á svig við íslensk lög, enda beinist starfsemi stöðvarinnar aðallega að Íslendingum og íslenskum markaði, sbr. 2. mgr. 2. gr., og á þessi regla sér stoð í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

Lögsögureglurnar eru ítarlega orðaðar í frumvarpsgreininni svo að ekki er ástæða til frekari útlistunar en að framan greinir. Rétt er þó að benda á að í nokkrum skýringargreinum í inngangi að tilskipun 97/36/EB er vikið að efni hinna nýju reglna sem teknar eru upp í 2. gr. og tilefni þeirra. Í 10. skýringargrein er þannig vitnað til þess að þörf hafi reynst vera á því að skýra betur lögsöguhugtakið og ítrekað að við skilgreiningu þess skuli staðfesta vera meginviðmiðunin. Í 11. skýringargrein segir að staðfestuhugtakið, eins og það hafi verið skýrt af Evrópudómstólnum, feli í sér að um sé að ræða raunverulega atvinnustarfsemi með föstu aðsetri um ótiltekinn tíma. Í 12. skýringargrein eru talin upp nokkur raunhæf viðmið sem beita megi til þess að ákvarða hvar sjónvarpsstöð hafi staðfestu, svo sem aðsetur aðalskrifstofu, þann stað þar sem ákvarðanir um dagskrárstefnu eru venjulega teknar, þann stað þar sem sjónvarpsdagskrá er endanlega samsett og þann stað þar sem er aðsetur verulegs hluta þess starfsliðs sem þarf til útsendingar sjónvarpsefnisins (sbr. a-lið 1. mgr. og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins). Í 13. skýringargrein er rifjað upp að þrátt fyrir það að tilgangurinn með því að setja fram ákveðnar viðmiðunarreglur hafi verið sá að eitt og aðeins eitt aðildarríki eigi lögsögu yfir tiltekinni sjónvarpsstöð verði með hliðsjón af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og til þess að ekki geti komið upp tómarúm með tilliti til lögsögunnar að leggja til grundvallar sem síðasta viðmið um lögsögu staðfestuhugtakið skv. 52. gr. (nú 43. gr.) og greinunum þar á eftir í stofnsamningi Evrópubandalagsins. Það ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem svarar til 52. gr. (nú 43. gr.) Rómarsáttmálans, er 31. gr. EES-samningsins svo að í frumvarpstextanum, í e-lið 1. mgr. 2. gr., er vísað til 2. kafla III. hluta EES-samningsins um staðfesturétt. Í 14. skýringargrein er svo vitnað til þess að samkvæmt samfelldri dómaframkvæmd Evrópudómstólsins haldi aðildarríki rétti til þess að grípa til aðgerða gegn sjónvarpsstöð með staðfestu í öðru aðildarríki ef starfsemi stöðvarinnar er einvörðungu eða aðallega beint að fyrrnefnda ríkinu svo framarlega sem stöðin hafi valið sér

staðfestu í þeim tilgangi að komast undan þeirri löggjöf sem það hefði verið háð ef það hefði haft staðfestu í fyrrnefnda ríkinu (sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins).

Um 3. gr.

Með grein þessari er orðað sérstakt ákvæði um lögsögu yfir hljóðvarpsstöðvum. Er hér nú orðuð sú regla, sem talin hefur verið gilda, að lögsagan nái til hljóðvarpssendinga þeirra aðila sem nota senditíðni sem íslensk stjórnvöld hafa úthlutað eða dreifikerfi sem staðsett er á Íslandi. Ef vafatilvik kæmu upp mætti að líkindum beita lögsögureglunum um sjónvarpsstöðvar með lögjöfnun um hljóðvarpsstöðvar.

Um 4. gr.

Hér er tekið upp óbreytt ákvæði 3. mgr. 1. gr. núgildandi útvarpslaga.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að í lög verði tekin upp regla um heimild íslenskra yfirvalda til þess að stöðva tímabundið sjónvarpssendingar frá öðrum EES-ríkjum að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Styðst regla þessi við 2. mgr. 2. gr. a sjónvarpstilskipunarinnar eins og henni hefur verið breytt með tilskipum 97/36/EB.

Í greininni felst undantekning frá þeirri meginreglu um lögsögu yfir sjónvarpsstöðvum samkvæmt reglum sjónvarpstilskipunarinar að viðtökuríki innan EES sé skylt að láta óáreittar sjónvarpssendingar frá öðrum EES-ríkjum sem eru löglegar samkvæmt lögum útsendingarríkisins, en 2. gr. frumvarpsins byggist á þessu sjónarmiði. Er tilgangur ákvæðis 5. gr. að vernda börn fyrir efni sem telst geta haft alvarleg skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra. Er hér einkum miðað við dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi en er þó ekki takmarkað við slíkt efni. Sú viðmiðun, sem úrslitum ræður, er að efnið teljist geta haft alvarleg skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna. Í flestum tilvikum væri hér um að ræða efni sem refsivert telst samkvæmt hegningarlögum, sbr. 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Efnið þyrfti þó ekki að vera svo alvarlegs eðlis því að ætlast er til að einnig verði mögulegt að banna tímabundið samkvæmt heimild greinarinnar sjónvarp á efni sem fellur undir 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Í greininni eru nánari fyrirmæli um hvernig að skuli farið ef íslenska ríkið hyggst beita heimild greinarinnar til þess að stöðva útsendingu hér á landi á efni frá sjónvarpsstöð í öðru EES-ríki. Verður að fara nákvæmlega eftir fyrirmælum greinarinnar, og styðjast þau einnig við fyrrnefnda 2. mgr. 2. gr. a í sjónvarpstilskipuninni.

Samkvæmt túlkun EFTA-dómstólsins á þessum ákvæðum sjónvarpstilskipunarinnar eru það hin siðferðilegu viðhorf innan viðtökuríkisins sem skulu vera ráðandi í því siðferðilega mati er hér reynir á, en ekki þær siðferðishugmyndir sem ríkjandi eru í útsendingarríkinu, og ekki eru talin vera fyrir hendi nein sameiginleg siðferðisviðhorf í þessum efnum á EES-svæðinu öllu. Má í þessu efni vísa til ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins frá 12. júní 1998 í máli E-8/97: *TV 1000 Sverige AB gegn ríkisstjórn Noregs.* Álitið byggðist að vísu á túlkun 22. gr. sjónvarpstilskipunarinnar fyrir breytinguna með tilskipun 97/36/EB, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Mannréttindadómstóll Evrópu og Evrópudómstóllinn hafa einnig talið að hvert ríki hafi mjög rúm valdmörk til ákvarðana þegar um siðferðileg álitaefni er að tefla.

Í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd verði falið það hlutverk að stöðva tímabundið þær sjónvarpsútsendingar sem skilyrði greinarinnar eiga við. Er þá miðað við að útvarpsréttarnefnd hafi áður tilkynnt þeirri sjónvarpsstöð, sem í hlut á, um hina yfirvofandi stöðvun. Hins vegar kemur það að sjálfsögðu í hlut ríkisstjórnar að tilkynna Eftirlits-

stofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, um þær ráðstafanir sem íslensk stjórnvöld hyggjast grípa til ef brot eru ítrekuð, sbr. nánar c-lið greinarinnar.

Grein þessi hefur engin bein áhrif á heimild íslenskra yfirvalda til þess að stöðva móttöku sjónvarpssendinga frá ríkjum utan EES-svæðisins.

Um 6. gr.

Í greininni er safnað saman ákvæðum er varða leyfi til útvarps, en ákvæði um þetta efni eru nú bæði í 2. og 3. gr. útvarpslaga. Þær breytingar, sem lagðar eru til, hafa flestar ekki mikla efnislega þýðingu.

Orðalagi 1. og 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga er breytt til samræmis við þá fyrirætlun að sérstök lög gildi um Ríkisútvarpið og ákvæði, sem sérstaklega lúta að því, verði tekin út úr hinum almennu útvarpslögum.

Orðalag 1. mgr. greinarinnar miðast við það að leyfi útvarpsréttarnefndar þurfi einungis til útvarps sem á uppruna sinn hér á landi en ekki til endurvarps. Er það breyting frá gildandi lögum, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. útvarpslaga. Að því er varðar endurvarp frá EES-ríkjum leiðir þessa breytingu af 1. mgr. 2. gr. a í hinni nýju sjónvarpstilskipun. Þar segir að aðildarríkin skuli tryggja frelsi til viðtöku á sjónvarpsútsendingum frá öðrum aðildarríkjum og ekki setja hömlur á endurútsendingar þeirra innan yfirráðasvæðis síns af ástæðum er falla undir þau svið sem eru samræmd með tilskipuninni. Er talið rétt að heimila endurvarp almennt án leyfis útvarpsréttarnefndar, einnig frá öðrum ríkjum en EES-ríkjum. Þykir eðlilegast að láta við það sitja að aðili, sem vill stunda endurvarp, afli sér til þess leyfis rétthafa, sem og leyfis Póst- og fjarskiptastofnunar að því er tæknileg atriði varðar. Er í samræmi við þetta ekki tekið upp í frumvarpið ákvæði í 2. mgr. 2. gr. útvarpslaga, en þar segir að útvarpsréttarnefnd veiti leyfi til starfrækslu útvarps þar sem einvörðungu er dreift viðstöðulaust óstyttri og óbreyttri heildardagskrá útvarpsstöðva. Slík leyfi séu þó einungis háð ákvæðum 5. og 6. gr. eftir því sem við á. Þrátt fyrir afnám leyfisveitingar útvarpsréttarnefndar í þessum efnum verður endurvarp útvarpsefnis ekki sjálfkrafa heimilt hverjum sem er. Í fyrsta lagi þarf að sjálfsögðu heimild frá rétthafa eins og áður sagði. Endurvarp án heimildar yrði stöðvað að kröfu rétthafa. Í öðru lagi verður endurvarpi ekki komið við án atbeina Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 3. gr. laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, einkum 5. tölul., og 1. mgr. 5. gr. laga um fjarskipti, nr. 143/1996.

Í 2. mgr. er tekið upp ákvæði 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga um skipun útvarpsréttarnefndar. Sú breyting er lögð til að nefndin kjósi sjálf formann og varaformann útvarpsréttarnefndar, en þeir verði ekki skipaðir af menntamálaráðherra eins og verið hefur.

Með 3. mgr. er lögð til nokkur breyting á ákvæði, sem nú er í 1. mgr. 3. gr. útvarpslaga. Lagt er til að málsgreininni verði breytt á þá leið að ekki verði lengur sérstaklega gert ráð fyrir heimild til þess að veita sveitarfélögum leyfi til útvarps, heldur teljist þau til þeirra lögaðila sem útvarpsréttarnefnd getur veitt leyfi til útvarps. Sveitarfélög hafa ekki sérstaklega sóst eftir útvarpsleyfum, en að sjálfsögðu er við það miðað að þau eigi sama möguleika og aðrir lögaðilar til þess að fá útvarpsleyfi í samræmi við hina frjálslegu framkvæmd sem verið hefur á veitingu útvarpsleyfa. Þá þykir ekki ástæða til annars en að gera ráð fyrir þeim möguleika að einstaklingar geti fengið útvarpsleyfi alveg eins og lögaðilar, m.a. með vísun til jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995, og skilgreininguna á hugtakinu útvarpsstöð í b-lið 1. gr. frumvarpsins sem er í samræmi við skilgreininguna á sjónvarpsstöð í b-lið 1. gr. sjónvarpstilskipunarinnar svo sem henni var breytt með tilskipun 97/36/EB. Lagt er til að í þessa málsgrein verði bætt ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa. Er ákvæði um þetta efni nú aðeins að finna í reglugerð, sbr. 1.

mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 610/1989 um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum. Segir þar að leyfi til hljóðvarps skuli veitt til þriggja ára þegar það er veitt aðila í fyrsta sinn, en eftir það til fimm ára í senn. Samkvæmt sama reglugerðarákvæði skal leyfi til sjónvarps í fyrsta sinn veitt til fimm ára, en eftir það til sjö ára í senn. Veita má leyfi til skemmri tíma sé um það sótt. Rétt þykir að taka í lögin ákvæði um hámark gildistíma einstakra útvarpsleyfa, en kveða að öðru leyti á um gildistíma þeirra í reglugerð. Er gert ráð fyrir að hámarksgildistími útvarpsleyfa verði óbreyttur frá því sem verið hefur samkvæmt reglugerðarákvæðinu.

Í lok 3. mgr. er orðuð sú regla að heimilt sé að binda útvarpsleyfi við afmörkuð svæði. Í 1. mgr. 3. gr. gildandi útvarpslaga er gert ráð fyrir því að leyfi sé aðeins gefið út til útvarps á afmörkuðum svæðum. Hefur regla þessi valdið nokkrum erfiðleikum í framkvæmd, og hefur t.d. þurft að veita ný útvarpsleyfi til útvarpsstöðva eftir því sem þær hafa náð að auka útbreiðslu sína. Verður að telja þetta óþarft umstang svo að gert er ráð fyrir að útvarpsleyfi nái almennt til landsins alls. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir þeim möguleika að útvarpsleyfi nái aðeins til afmarkaðra svæða, t.d. vegna óska umsækjanda sjálfs.

Í 4. mgr. eru tilgreind þau almennu skilyrði sem uppfylla þarf til þess að útvarpsleyfi verði veitt hér á landi. Orðalag a-liðar er nú miðað við lagastöðuna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. B-liður málsgreinarinnar kemur í stað 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. gildandi útvarpslaga, og er ekki um efnisbreytingu að ræða. Orðalagsbreytingar eru gerðar í samræmi við það að samkvæmt lögum nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, er það nú í verkahring þeirrar stofnunar að úthluta tíðnum, m.a. til útvarpsþjónustu, sbr. 5. tölul. 3. gr. laganna. Fjarskiptaeftirlit ríkisins hefur verið lagt niður, sbr. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 147/1996, og ekki er í lögunum gert ráð fyrir neinu samráði við samgönguráðherra, enda er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að vera sjálfstæð stofnun þótt undir yfirstjórn samgönguráðherra sé, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 147/1996. Þá er það tekið fram berum orðum að átt sé við endurvarp erlendra sjónvarpsstöðva með því endurvarpi sem um er rætt í ákvæðinu. C- og d-liðir eru efnislega óbreyttir frá 6. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga. Í e-lið er tekið upp ákvæði, sem nú er í 3. gr. reglugerðar nr. 610/1989. Þykir réttara að ákvæði þetta sé í lögum. Efnislega er ákvæði f-liðar nú í 10. gr. reglugerðar nr. 610/1989, en eðlilegra þykir að ákvæði þetta sé í lögum eins og önnur helstu atriði er hafa áhrif á veitingu útvarpsleyfa. Í g-lið er tekið upp ákvæði sem nú er í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 610/1989, en það þykir eiga heima í lögum. H-liður þessarar málsgreinar er nýmæli í útvarpslögunum sjálfum. Í 2. mgr. 5. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 610/1989 er hins vegar mælt fyrir um það að leyfi til útvarps verði ekki framseld. Með vísun til þess sem hér að framan hefur verið getið um ýmis ákvæði reglugerðar nr. 610/1989, sem nú er lagt til að verði lögfest, verður að telja eðlilegra að ákvæði þetta sé í lögum og auk þess gert nokkru fyllra. Meðal annars þykir rétt að kveða á um það berum orðum að útvarpsleyfi falli úr gildi við gjaldþrot útvarpsleyfishafa. Verður sú regla að teljast í eðlilegu samræmi við framsalsbannið. Í reglu h-liðar þessarar málsgreinar felst ekki að útvarpsleyfi falli niður þó að hlutafélög, sem reka útvarp, sameinist, og er sú túlkun í samræmi við framkvæmd mála til þessa. Í slíkum tilvikum getur hins vegar reynt á reglur samkeppnislaga um samruna félaga, sbr. 18. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ekki verði áfram í útvarpslögum regla 8. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga þar sem segir að gerður skuli samningur milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar þar sem nánar er kveðið á um ýmis atriði leyfisins. Samkvæmt frumvarpi þessu eiga öll helstu atriði er varða útgáfu útvarpsleyfis að vera í útvarpslögum, en einhver veigaminni atriði verða trúlega áfram í reglugerð. Með þessum breytingum verður sérstakur samningur um útvarpsleyfi óþarfur. Í stað þess verður leyfisveitingin einhliða gerningur út-

varpsréttarnefndar á grundvelli þess að skilyrði til útgáfu útvarpsleyfis samkvæmt útvarpslögum og reglugerð samkvæmt þeim séu uppfyllt. Meðal annars er í þessu sambandi fellt út ákvæði um að í samningi útvarpsréttarnefndar og útvarpsstöðvar sé kveðið á um leyfisgjald. Er gert ráð fyrir að leyfisgjald verði ákveðið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs í samræmi við þá stefnu að kveða á um þess háttar leyfisgjöld í þeim lögum. Virðist eðlilegast að ákvæði um gjald fyrir útvarpsleyfi verði bætt í 11. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs. Var þetta gert við breytingu á nefndu ákvæði á árinu 1998, sbr. 32.–34. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991 svo sem henni var breytt með 3. gr. laga nr. 159/1998.

Í 2. mgr. 2. gr. útvarpslaga kemur fram að auk þess að veita útvarpsleyfi skuli útvarpsréttarnefnd fylgjast með því að reglum samkvæmt leyfunum sé fylgt. Gildir þetta áfram, en rétt þykir að kveða enn afdráttarlausar á um hlutverk nefndarinnar, og verður hlutverk nefndarinnar með því talsvert aukið. Er lagt til að upphafsákvæði 5. mgr. 6. gr. orðist svo að útvarpsréttarnefnd fylgist með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt og nefndin hafi að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpssendingum er lúta íslenskri lögsögu skv. 2. og 3. gr. Samkvæmt þessu er eftirlitshlutverki nefndarinnar ætlað að ná til allrar útvarpsstarfsemi sem lýtur íslenskri lögsögu, og skiptir engu í því efni hvort nefndin hefur veitt leyfi til starfseminnar eða ekki. Hingað til hefur verið litið svo á að menntamálaráðherra bæri að hafa eftirlit með starfsemi Ríkisútvarpsins samkvæmt útvarpslögum auk stjórnsýslulegs eftirlits með stofnuninni. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, yrði það einn aðili sem ætlað væri að hafa allt eftirlit með útvarpsstarfsemi innan íslenskrar lögsögu sem telja verður heppilegt, m.a. með tilliti til þess að gætt verði samræmis í eftirliti með einstökum útvarpsstöðvum.

Þá er ákveðið í 5. mgr. að útvarpsréttarnefnd geti áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur sjónvarpsstöðva um útsendingu á evrópsku dagskrárefni skv. 7. gr. og um sýningu efnis sem framleitt er af sjálfstæðum framleiðendum, sbr. 10. gr. Verður þannig fylgst með því hvernig íslenskar sjónvarpsstöðvar fylgja fyrirmælum og tilmælum samkvæmt sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins. Er við það miðað að sjónvarpsstöðvarnar sjálfar haldi skýrslur um þessi efni sem útvarpsréttarnefnd geti látið faggilta skoðunarstofu staðfesta, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, einkum 2. mgr. 11. gr. laganna. Tekið er fram í greininni að Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirlit með tæknilegum eiginleikum útsendinga, enda úthlutar sú stofnun senditíðnum, sbr. b-lið 4. mgr. þessarar greinar.

Lagt er til að í 6. mgr. komi nýtt ákvæði þess efnis að ákvarðanir útvarpsréttarnefndar sæti ekki stjórnsýslukæru. Útvarpsréttarnefnd er þingkjörin, og þykir rétt að undirstrika sjálfstæði hennar með þessu ákvæði. Ákvarðanir nefndarinnar verða hins vegar að sjálfsögðu bornar undir dómstóla og undan þeim kvartað til umboðsmanns Alþingis.

Í 7. mgr. er lagt til að leitt verði í lög ákvæði, sem nú er í 11. gr. reglugerðar nr. 610/1989, þess efnis að kostnaður við starfsemi útvarpsréttarnefndar greiðist úr ríkissjóði. Verður þetta að teljast eðlileg regla, en jafnframt réttara að hún sé í lögum, en ekki einungis í reglugerð. Í umsögn útvarpsréttarnefndar um drögin að frumvarpi þessu er upplýst að kostnaður við störf nefndarinnar nemi nú um 2,5–2,9 millj. kr. á ári, en nefndin hefur haft aðsetur í menntamálaráðuneytinu sem dregið hefur úr rekstrarkostnaði hennar. Undanfarin ár hefur nefndin haft starfsmann í hálfu starfi auk lögfræðilegs ráðgjafa. Innheimt leyfisgjöld vegna útvarpsleyfa voru 1,4 millj. kr. árið 1997, 1,1 millj. kr. árið 1996 og 1,8 millj. kr. árið 1995. Samkvæmt lauslegri áætlun útvarpsréttarnefndar mun kostnaður aukast um 1–1,5 millj. kr. á ári vegna þess aukna hlutverks sem nefndinni er ætlað með frumvarpi þessu. Telur nefndin að vegna aukinna skyldna og vaxandi umsvifa í útvarpsstarfsemi muni nefndin þurfa á að halda starfsmanni í fullt starf auk lögfræðilegs ráðgjafa.

Um IV. kafla.

Í þennan kafla er safnað saman nokkrum ákvæðum um skyldur útvarpsstöðva. Er þar bæði um að ræða óbreytt ákvæði úr núgildandi lögum og nokkur nýmæli.

Um 7. gr.

Í upphafi 1. mgr. er tekið upp ákvæði, sem nú er í 3. tölul. a í 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, þar sem segir að útvarpsstöðvar skuli stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Því ákvæði er bætt við málsliðinn að útvarpsstöðvar skuli leggja rækt við sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Þá er og lagt til að bætt verði við ákvæði um að þó skuli vera heimilt að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku ef sérstaklega stendur á. Er ákvæði þetta sett til þess að unnt sé að sinna þörfum útlendinga sem hér kunna að dveljast um lengri eða skemmri tíma, og er þá hljóðvarp fyrst og fremst haft í huga. Þykir rétt vegna jafnréttis og tjáningarfrelsis að orða þessa heimild berum orðum í lögum þó að ekki sé gert ráð fyrir ásókn í að reka hér á landi stöðvar til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Frá sjónarmiði málverndar er auðvitað aðalatriðið að starfsmenn þeirra útvarpsstöðva sem útvarpa á íslensku tali rétt og vandað mál.

Í 2. mgr. er tekið upp, með smávægilegri orðalagsbreytingu, ákvæði 2. málsl. 3. tölul. a í 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga þess efnis að útvarpsstöð skuli kosta kapps um að meiri hluti útsendrar dagskrár sé íslenskt dagskrárefni og dagskrárefni frá Evrópu. Kom ákvæði þetta í útvarpslög með 4. gr. laga nr. 82/1993, og var það sett með vísun til tilskipunar ráðherraráðs Evrópusambandsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur. Tilskipunin var birt sem fylgiskjal II með frumvarpi til laga um breyting á útvarpslögum nr. 68/1985 á 116. löggjafarþingi 1992 (305. mál, þskj. 474), en frumvarp þetta var undanfari laga nr. 82/1993. Að formi til er ákvæði þetta stefnuyfirlýsing þó að ákveðið sé stefnt að því að markmiði yfirlýsingarinnar verði náð „smám saman á grundvelli hæfilegra viðmiðunarreglna“ eins og segir í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 89/552/EBE. Aðildarríkin eiga að skila skýrslum til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, um hvernig gengur að koma á því hlutfalli evrópskra verka sem að er stefnt, og hafa íslenskar sjónvarpsstöðvar nýlega skilað skýrslu um efnið í fyrsta skipti.

Í 6. gr. tilskipunarinnar var skilgreind merking svokallaðra „evrópskra verka“, en sú skilgreining var ekki tekin upp í útvarpslögin við lagabreytinguna 1993 og heldur ekki í reglugerð samkvæmt þeim. Með áðurnefndri tilskipun 97/36/EB hefur þessari skilgreiningu verið breytt nokkuð. Ekki þykja frekar en áður efni til þess að taka skilgreininguna upp í sjálfan lagatextann. Hins vegar verður að teljast eðlilegt að hana sé að finna í innlendri réttarheimild, sbr. fyrrnefnt álit umboðsmanns Alþingis um birtingu og miðlun upplýsinga um „gerðir“ samkvæmt EES-samningnum og réttarreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, í máli nr. 2151/1997. Eru því sett í 3. mgr. greinarinnar fyrirmæli um að skilgreiningin skuli tekin upp í reglugerð.

Um 8. gr.

Í greininni er tekið upp óbreytt ákvæði 2. og 3. mgr. 3. tölul. a í 2. mgr. 3. gr. núgildandi útvarpslaga sem m.a. mælir fyrir um það að efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Við undantekningarákvæði 2. mgr. er bætt undantekningu í þeim tilvikum þegar útvarpsstöð hefur fengið leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Er undantekning þessi eðlilegur fylgifiskur hins nýja ákvæðis í 1. mgr. 7. gr. sem áður var gerð grein fyrir.

Um 9. gr.

Í greininni er ítrekuð óbreytt sú grundvallarstefna íslenskra útvarpslaga, sem nú kemur fram í 1. mgr. 3. tölul. b í 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, að útvarpsstöðvar skuli í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, þeim beri að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Í lok þessa málsliðar er lagt til að bætt verði við undantekningu frá reglunni um skyldu allra útvarpsstöðva til þess að stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Segir þá að útvarpsstöð, sem fengið hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað, skuli vera óskylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar. Er ákvæði þetta í anda tjáningarfrelsis því að óeðlilegt verður að teljast að þeir sem á réttum forsendum hafa fengið leyfi til útvarpsreksturs til þess að vinna að framgangi einhvers tiltekins málefnis verði neyddir til þess að birta efni sem andstætt er því málefni sem þeir vilja vinna fyrir. Er útvarpsstöðvum í þessu efni játaður sami réttur og t.d. blöðum sem gefin eru út til stuðnings tilteknum málstað og engum dettur í hug að skylt sé að birta efni í andstöðu við baráttumál blaðsins. Hvort sem í hlut eiga útvarpsstöðvar eða blöð verður það að teljast góð blaðamennska og í samræmi við lýðræðislegar grundvallarreglur að ætla andstæðum sjónarmiðum nokkurt rúm, en fráleitt er að gera það að lagaskyldu þegar skilyrði sérákvæðisins er uppfyllt. Skylda til birtingar andsvars skv. 12. gr. frumvarpsins (3. mgr. 3. tölul. b í 2. mgr. 3. gr. núgildandi útvarpslaga) mundi þó einnig gilda í þessum tilvikum.

Um 10. gr.

Með greininni kemur nýtt ákvæði inn í útvarpslögin. Er það tengt ákvæði 7. gr. um sýningu evrópskra verka. Kjarni ákvæðisins er sá að sjónvarpsstöðvar skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Ákvæðin um þetta efni voru sett í 5. gr. tilskipunar 89/552/EBE að því er sjónvarp varðar. Ekki var tekið tillit til þeirra við setningu laga nr. 82/1993, en um þau getið í hinum almennu athugasemdum frumvarpsins til þeirra laga. Aðeins smávægileg breyting var gerð á þessu ákvæði tilskipunarinnar með tilskipun 97/36/EB. Ber að taka ákvæði um þetta efni inn í lögin, enda ætlast til að íslenskar sjónvarpsstöðvar fari eftir því, þó að formlega sé um stefnuyfirlýsingu að ræða, og gefi skýrslu um framkvæmd sína á þessu fyrirmæli.

Samkvæmt skýringu í inngangi tilskipunar 89/552/EBE (23. skýringargrein) er ákvæði þessu ætlað að vera hvatning fyrir ný framleiðslufyrirtæki á sviði sjónvarpsefnis, einkum hvatning til stofnunar lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja. Með þessu eru talin skapast ný tækifæri og auknir möguleikar á að koma á framfæri skapandi hæfileikafólki og fjölga störfum til handa þeim sem vinna að menningarmálum. Enn fremur segir að skilgreining aðildarríkjanna á hugtakinu óháður framleiðandi ætti að taka mið af framangreindu markmiði með tilhlýðilegu tilliti til lítilla og meðalstórra framleiðenda og með því að gera kleift að heimila fjárhagslega þátttöku dótturfyrirtækja í dagskrárgerð sjónvarpsstöðva. Ekki er enn til nein einhlít skýring á því hverjir teljast vera „sjálfstæðir framleiðendur“. Ljóst er þó að átt er við fyrirtæki í myndefnisframleiðslu á Evrópska efnahagssvæðinu sem ekki eru í eigu sjónvarpsstöðvar, nema þá að einhverju litlu leyti, og ekki framleiða svo mikinn hluta efnis síns fyrir einstakar sjónvarpsstöðvar að framleiðendurnir geti talist þeim háðir fjárhagslega. Til viðbótar þessum atriðum kemur það fram í 31. skýringargrein við tilskipun 97/36/EB að einnig skuli litið til þess hver sé handhafi afleiddra réttinda. Á vegum samstarfsnefndar aðildarríkjanna um framkvæmd sjónvarpstilskipunarinnar, sem komið var á fót á vegum framkvæmda-

stjórnar Evrópusambandsins með tilskipun 97/36/EB (23. gr. a), er unnið að skilgreiningu á hugtakinu „sjálfstæður framleiðandi“ sem gilt geti a.m.k. í stórum dráttum fyrir aðildarríkin. Þykir rétt að bíða eftir því að sú vinna komist lengra áleiðis, og er því lagt til að skilgreining hugtaksins verði ákveðin með reglugerð hér á landi. Geta má þess að í frumvarpi til útvarpslaga, sem nýlega hefur verið kynnt í Finnlandi, er framleiðandi sjónvarpsefnis talinn vera sjálfstæður framleiðandi ef ein sjónvarpsstöð á ekki meira en ¼ hluta hlutafjár í félaginu eða tvær eða fleiri sjónvarpsstöðvar eiga ekki meira en helming hlutafjárins, enda hafi framleiðandinn á seinustu þremur árum ekki framleitt meira en $^{9}/_{10}$ hluta af sjónvarpsefni sínu fyrir sömu sjónvarpsstöð. Má sjálfsagt hafa þessa finnsku skilgreiningu til hliðsjónar við setningu reglugerðarákvæðis hér á landi ef ekki liggur fyrir sameiginleg skilgreining EES-ríkjanna þegar þar að kemur.

Um 11. gr.

Í greininni er aukið við ákvæði sem mælir fyrir um að andsvör skuli send út innan hæfilegs tíma frá því að rök voru færð fyrir beiðninni og á þeim tíma og með þeim hætti sem hæfir þeirri útsendingu er beiðnin tekur til. Er ákvæði þessu ætlað að styrkja andsvararétt þeirra sem telja útvarpsstöð brjóta gegn lögmætum hagsmunum sínum, einkum orðspori og mannorði, af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í útvarpsdagskrá. Ákvæði þetta á rót sína í aukinni vernd andsvarsréttar í tilskipun 97/36/EB, sem breytti 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 89/552/EBE.

Um 12. gr.

Í greininni er tekið upp meginefni 3. mgr. 3. tölul. b í 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga um kæru til útvarpsréttarnefndar vegna þeirra atriða sem greinir í 9. og 11. gr. frumvarpsins. Þó að úrskurður útvarpsréttarnefndar sé endanleg ákvörðun á stjórnsýslustigi eiga þeir sem telja að útvarpsréttarnefnd hafi ekki rétt hlut þeirra kost á því að leggja mál sín fyrir umboðsmann Alþingis samkvæmt lögum nr. 85/1997, sem og að höfða mál fyrir dómstólum til þess að leita réttar síns, sbr. athugasemdir við 6. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í greininni er tekið upp óbreytt ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga um skyldu útvarpsstöðva til þess að birta tilkynningar frá almannavörnum o.fl. og gera hlé á dagskrá ef almannaheill krefst. Þó er því bætt við að tilkynningar þessar skuli birtar endurgjaldslaust. Mun þetta vera í samræmi við framkvæmd mála hjá öllum útvarpsstöðvum, en rétt þykir að orða skilyrðið í lögum.

Um 14. gr.

Í greininni er bætt við strangari skilyrðum en áður hafa verið í útvarpslögum til verndar börnum, en ákvæði um þetta efni eru nú í 5. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga. Eru hin nýju skilyrði í samræmi við 22. gr., 22. gr. a og 22. gr. b í tilskipun 89/552/EBE eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB. Sum atriði tilskipunar 97/36/EB eru þess eðlis að þeim er þegar fullnægt í íslenskri löggjöf, t.d. í almennum hegningarlögum. Þeim ákvæðum til viðbótar er mælt fyrir um það í 1. mgr. 14. gr. að sjónvarpsstöðvum skuli vera óheimilt að senda út efni um tilefnislaust ofbeldi með trúverðugum blæ eða með klámfengnum myndum á þeim dagskrártíma og á þann hátt að öðru leyti að á því sé veruleg hætta að börn sjái viðkomandi efni. Þá er gert ráð fyrir því í 2. mgr. að reglur í samræmi við önnur ákvæði tilskipunarinnar verði settar með reglugerð. Enn önnur ákvæði tilskipunarinnar eru fyrst og

fremst stefnumarkandi til athugunar á næstu árum og ekki ætlast til reglusetningar um þau á þessu stigi málsins, sbr. sérstaklega 22. gr. b og 42. skýringargrein í inngangi tilskipunarinnar.

Til frekari skýringar á ákvæðum 14. gr. þykir rétt að gera hér nánari grein fyrir helstu ákvæðum tilskipunar 97/36/EB í þeim kafla hennar (V. kafla) sem varðar vernd barna og allsherjarreglu („Protection of minors and public order").

Í 1. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar er svo fyrir mælt að aðildarríkin, þ.e. aðildarríki Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að útsendingar sjónvarpsstöðva, sem heyra undir lögsögu þeirra, innihaldi ekkert dagskrárefni sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni, sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi. Telja verður að nú þegar sé þessu ákvæði fullnægt í íslenskum lögum, sbr. t.d. refsiákvæði 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 126/1996, um klám og barnaklám, og 1. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995. Í 41. skýringargrein tilskipunar 97/36/EB er tekið fram að ekki sé sérstaklega ætlast til fyrirframskoðunar („prior control") sjónvarpsútsendinga til þess að framfylgja ákvæðum tilskipunarinnar um vernd barna og allsherjarreglu. Hins vegar er á vettvangi Evrópusambandsins mikil áhersla á það lögð að auk annarra ráðstafana, svo sem fræðslu fyrir foreldra og tæknilegra ráðstafana, beiti stjórnvöld í aðildarríkjunum sér fyrir eftirlitskerfi til verndar börnum á vegum þeirra aðila sjálfra sem hafa hljóð- og myndefni á boðstólum, hvort sem það er í sjónvarpi, á alnetinu eða öðrum þess háttar miðlum („self-regulation"). Má hér sérstaklega benda á „Communication from the Commission to the Council, the European Parliament, the Economic and Social Committee and the Committee of the Regions on the follow-up to the Green paper on the protection of minors and human dignity in audiovisual and information services including a Proposal for a Council Recommendation concerning the protection of minors and human dignity in audiovisual and information services." (Brussel, 18.11.1997. COM (97) 570.)

Í 2. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar er tekið fram að þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í 1. mgr. 22. gr., skuli einnig ná til annars dagskrárefnis sem hætta er á að skaði líkamlegan, andlegan eða siðferðislegan þroska barna, nema þegar tryggt er með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að þessu ákvæði verði fullnægt með því að menntamálaráðherra mæli í reglugerð fyrir um útsendingartíma eða tæknilegar ráðstafanir er stuðli að því að börn muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá sjónvarpsútsendingar sem ekki eru taldar við þeirra hæfi.

Í 3. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar er mælt svo fyrir að aðildarríkin skuli sjá til þess, þegar dagskrárefni sem ekki er talið við hæfi barna samkvæmt greininni er sent út ólæst, að á undan því fari hljóðræn viðvörun eða það sé auðkennt með sjónrænu merki allan tímann sem útsending stendur yfir. Er fyrirmæli þessu fullnægt með lokaákvæði 14. gr.

Í 22. gr. a í tilskipuninni er mælt fyrir um það að aðildarríkin skuli sjá til þess að sjónvarpsútsendingar kyndi ekki undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, trúarskoðana eða þjóðernis. Ekki verður talið að Íslendingar þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til viðbótar þeim sem þegar hafa verið gerðar til þess að fullnægja þessu ákvæði. Lagaskyldur í þessu efni eru uppfylltar með ákvæði 233. gr. a í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 96/1973 og 2. gr. laga nr. 135/1996. Í þessu tilvitnaða ákvæði segir að sá skuli sæta nánar tiltekinni refsingu sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst op-

inberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar.

Í 1. mgr. 22. gr. b í tilskipuninni eru fyrirmæli um það að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skuli gefa beitingu kaflans um vernd barna og allsherjarreglu sérstakan gaum í skýrslu, sem framkvæmdastjórnin á að leggja fram eigi síðar en 31. desember árið 2000, og á tveggja ára fresti eftir það, um beitingu tilskipunarinnar í heild og, ef nauðsyn ber til, gera frekari tillögur um aðlögun hennar að þróun mála á sviði sjónvarpsreksturs, einkum í ljósi nýlegrar tækniþróunar.

Í 2. mgr. 22. gr. b segir að framkvæmdastjórnin skuli innan eins árs frá birtingardegi tilskipunarinnar, í samráði við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, láta fara fram rannsókn á hugsanlegum kostum og göllum þess að gerðar verði frekari ráðstafanir með það í huga að auðvelda foreldrum og forráðamönnum að hafa eftirlit með því sjónvarpsefni sem börn kunna að horfa á. Athugunin á m.a. að taka til þess hversu æskilegt sé að krefjast þess að ný sjónvarpstæki hafi búnað sem geri foreldrum eða forráðamönnum kleift að loka fyrir tiltekið dagskrárefni, að koma upp viðeigandi matskerfum, að hvetja til fjölskyldustefnu um áhorf auk annarra ráðstafana sem miða að því að fræða fólk og efla vitund þess og að taka tillit til reynslu sem hefur verið aflað á þessu sviði í Evrópu og víðar og viðhorfa hagsmunaaðila eins og sjónvarpsstöðva, framleiðenda, skólamanna, sérfræðinga um fjölmiðlun og þeirra samtaka sem máli skipta.

Í ákvæðum 22. gr. b í heild felast ýmist fyrirmæli til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða vilja- og stefnuyfirlýsingar aðildarríkjanna. Meðal annars er ljóst af ákvæðum greinarinnar að fyrirsvarsmenn Evrópuríkja vilja fylgjast náið með þróun tæknibúnaðar (t.d. hinnar svonefndu v-flögu) sem gerir það mögulegt fyrir foreldra og aðra forráðamenn barna að hafa áhrif á það hvaða sjónvarpsefni börn horfa á þó að magn sjónvarpsefnis og fjöldi sjónvarpsrása hafi til þessa dregið mjög úr möguleikunum í þessu efni. Það er sömuleiðis greinilegt að fyrirsvarsmenn Evrópuríkja telja mikilvægt að ábyrgð foreldra á aðgangi barna þeirra að sjónvarpsefni verði aukin, bæði með fyrrnefndum tækniráðstöfunum og virku eftirliti foreldra með sjónvarpsnotkun barna sinna. Eins og sakir standa eru engin þessara atriða fallin til löggjafar hér á landi frekar en í öðrum Evrópuríkjum, en mál þessi verða í stöðugri endurskoðun eins og beinlínis kemur fram í tilskipuninni.

Um 15. gr.

Í grein þessari eru taldir upp tekjustofnar útvarpsstöðva af reglulegum rekstri sínum. Er greinin að verulegu leyti sama efnis og 1. mgr. 4. gr. gildandi útvarpslaga, þó þannig að bætt er við tekjum af fjarsöluinnskotum og kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni útvarpsstöðva, svokallaðri stoðframleiðslu, sbr. einnig a-lið 1. mgr. 19. gr. Hins vegar er fellt brott ákvæði 1. mgr. 4. gr. útvarpslaga um tekjur útvarpsstöðva af „sérstöku gjaldi vegna framleiðslu fræðslu- og skýringarefnis“. Er ekki vitað til að þetta hafi verið raunverulegur tekjustofn hjá útvarpsstöðvum.

Um VI. kafla

Í stórum dráttum eru ákvæði 16.–18. gr. frumvarpsins sama efnis og 2.–7. mgr. 4. gr. gildandi útvarpslaga. Ákvæði þessara greina skulu eftirleiðis gilda um svokölluð fjarsöluinnskot („teleshopping spots“) auk hefðbundinna auglýsinga, og er orðalagi breytt því til samræmis. Til gleggra yfirlits um efni ákvæðanna hefur 4. gr. útvarpslaga verið skipt í fleiri greinar í frumvarpinu. Ákvæði 19. og 20. gr. frumvarpsins eru nýmæli í útvarpslögum.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru orðaðar nokkrar meginreglur um gerð og birtingu auglýsinga og fjarsöluinnskota. Er hér um að ræða fyrirmæli um að auglýsingar eigi að vera auðgreinanlegar frá dagskrárefni, bann við duldum auglýsingum og bann við beitingu þeirrar tækni í auglýsingum að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar. Nú er þessar reglur að finna í 2. mgr., 6. mgr. og 7. mgr. 4. gr. útvarpslaga að því er auglýsingar varðar, en samkvæmt frumvarpsgreininni eru þær einnig látnar ná til fjarsöluinnskota.

Um 17. gr.

Í greininni eru teknar upp reglur um auglýsingatíma og heimildir til rofs á dagskrárliðum til flutnings á auglýsingum og fjarsöluinnskotum. Aðalreglan verður áfram sú að auglýsingar verði fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða, sbr. 1. mgr. greinarinnar og 2. mgr. 4. gr. útvarpslaga.

Af framangreindri meginreglu leiðir meðal annars að flutningur einstakra auglýsinga milli dagskrárliða er óheimill, auglýsingar á að flytja fleiri saman í heild. Lagt er til að í 2. mgr. verði tekin upp heimild til undantekningar frá reglu 1. mgr. þannig að einstök auglýsinga- og fjarsöluinnskot verði heimil í undantekningartilvikum. Er fyrst og fremst ætlast til að undanþágunni verði beitt, ef um er að ræða óvenjulega langar auglýsingar, t.d. 10–15 mínútna langar. Þessi undantekningarregla er í samræmi við 2. mgr. 10. gr. í sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins.

3. og 4. mgr. greinarinnar eru í samræmi við 3. og 4. mgr. 4. gr. útvarpslaga með einni undantekningu. Er lagt til að í lok 4. mgr. verði bætt við ákvæði um að heimilt sé að rjúfa fréttatengda dagskrárliði, ef þeir eru lengri en 30 mínútur. Er þessi breyting í samræmi við 5. mgr. 11. gr. tilskipunar 89/552/EBE, en ákvæði um þetta efni var ekki tekið í útvarpslögin við endurskoðun þeirra árið 1993. Í reynd eru mikil brögð að því að fréttatengdir þættir í sjónvarpi séu rofnir með auglýsingum, og þykir rétt að heimila það í lögum, þó með framangreindri takmörkun. Af ákvæðinu leiðir að ekki er heimilt að rjúfa fréttatíma með auglýsingum en það er nú gert í framkvæmd.

Um 18. gr.

Grein þessi um takmarkanir á auglýsingatíma í sjónvarpi svarar til 5. mgr. 4. gr. útvarpslaga með nokkrum breytingum. Í fyrsta lagi er ákvæðinu breytt þannig að það taki jafnt til fjarsöluinnskota sem auglýsinga, svo sem gert er endranær í frumvarpinu. Í öðru lagi eru tekin upp í greinina tvö sérákvæði um tilkynningar sem ekki skuli teljast til auglýsinga í sjónvarpi og að sá tími, sem til þessara tilkynninga er varið, skuli þar með ekki dragast frá heimilum auglýsingatíma sjónvarpsstöðva. Er hér annars vegar um að ræða tilkynningar frá sjónvarpsstöðvunum sjálfum í tengslum við dagskrárefni þeirra og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni (a-liður). Með stoðframleiðslu („ancillary products“) er átt við framleiðslu eða vörur sem beinlínis tengjast dagskrárefni, svo sem myndbönd, sem gerð eru eftir sjónvarpsþáttum, og bækur er tengjast tungumálakennslu í sjónvarpi. Hins vegar er svo um að ræða tilkynningar sem birtar eru endurgjaldslaust um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana (b-liður). Breyting þessi samrýmist 3. mgr. 18. tilskipunar 89/552/EBE eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Fyrirmæli 1. mgr. varða fjarsöluþætti í dagskrám sem ekki eru eingöngu helgaðar fjarsölu, þ.e. fjarsöluþætti í venjulegum sjónvarpsdagskrám. Er

tilgangur ákvæðisins tvíþættur, annars vegar að tryggja það að ekki fari á milli mála að um slíka þætti sé að ræða og hins vegar að setja fyrirferð slíkra þátta nokkrar skorður í sjónvarpsdagskrám. Fyrirmæli 2. mgr. varða sjónvarpsdagskrár sem eingöngu eru helgaðar fjarkaupum, en slíkar dagskrár hafa ekki tíðkast hingað til hér á landi. Gilda almenn ákvæði laganna um slíkar dagskrár eftir því sem við á, þó þannig að örlítið þrengri mörk eru sett á daglega auglýsingatíma en gilda um aðrar sjónvarpsdagskrár. Ákvæði þessarar greinar eiga fyrirmynd sína í 18. gr. a og 19. gr. tilskipunar 89/552/EBE, svo sem henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB.

Í 3. mgr. er ákveðið að ákvæði 4.–8. gr. laga nr. 96/1992 um húsgöngu- og fjarsölu skuli gilda um fjarsölu, sem hér um ræðir, eftir því sem við á. Er hér um að ræða neytendaverndarákvæði, og þykir rétt að taka af öll tvímæli um að þau gildi um fjarsölu þá sem um ræðir í frumvarpi þessu.

Um 20. gr.

Með grein þessari er ætlunin að leiða í lög reglur um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum í útvarpi. Reglur greinarinnar eru efnislega í samræmi við 16. gr. sjónvarpstilskipunarinnar, en eru hér látnar taka til auglýsinga bæði í sjónvarpi og hljóðvarpi. Efnislega skarast frumvarpsgreinin og 3.–5. mgr. 22. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, sem ætlað er að vernda börn gegn óeðlilegum ágangi af hvers konar auglýsingum.

Rík ástæða er til þess að setja nokkrar skorður við markaðssetningu sem ætlað er að hafa áhrif á börn. Börnum hættir til trúgirni vegna reynsluleysis síns og þekkingarskorts. Jafnframt eru börn áhugaverður markhópur margra auglýsenda þar sem þau eru framtíðarneytendur. Óskir barnanna hafa ekki einungis áhrif á kaup fyrir þau sjálf, heldur einnig á innkaupamynstur allrar fjölskyldunnar. Verður að gæta þess svo sem kostur er að með auglýsingum sé forráðamönnum barna ekki gert erfitt fyrir við ákvarðanir um kaup á vörum og þjónustu í þágu barnanna og fjölskyldunnar allrar eða að láta kaup hjá líða.

Efni greinarinnar er skýrt og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 21. gr.

Grein þessi fjallar um kostun dagskrárefnis í útvarpi. Ákvæði greinarinnar er að mestu í samræmi við 4. gr. a útvarpslaga, en greininni er skipt í fleiri málsgreinar, og er það gert til þess að auðvelda yfirlit um efnið. 1. og 2. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða upphafsákvæði 1. mgr. 4. gr. a útvarpslaga.

Í 2. mgr. er tekin upp sú regla sem nú er í 1. mgr. 4. gr. a útvarpslaga, um bann við kostun fréttaútsendinga og fréttatengds efnis.

Í 3. mgr. er hnykkt nokkuð á orðalagi 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. a útvarpslaga þar sem nú segir á þessa leið: „Nú er dagskrárliður kostaður og má þá efni hans ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostunaraðila.“ Er lagt til að við bætist orðin „eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa líka vöru eða þjónustu sérstaklega“. Er þetta orðalag í samræmi við c-lið 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 89/552/EBE. Of mikið er um það að kostunarauglýsingar hér á landi séu jafnframt auglýsingar um vöru eða þjónustu kostanda, sem er andstætt tilgangi kostunarheimildarinnar, þ.e. að gefa fyrirtækjum færi á að kynna ímynd sína um leið og þau leggja fé af mörkum til dagskrárgerðar. Þykir verða að fylgja reglum þessum betur eftir en gert hefur verið.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 2. mgr. 4. gr. a í útvarpslögum, þó þannig að breytt er orðun ákvæðisins í þá átt að fyrirmæli um auðkenningu kostaðrar dagskrár er látið ná til hvers konar útvarpsdagskrár, en ekki einungis til sjónvarpsdagskrár.

Ákvæði 5. mgr. er samhljóða 7. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga.

Í 6. mgr. er nýmæli, og er það í samræmi við 3. mgr. 17. gr. tilskipunar 89/552/EBE eftir breytingu með tilskipun 97/36/EB. Hið raunverulega nýmæli ákvæðisins er það að framleiðendum og söluaðilum lyfja skuli vera heimilt að kynna nafn eða ímynd fyrirtækis síns með kostun útvarpsdagskrár, þó þannig að ekki sé um að ræða kynningu á einstökum lyfjategundum eða læknisfræðilegri meðferð. Aðalreglan skv. VI. kafla lyfjalaga, nr. 93/1994, er sú að bannaðar eru hvers konar lyfjaauglýsingar (13. gr.). Frá þessu banni eru þó ýmsar undantekningar, og þykir sú heimild til kostunar, sem hér er gert ráð fyrir, vera í góðu samræmi við þær undantekningar, sbr. einkum 16. gr. laganna.

Um VII. kafla.

Svo sem kunnugt er færast fjarskipti, útvarp og jafnvel tölvunotkun nær hvert öðru í nútímaupplýsingatækni svo að margir telja að á endanum muni þessi svið jafnvel renna saman. Við þessa endurskoðun útvarpslaga er ekki tilefni til þess að horfa til þess tíma, enda má gera ráð fyrir að hin hraða tækniþróun geri það nauðsynlegt að endurskoða útvarpslög og fjarskiptalög oftar en gert hefur verið til þessa. Í ákvæðum þessa kafla er aðeins litið til þeirrar þróunar sem nokkuð fyrirsjáanleg virðist vera. Í hinni nýju sjónvarpstilskipun 97/36/EB eru engin bein ákvæði, sem varða hin nýju svið upplýsingatækninnar. Í 7. skýringargrein í inngangi tilskipunarinnar er hins vegar að því vikið að hvers konar lagasetning um nýja þjónustu á sviði hljóð- og myndmiðlunar („audiovisual services“) verði að samrýmast því meginmarkmiði tilskipunarinnar að skapa lagalegan ramma fyrir frjálsa þjónustustarfsemi („free movement of services“). Í 8. skýringargrein er því enn fremur lýst yfir að aðildarríkin skuli gera ráðstafanir varðandi þjónustustarfsemi er svipi til ráðstafana um sjónvarpssendingar, í því skyni að koma í veg fyrir brot á þeim grundvallarreglum sem gilda beri um upplýsingar og sporna við því að til meiri háttar ósamræmis komi innan sviða frjálsra flutninga og samkeppni. Á vegum Evrópusambandsins er nú mikið fjallað um samruna fjölmiðlunar, fjarskipta og upplýsingatækni og áhrif þessa samruna á setningu reglna um þessi svið með hliðsjón af þróun upplýsingasamfélagsins. Svokölluð Grænbók Evrópusambandsins um samruna kom út 3. desember 1997. Nefnist skýrsla þessi „Green Paper on the Convergence of the Telecommunications, Media and Information Technology Sectors, and the Implications for Regulation — Towards an Information Society Approach“. Þær hugmyndir, sem settar eru fram í Grænbókinni, verða til meðferðar hjá aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins á næstu missirum.

Um 22. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um atriði er varðar raunhæf tengsl milli útvarpslaga og fjarskiptalaga, aðgang útvarpsstöðva að almennum fjarskiptanetum fyrir starfsemi sína. Í núgildandi útvarpslögum er ekki að finna nein ákvæði um rétt útvarpsstöðva til aðgangs að kapalkerfum eða almennum fjarskiptanetum sem hagnýta má til útvarpssendinga, aðeins ákvæði 5. gr. laganna, um heimild útvarpsstöðva til lagningar þráðar samkvæmt heimild sveitarstjórna og um lagningu og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust dagskrárefni útvarpsstöðva óbreyttu og óstyttu.

Með hliðsjón af fyrirhugaðri útbreiðslu á breiðbandi Landssímans um landið verður að telja tímabært að kveða skýrt á um rétt útvarpsstöðva til þess að nýta sér breiðbandið og önnur almenn fjarskiptanet og eftir hvaða reglum farið skuli við tengingu útvarpsstöðva við almenn fjarskiptanet. Breiðbandið mun ásamt stafrænum útvarpssendingum hafa mikla þýðingu fyrir þróun og möguleika útvarpsstöðva í landinu á komandi árum.

Breiðband er þjónusta eða tenging sem gerir mögulegt að flytja umtalsvert magn upplýsinga, svo sem sjónvarpsmyndir. Breiðbandsnet hafa flutningsgetu sem svarar til a.m.k. 2 Mb/s.

Breiðband Landssímans er ljósleiðaranet sem lagt er neðan jarðar. Er nú þegar búið að leggja ljósleiðara í kringum landið svo að nær allar símstöðvar landsins eru í ljósleiðarasambandi. Frá símstöðvunum er ætlunin að lagt verði ljósleiðaranet til notenda víðs vegar um landið.

Flutningsgeta breiðbandsins verður gríðarlega mikil. Eru tæknilegir eiginleikar þess þannig að það má nýta jafnt til almennrar fjarskiptaþjónustu, svo sem hvers konar símaþjónustu, sem til sendingar útvarpsefnis, hvort sem er í sjónvarpi eða hljóðvarpi, og einnig fyrir ýmiss konar tölvuþjónustu. Með tilkomu breiðbandsins má því segja að möguleikar skapist hér á landi til sameiginlegrar boðleiðar fyrir hvers konar fjarskipti. Fyrir útvarpsmiðla mun aðgangur að breiðbandinu geta haft mikla þýðingu í framtíðinni, sparað hverjum og einum fjárfestingu í dreifikerfi og leitt til rekstrarsparnaðar með þátttöku í sameiginlegu dreifikerfi með mörgum aðilum. Með skynsamlegri nýtingu breiðbandsins verður auðveldaður aðgangur nýrra útvarpsmiðla að markaðnum. Með nýtingu breiðbandsins fyrir útvarpsmiðla og fjarskipti, þar á meðal hraðvirkt alnetssamband, er stuðlað að útbreiðslu hvers konar upplýsinga í landinu og þannig unnið að markmiðum upplýsingaþjóðfélags nútímans.

Landssíminn hefur þegar hafið útsendingar á sjónvarps- og hljóðvarpsefni á breiðbandinu. Samkvæmt upplýsingum frá Landssímanum eiga nú 23 þúsund heimili í landinu möguleika á að nýta sér sjónvarps- og hljóðvarpsútsendingar á breiðbandinu. Er gert ráð fyrir að innan 3–5 ára eigi 50–60% landsmanna þess kost að tengjast breiðbandinu og stefnt er að því að innan 10 ára verði þetta hlutfall komið upp í u.þ.b. 90%.

Vegna kostnaðar er þess naumast að vænta að annað breiðbandskerfi verði lagt um landið, a.m.k. ekki á næstu árum.

Setning núgildandi fjarskiptalaga, nr. 143/1996, markaði þáttaskil í fjarskiptamálum hér á landi. Var í lögunum m.a. ákveðið að frá og með 1. janúar 1998 félli niður að öllu leyti lögbundinn einkaréttur ríkisins til fjarskipta og jafnframt gert ráð fyrir að þeir sem uppfylla skilyrði laganna geti fengið leyfi ríkisvaldsins til fjarskiptaþjónustu á öllum sviðum fjarskipta og til að eiga og reka grunnnet. Í fjarskiptalögunum er að finna ítarlegar reglur um frelsi í fjarskiptum og samkeppni á þessu sviði. Þessi skipan fjarskiptamála er í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins um samkeppni á sviði fjarskipta og afnám einkaréttar einstakra aðila, ríkisins sjálfs eða tiltekinna fjarskiptafyrirtækja, til þess að annast fjarskiptaþjónustu. Gilda þessar tilskipanir fyrir Evrópska efnahagssvæðið og eru þar með bindandi fyrir Íslendinga. Eru hér tvær tilskipanir þýðingarmestar, tilskipun ráðherraráðsins 90/387/EBE um frjálsan aðgang þjónustuveitenda að almennum fjarskiptanetum („Open Network Provision“) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE, þar sem kveðið er á um skyldu ríkjanna til þess að koma á samkeppni í fjarskiptaþjónustu innan hins sameiginlega markaðar. Framangreindar tilskipanir eru gefnar út með hliðsjón af ákvæðum Rómarsáttmálans, einkum 49., 82. og 86. gr. sáttmálans (fyrir gildistöku Amsterdamsáttmálans 59., 86. og 90. gr.), en ákvæði 36., 54. og 59. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið svara til framantaldra ákvæða Rómarsáttmálans. Með aðild sinni að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að taka upp í löggjöf sína ýmsar samþykktir Evrópusambandsins um fjarskiptamál. Segir í 7. gr. samningsins að gerðir, sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, skuldbindi samningsaðila, og skuli þær teknar upp í landsrétt með nánar tilteknum hætti. Viðauki nr. XI við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið fjallar um fjarskiptamál,

og meðal ákvæða þessa viðauka eru framangreindar tilskipanir, 90/387/EBE og 90/388/EBE.

Þau grundvallarsjónarmið um frjálsan aðgang þjónustuveitenda að almennum fjarskiptakerfum, sem á er byggt í núgildandi fjarskiptalögum í samræmi við Evrópureglur á þessu sviði, verða að teljast eiga við með sömu rökum um útvarp, þ.e. sjónvarp og hljóðvarp, ekki síst í ljósi þess hversu náin tengsl eru orðin milli þessara tveggja sviða, fjarskipta og útvarps, og skilin milli þeirra verða sífellt óljósari. Að því er útvarp varðar styðst frjáls aðgangur að almennum fjarskiptanetum einnig við grundvallarreglur lýðræðisþjóðfélags, sérstaklega skoðana- og tjáningarfrelsi, sem m.a. gerir ráð fyrir víðtækum aðgangi almennings að upplýsingum, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 19. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Útvarpsrekstur um þráð og fjarskiptalög tengjast með vissum hætti í núgildandi fjarskiptalögum, nr. 143/1996. Í 2. gr. laganna er fjarskiptaþjónusta skilgreind svo að þar sé um að ræða þjónustu sem að nokkru eða öllu leyti felist í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, *öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi.* Í sömu grein laganna er kapalkerfi skilgreint svo að það sé þráðbundið kerfi sem ætlað sé til dreifingar á útvarpsmerkjum til almennings. Í 5. gr. laganna er svo fyrir mælt að Póst- og fjarskiptastofnun veiti leyfi til fjarskiptaþjónustu og til þess að reka almennt fjarskiptanet samkvæmt lögunum, þar með talið kapalkerfi. Er af þessum sökum líklegt að VII. kafli fjarskiptalaga, um samtengingu neta, gildi um kapalkerfi, en þetta er sá kafli fjarskiptalaganna er mestu máli skiptir í því sambandi sem hér um ræðir. Hins vegar telst breiðbandið ekki kapalkerfi í skilningi fjarskiptalaga, heldur almennt fjarskiptanet, svo sem merking þess er skilgreind í 2. gr. þeirra.

Sáralítið er um hefðbundin kapalkerfi hér á landi. Kostnaður við lagningu þeirra hefur verið mikill og staðið útbreiðslu þeirra fyrir þrifum, en sá kostnaður fer að öllum líkindum lækkandi. Hvað sem því líður er óvíst um þróun þeirra og útbreiðslu hefðbundinna kapalkerfa hér á landi í framtíðinni. Hins vegar þykir víst að dreifing útvarpsefnis um breiðband muni hafa mikla þýðingu hér á næstu árum. Er af þeim sökum nauðsynlegt að tekin séu upp í lög ákvæði er tryggja möguleika útvarpsstöðva til dreifingar á efni sínu um breiðbandið, enda er einn megintilgangurinn með rekstri þess dreifing útvarpsefnis í sjónvarpi og hljóðvarpi. Í stað þess að koma upp sérstöku kerfi samkvæmt útvarpslögum um aðgang að breiðbandinu þykir eðlilegast að um þetta efni gildi hið almenna fyrirkomulag skv. VII. kafla fjarskiptalaga um samtengingu neta (12. og 13. gr. laganna) ásamt öðrum ákvæðum laganna eftir því sem við á og ákvæðum laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun. Er því í frumvarpi þessu lögð til lögfesting þeirrar reglu að óski útvarpsstöð að fá aðgang að kapalkerfi eða öðru almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpssendinga, þar á meðal breiðbandi, skuli fara með málið svo sem fyrir er mælt í fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun eftir því sem þau eiga hér við. Þykir eðlilegt að málsmeðferðarreglur um aðgang að fjarskiptanetum séu í þeim lögum eins og aðrar málsmeðferðarreglur varðandi fjarskiptamál.

Miklu varðar að reglur um málsmeðferð varðandi aðgang að almennum fjarskiptanetum tryggi vandaða og greiða málsmeðferð. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir þá sem óska slíks aðgangs, tíminn er dýrmætur og því meðal annars nauðsynlegt að hæfilegir tímafrestir séu settir til afgreiðslu mála. Engar reglur eru nú í lögum sem fjalla sérstaklega um meðferð mála út af aðgangi að almennum fjarskiptanetum. Hins vegar eru í VII. kafla fjarskiptalaga (12. og 13. gr.), nr. 143/1996, ítarlegar reglur um meðferð mála út af samtengingu neta. Er þar kveðið á um vandaða og eftir atvikum greiða málsmeðferð. Þykir eðlilegast að beita svipuðum reglum, að því er málsmeðferð varðar, um mál varðandi aðgang að fjarskiptanetum. Ætl-

unin er að á þessu þingi verði lagt fram frumvarp til nýrra fjarskiptalaga og verði þar meðal annars ákvæði sem tryggja rétt útvarpsstöðva og annarra sem óska aðgangs að fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækja, þar á meðal kapalkerfum og breiðbandi, sem og nýjar reglur um málsmeðferð.

Í 2. mgr. greinarinnar er heimild til þess að sett verði fyrirmæli í reglugerð, ef til þess þykir þörf, um takmörkun á fjölda rása sem útvarpsstöðvar í eigu sömu eða tengdra aðila fá til afnota í framangreindum fjarskiptavirkjum. Á þessu stigi þykir ekki ástæða til þess að mæla nánar fyrir um þetta atriði í lögum. Ýmsir telja að nú þegar sé æskilegt að setja almennar reglur sem ætlað sé að girða fyrir óhæfilega samþjöppun valds yfir fjölmiðlum. Má vel á það fallast að meginstefnu til. Vandinn er hins vegar mikill þegar kemur að mótun slíkra reglna. Á vegum Evrópuráðsins hefur lengi verið unnið að þessu verkefni og stendur sú vinna enn yfir, og einnig er nú að því unnið á vettvangi Evrópusambandsins. Þykir rétt, að minnsta kosti að svo stöddu, að bíða þess hver niðurstaða verður af þessu fjölþjóðlega undirbúningsstarfi, enda er það ekki svo að engar lagareglur taki nú til þessa efnis. Gilda hér á landi um þetta svið, eins og önnur svið viðskipta, ákvæði samkeppnislaga, nr. 8/1993, sbr. einkum V. kafla (17.–19. gr.) þeirra laga. Samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga er til dæmis mögulegt að samkeppnisyfirvöld ógildi samruna útvarpsstöðva eða ráðstafanir sem gera það að verkum að eigendur með virk yfirráð yfir einni útvarpsstöð (eða öðru fjölmiðlafyrirtæki) nái virkum yfirráðum yfir annarri útvarpsstöð eða öðru fjölmiðlafyrirtæki.

Um 23. gr.

Reglur þær, sem heimilað er að setja í 23. gr., eiga rætur sínar í hugmyndinni um upplýsingasamfélagið, sem nú má heita viðurkennd hugmynd í aðildarríkjum Evrópuráðsins og Evrópska efnahagssvæðisins, sem og í ríkjum Norður-Ameríku. Í þessum ríkjum er það talin skylda yfirvalda, löggjafarvalds og stjórnvalda, að tryggja sem víðtækastan aðgang almennings að hvers konar upplýsingum sem almenning varða og almenningur hefur áhuga á. Ákvæði 24. gr., sem varðar gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins hvers á ákvörðunum annars á þessu sviði sjónvarpsreksturs, er sprottið af sama meiði.

Ákvæði 23. og 24. gr., að undanskilinni 4. mgr. 23. gr., leiðir af tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðsins 97/36/EB frá 30. júní 1997 um breytingu á tilskipun ráðherraráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur frá 3. október 1989. Þær greinar, sem hér um ræðir, eru í 3. gr. a, 1.–3. mgr., tilskipunarinnar, eins og hún verður eftir breytinguna með tilskipun 97/36/EB. Fyrirmynd þeirra er að finna í 9. gr. Evrópusamningsins um sjónvarp milli landa, sem gerður var á vegum Evrópuráðsins hinn 5. maí 1989 („European Convention on Transfrontier Television“).

23. gr. er frábrugðin 24. gr. að því leyti að efni 24. gr. ber að lögbinda skv. 3. mgr. 3. gr. a tilskipunarinnar, en það er hverju ríki í sjálfsvald sett hvort það nýtir heimildarákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni, eins og henni hefur verið breytt, en 23. gr. er reist á grundvelli þessa ákvæðis.

Skal nú nánar vikið að efni 23. gr., en til skýringar á greininni er nauðsynlegt að gera grein fyrir ákvæðum 1. mgr. 3. gr. a í sjónvarpstilskipun Evrópusambandsins og þeim sjónarmiðum sem að baki búa.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. a er hverju aðildarríki heimilað að gera ráðstafanir, sem að öðru leyti séu í samræmi við löggjöf sambandsins, er tryggi það að sjónvarpsstöð, sem heyrir undir lögsögu ríkisins, beiti ekki einkarétti, er hún hefur aflað sér til sjónvarps frá viðburðum, sem ríkið telur hafa mikilsverða þýðingu („major importance“) fyrir borgarana, með þeim

hætti að verulegur hluti almennings („a substantial proportion of the public") í því ríki sé sviptur möguleika á því að fylgjast með slíkum viðburðum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds, annað hvort í beinni eða seinkaðri útsendingu. Fari aðildarríki þessa leið skal það gera skrá um tiltekna viðburði, innlenda sem erlenda, er það telur hafa mikilsverða þýðingu fyrir almenning. Þetta skal gert með skýrum og gagnsæjum hætti og með góðum fyrirvara. Við gerð skrárinnar skal aðildarríkið jafnframt ákveða hvort þessir viðburðir skuli sýndir að öllu leyti eða að hluta í beinni útsendingu, eða að öllu leyti eða nokkru í seinkaðri útsendingu, ef það af málefnalegum ástæðum telst vera nauðsynlegt eða heppilegt fyrir almenning. Þar sem í 1. mgr. 3. gr. a eru heimilaðar ráðstafanir með þeim fyrirvara að þær séu að öðru leyti í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins (og ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið) er fyrst og fremst við það átt að ráðstafanirnar séu í samræmi við samkeppnisreglur Evrópuréttarins.

Fyrsta spurningin, sem taka þarf afstöðu til, er hvort Ísland eigi að nýta sér heimild til ákvarðana skv. 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni eða láta það hjá líða, a.m.k. að svo stöddu. Millileið er að halda möguleikanum opnum með því að heimila ráðherra að nýta heimildina með setningu reglugerðar um efnið.

Við fyrstu sýn er það engan veginn augljóst að heimild þessa beri að nota. Það verður að viðurkenna að hún er að sumu leyti varhugaverð og nokkuð vandmeðfarin þó að því séu vissulega verulega þröngar skorður settar um hvers konar viðburði heimildinni verður beitt. Með ráðstöfunum samkvæmt heimild málsgreinarinnar væri gripið inn í samkeppni aðila á sjónvarpsmarkaði og einnig höfð afskipti af hagsmunum rétthafa sjónvarpsréttindanna. En þetta eru ekki einu sjónarmiðin sem taka þarf tillit til. Að baki heimildinni býr fyrst og fremst hugmyndin um sem víðtækastan aðgang almennings að upplýsingum sem vissulega er í anda nútímasjónarmiða. Í 18. skýringargrein inngangsorða tilskipunar 97/36/EB er lögð á það áhersla að afar þýðingarmikið sé að aðildarríkin geti gert ráðstafanir til þess að vernda rétt borgaranna til upplýsinga og tryggja þeim víðtækan aðgang að sjónvarpssendingum frá innlendum og erlendum viðburðum sem hafi mikilsverða þýðingu fyrir viðkomandi þjóðfélag. Sem dæmi um slíka viðburði eru í skýringargreininni nefndir Ólympíuleikar og heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni landsliða í knattspyrnu. Segir síðan að í þessu skyni áskilji ríkin sér rétt til þess að gera ráðstafanir til þess að takmarka beitingu sjónvarpsstöðva undir lögsögu þeirra á einkarétti til sjónvarps frá slíkum viðburðum, enda samrýmist ráðstafanir þessar að öðru leyti löggjöf Evrópusambandsins. Auk hinna almennu sjónarmiða, sem byggt er á í 18. skýringargrein, hefur það mikla þýðingu í þessu efni að viðskipti með sjónvarpsréttindi eru að miklu leyti orðin alþjóðleg, verðlag á slíkum réttindum hefur hækkað mjög mikið á síðustu árum og víða erlendis er aðgangur að sumum íþróttaviðburðum eingöngu fáanlegur í þáttasölusjónvarpi („pay-per-view"). Íslendingar hafa nú þegar dæmi um að erlend fyrirtæki hafa boðið betur en íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa treyst sér til að bjóða í rétt til sýningar frá íslenskum íþróttaviðburðum, og er þar átt við kaup erlends fyrirtækis á sjónvarpsrétti á leikjum Íslandsmótsins í knattspyrnu. Ekkert er því til fyrirstöðu að erlendar sjónvarpsstöðvar kaupi sjónvarpsrétt fyrir Ísland t.d. um leið og þær kaupa sjónvarpsrétt fyrir önnur ríki. Ef Íslendingar nýta sér ekki heimild þá sem felst í 1. mgr. 3. gr. a í sjónvarpstilskipuninni er raunhæf hætta á því að þeir fari á mis við sjónvarp frá mikilvægum innlendum og erlendum íþróttaviðburðum. Gæti það stafað af því að hinar erlendu sjónvarpsstöðvar gæfu íslenskum sjónvarpsstöðvum ekki kost á sjónvarpsrétti nema á afarkjörum, sem íslensku fyrirtækin treystu sér ekki til að samþykkja, eða erlendu fyrirtækin hreinlega ákvæðu að nýta ekki sjónvarpsréttinn fyrir Ísland þó að þau hefðu keypt hann. Af þessum ástæðum öllum þykir ekki annað verjandi en að leggja til að fest verði í íslensk lög ákvæði

er gera kleift að tryggja Íslendingum aðgang að sjónvarpssendingum sem sjónvarpsstöðvar í EES-ríkjum hafa keypt rétt á og að öðru leyti falla undir ákvæði 1. mgr. 3. gr. a í sjónvarpstilskipuninni. Er því gert ráð fyrir því í 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins að ákvörðun um þetta efni verði tekin með setningu reglugerðar um efnið, ef heimildin verður á annað borð notuð.

Þar sem niðurstaðan um nýtingu heimildar skv. 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni er sú sem nú hefur verið greint frá er rétt að víkja að einstökum atriðum til skýringar á tilskipunargreininni og 23. gr. frumvarpsins.

Hvaða viðburðir eru það sem teljast hafa verulega þýðingu fyrir almenning? Hvað felst í því að íslenska ríkið þurfi að gera skrá yfir slíka viðburði? Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til þess að útsendingar sjónvarpsstöðvar teljist ná til meginhluta þjóðarinnar? Hvað eru einkaréttindi í skilningi tilskipunarinnar og 23. gr. frumvarpsins? Hvað telst vera sjónvarp án sérstaks endurgjalds? Um fleiri slíkar spurningar má fjalla auk þess sem ýmis atriði eru enn óljós varðandi framkvæmd þess réttar sem hér um ræðir.

Það er helsta skilyrði þess að skert verði einkaréttindi þeirra sem keypt hafa slíkan rétt til sjónvarps frá tilteknum viðburðum að um sé að ræða viðburði sem „hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu“ eins og það er orðað í 23. gr. frumvarpsins, eða þeir séu „of major importance for society“ eins og skilyrðið er orðað í hinum enska texta 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni. Í 21. skýringargrein tilskipunarinnar er þetta atriði skýrt frekar: Viðburðir, sem hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu samkvæmt skilgreiningu þessarar tilskipunar, verða að fullnægja tilteknum skilyrðum, þar eð þetta skulu vera sérstakir viðburðir („outstanding events“), sem þýðingu hafa fyrir almenning í Evrópusambandinu (innan Evrópska efnahagssvæðisins) eða í einhverju aðildarríkjanna eða í þýðingarmiklum hluta aðildarríkis, og vera fyrir fram skipulagðir af skipuleggjendum viðburða („event organisers“), sem að lögum hafa rétt til þess að selja réttindi, sem viðburðunum tengjast. Af þessu er ljóst að því eru þröng takmörk sett hvaða viðburðum ætlunin er að tryggja almenningi aðgang að í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds, og dæmin sem vitnað var til að framan úr 18. skýringargrein tilskipunarinnar staðfesta það enn frekar. Það er því meginhluti allra viðburða sem sjónvarpsstöðvar hafa keypt einkarétt á sem einkaréttur þeirra mun áfram gilda um óskertur.

Á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er unnið að því í samvinnu við samstarfsnefndina skv. 23. gr. a í sjónvarpstilskipuninni að setja frekari leiðbeiningarreglur um þetta efni. Í vinnuskjali, sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir að minnst tveimur skilyrðum af eftirfarandi fjórum skilyrðum verði fullnægt til þess að viðburður verði talinn hafa svo mikla þýðingu fyrir almenning að framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, samþykki hann:

1. Viðburðurinn og úrslit hans eigi sérstakan og almennan hljómgrunn í því ríki sem í hlut á en ekki einungis meðal þeirra sem að öllu jöfnu fylgjast með þeirri íþróttagrein eða athöfn, sem um er að ræða.

2. Almennt sé viðurkennt að viðburðurinn hafi sérstaka menningarlega þýðingu („distinct cultural importance“) fyrir íbúa þess ríkis sem í hlut á, sérstaklega sem hvati („catalyst“) fyrir sjálfsvitund íbúanna.

3. Landslið þjóðarinnar sé þátttakandi í þýðingarmiklu („major“) íþróttamóti.

4. Hefð sé fyrir því að sjónvarpað hafi verið frá viðburðinum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds og sjónvarpssendingin hafi laðað að sér mikinn fjölda áhorfenda í því ríki sem í hlut á.

Þó að samþykktar verði reglur með hliðsjón af framangreindum skilyrðum eða einhverjar reglur í þessa átt er ekki talið að á þær verði litið sem bindandi og ófrávíkjanlegar, heldur sem leiðbeiningarreglur. Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA geti því metið ein-

stök tilvik sem upp kunna að verða borin af aðildarríkjunum með hliðsjón af þeim sérstöku rökum sem ríkin kunna að hafa fram að færa.

Nefna má hér að Danir hafa þegar ákveðið að setja reglur á grundvelli 1. mgr. 3. gr. a tilskipunarinnar. Í þeirri skrá um viðburði til sýningar í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds sem þeir hafa nú sent framkvæmdastjórninni eru taldir upp eftirgreindir íþróttaviðburðir:

a. Ólympíuleikar, sumar- og vetrarleikar.
b. Heimsmeistarkeppni og Evrópumeistarkeppni í knattspyrnu karla. Allir leikir danska landsliðsins og auk þess undanúrslitaleikir og úrslitaleikir.
c. Heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni í handknattleik karla og kvenna. Allir leikir danska landsliðsins og auk þess undanúrslitaleikir og úrslitaleikir.
d. Leikir danska landsliðsins í undankeppni heimsmeistaramótsins og Evrópumeistaramótsins í knattspyrnu karla.
e. Leikir danska landsliðsins í undankeppni heimsmeistaramótsins og Evrópumeistaramótsins í handknattleik kvenna.

Í 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild til þess að ákveða í reglugerð að gefa út skrá um þá viðburði sem Íslendingar vilja undanþiggja einkarétti sjónvarpsstöðva. Er það eðlileg aðferð, þar sem skráin getur verið breytileg frá einum tíma til annars eftir því sem áhugi almennings í landinu kann að breytast á tilteknum íþróttaviðburðum. Ef ákveðið verður hér á landi að nota heimildina til að setja reglugerð með skrá um þýðingarmikla viðburði virðist ekki ólíklegt að Íslendingar mundu setja saman skrá af sinni hálfu svipaðs efnis og danska skráin sem að framan var greint frá. Trúlegt er þó að hún yrði ekki alveg sama efnis því að íþróttahefðirnar eru ekki alveg hinar sömu í þessum tveimur löndum. Af ákvæði 1. mgr. leiðir að í skrá um viðburðina þyrfti nákvæmlega að greina heiti þeirra, svo og að tiltaka hvort þeir skuli vera sýndir í heild eða aðeins að hluta til. Þetta atriði getur t.d. skipt máli, þegar um er að ræða útsendingar frá mjög umfangsmiklum viðburðum, svo sem Ólympíuleikum og heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu. Enn fremur á að koma fram í skránni hvort viðburði skuli sjónvarpað beint eða með seinkun. Sjálfsagt verður að telja að vissir viðburðir séu sendir í beinni útsendingu, t.d. landsleikur í knattspyrnu sem leikinn er hér á landi. Á hinn bóginn getur verið eðlilegra að öðrum viðburðum, sem t.d. fara fram í öðrum heimshluta, verði sjónvarpað með seinkun þar sem þeir fara fram að næturlagi að íslenskum tíma. Eðli málsins samkvæmt hlýtur skráin að verða stutt og hún verður að vera tæmandi og nákvæm. Skrána skal kynna með góðum fyrirvara. Fer það eftir atvikum hverju sinni hvað telst vera góður fyrirvari, en við það verður fyrst og fremst að miða að fyrirvari sé nægilega langur til þess að þeir aðilar, sem skipuleggja íþróttaviðburði og sjónvarpsstöðvar í Evrópu, geti tekið tillit til þess í markaðsvinnu sinni og samningum að viðburður hefur verið settur á skrá samkvæmt lagaheimildinni.

Með notkun á heimild skv. 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins væri stefnt að því að vernda rétt „meginhluta þjóðarinnar“ til þess að eiga þess kost að sjá í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds þá viðburði sem greinin nær til. „Meginhluti þjóðarinnar“ er hér notað til þess að ná þeirri túlkun, sem fram kemur í fyrrnefndu vinnuskjali framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, að með vísun til þeirra ástæðna, sem búa að baki tilskipun 97/36/EB, sé miðað við „near universal coverage“, „(or relevant part of the population)“ í aðildarríki, sem þýðir að sjónvarpssending verði að ná til svo til allra íbúanna í því ríki sem við á. Þykir því heppilegast að taka nú þegar af allan vafa um hvað við er átt og tala um „meginhluta þjóðarinnar“ í þeirri merkingu að átt sé við nær alla íbúa landsins. Í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar er mælt með að sjónvarpssending verði talin ná til nær allra íbúa ef hún nær til 95–100% íbúanna. Ljóst er þó að ríkin hafa nokkurt svigrúm til mats í þessu efni. Í Svíþjóð hefur verið talað um að

verði heimildin notuð verði miðað við að útsending þurfi að ná til a.m.k. 95% þjóðarinnar. Í Danmörku hefur verið ákveðið að miða við a.m.k. 90% þjóðarinnar sem talið er í minna lagi en ekki eru þó gerðar athugasemdir við. Í Noregi er einnig gert ráð fyrir að miðað verði við 90% þjóðarinnar. Verði sett reglugerð um þetta efni hér á landi má vel hugsa sér að miðað yrði við að a.m.k. 90% þjóðarinnar ættu að geta náð útsendingu í opinni dagskrá. Væri það í samræmi við fordæmi annars staðar frá, og með því væri væntanlega einnig tryggt að allar helstu sjónvarpsstöðvar hér á landi gætu uppfyllt skilyrðið og þar með væru afskiptin af samningsfrelsi þeirra í lágmarki. Sjónvarp Ríkisútvarpsins, Stöð 2 og Sýn ná allar til 90% þjóðarinnar, Stöð 2 og Sýn þó með þeim fyrirvara að útsendingar þeirra séu opnar.

Í sjónvarpstilskipuninni er ekki skilgreint hvað við er átt með hugtakinu „einkaréttindi“ eða „exclusive rights“. Einnig er fjallað um skilgreiningu á þessu hugtaki í fyrrnefndu vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar. Þar segir að með hliðsjón af tilgangi 3. gr. a, eins og honum er lýst í 18. skýringargrein tilskipunar 97/36/EB (sbr. að framan), sé mælt með þeim skilningi að sjónvarpsstöð verði talin ráða yfir einkarétti til sjónvarps frá tilteknum viðburði á tilteknu landsvæði ef engri annarri sjónvarpsstöð er heimilt að sjá íbúum svæðisins fyrir heildarsjónvarpssendingu („full television coverage“) frá þeim viðburði. Ekki verður annað sagt en að þessi skilgreining sé rökrétt og liggi nokkuð í augum uppi. Í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar er einnig skýrt hvað í því sé talið felast að einkaréttarhafi „nýti“ („exercises“) rétt sinn með þeim hætti sem í tilskipuninni greinir, en þetta atriði er heldur ekki skilgreint í tilskipuninni sjálfri eða skýringargreinum í inngangsorðum hennar. Í vinnuskjalinu segir að í því sambandi sem um er fjallað í 3. gr. a sé sjónvarpsstöð talin „nýta“ einkaréttindi sín á viðburði fyrir tiltekið landsvæði þegar sjónvarpsdagskrá ætluð almenningi, sem gerir þessum viðburði skil, er send út á ábyrgð þeirrar sömu sjónvarpsstöðvar. Af þessari skýringu hefur svo verið dregin sú ályktun að sjónvarpsstöð brjóti ekki gegn skyldu sinni þó að hún ákveði að senda alls ekki út frá viðburðinum, þ.e. að nýta hann ekki.

Skilgreining á hugtakinu „free television“ í 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni liggur síður en svo í augum uppi eftir orðanna hljóðan. En með hliðsjón af skilgreiningu í 22. skýringargrein í inngangsorðum tilskipunar 97/36/EB er það í 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins þýtt með orðunum „án sérstaks endurgjalds“, en mætti alveg eins þýða með orðunum „án aukagjalds“. Í fyrrnefndri skýringargrein er hugtakið „free television“ skýrt á þá leið að með því sé átt við sjónvarp á opnum („public“) eða læstum („commercial“) sjónvarpsrásum sem eru aðgengilegar fyrir almenning án greiðslu umfram þá gjaldtöku fyrir sjónvarp sem almennt er beitt í sérhverju aðildarríki (svo sem afnotagjald og/eða áskriftargjald fyrir kapalsjónvarp). Þær sjónvarpsstöðvar, sem nú eru reknar hér á landi, falla undir þessa skilgreiningu.

Þó að ýmis ákvæði og hugtök í 3. gr. a sjónvarpstilskipunarinnar hafi þegar verið skýrð og skilgreind er enn talsvert starf óunnið í því efni. Er áfram unnið að þessum málum á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og samstarfsnefndarinnar skv. 23. gr. a. Ekkert er t.d. um það að finna hvað sjónvarpsstöð, sem aflað hefur sér einkaréttar, beri að gera til þess að hún verði ekki talin brjóta gegn skyldum sínum skv. 1. mgr. 3. gr. a (1. mgr. 23. gr. frumvarpsins) gagnvart þeim EES-ríkjum sem hafa fengið samþykkta skrá um mikilvæga viðburði samkvæmt greininni. Viðurlagaákvæði eru engin í tilskipuninni, aðeins lögð skylda á aðildarríkin til þess að sjá um að sjónvarpsstöðvar, sem heyra undir lögsögu þeirra, fari að ákvæðum tilskipunarinnar. Ekkert er heldur um ákveðið endurgjald til þeirra sjónvarpsstöðva sem verða að þola skerðingu á einkarétti til sjónvarpssendinga sem þau hafa fest kaup á. Má e.t.v. gera því skóna að ekki sé nauðsynlegt að greiða fyrir skerðinguna þar sem sjónvarpsstöðvarnar hafi við ákvörðun kaupverðs síns mátt reikna með skerðingunni. Ekki virðist það þó eðlileg regla að einkaréttarhafi þurfi bótalaust að þola takmörkun á rétti sínum, og

er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hann fái sanngjarnt endurgjald úr hendi þess sem réttinn fær. Verður nánar vikið að þessu atriði þegar fjallað verður um 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins.

Ekki þykir annað fært en kveða nú á um a.m.k. einhver þeirra atriða í íslenskum lögum eða reglugerð sem ekki er kveðið á um í sjónvarpstilskipuninni eða skýringum við hana. Getur þurft að breyta slíkum ákvæðum síðar til samræmis við nýjar reglur eða skýringar sem samþykktar kunna að verða og bindandi verða taldar fyrir Ísland vegna aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Ýmsar spurningar rísa um framkvæmd þess ákvæðis 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins (og 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni) er heimilar að banna sjónvarpsstöðvum, sem hafa aflað sér einkaréttinda til sjónvarps frá viðburðum er undir ákvæðið eiga, að nýta réttindin á þann hátt að meginhluti þjóðarinnar eigi þess ekki kost að fylgjast með viðburðunum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds. Ljóst er að sjónvarpsstöð sem réttinn á getur sjálf sent út frá viðburðinum í opinni útsendingu án þess að þurfa að bjóða annarri sjónvarpsstöð réttinn, enda fullnægi útsending hennar kröfum greinarinnar að öðru leyti, sérstaklega skilyrðinu um að útsending hennar nái til meginhluta þjóðarinnar. Einnig getur stöðin framselt réttinn til annarrar sjónvarpsstöðvar sem fullnægir skilyrðum greinarinnar. Annar möguleiki er sá að stöðin afsali sér einkarétti sínum, þannig að öðrum sjónvarpsstöðvum sé einnig heimilað að sjónvarpa frá viðburðinum. Velji einkaréttarhafinn enga framangreindra leiða en láti hins vegar hjá líða að sjónvarpa frá viðburðinum, þ.e. nýti sér ekki einkarétt sinn, er litið svo á að einkaréttarhafinn brjóti ekki gegn skyldum sínum og verði þar með ekki látinn sæta ábyrgð þó að meginhluti þjóðarinnar sé með þessu móti sviptur möguleikanum á að fylgjast með viðburðinum í sjónvarpi.

Ljóst er af ákvæði 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins (og 1. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni) að til þess er ætlast að einkaréttarhafi, sem hyggst sýna frá viðburði en uppfyllir ekki sjálfur útbreiðsluskilyrðið, bjóði sjónvarpsréttinn sjónvarpsstöð sem fullnægir skilyrði ákvæðanna um útbreiðslu, enda verður það að teljast nauðsynlegt til þess að einkaréttarhafinn teljist hafa fullnægt skyldu sinni. Ekki er þó til þess ætlast að síðarnefnda sjónvarpsstöðin fái einkaréttinn í stað einkaréttarhafans. Einkaréttarhafanum sjálfum verður að sjálfsögðu einnig heimilt að sjónvarpa frá viðburðinum þó að sjónvarpsstöð, sem nær til meginhluta þjóðarinnar, sendi út frá hinum tiltekna viðburði.

Af ákvæðunum leiðir heldur enga skyldu fyrir sjónvarpsstöð, sem fullnægir útbreiðsluskilyrðinu, að sjónvarpa frá viðburðum sem ákvæðin eiga við um og sett hafa verið á skrá um slíka viðburði með reglugerð. Eins og endranær er það í valdi sjónvarpsstöðvarinnar sjálfrar að taka ákvörðun um það frá hvaða viðburðum hún sjónvarpar. Tilgangurinn með ákvæðunum er ekki að þvinga sjónvarpsstöð, sem útbreiðsluskilyrðið á við, til að sjónvarpa frá þeim viðburðum sem um ræðir.

Ætlunin er að um framkvæmd þeirra atriða, sem varða samskipti einkaréttarhafa og þeirra sjónvarpsstöðva sem fullnægja útbreiðsluskilyrðinu, verði settar sérstakar reglur, a.m.k. leiðbeiningarreglur, og stendur sú vinna yfir. Þar á meðal er ætlunin að taka á því vandamáli, hvernig hagað verði fjárhagslegum samskiptum þessara sjónvarpsstöðva. Eins og staðan er nú í þeim efnum geta komið upp erfið vandamál bæði fyrir þær sjónvarpsstöðvar sem verða fyrir réttindaskerðingu og eins fyrir þau stjórnvöld sem eiga að fylgja eftir framkvæmd ákvæðanna og hafa eftirlit með þeim. Í 3. mgr. 23. gr. frumvarpsins er sett inn ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að einkaréttarhafinn fái sanngjarnt endurgjald fyrir þann rétt sem hann lætur af hendi. Svo langt sem það ákvæði nær er það í samræmi við það sem rætt hefur verið um á vettvangi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og samstarfsnefndarinnar skv. 23. gr. a í sjónvarpstilskipuninni, en þar er gert ráð fyrir að einkaréttarhafinn bjóði réttinn sjón-

varpsstöðvum, sem uppfylla útbreiðsluskilyrðið, gegn sanngjörnu endurgjaldi („fair remuneration"). Hins vegar er gert ráð fyrir að það komi í hlut hvers aðildarríkis að ákveða hvernig endurgjaldið verður ákvarðað. Eru sett um þetta ákvæði í 4. og 5. mgr. greinarinnar. Er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd úrskurði um ágreining um endurgjaldið, og segir að nefndin skuli meta endurgjaldið með hliðsjón af því hvað telst vera eðlilegt markaðsverð á samkeppnismarkaði fyrir réttindi þau sem um ræðir. Með því á sanngjarnt endurgjald að vera tryggt. Skv. 5. mgr. má skjóta úrskurði útvarpsréttarnefndar til dómstóla sem eiga þá fullnaðardóm um bótaupphæð.

Ákvæði 6. mgr. greinarinnar á sér ekki sérstaklega stoð í ákvæðum tilskipana 89/552/EBE eða 97/36/EB. Fyrirmynd þess er að finna í dönsku útvarpslögunum eins og þau voru fyrir aðlögun þeirra að tilskipun 97/36/EB, en þetta ákvæði var látið halda sér í dönsku lögunum eftir aðlögunina. Ákvæðið er sett í sama anda og ákvæði 1. mgr., þ.e. að greiða fyrir því að meginatriði sjónvarpsfrétta frá mikilvægum viðburðum fari ekki fram hjá stórum hluta sjónvarpsáhorfenda vegna beitingar sjónvarpsstöðva á einkaréttindum sínum til dreifingar á sjónvarpsefni. Er þá gert ráð fyrir að stjórnvöld geti mælt fyrir um rétt annarra sjónvarpsstöðva til þess að flytja stuttar fréttir af þess háttar viðburðum. Er hér í rauninni um að ræða tilvitnunarheimildir í þágu almennrar upplýsingar í þjóðfélaginu. Það er nokkuð algengt hér á landi og erlendis að sjónvarpsstöðvar heimili hver annarri að sýna stutta hluta úr efni sem þær hafa keypt einkarétt á og verða þess háttar viðskiptahættir að teljast til fyrirmyndar.

Verulegir hagsmunir geta verið því tengdir að farið verði eftir fyrirmælum sem kunna að verða gefin í reglugerð með stoð í 23. gr. frumvarpsins og byggð eru á 3. gr. a í sjónvarpstilskipuninni, og er því óhjákvæmilegt að beita viðurlögum ef brotið er gegn fyrirmælum greinarinnar, sbr. 28. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

Í lok athugasemda við þessa grein frumvarpsins þykir rétt að geta þess að skv. 2. mgr. 3. gr. a í tilskipuninni eins og henni hefur verið breytt skulu aðildarríki Evrópusambandsins tilkynna framkvæmdastjórn sambandsins um þær ráðstafanir sem þau hafa gert eða hyggjast gera í því efni sem um ræðir í 23. gr. frumvarpsins. Innan þriggja mánaða frá slíkri tilkynningu skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um lögmæti slíkra ráðstafana og tilkynna hinum aðildarríkjunum um þær. Hún skal leita álits samstarfsnefndarinnar sem komið er á fót skv. 23. gr. a. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna upplýsingar um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal birtur heildarlisti yfir þær ráðstafanir sem aðildarríkin hafa gert. Allt framangreint um tilkynningar og birtingu gildir að breyttu breytanda um aðildarríki EFTA, en að því er þau varðar kemur Eftirlitsstofnun EFTA í stað framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Eftirlitsstofnun EFTA birtir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB upplýsingar um þær ráðstafanir sem EFTA-ríkin gera í þessum efnum. Ákvæðin um tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA og birtingu upplýsinga um þær eru sett í því skyni að öll framkvæmd þessara mála verði svo sýnileg sem mögulegt er fyrir rétthafa, sjónvarpsstöðvar og aðra sem málið varðar og til þess að tryggja að ráðstafanir ríkjanna verði ekki víðtækari en nauðsyn krefur. Ekki þykir ástæða til þess að framangreind ákvæði verði tekin upp í lög, enda varða þau fyrst og fremst samskipti ríkisstjórna aðildarríkjanna og samskipti ríkisstjórnanna við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnun EFTA.

Í 20. skýringargrein við tilskipun 97/36/EB er fjallað um gildistöku ákvæðanna um þýðingarmikla viðburði. Þar segir: „Það verður að teljast sérstaklega við hæfi að setja í tilskipun þessa ákvæði um það hvernig sjónvarpsstöðvar hagnýta einkarétt, sem þær kunna að hafa keypt til útsendinga frá viðburðum sem taldir eru hafa verulega þýðingu fyrir borgarana í öðru aðildarríki en því sem lögsögu hefur yfir þeim. Til þess að koma í veg fyrir spákaup-

mennsku í því skyni að sniðganga ráðstafanir einstakra ríkja er nauðsynlegt að þessi ákvæði gildi um samninga sem gerðir verða eftir birtingu þessarar tilskipunar og varða viðburði sem eiga sér stað eftir að hún kemur til framkvæmda. Þegar samningar, sem gerðir hafa verið fyrir birtingu tilskipunarinnar eru endurnýjaðir, ber að fara með þá sem nýja samninga."

Tilskipunin var birt 30. júlí 1997 og hún á að koma til framkvæmda 30. desember 1998. Er ákvæðunum um þýðingarmikla viðburði ætlað að gilda um samninga sem gerðir eru eftir 30. júlí 1997 og varða viðburði sem verða eftir 30. desember 1998.

Um 24. gr.

Í 3. mgr. 3. gr. a Evrópusambandstilskipunarinnar um „sjónvarp án landamæra", eins og henni var breytt með tilskipun 97/36/EB, er lögð sú skylda á þau ríki sem bundin eru af tilskipuninni að þau virði hvert annars skrár um þýðingarmikla viðburði og aðrar ákvarðanir í tengslum við skrárnar, svo sem um beinar eða seinkaðar útsendingar. Viðskipti með sjónvarpsréttindi að þýðingarmiklum viðburðum eru orðin alþjóðleg, og gagnkvæm viðurkenning ríkjanna á ákvörðunum hvers annars í þessu efni er nauðsynleg til þess að tryggja öllum sjónvarpsáhorfendum möguleika á því að fylgjast með viðburðunum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds.

Tekið skal fram að þó að ríki ákveði að nýta ekki heimild skv. 1. mgr. 3. gr. a í sjónvarpstilskipuninni (sbr.1. mgr. 23. gr. frumvarpsins) til þess að gera sjálft skrá ber því engu að síður að virða þær skrár sem önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu kunna að gera.

Í því ákvæði sjónvarpstilskipunarinnar, sem hér að framan var vitnað til, hvílir sú skylda á aðildarríkjunum, þar á meðal Íslandi, að tryggja það á viðeigandi hátt og innan ramma eigin löggjafar að sjónvarpsstöðvar, sem heyra undir lögsögu þeirra, neyti ekki einkaréttar, sem þau hafa keypt, með þeim hætti að það leiði til þess að umtalsverðum hluta almennings í öðru aðildarríki sé ekki gefinn kostur á að fylgjast í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds með viðburðum sem settir hafa verið á skrá yfir þýðingarmikla viðburði af öðrum aðildarríkjum og á þann hátt sem þau hafa ákveðið. Byggjast ákvæði 24. gr. frumvarpsins í heild á þessu samningsbundna tilliti til ákvarðana hvers heimaríkis. Af þessum sökum verður íslenska ríkið m.a. að gera ráðstafanir til þess að fylgst verði með því af þess hálfu að íslenskar sjónvarpsstöðvar fullnægi skyldum sínum í þessu efni, og er í frumvarpinu lagt til að þetta eftirlitshlutverk verði falið útvarpsréttarnefnd, sbr. 3. mgr. 24. gr. þess. Til að tryggja virka framkvæmd á skyldu íslenska ríkisins í þessum efnum er einnig óhjákvæmilegt að mæla fyrir um beitingu viðurlaga gegn íslenskum sjónvarpsstöðvum sem brjóta gegn skyldum sínum samkvæmt grein þessari, og eru sett ákvæði um það í 28. gr. frumvarpsins.

Um IX. kafla

Ákvæði þessa kafla frumvarpsins eru að verulegu leyti samhljóða VI. kafla um ábyrgð á útvarpsefni í núgildandi útvarpslögum. Ekki hefur orðið vart sérstakra annmarka á þessum ákvæðum útvarpslaga og eru því ekki lagðar til nema fáeinar breytingar á þeim.

Um 25. gr.

Lagt er til að greinin verði samþykkt óbreytt frá gildandi útvarpslögum nema í eftirgreindum tveimur atriðum:

1. Þar sem í greininni er talað um „hljóðupptöku" komi „upptöku". Er þá við það miðað að hljóðvarpsstöðvar varðveiti hljóðupptöku af frumsömdu efni og beri skylda til að láta í té afrit af henni en sjónvarpsstöðvar aftur á móti myndbandsupptöku.

2. Við greinina verði bætt ákvæði um skyldu útvarpsstöðvar til þess að láta útvarpsréttarnefnd í té afrit af upptöku útsendingar samkvæmt ósk nefndarinnar. Ákvæði þessa efnis er nú í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 610/1989.

Um 26. gr.

Greinin svarar til 35. gr. útvarpslaga en lagðar eru til tvær breytingar frá þeirri grein:

1. Niður falli ákvæði 4. mgr. 35. gr. útvarpslaga þar sem segir að á samsettu dagskrárefni beri sá ábyrgð sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. og 3. mgr. taka til (a- og b-liðir 26. gr. frumvarpsins). Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að stjórnandi útsendingar hefur ekkert um efni eða efnistök í einstökum dagskrárliðum að segja þar sem starf hans lýtur fyrst og fremst að tæknihlið útsendingar. Af brottfellingu þessa ákvæðis leiðir að útvarpsstjóri ber ábyrgð á því efni sem hér um ræðir ef ábyrgðarreglur a- og b-liða 26. gr. frumvarpsins eiga ekki við, sbr. d-lið um ábyrgð útvarpsstjóra.
2. Með e-lið 26. gr. er gerð breyting á ákvæði 7. mgr. 35. gr. útvarpslaga um ábyrgð útvarpsstöðva á bótaskyldu starfsmanna. Ábyrgðin er einnig látin ná til greiðslu fésekta og því ákvæði einnig bætt við að innheimta megi fésektir og skaðabætur hjá útvarpsstöð með fjárnámi. Sjálfsagt er að einnig er heimilt að innheimta fésekt og skaðabætur hjá hinum brotlega starfsmanni. Heimildinni til innheimtu hjá útvarpsstöðinni er ætlað að bæta stöðu brotaþola. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í svipuðu ákvæði í 17. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt.

Um 27. gr.

Greinin svarar til 36. gr. útvarpslaga. Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á greininni:

1. Fellt verði brott ákvæði 1. mgr. 36. gr. útvarpslaga þar sem segir að engan skuli dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni eða fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 35. gr. (26. gr. frumvarpsins). Þar sem ábyrgðarreglur 26. gr. eru tæmandi verður að telja ákvæðið óþarft.
2. Í 3. mgr. 35. gr. útvarpslaga er m.a. gert ráð fyrir að fébótaskylda (ásamt refsiábyrgð) falli niður ef sex mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber rannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn. Er hér um að ræða verulegt frávik frá almennum fyrningarreglum skaðabóta, en skaðabætur sem ekki byggjast á samningum fyrnast almennt á tíu árum. Verða ekki talin vera nein efnisrök til þess að víkja frá almennum reglum í útvarpslögum. Öðru máli gegnir um málshöfðunarfrestinn vegna refsingar. Hann er í samræmi við ákvæði 29. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem hér ætti oftast við.

Um X. kafla.

Í kaflanum eru tekin saman ákvæði um viðurlög við brotum á lögunum og þau gerð nokkru ítarlegri en nú er í útvarpslögum. Er í 37. gr. og 37. gr. a í útvarpslögum mælt fyrir um sektir eða varðhald fyrir brot gegn nokkrum greinum laganna, en aðalreglan er þó nú sú að um brot gegn ákvæðum laganna fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga. Þá eru upptökuákvæði vegna óheimillar hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni í 37. gr. og vegna myndlyklabrota í 4. mgr. 37. gr. a. Ákvæði um afturköllun útvarpsleyfis vegna alvarlegra og ítrekaðra brota gegn útvarpslögum er í 2. mgr. 8. gr. laganna.

Við endurskoðun útvarpslaga þykir rétt að skipa öllum viðurlagaákvæðum saman og gera þau skýrari. Brot gegn framkvæmd flestra ákvæða útvarpslaga verða naumast talin heyra undir ákvæði almennra hegningarlaga þó að öðru máli kunni að gegna um það efni sem flutt er í útvarp. Er því talið rétt að mæla fyrir í lögunum sjálfum um viðurlög við brotum gegn þeim eins og tíðkanlegt er um sérlög. Er óhjákvæmilegt að mæla fyrir um viðurlög við brotum á ýmsum ákvæðum laganna til þess að haldið verði uppi eðlilegum aga á sviði útvarpsmála þó að einnig verði að ætlast til þess að útvarpsréttarnefnd sem eftirlitsaðili með framkvæmd laganna beiti leiðbeiningum og áminningum í eftirlitsstarfi sínu auk stjórnvaldssekta þar sem það á við. Skal nú vikið nánar að einstökum ákvæðum þessa kafla.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar eru talin upp þau brot á lögunum sem refsingu geta sætt í skilningi refsilaga. Aðalreglan er sú að brot sæta fésektum, en skv. 2. mgr. geta alvarleg eða ítrekuð brot varðað fangelsisrefsingu. Um brot gildir refsirammi samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Um einstök brot samkvæmt greininni þarf ekki að fjölyrða heldur má í meginatriðum láta nægja að vísa til upptalningarinnar í a–j-lið 1. mgr.

Um heimildarlausa útvarpsstarfsemi, sem mælir um í a-lið 1. mgr. greinarinnar, skal þess getið að fyrir gildistöku útvarpslaga, nr. 68/1985, varðaði slíkt brot við 1. mgr. 24. gr. útvarpslaga, nr. 19/1971, en samsvarandi ákvæði var ekki tekið upp í lög nr. 68/1985. Hafa dómstólar talið að brot þetta ætti nú undir 1. mgr. 186. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. dóma Hæstaréttar í H 1987.748 og H 1987.757. Verður að telja eðlilegra að útvarp án leyfis teljist vera brot gegn útvarpslögum, eins og áður var, og mælt verði fyrir um viðurlög við slíku broti í útvarpslögum.

Ákvæði um refsingu fyrir óheimila hagnýtingu útvarpsefnis skv. i-lið 1. mgr., sbr. 32. gr., eru nú í 37. gr., sbr. 33. gr., útvarpslaga.

Ákvæði um refsingu fyrir myndlyklabrot skv. j-lið 1. mgr., sbr. 33. gr., eru nú í 3. mgr. 37. gr. a í útvarpslögum.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að alvarleg eða ítrekuð brot skv. 1. mgr. geti varðað fangelsi. Stórfelld brot gegn ákvæðum útvarpslaga hafa varðað varðhaldsrefsingu, sbr. 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 37. gr. a útvarpslaga, nr. 68/1985. Með lögum nr. 82/1998, um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum, og um breytingar á öðrum lögum (afnám varðhaldsrefsingar), sem tóku gildi 1. október 1998, hefur varðhald verið fellt niður sem refsing fyrir afbrot og fangelsi lögleitt sem eina tegund refsivistar hér á landi. Var ákvæðum almennra hegningarlaga og sérrefsilagaákvæðum breytt í þessa veru með nefndum lögum. Meðal annars var gerð breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985, með lögunum, sbr. 178. gr. þeirra. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir fangelsisrefsingu, en ekki varðhaldsrefsingu, vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota gegn refsinæmum ákvæðum frumvarpsins.

Um 29. gr.

Ákvæði 1. mgr. um upptöku vegna myndlyklabrota skv. 33. gr. eru sama efnis og 4. og 5. mgr. 37. gr. a í útvarpslögum, nr. 68/1985.

Ákvæði 2. mgr. um upptöku viðtækja, sem notuð hafa verið til óheimillar hagnýtingar á útvarpsefni skv. 32. gr., er sama efnis og samsvarandi ákvæði í 1. mgr. 37. gr. útvarpslaga.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli. Er lagt til að fyrir brot á nokkrum ákvæðum laganna verði eftirleiðis beitt stjórnvaldssektum samkvæmt úrskurðum útvarpsréttarnefndar. Þykja brot þessi almennt vera þess eðlis að ekki sé ástæða til þess að vísa þeim til dómstóla nema sá aðili, sem talinn er brotlegur, kjósi svo, sbr. 4. mgr. greinarinnar. Þau brot, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi brot sem hingað til hafa verið kæranleg til útvarpsréttarnefndar skv. 3. tölul. b 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, þ.e. brot gegn lýðræðislegum grundvallarreglum í útvarpi (9. gr. frumvarpsins) og brot gegn andsvarsrétti (11. gr. frumvarpsins). Í öðru lagi er svo um að ræða brot gegn ákvæðum VI. kafla um auglýsingar, fjarsölu og kostun. Má vænta þess að viðbrögð við þeim brotum sem um ræðir í þessari grein verði skjótari hjá stjórnvaldi en vera mundi ef þau væru látin sæta dómstólameðferð. Oft og tíðum ætti það líka að duga, a.m.k. í fyrstu, að beita áminningu ef brot telst ekki alvarlegt eða er ekki ítrekað. Þá verður að telja það virkt úrræði, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. greinarinnar, að stjórnvaldssekt skuli ákveðin sem margfeldi af þeim tekjum sem útvarpsstöð hefur aflað sér með broti gegn VI. kafla laganna.

Rétt þykir að kveða á um það að sektarúrskurðir útvarpsréttarnefndar séu aðfararhæfir, sbr. 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar og 5. og 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

Loks er kveðið á um það í greininni að útvarpsstöð geti skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla og að málskot fresti aðför, sbr. 4. mgr. greinarinnar.

Þó að meginreglan um brot gegn ákvæðum VI. kafla sé sú að þau varði stjórnvaldssektum geta sérákvæði leitt til þess að þau valdi refsingu samkvæmt ákvörðun dómstóla. Er gert ráð fyrir þessum möguleika í 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar. Þetta á t.d. við eftir ákvæði 3. mgr. 19. gr. þar sem segir að ákvæði 4.–8. gr. laga nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu, skuli gilda um fjarsölu samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á, sbr. sérstaklega 8. gr. nefndra laga þar sem segir að brot á lögunum fari að hætti opinberra mála og varði brot sektum. Enn fremur er hugsanlegt að brot gegn 20. gr. um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum þætti vera refsivert samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, nr. 8/1993, sbr. 3.–5. mgr. 22. gr. og 57. gr. þeirra laga.

Um 31. gr.

Hér er tekið upp óbreytt ákvæði 2. mgr. 8. gr. útvarpslaga, en þar segir að útvarpsréttarnefnd geti afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða. Er þetta í flestu tilliti þyngsta viðurlagaákvæði laganna og verður örugglega ekki til þess gripið nema í undantekningartilvikum og aðrar leiðir þyki ekki færar. Áður en til þess yrði gripið væri sjálfsagt búið að áminna stjórnendur útvarpsstöðvar og jafnvel beita öðrum viðurlögum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Engin leið er að leiða getum að því í hvaða tilvikum helst yrði gripið til þess úrræðis að svipta útvarpsleyfishafa leyfi sínu. Sú ákvörðun væri í hendi útvarpsréttarnefndar og yrði við hana að gæta ákvæða laga þessara og sjónarmiða um góða stjórnsýslu, sbr. sérstaklega ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Eins og endranær er ákvörðun útvarpsréttarnefndar endanleg á stjórnsýslustigi, en útvarpsleyfishafi gæti skotið málinu til úrlausnar dómstóla. Málskot til dómstóla mundi ekki fresta leyfissviptingu.

Um 32. gr.

Ákvæði greinarinnar er sama efnis og 33. gr. núgildandi útvarpslaga. Tengist það ýmsum ákvæðum V. kafla höfundalaga, nr. 73/1972, einkum 48. gr.

Um 33. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 1. og 2. mgr. 37. gr. a í útvarpslögum, en 37. gr. a var tekin upp í útvarpslög með 2. gr. laga nr. 98/1995. Ákvæði 3.–5. mgr. 37. gr. a um refsingar og upptöku eigna eru færð í j-lið 1. mgr. 1. gr. 28. gr. frumvarpsins og 1. mgr. 29. gr.

Um 34. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra verði heimilað að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi. Er þar átt bæði við stafrænt sjónvarp og stafrænt hljóðvarp. Samkvæmt 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp, sem gildir meðal annars fyrir Ísland, skulu ríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að því að háþróuð sjónvarpsþjónusta verði innleidd sem fyrst, þar með talið sjónvarpsútsendingar fyrir breiðskjái, háskerpusjónvarp og sjónvarpsútsendingar sem eru að öllu leyti stafrænar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um það að samráð verði haft við útvarpsstöðvar um undirbúning málsins. Slíkt samráð er nauðsynlegt og eðlilegt þar sem þær munu verða bundnar af þeim ákvörðunum sem teknar verða í þessum efnum. Einnig verður nauðsynlegt að kalla til samráðs fleiri aðila, svo sem yfirvöld á sviði fjarskiptamála og aðra sérfróða aðila.

Þá er í 3. mgr. ákvæði um það að við útgáfu allra nýrra útvarpsleyfa og við endurnýjun þegar útgefinna útvarpsleyfa skuli sett að skilyrði að með reglugerð megi mæla fyrir um breytingu á merkjum útvarpsstöðvar í stafrænt form, enda verði slík breyting ákveðin með eðlilegum fyrirvara að teknu tilliti til tæknilegra og fjárhagslegra ástæðna. Ákvæði þessu er einnig ætlað að gilda um útvarpsleyfi Ríkisútvarpsins.

Stafrænt („digital“) útvarp er nú þegar hafið víða um heim, og breiðist útvarp með stafrænni tækni ört út. Stafræn tækni er notuð við vinnslu og framleiðslu útvarpsefnis og hefur einnig hlotið skjóta útbreiðslu við flutning útvarps um gervitungl, einkum sjónvarp, en einnig við flutning útvarps um þráð og í jarðbundnum sendingum, þ.e. hinum hefðbundnu útvarpssendingum í lofti.

Flestir sem grannt fylgjast með þróun útvarps-, fjarskipta- og tölvumála eru þeirrar skoðunar að stafrænt útvarp muni á komandi árum að verulegu leyti leysa af hólmi þær útvarpssendingar sem lengstum hafa tíðkast, svokallað hliðrænt („analogt“) útvarp. Fáir virðast þó treysta sér til þess að segja til um hversu langan tíma það muni taka að breyta alveg úr hliðrænu útvarpi í stafrænt og margir eru þeirrar skoðunar að þessi þróun muni taka alllangan tíma. Í sumum nágrannalöndum okkar er við það miðað að algjör skipti gerist á 10 árum eða jafnvel eitthvað lengri tíma, og er þá m.a. höfð hliðsjón af endingartíma núverandi notendabúnaðar, sérstaklega sjónvarpsviðtækja, sem nú er nær eingöngu gerður fyrir móttöku hliðræns útvarps.

Hin stafræna tækni þarfnast miklu minna rýmis, eins og menn þekkja af geisladiskum, og hið sama gildir um nýtingu útvarpsrása. Sést oft miðað við að 3–4 stafrænar sjónvarpsrásir taki svipað rými á tíðnisviðinu og ein hliðræn sjónvarpsrás. Með því að nota stafræna tækni í stað hliðrænnar má því nýta ákveðið tíðnisvið miklu betur. Væri þess vegna unnt að koma fleiri sjónvarpsrásum fyrir með því að taka upp stafræna senditækni.

Það er viðurkennt í nútímasamfélagi að ein af skyldum ríkisvaldsins er að stuðla að því að tíðnisviðið sé notað á hagkvæmasta hátt sem mögulegt er, enda er hér um að ræða takmörkuð gæði sem úthlutað hefur verið til fárra aðila, og á það hér á landi einkum við um sjónvarpsrásir. Með því að sjá til þess að tíðnisviðið verði nýtt svo vel sem nútímatækni best leyfir auðveldar ríkisvaldið fleiri aðilum aðgang að útvarpsrekstri og gegnir þar með megin-

skyldum sínum í afskiptum af rekstri fjölmiðla sem eru að treysta tjáningarfrelsi, fjölbreytni í upplýsingum og skoðunum og menningu samfélagsins.

Mikið af efni er nú framleitt með stafrænni tækni þótt það sé síðan sent út hliðrænt. Við þjöppun stafrænna merkja er notaður alþjóðlegur staðall, svokallaður MPEG-2 staðall. Þjöppun gerir kleift að nota færri bita í vinnslu og flutningi útvarpsmerkja en áður þurfti. Fjarskiptastofnun Evrópu hefur gefið út staðla fyrir stafrænar sendingar, bæði fyrir sendingar um gervitungl, um þráð og nú síðast fyrir jarðbundnar útsendingar. Er hér um þrjá staðla að ræða sem þó verða samhæfðir fyrir móttöku allra stafrænna sjónvarpsmerkja. Við undirbúning að stafrænu sjónvarpi hér á landi verður tekið mið af ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp.

Tæki til móttöku á útvarpssendingum eru enn aðallega miðuð við móttöku hliðrænna útvarpsmerkja. Á næstu árum mun framboð viðtækja til móttöku á stafrænum merkjum þó fara vaxandi. Í því millibilsástandi, sem skapast eftir að stafrænar útvarpssendingar hefjast og viðtæki fyrir hliðræna móttöku verða í notkun, munu notendur hliðrænna viðtækja þurfa að nota eins konar myndlykla sem breyta hinum stafrænu merkjum fyrir hliðræna móttöku. Í Bandaríkjunum er talið að í fyrstu verði sjónvarpstæki fyrir stafræna móttöku 1.000–1.500 dollurum dýrari en sambærileg tæki fyrir hliðræna móttöku.

Að því er sjónvarp varðar hafa stafrænar sjónvarpssendingar margvíslega kosti fleiri en þann að nýta betur tíðnisviðið en nú er gert. Má nefna að hægt er að auka gæði myndar og hljóðs og fá fram betri myndir og t.d. geta hljómgæði tónlistar verið sambærileg við hljómgæði geisladisks. Þessir kostir munu þó ekki koma fram nema að hluta fyrr en móttakan verður einnig orðin stafræn. Þá gætir minni truflana í stafrænum sendingum. Þegar á líður verður það og ein meginbreytingin að hin stafræna tækni gefur möguleika á því að bjóða ýmiss konar nýja þjónustu þar sem um gagnvirkni verður að ræða. Af þessu má nefna svonefnt þáttasölusjónvarp („pay-per-view“) og kvikmyndapöntun („video on demand“).

Það verður ekki aðeins á hinu hefðbundna sjónvarpssviði og náskyldum sviðum sem hin nýja tækni mun leiða til breytinga. Hinn svokallaði samruni („convergence“) sjónvarps, fjarskipta og tölvutækni í eitt svið með óljósum landamærum eða án nokkurra landamæra þeirra í milli mun að verulegu leyti byggjast á notkun stafrænnar tækni. Er því m.a. haldið fram að öll not sem fólk getur haft af sjónvarpstæki sínu muni það í framtíðinni geta haft af heimilistölvunni, og allt sem heimilistölvuna megi nota til að gera verði hægt að gera með sjónvarpstækinu.

Stafrænar sendingar hljóðvarpsmerkja munu valda svipuðum breytingum og stafrænar sendingar sjónvarpsmerkja. Betri nýting verður á rásum. Hljómgæði aukast þannig að hljómlist á t.d. að hljóma eins og af geisladiski. Stöðvaval verður auðveldara. Unnt verður að hljóðvarpa upplýsingum sem læsilegar verða á skjám, svo sem textavarpi og söngtextum. Möguleikar opnast til hljóðvarps á sérrásum sem greitt yrði sérstaklega fyrir hlustun á. Útsendingar verða ódýrari í rekstri þar sem minna afl þarf til útsendinga en á þeim rásum sem nú eru notaðar.

Eins og flestum öðrum tækniframförum mun verulegur kostnaður fylgja breytingu í stafrænt útvarp. Umtalsverður fjárfestingarkostnaður verður af því að koma upp sendibúnaði fyrir stafrænt útvarp. Og notendabúnaður mun, a.m.k. í fyrstu, verða dýrari en nú, alveg eins og litasjónvarpstæki voru í upphafi dýrari en sjónvarpstæki fyrir svarthvíta móttöku.

Hér á landi hafa enn ekki verið gerðar neinar áætlanir um þann kostnað sem af þessari tæknibreytingu leiðir. Hlýtur kostnaðarathugun að verða eitt af fyrstu verkefnum í undirbúningi að stafrænu útvarpi hér á landi. Engum getum skal heldur að því leitt hvenær staf-

rænar útvarpssendingar geta hafist hér eða í hvers konar áföngum. Áætlanir þar að lútandi verða einnig liður í þeim undirbúningi sem lagt er til að heimilaður verði í þessari grein frumvarpsins. Víst er hins vegar að það er fyllilega tímabært fyrir Íslendinga að hefja nú athugun og undirbúning að stafrænu útvarpi svo að ekkert verði því til fyrirstöðu að hefja stafræna útvarpsstarfsemi þegar það verður metið hagkvæmt.

Um 35. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð.

Um 36. gr.

Lagt er til að lög sem sett verða samkvæmt frumvarpi þessu öðlist þegar gildi og jafnframt falli þá úr gildi ákvæði útvarpslaga, nr. 68/1985, með síðari breytingum, þó þannig að ekki verði með gildistöku laga samkvæmt frumvarpi þessu felld úr gildi ákvæði útvarpslaga er sérstaklega varða Ríkisútvarpið. Er gert ráð fyrir að ákvæðin um Ríkisútvarpið í útvarpslögum verði sérstök lög, lög um Ríkisútvarpið, og verði þau gefin út svo breytt.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins er efnislega samhljóða bráðabirgðaákvæði núgildandi útvarpslaga. Aðeins er breytt tilvísunum til greina og kafla í frumvarpinu í samræmi við breytingu frá gildandi lögum.

Ákvæði 2. mgr. þjónar þeim tilgangi að tryggja eðlileg starfslok Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Ýmsum málum, sem sjóðurinn hefur haft með höndum, er ólokið, og þykir eðlilegast að núverandi stjórn sjóðsins ljúki þeim. Felst í ákvæðinu umboð til handa sjóðstjórninni til þess að ljúka verkefnum sínum, þar á meðal til að hafa eftirlit með þegar styrktum verkefnum og innheimta ógreidd gjöld til sjóðsins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til útvarpslaga.

Í frumvarpinu eru almenn ákvæði um útvarpsrekstur í landinu sem löguð eru að nýrri tilskipun Evrópuþingsins og ráðherraráðs Evrópusambandsins um sjónvarp án landamæra. Gert er ráð fyrir að ákvæði núverandi útvarpslaga er varða Ríkisútvarpið sérstaklega gildi áfram og verði gefin út sem sérstök lög.

Tvö ákvæði frumvarpsins hafa helst áhrif á kostnað ríkissjóðs. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður, en hann veitir fjárframlög til innlendrar dagskrárgerðar. Sjóðurinn hefur tekjur af 10% gjaldi sem leggst á allar auglýsingar í útvarpi. Gjöld sjóðsins námu 93 m.kr. árið 1998 og þar af voru um 72 m.kr. fjármagnaðar með greiðslum frá Ríkisútvarpinu. Áætlað er að tekjurnar nemi um 120 m.kr. árið 2000, þar af 80–90 m.kr. frá Ríkisútvarpinu. Samkvæmt gildandi útvarpslögum greiðir sjóðurinn 25% hlut Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er greiðslan áætluð

70 m.kr. árið 2000. Ríkisútvarpið fékk ekki framlag til dagskrárgerðar úr sjóðnum árið 1998, en árið 1997 fékk Ríkisútvarpið 5,7 m.kr. framlag. Verði frumvarpið að lögum fellur það í hlut Ríkisútvarpsins að greiða lögbundinn hlut sinn í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Standist þessar áætlanir munu framangreindar breytingar hafa óveruleg áhrif á afkomu Ríkisútvarpsins. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu segir að huga þurfi sérstaklega að fjáröflun til rekstrar hljómsveitarinnar í tengslum við rekstur Ríkisútvarpsins.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd verði falið að hafa eftirlit með starfsemi allra útvarpsstöðva hér á landi, en til þessa hefur verið litið svo á að menntamálaráðuneytið hefði eftirlit með Ríkisútvarpinu. Gert er ráð fyrir að kostnaður nefndarinnar aukist um 1–1,5 m.kr. á ári, en ætla má að eftirlitskostnaður menntamálaráðuneytisins lækki eitthvað á móti.

242. Fyrirspurn [208. mál]

til umhverfisráðherra um verndarsvæði samkvæmt Ramsar-samþykktinni.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hve mörg svæði hérlendis hafa verið útnefnd verndarsvæði samkvæmt Ramsar-samþykktinni um vernd votlendis, sem samþykkt var á Alþingi 5. maí 1977, og hvenær voru þau útnefnd? Hafa borist rökstuddar ábendingar um að fjölga þeim?
2. Hvaða áhrif hefur samþykktin haft á verndun votlendis hér á landi?
3. Hvernig er mikilvægi votlendissvæða metið?
4. Hvaða áhrif mun það hafa á verndun votlendis á Íslandi að síðastliðið vor var sett fram það markmið að árið 2005 verði Ramsar-svæði orðin tvö þúsund, en þau munu nú vera um eitt þúsund talsins?

243. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Í stað ártalsins „2000“ í fyrri og síðari málslið ákvæðis til bráðabirgða við lögin, sbr. lög nr. 69/1996, kemur: 2001.

2. gr.

Lög þessi taka þegar í stað gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að framlengdur verði um eitt ár sá frestur sem aðilar sem stunda inn- og útflutning í atvinnuskyni hafa til að taka upp tölvuvædda tollafgreiðsluhætti.

Með lögum nr. 69/1996 voru gerðar umfangsmiklar breytingar á ákvæðum tollalaga. Meðal annars voru lögfest ákvæði um tölvuvædda tollafgreiðslu sem í lögunum er nefnd SMT-tollafgreiðsla. Kveðið var á um að tekin skyldi upp alsjálfvirk tölvuvædd tollafgreiðsla hjá aðilum sem stunda inn- og útflutning í atvinnuskyni og þessum aðilum var gert skylt að senda upplýsingar í tengslum við inn- og útflutning með skjalasendingum milli tölva (SMT). Í ákvæði til bráðabirgða við lögin var þessum aðilum þó heimilað til 1. janúar 2000 að skila tollskjölum í því formi sem ákveðið var fyrir gildistöku laganna. Þannig var inn- og útflytjendum veittur aðlögunartími til 1. janúar 2000 til að taka upp SMT-tollafgreiðslu.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er lagt til að frestur til að taka upp SMT-tollafgreiðslu verði framlengdur um eitt ár. Meginástæða þess að þessi breyting er lögð til er sú að örar breytingar í tölvutækni á undanförnum árum, einkum vegna aukinnar notkunar internetsins, hafa skapað nýja möguleika við tölvuvædda tollafgreiðslu, sem nauðsynlegt þykir að kanna betur. Er þar einkum um að ræða möguleika fyrir lítil fyrirtæki til að taka upp SMT-tollafgreiðslu með aðstoð internetsins með minni tilkostnaði en ella hefði orðið.

Önnur ástæða þess að breytingin er lögð til er að tímasetning sú sem lögin kveða á um að SMT-tollafgreiðslu skuli komið á, þ.e. 1. janúar 2000, er óheppileg vegna þeirrar óvissu sem ríkir um það hverjar afleiðingar hið svokallaða 2000-vandamál muni hafa á tölvukerfi fyrirtækja og hins opinbera hér á landi.

Eins og áður segir er lagt til að frestur til að taka upp SMT-tollafgreiðslu verði framlengdur um eitt ár. Er talið að sá tími verði nægilegur fyrir tollyfirvöld til að kanna möguleika á breyttum tollafgreiðsluháttum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að tímafrestur inn- og útflytjenda til að taka upp svokallaða SMT-tollafgreiðslu (skjalasendingar á milli tölva) verði framlengdur frá 1. janúar 2000 samkvæmt gildandi lögum til 1. janúar 2001. Í fjárlögum hefur þegar verið gert ráð fyrir kostnaði tollaembætta við smíði og rekstur tölvukerfa í þessu skyni og er ekki talið að frestunin leiði til frekari útgjalda ríkissjóðs svo nokkru nemi.

244. Svar [97. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um störf nefnda um jarðskjálftavá.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða nefndir á vegum umhverfisráðuneytisins hafa fjallað um jarðskjálftavá?*
2. *Hafa nefndirnar skilað skýrslu um störf sín?*
3. *Hverjar voru helstu niðurstöður athugana þeirra?*
4. *Eru einhverjar nefndir starfandi í þessum málaflokki?*
5. *Hvenær eru áætluð starfslok þeirra nefnda sem nú eru að störfum?*
6. *Hyggst ráðherra kynna niðurstöður nefndanna fyrir Alþingi?*

Fyrrverandi umhverfisráðherra, Guðmundur Bjarnason, skipaði í nóvember 1995 nefnd til þess að fjalla um jarðskjálftavá og gera tillögur um aðgerðir til þess að draga úr hættu af völdum jarðskjálfta. Formaður nefndarinnar var Ragnar Stefánsson, sem tilnefndur var af Veðurstofu Íslands. Nefndin skilaði umhverfisráðuneytinu skýrslu með tillögum um aðgerðir í september 1996. Voru tillögurnar síðan kynntar í ríkisstjórn 5. nóvember 1996.

Niðurstöður og tillögur nefndarinnar eru í fimm liðum og fjalla um rannsóknir, eftirlit og viðbúnað, úttektir á byggingum og undirstöðu, byggingarstaðla og byggingarreglugerðir og samræmingu aðgerða og fjármögnun fyrirliggjandi aðgerða. Á sviði rannsókna eru helstu tillögur nefndarinnar m.a. gerð stafræns gagnagrunns með fyrirliggjandi jarðskjálftaathugunum, gerð sprungukorts með áherslu á jarðskjálftahættusvæði, gerð nákvæmra jarðfræðikorta af jarðskjálftahættusvæðum, uppbygging stafræns jarðskjálftamælanets (SIL-kerfisins), rannsóknir á dreifingu jarðskjálftabylgna, eftirlit með brotahreyfingu og spennuupphleðslu niðri í jarðskorpunni, staðbundið áhættumat, svo og nýting á niðurstöðum mælinga og rannsókna til eftirlits. Auk þess má nefna tillögur um eftirlits- og viðvörunarkerfi jarðskjálftamælinga, að settar verði reglur um meðferð áhættumats og að gerð verði úttekt á jarðskjálftaþoli mannvirkja. Nefndin lagði til að sett yrði á stofn jarðskjálftahættunefnd sem fylgdist með starfi að jarðskjálftahættumálum, samræmdi aðgerðir og fylgdist með og fjallaði um framkvæmd tillagna nefndarinnar. Einnig var lagt til að stofnaður yrði sjóður, jarðskjálftavársjóður, sem hefði það hlutverk að fjármagna aðgerðir á þessu sviði og að sjóðurinn yrði fjármagnaður á svipaðan hátt og ofanflóðasjóður.

Ríkisstjórnin ákvað, að tillögu umhvefisráðherra, að skipa nýja nefnd til að leggja mat á tillögurnar og móta tillögur til ríkisstjórnarinnar um framhald málsins. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar samkvæmt tilnefningum frá umhverfisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti og var fulltrúi umhverfisráðuneytisins skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin hefur enn ekki lokið störfum en formaður hennar hefur nýlega gert ráðuneytinu grein fyrir stöðu verksins. Er reiknað með að nefndin ljúki störfum og skili ráðuneytinu tillögum sínum á næstu vikum.

245. Svar [128. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um gjald fyrir ökupróf, ökuskírteini og vegabréf.

1. *Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs af prófgjaldi fyrir ökupróf og hver er útlagður kostnaður hins opinbera við sömu próf, sundurliðað eftir flokkum prófa?*

Upplýsinga var aflað hjá Umferðarráði um tekjur ríkissjóðs af prófgjaldi fyrir ökupróf og útlagðan kostnað við þau. Í fyrirspurninni er ekki tilgreint hvaða tímabil óskað er upplýsinga um og byggist eftirfarandi svar á upplýsingum fyrir árið 1998. Reiknuð prófgjöld samkvæmt prófakerfi Umferðarráðs voru samtals 30.386.900 kr. og sundurliðast eins og sést í eftirfarandi töflu.

	Bifhjól (A)		Bifreið (B)		Létt bifhjól (M)	
	bóklegt	**verklegt**	**bóklegt**	**verklegt**	**bóklegt**	**verklegt**
Fjöldi	301	207	6.599	4.969	194	84
Prófgjald, kr.	900	2.800	900	2.800	900	2.000
Samtals, kr.	**270.900**	**579.600**	**5.939.100**	**13.913.200**	**174.600**	**168.000**

	Hópbifreið (D)	Vörubifreið (C)	Leigubifreið	Eftirvagn (CE)	
	verklegt	**verklegt**	**verklegt**	**verklegt**	**Allir flokkar**
Fjöldi	353	491	377	299	
Prófgjald	8.000	5.000	8.000	3.500	
Samtals, kr.	**2.824.000**	**2.455.000**	**3.016.000**	**1.046.500**	**30.386.900**

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi 23. janúar 1999 voru prófgjöld ársins 1998 29.654.900 kr. Í töflunni er tekið mið af því hvenær próf voru tekin, þarna munar 2,4% og skýrist þessi munur af því að gjöld geta hafa verið greidd fyrir eða eftir áramót.

Útlagður kostnaður hins opinbera vegna ökunámsdeildar Umferðarráðs árið 1998 var samtals 42.030.000 kr. og sundurliðast eins og sést í töflunni hér á eftir.

	Kr.
Laun og launatengd gjöld	26.736.000
Ferðakostnaður	3.135.000
Skrifstofuvörur	672.000
Aðkeypt þjónusta	964.000
Húsnæðiskostnaður	3.399.000
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	6.710.000
Eignakaup	44.000
Bifreiðakostnaður	370.000
Samtals	**42.030.000**

Skipting þessa kostnaðar niður á einstök próf eða réttindaflokka er mjög vanda- og vafasöm, m.a. af eftirfarandi ástæðum:

Prófað er til akstursréttinda á um 20 stöðum á landinu. Sama hvar á landinu próf er tekið er gjaldið sem innheimt er hjá einstaklingi það sama en kostnaður við prófið mjög breytilegur.

Varðandi bókleg próf til A-, B- og M-réttinda er sama gjald innheimt hvort sem prófað er með hópprófi eða einstaklingsprófi. Einstaklingspróf eru sérstaklega notuð í þeim tilvikum þar sem próftaki á erfitt með próftöku t.d. vegna lesblindu eða annars sem háir honum í próftöku. Reynt er að veita sem besta þjónustu á hverjum tíma með tilliti til biðtíma próftaka og nýtingarhlutfalls prófdómara. Þjónustustig sem miðað hefur verið við undanfarin ár er að biðtími eftir prófi fari ekki yfir fimm virka daga og nýtingarhlutfall sé 85%.

2. *Telur ráðherra eðlilegt að prófgjöld séu greidd tvisvar að fullu þegar verkleg próf eru í tveimur hlutum, sbr. hópbifreiðapróf?*

Gjöld fyrir ökupróf eru ákveðin í 84. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 501/1997, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 799/1998. Gjald fyrir verklegt próf fyrir D flokk (hópbifreið) er tvískipt, annars vegar 6.000 kr. fyrir almenn réttindi og hins vegar 4.000 kr. fyrir próf til farþegaflutninga í atvinnuskyni. Þessi próf mega fara fram samtímis og ef svo er gert er gjaldið 9.000 kr. og því lægra en fyrir tvö aðskilin próf. Algengast er að umsækjendur gangist undir bæði prófin samtímis.

Vakin er athygli á að samkvæmt 4. mgr. 50. gr. umferðarlaganna er heimilt að synja manni um réttindi til að stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. hegningarlaga eiga við um hagi umsækjandans. Þetta á við ef umsækjandi hefur verið dæmdur fyrir brot og brotið gefur til kynna að veruleg hætta sé á því að viðkomandi muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Gildir þetta um farþegaflutninga í atvinnuskyni, hvort heldur er með fólksbifreið eða hópbifreið. Þetta gæti, svo dæmi sé tekið, átt við um þann sem dæmdur hefur verið fyrir kynferðisbrot. Slíkur umsækjandi á hins vegar rétt á að gangast undir almennt hópbifreiðapróf (sem ekki felur í sér heimild til farþegaflutninga í atvinnuskyni). Umsækjandi sem hefur almenn réttindi fyrir D flokk (hópbifreið) kann að vilja öðlast viðbótarréttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir þann flokk. Umsækjandinn kann t.d. að hafa fallið á slíku prófi eða hafa D-réttindi samkvæmt erlendu ökuskírteini. Ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni má ekki gefa út á grundvelli erlends ökuskírteinis, sbr. 3. mgr. 70. gr. reglugerðar um ökuskírteini. Þegar þannig stendur á gengst umsækjandi einungis undir viðeigandi próf.

3. *Telur ráðherra sanngjarnt að full prófgjöld séu lögð á við endurtekningarpróf hafi próftaki ekki staðist hið fyrsta?*

Ef próftaki stenst ekki próf (fræðilegt eða verklegt) á hann kost á að endurtaka það. Endurtekið próf er að öllu leyti eins og hið fyrra. Gjald er ákveðið fyrir hvert einstakt próf og þá er eðlilegt að gjald fyrir endurtekið próf sé sama og fyrir það sem áður var tekið.

4. *Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af útgáfu ökuskírteina og hver eru útgjöld hans af sömu orsökum, sundurliðað eftir helstu tekju- og gjaldstofnum?*

Upplýsinga um tekjur og útgjöld ríkissjóðs var aflað hjá Ríkisbókhaldi. Í fyrirspurninni er ekki tilgreint hvaða tímabil óskað er upplýsinga um og er hér byggt á upplýsingum fyrir janúar til október 1999.

Tekjur ríkissjóðs af útgáfu ökuskírteina eru samtals 65.950.000 kr. og sundurliðun eftir tegundum skírteina sést í töflunni hér á eftir.

	Kr.
Bráðabirgðaökuskírteini	9.714.500
Ökuskírteini (fullnaðarskírteini)	52.586.500
Ökuskírteini, 65 ára og eldri	3.182.000
Ökuskírteini fyrir M og T flokka	180.000
Alþjóðlegt ökuskírteini	287.000
Samtals	**65.950.000**

Bein útgjöld ríkissjóðs af útgáfu ökuskírteina eru samtals 15.364.537 kr. og skiptast helstu gjaldstofnar eins og sést í næstu töflu.

	Kr.
Prentun, fjölritun, bókband, ljósritun	15.322.232
Vöru- og hraðflutningar	28.784
Skrifstofuvéla- og tölvuverkstæði	13.521
Samtals	**15.364.537**

Með lögum nr. 159/1998 var sett sérstakt ákvæði í lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, þess efnis að gjald fyrir ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir A, B, BE, C, CE, D og DE flokka og til farþegaflutninga í atvinnuskyni skyldi vera 3.500 kr., en gjald fyrir M og T flokkana 2.000 kr.

5. *Er eðlilegt að tvígreitt sé fyrir ökuskírteini eins og raunin mun vera þegar einstaklingur nemur til aksturs vörubifreiðar og fer í kjölfarið í nám og próf til aksturs með eftirvagn?*

Ýmis ökuréttindi öðlast menn ekki nema þeir hafi náð tilteknum aldri og öðlast tiltekin ökuréttindi, sbr. 15. og 17.–19. gr. reglugerðar um ökuskírteini. Ökuskírteini fyrir B flokk (fólksbifreið/sendibifreið) og 18 ára aldur eru t.d. skilyrði fyrir því að öðlast ökuskírteini fyrir BE flokk (fólksbifreið/sendibifreið með stórum eftirvagni/tengitæki) og C flokk (vörubifreið). Ökuskírteini fyrir C flokk er sömuleiðis skilyrði fyrir því að öðlast ökuskírteini fyrir CE flokk (vörubifreið með stórum eftirvagni/tengitæki). Kennslu til tiltekinna réttinda má heldur ekki hefja nema viðkomandi hafi áður öðlast ökuskírteini fyrir tiltekinn flokk, sbr. 27. gr. reglugerðarinnar. Þannig má ekki hefja kennslu fyrir BE, CE eða DE flokkana (ökutæki með stóran eftirvagn/tengitæki) nema viðkomandi hafi öðlast ökuskírteini fyrir, eftir því sem við á, B, C og D flokk. Nám og próf til viðbótarökuréttinda er þannig háð því að viðkomandi hafi þegar öðlast ökuskírteini fyrir tiltekin réttindi. Hvenær viðbótarnámið hefst og próf er tekið fer mjög eftir atvikum. Ökuskírteini er hins vegar gefið út að uppfylltum skilyrðum og réttindi eru háð því að skírteinið hafi verið gefið út. Að svokölluð bráðabirgðaakstursheimild hafi verið gefin út vegna þess að afhending ökuskírteinis dregst breytir ekki því að ökuskírteini hefur verið gefið út.

6. *Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs af útgáfu vegabréfa og hver eru útgjöldin að sama skapi, sundurliðað eftir helstu tekju- og gjaldstofnum?*

Upplýsinga var aflað hjá Ríkisbókhaldi og er byggt á tekjum og gjöldum fyrir janúar til október 1999. Heildartekjur ríkissjóðs af útgáfu vegabréfa eru samtals 120.937.744 kr. og sundurliðast eftir tegundum vegabréfa eins og sést í töflu.

	Kr.
Vegabréf (18–66 ára)	76.222.000
Vegabréf (18–66 ára), skyndiútgáfa	17.857.200
Vegabréf (18–66 ára), neyðarvegabréf	464.600
Vegabréf, aðrir en 18–66 ára	20.809.700
Vegabréf, aðrir, skyndiútgáfa	5.504.600
Vegabréf, aðrir, neyðarútgáfa	34.000
Vegabréf til útlendinga	40.800
Óskilgreint	4.844
Samtals	**120.937.744**

Útgjöld vegna útgáfu vegabréfa eru samtals 55.091.004 kr. Hafa ber í huga að þar er meðtalinn stofnkostnaður við útgáfu nýrra vélrænt lesanlegra vegabréfa, sbr. lög um vegabréf, nr. 136/1998, sem tóku gildi 1. júní sl. Áætlað er að viðvarandi rekstarkostnaður við útgáfu vegabréfa verði 22–26 millj. kr. á ári. Útgjöld fyrir janúar til október 1999 sundurliðast eftir helstu gjaldstofnum eins og kemur fram í töflunni.

	Kr.
Prentun, fjölritun, bókband, ljósritun vegna eldri gerðar vegabréfa	3.087.761
Fundagjöld	52.085
Fargjöld erlendis	102.770
Dagpeningar erlendis	437.934
Bílaleiga	26.383
Verkfræðingar, tæknifræðingar, arkitektar	458.438
Þýðendur, túlkar	33.120
Önnur sérfræðiþjónusta án virðisaukaskatts	34.802.741
Önnur sérfræðiþjónusta með virðisaukaskatti	2.849.298
Hugbúnaðargerð	3.622.044
Birtingar á auglýsingum	46.063
Prentun, fjölritun, bókband, ljósritun	28.697
Tölvubúnaður	906.670
Laun og skrifstofukostnaður *	8.637.000
Samtals	**55.091.004**

*Aðeins er unnt að tilgreina sérstaklega launakostnað þeirra starfsmanna sem starfað hafa að miðlægu vegabréfaútgáfunni frá því í maí sl. Ekki liggur fyrir sundurliðaður launakostnaður þeirra starfsmanna á öllum lögreglustjóraembættum sem sáu um vegabréfaútgáfu á hverjum stað fram til 1. júní sl. eða þeirra starfsmanna lögreglustjóraembætta sem nú taka við umsóknum, veita upplýsingar og leiðbeiningar við útfyllingu umsókna, kanna hvort skilyrði séu uppfyllt til útgáfu vegabréfs og senda Útlendingaeftirlitinu til útgáfu.

Með lögum nr. 159/1998 var sett sérstakt ákvæði um fjárhæð gjalda fyrir útgáfu vegabréfa í lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

7. *Hverjar eru viðbótartekjur ríkissjóðs af aukagjaldi fyrir útgáfu vegabréfa þegar svokallaðrar hraðafgreiðslu er óskað (innan 10 virkra daga) og hver eru sundurliðuð viðbótarútgjöld ríkissjóðs af sömu ástæðum?*

Viðbótartekjur ríkissjóðs af aukagjaldi fyrir skyndiútgáfu, fyrir júní til október 1999, eru samtals 23.361.800 kr.

Upplýsingar liggja fyrir um tekjur af skyndivegabréfum, en ekki um viðbótarútgjöld ríkissjóðs af þeirri útgáfu. Viðbótarútgjöld stafa af því að þörf er á að hafa starfsmenn á vakt og/eða bakvakt allan sólarhringinn og vegna útkalla. Þá krefst skyndiútgáfa vegabréfa oft aukavinnu eða aukaviðveru starfsmanna. Hjá vegabréfaútgáfunni eru fjögur stöðugildi, en nauðsyn er á viðbótarstarfskrafti yfir sumartímann vegna anna á þeim tíma.

8. *Hver er ástæða þess að útgáfa vegabréfa tekur meira en 10 virka daga? Er áformað að stytta þennan biðtíma án þess að aukagjald komi til?*

Ástæða þess að útgáfa vegabréfa tekur meira en 10 virka daga er sú að miðlæg útgáfa vélrænt lesanlegra vegabréfa var tekin upp er ný lög um vegabréf, nr. 136/1998, tóku gildi 1. júní sl. og lengdist afgreiðslutíminn frá því sem áður var. Fyrir gildistöku laganna gáfu lögreglustjórar út vegabréf á hverjum stað. Nú taka lögreglustjórar við umsóknum og kanna hvort skilyrði fyrir útgáfu vegabréfs séu uppfyllt. Að því búnu er umsóknin send Útlendingaeftirlitinu sem gefur út vegabréfið og sendir það viðkomandi lögreglustjóra aftur eða umsækjandanum í ábyrgðarbréfi. Ástæða þess að aðeins er unnt að hafa vegabréfaútgáfu á einum stað á landinu er sú að útgáfubúnaðurinn er mjög dýr.

Framkvæmdanefnd sem sá um undirbúning að útgáfu vegabréfa með nýju fyrirkomulagi taldi að ekki væri unnt að tryggja að vegabréf yrðu afhent umsækjanda innan 10 virkra daga. Álagstímar geta komið upp, t.d. í byrjun sumars þegar sumarleyfisferðir landsbúa hefjast. Jafnframt var við það miðað að allir landsbúar sætu við sama borð í þessum efnum, hvar sem þeir væru búsettir.

Þess má geta að allir lögreglustjórar mega gefa út vegabréf til bráðabirgða (neyðarvegabréf) þegar sérstaklega stendur á og er gildistími þess miðaður við lok ferðar. Með þeim möguleika og því að unnt er að gefa út skyndivegabréf með eins dags fyrirvara er veitt mun meiri þjónusta hér á landi í þessum efnum en í nágrannaríkjum okkar.

Stefnt er að því að síðar meir verði lögreglustjórum unnt að senda umsóknir um útgáfu vegabréfs til Útlendingaeftirlitins á rafrænan hátt svo að mögulegt verði að stytta afgreiðslutímann.

246. Frumvarp til laga [210. mál]

um starfsréttindi tannsmiða.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað og gert við tanngóma og tannparta og þá m.a. unnið við töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar.

Ákvæði 1. mgr. hagga ekki rétti tannsmiða til annarra starfa í löggiltri iðngrein sinni. Þau hagga heldur ekki rétti tannlækna eða þeirra sem starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna til að vinna við töku móta og mátun né áunnum réttindum þeirra samkvæmt ákvæðum eldri laga.

2. gr.

Brot, sem framin eru af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Iðnaðarráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar skal hann kveða á um það með hvaða skilyrðum tannsmiðir skuli sækja námskeið til að geta öðlast starfsréttindi samkvæmt lögum þessum. Iðnaðarráðherra getur sett reglur um að hluti af starfi tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið hefur verið í iðnaðarráðuneytinu, var lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98 og er endurflutt nú með vissum breytingum. Því er ætlað að tryggja rétt tannsmiða með meistararéttindi til að geta starfað sjálfstætt í grein sinni, sem er löggilt iðngrein, við smíði og viðgerðir á tanngómum og tannpörtum og þá unnið á eigin ábyrgð við töku móta og mátun til að geta sinnt starfi sínu.

Úr ágreiningi, sem verið hafði uppi um það hvort tannsmiðir hefðu heimild að lögum til að vinna í munnholi viðskiptavina sinna við töku móta og mátun, var leyst með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 52/1995 7. desember 1995. Með hliðsjón af atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar taldi rétturinn, sem benti á að sérstök lög um starfsréttindi tannsmiða hefðu ekki verið sett, að 6. gr. laga nr. 38/1985, um tannlækningar, fæli í sér nægilega skýra takmörkun á atvinnufrelsi tannsmiða til þess að þeir gætu ekki unnið í munnholi manna í því skyni að setja í þá gervitennur eða tanngarða, með öðrum orðum tanngóma og tannparta. Hafði rétturinn við túlkun sína á þessari grein tannlækningalaganna mið af þeirri staðreynd að frá 1929 hefðu tannlæknar með vissum undantekningum samkvæmt tannlækningalöggjöf haft einkarétt á því að taka mót og framkvæma mátun og ekkert í athugasemdum með löggjöf um tannlækningar eða ræðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þar að lútandi á Alþingi, við meðferð frumvarps til gildandi laga, gæfi tilefni til að álíta að túlka bæri hin takmarkandi lagaákvæði öðruvísi. Taldi Hæstiréttur sig því ekki geta komist að annarri niðurstöðu að óbreyttum lögum. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5483/1994 20. desember 1994 hafði hins vegar verið talið að takmörkun á atvinnufrelsi tannsmiðs að þessu leyti byggðist ekki á beinu og ótvíræðu lagaboði. Mismunandi niðurstöður dómstóla sýna að skiptar skoðanir hafa verið um túlkun ákvæða tannlækningalaga er snerta starfssvið tannsmiða.

Atvinnufrelsi skv. 75. gr. stjórnarskrárinnar má setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess. Eigi verður þó annað séð en að það sé andstætt meginhugsun iðnaðarlaga, nr. 42/1978, að þeim sem hafa starfsréttindi í löggiltum iðngreinum á grundvelli þeirra sé í mikilvægum atriðum gert ókleift að sinna iðn sinni en tannsmíði hefur verið löggilt iðngrein frá því að menntamálaráðherra kvað á um það með setningu reglugerðar nr. 323/1972, sbr. nú síðast 2. gr. reglugerðar nr. 648/1999, um löggiltar iðngreinar. Í 8. gr. iðnaðarlaganna kemur fram að m.a. meistarar hafi rétt til iðnaðarstarfa í löggiltum iðngreinum og skv. 10. gr. laganna veitir meistarabréf meistara leyfi til að reka þá iðngrein er meistarabréf hans tekur til. Frumvarpi þessu er ætlað að bæta úr því að tannsmiðir, sem

eru ekki heilbrigðisstétt, geti ekki að óbreyttum lögum sinnt mikilvægum þætti í starfi sínu á eigin ábyrgð en þurfi að treysta á aðra stétt, tannlækna, til að starfa samkvæmt iðnréttindum sínum.

Til að tannsmiðir geti samkvæmt framansögðu sinnt starfi sínu við smíði og viðgerðir á tanngómum og tannpörtum þykir sjálfsagt að þeir geti unnið við töku móta og mátun hjá viðskiptavini. Er þá tekið tillit til eðlis þessa starfsþáttar sem tengist heilbrigði manna eins og reyndar aðrir þættir í störfum tannsmiða. Taka móta af munni viðskiptavinar er enda óhjákvæmilegur þáttur í smíði tanngóma (eða tannparta). Fer mótatakan í stuttu máli þannig fram að svokallaðri skeið með kvoðu (mátefni) er þrýst upp á tannstæði í munnholi og harðnar hún síðan. Tanngómurinn er svo smíðaður og mátaður í samvinnu við viðskiptavininn sem velur útlit og lögun tanna í samráði við tannsmið. Mátefni það sem notað er til mótatökunnar er algerlega hættulaust og þrautreynt. Mátun á tanngómi er sem mótataka nauðsynlegur þáttur í tannsmíðinni.

Til stuðnings því að tannsmiðir geti unnið við mótatöku og mátun má benda á að undanþágur hafa tíðkast frá ákvæðum tannlækningalöggjafar um einkarétt tannlækna til að vinna í munnholi manna og tíðkast enn. Í 4. gr. laga nr. 7/1929, um tannlækningar, náðu undanþágurnar til lækna ef þeir sönnuðu fyrir heilbrigðisstjórninni að þeir hefðu aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Með lögum nr. 34/1932 var dómsmálaráðherra síðan heimilað, með samþykki landlæknis, að veita mönnum, er lokið höfðu tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héruðum sem væru tannlæknislaus. Þessi heimild til handa ráðherra var afnumin með lögum nr. 62/1947, þó þannig að þeir sem fengið höfðu leyfi ráðherra skyldu halda því þar til ákvæði yrðu sett í lög um réttindi þeirra og skyldur en slík löggjöf hefur aldrei verið sett. Skv. 9. gr. gildandi laga nr. 38/1985, um tannlækningar, getur sérhæft aðstoðarfólk undir stjórn tannlækna (nú tanntæknar) sinnt þessum verkefnum. Á það skal og bent að í dönskum lögum um klíníska tannsmiði (lov om kliniske tandteknikere), nr. 100/1979, með síðari breytingum, hafa klínískir tannsmiðir svipaðan rétt til að vinna við töku móta og mátun og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu og er það ekki eina landið þar sem tannsmiðir mega vinna slík störf sjálfstætt.

Þá skal tekið fram að í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 29/1997 var sú vinna við viðskiptavini, sem ráðið taldi þurfa að fara fram í tengslum við tannsmíðavinnu, talin falla undir samkeppnislög. Í ákvörðuninni var m.a. undirstrikuð sú meginregla samkeppnisréttar að allar hömlur á svigrúm manna í atvinnurekstri væru almennt til þess fallnar að draga úr samkeppni eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni á tilteknum markaði. Þykir eðlilegt með hliðsjón af samkeppnislögum, nr. 8/1993, m.a. 1. gr. um markmið laganna og 17. gr. um skaðleg áhrif á samkeppni, að setja í lög ákvæði er leiði til aukinnar samkeppni á því sviði þjónustu er hér um ræðir, bæði milli tannlækna og tannsmiða og innbyrðis milli tannsmiða en í Tannsmiðafélagi Íslands voru 76 einstaklingar í árslok 1997 og í Sambandi íslenskra tannsmíðaverkstæðiseigenda um 20. Leiða má að því líkur að heimild til handa tannsmiðum, sem flestir eru með meistararéttindi, til að geta tekið mót og framkvæmt mátun muni leiða til lækkunar kostnaðar fyrir neytendur og sparnaðar hjá hinu opinbera. Þetta kemur og fram í framangreindri ákvörðun samkeppnisráðs en þar segir m.a. orðrétt: „Ekki er ástæða til að ætla annað en að samkeppni milli t.d. tannlækna og tannsmiða stuðli að lægra verði, hagkvæmni og betri þjónustu á sama hátt og í annarri atvinnustarfsemi."

Frá 122. þingi hefur frumvarpi þessu verið breytt í nokkru. Breyting á 1. mgr. 1. gr. felur í sér að starfsréttindin miðist við meistara í tannsmíði í stað tannsmiða. Jafnframt er nú kveðið á um það í 3. gr. að ráðherra sé skylt, ekki heimilt, að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð. Þar er honum skylt, ekki heimilt, að kveða á um með hvaða

skilyrðum tannsmiðir skuli taka þátt í námskeiði til að geta öðlast starfsréttindi. Þá er bætt við í 3. gr. að iðnaðarráðherra geti sett reglur um að hluti af starfi tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækni en slíkt getur leitt til nokkurrar formlegrar takmörkunar á starfsheimild tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. Í fylgiskjali I er gerður samanburður á námi tannsmiða á Íslandi og í Danmörku.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Auk þess sem vísað er til almennra athugasemda hér að framan skal tekið fram að í 1. mgr. þessarar greinar er fjallað um mikilvægan þátt í störfum tannsmiða, þ.e. smíði og viðgerðir á tanngómum (heilum tanngómum eða tannsettum) og tannpörtum (hlutum tanngóma, einni eða fleiri tönnum). Við það starf yrði unnið við töku móta af viðskiptavini og mátun góma eða tanna. Þykir eðlilegt að tannsmiðir, sem hafa meistararéttindi samkvæmt frumvarpi þessu, geti unnið öll þessi störf sjálfstætt, með öðrum orðum á eigin ábyrgð, en ekki undir handleiðslu og á ábyrgð annarra. Samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands um túlkun á 6. gr. laga nr. 38/1985, um tannlækningar, hefur tannsmiður ekki heimild nú til að starfa sjálfstætt í munnholi, þ.e. við mótatöku og mátun. Úr þeim heimildarskorti er ætlunin að bæta með sérlögum um tannsmiði á grundvelli lagafrumvarps þessa. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins má þó þrengja starfssviðið með því að áskilja samstarf við tannlækna í ákveðnum tilvikum.

Þótt störf við mótatöku og mátun tengist heilbrigði manna skal ítrekað að þau þykja þó ekki þess eðlis að tannsmiðir með meistararéttindi geti ekki unnið þau sjálfstætt eins og önnur störf sem þeir vinna á grundvelli iðnaðarlaga í löggiltri starfsgrein sinni. Í þessu sambandi vísast til stuttrar lýsingar á störfunum í almennum athugasemdum. Benda má á þessu til stuðnings að samkvæmt dönskum lögum geta klínískir tannsmiðir þar í landi unnið við mótatöku og mátun á eigin ábyrgð. Þá má benda hér á undanþágu þá sem tíðkast hefur hér á landi í áranna rás varðandi sérhæft aðstoðarfólk tannlækna sem telst til heilbrigðisstétta, andstætt tannsmiðum, en skv. 4. gr. laga nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, starfa þær stéttir nú „ýmist á eigin ábyrgð eða undir handleiðslu og á ábyrgð læknis eða annars sérfræðings á viðkomandi sviði“, með öðrum orðum í vissum tilvikum á eigin ábyrgð samkvæmt lögunum, andstætt því sem var samkvæmt eldri lögum. Taka má fram að nám tannsmiða er lengra en nám sérhæfðs aðstoðarfólks tannlækna (tanntækna) og er nú fjögur ár en auk þess þarf meistaraskólanám og eins árs starf að auki undir stjórn meistara til að geta öðlast meistararéttindi í iðngreininni.

Í 1. mgr. er sleginn sá varnagli, eins og í dönsku lögunum um klíníska tannsmiði, að ekki séu sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar. Gera má ráð fyrir að í þessum tilvikum vísi tannsmiðir viðskiptavinum sínum til heimilislækna eða annarra sérfræðinga, m.a. tannlækna, og afli jafnvel heilbrigðisvottorða í vafatilvikum áður en vinna hefst.

Í 1. mgr. er samkvæmt framangreindu gert ráð fyrir nauðsynlegri breytingu á íslenskri löggjöf til að tryggja að tannsmiðir með meistararéttindi geti með eðlilegum hætti sinnt mikilvægum störfum í löggiltri iðngrein sinni og atvinnufrelsi þeirra verði þannig tryggt. Sú hugsun kemur reyndar fram í 1. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, þar sem segir að meginmarkmiði laganna um að efla virka samkeppni skuli m.a. ná með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvæði 1. mgr. haggi ekki rétti tannsmiða til annarra starfa í löggiltri iðngrein sinni. Hér getur m.a. verið um að ræða smíði krónu og brúa en sú vinna tannsmiða hefur farið fram í samvinnu við tannlækna. Þá haggar málsgreinin ekki rétti tann-

lækna eða þeirra sem starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna til að vinna við töku móta og mátun í munnholi né áunnum réttindum þeirra samkvæmt ákvæðum eldri laga. Sumir tannlæknar hafa jafnvel réttindi í tannsmíði á grundvelli iðnaðarlöggjafarinnar en ákvæða hennar þarf alltaf að gæta við tannsmíði.

Um 2. gr.

Í greininni eru ákvæði um refsingu við brotum á lögunum, svo og réttarfar.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu iðnaðarráðherra til að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð, ekki reglugerðarheimild eins og í frumvarpi á síðasta þingi.

Þá segir og að iðnaðarráðherra skuli, ekki geti, í reglugerð kveða á um með hvaða skilyrðum tannsmiðir skuli sækja námskeið til að geta öðlast starfsréttindi samkvæmt lögum þessum og er gert ráð fyrir að það sé gert að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið. Á slíkum námskeiðum gætu þeir tannsmiðir, sem það kysu, í anda laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, svo og símenntunar, aukið verkkunnáttu sína og hæfni og lært m.a. mótatöku og mátun sem yrði mjög lítill en nauðsynlegur þáttur í störfum þeirra tannsmiða með meistararéttindi er mundu smíða og gera við tanngóma og tannparta. Gert er ráð fyrir að menntun eða starfsreynslu sem aflað hefur verið, t.d. á grundvelli sjálfstæðs starfs samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins, megi meta sem ígildi námskeiðs eða hluta þess. Gert er ráð fyrir að allir tannsmiðir geti sótt námskeiðin þótt meistararéttindi séu skilyrði fyrir veitingu starfsréttinda í kjölfar þeirra.

Bætt er við frá síðasta frumvarpi að iðnaðarráðherra geti sett reglur um að hluti af starfi tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækni. Eins og segir í lok almennra athugasemda getur slíkt leitt til nokkurrar formlegrar takmörkunar á starfsréttindum tannsmiða með meistararéttindi. Þetta er byggt á fyrirmynd í heimildarákvæði dönsku laganna um klíníska tannsmiði og varðar fólk sem misst hefur hluta tanna en þó ekki allar. Í reyndinni yrði hins vegar samstarf með tannsmið og tannlækni þegar viðskiptavinur væri með einhverjar tennur þótt ekki yrði mælt fyrir um slíkt samstarf.

Það yrði ákvörðunaratriði, t.d. að fenginni ráðgjöf danska klíníska tannsmíðaskólans, hversu mikið væri eðlilegt að kenna á viðkomandi námskeiði. Einhvern hluta kennslunnar gætu íslenskir aðilar innt af hendi, t.d. í meinafræði munnhols. Hugsanlega mætti síðar nota meistaraskólann að einhverju leyti og jafnvel fleiri skóla hér á landi, t.d. skóla klíníska aðstoðarmanna tannlækna (tanntækna). Að lokum mundi nám í tannsmíðaskólanum hér á landi væntanlega taka einhverjum breytingum og bjóða upp á meira nám í klínískum greinum, þ.e. kröfur yrðu smám saman hertar en námið yrði blandað nám eins og nú er en ekki sundurgreint eins og í Danmörku.

Námskeið virðist duga til að leysa núverandi vanda og ætti að nægja. Hér má hafa í huga að íslenskir meistarar í tannsmíðum með langt nám og góða reynslu að baki eiga auðveldlega að geta á skömmum tíma lært það sem til þarf um mótatöku og mátun, samskipti við viðskiptavini og fleira sem skiptir máli, t.d. meinafræði munnhols, þannig að ekki getur talist raunhæft að miða tímafjölda við nám í ákveðnum klínískum námsgreinum í Danmörku og þá nám ungra og lítt þjálfaðra nemenda. Þá má nefna að í lögunum um klíníska tannsmiði í Danmörku 1979 var gert ráð fyrir að tannsmiðir þar í landi gætu með vissum skilyrðum öðlast réttindi til að starfa við klíníska tannsmíði með miklum mun auðveldari hætti en felst í náminu í klíníska tannsmíðaskólanum þar í landi. Jafnframt má nefna að í iðngreinum hér á landi

hafa starfandi iðnaðarmenn iðulega mislangt nám að baki þar eð þeir eldri halda áunnum réttindum sínum þegar kröfur eru hertar, t.d. í löggjöf.

Varðandi starfsréttindanámskeiðið hefur verið haft samband við skóla fyrir klíníska tannsmiði í tannlæknaskóla Árósaháskóla. Voru skólanum veittar upplýsingar um samanburð á námi tannsmiða á Íslandi og í Danmörku á grundvelli nefndarstarfs hér á landi ásamt töflu um tímafjölda í einstökum greinum, svo og veittar viðbótarupplýsingar og spurt ýmissa spurninga, m.a. hvort 100 eða 200 tímar dygðu eða jafnvel hvort námskeið dygði alls ekki að mati Dana.

Í svari danska skólans, sbr. fylgiskjal II, var að finna tillögu um réttindanámskeið fyrir tannsmiði á Íslandi. Tillöguna vann Helga Largren, tannlæknir við skólann, sem sér um kennslu í klínískum tannsmíðum en þær snúa að samskiptum við viðskiptavini.

Tillagan byggðist á danskri áætlun um námskeið sem samþykkt var 1985 af dönskum stjórnvöldum, m.a. menntamálaráðuneytinu, nánar tiltekið námskeið sem veita átti starfandi tannsmiðum sömu starfsréttindi og nýskólagengnum klínískum tannsmiðum þar í landi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir námskeiði með alls 133 tímum fyrir íslenska tannsmiði. Námið yrði sem hér segir:

Fræðilegur hluti:

bitfræði	8 tímar
tannskemmdir	4 tímar
meinafræði munnhols	6 tímar
tannholdsfræði	4 tímar
tannsmíði	44 tímar
	68 tímar

Klínískur hluti (samskipti við viðskiptavini), m.a. verkstæðisvinna:

1 heilgómur fyrir efri góm og neðri góm	20 tímar
1 eftirgerðargómur annaðhvort fyrir efri góm eða neðri góm	15 tímar
1 partgómur fyrir efri góm	15 tímar
1 partgómur fyrir neðri góm	15 tímar
	65 tímar

Gert er ráð fyrir að námskeið yrði haldið á Íslandi og kæmu þá tveir frá danska skólanum hingað (miðað við sjö eða færri á námskeiðinu) en einnig er gefinn kostur á að íslenskir tannsmiðir fari á mánaðarnámskeið í danska skólanum.

Í gögnum kemur fram að gengið sé út frá fullnægjandi tímasókn í fræðilega hlutanum en fullnægjandi færni í klíníska hlutanum. Reynist einhverju áfátt er jafnvel möguleiki á framlengingu eða framhaldskennslu.

Danir leystu starfsréttindavandamál sín 1985 með þessum hætti þannig að segja mætti að við gerðum ekki minni kröfur en Danir, miðað við sambærilegar aðstæður, ef við færum að á sama hátt nú hér á landi, jafnvel meiri kröfur miðað við ákvæði dönsku laganna frá 1979.

Framangreind tillaga hefur verið borin undir menntamálaráðuneytið og gerir það ekki athugasemdir við umfang námskeiðsins sem stæði öllum tannsmiðum til boða.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Samanburður á námi tannsmiða á Íslandi og í Danmörku.

Sumarið 1998 var tekin saman sérstök samanburðartafla þar sem fram kemur hvaða greinar eru kenndar í löndunum tveimur og hversu mikið í hverri grein.

Fram kemur að miðað við réttindi til að starfa sjálfstætt samkvæmt tannsmiðafrumvarpinu, sem lagt var fram á síðasta þingi, hefði tannsmiður á Íslandi að baki tæpra 5.000 tíma nám í tannsmíði sem sveinn en um 7.200 tíma sem meistari. Síðustu tíu árin hafa tannsmíðanemar á Íslandi verið með stúdentspróf sem undirstöðumenntun og bætir það að vissu leyti við tímafjöldann en er þó ekki tekið inn í tölurnar hér. Klíniskur tannsmiður í Danmörku, sem starfar undir stjórn annars, hefur hins vegar að baki samtals í almennri og klínískri tannsmíði þar í landi rösklega 4.700 tíma nám (miðað við tveggja ára nám í almennri tannsmíði og að viðkomandi sé 20 ára eða eldri í upphafi náms). Sjálfstætt starfandi klíniskur tannsmiður í Danmörku hefur hins vegar að baki um 6.200 tíma samtals samkvæmt sömu forsendum. Sé miðað við tveggja og hálfs árs nám í almennri tannsmíði í Danmörku, þ.e. ef nám byrjar í kjölfar grunnskóla, hækka tölurnar þar og verða rösklega 5.400 tímar og um 6.900 tímar. Ef nám í tannsmíði er hafið í báðum löndunum við 20 ára aldur er samkvæmt þessu ljóst að tannsmíðameistari á Íslandi hefur talsvert fleiri tíma að baki við tannsmíðanám en meistari í Danmörku, um 7.200 tíma, miðað við rösklega 4.700 tíma nám í Danmörku ef klínískur tannsmiðurinn starfar þar undir stjórn annars en um 6.200 tíma ef hann starfar þar sjálfstætt.

Hins vegar er samsetning kennslugreina nokkuð mismunandi sem stafar fyrst og fremst af því að í Danmörku klofnar námið eftir almenna tannsmíðaskólann í tvo skóla, klíníska tannsmíðaskólann og skóla þar sem krónu- og brúargerð er kennd. Klíniskur tannsmiður í Danmörku hefur að baki mun meira nám en íslenskur meistari í klínískum greinum sem snúa að samskiptum við viðskiptavini, m.a. vinnu í munnholi. Þannig er kennslugreinin forvinna vegna tannsmíði á klíník (stofu), svo og sá hluti kennslugreinarinnar tannsmíði á klíník þar sem ekki er sinnt eiginlegri tannsmíði, ekki kennd íslenskum tannsmiðum. Í báðum þessum tilvikum er kennt að annast viðskiptavin og m.a. taka mót og máta þau. Þá er kennt að bóka viðskiptavini og því um líkt. Meinafræði munnhols og nokkrar smærri greinar, t.d. tannholdsfræði, eru heldur ekki kenndar íslenskum tannsmiðum. Hins vegar eru íslenskir tannsmiðir með mun meira nám í einni klínískri grein, bitfræði. Í líf- og læknisfræðilegum grunngreinum hafa íslenskir tannsmiðir mun meira nám að baki almennt en klínískir tannsmiðir í Danmörku stunda þó meira nám í ýmsum smærri greinum og sumar þeirra eru jafnvel ekki kenndar í íslenska tannsmíðaskólanum, t.d. lífeðlisfræði, en að einhverju leyti eru slíkar greinar hins vegar kenndar hér á landi í framhaldsnámi. Nokkuð er þó kennt í líffærafræði í tannsmíðaskólanum hér og í einni þessara líf- og læknisfræðilegu grunngreina er kennslan miklu meiri á Íslandi, þ.e. í formfræði tanna. Á hinn bóginn hefur tannsmíðameistari á Íslandi að baki mun lengra nám í krónu- og brúargerð en klíniskur tannsmiður í Danmörku og hefur einnig lært nokkuð um t.d. tannréttingar.

Taka má fram að í íslenska meistaraskólanum eru kenndar ýmsar greinar sem eru ekki í danska náminu og má þar nefna greinar sem tengjast stjórnun, reikningsskilum, tölvunotkun og því um líku. Eftir er að bæta við valgreinum í meistaraskólanum hér á landi og faggreinum þannig að meistaraskólanámið á eftir að aukast hér á landi.

Samanburðurinn leiðir í stuttu máli samkvæmt þessu til þeirrar niðurstöðu að íslenskir tannsmíðameistarar hafa mun fleiri námstíma að baki en klínískir tannsmiðir í Danmörku.

Íslensku meistarana skortir kennslu í nokkrum klínískum greinum og jafnvel einhverjum líf- og læknisfræðilegum grunngreinum. Þeir hafi hins vegar að baki meira nám í mikilvægri klínískri grein, bitfræðinni, og miklu meira nám í einni líf- og læknisfræðilegri grunngrein, formfræði tanna, auk þess sem þeir hafa mun meira nám að baki við smíði krónu og brúa, hafa lært meira í ýmsum stjórnunar- og rekstrargreinum í meistaraskólanum og taka verður tillit til þess að þeir hafa lært fyrir stúdentspróf frá menntaskóla eða fjölbrautaskóla ýmislegt sem tengist náminu og ekki er talið með í þessum samanburði. Þá hafa íslenskir tannsmíðameistarar tvö starfsár að baki sem hluta af námi í stað eins hjá klínískum tannsmiðum sem starfa sjálfstætt í Danmörku, annað árið til að geta öðlast sveinspróf og hitt árið til að geta fengið meistararéttindi, og hefur þetta áhrif á tímafjöldann á Íslandi. Þeir hafa einnig oft mikla starfsreynslu að baki að námi loknu. Starfsreynsluna verður að meta þegar metið verður hvort þeir fái réttindi til að taka mót í munnholi og máta þau og geti þannig starfað sjálfstætt, án milligöngu tannlækna. Þess má geta að ýmsir tannsmiðir hafa starfað á klíník (stofu) með tannlæknum og öðlast þar reynslu og einhverjir jafnvel starfað sem aðstoðarmenn tannlækna (tanntæknar) og þá m.a. tekið mót.

Hér að framan er um að ræða samanburð á námi tannsmiða á Íslandi og Danmörku eins og það er nú. Mikilvægt er að hafa í huga, eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins, að í lögunum um klíníska tannsmiði í Danmörku 1979 var gert ráð fyrir að starfandi tannsmiðir þar í landi gætu með vissum skilyrðum öðlast réttindi til að starfa við klíníska tannsmíði með miklum mun auðveldari hætti en fólst í náminu í klíníska tannsmíðaskólanum þar í landi. Þeir þurftu með öðrum orðum ekki að bæta við sig námi í öllum þeim umframtímum sem kenndir voru í sumum kennslugreinum í skólanum. Ekki sýnist þörf á að gera strangari kröfur til íslenskra tannsmiða en gerðar voru til dönsku tannsmiðanna á þeim tíma er þeir fengu viðbótarstarfsréttindi að lögum, þ.e. með því að nota annan samanburðargrundvöll og benda eingöngu á það sem vantar á nám í einstökum námsgreinum. Jafnframt má ítreka að í iðngreinum hér á landi hafa starfandi iðnaðarmenn iðulega mislangt nám að baki þar eð þeir eldri halda áunnum réttindum sínum þegar kröfur eru hertar, t.d. í löggjöf.

Hér má einnig vísa til niðurlags athugasemda við 3. gr. frumvarpsins varðandi tillögu skóla fyrir klíníska tannsmiði í tannlæknaskóla Árósaháskóla um réttindanámskeið fyrir íslenska tannsmiði.

Fylgiskjal II.

Bréf Tannlæknaskólans – Árósaháskóla til iðnaðarráðuneytisins.

(9. október 1998.)

Hjálagt sendist svar við erindi yðar frá 26. september 1998 varðandi tillögu um réttindanámskeið fyrir tannsmiði á Íslandi. Tillöguna vann Helga Largren, deildartannlæknir í klínískri tannsmíðakennslu.

Tillagan byggir á námskeiðsáætlun sem heilbrigðisstjórnin og menntamálaráðuneytið í Danmörku samþykktu árið 1985 þar sem fjallað var um var sérstaklega tilsniðið námskeið til að starfandi tannsmiðir gætu staðið jafnfætis nýútskrifuðum klínískum tannsmiðum með tilliti til þess að fá réttindi.

Það er forsenda fyrir því að fá vottorð um menntun að námskeiðinu sé lokið með fullnægjandi hætti.

Við sendum tillöguna íslenska iðnaðarráðuneytinu til frekari meðferðar. Ef áætlunin verður samþykkt og þess er óskað að hafa kennara frá skólanum í Árósum á námskeiðinu þarf að gera fjárhagsáætlun eftir reglum Árósaháskóla um þá starfsemi sem skilar tekjum.

Virðingarfyllst,

Bodil Birn
skólastjóri.

Fylgiskjal:
Áætlanir og bréfaskriftir
við menntamálaráðuneytið í Danmörku
1984–1985 sendast í bréfi.

Skóli fyrir tanntækna, tannfræðinga og klíníska tannsmiði
Tannlæknaskólanum – Árósaháskóla 9. október 1998

Tillaga um réttindanámskeið fyrir tannsmiði á Íslandi.

Fræðilegur hluti.

Bitfræði	8 tímar
Tannskemmdir	4 tímar
Meinafræði munnhols	6 tímar
Tannholdsfræði	4 tímar
Tannsmíði	44 tímar
Alls	68 tímar

Klínískur hluti (m.a. verkstæðisvinna).

1 heilgómur fyrir efri góm og neðri góm	20 tímar
1 eftirgerðargómur annaðhvort fyrir efri góm eða neðri góm	15 tímar
1 partgómur fyrir efri góm	15 tímar
1 partgómur fyrir neðri góm	15 tímar
Alls	65 tímar

Námskeiðið tekur um fjórar vikur. Annaðhvort getur Lone Nyhuus, deildartannlæknir frá tannsmíða- og bitfræðideild, og undirrituð komið til Íslands og haldið námskeiðið, hugsanlega í samvinnu við Tannlæknaskólann á Íslandi, eða íslensku tannsmiðirnir geta komið til Danmerkur þar sem unnt er að halda námskeiðið í Tannlæknaskólanum í Árósum.

Virðingarfyllst,

Helga Largren, deildartannlæknir í klínískri tannsmíðakennslu.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um starfsréttindi tannsmiða.

Tilgangur frumvarpsins er að tryggja rétt tannsmiða með meistararéttindi til að geta starfað sjálfstætt að grein sinni, sem er löggilt iðngrein, og þá unnið á eigin ábyrgð við töku móta og mátun þeirra.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um framkvæmd laganna, þar á meðal um skilyrði um námskeið sem tannsmiðir skulu sækja til að öðlast starfsréttindi samkvæmt lögunum. Í athugasemd við greinina er gerð grein fyrir tillögu um 133 tíma starfsréttindanámskeið sem halda mætti hér á landi eða í Danmörku. Áætlað er að kostnaður við námskeið geti verið á bilinu 2–4 m.kr. eftir fjölda þátttakenda og námskeiðsstað. Gera verður ráð fyrir að kostnaðurinn skiptist milli ríkisins og þátttakenda. Verði frumvarpið að lögum má ætla að það leiði til sparnaðar hjá almenningi og hjá Tryggingastofnun ríkisins sem greiddi á síðasta ári um 40 m.kr. vegna tannsmíða þótt ekki séu forsendur til að áætla fjárhæðir í því sambandi.

247. Svar [165. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um erlenda fjárfestingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve miklu námu beinar erlendar fjárfestingar í árslok 1998 eftir atvinnugreinum og hvaða breytingar hafa átt sér stað frá 1996?*
2. *Hve miklu námu óbeinar erlendar fjárfestingar í árslok 1998 eftir atvinnugreinum og hvaða breytingar hafa átt sér stað frá 1996?*

Sjávarútvegur verði tiltekinn sérstaklega og greint á milli veiða og vinnslu eftir því sem unnt er.

1. Bein erlend fjárfesting.

Tölur um beina erlenda fjárfestingu árin 1996 til 1998 má sjá í eftirfarandi töflum, annars vegar flokkaðar eftir atvinnugreinum og hins vegar eftir löndum.

Að fjárfestingum í sjávarútvegi verður vikið í umfjöllun um óbeina fjárfestingu.

Staða í árslok eftir atvinnugreinum

Milljarðar kr. á verðlagi hvers árs	**1996**	**1997**	**1998**
Iðnaður	9,9	19,5	21,1
Verslun	2,1	2,1	3,2
Fjármálaþjónusta	0,1	0,0	2,2
Samgöngur og fjarskiptaþjónusta	0,3	1,4	0,7
Annað	0,9	0,9	4,5
Samtals	**13,2**	**23,9**	**31,7**

Staða í árslok eftir löndum Milljarðar kr. á verðlagi hvers árs	1996	1997	1998
Sviss	8,1	12,1	11,8
Bandaríkin	0,7	5,6	9,5
Lúxemborg	0,1	0,1	2,5
Noregur	0,9	2,1	2,3
Danmörk	1,3	1,6	2,0
Bretland	0,6	0,8	0,9
Svíþjóð	0,3	0,4	0,8
Þýskaland	0,5	0,6	0,5
Japan	0,4	0,4	0,4
Önnur lönd	0,2	0,3	0,9
Samtals	**13,2**	**23,9**	**31,7**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

2. Óbein erlend fjárfesting.

Varðandi annan lið fyrirspurnarinnar er því til að svara að ekki liggja fyrir upplýsingar um óbeina fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Hins vegar er rétt að greina frá því hvernig eftirliti ráðuneytisins með erlendri fjárfestingu er háttað, m.a. eftirliti með fjárfestingum í sjávarútvegi.

Um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri gilda lög nr. 34/1991. Samkvæmt 7. gr. laganna ber að tilkynna ráðherra alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan nær jafnt til nýrra fjárfestinga sem viðbótarfjárfestinga erlendra aðila. Hún hvílir á íslensku atvinnufyrirtæki sem erlendur aðili fjárfestir í en á hinum erlenda aðila ef um er að ræða fyrirhugaða starfsemi hans hér á landi. Tilkynning þessi þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að upplýsa ráðherra um fjárfestingu svo unnt sé að grípa til ráðstafana sé hún óleyfileg.

Í 1. mgr. 4. gr. laganna er að finna takmarkanir á heimildum erlendra aðila til fjárfestinga í atvinnurekstri, m.a. fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar og fiskvinnslu. Ákvæði þessu var breytt með lögum nr. 46/1996 en áður var m.a. fortakslaust bann við fjárfestingu erlendra aðila í fiskvinnslu og frumvinnslu sjávarafurða. Slíkt fortakslaust bann við óbeinni fjárfestingu í fiskveiðum og fiskvinnslu var talið leiða til þess að fyrirtæki í þeirri atvinnugrein ættu erfiðara með að afla sér eigin fjár en önnur fyrirtæki í landinu og því var óbein fjárfesting heimiluð innan ákveðinna marka. Samhliða var ákvæðum laga nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, breytt, sbr. nú lög nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, þannig var áfram tryggt samræmi á milli þessara tvennu laga. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 34/1991 er einungis íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum heimilt að stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi. Erlendum aðilum er þannig ekki heimiluð bein fjárfesting í sjávarútvegi. Í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. kemur fram að erlendum aðilum er heimil óbein fjárfesting í sjávarútvegi innan ákveðinna marka. Þar kemur fram að erlendum aðila er heimilt að eiga allt að 25% af hlutafé eða stofnfé í íslenskum lögaðila sem á í íslenskum lögaðila sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi. Ef hinn íslenski lögaðili á ekki yfir 5% hlut í lögaðila sem stundar veiðar og vinnslu sjávarafurða má hlutur hins erlenda aðila þó vera allt að 33%. Hvað átt er við með vinnslu sjávarafurða er nánar skilgreint síðar í ákvæðinu.

Til að tryggja að farið sé að ákvæðum 4. gr. er í 5. gr. laganna lögð skylda á stjórnendur fiskveiðifyrirtækja og fiskvinnslufyrirtækja og stjórnendur innlendra lögaðila sem eiga hlut

í slíkum fyrirtækjum að tilkynna brot á ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Ráðuneytinu ber þá að afla upplýsinga um eignarhlut og önnur atriði sem máli kunna að skipta varðandi raunveruleg yfirráð yfir fyrirtækjum. Ráðherra getur jafnframt að eigin frumkvæði óskað eftir slíkum upplýsingum ef grunsemdir eru um brot gegn ákvæði 4. gr. Ráðuneytið sendir þau gögn og þær upplýsingar sem borist hafa til sérstakrar fimm manna nefndar um erlenda fjárfestingu sem skipuð er af Alþingi og hefur það hlutverk að fylgjast með því að ákvæðum 4. gr. um takmarkanir á fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sé framfylgt. Telji nefndin að fjárfesting eða yfirráð séu með þeim hætti að gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. skyldar ráðherra með úrskurði hlutaðeigandi aðila til að selja þann eignarhlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki eða, ef um það er að ræða, þá hlutdeild í lögaðila sem á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki sem ekki er samræmanlegt ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Söluskylda þessi takmarkast við þann eignarhlut sem varð til þess að erlend fjárfesting fór fram úr þeim mörkum sem greinir í ákvæðinu.

248. Fyrirspurn [211. mál]

til utanríkisráðherra um starfsemi Ratsjárstofnunar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fjölga störfum við ratsjárstöðvarnar á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi, meðal annars með því að færa þangað störf og verkefni sem nú eru unnin á vegum Ratsjárstofnunar á höfuðborgarsvæðinu?
2. Er eitthvað í vegi fyrir því tæknilega, með hliðsjón af nútímafjarskiptatækni, að vinna slík störf utan höfuðborgarsvæðisins?

249. Breytingartillögur [23. mál]

við frv. til l. um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „og framkvæmdastjórnar EB“ í 1. tölul. falli brott.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „þess ríkis sem gildir“ komi: sem gilda.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Um veðtryggingu sem veitt er í rafbréfum, eða erlendum verðbréfum sem eru rafrænt skráð á viðurkenndan hátt að lögum, skal að öllu leyti fara samkvæmt lögum þess ríkis þar sem rafræn skráning verðbréfanna fer fram.
4. 14. gr. verði 1. mgr. 13. gr.

250. Fyrirspurn [212. mál]

til samgönguráðherra um flutning eldsneytis á Reykjanesbraut.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hversu margar ferðir hafa verið farnar árlega frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkurflugvallar með eldsneyti á flugvélar síðustu fimm árin?
2. Hversu mikið eldsneyti hefur verið flutt á ári hverju?
3. Hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna slits á vegum er rekja má til þessara flutninga?
4. Hefur slysahætta á Reykjanesbraut vegna þessa verið metin?
5. Hefur verið gert umhverfismat með hliðsjón af hugsanlegum mengunaróhöppum, t.d. við vatnsból á Suðurnesjum, vegna þessara flutninga?

Skriflegt svar óskast.

251. Skýrsla [19. mál]

félagsmálaráðherra um kjör einstæðra foreldra, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Inngangur.

Skýrsla þessi er unnin að beiðni Jóhönnu Sigurðardóttur, Margrétar Frímannsdóttur, Rannveigar Guðmundsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Bryndísar Hlöðversdóttur, Gísla S. Einarssonar, Guðmundar Árna Stefánssonar, Sigríðar Jóhannesdóttur og Einars Más Sigurðssonar. Farið er fram á mjög ítarlegar upplýsingar um margvíslega þætti kjara einstæðra foreldra og leitaði ráðuneytið aðstoðar Þjóðhagsstofnunar við skýrslugerðina.

1. Húsnæðismál einstæðra foreldra.

Sundurliðaðar upplýsingar um húsnæðisstöðu landsmanna eru því miður ekki fáanlegar í opinberum skrám. Þó má fá nokkra vísbendingu um húsnæðisaðstæður einstæðra foreldra með því að athuga hversu margir þeirra telja fram fasteign til skatts. Þá kemur í ljós að 58% einstæðra foreldra eiga fasteign. Jafnframt kemur fram verulegur mismunur á húsnæðiseign eftir aldri. Ætla má að umtalsverður fjöldi í yngstu aldurshópunum búi í foreldrahúsum. Rúm 65% einstæðra foreldra 26–65 ára eiga fasteign en svo háttar til um rúman helming einhleypra framteljenda á þessum aldri og yfir 90% hjóna og sambýlisfólks.

Tafla 1. Húsnæðiseign í árslok 1997.
(Hlutfall framteljenda með fasteign, %.)

	16–20 ára	21–25 ára	26–65 ára	Samtals
Einstæðir foreldrar	10,6	31,3	65,4	58,0
Einhleypir án barna	2,0	13,1	51,8	27,7
Hjón og sambýlisfólk, með börn	39,5	66,0	91,1	90,1
Hjón og sambýlisfólk, barnlaus	34,0	58,0	92,5	91,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur, Friðriks H. Jónssonar, Nönnu K. Sigurðardóttur og Sigurðar J. Grétarssonar sem nefnist *Barnafjölskyldur; samfélag — lífsgildi — mótun* kom fram að um 80% hjóna og sambýlisfólks búa í eigin húsnæði en einungis 17% voru í einhvers konar leiguhúsnæði. Samkvæmt könnuninni bjuggu 63% fráskilinna með forsjá í eigin húsnæði eða 5% fleiri en í árslok 1997 miðað við húsnæðiseign einstæðra foreldra samkvæmt skattframtali. 29% fráskilinna með forsjá bjuggu í leiguhúsnæði. Athyglisvert er að hlutfallslega fæstir fráskilinna án forsjár bjuggu í eigin húsnæði, eða um 40%, en 48% þeirra bjuggu í leiguhúsnæði.

Í framangreindri rannsókn var einnig athugað hvernig húsnæðiskosti væri háttað eftir fjölskyldugerð. Þar kom fram að einbýlishús er algengasti húsakostur giftra og ekkna eða ekkla en einhleypir og fráskildir, hvort sem þeir eru með eða án forsjár, búa flestir í fjölbýli.

Tafla 2. Hlutfall þeirra sem búa í hverri tegund húsnæðis.

	Giftir/ sambúð	Einhleypir	Ekkjur/ ekklar	Fráskilin með forsjá	Fráskilin án forsjár	Heild
Einbýli	39,1	17,9	31,7	13,2	27,4	24,5
Raðhús/parhús	14,1	6,0	19,5	8,7	4,8	10,2
2–4 herbergi, sambýli	18,5	27,2	22,0	23,5	27,4	22,7
Fjölbýli	26,1	47,7	22,0	52,9	33,9	40,2
Annað	2,2	1,3	4,9	1,6	6,5	2,3

Heimild: Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson. (1995). Barnafjölskyldur; samfélag — lífsgildi — mótun.

Á vegum félagsmálaráðherra starfar nefnd sem gera á úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ára í samráði við fulltrúa sveitarfélaga, annarra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB.

Nefndin stóð fyrir könnun meðal félagslegra framkvæmdaraðila, þ.e. sveitarfélaganna og félaga sem eiga og reka leiguíbúðir. Framkvæmd könnunarinnar tók mun lengri tíma en gert var ráð fyrir en niðurstaðna er að vænta á næstunni. Er þeim ætlað að verða grunnur að framtíðarstefnumótun í tengslum við leiguíbúðir sem og leigumarkaðinn.

Er enn fremur að vænta niðurstaðna úr leigukönnun sem Hagstofa Íslands stóð fyrir í mars 1999.

2. Framfærslu- og húsnæðiskostnaður einstæðra foreldra.

Hagstofa Íslands stóð að neyslukönnun árið 1995. Megintilgangur þeirrar könnunar var að afla upplýsinga um útgjöld heimila til að endurnýja grundvöll neysluverðs. Útgjaldasafnið

sem vísitalan nær yfir tekur til þeirra útgjalda sem snerta heimilisrekstur og daglegt líf fólks. Neyslukönnuninni er einungis ætlað að leiða í ljós hver útgjöldin eru og hvernig þau skiptast. Ekki er á neinn hátt reynt að meta hvort útgjöld teljast nauðsynleg framfærsla eða ekki. Neyslukannanir gefa því ekki beinar upplýsingar um hvað heimili þurfa nauðsynlega sér til framfærslu.

Erfitt getur reynst að túlka niðurstöður neyslukönnunar þar sem heimili eru misstór og samansett af mismunandi aldurshópum. Til þess að hægt verði að bera saman útgjöld ólíkra heimilisgerða er stærð heimila umreiknuð í svokallaðar neyslueiningar. Hver einstaklingur á heimili fær tiltekið vægi eftir aldri og stærð heimilis. Með þessu er reynt að taka tillit til þess að stór heimili eru hagkvæmari í rekstri en lítil og að útgjöld vegna barna eru minni en útgjöld vegna fullorðinna. Í neyslukönnun Hagstofunnar eru birtar neyslueiningar miðað við vog OECD og Hagstofu Evrópubandalagsins.

Tafla 3. Meðalneysla á heimili á ári í neyslukönnun 1995 eftir heimilisgerð.
(Meðalverðlag 1995, kr.)

	Einhleypir	Hjón/sambýlisfólk án barna	Hjón/sambýlisfólk með börn	Einstæðir foreldrar	Önnur heimili
Matur og drykkjarvörur	188.345	333.587	539.589	314.834	583.874
Áfengi og tóbak	62.286	68.614	82.099	54.338	102.217
Fatnaður	84.303	147.254	198.979	141.974	225.896
Húsnæði, rafmagn og hiti	294.255	423.721	476.644	359.718	475.107
Heimilisbúnaður og fleira	78.458	115.697	184.630	147.812	145.303
Lækniskosnaður	32.322	65.303	99.717	59.836	78.746
Ferðir og flutningar	194.707	394.910	402.033	303.303	358.354
Póstur og sími	33.491	31.434	33.652	23.815	32.973
Tómstundir og menning	170.184	272.584	399.810	268.736	374.782
Menning	5.649	14.492	33.191	21.524	33.408
Hótel, kaffihús og veitingastaðir	86.722	133.552	145.781	106.023	149.024
Ýmsar vörur og þjónusta	122.899	174.957	309.283	234.922	268.346
Samtals	1.144.000	2.176.104	2.905.409	2.036.837	2.828.003
Meðalútgjöld á neyslueiningu OECD	1.353.610	1.280.061	992.454	1.036.770	945.599
Meðalútgjöld á neyslueiningu ES	1.353.610	1.450.736	1.263.166	1.247.833	1.291.602

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 3 sýnir meðalneyslu íslenskra heimila á meðalverðlagi ársins 1995. Heimilum er skipt í fimm gerðir: einhleypa, hjón/sambýlisfólk án barna, hjón/sambýlisfólk með börn, einstæða foreldra og önnur heimili. Dæmi um heimilisgerð sem flokkast undir önnur heimili er þriggja kynslóða heimili og heimili hjóna með börn þar sem eitt eða fleiri barnanna hafa náð 25 ára aldri. Eins og sést af töflunni er meðalheildarneysla einstæðra foreldra um 2.037 þús. kr. á árinu 1995 en hjóna/sambýlisfólks með börn um 2.905 þús. kr. Ef þetta er umreiknað í neyslueiningar þá eru meðalútgjöld á neyslueiningar OECD 1.036.770 kr. hjá einstæðum foreldrum á meðalverðlagi 1995 en 992.454 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki með börn. Hins vegar ef miðað er við neyslueiningar Hagstofu Evrópusambandins (ES) eru meðal-

útgjöld á neyslueiningu ES 1.247.833 kr. hjá einstæðum foreldrum en 1.263.166 kr. hjá hjónum og sambýlisfólki með börn á meðalverðlagi 1995. Ber að árétta að þegar meðalneysla íslenskra fjölskyldna hefur verið umreiknuð í neyslueiningar hefur verið tekið tillit til hagkvæmni stórra heimila sem og mismunar á útgjöldum vegna barna annars vegar og fullorðinna hins vegar.

Kostnaður af húsnæði, rafmagni og hita hjá einstæðum foreldrum var um 359.718 kr. en hjá hjónum eða sambýlisfólki um 476.644 kr. á meðalverðlagi ársins 1995. Í skýrslu Hagstofunnar um neyslukönnunina 1995 er gerður greinarmunur á greiddri og reiknaðri húsaleigu. Ástæðan er sú að meta þarf til fjár búsetu í eigin húsnæði. Stofninn fyrir þann útreikning var byggður á fasteignamati. Húsaleiguígildi (reiknuð húsaleiga) er reiknað sem ársgreiðsla miðað við ákveðna ávöxtunarkröfu og gert var ráð fyrir 80 ára endingartíma húsnæðisins. Raunvextir eigin fjár voru metnir í samræmi við ávöxtunarkröfu á langtímafjárskuldbindingum en raunvextir lánsfjár voru metnir eftir meðalraunvöxtum árið 1995 og samsetningu lána samkvæmt kaupsamningum fasteigna sem Fasteignamat ríkisins safnar reglulega. Greidd húsaleiga hjá einstæðum foreldrum var 68.741 kr. á árinu 1995 en 36.645 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Hins vegar var reiknuð húsaleiga mun hærri eða 142.335 kr. hjá einstæðum foreldrum en 251.409 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki á árinu 1995.

Ástæðan fyrir svo lágri greiddri húsaleigu er sú að framangreint meðaltal er miðað við heildarfjölda heimila (1.375) sem tóku þátt í könnuninni. Rúmlega 81% þátttakenda í neyslukönnun 1995 bjó í eigin húsnæði og gefa þessar tölur því ekki raunsæja mynd af greiddri húsaleigu þeirra heimila sem greiða húsaleigu. Þegar eingöngu er miðað við þau heimili sem eru á leigumarkaði (261) er greidd meðalleiga einstæðra foreldra 362.141 kr. á árinu á meðalverðlagi 1995, eða 30.178 kr. á mánuði. Hins vegar er greidd meðalleiga hjóna eða sambýlisfólks með börn um 193.053 kr. á meðalverðlagi 1995, eða 16.087 kr. á mánuði. Ef eingöngu er miðað við þá er búa í eigin húsnæði (1.114) þegar búseta er reiknuð til fjár kemur hins vegar fram að kostnaður reiknaðrar húsaleigu hjá einstæðum foreldrum er 176 þús. kr. á árinu á meðalverðlagi 1995 en hjá hjónum eða sambýlisfólki með börn 310 þús. kr. á ári.

Við lestur framangreindra upplýsinga skal taka mið af því að um fjögur ár eru liðin frá því að könnunin var gerð en hún tekur til ársins 1995 og var gefin út í apríl 1997. Vekja skal athygli á því að skv. 2. gr. laga um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995, skal Hagstofan eigi sjaldnar en á fimm ára fresti gera sérstaka athugun á heimilisútgjöldum fólks án tillits til búsetu, fjöskyldugerðar, starfa og atvinnugreina. Þess er því að vænta að Hagstofa Íslands geri neyslukönnun fyrir árið 2000.

Þegar húsnæðiskostnaður fjölskyldna er skoðaður verður að líta til þess að sveitarfélög greiða þeim húsaleigubætur sem eru á leigumarkaði. Skv. 1. gr. reglugerðar um húsaleigubætur, sbr. lög um húsaleigubætur, nr. 138/1997, kemur fram að grunnfjárhæðir húsaleigubóta skulu ákvarðast þannig að grunnstofn til útreiknings húsaleigubóta skal vera 8.000 kr. fyrir hverja íbúð. Að auki bætast við 5.000 kr. með fyrsta barni, 4.000 kr. með öðru og 3.500 kr. með þriðja barni. Þegar leigufjárhæð er komin yfir 20.000 kr. bætast við 12% þess hluta leigufjárhæðar sem er á bilinu 20.000–45.000 kr. Í töflu 4 eru teknar saman fjárhæðir sem mismunandi stórar fjölskyldur sem allar hafa undir 1,6 millj. kr. í árstekjur fá í húsaleigubætur.

Tafla 4. Reiknaðar húsaleigubætur miðað við árstekjur undir 1,6 millj. kr.

	Grunn-fjárhæðir bóta	Leiga: 20.000 kr. á mánuði	Leiga: 30.000 kr. á mánuði	Leiga: 40.000 kr. á mánuði
Barnlausar fjölskyldur	8.000	8.000	9.200 **	10.400 ***
Fjölskyldur með eitt barn	13.000	13.000	14.200 **	15.400 **
Fjölskyldur með tvö börn	17.000	17.000	18.200 **	19.400 **
Fjölskyldur með þrjú börn	20.500	20.500	21.000 **	21.000 *

* Hámark á grunnfjárhæðum er 21.000 kr. á mánuði.
** 12% af 10.000 kr. bætast við.
*** 12% af 20.000 kr. bætast við.
Heimild: Félagsmálaráðuneyti.

Bæturnar skerðast óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 1% af árstekjum umfram 1,6 millj. kr. Jafnframt geta grunnfjárhæðir aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð, að hámarki 21.000 kr. á mánuði.

3. Menntun og tómstundastarf barna einstæðra foreldra.

Í rannsókninni *Barnafjölskyldur; samfélag — lífsgildi — mótun* var m.a. athuguð frístundaiðkun barna utan skólatíma. Voru þær upplýsingar flokkaðar eftir fjölskyldugerð barnanna.

Tafla 5. Frístundaiðkun barna utan skólatíma.

	Giftir/í sambúð	Einhleypir	Ekkjur/ ekklar	Fráskilin með forsjá	Fráskilin án forsjár	Heild
Dans — ballet — jazzballet	15,7	11,8	17,1	10,7	8,1	12,7
Tónlistarnám***	28,8	14,5	24,4	14,6	22,6	20,1
Íþróttir***	58,0	38,8	46,3	53,2	50,2	50,2
Myndlistarnám	1,8	3,3	2,4	3,2	3,2	2,7
Skátastarf	7,1	2,0	4,9	4,5	4,8	5,0
Sunnudagaskóli	20,7	13,8	4,9	17,2	16,1	17,0
Annað	13,5	13,8	12,2	12,9	12,9	13,3

*** Tölfræðilegur marktækur munur er eftir fjölskyldugerð.
Heimild: Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson (1995). Barnafjölskyldur; samfélag — lífsgildi — mótun. Félagsmálaráðuneytið.

Munur var á þátttöku barna í íþróttum og ástundun tónlistarnáms eftir fjölskyldugerð en að öðru leyti var ekki munur á frístundaiðkun barna.

Vekja má athygli á því að á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar er boðið upp á ýmiss konar tómstundastarf í skólum í Reykjavík. Er um að ræða tónlist, tölvunámskeið, snyrtinámskeið, leirmótun, leiklist o.fl. en 16 klst. námskeið kostar 1.100 kr. fyrir hvern þátttakanda. Jafnframt er rekið öflugt starf innan félagsmiðstöðvanna en almenn þátttaka í starfi þeirra er barninu að kostnaðarlausu. Akureyrarbær hefur svipað framboð á áhugaverðu efni fyrir börn og unglinga og er verði þar jafnframt stillt í hóf til þess að tryggja að börn geti verið þátttakendur óháð fjárhagsaðstöðu foreldranna. Enn fremur starfrækja nú

mörg sveitarfélög á landinu öllu félagsmiðstöðvar þar sem öflugt félagsstarf er unnið með unglingum.

Þar sem skólaskylda er á Íslandi á aldrinum 6–16 ára aldurs skv. 1. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, eru öll börn á Íslandi á þessum aldri í skóla óháð fjölskyldugerð eða kjörum fjölskyldu sinnar. Ekki liggja fyrir gögn um fjölskyldugerð barna í framhaldsskólum landsins en um 85% barna fara í framhaldsskóla eftir grunnskóla. Þá er mikið brottfall úr framhaldsskólum og því lægra hlutfall sem útskrifast þaðan. Félagsmálaráðuneytinu er ekki kunnugt um að gerð hafi verið rannsókn er sýnir bakgrunn þeirra barna sem ljúka einhvers konar framhaldsskólanámi eða þeirra sem kjósa frekar að fara fyrr út á vinnumarkaðinn.

4. Menntun einstæðra foreldra.

Í rannsókninni *Barnafjölskyldur; samfélag – lífsgildi – mótun*, var athugað hvaða námi þátttakendur rannsóknarinnar hefðu lokið. Námi var skipt í eftirfarandi flokka samkvæmt flokkunarkerfi Félagsvísindastofnunar: Almennt nám, þ.e. allt nám sem samsvarar því sem nú kallast grunnskólanám, starfsnám sem er eins til tveggja ára nám eftir almennt nám, bóklegt framhaldsnám sem er þriggja til fjögurra ára nám eftir almennt nám, verklegt framhaldsnám sem er nám eins og iðnnám, atvinnuflugmannsnám og tækniteiknun, sérnám sem er starfsnám eftir stúdentspróf sem ekki er á háskólastigi, t.d. leikskólakennaranám, þroskaþjálfanám og íþróttakennaranám og loks er svo allt nám sem er á háskólastigi. Taka verður tillit til þess að rannsóknin er fjögurra ára gömul og hefur margt breyst síðan í menntunarmálum. Má þar m.a. nefna að leikskólakennaranám, þroskaþjálfanám og íþróttakennaranám er nú komið á háskólastig. Rannsóknin miðast hins vegar við eldra fyrirkomulag.

Tafla 6. Menntun eftir fjölskyldugerð.

	Giftir/ í sambúð	Einhleypir	Ekkjur/ ekklar	Fráskilin með forsjá	Fráskilin án forsjár	Heild
Almennt nám	35,2	45,3	63,4	43,7	30,0	41,2
Starfsnám	10,6	8,7	9,8	11,3	10,0	10,4
Bóklegt framhald	8,4	14,7	4,9	15,4	3,3	11,6
Verklegt framhald	19,8	6,0	9,8	7,4	30,0	12,9
Sérnám	7,3	10,0	7,3	6,4	8,3	7,5
Háskólanám	18,7	15,3	4,9	15,8	18,3	16,3

Heimild: Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson. (1995). Barnafjölskyldur; samfélag — lífsgildi — mótun. Félagsmálaráðuneytið.

Eins og sést af töflu 6 er margt svipað með menntun giftra og fráskilinna án forsjár. Miðað við aðra hópa eru þar fáir sem hafa hætt námi að loknu almennu námi og margir hafi lokið verklegu framhaldsnámi. Hlutfallslega hefur stór hópur ekkna og ekkla einungis lokið almennu námi og fá þeirra hafa lokið háskólanámi.

5. Tekjur einstæðra foreldra.

Tafla 7 sýnir meðalheildartekjur eftir hjúskaparstöðu á árunum 1995–97 samkvæmt skattframtölum. Upplýsingar um tekjur á árunum 1998 og 1999 liggja enn ekki fyrir. Ekki er tekið tillit til barnabóta. Taflan sýnir heildartekjur allra framteljenda 16 ára og eldri sem skýrir lágar tekjur einhleypra. Í töflu 8 er hins vegar miðað við framteljendur 25–65 ára og fæst þar marktækari samanburður við einstæða foreldra.

Tafla 7. Meðalheildartekjur eftir hjúskaparstöðu 1995–97.
(Árstekjur í þús. kr.)

	Einstæðir foreldrar	Einhleypir	Hjón og sambýlisfólk
1995	1.289,0	984,9	2.976,4
1996	1.365,8	1.073,2	3.225,1
1997	1.440,5	1.161,3	3.536,3
Breyting 1995–97	11,8%	17,9%	18,8%

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 8. Meðalheildartekjur framteljenda á aldrinum 26–65 ára 1995–97.
(Árstekjur í þús. kr.)

	Einstæðir foreldrar	Einhleypir	Hjón og sambýlisfólk
1995	1.393,3	1.397,7	3.184,4
1996	1.473,9	1.521,2	3.459,4
1997	1.561,9	1.649,6	3.805,7
Breyting 1995–97	12,1%	18,0%	19,5%

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Töflur 7 og 8 sýna að meðalheildartekjur einstæðra foreldra hafa hækkað minna en hinna hópanna á þeim þremur árum sem hér er litið til.

Einungis eru fyrirliggjandi upplýsingar um skiptingu tekna einstæðra foreldra eftir kyni fyrir árið 1997. Meðaltekjur einstæðra mæðra það ár voru 1.379 þús. kr. en meðaltekjur einstæðra feðra námu 2.081 þús. kr. Árið 1997 voru karlmenn rúmlega 6% einstæðra foreldra.

6. Atvinnutekjur einstæðra foreldra.

Í töflum 9 og 10 eru upplýsingar um dreifingu atvinnutekna á árinu 1997. Í fyrri töflunni er sýndur fjöldi með tekjur og meðaltekjur á ákveðnum tekjubilum en í þeirri síðari getur að líta hlutfallstölur.

Tafla 9. Dreifing atvinnutekna einstæðra foreldra 1997.*
(Mánaðartekjur í þús. kr.)

	16–25 ára		26 ára og eldri		Allir	
Tekjubil	Fjöldi	Meðal-tekjur	Fjöldi	Meðal-tekjur	Fjöldi	Meðal-tekjur
0	140	–	661	–	801	–
< 100	1.225	46,5	3.010	57,0	4.235	53,9
100–150	115	114,7	1.542	122,6	1.657	122,1
150–200	19	167,5	714	170,2	733	170,1
200 <	2	228,7	431	260,3	433	260,2
Samtals	1.501	49,2	6.358	93,5	7.859	85,0
Tekjulausir ekki meðtaldir	1.361	54,2	5.697	104,3	7.058	94,7

* Atvinnutekjur og reiknuð laun.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 9 sýnir að meðalatvinnutekjur einstæðra foreldra 26 ára og eldri voru rúmlega 104 þús. kr. á mánuði ef eingöngu er litið á þá sem voru með tekjur af atvinnu en 93.500 kr. þegar litið er á alla einstæða foreldra.

Til samanburðar má nefna að meðalatvinnutekjur allra á aldrinum 25–65 ára voru 145 þús. kr. til jafnaðar á mánuði á árinu 1997. Meðalatvinnutekjur kvenna á þessu aldursbili voru 98 þús. kr. á mánuði. Svo virðist sem tekjur einstæðra foreldra miðist mjög við það að konur eru fjölmennari í þeirra hópi. Lítill munur er á atvinnutekjum einstæðra foreldra og tekjum kvenna almennt.

Tafla 10. Dreifing atvinnutekna einstæðra foreldra 1997.*
(Hlutfallsleg skipting, %.)

	16–25 ára		26 ára og eldri		Allir	
Tekjubil	Af heild	Samtals	Af heild	Samtals	Af heild	Samtals
0	9,3	9,3	10,4	10,4	10,2	10,2
< 100	81,6	90,9	47,3	57,7	53,9	64,1
100–150	7,7	98,6	24,3	82,0	21,1	85,2
150–200	1,3	99,9	11,2	93,2	9,3	94,5
200 <	0,1	100,0	6,8	100,0	5,5	100,0
Samtals	100,0		100,0		100,0	

* Atvinnutekjur og reiknuð laun.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Á grundvelli atvinnukönnunar sinnar hefur Hagstofa Íslands áætlað að rúmlega 80% einstæðra foreldra starfi í þjónustugreinum og meira en fjórðungur í heilbrigðisgeiranum.

7. Ráðstöfunartekjur einstæðra foreldra.

Í töflu 11 er að finna áætlun um meðalráðstöfunartekjur einstæðra foreldra árin 1995–97 en ekki reyndist með góðu móti hægt að áætla tölur fyrri ára. Jafnframt liggja ekki fyrir tölur fyrir árin 1998 og 1999. Áætlunin er byggð á skattframtölum. Skýrt skal tekið fram að áætlanir sem byggðar eru beint á skattframtölum leiða ekki til sömu niðurstöðu og tölur þær sem Þjóðhagsstofnun tekur saman og birtir um kaupmátt ráðstöfunartekna. Munar þar um margvíslega þætti svo sem óskattskyldar eignartekjur, iðgjöld til lífeyrissjóða o.fl. Til samanburðar sýnir taflan ráðstöfunartekjur hjóna með börn á sömu árum.

Tafla 11. Meðalráðstöfunartekjur einstæðra foreldra 1995–97.
(Fjárhæðir í þús. kr. á ári.)

	Heildar-tekjur	Skattar	Vaxta-bætur	Barna-bætur	Ráð-stöfunar-tekjur	Skattbyrði	Ráðstöfunar-tekjur hjóna með börn
1995	1.289,0	192,7	50,4	213,6	1.360,3	-5,5%	2.495
1996	1.365,8	207,7	53,2	213,3	1.424,6	-4,3%	2.606
1997	1.440,5	225,6	56,1	212,0	1.483,0	-3,0%	2.955

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

8. Meðlagsgreiðslur.

Framfærslukostnaður er mjög mismunandi eftir einstaklingum þannig að hlutfall meðlagsgreiðslna fer eftir því hversu hár framfærslukostnaður hvers og eins er. Í 9. gr. barnalaga, nr. 20/1990, er kveðið á um framfærsluskyldu foreldra. Ef foreldri fullnægir ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni getur sýslumaður úrskurðað foreldri til greiðslu fram-

færslueyris með barninu. Í 2. mgr. 11. gr. sömu laga er kveðið á um lágmarksmeðlag en þar segir: „Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar.“ Lágmarksframfærsla er 12.693 kr. á mánuði og getur Tryggingastofnun ríkisins séð um að greiða þessa greiðslu til þess foreldris sem fer með forsjá barns. Samkvæmt lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum, innheimtir Innheimtustofnun sveitarfélaga síðan meðlögin hjá meðlagsskyldum foreldrum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra. Jafnframt er í 2. mgr. 11. gr. barnalaga kveðið á um að aldrei megi takmarka meðlagsskyldu við lægri lágmarksaldur en 18 ár, sbr. 13. gr. barnalaga.

Hins vegar er heimilt að foreldrar semji um hærri meðlagsgreiðslu og þá einnig hvernig greiðslum skuli háttað. Jafnframt segir í 2. mgr. 10. gr. barnalaga að við úrskurð sýslumanns um meðlagsgreiðslur skuli framfærslueyrir ákveðinn með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Auk þessa er heimild í 15. gr. barnalaga til að úrskurða framfærsluskyldan aðila til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn og fermingu barns, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni. Ekki eru til heildaryfirlit hjá stjórnvöldum yfir fjölda þeirra meðlagsgreiðenda sem greiða hærra meðlag en það sem telst vera lágmarksmeðlag né hversu háar þær greiðslur eru.

9. Eigna- og skuldastaða einstæðra foreldra.

Tölur um eigna- og skuldastöðu einstaklinga sem hér eru sýndar eru unnar upp úr framtölum en tölur fyrir árin 1998 og 1999 liggja enn ekki fyrir. Í töflu 12 er miðað við þá einstaklinga sem telja fram eignir og skuldir en meðaltöl miðast við þá sem færa viðkomandi færslur til skatts. Það skýrir m.a. hvers vegna meðalskuldir geta verið lægri en skuldir vegna húsnæðis.

Tafla 12. Eignir, skuldir og vaxtagjöld 1995–97.
(Meðalfjárhæðir í þús. kr.)

	1995	1996	1997	Breyting 1995–97
Einstæðir foreldrar				
Eignir alls	4.479,8	4.763,8	4.790,8	6,9%
Skuldir	3.803,1	4.055,0	4.206,8	10,6%
Skuldir vegna húsnæðis	4.188,1	4.399,4	4.567,1	9,0%
Vaxtagjöld vegna húsnæðis	201,7	212,7	225,6	11,8%
Einhleypir				
Eignir alls	4.008,7	4.136,4	4.173,2	4,1%
Skuldir	2.162,4	2.280,9	2.472,8	14,4%
Skuldir vegna húsnæðis	2.780,5	2.900,6	3.016,6	8,5%
Vaxtagjöld vegna húsnæðis	169,0	173,7	179,0	5,9%
Hjón og sambýlisfólk, með börn				
Eignir alls	8.959,2	9.251,1	9.872,3	10,2%
Skuldir	5.183,3	5.549,8	5.914,7	14,1%
Skuldir vegna húsnæðis	4.377,1	4.610,1	4.769,4	9,0%
Vaxtagjöld vegna húsnæðis	290,5	302,2	309,2	6,4%

Hjón og sambýlisfólk, barnlaus				
Eignir alls	11.858,8	12.375,7	13.166,3	11,0%
Skuldir	3.108,8	3.391,8	3.695,1	18,9%
Skuldir vegna húsnæðis	2.932,9	3.077,7	3.019,9	3,0%
Vaxtagjöld vegna húsnæðis	211,2	217,9	213,1	0,9%

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Taflan sýnir að meðalskuldir einstæðra foreldra eru óneitanlega háar miðað við tekjur þeirra og í samanburði við aðrar fjölskyldugerðir. Þá eru eignir umfram skuldir litlar. Líkleg skýring á þessu er að umtalsverður fjöldi einstæðra foreldra býr í félagslegu íbúðarhúsnæði en til kaupa á þeim hafa fengist lán sem bæði eru hærri og veitt til lengri tíma en almenn fasteignalán. Þetta kann að skýra að einhverju leyti skuldastöðu einstæðra foreldra. Hins vegar eru ekki til tölur er sýna nákvæman fjölda einstæðra foreldra sem eiga félagslegar eignaríbúðir eða kaupleiguíbúðir skv. 36. gr. laga um Húsnæðisstofnun, nr. 97/1993 ásamt síðari breytingum. Þau lög hafa þó fallið úr gildi með tilkomu nýrra laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, en um meðferð slíkra íbúða, lánveitingar, réttarstöðu aðila, samskipti við framkvæmdaraðila og fleira fer eftir eldri lögum sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál.

10. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við einstæða foreldra.

Hagstofa Íslands safnar ítarlegum upplýsingum um fjármál sveitarfélaga. Meðal annarra upplýsinga sem Hagstofan safnar eru tölur um fjárhagsaðstoð og eru þær tölur greindar eftir heimilisgerð. Síðustu tölur Hagstofunnar taka til ársins 1997. Þróun áranna 1994 til 1997 er sýnd í eftirfarandi töflu. Upplýsingar frá árunum 1998 og 1999 liggja ekki enn fyrir.

Tafla 13. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir fjölskyldugerðum 1994–97.

	Alls	Höfuðborgarsvæðið			Önnur sveitarfélög með 400 eða fleiri íbúa	Fjöldi fjölskyldna/ heimila
		Alls	Reykjavík	Önnur sveitarfélög		
1994						
Alls fjölskyldur/heimili	100	100	100	100	100	
Einstæðir karlar með börn	2,0	1,8	1,9	1,5	2,5	(106)
Einstæðir karlar án barna	36,0	39,1	42,0	29,1	24,6	(1.943)
Einstæðar konur með börn	26,5	24,4	21,8	33,8	34,1	(1.431)
Einstæðar konur án barna	17,6	19,0	20,2	14,9	12,7	(951)
Hjón/sambýlisfólk með börn	13,0	10,7	9,2	16,0	21,1	(700)
Hjón/sambýlisfólk, barnlaus	4,9	4,9	4,9	4,8	5,1	(266)
Fjöldi fjölskyldna/heimila	(5.397)	(4.235)	(3.293)	(942)	(1.162)	(5.397)
1995						
Alls fjölskyldur/heimili	100	100	100	100	100	
Einstæðir karlar með börn	1,5	1,4	1,4	1,1	1,8	(88)
Einstæðir karlar án barna	38,6	41,3	43,5	33,0	28,0	(2.324)
Einstæðar konur með börn	27,2	25,3	23,3	32,9	35,0	(1.638)

	Alls	Höfuðborgarsvæðið			Önnur sveitarfélög með 400 eða fleiri íbúa	Fjöldi fjölskyldna/heimila
		Alls	Reykjavík	Önnur sveitarfélög		
Einstæðar konur án barna	17,2	18,5	19,4	15,2	12,1	(1.035)
Hjón/sambýlisfólk með börn	10,8	8,8	7,7	13,3	18,6	(650)
Hjón/sambýlisfólk, barnlaus	4,7	4,7	4,7	4,6	4,5	(281)
Fjöldi fjölskyldna/heimila	(6.016)	(4.807)	(3.800)	(1.007)	(1.209)	(6.016)
1996						
Alls fjölskyldur/heimili	100	100	100	100	100	
Einstæðir karlar með börn	2,1	2,2	1,2	6,5	1,9	(122)
Einstæðir karlar án barna	37,8	41,1	43,6	30,3	26,2	(2.197)
Einstæðar konur með börn	25,2	22,7	22,1	25,6	34,0	(1.465)
Einstæðar konur án barna	20,4	22,2	21,7	24,3	14,2	(1.187)
Hjón/sambýlisfólk með börn	9,0	6,5	5,9	9,0	17,9	(524)
Hjón/sambýlisfólk, barnlaus	5,4	5,3	5,5	4,3	5,9	(316)
Fjöldi fjölskyldna/heimila	(5.811)	(4.531)	(3.679)	(852)	(1.280)	(5.811)
1997						
Alls fjölskyldur/heimili	100	100	100	100	100	
Einstæðir karlar með börn	1,7	1,7	1,6	2,2	1,6	(96)
Einstæðir karlar án barna	36,9	40,4	42,5	31,1	25,4	(2.082)
Einstæðar konur með börn	29,8	27,9	27,5	29,7	36,0	(1.684)
Einstæðar konur án barna	17,7	18,6	18,8	17,5	14,9	(1.000)
Hjón/sambýlisfólk með börn	8,8	6,5	5,1	13,2	15,9	(495)
Hjón/sambýlisfólk, barnlaus	5,1	4,8	4,5	6,4	6,1	(289)
Fjöldi fjölskyldna/heimila	(5.646)	(4.310)	(3.528)	(782)	(1.336)	(5.646)

Skýring: Til ársins 1995 var aðeins leitað upplýsinga um fjölda viðtakenda fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum með 400 eða fleiri íbúa en frá 1996 til sveitarfélaga með 300 eða fleiri íbúa.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Á árunum 1994–97 hefur einstæðum foreldrum sem eru viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga á landinu öllu fjölgað úr 28% af heildarfjölda þeirra sem fá slíka aðstoð, eða úr 1.537 fjölskyldum/heimilum, í 31,5% árið 1997, eða 1.780 fjölskyldur/heimili. Hefur fjölgunin orðið mest í Reykjavík, eða um 5,4%, en fækkun hefur orðið í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi einstæðra foreldra sem eru viðtakendur félagslegrar aðstoðar á landsbyggðinni hækkar um 1% á þessum tíma.

Enn fremur fjölgar einstæðum foreldrum sem viðtakendum fjárhagsaðstoðar á árunum 1994–97 meira en heildarfjölgun viðtakenda eða um 243 fjölskyldur/heimili á móti 159 fjölskyldum/heimilum. Bendir þetta til að einstæðir foreldrar hafi frekar þurft að leita sér félagslegrar aðstoðar en aðrir hópar samfélagsins.

Á umræddu tímabili hefur hjónum eða sambýlisfólki með börn fækkað um 4,2% eða um 205 fjölskyldur/heimili. Er mesta fækkunin á landsbyggðinni, eða um 5%, en svipuð fækkun hefur orðið á höfðuborgarsvæðinu.

11. Fjárhagsaðstoð við einstæða foreldra.

a. Barnabætur.

Breyting var gerð á barnabótum árið 1998 samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, sbr. lög nr. 65/1997. Með þeirri aðgerð urðu barnabætur tengdar tekjum og eignum framfæranda barna. Af þeim sökum skerðast barnabætur þeirra foreldra sem hafa tekjur umfram viðmið laganna en bæturnar skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram tiltekið tekjuviðmið. Í töflu 14 er sýnt hlutfall einstæðra foreldra sem fá barnabætur og kemur þar fram að 99% mæðra fá bætur en tæplega 10% feðra hafa skertan bótarétt eða jafnvel misst hann vegna tekna.

Tafla 14. Barnabætur einstæðra foreldra 1998.*
(Ársgreiðslur í þús. kr.)

	Hlutfall einstæðra foreldra	Meðalbarnabætur
Karlar	90,9%	134,2
Konur	99,0%	219,6
Samtals	98,5%	214,7

* Bætur sem eru greiddar út á árinu 1998. Skerðing bótanna miðast við tekjur ársins 1997.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

b. Húsaleigubætur.

Félagsmálaráðuneytið hefur látið taka saman upplýsingar um fjölskyldugerð viðtakenda húsaleigubóta. Þar kemur fram að langflestir bótaþegar eru einhleypir, eða um helmingur bótaþega. Einstæðir foreldrar eru um þriðjungur og hefur hlutfall þeirra hækkað með árunum, líkt og á við um einhleypa. Fámennasti hópurinn eru giftir eða í sambúð en þeim hefur hlutfallslega fækkað verulega frá árinu 1995, eða um 15%.

Tafla 15. Fjölskyldugerð bótaþega á árunum 1995–99 á öllu landinu í tilteknum mánuðum.

Fjölskyldugerð bótaþega	ágúst 1995	júlí 1996	mars 1997	mars 1998	maí 1999
Einhleypir	859 (47%)	1.146 (50%)	1.322 (54%)	1.386 (52%)	2.080 (53%)
(kk/kvk)	47%/53%	52/48%	52%/48%	42%/58%	40%/60%
Einstæðir foreldrar	430 (23%)	577 (25%)	513 (21%)	745 (28%)	1.215 (31%)
(kk/kvk)	3%/97%	5%/95%	3%/97%	2%/98%	4%/96%
Giftir/í sambúð	547 (30%)	569 (25%)	603 (29%)	553 (20%)	617 (16%)
(án barna/ með börn)	36%/64%	38%/62%	49%/51%	51%/49%	45%/55%

Heimild: Félagsmálaráðuneyti.

Einstæðir feður hafa í gegnum árin verið mjög lítill hópur (innan við 20 manns) og eru aðeins 4% einstæðra foreldra. Hins vegar hefur einstæðum feðrum fjölgað mjög undanfarið þar sem í ár eru 44 einstæðir feður meðal bótaþega, sem er mikil fjölgun frá fyrri árum.

Giftir eða í sambúð eru hlutfallslega fleiri með börn en voru á árunum 1997–98 en þá voru hópar giftra eða í sambúð, hvort sem var með börn á framfæri eða ekki, jafnstórir. Fyrstu árin var hlutfall giftra eða í sambúð með börn hins vegar mun hærra en hinna og þrátt

fyrir að hlutfall giftra eða í sambúð með börn hækki nú nær það ekki því sem það var 1995 og 1996.

Upplýsingar fengust einnig um viðtakendur húsaleigubóta í Reykjavík. Af þeim 3.285 borgarbúum sem fengu bætur árið 1997 voru 733 einstæðir foreldrar, eða 22,3%. Í fyrra fjölgaði einstæðum foreldrum sem fengu bætur verulega og voru 961 af 3.478 og var hlutfall þeirra af heildinni 27,6%. Til samanburðar má nefna að þann 31. desember 1997 bjó 4.501 einstætt foreldri í Reykjavík. Samkvæmt þessu fá 15–20% einstæðra foreldra í Reykjavík húsaleigubætur.

c. Námslán.

Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna var heildarfjöldi lánþega 5.938 fyrir skólaárið 1997–98 en þar af voru 544 einstæðir foreldrar, eða um 9% allra þeirra sem fengu námslán á tímabilinu. Ekki lágu fyrir tölur um fjölda lánþega fyrir skólaárið 1998–99.

d. Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Tafla 16 sýnir greiðslur til einstæðra foreldra frá Tryggingastofnun ríkisins. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um það hvernig greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins til einstæðra foreldra skiptast á milli einstakra bótaflokka.

Tafla 16. Greiðslur frá Tryggingastofnun til einstæðra foreldra 1997.
(Ársgreiðslur í þús. kr.)

	Hlutfall einstæðra foreldra	Meðalgreiðslur
Karlar	27,8%	133,0
Konur	49,6%	173,4
Samtals	48,2%	172,0

Meðlagsgreiðslur ekki meðtaldar.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

12. Meðalskattgreiðslur einstæðra foreldra 1997 og 1998.

Eftirfarandi töflur sýna meðalskattgreiðslur einstæðra foreldra. Þessar upplýsingar eru fengnar úr álagningarskrám og gefa mynd af sköttum og bótum einstæðra foreldra fyrir árin 1997 og 1998. Í töflunum er einstæðum foreldrum raðað í tíundir í vaxandi röð eftir sköttum að frádregnum bótum. Töflur 17 og 18 sýna meðalgreiðslur og meðalbætur einstæðra foreldra í hverri tíund.

Tafla 17. Meðalskattgreiðslur og meðalbætur einstæðra foreldra fyrir árið 1997.

Kr. Tíund*	Tekju-skattsstofn	Tekju-skattur og útsvar	Eignar-skattur	Tekju- og eignarskattur, samtals	Barna-bætur	Vaxta-bætur	Samtals skattar (-bætur)
I	703.431	34.831	61	34.892	495.058	114.739	-574.905
II	748.352	49.239	305	49.544	310.460	85.401	-346.316
III	918.244	97.152	724	97.876	246.667	88.006	-236.797
IV	522.540	14.362	109	14.471	174.626	9.724	-169.879
V	925.899	87.780	738	88.518	184.307	39.767	-135.555
VI	1.078.377	150.009	837	150.846	173.982	44.968	-68.104

Kr. Tíund*	Tekju-skattsstofn	Tekju-skattur og útsvar	Eignar-skattur	Tekju- og eignarskattur, samtals	Barna-bætur	Vaxta-bætur	Samtals skattar (-bætur)
VII	1.223.920	211.614	1.550	213.163	158.626	43.601	10.936
VIII	1.472.730	308.902	3.855	312.757	145.407	52.228	115.123
IX	1.766.812	428.457	7.820	436.277	120.993	44.400	270.884
X	2.802.205	848.394	15.906	864.299	71.130	38.335	754.835
Samtals	1.216.405	223.132	3.192	226.323	208.029	56.096	-37.802
Fjöldi alls	8.306			Fjöldi skattlausra og með neikvæða álagningu			5.311

* Í hverri tíund er 1/10 hluta hópsins raðað eftir sköttum (-bætur).
Heimild: Ríkisskattstjóri.

Tafla 18. Meðalskattgreiðslur og meðalbætur einstæðra foreldra fyrir árið 1998.

Kr. Tíund*	Tekju-skattsstofn	Tekju-skattur og útsvar	Eignar-skattur	Tekju- og eignarskattur, samtals	Barna-bætur	Vaxta-bætur	Samtals skattar (-bætur)
I	743.465	41.296	213	41.509	494.315	119.730	-572.536
II	779.544	54.041	168	54.208	311.149	87.774	-344.715
III	940.622	99.642	333	99.975	246.714	76.518	-223.258
IV	652.393	33.419	200	33.619	183.968	18.991	-169.340
V	1.029.730	118.789	695	119.483	190.163	43.858	-114.537
VI	1.188.649	176.627	1.623	178.250	168.669	44.554	-34.973
VII	1.411.783	266.026	2.379	268.405	164.278	46.737	57.390
VIII	1.687.720	374.048	3.516	377.564	146.014	50.800	180.750
IX	2.052.068	514.661	6.715	521.376	120.281	48.653	352.442
X	3.133.018	930.830	20.091	950.921	58.483	33.751	858.687
Samtals	1.360.989	260.599	3.586	264.185	208.541	57.161	-1.517
Fjöldi alls	8.720			Fjöldi skattlausra og með neikvæða álagningu			5.154

*Í hverri tíund er 1/10 hluta hópsins raðað eftir sköttum (-bætur).
Heimild: Ríkisskattstjóri.

Árið 1997 voru tekju- og eignarskattar einstæðra foreldra að jafnaði rúmlega 226 þús. kr. Barnabætur til þeirra voru að meðaltali um 208 þús. kr. og vaxtabætur um 56 þús. kr. Bætur voru þannig um 38 þús. kr. umfram álagða skatta. Á árinu 1998 voru skattar að meðaltali um 264 þús. kr. en bætur að jafnaði tæplega 266 þús. kr. eða lítið eitt hærri en álagðir skattar.

Af 8.306 einstæðum foreldrum 1997 fengu 5.311, eða um 64%, greiddar hærri bætur en því sem nam skattgreiðslum þeirra. Á árinu 1998 voru 5.154 af 8.720, eða um 59%, með hærri bætur en sem nam skattgreiðslum.

13. Mæðralaun.

Verulegar breytingar hafa verið gerðar á aðstoð hins opinbera við einstæða foreldra á undanförnum 5–10 árum. Hér er um að ræða mæðra- og feðralaun auk barnabóta. Nauðsynlegt er að horfa til alls þessa í samhengi þegar breytingar síðustu ára eru skoðaðar.

Með lögum nr. 104/1992 voru mæðralaun lækkuð en á móti var barnabótaauki hækkaður. Jafnframt var lágmarksfjárhæð meðlaga (barnalífeyrir) hækkuð. Þessi aðgerð miðaði að því að draga úr stuðningi hins opinbera en auka á móti greiðslur þess foreldris sem ekki er framfærandi. Hækkun meðlags og barnabótaauka náðu ekki að vega að fullu upp lækkun mæðralaunanna. Til þess er að horfa að hvorki meðlag né barnabætur eru skattskyld en mæðralaunin eru það. Hjá einstæðum foreldrum sem greiddu tekjuskatt átti þessi breyting ekki að leiða til lækkunar ráðstöfunartekna.

Í frumvarpi að framangreindum lögum var gert ráð fyrir að mæðralaun vegna eins barns mundu falla niður. Frá því var horfið í meðförum Alþingis og kváðu lögin á um að mæðralaun vegna eins barns skyldu verða 1.000 kr. á mánuði. Með lögum nr. 144/1995 voru mæðralaun til einstæðra foreldra með eitt barn felld niður og kom það til framkvæmda 1. janúar 1996. Í desember 1995 fengu 7.789 einstæðir foreldrar mæðralaun en ári síðar voru þeir 2.791, eða rétt tæpum 5.000 færri.

Þá hafa verið gerðar miklar breytingar á barnabótum til einstæðra foreldra. Frá 1988 voru tvenns konar bætur greiddar í gegnum skattkerfið til framfærslu barna. Barnabætur voru greiddar án tillits til tekna framfæranda barns en tóku mið af aldri barna sem og fjölda þeirra. Hin greiðslan var barnabótaauki, sem tekinn var upp árið 1988, og var tengd tekjum og eignum framfæranda.

Fram til 1993 kváðu lög á um að barnabætur til einstæðra foreldra skyldu ætíð vera tvöfaldar bætur hjóna með sama barnafjölda og aldurssamsetningu, þó skyldu barnabætur einstæðra foreldra aldrei fara niður fyrir ákveðið lágmark. Með lögum nr. 65/1997 var gerð viðamikil breyting á tilhögun barnabóta þar sem barnabætur og barnabótaauki voru sameinuð í eina tegund bóta, barnabætur. Þessar bætur eru tekjutengdar með sama hætti og barnabótaaukinn var en fjárhæðin er jöfn fullum barnabótum og barnabótaauka. Tekjuviðmiðunin var rýmkuð verulega en að öðru leyti voru skerðingarákvæði óbreytt. Lögin komu til framkvæmda við ákvörðun barnabóta á árinu 1998.

Í eftirfarandi töflu eru teknar saman meðlagsgreiðslur og greiðslur frá ríkinu til einstæðra foreldra árin 1992–98, annars vegar fyrir einstæða foreldra með eitt barn og með tvö börn hins vegar. Miðað er við foreldri sem fær óskertar barnabætur auk lágmarksmeðlags. Í síðustu dálkunum eru greiðslurnar í heild reiknaðar á föstu verðlagi 1998 sem sýnir að kaupmáttur þessara greiðslna lækkar samfellt frá 1992 en eykst á ný árið 1998.

Tafla 19. Greiðslur til einstæðra foreldra með eitt barn.
(Kr. á mánuði.)

						Samtals, verðlag 1998	
	Meðlag	Mæðralaun	Barna-bætur	Barnabóta-auki	Samtals	Kr.	Vísitala
1992	7.509	4.706	5.560	7.469	25.244	28.704	109
1993	10.300	1.000	5.581	8.199	25.080	27.397	104
1994	10.300	1.000	5.653	8.210	25.163	27.084	103
1995	10.712	1.040	5.778	8.416	25.946	27.459	104
1996	10.794	0	5.802	8.416	25.012	25.887	98
1997	11.349	0	5.802	8.416	25.567	25.992	98
1998	12.205	0	14.218	0	26.423	26.423	100

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 20. Greiðslur til einstæðra foreldra með tvö börn, a.m.k. annað yngra en sjö ára.
(Kr. á mánuði.)

	Meðlag	Mæðralaun	Barna-bætur	Barnabóta-auki	Samtals	Samtals, verðlag 1998	
						Kr.	Vísitala
1992	15.018	12.329	11.142	14.937	53.426	60.750	102
1993	20.600	5.000	14.023	16.398	56.021	61.196	103
1994	20.600	5.000	14.122	16.420	56.142	60.428	102
1995	21.423	5.200	14.456	16.832	57.911	61.287	103
1996	21.588	3.144	14.485	16.832	56.049	58.011	98
1997	22.698	3.348	14.485	16.832	57.364	58.318	98
1998	24.410	3.555	31.317	0	59.282	59.282	100

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

14. Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum einstæðra foreldra.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að meðal helstu markmiða hennar sé:

„Að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. Meðal annars verði dregið úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Persónuafsláttur maka verði millifæranlegur að fullu hjá hjónum og sambýlisfólki. Jöfn tækifæri karla og kvenna verði tryggð í hvívetna svo sem með lengingu fæðingarorlofs og jöfnun réttar mæðra og feðra til töku þess. Stuðningur við íþrótta- og æskulýðsstarf verði aukinn og hlúð að öðrum skilyrðum heilbrigðs fjölskyldulífs."

Ríkisstjórnin mun þannig fylgja fjölskylduvænni stefnu sem mun koma fjölskyldum í landinu til góða, þar á meðal einstæðum foreldrum. Meðal annars mun ríkisstjórnin beita sér fyrir aukinni samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Getur það falið í sér hvatningu til atvinnurekenda við að auka sveigjanleika við skipulagningu vinnu og vinnutíma þannig að foreldrar eigi auðveldara með að sinna fjölskyldu sinni. Kæmi slíkt sér ekki síst vel fyrir einstæða foreldra. Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir fullgildingu samþykktar ILO nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Eins og fram kemur í skýrslunni virðast tekjur einstæðra foreldra litast mjög af því að konur eru fjölmennari í þeirra hópi því að lítill munur er á atvinnutekjum einstæðra foreldra og tekjum kvenna almennt. Mun ríkisstjórnin vinna sérstaklega að því að jafna enn frekar tækifæri karla og kvenna til launa og starfa á íslenskum vinnumarkaði. Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Verður það gert með sérstökum jafnréttisáætlunum í hverju ráðuneyti og stofnunum og fyrirtækjum með fleiri en 25 starfsmenn, auk áframhaldandi fræðslu til stjórnenda og starfsmanna um nauðsyn þess að jafnrétti til launa og starfa verði tryggt.

Þá varð breyting á túlkun tryggingaráðs á 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum, til þess að einhleypir lífeyrisþegar með börn á framfæri (einstæðir foreldrar), geta nú átt rétt á heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót. Alls getur þetta numið rúmum 20 þús. kr. á mánuði. Þarna er aðallega um að ræða öryrkja þótt þess séu dæmi að börn og ungmenni yngri en 18 ára búi hjá forráðanda á ellilífeyrisaldri.

Þessu til viðbótar má benda á að hækkanir á bótafjárhæðum almannatryggina, sem námu um einum milljarði króna á þessu ári umfram ákvarðanir sem fyrir lágu um afgreiðslu fjár-

laga ársins 1999, koma einstæðum foreldrum til góða með sambærilegum hætti og öðrum lífeyrisþegum.

252. Tillaga til þingsályktunar [213. mál]

um tekjustofna í stað söfnunarkassa.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason, Pétur H. Blöndal, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri tillögur um leiðir til fjáröflunar fyrir Háskóla Íslands, Rauða krossinn, SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg sem komið geti í stað tekna af rekstri söfnunarkassa.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneyti höfðu rekstraraðilar söfnunarkassa á Íslandi 1.069 millj. kr. í tekjur árið 1998 þegar frá höfðu verið dregnir vinningar og rekstrarkostnaður. Því er ljóst að viðkomandi aðilar eiga mikið undir tekjum af rekstri söfnunarkassanna. Flutningsmenn tillögunnar, að undanskildum Hjálmari Árnasyni, eru jafnframt flutningsmenn frumvarpa sem kveða á um bann við rekstri söfnunarkassa. Í greinargerð með þeim kemur fram vilji til að finna fjáröflunarleiðir í stað söfnunarkassa fyrir þær menningar- og þjóðþrifastofnanir sem háðar eru tekjum af kössunum. Því er þessi tillaga flutt nú.

253. Frumvarp til laga [214. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Breyting á lögum nr. 105/1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

1. gr.

2. gr. laganna falli brott.

Breyting á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands.

2. gr.

Í stað orðsins „bankamál“ í 11. gr. laganna kemur: yfirstjórn Seðlabankans.

Breyting á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu.

3. gr.

Við 19. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 88/1998, bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og hljóðar svo:

Ráðherra skipar einn mann og annan til vara til fimm ára í senn til að taka sæti í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

4. gr.

Í stað orðsins „viðskiptaráðherra“ í 21. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 88/1998, kemur: forsætisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 kemur m.a. fram að hún muni endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands, skipan ráðuneyta og verkefni þeirra á kjörtímabilinu, þar á meðal verði yfirstjórn Seðlabanka Íslands færð frá viðskiptaráðuneyti til forsætisráðuneytis sem ráðuneytis efnahagsmála.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Enda þótt stjórnarskráin geri almennt ráð fyrir að ríkisstjórnin skipti sjálf með sér verkum og ráðherra fari með æðstu yfirstjórn þeirra stjórnarmálefna, er undir hann heyra, háttar svo til um yfirstjórn Seðlabankans, að hún hefur að lögum verið falin viðskiptaráðherra og skipt milli hans og þingkjörins bankaráðs. Af þeim sökum þykir rétt að leita eftir atbeina Alþingis til að færa viðeigandi lög til samræmis við framangreinda ákvörðun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 105/1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni, er ráðherra þeim, sem hefur á hendi yfirstjórn bankamála landsins, falið að skipa menn í sjóðráð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og í bankaráð Alþjóðabankans. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði um sjóðráð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verði tekið í lög um Seðlabankann og skipun fulltrúa í það falin þeim ráðherra, sem fer með yfirstjórn hans. Þá voru mál er varða Alþjóðabankann, þ.m.t. skipun í bankaráð hans, flutt frá viðskiptaráðuneyti til utanríkisráðuneytis með 1. gr. auglýsingar nr. 116/1996, um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Að þessu athuguðu er í 1. gr. frumvarpsins lagt til að 2. gr. laga nr. 105/1945 falli brott.

Um 2. gr.

Samkvæmt 5. gr. laga um Seðlabankann kveður ráðherra sá, sem bankinn heyrir undir, á um lögun, útlit og fjárhæð seðla og myntar, sem bankinn gefur út. Í samræmi við það er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að setning reglugerða samkvæmt lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, sé á hendi forsætisráðherra.

Um 3. gr.

Með tilliti til hlutverks Seðlabankans við hagstjórn og stefnumótun í efnahagsmálum þykir eðlilegt að mál er varða Alþjóðagjaldeyrissjóðinn heyri undir þann ráðherra, er fer með yfirstjórn bankans, þ. á m. skipun í sjóðráð sjóðsins. Í 3. gr. frumvarpsins er því lagt til að ákvæði þess efnis verði bætt við 19. gr. laga um Seðlabankann, en sú grein mælir að öðru leyti fyrir um fjárhagslega aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Um 4. gr.

Þessi grein varðar meginefni frumvarpsins og flytur yfirstjórn Seðlabankans frá viðskiptaráðherra til forsætisráðherra að því leyti, sem hún er á hendi ráðherra, en ekki er í neinu

hróflað við hlutverki bankaráðs Seðlabankans í frumvarpi þessi. Í yfirstjórn ráðherra felst m.a. að hann skipar bankastjóra Seðlabankans skv. 22. gr., getur vikið bankastjóra úr embætti skv. 25. gr., skipar formann bankaráðs skv. 26. gr., setur reglugerð um bankann að fengnum tillögum frá bankaráði skv. 27. og 37. gr., gefur út erindisbréf bankastjóra skv. 27. gr., skipar löggiltan endurskoðanda sem skoðunarmann skv. 29. gr., setur reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings skv. 31. gr., ákveður lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar sem bankinn gefur út skv. 5. gr., veitir bankanum heimild til að ákveða reglur um bindiskyldu skv. 8. gr. og sker úr ágreiningsefnum skv. 12. gr.

Tekið skal fram að viðskiptaráðherra fer hins vegar áfram með mál er varða innlendar fjármálastofnanir, fjármagnsmarkað og erlendrar fjárfestingar í atvinnurekstri. Mál sem skipað er með lögum um gjaldeyrismál og vaxtamál, sbr. lög nr. 87/1992 og lög nr. 25/1987, lúta því áfram stjórn hans. Í því felst m.a. að viðskiptaráðherra getur því í samræmi við lög um gjaldeyrismál sett reglugerð á grundvelli þeirra laga skv. 14. gr., veitt Seðlabanka heimild til að takmarka eða stöðva fjármagnshreyfingar í vissan tíma skv. 3. gr. og sett takmarkanir um gjaldeyrisviðskipti skv. 4. gr. Hann getur jafnframt í samræmi við vaxtalög sett reglur um grundvöll og útreikning meðalávöxtunar og dráttarvaxta skv. 10. og 11. gr., látið fara fram athugun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða skv. 18. gr. og sett meginreglur um lánskjör þeirra, veitt bankanum heimild til að ákveða að vextir verðtryggðra innstæðna eða lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum skv. 21. gr. og sett reglugerð um almenna heimild til að binda inn- og útlán við gengisvísitölur skv. 21. gr.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er lagt til að frumvarp þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi við áramót samhliða gildistöku reglugerðar um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sem birt er í drögum sem fylgiskjal I með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal I.

Drög:

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96/1969, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 14. tölul. 2. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 6/1999, um staðfestingu reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari, komi nýr töluliður, er verði 15. tölul. og hljóði svo:

15. Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr., sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 5/1990, 1. gr. auglýsingar nr. 14/1994, 1. gr. auglýsingar nr. 116/1996 og 3. gr. auglýsingar nr. 73/1999, um staðfestingar reglugerða um breytingar á reglugerð þessari:

a. Á eftir orðunum „Norræna fjárfestingarbankann (NIB)“ í 2. tölul. komi: Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF).
b. 4. tölul. hljóði svo: Lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og verðbréfasjóði.
c. 5. tölul. hljóði svo: Vexti.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu, o.fl.

Tilgangur frumvarpsins er að færa yfirstjórn málefna Seðlabanka Íslands, og yfirstjórn málefna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir hönd Íslands frá viðskiptaráðuneyti til forsætisráðuneytis.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að útgjöld ríkissjóðs aukist.

254. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir um það frá Sýslumannafélagi Íslands, Fjarðabyggð og sýslumanninum í Bolungarvík.

Í frumvarpinu er lagt til að embætti sýslumannsins í Neskaupstað verði lagt niður og með því fækki stjórnsýsluumdæmum sýslumanna úr 27 í 26. Er gert ráð fyrir að stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Eskifirði verði stækkað sem þessu nemur með breytingu á reglugerð nr. 57/1992, um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Nefndin lítur svo á að með þessari breytingu sé ekki verið að skerða þjónustu við íbúa Neskaupstaðar, enda kemur fram í greinargerð að þótt embætti sýslumannsins í Neskaupstað verði lagt niður er gert ráð fyrir að þar verði áfram rekin skrifstofa sýslumanns og útibú lögreglu.

Þá er lagt til í frumvarpinu að lögunum verði breytt til samræmis við sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, sbr. auglýsingu nr. 231/1998.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 22. nóv. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Katrín Fjeldsted.	Sverrir Hermannsson.
Ásta Möller.	Ólafur Örn Haraldsson.	Helga Guðrún Jónasdóttir.

255. Fyrirspurn [215. mál]

til heilbrigðisráðherra um þjónustu við geðsjúk börn.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru það áform heilbrigðisyfirvalda að barnadeild BUGL (barna- og unglingageðdeild Landspítalans) verði lokuð um helgar til frambúðar? Hvenær má vænta þess að aðstandendum geðsjúkra barna standi til boða hvíldarinnlagnir fyrir þau, sambærilegar við þau úrræði sem t.d. fötluðum börnum standa til boða?

256. Fyrirspurn [216. mál]

til heilbrigðisráðherra um neyðarmóttöku fyrir geðsjúk börn.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað líður áformum um að koma á fót neyðarmóttöku fyrir geðsjúk börn?

257. Fyrirspurn [217. mál]

til heilbrigðisráðherra um geðsjúk börn á nýja barnaspítalanum á Landspítalalóð.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða ástæður liggja að baki því að börn með geðræna sjúkdóma fá ekki inni á hinum nýja barnaspítala sem fyrirhugað er að reisa á Landspítalalóð?

258. Fyrirspurn [218. mál]

til heilbrigðisráðherra um langtímameðferð fyrir geðsjúk börn.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvernig hyggjast heilbrigðisyfirvöld bregðast við þeim vanda sem geðsjúk börn sem þurfa langtímameðferð búa nú við? Er fyrirhugað að hefja langtímameðferð eða framhaldsmeðferð að lokinni meðferð á barna- og unglingageðdeild fyrir þennan sjúklingahóp?

259. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.
b. Á greinina kemur svofelld fyrirsögn: *Gjaldskyld ökutæki.*

2. gr.

Á 2. gr. laganna kemur svofelld fyrirsögn: *Fjárhæð gjaldsins.*

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. 5. mgr. fellur brott.
c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Ef bifreiðir sem hafa verið undanþegnar bifreiðagjaldi skv. d-lið 4. gr. eru settar á skráningarmerki að nýju skal greiða bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu og hefst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis. Gjald vegna skráðra bifreiða sem skráningarmerki eru sett á að nýju fellur í eindaga við afhendingu skráningarmerkis.

   Við afskráningu bifreiða skal endurgreiða eða fella niður bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af því gjaldtímabili sem er að líða þegar afskráning fer fram.
d. Á greinina kemur svofelld fyrirsögn: *Gjalddagar, eindagar og gjaldskyldir aðilar.*

4. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 4. gr. og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Undanþága frá gjaldskyldu.

Eftirfarandi bifreiðir skulu undanþegnar bifreiðagjaldi:

a. Bifreiðir í eigu þeirra sem njóta örorkustyrks, örorkubóta, bensínstyrks eða umönnunarbóta og umönnunargreiðslna vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt eiga þeir öryrkjar sem notið hafa niðurfellingar skv. 1. málsl. rétt á niðurfellingu ef þeir hafa öðlast rétt til ellilífeyrisgreiðslna eða dveljast á stofnun, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds vegna þeirra sem njóta örorkustyrks, örorkubóta eða bensínstyrks er bundinn því skilyrði að bóta- eða styrkhafi sé annaðhvort skráður eigandi í ökutækjaskrá eða skráður umráðamaður í ökutækjaskrá samkvæmt eignarleigusamningi. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds af bifreiðum í eigu þeirra sem fá greiddar umönnunarbætur eða umönnunargreiðslur vegna örorku barna nær til einnar bifreiðar og er bundinn því skilyrði að skráður eigandi bifreiðar samkvæmt ökutækjaskrá fari með forsjá barnsins. Óheimilt er að fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem eru yfir 3.500 kg að eigin þyngd og nýttar eru í atvinnurekstri. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngst. Fyrir álagningu

bifreiðagjalds skal Tryggingastofnun ríkisins senda ríkisskattstjóra upplýsingar um bifreiðaeign þeirra er njóta slíkra greiðslna frá stofnuninni sem að framan greinir.

b. Bifreiðir í eigu björgunarsveita. Með björgunarsveit er átt við sjálfboðaliðasamtök sem hafa björgun mannslífa og verðmæta að aðalmarkmiði.

c. Bifreiðir sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs, talið frá og með árgerðarári þeirra.

d. Bifreiðir þegar skráningarmerki hafa verið afhent skráningaraðila til varðveislu. Undanþága þessi miðast við dagsetningu innlagnar skráningarmerkja. Jafnframt skal ríkisskattstjóri fella niður bifreiðagjald af ónýtum bifreiðum sem sannanlega hafa ekki verið í notkun á gjaldtímabilinu.

e. Bifreiðir sem tímabundið hafa verið fluttar úr landi. Framvísa ber útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi í jafnlangan tíma.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna er verður 5. gr.:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.

Óheimilt er að afhenda skráningarmerki sem afhent hafa verið skráningaraðila til varðveislu nema greitt hafi verið fyrir þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu.

b. Á greinina kemur svofelld fyrirsögn: *Aðalskoðun og skráning.*

6. gr.

5. gr. laganna, er verður 6. gr., orðast svo ásamt fyrirsögn:

Umsjón álagningar, innheimtu og endurgreiðslu.

Ríkisskattstjóri annast álagningu bifreiðagjalds og aðra framkvæmd laganna. Innheimtu bifreiðagjalds annast tollstjórar og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðherra ákveður. Heimilt er að fela skoðunarstöðvum innheimtu bifreiðagjalds.

Endurgreiðslu bifreiðagjalds vegna afskráningar eða innlagnar skráningarmerkja annast tollstjórar.

Bifreiðagjald nýtur lögtaksréttar.

7. gr.

Á 6. gr. laganna, er verður 8. gr., kemur svofelld fyrirsögn: *Ýmis ákvæði.*

8. gr.

7. gr. laganna, auk fyrirsagnar, orðast svo:

Kæruleið.

Greiðanda bifreiðagjalds er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu bifreiðagjalds skv. 6. gr. innan þrjátíu daga frá því að gjaldið var ákvarðað.

Úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. má skjóta til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Um málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við lögin fellur brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Við gildistöku laganna fellur úr gildi reglugerð nr. 359/1998, um bifreiðagjald, sbr. reglugerð nr. 811/1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Samkvæmt gildandi lögum hefur fjármálaráðherra heimild til að endurgreiða, lækka eða fella niður bifreiðagjald af bifreiðum í eigu öryrkja og björgunarsveita, bifreiðum sem ekki eru í notkun og bifreiðum sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs. Getur hann í reglugerð kveðið nánar á um hverjir falli undir undanþáguheimild þessa og önnur skilyrði sem hann telur nauðsynleg. Í 5. gr. reglugerðar nr. 359/1998, um bifreiðagjald, sbr. reglugerð nr. 811/1998, er að finna nánari útlistun á því hvaða bifreiðir skuli undanþegnar bifreiðagjaldi. Skv. 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, skal skattamálum skipað með lögum og má ekki fela stjórnvöldum ákvörðun um það hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir að engan skatt megi á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Með tilliti til þessa er lagt til að heimild fjármálaráðherra til að endurgreiða, lækka eða fella niður bifreiðagjald verði afnumin. Í stað þess verði tekin upp í lögin útlistun á því hvaða bifreiðir skuli undanþegnar bifreiðagjaldi.

Samkvæmt núgildandi lögum annast innheimtumaður ríkissjóðs bæði innheimtu og álagningu bifreiðagjalds. Telja verður að réttaröryggi greiðenda sé mun betur borgið ef einn aðili annast álagningu skatts og annar innheimtuna. Telja verður jafnframt að skattyfirvöld séu betur í stakk búin en innheimtumenn til að annast álagningu skatta, enda búa þau yfir meiri sérþekkingu á því sviði. Sérstaklega á þetta við um alla málsmeðferð. Auk þess leiðir þessi breyting til þess að meira samræmi næst við álagningu bifreiðagjalds annars vegar og þungaskatts hins vegar, en samkvæmt lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, annast ríkisskattstjóri álagningu þungaskatts og aðra framkvæmd laganna. Með þessari breytingu geta greiðendur þessara gjalda snúið sér að einum og sama álagningaraðilanum hvort heldur sem um bifreiðagjald eða þungaskatt er að ræða og málsmeðferðin er sú sama.

Lagt er til að felld verði úr gildi reglugerð nr. 359/1998, sbr. reglugerð nr. 811/1998, við gildistöku laganna. Nokkur ákvæði reglugerðarinnar eru tekin upp í lögin en að öðru leyti er reglugerðin að miklu leyti endursögn á texta laganna.

Til hægðarauka er bætt inn í lögin fyrirsögnum til skýringa á einstökum ákvæðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem lagt er til að álagning, innheimta og endurgreiðsla bifreiðagjalds verði færð til ríkisskattstjóra er rétt að felld verði niður heimild fjármálaráðherra til þess að skera úr ágreiningi um gjaldskyldu bifreiðar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Í a-lið er lögð til breyting á því hvernig gjald vegna nýskráðra bifreiða er reiknað. Lagt er til að afnumin verði sú regla að gjaldið reiknist fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljist heill mánuður, en færri dögum sé sleppt. Einnig verði afnumið lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða sem nú er 523 kr. Í stað þess reiknist gjaldið í hlutfalli við skrán-

ingartíma nýrra bifreiða á gjaldtímabilinu og hefst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkja. Breyting þessi felur í sér einföldun á álagningu bifreiðagjalds á nýjar bifreiðir.

Um b-lið vísast til almennra athugasemda.

Bifreiðir eru undanþegnar bifreiðagjaldi ef skráningarmerki þeirra eru afhent skráningaraðila til varðveislu. Innheimtumönnum ríkissjóðs er jafnframt heimilt að fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem sannanlega hafa ekki verið í notkun á gjaldtímabilinu, sbr. d-lið 4. gr. frumvarpsins. Ef skráningarmerki eru sett á þessar bifreiðir að nýju skal greiða bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu þegar skráningarmerki er afhent. Þessa reglu er að finna í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 359/1998. Sú breyting er þó gerð á reglunni að gjaldið reiknast í hlutfalli við skráningartíma bifreiðarinnar og hefst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkja, en reiknast ekki fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljist heill mánuður en færri dögum sé sleppt. Auk þess er ekki kveðið á um lágmarksbifreiðagjald sem skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar er 1.141 kr. Gjald vegna nýskráðra bifreiða fellur í eindaga við afhendingu skráningarmerkja.

Lagt er til að tekin verði upp regla sem er í 5. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 359/1998 um að bifreiðagjald sé endurgreitt eða það fellt niður við afskráningu bifreiða.

Um 4. gr.

Lagt er til að teknar verði upp í lögin undanþágureglur 5. gr. reglugerðar nr. 359/1998, um bifreiðagjald, sbr. reglugerð nr. 811/1998, með minni háttar breytingum.

Reglu a-liðar er að finna í a-lið 5. gr. reglugerðarinnar. Lagt er til að fyrir álagningu bifreiðagjalds sendi Tryggingastofnun ríkisins ríkisskattstjóra lista yfir bifreiðir sem skjólstæðingar stofnunarinnar eru eigendur eða umráðamenn að og undanþegnar skulu álagningu bifreiðagjalds samkvæmt þeirri reglu sem fram kemur í frumvarpinu og ber ríkisskattstjóra við álagningu gjaldsins að styðjast við listann. Þessi breyting leiðir til þess að skjólstæðingar Tryggingastofnunar ríkisins munu, hvað undanþágu á grundvelli þessa ákvæðis varðar, leita til Tryggingastofnunar í stað þess að snúa sér til innheimtumanna ríkissjóðs.

Reglu b-liðar er að finna í b-lið 5. gr. reglugerðarinnar. Lagt er til að nánari grein sé gerð fyrir því hvers konar starfsemi geti talist til björgunarsveita í skilningi reglunnar, þ.e. að um sjálfboðaliðasamtök sé að ræða sem hafi það að markmiði að bjarga mannslífum og verðmætum.

Reglu c-liðar er að finna í c-lið 5. gr. reglugerðarinnar. Reglan þarfnast ekki nánari skýringar.

Reglu d-liðar er að finna í d-lið 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 811/1998. Reglan þarfnast ekki nánari skýringar.

Samkvæmt e-lið er lagt til að því nýmæli verði bætt við gildandi reglur að bifreið sem tímabundið er flutt úr landi skuli undanþegin bifreiðagjaldi ef framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslum því til sönnunar. Komi til inneignar verður hún endurgreidd eða henni skuldajafnað við framvísun útflutnings- og innflutningsskýrslna. Sams konar reglu er að finna í 2. málsl. 3. mgr. A-liðar 7. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Um 5. gr.

Lagt er til að ákvæði 2. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 359/1998 verði tekin upp í lögin. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki nánari skýringar.

Um 6. gr.

Um skýringar við greinina vísast til almennra athugasemda.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Lagt er til að hægt sé að kæra álagningu þungaskatts til ríkisskattstjóra innan þrjátíu daga frá því að skatturinn var ákvarðaður. Þá er gert ráð fyrir að hægt verði að kæra úrskurð ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar innan þrjátíu daga frá póstlagningu úrskurðar eða endurákvörðunar.

Um málsmeðferð er lagt til að sömu reglur gildi og í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, svo sem varðandi fyrirspurnir, boðanir og fresti.

Um 9. gr.

Lagt er til að fellt verði úr gildi bráðabirgðaákvæði laganna þar sem endurgreiðsla hefur þegar átt sér stað.

Um 10. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi og komi til framkvæmda 1. janúar 2000.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta snýr einkum að tekjuhlið ríkissjóðs en með því er ætlað að lögfesta vissar undanþágur frá greiðslu bifreiðagjalds sem nú eru settar með reglugerð. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að álagning bifreiðagjalds verði flutt frá ríkisbókhaldi til ríkisskattstjóra. Kostnaður við álagninguna er ekki talinn vera verulegur og fyrirhugar fjármálaráðuneytið að sú vinna verði framkvæmd innan óbreytts útgjaldaramma. Ef ástæða þykir til eftir nánari skoðun á helstu kostnaðarþáttum verkefnisins er gert ráð fyrir að fjárveitingar verði fluttar á milli ríkisbókhalds og ríkisskattstjóra með fjárlögum.

260. Svar [168. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um ættleiðingar einhleypra.

1. Hversu oft hefur einhleypum verið veitt heimild til ættleiðingar?

Í svari þessu er gert ráð fyrir að fyrirspurnin lúti að ættleiðingum á börnum en ekki fullorðnum einstaklingum. Þá miðast svarið við sl. 10 ár. Skráning ættleiðingarmála í ráðuneytinu greinist ekki sérstaklega eftir því hvort viðkomandi umsækjendur eru einhleypir eða hjón,

eða eftir því hvort um er að ræða frum- eða stjúpættleiðingu. Af þessum sökum verður óyggjandi svar við fyrirspurninni aðeins fundið með því að kanna sérstaklega hvert og eitt ættleiðingarmál sl. 10 ára. Á þeim tíma sem veittur er til að svara fyrirspurninni er það ekki unnt. Tölvuskráning allra mála í ráðuneytinu nær aftur til ársins 1995, en bréfasafn er í tölvu aftur til ársins 1990. Skoðun þessara gagna leiðir í ljós að fjórum einhleypingum hefur verið veitt leyfi til frumættleiðingar á barni sl. 10 ár.

2. *Hvenær var það gert?*

Árin 1992 og 1995 var veitt eitt ættleiðingarleyfi hvort ár en tvö árið 1999. Vilyrði vegna tveggja síðartöldu málanna voru fyrst gefin út árin 1996 og 1997.

3. *Í hve mörgum tilvikum hafa börnin komið erlendis frá?*

Í elsta málinu var um að ræða ættleiðingu á íslensku barni en í hinum tilfellunum var um frumættleiðingu á erlendu barni að ræða.

4. *Hvaða aðstæður hafa einkum verið lagðar til grundvallar heimild til ættleiðingar einhleypra innan lands?*

Aðstæður í fyrrgreindum fjórum málum voru ólíkar. Í tveimur fyrrgreindu málunum var um að ræða að ættleiðingarleyfi var veitt á grundvelli undanfarandi fósturs. Í öðru þeirra var um erlent barn að ræða en ráðuneytið gaf í því máli ekki út vilyrði, en í síðartöldu málunum tveimur var ættleiðingarleyfi gefið út í kjölfar útgáfu vilyrðis ráðuneytisins. Í öllum tilvikum var talið að umsækjendur hefðu sýnt fram á að þeir væru hæfir til að ættleiða barn og að aðstæður þeirra væru þannig að þeir gætu búið viðkomandi börnum trygg og góð uppeldisskilyrði og að ættleiðing yrði barni til gagns.

5. *Telur ráðherra að leggja beri annars konar mat á hæfi einhleypra til ættleiðingar en gert er í tilviki hjóna eða fólks í sambúð?*

Vísað er til svars við 6. lið.

6. *Hvaða kringumstæður þurfa að vera fyrir hendi að mati ráðherra til að rétt sé að heimila einhleypum ættleiðingu?*

Í leiðbeiningum sem ráðuneytið hefur gefið út fyrir barnaverndarnefndir varðandi umsagnir í ættleiðingarmálum kemur fram að mikilvægt sé að tryggja kjörbörnum sem heppilegust og eðlilegust uppvaxtarskilyrði og að þáttur í því sé að kjörbarn alist upp bæði hjá móður og föður. Þær kröfur eru því gerðar til einhleypra umsækjenda að þeir sýni fram á að þeir séu sérstaklega hæfir umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu, t.d. að þeir hafi mikla reynslu af umönnun og uppeldi barna eða náin skyldleika- eða vináttutengsl séu á milli barns og foreldra þess og umsækjanda, eða að aðrar sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Þessi sjónarmið eru einnig lögð til grundvallar við úrlausnir ættleiðingarmála í öðrum norrænum ríkjum og víðar.

261. Svar [48. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um þróun aflamarks.

1. *Hver hefur verið hlutfallsleg þróun aflamarks í kvótasettum tegundum í einstökum verstöðvum og kjördæmum frá árinu 1984?*

Til að skoða hlutfallslega þróun í aflamarki botnfisktegunda var í samráði við fyrirspyrjanda ákveðið að nota aðgengileg fyrirliggjandi gögn um samanlagt aflamark fimm helstu botnfisktegunda í þorskígildum. Þessar botnfisktegundir eru þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða. Eftirfarandi tafla sýnir hlutdeild kjördæma í aflamarki þessara fisktegunda í þorskígildum á árunum 1984–1999/2000:

Ár	Suðurland	Reykjanes	Reykjavík	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland
1984	13,5%	18,1%	11,6%	9,0%	13,6%	6,1%	14,9%	13,2%
1985	13,5%	18,0%	11,3%	9,0%	13,6%	6,3%	15,1%	13,2%
1986	13,8%	17,0%	10,8%	9,7%	13,9%	6,3%	14,8%	13,7%
1987	13,6%	15,0%	9,9%	9,9%	14,1%	6,9%	16,9%	13,7%
1988	14,0%	16,2%	8,4%	9,6%	14,2%	7,4%	16,7%	13,5%
1989	14,6%	14,9%	7,9%	9,3%	14,7%	7,9%	17,5%	13,2%
1990	15,2%	15,9%	8,2%	9,0%	14,0%	7,7%	17,1%	12,9%
1991	14,6%	15,7%	7,9%	9,4%	14,0%	7,9%	17,9%	12,6%
1991/92	13,1%	15,1%	8,5%	9,9%	14,0%	6,9%	18,5%	14,0%
1992/93	13,8%	15,0%	8,2%	9,9%	13,5%	7,2%	18,9%	13,6%
1993/94	14,1%	15,3%	8,9%	10,0%	12,3%	7,0%	18,5%	13,9%
1994/95	14,6%	15,6%	9,2%	10,0%	11,7%	7,1%	19,0%	12,8%
1995/96	13,0%	14,7%	10,9%	10,1%	11,6%	7,6%	20,2%	12,0%
1996/97	12,1%	14,8%	10,7%	10,0%	12,3%	8,3%	20,5%	11,3%
1997/98	12,1%	15,0%	8,8%	11,7%	10,6%	8,0%	21,9%	12,0%
1998/99	11,6%	16,9%	8,8%	12,4%	9,6%	8,4%	21,2%	11,1%
1999/00	11,9%	17,8%	8,4%	12,8%	8,8%	7,4%	22,0%	10,9%

Heimild: Gögn frá Birgi Þór Runólfssyni. Hann fékk gögn fyrir árabilið 1984–1990 frá sjávarútvegsráðuneytinu en fyrir árin 1991–2000 frá sjávarútvegsráðuneytinu og Fiskistofu.

Í eftirfarandi töflu er skoðuð þróun aflamarks í kjördæmum á fimm ára tímabili miðað við upphafsárið 1984 sem 100. Einnig er sýndur hlutur úthlutunar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

Ár	Suðurland	Reykjanes	Reykjavík	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland
1984	100	100	100	100	100	100	100	100
1989	108	82	68	103	108	130	117	100
1993/94	104	85	76	111	90	115	124	105
1998/99	86	93	76	138	70	137	142	84
1999/00	88	98	72	142	65	120	148	83

Hlutdeild Suðurlands, Reykjavíkur, Vestfjarða og Austurlands hefur minnkað um meira en 10% á þessu árabili. Þó var það ekki fyrr en á seinni helmingi þessa áratugar sem veruleg minnkun (meira en 10%) varð á hlutfalli aflamarks Suðurlands, Vestfjarða og Austfjarða. Hlutur Reykjaness minnkaði einnig á þessu tímabili, en á síðasta fiskveiðiári og aftur nú á yfirstandandi fiskveiðiári hefur hlutur þess aukist. Hlutfall aflamarks á Vestfjörðum hefur minnkað mest. Í síðustu úthlutun var það 65% af því sem það var árið 1984. Vestfirðir héldu hlut sínum vel fyrstu tíu árin í kvótakerfinu en hlutfall aflamarks hefur síðan minnkað. Afgerandi breyting varð fiskveiðiárið 1997/98 en þá var hlutur þeirra orðinn minni en 80% af upphaflegri úthlutun árið 1984.

Þróun aflamarks á Vesturlandi, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra hefur verið á annan veg. Þar hefur hlutfall aflamarks aukist miðað við úthlutun árið 1984. Mest er aukningin á Norðurlandi eystra þar sem hlutfall aflamarks við síðustu úthlutun var 48% hærra en árið 1984. Á Vesturlandi var hlutfallið 42% hærra og á Norðurlandi vestra 20% hærra.

Mannfjöldi á Íslandi hefur aukist um 20% frá árinu 1980. Íbúum á Vestfjörðum hefur hins vegar fækkað. Þeir voru 10.464 árið 1980 en árið 1998 voru þeir 8.601. Þeim hefur því fækkað um 18% á þessum árum. Hlutfall Vestfirðinga miðað við heildaríbúafjölda landsins hefur aftur á móti minnkað um rúm 30%. Íbúar á Austurlandi voru 12.856 árið 1980 en 12.285 árið 1998. Hlutfallsleg fækkun er því um 4%. Sem hlutfall af íbúum alls landsins er minnkunin um 20%. Mest er fjölgunin á Reykjanesi eða um 47%. Þar var íbúafjöldi 51.234 árið 1980 en 75.431 árið 1998. Miðað við hlutfall af heildarfjölda landsmanna er aukningin rúm 20%. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega þróun mannfjölda í kjördæmum miðað við árið 1980 sem 100.

Ár	Suðurland	Reykjanes	Reykjavík	Vestur-land	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austur-land	Allt landið
1980	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1988	102	118	115	100	97	99	102	102	110
1993	106	132	122	98	92	98	104	101	116
1998	105	147	129	94	82	90	103	96	120

Heimild: Hagstofan.

Eftirfarandi súlurit sýnir hlutdeild kjördæma í aflamarki fimm botnfisktegunda (þorsks, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu) á árabilinu 1984–1999/2000:

Hlutdeild kjördæma í 5 helstu botnfisktegundum, 1984-1999/2000



Í eftirfarandi súluritum er sýnd hlutfallsleg skipting aflamarks fimm botnfisktegunda á heimahafnir í hverju kjördæmi. Flest kjördæmi eru flokkuð í stærri og minni heimahafnir. Töflur með tölum sem liggja að baki þessum súluritum fylgja með í viðauka (tafla 1).

Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á stærri heimahafnir á Suðurlandi



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á smærri heimahafnir á Suðurlandi



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á stærri heimahafnir á Reykjanesi



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á smærri heimahafnir á Reykjanesi



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda í Reykjavík



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á heimahafnir á Vesturlandi



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á stærri heimahafnir á Vestfjörðum



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á smærri heimahafnir á Vestfjörðum



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á heimahafnir á Norðurlandi vestra



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á stærri heimahafnir á Norðurlandi eystra



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á smærri heimahafnir á Norðurlandi eystra



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á stærri heimahafnir á Austurlandi



Hlutdeild aflamarks 5 botnfisktegunda á smærri heimahafnir á Austurlandi



Handhæg gögn varðandi hlutfallslega skiptingu aflamarks annarra kvótasettra tegunda eru til frá árinu 1991. Eftirfarandi myndir sýna hlutfallslegt aflamark síldar, loðnu, humars, úthafsrækju, innfjarðarrækju og hörpudisks eftir kjördæmum. Töflur með tölum sem liggja að baki þessum súluritum fylgja með í viðauka (tafla 2).

Hlutfallslegt aflamark síldar eftir kjördæmum



Hlutfallslegt aflamark loðnu eftir kjördæmum



Hlutfallslegt aflamark humars eftir kjördæmum



Hlutfallslegt aflamark úthafsrækju eftir kjördæmum



Hlutfallslegt aflamark innfjarðarrækju eftir kjördæmum



Hlutfallslegt aflamark hörpudisks eftir kjördæmum



2. *Hver hefur verið þróun þorskaflahámarks í einstökum verstöðvum og kjördæmum frá gildistöku lagaákvæða um þorskaflahámark? Svar óskast miðað við tonnafjölda og hlutfall af heildarafla þorskaflahámarksbáta.*

Lagaákvæði um þorskaflahámark tóku gildi á fiskveiðiárinu 1995/96. Eftirfarandi tafla sýnir hlutdeild kjördæma í þorskaflahámarki á árunum 1995/96–1999/2000:

Ár	Suðurland	Reykjanes	Reykjavík	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland
1995/96	3,6%	19,1%	6,1%	18,5%	20,6%	4,0%	13,1%	15,0%
1996/97	3,9%	15,1%	5,5%	18,1%	20,6%	4,1%	14,2%	18,4%
1997/98	3,9%	16,6%	5,6%	17,2%	18,9%	3,9%	13,3%	20,5%
1998/99	4,1%	21,0%	6,4%	14,1%	23,5%	3,5%	11,5%	15,9%
1999/00	2,1%	23,9%	5,3%	14,3%	25,6%	3,1%	10,5%	15,2%

Heimild: Fiskistofa.

Sjá má að hlutdeild Vestfjarða í þorskaflahámarki krókabáta er mest eða 25,6%. Hlutdeild Reykjaness fylgir fast á eftir, 23,9%. Minnst er hlutdeild Suðurlands, 2,1%, og næstminnst er hlutdeild Norðurlands vestra, 3,1%.

Eftirfarandi súlurit sýnir þróun hlutdeildar þorskaflahámarks eftir kjördæmum í myndrænu formi:

Hlutdeild kjördæma í þorskaflahámarki, 1995/96-1999/00



Þróunin hefur verið sú að hlutfall þorskaflahámarks hefur hækkað mest á Reykjanesi og á Vestfjörðum, eða um 25% frá fiskveiðiárinu 1995/96. Hlutfallið hefur aftur á móti minnkað mest á Suðurlandi og er á yfirstandandi fiskveiðiári 58% af því sem það var fiskveiðiárið 1995/96.

Þótt þróun hlutdeildar í heildarúthlutun af aflamarki hafi sums staðar minnkað hefur magnið í tonnum talið alls staðar aukist. Eftirfarandi tafla sýnir magn úthlutaðs þorskaflahámarks miðað við óslægðan fisk í tonnum á kjördæmi:

Ár	Suðurland	Reykjanes	Reykjavík	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland
1995/96	511	2.714	868	2.633	2.938	569	1.864	2.133
1996/97	819	3.170	1.154	3.800	4.310	868	2.976	3.868
1997/98	960	4.098	1.377	4.249	4.664	957	3.278	5.059
1998/99	1.285	6.627	2.036	4.466	7.415	1.110	3.635	5.029
1999/00	672	7.707	1.702	4.632	8.266	987	3.406	4.920

Heimild: Fiskistofa.

Í tonnum talið er aukningin rúmlega 180% á Reykjanesi og á Vestfjörðum. Þar sem hún er minnst, á Suðurlandi, er aukningin rúm 30%.

Eftirfarandi súlurit sýnir þessa þróun myndrænt:

Magn úthlutaðs þorskaflahámarks á kjördæmi



Fjöldi báta í aflahámarkskerfinu hefur verið nokkuð breytilegur yfir þetta tímabil. Heildarfjöldi báta fiskveiðiárið 1995/96 var 404. Heildarfjöldinn nú er 480 bátar. Flestir voru þorskaflahámarksbátarnir 534 fiskveiðiárið 1996/97. Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig fjöldi þorskaflahámarksbátanna skiptist yfir þetta tímabil á kjördæmi:

Ár	Suðurland	Reykjanes	Reykjavík	Vestur-land	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austur-land	Samtals
1995/96	16	66	24	78	75	15	64	66	404
1996/97	21	74	31	90	93	26	93	106	534
1997/98	18	62	24	71	64	19	69	82	409
1998/99	20	88	32	69	89	20	74	83	475
1999/00	14	99	30	71	98	15	68	85	480

Heimild: Birgir Þór Runólfsson.

Í eftirfarandi súluritum er sýnd hlutfallsleg skipting þorskaflahámarks á heimahafnir í hverju kjördæmi. Töflur með tölum sem liggja að baki þessum súluritum fylgja með í viðauka (tafla 3).

Hlutdeild þorskaflahámarks á heimahafnir á Suðurlandi



Hlutdeild þorskaflahámarks á heimahafnir á Reykjanesi



Hlutdeild þorskaflahámarks í Reykjavík



Hlutdeild þorskaflahámarks á heimahafnir á Vesturlandi



Hlutdeild þorskaflahámarks á heimahafnir á Vestfjörðum



Hlutdeild þorskaflahámarks á heimahafnir á Norðurlandi vestra



Hlutdeild þorskaflahámarks á heimahafnir á Norðurlandi eystra



Hlutdeild þorskaflahámarks á heimahafnir á Austurlandi



Í eftirfarandi súluritum má sjá magn úthlutaðs þorskaflahámarks í tonnum á heimahafnir í hverju kjördæmi. Miðað er við óslægðan fisk. Töflur með tölum sem liggja að baki þessum súluritum má sjá í viðauka (tafla 4).

Þorskaflahámark á heimahafnir á Suðurlandi (magn)



Þorskaflahámark á heimahafnir á Reykjanesi (magn)



Þorskaflahámark í Reykjavík (magn)



Þorskaflahámark á heimahafnir á Vesturlandi (magn)



Þorskaflahámark á heimahafnir á Vestfjörðum (magn)



Þorskaflahámark á heimahafnir á Norðurlandi vestra (magn)



Þorskaflahámark á heimahafnir á Norðurlandi eystra (magn)



Þorskaflahámark á heimahafnir á Austfjörðum (magn)



Fylgiskjal.

Tafla 1. Skipting botnfiskkvóta 5 helstu tegunda (þorsks, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu) á heimahafnir.

Heimahöfn	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991/92	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00
Vestmannaeyjar	8,65%	8,54%	8,72%	8,57%	9,24%	9,99%	10,45%	10,12%	9,02%	9,70%	10,00%	10,58%	9,47%	8,96%	9,18%	8,22%	8,36%
Stokkseyri	0,89%	0,89%	0,96%	0,95%	0,91%	0,86%	0,87%	0,84%	0,71%	0,38%	0,38%	0,37%	0,26%	0,20%	0,23%	0,24%	0,28%
Eyrarbakki	0,42%	0,43%	0,47%	0,28%	0,24%	0,62%	0,72%	0,47%	0,27%	0,16%	0,15%	0,15%	0,26%	0,24%	0,23%	0,13%	0,13%
Selfoss	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,20%	0,24%	0,26%	0,27%	0,23%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Þorlákshöfn	3,58%	3,59%	3,62%	3,83%	3,57%	3,27%	3,20%	3,36%	2,93%	3,36%	3,37%	3,28%	2,85%	2,76%	2,55%	2,98%	3,17%
Grindavík	4,39%	4,44%	4,47%	4,23%	4,42%	4,35%	4,68%	5,12%	4,44%	4,60%	4,70%	4,75%	4,72%	4,86%	5,23%	7,31%	7,92%
Sandgerði	2,65%	2,62%	2,41%	2,67%	2,86%	2,77%	2,87%	2,31%	1,63%	1,84%	2,33%	1,97%	1,90%	1,79%	1,63%	1,21%	1,37%
Garður	0,95%	0,94%	0,87%	0,54%	0,42%	0,39%	0,39%	0,74%	0,91%	0,83%	0,79%	0,98%	0,91%	0,98%	1,19%	1,39%	1,47%
Keflavík	3,97%	3,94%	3,97%	3,97%	4,08%	3,11%	3,00%	2,47%	2,71%	2,54%	2,70%	2,65%	2,75%	2,79%	2,93%	2,69%	2,71%
Njarðvík	0,83%	0,81%	0,67%	0,00%	0,03%	0,00%	0,00%	0,00%	0,19%	0,20%	0,23%	0,22%	0,22%	0,06%	0,04%	0,03%	0,00%
Vogar	0,33%	0,33%	0,33%	0,34%	0,32%	0,32%	0,32%	0,34%	0,64%	0,51%	0,52%	0,74%	0,68%	0,76%	0,81%	0,83%	0,85%
Hafnarfjörður	4,51%	4,44%	3,87%	3,22%	4,09%	3,95%	4,63%	4,30%	4,31%	4,34%	4,03%	4,20%	3,56%	3,72%	3,33%	3,46%	3,47%
Kópavogur	0,49%	0,50%	0,45%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,53%	0,39%	0,17%	0,10%	0,10%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,01%
Seltjarnarnes	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,01%	0,00%	0,01%	0,00%	0,01%	0,00%	0,01%	0,01%	0,00%
Reykjavík	11,57%	11,32%	10,81%	9,90%	8,43%	7,87%	8,15%	7,93%	8,57%	8,20%	8,90%	9,19%	10,93%	10,75%	8,88%	8,83%	8,37%
Akranes	3,48%	3,42%	3,38%	3,37%	3,06%	3,12%	3,08%	3,08%	3,38%	3,72%	3,89%	3,84%	4,12%	3,97%	3,69%	3,88%	3,75%
Borgarnes	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Arnarstapi	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,03%	0,02%	0,02%	0,03%	0,02%	0,04%	0,05%	0,06%	0,05%
Hellnar	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,04%	0,02%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,00%	0,00%	0,07%
Hellissandur	0,35%	0,36%	0,36%	0,00%	0,00%	0,00%	0,17%	0,19%	0,30%	0,17%	0,18%	0,18%	0,28%	0,37%	0,59%	0,54%	0,62%
Rif	0,47%	0,48%	0,52%	0,90%	0,86%	0,85%	0,86%	0,92%	0,92%	1,17%	1,09%	1,20%	0,97%	1,31%	2,47%	2,50%	2,65%
Ólafsvík	2,82%	2,88%	3,33%	3,01%	3,21%	2,95%	2,68%	2,41%	2,24%	1,95%	2,01%	1,98%	1,82%	1,86%	2,03%	1,58%	1,41%
Grundarfjörður	1,10%	1,10%	1,14%	1,58%	1,62%	1,56%	1,59%	1,82%	2,07%	2,12%	2,22%	2,24%	2,40%	1,85%	2,04%	2,85%	3,12%
Stykkishólmur	0,73%	0,75%	0,97%	1,02%	0,88%	0,79%	0,65%	0,98%	0,96%	0,72%	0,66%	0,59%	0,53%	0,71%	0,93%	0,99%	1,13%
Barðaströnd	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,03%	0,00%	0,06%	0,05%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Patreksfjörður	1,22%	1,23%	1,26%	1,34%	1,30%	1,52%	1,07%	1,29%	1,31%	1,13%	0,97%	0,87%	0,82%	0,92%	1,04%	0,92%	0,95%
Tálknafjörður	0,83%	0,84%	0,89%	1,04%	1,13%	1,05%	0,94%	1,08%	0,86%	0,76%	0,74%	0,22%	0,36%	0,58%	0,50%	0,57%	0,42%

Heimahöfn	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991/92	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00
Bíldudalur	0,74%	0,75%	0,77%	0,66%	0,96%	0,99%	0,94%	0,74%	0,79%	0,75%	0,24%	0,30%	0,14%	0,17%	0,20%	0,21%	0,22%
Þingeyri	1,37%	1,37%	1,39%	1,36%	1,26%	1,27%	1,37%	1,33%	1,66%	1,59%	1,31%	1,35%	0,78%	0,77%	0,73%	0,74%	0,79%
Flateyri	0,94%	0,95%	0,97%	0,85%	0,92%	0,85%	0,85%	0,82%	0,82%	0,79%	0,75%	0,74%	0,28%	0,65%	0,67%	0,19%	0,20%
Suðureyri	0,83%	0,83%	0,83%	0,82%	0,78%	0,75%	0,71%	0,72%	0,70%	0,68%	0,18%	0,18%	0,05%	0,17%	0,20%	0,06%	0,16%
Bolungarvík	1,87%	1,89%	2,03%	1,92%	1,85%	1,86%	1,85%	1,59%	1,63%	1,60%	1,56%	1,56%	1,82%	1,91%	1,83%	0,51%	0,61%
Hnífsdalur	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,03%	0,14%	0,01%	0,01%	1,13%	1,17%
Ísafjörður	4,06%	4,09%	4,12%	4,24%	4,03%	4,32%	4,41%	4,22%	4,31%	4,37%	4,47%	4,36%	5,31%	5,49%	4,03%	3,77%	3,02%
Súðavík	0,78%	0,78%	0,80%	1,01%	0,97%	0,95%	0,95%	1,18%	1,06%	1,04%	1,29%	1,35%	1,09%	0,76%	0,52%	0,54%	0,51%
Djúpavík	0,00%	0,00%	0,00%	0,01%	0,01%	0,00%	0,01%	0,01%	0,02%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%
Drangsnes	0,15%	0,15%	0,07%	0,07%	0,16%	0,16%	0,16%	0,11%	0,13%	0,07%	0,05%	0,06%	0,05%	0,07%	0,09%	0,09%	0,09%
Hólmavík	0,76%	0,76%	0,74%	0,74%	0,82%	0,81%	0,79%	0,79%	0,76%	0,72%	0,71%	0,71%	0,71%	0,90%	0,86%	0,86%	0,65%
Hvammstangi	0,24%	0,25%	0,25%	0,42%	0,57%	0,58%	0,55%	0,42%	0,11%	0,07%	0,05%	0,02%	0,01%	0,16%	0,17%	0,17%	0,01%
Blönduós	0,04%	0,04%	0,01%	0,24%	0,19%	0,35%	0,32%	0,63%	0,30%	0,31%	0,30%	0,30%	0,35%	0,27%	0,20%	0,25%	0,11%
Skagaströnd	1,53%	1,54%	1,58%	1,69%	1,99%	2,02%	1,98%	1,90%	1,76%	1,95%	2,32%	2,38%	2,37%	2,46%	2,46%	2,26%	2,22%
Sauðárkrókur	1,89%	1,90%	1,93%	1,94%	1,99%	2,35%	2,26%	2,46%	2,23%	2,66%	2,33%	2,36%	2,82%	3,30%	3,09%	3,04%	2,90%
Hofsós	0,04%	0,05%	0,05%	0,06%	0,08%	0,03%	0,02%	0,02%	0,13%	0,06%	0,05%	0,04%	0,02%	0,03%	0,05%	0,02%	0,03%
Haganesvík	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Siglufjörður	2,39%	2,41%	2,49%	2,53%	2,62%	2,58%	2,52%	2,47%	2,38%	2,20%	1,97%	2,02%	2,04%	2,12%	2,06%	2,62%	2,07%
Ólafsfjörður	2,03%	2,06%	2,04%	2,17%	2,68%	2,73%	2,74%	3,18%	2,84%	2,85%	2,87%	2,86%	2,95%	3,17%	3,06%	2,40%	3,00%
Grímsey	0,17%	0,18%	0,18%	0,20%	0,20%	0,19%	0,19%	0,16%	0,25%	0,23%	0,20%	0,20%	0,17%	0,21%	0,23%	0,24%	0,24%
Hrísey	0,88%	0,89%	0,95%	0,95%	0,86%	1,12%	0,69%	0,71%	0,88%	0,74%	0,60%	0,59%	0,17%	0,25%	0,28%	0,21%	0,22%
Dalvík	2,18%	2,21%	2,25%	2,36%	2,49%	2,18%	2,12%	2,30%	2,02%	2,27%	2,12%	2,11%	2,36%	2,00%	2,14%	2,57%	2,55%
Litli Árskógssandur									0,15%	0,36%	0,39%	0,32%	0,32%	0,37%	0,00%	0,00%	0,00%
Árskógssandur									0,34%	0,00%	0,00%	0,09%	0,00%	0,00%	0,45%	0,48%	0,31%
Árskógsströnd	0,43%	0,44%	0,46%	0,40%	0,50%	0,49%	0,48%	0,42%	0,35%	0,33%	0,37%	0,31%	0,30%				0,09%
Hauganes	0,14%	0,15%	0,16%	0,31%	0,23%	0,22%	0,23%	0,24%	0,23%	0,22%	0,21%	0,02%	0,11%	0,13%	0,15%	0,16%	0,17%
Hjalteyri	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Akureyri	4,86%	4,81%	4,49%	5,91%	5,79%	6,94%	6,68%	6,87%	7,85%	8,35%	8,64%	9,47%	10,20%	10,13%	10,72%	11,12%	11,43%
Svalbarðsströnd	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Grenivík	0,92%	0,94%	0,94%	1,03%	0,42%	0,47%	0,86%	0,92%	0,66%	0,66%	0,62%	0,58%	0,87%	1,30%	1,50%	1,51%	1,58%
Húsavík	1,76%	1,80%	1,72%	1,65%	1,61%	1,61%	1,58%	1,49%	1,76%	1,80%	1,46%	1,40%	1,56%	1,61%	1,83%	1,09%	0,57%
Kópasker	0,10%	0,11%	0,07%	0,02%	0,13%	0,02%	0,02%	0,02%	0,03%	0,02%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%	0,01%

Heimahöfn	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991/92	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00
Raufarhöfn	0,57%	0,58%	0,63%	0,68%	0,65%	0,78%	0,71%	0,68%	0,85%	0,82%	0,75%	0,74%	0,84%	0,79%	0,92%	0,60%	1,03%
Þórshöfn	0,89%	0,91%	0,93%	1,24%	1,11%	0,80%	0,78%	0,76%	0,71%	0,70%	0,69%	0,69%	0,72%	0,69%	0,80%	0,82%	0,83%
Bakkafjörður	0,23%	0,24%	0,24%	0,13%	0,11%	0,05%	0,11%	0,11%	0,26%	0,20%	0,18%	0,17%	0,16%	0,18%	0,22%	0,21%	0,21%
Vopnafjörður	0,99%	1,00%	1,06%	1,12%	1,08%	0,94%	0,93%	0,89%	0,95%	0,92%	0,91%	0,91%	0,95%	0,90%	0,92%	0,93%	0,72%
Borgarfjörður eystri	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,11%	0,10%	0,09%	0,09%	0,06%	0,09%	0,11%	0,10%	0,10%
Seyðisfjörður	1,39%	1,40%	1,37%	1,39%	1,32%	1,25%	1,19%	1,15%	1,28%	1,27%	1,16%	0,74%	0,73%	0,72%	0,71%	0,86%	0,88%
Mjóifjörður	0,00%	0,01%	0,01%	0,02%	0,02%	0,01%	0,02%	0,02%	0,03%	0,02%	0,02%	0,02%	0,02%	0,02%	0,02%	0,02%	0,02%
Neskaupstaður	2,00%	2,03%	2,05%	2,05%	2,03%	1,97%	1,99%	1,85%	2,24%	2,21%	2,20%	2,15%	2,14%	2,05%	1,93%	1,97%	2,03%
Eskifjörður	1,93%	1,94%	1,84%	1,67%	1,51%	1,56%	1,46%	1,34%	1,43%	1,33%	1,32%	1,17%	1,27%	1,27%	1,27%	0,87%	1,10%
Reyðarfjörður	0,55%	0,54%	0,57%	0,59%	0,57%	0,54%	0,53%	0,50%	0,50%	0,52%	0,51%	0,51%	0,53%	0,52%	0,51%	0,01%	0,01%
Fáskrúðsfjörður	1,74%	1,75%	1,70%	1,79%	1,74%	1,73%	1,72%	1,48%	1,53%	1,53%	1,50%	1,61%	1,41%	1,15%	1,20%	1,20%	1,21%
Stöðvarfjörður	0,99%	0,99%	0,98%	1,04%	1,06%	0,67%	0,57%	0,50%	0,52%	0,67%	0,55%	0,55%	0,55%	0,04%	0,04%	0,61%	0,62%
Breiðdalsvík	0,58%	0,59%	0,60%	0,61%	0,65%	0,62%	0,66%	0,59%	0,44%	0,46%	0,65%	0,65%	0,01%	0,01%	0,00%	0,00%	0,00%
Djúpivogur	0,72%	0,72%	0,70%	0,75%	0,71%	0,72%	0,66%	0,64%	0,77%	0,73%	0,73%	0,72%	1,21%	1,07%	1,10%	1,05%	0,65%
Hornafjörður	2,12%	2,13%	2,60%	2,60%	2,67%	3,10%	3,10%	3,39%	3,42%	3,24%	3,71%	3,24%	2,57%	2,56%	3,11%	3,29%	3,35%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,29%	100,27%	100,34%	100,28%	100,25%	99,99%	99,99%	99,99%	100,00%

Tafla 2. Úthlutað aflamark annarra kvótasettra tegunda en botnfisks eftir kjördæmum. Aflamarkið miðast við lestir og slægðan fisk þar sem það á við.

		1991/91	1991/92	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00
Síld	Suðurland	0	19.795	24.675	22.430	27.723	26.106	29.076	19.777	14.618	19.779
	Reykjanes	0	31.720	34.160	33.270	47.474	41.896	30.776	24.649	17.253	17.995
	Reykjavík	0	3.660	3.660	4.368	8.672	11.237	2.440	3.327	1.553	
	Vesturland	0	9.760	8.540	7.763	10.094	9.703	2.440	5.543	2.328	
	Vestfirðir	0	3.456	3.456	1.109	1.442	2.772	2.440	2.218	1.552	2.218
	Norðurland vestra	0	1.220	1.220	1.109	1.442	1.386	1.220	1.109	776	1.109
	Norðurland eystra	0	19.520	13.420	12.199	14.420	13.861	18.299	16.634	14.748	21.070
	Austurland	0	20.869	20.869	17.745	18.744	18.020	23.309	26.736	17.163	
Loðna	Suðurland	52.350	150.180	173.578	229.622	177.627	273.363	315.121	248.748	246.822	136.342
	Reykjanes	62.753	180.017	207.071	269.857	202.418	269.884	277.514	205.871	188.141	71.143
	Reykjavík	34.679	99.486	109.795	144.738	109.429	115.119	55.626	40.680	34.626	26.118
	Vesturland	18.302	52.503	61.370	116.192	88.636	118.855	130.748	103.209	89.453	58.959
	Vestfirðir	6.545	18.775	20.721						2.409	
	Norðurland vestra			7.196	1.609	1.227	804				
	Norðurland eystra	34.251	98.260	105.015	133.172	104.206	149.778	252.360	199.673	214.299	133.343
	Austurland	50.120	143.782	135.250	164.140	133.330	179.962	245.630	209.486	206.565	149.947
Humar	Suðurland	226	251	314	311	282	178	233	165	157	166
	Reykjanes	125	121	139	142	138	101	90	67	73	67
	Reykjavík	13	23	27	27	23	16	16	13	13	18
	Vesturland	40	19				6	6	11	5	5
	Vestfirðir	37	20	23	9	8	5	0		10	5
	Norðurland vestra				8	7	13	13	6	6	4
	Norðurland eystra	5	1	1	1	1	1	11	11	9	9
	Austurland	198	210	235	241	218	142	92	96	96	96

		1991/91	1991/92	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00
Úthafsrækja	Suðurland	3.921	3.864	3.391	3.814	4.938	4.730	3.693	5.024	2.992	1.457
	Reykjanes	5.975	6.559	7.226	8.570	10.431	8.088	6.530	7.791	4.231	2.168
	Reykjavík	2.207	2.132	2.744	4.137	5.567	6.289	4.806	2.966	2.851	884
	Vesturland	2.843	3.199	3.584	4.796	5.204	5.184	4.621	5.749	3.275	1.295
	Vestfirðir	3.866	5.139	6.077	7.269	8.981	11.846	10.753	13.567	6.701	2.811
	Norðurland vestra	1.701	2.321	2.876	4.374	5.637	6.219	6.909	9.294	3.559	1.732
	Norðurland eystra	5.475	7.579	9.817	13.600	15.847	15.992	17.357	24.845	13.584	7.604
	Austurland	3.779	4.207	4.286	5.249	6.369	4.652	5.330	5.765	3.296	2.047
Hörpudiskur	Suðurland					63					
	Reykjanes	125	108								
	Reykjavík										
	Vesturland	8.393	5.360	8.132	7.564	8.022	6.771	7.114	7.314	7.843	7.755
	Vestfirðir	2.252	1.062	1.878	1.361	1.466	1.736	1.586	1.486	1.379	1.357
	Norðurland vestra	1.080	720	1.080	750	500	400	400	500	928	688
	Norðurland eystra										
	Austurland				125		343				
Innfjarðar-	Suðurland					60					
rækja	Reykjanes	96	880	600	1.501	1.412	1.690	938	375	625	125
	Reykjavík										21
	Vesturland					37					
	Vestfirðir	4.514	4.152	4.066	3.722	3.995	5.013	4.331	2.888	1.879	1.251
	Norðurland vestra	1.322	1.355	1.044	911	1.542	2.322	2.108	1.712	1.222	828
	Norðurland eystra	96	80	1.300	1.774	2.428	2.300	2.312	1.825	1.175	575
	Austurland	90	94	90	142	77		35			

Tafla 3. Skipting úthlutaðs þorskaflahámarks á heimahafnir.

Heimahafnir	1995/96	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00
Vestmannaeyjar	0,2%	1,8%	1,9%	2,0%	1,91%
Stokkseyri	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Eyrarbakki	0,0%	0,0%	0,0%	0,2%	
Selfoss	0,4%	0,9%	0,6%	0,0%	0,17%
Þorlákshöfn	1,8%	1,2%	1,4%	1,9%	1,69%
Grindavík	1,3%	1,6%	3,4%	7,4%	8,41%
Sandgerði	3,2%	2,2%	1,9%	2,6%	2,50%
Garður	0,6%	0,2%	0,2%	0,2%	0,18%
Keflavík	4,7%	3,2%	3,0%	3,1%	3,74%
Njarðvík	0,6%	0,6%	0,7%	0,7%	0,80%
Vogar	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Hafnarfjörður	7,6%	6,2%	6,6%	6,2%	5,57%
Garðabær	0,6%	0,3%	0,3%	0,0%	0,10%
Kópavogur	0,6%	0,6%	0,5%	0,7%	0,89%
Seltjarnarnes	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	
Reykjavík	6,2%	5,5%	5,6%	6,4%	5,27%
Akranes	2,2%	2,1%	1,0%	0,8%	0,73%
Borgarnes	0,9%	0,5%	0,4%	0,2%	0,22%
Arnarstapi	1,1%	0,7%	0,9%	0,7%	0,83%
Hellnar	0,8%	0,6%	0,5%	0,5%	0,32%
Hellissandur	0,3%	0,3%	0,3%	0,4%	0,52%
Rif	0,2%	0,5%	1,1%	2,1%	1,68%
Ólafsvík	6,5%	6,1%	6,4%	3,7%	4,27%
Grundarfjörður	3,0%	3,4%	2,8%	2,7%	2,89%
Stykkishólmur	3,7%	3,9%	3,8%	3,1%	2,87%
Brjánslækur	1,0%	0,4%	0,4%	0,4%	0,42%
Barðaströnd	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Patreksfjörður	1,7%	1,4%	2,6%	3,2%	2,76%
Tálknafjörður	4,0%	4,7%	4,2%	5,3%	5,51%
Bíldudalur	0,6%	0,5%	0,6%	0,4%	0,09%
Þingeyri	0,9%	1,1%	0,3%	0,6%	1,04%
Flateyri	0,8%	0,9%	0,1%	0,3%	0,52%
Suðureyri	5,2%	4,7%	4,1%	3,2%	2,96%
Bolungarvík	4,0%	3,7%	3,8%	5,3%	6,63%
Hnífsdalur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,31%
Ísafjörður	2,3%	1,8%	1,3%	2,2%	3,39%
Ögurvík	0,0%	0,3%	0,3%	0,3%	
Súðavík	0,0%	0,0%	0,0%	0,3%	0,32%
Norðurfjörður	0,2%	0,2%	0,2%	0,5%	0,42%
Djúpavík	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Drangsnes	0,1%	0,6%	0,6%	0,8%	0,45%
Hólmavík	0,0%	0,2%	0,3%	0,9%	0,77%
Hvammstangi	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	
Blönduós	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Skagaströnd	0,8%	1,0%	0,9%	0,7%	0,49%

Heimahafnir	1995/96	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00
Sauðárkrókur	0,0%	0,2%	0,2%	0,3%	0,33%
Hofsós	0,6%	0,6%	0,5%	0,1%	0,13%
Haganesvík	0,0%	0,2%	0,2%	0,2%	0,15%
Siglufjörður	2,6%	2,2%	2,2%	2,0%	1,96%
Ólafsfjörður	0,5%	0,5%	0,2%	0,2%	0,21%
Grímsey	3,7%	3,4%	4,2%	4,3%	3,85%
Hrísey	0,9%	1,0%	0,8%	0,7%	0,73%
Dalvík	1,1%	0,8%	0,5%	0,2%	0,44%
Árskógssandur	0,0%	0,4%	0,5%	0,4%	0,52%
Hauganes	0,0%	0,2%	0,2%	0,2%	0,19%
Hjalteyri	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Akureyri	2,2%	2,0%	1,5%	1,5%	1,28%
Svalbarðsströnd	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Grenivík	0,9%	0,7%	0,5%	0,5%	0,69%
Húsavík	1,8%	1,6%	1,5%	1,0%	0,89%
Kópasker	0,0%	0,2%	0,2%	0,0%	0,01%
Raufarhöfn	1,4%	2,5%	2,8%	2,0%	1,27%
Þórshöfn	0,9%	0,8%	0,6%	0,5%	0,46%
Bakkafjörður	2,0%	2,4%	3,1%	2,1%	2,68%
Vopnafjörður	0,6%	0,3%	0,1%	0,4%	0,29%
Egilsstaðir	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	
Borgarfjörður eystri	1,3%	1,0%	1,0%	1,1%	1,02%
Seyðisfjörður	0,5%	0,5%	0,3%	0,3%	0,62%
Mjóifjörður	0,4%	0,3%	0,3%	0,3%	0,21%
Neskaupsstaður	2,7%	3,0%	1,5%	1,1%	0,90%
Eskifjörður	0,0%	0,4%	0,6%	0,5%	0,47%
Reyðarfjörður	0,4%	0,5%	0,5%	0,4%	0,39%
Fáskrúðsfjörður	0,0%	0,4%	0,3%	0,2%	0,22%
Stöðvarfjörður	0,9%	1,9%	2,9%	2,7%	2,36%
Breiðdalsvík	0,0%	1,1%	1,0%	0,7%	0,11%
Djúpivogur	1,2%	1,1%	1,5%	1,0%	1,14%
Hornafjörður	5,1%	5,4%	7,4%	5,2%	4,83%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,00%

Tafla 4. Magn úthlutaðs þorskaflahámarks á heimahafnir (tonn).

Heimahöfn	1995/96	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00
Vestmannaeyjar	28	387	478	641	615
Stokkseyri	0	0	0	0	
Eyrarbakki	0	0	0	57	
Selfoss	50	182	141	0	56
Þorlákshöfn	254	250	341	587	545
Grindavík	185	343	837	2.344	2.716
Sandgerði	450	470	467	827	806
Garður	87	33	39	65	57
Keflavík	660	670	736	967	1.207
Njarðvík	91	136	180	224	260
Vogar	0	0	0	0	
Hafnarfjörður	1.069	1.299	1.632	1.967	1.798
Garðabær	90	61	71	0	31
Kópavogur	83	130	135	233	288
Seltjarnarnes	0	29	0	0	
Reykjavík	868	1.154	1.377	2.036	1.702
Akranes	316	444	253	249	236
Borgarnes	122	106	107	71	71
Arnarstapi	150	154	224	222	268
Hellnar	115	124	130	150	104
Hellissandur	44	56	68	132	169
Rif	32	104	267	651	543
Ólafsvík	919	1.278	1.580	1.160	1.380
Grundarfjörður	417	720	681	867	933
Stykkishólmur	519	813	937	965	927
Brjánslækur	134	87	102	142	136
Barðaströnd	0	0	0	0	
Patreksfjörður	239	295	648	1.006	891
Tálknafjörður	563	991	1.038	1.660	1.778
Bíldudalur	84	102	148	111	30
Þingeyri	131	230	85	198	334
Flateyri	109	195	30	80	167
Suðureyri	737	992	1.011	1.005	956
Bolungarvík	568	768	946	1.661	2.142
Hnífsdalur	0	0	0	0	100
Ísafjörður	323	379	325	707	1.095
Ögurvík	0	61	71	82	
Súðavík	0	0	0	86	105
Norðurfjörður	33	40	48	145	137
Djúpavík	0	0	0	0	
Drangsnes	17	121	141	260	146

Heimahöfn	1995/96	1996/97	1997/98	1998/99	1999/00
Hólmavík	0	49	71	273	247
Hvammstangi	0	0	0	38	
Blönduós	0	0	0	0	
Skagaströnd	117	209	216	227	158
Sauðárkrókur	0	33	40	107	107
Hofsós	79	128	113	41	41
Haganesvík	0	40	47	54	49
Siglufjörður	372	457	541	644	633
Ólafsfjörður	65	111	50	64	69
Grímsey	519	705	1.030	1.345	1.242
Hrísey	130	216	199	226	235
Dalvík	155	177	118	60	142
Árskógssandur	0	87	124	142	168
Hauganes	0	50	39	54	62
Hjalteyri	0	0	0	0	
Akureyri	306	412	363	471	413
Svalbarðsströnd	0	0	0	0	
Grenivík	124	144	119	151	223
Húsavík	247	343	366	315	289
Kópasker	0	52	46	11	5
Raufarhöfn	190	514	686	648	410
Þórshöfn	128	164	139	159	149
Bakkafjörður	287	508	768	675	866
Vopnafjörður	83	56	27	116	94
Egilsstaðir	0	19	0	0	
Borgarfjörður eystri	182	201	245	352	329
Seyðisfjörður	75	112	85	98	199
Mjóifjörður	53	65	76	87	69
Neskaupsstaður	379	621	368	332	289
Eskifjörður	0	94	152	151	151
Reyðarfjörður	61	109	114	131	126
Fáskrúðsfjörður	0	92	81	72	72
Stöðvarfjörður	132	396	725	845	763
Breiðdalsvík	0	239	238	222	35
Djúpivogur	164	231	360	314	368
Hornafjörður	718	1.125	1.820	1.634	1.560
	14.053	20.963	24.640	31.617	32.292

262. Fyrirspurn [220. mál]

til viðskiptaráðherra um samhengi milli sölu veiðiheimilda og verðbólgu.

Frá Bergljótu Halldórsdóttur.

1. Hefur sala á aflamarki og aflahlutdeild í sjávarútvegi leitt til aukins peningamagns í umferð síðustu fimm fiskveiðiár?
2. Ef svo er, má þá að einhverju leyti skýra núverandi þenslu og verðbólgu með því?

Skriflegt svar óskast.

263. Fyrirspurn [221. mál]

til sjávarútvegsráðherra um verðmæti seldra veiðiheimilda.

Frá Bergljótu Halldórsdóttur.

1. Hver voru heildarverðmæti seldra veiðiheimilda síðustu fimm fiskveiðiár sundurliðað eftir árum, aflamarki og aflahlutdeild, fisktegundum og landshlutum?
2. Hver er þróun einingaverðs aflamarks og aflahlutdeildar síðustu fimm fiskveiðiár og það sem af er þessu fiskveiðiári? Einingaverð óskast sundurliðað eftir fisktegundum.

Skriflegt svar óskast.

264. Fyrirspurn [222. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu í sjávarútvegi.

Frá Bergljótu Halldórsdóttur.

1. Hve mikið hafa fyrirtæki í sjávarútvegi, í fiskveiðum og fiskvinnslu, greitt í skatta undanfarin fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir árum og tegund skatta, þ.e. tekjuskatti, útsvari, tryggingagjaldi, eignarskatti og skatti af söluhagnaði eigna.
2. Hve miklir skattar hafa verið greiddir í sjávarútvegi af söluhagnaði veiðiheimilda síðustu fimm ár, sundurliðað eftir árum?
3. Hve miklar fyrningar af veiðiheimildum hafa verið taldar fram af fyrirtækjum í sjávarútvegi síðustu fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

265. Frumvarp til laga [223. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Á undan orðinu „námubifreiðar“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: belta- og.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. 1. mgr. B-liðar falla brott.
b. 2. mgr. B-liðar verður svohljóðandi:

Kílómetragjald ökutækja skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildar-þyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildar-þyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	7,11	18.000–18.999	17,09
5.000–5.999	7,56	19.000–19.999	18,40
6.000–6.999	8,17	20.000–20.999	19,38
7.000–7.999	8,58	21.000–21.999	20,50
8.000–8.999	8,96	22.000–22.999	21,79
9.000–9.999	9,36	23.000–23.999	22,83
10.000–10.999	9,93	24.000–24.999	23,86
11.000–11.999	10,30	25.000–25.999	25,02
12.000–12.999	11,20	26.000–26.999	26,13
13.000–13.999	12,00	27.000–27.999	27,30
14.000–14.999	12,93	28.000–28.999	28,46
15.000–15.999	13,92	29.000–29.999	29,62
16.000–16.999	15,03	30.000–30.999	30,78
17.000–17.999	16,12	31.000 og yfir	31,94

c. 3. mgr. B-liðar fellur brott.
d. 4. mgr. B-liðar fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „en eindagi síðasti dagur sama mánaðar“ í 2. málsl. 1. mgr. A-liðar kemur nýr málsliður er orðast svo: Eindagar skattsins eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
b. 5. málsl. 1. mgr. A-liðar fellur brott.
c. Orðin „í a.m.k. 15 daga samfellt“ í 1. málsl. 3. mgr. A-liðar falla brott.
d. Orðin „í jafnlangan tíma“ í 2. málsl. 3. mgr. A-liðar falla brott.

e. Í stað orðanna „er ríkisskattstjóra heimilt að“ í 3. málsl. 3. mgr. A-liðar kemur: skal ríkisskattstjóri.
f. Í stað orðanna „en eindagi síðasti dagur sama mánaðar“ í 1. málsl. 1. mgr. B-liðar kemur nýr málsliður er orðast svo: Eindagar skattsins eru 15. mars, 15. júlí og 15. nóvember ár hvert.
g. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar fellur brott.
h. 3. mgr. B-liðar fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „gjaldfallinn er“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fallinn er í eindaga.
b. Orðin „og fast gjald þungaskatts skv. B-lið 4. gr. greitt til þess dags er eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hinn 11. febrúar 2000 skal lagt á 33.333 kr. fast árgjald þungaskatts á bifreiðar sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, sbr. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laganna, fyrir gildistöku laga þessara.

Ný gjaldskrá B-liðar 4. gr. tekur gildi 11. febrúar 2000. Nýja gjaldið fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu öðru álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 2000, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrrgreinds álestrartímabils.

Þeir sem sótt hafa um heimild til ríkisskattstjóra til að greiða gjald fyrir gjaldárið 2000 er tekur mið af 95.000 km akstri í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk 100.000 kr. fasts árgjalds, sbr. 4. mgr. B-liðar 4. gr., fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda rétti sínum til greiðslu áðurgreinds gjalds.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 4. mgr. B-liðar 4. gr. laga nr. 3/1987, eins og þau giltu fram að breytingu með lögum nr. 83/1998, var að finna heimild til handa ráðherra til þess að veita afslátt af greiðslu þungaskatts sem innheimtur var samkvæmt ökumæli og féll á akstur vöruflutningabifreiða, þ.m.t. festi- og tengivagna. Afslátturinn jókst eftir því sem aksturinn var meiri og nam afslátturinn 10% hjá þeim er óku umfram 25.000 km á ári, 20% hjá þeim sem óku umfram 35.000 km á ári og 50% hjá þeim sem óku umfram 45.000 km á ári. Af akstri annarra bifreiða nam afsláttur 10% af akstri yfir 25.000 km á ári og 20% af akstri umfram 45.000 km á ári.

Í áliti samkeppnisráðs, nr. 4/1997, kemur fram að ákvæði um að veita skuli stighækkandi afslátt af þungaskatti sem innheimtur er af eigendum eða umráðamönnum vöruflutningabifreiða eftir því hversu mikið þeim er ekið mismuni og raski samkeppnisstöðu atvinnubifreiðastjóra. Það að veita meiri afslátt á greiðslu þungaskatts eftir því hve mikið er ekið leiðir að mati samkeppnisráðs, til þess að þeim sem aka mikið er tryggt forskot á nýja og smærri aðila á markaðinum. Með opinberum aðgerðum væri verið að draga úr samkeppni á þann hátt að aðgangur nýrra keppinauta væri heftur. Á þessum tíma stóð til að taka upp olíugjaldskerfi

með lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu. Með lögum nr. 90/1997 var gildistöku laganna frestað um ár og með lögum nr. 83/1998 var ákveðið að falla frá upptöku olíugjalds og lög nr. 34/1995 felld úr gildi.

Með lögum nr. 83/1998 var afsláttakerfið afnumið, þ.e. felld voru niður ákvæði laga nr. 3/1987 sem veittu eigendum ökutækja, sem greiða þungaskatt samkvæmt ökumæli, rétt til afsláttar þegar að tiltekinni akstursvegalegnd var náð. Í stað þeirra voru sett ný ákvæði þar sem kveðið er á um að auk gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra skuli greiða fast árgjald þungaskatts, 100.000 kr., af bifreiðum og eftirvögnum sem eru 14.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd. Aðrar breytingar á lögunum voru gerðar með hliðsjón af þessari breytingu, t.d. að gjald vegna ekinna kílómetra lækkaði um 5% af ökutækjum sem eru undir 14.000 kg að leyfðri heildarþyngd en um 30% af ökutækjum sem eru 14.000 kg og þyngri, þ.e. af þeim bifreiðum sem greitt er af fast árgjald.

Með lögum nr. 151/1998 var fast árgjald af tengi- og festivögnum fellt niður og lögfest sérstök gjaldskrá fyrir þá þannig að innheimt skyldi gjald fyrir hvern ekinn kílómetra sem væri breytilegt eftir leyfðri heildarþyngd vagnanna. Auk þess var eigendum og umráðamönnum ökutækja heimilað að velja, áður en gjaldár hæfist, að greiða gjald sem samsvaraði 95.000 km akstri á gjaldári í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra.

Í áliti samkeppnisráðs nr. 8/1999 kemur fram það álit ráðsins að áðurgreindar breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 3/1987 með lögum nr. 83/1998 og lögum nr. 151/1998 gangi þvert á þá hugsun sem fram hafi komið í áliti ráðsins nr. 4/1997 að afsláttur af þungaskatti leiði til samkeppnislegrar mismununar og aðgangshindrunar að markaðinum. Það fastagjald sem lagt er á bifreiðar 14.000 kg og þyngri valdi því að af þeim bifreiðum sé greiddur lægri skattur á hvern ekinn kílómetra í hlutfalli við þyngd en af þeim bifreiðum sem léttari eru og ekið er minna. Breytingarnar dragi úr samkeppnishæfni sambærilegra atvinnubifreiða til að þjóna sama markaði þar sem gjaldtakan hygli þeim sem aka mikið á kostnað þeirra sem minna aka. Sú röskun sem þannig eigi sér stað dragi verulega úr möguleikum nýrra keppinauta á markaðinum jafnframt því að takmarka aðgang sem sé andstætt markmiði samkeppnislaga, nr. 8/1993, sbr. 1. gr. þeirra.

Þeim breytingum sem fram koma í þessu frumvarpi er meðal annars ætlað að koma til móts við athugasemdir samkeppnisráðs. Lagt er til að afnumin verði skylda til greiðslu fasts árgjalds, 100.000 kr., af bifreiðum sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira. Jafnframt er gerð tillaga um að gjaldskrár bifreiða og festi- og tengivagna verði sameinaðar að nýju og gefin út ný gjaldskrá sem tekur mið af því að fast árgjald er fallið brott. Einnig að afnumin verði heimild til handa eigendum eða umráðamönnum ökutækja til þess að velja, áður en gjaldár hefst, að greiða gjald sem samsvari 95.000 km akstri á gjaldári í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vegna breytinga sem gerðar hafa verið á reglugerðum um gerð og búnað ökutækja og skráningu þeirra hafa snjótroðarar sem ætlaðir eru til fólksflutninga og snjóbílar verið fluttir úr vinnuvélaskrá í ökutækjaskrá og eru þar skráðir sem beltabifreiðar. Við flutninginn yfir í ökutækjaskrá ættu beltabifreiðar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, að vera þungaskattsskyldar ef þær eru knúnar dísilolíu, sbr. 1. gr. laganna. Beltabifreiðar eru hins vegar tæki sem sérstaklega eru sniðin til að aka á snjó og þar af leiðandi utan vega. Lagt er til að beltabifreiðar sem eingöngu eru til nota utan vega verði undanþegnar greiðslu þungaskatts líkt og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega.

Um 2. gr.

Um a og d-lið greinarinnar vísast til almennra athugasemda.

Skv. b-lið greinarinnar er lögð til breyting á gjaldskrá kílómetragjalds fyrir ökutæki sem eru að gjaldþyngd 4.000 kg og yfir og skv. c-lið er lagt til að gjaldskrá fyrir kílómetragjald festi- og tengivagna sem sett var með lögum nr. 151/1998 verði afnumin. Þar sem lagt er til að afnema fast árgjald af bifreiðum sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira þykir rétt að sameina að nýju gjaldskrár bifreiða og festi- og tengivagna og lögfesta eina gjaldskrá. Lagt er til að breyting verði gerð á kílómetragjaldi hvers þyngdarflokks ökutækja þannig að ekki komi til tekjurýrnunar og að gjaldið skili þeim tekjum sem fjárlög gera ráð fyrir. Miðað við akstur ársins 1998 og forsendur um aukinn akstur í vegaáætlun fyrir árin 1998–2002 og forsendur fjárlaga er gert ráð fyrir að innheimta kílómetragjalds dísilbifreiða skili ríkissjóði 2.247 m.kr.

Um 3. gr.

Í a og f-lið greinarinnar er lagt til að eindagi þungaskatts verði fimmtándi dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Með breytingunni væri lengdur sá tími sem gjaldandi hefur til þess að inna greiðslu skattsins af hendi.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að afnumin verði sú álagningarregla að þungaskattur reiknist fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljist heill mánuður en að færri dögum skuli sleppa. Í stað þess miðist álagning við þann dag er greiðsluskylda stofnast þannig að greitt sé í réttu hlutfalli við skráningartíma.

Skv. c-lið er lagt til að afnuminn verði sá lágmarkstími sem skráningarmerki þurfa að vera í geymslu Skráningarstofunnar hf. en samkvæmt gildandi reglum myndast réttur til lækkunar eða endurgreiðslu þungaskatts vegna innlagnar skráningarmerkja fyrst eftir að skráningarmerki hafa verið í geymslu Skráningarstofunnar hf. í 15 daga samfellt.

Skv. d-lið er lagt til að breyting skv. c-lið nái einnig til þeirra sem framvísa útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi þannig að ekkert lágmark verði á þeim tíma sem bifreið er flutt úr landi.

Skv. e-lið greinarinnar er lagt til að í stað heimildar ríkisskattstjóra til að lækka- eða endurgreiða eiganda eða umráðamanni bifreiðar sem sýnt getur fram á að bifreið hafi ekki verið í notkun hér á landi í a.m.k. þrjátíu daga samfellt vegna viðgerða verði ríkisskattstjóra það skylt í ljósi þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórnarskránni með 15. og 16. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995.

Um g- og h-lið vísast til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Samkvæmt a-lið þessarar greinar er lagt til að rýmkaður verði sá tími sem eigandi eða umráðamaður bifreiðar hefur til þess að færa sönnur á að greiddur hafi verið gjaldfallinn þungaskattur við aðalskoðun. Eiganda eða umráðamanni verði þannig ekki meinað um aðalskoðun ef gjaldfallinn þungaskattur er ekki kominn á eindaga á skoðunardegi.

Um b-lið vísast til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Þar sem núgildandi gjaldskrá fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. ákvæði B-liðar 4. gr. laganna, tekur mið af föstu árgjaldi 1. mgr. B-liðar 4. gr. laganna og þar sem gjaldárið 2000 er hafið, en það hófst 11. október 1999 og lýkur 10. október 2000, er lagt til að 11. febrúar

2000 verði lagður á 1/3 hluti fasta árgjaldsins sbr. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laganna. Á sama tíma muni ný gjaldskrá B-liðar 4. gr. laganna öðlast gildi fyrir annað og þriðja gjaldtímabil.

Samkvæmt núgildandi lögum hafa eigendur eða umráðamenn ökutækja sem eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd heimild til þess að velja, áður en gjaldár hefst, að greiða gjald sem tekur mið af áætluðum kílómetrafjölda er samsvari 95.000 km akstri í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Þeir eigendur og umráðamenn ökutækja sem ætla sér að nýta heimild til þess að greiða slíkt gjald í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra hafa nú þegar fengið heimild ríkisskattstjóra til þess. Það er meginregla íslensks réttar að lög skuli ekki vera afturvirk ef afturvirknin er íþyngjandi fyrir þá er við lögin eiga að búa. Verulegt óhagræði og kostnaður gæti hlotist af því fyrir áðurgreinda eigendur og umráðamenn ef reglan væri afnumin um leið og lögin öðlast gildi.

Um 6. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta snýr að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki talið hafa áhrif á gjaldahlið verði það að lögum.

266. Lög [23. mál]

um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. nóv.)

Samhljóða þskj. 224 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Í lögum þessum merkir:

1. *Greiðslukerfi:* Formlegt fyrirkomulag þriggja eða fleiri þátttakenda sem byggist á sameiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við framkvæmd *greiðslufyrirmæla* milli þeirra, enda hafi a.m.k. einn þátttakendanna aðalskrifstofu sína hér á landi, og greiðslukerfið fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru og það hefur verið tilkynnt til eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), sbr. 3. gr.
2. *Stofnun:*
   a. Viðskiptabanki eða sparisjóður sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

b. Fyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.
c. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.
d. Deild eða deildir í stofnun, sbr. a–c-lið hér að framan, sem ekki teljast sérstakar persónur að lögum en tilheyra eftirlitsskyldri erlendri stofnun sem hefur starfsleyfi og útibú hér á landi.
e. Seðlabanki Íslands eða stofnun með ríkisábyrgð sem heimild hefur til að stunda að hluta eða öllu leyti starfsemi sem fellur undir a–c-lið.

3. *Milligönguaðili:* Aðili sem hefur milligöngu fyrir stofnun í greiðslukerfi og hefur einkarétt á miðlun greiðslufyrirmæla viðkomandi stofnunar.
4. *Uppgjörsaðili:* Aðili sem stofnar og sér um uppgjörsreikninga fyrir stofnanir og milligönguaðila og sér um framkvæmd á greiðslufyrirmælum þeirra og veitir þeim eftir atvikum lán í þessu skyni.
5. *Greiðslujöfnun:* Að umbreyta í eina kröfu eða skuldbindingu mörgum kröfum eða skuldbindingum sem eiga rót að rekja til greiðslufyrirmæla sem þátttakendur hafa annaðhvort gefið eða eiga að taka við frá einum eða fleiri þátttakendum svo að aðeins ein (nettó) krafa eða skuldbinding myndast um greiðslu eða greiðsluskyldu þátttakanda.
6. *Uppgjörsreikningur:* Reikningur í seðlabanka, hjá milligöngu- eða uppgjörsaðila sem er notaður til að varðveita innstæður og verðbréf til uppgjörs á greiðslum milli þátttakenda í greiðslukerfi.
7. *Greiðslufyrirmæli:* Sérhver fyrirmæli þátttakanda um að móttakanda sem þar er vísað til séu afhentir fjármunir með því að leggja með reikningsfærslu tiltekna fjárhæð inn á reikning stofnunar, seðlabanka eða uppgjörsaðila, eða sérhver fyrirmæli sem skuldbinda hann eða leysa hann undan skyldu til að inna af hendi greiðslu eins og hún er nánar skilgreind í reglum greiðslukerfisins, eða fyrirmæli þátttakanda um að framselja bein eða óbein eignarréttindi í verðbréfum með rafrænni eignarskráningu, eða önnur sambærileg fyrirmæli.
8. *Greiðslujöfnunarstöð:* Aðili sem vinnur úr greiðslufyrirmælum sem berast frá stofnunum og annast greiðslujöfnun þeirra á milli, einnig milligöngu- og uppgjörsaðili, ef það á við.
9. *Þátttakandi:* Stofnun, milligönguaðili, greiðslujöfnunarstöð eða uppgjörsaðili.
10. *Óbeinn þátttakandi:* Lánastofnun sem fellur undir a- eða b-lið 2. tölul. um skilgreiningu á stofnun og sem gert hefur samning við stofnun sem á aðild að greiðslukerfi og sem gerir lánastofnuninni fært að senda greiðslufyrirmæli í gegnum greiðslukerfið.
11. *Veðtryggingar:* Allar seljanlegar eignir, þ.m.t. peningainnstæður, verðbréf og samningar um endurhverf viðskipti eða aðrir sambærilegir samningar sem gerðir eru eða lagðir fram til tryggingar í greiðslukerfi eða í seðlabönkum.
12. *Seðlabanki:* Seðlabanki í aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Seðlabanki Evrópu.

7. gr. hljóðar svo:

Um réttindi og skyldur þátttakanda í greiðslukerfi sem tekinn hefur verið til gjaldþrotaskipta skal fara eftir lögum sem gilda um hlutaðeigandi greiðslukerfi.

9. gr. hljóðar svo:

Um veðtryggingu sem veitt er í rafbréfum, eða erlendum verðbréfum sem eru rafrænt skráð á viðurkenndan hátt að lögum, skal að öllu leyti fara samkvæmt lögum þess ríkis þar sem rafræn skráning verðbréfanna fer fram.

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi eru sett í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/1999 og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 26 19. maí 1998, um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum.

267. Frumvarp til laga [224. mál]

um Byggðastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Hlutverk og skipulag.

1. gr.
Yfirstjórn og staðsetning.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

3. gr.
Ársfundur og stjórn.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.

Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

4. gr.
Verkefni stjórnar.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.
3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.
4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.
5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.
6. Að fjalla um og samþykkja ársreikning.
7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.
8. Að taka ákvarðanir um hlutafjárkaup og þátttöku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum.
9. Að setja reglur um lánakjör og fjármögnun verkefna.
10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán- og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni.
11. Önnur verkefni sem iðnaðarráðherra felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnumála.

5. gr.
Forstjóri.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

6. gr.
Verkefni forstjóra.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um:
   a. starfsskipulag stofnunarinnar,
   b. rekstrar- og starfsáætlun,
   c. áherslur í starfseminni,
   d. lántökur og heildarútlán,
   e. reglur um lánakjör.
3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.
4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. KAFLI
Starfsemi.

7. gr.
Byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

8. gr.

Rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðaþróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

9. gr.

Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra.

Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

10. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefnin og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

11. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

12. gr.

Fjármögnun þróunarverkefna.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem iðnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar.

Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

III. KAFLI
Önnur ákvæði.

13. gr.
Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.

Ársreikningum skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

14. gr.
Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Fjármagnstekjur.

15. gr.
Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

16. gr.
Fjárvarsla.

Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum og sparisjóðum eða tryggum verðbréfum.

17. gr.
Undanþága frá gjöldum og sköttum.

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

18. gr.
Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.
Reglugerð.

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

20. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sett fram það markmið að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands með hliðsjón af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Fyrsta verkefnið á þessu sviði er að færa Byggðastofnun undir iðnaðarráðuneyti og sameina atvinnuþróunarstarfsemi á þess vegum. Þá segir í stefnuyfirlýsingunni að stuðningur við atvinnuþróun á landsbyggðinni verði felldur að öðru nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfi stjórnvalda.

Þann 16. september sl. skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að vinna að undirbúningi þess að flytja starfsemi Byggðastofnunar undir iðnaðarráðuneytið. Var nefndinni falið að yfirfara hlutverk, skipulag og starfsemi Byggðastofnunar, sbr. lög nr. 64/1985, um Byggðastofnun, og reglugerð nr. 274/1998, og gera tillögur um hvernig þessum þáttum verði best fyrir komið í framtíðinni. Við þá vinnu átti nefndin að gæta samræmis við þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem Alþingi samþykkti á 123. löggjafarþingi.

Í nefndina voru skipaðir þeir Guðjón Guðmundsson alþingismaður, Kristinn H. Gunnarssonar alþingismaður, Kristján Skarphéðinsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Sigfús Jónsson landfræðingur og Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Ritari nefndarinnar var Magnús Stefánsson, fyrrverandi alþingismaður. Þá aðstoðaði Birgir Már Ragnarsson, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, nefndina við samningu lagafrumvarps.

Nefndin skilaði tillögum sínum til iðnaðarráðherra 11. nóvember sl. Voru tillögur nefndarinnar settar fram í frumvarpi til laga um Byggðastofnun er komi í stað gildandi laga nr. 64/1985.

Í frumvarpi nefndarinnar, sem lagt er óbreytt fyrir Alþingi, eru lagðar til nokkuð víðamiklar breytingar frá gildandi lögum um Byggðastofnun. Helstu tillögur nefndarinnar eru að:

- sett verði ný lög um starfsemi Byggðastofnunar þar sem aukin áhersla verði lögð á hlutverk stofnunarinnar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni,
- beint stjórnsýslusamband verði milli Byggðastofnunar og iðnaðarráðherra,
- ráðherra verði heimilt að fenginni tillögu stjórnar að ákvarða staðsetningu Byggðastofnunar,
- Byggðastofnun reyni eftir föngum að fjármagna verkefni í samstarfi við aðra,
- stjórn Byggðastofnunar verði skipuð af iðnaðarráðherra á ársfundi stofnunarinnar,
- stjórn verði heimilt að fela forstjóra að ákvarða lánveitingar Byggðastofnunar að hluta eða öllu leyti,
- frumkvæði að undirbúningi stefnumótandi byggðaáætlunar verði hjá iðnaðarráðherra,
- Byggðastofnun taki í ríkari mæli upp rannsóknir á sviði byggða- og atvinnuþróunar og auki samstarf við erlenda aðila á starfssviði sínu,
- stofnunin styðji áfram við atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni og vinni að samræmingu og eflingu þeirrar starfsemi,
- stjórn Byggðastofnunar verði heimilt að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar,
- stjórn Byggðastofnunar hafi frumkvæði að því að setja af stað verkefni á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar og leiti eftir samstarfi við aðra um fjármögnun þeirra.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að komið verði á beinu stjórnsýslusambandi milli Byggðastofnunar og iðnaðarráðherra. Er þessi tillaga í samræmi við niðurstöðu Ríkisendurskoðunar frá árinu 1996 þegar gerð var stjórnsýsluendurskoðun á Byggðastofnun. Taldi Ríkisendurskoðun eðlilegt að breytingar á stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar yrðu teknar til athugunar þannig að stjórnsýslusambandi yrði komið á milli ráðherra og stofnunarinnar. Sú breyting sem hér er lögð til á stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar felur í sér að

iðnaðarráðherra fari með yfirstjórn Byggðastofnunar en að stofnunin og stjórn hennar beri ábyrgð á sínum störfum gagnvart ráðherra. Með þessu móti gefst kostur á að skjóta ákvörðunum til ráðherra sem æðra stjórnvalds. Er þetta í samræmi við hið almenna fyrirkomulag í íslenskri stjórnsýslu.

Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp sú nýbreytni að haldinn verði ársfundur Byggðastofnunar og fari hann fram fyrir 1. júlí ár hvert. Með þessu fyrirkomulagi verður til nýr vettvangur til að fjalla um byggðamál og uppbyggingu atvinnulífs og nýsköpunar á landsbyggðinni. Á ársfundi gæfist jafnframt kostur á að fjalla um stefnu stjórnvalda í byggða- og atvinnumálum og aðgerðir sem að því lúta. Í frumvarpinu er lagt til að í reglugerð um Byggðastofnun verði nánar kveðið á um ársfundi. Í reglugerð þarf m.a. að kveða á um það hverjir eigi rétt til setu á slíkum fundum. Mikilvægt er að á ársfundi mæti fulltrúar sem víðast að úr samfélaginu, svo sem sveitarstjórnarmenn, atvinnuráðgjafar, fulltrúar Alþingis og ráðuneyta, fulltrúar stofnana og stoðkerfis atvinnulífsins. Einnig mætti nefna fulltrúa einstakra atvinnugreina sem sérstaklega varða atvinnulíf og búsetu fólks á landsbyggðinni. Það að halda sérstakan ársfund er leið til að halda uppi opinni og faglegri umræðu um byggða- og atvinnumál.

Lagt er til að horfið verði frá þeirri skipan mála að Alþingi kjósi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar að afloknum þingkosningum. Þess í stað skipi iðnaðarráðherra sjö manna stjórn Byggðastofnunar á ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí ár hvert. Einnig er lagt til að iðnaðarráðherra skipi formann og varaformann stjórnar.

Í frumvarpinu er lögð meiri áhersla á að Byggðastofnun stundi rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun en gert er í gildandi lögum. Jafnframt er lagt til að Byggðastofnun taki þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á starfssviði hennar í þeim löndum þar sem aðstæður eru svipaðar og hérlendis, t.d. í Noregi, Skotlandi, Írlandi og austurströnd Kanada. Hér má einnig nefna norrænt samstarf og rannsóknaráætlanir Evrópusambandsins en Ísland er aðili að mörgum slíkum áætlunum á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Á undanförnum árum hefur aukinn hluti af fé Byggðastofnunar runnið til atvinnuþróunarfélaga og atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Nefndin telur að hér hafi verið um skynsamlega þróun að ræða. Er lagt til að þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar haldi áfram og verði jafnvel efldur. Telur nefndin að Byggðastofnun geti haft veigamiklu hlutverki að gegna varðandi samhæfingu atvinnuráðgjafar. Í því sambandi má nefna atvinnuvegabundna ráðgjafarstarfsemi, t.d. í landbúnaði og ferðaþjónustu. Þá telur nefndin að Byggðastofnun geti gegnt veigamiklu hlutverki á sviði fræðslu og endurmenntunar þeirra sem starfa við atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að Byggðastofnun hafi frumkvæði að uppbyggingu atvinnulífs og nýsköpunar á landsbyggðinni. Er gert ráð fyrir að stofnunin komi af stað verkefnum er miði að því að auka fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að Byggðastofnun hafi frumkvæði að því að hrinda slíkum verkefnum í framkvæmd og að leita eftir samstarfi við aðra um fjármögnun. Eru þessar breytingar m.a. í samræmi við þær áherslur sem fram koma í 1. og 2. tölul. þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001.

Á undanförnum árum hafa af og til komið upp umræður um það hvort rétt sé að Byggðastofnun reki lánastarfsemi. Hefur m.a. verið vísað til þeirra breytinga sem orðið hafa á fjármagnsmarkaði á síðustu árum og betra aðgengis að lánsfé. Nefndin hefur rætt þessi mál við ýmsa er starfa að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á landsbyggðinni. Voru flestir viðmælendur nefndarinnar þeirrar skoðunar að lánastarfsemi Byggðastofnunar hafi mikilvægu hlutverki að gegna í þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki á landsbyggðinni. Stofnunin hafi

í gegnum árin byggt upp mikla þekkingu á starfsemi fyrirtækja á landsbyggðinni og því mikilvægt að þeirri þekkingu verði viðhaldið, m.a. með lánastarfseminni. Telur nefndin eðlilegt að lánastarfsemi stofnunarinnar haldi áfram a.m.k. fyrst um sinn og er það í samræmi við það sem fram kemur í 2. tölul. áðurnefndrar þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Skv. 10. tölul. 4. gr. og 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stjórn Byggðastofnunar setji reglur um lánveitingar stofnunarinnar og geti m.a. falið forstjóra að ákveða lánveitingar. Með þessu ákvæði er opnað fyrir þann möguleika að stjórnin geti falið forstjóra að taka ákvarðanir um lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórnin setur þar sem m.a. yrðu ákvæði um upplýsingagjöf til stjórnar svo að hún geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. Slíkt fyrirkomulag gæti stuðlað að hraðari afgreiðslu lánsumsókna og veitt stjórninni svigrúm til að fjalla meira um aðra þætti í starfsemi stofnunarinnar. Þá er lagt til að stjórn stofnunarinnar geti tekið ákvörðun um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána sem og aðra fjámálaumsýslu stofnunarinnar. Tilgangurinn með þessari tillögu er að skapa sveigjanleika fyrir Byggðastofnun til að laga rekstur sinn að breyttum aðstæðum.

Í frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra hafi frumkvæði að gerð stefnumótandi byggðaáætlunar til fjögurra ára sem verði unnin í samvinnu við Byggðastofnun og í samráði við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra leggi byggðaáætlun fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Í frumvarpinu er kveðið á um að byggðaáætlun lýsi markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, fram komi áætlanir um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um stöðu Byggðastofnunar innan stjórnsýslukerfis ríkisins. Tekið skal fram að þrátt fyrir að í lögunum séu ýmis ákvæði er fela í sér ákveðið sjálfstæði stofnunarinnar er litið svo á að hún sé lægra sett stjórnvald í skilningi stjórnsýslulaga. Litið er svo á að Byggðastofnun teljist lánastofnun samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og gilda þau lög um starfsemi stofnunarinnar nema annað sé boðið í frumvarpinu.

Í greininni er síðan lögð til sú breyting að Byggðastofnun heyri undir iðnaðarráðherra í stað forsætisráðherra. Vísað er til umfjöllunar í almennum athugasemdum um þennan þátt frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild fyrir ráðherra til að ákveða staðsetningu Byggðastofnunar. Frumkvæði að slíkum flutningi skal koma frá stjórn stofnunarinnar. Hér er um opna heimild til handa ráðherra að ræða í þeim skilningi að ákvörðun um staðsetningu er í hans valdi. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er dómur Hæstaréttar frá 18. desember 1998 í málinu 213/1998. Þar komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að umhverfisráðherra þyrfti að afla sér lagaheimildar til að flytja Landmælingar Íslands frá Reykjavík til Akraness. Með vísan til þessarar niðurstöðu þykir eðlilegt að í löggjöf um Byggðastofnun sé heimild til handa ráðherra að flytja starfsemi hennar.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lögð til sú breyting að meginhlutverk Byggðastofnunar verði að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni, en í gildandi lögum er það að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Hér er verið að efla frumkvæði Byggðastofnunar til að vinna að fyrrgreindum markmiðum.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að stofnunin vinni að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun. Þá er lögð áhersla á samstarf Byggðastofnunar við aðra aðila um fjármögnun verkefna.

Í 3. mgr. er kveðið á um það hlutverk Byggðastofnunar að fylgist með þróun byggðar í landinu. Í ákvæðinu er lögð aukin áhersla á þá vinnu stofnunarinnar sem fellst í gagnasöfnun og rannsóknum í því skyni að fá betri vitneskju um helstu áhrifaþætti byggðaþróunar og ná þannig betri árangri í starfsemi sinni. Auk þess er kveðið á um að stofnunin skuli skipuleggja og vinna að atvinnuráðgjöf í samráði við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin geti gert eða látið vinna áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu á landsbyggðinni, eins og verið hefur. Sú breyting er gerð frá eldri lögum að stofnunin geti tekið þátt í gerð svæðisskipulags, sbr. nú 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr.73/1997.

Um 3. gr.

Lagt er til að horfið verði frá þeirri skipan mála að Alþingi kjósi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar að afloknum þingkosningum. Þess í stað skipi iðnaðarráðherra sjö manna stjórn Byggðastofnunar og sjö menn til vara á ársfundi stofnunarinnar sem halda skal fyrir 1. júlí ár hvert. Einnig er lagt til að iðnaðarráðherra skipi formann og varaformann stjórnar. Ráðherra er síðan veitt heimild til þess að kveða nánar um atriði er lúta að ársfundi í reglugerð. Að öðru leyti, og um skýringar á breytingunni, er vísað til umfjöllunar í almennum athugasemdum um stjórnsýslulega stöðu Byggðastofnunar.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um verkefni stjórnar Byggðastofnunar. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er lagt til að texti laganna verði einfaldaður og samræmdur. Í öðru lagi er bætt við nýjum efnisatriðum með breyttum áherslum. Í þriðja lagi eru felld út ákvæði sem eru í gildandi lögum. Eftirfarandi eru skýringar við einstaka töluliði:

1. Óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.
2. Lagt er til að stjórn móti stefnu stofnunarinnar varðandi helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjái til þess að henni sé framfylgt. Hér er lögð áhersla á frumkvæði stjórnarinnar og eftirfylgni varðandi helstu málefni stofnunarinnar.
3. Ákvæðið er til samræmingar og einföldunar.
4. Lagt er til að hér komi nýtt ákvæði þess efnis að stjórn skuli vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs. Markmið ákvæðisins er að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissari.
5. Lagt er til að stjórn fjalli um áætlanir sem stofnunin vinnur að, sem og skýrslur um starfsemi hennar. Þetta ákvæði kemur í stað 4. og 5. tölul. 5. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um að stjórn skuli einungis fjalla um byggðaáætlanir sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar eða lagðar fyrir hana til samþykktar. Breytt ákvæði miðar að víðtækara verksviði stjórnar varðandi áætlanir og einnig er ákvæðið til einföldunar og samræmingar lagatexta.
6. Í gildandi lögum er ekki ákvæði um að stjórn skuli fjalla um og samþykkja ársreikning stofnunarinnar. Það hefur hins vegar verið gert í framkvæmd og hér er lagt til skýrt lagaákvæði um að slíkt verði gert.
7. Óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

8. Lagt er til skýrt ákvæði um að stjórn skuli taka ákvarðanir um hlutafjárkaup stofnunarinnar. Þá er stjórn einnig veitt heimild til að eiga aðild að tilteknum félögum. Hér er um almennt og opið ákvæði að ræða og gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð.
9. Lagt er til að ákvæði gildandi laga um að stjórn setji reglur um lánakjör stofnunarinnar verði óbreytt, en bætt verði við að stjórn skuli setja reglur um fjármögnun verkefna. Um frekari útskýringar er vísað til umfjöllunar um 10. tölul.
10. Samkvæmt gildandi lögum tekur stjórn ákvarðanir um veitingu lána og ábyrgða, svo og um óafturkræf framlög. Lagt er til í frumvarpinu að stjórnin setji reglur um lán- og ábyrgðaveitingar og um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni. Með þessu er stjórn veitt svigrúm til þess að fela starfsmönnum stofnunarinnar ákveðið vald um að ákveða einstakar lán- og ábyrgðaveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Slíkar reglur geta t.d. varðað áhættustig útlána, þ.e. að starfsmönnum sé heimilt að ákveða einstakar lánveitingar undir tiltekinni áhættu. Gert er ráð fyrir að stjórn ákveði í reglum verkferli við afgreiðslu verkefna og lánsumsóknar, þ.e. hvernig skuli fara með greiningu og undirbúning þeirra. Þá er lagt til að stjórn setji reglur um upplýsingagjöf til sín um þessi efni.
11. Í ljósi þess að lögð er til breyting á stjórnskipulegri stöðu Byggðastofnunar skv. 1. og 3. gr. er hér lagt til það nýmæli að stjórn stofnunarinnar skuli annast önnur verkefni sem iðnaðarráðherra felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnumála.

Um 5. gr.

Lagt er til að iðnaðarráðherra skipi forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Breyting þessi helgast af breyttu skipulagi stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Til samræmis við breytingar sem gerðar eru frá gildandi lögum í 4. gr. frumvarpsins um verksvið stjórnar eru lagðar til nokkrar breytingar frá gildandi lögum varðandi verkefni forstjóra Byggðastofnunar. Hér er þó ekki um að ræða efnislegar breytingar á verkefnum forstjóra. Eftirfarandi eru skýringar við einstaka töluliði:

1. Óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.
2. Hér eru lagðar til breytingar frá gildandi lögum til einföldunar og samræmingar á lagatexta. Lagt er til að á einum stað sé kveðið á um hvaða tillögur forstjóri skuli gera til stjórnar. Hér er um að ræða atriði sem forstjóri skal hafa frumkvæði að og leggja fyrir stjórn. Töluliðurinn felur í sér 2., 3. og 5. tölul. 7. gr. gildandi laga auk nýrra atriða sem leiðir af öðrum ákvæðum frumvarpsins.
3. Óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.
4. Til samræmis við 11. tölul. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að undir verksvið forstjóra falli önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um byggðaáætlun. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að Byggðastofnun geri tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn og að ráðherra leggi tillöguna fyrir Alþingi til afgreiðslu. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að frumkvæði að gerð byggðaáætlunar verði hjá iðnaðarráðherra. Áætlunin á að lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Þá er í 2. mgr. lagt til að fellt verði út ákvæði um að í forsendum áætlunarinnar geri Byggðastofnun grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í einstökum landshlutum og markmiðum sem æskileg eru talin og þjóðfélagslega hagkvæmt að stefna að í þróun byggðar landsins í heild. Þess í stað verði kveðið á um að í byggðaáætlun skuli gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu í heild. Um þessa breytingu er vísað til athugasemda við 2. gr.

Í 3. mgr. er lögð er til sú breyting að í stað þess að Byggðastofnun hafi samráð við ráðuneyti og aðra aðila við gerð áætlunarinnar vinni iðnaðarráðherra áætlunina í samvinnu við Byggðastofnun að höfðu samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum. Þessa breytingu leiðir af breytingum skv. 1. og 3. gr. um breytta stjórnsýslulega stöðu Byggðastofnunar.

Lagt er til að niður falli ákvæði sem er í gildandi lögum um að Byggðastofnun geri einnig svæðisbundnar byggðaáætlanir í samráði við sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög og aðra aðila er málið varðar. Breytingin kemur m.a. til vegna þess að í 2. gr. eru almenn ákvæði um gerð áætlana og að stofnunin geti tekið þátt í gerð svæðisskipulags skv. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga. Þá er í 4. gr. kveðið á um að stjórn geti tekið ákvarðanir um starfsemi stofnunarinnar, þar á meðal um áætlanir. Loks getur Byggðastofnun gert samninga við atvinnuþróunarfélög og aðra aðila um gerð byggðaáætlana um einstaka landshluta.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun. Í samræmi við 2. gr. eru hér ákvæði um að Byggðastofnun vinni að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með byggðaþróun, helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru, t.d. í Noregi, Skotlandi, Írlandi og á austurströnd Kanada. Einnig eru ákvæði um að stofnunin geti tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknarstofnanir og aðra aðila um rannsóknir á þessu sviði. Með þessum ákvæðum er lögð áhersla á rannsóknarstarfsemi stofnunarinnar og að hún fylgist með þróun í byggða- og atvinnumálum. Þá er lögð áhersla á samstarf við erlenda aðila sem er nýmæli í lögum. Helgast það m.a. af auknu alþjóðlegu samstarfi og skal í því sambandi einkum nefna EES-samninginn og norrænt samstarf.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um atvinnuráðgjöf. Um er að ræða breytingu frá gildandi lögum, einkum til einföldunar og samræmingar. Lagt er til að Byggðastofnun skipuleggi og vinni að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög og aðra. Byggðastofnun skuli í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og bættri þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla þannig að sem bestri nýtingu þeirra fjármuna sem varið er til ráðgjafar. Atvinnuráðgjöf er nú að nokkru leyti atvinnuvegatengd. Má þar m.a. nefna ráðgjafarstarf í landbúnaði og ferðaþjónustu. Ákvæðinu er ætlað að auka samhæfingu og samstarf á þessum vettvangi.

Lagt er til í 3. mgr. að Byggðastofnun geti gert samninga við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Með þessu er lögð áhersla á að stofnunin geri samninga við atvinnuþróunarfélög um atvinnuráðgjöf og er það í samræmi við það sem stofnunin hefur unnið að. Að auki er lögð til sú nýjung að stofnunin geti gert samninga við sjálfstætt starfandi ráð-

gjafa um einstök ráðgjafarverkefni. Með þessu er lögð áhersla á að stofnunin hagnýti þjónustu sjálfstætt starfandi ráðgjafa sem eru víða á landsbyggðinni.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um fjármögnun verkefna. Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun geti veitt fé til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Hér er um að ræða óafturkræf framlög til verkefna en ekki rekstrarstyrki. Það er hlutverk stjórnar stofnunarinnar að ákveða verkefnin og að leita eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin í samvinnu við samstarfsaðila sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Ákvörðunarvald um val verkefna til fjármögnunar er þó ætíð hjá stjórn. Skipan verkefnanefnda er háð ákvörðun stjórnar hverju sinni. Einnig er gert ráð fyrir að stjórninni sé heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um veitingu lána og ábyrgða. Lagt er til að ákvæði í gildandi lögum um afstýringu neyðarástands verði ekki tekið beint upp í frumvarpið. Telja verður að heimildir Byggðastofnunar til slíks felist í almennum heimildum stofnunarinnar um fjármögnun verkefna.

Í 2. mgr. er lagt til að stjórn stofnunarinnar geti falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur, sbr. 10. tölul. 4. gr. Markmið þessarar heimildar er einkum að auka skilvirkni í afgreiðslu erinda viðskiptavina stofnunarinnar og að stjórn þurfi ekki að fjalla um öll slík erindi hversu umfangsmikil sem þau eru.

Í 3. mgr. er kveðið á um þá skyldu að reikningslegur aðskilnaður sé á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi og að fjárhagslegt markmið lánastarfsemi samkvæmt greininni skulu vera að viðhalda eigin fé. Er þetta í samræmi við 2. tölul. þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 þar sem kemur fram að lánastarfsemi Byggðastofnunar verði rekin á arðsemisgrundvelli. Aðskilnaður lánastarfseminnar í bókhaldi er nauðsynlegur til að stuðla að því markmiði.

Í 4. mgr. er opnað fyrir heimild stjórnarinnar að semja við fjármálastofnanir um afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir Byggðastofnunar til að taka þátt í fjármögnun áhættusamra verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar. Hér er um að ræða sérstakan þátt í starfsemi stofnunarinnar sem er ætlað að lúta reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar. Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með framlögum úr ríkissjóði.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um upplýsingar sem Byggðastofnun skal veita um starfsemi sína að eigin frumkvæði.

Um 14. gr

Hér er fjallað um tekjur Byggðastofnunar. Lagt til að 1. tölul. 17. gr. gildandi laga falli niður. Eignir Byggðasjóðs hafa runnið inn í Byggðastofnun og því er óþarfi að telja þær upp.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um lántöku Byggðastofnunar. Lagt er til að ekki verði tekið upp í frumvarpið ákvæði gildandi laga um að ráðstöfunarfé stofnunarinnar skuli vera a.m.k. 0,5 af hundraði þjóðarframleiðslu. Ákvæðið hefur ekki raunhæfa þýðingu og nægilegt er að slíkar heimildir séu innan fjárlaga hverju sinni.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um vörslu fjár Byggðastofnunar. Lögð er til sú breyting frá gildandi lögum að auk þess sem handbært fé Byggðastofnunar skuli geyma í bönkum eða sparisjóðum verði opnað fyrir þá heimild að handbært fé megi einnig geyma í tryggum verðbréfum. Þessi breyting kemur m.a. til vegna breytinga og þróunar á íslenskum fjármálamarkaði.

Um 17. gr.

Lagt er til að Byggðastofnun verði einungis undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs en ekki sveitarsjóða og annarra stofnana eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Ekki þykir eðlilegt að undanþiggja Byggðastofnun sérstaklega frá gjöldum sveitarfélaga og annarra aðila.

Um 18. gr.

Ákvæðið er samhljóða gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Ákvæðið er samhljóða gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að iðnaðarráðherra skipi stjórn Byggðastofnunar við gildistöku laganna og jafnframt formann og varaformann stjórnar og ákveði þóknun stjórnar fram að fyrsta ársfundi Byggðastofnunar sem halda skuli fyrir 1. júlí 2000.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Byggðastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný lög um Byggðastofnun og eldri lög falli úr gildi. Samhliða er lagt til að Byggðastofnun færist frá forsætisráðuneyti og heyri undir iðnaðarráðherra. Þá eru gerðar ýmsar breytingar í þeim tilgangi að fella störf stofnunarinnar að öðru nýskipunar- og atvinnuþróunarstarfi. Loks eru lagðar til breytingar á stjórnsýslu Byggðastofnunar og kveðið á um að iðnaðarráðherra ákveði staðsetningu stofnunarinnar að fenginni tillögu stjórnar.

Ekki verður séð að ákvæði um breytingar á stjórnsýslu og að iðnaðarráðherra ákveði staðsetningu stofnunarinnar hafi áhrif á útgjöld ríkisins þar sem engin ákvörðun liggur fyrir

um að flytja stofnunina. Gert er ráð fyrir að kostnaður við 12. gr. laganna verði innan núverandi fjárheimilda stofnunarinnar.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs frá því sem nú er, verði það óbreytt að lögum.

268. Frumvarp til laga [225. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meðan kjarasamningar eru í gildi ríkir svokölluð friðarskylda. Í friðarskyldunni felst að aðilar mega ekki á samningstímabilinu knýja fram breytingar á því sem um hefur verið samið með vinnustöðvun, þ.e. verkfalli eða verkbanni. Almennt hefur verið talið að friðarskyldan hvíli bæði á aðilum kjarasamnings og þeim sem bundnir eru af ráðningarsamningum sem styðjast við kjarasamninginn. Meginsjónarmiðið um að samninga beri að virða liggur til grundvallar friðarskyldunni en kjarasamningum er ekki síst ætlað að skapa starfsfrið á samningstímanum.

Á síðustu árum hefur það ítrekað gerst að fjöldi starfsmanna í sömu starfsstétt hjá hinu opinbera hefur sagt störfum sínum lausum á sama eða svipuðum tíma vegna óánægju með launakjör. Umræddum uppsögnum hafa ávallt fylgt viðræður milli starfsmanna og hlutaðeigandi aðila hjá hinu opinbera. Viðræðunum hefur ætíð lyktað með einhvers konar samkomulagi eða samningi um launahækkanir til starfsmanna sem þá hafa dregið uppsagnir sínar til baka eða sótt aftur um fyrri störf.

Í nýlegum dómi Félagsdóms (mál nr. 7/1999) var til úrlausnar hvort uppsagnir fjölda opinberra starfsmanna í sömu starfsstétt á sama tíma hjá sveitarfélaginu Árborg fælu í sér brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings. Í forsendum dómsins sagði: „Í 4. gr. laga nr. 75/1996, sem breyttu lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, segir svo: „Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.“ Engin sambærileg breyting hefur verið gerð á ákvæðum laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þrátt fyrir að gögn málsins beri með sér að um fjöldauppsagnir hafi verið að ræða hjá leikskólakennurum í Ár-

borg verður þeim uppsögnum, án skýrra lagaákvæða, ekki jafnað til aðgerða sem jafna megi til vinnustöðvunar og brots á friðarskyldu."

Dómurinn hafnaði þannig þeirri lögskýringu að almenn ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur tækju til opinberra starfsmanna hvað þetta varðar. Niðurstaða dómsins kallar á að ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði breytt að þessu leyti til samræmis við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur, enda standa engin rök til þess að aðrar reglur gildi um friðarskyldu opinberra starfsmanna.

Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 14. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Sú málsgrein verði efnislega samhljóða 19. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, sbr. 4. gr. laga. nr. 75/1996. Orðalagið er ekki alveg eins þar sem ólíkt ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur gera lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna ekki ráð fyrir vinnustöðvun af hálfu vinnuveitenda.

Áréttað skal að með orðalagi 2. málsl. málsgreinarinnar, þ.e. um aðrar sambærilegar aðgerðir starfsmanna er jafna má til verkfalla, er m.a. átt við fjöldauppsagnir starfsmanna. Sama skilning er að finna í lögskýringargögnum með fyrrnefndri 19. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Í upphaflegum texta að frumvarpi því er varð að lögum nr. 75/1995 var lagt til að 19. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur mundi hljóða svo: „Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um fjöldauppsagnir og aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar." Í nefndaráliti meiri hluta félagsmálanefndar var lögð til sú breyting að felld yrði brott tilvísun til fjöldauppsagna. Þá sagði að með því væri þó ekki lagt til að fjöldauppsögnum yrði aldrei unnt að jafna til vinnustöðvunar, enda gætu slíkar uppsagnir fallið undir aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna mætti til vinnustöðvunar. Þetta sjónarmið var ítrekað í ummælum framsögumanns fyrir áliti meiri hluta félagsmálanefndar um frumvarpið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nánari ákvæði um aðgerðir sem jafna megi til verkfalla í lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ekki er talið að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

269. Svar [129. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um sláturkostnað.

1. *Hver hefur verið árleg dilkakjötsframleiðsla frá árinu 1989?*

Ár	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
tonn	8.814	8.637	8.666	7.862	7.987	7.991	7.696	7.239	7.122	7.291

2. *Hver hefur verið sláturkostnaður, þ.m.t. flutningskostnaður, á hvert kíló á þessum árum, framreiknaður til núgildandi verðlags?*

Ár	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
kr.	185,07	176,16	170,99	162,07	153,96	152,88	150,16	146,54	144,19	145,90	144,16

3. *Hversu margir sláturleyfishafar hafa verið starfandi á þessum árum?*

Ár	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
fjöldi	28	26	25	25	24	24	24	23	17	17	16

270. Svar [119. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa.

1. *Hver hefur annast auglýsingar og auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sl. tíu ár?*

Auglýsingastofan Gott fólk, kt. 450788-1209, Lágmúla 6, 125 Reykjavík, hefur annast auglýsingagerð og mestan hluta af birtingum auglýsinga fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sl. tíu ár.

2. *Hver er kostnaðurinn af þessum auglýsingum hjá hvorri stofnun fyrir sig, sundurliðað eftir árum?*

Auglýsinga- og markaðskostnaður vegna sölu og innlausnar ríkisverðbréfa er ekki aðgreindur milli Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöðvar ríkisverðbréfa heldur er hann færður undir kostnað við lánsfjáröflun ríkissjóðs. Auglýsingakostnaðurinn aðgreinist á eftirfarandi hátt:

Ár	Auglýsingagerð	Birtingarkostnaður	Heildarkostnaður
1989			49.619.961
1990			57.522.716
1991	19.585.903	35.504.189	55.090.092
1992	11.167.821	27.399.612	38.567.433
1993	9.971.576	18.517.937	28.489.513

Ár	Auglýsingagerð	Birtingarkostnaður	Heildarkostnaður
1994	13.375.766	22.195.334	35.571.100
1995	15.903.875	30.546.117	46.449.992
1996	13.208.557	36.063.661	49.272.218
1997	15.289.699	27.671.063	42.960.762
1998	14.426.468	17.066.412	31.492.880
Samtals	112.929.665	214.964.325	435.036.667

Undir liðnum auglýsingagerð er allur aðkeyptur kostnaður, svo sem prentun, kvikmyndagerð, ljósmyndun, filmur og allur annar kostnaður frá hendi þriðja aðila. Kostnaðartölur fyrir auglýsingagerð og birtingar eru með virðisaukaskatti.

Á þessum tíma nam sala, innlausn og forinnlausn ríkisverðbréfa 960 milljörðum króna eins og sjá má á næstu töflu.

Í millj. kr.

	Sala			Innlausn/Forinnlausn			
Ár	Langtíma-bréf	Skammtíma-bréf	Samtals	Langtíma-bréf	Skammtíma-bréf	Samtals	Heildarvelta
1989	5.049		5.049	4.170		4.170	9.219
1990	8.275		8.275	1.825		1.825	10.100
1991	6.950	11.459	18.409	4.814	7.899	12.713	31.122
1992	5.622	21.577	27.199	4.537	13.682	18.219	45.418
1993	10.305	55.364	65.669	3.706	55.534	59.240	124.909
1994	14.997	56.482	71.479	9.825	50.596	60.421	131.900
1995	12.361	47.685	60.046	11.942	45.914	57.856	117.901
1996	27.290	66.586	93.876	30.878	66.186	97.064	190.940
1997	21.881	65.056	86.937	16.043	69.563	85.606	172.542
1998	19.236	45.730	64.966	21.032	42.817	63.849	128.815
Samtals			501.905			460.963	962.866

3. *Hvernig hefur útgáfu reikninga fyrir auglýsingagerð og birtingu auglýsinga verið háttað? Hver annast innheimtu reikninga hjá birtingaraðilum?*

Reikningar frá birtingaraðilum berast bæði beint frá þeim og í gegnum auglýsingastofuna en hún gefur út reikninga mánaðarlega fyrir auglýsingagerð og aðkeypta vinnu tengda henni.

4. *Hvaða afsláttur hefur verið birtur, sundurliðað eftir árum? Hafa Lánasýsla ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa notið afsláttar af birtingu eða gerð auglýsinga? Um hvaða upphæðir er að ræða, sundurliðað eftir árum?*

Ríkissjóður hefur notið afsláttar af birtingum í fjölmiðlum samkvæmt þeim kjörum sem á markaðinum hafa skapast. Sá afsláttur er yfirleitt ekki sundurliðaður sérstaklega en kemur fram í lægra birtingarverði.

5. *Hefur auglýsingastofan Gott fólk veitt afslátt eða notið afsláttar? Ef svo er, um hvaða fjárhæðir er að ræða, sundurliðað eftir árum?*

Enginn samningur hefur verið gerður við auglýsingastofuna um afslátt en kostnaðaráætlun er gerð um helstu verkþætti, bæði hvað varðar birtingu auglýsinga og auglýsingagerð. Auglýsingastofan leitar að öllu jöfnu tilboða hjá undirverktökum og er almennt leitað bestu kjara og hagstæðustu tilboðum tekið.

6. *Er Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa enn starfrækt eins og ráða má af svari á þskj. 115?*
Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa er hætt starfsemi.

7. *Ef hún hefur verið lögð niður, hvenær var það gert?*
Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa hætti starfsemi 1. maí 1997.

8. *Hefur verið fram haldið áskriftarkerfi ríkisverðbréfa? Ef svo er, hver gaf út þá heimild?*
Í apríl 1989 var almenningi gefinn kostur á að kaupa spariskírteini ríkissjóðs í mánaðarlegri áskrift. Því kerfi hefur verið haldið áfram síðan og kaupa nú um tíu þúsund manns mánaðarlega spariskírteini í áskrift en frá upphafi hafa hátt í þrjátíu þúsund aðilar nýtt sér þetta sparnaðarform í lengri eða skemmri tíma og hjá mörgum eru þetta fyrstu spor á sparnaðarbrautinni. Þessi grunnsparnaður í öruggum verðbréfum hefur oft og tíðum leitt til frekari fjárfestingar á íslenskum verðbréfamarkaði og því nýst öllum fjármagnsmarkaðinum. Þegar Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa var lögð niður ákvað fjármálaráðuneytið að Lánasýslan héldi áfram rekstri áskriftarkerfisins. Ráðuneytið hefur ákveðið að frá næstu áramótum verði áskriftarkerfið rekið fjárhagslega aðgreint frá annarri starfsemi Lánasýslunnar.

9. *Hvers vegna hafa auglýsingar og auglýsingagerð ekki verið boðnar út, sbr. svar á þskj. 115?*
Aukið frjálsræði á innlenda fjármagnsmarkaðinum, samfara vaxandi eftirspurn eftir lánsfé, breytti verulega samkeppnisstöðu spariskírteina frá því sem áður var. Við þær aðstæður var ákveðið að breyta fyrirkomulagi við sölu þeirra og færa hana frá Seðlabanka Íslands til Þjónustumiðstöðvar ríkisverðbréfa og síðar Lánasýslu ríkisins. Aukin samkeppni hafði dregið úr sölu spariskírteina og því var talið mikilvægt að styrkja markaðsstöðu þeirra. Hluti af því verki var að fá auglýsingastofuna Gott fólk til að skapa nýja ímynd fyrir þau á markaði og ráðleggja um söluaðferðir. Þótti síðan æskilegt að fela auglýsingastofunni úrvinnslu og frágang þeirra hugmynda sem í upphafi voru mótaðar í samvinnu við hana, enda um hugverk auglýsingastofunnar að ræða. Á þessum tíma byggðist upp þekking og reynsla sem mikilvægt var að glataðist ekki heldur nýttist til enn betri árangurs. Þá er ljóst að við ímyndasköpun af þessu tagi skiptir miklu að samfella sé í kynningarmálum og ekki sé horfið frá auglýsingaþemum sem alþekkt eru orðin og gefið hafa góða raun.

271. Frumvarp til laga [226. mál]

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 66/1995.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og foreldra“ í 4. mgr. kemur: foreldra og nemenda.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nemendur kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins og önnur mál sem með beinum hætti snerta hagsmuni nemenda í viðkomandi skóla.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tveir fulltrúar nemenda, eða nemendaráðs þar sem það er starfandi, eiga rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins og önnur þau mál sem með beinum hætti snerta hagsmuni nemenda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samningurinn um réttindi barna, oftast nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var undirritaður fyrir Íslands hönd 26. janúar 1990 og með samþykkt þingsályktunar á Alþingi 13. maí 1992 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Það var gert hinn 28. október sama ár. Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll þau réttindi sem þeim eru tryggð í sáttmálanum.

Í 12. gr. samningsins segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.“

Flest börn dvelja stóran hluta dagsins í skóla og viðurkennt er að skólinn hefur mikil áhrif á uppeldi og félagsmótun barna og ungmenna. Fyrir mörg börn er skólinn bæði leik- og vinnustaður. Því er mikilvægt að börn og unglingar eigi þess kost að setja með formlegum og skipulegum hætti fram skoðanir sínar og álit á skipulagi vinnunnar, aðstöðu nemenda og vinnubrögðum á þessum mikilvæga vinnu- og leikstað sínum.

Í núgildandi lögum um grunnskóla er hlutur foreldra við stjórn grunnskólans og möguleikar til að hafa áhrif á störf hans auknir frá því sem var og er það vel. En í þeim sömu lögum er skertur réttur nemenda til að geta formlega komið á framfæri skoðunum sínum um skipulag skólastarfsins eða annað sem hefur bein áhrif á aðstæður nemenda í skólanum.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var gert ráð fyrir því að fulltrúi nemenda eða nemendaráðs ætti „rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, þegar rætt er um skipulag skólastarfsins“. Við setningu núgildandi laga var þetta ákvæði fellt út með eftirfarandi rökstuðningi í greinargerð: „Rétt þykir að hafa það í valdi hvers skóla hvernig formlegri aðild nemenda að stjórn skólans er fyrir komið.“

Í ljósi ákvæða barnasáttmálans um að börnum skuli tryggður réttur til að láta í ljósi skoðanir á öllum málum sem þau varða þykir rétt að ákvæði séu í grunnskólalögum þess efnis að börnin eigi þennan rétt án tillits til aðstæðna í viðkomandi skóla.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var einnig ákvæði um skólaráð sem skipað skyldi fulltrúum starfsfólks skóla, foreldra og nemenda. Skólum var þó heimilt að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði og fámenni nefnt sem gild ástæða. Ákvæði þess efnis í núgildandi lögum að skólastjóri skuli a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til að veita upplýsingar um skólastarfið og til að fjalla um starfsemi þessara ráða er e.t.v. sambærilegt við ákvæði eldri laga um skólaráð.

Í eldri lögum var ekki ákvæði þess efnis að fulltrúar nemenda ættu rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað væri um málefni sem snerta hagsmuni nemenda sérstaklega.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðanir sínar um öll mál sem snerta þau sjálf. Til að tryggja betur en nú er formlegan farveg fyrir nemendur grunnskólans til að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans, málefnum sem snerta þá sjálfa, er gerð tillaga um þessar breytingar á lögum um grunnskólann.

Frumvarp þetta var flutt á 122. og 123. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að nemendum sé bætt við í upptalningu 4. mgr. 13. gr. laganna á þeim sem rétt eiga til setu á fundum skólanefndar þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins eða önnur bein hagsmunamál nemenda.

Í ljósi þeirra verkefna sem skólanefnd eru falin þykir eðlilegt að nemendur eigi rétt til setu á fundum skólanefnda með málfrelsi og tillögurétti þegar skólanefnd fjallar um málefni sem snerta nemendur í viðkomandi skóla sérstaklega en í sumum skólahverfum eru fleiri en einn skóli. Skólanefnd staðfestir m.a. áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgist með námi og kennslu, skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi og skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Allt eru þetta verkefni sem eðlilegt er að nemendur fái að láta í ljós skoðun á þegar um þau er fjallað.

Ný málsgrein sem lagt er til að bætist við 13. gr. laganna fjallar um fyrirkomulag kosninga á fulltrúum nemenda til setu á skólanefndarfundum. Rétt þykir að nemendur kjósi fulltrúa beint úr sínum hópi þar sem einungis er heimilt en ekki skylt samkvæmt núgildandi lögum að stofna nemendaráð. Einnig þykir rétt að fulltrúar nemenda séu tveir svo þeir hafi stuðning hvor af öðrum. Með því yrði tekið tillit til veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 2. gr.

Ný 2. mgr. er felld inn í 17. gr. Með málsgreininni er gert ráð fyrir því að nemendur, eða nemendaráð, eigi tvo fulltrúa á kennarafundum. Þetta er stutt sömu rökum og sett eru fram fyrir tveimur fulltrúum nemenda í skólanefnd, þ.e. að þeir styrki hvor annan vegna veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

272. Frumvarp til laga [227. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

B-liður 47. gr. laganna hljóðar svo: Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 18 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með setningu lögræðislaga, nr. 71 28. maí 1997, sem tóku gildi 1. janúar 1998 var sjálfræðisaldur hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Lagaskoðunarnefnd hefur farið yfir ákvæði sem þarfnast breytinga eftir lögtöku lögræðislaganna til að samræmis sé gætt og eru jarðalögin ein af þeim.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum.

Frumvarp þetta er endurskoðun á jarðalögum, nr. 65/1976, og er lagt fram í þeim tilgangi að hækka aldurstakmarkanir barna jarðeigenda til samræmis við breytingar á lögræðislögum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

273. Frumvarp til laga [228. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. hljóðar svo: Gjald fyrir veiðikort skal vera 1.900 kr. á ári.
b. 4. mgr. hljóðar svo:

Þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum skulu hafa tekið próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Veiðistjóri heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. Veiðistjóra er heimilt að innheimta gjald fyrir töku prófs um villt dýr og um-

hverfi þeirra og í hæfni til veiða og fyrir námskeið til undirbúnings prófunum. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur að fengnum tillögum veiðistjóra gjaldskrá fyrir próf og námskeið til undirbúnings hæfnisprófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu er lagt til að hækka gjald fyrir veiðikort og að lögbinda upphæð þess. Einnig er lögð til sú breyting að allir verðandi veiðimenn verði skyldaðir til að taka próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Auk þess er lögð sú skylda á veiðistjóra að halda námskeið til undirbúnings hæfnisprófunum.

Í a-lið 1. gr. er lagt til að gjald fyrir veiðikort verði hækkað um 300 kr., annars vegar í samræmi við framfærsluvísitölu, en sú hækkun nemur um 100 kr. frá því að gjald fyrir veiðikort var síðast hækkað 1. janúar 1998 í samræmi við heimild í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og fram á næsta ár, og hins vegar um 200 kr. hækkun sem mun fara til rannsókna á rjúpnastofninum í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar þess efnis að 4 millj. kr. verði lagðar í rannsóknir á rjúpnastofninum á næstu tveimur árum. Að tveimur árum liðnum munu þessir fjármunir fara í veiðikortasjóð og nýtast til rannsókna á öðrum villtum fuglum og villtum spendýrum. Fjármunir veiðikortasjóðs til rannsókna á villtum dýrum hafa nýst mjög vel og hafa þær aukist verulega með tilkomu hans. Fjármunir sjóðsins hafa þó ekki dugað til rannsókna á öllu sem nauðsynlegt er að rannsaka til þess að hægt sé að segja með vissu fyrir um ástand stofna villtra dýra og meta veiðiþol þeirra. Miðað við núverandi fjölda endurnýjaðra veiðikorta mun þessi hækkun auka tekjur veiðikortasjóðs um 2 millj. kr.

Annars staðar á Norðurlöndum er gjald fyrir veiðikort nokkuð hærra en hér. Veiðikort í Svíþjóð kostar 200 sænskar krónur, í Danmörku 355 danskar krónur, í Finnlandi 120 finnsk mörk og í Noregi kostar veiðikort 210 norskar krónur.

Lagt er til að fallið verði frá því að gjald fyrir veiðikort sé þjónustugjald, enda eru þeir fjármunir sem koma inn fyrir veiðikort einnig ætlaðir í annað en að gefa út veiðikort, t.d. að standa undir kostnaði við rannsóknir á villtum dýrum.

Í b-lið 1. gr. er lögð til sú breyting að allir veiðimenn verði skyldaðir til, áður en þeir fá útgefið veiðikort í fyrsta sinn, að taka próf um villt dýr og umhverfi þeirri og í hæfni til veiða en samkvæmt lögunum er ráðherra heimilt að kveða á um prófskyldu. Betra þykir að kveðið sé á um þetta afdráttarlaust. Einnig er lagt til að veiðistjóra verði skylt að halda hæfnisnámskeið. Hversu oft þau eru haldin ræðst af þátttöku. Veiðstjóra er heimilt að semja við aðra aðila um námskeiðahald sem eru til þess hæfir að mati embættisins. Ekki þykir rétt að gera það að skyldu að verðandi veiðimenn sæki slík námskeið því að hver og einn verður að gera það upp við sig áður en til prófs kemur hvort hann telji sig hafa nægjanlega þekkingu til að undirgangast próf.

Gerð er tillaga um að lagt verði á þjónustugjald til að standa undir kostnaði við próf og námskeiðahald. Slík gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og er lagt til að ráðherra setji gjaldskrá fyrir próf og námskeið til undirbúnings hæfnisprófum, að fengnum tillögum veiðistjóra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Tilgangur frumvarpsins er tvíþættur: Annars vegar að hækka gjald fyrir veiðikort úr 1.600 kr. í 1.900 kr. en í lögum nr. 64/1994 er heimiluð gjaldtaka að hámarki 1.500 kr. sem tekur mið af breytingum framfærsluvísitölu. Í ár var gjaldið 1.600 kr. Áætlað er að þetta auki tekjur veiðikortasjóðs um 2 m.kr. Hins vegar er tilgangur frumvarpsins að skylda alla veiðimenn til að taka próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Einnig er veiðistjóra skylt að halda námskeið til undirbúnings hæfnisprófum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs þar sem ætla má að auknar tekjur af veiðikorti renni til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra og gert er ráð fyrir að veiðistjóra sé heimilt að taka gjald fyrir próftöku og þátttöku í námskeiðum til undirbúnings hæfnisprófum.

274. Svar [99. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinsssonar um þörf á byggingu leiguíbúða.

1. *Hvaða upplýsingar liggja fyrir um mat sveitarfélaga og félagasamtaka á þörf á byggingu leiguíbúða?*

Samkvæmt gildandi lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, skipaði félagsmálaráðherra í ágúst 1998 nefnd til að gera úttekt á leigumarkaði hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár, í samráði við fulltrúa sveitarfélaga, aðra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB. Nefndinni var jafnframt falið að meta nauðsyn þess að gera breytingar á húsaleigulögum.

Í starfi nefndarinnar varð strax augljós nauðsyn þess að afla upplýsinga um leigumarkaðinn. Lá beinast við að gera könnun meðal félagslegra framkvæmdaraðila, þ.e. sveitarfélaga og félaga sem eiga og reka leiguíbúðir. Ákveðið var að senda út spurningalista með óskum um upplýsingar um stöðu og horfur í leiguíbúðamálum ásamt spurningum um hvaða áhrif ný lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, hefðu varðandi leiguíbúðir. Nefndin vann spurningalista annars vegar fyrir sveitarfélög og hins vegar félagasamtök. Um miðjan október 1998 sendi nefndin öllum sveitarfélögum landsins spurningalista með ósk um svör fyrir 15. desember 1998. Í nóvember 1998 var félögum og félagasamtökum sem eiga og reka leiguíbúðir send spurningaskrá í sama augnamiði. Reyndin varð sú að töluvert lengri tíma tók að safna svörum saman en ráðgert var í upphafi.

Nú er verið að leggja síðustu hönd á greinargerð um þessa viðamiklu könnun. Einnig er unnið að samantekt um almennan leigumarkað sem byggist m.a. á upplýsingum úr nýlegri könnun Hagstofu Íslands. Nokkrar tafir hafa orðið á aðgengi að gögnum frá Hagstofu. Niðurstöðurnar verða góður grunnur að framtíðarstefnumótun varðandi leiguíbúðir og leigumarkað.

Í könnuninni er m.a spurt um biðlista eftir leiguhúsnæði. Eðli málsins samkvæmt verður að taka upplýsingar um biðlista með fyrirvara. Hugsanlegt er að þeir sem eru á biðlistum hafi þegar fengið viðunandi úrræði eða séu skráðir á fleiri en einum stað. Upplýsingar um biðlista gefa hins vegar ákveðna og mikilvæga vísbendingu um þörfina. Meginniðurstöður eru þær að mikil þörf er talin á því að efla leigumarkaðinn í Reykjavík og stærri sveitarfélögum í nágrenni hennar.

Nefndin, sem er m.a. skipuð fulltrúum frá ASÍ, BSRB, Samtökum sveitarfélaga og tveimur fulltrúum félagslegra framkvæmdaraðila, vinnur nú að endanlegri tillögugerð sem mun ljúka alveg á næstunni.

2. *Hverjir eru það fyrst og fremst, t.d. flokkað eftir tekjum, fjölskyldustærð og atvinnu, sem háðir eru framboði á leiguhúsnæði til þess að uppfylla húsnæðisþarfir sínar og hver er staða þeirra nú í húsnæðismálum?*

Könnun nefndarinnar á þörf nær eingöngu til félagslegra framkvæmdaraðila, þ.e. sveitarfélaga og félagasamtaka sem eiga og reka félagslegar leiguíbúðir. Þessar leiguíbúðir eru fyrst og fremst ætlaðar láglaunafólki og fólki sem býr við erfiðar félagslegar aðstæður. Réttur til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka er bundinn skilyrðum um tekju- og eignarmörk og félagslegar aðstæður umsækjanda. Það kemur því ekki á óvart að sveitarfélög og félagasamtök nefna oftast einstæða foreldra, barnafjölskyldur, öryrkja og námsmenn sem þá hópa sem séu í mestri þörf fyrir félagslegar leiguíbúðir. Þá er einnig augljóst að fólk sem orðið hefur fyrir fjárhagslegum áföllum og breytingum á félagslegum aðstæðum er í brýnni þörf fyrir félagslegar leiguíbúðir.

3. *Hver er lánsfjárþörfin svo að fullnægja megi eftirspurn eftir leiguhúsnæði í samræmi við mat sveitarfélaga og félaga sem annast byggingu og rekstur slíks húsnæðis og hvernig hyggst ríkisstjórnin mæta þeirri þörf?*

Í byrjun árs bárust umsóknir til Íbúðalánasjóðs frá 14 sveitarfélögum um samtals 272 leiguíbúðir og frá 11 félagasamtökum um samtals 296 íbúðir, eða alls 568 íbúðir. Stjórn Íbúðalánasjóðs ákvað að veita samtals tæplega 1.790 millj. kr. til 456 leiguíbúða á árinu. Nær allar óskir sveitarfélaga voru uppfylltar og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu fengu umbeðnar lánsheimildir.

Aldrei áður hefur félagslegum framkvæmdaraðilum staðið til boða jafnmikið lánsfé til að byggja eða kaupa leiguíbúðir. Tímabilið 1991–97 voru að meðaltali veitt um 270 lán á ári og eru þá kaupleiguíbúðir, bæði almennar og félagslegar, teknar með en þeim hefur mörgum hverjum verið breytt í eignaríbúðir. Í ársbyrjun voru húsaleigubætur hækkaðar um 13% en þær höfðu verið óbreyttar frá árinu 1995. Tekjuskerðing var lækkuð úr 2% í 1% og frítekjumark hækkað í 1600.000 kr. á ári.

Á yfirstandandi ári hefur verið mikil þensla í byggingariðnaði, á fasteignamarkaði og leigumarkaði á ákveðnum svæðum. Byggingarkostnaður og fasteignaverð hafa hækkað. Ástæður þenslu og mikillar eftirspurnar eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu eru þær helstar að kaupmáttur hefur aukist mjög að undanförnu og aðflutningur umfram brottflutta til höfuðborgarsvæðisins hefur aldrei verið meiri en á þessu ári.

Í félagsmálaráðuneytinu er nú unnið að langtímastefnumótun með það fyrir augum að efla leigumarkað og styrkja stöðu leigjenda. Framtíð húsaleigumála þarf að vera hluti af heildarsýn í húsnæðis- og byggðamálum. Nefnd um leiguíbúðir mun skila niðurstöðum á næstunni og verða þær grundvöllur stefnumótunarinnar.

275. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Heimilt er að veiða 2% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, síldar, úthafsrækju, innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun næsta árs til viðkomandi fiskiskips í sömu fisktegund.
b. 2., 4. og 5. mgr. falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með því að fella áðurnefndar málsgreinar út úr lögunum er tekið á því vandamáli sem fylgt hefur tegundatilfærslum á undanförnum árum þar sem útgerðin hefur í reynd búið sér til sjálftökukvóta langt umfram leyfilegan úthlutaðan fiskikvóta af viðkomandi fisktegund. Svo rammt hefur kveðið að þessu að haldið hefur verið uppi miklu meira veiðiálagi á karfastofna, svo dæmi sé tekið, en úthlutað var árum saman af þessari fisktegund. Þessi ofveiði sem stórútgerðin hefur haldið uppi á karfa með þessu tegundaflakki sést best í meðfylgjandi töflu frá Fiskistofu sem sýnir að fisktegundir bátaflotans næst ströndinni hafa verið notaðar til framleiðslu á karfakvóta.

Þetta kvótahopp hefur í mörg ár, eins og sést í töflunni, orðið til þess að hér við land hefur verið haldið uppi ofveiði á karfastofninum. Mjög margir skipstjórnarmenn hafa einmitt varað við þessu á undanförnum árum, svo og samtök þeirra eins og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Fiskistofa:

Leyfilegur heildarafli, tegundatilfærslur[1] aflamarks og heildarafli á fiskveiðiárunum 1992/93–1998/99. Botnfisktegundir.

(Tölur fyrir tegundatilfærslu aflamarks eru nettótölur. Allar tölur miðast við lestir og óslægðan afla þar sem það á við.
Aflatölur fiskveiðiársins 1998/99 eru bráðabirgðatölur)

	Fiskveiðiárið 1992/93			Fiskveiðiárið 1993/94			Fiskveiðiárið 1994/95			Fiskveiðiárið 1995/96		
	Leyfil. heildar-afli skv. rgl.	Tegunda-tilfærsla[1]	Heildarafli allra skipa	Leyfil. heildar-afli skv. rgl.	Tegunda-tilfærsla[1]	Heildarafli allra skipa	Leyfil. heildar-afli skv. rgl.	Tegunda-tilfærsla[1]	Heildarafli allra skipa	Leyfil. heildar-afli skv. rgl.	Tegunda-tilfærsla[1]	Heildarafli allra skipa
Þorskur	205.000	-597	240.808	155.000	-44	196.929	155.000	-93	164.113	155.000	-75	169.768
Ýsa	65.000	-5.226	48.029	65.000	-3.306	56.171	65.000	-2.159	60.528	60.000	-2.985	53.914
Ufsi	92.000	-3.666	76.062	85.000	-5.154	66.620	75.000	-7.504	49.919	70.000	-12.214	40.547
Karfi	104.000	6.756	103.325	90.000	8.216	93.299	77.000	13.260	91.146	65.000	11.281	78.369
Steinbítur	-	-	12.384	-	0	13.322	-	-	12.280	-	-	15.179
Grálúða	30.000	5.750	34.717	30.000	2.002	28.420	30.000	-1.031	26.499	20.000	-276	22.371
Skarkoli	13.000	598	12.764	13.000	378	12.465	13.000	-217	11.320	13.000	-445	11.197
Langlúra	-	-	1.658	-	-	1.771	-	-	1.642	-	-	1.699
Sandkoli	-	-	3.313	-	-	4.676	-	-	5.626	-	-	6.792
Skrápflúra	-	-	1.339	-	-	1.560	-	-	4.952	-	-	6.109
Samtals	**509.000**	**5.005**	**534.399**	**438.000**	**3.604**	**475.233**	**415.000**	**4.307**	**428.026**	**383.000**	**-1.601**	**405.945**

	Fiskveiðiárið 1996/97			Fiskveiðiárið 1997/98			Fiskveiðiárið 1998/99		
	Leyfil. heildar-afli skv. rgl.	Tegunda-tilfærsla[1]	Heildarafli allra skipa	Leyfil. heildar-afli skv. rgl.	Tegunda-tilfærsla[1]	Heildarafli allra skipa	Leyfil. heildar-afli skv. rgl.	Tegunda-tilfærsla[1]	Heildarafli allra skipa
Þorskur	186.000	-100	203.811	218.000	-123	227.757	250.000	-152	254.323
Ýsa	45.000	462	49.701	45.000	-4.698	37.799	35.000	-55	44.982
Ufsi	50.000	-15.826	37.368	30.000	-1.006	32.692	30.000	-1.080	30.778
Karfi	65.000	9.336	74.090	65.000	6.952	68.088	65.000	5.373	72.575
Steinbítur	13.000	-464	11.591	13.000	-1.687	11.766	13.000	-2.998	13.084
Grálúða	15.000	630	17.655	10.000	864	10.746	10.000	976	11.335
Skarkoli	12.000	-1.370	10.512	9.000	-678	8.238	7.000	-147	7.431
Langlúra	1.200	183	1.300	1.100	33	995	1.100	-16	1.157
Sandkoli	-	-	8.260	7.000	-8	6.032	7.000	-2.319	4.205
Skrápflúra	-	-	5.471	5.000	-453	3.413	5.000	-1.929	3.257
Samtals	**387.200**	**-3.965**	**419.759**	**403.100**	**316**	**407.526**	**423.100**	**-1.568**	**443.126**

[1] Heimild aflamarksskipa til að veiða umfram aflamark af tiltekinni botnfisktegund skv. 1. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Á fiskveiðiárinu 1997/98 var stuðlum sem nota ber við umreikning á óslægðum þorsk-, ýsu- og ufsaafla í slægðan afla breytt úr 0,8 í 0,84.

276. Frumvarp til laga [230. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 6. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er verða 2. og 3. málsl. og orðast svo: Þó er óheimilt að flytja aflamark eða framselja aflahlutdeild til frystiskipa umfram þá aflahlutdeild sem þau höfðu 1. september 1999. Heimilt er að flytja aflaheimild og aflahlutdeild milli frystiskipa sé um sambærileg skip að ræða, sbr. 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um margra ára skeið hefur sú þróun átt sér stað í kvótakerfinu að botnfiskaflakvótinn hefur safnast til frystiskipa fiskveiðiflotans og jafnframt hefur heföbundnum fiskibátum fækkað mikið. Aflakvóti bátaflotans hefur einnig minnkað mikið sem hlutfall af úthlutuðum kvóta til fiskiskipa stærri en 6 tonn (krókabáta), þó svo að það hafi í raun verið falið með því að taka fleiri strandveiðifisktegundir, eins og sandkola, skrápflúru og steinbít, inn í kvóta og fjölga þannig þorskígildum bátaflotans.

Það er svo saga út af fyrir sig hvernig áðurnefndar viðbótartegundir í kvótakerfinu hafa verið notaðar í svokallaða tegundatilfærslu og þannig búið til sjálftökukvóta í karfa og grálúðu.

Hér er lagt til að sett verði í lög ákvæði sem kemur í veg fyrir að frystiskipin geti haldið áfram að safna til sín veiðiheimildum bátaflotans, með öðrum orðum að sá floti verði þá að „hagræða“ aflaheimildum innbyrðis milli frystiskipa ef á að færa á þau meiri afla í almennum botnfisktegundum. Við umfjöllun um frumvarpið er rétt að skoða hvort slík takmörkun eigi ekki að ná til t.d. karfa og grálúðu sem eru tvímælalaust þær fisktegundir sem best nýtast frystiskipum til verðmætasköpunar.

Fjöldamörg rök má færa fyrir því að setja slíkt ákvæði í lög. Ekki verður á móti mælt að á bak við útgerð frystiskipa eru öll fjárhagslega sterkustu fyrirtækin í sjávarútvegi. Því liggur í augum uppi að ef þennan öfluga flota vantaði kvóta gætu svo fjársterkir aðilar keypt upp veiðirétt eins eða tveggja lítilla útgerðarstaða án þess að þurfa lántöku eða sérstaka fjármögnun til kaupanna. Í þessu liggur viss hætta sem fylgir þeirri einstæðu útfærslu sem við höfum komið okkur upp í kvótaverslunarkerfinu þar sem í því eru engar girðingar svo að koma megi í veg fyrir slys eins og þau að niðurskurður á úthafskarfakvóta verði ekki sjálfkrafa til þess að byggð leggist af á Hólmavík eða Þórshöfn, svo að dæmi séu tekin, vegna þess að þaðan fór kvótinn sem vantaði í úthaldseyðuna hjá frystiskipunum. Þótt hér sé aðeins lagt til að setja slíka takmörkun á framsal til frystiskipa má vafalaust benda á rök í þá átt að almennt sé rétt að setja nokkrar girðingar í núverandi kvótakerfi og skipta þannig flotanum upp í útgerðarflokka. Það mundi örugglega auðvelda meðferð og lagfæringar á miklum göllum kvótabrasksins í kerfinu.

277. Svar [137. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Ólafssonar um aðgang nemenda að klám- og ofbeldisefni á netinu.

1. *Hvað hyggst ráðherra gera varðandi aðgang grunn- og framhaldsskólanema að klám- og ofbeldisefni á netinu?*

Rétt er að taka af allan vafa um að í íslenskum skólum er nemendum grunn- og framhaldsskóla með öllu óheimilt að nota tölvur og netaðgang skólanna í ólöglegum tilgangi, þar á meðal til þess að nálgast eða dreifa ofbeldis- og klámefni á netinu. Er því treyst að skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skólanna geri sitt ítrasta og beiti viðurlögum til að koma í veg fyrir að búnaður og netaðgangur skólanna sé misnotaður með þessum hætti. Brýnt er að skólar sem enn hafa ekki gert nemendum það ljóst að þessi iðja sé með öllu bönnuð innan skólans geri það hið fyrsta og skilgreini jafnframt hvernig tekið verður á slíkum málum. Upplýsa þarf foreldra um viðurlög í þessum efnum og kalla þá til samábyrgðar. Hið sama á raunar við um almennan aga og reglufestu.

Í framhaldskólum eiga skólareglur að taka af allan vafa um til hvers er ætlast af nemendum og á grunnskólastigi hefur ráðherra beitt sér fyrir aukinni reglufestu í skólastarfi með skipan starfshóps um skólareglur og aga í grunnskólum í samvinnu við landssamtök foreldra Heimili og skóli, umboðsmann barna, Skólastjórafélag Íslands, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Hópurinn lauk störfum í ágúst sl. og hefur ráðherra fallist á tillögur hans um framhald málsins. Mikilvægt er að áhersla verði lögð á að skapa góðan vinnuanda í hverjum skóla og í einstökum bekkjardeildum í góðu samstarfi við foreldra. Gera á kröfu um námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og háttvísa framkomu. Reglugerð um skólareglur og aga í grunnskólum er í endurskoðun og mun taka mið af framangreindum atriðum.

En slík viðleitni dugar ekki ein sér, enda er ljóst að nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri geta komist í klám og ofbeldisefni eftir mörgum leiðum. Þannig hafa margir skólastjórnendur látið í ljós þá skoðun að þeir treysti sér vel til að stemma stigu við þessum ófögnuði í tölvukerfum skólanna sjálfra en algengt sé að nemendur beri efnið inn í skólann eftir öðrum leiðum, til dæmis á disklingum heiman frá sér eða frá vinum og kunningjum þar sem eftirlit með netnotkun nemenda er ef til vill ekki nægilega strangt. Ef þetta er tilfellið liggur höfuðvandinn ekki í aðgangi nemenda að klámi og ofbeldisefni innan skólanna heldur aðgangi þeirra að slíku efni utan hans. Ábyrgð foreldra og annarra aðstandenda er því einnig mikil og brýnt að tekið sé á málinu á þeim vettvangi um leið og leitast er við að koma í veg fyrir að tölvukerfi skólanna verði griðarstaður misnotkunar af þessu tagi. Foreldrar þurfa að fylgjast með netnotkun barna sinna og standa saman um aðgerðir.

2. *Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að skólarnir fái fullnægjandi búnað til að hindra aðgang nemenda að óæskilegu efni á netinu?*

Eins og greint er frá hér að framan er það á ábyrgð einstakra skóla að koma í veg fyrir umrædda misnotkun á tölvukosti og nettengingu. Rekstur grunnskóla er í höndum sveitarfélaga og ákvarðanir um viðbrögð við þessum vanda á hverjum stað er því þeirra. Þar sem vandinn getur verið afar mismunandi eftir því hvar borið er niður er mikilvægt að tryggja svigrúm skólanna til að bregðast við með viðunandi hætti í hverju tilfelli, hvort sem það er með uppsetningu sérstaks hugbúnaðar, sem lokar á klám og ofbeldissíður, uppsetningu eftirlitsmyndavéla í tölvuverum eða með öðrum hætti.

Nokkrir framhaldsskólar hafa nú komið sér upp búnaði sem hindrar aðgang nemenda og annarra að klámi og ofbeldisefni á netinu. Sem dæmi um slíkan búnað má nefna sérstakt forrit sem skimar allar síður sem nemendur og aðrir í skólanum hyggjast fara inn á og sé um dónaskap eða annað viðlíka að ræða kemur forritið í veg fyrir að síðan birtist á skjá viðkomandi. Hér er um einfalda og áhrifaríka aðferð að ræða sem lokar á aðgang nemenda að klám- og ofbeldissíðum á netinu. Þetta er einnig tiltölulega ódýr lausn miðað við heildarútgjöld skóla við tölvu- og hugbúnaðarkaup.

Á grundvelli reiknilíkans er um 140 millj. kr. ráðstafað til eignakaupa í framhaldsskóla óskilgreint en samkvæmt athugunum ráðuneytisins vörðu framhaldsskólar allt að helmingi þeirrar fjárhæðar til kaupa á tölvubúnaði árið 1998. Að auki var í ár sérstaklega varið um 21 millj. kr. til tækjakaupa í framhaldsskólum á grundvelli umsókna. Af þessu er ljóst að ekki þarf að grípa til sérstakra ráðstafana til að gera framhaldsskólum kleift að bregðast við meintum vanda og koma í veg fyrir að nemendur skólans hafi aðgang að óæskilegu efni í gegnum staðarnet skólans. Framhaldsskólarnir sjálfir þurfa ákveða hvernig þeir vilja nýta það fjárhagslega svigrúm sem skólasamningarnir gefa þeim og brýnt er að umræða um það fari fram í öllum framhaldsskólum.

278. Frumvarp til laga [231. mál]

um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson.

1. gr.

Fyrri málsliður 16. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 16. grein laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins segir að sjóðurinn skuli vera undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn eignist og að öll skjöl viðvíkjandi lánum sem sjóðurinn taki skuli undanþegin stimpilgjöldum. Í frumvarpinu er lagt til að fyrri málsliður greinarinnar falli brott þannig að undanþága sjóðsins frá greiðslu fasteignagjalda verði afnumin.

Við setningu laganna var ákveðið að Þróunarsjóðurinn fengi heimild til að leysa til sín og eignast fiskvinnsluhúsnæði. Reynslan varð sú að sjóðurinn eignaðist ekki mjög mörg hús og var sett vinnuregla um að almennt skyldi sjóðurinn ekki kaupa hús nema ljóst væri að hann gæti selt þau aftur til annarra nota en fiskvinnslu. Tilgangur undanþágureglu fyrri málsliðar 16. gr. var að þar sem engin starfsemi færi fram í fasteignunum á meðan þær væru í eigu sjóðsins væri eðlilegt að þær nytu undanþágu frá fasteignagjöldum og að um leið og þeim væri ráðstafað af sjóðnum til annarra nota yrðu fasteignagjöld lögð á að nýju. Því virðist hafa verið gert ráð fyrir að eignarhald Þróunarsjóðs væri ávallt til skamms tíma.

Um nokkurra ára skeið hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins átt húsnæði á tveimur stöðum á landinu, á Patreksfirði og Ísafirði. Vegna undanþágu fyrri málsliðar 16. gr. laganna hefur

sjóðurinn ekki þurft að greiða fasteignagjöld til viðkomandi sveitarfélaga frá því að hann eignaðist húsin. Telja verður óeðlilegt og ekki í samræmi við upphaflegan tilgang fyrri málsliðar 16. gr. laganna að Þróunarsjóður geti átt fasteignir um langt skeið án þess að greiða af þeim lögboðin gjöld til viðkomandi sveitarfélaga.

Húsin sem hér um ræðir eru stór og myndarleg fiskvinnsluhús og samkvæmt upplýsingum frá Þróunarsjóði er fasteignamat húsanna á Patreksfirði um 40 millj. kr. en á Ísafirði um 140 millj. kr. Þó verður að hafa í huga að fasteignamat sem slíkt myndar ekki hinn eiginlega gjaldstofn, heldur er það útreiknuð stærð húss, en samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga er gjaldstofn skilgreindur sem afskrifað endurstofnverð húsnæðis, margfaldað með markaðsstuðli fasteigna samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Álagningarhlutfall skattsins er síðan breytilegt eftir því hvers konar hús er um að ræða en sveitarfélagi er svo heimilt að hækka álagningu um 25%.

Samkvæmt upplýsingum frá Ísafjarðarbæ voru álagðir fasteignaskattar af húseignum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins á Ísafirði um 2,8 millj. kr. á árinu 1999 en samkvæmt ákvæðum laganna er þó ekki heimilt að innheimta þá. Bæjaryfirvöld og bæjarlögmaður telja að þrátt fyrir undanþágu Þróunarsjóðs frá greiðslu fasteignagjalda beri sjóðnum að greiða þann hluta fasteignagjaldanna sem telst til þjónustugjalda en með þjónustugjöldum er átt við lóðarleigu og holræsa-, vatns- og sorphirðugjald. Ætla má að tekjutap Vesturbyggðar geti af sömu ástæðum numið um 1 millj. kr. á ári.

Því er ljóst að sveitarfélög eins og Ísafjörður og Patreksfjörður verða fyrir töluverðu tekjutapi vegna þess eins að fasteignir skipta um eigendur og komast í eigu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins sem er í eigu ríkisins. Þessi tilhögun styðst ekki við nein frambærileg rök og ef gæta á jafnræðis hlýtur að teljast eðlilegt að Þróunarsjóður sjávarútvegsins greiði fasteignagjöld eins og aðrir fasteignareigendur í sama sveitarfélagi.

279. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála, nr. 91 31.desember 1991.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsögn um það frá Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á reglum um málskostnaðartryggingu í a-lið 1. mgr. 133. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. 11. ágúst 1999 sendi Eftirlitsstofnun EFTA íslenskum stjórnvöldum bréf þar sem haldið er fram að umrætt ákvæði geri stöðu aðila sem höfðar mál hér á landi og er búsettur erlendis lakari en þeirra sem búsettir eru hér. Telur stofnunin að ákvæðið samrýmist ekki 4. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um bann við hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs. Með hliðsjón af þessu er lagt til í frumvarpinu að ákvæðinu verði breytt á þann veg að staða manna verði sú sama að þessu leyti án tillits til þess hvar þeir búa á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Alþingi, 26. nóv. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Ólafur Örn Haraldsson.	Sverrir Hermannsson.	Helga Guðrún Jónasdóttir.

280. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Friðfinnsdóttur og Ólaf Jóhannesson frá SÍBS. Þá bárust nefndinni umsagnir frá SÍBS.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild Sambands íslenskra berklasjúklinga til rekstrar vöruhappdrættis verði framlengd um átta ár, þ.e. til ársoka 2007. Nefndin leggur enn fremur til ákveðnar breytingar á lagatextanum vegna úreltrar nafnanotkunar. Sambandið heitir í dag Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga og leggur nefndin til að lögunum verði breytt til samræmis við það. Þá er vísað til vinnuheimilisins Reykjalundar í lögunum en nafni þess hefur verið breytt og heitir það nú Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð. Er einnig lögð til breyting vegna þessa. Við meðferð frumvarpsins hjá nefndinni komu fram eindregnar óskir um það frá forsvarsmönnum SÍBS að nafni vöruhappdrættisins yrði breytt í Happdrætti SÍBS, m.a. vegna þess að orðnotkunin „vöruhappdrætti“ þykir óþjál. Nefndin leggur til að orðið verði við því og heiti laganna verði lög um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga. Með þessari breytingu er ekki verið að breyta heimildum eða tilhögun á happdrættinu.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. nóv. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Ólafur Örn Haraldsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Katrín Fjeldsted.	Lúðvík Bergvinsson.	Ásta Möller.
Sverrir Hermannsson.	Hjálmar Jónsson.	Helga Guðrún Jónasdóttir.

281. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „Sambandi ísl. berklasjúklinga“ í 1. gr. laganna og sömu orða hvarvetna í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.
2. Við 1. gr. er verði 2. gr. Greinin orðist svo:
   3. gr. laganna, sbr. lög nr. 24/1989, orðast svo:
   Heimild þessi gildir til ársloka 2007. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.
3. Við bætist ný grein er verði 3. gr., svohljóðandi:
   Heiti laganna verður: **Lög um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.**

282. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Þórunni Hafstein, Stefán Baldursson, Aðalstein Eiríksson og Margréti Harðardóttur. Þá komu á fund nefndarinnar Sigurjón Pétursson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Elna Katrín Jónsdóttir frá Hinu íslenska kennarafélagi og Guðrún Ebba Ólafsdóttir frá Kennarasambandi Íslands.

Markmið með lagafrumvarpi þessu er tvíþætt. Í fyrsta lagi að koma á auknu valfrelsi í 9. og 10. bekk grunnskóla þannig að nemendur taki meiri ábyrgð á námi sínu í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla 1999. Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að frestur til einsetningar grunnskóla verði framlengdur til 1. september 2004 í samræmi við óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** án breytinga.

Helga Guðrún Jónasdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. nóv. 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Ólafur Örn Haraldsson.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
Tómas Ingi Olrich.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Árni Johnsen.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.		Kristinn H. Gunnarsson.

283. Fyrirspurn [232. mál]

til félagsmálaráðherra um rekstrarkostnað Húsnæðisstofnunar ríkisins og Íbúðalánasjóðs.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver var rekstrarkostnaður Húsnæðisstofnunar ríkisins á árunum 1997 og 1998 og áætlaður rekstrarkostnaður Íbúðalánasjóðs 1999 og 2000, á sama verðlagi?
   Óskað er eftir að rekstrarkostnaður verði sundurliðaður eins og gert hefur verið í ársreikningum Byggingarsjóðs ríkisins undanfarin ár (sbr. greinargerð).
2. Hver var fjöldi starfsmanna og stöðugilda hjá Húsnæðisstofnun ríkisins annars vegar og Íbúðalánasjóði hins vegar miðað við eftirfarandi dagsetningar:
   a. hjá Húsnæðisstofnun 1. mars og 1. nóvember 1997 og 1. mars og 1. nóvember 1998,
   b. hjá Íbúðalánsjóði 1. mars og 1. nóvember 1999?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í ársreikningi Byggingarsjóðs ríkisins hafa eftirfarandi liðir verið sundurgreindir:

1. **Rekstrarkostnaður:** Laun; Launatengd gjöld; Greitt í lífeyrissjóð; Tölvuþjónusta Reiknistofu bankanna; Veðdeild Landsbanka Íslands (eða sambærilegt); Prentun, pappír, ritföng, blöð og bækur; Auglýsingar og kynningar; Sími og burðargjöld; Birtingarkostnaður; Ferðakostnaður; Mötuneyti og annar starfsmannakostnaður; Rafmagn og hiti; Rekstur fasteignar; Gjaldfærð kaup á skrifstofubúnaði, áhöldum og tækjum; Viðhald áhalda og tækja; Aðkeyptur akstur; Viðhaldsþjónusta og rekstrarvörur; Fasteignagjöld; Öryggisgæsla og ræsting; Endurskoðun og reikningsskil; Aðkeypt lögfræðiþjónusta; Tölvuþjónusta og lager; Önnur sérfræðiþjónusta; Aðgangur að fasteignamatsskrá; Samkeppni og styrkir; Risna og gjafir; Annar kostnaður; Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna; **Samtals**.

2. **Þóknun og þjónustutekjur:** Tæknideild; Lögfræðiþjónusta; Tilkynningar og greiðslugjald; Vanskilakostnaður; Aðrar tekjur; **Samtals.**

284. Tillaga til þingsályktunar [233. mál]

um notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands.

Flm.: Kristján Pálsson, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson,
Sturla D. Þorsteinsson, Einar K. Guðfinnsson,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að beina því til umhverfisráðherra að fela Veðurstofu Íslands að nota íslensku hugtökin logn, hægur vindur, andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi, stinningskaldi, allhvass vindur, hvassviðri, stormur, rok, ofsaveður og fárviðri eins og við á í veðurlýsingum og veðurspám í ljósvaka- og prentmiðlum samhliða metrum á sekúndu þegar lýst er veðurhæð.

Greinargerð.

Þróun íslenskrar tungu og málnotkunar hefur orðið hröð á undanförnum árum og baráttan til að viðhalda henni í samkeppninni við erlend mál og alþjóðlegt tæknimál verið mikil. Komið hefur fram í þessu sambandi að í Háskóla Íslands er vaxandi tilhneiging til þess að fyrirlestrar skólans séu haldnir á ensku. Verndun málsins hefur þó tekist vel að mörgu leyti og hefur menntamálaráðuneytið unnið að því, m.a. með degi íslenskrar tungu.

Íslensk veðurhugtök eiga sér jafnlanga sögu og landnámið og hafa að stofni til lítið breyst í aldanna rás. Veðurstofa Íslands hefur tekið upp þá nýbreytni að tala í veðurspám og veðurlýsingum í ljósvakamiðlum um metra á sekúndu þegar veðurhæð er lýst. Gömlu íslensku orðin logn, hægur vindur, andvari o.s.frv. eru ekki lengur notuð í fjölmiðlum af starfsmönnum þessarar opinberu stofnunar. Skýringar á þessari nýbreytni hafa ekki verið sannfærandi heldur óljósar í meira lagi, enda ekkert sem bendir til að nauðsynlegt sé að fella þessi hugtök úr orðasafni Veðurstofunnar. Með þessari ákvörðun Veðurstofu Íslands er málfar Íslendinga þynnt út og íslensk tunga gerð fátæklegri og málvitund og málskilningur takmarkaðri. Ungt fólk elst ekki lengur upp við þessa orðnotkun og orðin verða svo aðeins til í orðabókum, öllum gleymd og grafin nema sérfræðingum. Lestur veðurfrétta og veðurspár í ljósvakamiðlum eru svo ríkur þáttur í daglegu lífi fólks að ef notkun orða er hætt þar er næsta víst að notkun þeirra leggist niður í daglegu tali.

Markmið með þessari tillögu er að hvetja til þess að íslensk veðurhugtök verði notuð samhliða alþjóðlegu einingakerfi til að lýsa veðurhæð. Lögð er áhersla á að viðhalda fjölbreytileika íslenskrar tungu jafnframt notkun alþjóðlegra skilgreininga. Þau orð um veðurhæð sem nefnd eru í tillögunni eru skilgreind í bókinni *Veður- og haffræði* eftir Eggert Lárusson.

285. Fyrirspurn [234. mál]

til samgönguráðherra um rekstur Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvað líður fyrirhuguðu útboði á rekstri og starfsemi Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum?
2. Hvað sparast ef rekstur Herjólfs hf. verður boðinn út?
3. Hvernig sér ráðherra fyrir sér rekstur og starfsemi Herjólfs hf. í framtíðinni?

286. Svar [142. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um mannshvörf síðan 1944.

Óskað var umsagnar Hagstofu Íslands um fjölda mannshvarfa síðan 1944, sbr. 1. lið, en hún hafði ekki þessar upplýsingar. Þá var leitað til ríkislögreglustjóra um svör við fyrirspurninni. Umsögn ríkislögreglustjóra um 1.–3. lið barst 26. nóvember sl. Jafnframt var leitað til dómstólaráðs varðandi upplýsingar um 4. lið og sendi ráðið dómstjórum héraðsdómstólanna fyrirspurn um hve oft dómstólar hafa dæmt í slíkum málum. Svör bárust frá héraðsdómi Reykjavíkur, héraðsdómi Norðurlands vestra, héraðsdómi Vesturlands, héraðsdómi Vestfjarða, héraðsdómi Suðurlands og héraðsdómi Reykjaness. Svarið er byggt á framangreindum umsögnum.

1. *Hversu mörg óupplýst mannshvörf, ef frá eru talin sjómanna, hafa orðið síðan 1944, sundurliðað eftir áratugum þegar fólkið hvarf?*

Haukur Bjarnason, fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjónn, tók á sínum tíma saman upplýsingar um horfna menn á árunum 1945–1990. Í maí á þessu ári var sett af stað hjá ríkislögreglustjóra vinna við heildarskrá yfir horfna menn. Þeirri vinnu er ekki lokið en samkvæmt bráðabirgðasamantekt eru horfnir menn á árunum 1945–1999 taldir vera 42. Þá eru undanskildir þeir sem hafa farist við störf á sjó. Skipting eftir áratugum er sem hér segir:

Tímabil	Fjöldi
1945–1950	2
1951–1960	3
1961–1970	7
1971–1980	13
1981–1990	12
1991–1999	5
Samtals	**42**

2. *Hve oft hefur lögreglan rannsakað mannshvörf sem hugsanleg sakamál (morðmál)?*

Í 3. tölul. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er kveðið á um að rannsókn skuli fara fram svo sem tíðkast hefur út af mannshvörfum, þótt ekki liggi fyrir sérstakur

grunur um refsivert atferli. Af þessu leiðir að í öllum tilfellum þegar lögreglan fær vitneskju um mannshvarf fer fram rannsókn. Upplýsingar um fjölda málanna liggja ekki fyrir og eru ekki aðgengilegar aftur til ársins 1944. Rannsóknarlögregla ríkisins hóf að færa málaskrá í tölvu árið 1988. Önnur lögregluembætti hófu tölvuskráningu mála síðar og var tölvutengingum embættanna ekki lokið fyrr en í mars 1998. Áður voru málin skráð í bækur. Fara þyrfti í gegnum þær og yfirfara rannsóknargögn svo að svara mætti um afdrif málanna. Augljóst er að slík athugun tæki lögregluembættin 27 langan tíma. Því er að hluta til stuðst við minni lögreglumanna þegar nefnd eru þrjú mannshvörf sem „hugsanleg sakamál“. Um tvö þeirra er vísað í dómasafn Hæstaréttar í máli nr. 89/1980, svonefnd Guðmundar- og Geirfinnsmál. Þriðja mannshvarfið, frá árinu 1994, sætir enn rannsókn af hálfu lögreglunnar og er óupplýst.

3. *Hve oft hefur lögreglan rannsakað mannshvörf vegna gruns um ólöglegt athæfi en látið mál niður falla?*

Með sama fyrirvara og getið er um að framan er hér um að ræða eitt mál frá árinu 1980. Tveimur mönnum var ráðinn bani um borð í skipi á sjó. Þóttu yfirgnæfandi líkur á því að hinn grunaði hefði í kjölfarið tekið líf sitt með því að fara fyrir borð. Var rannsókn málsins látin niður falla.

4. *Hve oft hafa dómstólar dæmt í málum þar sem um er að ræða óupplýst mannshvarf?*

Í héraðsdómi Reykjavíkur hefur enginn úrskurður gengið um mannshvarf samkvæmt lögum nr. 44/1981, um horfna menn, síðan dómstóllinn tók til starfa 1. júlí 1992. Samkvæmt upplýsingum dómstjórans í héraðsdómi Reykjavíkur voru mál ekki skráð eftir efnisflokkum í borgardómi Reykjavíkur og því telur hann ógjörning að svara þessu frekar. Öll mál og málaskrár dómstólsins eru nú í vörslum Þjóðskjalasafnsins. Dómstjórinn upplýsir jafnframt að frá því að hann tók við störfum yfirborgardómara hafi þrívegis verið beðið um vitnaleiðslur vegna horfinna manna, skv. 103. gr. A laga nr. 85/1936, vegna tveggja manna árið 1988 og eins manns árið 1989. Þessar vitnaleiðslur fóru fram en mál voru ekki höfðuð. Ástæða þessara beiðna mun hafa verið sú að nauðsynlegt var að skipta búum hinna horfnu manna og heimilaði borgarfógeti skiptin eftir vitnaleiðslur af þessu tagi. Í þessum tilvikum virtist ekki nauðsynlegt að höfða mál.

Samkvæmt upplýsingum dómstjórans í héraðsdómi Norðurlands vestra hefur enginn dómur verið kveðinn upp á grundvelli laga um horfna menn. Hins vegar hefur verið haldið sjópróf í vetur þar sem upplýst var að maður hefði fallið fyrir borð og heimilaði dómarinn skipti á dánarbúi hans.

Í héraðsdómi Vesturlands hafa verið uppkveðnir þrír dómar í slíkum málum, 15. desember 1993, 16. mars 1995 og 24. júní 1998. Í öllum þessum dómum var viðurkennt að horfinn maður skyldi talinn látinn. Auk þessa hafa verið kveðnir upp þrír úrskurðir um að með bú horfins manns mætti fara sem látinn væri.

Í héraðsdómi Vestfjarða er að finna tvö mál á skrá þar sem viðurkennt hefur verið að maður hafi farist. Ekki fengust nánari upplýsingar um þau mál.

Hjá héraðsdómi Suðurlands hafa engin óupplýst mannshvörf sem fyrirspurnin lýtur að verið til meðferðar.

Fyrir héraðsdómi Reykjaness hafa á síðustu sjö árum verið höfðuð þrjú mál þar sem krafist hefur verið dóms um að horfnir menn verði taldir látnir. Dómstóllinn getur því miður ekki veitt upplýsingar lengra aftur í tímann en frá árinu 1992. Umrædd mál eru frá 15. mars 1994,

í máli nr. H-1/1993, 20. október 1997, í máli nr. H-1/1997, og 11. júní 1998, í máli nr. H-1/1998 (tveir einstaklingar).

Hafði dómstólaráð ekki tök á að afla frekari upplýsinga um hversu oft dómstólar hafa dæmt í málum þar sem um er að ræða óupplýst mannshvörf frá árinu 1944.

287. Frumvarp til laga [235. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að selja af hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. 15% hlut í hvorum banka fyrir sig. Frekari sala á hlutafé í eigu ríkissjóðs í hlutafélagabönkunum er óheimil án samþykkis Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi heimili viðskiptaráðherra að selja af hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. 15% hlut í hvorum banka fyrir sig. Stefnt er að því að selja 15% af hlutafé ríkissjóðs í bönkunum tveimur í lok desember 1999 með áherslu á dreifða sölu til almennings.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að tryggja að a.m.k. 25% af heildarhlutafé Landsbanka og Búnaðarbanka verði í eigu annarra en ríkisins. Í 9. gr. reglna Verðbréfaþings Íslands (VÞÍ) um skráningu verðbréfa á þinginu segir að dreifing eignarhalds hlutabréfaflokks sem sótt er um skráningu á skuli vera þannig að a.m.k. 25% hlutabréfanna og atkvæðisréttar sé í eigu almennra fjárfesta. Þegar stjórn VÞÍ samþykkti að skrá hlutabréf Landsbanka og Búnaðarbanka á aðallista þingsins var veitt undanþága frá þessu skilyrði um dreifða eign. Undanþágan var veitt með hliðsjón af því að viðskiptaráðherra hafði lýst því yfir að það væri liður í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sölu hlutafjár í bönkunum að dreifing hlutafjár í samræmi við reglur VÞÍ væri tryggð eigi síðar en 1. júní 2000.

Hagstætt árferði á hlutabréfamarkaði gerir það að verkum að ástæða er til að tryggja framangreinda dreifingu hlutafjárins nú þegar. Með dreifðri sölu til almennings í hlutafélagabönkunum tveimur er hvatt til aukins sparnaðar heimilanna, hlutabréfamarkaður efldur og verðmyndun hlutabréfa í bönkunum treyst. Almenningi gefst jafnframt kostur á að nýta sér kaup hlutabréfa í bönkunum til skattafsláttar í samræmi við reglur ríkisskattstjóra. Markmiðin með sölunni eru í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999.

Samkvæmt lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, getur viðskiptaráðherra heimilað útboð á nýju hlutafé í bönkunum. Samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs má þó ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanum um sig. Þessi heimild hefur verið nýtt að hluta. Hægt væri

að uppfylla skilyrði VÞÍ um dreifingu hlutafjár með því að heimila útboð á nýju hlutafé. Slík ráðstöfun er hins vegar talin óþörf og reyndar óæskileg í ljósi mikils vaxtar þjóðarbúskaparins að undanförnu. Því er í frumvarpinu lagt til að viðskiptaráðherra fái heimild til sölu hlutafjár.

Ríkið á nú um 85% hlutafjár í Landsbanka og Búnaðarbanka, en nýtt hlutafé í bönkunum að verðmæti um 15% af heildarhlutafé hvors banka var boðið almenningi til kaups síðari hluta ársins 1998. Verði 15% hlutafjár ríkissjóðs í bönkunum selt mun ríkið eiga um 72% í bönkunum eftir söluna. Verðmæti 15% hlutafjár ríkisins eru tæpir 6 milljarðar kr. miðað við gengi hlutabréfa bankanna um miðjan nóvember.

Verði frumvarpið að lögum á haustþingi er stefnt að því að nýta heimildina til sölu hlutafjár strax fyrir áramót. Stefnt er að því að selja meiri hluta þess hlutafjár sem í boði er til almennings en minni hluta í tilboðssölu. Tekið verður mið af reynslu fyrri útboða og lögð áhersla á dreifða eignaraðild. Viðskiptaráðherra tekur ákvörðun um útfærslu sölunnar að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Ekki liggur fyrir hvernig ríkið hyggst selja afganginn af hlutabréfum sínum í Landsbanka og Búnaðarbanka. Ákvörðun um sölu bankanna mun mjög mótast af aðstæðum á markaði á hverjum tíma. Stefnumótun um sölu bankanna er í höndum ráðherranefndar um einkavæðingu, en í henni sitja forsætisráðherra, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að „hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum."

Umfangsmiklar skipulagsbreytingar á fjármagnsmarkaði.

Ríkisstjórnin hefur haft þá stefnu að jafna aðstæður á milli ríkis og einkaaðila og draga úr hlutverki ríkisins í starfsemi sem einkaaðilar geta stundað og þar sem samkeppni þrífst. Þetta á ekki hvað síst við um fjármagnsmarkaðinn. Vel heppnuð breyting á rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og sameining fjárfestingarlánasjóða í einn öflugan fjárfestingarbanka og einn nýsköpunarsjóð gekk í gildi 1. janúar 1998. Þá urðu Landsbankinn og Búnaðarbankinn að hlutafélögum og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins stofnaðir úr fjórum fjárfestingarlánasjóðum í eigu ríkisins. Með þessu fyrsta skrefi var almenn fjármálastarfsemi ríkisins sett í sama form og fjármálafyrirtæki á samkeppnismarkaði, en hlutverk ríkisins í nýsköpun staðfest.

Árangurinn af þessum aðgerðum hefur þegar komið í ljós. Rekstur Landsbankans og Búnaðarbankans hefur gengið vel og er hagnaður þeirra meiri en áður í sögu bankanna þrátt fyrir að vaxtamunur hafi lækkað verulega. Samanlagður hagnaður bankanna var nærri 1.600 millj. kr. á árinu 1998 og um 1.300 millj. kr. á fyrri hluta þessa árs. Áhyggjur manna um að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar áður en hægt væri að hefja sölu hlutafjár ríkissjóðs hafa ekki átt við rök að styðjast. Aðlögunarhæfni bankanna er góð, svo sem meðal annars sést á hagnaði þeirra og lægri lántökukostnaði á nýjum lánum þrátt fyrir afnám ríkisábyrgðar.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, segir að það sé mat ríkisstjórnarinnar að tryggja verði hlutafélagabönkunum nokkurn tíma til að sanna að þeir njóti sama trausts og fyrirrennarar þeirra. Miðað er við í athugasemdunum að hlutafé í eigu ríkisins í bönkunum tveimur verði ekki selt fyrstu fjögur rekstrarár þeirra. Í ljós hefur komið að rekstur bankanna hefur verið betri en búist var við og traust markaðarins á þeim er ekki síðra en

á fyrirrennurum þeirra. Því þykir ástæða til að hefja sölu hlutafjár í bönkunum nú tæpum tveimur árum eftir að hlutafélögin hófu starfsemi.

Rekstur Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hefur einnig gengið vel. Í stað gamalla sérhæfðra atvinnugreinasjóða er komið nýtt fjármálafyrirtæki sem hefur virkað sem vítamínsprauta á markaðinn. Þessi róttæka skipulagsbreyting, þar sem fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins var fækkað, hefur aukið verðmæti þessara eigna þjóðarinnar verulega.

Sala og útboð í bönkum í eigu ríkisins.

Að formbreytingu ríkisviðskiptabankanna og fjárfestingarlánasjóðanna afstaðinni tók við að móta stefnu um hvernig ríkið ætti að draga sig úr rekstri bankanna þriggja. Þegar lágu fyrir heimildir um að selja 49% hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífins og að gefa út nýtt hlutafé í Landsbanka og Búnaðarbanka þannig að aðrir en ríkissjóður ættu 35% af bönkunum.

Eftir miklar viðræður um bankamál í ríkisstjórn, þingflokkum og á vettvangi fjölmiðla sumarið 1998 var það mat ríkisstjórnarinnar að rétt væri að láta reyna á rekstur bankanna í nýju rekstrarformi áður en ráðist yrði í sölu á meiri hluta hlutafjár í bönkum í eigu ríkis. Með því móti væri hægt að nýta betur þau sóknarfæri sem til staðar eru að óbreyttu, svo sem með skráningu á Verðbréfaþingi. Hins vegar var ákveðið að ganga hraðar fram við sölu á Fjárfestingarbanka atvinnulífsins en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir og afla heimildar Alþingis til sölu alls hlutafjár ríkisins í bankanum.

Meginatriðin í stefnumótun ríkisstjórnarinnar um sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands hf., Búnaðarbanka Íslands hf. og Fjárfestingarbanka atvinnulífins hf. frá 28. ágúst 1998 voru eftirfarandi varðandi Landsbanka og Búnaðarbanka:

„*Landsbanki Íslands hf. og Búnaðarbanki Íslands hf.*

— Nýttar verði heimildir núgildandi laga til að gefa út nýtt hlutafé sem nemi allt að 15% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum banka. Almenningi verði boðið að skrá sig fyrir hlutabréfum allt að tiltekinni upphæð á fyrir fram ákveðnu verði og þannig tryggð víðtæk eignaraðild að bönkunum. Undirbúningur að útgáfu nýs hlutafjár í Landsbankanum er á lokastigi og gert ráð fyrir að hún fari fram í septembermánuði. Stefnt er að því að útgáfa nýs hlutafjár í Búnaðarbanka fari fram eigi síðar en í febrúar 1999, en nánari tímasetning fari eftir aðstæðum á hlutabréfamarkaði. Undirbúningur verði í höndum Búnaðarbankans í nánu samráði við viðskiptaráðuneytið.
— Liður í fyrrgreindri útgáfu verði að starfsmönnum hvors banka verði boðið að skrá sig fyrir hlutabréfum í sínum banka, á kjörum sem þegar hafa verið ákveðin af ríkisstjórn, í því skyni að efla tengsl þeirra við fyrirtækið.
— Hlutabréf bankanna verði skráð á Verðbréfaþingi Íslands á grundvelli fyrrgreindrar sölu. Með því móti verði verðmæti bankanna mælt með viðskiptum á markaði og viðskiptalegur agi skráningar nýttur þeim til framdráttar.
— Framangreindar aðgerðir verði nýttar til hins ýtrasta af stjórnendum bankanna til að styrkja markaðslega ímynd þeirra og efla samkeppnishæfni, meðal annars með innri hagræðingu og tækninýjungum.
— Í kjölfar þessara aðgerða og með hliðsjón af árangri bankanna verði stefna mótuð um sölu á hlutafé ríkissjóðs í bönkunum. Tryggt verður að eigi síðar en 1. júní 2000 verði meira en 25% af heildarhlutafé bankanna í dreifðri eignaraðild í samræmi við reglur Verðbréfaþings.“

Þessi stefna hefur sannað gildi sitt. Sala og útboð á hlutafé í bönkum í eigu ríkisins tókst vonum framar. Um 115 þúsund manns keyptu hlut í bönkunum þremur. Verðmæti ríkisins í bönkunum hefur vaxið hröðum skrefum frá skráningu þeirra á Verðbréfaþingi. Skjót skráning bankanna á Verðbréfaþingi veitti þeim nauðsynlegt aðhald og skapaði festu og aga í rekstri þeirra.

Tafla 1 sýnir niðurstöður útboða í bönkunum þremur á síðari hluta ársins 1998. Einungis í tilviki FBA var selt hlutafé í eigu ríkissjóðs en í Landsbanka og Búnaðarbanka var gefið út nýtt hlutafé.

Tafla 1. Útboð í bönkum 1998.

	Landsbanki	Búnaðarbanki	FBA
Útboð sem hlutfall af heildarhlutafé	15%	15%	49%
Fjöldi áskrifenda í útboði	12.112	93.363	10.734
Söluandvirði alls	1,7 ma. kr.	1,0 ma. kr.	4,7 ma. kr.

Landsbankinn og FBA voru skráðir á VÞÍ 27. nóvember 1998. Markaðsgengi Landsbankans á fyrsta degi skráningar var 2,35 en gengi í útboði til almennings var 1,90. Gengi bréfanna var nokkuð stöðugt fram í lok júní en hefur hækkað verulega síðan þá. Gengi um miðjan nóvember var 4,14. Hluthafar í Landsbankanum eru nú tæplega 7.000.

Gengi á bréfum FBA fyrsta skráningardag var 1,80 en gengi í útboði til almennings var 1,40. Gengi bréfa FBA hefur hækkað nokkuð stöðugt frá skráningu og var 2,93 um miðjan nóvember. Hluthafar í FBA eru nú tæplega 4.000.

Búnaðarbankinn hlaut skráningu á VÞÍ 17. desember 1998. Gengi fyrsta skráningardag var 2,71 en útboðsgengi til almennings var 2,15. Gengi á bréfum bankans um miðjan nóvember var 4,54. Hluthafar í Búnaðarbanka eru nú um 29.000.

Gengi bréfa Íslandsbanka var um 3,60 þegar bankarnir þrír í meirihlutaeigu ríkis voru fyrst skráðir á markað. Gengið hefur farið hækkandi og var 5,35 um miðjan nóvember.

Heildarmarkaðsvirði þeirra fjögurra banka sem skráðir eru á Verðbréfaþingi Íslands voru 86,2 milljarðar kr. miðað við gengi 19. nóvember. Þar af nam hlutur ríkisins 38,7 milljörðum kr. eins og fram kemur í töflu 2.

Tafla 2. Markaðsvirði banka sem skráðir eru á markaði.

Banki	Gengi í nóvember 1999	Hlutfall ríkis	Markaðsvirði	Hlutur ríkis
Landsbanki	4,14	85%	26,9 ma. kr.	22,9 ma. kr.
Íslandsbanki	5,35	0%	20,8 ma. kr.	0 kr.
FBA	2,93	0%	19,9 ma. kr.	0 kr.
Búnaðarbanki	4,54	85%	18,6 ma. kr.	15,8 ma. kr.
Samtals			86,2 ma. kr.	38,7 ma. kr.

Einkavæðingu FBA lauk í nóvember 1999. Ríkisstjórnin ákvað í september síðastliðnum að selja 51% í bankanum í einu lagi í útboði til hóps fjárfesta. Hver fjárfestir mátti bjóða í að hámarki 6% af hlutafé bankans. Einn hópur skilaði inn þátttökutilkynningu, hópur 26 líf-

eyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga. Gengið var frá kaupunum á lágmarksgengi útboðsins, 2,80, sem þýðir að ríkið fékk 9,7 milljarða kr. í sinn hlut.

Þetta er langstærsta einkavæðing sem farið hefur fram hér á landi. Ríkið fékk 14,3 milljarða kr. fyrir bankann í tveimur áföngum sem metinn var 8–10 milljarða kr. virði fyrir ári síðan. Þessu til viðbótar fékk ríkið 554 millj. kr. á þessu ári í arðgreiðslu frá bankanum.

Rekstur viðskiptabanka og sparisjóða.

Eignir viðskiptabanka og sparisjóða samkvæmt efnahagreikningi voru alls um 446 milljarðar kr. í lok árs 1998, vaxtatekjur þeirra námu 32,6 milljörðum kr. og starfsmenn voru um 2.700 talsins. Miðað við þessa mælikvarða er Landsbankinn stærsti banki landsins með 32–35% hlutdeild, þá kemur Íslandsbanki með 24–26%, næst sparisjóðirnir með 21–23% og að lokum Búnaðarbankinn með 20–21%. Þetta kemur fram í töflu 3.

Tafla 3. Stærð viðskiptabanka og sparisjóða 1998 í milljörðum kr. og fjölda.

	Vaxtatekjur	%	Eignir	%	Starfsmenn	%
Búnaðarbankinn	6,6	20	89	20	574	21
Íslandsbanki	8,7	26	107	24	637	24
Landsbankinn	10,5	32	158	35	904	33
Sparisjóðir	7,4	22	92	21	584	22
Samtals	33,2	100	446	100	2.699	100

Tafla 4 sýnir helstu kennitölur í rekstri viðskiptabanka og sparisjóða. Vaxtamunur banka hefur farið mjög lækkandi á síðustu árum. Á árunum 1995–98 lækkaði vaxtamunur um 1% í bönkum og sparisjóðum. Framlag í afskriftarreikning hefur á sama tíma lækkað úr 1,20% af meðaleignum í 0,77%. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum hefur einnig lækkað, þrátt fyrir að rekstrarkostnaður hafi hækkað, eða úr 70,7% árið 1995 í 69,8% árið 1998. Arðsemi eigin fjár bankanna hefur hins vegar vaxið stórlega á síðustu missirum. Við samanburð á hagnaði og arðsemi eigin fjár á milli banka verður að hafa í huga að Búnaðarbankinn og sparisjóðirnir hafa greitt mun hærri skatta á þessu tímabili en Landsbankinn og Íslandsbanki, en skattgreiðslur leiða til minni hagnaðar og lægri arðsemi.

Tafla 4. Helstu kennitölur í rekstri viðskiptabanka og sparisjóða.

Bankar og sparisjóðir alls	1995	1996	1997	1998
Vaxtamunur í % af eignum	4,58%	4,37%	4,10%	3,61%
Rekstrargjöld í ma. kr.	12,8	13,6	14,9	16,9
Afskriftir í % af eignum	1,20%	1,07%	0,79%	0,77%
Hagnaður ma. kr.	1,3	1,9	1,7	3,7
Gjöld í % af nettótekjum	70,7%	70,3%	70,0%	69,8%
Arðsemi eigin fjár	6,5%	8,9%	7,1%	14,3%

Bankar og sparisjóðir alls	1995	1996	1997	1998
Landsbankinn	1995	1996	1997	1998
Vaxtamunur í % af eignum	4,22%	3,75%	3,64%	3,16%
Rekstrargjöld í ma. kr.	4,5	4,7	5,1	5,6
Afskriftir í % af eignum	1,33%	1.16%	0,40%	0,67%
Hagnaður ma. kr.	0,2	0,3	0,3	0,9
Gjöld í % af nettótekjum	68,9%	71,9%	72,2%	75,0%
Arðsemi eigin fjár	3,0%	4,2%	4,9%	12,4%
Búnaðarbankinn	1995	1996	1997	1998
Vaxtamunur í % af eignum	4,69%	4,65%	4,41%	3,73%
Rekstrargjöld í ma. kr.	2,5	2,6	3,0	3,4
Afskriftir í % af eignum	1,07%	0,79%	0,66%	0,87%
Hagnaður ma. kr.	0,2	0,3	0,1	0,6
Gjöld í % af nettótekjum	74,7%	74,2%	71,4%	68,5%
Arðsemi eigin fjár	5,7%	8,6%	3,2%	14,6%
Íslandsbanki	1995	1996	1997	1998
Vaxtamunur í % af eignum	4,39%	4,39%	3,97%	3,61%
Rekstrargjöld í ma. kr.	3,3	3,3	3,6	4,1
Afskriftir í % af eignum	1,28%	1,29%	0,91%	0,80%
Hagnaður ma. kr.	0,3	0,6	1,0	1,4
Gjöld í % af nettótekjum	74,6%	67,7%	66,6%	64,4%
Arðsemi eigin fjár	7,2%	13,3%	19,8%	23,1%
Sparisjóðir	1995	1996	1997	1998
Vaxtamunur í % af eignum	5,52%	5,26%	4,80%	4,25%
Rekstrargjöld í ma. kr.	2,5	2,8	3,1	3,8
Afskriftir í % af eignum	0,96%	0,84%	1,49%	0,83%
Hagnaður ma. kr.	0,6	0,6	0,1	0,7
Gjöld í % af nettótekjum	65,6%	67,6%	69,6%	70,4%
Arðsemi eigin fjár	10,3%	10,3%	1,9%	8,9%

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila viðskiptaráðherra að selja 15% af hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Samkvæmt frumvarpinu er stefnt að því að selja 15% af hlutafé ríkissjóðs í bönkunum í lok desember 1999 og að tekið verði mið af markmiðum ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild.

Stefnt er að því að meiri hluti bréfanna verði seldur í almennri sölu en minni hlutinn í tilboðssölu. Gera má ráð fyrir að almenn sala geti haft í för með sér kostnað vegna vinnu verðbréfafyrirtækja við undirbúning sölulýsingar og söluþóknunar líkt og tíðkast hefur við fyrri útboð á hlutafé ríkisins.

Miðað við markaðsverð bréfanna um þessar mundir má áætla að heildarsöluvirði 15% hlutar í hvorum banka nemi samtals 5–6 milljörðum króna.

288. Frumvarp til laga [236. mál]

um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Lög þessi gilda um íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins og persónuvernd við skráningu og meðferð upplýsinga í því kerfi.

Með íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins er átt við rafrænt gagnasafn, sem starfrækt er hér á landi og tengt sameiginlegu upplýsingakerfi á Schengen-svæðinu.

2. gr.

Ríkislögreglustjóri rekur og ber ábyrgð á upplýsingakerfinu. Hann annast skráningu í það og sendingu annarra gagna samkvæmt lögunum.

Við skráningu í kerfið skal þess gætt að upplýsingar séu réttar og áreiðanlegar og að fullnægt sé skilyrðum laganna fyrir skráningu.

3. gr.

Ríkislögreglustjórinn og sá sem á hans vegum annast tölvuþjónustu skulu með skipulögðum og kerfisbundnum hætti tryggja öryggi upplýsingakerfisins þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það. Með sama hætti skal tryggt að kerfið starfi greiðlega og sé aðgengilegt þeim sem við það starfa.

4. gr.

Skráning í Schengen-upplýsingakerfið skal miða að því að tryggja almannaöryggi og allsherjarreglu, þar með talið öryggi ríkisins. Í upplýsingakerfið skal aðeins skrá upplýsingar sem getur í 5. gr., enda sé skráning þeirra nauðsynleg með hliðsjón af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr. og nægjanlega brýnt tilefni til skráningar.

Við skráningu á eftirlýstum einstaklingum með beiðni um handtöku og framsal skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. skal þess gætt að lög þess ríkis sem beiðni er beint til heimili slíkar aðgerðir.

5. gr.

Í upplýsingakerfið má skrá eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga:

1. kenninafn, eiginnafn með vísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna,
2. sérstök varanleg líkamleg einkenni,
3. fyrsta bókstaf annars eiginnafns,
4. fæðingarstað, fæðingardag og -ár,
5. kynferði,
6. ríkisfang,
7. hvort viðkomandi er vopnaður,
8. hvort viðkomandi er ofbeldishneigður,
9. ástæðu fyrir skráningu,
10. aðgerðir sem farið er fram á.

Í upplýsingakerfið má skrá upplýsingar um eftirtalda hluti:

1. vélknúin ökutæki með slagrými yfir 50 rúmsentimetrum, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
2. eftirvagna eða hjólhýsi með eigin þunga yfir 750 kg, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
3. skotvopn, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
4. óútfyllt skilríki, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
5. útgefin persónuskilríki (vegabréf, nafnskírteini, ökuskírteini), sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
6. peningaseðla með skráðum númerum.

6. gr.

Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið í eftirfarandi tilvikum:

a. vegna beiðni um að eftirlýstur maður verði handtekinn og framseldur,
b. þegar meina á útlendingi landgöngu vegna þess að:
   1. hefur verið dæmdur hér á landi eða erlendis í fangelsi í a.m.k. eitt ár eða ætla má af öðrum ástæðum að hann muni fremja refsiverðan verknað á Schengen-svæðinu eða
   2. ætla má af fyrri hegðun hans eða öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða á Schengen-svæðið sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingarstarfsemi eða
   3. honum hefur verið vísað héðan úr landi og í gildi er bann gegn endurkomu hans til landsins,
c. vegna leitar að horfnum manni eða þegar taka á mann í gæslu tímabundið vegna eigin öryggis eða annarra,
d. vegna eftirgrennslan um búsetu eða dvalarstað vitnis, sakbornings sem hefur verið ákærður og koma þarf fyrir dóm eða manns sem birta á dóm í opinberu máli eða boða til afplánunar fangelsisrefsingar.

Þegar upplýsingar skv. a-lið 1. mgr. hafa verið skráðar skulu eftirfarandi upplýsingar sendar því ríki sem beiðni er beint til svo fljótt sem verða má:

a. hvaða yfirvald leggur fram beiðni um handtöku,
b. hvort fyrir liggur handtökuskipun,
c. hvers konar brot um er að ræða og vísun til viðeigandi refsiákvæða,
d. málsatvik, þar með talið hvar og hvenær brot var framið og þáttur hins eftirlýsta í því,
e. eftir því sem mögulegt er, hverjar eru afleiðingar brots.

7. gr.

Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga og ökutæki í upplýsingakerfið til að fram fari eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn í eftirfarandi tilvikum:

a. vegna rannsóknar og meðferðar opinbers máls og til að tryggja almannaöryggi þegar:
   1. rökstuddur grunur leikur á að maður fremji eða muni fremja fjölda mjög alvarlegra brota,
   2. heildarmat á viðkomandi manni, þar með talið á þeim brotum sem hann hefur framið, bendir til að hann muni fremja mjög alvarleg afbrot,
b. þegar ótvíræð gögn benda til að upplýsingar um dvalarstað, ferðaleið, ákvörðunarstað, fylgdarmenn eða farþega, hluti meðferðis eða við hvaða aðstæður maður eða ökutæki finnst eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að alvarleg hætta stafi af viðkomandi manni eða alvarlegar ógnanir fyrir öryggi ríkisins.

8. gr.

Heimilt er að skrá í upplýsingakerfið upplýsingar um hluti sem leitað er í þeim tilgangi að leggja á þá hald eða nota sem sönnunargagn í opinberu máli.

9. gr.

Upplýsingar sem skráðar eru í upplýsingakerfið verða ekki nýttar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr.

Með samþykki ríkis sem skráð hefur upplýsingar verður vikið frá 1. mgr. og þær nýttar í öðrum tilgangi skv. 6.–8. gr. þegar þannig stendur á:

1. til að koma í veg fyrir alvarlega og bráða ógnun við almannaöryggi og allsherjarreglu,
2. mikilvægir öryggishagsmunir ríkisins mæla með því,
3. til að koma í veg fyrir alvarleg afbrot.

10. gr.

Eftirtalin stjórnvöld skulu vera beinlínutengd við upplýsingakerfið til að sinna þessum verkefnum:

1. lögreglan við landamæraeftirlit og aðra löggæslu,
2. Útlendingaeftirlitið við afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritun, landgöngu- eða dvalarleyfi og til að sinna öðrum skyldum samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum að því marki sem nauðsynlegt er til að bregðast við upplýsingum sem skráðar eru á grundvelli b-liðar 1. mgr. 6. gr.
3. skráningarstofa ökutækja til að kanna hvort vélknúin ökutæki, eftirvagnar eða hjólhýsi séu skráð skv. 8. gr.

Til að starfa við upplýsingakerfið verður viðkomandi starfsmaður að fá sérstaka heimild ríkislögreglustjóra, enda fullnægi hann settum hæfis- og öryggiskröfum. Viðkomandi starfs-

maður skal einungis hafa þann aðgang að kerfinu sem honum er nauðsynlegur til að gegna starfi sínu.

11. gr.

Eftirtalin stjórnvöld skulu eftir beiðni hafa aðgang að upplýsingum úr upplýsingakerfinu að því marki sem þeim er nauðsynlegt til að sinna þessum verkefnum:

1. tollgæslan við eftirlit á landamærum og þegar hún annast eða aðstoðar við löggæslu,
2. Landhelgisgæslan þegar hún annast eða aðstoðar við löggæslu,
3. dómsmálaráðuneytið við beitingu heimilda sem æðra stjórnvald.

12. gr.

Hver sem í starfi sínu fær vitneskju um atriði sem skráð eru í upplýsingakerfið er skylt að gæta þess að skráðar upplýsingar berist ekki til óviðkomandi. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

13. gr.

Hver sem skráður er í upplýsingakerfið á rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar um sig í kerfinu.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 1. mgr. er ekki fyrir hendi ef nauðsynlegt er að halda upplýsingunum leyndum til að ná því markmiði sem stefnt er að með skráningu eða vegna hagsmuna annarra. Þegar eftirlit með leynd skv. 7. gr. stendur yfir á hinn skráði ekki rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar.

Nú er óskað eftir vitneskju um upplýsingar sem skráðar eru af öðru ríki og skal þá gefa því kost á að gera athugasemdir áður en fallist er á þá beiðni.

14. gr.

Þegar skráðar hafa verið í upplýsingakerfið rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar eða ef skráðar hafa verið upplýsingar án tilskilinnar heimildar skal ríkislögreglustjóri eftir beiðni eða að eigin frumkvæði sjá til þess að þær verði leiðréttar, þær afmáðar eða við þær aukið. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ríkislögreglustjóra eftir því sem honum er frekast unnt að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Nú hafa upplýsingar sem um ræðir í 1. mgr. verið skráðar í upplýsingakerfið af öðru ríki og skal þá ríkislögreglustjóri án ástæðulauss dráttar tilkynna því um annmarka á skráningu með ósk um viðeigandi breytingar.

15. gr.

Þegar ríkislögreglustjóra berst beiðni skv. 13. eða 14. gr. skal hann án ástæðulauss dráttar taka afstöðu til hennar. Ákvörðun ríkislögreglustjóra skal vera rökstudd að því marki sem það er unnt án þess að greint verði frá nokkru sem leynt á að fara.

16. gr.

Nú verður maður fyrir tjóni og það verður rakið til skráningar eða notkunar á upplýsingum úr upplýsingakerfinu sem andstæð er reglum um kerfið og á hann þá rétt á skaðabótum úr ríkissjóði. Bæta skal bæði fjártjón og miska.

Greiða á bætur þótt upplýsingar hafi verið skráðar í öðru ríki ef þær hafa verið notaðar hér á landi. Bætur skal greiða án tillits til sakar, en þær má þó fella niður eða lækka ef tjónþoli hefur sjálfur stuðlað að því að upplýsingar væru skráðar eða notaðar.

Bótakrafa fyrnist á einu ári frá því tjónþoli fékk vitneskju um skráningu í upplýsingakerfið.

17. gr.

Upplýsingar um einstaklinga og hluti sem skráðar eru í upplýsingakerfið skulu ekki standa lengur en þörf krefur með hliðsjón af tilgangi skráningar.

Endurmeta skal nauðsyn skráningar í upplýsingakerfið sem hér segir:

1. upplýsingar um einstaklinga skv. 6. gr. innan þriggja ára frá skráningu,
2. upplýsingar um einstaklinga og ökutæki skv. 7. gr. innan eins árs frá skráningu.

Þegar tekin er ákvörðun um að skráning upplýsinga skuli standa í upplýsingakerfinu gildir 2. mgr. um endurmat skráningar á ný.

Upplýsingar sem skráðar eru skv. 8. gr. skulu ekki standa lengur frá skráningu í upplýsingakerfið en hér greinir:

1. upplýsingar um útgefin persónuskilríki og peningaseðla með skráðum númerum eigi lengur en fimm ár,
2. upplýsingar um ökutæki, eftirvagna eða hjólhýsi eigi lengur en þrjú ár,
3. aðrar upplýsingar eigi lengur en tíu ár.

18. gr.

Tölvunefnd skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Tölvunefnd skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi upplýsingakerfisins sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það.

Tölvunefnd hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með upplýsingakerfinu skv. 1. mgr.

Nú gerir tölvunefnd athugasemdir við starfrækslu upplýsingakerfisins og skal hún þá koma þeim og tillögum um úrbætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytið.

19. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna, þar með talið um:

1. öryggisþætti upplýsingakerfisins og innra eftirlit með því, sbr. 3. gr.,
2. hæfis- og öryggiskröfur sem starfsmenn lögreglu, Útlendingaeftirlitsins eða skráningarstofu ökutækja verða að fullnægja til að starfa við upplýsingakerfið, sbr. 2. mgr. 10. gr.,
3. eftirlit tölvunefndar með upplýsingakerfinu, sbr. 18. gr.

20. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hvenær lög þessi öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Frumvarpið var samið í dómsmálaráðuneytinu og er það eitt af fleiri frumvörpum sem flutt verða á Alþingi af þessu tilefni.

Einn af mikilvægustu þáttum Schengen-samstarfsins er starfræksla Schengen-upplýsingakerfisins. Með Schengen-upplýsingakerfinu er átt við rafrænt gagnasafn upplýsinga frá þátt-

tökuríkjunum til notkunar á öllu Schengen-svæðinu. Gagnasafninu er ætlað að treysta eftirlit á ytri landamærum Schengen-svæðisins og auka samvinnu lögregluyfirvalda ríkjanna til að koma í veg fyrir og uppræta brotastarfsemi. Með starfrækslu gagnasafnsins er upplýsingum miðlað á skilvirkan og öruggan hátt milli ríkjanna, en það er mikilvægt til að unnt sé að fylgja greiðlega þeim reglum sem gilda um frjálsa för fólks á Schengen-svæðinu. Rekstur upplýsingakerfisins hófst í mars 1995 og hefur það bætt löggæslu þeirra landa sem nú taka þátt í Schengen-samstarfinu og samvinnu þeirra á milli.

Í IV. bálki (92.–119. gr.) samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 (hér eftir nefndur Schengen-samningurinn eða samningurinn) er fjallað um Schengen-upplýsingakerfið, en sá hluti samningsins er birtur sem fylgiskjal I með frumvarpi þessu. Schengen-upplýsingakerfið greinist annars vegar í staðbundinn hluta kerfisins (N.SIS), sem starfræktur er í hverju þátttökuríkjanna, og hins vegar miðlægan hluta þess (C.SIS), sem staðsettur er í Strassborg í Frakklandi.

Í frumvarpi þessu er að finna reglur um starfrækslu staðbundna hluta Schengen-upplýsingakerfisins hér á landi. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af norsku lagafrumvarpi um sama efni.

II. Ákvæði Schengen-samningsins um Schengen-upplýsingakerfið.

1. Rekstur og notkun Schengen-upplýsingakerfisins.

Í 93. gr. Schengen-samningsins segir að markmiðið með rekstri upplýsingakerfisins sé að tryggja almannaöryggi og allsherjarreglur, þar með talið öryggi ríkisins á yfirráðasvæði samningsaðilanna, og tryggja beitingu þeirra ákvæða samningsins sem varða för fólks.

Samkvæmt 94. gr. samningsins hefur upplýsingakerfið aðeins að geyma þær upplýsingar sem hvert þátttökuríki hefur skráð og nauðsynlegar eru til að ná þeim markmiðum sem um getur í 95.–100. gr. samningsins. Þessar upplýsingar greinast í tvo flokka, annars vegar upplýsingar um einstaklinga og hins vegar um þá hluti sem um getur í 100. gr. og ökutæki skv. 99. gr.

Skráðar upplýsingar um einstaklinga sæta sérstökum takmörkunum í 3. mgr. 94. gr. samningsins. Samkvæmt því ákvæði verða aðeins skráðar eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga: kenninafn og eiginnafn með vísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna, sérstök varanleg líkamleg einkenni, fyrsti bókstafur annars eiginnafns, fæðingarstaður, fæðingardagur og -ár, kynferði, ríkisfang, hvort viðkomandi er vopnaður, hvort viðkomandi er ofbeldishneigður, ástæða fyrir skráningu og aðgerðir sem farið er fram á. Aðrar upplýsingar verða ekki skráðar í upplýsingakerfið jafnvel þótt þær gætu komið að gagni við að ná því markmiði sem stefnt er að með skráningu í kerfið.

Samhliða skráningu upplýsinga um einstakling í upplýsingakerfið getur verið nauðsynlegt að veita frekari upplýsingar og er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 95. gr. samningsins. Þessum upplýsingum verður ekki miðlað með skráningu í upplýsingakerfið heldur sendar svo fljótt sem auðið er á annan veg, til dæmis símleiðis eða með myndbréfi. Þótt frumvarpinu sé eingöngu ætlað að gilda um upplýsingakerfið hér á landi stendur sending fyllri upplýsinga í það nánu sambandi við rekstur þess að rétt þykir að frumvarpið taka einnig til slíkra sendinga.

Schengen-samningurinn leggur almennt ekki þá skyldu á þátttökuríkin að framkvæma þær aðgerðir sem ríkin mælast til með skráningu í upplýsingakerfið. Samkvæmt 4. mgr. 94. gr. samningsins getur ríki sett fyrirvara við skráningu skv. 95., 97. og 99. gr. samningsins ef talið er að aðgerðir þær sem óskað er að gripið verði til samræmist ekki innlendum lögum, alþjóðlegum skuldbindingum eða mikilvægum hagsmunum þess. Ef viðkomandi ríki fellur ekki frá beiðni um aðgerðir hefur skráningin gildi gagnvart öðrum ríkjum.

Meginákvæði samningsins um skráningu í upplýsingakerfið eru í 95.–100. gr. hans. Þar er að finna heimild til að skrá upplýsingar um:

— eftirlýsta einstaklinga sem óskað er að verði handteknir og framseldir, sbr. 95. gr.,
— útlendinga sem meina ber landgöngu, sbr. 96. gr.,
— horfna menn eða menn sem óskað er að teknir verði í gæslu tímabundið vegna eigin öryggis eða annarra, sbr. 97. gr.,
— vitni eða þá sem hafa verið ákærðir og þurfa að koma fyrir dóm og um menn, sem birta á dóm eða boða til afplánunar fangelsisrefsingar, sbr. 98. gr.,
— einstaklinga og ökutæki til að fram fari eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn, sbr. 99. gr., og
— hluti sem leitað er í þeim tilgangi að leggja á þá hald eða nota þá sem sönnunargagn í opinberu máli, sbr. 100. gr.

Í 95.–100. gr. samningsins er ekki lögð sú skylda á þátttökuríkin að skrá upplýsingar. Aftur á móti skal hvert ríki meta hvort nægjanlega brýnt tilefni sé til skráningar í upplýsingakerfið, sbr. 1. mgr. 94. gr. samningsins. Þannig verður hvert tilvik að vera svo mikilvægt að það réttlæti skráningu í upplýsingakerfið.

Um aðgang að Schengen-upplýsingakerfinu er að finna ákvæði í 101. gr. samningsins. Þar segir í 1. mgr. að þeir sem bera ábyrgð á landamæra-, lögreglu- og tolleftirliti og samræmingu slíks eftirlits hafi aðgang og rétt til að leita beint að tilteknum upplýsingum í kerfinu. Slíkan aðgang hafa að auki yfirvöld sem annast útgáfu vegabréfsáritana og dvalarleyfa og hafa umsjón með útlendingalöggjöfinni í tengslum við framkvæmd þeirra ákvæða samningsins sem varðar för fólks, sbr. 2. mgr. 101. gr. hans. Í 3. mgr. ákvæðisins segir síðan að viðkomandi yfirvöld skuli aðeins hafa aðgang að þeim upplýsingum sem þeim eru nauðsynlegar til að leysa úr verkefnum sínum.

2. Vernd og öryggi persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu.

Um notkun upplýsinga sem skráðar eru í upplýsingakerfið gildir 102. gr. Schengen-samningsins. Samkvæmt því ákvæði er þátttökuríkjunum einvörðungu heimilt að nota upplýsingar sem skráðar eru skv. 95.–100. gr. í þeim tilgangi sem greinir í þessum ákvæðum. Þá eru þröngar heimildir til að nota upplýsingar sem skráðar eru í ákveðnu skyni í öðrum tilgangi þótt sú hagnýting rúmist innan þessara greina samningsins. Önnur notkun upplýsinga en getur í 102. gr. samningsins skal talin misnotkun samkvæmt lögum ríkjanna.

Hvert það ríki sem skráir upplýsingar ber ábyrgð á því að þær séu rétt skráðar og uppfærðar og að lagaheimild standi til skráningar í upplýsingakerfið, sbr. 105. gr. samningsins. Einungis það ríki sem skráð hefur upplýsingar getur breytt, bætt við, leiðrétt eða afmáð þær, sbr. 1. mgr. 106. gr. samningsins.

Samkvæmt 108. gr. samningsins skal hvert þátttökuríki tilnefna yfirvald sem ber ábyrgð á Schengen-upplýsingakerfinu í viðkomandi landi og einungis því yfirvaldi er heimilt að skrá upplýsingar í kerfið. Með þessu er leitast við að tryggja samræmi og sérþekkingu við skráningu þannig að hún verði örugg og áreiðanleg. Þau yfirvöld ríkjanna sem annast starfrækslu upplýsingakerfisins hafa verið nefnd SIRENE (*Supplementary Information Request at the National Entries*). Í frumvarpinu er lagt til að ríkislögreglustjóra verði falið þetta verkefni hér á landi í samræmi við umrætt ákvæði samningsins.

Í 109. gr. samningsins er fjallað um aðgang einstaklings að upplýsingum sem skráðar eru um hann í upplýsingakerfinu. Samningurinn gerir ráð fyrir að kveðið verði á um þennan rétt í lögum þátttökuríkjanna. Þar eru þó gerðar þær takmarkanir að ekki er heimilt að veita aðgang að upplýsingum, sem skráðar hafa verið í upplýsingakerfið af öðru landi, nema það

hafi átt kost á því að gera athugasemdir. Þá verður aðgangur ekki veittur að upplýsingum ef það getur hindrað framkvæmd þeirra aðgerða sem óskað er að gripið verði til eða ef það er nauðsynlegt með tilliti til hagsmuna annarra. Ekki má í neinum tilvikum veita upplýsingar þegar höfð er uppi ósk um eftirlit með leynd skv. 99. gr. samningsins.

Þegar skráðar upplýsingar eru rangar eða heimild skortir til skráningar er í 110. gr. samningsins mælt fyrir um rétt þess sem í hlut á til að fá leiðréttingu eða að upplýsingar verði afmáðar. Í 111. gr. segir síðan að heimilt sé að gera kröfu þar að lútandi fyrir þar til bærum dómstólum eða yfirvöldum viðkomandi ríkis.

Samkvæmt 112. gr. samningsins skulu persónuupplýsingar sem skráðar eru í upplýsingakerfið vegna leitar að einstaklingum ekki geymdar lengur en nauðsynlegt er með hliðsjón af tilgangi skráningar. Ríki sem skráð hefur slíkar upplýsingar skal innan þriggja ára frá skráningu endurmeta nauðsyn hennar. Þessi frestur er eitt ár þegar upplýsingar eru skráðar um einstaklinga eða ökutæki til að fram fari eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn, sbr. 99. gr. samningsins. Þátttökuríkjunum er heimilt að ákveða styttri frest til að endurmeta nauðsyn skráningar. Innan þess frests sem á við í hverju tilviki getur ríki tekið ákvörðun um að skráning í upplýsingakerfinu skuli standa. Í þeim tilvikum gilda sömu frestir um endurmat skráningar á ný.

Aðrar upplýsingar en þær sem um getur í 112. gr. samningsins skulu ekki varðveittar lengur en í tíu ár frá skráningu, upplýsingar um útgefin persónuskilríki og skráða peningaseðla ekki lengur en í fimm ár og upplýsingar um ökutæki, eftirvagna eða hjólhýsi ekki lengur en þjú ár, sbr. 1. mgr. 113. gr. samningsins.

Samkvæmt 2. gr. 113. gr. samningsins skulu upplýsingar sem hafa verið afmáðar úr upplýsingakerfinu varðveittar í eitt ár í miðlæga hluta kerfisins. Á þeim tíma má aðeins nota upplýsingarnar til að kanna hvort þær hafi verið réttar og hvort skráning hafi verið lögmæt. Að liðnum þessum tíma skal upplýsingum eytt.

Í 114. gr. samningsins er sú skylda lögð á þátttökuríkin að tilnefna eftirlitsstofnun, sem ber í samræmi við innlenda löggjöf að hafa með höndum sjálfstætt eftirlit með upplýsingakerfinu í viðkomandi landi. Þessi eftirlitsstofnun skal fylgjast með að réttindi einstaklinga séu virt við meðferð og notkun skráðra upplýsinga. Skal vera unnt að fara þess á leit við eftirlitsstofnunina að hún kanni skráðar upplýsingar um viðkomandi og notkun þeirra. Í frumvarpinu er lagt til að tölvunefnd verði tilnefnd samkvæmt þessu ákvæði sem eftirlitsstofnun hér á landi.

Samkvæmt 115. gr. samningsins skal komið á fót sameiginlegri eftirlitsstofnun til að hafa eftirlit með miðlæga hluta upplýsingakerfisins. Sameiginlega eftirlitsstofnunin skal einnig kanna álitaefni sem koma upp við starfrækslu upplýsingakerfisins og túlkun reglna sem um það gilda.

Í 116. gr. samningsins er fjallað um skaðabótaskyldu vegna upplýsingakerfisins. Skal hvert ríki bera ábyrgð á tjóni sem rakið verður til notkunar upplýsinga úr kerfinu í viðkomandi landi í samræmi við eigin löggjöf. Þetta gildir einnig þótt tjónið verði rakið til rangrar skráningar eða skráningar án heimildar í öðru ríki. Þegar aðstæður eru á þann veg er hins vegar unnt að krefjast endurgreiðslu úr hendi þess ríkis nema upplýsingar hafi verið notaðar í ósamræmi við samninginn í því ríki sem greitt hefur bætur.

Þá er í 118. gr. samningsins lögð skylda á þátttökuríkin að grípa til ýmissa öryggisráðstafana meðal annars til að koma í veg fyrir að óviðkomandi fái aðgang að skráðum upplýsingum.

3. Skipting kostnaðar við Schengen-upplýsingakerfið.

Samkvæmt 119. gr. Schengen-samningsins bera ríkin sameiginlega kostnað við uppsetningu og rekstur miðlæga hluta upplýingakerfisins. Hvert ríki ber hins vegar kostnað af uppsetningu og rekstri upplýsingakerfisins í viðkomandi landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gildissvið frumvarpsins afmarkað en lögunum er ætlað að gilda um íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins og persónuvernd við skráningu og meðferð upplýsinga í því kerfi. Frumvarpið tekur því einvörðungu til upplýsingakerfisins hér á landi og mælir fyrir um starfrækslu þess í samræmi við Schengen-samninginn. Lögin munu því bæði eiga við um skráningu í upplýsingakerfið hér á landi og um notkun upplýsinga úr því á Íslandi þótt þær séu skráðar af öðru ríki.

Til glöggvunar á efni frumvarpsins hefur 2. mgr. að geyma þá lýsingu á upplýsingakerfinu að átt sé við rafrænt gagnasafn, sem starfrækt sé hér á landi og tengt sameiginlegu upplýsingakerfi á Schengen-svæðinu.

Um 2. gr.

Í samræmi við 108. gr. Schengen-samningsins er lagt til að embætti ríkislögreglustjóra verði falið að vera stjórnvald sem annast starfrækslu upplýsingakerfisins eða það sem í Schengen-samstarfinu er nefnt SIRENE-skrifstofa. Ríkislögreglustjóri verður því ábyrgur fyrir upplýsingakerfinu og ber honum að tryggja skilvirkan rekstur þess í samræmi við ákvæði frumvarpsins og Schengen-samninginn. Þá verður aðeins starfsmönnum embættisins heimilt að skrá upplýsingar í kerfið og ríkislögreglustjóri verður að leggja mat á hvort skilyrði til skráningar samkvæmt lögunum séu fyrir hendi, t.d. hvort mál sé þannig vaxið að rökstuddur grunur leiki á að maður hafi framið eða muni fremja umfangsmikil eða alvarleg brot, sbr. 1. tölul. a-liðar 7. gr. frumvarpsins. Á hinn bóginn verður utan verkahrings ríkislögreglustjóra að leggja mat á hvort önnur til þess bær yfirvöld hafi farið að lögum við töku þeirra ákvarðana sem geta legið til grundvallar skráningu í upplýsingakerfið, svo sem hvort heimild standi til að gefa út handtökuskipun eða vísa útlendingi úr landi og leggja bann við endurkomu hans. Loks er lagt til að ríkislögreglustjóri annist sendingu gagna skv. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins en þeim upplýsingum er ekki miðlað með skráningu í upplýsingakerfið.

Samkvæmt d-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, starfrækir ríkislögreglustjóri alþjóðadeild sem annast alþjóðleg boðskipti og er gert ráð fyrir að sú deild annist rekstur upplýsingakerfisins.

Í 2. mgr. er sérstaklega áréttað að þess skuli gætt við skráningu í kerfið að upplýsingar séu réttar og áreiðanlegar og að fullnægt sé skilyrðum laga fyrir skráningu. Þetta ákvæði er samhljóða 105. gr. Schengen-samningsins.

Um 3. gr.

Hér er lögð sérstök áhersla á öryggi upplýsingakerfisins þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það. Hvílir þessi skylda bæði á ríkislögreglustjóra og þeim sem kann að veita honum tölvuþjónustu. Tekið er fram að öryggi skuli tryggja með skipulegum og kerfisbundnum hætti. Í a-lið 19. gr. frumvarpsins er síðan gert ráð fyrir að sett verði nánari fyrirmæli í reglugerð um öryggisþætti og innra eftirlit með upplýsingakerfinu. Í ákvæðum reglugerðar verður meðal annars að taka mið af 118. gr.

Schengen-samningsins sem fjallar um öryggi upplýsingakerfisins. Þá er áréttað í greininni að tryggja skuli að kerfið starfi greiðlega og sé aðgengilegt þeim sem við það starfa.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. segir að skráning í upplýsingakerfið skuli miða að því að tryggja almannaöryggi og allsherjarreglu, þar með talið öryggi ríkisins. Rétt þykir að þessi tilgangur upplýsingakerfisins, sem kemur fram í 93. gr. Schengen-samningsins, verði beinlínis tilgreindur í lögunum. Til að tryggja persónuvernd er á hinn bóginn nauðsynlegt að gera takmarkanir á skráningu í upplýsingakerfið. Í samræmi við 1. mgr. 94. gr. samningsins er lagt til að einungis ákveðnar upplýsingar verði skráðar í tilteknu skyni og að nægjanlega brýnt tilefni sé til skráningar. Þannig verður aðeins heimilt að skrá þær upplýsingar sem getur í 5. gr. að því marki sem það er nauðsynlegt með hliðsjón af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr. Aðrar upplýsingar verða ekki skráðar. Athuga verður í hverju tilviki fyrir sig hvort þessum áskilnaði sé fullnægt og tilefni til skráningar nægjanlega brýnt. Þær tilgreindu upplýsingar sem getur í 5. gr. verða því ekki skráðar sjálfkrafa heldur verður að meta nauðsyn hverrar skráningar. Við þetta mat verður að líta til þess samhengis sem er á milli upplýsinga og tilgangs skráningar. Þannig getur verið nauðsynlegt að skrá ákveðnar upplýsingar til að fá eftirlýstan mann handtekinn og framseldan meðan óþarft væri að skrá sömu upplýsingar þegar manni verður meinuð landganga. Í þessari grein er einvörðungu fjallað um skráningu upplýsinga en 9. gr. frumvarpsins á sérstaklega við um takmarkanir sem gilda um notkun slíkra upplýsinga.

Til samræmis við áskilnað 2. mgr. 95. gr. Schengen-samningsins er lagt til í 2. mgr. að þess verði gætt við skráningu á eftirlýstum einstaklingi með beiðni um handtöku og framsal skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. að lög þess ríkis sem beiðni er beint til heimili slíkar aðgerðir.

Um 5. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um hvaða upplýsingar verða skráðar í upplýsingakerfið og er upptalningin tæmandi. Annars vegar eru tilgreindar í 1. mgr. þær upplýsingar sem verða skráðar um einstaklinga og hins vegar í 2. mgr. hvaða upplýsingar verða skráðar um hluti. Þetta ákvæði svarar til 2. mgr. 94. gr. og 3. mgr. 100. gr. Schengen-samningsins.

Þótt aðrar upplýsingar en um getur í greininni verði ekki skráðar í upplýsingakerfið getur eftir atvikum verið heimilt að koma þeim á framfæri með öðrum hætti, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er að finna heimild til að skrá upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið í ákveðnum tilgangi í samræmi við 1. mgr. 95. gr., 96. gr., 97. gr. og 98. gr. Schengen-samningsins. Samkvæmt greininni tekur þessi heimild til fjögurra tilvika sem rakin eru í a–d-liðum. Í fyrsta lagi er lagt til í a-lið ákvæðisins að heimilt verði að skrá upplýsingar um eftirlýstan mann til að hann verði handtekinn og framseldur, sbr. 1. mgr. 95. gr. samningsins. Í öðru lagi er lagt til í b-lið ákvæðisins að upplýsingar verði skráðar um útlending þegar honum verður meinuð landganga, sbr. 96. gr. samningsins. Þetta er þó bundið við að synjað verði um landgöngu af ákveðnum ástæðum sem raktar eru í 1.–3. tölul. ákvæðisins. Þau tilvik svara til 5.–7. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Í þriðja lagi er lagt til í c-lið ákvæðisins að skrá megi upplýsingar um horfinn mann vegna leitar að honum eða um mann sem tekin verður í gæslu tímabundið vegna eigin öryggis eða annarra, sbr. 97. gr. samningsins. Loks er í fjórða lagi lagt til að heimilt verði að skrá upplýsingar um einstaklinga vegna eftirgrennslan um búsetu eða dvalarstað vitnis, sakbornings sem hefur

verið ákærður og koma þarf fyrir dóm eða manns sem birta á dóm í opinberu máli eða boða til afplánunar fangelsisrefsingar, sbr. 98. gr. samningsins.

Samkvæmt 2. mgr. skulu tilgreindar upplýsingar sendar svo fljótt sem verða má því ríki sem beiðni er beint til vegna skráningar skv. a-lið 1. mgr. Þessar upplýsingar verða ekki skráðar í upplýsingakerfið heldur sendar á annan veg eftir því sem hentugast þykir í hverju tilviki, svo sem með tölvupósti, myndbréfi eða símleiðis.

Um 7. gr.

Þessi grein hefur að geyma heimild til að skrá upplýsingar um einstaklinga og ökutæki í upplýsingakerfið til að fram fari eftirlit með leynd, svokölluð skygging, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn. Í samræmi við 99. gr. Schengen-samningsins er lagt til að afar ströng skilyrði gildi fyrir slíkri skráningu.

Samkvæmt a-lið ákvæðisins getur skráning farið fram vegna rannsóknar og meðferðar opinbers máls til að tryggja almannaöryggi þegar rökstuddur grunur leikur á að maður fremji eða muni fremja fjölda mjög alvarlegra brota og einnig þegar heildarmat á viðkomandi manni, þar með talið á þeim brotum sem hann hefur framið, bendir til að hann muni fremja mjög alvarleg afbrot. Þetta felur í sér að tilvik þarf að vera mjög alvarlegt til að skráning fari fram og grunur studdur haldgóðum rökum. Með mjög alvarlegum brotum er til dæmist átt við hryðjuverk, gróf ofbeldisbrot og alvarleg fíkniefnabrot. Hér koma ýmis önnur brot til álita án þess að þau verði nánar talin en meta verður í hverju tilviki fyrir sig hvort brot sé svo alvarlegt að skráning geti farið fram.

Í b-lið ákvæðisins er að finna heimild til að skrá upplýsingar til að fram fari skygging, leit eða líkamsrannsókn þegar ótvíræð gögn benda til að tilteknar upplýsingar séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að alvarleg hætta stafi af viðkomandi manni eða alvarlegar ógnanir fyrir öryggi ríkisins.

Um 8. gr.

Með þessari grein er lögð til heimild til að skrá í kerfið upplýsingar um þá hluti sem getur í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins og leitað er í þeim tilgangi að leggja á þá hald eða nota sem sönnunargögn í opinberu máli, sbr. 100. gr. Schengen-samningsins. Skráning samkvæmt þessu ákvæði færi einkum fram til að grennslast fyrir um stolna hluti.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um notkun upplýsinga sem skráðar eru í upplýsingakerfið og er ákvæðið í samræmi við 1. og 3. mgr. 102. gr. Schengen-samningsins. Önnur notkun skráðra upplýsinga en hér greinir telst misnotkun. Sú niðurstaða leiðir einnig af 5. mgr. 102. gr. samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. verða skráðar upplýsingar ekki nýttar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr. frumvarpsins. Af þessu leiðir að upplýsingar sem skráðar eru í ákveðnu skyni verðar ekki nýttar á annan veg jafnvel þótt sú hagnýting upplýsinga sé í sjálfu sér heimil samkvæmt lögunum. Fullt samræmi verður því að vera á milli tilgangs skráningar og hvernig upplýsingar eru nýttar. Þannig væri ekki heimilt að nota upplýsingar sem skráðar eru í því skyni að útlendingi verði meinuð landganga, sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins, til að hefja eftirlit með leynd, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er að finna þrönga heimild til að víkja frá meginreglunni í 1. mgr. með samþykki þess ríkis sem skráð hefur viðkomandi upplýsingar þegar fullnægt er einhverju af skilyrðum sem greinir í a–c-liðum ákvæðisins. Sú hagnýting skráðra upplýsinga verður hins vegar að

eiga sér heimild í 6.–8. gr. frumvarpsins og því verða upplýsingar ekki í neinum tilvikum nýttar í öðrum tilgangi en þar greinir.

Um 10. gr.

Hér eru talin upp þau stjórnvöld sem gert er ráð fyrir að verði beinlínutengd við upplýsingakerfið, auk þess sem kveðið er á um hvaða starfsmenn þessara stjórnvalda megi starfa við kerfið. Þetta ákvæði svara til 1. mgr. 101. gr. og 3. mgr. 118. gr. Schengen-samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. verða lögregla, Útlendingaeftirlitið og skráningarstofa ökutækja beinlínutengd við upplýsingakerfið. Þessi aðgangur er hins vegar bundinn við þau verkefni sem þessi stjórnvöld sinna og sætir takmökunum í þeim mæli. Þannig mun Útlendingaeftirlitið eingöngu hafa aðgang að upplýsingum sem eru skráðar eru á grundvelli 96. gr. samningsins, sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Að sama skapi hefði skráningarstofa ökutækja einvörðungu aðgang að skráðum upplýsingum um stolin eða horfin ökutæki, eftirvagna eða hjólhýsi, sem skráð eru skv. 100. gr. samningsins, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Að því marki sem umrædd stjórnvöld hafa aðgang að skráðum upplýsingum er hann einnig bundinn við tilgreind verkefni og er þetta til frekari áréttingar á því sem leiðir einnig af 9. gr. frumvarpsins. Lögreglan hefur því eingöngu heimild til að nota upplýsingakerfið við landamæraeftirlit og aðra löggæslu en ekki í þágu annarra verkefna eða þeirrar stjórnsýslu sem lögregla hefur með höndum, sbr. einnig 4. mgr. 102. gr. samningsins. Sama á við um aðgang Útlendingaeftirlitsins og skráningarstofu ökutækja og yrði hann því bundin við þau verkefni sem eru tilgreind í ákvæðinu.

Í Schengen-samningnum er ekki gert ráð fyrir að skráningaryfirvöld ökutækja hafi beinan aðgang að upplýsingakerfinu. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur hins vegar verið komist að þeirri niðurstöðu að ríki sem taka þátt í Schengen-samstarfinu geti hvert fyrir sig tekið ákvörðum um að leyfa slíkan aðgang. Í frumvarpinu er lagt til að skráningarstofa ökutækja hafi þennan aðgang og þykir það ekki varhugavert í ljósi þeirrar takmörkunar sem hann sætir. Felst mikið hagræði í því við skáningu ökutækja að unnt sé að staðreyna beint og milliliðalaust hvort þau hafi verið skráð stolin eða horfin í upplýsingakerfið.

Lagt er til í 2. mgr. að starfsmaður viðkomandi stjórnvalds verði að fá sérstaka heimild ríkislögreglustjóra til að starfa við upplýsingakerfið. Til að fá slíka heimild verður starfsmaðurinn að fullnægja settum hæfis- og öryggiskröfum, en gert er ráð fyrir að mælt verði fyrir um þær í reglugerð, sbr. b-lið 19. gr. frumvarpsins. Í ljósi þess að ríkislögreglustjórinn rekur og ber ábyrgð á upplýsingakerfinu þykir rétt að hann ákveði hvaða starfsmenn hafi heimild til að starfa við kerfið og tekur það einnig til starfsmanna Útlendingaeftirlits og skráningarstofu ökutækja. Í ákvæðinu er jafnframt lagt til að hver starfsmaður hafi ekki rýmri aðgang að kerfinu en honum er nauðsynlegur til að sinna því starfi sem hann hefur með höndum. Þetta verður að meta í tilviki hvers starfsmanns og tryggja að aðgangur sé ekki rýmri en nauðsyn ber til. Á það sérstaklega við um viðkvæmar upplýsingar sem skráðar eru á grundvelli 99. gr. samningsins, sbr. 7. gr. laganna, en aðgangur að þeim ætti að vera bundinn við mjög fáa lögreglumenn.

Um 11. gr.

Til viðbótar þeim stjórnvöldum sem getur í 10. gr. frumvarpsins er lagt til í þessari grein að tiltekin önnur stjórnvöld hafi aðgang að skráðum upplýsingum þegar þau sinna ákveðnum verkefnum. Sá aðgangur er þó frábrugðinn þar sem hann er ekki beinn heldur fyrir milligöngu ríkislögreglustjóra. Þetta miðar að því að tryggja öryggi upplýsingakerfisins og að

aðgangur að því verði ekki rýmri en þörf krefur. Þeim stjórnvöldum sem hér um ræðir ætti að duga að hafa óbeinan aðgang að skráðum upplýsingum. Þessi stjórnvöld eru annars vegar tollgæslan og Landhelgisgæslan þegar þau annast eða aðstoða við löggæslu og hins vegar dómsmálaráðuneytið sem æðra stjórnvald. Í 18. gr. frumvarpsins er síðan gert ráð fyrir að tölvunefnd hafi aðgang að skráðum upplýsingum í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að annast það eftirlit með upplýsingakerfinu sem lagt er til að nefndin hafi með höndum.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um þagnarskyldu þeirra sem í starfi sínu fá vitneskju um atriði sem skráð eru í upplýsingakerfið. Skal þess gætt að upplýsingar berist ekki til óviðkomandi. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Þetta á við um alla sem fá vitneskju um skráðar upplýsingar í starfi sínu, hvort heldur sem þeir starfa að staðaldri við upplýsingakerfið eða fá vitneskju um einstaka skráningu. Þagnarskyldan tekur einnig til þeirra sem taka að sér einstök verk, svo sem þýðenda og þeirra sem veita tölvuþjónustu. Rof á þagnarskyldu getur varðað refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um rétt hins skráða til að fá vitneskju um þær upplýsingar sem skráðar eru um hann í upplýsingakerfinu. Þetta ákvæði svarar til 109. gr. Schengen-samningsins.

Í 1. mgr. kemur fram meginreglan um rétt hins skráða til að fá vitneskju um skráðar upplýsingar og er sú regla í samræmi við 1. mgr. 9. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989. Frá þessu er síðan vikið í 2. mgr. ákvæðisins þegar nauðsynlegt er að halda upplýsingum leyndum til að ná því markmiði sem stefnt er að með skráningu eða vegna hagsmuna annarra. Meta verður í hverju tilviki fyrir sig hvort nægt tilefni sé til að synja beiðni hins skráða af þessu tilefni. Þegar í hlut eiga hagsmunir annarra verður beiðni ekki synjað nema vitneskja hins skráða um það sem greinir í upplýsingakerfinu geti haft í för með sér hættu eða veruleg óþægindi fyrir þriðja mann. Þá verður beiðni hins skráða synjað sjálfkrafa þegar eftirlit með leynd stendur yfir, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Þegar þær ástæður sem greinir í 2. mgr. eru ekki lengur fyrir hendi á hinn skráði rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar. Upplýsingar yrðu því veittar þegar markmiði með skráningu hefur verið náð eða þegar hagsmunir annarra standa ekki lengur í vegi fyrir því að fallist verði á beiðni hins skráða.

Samkvæmt 3. mgr. skal veita öðru ríki sem skráð hefur upplýsingar færi á að gera athugasemdir áður en veitt er vitneskja um þessar upplýsingar. Þetta er tilskilið í 1. mgr. 109. gr. samningsins. Afstaða annarra ríkja til beiðni er hins vegar ekki bindandi.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ríkislögreglustjóri skuli eftir beiðni eða að eigin frumkvæði leiðrétta eða afmá skráningu þegar á henni er annmarki. Hér er fylgt 110. gr. Schengen-samningsins. Annmarki á skráningu getur falist í því að skráðar hafa verið rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar, en þá verður að lagfæra skráningu þannig að hún verði færð í rétt horf. Annmarki getur einnig falist í því að skráðar hafi verið upplýsingar án tilskilinnar heimildar. Það ætti við ef skráðar hafa verið aðrar upplýsingar en greinir í 5. gr. frumvarpsins eða ef upplýsingar hafa verið skráðar í öðrum tilgangi en greinir í 6.–8. gr. frumvarpsins. Þegar þannig stendur á verður lagfæring gerð með því að afmá skráðar upplýsingar. Ef upplýsingum hefur verið miðlað eða þær notaðar ber ríkislögreglustjóra að gera það sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Samkvæmt 1. mgr. verður einvörðungu gerð lagfæring á skráningu í upplýsingakerfið. Á grundvelli ákvæðisins stoðar því ekki að vefengja sjálfan grundvöll skráðrar ákvörðunar með þeirri afleiðingu að hún verði ekki skráð í upplýsingakerfið. Þannig verður skráningu skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. ekki andmælt með þeim rökum að skilyrði fyrir handtöku og framsali séu ekki fyrir hendi. Þess í stað verður viðkomandi að freista þess að fá ákvörðun hnekkt eftir þeim reglum sem um hana gilda.

Í 1. mgr. 106. gr. Schengen-samningsins segir að einungis það ríki sem skráð hefur upplýsingar geti breytt, bætt við, leiðrétt eða afmáð þær. Samkvæmt 2. mgr. 106. gr. getur annað ríki hins vegar komið á framfæri ábendingu um leiðréttingu og verður þá fyrrnefnda ríkið að taka hana til athugunar og gera nauðsynlegar lagfæringar. Í samræmi við þetta er lagt til í 2. mgr. ákvæðisins að ríkislögreglustjóra beri án ástæðulauss dráttar að tilkynna því ríki sem skráð hefur upplýsingar um annmarka á skráningu með ósk um viðeigandi breytingar.

Um 15. gr.

Samkvæmt greininni ber ríkislögreglustjóra að taka afstöðu til beiðni skv. 13. eða 14. gr. frumvarpsins án ástæðulauss dráttar. Ákvörðunin skal vera rökstudd að því marki sem þar er unnt án þess að greint verði frá nokkru sem leynt á að fara. Þannig væri óheimilt að skýra frá upplýsingum sem hinn skráði á ekki rétt á að fá vitneskju um og halda ber leyndum, sbr. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Af þessum sökum getur verið nauðsynlegt að hafa rökstuðning fyrir ákvörðun valkvæðan, svo sem á þennan veg: „Engar upplýsingar eru skráðar eða ekki er heimilt greina frá skráðum upplýsingum.“ Þetta leiðir jafnframt til þess að beiðni um upplýsingar verður ekki svarað á þann veg að upplýsingar séu ekki skráðar heldur verður rökstuðningur einnig að vera valkvæður í þeim tilvikum.

Ákvörðun ríkislögreglustjóra samkvæmt þessari grein er stjórnvaldsákvörðun og verður hún borin undir dómsmálaráðuneytið með stjórnsýslukæru eftir almennum reglum VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 16. gr.

Þessi grein mælir fyrir um bótaábyrgð vegna upplýsingakerfisins, en ákvæðið leiðir af 116. gr. Schengen-samningsins. Samkvæmt greininni ber íslenska ríkið bótaábyrgð vegna tjóns sem rakið verður til skráningar eða notkunar á upplýsingum úr upplýsingakerfinu sem samrýmist ekki reglum um kerfið. Sú bótaábyrgð sem hér er mælt fyrir um er bundin við tjón vegna upplýsingakerfisins og nær hún því ekki til tjóns sem rakið verður til upplýsinga sem miðlað er á annan veg, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Um bótaábyrgð í slíkum tilvikum fer eftir almennum reglum. Sama gildir um bótaskyldu vegna atriða sem varða viðkomandi ákvörðun sem skráð er í upplýsingakerfið, svo sem að lagaskilyrði fyrir útgáfu handtökuskipunar hafi ekki verið fyrir hendi.

Bótaskilyrði samkvæmt greininni er að skráning eða notkun skráðra upplýsinga hafi verið andstæð reglum sem gilda um upplýsingakerfið. Á þetta bæði við um upplýsingar í kerfinu um einstaklinga eða hluti. Það sem hér kemur helst til álita eru þau tilvik sem getur í 14. gr. frumvarpsins, þ.e. að skráðar hafi verið rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar eða að skráðar hafi verið upplýsingar án tilskilinnar heimildar, hvort heldur er að heimild standi ekki til að skrá viðkomandi upplýsingar skv. 5. gr. eða heimild skorti skv. 6.–8. gr. til að skrá upplýsingar í ákveðnu skyni. Í fæstum tilvikum getur það eitt valdið tjóni að upplýsingar séu skráðar og verður almennt gert ráð fyrir að tjón verði fyrst þegar skráðar upplýsingar eru notaðar, svo sem ef mistök verða við skráningu nafns á manni í upplýsingakerfið með þeim afleiðingum að óviðkomandi þriðji maður er handtekinn í stað sakbornings. Þá getur bóta-

skylt tjón hlotist þótt skráningin sjálf sé réttmæt ef notkun upplýsinga á sér ekki stoð í lögunum, sbr. 9. gr. frumvarpsins, eða ef óviðkomandi fá aðgang að skráðum upplýsingum. Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. skal dæma bætur fyrir fjártjón og miska.

Ákvæðið á við um bótaskyldu vegna starfrækslu upplýsingakerfisins hér á landi. Samkvæmt 2. mgr. verða þó bætur dæmdar þótt tjón verði rakið til skráningar í öðru ríki ef slíkar upplýsingar hafa verið notaðar hér á landi og haft tjón í för með sér. Í slíkum tilvikum væri unnt að endurkrefja það ríki um bótafjárhæð nema notkun skráðra upplýsinga hér á landi hafi verið andstæð ákvæðum Schengen-samningsins, sbr. 2. mgr. 116. gr. samningsins. Bótagrundvöllur samkvæmt greininni er hlutlægur og því verða bætur dæmdar án tillits til sakar. Þykir rétt að haga bótaábyrgð á þann veg í ljósi þess að sönnun sakar getur verið torveld, einkum þegar upplýsingar eru skráðar erlendis. Þá eru almennt líkur fyrir saknæmri háttsemi þegar upplýsingar eru skráðar eða notaðar andstætt reglum sem gilda um upplýsingakerfið. Aftur á móti er lagt til að bætur verði lækkaðar eða felldar niður ef tjónþoli hefur sjálfur stuðlað að því að upplýsingar eru skráðar eða notaðar, svo sem með því að villa á sér heimildir.

Samkvæmt 3. mgr. fyrnist bótakrafa á einu ári frá því tjónþoli fékk vitneskju um skráningu í upplýsingakerfið. Þessi frestur tekur mið af því að upplýsingar sem hafa verið afmáðar úr kerfinu eru varðveittar í eitt ár í miðlæga hluta upplýsingakerfisins og síðan eytt, sbr. 2. mgr. 113. gr. samningsins.

Um 17. gr.

Með greininni er mælt fyrir um hvenær skráðar upplýsingar verða afmáðar úr upplýsingakerfinu. Ákvæðið er í samræmi við 112. gr. og 1. mgr. 113. gr. Schengen-samningsins. Svo sem áður getur er upplýsingum eytt þegar liðið er eitt ár frá því þær voru afmáðar úr upplýsingakerfinu, sbr. 2. mgr. 113. gr. samningsins.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að upplýsingar um einstaklinga og hluti sem skráðar eru í upplýsingakerfið skulu ekki standa skráðar lengur en þörf krefur með hliðsjón af tilgangi skráningar. Því bæri að afmá skráðar upplýsingar ef þeim markmiðum hefur verið náð sem stefnt var að með skráningu. Þessu til frekari skýringar má nefna að afmá ber skráningu til að grennslast fyrir um búsetu eða dvalarstað vitnis skv. d-lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins þegar tekist hefur að hafa uppi á vitninu. Þar sem skráðar upplýsingar skulu ekki standa lengur en þörf krefur með hliðsjón af tilgangi skráningar verður einnig að afmá skráðar upplýsingar ef ljóst er að þeim markmiðum sem stefnt er að með skráningu verður ekki náð.

Þegar ekki hefur verið tilefni til að afmá skráningu skv. 1. mgr. eru nánari reglur í 2.–4. mgr. um reglulegt endurmat á nauðsyn skráningar og tímamörk fyrir því hve lengi tilteknar upplýsingar geta staðið skráðar í upplýsingakerfinu.

Samkvæmt 2. mgr. skal endurmeta nauðsyn skráningar skv. 6. gr. innan þriggja ára frá skráningu og nauðsyn skráningar skv. 7. gr. innan eins árs frá skráningu. Ef tekin er ákvörðun um að þessar upplýsingar skuli standa áfram skráðar í upplýsingakerfinu gilda sömu frestir um endurmat skráningar á ný, sbr. 3. mgr. Upplýsingar eru hins vegar sjálfkrafa afmáðar ef ekki er tekin ákvörðun um að endurnýja skráningu.

Þegar upplýsingar eru skráðar skv. 6. eða 7. gr. frumvarpsins gilda engin endanleg tímamörk um hve lengi upplýsingarnar geta staðið í upplýsingakerfinu. Þetta helgast af því að nauðsynlegt getur verið að þessar upplýsingar standi mjög lengi, svo sem upplýsingar um eftirlýstan mann fyrir alvarlegt afbrot til að hann verði handtekinn og framseldur, sbr. a-lið 1. mgr. 6. gr., eða upplýsingar um horfinn mann, sbr. c-lið 1. mgr. sömu greinar. Þegar upplýsingar eru skráðar um hluti skv. 8. gr. er ekki jafnmikilvægt að þær standi um langan tíma

í upplýsingakerfinu. Því eru lögð til endanleg tímamörk í 4. mgr. um hve langan tíma þessar upplýsingar geti staðið þar til þær eru afmáðar úr upplýsingakerfinu. Þessir frestir eru þrjú, fimm og tíu ár eftir því hvaða hlutir eru skráðir.

Um 18. gr.

Í greininni er lagt til að tölvunefnd annist eftirlit með upplýsingakerfinu, sbr. 114. gr. Schengen-samningsins. Í því eftirliti felst að gæta þess að skráning og meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við það sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu. Í þeim efnum koma einnig til álita almennar reglur laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, og meginreglur laga um friðhelgi einkalífs. Að því marki sem unnt er verða ákvæði frumvarpsins skýrð til samræmis við almennar reglur auk þess sem þær gilda til fyllingar. Þá er lagt til að tölvunefnd hafi einnig eftirlit með því að öryggi upplýsingakerfisins sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það. Þetta eftirlit er til viðbótar innra eftirliti ríkislögreglustjóra, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Í c-lið 19. gr. frumvarpsins er síðan gert ráð fyrir því að nánari ákvæði verði í reglugerð um eftirlit tölvunefndar með upplýsingakerfinu.

Til að sinna eftirliti með upplýsingakerfinu er lagt til í 2. mgr. að tölvunefnd hafi aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum.

Það eftirlit sem lagt er til að tölvunefnd hafi með höndum er almennt og því er ekki gert ráð fyrir að nefndin geti hnekkt ákvörðunum ríkislögreglustjóra eða gefið honum bein fyrirmæli. Þess í stað er lagt til í 3. mgr. að nefndin komi athugasemdum og eftir atvikum tillögum til úrbóta á framfæri við ráðuneytið.

Með hliðsjón af eftirlitshlutverki tölvunefndar skv. 1. mgr. getur hver sem er farið þess á leit við nefndina að hún kanni skráðar upplýsingar um viðkomandi og hvort farið hefur verið að lögum. Þetta úrræði er mikilvægt fyrir þá sem synjað hefur verið um að fá vitneskju um skráðar upplýsingar skv. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Þótt viðkomandi fái eftir sem áður ekki vitneskju um skráðar upplýsingar á hann að geta treyst því að skráning og meðferð upplýsinga verði könnuð og athugasemdir gerðar ef tilefni er til.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að nánari ákvæði um um framkvæmd laganna verði sett í reglugerð. Í ákvæðinu er sérstaklega gert ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um öryggisþætti upplýsingakerfisins og innra eftirlit með því, hæfis- og öryggiskröfur sem starfsmenn lögreglu, Útlendingaeftirlits eða skráningarstofu ökutækja verða að fullnægja til að starfa við upplýsingakerfið og eftirlit tölvunefndar með upplýsingakerfinu.

Um 20. gr.

Fyrirhugað er að Norðurlöndin hefji þátttöku í Schengen-samstarfinu haustið 2000. Miðað við hvernig undirbúningi miðar gæti þó verið nauðsynlegt að fresta þátttökunni. Því er lagt til að ráðherra ákveði hvenær lögin öðlast gildi.

Fylgiskjal I.

Úr samningi um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985.

IV. BÁLKUR
Schengen-upplýsingakerfið
1. KAFLI
Uppsetning Schengen-upplýsingakerfisins
92. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu setja upp og reka sameiginlegt upplýsingakerfi, hér á eftir nefnt Schengen-upplýsingakerfið, sem samanstendur af einingu hjá hverjum samningsaðila um sig og tæknilegri stoðeiningu. Með Schengen-upplýsingakerfinu geta yfirvöldin, sem samningsaðilarnir hafa tilnefnt, leitað vélrænt að skráningum um einstaklinga og hluti vegna landamæraeftirlits og annars eftirlits lögreglu og tolls inni í landinu í samræmi við landslög, og, aðeins hvað varðar þá tegund skráninga sem um getur í 96. gr., vegna útgáfu vegabréfsáritana, veitingar dvalarleyfa og framkvæmdar laga um útlendinga með skírskotun til beitingar þeirra ákvæða þessa samnings sem varða för fólks.

2. Hver samningsaðili um sig skal setja upp og reka, á eigin ábyrgð og eiginn kostnað, landseiningu í Schengen-upplýsingakerfinu og skal gagnasafn einingarinnar vera efnislega samsvarandi gagnasöfnum landseininga hvers og eins af hinum samningsaðilunum en það er gert með því að nota tæknilegu stoðeininguna. Til að tryggja skjóta og skilvirka sendingu upplýsinga, sem um getur í 3. mgr., skal hver samningsaðili um sig við uppsetningu sinnar einingar fylgja þeim bókunum og starfsreglum sem samningsaðilarnir hafa sett í sameiningu varðandi tæknilegu stoðeininguna. Hægt verður að leita vélrænt í gagnasafni hverrar landseiningar á yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila. Ekki verður hægt að leita í gagnasöfnum landseininga hinna samningsaðilanna.

3. Samningsaðilarnir skulu setja upp og reka tæknilega stoðeiningu Schengen-upplýsingakerfisins, bera á henni sameiginlega ábyrgð og deila kostnaðinum við hana. Lýðveldið Frakkland skal bera ábyrgð á tæknilegu stoðeiningunni og verður hún staðsett í Strassborg. Tæknilega stoðeiningin mun hafa yfir að ráða gagnasafni sem upplýsingar verða sendar úr með beinlínutengingu í gagnasöfn einstakra landseininga til þess að tryggja að gagnasöfn landseininganna samsvari hvert öðru. Í gagnasafn tæknilegu stoðeiningarinnar verða færðar inn skráningar um einstaklinga og hluti sem varða alla samningsaðilana. Í gagnasafni tæknilegu stoðeiningarinnar skulu ekki vera neinar aðrar upplýsingar en um getur í þessari mgr. og í 2. mgr. 113. gr.

2. KAFLI
Rekstur og hagnýting Schengen-upplýsingakerfisins
93. gr.

Markmiðið með Schengen-upplýsingakerfinu er, í samræmi við ákvæði þessa samnings og með notkun upplýsinga sem miðlað er um þetta kerfi, að tryggja almannaöryggi og allsherjarreglu, þar með talið öryggi ríkisins, á yfirráðasvæði samningsaðilanna og tryggja beitingu þeirra ákvæða þessa samnings sem varða för fólks.

94. gr.

1. Í Schengen-upplýsingakerfinu skulu eingöngu vera þeir flokkar upplýsinga sem hver samningsaðilanna sendir inn og eru nauðsynlegir til að uppfylla þau markmið sem mælt er fyrir um í 95. til 100. gr. Samningsaðilinn, sem færir inn skráningu, skal meta hvort málið er nógu mikilvægt til að réttlæta innfærslu skráningarinnar í Schengen-upplýsingakerfið.

2. Flokkar upplýsinga skulu vera:

a) einstaklingar sem til eru skráningar um;
b) hlutir sem um getur í 100. gr. og ökutæki sem um getur í 99. gr.

3. Upplýsingar um einstaklinga skulu takmarkaðar við eftirfarandi:

a) kenninafn og eiginnafn með tilvísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna;
b) sérstök varanleg líkamleg einkenni;
c) fyrsta staf annars eiginnafns;
d) fæðingarstað og fæðingardag og -ár;
e) kynferði;
f) ríkisfang;
g) hvort viðkomandi er vopnaður;
h) hvort viðkomandi er ofbeldishneigður;
i) ástæðu fyrir skráningu;
j) aðgerðir sem farið er fram á.

Aðrar upplýsingar má ekki skrá, sérstaklega ekki upplýsingar sem eru tilgreindar í fyrsta málslið 6. gr. í samningi Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

4. Ef samningsaðili telur að skráning í samræmi við 95., 97. eða 99. gr. samræmist ekki innlendum lögum, alþjóðlegum skuldbindingum eða mikilvægum hagsmunum ríkisins getur sá aðili látið setja merki eftir á við skráninguna í gagnasafni sinnar landseiningar í Schengen-upplýsingakerfinu um að ekki skuli, á yfirráðasvæði þess aðila, gripið til þeirrar aðgerðar sem tiltekin er á grundvelli þessarar skráningar. Hafa skal samráð við aðra samningsaðila um þetta. Ef samningsaðilinn, sem færði inn skráninguna, dregur hana ekki til baka gildir sú skráning áfram fyrir aðra samningsaðila.

95. gr.

1. Upplýsingar um eftirlýsta einstaklinga, sem óskað er eftir að verði handteknir í þeim tilgangi að verða framseldir, verða skráðar að beiðni dómsmálayfirvalda þess samningsaðila sem leggur fram beiðni.

2. Áður en skráning er færð inn skal samningsaðilinn, sem færir inn skráningu, kanna hvort lög samningsaðilans, sem beiðni er beint til, heimila handtöku. Í vafatilvikum skal sá samningsaðili, sem færir inn skráningu, hafa samráð við viðkomandi samningsaðila.

Samningsaðili, sem færir inn skráningu, skal senda, með þeim hætti sem fljótlegastur er, samningsaðilunum, sem beiðni er beint til, bæði skráninguna og eftirtaldar mikilvægar upplýsingar um málið:

a) hvaða yfirvald leggur fram beiðni um handtöku;
b) hvort fyrir liggi handtökuskipun eða ákvörðun með sama gildi eða aðfararhæfur dómur;
c) hvers konar refsiverðan verknað um er að ræða og tilvísun til viðeigandi refsiákvæða;
d) við hvaða aðstæður hinn refsiverði verknaður var framinn, þar með talið hvenær og hvar hann var framinn og hver þáttur hins skráða er í málinu;
e) eftir því sem unnt er, hverjar séu afleiðingar hins refsiverða verknaðar.

3. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, getur látið setja inn merki við skráningu í gagnasafn sinnar landseiningar í Schengen-upplýsingakerfinu um að ekki sé heimilt að handtaka neinn á grundvelli skráningarinnar fyrr en merkinu hefur verið eytt. Merkinu skal eyða í síðasta lagi tuttugu og fjórum klukkustundum eftir að skráning er færð inn, nema viðkomandi samningsaðili hafni handtökubeiðni af lagalegum ástæðum eða af sérstökum tilfallandi ástæðum. Í sérstökum undantekningartilvikum er hægt að lengja áðurnefndan frest upp í eina viku ef málavextir, sem liggja til grundvallar skráningunni, eru mjög flóknir. Með fyrirvara um slíkt merki eða synjun um handtöku geta hinir samningsaðilarnir gripið til handtöku sem beðið er um í skráningunni.

4. Ef samningsaðili biður um tafarlausa leit af sérstaklega áríðandi ástæðum kannar samningsaðili sem beiðni er beint til hvort hann geti dregið merkið til baka. Samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að unnt sé að framkvæma strax aðgerðina sem beðið var um hafi skráningin verið samþykkt.

5. Sé handtaka ekki möguleg vegna þess að samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, hefur ekki lokið rannsókn eða hefur hafnað handtökubeiðni skal sá samningsaðili fara með skráninguna eins og skráningu í þeim tilgangi að fá upplýsingar um dvalarstað viðkomandi einstaklings.

6. Samningsaðilarnir, sem beiðni er beint til, skulu framkvæma þá aðgerð sem beðið var um í skráningunni í samræmi við gildandi samninga um framsal og innlend lög. Þeir eru ekki skyldugir til að verða við beiðni sem varðar ríkisborgara þeirra nema unnt sé að framkvæma handtöku í samræmi við innlend lög.

96. gr.

1. Upplýsingar um útlendinga, sem eru á skrá yfir þá sem synja á um komu, eru skráðar á grundvelli innlendrar skráningar sem byggjast á ákvörðunum þar til bærra stjórnvalda eða dómstóla í samræmi við reglur um málsmeðferð í innlendum lögum.

2. Þessar ákvarðanir geta byggst á þeirri ógnun við almannaöryggi og allsherjarreglu eða þjóðaröryggi sem stafar af veru útlendings á yfirráðasvæði samningsaðila.

Þetta á sérstaklega við um:

a) útlending sem hefur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað og refsing felur í sér frjálsræðissviptingu í eitt ár að minnsta kosti;
b) útlending sem liggur undir rökstuddum grun um að hafa framið alvarlegan refsiverðan verknað, þar með talið verknað eins og um getur í 71. gr., eða haldgóðar vísbendingar eru fyrir hendi um að hann hafi slíkan verknað í hyggju á yfirráðasvæði samningsaðila.

3. Þessar ákvarðanir geta einnig byggst á því að útlendingi hafi verið vísað úr landi, endursendur eða vísað brott, svo framarlega sem þeim ráðstöfunum hefur ekki verið frestað eða þær afturkallaðar, og þær fela í sér bann við því að koma inn í landið eða dvelja í landinu sem byggist á því að innlend lög um komu og dvöl útlendinga hafi ekki verið virt.

97. gr.

Upplýsingar um týnda einstaklinga eða einstaklinga, sem, vegna eigin öryggis eða til að koma í veg fyrir hættuástand, verður að taka í gæslu tímabundið að beiðni þar til bærs yfirvalds eða þar til bærs dómmálayfirvalds þess samningsaðila sem færir inn skráningu, skal skrá í gagnasafnið til þess að lögregluyfirvöld geti tilkynnt samningsaðilanum, sem færir inn skráningu, um dvalarstað viðkomandi eða tekið einstaklinginn í gæslu í þeim tilgangi að hindra hann í að halda áfram ferðalagi sínu svo fremi sem innlend löggjöf heimilar það. Þetta á sérstaklega við um ólögráða börn og einstaklinga sem þarf að vista nauðuga á grundvelli

ákvörðunar þar til bærs yfirvalds. Upplýsingar um lögráða einstaklinga má aðeins veita með samþykki viðkomandi.

98. gr.

1. Upplýsingar um vitni svo og einstaklinga, sem stefnt er til að koma fyrir rétt í sakamáli vegna verknaða sem þeir eru ákærðir fyrir, eða um einstaklinga, sem á að birta dóm í sakamáli eða boðun til afplánunar frjálsræðissviptingar, skulu skráðar að beiðni þar til bærra dómsmálayfirvalda í þeim tilgangi að veita upplýsingar um búsetu eða dvalarstað.

2. Umbeðnar upplýsingar skal senda samningsaðilanum, sem leggur fram beiðni, í samræmi við innlenda löggjöf og gildandi samninga um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum.

99. gr.

1. Í samræmi við innlenda löggjöf þess samningsaðila, sem færir inn skráningu, skal skrá upplýsingar varðandi einstaklinga eða ökutæki í þeim tilgangi að nota við skyggingu eða markvisst eftirlit í samræmi við 5. mgr.

2. Slík skráning er heimil vegna málsmeðferðar fyrir refsiverðan verknað og til að koma í veg fyrir ógnanir við almennt öryggi þegar:

a) haldgóðar vísbendingar eru fyrir hendi um að viðkomandi hafi í hyggju að fremja eða fremji marga og sérlega alvarlega refsiverða verknaði, eða
b) heildarmat á viðkomandi einstaklingi, sem byggist á þeim refsiverðu verknuðum sem hann hefur þegar framið, bendir til þess að hann muni í framtíðinni einnig fremja sérlega alvarlega refsiverða verknaði.

3. Auk þess er heimilt að færa inn skráningu, svo framarlega sem innlend lög heimila það, að beiðni þeirra þar til bæru aðila sem bera ábyrgð á öryggi ríkisins þegar raunverulegar vísbendingar eru fyrir hendi um að þær upplýsingar, sem um getur í 4. mgr., séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að alvarleg hætta stafi af viðkomandi eða til að koma í veg fyrir alvarlegar ógnanir við innra eða ytra öryggi ríkisins. Samningsaðilanum, sem færir inn skráninguna, ber skylda til að ráðfæra sig við hina samningsaðilana fyrir fram.

4. Við undirbúning skyggingar er heimilt að safna saman upplýsingum um öll eftirfarandi atriði eða hluta þeirra og senda til yfirvaldsins sem færði inn skráningu til að nota við landamæraeftirlit eða við annað eftirlit lögreglu og tolls inni í landinu:

a) að einstaklingur eða ökutæki, sem til er skráning um, hafi fundist;
b) stað, dagsetningu og tilefni eftirlitsins;
c) ferðaleið og ákvörðunarstað;
d) fylgdarmenn eða farþega;
e) ökutæki sem notað er;
f) hluti sem menn hafa meðferðis;
g) við hvaða aðstæður viðkomandi einstaklingur eða ökutæki fannst.

Við söfnun upplýsinga af þessu tagi skal tryggja að skyggingin haldist örugglega leynileg.

5. Í tengslum við markvisst eftirlit, sem um getur í 1. mgr., og í samræmi við innlend lög er heimilt að leita á einstaklingum, í ökutækjum og hlutum, sem menn hafa meðferðis, í þeim tilgangi sem um getur í 2. og 3. mgr. Ef markvisst eftirlit er ekki heimilt samkvæmt lögum einhvers samningsaðila skal því sjálfkrafa breytt í skyggingu hjá þeim samningsaðila.

6. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, getur látið setja merki við skráningu í gagnasafni sinnar landseiningar í Schengen-upplýsingakerfinu um að ekki sé heimilt að taka ákvarðanir um skyggingu eða markvisst eftirlit á grundvelli þeirrar skráningar fyrr en merkinu hefur verið eytt. Merkinu skal eytt í síðasta lagi tuttugu og fjórum klukkustundum eftir að skráning er færð inn, nema viðkomandi samningsaðili hafni því, af lagalegum ástæðum

eða af sérstökum tilfallandi ástæðum, að gera þær ráðstafanir sem beðið var um. Með fyrirvara um slíkt merki eða synjun hafa aðrir samningsaðilar heimild til að gera þær ráðstafanir sem beðið er um í skráningunni.

100. gr.

1. Upplýsingar um hluti, sem er leitað að í þeim tilgangi að leggja á þá hald eða nota sem sönnunargögn í sakamáli, skal skrá í Schengen-upplýsingakerfinu.

2. Ef við leit kemur í ljós að fyrir hendi er skráning á fundnum hlut hefur yfirvaldið, sem hefur staðfest þetta, samband við yfirvaldið sem færði skráninguna inn til þess að þau geti komið sér saman um hvaða ráðstafanir skuli gera. Einnig má veita persónuupplýsingar í þessum tilgangi í samræmi við ákvæði þessa samnings. Ráðstafanir, sem gerðar eru af þeim aðila sem fann viðkomandi hlut, skulu gerðar í samræmi við innlend lög.

3. Upplýsingar um eftirfarandi flokka hluta skulu skráðar:

a) vélknúin ökutæki með slagrými yfir 50 rúmsentímetra sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið;
b) eftirvagna og hjólhýsi með eiginþunga yfir 750 kg sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið;
c) skotvopn sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið;
d) óútfyllt skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið;
e) útgefin persónuskilríki (vegabréf, nafnskírteini, ökuskírteini) sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið;
f) peningaseðla (með skráðum númerum).

101. gr.

1. Aðgang að upplýsingum í Schengen-upplýsingakerfinu, með þeim rétti að mega leita beint að tilteknum upplýsingum, hafa eingöngu aðilar sem bera ábyrgð á:

a) landamæraeftirliti;
b) öðru eftirliti lögreglu og tolls inni í landinu svo og samræmingu slíks eftirlits.

2. Aðgang að upplýsingum, sem skráðar eru í samræmi við 96. gr., með þeim rétti að mega leita beint að þessum upplýsingum, hafa auk þess þau yfirvöld sem sjá um að gefa út vegabréfsáritanir, miðlæg yfirvöld sem bera ábyrgð á meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og yfirvöld sem annast útgáfu dvalarleyfa og hafa umsjón með útlendingalöggjöfinni í tengslum við beitingu þeirra ákvæða þessa samnings sem varða för fólks. Aðgangur að framangreindum upplýsingum skal vera í samræmi við innlend lög hvers samningsaðila.

3. Notendur mega aðeins leita að þeim upplýsingum sem þeim eru nauðsynlegar við lausn verkefna sinna.

4. Hver samningsaðili um sig skal senda framkvæmdanefndinni skrá yfir þar til bær yfirvöld sem hafa heimild til að leita beint að upplýsingum í Schengen-upplýsingakerfinu. Í skránni skal tilgreint að hvaða upplýsingum hvert yfirvald megi leita og í hvaða tilgangi.

3. KAFLI
Vernd persónuupplýsinga og öryggi upplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu

102. gr.

1. Samningsaðilunum er eingöngu heimilt að nota þær upplýsingar, sem kveðið er á um í 95. til 100. gr., í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um við hverja tegund skráninga í framangreindum greinum.

2. Upplýsingar má eingöngu afrita í tæknilegum tilgangi þegar það er nauðsynlegt til að þau yfirvöld, sem um getur í 101. gr., geti leitað beint að upplýsingum. Ekki má afrita skráningar frá öðrum samningsaðila úr gagnasafni einnar landseiningar Schengen-upplýsingakerfisins í gagnasöfn annarra landseininga.

3. Varðandi skráningarnar, sem kveðið er á um í 95. til 100. gr. þessa samnings, er aðeins heimilt að víkja frá 1. mgr. með því að breyta úr einni tegund skráninga yfir í aðra ef það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir alvarlega og bráða ógnun við almannaöryggi og allsherjarreglu, af alvarlegu tilefni er varðar öryggi ríkisins eða í þeim tilgangi að koma í veg fyrir alvarlegan refsiverðan verknað. Til þess þarf að fá leyfi fyrir fram hjá þeim samningsaðila sem færði skráninguna inn.

4. Upplýsingarnar má ekki nota í þágu stjórnsýslunnar. Þrátt fyrir þetta má nota upplýsingar, sem eru færðar inn skv. 96. gr., eingöngu í þeim tilgangi sem nefndur er í 2. mgr. 101. gr. og í samræmi við innlend lög hvers samningsaðila.

5. Öll notkun upplýsinga, sem samræmist ekki 1. til 4. mgr., skal vera talin misnotkun samkvæmt innlendum lögum hvers samningsaðila um sig.

103. gr.

Hver samningsaðili um sig skal tryggja að sá aðili, sem ber ábyrgð á gagnasafninu, skrái að jafnaði tíunda hvert tilvik um sendingu persónuupplýsinga í landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins í þeim tilgangi að hafa eftirlit með því hvort heimild sé fyrir leit. Skráninguna má aðeins nota í þessum tilgangi og skal eyða henni að sex mánuðum liðnum.

104. gr.

1. Um skráningar gilda innlend lög þess samningsaðila sem færir skráninguna inn, nema strangari skilyrði fyrir skráningu séu sett fram í þessum samningi.

2. Svo framarlega sem ekki eru sérstök ákvæði í þessum samningi skal beita innlendum lögum hvers samningsaðila um sig um upplýsingar sem hafa verið færðar inn í landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins.

3. Svo framarlega sem ekki eru sérstök ákvæði í þessum samningi um framkvæmd aðgerðanna sem beðið er um í skráningu gilda innlend lög þess samningsaðila sem beiðni er beint til og sér um aðgerðir. Svo framarlega sem sérstök ákvæði eru í þessum samningi um framkvæmd aðgerða sem beðið er um í skráningu takmarkast ábyrgð til að framkvæma slíkar aðgerðir af innlendum lögum þess samningsaðila sem beiðni er beint til. Ef ekki er hægt að framkvæma umbeðnar aðgerðir skal samningsaðilinn, sem beiðni er beint til, tilkynna samningsaðilanum, sem færir inn skráninguna, tafarlaust um það.

105. gr.

Samningsaðili, sem færir inn skráningu, ber ábyrgð á því að upplýsingarnar séu rétt færðar inn og uppfærðar svo og á lögmæti þess að skrá upplýsingarnar í Schengen-upplýsingakerfið.

106. gr.

1. Aðeins sá samningsaðili, sem færir inn skráningu, má breyta upplýsingum, bæta við þær, leiðrétta þær eða eyða þeim.

2. Hafi samningsaðili, sem færði sjálfur ekki inn tiltekna skráningu, vísbendingar um að upplýsingar í henni séu rangar eða að ekki hafi verið lögmætt að færa þær inn skal hann tilkynna samningsaðilanum, sem færði skráninguna inn, um það eins fljótt og unnt er og ber

þeim síðarnefnda skylda til að kanna þessa tilkynningu umsvifalaust og leiðrétta eða eyða tafarlaust umræddum upplýsingum ef nauðsyn ber til.

3. Ef samningsaðilarnir geta ekki komist að samkomulagi leggur samningsaðilinn, sem ekki færði skráninguna inn upphaflega, málið fyrir sameiginlegu eftirlitsstofnunina, sem um getur í 1. mgr. 115. gr., til ályktunar.

107. gr.

Þegar skráning á tilteknum einstaklingi hefur verið færð inn í Schengen-upplýsingakerfið og samningsaðili hefur í hyggju að bæta við nýrri skráningu skal hann komast að samkomulagi við samningsaðilann, sem færði fyrst inn skráningu, um hvernig skráningarnar skuli færðar inn. Samningsaðilarnir geta einnig sett almenn ákvæði um þetta atriði.

108. gr.

1. Hver samningsaðili um sig skal tilnefna yfirvald sem ber meginábyrgð á viðkomandi landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins.

2. Hver samningsaðili um sig skal færa skráningar sínar inn hjá því yfirvaldi.

3. Umrætt yfirvald skal bera ábyrgð á því að rekstur landseiningar Schengen-upplýsingakerfisins gangi snurðulaust og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa samnings.

4. Samningsaðilarnir skulu tilkynna hver öðrum í gegnum vörsluaðilann hvaða yfirvald þau hafa tilnefnt skv. 1. mgr.

109. gr.

1. Réttur hvers einstaklings til þess að fá aðgang að þeim upplýsingum, sem eru til um hann í Schengen-upplýsingakerfinu, skal vera í samræmi við innlend lög samningsaðilans sem fær beiðni um nýtingu þessa réttar á yfirráðasvæði sínu. Svo framarlega sem innlend lög heimila ákveður innlenda eftirlitsstofnunin sem kveðið er á um í 1. mgr. 114. gr. hvort upplýsingar skuli gefnar og á hvaða hátt. Samningsaðili, sem hefur sjálfur ekki fært inn tiltekna skráningu, má því aðeins veita upplýsingar varðandi hana að hann hafi áður gefið samningsaðilanum, sem færði skráninguna inn, tækifæri til að tjá sig um það.

2. Viðkomandi einstaklingi skal neitað um aðgang að upplýsingunum ef það getur skaðað framkvæmd þar til bærra ráðstafana sem leiðir af skráningu eða ef það er nauðsynlegt til að vernda rétt og frelsi annarra. Upplýsingar eru aldrei gefnar á því tímabili sem skráning tengist skyggingu.

110. gr.

Hver sem er hefur rétt til þess að láta leiðrétta rangar upplýsingar sem varða hann eða láta eyða upplýsingum sem hafa verið skráðar ólöglega.

111. gr.

1. Hver skráður einstaklingur hefur rétt til þess að leggja það fyrir þar til bæra dómstóla eða þar til bær yfirvöld á yfirráðasvæði hvers samningsaðila um sig, í samræmi við landslög, að leiðrétta eða eyða skráningu eða fá aðgang að upplýsingum um hana eða skaðabætur.

2. Með fyrirvara um ákvæði 116. gr. skuldbinda samningsaðilarnir sig sameiginlega til þess að fullnusta endanlegar ákvarðanir dómstóla eða yfirvalda sem um getur í 1. mgr.

112. gr.

1. Persónuupplýsingar, sem eru færðar inn í Schengen-upplýsingakerfið í tengslum við leit að einstaklingum, skal ekki geyma lengur en nauðsynlegt er í þeim ákveðna tilgangi. Eigi síðar en þremur árum eftir að skráning er færð inn skal samningsaðilinn, sem færði skráninguna inn, gera könnun á því hvort nauðsyn beri til að geyma upplýsingarnar áfram. Þegar um er að ræða skráningar skv. 99. gr. er umræddur frestur eitt ár.

2. Hver samningsaðili um sig getur ákveðið eftir atvikum að hafa styttri tímabil á milli kannana í samræmi við innlend lög.

3. Tæknileg stoðeining Schengen-upplýsingakerfisins skal tilkynna samningsaðilunum vélrænt með eins mánaðar fyrirvara þegar fyrirhugað er að eyða upplýsingum úr kerfinu.

4. Samningsaðili, sem færði inn tiltekna skráningu, getur ákveðið innan hins tiltekna frests að framlengja skráninguna ef það er nauðsynlegt að teknu tilliti til þeirrar ástæðu sem var fyrir skráningu. Ef ákveðið er að framlengja skráningu skal tæknilegu stoðeiningunni gert viðvart. Ákvæði 1. mgr. gilda um skráningu sem er framlengd.

113. gr.

1. Aðrar upplýsingar en þær sem um getur í 112. gr. skulu varðveittar í mesta lagi í tíu ár eftir skráningu, upplýsingar um útgefin persónuskilríki og skráða peningaseðla í mesta lagi í fimm ár og upplýsingar um ökutæki, eftirvagna og hjólhýsi í mesta lagi í þrjú ár.

2. Upplýsingar, sem hefur verið eytt, skulu varðveittar áfram í eitt ár í tæknilegu stoðeiningunni. Á þeim tíma má þó aðeins nota þær til þess að yfirfara hvort þær hafi verið rétt og löglega skráðar. Eftir þann tíma skal eyðileggja þær.

114. gr.

1. Hver samningsaðili um sig skal tilnefna eftirlitsstofnun sem hefur það verkefni í samræmi við innlenda löggjöf að annast óháð eftirlit með gagnasafni hverrar landseiningar Schengen-upplýsingakerfisins og því hvort úrvinnsla og notkun upplýsinganna í Schengen-upplýsingakerfinu brjóti í bága við réttindi viðkomandi einstaklinga. Eftirlitsstofnunin skal hafa aðgang að gagnasafni viðkomandi landseiningar Schengen-upplýsingakerfisins í þeim tilgangi.

2. Hver sem er hefur rétt til að senda beiðni til eftirlitsstofnunarinnar um athugun á upplýsingum, sem skráðar eru um viðkomandi einstakling í Schengen-upplýsingakerfinu, svo og á notkun þeirra. Þessi réttur er útfærður í samræmi við innlend lög þess samningsaðila sem fær beiðnina. Hafi annar samningsaðili fært inn viðkomandi upplýsingar fer athugunin fram í náinni samvinnu við eftirlitsstofnun þess samningsaðila.

115. gr.

1. Koma skal á fót sameiginlegri eftirlitsstofnun sem annast eftirlit með tæknilegri stoðeiningu Schengen-upplýsingakerfisins. Tveir fulltrúar frá eftirlitsstofnun hvers ríkis skulu vera við stofnunina. Hver samningsaðili um sig hefur eitt atkvæði við atkvæðagreiðslu. Eftirlitið skal unnið í samræmi við ákvæði þessa samnings, samnings Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, með tilliti til tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins R (87) 15 frá 17. september 1987 varðandi notkun lögreglu á persónuupplýsingum og í samræmi við innlend lög þess samningsaðila sem ber ábyrgð á tæknilegu stoðeiningunni.

2. Verkefni sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar varðandi tæknilega stoðeiningu Schengen-upplýsingakerfisins verður að hafa eftirlit með því hvort rétt sé staðið að framkvæmd

ákvæða þessa samnings. Í því skyni skal hún hafa aðgang að tæknilegu stoðeiningunni.

3. Sameiginlega eftirlitsstofnunin er einnig þar til bær að athuga vandamál sem upp koma við rekstur Schengen-upplýsingakerfisins varðandi beitingu eða túlkun, vandamál sem upp koma í tengslum við óháðar athuganir eftirlitsstofnana í hverju ríki eða hvernig nýta beri rétt til þess að fá aðgang að upplýsingum svo og að vinna að samræmdum tillögum að sameiginlegum lausnum á vandamálunum.

4. Skýrslur frá sameiginlegu eftirlitsstofnuninni skulu sendar til þeirra yfirvalda sem fá skýrslur frá eftirlitsstofnunum í hverju ríki.

116. gr.

1. Hver samningsaðili um sig ber ábyrgð á því í samræmi við innlend lög ef einstaklingur verður fyrir tjóni vegna notkunar gagnasafns Schengen-upplýsingakerfisins í því landi. Hið sama gildir ef einhver verður fyrir tjóni vegna þess að samningsaðili, sem færði inn skráningu, hefur skráð rangar upplýsingar eða upplýsingar sem ólögmætt var að skrá.

2. Ef samningsaðili, sem höfðað er mál gegn, er ekki sá samningsaðili sem færði inn skráningu skal hinn síðarnefndi endurgreiða, ef þess er óskað, þær fjárhæðir sem greiddar hafa verið sem skaðabætur, nema samningsaðilinn, sem beiðni var beint til, hafi notað viðkomandi upplýsingar í bága við ákvæði þessa samnings.

117. gr.

1. Með tilliti til tölvuvinnslu persónuupplýsinga, sem eru sendar samkvæmt ákvæðum þessa bálks, skal hver samningsaðili um sig, í síðasta lagi við gildistöku þessa samnings, setja nauðsynleg ákvæði í innlend lög til þess að tryggja að vernd persónuupplýsinga sé að minnsta kosti á því stigi sem leiðir af meginreglum samnings Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga og sé í samræmi við tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (87) 15 frá 17. september 1987 varðandi notkun lögreglu á persónuupplýsingum.

2. Persónuupplýsingar má ekki senda samkvæmt ákvæðum þessa bálks fyrr en ákvæði 1. mgr. um vernd persónuupplýsinga hafa öðlast gildi í ríkjum þeirra samningsaðila sem eiga aðild að sendingunni.

118. gr.

1. Hver samningsaðili um sig skuldbindur sig til að gera ráðstafanir varðandi sína landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins sem eru nauðsynlegar til þess:

a) að hindra að þeir sem ekki hafa til þess heimild hafi aðgang að gagnakerfum þar sem unnið er með persónuupplýsingar (eftirlit með aðgangi að gagnakerfum);
b) að hindra að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið, afritað, breytt eða fjarlægt gagnagrunna (eftirlit með gagnagrunnum);
c) að hindra að hægt sé að bæta inn í skrár án heimildar svo og að hindra að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið persónuupplýsingar, breytt þeim eða eytt þeim (eftirlit með færslum í gagnaskrár);
d) að hindra að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti notað vélræn gagnavinnslukerfi með búnaði til gagnaflutnings (notendaeftirlit);
e) að tryggja að þeir sem hafa heimild til að nota vélræn gagnavinnslukerfi hafi eingöngu aðgang að þeim upplýsingum sem heimildin nær til (eftirlit með aðgangi að gögnum);
f) að tryggja að hægt sé að kanna og staðfesta til hvaða yfirvalda hægt er að senda persónuupplýsingar með búnaði til gagnaflutnings (eftirlit með gagnasendingum);

g) að tryggja að hægt sé að kanna og staðfesta eftir á hvaða persónuupplýsingar hafi verið færðar inn, hvenær og hver hafi fært þær inn í vélræna gagnavinnslukerfið (eftirlit með færslum);
h) að hindra að hægt sé án heimildar að lesa, afrita, breyta eða eyða persónuupplýsingum við sendingu upplýsinga eða við flutning gagnagrunna (eftirlit með flutningi gagna).

2. Hver samningsaðili um sig verður að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga þegar þær eru sendar til stofnana utan yfirráðasvæðis samningsaðilanna. Tilkynna skal sameiginlegu eftirlitsstofnuninni um þær ráðstafanir.

3. Hver samningsaðili um sig má aðeins ráða til starfa við vinnslu upplýsinga í sinni landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins einstaklinga sem eru sérstaklega til þess hæfir og hafa staðist öryggispróf.

4. Samningsaðilinn, sem ber ábyrgð á tæknilegri stoðeiningu Schengen-upplýsingakerfisins, gerir þær ráðstafanir varðandi hana sem mælt er fyrir um í 1. til 3. mgr.

4. KAFLI

Skipting kostnaðar við Schengen-upplýsingakerfið

119. gr.

1. Samningsaðilarnir bera sameiginlega kostnað við uppsetningu og rekstur tæknilegu stoðeiningarinnar, sem um getur í 3. mgr. 92. gr., þar með talinn kostnað vegna tengibúnaðar landseininga Schengen-upplýsingakerfisins við tæknilegu stoðeininguna. Hlutur hvers samningsaðila um sig í kostnaðinum er ákveðinn á grundvelli hlutar hans í samræmdum útreikningsgrundvelli virðisaukaskatts í skilningi c-liðar 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðs Evrópubandalaganna frá 24. júní 1988 um eigið fjármagnskerfi bandalaganna.

2. Hver samningsaðili ber sjálfur kostnað við uppsetningu og rekstur sinnar landseiningar Schengen-upplýsingakerfisins.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Frumvarp þetta snýr að starfrækslu á íslenskum hluta rafræns upplýsingakerfis í tengslum við fyrirhugaða þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu og kveður á um hvernig staðið verður að persónuvernd við skráningu og meðferð upplýsinga í kerfinu. Upplýsingakerfinu er ætlað að treysta eftirlit á ytri landamærum Schengen-svæðisins og efla samvinnu lögregluyfirvalda ríkjanna. Í fjárlögum áranna 1997 og 1998 var veitt 10 m.kr. framlag hvort árið til smíði upplýsingakerfisins og tækjakaupa en í fjárlögum ársins 1999 er framlagið 82,2 m.kr. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2000 er síðan gert ráð fyrir 136 m.kr. framlagi vegna smíði hugbúnaðarins og vegna ýmiss tölvukostnaðar og tækjabúnaðar fyrir landamærastöðvar hér á landi. Samkvæmt kostnaðaráætlun sem lögð var fyrir ríkisstjórnina í nóvember 1998 eftir að niðurstöður lágu fyrir úr sameiginlegu útboði Norðurlandanna á meginhluta kerfisins er

gert ráð fyrir að stofnkostnaðurinn lækki í rúmlega 6 m.kr. árið 2001. Þessum áfanga verkefnisins verður þar með lokið og verður stofnkostnaðurinn frá upphafi þá orðinn 244 m.kr.

Rekstrarframlag til þýðinga og áheyrnaraðildargjalda til sameiginlegrar skrifstofu Schengen-samstarfsins nam 14 m.kr. í fjárlögum áranna 1997, 1998 og 1999. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2000 er gert ráð fyrir að rekstrarframlagið hækki um 50 m.kr. og verði alls 64 m.kr. Þau útgjöld leiðir af ráðningu nýrra starfsmanna til svonefndrar SIRENE-skrifstofu hjá ríkislögreglustjóra og landamæravörslu, þjálfun innan lands og utan, fræðslu og leiðbeiningarátaki fyrir starfsmenn og ferðakostnaði. Þar af eru 25 m.kr. tímabundinn kostnaður á árinu 2000 við að koma eftirlitinu á fót. Hluti þessara útgjalda tengist gangsetningu og rekstri nýja upplýsingakerfisins. Það er mat fjármálaráðuneytisins að ákvæði frumvarpsins um gerð upplýsingakerfisins leiði ekki til kostnaðar umfram það sem þegar hefur verið áætlað og hér hefur verið rakið.

Í 16. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um bótaábyrgð vegna upplýsingakerfisins en bæta skal fjártjón og miska úr ríkissjóði ef tjón verður rakið til skráningar eða notkunar á upplýsingum úr kerfinu sem er andstæð reglum sem um það gilda. Óvíst er hvort og að hve miklu leyti kostnaður fellur til vegna þessa ákvæðis en litlar líkur eru taldar vera á því að til hans komi.

289. Frumvarp til laga [237. mál]

um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Á eftir orðunum „28. maí 1970“ í 1. mgr. 8. gr. a laganna, sbr. lög nr. 72/1993, kemur: eða alþjóðlegum samningum innan Schengen-samstarfsins.

II. KAFLI
Breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með samningi við önnur ríki má ákveða að tiltekin brot skuli ekki talin stjórnmálaafbrot.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú berst beiðni um framsal frá ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu og skulu þá lög þess ríkis gilda um rof fyrningarfrests.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú samþykkir sá sem óskast framseldur framsal og getur hann þá jafnframt lýst því yfir

að heimilt sé að höfða mál gegn honum eða hann látinn taka út refsingu í ríkinu sem biður um framsal fyrir annan refsiverðan verknað en þann sem greinir í framsalsbeiðni. Slík yfirlýsing er bindandi nema viðkomandi falli frá samþykki fyrir framsali. Samþykki skal bókað og samþykkt skriflega hjá lögreglu, ákæruvaldi eða í dómi.

5. gr.

3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að verða við beiðni ef verknaðurinn, sem hún er tilkomin vegna eða sambærilegur verknaður, er ekki refisverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann samkvæmt ákvæðum í 5.–7. gr. getur ekki verið grundvöllur framsals. Síðara skilyrði 1. málsl. gildir ekki gagnvart ríkjum sem taka þátt í Schengen-samstarfinu. Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð gildir fyrra skilyrði 1. málsl. eingöngu vegna stjórnmálaafbrota.

III. KAFLI
Breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56 19. maí 1993.

6. gr.

Á eftir 1. mgr. 22. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Víkja má frá skilyrðum b-liðar 1. mgr. ef dómþoli hefur komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins. Sama gildir ef senda á dómþola úr landi eða vísa honum brott úr ríkinu sem biður um fullnustu.

7. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi dómþoli komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins frá ríki sem biður um fullnustu er heimilt að beiðni þess ríkis að úrskurða dómþola í gæsluvarðhald til að tryggja nærveru hans þar til fullnægjandi gögn með beiðninni hafa borist eða ákvörðun um hvort fallist verði á beiðni er tekin. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru hans.

8. gr.

Við 2. mgr. 38. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Samþykki dómþola er þó ekki skilyrði þegar dómþoli hefur komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja frá landinu. Sama gildir ef senda á dómþola úr landi eða vísa honum brott að fullnustu lokinni.

IV. KAFLI
Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

9. gr.

Í stað orðanna „3. mgr.“ í 3. gr. laganna kemur: 3. og 5. mgr.

10. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

5. Til að sinna landamæravörslu getur ríkislögreglustjóri skipað mann til fimm ára í senn sem ekki hefur lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, enda sé hann íslenskur ríkisborgari,

hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, sé andlega og líkamlega heilbrigður, hafi lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri, hafi gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli auk ensku og hafi lokið prófi fyrir landamæraverði.

V. KAFLI

Breyting á lögum um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Orðið „og“ í f-lið fellur brott.

b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: hvar og hvenær íslenskir ríkisborgarar skuli bera og sýna vegabréf.

VI. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hvenær lög þessi eða einstakir kaflar þeirra öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Frumvarpið var samið í dómsmálaráðuneytinu og er það eitt af fleiri frumvörpum sem flutt verða á Alþingi af þessu tilefni.

Þau lög sem frumvarpið tekur til eru almenn hegningarlög, nr. 19/1940, lög um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, lög um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, lögreglulög, nr. 90/1996, og lög um vegabréf, nr. 136/1998.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 8. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, er fjallað um svökölluð „ne bis in idem“ áhrif refsidóma. Í þeirri reglu felst að maður verður ekki dæmdur eða látinn taka út refsingu oftar en einu sinni fyrir sama verknað. Samkvæmt þessu ákvæði laganna skal ekki höfða mál hér á landi á hendur manni, dæma hann eða fullnægja þegar dæmdum viðurlögum gagnvart honum fyrir sama afbrot og hann hefur hlotið dóm fyrir í öðru ríki. Þetta er þó bundið við að dómur hafi verið kveðinn upp í því ríki þar sem brot var framið eða ríki sem er aðili að samningi um alþjóðlegt gildi refsidóma frá 28. maí 1970, enda séu þau skilyrði sem tilgreind eru í 1.–3. tölul. 1. mgr. greinarinnar fyrir hendi.

Í 3. kafla III. þáttar (54.–58. gr.) samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 (hér eftir nefndur Schengen-samningurinn eða samningurinn) er að finna ákvæði um „ne bis in idem“ áhrif refsidóma. Samkvæmt 54. gr. samningsins má ríki ekki sækja mann til saka fyrir sama verknað og hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir hjá öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, að því tilskildu, ef refsing hefur verið dæmd, að hún hafi verið afplánuð eða afplánun standi yfir, eða dómi verði ekki fullnægt samkvæmt lögum þess ríkis þar sem hann gekk.

Til að laga íslenskan rétt að Schengen-samningnum er nauðsynlegt að 8. gr. a hegningarlaga taki einnig til þeirra ríka sem taka þátt í Schengen-samstarfinu. Í þessari grein frumvarpsins er lögð til breyting á ákvæðinu í samræmi við þetta. Lagt er til að vísað verði almennt til alþjóðlegra samninga innan Schengen-samstarfsins í stað þess að vísa beint til

Schengen-samningsins, enda er gildi hans til framtíðar óljóst í kjölfar þess að Schengen-samstarfið var fært undir Evrópusambandið. Þessi tilvísun tekur því nú til Schengen-samningsins en nær einnig til seinni tíma samninga um sama efni.

Samkvæmt 55. gr. Schengen-samningsins er unnt að gera fyrirvara við 54. gr. samningsins ef dómur gengur erlendis vegna brots sem framið er á yfirráðasvæði þátttökuríkis eða ef brot er þess eðlis að það stofnar öryggi ríkisins eða öðrum jafnmikilvægum hagsmunum í hættu. Gert er ráð fyrir að fyrirvari verði gerður af Íslands hálfu hvað þetta varðar til samræmis við 2. mgr. 8. gr. a hegningarlaga, en samkvæmt því ákvæði eiga neikvæð réttaráhrif refsidóma ekki við vegna brota sem framin eru innan íslenska ríkisins eða gegn þeim hagsmunum ríkisins sem tilgreindir eru í 1. tölul. 6. gr. hegningarlaga.

Um 2. gr.

Samkvæmt 5. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, er framsal vegna stjórnmálaafbrota óheimilt. Fyrir gildistöku þeirra laga var hliðstætt ákvæði í 9. gr. almennra hegningarlaga. Af þessum sökum var af Íslands hálfu gerður fyrirvari við fullgildingu á Evrópusamningi um varnir gegn hryðjuverkum frá 27. janúar 1977 og réttur áskilinn til að synja beiðni um framsal vegna stjórnmálaafbrota. Sama fyrirvara gerðu einnig önnur Norðurlönd.

Við undirritun samstarfssamnings milli annars vegar Schengen-ríkjanna og hins vegar Noregs og Íslands, sem gerður var í Lúxemborg 19. desember 1996, gáfu síðarnefndu ríkin yfirlýsingu um að fyrirvari varðandi stjórnmálaafbrot við fyrrgreindan Evrópusamning gilti ekki gagnvart ríkjum sem tækju þátt í Schengen-samstarfinu. Þessi yfirlýsing var ítrekuð við undirritun síðari samstarfssamnings milli Evrópusambandsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999. Í samræmi við þetta er nauðsynlegt að gera breytingar á 5. gr. laganna um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.

Með greininni er lagt til að lögfest verði heimild til að gera samninga við erlend ríki um að tiltekin brot skuli ekki talin stjórnmálaafbrot. Þessi breyting þykir ekki varhugaverð í ljósi annarra lögbundinna skilyrða fyrir framsali. Þannig verður maður ekki framseldur ef veruleg hætta er á að hann muni vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar, stjórnmálaskoðanna eða að öðru leyti vegna stjórnmálaaðstæðna sæta ofríki eða ofsóknum sem beinast gegn lífi hans eða frelsi eða eru að öðru leyti alvarlegs eðlis, sbr. 6. gr. laganna um framsal og aðra aðstoð í sakamálum. Þá er heimilt í sérstökum tilvikum að synja um framsal ef mannúðarástæður mæla gegn því, svo sem aldur, heilsufar eða aðrar persónulegar aðstæður, sbr. 7. gr. sömu laga.

Um 3. gr.

Samkvæmt 9. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum er ekki heimilt að framselja mann ef sök eða dæmd refsing er fyrnd eða að öðru leyti fallin niður samkvæmt íslenskum lögum. Í þessu felst að rof fyrningarfrests fer eftir íslenskum lögum. Í 1. mgr. 62. gr. Schengen-samningsins er hins vegar gert ráð fyrir að lög þess ríkis sem biður um framsal gildi um rof fyrningarfrests. Til samræmis við þetta er lögð til viðeigandi breyting með nýrri málsgrein sem bætist við 9. gr. laganna. Það ákvæði á eingöngu við um rof fyrningarfrests og því gilda hér eftir sem hingað til íslensk lög um lengd frestsins. Einnig tekur ákvæðið eingöngu til Schengen-ríkja og því gilda áfram íslensk lög um fyrningu að öllu leyti gagnvart öðrum ríkjum.

Um 4. gr.

Í 66. gr. Schengen-samningsins er fjallað um einfaldari málsmeðferð í framsalsmálum þegar sá sem óskast framseldur samþykkir framsal. Til að fullnægja skuldbindingum samkvæmt því ákvæði er lagt til að ný málsgrein bætist við 14. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.

Samkvæmt greininni er annars vegar gerður áskilnaður um að samþykki fyrir framsali skuli bókað og samþykkt skriflega hjá lögreglu, ákæruvaldi eða í dómi. Hins vegar er lagt til að sá sem óskast framseldur geti lýst því yfir að hann falli frá vernd samkvæmt svokallaðri sérreglu í framsalsmálum sem felur það í sér að maður verði ekki sóttur til saka eða látinn fullnusta dóm vegna annars brots en greinir í framsalsbeiðni og framið var fyrir afhendingu hans. Slík yfirlýsing er bindandi nema fallið sé frá samþykki fyrir framsali.

Um 5. gr.

Í 22. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum er fjallað um heimild til öflunar sönnunargagna hér á landi til notkunar í refsimáli sem rekið er í öðru ríki. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins er óheimilt að verða við slíkri beiðni ef hún er til komin vegna verknaðar sem ekki er refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann getur ekki verið grundvöllur framsals skv. 5.–7. gr. laganna. Þegar beiðni kemur frá Norðurlöndum skal í stað þessara skilyrða gerður áskilnaður um að verknaður geti legið til grundvallar framsali skv. 4. gr. laga um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7/1962. Þetta felur í sér þá takmörkun að ekki er unnt að verða við beiðni frá Norðurlöndum vegna stjórnmálaafbrots nema samsvarandi verknaður sé refsiverður eftir íslenskum lögum og sá sem grunaður er um að hafa framið slíkt brot er ekki íslenskur ríkisborgari.

Samkvæmt 51. gr. Schengen-samningsins getur ríki ekki sett önnur skilyrði vegna beiðni annars ríkis um leit eða hald en að verknaður sé refsiverður eftir lögum beggja ríkjanna og að framkvæmd beiðni sé samrýmanleg lögum þess ríkis sem veitir réttaraðstoð. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að gera breytingar á 3. mgr. 22. gr. laganna um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, þannig að ekki sé gerður áskilnaður gagnvart Schengen-ríkjum um að 5.–7. gr. laganna standi ekki í vegi þess að fallist verði á beiðni. Vegna þessa ákvæðis Schengen-samningsins er einnig nauðsynlegt að falla frá því skilyrði gagnvart Norðurlöndunum að beiðni vegna stjórnmálaafbrots varði ekki íslenskan ríkisborgara.

Um III. kafla.

Í 5. kafla III. þáttar (67.–69. gr.) Schengen-samningsins er fjallað um fullnustu erlendra refsidóma. Samkvæmt 67. gr. samningsins gilda þessi ákvæði til viðbótar Evrópusamningi um flutning dæmdra manna frá 21. mars 1983, en Ísland á aðild að þeim samningi. Í þessum kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, til að fullnægja skuldbindingum samkvæmt Schengen-samningnum og til að unnt verði að fullgilda viðbótarsamning við Evrópusamning um flutning dæmdra manna frá 18. desember 1997. Samhliða þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að flutt verði þingsályktunartillaga um fullgildingu viðbótarsamningsins.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að ný málsgrein bætist við 22. gr. laganna um að víkja megi frá skilyrðum b-liðar 1. mgr. ákvæðisins um samþykki dómþola fyrir því að viðurlögum verði fullnægt hér á landi þegar hann hefur komið sér undan fullnustu refisingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins. Þetta er til samræmis við 1. mgr. 68. gr. og 69. gr. Schengen-samningsins og 1. og 3. mgr. 2. gr. viðbótarsamnings við Evrópusamning um flutning dæmdra manna. Einnig er lagt til að samþykki dómþola sé ekki skilyrði þegar senda á hann úr landi eða vísa honum brott úr ríkinu sem biður um fullnustu. Þetta svarar til 1. mgr. 3. gr. viðbótarsamningsins.

Um 7. gr.

Lagt er til að heimilt verði að úrskurða í gæsluvarðhald dómþola, sem komið hefur sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins frá ríki sem biður um fullnustu til að tryggja nærveru hans þar til fullnægjandi gögn með beiðninni hafa borist eða ákvörðun um hvort fallist verði á beiðni er tekin. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, ef þau teljast viðhlítandi. Þessi grein svarar til 2. mgr. 68. gr. Schengen-samningsins og 2. mgr. 2. gr. viðbótarsamnings við Evrópusamning um flutning dæmdra manna.

Um 8. gr.

Með greininni er lagt til í samræmi við 6. gr. frumvarpsins að samþykki dómþola þurfi ekki í sömu tilvikum og þar greinir þegar íslensk stjórnvöld fara þess á leit að dómur verði fullnustaður erlendis.

Um 9. og 10. gr.

Í greinunum er lagt til að heimilt verði að skipa lögreglumenn sem eingöngu hafi það hlutverk að sinna landamæravörslu. Einnig er lagt til að skilyrði til að fá skipun í slíkt embætti taki mið af þessu takmarkaða starfssviði. Þetta tekur mið af því að landamæraeftirlit á Keflavíkurflugvelli verður umfangsmeira með þátttöku í Schengen-samstarfinu þar sem allir farþegar á leið til og frá löndum sem ekki eru þátttakendur í Schengen-samstarfinu þurfa að sæta vegabréfaskoðun.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. eldri laga um íslensk vegabréf, nr. 18/1953, var að finna heimild fyrir dómsmálaráðherra að ákveða með reglugerð hvort íslenskir ríkisborgarar skuli við brottför úr landi eða komu til landsins bera vegabréf. Í gildandi lögum um vegabréf, nr. 136/1998, er ekki að finna hliðstæða heimild. Með þessari grein er lagt til að úr þessu verði bætt og lögfest ótvíræð heimild til að mæla fyrir um í reglugerð hvar og hvenær íslenskir ríkisborgarar skuli bera og sýna vegabréf. Þessi heimild er meðal annars nauðsynleg til að Ísland geti fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru til landamæraeftirlits á Schengen-svæðinu.

Um 12. gr.

Fyrirhugað er að Norðurlöndin hefji þátttöku í Schengen-samstarfinu haustið 2000. Eftir því hvernig undirbúningi miðar gæti þó verið nauðsynlegt að fresta þátttökunni. Því er lagt til að ráðherra ákveði hvenær lögin öðlist gildi. Einnig er lagt til að unnt verði að ákveða mismunandi gildistöku einstakra kafla laganna. Þannig væri heimilt að láta III. kafla laganna

öðlast gildi fyrr svo að unnt væri að fullgilda viðauka við Evrópusamning um flutning dæmdra manna frá 18. desember 1997.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu en gert er ráð fyrir að Norðurlöndin hefji þátttöku haustið 2000. Það er mat fjármálaráðuneytis að ekkert ákvæðanna eitt og sér hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóðs. Hins vegar er í fjárlagafrumvarpi ársins 2000 áætluð rúmlega 200 m.kr. útgjöld vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu og er þar bæði um að ræða rekstur og stofnkostnað.

290. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]

um varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna hagkvæmni þess að gera jarðgöng úr botni Ísafjarðar, innst í Ísafjarðardjúpi, undir Kollafjarðarheiði. Að sunnanverðu, á Barðaströnd, yrðu þau tveggja arma og kæmu annars vegar út í Skálmardal, sem gengur inn úr Skálmarfirði, og hins vegar í Fjarðarhornsdal, innst í Kollafirði. Einnig verði könnuð hagkvæmni þess að gera jarðgöng undir Eyrarfjall, sem gengju úr Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi yfir í Ísafjarðarbotn, og að þvera Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð á Barðaströnd.

Greinargerð.

Ljóst er að samgöngur á Vestfjörðum standa mjög í vegi fyrir frekari framþróun á svæðinu. Á það sérstaklega við á vetrum þegar vegir eru iðulega ófærir eða illfærir um langan tíma vegna snjóþyngsla og óveðra. Flutningsmaður þessarar tillögu telur að gerð jarðganga sé í raun eina leiðin til að tryggja vetrarsamgöngur til og frá Vestfjörðum og innan svæðisins. Í tillögunni er gengið út frá því að vegur verði lagður um Arnkötludal og tekinn í notkun, hvort sem unnið verður eftir hugmyndum tillögunnar eða núgildandi vegáætlun.

Lagt er til að borin verði saman hagkvæmni þess að bæta samgöngur innan svæðisins með framkvæmd þessarar tillögu annars vegar og með því að fylgja núverandi vegáætlun hins vegar en þar er ekki gert ráð fyrir jarðgöngum á þessum slóðum. Þá verði borin saman hagkvæmni styttingar vegalengdar og aukins öryggis á leiðunum milli Patreksfjarðar og Gilsfjarðar og Ísafjarðarbæjar og Gilsfjarðar, verði hugmyndir þessarar tillögu að veruleika, og þeirrar hagkvæmni sem næst á sömu leiðum verði núgildandi vegáætlun fylgt. Einnig verði

kostir og gallar núgildandi vegáætlunar næstu 10–15 árin bornir saman við kostnað við þessa hugmynd sem kæmi á heilsársvegasambandi milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða og við þjóðveg eitt og suðvesturhorn landsins.

Flutningsmaður er eindregið þeirrar skoðunar að jarðgöng sem stytta vegalengdir milli staða og leysa okkur undan snjómokstri á erfiðum fjallvegum sé sú lausn sem stefna beri að þegar leita skal leiða sem talist geta varanlegar samgöngubætur. Þetta á auðvitað best við á snjóþyngstu fjallvegum landsins, t.d. á Vestfjörðum. Það hefur einnig sýnt sig að þverun fjarða bæði styttir vegalengdir og færir vegastæði af snjóþungum hættusvæðum. Þverun Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar á Barðaströnd yrði sams konar samgöngubót og þverun Gilsfjarðar og Dýrafjarðar.

Með varanlegum samgöngubótum eins og hér er lýst má reikna með að gríðarstórum áfanga megi ná í samgöngumálum. Með þessum breytingum væri ekki lengur yfir neina fjallvegi að fara, utan Kleifaheiðar og Hálfdáns, sem talist geta farartálmi að vetri til.

291. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

38. gr. laganna hljóðar svo:

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum skal framkvæma úttektir á þeim og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúenda.

Úttektir skulu framkvæmdar af úttektarmönnum skv. 39. gr.

2. gr.

39. gr. laganna hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra skipar tvo úttektarmenn fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn til að framkvæma úttektir á jörðum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Skipa skal annan úttektarmanninn án tilnefningar og hinn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

40. gr. laganna hljóðar svo:

Úttektarmenn skulu byrja úttekt og framkvæma vettvangsskoðun eigi síðar en fjórum vikum eftir að beiðni um úttekt berst nema óviðráðanlegar ástæður standi í vegi fyrir því.

Úttektarmenn skulu gera landeiganda og fráfarandi og viðtakandi ábúanda viðvart með nægum fyrirvara um hvenær úttektir fara fram og gefa þeim kost á að vera viðstaddir og gæta réttar síns.

Úttektarmenn skulu framkvæma ítarlega skoðun á vettvangi og rita lýsingu á ástandi jarða, ræktunar og mannvirkja landeiganda og fráfarandi ábúanda. Í ástandslýsingu skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um stærð ræktunar og mannvirkja landeiganda og fráfarandi ábúanda, skemmdir á mannvirkjum sem kunna að hafa orðið af völdum ábúanda,

hvernig húsum hefur verið viðhaldið og annað eftir því sem þurfa þykir. Einnig skulu úttektarmenn rita upplýsingar um allar jarðnytjar og hvernig jörð hafi verið setin.

4. gr.

41. gr. laganna hljóðar svo:

Úttektarmenn skulu framkvæma mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda sem háðar eru kaupskyldu landeiganda skv. 16. gr. Við matið skulu úttektarmenn leggja til grundvallar raunvirði eigna og endurbóta fráfarandi ábúanda að teknu tilliti til ástands og viðhalds þeirra.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari reglur um útreikning raunvirðis eigna og endurbóta og framkvæmd mats skv. 1. mgr. að öðru leyti.

5. gr.

42. gr. laganna hljóðar svo:

Úttektarmenn skulu skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og staðfesta úttektir með undirritun sinni.

Úttektarmenn skulu skila niðurstöðum sínum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

6. gr.

43. gr. laganna hljóðar svo:

Kostnaður við úttektir greiðist að jöfnu af landeiganda og fráfarandi ábúanda.

7. gr.

44. gr. laganna hljóðar svo:

Landeigandi og fráfarandi ábúandi geta krafist yfirmats á eignum fráfarandi ábúanda samkvæmt lögum þessum innan tveggja vikna frá dagsetningu úttektar skv. 42. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í yfirmatsnefnd fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Um störf yfirmatsnefndar gilda ákvæði 40.–41. gr.

Yfirmatsnefnd skal að lokinni vettvangsskoðun ráða niðurstöðum sínum á fundum. Ef ágreiningur verður ræður afl atkvæða úrslitum.

Yfirmatsnefnd skal skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og skulu allir nefndarmenn staðfesta matsgerðir með undirritun sinni. Yfirmatsnefnd skal skila niðurstöðum sínum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

Yfirmatsnefnd úrskurðar um hvernig kostnaður við yfirmat greiðist.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000 og gilda um allar úttektir og yfirmatsgerðir sem framkvæmdar verða eftir þann tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um breytingu á ábúðarlögum nr. 64/1976 er lagt fram í þeim tilgangi að koma á samræmdu verðmati mannvirkja og endurbóta í eigu fráfarandi ábúenda á jörðum yfir landið allt.

Samkvæmt 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, er landeiganda skylt að kaupa af fráfarandi ábúanda mannvirki og umbætur sem er til frambúðar komið haganlega fyrir og sem nauðsynlegar eru til búrekstrar á jörðinni, á því verði sem úttektarmenn meta.

Samkvæmt gildandi lögum skulu sérstakir úttektarmenn, tveir í hverju sveitarfélagi framkvæma úttektir og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúenda við ábúðarlok. Mati þessara úttektarmanna verður síðan skotið til yfirmatsnefnda sem starfa í hverri sýslu.

Í gildandi lögum eru enn fremur engin ákvæði um hvaða sjónarmið úttektarmönnum og yfirmatsnefndum beri að leggja til grundvallar við mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúenda.

Þetta fyrirkomulag hefur óhjákvæmilega leitt til þess að nokkurt misræmi hefur orðið í því hvernig eignir og endurbætur fráfarandi ábúenda hafa verið metnar við ábúðarlok víðs vegar um landið.

Með frumvarpi þessu er leitast við að ráða bót á þessu misræmi og stefnt að því að samræma mat á fasteignum og endurbótum fráfarandi ábúenda á jörðum fyrir landið allt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi á skipan úttektarmanna og yfirmatsnefndar og miðað við að tveir úttektarmenn og ein yfirmatsnefnd verði skipuð fyrir landið í heild. Í frumvarpinu eru jafnframt settar fram ákveðnar viðmiðunarreglur um mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er sama efnis og 38. gr. gildandi laga með lítillega breyttu orðalagi. Fellt er niður ákvæði um að úttektir skuli framkvæma fyrir 20. júní ár hvert en það hefur ekki reynst raunhæft í framkvæmd.

Um 2. gr.

Hér er um að ræða gagngerar breytingar á núverandi fyrirkomulagi um skipan úttektarmanna en samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að tveir úttektarmenn séu skipaðir fyrir hvert sveitarfélag til að framkvæma úttektir og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúenda við ábúðarlok. Í greininni er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra skipi tvo úttektarmenn sem starfi fyrir landið allt við úttektir og mat á mannvirkjum og endurbótum fráfarandi ábúenda, annan án tilnefningar og hinn eftir tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Ekki eru í frumvarpinu gerðar kröfur um sérstaka menntun úttektarmanna en ljóst er að mjög mikilvægt er að til starfa fáist menn með góða þekkingu og færni þessu sviði.

Hlutverk úttektarmanna er að öðru leyti að mestu óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um hlutverk og starfsskyldur úttektarmanna við vettvangsskoðun.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli en hér er með lögum kveðið á um hvaða sjónarmið úttektarmönnum beri að leggja til grundvallar við mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúenda. Gert er ráð fyrir að miðað verði við raunvirði eigna og endurbóta. Í ákvæðinu er einnig gert ráð fyrir að úttektarmenn hafi ákveðið svigrúm til að hækka eða lækka mat á einstökum eignum og endurbótum fráfarandi ábúenda eftir ástandi þeirra, viðhaldi o.s.frv. Einnig er í ákvæðinu gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji reglugerð um útreikning raunvirðis eigna og endurbóta og framkvæmd mats að öðru leyti.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið frekar á um starfshætti úttektarmanna. Jafnframt eru þeim sett ákveðin tímamörk til að skila niðurstöðum sínum.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um hverjir skuli greiða kostnað af störfum úttektarmanna. Í greininni er ekki kveðið sérstaklega á um hvaða sjónarmið beri að leggja til grundvallar við ákvörðun kostnaðar af störfum úttektarmanna og er gert ráð fyrir að slíkur kostnaður verði greiddur samkvæmt framlögðum reikningum, þ.m.t. ferðakostnaður og annar útlagður kostnaður.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild landeigenda og fráfarandi ábúenda til að skjóta ákvörðunum úttektarmanna til yfirmatsnefndar. Ákvæðið hefur að geyma gagngerar breytingar á ákvæðum gildandi laga um yfirmat. Gert er ráð fyrir að ein yfirmatsnefnd verði starfandi fyrir landið allt og komi í stað fjölda yfirmatsnefnda sem nú starfa, ein fyrir hverja sýslu.

Að öðru leyti er í greininni að finna reglur um störf og starfshætti yfirmatsnefndar.

Gert er ráð fyrir að yfirmatsnefnd úrskurði um greiðslu kostnaðar af yfirmati og er það sama regla og er í gildandi lögum.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ábúðarlögum.

Frumvarp þetta er endurskoðun á ábúðarlögum, nr. 64/1976, og er lagt fram í þeim tilgangi að koma á samræmdu og faglegu verðmati á mannvirkjum og endurbótum í eigu fráfarandi ábúenda á jörðum sem undir lögin falla.

Landbúnaðarráðherra skipar tvo úttektarmenn, annan samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Kostnaður við úttekt greiðist að jöfnu af ábúanda/landeiganda og kaupanda. Ætla má að mat á hverri jörð nemi um 100.000 kr. og að um sjö jarðir verði metnar á ári. Miðað er við að ríkissjóður greiði helming kostnaðarins, eða um 350.000 kr. á ári.

Skv. 4. gr. frumvarpsins setur landbúnaðarráðherra reglugerð um nánari útreikning raunvirðis eigna og endurbóta. Aðkeyptur kostnaður við gerð reglugerðarinnar gæti numið um 500.000 kr.

Skv. 7. gr. frumvarpsins geta ábúendur/landeigendur krafist yfirmats. Í yfirmatsnefnd eru þrír menn og bætist þar við oddamaður skipaður af Hæstarétti. Ekki er í frumvarpinu getið um hver greiði kostnaðinn af nefndinni enda er það nefndarinnar að kveða á um hverjum beri sá kostnaður.

Samtals mun frumvarpið kosta ríkissjóð um 850.000 kr. á næsta ári, þar af eru 500.000 kr. tímabundinn kostnaður.

Áætla má að lagabreytingin muni leiða að gagnsæu, skilvirku og óvilhöllu mati á fasteignum fráfarandi ábúenda sem skili sér í lægri kostnaði á hærra dómsstigi og hagræði við kaup og sölu jarða.

292. Frumvarp til laga [240. mál]

um Póst- og fjarskiptastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.
Yfirstjórn o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla.

Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.
Starfsmenn.

Samgönguráðherra skipar forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

3. gr.
Verkefni.

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru:

1. Að veita rekstrarleyfi fyrir almenna fjarskiptaþjónustu og net, setja skilyrði um almennar heimildir til að veita fjarskiptaþjónustu, sundurliðuð eftir þjónustu, allt í samræmi við lög um fjarskipti. Stofnunin setur skilyrði í rekstrarleyfum eftir því sem við getur átt innan þeirra marka sem fjarskiptalög segja til um.
2. Að veita leyfi til póstþjónustu samkvæmt lögum um póstþjónustu. Stofnunin setur skilyrði í rekstrarleyfum eftir því sem við getur átt innan marka laga um póstþjónustu.
3. Að hafa eftirlit með því að rekstrarleyfishafar uppfylli og virði skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar og aðrar kvaðir sem almennum heimildum og rekstrarleyfum fylgja.
4. Að skilgreina rekstrarleyfishafa sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild á póst- og fjarskiptamarkaði.
5. Að hafa eftirlit með því að ákvæði laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, séu virt.
6. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði fjarskipta- og póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði fjarskipta- og póstmála. Skal Póst- og fjarskipta-

stofnun beina tilmælum um breytingar á lögum og reglugerðum til samgönguráðherra ef þess gerist þörf.

7. Að annast auglýsingar og útboð á leyfum og rekstri þegar lög um fjarskipti og póstþjónustu kveða á um slíkt.
8. Að gera áætlanir um notkun tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar reglur og úthluta tíðnum til einstakra aðila og fyrir mismunandi þjónustu, þar með talið útvarpsþjónustu.
9. Að setja reglur um tæknilega eiginleika kapalkerfa og hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt.
10. Að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum, gjaldskrám og bókhaldi fjarskiptafyrirtækja, póstrekenda og rekstrarleyfishafa, þar sem það á við.
11. Að skilgreina, hafa umsjón með og ákvarða fjárframlög til alþjónustu.
12. Að annast samningagerð fyrir hönd samgönguráðherra vegna sértækrar þjónustu, sbr. IV. kafla fjarskiptalaga.
13. Að hafa eftirlit með fjarskiptabúnaði.
14. Að setja reglur um númerakerfi fyrir fjarskiptaþjónustu, númeraflutning og réttindi notenda fjarskiptaþjónustu sem fengið hafa númer til afnota.
15. Að hafa eftir þörfum milligöngu um sættir og úrskurða um samtengingu fjarskiptaneta og fylgjast með að lögum og reglum um samtengingu og opinn aðgang að netum sé framfylgt, samkvæmt lögum um fjarskipti.
16. Að hafa eftirlit með þeim sem annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu við fjarskiptavirki.
17. Að hafa eftirlit með sölu notendabúnaðar og þráðlauss búnaðar, þar með talið markaðseftirlit.
18. Að taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála.
19. Að gefa út öryggisvottorð fyrir fjarskiptabúnað þar sem þess er krafist samkvæmt lögum og reglugerðum.
20. Að annast skráningu og halda skrá yfir póstrekendur og fjarskiptafyrirtæki.
21. Að veita fyrirtækjum sem annast innheimtu reikninga fyrir erlend fjarskiptafyrirtæki viðurkenningu á að þau uppfylli skilyrði stofnunarinnar um greiðsluhæfi og tryggingar, fyrirkomulag starfseminnar og annað sem Alþjóðafjarskiptasambandið fer fram á.
22. Annað sem lýtur að framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi.

Póst- og fjarskiptastofnun skal framfylgja lögum um fjarskipti og póstþjónustu og tryggja að markmið laganna náist. Skal það gert m.a. með því að stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti í póst- og fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta. Stofnunin skal taka til meðferðar mál sem upp koma vegna starfsemi fjarskiptafyrirtækja, póstrekenda og rekstrarleyfishafa. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun skulu setja sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga. Skulu reglur þessar birtar.

4. gr.

Eftirlit með leyfishöfum.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa, þar með talið fjárhagsstöðu, og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, leyfisbréf eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Með leyfishöfum í lögum þessum er átt við þá sem veita fjarskiptaþjónustu eða reka fjarskiptanet samkvæmt almennum heimildum eða

hafa rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fjarskipti og þá sem rekstrarleyfi hafa eða eru skráningarskyldir samkvæmt lögum um póstþjónustu.

5. gr.

Eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafið þá sem stunda starfsemi sem fellur undir lög um fjarskipta- og póststarfsemi um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Í þessu sambandi er stofnuninni heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar láti henni í té ársreikninga, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður.

Póst- og fjarskiptastofnun getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun að fjárhagsstaða leyfishafa sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur þær sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi eða almennum heimildum getur stofnunin krafist þess að bætt verði úr innan tiltekins frests.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað rekstrarleyfishafa og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum, lögum um fjarskipti, lögum um póstþjónustu, reglum eða ákvörðunum stofnunarinnar. Við framkvæmd þessara aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Vanræki leyfishafar skyldur sínar eða uppfylli ekki kröfur sem Póst- og fjarskiptastofnun gerir um úrbætur innan hæfilegs frests getur stofnunin svipt viðkomandi leyfi til fjarskipta- eða póstþjónustu eða tilkynnt fjarskiptafyrirtæki að það njóti ekki lengur almennrar heimildar, að undangenginni skriflegri viðvörun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal gera ráðstafanir til að stöðva rekstur fjarskiptafyrirtækis eða póstrekanda sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki skilyrði laga og reglna um slíka starfsemi. Er heimilt að leggja á dagsektir í þessu skyni, sbr. 7. mgr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar.

6. gr.

Þagnarskylda og samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um endurskoðendur og aðra sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. að því er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við framkvæmd eftirlits eða af öðrum ástæðum, skal fara sem trúnaðarmál.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að birta tölfræðilegar upplýsingar um magn fjarskipta og pósts og skulu leyfishafar láta stofnuninni í té slíkar upplýsingar.

Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má veita eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjum EES og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar upplýsingar sé það liður annaðhvort í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila eða við úrlausn einstakra mála og slík upplýsingagjöf er nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um skipti á upplýsingum við eftirlitsstjórnvöld hér á landi. Póst- og

fjarskiptastofnun er því aðeins heimilt að veita eftirlitsstjórnvöldum upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein að sá sem upplýsingarnar fær sé háður sams konar þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt lögum þessum skal ekki vera því til fyrirstöðu að Póst- og fjarskiptastofnun gefi fulltrúum eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdstjórnar Evrópusambandsins sem fjalla um póst- og fjarskiptamál allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að skiptast á upplýsingum við sambærilegar stofnanir innan EES og samningsríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að því marki að ekki sé um trúnaðarupplýsingar að ræða.

7. gr.

Kvartanir.

Telji notandi fjarskipta- eða póstþjónustu, rekstrarleyfishafi eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta að fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur eða rekstrarleyfishafar brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um póstþjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi, getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka.

Póst- og fjarskiptastofnun skal leita álits viðkomandi fjarskiptafyrirtækis, póstrekanda eða rekstrarleyfishafa á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila. Náist ekki samkomulag skal úr ágreiningi skorið með úrskurði.

8. gr.

Heimild til bráðabirgðaákvörðunar.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt að taka ákvörðun í einstökum málum án tafar, enda sé hætta á því að dráttur á úrskurði valdi aðilum máls fjártjóni, er stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal taka málið til umfjöllunar skv. 7. gr. innan sjö daga frá því að bráðabirgðaákvörðunin var tekin, ella fellur hún úr gildi.

9. gr.

Dagsektir og innheimta.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja á og innheimta dagsektir af leyfishöfum, uppfylli þeir ekki skilyrði sem þeim hafa verið sett eða aðrar kvaðir sem á þá hafa verið lagðar samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Dagsektir nemi 50.000 til 500.000 kr. á dag. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför. Málskot til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

10. gr.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Skal kæran berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun eða úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara, allir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst nefndinni.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir á stjórnsýslustigi. Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Ákvörðun, eða úrskurður, Póst- og fjarskiptastofnunar verður ekki borin undir dómstóla fyrr en niðurstaða úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála liggur fyrir.

Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð o.fl. skal mælt fyrir í reglugerð.

11. gr.

Gjaldtaka o.fl.

Fyrir útgáfu rekstrarleyfisbréfa og skráningu fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Við útgáfu rekstrarleyfa til fjarskiptaþjónustu eða reksturs fjarskiptaneta þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa, t.d. vegna takmarkaðs tíðnisviðs fyrir viðkomandi þjónustu og úthlutun tíðna fer fram eftir birtingu auglýsingar um fyrirhugaða úthlutun eða útboð, eða þegar tíðni er úthlutað á grundvelli útboðs til annarra nota en fjarskiptaþjónustu, skal innheimta sérstakt gjald fyrir tíðnirnar. Gjaldið ákvarðast af kostnaði við úthlutunina eða með útboði þegar það á við.

Fyrir úthlutun símanúmera til rekstrarleyfishafa skal fyrir hvert úthlutað símanúmer taka árlegt gjald sem standi undir kostnaði Póst- og fjarskiptastofnunar við umfjöllun um númeramál og afgreiðslu þeirra. Til viðbótar skal tekið 200.000 kr. gjald fyrir fjögurra stafa númer og 1.000.000 kr. fyrir þriggja stafa númer.

Fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur og rekstrarleyfishafar skulu árlega greiða Póst- og fjarskiptastofnun rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert fjarskiptafyrirtæki, póstrekanda eða rekstrarleyfishafa að greiða samkvæmt reikningi kostnað við sérstakar kannanir sem stofnunin telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum.

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar sem henni er falið að veita samkvæmt lögum þessum, fjarskiptalögum og lögum um póstþjónustu.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein, að undanteknu leyfisbréfagjaldi skv. 1. mgr., skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar sem annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

Álagning rekstrargjalds skv. 4. mgr. skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Póst- og fjarskiptastofnun skal gera eftirlitsskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi.

Rekstrargjald greiðist ársþriðjungslega með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. maí og eindagi 15. maí og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september.

Hefji fjarskiptafyrirtæki, póstrekandi eða rekstrarleyfishafi starfsemi eftir að álagning fer fram skv. 8. mgr. skal leggja á hann rekstrargjald og miðast álagningin við næsta gjalddaga eftir útgáfu starfsleyfis. Skal fjárhæð gjaldsins taka mið af því hversu langur tími er eftir af rekstrarárinu, talið frá næsta gjalddaga. Greiðist gjaldið þá á þeim gjalddögum sem eftir eru. Séu allir gjalddagar liðnir skal ekki leggja á rekstrargjald vegna yfirstandandi rekstrarárs. Hætti fjarskiptafyrirtæki, póstrekandi eða rekstrarleyfishafi starfsemi áður en rekstrargjald

er að fullu greitt fellur niður sá hluti gjaldsins sem ekki er kominn í gjalddaga þegar starfsleyfi fellur úr gildi.

Sé rekstrargjald greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við vaxtalög.

Vanræki fjarskiptafyrirtæki, póstrekandi eða rekstrarleyfishafi greiðslu rekstrargjalds er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að afturkalla starfsheimild fyrirtækisins.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju gagnvart tilteknum aðilum reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar.

12. gr.

Skýrsla.

Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal m.a. greint frá útgefnum leyfum og birtur listi yfir fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur og rekstrarleyfishafa.

13. gr.

Reglugerðir.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Póst- og fjarskiptastofnun var stofnuð á grundvelli laga nr. 147/1996. Stofnunin hóf starfsemi 1. apríl 1997 og tók þá við almennu stjórnsýsluhlutverki á sviði fjarskipta- og póstmála. Póst- og fjarskiptastofnun tók meðal annars við verkefnum Fjarskiptaeftirlits ríkisins og hluta af verkefnum samgönguráðuneytisins, svo sem leyfisveitingum. Póst- og símamálastofnun hafði áður á hendi ýmis stjórnsýsluverkefni auk þess að veita almenna fjarskiptaþjónustu og reka almennt fjarskiptanet. Í samræmi við ákvæði tilskipana EES um aðskilnað stjórnsýslu frá viðskiptastarfsemi fjarskiptafyrirtækja yfirtók Póst- og fjarskiptastofnun alla stjórnsýslu sem Póst- og símamálastofnun hafði annast.

Breyttar aðstæður pósts og einkum fjarskipta sem fólust í lögum um fjarskipti, nr. 143/1996, og lögum um póstþjónustu, nr. 142/1996, sem byggðust að meginefni á löggjöf sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu, hefur leitt til þess að auk framangreindra verkefna koma nýir málaflokkar til kasta Póst- og fjarskiptastofnunar. Samkeppni á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og í rekstri fjarskiptaneta hófst með því að nýir aðilar komu til sögunnar og kepptu við ríkisfyrirtækin, fyrrverandi einkaleyfishafa. Þetta leiddi af sér kröfur um opinn aðgang að netum og þjónustu og um samtengingu milli neta. Frjáls markaður kann hins vegar að leiða til þess að enginn vilji þjóna strjálbýlinu. Þess vegna eru ákvæði í lögum um alþjónustu á talsímasviðinu og grunnpóstþjónustu í þeim tilgangi að tryggja þjónustu á öllu landinu. Þessi þrjú mál, opinn aðgangur, samtenging og alþjónusta, eru ný viðfangsefni stjórnsýslunnar á verksviði Póst- og fjarskiptastofnunar. Það eru jafnframt þeir málaflokkar sem hafa orðið tilefni flestra deilna á milli samkeppnisaðila. Lausn þeirra og ákvarðanir þar að lútandi eru ört vaxandi þáttur í starfi stofnunarinnar.

Á byrjunarskeiði hins frjálsa markaðar er staða samkeppnisaðila mjög ójöfn. Fyrrverandi einkaleyfishafi hefur í krafti fyrri fjárfestinga sinna og uppbyggingar yfirburðastöðu á mark-

aðinum og mundi, ef ekki væru gerðar ráðstafanir af hálfu stjórnvalda, eiga auðvelt með að brjóta niður tilraunir til samkeppni. Á Evrópska efnahagssvæðinu eru stjórnvöld meðvituð um þessa stöðu og hafa með tilskipunum og reglugerðum reynt að draga úr aðstöðumuninum með því t.d. að leggja á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðsstöðu, ýmsar skyldur sem yrðu taldar óeðlilegar á flestum öðrum sviðum atvinnulífs. Samkeppnismál á fjarskiptasviðinu taka því á sig sérstakan blæ á breytingaskeiðinu sem stendur frá lokum einkaleyfistímans þar til eðlileg samkeppni er komin á. Þessi mál tengjast óhjákvæmilega þeim þremur málaflokkum sem áður var lýst, þ.e. opnum aðgangi, samtengingu og alþjónustu. Það er einmitt vegna þess sem stöðugt hefur verið unnið að endurbótum á fjarskiptalöggjöf í Evrópu og um leið á reglum um starfsemi eftirlitsaðila á borð við Póst- og fjarskiptastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun tók eins og áður sagði við verkefnum Fjarskiptaeftirlits ríkisins. Þau eru m.a. skipulag tíðnimála og úthlutun einstakra tíðna, viðurkenning á notendabúnaði, öryggisskoðun fjarskiptabúnaðar, truflanaleit og útgáfa starfsvottorða. Umfang tíðnimála hefur aukist með tilkomu nýrra fjarskiptafyrirtækja og með sívaxandi notkun þráðlauss búnaðar í fjarskiptum.

Í flestum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins starfa eftirlitsstofnanir á borð við Póst- og fjarskiptastofnun sem vinna að úrlausn svipaðra verkefna. Þær hófu flestar starfsemi sína á undan Póst- og fjarskiptastofnun og því er komin lengri reynsla af starfi þeirra. Í ýmsum löndum eru völd eftirlitsstofnananna víðtækari en hér á landi. Má sem dæmi nefna að í Danmörku og Bretlandi geta eftirlitsstofnanir sett fram kröfur um árlega raunlækkun gjaldskrár þeirra fyrirtækja sem njóta umtalsverðrar markaðshlutdeildar og fylgt kröfunum eftir. Ekki er gert ráð fyrir slíkum heimildum til handa Póst- og fjarskiptastofnun í frumvarpinu. Vegna ört vaxandi viðskipta á milli einstakra ríkja í fjarskiptum er sífelld aukning á samskiptum, samvinnu og samráði Póst- og fjarskiptastofnunar við systurstofnanir í öðrum löndum, sérstaklega innan EES. Getur samráð oft leitt til hagræðis við úrlausn einstakra mála. Einnig er raunhæfur möguleiki á því að leysa þurfi úr málum sem varða fyrirtæki í öðrum löndum, t.d. vegna samtengingar milli landa. Í slíkum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að stofnunin starfi með erlendri stofnun og er í frumvarpinu að finna heimild til slíks samstarfs. Auk þess er í frumvarpinu heimild til að upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um framkvæmd ákvæða tilskipana og um ástand póst- og fjarskiptamála hér á landi. Eins og hér hefur verið rakið hafa orðið til ýmis ný stjórnvaldsverkefni á sviði fjarskipta og búast má við sams konar þróun á póstsviði þó að hún verði að líkindum hægari. Þegar lög nr. 147/1996 voru sett mátti sjá fyrir mörg þessara verkefna en erfitt var að spá um umfang þeirra og hver yrðu meginvandamálin. Á síðustu tveimur árum hefur samkeppnin tekið á sig mynd og er reynsla komin á framkvæmd póst- og fjarskiptalaga. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar standa nokkur atriði því í vegi að hún geti rækt hlutverk sitt nægilega vel, auk þess að framfylgja þeim breytingum sem felast í frumvarpi til fjarskiptalaga. Í fyrsta lagi þarf að skilgreina betur hvenær einstök mál heyra undir Póst- og fjarskiptastofnun og hvenær undir Samkeppnisstofnun. Í öðru lagi getur aðili með umtalsverða markaðsstöðu tafið innkomu nýrra aðila á markaðinn með því að fresta afgreiðslu á samtengingu, línum eða öðru sem nýir aðilar verða að sækja til hans og með því að draga á langinn ákvörðun um gjaldtöku fyrir þjónustu sem þessu tengist. Til að flýta fyrir ákvarðanatöku er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til að taka ákvarðanir til bráðabirgða þegar dráttur á niðursöðu er líklegur til að valda fjártjóni. Í þriðja lagi þarf svo að tryggja Póst- og fjarskiptastofnun fullnægjandi úrræði til að fylgja fyrirspurnum og ákvörðunum sínum eftir.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi að nýjum fjarskiptalögum og taka breytingatillögur í því mið af frumvarpi til fjarskiptalaga.

Með hinu nýja frumvarpi til fjarskiptalaga eru lagðar til miklar breytingar á möguleikum fyrirtækja til að starfa á fjarskiptamarkaðinum, t.d. með því að aðgangur fjarskiptafyrirtækja að heimtaug einstakra notenda verður nú mögulegur. Einnig er gert ráð fyrir því að rekstrarleyfishafar á sviði farsímaþjónustu geti í sérstökum tilvikum krafist íhlutunar Póst- og fjarskiptastofnunar við gerð reikisamninga á milli fyrirtækja. Jafnframt gera lögin ráð fyrir umfangsmikilli þátttöku stofnunarinnar í úrlausn deilumála um samtengingu og opinn aðgang að netum.

Þessu til viðbótar má nefna að stofnuninni er ætlað veigamikið hlutverk við framkvæmd reglna um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga en lagt er til að starfsheiti forstöðumanns verði breytt í forstjóra til samræmis við sambærileg starfsheiti í öðrum stofnunum.

Um 3. gr.

Greinin kemur í stað 3. gr. gildandi laga.

Um 1. mgr.

1. tölul.: Í frumvarpi til fjarskiptalaga er horfið frá núverandi fyrirkomulagi leyfisveitinga í fjarskiptum. Í stað þess að fjarskiptafyrirtæki þurfi að jafnaði rekstrarleyfi, njóta þau almennrar heimildar til að veita fjarskiptaþjónustu, skv. 5. gr. frumvarps til fjarskiptalaga að uppfylltum skilyrðum 6. gr. þess. Þessum tölulið er bætt við hér til samræmis við nýtt fyrirkomulag á þessu sviði.

Rekstrarleyfi þurfa fyrirtæki að fá skv. 7. gr. frumvarps til fjarskiptalaga, fyrst og fremst í þeim tilvikum er þau þurfa að fá úthlutað númerum og tíðnum vegna starfsemi sinnar og er þau reka almenn fjarskiptanet. Miðar breytingin að því að mæla fyrir um breytingu á framangreindri framkvæmd.

2. tölul.: Ákvæði um leyfi fyrir póstþjónustu eru í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga.

3. tölul.: Efnislega samhljóða 2. tölul. gildandi laga að teknu tilliti til breytinga á 1. og 2. tölul.

4. tölul.: Töluliður þessi felur í sér nýmæli þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að fjalla um stöðu einstakra rekstrarleyfishafa á fjarskiptamarkaði. Samkvæmt frumvarpi til fjarskiptalaga gilda ýmsar sérreglur um rekstrarleyfishafa sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild, sbr. t.d. 19. gr., 20. gr. og 24. gr. Er nauðsynlegt að fjalla um stöðu fyrirtækja og ákveða hvort þau njóti umtalsverðrar markaðshlutdeildar. Samkvæmt tilskipunum EES er til þess ætlast að Póst- og fjarskiptastofnun fjalli um það. Að jafnaði eru mörkin dregin við 25% hlutdeild á viðkomandi markaði sem bæði þarf að afmarka landfræðilega og ákvarða vöru- og þjónustumarkað. Miðast þessi mörk við ákvæði samtengingartilskipunarinnar nr. 97/33/ESB. Samkeppnisstofnun fjallar hins vegar um markaðsskilgreiningar sem falla undir gildissvið samkeppnislaga nr. 8/1993. Á sama hátt er hér lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun fjalli um markaðsskilgreiningar sem falla undir fjarskiptalög og lög um póstþjónustu.

5. tölul.: Töluliðurinn er samhljóða 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga.

6. tölul.: Töluliðurinn er samhljóða 4. tölul. gildandi laga að því viðbættu að Póst- og fjarskiptastofnun er hér falið að vekja athygli stjórnvalda á því þegar hún telur breytinga þörf á íslenskum reglum í ljósi breytinga á alþjóðlegum reglum og sáttmálum.

7. tölul.: Töluliðurinn kemur í stað 5. tölul. gildandi laga en hér er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að annast framkvæmd á úthlutun rekstrarleyfa þegar tíðniaðgangur er takmarkaður, annaðhvort með því að auglýsa eftir umsóknum eða halda útboð eins og mælt er fyrir um í frumvarpi til laga um fjarskipti.

8.–10. tölul.: Töluliðirnir eru samhljóða 5.–7. tölul. gildandi laga.

11.–12. tölul.: Töluliðirnir eru efnislega samhljóða 8. tölul. gildandi laga.

13.–20. tölul.: Töluliðirnir þarfnast ekki skýringa.

21. tölul.: Hér er um nýmæli að ræða. Íslenskir aðilar notfæra sér oft fjarskiptaþjónustu erlendis en innheimta fyrir hana hér á landi með aðstoð millilliða sem viðurkenndir eru af Alþjóðafjarskiptasambandinu. Erlendir aðilar hafa óskað eftir að Póst- og fjarskiptastofnun tilkynni Alþjóðafjarskiptasambandinu að slíkir milliliðir hafi hlotið viðurkenningu til að annast innheimtu reikninga. Þar eð greiðslur íslenskra notenda munu, ef leyft verður, fara í gegnum erlendu aðilana er talið nauðsynlegt að fela Póst- og fjarskiptastofnun að setja skilyrði fyrir viðurkenningu.

22. tölul.: Töluliðurinn er samhljóða 17. tölul. gildandi laga.

Um 2. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frumvarps til laga um fjarskipti er eitt af markmiðum laganna að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði og koma í veg fyrir ólögmæta viðskiptahætti. Er það hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar að sjá um að fyrirtæki virði þessi ákvæði og framfylgi þeim.

Þar sem einstök mál sem upp hafa komið hafa ýmist hlotið umfjöllun hjá samkeppnisyfirvöldum eða hjá Póst- og fjarskiptastofnun og oft er óljóst hjá hvorri stofnuninni fjallað skuli um málið er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun fjalli aðeins um mál sem falla undir fjarskiptalög og lög um póstþjónustu.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskipastofnun og Samkeppnisstofnun hafi samvinnu um að setja leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga. Með setningu og birtingu slíkra reglna er unnið gegn hugsanlegri óvissu fyrirtækja um valdmörk og lögsögu þessara stjórnvalda. Samkeppnisyfirvöld hafa eftirlit með fyrirtækjum á fjarskipta- og póstmarkaði á grundvelli samkeppnislaga. Nýjum lögum um fjarskipti og Póst- og fjarskiptastofnun er ekki ætlað að breyta gildissviði samkeppnislaga eða takmarka valdheimildir samkeppnisyfirvalda á póst- og fjarskiptamarkaðnum. Samkeppnisyfirvöld munu því eftir sem áður geta beitt ákvæðum samkeppnislaga á umræddum mörkuðum, svo sem reglum um bann við samráði, misnotkun á markaðsráðandi stöðu, samruna fyrirtækja og um óréttmæta viðskiptahætti. Þannig munu gilda sams konar samkeppnisreglur í öllum atvinnugreinum, eins og hingað til, og fyrirtæki búa að þessu leyti við sambærileg starfsskilyrði. Er þá sérstaklega haft í huga að viðskiptaráðherra mun leggja fram frumvarp sem miðar að því að efla virka samkeppni með því að styrkja ákvæði samkeppnislaga.

Um 4. gr.

Ákvæðinu hefur verið breytt þannig að það endurspegli hið aukna hlutverk stofnunarinnar samkvæmt frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga. Þar sem stofnuninni er ætlað m.a. að vinna að eflingu samkeppni í fjarskiptum er henni nauðsynlegt að hafa rúmar heimildir til eftirlits með starfsemi fjarskiptafyrirtækja.

Um 5. gr.

1. mgr. kemur í stað 1. mgr. 5. gr. gildandi laga en nánar eru skilgreinar heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að krefjast upplýsinga.

2. mgr. er nýmæli. Til þess að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni á skilvirkan hátt er stofnuninni nauðsyn að hafa heimild til að fá einstök umbeðin gögn afhent til athugunar í tengslum við þau mál sem til meðferðar eru hverju sinni. Má sem dæmi úr hliðstæðum lögum nefna heimildir samkeppnisyfirvalda til að krefjast gagna til rannsóknar. Gildandi lög um Póst- og fjarskiptastofnun hafa ekki að geyma fullnægjandi heimildir að þessu leyti og er því nauðsynlegt að auka þær.

3. mgr. er efnislega óbreytt frá 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. gildandi laga.

4. mgr. kemur í stað 3. mgr. 5. gr. gildandi laga sem ekki er nægilega víðtæk svo að hægt sé að sinna fullnægjandi eftirliti. Þetta ákvæði er hliðstætt heimildum samkeppnisyfirvalda, sbr. hér að framan. Samkvæmt núgildandi lögum hefur stofnunin ekki nægilega skýra heimild til að rannsókna á starfsstað fjarskiptafyrirtækja eða póstrekenda. Einnig þykir skorta á heimild til að leggja hald á gögn til rannsókna.

5. mgr. er efnislega samhljóða 5. mgr. 5. gr. gildandi laga.

6. mgr. er nýmæli, sem ætlað er að veita Póst- og fjarskiptastofnun ótvíræða heimild til að grípa til aðgerða ef fyrirtæki starfa heimildarlaust. Er lagt til að stofnuninni verði heimilt að leggja á dagsektir í því skyni að stöðva ólögmæta starfsemi.

Um 6. gr.

Ákvæði 1.–2. mgr. eru samhljóða 6. gr. gildandi laga

Nær öll ríki birta tölfræðilegar upplýsingar um magn fjarskipta og pósts og um fjölda notenda, afgreiðslustaði o.s.frv. Póst- og fjarskiptastofnun er skv. 3. mgr. veitt heimild til að birta slíkar upplýsingar sem leyfishöfum kann að vera skylt að afhenda henni samkvæmt frumvarpi til laga um fjarskipti.

Með auknu samstarfi Póst- og fjarskiptastofnunar við sambærilegar stofnanir í öðrum ríkjum og með þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi er nauðsynlegt að kveða á um heimildir stofnunarinnar til að veita þeim stofnunum upplýsingar. Þykir eðlilegt að upplýsingar sem þurfa að fara leynt, t.d. vegna viðskiptahagsmuna, séu ekki látnar af hendi til erlendra aðila nema að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Er eðlilegt að takmarka upplýsingagjöfina við þá aðila sem eru bundnir af sams konar þagnarskyldu og íslensk stjórnvöld. Upplýsingarnar skulu enn fremur ekki látnar af hendi nema það sé nauðsynlegt vegna meðferðar mála.

Sem dæmi um upplýsingar sem veita mætti á grundvelli 4. mgr. má nefna mál er gæti varðað samtengingu tveggja fjarskiptafyrirtækja, annars á Íslandi og hins í Danmörku. Gæti slíkt mál komið til kasta Póst- og fjarskiptastofnunar og Telestyrelsen í Danmörku sameiginlega. Í slíku tilviki gæti verið nauðsynlegt fyrir stofnanirnar að skiptast á gögnum um málið, þótt um trúnaðarupplýsingar væri að ræða. Færi þá um meðferð gagnanna í Danmörku að dönskum lögum, en þó mætti vernd upplýsinganna ekki fela í sér lakari réttarvernd en samkvæmt íslenskum lögum.

Ísland hefur með EES-samningnum skuldbundið sig til að veita upplýsingar um framkvæmd póst- og fjarskiptalöggjafar og er ákvæðinu í 5. mgr. ætlað að tryggja heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að láta þær upplýsingar af hendi sem samningsskyldur EES-samningsins bjóða.

Í þeim tilvikum sem upplýsingar eru ekki trúnaðarupplýsingar verður að heimila Póst- og fjarskiptastofnun að skiptast á slíkum upplýsingum við sambærilegar stofnanir. Eiga slík upplýsingaskipti oft þátt í því að leysa úr málum sem til meðferðar eru, þar sem draga má

ályktanir af málsmeðferð og reynslu annarra ríkja af málsmeðferð og túlkun reglna sem eru efnislega samhljóða.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli sem gerir Póst- og fjarskiptastofnun kleift að taka ákvarðanir til bráðabirgða þegar aðstæður krefjast þess og dráttur á niðurstöðu málsins er til þess fallinn að valda verulegu fjártjóni.

Í stjórnsýslulögum er ekki að finna almenna heimild til bráðabirgðaákvörðunar en t.d. í samkeppnislögum er heimild fyrir Samkeppnisstofnun að taka slíkar ákvarðanir.

Er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að meta hvenær slíkrar ákvörðunar er þörf en sú ákvörðun getur sætt endurskoðun skv. 10. gr.

Hinn 31. desember 1998 tók Póst- og fjarskiptastofnun bráðabirgðaákvörðun í máli Tals hf. gegn Landssímanum hf. sem varðaði innheimtu á gjöldum Tals fyrir útlandaþjónustu. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála felldi ákvörðun stofnunarinnar úr gildi með þeim rökum að ekki væri fyrir hendi lagaheimild til slíkrar bráðabirgðaákvörðunar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir einfaldri málsmeðferð. Í ákvæðinu er lagður til skammur frestur, sjö dagar, til að taka málið til venjulegrar umfjöllunar í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga, ella fellur ákvörðunin úr gildi. Þykir rétt í ljósi eðlis bráðabirgðaákvarðana að þeim sé ekki ætlað að standa lengi og er sjálfsagt að mál séu tafarlaust tekin til umfjöllunar eftir að slík ákvörðun hefur verið tekin.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta kemur í stað 4. mgr. 5. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 8. gr. gildandi laga með þeirri breytingu að í stað þess að samgönguráðherra skipi formann og varaformann samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, einn nefndarmann og annan til vara samkvæmt tilnefningu stjórnar Verkfræðingafélags Íslands og einn mann án tilnefningar er lagt til að Hæstiréttur tilnefni alla nefndarmenn. Með þeirri tilhögun er sjálfstæði nefndarinnar gagnvart ráðherra aukið.

Einnig er lagt til að ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar verði ekki bornar undir dómstóla fyrr en kæruleið í stjórnsýslunni hefur verið fullreynd. Er það gert svo að freista megi þess að leysa úr deilumálum án þess að bera þau undir dómstóla.

Ljóst er að lög og reglur um fjarskipta- og póstmál eru sérstaks eðlis og því er mikilvægt að unnt verði að byggja upp nægilega sérþekkingu á þessum málaflokki innan stjórnsýslunnar. Verður því markmiði frekar náð með því að stuðla að umfjöllun og úrlausn deilumála innan stjórnsýslunnar.

Um 11. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 9. gr. gildandi laga að teknu tiliti til þeirra breytinga sem gerðar eru á frumvarpi til fjarskiptalaga.

2. mgr. kemur í stað 3. mgr. 9. gr. gildandi laga að því viðbættu að nánar er skilgreint hvers vegna nauðsynlegt kann að vera að takmarka fjölda rekstrarleyfishafa. Slíkar takmarkanir verða t.d. til þegar viðkomandi þjónusta eða rekstur nets krefst úthlutunar tíðna eða

tíðnisviða. Gert er ráð fyrir að hægt verði að viðhafa annaðhvort útboð á leyfum þar sem hæstbjóðandi mundi fá úthlutun eða að auglýsa eftir umsóknum og yrði umsækjandi valinn á grundvelli stærðar þjónustusvæðis hans eða öðrum mælikvarða á þjónustu. Í fyrra tilvikinu mundi gjaldið ákvarðast af tilboðum en í seinna tilvikinu er gert ráð fyrir að sá eða þeir sem leyfi hljóta greiði kostnaðinn við auglýsinguna, undirbúning hennar og vinnslu umsókna.

3. mgr. er nýmæli. Lagt er til að tekið verði sérstakt gjald fyrir úthlutun símanúmera til rekstrarleyfishafa og úthlutun einstakra stuttnúmera. Póst- og fjarskiptastofnun verður að leggja umtalsverða vinnu í skipulag númera og úthlutun þeirra. Það eru hins vegar ekki allir leyfishafar sem þurfa á númerum að halda og er því ekki réttlátt að rekstrargjaldið sem lagt er á alla rekstrarleyfishafa standi undir þeim kostnaði. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður við framangreinda vinnu verði áætlaður og númeragjald ákveðið í samræmi við áætlunina. Hins vegar er gert ráð fyrir að gjald fyrir stutnúmer verði hátt, meðal annars í þeim tilgangi að draga úr eftirspurn þar sem um tiltölulega fá númer er að ræða og því erfitt, þegar til lengri tíma er litið, að anna eftirspurn. Reglur sem um þetta hafa verið settar hafa ekki dugað til að draga úr eftirspurn og þrýstingi frá umsækjendum. Sams konar reglur gilda t.d. í Danmörku.

4. mgr. kemur í stað 2. mgr. 9. gr. gildandi laga. Samkvæmt þeirri grein innheimtir ríkissjóður árlega skatt af rekstrarleyfishöfum sem nemur 0,25% af veltu. Hér er lagt til að samsvarandi skattur verði lagður á leyfishafa en hann verði innheimtur af Póst- og fjarskiptastofnun og renni til reksturs stofnunarinnar.

Ákvæði 5. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum. Í ákveðnum málum þarf Póst- og fjarskiptastofnun að kaupa sérfræðiþjónustu vegna vinnu sem tengist einstökum fjarskiptafyrirtækjum, póstrekendum eða rekstrarleyfishöfum. Kostnaður vegna þessarar vinnu kann að verða umtalsverður og verður ekki ákveðinn fyrir fram í gjaldskrá.

6. mgr. kemur í stað 5. mgr. 9. gr. gildandi laga en bætt er við nánari skýringu á gildissviði gjaldskrár Póst- og fjarskiptastofnunar og það betur afmarkað en í gildandi lögum.

7. mgr. kemur í stað 6. og 8. mgr. 9. gr. gildandi laga en hér er lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun annist sjálf innheimtu þeirra gjalda sem 11. gr. mælir fyrir um. Þar sem horfið er frá innheimtu skatts af rekstrarleyfishöfum og þess í stað innheimt þjónustugjald er eðlilegt að sá sem veitir þjónustuna og ákvarðar gjaldið innheimti það.

8.–13. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 12.–14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Tilgangur frumvarpsins er að færa íslenska löggjöf til samræmis við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í tilskipunum sem þar gilda eru ákvæði um aðskilnað stjórnsýslu frá viðskiptastarfsemi fjarskiptafyrirtækja.

Markmið frumvarpsins er meðal annars að jafna aðstöðu fyrirtækja sem starfa á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og reka fjarskiptanet. Í þessu felst að fjarskiptafyrirtæki með yfirburðastöðu á markaðnum, fyrrverandi einkaleyfishafar, taka á sig ákveðnar skyldur sem ekki teljast eðlilegar á öðrum sviðum atvinnulífsins, þ.e. að hafa opinn aðgang mismunandi aðila að netum og þjónustu, koma á samtengingu milli neta og að tryggja einstaklingum og fyrirtækjum í strjálbýli alþjónustu á talsímasviðinu og grunnpóstþjónustu.

Breyttar aðstæður póstþjónustu og einkum fjarskipta hafa leitt til þess að nýir málaflokkar koma nú til kasta Póst- og fjarskiptastofnunar. Aðgangur að netum og samtenging eru þeir málaflokkar þar sem flestar deildur verða til á milli samkeppnisaðila og er lausn slíkra deilna og ákvarðanir þar að lútandi stór þáttur í starfi stofnunarinnar. Ákvarðanir og úrskurði Póst- og fjarskiptastofnunar er hægt að kæra til sérstakrar úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Nefndin er skipuð þremur mönnum. Í ljósi mikilla breytinga á rekstrarumhverfi fyrirtækja á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu má gera ráð fyrir að verkefni nefndarinnar verði umtalsverð á næstu árum.

Kostnaður vegna starfsemi úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála er áætlaður 5 m.kr. á næstu árum en ætti síðan að vera óverulegur eftir að full og eðlileg samkeppni er komin á. Afgangur á þessum lið, eða skuld, í árslok fellur niður.

Frumvarp þetta er lagt fyrir samhliða frumvarpi til laga um fjarskipti.

293. Frumvarp til laga [241. mál]

um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber.

Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart ósjálfráða börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin var afgreidd af 67. alþjóðavinnumálaþinginu í Genf árið 1981. Samtímis voru afgreidd tilmæli nr. 165 sem bera sama nafn og samþykktin og fela í sér nánari útfærslu á efni hennar.

Samþykkt ILO nr. 156 ásamt tilmælum nr. 165 er ætlað að hafa tvenns konar áhrif. Annars vegar er markmið hennar að stuðla að jafnrétti karla og kvenna, sem hafa skyldum að gegna gagnvart fjölskyldu sinni, til starfa og hins vegar að jafna aðstöðu þeirra starfsmanna sem bera fjölskylduábyrgð og þeirra sem ekki hafa slíka ábyrgð. Í stórum dráttum má segja að markmiðið sé að hvetja aðildarríki til að grípa til allra viðeigandi aðgerða til að

koma þessum markmiðum í framkvæmd með tilliti til mismunandi aðstæðna í hinum ýmsu ríkjum.

Meginskuldbinding samþykktar ILO nr. 156 felst í 8. gr. hennar þar sem segir að fjölskylduábyrgð skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs. Um er að ræða nýja reglu í íslenskum vinnurétti, en samkvæmt reglum sem nú gilda er meginreglan sú að atvinnurekendur þurfa ekki að gefa upp ástæður uppsagnar. Undantekningar eru þó til frá þessari reglu sem varða uppsagnir trúnaðarmanna, sbr. 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og uppsagnir barnshafandi kvenna, sbr. 7. gr. laga nr. 57/1987, um fæðingarorlof.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins byggist á tillögu þríhliða samstarfsnefndar félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Nefndina skipa fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt fer með formennsku í nefndinni. Nefndin var sammála um að önnur ákvæði samþykktarinnar kölluðu ekki á lagabreytingar hér á landi.

Til skýringar skal tekið fram að við gerð ákvæðis 1. gr. var höfð hliðsjón af 1. gr. samþykktar ILO nr. 156, þar sem fram kemur í 1. mgr. að samþykktin tekur til starfsmanna sem hafa skyldum að gegna gagnvart eigin börnum á framfæri, þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu. Í 2. mgr. 1. gr. segir að ákvæði samþykktarinnar skuli einnig taka til starfsmanna sem hafa skyldum að gegna gagnvart öðrum nánum vandamönnum sem greinilega þarfnast umönnunar þeirra eða forsjár, þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu. Skv. 3. mgr. 1. gr. fer um hugtökin „barn á framfæri“ og „öðrum nánum vandamönnum sem greinilega þarfnast umönnunar eða forsjár“ eftir skilgreiningum viðkomandi ríkis. Í 4. mgr. 1. gr. segir síðan að starfsmenn sem 1. og 2. mgr. taka til séu í samþykktinni nefndir „starfsmenn með fjölskylduábyrgð“. Í þessu sambandi er það því 2. mgr. 1. gr. sem kemur til álita, þ.e. hvaða „aðra nána vandamenn“ (sem greinilega þarfnast umönnunar eða forsjár) er rétt að fella undir skilgreininguna þannig að um fjölskylduábyrgð teljist vera að ræða.

Í skýringarriti ILO, *Workers with family responsibilities*, frá 1993 kemur fram í útskýringum við 2. mgr. 1. gr. að nákvæm skilgreining á eðli fjölskyldutengsla sem þurfa að vera fyrir hendi og það í hverjum mæli þurfi að vera um að ræða umönnun og framfærslu hafi verið látið einstökum ríkjum eftir til skilgreiningar. Á hinn bóginn hafi lokatextinn sýnt þann vilja ráðstefnunnar sem afgreiddi samþykktina að þrengja ákvæðið eins mikið og mögulegt væri, þannig að það takmarkist við þau tilvik þegar þörfin er mest þar sem umönnun sem starfsmaðurinn veitir sé í þeim mæli að hún mundi hafa alvarleg áhrif á starfsmöguleika hans. Í skýringunum er bent á að þegar athugað er til hvaða tilvika ákvæði 2. mgr. 1. gr. nær séu mikilvægustu viðmiðin annars vegar skilgreiningin á því hvaða fjölskyldutengsl þurfi að vera fyrir hendi og hins vegar hvers eðlis umönnunin þurfi að vera. Mörg ríki fella undir fjölskyldutengsl maka og foreldra eða tengdaforeldra starfsmannsins og að auki afa og ömmur (og tengdaafa og ömmur). Systkini og mágar/mágkonur eru oft felld þarna undir, einkum þegar þau eru ósjálfráða eða fötluð eða geta ekki séð sér farborða vegna annarra ástæðna. Aðrir ættingjar, svo sem frændur og frænkur og ættingjar maka, falla sjaldnar undir skilgreininguna, nema unnt sé að sýna fram á að viðkomandi sé hluti af fjölskyldu starfsmannsins eða eigi enga aðra ættingja sem geti veitt honum umönnun eða aðstoð.

Þrátt fyrir að ekki sé skilyrði samkvæmt samþykktinni að viðkomandi búi á sama heimili og starfsmaðurinn til að teljast náinn vandamaður setja mörg ríki slíkt skilyrði í landsrétti, sérstaklega þegar fjölskyldutengsl byggjast ekki á lagalegum fjölskylduböndum. Í sumum ríkjum, svo sem Hollandi, er þess ekki krafist að einstaklingurinn sem greinilega þarfnast

umönnunar og aðstoðar sé skyldur starfsmanninum, svo fremi unnt er að skilgreina náin tengsl hans við starfsmanninn sem fjölskyldutengsl. Í Bretlandi og Bandaríkjunum hefur það afgerandi þýðingu hvort viðkomandi er efnahagslega háður starfsmanninum eða nýtur raunverulegrar umönnunar hans.

Af orðalagi 1. mgr. er ljóst að atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp vegna sjónarmiða sem eingöngu varða fjölskylduábyrgð hans. Inntak 1. mgr. er síðan nánar afmarkað í 2. mgr. þar sem hugtakið fjölskylduábyrgð er skilgreint. Til að um fjölskylduábyrgð starfsmanns geti verið að ræða verða þannig þrjú meginskilyrði að vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi verður að vera um að ræða skyldur gagnvart ósjálfráða börnum eða maka eða nánum skyldmennum starfsmannsins sjálfs. Þannig falla t.d. hvorki undir ákvæðið skyldur starfsmannsins gagnvart sjálfráða afkomendum sem náð hafa 18 ára aldri né heldur gagnvart skyldmennum maka starfsmannsins. Í öðru lagi þarf viðkomandi að búa á heimili starfsmannsins og loks er þriðja skilyrðið að viðkomandi þarfnist umönnunar starfsmannsins sjálfs eða forsjár, svo sem vegna veikinda, fötlunar eða sambærilegra aðstæðna. Allir þessir þrír þættir þurfa að vera fyrir hendi til að starfsmaður teljist bera fjölskylduábyrgð gagnvart viðkomandi einstaklingi í skilningi frumvarpsins og byggist ákvæðið því á þröngri skilgreiningu hugtaksins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

Með frumvarpinu er lagt til að óheimilt verði að segja starfsmanni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar hans. Frumvarpið er lagt fram samhliða tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu. Meginskuldbinding samþykktarinnar felst í 8. gr. hennar þar sem segir að fjölskylduábyrgð skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar. Í greinargerð segir að þar sé um að ræða nýja reglu í íslenskum vinnurétti.

Frumvarpið mun leiða til aukinna útgjalda fyrir alla launagreiðendur, þ.m.t. ríkissjóð, verði það að lögum, en þó er óvíst hversu mikið þau kunna að aukast. Ástæðan er sú að alls óvíst er í hvaða tilvikum muni reyna á lögin og því hefur ekki reynst unnt að afla upplýsinga um sambærileg tilvik á síðustu árum. Þó er óvíst að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

294. Svar [154. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Páls Magnússonar um byggingu þjóðarleikvanga.

1. *Hvernig hefur verið farið með tillögur um byggingu þjóðarleikvanga sem komu fram í skýrslu nefndar um eflingu íþróttastarfs í desember 1997?*

Skýrsla nefndar um eflingu íþróttastarfs var að tilhlutan menntamálaráðuneytisins kynnt þeim aðilum sem tillögur nefndarinnar beindust að, þar á meðal heildarsamtökum íþróttamanna og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Íþróttanefnd ríkisins var falið að taka þær hugmyndir og ábendingar sem fram koma í skýrslunni til umfjöllunar og gera raunhæfar tillögur til ráðuneytisins um hvernig nefndarstarfinu yrði fylgt eftir. Að því er varðar hugmyndina um þjóðarleikvanga taldi ráðuneytið nauðsynlegt að skilgreint yrði nánar hvað fælist í því hugtaki og hvernig staðið yrði að framkvæmd hugmynda um slíka leikvanga án þess að horfið væri frá gildandi reglum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Var þess óskað að íþróttanefnd tæki það mál til sérstakrar athugunar og léti ráðuneytinu í té umsögn sína. Í umsögn íþróttanefndar frá 30. mars 1998 segir m.a.:

„Varðandi hugmyndir og umræður um þjóðarleikvanga er það skoðun íþróttanefndar ríkisins að þegar séu fyrir hendi hér á landi fjölmörg slík mannvirki sem uppfylli kröfur um alþjóðlega keppni fyrir ýmsar fjölmennustu íþróttagreinarnar. Má þar t.d. nefna Laugardalsvöllinn fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir, Laugardalshöllina fyrir handknattleik og körfuknattleik, Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri fyrir vetraríþróttir.

Benda má jafnframt á að við smáþjóðaleikana, sem fram fóru sl. vor, var almennt keppt við aðstæður sem uppfylltu alþjóðlegar kröfur þeirra 10 íþróttagreina sem leikarnir náðu til. Segja má því að umræðan að undanförnu um þjóðarleikvanga hafi þannig fyrst og fremst beinst að því að koma þurfi upp aðstöðu innan húss fyrir sund, frjálsar íþróttir og knattspyrnu.“

2. *Er gert ráð fyrir fjármunum í byggingu þjóðarleikvanga á kjörtímabilinu, sbr. þau orð í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að stuðningur við íþrótta- og æskulýðsstarf verði aukinn á kjörtímabilinu?*

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um sérstakar fjárveitingar til nýrra þjóðarleikvanga. Stefnu ríkisstjórnarinnar um stuðning við íþrótta- og æskulýðsstarf hefur hins vegar verið fylgt eftir m.a. með stuðningi við uppbyggingu íþóttasvæða í Borgarnesi og á Egilsstöðum og endurbætur íþróttamannavirkja í Vesturbyggð. Þá hefur verið samið um framlög ríkisins í afreksmannasjóð ÍSÍ en í framangreindri skýrslu var lögð áhersla á eflingu hans.

3. *Hafa sveitarfélög kynnt ráðherra hugmyndir að þjóðarleikvöngum á grunni tillagna sem fram komu í fyrrnefndri skýrslu?*

Tilteknar hugmyndir að þjóðarleikvöngum á grundvelli skýrslunnar hafa ekki verið kynntar menntamálaráðuneytinu af hálfu sveitarfélaga að því frátöldu að Reykjavíkurborg hefur kynnt áform sín um byggingu yfirbyggðrar sundlaugar í Laugardal.

295. Tillaga til þingsályktunar [242. mál]

um sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi.

Flm.: Hjálmar Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson, Tómas Ingi Olrich, Gísli S. Einarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Einar Már Sigurðarson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlun um uppbyggingu dreifikerfis Ríkisútvarpsins þannig að öll heimili í landinu nái sjónvarpsútsendingum þess fyrir árslok árið 2000.

Greinargerð.

Ein af merkum uppfinningum 20. aldarinnar er sjónvarpið. Sjónvarpsmenningin er hluti af alþjóðamenningu síðari hluta þessarar aldar. Ríkisútvarpið hóf sjónvarpssendingar árið 1966 og þá sjónvarpaði ein stöð nokkrar klukkustundir á dag. Nú, 33 árum síðar, er sjónvarpað á mörgum stöðvum, jafnvel allan sólarhringinn, og stöðvunum fjölgar sífellt. Nú er ekki spurt hvort sjónvarp sé á heimilinu, heldur hversu mörg. Þrátt fyrir þessa hröðu þróun eru enn, 33 árum síðar, 77 heimili á Íslandi sem alls ekki ná sjónvarpssendingum Ríkisútvarpsins. Dreifikerfið nær því miður ekki til allra landsmanna. Þessi staða er óviðunandi og snertir alla landsmenn. Mismunun fólks eftir búsetu er hér auðsæ. Því hlýtur það að vera kappsmál þjóðarinnar að allir landsmenn njóti sjálfsagðra þæginda 20. aldar um það bil sem 21. öldin gengur í garð. Lauslegt mat á kostnaði við þetta verkefni er samkvæmt upplýsingum frá tæknideild RÚV allt að 230 millj. kr. Öll þessi 77 heimili eru í dreifbýli. Á síðustu þremur árum hafa verið gerðar úrbætur sem koma tíu sveitabæjum til góða en ástandið er samt sem áður óviðunandi.

Dreifikerfi sjónvarpsins er að stofni til 30 ára gamalt. Eins og flutningsmenn þessarar tillögu benda á er það frumskilyrði að öll heimili í landinu nái útsendingum ríkissjónvarpsins. Annað mikilvægt verkefni næstu ára er að endurnýja dreifikerfið eða leita annarra lausna til þess að bæta útsendingar- og móttökuskilyrði því að víða búa áhorfendur í þéttbýli og dreifbýli við mjög slök myndgæði þótt þau teljist viðunandi samkvæmt viðmiðunarreglum.

Það hlýtur að vera metnaðarmál þjóðarinnar að allir sitji við sama borð og enn fremur er það ein meginforsendan fyrir ríkissjónvarpi að ekki sé um lokaða dagskrá að ræða heldur sé hún opin öllum landsmönnum, óháð búsetu og efnahag.

296. Svar [76. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller um orkuverð til stóriðju, fiskvinnslufyrirtækja og garðyrkjubænda.

1. *Hversu hátt er orkuverð til stóriðju, svo sem til álversins í Straumsvík, álversins á Grundartanga og járnblendiverksmiðjunnar, og hver eru heildarorkukaup framangreindra fyrirtækja á ári?*

Litið er á orkuverð milli Landsvirkjunar og stjóriðjufyrirtækja sem trúnaðarmál milli viðskiptaaðila enda mundi það veikja stöðu Landsvirkjunar og annarra orkufyrirtækja í samningum um orkusölu til stóriðjufyrirtækja ef allir hefðu aðgang að slíkum upplýsingum. Í þeim tilvikum sem Alþingi hefur komið að samningum vegna stóriðjufyrirtækja á síðustu árum hefur Landsvirkjun kynnt iðnaðarnefnd Alþingis efnisatriði orkusamninga. Með vísan til þessa er ekki unnt að veita nákvæmt svar við spurningunni. Í ársskýrslu Landsvirkjunar fyrir árið 1998 kemur fram að rafmagnssala til stóriðju nam 3.470,8 gígavattstundum (GWh) sem skiptist þannig að um 3.011,7 GWh eða 86,8% var forgangsorka og 459,1 GWh eða 13,2% var ótryggð orka. Tekjur af orkusölunni námu 3.069,5 millj. kr. og meðalverð á árinu 1998 til allra stóriðjufyritækja nam því 0,884 kr. á kílóvattstund (kWh). Til samanburðar má nefna að meðalverð til stóriðjunnar á árinu 1997 var 1,009 kr./kWh. Rétt er að taka fram að þetta er orkuverð án virðisaukaskatts.

Skýring á tiltölulega lágu orkuverði til stóriðjufyrirtækja á árinu 1998 er tvíþætt. Annars vegar var álverð lágt á árinu sem hafði áhrif til lækkunar á rafmagnsverði þar sem orkuverðið bæði til Íslenska álfélagsins hf. og Norðuráls hf. er tengt álverði. Á síðari hluta þessa árs hefur álverð hækkað. Hins vegar eru ákvæði í þeim samningum sem gerðir hafa verið á síðustu árum sem hafa það í för með sér að í upphafi samningstímans er rafmagnsverðið lægra en meðaltalsverð samningstímans og þegar fram líður hækkar því rafmagnsverðið og fer upp fyrir þetta meðalverð.

2. *Hversu hátt er orkuverð til fiskvinnslufyrirtækja og hver eru heildarkaup þeirra á ári?*

Vegna spurninga í 2. og 3. lið skal tekið fram að alls selja 13 orkufyrirtæki raforku í smásölu hér á landi. Til að skapa grundvöll fyrir útreikninga á meðalorkuverði sendi Orkustofnun fyrirspurn til þeirra allra og bað um upplýsingar um raforkusölu. Veiturnar voru beðnar að fylla út eyðublað þar sem spurt var um orkumagn og sölutekjur fyrir alla notkunarflokka undir fiskvinnslu og garðyrkju, alls sex flokka. Allar veiturnar skiluðu inn umbeðnum gögnum. Úrvinnsla fór í meginatriðum þannig fram að meðalverð var reiknað sem hlutfallið á milli sölutekna og orkumagns. Þessi leið ætti að tryggja betur að niðurstaðan sé sem næst raunverulegu meðalverði en ef gjaldskrár veitnanna hefðu verið notaðar við útreikningana.

Meðfylgjandi tafla og myndir sýna orkusölu og orkuverð til garðyrkju og fiskvinnslu, sundurliðað eftir sex landshlutum.

Raforkunotkun fiskvinnslufyrirtækja er mjög breytileg. Þannig er t.d. notkun við frystingu ólík því sem er við söltun eða fiskbræðslu. Árleg orkukaup einstakra fiskvinnslufyrirtækja nema frá nokkrum hundruðum megavattstunda upp í nokkrar gígavattstundir. Álagið er breytilegt, bæði innan sólarhringsins og ársins, og þar með einnig nýtingartími aflsins sem fyrirtækin kaupa, en nýting þess hefur mikil áhrif á orkuverðið sem einstök fyrirtæki greiða. Allt leiðir þetta til þess að raforkuverðið í krónum á kílóvattstund til fiskvinnslufyrirtækja er afar mismunandi.

Niðurstaða þessarar úttektar er að meðalverð á allri raforku til fiskvinnslu á landinu hafi verið um 3,89 kr./kWh (án virðisaukaskatts) á árinu 1998. Fyrir forgangsorku greiddu fyrirtækin að meðaltali 5,01 kr./kWh og fyrir ótryggða orku 0,88 kr./kWh.

Heildarraforkukaup fiskvinnslufyrirtækja á landinu öllu námu um 274 GWh á árinu 1998. Þar af var hlutur ótryggðrar orku 27% eða 74 GWh. Um þriðjungur af heildarraforkusölu til fiskvinnslu fer fram á Austurlandi, í öðrum landshlutum er salan minni og minnst á Vesturlandi og Suðurlandi, um 7% af heildinni í hvorum landshluta. Tekjur veitnanna af þessari sölu námu alls um 1.064 millj. kr., þar af 6,5% eða 65 millj. kr. vegna sölu á ótryggðri orku. Stærsti hluti af sölu ótryggðrar orku var til fiskimjölsverksmiðja.

3. Hversu hátt er orkuverð til garðyrkjubænda og hver eru heildarorkukaup þeirra á ári?

Niðurstaða framangreindrar úttektar Orkustofnunar er að meðalverð raforku til garðyrkjubænda sé 3,36 kr./kWh (án virðisaukaskatts).

Heildarraforkukaup garðyrkjubænda á landinu öllu námu um 21 GWh á árinu 1998. Af því seldu Rafmagnsveitur ríkisins um 60%, að mestu leyti á Suðurlandi, og Veitustofnanir Hveragerðis tæp 33%. Þegar raforkuverð til garðyrkju í mismunandi landshlutum er skoðað er því mikilvægt að hafa í huga að tæplega 90% af sölunni fer fram á Suðurlandi. Tekjur veitnanna af raforkusölu til garðyrkju námu alls rúmum 70 millj. kr. á árinu 1998.

Raforkusala 1998 til garðyrkju og fiskvinnslu.

	Magn		Sölutekjur án VSK		Reiknað meðalverð		
	Forgangsorka, kWh	Ótryggð orka, kWh	Forgangs-orka, kr.	Ótryggð orka, kr.	Forgangs-orka, kr./kWh	Ótryggð orka, kr./kWh	Samtals, kr./kWh
Garðyrkja alls ..	20.942.113		70.303.137		3,36		3,36
Fiskvinnsla alls .	199.770.353	73.916.361	999.901.070	64.790.431	5,01	0,88	3,89
Fiskvinnsla, forgangsorka sundurliðuð eftir landshlutum:							
Reykjavík og Reykjanes	35.948.962		172.380.630		4,80		
Vesturland	19.474.317		100.138.945		5,14		
Vestfirðir	32.422.800		150.209.551		4,63		
Norðurland	40.850.932		201.841.900		4,94		
Austurland	50.413.721		266.148.266		5,28		
Suðurland	20.659.621		109.181.778		5,28		


Sala forgangsorku til fiskvinnslu og garðyrkju 1998.
Raforkusala (GWh)
60
50
40
30
20
10
Fiskvinnsla eftir landshlutum
Garðyrkja alls
Reykjavík og Reykjanes
Vesturland
Vestfirðir
Norðurland
Austurland
Suðurland


Verð á forgangsorku til fiskvinnslu og garðyrkju 1998.
Raforkuverð (kr./kWh)
6,00
5,00
4,00
3,00
2,00
1,00
0,00
Fiskvinnsla eftir landshlutum
Fiskvinnsla í heild
Garð-yrkja í heild
Reykjavík og Reykjanes
Vesturland
Vestfirðir
Norðurland
Austurland
Suðurland

297. Svar [136. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Ólafssonar um vaxandi notkun olíu í stað rafmagns.

1. *Hversu mikil er notkun olíu þar sem nota mætti rafmagn, í heild og sundurliðað eftir helstu notendum, þ.e. fiskimjölsverksmiðjum, almennum iðnaði, fjarvarmaveitum o.s.frv.?*

Á vegum orkuspárnefndar er árlega safnað upplýsingum frá olíufélögunum um sölu á eldsneyti hér á landi. Jafnframt er aflað upplýsinga um annan innflutning á eldsneyti til landsins. Notkuninni er skipt í nokkra flokka sem gefa grófa mynd af skiptingu olíunotkunarinnar. Þetta kemur fram í eftirfarandi töflu sem sýnir olíusölu innan lands undanfarin fimm ár. Millilandanotkun er undanskilin, en hún er tiltölulega mikil eða um fjórðungur af heildarnotkuninni, aðallega vegna flugsamgangna að og frá landinu.

Olíusala á Íslandi 1994–98 (sala vegna innanlandsnotkunar, tonn á ári).

	1994	1995	1996	1997	1998
Bifreiðar og tæki	213.436	219.352	211.759	230.703	233.822
Flugvélar	7.271	9.384	10.619	9.946	10.441
Fiskiskip	257.070	256.572	274.406	268.351	259.063
Önnur skip	18.236	11.798	13.943	8.462	6.501
Iðnaður (fiskimjölsverksmiðjur o.fl.)	60.910	57.301	73.278	82.961	70.761
Húshitun og sundlaugar	11.485	11.614	12.260	8.260	10.458
Orkuvinnsla	1.000	1.091	1.270	689	1.380
Annað	33	510	122	8	1.578
Alls	**569.441**	**567.622**	**597.657**	**609.380**	**594.004**

Hlutdeild eldsneytis í frumorkunotkun hér á landi er um 30%. Eldsneytisnotkunin felst að langmestu leyti í brennslu olíu, en auk þess er notað óverulegt magn af kolum og gasi. Um 85% af olíunotkuninni innan lands er vegna samgangna og fiskveiða, en í þessum notkunarflokkum er olía nær einráð og ekki fyrirsjáanlegt að breyting verði á því í nánustu framtíð. Eftir standa um 15% af innanlandsnotkuninni sem hugsanlega mætti anna að hluta til með raforku. Samkvæmt töflunni er um að ræða þrjá notkunarflokka: (1) iðnað, (2) húshitun og sundlaugar og (3) orkuvinnslu. Á framangreindu tímabili hefur samanlögð árleg olíunotkun í þessum flokkum verið á bilinu 70–92 þús. tonn, mest árið 1997 en minnst árið 1995. Á síðasta ári var hún 82,6 þús. tonn. Þessar tölur endurspegla fyrst og fremst aflamagn sem fer til fiskimjölsframleiðslu því að árið 1995 var aflinn 908 þús. tonn en 1997 1.456 þús. tonn.

Stærstur hluti þeirrar olíunotkunar sem fellur undir iðnað er notkun í fiskimjölsverksmiðjum, en ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hve stór sá hlutur er. Þó má áætla að hlutur fiskimjölsverksmiðja sé 80–90% af notkun olíu í iðnaði eða um 60 þús. tonn á ári. Sveiflur í notkun í iðnaði á milli ára geta því verið tiltölulega miklar í samræmi við sveiflur í veiðum á fiski til bræðslu. Á undanförnum árum hafa miklar endurbætur verið gerðar á ýmsum fiskimjölsverksmiðjum og hafa sumar þeirra tekið upp notkun á ótryggðri raforku í stað olíu að hluta til í framhaldi af tilboði Landsvirkjunar um 50% afslátt af ótryggðu rafmagni til fiskimjölsverksmiðja o.fl. sem settu upp katla sem geta notað bæði ótryggt rafmagn og olíu. Framboð á ótryggðu rafmagni var til skamms tíma nægilegt og verðið hagstætt í

samanburði við olíu. Ætla má að þetta hafi leitt til aukinnar raforkunotkunar hjá fiskimjölsverksmiðjum sem nemur allt að 90 GWh ári, en það svarar til minnkunar á olíunotkun um 10.000 tonn á ári. Orkuspárnefnd telur ekki líklegt að hlutdeild raforku aukist mikið til viðbótar í þessari grein, en forsenda fyrir að svo verði er að nægilegt framboð verði á ótryggðu rafmagni og verð á olíu haldist hátt. Benda má á að fiskimjölsverksmiðjur eru að ýmsu leyti ekki heppilegur notandi fyrir raforkukerfið vegna árstíðabundinna sveiflna í framleiðslu. Þannig er raforkunotkunin oft mest á veturna þegar annað álag á raforkukerfið er mikið og rennsli til virkjana lítið.

Í flokknum húshitun og sundlaugar hefur árleg olíunotkun yfirleitt verið rúmlega 10.000 tonn á undanförnum árum. Þetta svarar til árlegrar notkunar á um 80 GWh af raforku til hitunar. Líklegt er að raunveruleg olíunotkun til hitunar sé lítið eitt minni þar sem vitað er að einhver hluti af olíunni sem seld er samkvæmt þessum flokki er notaður á vélar og tæki. Að stórum hluta mætti nota raforku í stað olíu til hitunar húsa og sundlauga, hugsanlega að ⅔ hlutum. Staðsetning húsa og kostnaður við breytingar veldur því að ekki er alfarið hægt að nota rafmagn sem orkugjafa. Einnig má benda á að vegna kostnaðar er líklegt að aðgangur að ótryggðu rafmagni sé forsenda fyrir rafhitun sundlauga.

Olíunotkun í flokknum orkuvinnsla er minnst af þeim þremur flokkum sem hér er fjallað um. Notkunin sveiflast nokkuð milli ára, en hefur samkvæmt upplýsingum frá olíufélögunum verið rúmlega 1.000 tonn á ári síðustu ár. Þess ber að geta að töluverð óvissa er í þessum tölum. Hér er aðallega um tvenns konar notkun að ræða, annars vegar raforkuvinnslu í dísilrafstöðvum víðs vegar um landið og hins vegar framleiðslu á heitu vatni hjá hitaveitum (R/O-veitum).

Síðustu ár hefur raforkuvinnsla með olíu yfirleitt verið rúmlega 3 GWh á ári ef undan er skilið árið 1995, en þá var notkunin yfir 8 GWh og er það rakið til skemmda á raforkukerfinu af völdum snjóflóðanna á Vestfjörðum og ísingar á Norðurlandi. Til samanburðar má geta þess að heildarvinnsla raforku hér á landi nam 6.276 GWh árið 1998. Raforkuvinnsla með olíu er því hverfandi lítil og nánast eingöngu til komin vegna rekstrartruflana í flutningskerfi raforkunnar.

Rarik, Orkubú Vestfjarða og Bæjarveitur Vestmannaeyja reka hitaveitur sem geta nýtt bæði raforku og olíu til hitunar á vatni, svonefndar R/O-veitur eða kyntar hitaveitur. Allmörg undanfarin ár höfðu þær nánast eingöngu notað raforku en á síðasta ári jókst olíunotkunin allmikið vegna skerðingar á ótryggðri raforku. Samkvæmt upplýsingum frá orkufyrirtækjunum notuðu þau um 6.570 tonn af olíu á síðasta ári vegna R/O-veitna sem svarar til rúmlega 60 GWh af raforku og er líklegt að notkunin verði svipuð á þessu ári. Olíunotkun svaraði á síðasta ári til um 35% af orkuþörf kyntu hitaveitnanna. Með nægu framboði á raforku á verði sem er samkeppnishæft við olíu ætti að vera auðvelt að halda olíunotkun hjá kyntu hitaveitunum í lágmarki.

2. *Hverjir eru helstu notkunarflokkar olíu þar sem nota mætti rafmagn, þ.e. framleiðsla raforku, framleiðsla gufu, til kyndingar o.s.frv.?*
   Vísað er til svars við 1. lið.

3. *Hverjar eru helstu orsakir þess að olía er notuð í stað rafmagns, þ.e. verðlagning, óörugg afhending o.s.frv.?*
   Ætla má að orkuverð sé ráðandi þáttur þegar olía er valin sem orkugjafi fram yfir rafmagn. Olíuverð hefur verið lágt undanfarin ár og í því felst viss hvati til olíunotkunar. Á undanförnum mánuðum hefur olíuverð hins vegar hækkað mikið og óvissa er um hvernig það

muni þróast í framtíðinni. Olíu má nota til margs konar orkuvinnslu, en nýtni olíunnar, þ.e. hversu mikill hluti af orkuinnihaldi olíunnar nýtist, er mjög breytilegt. Til dæmis geta um eða yfir 90% af orkunni nýst við framleiðslu á heitu vatni eða gufu en nýtingin er hins vegar mun minni (oft 30–40%) við raforkuvinnslu. Það má því segja að olían henti vel til hitunar og í iðnaði sem nýtir mikla gufu. Á þessum sviðum er samkeppnisstaða olíunnar gagnvart rafmagni góð. Forgangsrafmagn getur ekki keppt við olíu á þessum sviðum nema til komi niðurgreiðslur eða millifærslur. Það er því fyrst og fremst horft til ótryggðs rafmagns af þeim sökum. Þegar rætt er um afhendingaröryggi raforku er mikilvægt að gera skýran mun á forgangsorku og ótryggðri orku. Almennt má segja að afhendingaröryggi forgangsorku frá dreifiveitum hér á landi sé mikið og hvetji síður en svo til þess að aðrir orkugjafar séu notaðir í stað raforku. Sala á ótryggðri orku er fyrst og fremst hugsuð til að nýta framleiðslugetu vatnsaflsvirkjana í góðum vatnsárum og því eðlilegt að hún sé ekki til staðar þegar veðurfar er óhagstæðara og framleiðslugeta virkjana fullnýtt. Eðlilega er því verð á ótryggðu rafmagni mun lægra en á forgangsorku.

298. Frumvarp til laga [243. mál]

um breytingu á lögum nr. 88 27. maí 1997, um fjárreiður ríkisins.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ögmundur Jónasson, Sigríður Jóhannesdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ársreikningi ríkisaðila skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiða-, ferða- og risnukostnað. Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

1. Launagreiðslur:
   a. Heildarlaunagreiðslur.
   b. Föst yfirvinna.
   c. Önnur yfirvinna.
   d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
   e. Upplýsingar um starfsmannafjölda.
   f. Starfskjör stjórnenda.
2. Bifreiðakostnaður:
   a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
   b. Notkun bílaleigubifreiða.
   c. Notkun leigubifreiða.
   d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.
   e. Bifreiðakostnaður stjórnenda.
3. Risnukostnaður:
   a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
   b. Risna greidd samkvæmt reikningi.
   c. Sundurliðun á helstu þáttum risnu og helstu tilefni hennar.
4. Ferðakostnaður:

a. Ferðakostnaður innan lands, þar með talin sundurliðun á dagpeningum, gistikostnaði og ferðakostnaði.
b. Ferðakostnaður utan lands, þar með talin sundurliðun á dagpeningum, gistikostnaði og ferðakostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá árinu 1983 hefur sú regla gilt að birta í ríkisreikningi sundurliðaðan ferða- og risnukostnað fyrir einstakar ríkisstofnanir og ráðuneyti. Sú tilhögun hefur m.a. auðveldað þingmönnum eftirlitshlutverk sitt með framkvæmdarvaldinu. Auk þess er ljóst að þetta fyrirkomulag veitti ríkisstofnunum og ráðuneytum aðhald. Svo bregður við að í nýlegum ríkisreikningi fyrir árið 1998 er skyndilega hætt að birta þessar upplýsingar.

Þegar leitað er skýringa er fátt um svör, önnur en að verið sé að reyna að fækka sérstökum yfirlitum sem birtast með ríkisreikningi. Aftur og aftur hefur það komið fram að framkvæmdarvaldið reynir að torvelda Alþingi að fá eðlilegar upplýsingar til að þingmenn geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. Það sýnir veikleika þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu ef það er látið viðgangast.

Frumvarp þetta var flutt á 123. löggjafarþingi en þá fylgdi því svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta er að efni til í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands á árinu 1983, sbr. lög nr. 35–37/1983 og 39/1983. Með breytingunum var skylda sú sem felst í frumvarpinu lögð á viðkomandi stofnanir. Þegar sett voru ný lög um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, var slíkt ákvæði ekki í lögunum en það var í reglugerð um ársreikninga bankanna sem sett var með stoð í lögunum. Þessi ákvæði er hins vegar ekki að finna í núgildandi reglugerð um ársreikninga bankanna. Í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað undanfarið um risnu-, ferða- og bifreiðakostnað og starfskjör stjórnenda Landsbanka Íslands hf. þykir eðlilegt að setja slík ákvæði á ný í íslenska löggjöf. Jafnframt verður að telja rétt að láta sambærileg ákvæði gilda um ársreikninga annarra ríkisaðila, eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt lögunum, en með setningu laga um fjárreiður ríkisins var fellt út ákvæði sem var í 79. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, og laut að skyldu ráðuneyta og ríkisstofnana til að leggja fram yfirlit sambærilegt við það sem í frumvarpi þessu greinir.

299. Frumvarp til laga [244. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu tekjur af brunavarnagjaldi umfram 87 millj. kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að tekjur af brunavarnagjaldi á árinu 2000 skuli ekki renna að öllu leyti til Brunamálastofnunar ríkisins. Skv. lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, má brunavarnagald nema allt að 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár. Ekki er þó innheimt brunavarnagjald af viðlagatryggingu og brunatryggingu skipa og flugvéla. Brunvarnagjald nemur nú 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að tekjur sem eru innheimtar, allt að fjárhæð 87 millj. kr., renni til Brunamálastofnunar ríkisins en allar tekjur sem eru umfram þá upphæð renni til ríkissjóðs.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að tekjur af brunavarnagjaldi umfram 87 m.kr. renni í ríkissjóð á árinu 2000. Er frumvarpið í samræmi við áform í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000. Verði frumvarpið að lögum renna 87 m.kr. til Brunamálastofnunar af brunavarnagjaldi, en áætlað er að 13 m.kr. renni í ríkissjóð sem er 2 m.kr. hækkun frá yfirstandandi ári.

300. Fyrirspurn [245. mál]

til forsætisráðherra um fjarvinnslustörf í Ólafsfirði.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvað líður undirbúningi fjarvinnslustarfa á vegum Hagstofu Íslands í Ólafsfirði?

301. Svar [126. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um úthlutun listamannalauna.

Eftirfarandi svör eru m.a. reist á upplýsingum frá stjórn listamannalauna.

1. *Hvaða listamenn njóta launa úr launasjóðum listamanna?*
2. *Hvernig skiptast þeir eftir listgreinum?*

Samkvæmt lögum um listamannalaun, nr. 35/1991, með síðari breytingum, eru starfslaun veitt til ákveðins tíma, allt að þriggja ára en ekki skemur en til þriggja mánaða. Misjafnt er því innan hvers árs hve margir njóta launagreiðslna á hverjum tíma. Hinn 1. september 1999 fengu eftirtaldir listamenn starfslaun:

Brynhildur Þorgeirsdóttir, myndlist.
Helga Bryndís Magnúsdóttir, tónlist.
Mist Barbara Þorkelsdóttir, tónskáld.
Björn Th. Björnsson, rithöfundur.
Friðrik Erlingsson, rithöfundur.
Gyrðir Elíasson, rithöfundur.
Lilja Björk Egilsdóttir, myndlist.
Þorsteinn Hauksson, tónskáld.
Tryggvi M. Baldvinsson, tónskáld.
Svava Jakobsdóttir, rithöfundur.
Iðunn Steinsdóttir, rithöfundur.
Hjörtur Pálsson, rithöfundur.
Einar Örn Gunnarsson, rithöfundur.
Þorgerður Ingólfsdóttir, tónlist.
Kristbergur O. Pétursson, myndlist.
Signý Sæmundsdóttir, tónlist.
Guðjón Bjarnason, myndlist.
Helgi Þorgils Friðjónsson, myndlist.
Nína Björk Árnadóttir, rithöfundur.
Jón Viðar Jónsson, rithöfundur.
Guðrún Helgadóttir, rithöfundur.
Pétur Magnússon, myndlist.
Jóhanna Sigríður Bogadóttir, myndlist.
Haukur Tómasson, tónskáld.
Guðjón Friðriksson, rithöfundur.
Páll Pampichler Pálsson, tónskáld.
Karólína Eiríksdóttir, tónskáld.
Þorbjörg Guðrún Pálsdóttir, myndlist.
Ragnheiður Sigurðardóttir, myndlist.
Miklos Dalmay, tónlist.
Guðný Guðmundsdóttir, tónlist.
Kristín Steinsdóttir, rithöfundur.
Auður Gunnarsdóttir, tónlist.
Sunna Gunnlaugsdóttir, tónlist.
Borghildur Óskarsdóttir, myndlist.
Bragi Ólafsson, rithöfundur.
Fríða Áslaug Sigurðardóttir, rithöfundur.
Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, myndlist.
Hilmar Jónsson, leiklist.
Birgir Snæbjörn Birgisson, myndlist.
Rúnar Óskarsson, tónlist.
Kolbeinn Bjarnason, tónlist.
Andri Snær Magnason, rithöfundur.
Þorsteinn Jónsson, rithöfundur.
Pétur Gunnarsson, rithöfundur.
Sigrún Ólafsdóttir, myndlist.
Vigdís Grímsdóttir, rithöfundur.
Bergljót Arnalds, rithöfundur.
Þorbjörg Höskuldsdóttir, myndlist.
Grétar Reynisson, myndlist.
Guðrún Einarsdóttir, myndlist.
Guðbergur Bergsson, rithöfundur.
Eyjólfur Einarsson, myndlist.
Hallgrímur Helgason, rithöfundur.
Magnea Magnúsdóttir, rithöfundur.
Ólafur Árni Bjarnason, tónlist.
Ólafur Gunnarsson, rithöfundur.
Einar Már Guðmundsson, rithöfundur.
Kjartan Ólafsson, tónskáld.
Kristveig Halldórsdóttir, myndlist.
Sigfús Bjartmarsson, rithöfundur.
Valgerður Auður Andrésdóttir, tónlist.
Steinunn Þórarinsdóttir, myndlist.
Þóra Einarsdóttir, tónlist.
Kristín Marja Baldursdóttir, rithöfundur.
Huldar Breiðfjörð, rithöfundur.
Húbert Nói Jóhannesson, myndlist.
Ingibjörg Haraldsdóttir, rithöfundur.
Áskell Másson, tónskáld.
Guðmundur Hafsteinsson, tónskáld.
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, rithöfundur.
Þórarinn Kr. Eldjárn, rithöfundur.
Sindri Freysson, rithöfundur.
Hlín Agnarsdóttir, rithöfundur.
Bára Grímsdóttir, tónskáld.
Ástrós Gunnarsdóttir, dans.
Ólafur Haukur Símonarson, rithöfundur.
Kristín Ómarsdóttir, rithöfundur.
Auður Hafsteinsdóttir, tónlist.
Einar Kárason, rithöfundur.
Gunnar Helgason, leiklist.
Guðbjörg Lind Jónsdóttir, myndlist.
Kristín Geirsdóttir, myndlist.
Sigtryggur Bjarnason, myndlist.
Sigurlaugur Elíasson, rithöfundur.
Steinunn Sigurðardóttir, rithöfundur.
Hannes Rúnar O Lárusson, myndlist.
Gerrit Schuil, tónlist.
Guðmundur Ingólfsson, myndlist.
Birgir Sigurðsson, rithöfundur.

Guðjón Björn Ketilsson, myndlist.
Steinunn Briem Bjarnadóttir, myndlist.
Sólveig Aðalsteinsdóttir, myndlist.
Sigurður Pálsson, rithöfundur.
Sigurður A. Magnússon, rithöfundur.

3. Hvaða listamönnum var synjað um laun úr sjóðunum við síðustu úthlutun?
4. Hvernig skiptast þeir eftir listgreinum?

Í fylgiskjali I er skrá um umsækjendur sem hlutu ekki starfslaun við úthlutun 1999, flokkuð eftir sjóðum.

5. Hvaða listamenn bættust í hópinn við síðustu úthlutun?

Eins og vikið er að hér að framan eru listamannalaun veitt til mislangs tíma og er því ekki um að ræða fastan hóp starfslaunaþega. Samkvæmt sérstöku ákvæði í lögunum um listamannalaun veitir Listasjóður þó sérstök framlög til listamanna sem náð höfðu 60 ára aldri við gildistöku laganna og höfðu þá notið listamannalauna undanfarin ár. Ekki bætist í þann hóp.

Í fylgiskjali II er að finna yfirlit um úthlutun listamannalauna 1999.

6. Hversu margir úr hópnum búa utan höfuðborgarsvæðisins?

Alls hlutu 132 einstaklingar og 9 leikhópar starfslaun við úthlutun 1999. Af þessum 141 starfslaunaþegum voru 17, eða 12%, utan höfuðborgarsvæðisins, þar af 9 erlendis. Eins og sjá má af töflu 3 í fylgiskjali III bjuggu 15% umsækjenda utan höfuðborgarsvæðisins, að meðtöldum þeim sem búsettir voru erlendis.

7. Hvaða listamenn hafa hlotið laun úr sjóðunum í þrjú ár eða lengur?

Starfslaun samkvæmt núgildandi lögum voru fyrst veitt til þriggja ára árið 1992. Ýmsir listamenn sem úthlutað hefur verið starfslaunum til eins árs í senn hafa hlotið laun þrisvar eða oftar. Í fylgiskjali IV er yfirlit um hverjir hafa hlotið starfslaun í þrjú ár eða lengur samtals, sundurliðað eftir sjóðum.

Fylgiskjal I.

Listamannalaun.

Yfirlit yfir synjanir, flokkað eftir sjóðum og listgreinum.

Listasjóður.

Anna G. Torfadóttir (grafík).
Anna Kristín Arngrímsdóttir (leiklist).
Anna Pálína Árnadóttir (tónlist/söngkona).
Arndís Jóhannsdóttir (listiðnaður).
Auðbjörg Bergsveinsdóttir (leirlistamaður).
Ármann Helgason (tónlist).
Ásdís Sigurþórsdóttir (myndlist).
Ásgerður Júníusdóttir (tónlist/einsöngur).
Áshildur Haraldsdóttir (tónlist/flautuleikari).
Áslaug Snorradóttir (myndsköpun/ljósmyndun).
Bjarni Haukur Þórsson (leiklist).
Björn Ingi Hilmarsson (leiklist/leikari).
Björn Jónsson (tónlist/söngvari).
Edda Björg Eyjólfsdóttir (leiklist).
Edda Erlendsdóttir (tónlist/píanóleikur).
Elín Halldórsdóttir (tónlist/söngur).
Emil Gunnar Guðmundsson (landslagsarkitekt/leikari).
Erna Ómarsdóttir (danslist/nútímadans).
Grímur Marinó Steindórsson (myndlist).
Guðlaug E. Ólafsdóttir (leiklist/leikkona).
Guðmundur Emilsson (tónlist/hljómsveitarstjórn).

Guðný Hafsteinsdóttir (leirlist).
Guðríður S. Sigurðardóttir (tónlist/píanóleikur).
Guðrún Birgisdóttir (tónlist/hljóðfæraleikur).
Guðrún Ingimarsdóttir (tónlist/sópransöngkona).
Halla Margrét Jóhannesdóttir (leiklist/leikari).
Halldóra Geirharðsdóttir (leiklist/leikkona).
Haukur Guðlaugsson (tónlist/orgel).
Hávarður Tryggvason (tónlist).
Hilmar Jensson (tónlist).
Hlíf B. Sigurjónsdóttir (tónlist/fiðluleikur).
Hólmfríður Sigvaldadóttir (silfurblaðgylling í þrívídd).
Hulda B. Ágústsdóttir (skartgripahönnun).
Hulda Guðrún Geirsdóttir (tónlist).
Hulda Jósefsdóttir (myndlist).
Hörður Torfason (leikstjóri/rithöfundur/söngvaskáld).
Inga Rós Ingólfsdóttir (tónlist).
Ingunn Ósk Sturludóttir (tónlist/söngur).
Ingveldur Ýr Jónsdóttir (tónlist/söngur).
Ingvi Þór Kormáksson (tónlist/lagasmíðar).
Jean Posocco (myndasögugerð).
Jóhann Smári Sævarsson (tónlist/óperusöngvari).
Jóhanna Þórhallsdóttir (tónlist).
Jón Aðalsteinn Þorgeirsson (tónlist/klarinett).
Jón Sigurðsson (tónlist/píanóleikur).
Jón Stefánsson (tónlist).
Jón Þorsteinsson (tónlist).
Karen María Jónsdóttir (danslist/nútímadans).
Kolbrún Sigurðardóttir (leirlist).
Kristbjörg Kjeld (leiklist/leikari).
Kristinn H. Árnason (tónlist/klassískur gítarleikur).
Kristín Atladóttir (leiklist).
Kristján Eldjárn (tónlist).
Laufey Sigurðardóttir (tónlist/fiðluleikur).
Lárus Ýmir Óskarsson (kvikmyndagerð/leiklist).
Margrét Gunnarsdóttir (tónlist).
Margrét Unnur Adolfsdóttir (textíllist).
María Reyndal (leiklist/leikstjórn).
Martial Guðjón Nardeau (tónlist/flauta).
Michael Jón Clark (tónlist).
Ólöf Kolbrún Harðardóttir (tónlist/söngvari).
Ólöf Sverrisdóttir (leiklist).
Páll Eyjólfsson (tónlist/gítarleikari).
Peter Tompkins (tónlist/óbóleikari).
Rut Ingólfsdóttir (tónlist/fiðluleikari).
Sieglinde Kahmann-Björnsson (tónlist/óperusöngvari).
Sigríður Eyþórsdóttir (leiklist).
Sigríður J. Kristjánsdóttir (listskurður).
Sigrún Gylfadóttir (leiklist).
Sigurður Björnsson (tónlist/óperusöngvari).
Sigurður Gústafsson (arkitekt).
Sigurður Kaiser Guðmundsson (leiklist).
Sigurður Karlsson (leiklist/leikari).
Sigurjón Jóhannsson (leiklist/leikmyndahöfundur).
Sigurþór Albert Heimisson (leiklist/leikari).
Símon H. Ívarsson (tónlist/gítarleikur).
Sóley Elíasdóttir (leiklist/leikkona).
Stefán Sturla Sigurjónsson (leiklist).
Torfi Ólafsson (tónlist).
Unnur María Ingólfsdóttir (tónlist/fiðluleikari).
Valdimar Örn Flygenring (leiklist).
Valdís Harrysdóttir (textíll/trefjar).
Þorsteinn Gauti Sigurðsson (tónlist).
Þórey Sigþórsdóttir (leiklist).
Þráinn Karlsson (leiklist).

Launasjóður myndlistarmanna.

Aðalheiður Elva Jónsdóttir.
Aðalheiður Valgeirsdóttir.
Alda Ármanna Sveinsdóttir.
Alda Sigurðardóttir.
Alexandra Kjuregej Argunova.
Anna Jóa.
Anna Líndal.
Anna Sigríður Gunnlaugsdóttir.
Anna Sigríður Sigurjónsdóttir.
Anna Þóra Karlsdóttir.
Arngunnur Ýr Gylfadóttir.
Auður Vésteinsdóttir.
Árni Rúnar Sverrisson.
Ása Ólafsdóttir.
Áslaug Thorlacius.
Ásmundur Ásmundsson.
Ásta Ólafsdóttir.
Bergljót Kjartansdóttir.
Bjargey Ólafsdóttir.
Bjarni H. Þórarinsson.
Bjarni Hinriksson.
Bjarni Sigurbjörnsson.
Björg Þorsteinsdóttir.
Bryndís Jónsdóttir.
Brynhildur Ósk Gísladóttir.
Eggert Pétursson.
Egill Sæbjörnsson.
Einar Garibaldi Eiríksson.
Einar Már Guðvarðarson.
Elín Edda Árnadóttir.
Elín G. Jóhannsdóttir.
Elínrós Eyjólfsdóttir.

Elísabet Haraldsdóttir.
Elsa Dórothea Gísladóttir.
Erla Þórarinsdóttir.
Erling Þór Valsson (Klingenberg).
Erna G. Sigurðardóttir.
Eva Benjamínsdóttir.
Eva G. Sigurðardóttir.
Eygló Harðardóttir.
Gabríela Friðriksdóttir.
Gerður Guðmundsdóttir.
Gréta Berg Bergsveinsdóttir.
Gréta Ósk Sigurðardóttir.
Guðbergur Auðunsson.
Guðbjörg Hjartardóttir Leaman.
Guðmundur Björgvinsson.
Guðmundur R. Lúðvíksson.
Guðný Þórunn Kristmannsdóttir.
Guðrún Benedikta Elíasdóttir.
Guðrún E. Ólafsdóttir.
Guðrún Guðjónsdóttir.
Guðrún Gunnarsdóttir.
Guðrún Kristjánsdóttir.
Guðrún Marinósdóttir.
Guðrún Vera Hjartardóttir.
Gunnar Árnason.
Gunnar Karlsson.
Gunnar S. Magnússon.
Gunnar Þ. Jónsson.
Gunnlaugur St. Gíslason.
Gústav Geir Bollason.
Gylfi Gíslason.
Hafdís Helgadóttir.
Hafdís Ólafsdóttir.
Halldór Gunnlaugsson.
Hanna Guðrún Styrmisdóttir.
Haraldur Guðbergsson.
Haraldur Jónsson.
Harpa Björnsdóttir.
Haukur Dór Sturluson.
Heidi Kristiansen.
Helga Ármanns.
Helga Egilsdóttir.
Helgi Gíslason.
Helgi Hjaltalín Eyjólfsson.
Herdís Tómasdóttir.
Hildur Bjarnadóttir.
Hlynur Hallsson.
Hlynur Helgason.
Hólmfríður Árnadóttir.
Hrafnhildur Arnardóttir.
Hulda Ágústsdóttir.
Inga Rósa Loftsdóttir.
Inga Sólveig Friðjónsdóttir.
Inga Svala Þórsdóttir.
Ingiberg Magnússon.
Ingibjörg Hauksdóttir.
Ingimar Ólafsson Waage.
Ingunn Eydal.
Irene Jensen.
Ína Salóme.
Ívar Brynjólfsson.
Jóhann G. Jóhannsson.
Jóhann Valdimarsson.
Jón Bergmann Kjartansson.
Jón Garðar Henrysson.
Jón Sigurpálsson.
Jón Thor Gíslason.
Jónas Bragi Jónasson.
Jónína Guðnadóttir.
Jónína Lára Einarsdóttir.
Katrín Sigurðardóttir.
Kjartan Ólason.
Kristinn E. Hrafnsson.
Kristín Arngrímsdóttir.
Kristín Ísleifsdóttir.
Kristín Pálmadóttir.
Kristjana F. Arndal.
Kristján Jónsson.
Kristín Blöndal.
Lára Gunnarsdóttir.
Lárus Hinriksson.
Magdalena Margrét Kjartansdóttir.
Magnea Ásmundsdóttir.
Magnús Pálsson.
Magnús Sigurðsson.
Magnús Tómasson.
Magnús V. Guðlaugsson.
Margrét Guðmundsdóttir.
Margrét H. Blöndal.
Margrét Jónsdóttir.
Margrét Sveinsdóttir.
Margrét Þ. Jóelsdóttir.
Mats Wibe Lund.
Mireya Samper.
Níels Hafstein.
Nobuyasu Yamagata.
Olga Soffía Bergmann.
Ólafur Óskar Lárusson.
Ólöf Erla Bjarnadóttir.
Ólöf Kjaran.
Ólöf Nordal.
Ómar Stefánsson.
Ósk Vilhjálmsdóttir.
Páll Guðmundsson.

Páll S. Pálsson.
Pétur Bjarnason.
Pétur Gautur Svavarsson.
Pétur Stefánsson.
Pétur Örn Friðriksson.
Philippe Ricart.
Ragna Ingimundardóttir.
Ragnar Páll Einarsson.
Ragnhildur Stefánsdóttir.
Ráðhildur S. Ingadóttir.
Rósa Gísladóttir.
Rúna Gísladóttir.
Sara Björnsdóttir.
Sari Maarit Cedegren.
Sesselja Björnsdóttir.
Sigríður Ólafsdóttir.
Sigríður Ásgeirsdóttir.
Sigríður Erla Guðmundsdóttir.
Sigríður Gísladóttir.
Sigurbjörg Jóhannsdóttir.
Sigurður Árni Sigurðsson.
Sigurður Eyþórsson.
Sigurður K. Árnason.
Sigurður Magnússon.
Sigurður Þórir Sigurðsson.
Sigurður Örlygsson.
Sigurveig Knútsdóttir.
Sigurþór Hallbjörnsson.
Sigþrúður Pálsdóttir (Sissú).
Sjöfn Haraldsdóttir.
Soffía Sæmundsdóttir.
Sossa Björnsdóttir.
Steingrímur Eyfjörð Kr.
Steinunn Helga Sigurðardóttir.
Steinunn Helgadóttir.
Stephen Fairbairn.
Susanne Christensen.
Svala Sigurleifsdóttir.
Tumi Magnússon.
Valborg Salóme Ingólfsdóttir.
Victor Guðmundur Cilia.
Vignir Jóhannsson.
Þorbjörg Þorvaldsdóttir.
Þorbjörg Þórðardóttir.
Þorgerður Sigurðardóttir.
Þorri Hringsson.
Þóra Sigurðardóttir.
Þóra Sigurþórsdóttir.
Þórdís Elín Jóelsdóttir.
Þóroddur Bjarnason.
Þórunn Hjartardóttir.
Þuríður Fannberg (Rúrí).
Ægir Geirdal Gíslason.
Örn Þorsteinsson.

Launasjóður rithöfunda.

Aðalheiður Guðmundsdóttir.
Andrés Indriðason.
Anna S. Björnsdóttir.
Arnaldur Indriðason.
Auður Haralds.
Ágúst Guðmundsson.
Ágústína Jónsdóttir.
Árni Larsson.
Árni Þórarinsson.
Ásgeir Lárusson.
Baldur Gunnarsson.
Baldur Óskarsson.
Benóný Ægisson.
Berglind Gunnarsdóttir.
Birgir Svan Símonarson.
Birgitta H. Halldórsdóttir.
Birgitta Jónsdóttir.
Bjarki Bjarnason.
Brynja Benediktsdóttir.
Börkur Gunnarsson.
Eggert E. Laxdal.
Egill Egilsson.
Einar Björgvinsson.
Eiríkur Brynjólfsson.
Elías Mar.
Elín Ebba Guðmundsdóttir.
Elísabet K. Jökulsdóttir.
Erlendur Jónsson.
Erlingur Sigurðarson.
Eysteinn Björnsson.
Eyvindur P. Eiríksson.
Geirlaugur Magnússon.
Gísli Þór Gunnarsson.
Guðjón Sveinsson.
Guðmundur Björgvinsson.
Guðmundur Ólafsson.
Guðmundur Páll Ólafsson.
Guðrún G. Bergmann.
Guðrún Guðlaugsdóttir.
Guðrún Hafdís Eiríksdóttir.
Gunnar Gunnarsson.
Hafliði Vilhelmsson.
Hallfríður Ingimundardóttir.
Haraldur Jóhannsson.
Hákon Aðalsteinsson.
Helgi Sæmundsson.

Hildur Finnsdóttir.
Hilmar Jónsson.
Hrafn Andrés Harðarson.
Hrafn Gunnlaugsson.
Hrafnhildur H. Guðmundsdóttir.
Hrafnhildur Valgarðsdóttir.
Indriði Úlfsson.
Inga Huld Hákonardóttir.
Ingibjörg Hjartardóttir.
Ingimar Erl. Sigurðsson.
Ingólfur Margeirsson.
Jakob F. Ásgeirsson.
Jóhann Árelíus Einarsson.
Jóhannes Helgi Jónsson.
Jón Kalmann Stefánsson.
Jón Kristinn Gunnarsson.
Jón Valur Jensson.
Jónas Jónasson.
Jónína Leósdóttir.
Kjartan Árnason.
Kristján Hreinsson.
Kristján Kormákur Guðjónsson.
Kristlaug M. Sigurðardóttir.
Linda Vilhjálmsdóttir.
Magnús Gezzon.
Magnús Þór Jónsson.
Michael Dean Óðinn Pollock.
Mikael Torfason.
Oddný Sen.
Ólafur Grétar.
Ólafur H. Torfason.
Ólafur Ormsson.
Ólafur Stefánsson.
Ólöf Jónsdóttir.
Óskar Árni Óskarsson.
Páll Pálsson.
Ragnar Ingi Aðalsteinsson.
Rósa B. Blöndals.
Rúnar Ármann Arthúrsson.
Rúnar Helgi Vignisson.
Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Sigurbjörn Þorkelsson.
Sigurgeir Orri Sigurgeirsson.
Sigurjón B. Sigurðsson (SJÓN).
Skúli Björn Gunnarsson.
Sólveig Kristín Einarsdóttir.
Steinþór Jóhannsson.
Trausti Steinsson.
Tryggvi V. Líndal.
Úlfar Þormóðsson.
Valgerður Þórsdóttir.
Viðar Hreinsson.
Vigfús Björnsson.
Þorgrímur Þráinsson.
Þorsteinn Eggertsson.
Þorsteinn Marelsson.
Þorsteinn Thorarensen.
Þorvarður Hjálmarsson.
Þór Tulinius.
Þórey Friðbjörnsdóttir.
Þórir S. Guðbergsson.
Þröstur J. Karlsson.
Örnólfur Árnason.

Tónskáldasjóður.

Árni Ísleifsson.
Elín Gunnlaugsdóttir.
Hildigunnur Rúnarsdóttir.
Jóhann Ásmundsson.
Jón Guðmundsson.
Jónas Tómasson.
Kjartan Ólafsson.
Óskar Guðnason.
Ríkharður H. Friðriksson.
Rúnar Júlíusson.
Sigurður Sævarsson.
Skúli Halldórsson.
Snorri Sigfús Birgisson.
Sveinn Lúðvík Björnsson.
Þorvaldur B. Þorvaldsson.
Þórólfur Eiríksson.

Fylgiskjal II.

Fréttatilkynning frá stjórn listamannalauna.
(4. mars 1999.)

Úthlutunarnefndir listamannalauna, sem starfa samkvæmt lögum nr. 35/1991, með áorðnum breytingum, hafa lokið störfum. Alls bárust 572 umsóknir um starfslaun listamanna 1999, en árið 1998 bárust 635 umsóknir.

Skipting umsókna milli sjóða 1999 var eftirfarandi.
Launasjóður rithöfunda, 165 umsóknir.
Launasjóður myndlistarmanna, 224 umsóknir.
Tónskáldasjóður, 24 umsóknir.
Listasjóður, 159 umsóknir, þar af 38 umsóknir frá leikhópum.

Hlutfallsleg skipting umsækjenda eftir kyni.

	Karlar	Konur
Launasjóður rithöfunda	70%	30%
Launasjóður myndlistarmanna	40%	60%
Tónskáldasjóður	83%	17%
Listasjóður	45%	55%
Sjóðir samtals	**52%**	**48%**

Úthlutunarnefndir voru að þessu sinni skipaðar sem hér segir:

Úthlutunarnefnd Launasjóðs rithöfunda.
Sigurður G. Tómasson, Sigrún Valbergsdóttir og Margrét Eggertsdóttir.
Sigrún Valbergsdóttir sagði sig úr nefndinni en í hennar stað kom Ingi Bogi Bogason.

Úthlutunarnefnd Launasjóðs myndlistarmanna.
Guðrún Einarsdóttir, formaður, Guðjón Ketilsson og Jóhanna Þórðardóttir.

Úthlutunarnefnd Tónskáldasjóðs.
John Speight, formaður, Bernharður Wilkinson og Rut Magnússon.

Stjórn listamannalauna.
Guðrún Nordal, formaður, Baldur Símonarson og Helga Kress. Ólafur Ó. Axelsson, varamaður Guðrúnar Nordal, tók einnig þátt í störfum stjórnar listamannalauna. Stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðunum og úthlutar fé úr Listasjóði. Listasjóður er almennur sjóður en sinnir einkum öðrum listgreinum en þeim sem falla undir sérgreindu sjóðina þrjá sem fyrst eru taldir. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.
Eftirtöldum listamönnum voru veitt starfslaun sem hér segir:

Úr Launasjóði rithöfunda.

3 ár (3).

Einar Már Guðmundsson.
Guðbergur Bergsson.
Steinunn Sigurðardóttir.

1 ár (12).

Birgir Sigurðsson.
Einar Kárason.
Guðjón Friðriksson.
Gyrðir Elíasson.
Ingibjörg Haraldsdóttir.
Ólafur Haukur Símonarson.
Pétur Gunnarsson.
Sigurður A. Magnússon.
Sigurður Pálsson.
Svava Jakobsdóttir.
Þorsteinn frá Hamri.
Þórarinn Eldjárn.

6 mánuðir (40).

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.
Andri Snær Magnason.
Auður Jónsdóttir.
Árni Ibsen.
Áslaug Jónsdóttir.
Bergljót Arnalds.
Bjarni Bjarnason.
Björn Th. Björnsson.
Bragi Ólafsson.
Einar Örn Gunnarsson.
Erlingur E. Halldórsson.
Friðrik Erlingsson.
Guðrún Eva Mínervudóttir.
Gunnhildur Hrólfsdóttir.
Gylfi Gröndal.
Hallgrímur Helgason.
Helgi Ingólfsson.
Hjörtur Pálsson.
Hlín Agnarsdóttir.
Huldar Breiðfjörð.
Iðunn Steinsdóttir.
Ísak Harðarson.
Jón Viðar Jónsson.
Jónas Þorbjarnarson.
Kristín Marja Baldursdóttir.
Kristín Ómarsdóttir.
Kristín Steinsdóttir.
Kristján Þórður Hrafnsson.
Magnea Magnúsdóttir frá Kleifum.
Margrét Lóa Jónsdóttir.
Nína Björk Árnadóttir.
Ragnheiður Sigurðardóttir.
Sigfús Bjartmarsson.
Sigrún Eldjárn.
Sigurlaugur Elíasson.
Sindri Freysson.
Steinunn Jóhannesdóttir.
Vilborg Davíðsdóttir.
Þorgeir Þorgeirson.
Þórunn Valdimarsdóttir.

Úr Launasjóði myndlistarmanna.

2 ár (4).

Guðjón Bjarnason.
Helgi Þ. Friðjónsson.
Sigrún Ólafsdóttir.
Steinunn Þórarinsdóttir.

1 ár (10).

Brynhildur Þorgeirsdóttir.
Eyjólfur Einarsson.
Halldór Ásgeirsson.
Hannes Lárusson.
Húbert Nói.
Inga S. Ragnarsdóttir.
Jóhanna Bogadóttir.
Sólveig Aðalsteinsdóttir.
Tryggvi Ólafsson.
Þorbjörg Pálsdóttir.

6 mánuðir (17).

Anna Guðjónsdóttir.
Birgir S. Birgisson.
Borghildur Óskarsdóttir.
Guðmundur Ingólfsson.

Guðný R. Ingimundardóttir.
Íris E. Friðriksdóttir.
Kristbergur Pétursson.
Kristín Geirsdóttir.
Kristín Gunnlaugsdóttir.
Kristín Reynisdóttir.
Kristveig Halldórsdóttir.
Lilja B. Egilsdóttir.
Magnús P. Þorgrímsson.
Pétur Magnússon.
Rebekka R. Samper.
Sigtryggur Baldvinsson.
Þór Vigfússon.

Ferðastyrki hlutu (2).
Finna B. Steinsson.
Æsa B. Þorsteinsdóttir.

Úr Tónskáldasjóði.

2 ár (1).
Guðmundur Hafsteinsson.

1 ár (3).
Áskell Másson.
Mist Þorkelsdóttir.
Tryggvi M. Baldvinsson.

6 mánuðir (2).
Atli Ingólfsson.
Páll Pampichler Pálsson.

3 mánuðir (1).
Bára Grímsdóttir.

Ferðastyrk hlaut (1).
Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson.

Úr Listasjóði.

3 ár (1).
Þóra Einarsdóttir.

2 ár (1).
Gerrit Schuil.

1 ár (2).
Sverrir Guðjónsson.
Valgerður Andrésdóttir.

6 mánuðir (14).
Auður Gunnarsdóttir.
Björn Thoroddsen.
Camilla Söderberg.
Einar Kristján Einarsson.
Erla Sólveig Óskarsdóttir.
Eydís Franzdóttir.
Finnur Bjarnason.
Miklos Dalmay.
Rúnar Óskarsson.
Signý Sæmundsdóttir.
Sigurður Halldórsson.
Steina Bjarnadóttir Vasulka.
Þorgerður Ingólfsdóttir.
Örn Magnússon.

3 mánuðir (5).
Ástrós Gunnarsdóttir.
Jóel Pálsson.
Ólafur Kjartan Sigurðarson.
Sunna Gunnlaugsdóttir.
Þórunn Guðmundsdóttir.

Ferðastyrki hlutu (13).
Einar St. Jónsson.
Eiríkur Örn Pálsson.
Emil Friðfinnsson.
Finnur Arnar Arnarsson.

Hallfríður Ólafsdóttir.
Hallveig Thorlacius.
Hannes Sigurðsson.
Sigríður Ágústsdóttir.
Sigurður Sveinn Þorbergsson.
Sólrún Bragadóttir.
Sveinbjörg Þórhallsdóttir.
Þórhallur I. Halldórsson.
Þuríður Jónsdóttir.

Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga um listamannalaun var úthlutað starfslaunum til leikhópa, enda verði þeim eingöngu varið til greiðslu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna. Stjórn listamannalauna fól framkvæmdastjórn leiklistarráðs að fjalla um veitingu þessara starfslauna, eins og heimilt er samkvæmt núgildandi lögum um listamannalaun. Framkvæmdastjórn leiklistarráðs skipa Hlín Gunnarsdóttir, formaður, Gísli Alfreðsson og María Kristjánsdóttir.

Eftirtaldir leikhópar fengu starfslaun (9 hópar, 80 mánuðir).

Flugfélagið Loftur	12 mánuðir	Skemmtihúsið	10 mánuðir
Leikfélag Íslands	10 mánuðir	Dansleikhús með ekka	6 mánuðir
Möguleikhúsið	10 mánuðir	Kaffileikhúsið	6 mánuðir
Hermóður og Háðvör	10 mánuðir	Leikfélagið Annað svið	6 mánuðir
Leikhópurinn Bandamenn	10 mánuðir		

Listasjóður veitti einnig sérstök framlög til eftirtalinna 45 listamanna sem fengu listamannalaun áður fyrr og voru 60 ára eða eldri við gildistöku laganna um listamannalaun, sbr. 3. gr. laga nr. 35/1991, og ekki fengu starfslaun.

Styrkurinn jafngildir starfslaunum í einn mánuð.

Agnar Þórðarson.
Ármann Kr. Einarsson.
Benedikt Gunnarsson.
Bragi Ásgeirsson.
Einar G. Baldvinsson.
Einar Bragi.
Eiríkur Smith.
Elías B. Halldórsson.
Eyþór Stefánsson.
Gísli J. Ástþórsson.
Gísli Magnússon.
Gísli Sigurðsson.
Guðmunda Andrésdóttir.
Guðmundur L. Friðfinnsson.
Guðmundur Jónsson.
Guðmundur Ingi Kristjánsson.
Gunnar Dal.
Gunnar Eyjólfsson.
Helgi Sæmundsson.
Herdís Þorvaldsdóttir.
Hjörleifur Sigurðsson.
Hrólfur Sigurðsson.
Hörður Ágústsson.
Jóhannes Geir Jónsson.
Jóhannes Helgi Jónsson.
Jón Ásgeirsson.
Jón Dan Jónsson.
Jón Þórarinsson.
Kjartan Guðjónsson.
Kristinn Hallsson.
Kristinn Reyr.
Magnús Blöndal Jóhannsson.
Magnús Jónsson.
Ólöf Pálsdóttir.
Pjetur Friðrik Sigurðsson.
Róbert Arnfinnsson.
Rúrik Haraldsson.
Rögnvaldur Sigurjónsson.
Sigurður Hallmarsson.
Skúli Halldórsson.
Stefán Júlíusson.
Steingrímur St. Th. Sigurðsson.
Veturliði Gunnarsson.
Vilborg Dagbjartsdóttir.
Þuríður Pálsdóttir.
Örlygur Sigurðsson.

Fylgiskjal III.

Úrvinnsla vegna starfslauna listamanna 1999.

Tafla 1. Umsóknir um starfslaun listamanna 1999, skipt eftir kyni.

	Umsóknir alls	Konur	Karlar	Hlutfall kvk.	Hlutfall kk.
Listasjóður	121	66	55	55%	45%
Launasjóður myndlistarmanna	224	135	89	60%	40%
Launasjóður rithöfunda	165	50	116	30%	70%
Tónskáldasjóður	24	4	20	17%	83%
Einstaklingar alls	534	255	280	48%	52%
Leikhópar til Listasjóðs	38				
Umsóknir alls	572				

Tafla 2. Úthlutanir starfslauna listamanna 1999, skipt eftir kyni.

	Úthlutanir alls	**Konur**	**Karlar**	**Hlutfall kvk.**	**Hlutfall kk.**
Listasjóður	23	12	11	52%	48%
Ferðastyrkir	13	6	7	46%	54%
Launasjóður myndlistarmanna	31	17	14	55%	45%
Ferðastyrkir	2	2		100%	
Launasjóður rithöfunda	55	21	34	38%	62%
Tónskáldasjóður	7	1	6	14%	86%
Ferðastyrkir	1		1		100%
Einstaklingar alls	132	59	73	45%	55%
Listasjóður, leikhópar	9				

Tafla 3. Skipting umsækjenda eftir búsetu.

	Fjöldi	**Hlutfall**
Reykjavík	361	70%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Besstaðahreppur	99	19%
Vesturland	11	2%
Vestfirðir	4	1%
Norðurland vestra	6	1%
Norðurland eystra	15	3%
Austurland	4	1%
Suðurland	11	2%
Suðurnes	5	1%
Alls á landinu	516	100%
Erlendis	19	4%
Samtals	535	

Tafla 4. Skipting umsækjenda um starfslaun listamanna 1999, eftir aldri.

	Fjöldi	Hlutfall
30 ára og yngri	51	10%
31–40 ára	176	33%
41–50 ára	173	32%
51–60 ára	88	16%
61–70 ára	34	6%
71 og eldri	13	2%
Samtals	535	100%

Tafla 5. Skipting starfslaunaþega 1999 eftir aldri.

	Fjöldi	Hlutfall
30 ára og yngri	18	14%
31–40 ára	51	39%
41–50 ára	34	26%
51–60 ára	18	14%
61–70 ára	9	7%
71 og eldri	2	2%
Samtals	132	100%

Fylgiskjal IV.

Launasjóður rithöfunda.

Birgir Sigurðsson, 1 ár 1996, 1 ár 1997, 1 ár 1998, 1 ár 1999.
Böðvar Guðmundsson, 1 ár 1996, 1 ár 1997, 3 ár 1998.
Einar Kárason, 3 ár 1992, 1 ár 1995, 1 ár 1996, 1 ár 1997, 1 ár 1998.
Einar Már Guðmundsson, 1 ár 1992, 1 ár 1993, 3 ár 1994, 1 ár 1997, 1 ár 1998, 3 ár 1999.
Fríða Á. Sigurðardóttir, 1 ár 1993, 1 ár 1994, 1 ár 1996, 3 ár 1997.
Guðbergur Bergsson, 3 ár 1999.
Guðjón Friðriksson, 3 ár 1995, 1 ár 1998, 1 ár 1999.
Guðrún Helgadóttir, 1 ár 1996, 3 ár 1997.
Gyrðir Elíasson, 1 ár 1992, 1 ár 1993, 1 ár 1994, 1 ár 1995, 1 ár 1996, 1 ár 1999.
Ingibjörg Haraldsdóttir, 1 ár 1993, 1 ár 1994, 1 ár 1996, 1 ár 1997, 1 ár 1998, 1 ár 1999.
Ólafur Gunnarsson, 1 ár 1996, 3 ár 1997.
Ólafur Haukur Símonarson, 1 ár 1993, 1 ár 1994, 1 ár 1995, 3 ár 1996, 1 ár 1999.
Pétur Gunnarsson, 3 ár 1993, 1 ár 1996, 1 ár 1997, 1 ár 1998, 1 ár 1999.
Sigurður A. Magnússon, 1 ár 1996, 1 ár 1997, 1 ár 1998, 1 ár 1999.
Sigurður Pálsson, 3 ár 1996, 1 ár 1999.
Steinunn Sigurðardóttir, 3 ár 1992, 1 ár 1995, 1 ár 1996, 1 ár 1997, 1 ár 1998, 3 ár 1999.
Svava Jakobsdóttir, 1 ár 1996, 1 ár 1997 1 ár 1998, 1 ár 1999.
Vigdís Grímsdóttir, 1 ár 1992, 1 ár 1993, 1 ár 1994, 1 ár 1995, 1 ár 1996, 1 ár 1997, 3 ár 1998.
Þorsteinn frá Hamri, 1 ár 1996, 1 ár 1997, 1 ár 1998, 1 ár 1999.
Þórarinn Eldjárn, 3 ár 1993, 1 ár 1996, 1 ár 1997, 1 ár 1998, 1 ár 1999.

Launasjóður myndlistarmanna.

Birgir Andrésson, 3 ár 1994.
Björg Þorsteinsdóttir, 3 ár 1992.
B. Ragna Róbertsdóttir, 3 ár 1995.
Finnbogi Pétursson, 3 ár 1996.
Georg Guðni Hauksson, 3 ár 1995.
Hallsteinn Sigurðsson, 3 ár 1995.
Helgi Þorgils Friðjónsson, 3 ár 1992.
Ingólfur Arnarsson, 3 ár 1996.
Ívar Valgarðsson, 3 ár 1994.
Kristinn Guðbrandur Harðarson, 3 ár 1992.
Kristján Guðmundsson, 3 ár 1993.
Ragnheiður Jónsdóttir, 3 ár 1996.
Sigurlaug Jóhannesdóttir, 3 ár 1994.
Svava Björnsdóttir, 3 ár 1994.
Rúrí (Þuríður Fannberg), 3 ár 1992.
Tumi Magnússon, 3 ár 1993.
Þorvaldur Þorsteinsson, 3 ár 1996.

Tónskáldasjóður.

Áskell Másson, 3 ár 1992.
Guðmundur Hafsteinsson, 1 ár 1998, 2 ár 1999.
Hafliði Hallgrímsson, 3 ár 1994.
Hjálmar H. Ragnarsson, 3 ár 1996.
Karólína Eiríksdóttir, 3 ár 1997.
John A. Speight, 3 ár 1995.
Jón Hlöðver Áskelsson, 1 ár 1994, 3 ár 1995.
Leifur Þórarinsson, 3 ár 1992.
Þorkell Sigurbjörnsson, 3 ár 1993.
Þorsteinn Hauksson, 3 ár 1998.

Listasjóður.

Arnar Jónsson, 3 ár 1994.
Auður Hafsteinsdóttir, 3 ár 1996.
Áshildur Haraldsdóttir, 3 ár 1993.
Bryndís Halla Gylfadóttir, 3 ár 1993.
Brynja Benediktsdóttir, 3 ár 1992.
Guðmundur Óli Gunnarsson, 3 ár 1998.
Guðni Franzson, 3 ár 1997.
Helga Ingólfsdóttir, 3 ár 1996.
Kjartan Ragnarsson, 3 ár 1995.
Kolbeinn Bjarnason, 3 ár 1996.
Ólafur Árni Bjarnason, 3 ár 1996.
Sigrún Eðvaldsdóttir, 1 ár 1992, 1 ár 1993, 3 ár 1994, 1 ár 1998.
Sigrún Hjálmtýsdóttir, 1 ár 1995, 1 ár 1996, 1 ár 1997.
Sveinn Einarsson, 3 ár 1995.
Þorsteinn Gauti, 3 ár 1993.
Þóra Einarsdóttir, 3 ár 1999.

302. Beiðni um skýrslu [246. mál]

frá félagsmálaráðherra um kjör forræðislausra foreldra.

Frá Jóhanni Ársælssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjárhag forræðislausra foreldra.

Í skýrslunni komi fram upplýsingar um eftirtalin atriði:

1. hvað forræðislausir foreldrar eru margir;
2. hve margir þeirra, skipt eftir fjölda barna, hafa atvinnutekjur á mánuði:
   a. undir 100 þús. kr.,

b. 100–150 þús. kr.,
c. 150–200 þús. kr.,
d. yfir 200 þús. kr.;
3. hve margir þeirra, skipt eftir fjölda barna og tekjum, skulda meðlag;
4. hverjar ráðstöfunartekjur þeirra árin 1994–99 voru; beðið er um samanburð við aðra þjóðfélagshópa;
5. hver árleg eigna- og skuldastaða þeirra árin 1995–99 var; beðið er um samanburð við aðra þjóðfélagshópa;
6. hverjar meðalskattgreiðslur forræðislausra foreldra tekjuárin 1997 og 1998 voru og hve margir þeirra voru skattlausir;
7. hverjar meðaltekjur þeirra hafa verið árin 1995–99, skipt eftir kyni, og hver meðalhækkun teknanna hefur verið á þeim árum; beðið er um samanburð við tekjur og hækkun hjá öðrum hópum á þessum árum;
8. og hvort ráðherra áformar að gera forræðislausum foreldrum sem ekki hafa til þess fjárhagslegt bolmagn betur kleift að sinna uppeldishlutverki sínu og tryggja þannig betur rétt barna til sambands við báða foreldra sína.

Greinargerð.

Staða forræðislausra foreldra hefur ekki verið könnuð sérstaklega en nýlega var lögð fram á Alþingi skýrsla um kjör einstæðra foreldra, samkvæmt beiðni.

Nauðsynlegt er að einnig liggi fyrir upplýsingar um efnahagslega og félagslega stöðu forræðislausra foreldra svo að hægt sé að meta möguleika þeirra og getu til að sinna foreldrahlutverki sínu jafnframt möguleikum einstæðra foreldra og aðstöðu til að sinna sínu hlutverki við uppeldi barna.

Á þessu er þörf svo að ákvarðanir sem hugsanlega verða teknar í ljósi upplýsinga um hagi einstæðra foreldra verði einnig byggðar á þekkingu á getu forræðislausra foreldra til að rækja uppeldisskyldu sína og fjárhagslegan stuðning við börnin. Þess vegna er hér beðið um upplýsingar um svipuð atriði varðandi forræðislausa foreldra og beðið var um í skýrslu um kjör einstæðra foreldra. Vitað er að margir foreldrar án forræðis eiga í fjárhagserfiðleikum og margir þeirra hafa af einhverjum ástæðum ekki getað greitt meðlög með börnum sínum. Einungis 48% þeirra búa í eigin húsnæði en 80% hjóna og sambýlisfólks og 63% einstæðra foreldra búa í eigin húsnæði.

Mikill kostnaður við ferðalög forræðislausra foreldra og/eða barna þeirra til að rækta samband þeirra kemur stundum í veg fyrir að börn og foreldrar njóti réttar síns til eðlilegs sambands. Fjárhagsleg og félagsleg vandamál foreldra án forræðis hljóta að koma niður á sambandi þeirra við börnin sem eiga rétt á sambandi við báða foreldra sína, leiðsögn þeirra og umhyggju.

Af framangreindum ástæðum telja skýrslubeiðendur nauðsynlegt að stjórnvöld hafi glögga mynd af aðstæðum foreldra til að rækja uppeldishlutverk sitt og því er þessi beiðni lögð fram.

303. Fyrirspurn [247. mál]

til viðskiptaráðherra um útlán hjá tryggingafélögum og eignarleigum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvernig hafa útlán og fjöldi lánþega þróast hjá tryggingafélögum og eignarleigum árlega sl. fimm ár:

a. bílalán,
b. önnur lán?

Óskað er eftir að í svari verði greint á milli tryggingafélaga annars vegar og eignarleigna hins vegar.

Skriflegt svar óskast.

304. Fyrirspurn [248. mál]

til samgönguráðherra um loftskeytastöðina á Siglufirði.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Er enn þá ætlun Landssíma Íslands að leggja niður loftskeytastöðina á Siglufirði?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir að störf sem nú eru unnin á höfuðborgarsvæðinu verði flutt til Siglufjarðar, í stað þeirra sem lögð verða niður?
3. Telur ráðherra að nútímatækni í fjarskiptum geri kleift að vinna ýmis störf á vegum Landssímans utan höfuðborgarsvæðisins þar sem húsnæði er nægilegt og mikið framboð af sérþjálfuðu starfsfólki?

305. Frumvarp til laga [249. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Telji útgerð skips að ekki náist að veiða upp í úthlutað aflamark skips af einhverri tegund skal útgerðin tilkynna Fiskistofu um hve mikið af aflamarki tegundarinnar hún hyggst ekki nýta á fiskveiðiárinu. Aflamarki hverrar tegundar sem þannig er skilað til Fiskistofu skal úthlutað á fiskveiðiárinu, gegn umsýslugjaldi er renni í ríkissjóð, til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum. Aflamarki tegunda, sem ekki nýtast á fiskveiðiárinu og ekki er heimilt að flytja milli ára skv. 12. gr., skal í byrjun næsta fisk-

veiðiárs úthlutað gegn umsýslugjaldi til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum.

Umsýslugjald skal miðast við 5% af meðalverði viðkomandi tegundar á fiskmörkuðum innan lands á síðastliðnu fiskveiðiári.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess.
b. 6. mgr. fellur brott.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að skipta á aflamarki milli skipa, enda sé um jöfn skipti á tegundum að ræða að mati Fiskistofu. Þó er óheimilt að skipta aflamarki þeirra tegunda sem skipið fær til sín samkvæmt ákvæði 5. mgr. 7. gr. í lögum þessum.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um skipti á aflamarki tegunda milli skipa og eru skiptin ekki heimil fyrr en Fiskistofa hefur staðfest móttöku tilkynningar um þau frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það hefur þann tilgang að afnema að mestu leyti heimildir til framsals veiðiheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðiheimildum sem ekki veiðast á fiskveiðiárinu verði skilað til Fiskistofu og þeim síðan úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum sem eru ónýttar í lok fiskveiðiársins verði úthlutað á næsta fiskveiðiári gegn umsýslugjaldi. Markmið frumvarpsins er að einfalda og auka skilvirkni gildandi kerfis um stjórn fiskveiða og renna þannig stoðum undir almennari þjóðarsátt þar um.

Framsal veiðiheimilda á grundvelli heimilda í lögum um stjórn fiskveiða hefur verið gagnrýnt látlaust á undanförnum árum. Gagnrýnin hefur verið færð fram af mörgum samtökum, félögum og einstaklingum úr öllum þjóðfélagshópum. Vafasamt er að þjóðarsátt sé um gildandi kerfi um stjórn fiskveiða, hvað þá heldur almenn sátt um framsal veiðiheimilda.

Yfirlýstur tilgangur með setningu laga um stjórn fiskveiða var af tvennum toga. Í fyrsta lagi átti kerfið að tryggja að heildarafli tegunda í kvóta skyldi vera innan þeirra marka sem stjórnvöld ákvæðu hverju sinni. Í öðru lagi var reiknað með að kerfið leiddi til aukinnar hagkvæmni í sjávarútvegi þar sem það mundi með sjálfvirkum hætti leiða til að afkastageta fiskiskipaflotans aðlagaðist afrakstursgetu fiskstofnanna við landið. Það sem átti að koma í kring þessari aðlögun var fyrst og fremst frjálst framsal veiðiheimilda og þröngar takmarkanir á aukinni veiðigetu fiskiskipaflotans, sbr. ákvæði um úreldingu fiskiskipa í samræmi við stækkun annarra fiskiskipa.

Afar erfitt er að mæla hreinan ávinning í sjávarútvegi, ef einhver er, af framsali veiðiheimilda þar sem taka verður tillit til ýmiss konar kostnaðar sem framsalið leiðir af sér. Í

þessu sambandi ber að nefna beinan viðskiptakostnað samhliða samningum og umsjón með tilfærslum veiðiheimilda milli aðila, en fjöldi tilfærslna á hverju fiskveiðiári er mjög mikill. Þessi miklu umsvif með framsali veiðiheimilda hafa kallað á síaukið opinbert eftirlit til að sjá um að farið sé að lögum. Þá ber að nefna að framsal veiðiheimilda hefur í för með sér óbeinan kostnað sem stafar af miklu óöryggi í rekstri fyrirtækja og framfærslu heimila í þéttbýli á landsbyggðinni sem byggir afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Einnig ber að tilgreina tvö allsherjarverkföll sjómanna á fiskiskipum á undanförnum árum. Verkföllin má að stærstum hluta rekja til óánægju sjómanna með versnandi hlutskipti sitt þar sem þeir hafa nauðugir viljugir verið látnir taka þátt í kostnaði við kaup á veiðiheimildum. Þessi nauðung virðist enn eiga sér víða stað þrátt fyrir setningu nýrra ákvæða í ýmsum lögum til að sporna við þessum gjörningum.

Eins og áður segir er vafasamt að framsal veiðiheimilda hafi skilað sjávarútveginum þeim ávinningi sem upphaflega var reiknað með. Hins vegar bendir ýmislegt til þess að framsalið leiði til aukins kostnaðar fyrir greinina og þjóðarbúið í heild. Ef fram heldur sem horfir með óbreytt kerfi um stjórn fiskveiða má búast við vaxandi ósætti meðal þjóðarinnar í afstöðu hennar til kvótakerfisins. Við slíkar aðstæður verður ekki unað til langframa og er því nauðsynlegt að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að sem flestir geti sætt sig við þau. Það er meginmarkmið frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða ný ákvæði um að útgerð geti skilað Fiskistofu veiðiheimildum sem ekki verða nýttar á fiskveiðiárinu og verði þeim þá úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum sem ekki nýttust á fiskveiðiárinu verði úthlutað á næsta fiskveiðiári. Þessi úthlutun miðast við aflahlutdeild viðkomandi tegundar sérhvers skips. Ef einhverjar útgerðir óska ekki eftir úthlutun þessara veiðiheimilda skal úthluta þeim til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum. Fyrir veiðiheimildir sem úthlutað er með þessum hætti greiða útgerðir sérstakt umsýslugjald er renni í ríkissjóð.

Þetta eru ný ákvæði og nauðsynleg til að tryggja að auðlindin verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt.

Um 2. gr.

Í a-lið er tekinn af allur vafi um að aflahlutdeild fylgir skipi við sölu þess innan lands. Þetta ákvæði á augljóslega ekki við þegar skip er selt úr landi eða það úrelt. Komi annað skip í stað þess sem úrelt var eða selt úr landi skal aflahlutdeild flytjast til þess. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að rýra veðhæfni skips þar sem útgerðin sem átti skipið eða keypti það heldur ávallt aflahlutdeild skipsins.

Þar sem frumvarpið veldur því að hvorki má leigja kvóta innan ársins né færa varanlega hluta af aflamarki milli skipa er sjálfgefið að 6. mgr. 11. gr. núgildandi laga falli brott eins og kveðið er á um í b-lið.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að ávallt sé öllum frjálst að skipta á jöfnum heimildum af þeim tegundum sem aflamarki sæta. Fiskistofa skal leggja mat á það hvort hér sé um jöfn skipti að ræða, ella væri þarna opin leið til þess að greiða fyrir mismun verðmætis, en frumvarpinu

er einmitt ætlað að koma í veg fyrir það óeðlilega verslunarkerfi sem viðgengist hefur undanfarin ár samfara því ósætti sem „kvótabraskið“ hefur valdið.

Þá er jafnframt tekið fyrir það í 1. mgr. greinarinnar að skip, sem fær til sín aflaheimildir í tegund gegn greiðslu umsýslugjalds vegna vöntunar í þeirri tegund, noti þá tegund í skiptimynt í jöfnum skiptum enda markmið frumvarpsins að fái menn til sín aflaheimildir eða sé úthlutað þeim nýti þeir þær sjálfir. Það samrýmist einnig vel þeim meginmarkmiðum kvótakerfisins að jafna veiðiheimildum til þeirra sem þurfa þeirra með vegna verkefnisskorts og skömmtunar aðgangs að afla innan kvótakerfisins.

Loks er tekið fram að önnur skipti en jöfn séu óheimil. Fiskistofa staðfestir að flutningur sé heimill í jöfnum skiptum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

306. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.

(Eftir 2. umr., 3. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „Sambandi ísl. berklasjúklinga“ í 1. gr. laganna og sömu orða hvarvetna í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.

2. gr.

3. gr. laganna, sbr. lög nr. 24/1989, orðast svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 2007. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

307. Frumvarp til laga [250. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sérhver skráður umráðandi loftfars samkvæmt loftfaraskrá skal árlega greiða til Flugmálastjórnar eftirlitsgjald sem miðast skal við skráðan hámarksflugtaksmassa loftfarsins. Skulu árleg eftirlitsgjöld vera:

a. 11.400 kr. fyrir vélknúin loftför með skráðan hámarksflugtaksmassa allt að 2.700 kg og auk þess 7,80 kr. fyrir hvert kg,
b. 17.000 kr. fyrir vélknúin loftför með skráðan hámarksflugtaksmassa 2.701–5.700 kg og auk þess 6,50 kr. fyrir hvert kg,
c. 80.000 kr. fyrir vélknúin loftför með skráðan hámarksflugtaksmassa 5.701–50.000 kg og auk þess 7,00 kr. fyrir hvert kg,
d. 400.000 kr. fyrir vélknúin loftför með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 50.000 kg og auk þess 4,00 kr. fyrir hvert kg og
e. fyrir loftför sem ekki eru vélknúin 25% af gjaldi fyrir vélknúin loftför.

Gjalddagar eftirlitsgjalda skulu vera tveir á ári. Hinn 15. mars skal greitt fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní og 15. september skal greitt fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember.

Gjöld samkvæmt þessari grein má heimta með fjárnámi.

2. gr.

Á eftir 71. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (71. gr. a.)

Í innanlandsflugi skulu lendingargjöld greidd af umráðendum loftfara til Flugmálastjórnar fyrir afnot loftfara af þeim flugvöllum þar sem flugupplýsingaþjónusta er veitt.

Vegna lendingar loftfars með 1.500 kg hámarksflugtaksmassa eða meiri skal greiða 238 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg af massa þess fyrir hverja lendingu á flugvöllum sem veita flugupplýsingaþjónustu öðrum en Keflavíkurflugvelli.

Umráðendur loftfara skulu greiða leiðarflugsgjöld til Flugmálastjórnar fyrir flugumferðar- og flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. fjarskiptaþjónustu, veðurþjónustu, leitar- og björgunarþjónustu og flugupplýsingaþjónustu á flugleiðum í innanlandsflugi, sem skulu reiknast þannig í heilum krónum fyrir hvert flug með blindflugsheimild eða á blindflugsleiðum:

Leiðarflugsgjald = 16,5 kr./km × vegalengd í km × $\sqrt{}$ (hámarksflugtaksþyngd flugvélar í tonnum/50).

Leitar- og björgunarflug, prófflug eftir viðgerð, flug með þjóðhöfðingja og flug loftfara íslenska ríkisins skulu undanþegin gjaldskyldu samkvæmt grein þessari.

Gjalddagar skulu vera 15. hvers mánaðar vegna gjaldskyldra lendinga og veittrar leiðarflugsþjónustu í þar næsta mánuði á undan.

Flugmálastjórn er heimilt að krefjast greiðslu gjalda samkvæmt grein þessari fyrir brottför loftfars eða krefjast tryggingar fyrir greiðslu gjalda.

b. (71. gr. b.)

Umráðandi loftfars skal greiða sérstakt gjald, vopnaleitargjald, til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli fyrir hvern mann sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa um Keflavíkurflugvöll. Fjárhæð gjaldsins skal ákveðin í gjaldskrá útgefinni af ráðherra. Heimilt er ráðherra að ákveða að börn yngri en 16 ára greiði hálft gjald.

Vopnaleitargjald fyrir farþega sem ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og öllum loftförum sem ekki er flogið á áætlunarleiðum skal greiða fyrir brottför loftfars. Sýslumanni er heimilt að veita gjaldfrest til 15. dags næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

Vopnaleitargjald fyrir farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum skal greiða eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

Ráðherra er heimilt að setja með gjaldskrá nánari reglur um innheimtu gjaldsins.

3. gr.

Við 81. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugrekendur skulu árlega greiða til Flugmálastjórnar eftirlitsgjald sem miðast skal við fjölda þeirra loftfara sem hlutaðeigandi rekur í starfsemi sinni og skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra. Skulu árleg eftirlitsgjöld flugrekenda vera sem hér segir:

a. 25.000 kr. fyrir hvert loftfar undir 2.700 kg,
b. 45.000 kr. fyrir hvert loftfar 2.701–5.700 kg,
c. 120.000 kr. fyrir hvert loftfar 5.701–50.000 kg og
d. 180.000 kr. fyrir hvert loftfar yfir 50.000 kg.

Gjald við fyrstu útgáfu flugrekandaskírteinis (AOC) er það sama og árlegt eftirlitsgjald og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og hámarksflugtaksmassa loftfara.

Gjalddagar eftirlitsgjaldsins skulu vera tveir á ári, 1. maí og 1. nóvember, og skal þá greitt fyrir næstliðið hálft ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.

4. gr.

Á undan orðunum „að ákvæði 106. gr. eigi við“ í lokamálslið 2. mgr. 105. gr. laganna kemur: eða.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 139. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Tekjur Flugmálastjórnar skv. 10., 71. og 71. gr. a, 80. gr. og 1. og 2. mgr. greinar þessarar skulu færast sem sértekjur, sbr. 12. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Ráðherra skal heimilt að útfæra nánar gjaldtökuheimildir skv. 4. mgr. í gjaldskrám sem hann setur.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitast við að styrkja gjaldtökuheimildir loftferðalaga. Vegna nýlegra dóma Hæstaréttar og álitsgerða umboðsmanns Alþingis er nú talið rétt að gera ríkari kröfur til lagaheimilda til heimtu þjónustugjalda en áður tíðkaðist.

Gildandi loftferðalög, nr. 60/1998, fela í sér gjaldtökuheimildir í 1. og 2. mgr. 71. gr. og 139. gr. Gjaldtökuheimildir þessar lúta að innheimtu þjónustugjalda. Þau hafa hér á landi sem víðar um langt árabil miðast við þyngd eða massa loftfara enda hefur slík gjaldtaka að hluta til verið byggð á tilmælum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).

Þjónustugjöld þarf almennt ekki að greiða hinu opinbera nema lagaheimild standi til gjaldtökunnar og fyrir komi sérgreint endurgjald. Greiðslunni er þá ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við endurgjaldið. Auk þess verður fjárhæð þjónustugjalds að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita viðkomandi þjónustu. Ef ekki er hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði er talið heimilt að byggja þá á raunhæfri áætlun. Gjaldtaka á sviði loftferða, eins og hún hefur viðgengist, hefur ekki alltaf verið í samræmi við framangreinda aðferðafræði við kostnaðargreiningu þjónustugjalda. Því er talið nauðsynlegt að styrkja heimildir loftferðalaga til heimtu þessara gjalda.

Í öðru lagi geymir frumvarpið það nýmæli að lagt er til að farið verði að innheimta sérstakt leiðarflugsgjald til Flugmálastjórnar til fjármögnunar flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur.

Í þriðja lagi er ákvæði í loftflutningskafla laganna lagfært.

Flugmálastjórn sinnir umfangsmiklum atvinnurekstri í þágu íslenskra sem erlendra flugrekenda. Forsendur fjárlaga gera ráð fyrir að stofnunin njóti tekna fyrir þá þjónustu, meðal annars á grundvelli þeirra ákvæða sem hér er lagt til að verði að lögum. Frumvarp þetta er liður í því að sem best verði búið að þeim rekstri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu allra skráðra umráðenda loftfara samkvæmt loftferðaskrá til að greiða sérstakt eftirlitsgjald til Flugmálastjórnar. Er svo skipað sem hér er kveðið á um í samræmi við þá gjaldtöku sem tíðkuð hefur verið á undanförnum árum og hefur til þessa byggst á gjaldskrám útgefnum af ráðherra, sbr. núgildandi gjaldskrá nr. 139/1999.

Í áliti umboðsmanns Alþingis (SUA 1994:225) reyndi á það hvort ákvörðun skoðunar- og eftirlitsgjalda loftfara í gjaldskrá nr. 47/1992, fyrir þjónustu loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar, stæðist með tilliti til meginreglna um ákvörðun þjónustugjalda. Gjaldskrá þessi var sett með heimild í 152. gr. þágildandi loftferðalaga, nr. 34/1964, sem svipar til 139. gr. gildandi loftferðalaga. Í stuttu máli var niðurstaða umboðsmanns Alþingis sú að endurskoða þyrfti gjaldskrána. Að öðrum kosti yrði að afla fullnægjandi skattlagningarheimildar, sbr. 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Vegna álits umboðsmanns fór fram athugun á gjaldtökuheimildum þágildandi loftferðalaga sem leiddi til setningar nýrrar gjaldskrár og breytinga á gjaldtökuheimildum við setningu gildandi loftferðalaga. Ítrekaðar athugasemdir gefa hins vegar tilefni til að ætla að æskilegast sé að aflað verði fullnægjandi skattlagningarheimildar, sbr. 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, til töku þjónustugjalda fyrir eftirlit með loftförum.

Í 3. mgr. segir að eftirlitsgjöld megi heimta með fjárnámi. Með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar þykir heppilegt að Flugmálastjórn hafi almenna fjárnámsheimild til að heimta eftirlitsgjöld. Hefði Flugmálastjórn sérstaka lögveðsheimild eða heimild til að synja um útgáfu lofthæfisskírteinis eða umskráningu í loftfaraskrá, svo sem dæmi eru um í löggjöf, væri hætta á því að ógreidd eftirlitsgjöld stöðvuðu umfangsmikinn flugrekstur.

Um 2. gr.

Um a-lið (71. gr. a).

Í þingmeðferð samgöngunefndar Alþingis var gjaldtökuheimild 71. gr. frumvarps til gildandi loftferðalaga breytt til að styrkja gjaldtökuheimildir þess á tvo vegu. Annars vegar var tiltekið að gjöld þau sem heimta má skuli vera til að standa undir kostnaði við rekstur flugvalla og flugleiðsögutækja. Hins vegar var bætt inn ákvæði um að heimilt sé að taka gjöld fyrir aðstöðu sem starfsemi tengd flugsamgöngum nýtur á flugvöllum. Í ljósi dóma Hæstaréttar er þó ástæða til að ætla að styrkja þurfi heimildir Flugmálastjórnar til töku þjónustugjalda enn frekar.

Gjaldtaka fyrir leiðarflugsþjónustu í innanlandsflugi er nýmæli. Leiðarflugsþjónusta er jafnan talin fela í sér fimm mismunandi þjónustuþætti, í fyrsta lagi sjálfa flugumferðarþjónustuna (ATS), í öðru lagi fjarskiptaþjónustu (COM), í þriðja lagi veðurþjónustu (MET), sem fram að þessu hefur verið veitt af Veðurstofu Íslands, í fjórða lagi leitar- og björgunarþjónustu (SAR) og í fimmta lagi upplýsingaþjónustu (AIS).

Gjald reiknast fyrir hvert flug með blindflugsheimild eða á blindflugsleiðum á flugleiðum í innanlandsflugi. Leiðarflugsgjöld með sömu reikningsreglu og fram kemur í greininni eru innheimt víðar í Evrópu. Reikniformúlan sem fram kemur í 2. gr. er að fyrirmynd gjaldtökuaðferðar samtaka flugmálastjórna Evrópu (EUROCONTROL).

Þegar flugferð er í heild í samræmi við sjónflugsreglur er hvorki um blindflug né flug á blindflugsleiðum að ræða og gjaldskylda fyrir leiðarflugsþjónustu stofnast ekki. Jafnframt er gengið út frá því að leiðarflugs- og lendingargjöld verði ekki innheimt fyrir allt flug eins og rakið er í 4. mgr.

Um b-lið (71. gr. b).

Gert er ráð fyrir að fest verði í sessi lagaheimild fyrir innheimtu vopnaleitargjalds á Keflavíkurflugvelli, en það hefur hingað til verið byggt á almennri heimild í 71. gr. núgildandi loftferðalaga og áður 78. gr. fyrri loftferðalaga, nr. 34/1964. Innheimtan er í höndum sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur. Gert er ráð fyrir að fjárhæð gjaldsins verði ákveðin í gjaldskránni og að þar verði einnig settar nánari reglur um innheimtu þess, m.a. hverjir séu undanþegnir gjaldskyldu, og um önnur atriði eftir því sem við á. Þar sem gjald þetta er innheimt á Keflavíkurflugvelli, sem er varnarsvæði samkvæmt lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, er það utanríkisráðherra sem setur gjaldskrána enda fer hann með allt stjórnsýsluvald á varnarsvæðum samkvæmt lögum nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl.

Um 3. gr.

Innheimta eftirlitsgjalda flugrekenda fer nú fram á grundvelli gildandi gjaldskrár nr. 139/1999. Setning ákvæðisins byggist á sömu sjónarmiðum og fram hafa komið í umfjöllun um eftirlitsgjald loftfara í 1. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Eins og lokamálsliður 2. mgr. 105. gr. er orðaður í gildandi lögum er áskilið að til að flugrekanda sé heimilt að bera fyrir sig varnir samkvæmt sakarlíkindareglunni verði ákvæði 106. gr. að eiga við en í þeirri grein er fjallað um eigin sök. Þetta er ekki regla sú sem til stóð að lögbjóða. Flugrekendur geta borið fyrir sig varnir, bæði þegar tjónsfjárhæðir fara fram úr 100.000 SDR, þ.e. á grundvelli sakarlíkindareglunnar, og þegar 106. gr. á við, þ.e. þegar borið er við eigin sök farþega. Breytingin er gerð til að taka af öll tvímæli.

Um 5. gr.

Í greininni er tryggt að tekjur af þjónustugjöldum teljist sértekjur Flugmálastjórnar Íslands en ekki skatttekjur í þágu almennrar tekjuöflunar ríkissjóðs.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 60/1998, um loftferðir.

Í frumvarpinu er leitast við að styrkja gjaldtökuheimildir loftferðalaga. Vegna nýlegra dóma Hæstaréttar og álitsgerða umboðsmanns Alþingis er talið rétt að gera ríkari kröfur til lagaheimildar til innheimtu þjónustugjalda en áður tíðkaðist. Gildandi loftferðalög, nr. 60/1998, fela í sér gjaldtökuheimilidir í 1. mgr. 71. gr., 2. mgr. 71. gr. og 139. gr. Gjaldtökuheimildir þessar lúta að innheimtu þjónustugjalda.

Frumvarpinu er jafnframt ætlað að leiðrétta ákvæði loftflutningskafla loftferðalaganna.

Í frumvarpinu er ákvæði um vopnaleitargjald. Ákvæðið er sett til þess að festa í sessi lagaheimild fyrir innheimtu vopnaleitargjalds á Keflavíkurflugvelli, en það hefur hingað til byggst á almennri heimild í 71. gr. núgildandi loftferðalaga og 78. gr. loftferðalaga, nr. 34 21. maí 1964. Vopnaleitargjaldinu er ætlað að skila 40 m.kr. í tekjur á árinu 2000. Tekjur af gjaldinu voru 36 m.kr. á árinu 1998 en eru áætlaðar 39 m.kr. á árinu 1999 og skýrist aukningin af fjölgun farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll.

Í frumvarpinu er einnig nýtt ákvæði þar sem lagt er til að hafin verði innheimta sérstaks leiðarflugsgjalds til Flugmálastjórnar til fjármögnunar flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur. Gjaldinu er ætlað að skila 30 m.kr. í tekjur árið 2000. Leiðarflugsgjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði af flugumferðarþjónustu, fjarskiptaþjónustu, veðurþjónustu, leitar- og björgunarþjónustu og upplýsingaþjónustu við innanlandsflug. Gera má ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs lækki sem gjaldinu nemur.

308. Frumvarp til laga [251. mál]

um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Um innflutning á sjávarafurðum frá Liechtenstein fer eins og um innflutning slíkra afurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 22. gr. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

3. gr.

Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: Fiskistofu.

4. gr.

Á eftir orðinu „framleiðendum“ í 1. mgr. 28. gr. laganna kemur: frystiskipum.

5. gr.

Í stað orðanna „Til og með 31. desember 1999“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: Til og með 30. júní 2001.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á gildandi lögum sem lúta að því að samræma íslenska löggjöf skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Samkvæmt þeim á að líta á Liechtenstein sem þriðja ríki varðandi innflutning á sjávarafurðum og taka gjald fyrir eftirlit með sjávarafurðum frá frystiskipum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá er enn fremur lögð til breyting á birtingarhætti á lista yfir framleiðendur og vinnsluskip í þriðju ríkjum sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá. Er með því ætlað að koma á skýrari og einfaldari birtingarhætti en nú er bundinn í lögum. Að lokum gerir frumvarpið ráð fyrir að til og með 30. júní 2001 þurfi að leita leyfis fyrir innflutningi lifandi sjávardýra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Liecthenstein hefur ekki tekið upp þær gerðir sem tilheyra viðauka I við EES-samninginn og lúta að innflutningi á sjávarafurðum. Af því leiðir að Liechtenstein hefur stöðu þriðja ríkis í þessu sambandi. Þrátt fyrir að ekki megi búast við að mikið reyni á innflutning á sjávarafurðum frá Liechtenstein verður að telja rétt að afmarka skýrt stöðu ríkisins í þessu sambandi.

Um 2. gr.

Lagt er til að skrá yfir framleiðendur og vinnsluskip sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 22. gr. laganna, verði framvegis unnin og birt af Fiskistofu. Í dag er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðuneytið haldi þessa skrá og birti hana í Stjórnartíðindum ásamt mánaðarlegum breytingum á henni. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/296, með síðari breytingum, inniheldur skrá yfir þriðju ríki sem hafa leyfi til að flytja inn vörur á markaði Evrópusambandsins til manneldis. Tveir flokkar ríkja eru á skránni. Annars vegar flokkur I, en í þeim flokki eru ríki sem eftirlitsmenn á vegum framkvæmdastjórnarinnar hafa heimsótt og tekið út og sérstaklega hefur verið viðurkennt að ríkin fullnægi öllum heilbrigðisskilyrðum við framleiðslu og eftirlit með framleiðslu sjávarafurða, sbr. tilskipun ráðherraráðsins 91/493. Slík viðurkenning leiðir til þess að heimilt er að flytja inn frá framleiðendum og vinnsluskip-

um sem viðkomandi ríki viðurkennir og sætir innflutningurinn takmörkuðu eftirliti á landamærastöðvum. Ríkið tilkynnir framkvæmdastjórninni um breytingar á listanum eftir því sem við á. Hins vegar er flokkur II. Í þeim flokki eru ríki sem hafa sent framkvæmdastjórninni upplýsingar um kröfur sem gerðar eru við framleiðslu og eftirlit með framleiðslu sjávarafurða í viðkomandi ríki, sbr. ákvörðun ráðherraráðsins 95/498. Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá ríkjunum en fullt eftirlit er með innflutningnum á landamærastöðvum. Skráin sem sjávarútvegsráðuneytið hefur haldið er mjög viðamikil. Birting skrárinnar og mánaðarlegra breytinga á henni í Stjórnartíðundum gefur litla yfirsýn yfir þá framleiðendur og vinnsluskip sem heimilt er að flytja inn frá. Þá nægja mánaðarlegar birtingar skrárinnar í raun ekki til að halda skránni í samræmi við skrá Evrópusambandsins um framleiðendur og vinnsluskip sem heimilt er að flytja inn frá. Með því að fela Fiskistofu að halda skrána og birta hana á aðgengilegan hátt, til að mynda á vefsíðu sinni, er tryggt að skráin sé stöðugt uppfærð í heildstæðri mynd. Nauðsynlegt er að skráin sé aðgengileg öllum sem þurfa að leita upplýsinga í henni og má gera ráð fyrir að auk þess að birta hana á netinu geti Fiskistofa látið eintak liggja í afgreiðslu sinni. Fiskistofa verður að auglýsa rækilega á hvern hátt megi nálgast skrána eða upplýsingar úr henni.

Um 3. gr.

Sú breyting sem hér er lögð til er í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Lög nr. 134/1998, um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, fólu m.a. í sér að orðin „verksmiðjuskipum og frystiskipum“ í 1. mgr. 28. gr. féllu niður og í staðinn kom „og vinnsluskipum“. Þetta þýðir að Fiskistofa hefur ekki heimild til að taka gjald fyrir eftirlit með frystiskipum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins en afli þeirra þarf að fara um landamærastöðvar, sbr. 1. mgr. 22. gr. laganna. Þetta er ekki í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins 85/73, eins og henni var breytt með tilskipun 96/43, er gert ráð fyrir að innheimt sé gjald vegna eftirlits með frystiskipum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Tilskipanirnar eru í viðauka I við EES-samninginn og hefur Ísland skuldbundið sig til að framfylgja þeim. Er því lagt til að frystiskip falli undir greinina á ný.

Um 5. gr.

Með 3. gr. laga nr. 134/1998, um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, var gildistími bráðabirgðaákvæðis laganna framlengdur til 31. desember 1999. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að þeim lögum er forsaga bráðabirgðaákvæðisins rakin. Þá kemur einnig fram að með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 17. júlí 1998 hafi Ísland yfirtekið tilskipanir ráðherraráðsins 91/496 um eftirlit með heilbrigði lifandi dýra og dýraafurða frá þriðju ríkjum og 90/425 um eftirlit með heilbrigði dýra og dýraafurða frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar humar, lúðuseiði, barrahrogn, hrogn og svil Atlantshafslax, regnbogasilungs og bleikju. Samkvæmt ákvörðuninni hafi átt að endurskoða ákvæðið fyrir 1. júlí 1998. Í ljósi væntanlegrar endurskoðunar og þar sem embætti yfirdýralæknis hefði lýst yfir áhyggjum sínum vegna takmarkaðra möguleika til eftirlits með innflutningi á framangreindum tegundum væri lagt til að framlengja gildistíma ákvæðisins um eitt ár. Nú liggja fyrir drög sameiginlegu EES-nefndarinnar að

breyttum texta að því er þetta varðar og eru drögin til meðferðar hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Í drögunum er gert ráð fyrir að gildissvið gerðanna að því er Ísland varðar haldist óbreytt til og með 30. júní 2001. Eftir það taki Ísland gerðirnar yfir varðandi alla lifandi fiska sem falla undir þær. Það þýðir að fram til 2001 eiga áðurtaldar tegundir að vera í frjálsu flæði á Evrópska efnahagssvæðinu en eftir 2001 allar tegundir lifandi fiska sem undir gerðirnar falla. Núgildandi bráðbirgðaákvæði fellur úr gildi 31. desember 1999. Nú er leitast við að fá samþykkta viðbótarvernd, í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins þar um, gegn innflutningi á lifandi fiski frá stöðvum þar sem tilteknir fisksjúkdómum finnast. Þar sem ákvörðun hefur ekki verið tekin um það hvort að Ísland fái slíka viðbótarvernd samþykkta þykir rétt að leggja til að núgildandi bráðabirgðákvæði verði framlengt.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að færa íslenska löggjöf til samræmis við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í frumvarpinu er lagt til að skrá yfir framleiðendur og vinnsluskip sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 22. gr. laganna, verði framvegis unnin og birt af Fiskistofu. Samkvæmt núgildandi lögum hefur sjávarútvegsráðuneytið haldið þessa skrá og birt í Stjórnartíðindum ásamt mánaðarlegum breytingum. Hefur kostnaður við birtinguna verið 1–1,5 m.kr. á ári. Í frumvarpinu er kveðið á um að skráin skuli eftir sem áður aðgengileg almenningi.

Frumvarpið felur einnig í sér heimild Fiskistofu til aukinnar gjaldtöku fyrir eftirlit með afla við löndun frystiskipa utan Evrópska efnahagssvæðisins. Lög nr. 134/1998, um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, fólu m.a. í sér að orðin „verksmiðjuskipum og frystiskipum“ í 1. mgr. 28. gr. féllu brott og í staðinn kom „og vinnsluskipum“. Þannig hefur Fiskistofa ekki haft heimild til að taka gjald fyrir eftirlit með frystiskipum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins en afli þeirra þarf að fara um landamærastöðvar, sbr. 1. mgr. 22. gr. laganna. Það er ekki í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Afli skipa sem fara um landamærastöðvarnar er að mestu úr frystiskipum og má ætla að gjaldið skili 6–10 m.kr. í ríkissjóð á ári hverju.

309. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir 80 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 2.410,4 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Í breytingartillögu er lögð til tæplega tveggja milljarða króna hækkun á framlögum til sjúkrastofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið og kemur sú fjárhæð til viðbótar tæplega tveimur milljörðum sem þegar hafa verið lagðir til í frumvarpinu. Einnig verður farið fram á svipaða fjárhæð í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000, til viðbótar tæplega tveggja milljarða króna aukningu sem þar er til reksturs sjúkrastofnana. Framlögunum er ætlað að koma til móts við áætlaðan uppsafnaðan halla sjúkrastofnana til ársloka 1999 og koma rekstri flestra stofnana á réttan kjöl árið 2000. Ljóst er að stjórnendur nokkurra stofnana þurfa að taka verulega á í fjármálastjórn til að reksturinn verði í jafnvægi.

Á liðnu vori var orðið ljóst að rekstur sjúkrastofnana stefndi talsvert fram úr fjárlögum þrátt fyrir að gerðar hafi verið ráðstafanir í lok síðasta árs til að greiða uppsafnaðan halla þeirra og leiðrétta rekstrargrunninn. Voru þær aðgerðir í samræmi við álit svonefnds faghóps heilbrigðisráðuneytisins sem um málið fjallaði. Ekki var brugðist við hallarekstrinum á árinu þrátt fyrir skriflega áréttingu heilbrigðisráðuneytisins um nauðsyn þess að stofnanir haldi útgjöldum sínum innan fjárheimilda. Ríkisendurskoðun var á haustdögum fengin til að fara yfir vandann og greina umfang hans fyrir afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga nú í lok ársins.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er að rekstrarhalli stofnana hafi verið gerður upp í árslok 1998 en að á þessu ári hafi aftur sigið á ógæfuhliðina og rekstur stofnana farið langt umfram heimildir fjárlaga. Nú er svo komið að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana í árslok 1999 er áætlaður tæplega 4,2 milljarðar króna og þar af eru um 3,6 milljarðar vegna halla sem myndast hefur á þessu ári. Skiptist hallinn á launakostnað og önnur rekstrargjöld í svipuðum hlutföllum og þessi gjöld vega í heildarútgjöldum sjúkrastofnana. Meginskýringin á umframútgjöldum á launalið er að útfærsla kjarasamninga í mörgum stofnunum virðist hvorki hafa verið í samræmi við þau fyrirmæli og leiðbeiningar sem gefnar voru út né fyrirliggjandi fjárheimildir.

Í tillögunum er verulegum viðbótarfjármunum varið til reksturs sjúkrastofnana. Það eru fjármunir sem fara í kostnaðarhækkanir sem þegar eru áfallnar. Ljóst er að bæta má fjármálastjórn stofnana heilbrigðisráðuneytisins og gera hana skilvirkari en hún er nú. Það er mjög brýnt að ná tökum á þeim vanda og leita í því sambandi allra hugsanlegra leiða svo að þessar stofnanir fari að fjárlögum í framtíðinni. Þannig verði einnig tryggt að nýtt fé fari til að ná fram stefnumiðum stjórnvalda en ekki verði um leiðréttingar eftir á að ræða. Framlögin eru veitt með þeim skilyrðum að gerðir verði samningar við stjórnendur og að tekið verði á fjármálastjórn stofnana.

Til að tryggja rétta framkvæmd ákvarðana Alþingis um fjárframlög til stofnana og verkefna verður gert sérstakt átak sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa um með skýrslugerð hvernig fram gengur af hálfu ráðuneytis og stofnana. Áformað er að í samningum við hverja stofnun komi skýrt fram hver fjárframlög eru og að stjórnendur beri ábyrgð á að reksturinn

sé innan fjárheimilda. Jafnframt verði erindisbréf stjórnenda endurskoðuð og ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna endurmetið.

Ríkisendurskoðun mun gefa ráðuneytum og Alþingi skýrslu um framgang málsins á næsta ári. Samhliða verður komið í veg fyrir að stjórnendur stofni til skulda í lánastofnunum og safni upp óeðlilegum viðskiptaskuldum. Gerð verður krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega.

Kannað verður hvort breyta þurfi lögum um heilbrigðisþjónustu og staða framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda skýrð. Jafnframt verður á næsta ári ráðist í að ákvarða framlög til stofnana með hlutlægum hætti og reiknilíkönum beitt við skiptingu fjárveitinga á stofnanir í fjárlögum árið 2001. Markmiðið verður eins og fram hefur komið að tryggja að stofnanir verði reknar innan fjárheimilda og að stjórnendur beri ábyrgð á sama hátt og í öðrum atvinnurekstri.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

620 Ríkisendurskoðun. Gerð er tillaga um 8,8 m.kr. aukafjárveitingu til Ríkisendurskoðunar til að standa straum af útgjöldum sem stofnað var til vegna beiðni ríkisstjórnarinnar um könnun á ólögmætum hugbúnaði í notkun hjá ríkisaðilum. Þar af eru 7 m.kr. vegna kaupa á hugbúnaði og 1,8 m.kr. vegna ýmiss kostnaðar.

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir 2 m.kr. aukafjárveitingu til að endurnýja þjónustubifreið aðalskrifstofunnar.

190 Ýmis verkefni. Alls er farið fram á 21,5 m.kr. hækkun á þessum lið. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 16 m.kr. aukafjárveitingu á viðfangsefninu 1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi en samkvæmt samningi milli forsætisráðuneytisins og Vesturfarasetursins á Hofsósi mun ríkissjóður leggja setrinu til 12 m.kr. á ári í fimm ár, í fyrsta skipti árið 1999, til að byggja upp gamla þorpskjarnann á Hofsósi með það að markmiði að sérhæfa gamla hluta þorpsins til þjónustu og afþreyingar fyrir fólk af íslenskum ættum sem býr í Norður-Ameríku. Einnig er farið fram á 4 m.kr. fjárheimild vegna flotbryggju við setrið. Framlag sem óskað er eftir í fjáraukalögum 1999 vegna þessa nemur því alls 16 m.kr.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 6,5 m.kr. aukafjárveitingu til auðlindanefndar á viðfangsefninu 1.90 Ýmis verkefni. Sýnt þykir að kostnaður við kaup á sérfræðiráðgjöf fyrir nefndina verði meiri en gert hafði verið ráð fyrir í fjáraukalögum 1998 þegar veittar voru 4 m.kr. til verksins. Reiknað er með að nefndin ljúki störfum um næstu áramót.

Loks er gerð er tillaga um að færa 1 m.kr. sem sértekjur á viðfangsefninu 1.42 Grænlandssjóður undir þessum fjárlagalið. Framlög úr sjóðnum eru fjármögnuð með vaxtatekjum sem í frumvarpinu eru settar fram á tekjuhlið ríkissjóðs en verða eftirleiðis settar fram sem sértekjur á gjaldahlið. Tillagan snýr einungis að breyttri framsetningu á fjármögnun í samræmi við nýleg lög um fjárreiður ríkisins.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Gert er ráð fyrir að millifæra 32 m.kr. fjárveitingu vegna byggingar þjónustuhúss við Almannagjá af viðfangsefni fyrir viðhaldskostnað á viðfangsefni fyrir stofnkostnað undir þessum fjárlagalið en fjárveiting til verkefnisins verður óbreytt.

02 Menntamálaráðuneyti

210 Háskólinn á Akureyri. Lagt er til að aukafjárveiting til skólans hækki um 27 m.kr. til að koma til móts við fyrirsjáanlegan 20 m.kr. rekstrarhalla árið 1999 og hluta rekstrarhalla frá 1998. Ástæður hallans eru fyrst og fremst launahækkanir til starfsmanna og fjölgun nemenda.

319 Framhaldsskólar, almennt. Óskað er eftir 8 m.kr. framlagi til kennslu vistmanna á stofnunum á vegum Barnaverndarstofu. Breyting verður á kennslu vistmanna eftir að sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 í 18 ár. Sveitarfélög greiða kennslu nemenda á grunnskólaaldri til 16 ára en talið er eðlilegt að ríkissjóður greiði kennslu þeirra sem eru á framhaldsskólaaldri. Gerður hefur verið samningur við Barnaverndarstofu um kennslu þessara nemenda en reiknað er með 20 nemendum og að kostnaður á nemanda verði 500 þús. kr.

983 Ýmis fræðistörf. Gerð er tillaga um 10 m.kr. aukaframlag til að kaupa Íslendingasögur á ensku til að gefa á bókasöfn og stofnanir erlendis í tilefni af afmæli landafunda Leifs Eiríkssonar.

03 Utanríkisráðuneyti

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Sótt er um 15 m.kr. aukafjárveitingu vegna fyrirsjáanlegs rekstrarhalla embættisins á árinu 1999. Umferð um Keflavíkurflugvöll hefur aukist mikið undanfarin ár án þess að framlög til embættisins hafi aukist að sama skapi. Til að mæta aukinni umferð voru ráðnir tveir nýir starfsmenn. Þá hefur sumarstarfsmönnum verið fjölgað og yfirvinna aukist. Ljóst er að um viðvarandi útgjaldaauka verður að ræða og er gert ráð fyrir sambærilegri hækkun í tillögu við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2000. Með þessari auknu fjármögnun verður rekstur embættisins í jafnvægi í lok þessa árs.

04 Landbúnaðarráðuneyti

261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Lagt er til að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri fái 10 m.kr. framlag vegna uppsafnaðs rekstrarhalla. Rekstrarhallinn stafar af minnkandi tekjum af búrekstri og launahækkunum í kjölfar aðlögunarsamninga. Jafnframt er lagt til að heiti fjárlagaliðarins 04-261 verði Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði en það var Bændaskólinn á Hvanneyri. Er það í samræmi við lög um búnaðarfræðslu sem tóku gildi í mars sl.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Lagt er til að heiti fjárlagaliðarins 04-271 verði Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal en það var Bændaskólinn á Hólum. Er það í samræmi við nýleg lög um búnaðarfræðslu sem tóku gildi í mars sl.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Sótt er um 19,9 m.kr. fjárveitingu til að mæta rekstrarvanda stofnunarinnar. Nýjar áætlanir gera ráð fyrir að tap ársins 1999 verði á bilinu 23–25 m.kr. Gert er ráð fyrir þessari niðurstöðu þrátt fyrir að stofnunin hafi gripið til aðgerða 1. október sl. sem m.a. fólu í sér uppsagnir á starfsfólki. Þess er vænst að árangur aðgerðanna verði að fullu kominn fram á næsta ári. Þar sem tap áranna 1997 og 1998 var samtals um 14 m.kr. má gera ráð fyrir að uppsafnað tap verði alls um 40 m.kr. í árslok verði ekkert að gert. Stofnunin áætlar að með aukafjárveitingunni og eigin aðgerðum, sem áætlað er að skili 20 m.kr. í hagræðingu, verði vandi stofnunarinnar leystur til frambúðar.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

303 *Ríkislögreglustjóri.* Lagt er til að veitt verði 8,6 m.kr. viðbótarframlag til embættis ríkislögreglustjóra til að standa undir kostnaði við vinnu fíkniefnastofu, efnahagsbrotadeildar og sérsveitar að rannsókn á tveimur umfangsmiklum fíkniefnamálum. Annars vegar er um að ræða mál þar sem rannsókn hófst á síðasta ári og hins vegar mál sem kom upp í september sl. Kostnaður sem til hefur fallið er vegna rannsóknar á fjármálum þeirra einstaklinga sem málinu tengjast, rannsókn fíkniefnastofu, sem m.a. hefur falist í að lána menn til starfa hjá fíkniefnadeild lögreglustjórans í Reykjavík, og viðbúnaðar sérsveitar. Allnokkur ferðakostnaður hefur fallið til vegna rannsóknar málanna erlendis.

311 *Lögreglustjórinn í Reykjavík.* Farið er fram á 14,6 m.kr. aukaframlag til embættisins vegna vinnu að rannsókn á tveimur umfangsmiklum fíkniefnamálum. Fyrra málið var unnið að miklu leyti á síðasta ári en var tekið upp aftur í apríl á þessu ári. Málið er enn þá í rannsókn og er talið að heildarkostnaður á þessu ári muni nema um 6,6 m.kr. Kostnaður sem féll til á síðasta ári er hluti af hallarekstri embættisins á því ári og er þar með innifalinn í tillögu í frumvarpinu um að veita fé sem nemur halla í lok síðasta árs. Síðara málið hefur verið í vinnslu síðan í maí. Ekki er enn séð fyrir endann á því en áætlað er að kostnaður geti numið allt að 8 m.kr.

341 *Áfengis- og fíkniefnamál.* Lagt er til að veittur verði 3,5 m.kr. styrkur til alþjóðlegs forvarnaverkefnis, Pallas Aþena. Markmið verkefnisins er að virkja ungt fólk í baráttunni gegn fíkniefnum á þeirra eigin forsendum. Í fjáraukalögum fyrir árið 1998 var veitt 1,5 m.kr. til verkefnisins.

07 Félagsmálaráðuneyti

704 *Málefni fatlaðra, Vestfjörðum.* Óskað er eftir að svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum fái 1,2 m.kr. aukafjárveitingu fyrir skammtímavistun sem opnuð var sl. haust í Vesturbyggð vegna brýnnar þarfar.

981 *Vinnumál.* Farið er fram á 3,3 m.kr. fjárveitingu til að greiða hlut ráðuneytisins í verkefninu „Handverk og hönnun". Í ágúst sl. skipaði forsætisráðherra nefnd til að fjalla um stuðning stjórnvalda við handverksgreinar. Nefndin hefur lokið störfum og leggur til að verkefni undir nafninu Handverk og hönnun verði haldið áfram á vegum forsætisráðuneytisins með þátttöku félagsmálaráðuneytisins og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Markmið verkefnisins er að stuðla að viðvarandi vexti handverks, að bæta menntun og þekkingu handverksfólks og efla gæðavitund í greininni. Verkefnið var samþykkt í ríkisstjórn í janúar sl. og er því ætlað að standa til fjögurra ára, frá og með árinu 1999. Farið er fram á sömu fjárhæð í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000.

999 *Félagsmál, ýmis starfsemi.* Gerð er tillaga um að veita Foreldra- og kennarfélagi Öskjuhlíðarskóla 3 m.kr. framlag til rekstrar félagsins á sumardvöl fyrir nemendur skólans, en halli hefur verið á rekstrinum síðustu tvö ár.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

203 *Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.* Lögð er til 110 m.kr. lækkun á framlögum á þessum lið og er það í samræmi við endurskoðaða útgjaldaáætlun miðað við fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Í fyrsta lagi er lagt til að framlög til endurhæfingarlífeyris lækki um 30 m.kr., í öðru lagi að framlög til heimilisuppbótar lækki um 50 m.kr. og loks er í þriðja lagi gerð tillaga um að framlög til uppbóta lækki um 30 m.kr.

204 *Lífeyristryggingar.* Gerð er tillaga um að framlög til tekjutryggingar ellilífeyrisþega lækki um 50 m.kr. og að framlög til fæðingarorlofs lækki um 50 m.kr. í samræmi við

endurskoðaða útgjaldaáætlun miðað við fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Alls lækkar þessi liður því um 100 m.kr.

206 *Sjúkratryggingar.* Á þessum lið er farið fram á 255 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við endurskoðaða útgjaldaáætlun miðað við fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Farið er fram á 50 m.kr. hækkun fjárveitingar á viðfangsefninu 1.11 Lækniskostnaður, 120 m.kr. hækkun á 1.15 Lyf, 30 m.kr. hækkun á viðfangsefninu 1.21 Hjálpartæki og 85 m.kr. á 1.31 Þjálfun. Loks er lagt til að framlög til brýnnar meðferðar erlendis lækki um 30 m.kr.

Sjúkrastofnanir.

Lagt er til að veitt verði tæplega tveggja milljarða króna hækkun á framlögum til sjúkrastofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið vegna áætlunar um uppsafnaðan rekstrarhalla í árslok 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Nánar er fjallað um þetta í inngangi. Eftirfarandi er listi yfir stofnanir og framlag til sérhverrar þeirra. Miðast framlagið við að fjárheimildir verði fyrir öllum rekstrarkostnaði stofnunarinnar og er þar með að fullu mætt útgjaldaauka stofnananna frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, þ.m.t. vegna áhrifa kjarasamninga, aðlögunarsamninga og úrskurða kjaranefndar sem og hækkana lífeyrisiðgjalda. Framlagið er veitt með með því skilyrði að stjórnendur stofnananna geri samning við heilbrigðisráðuneyti um að rekstur þeirra verði innan fjárheimilda árið 2000 og ákvæði í samningi verði í samræmi við það sem fram kemur um skipan þessara mála í inngangi.

Stofnun		*m.kr.*
368	*Sólvangur, Hafnarfirði*	28,4
371	*Ríkisspítalar*	378,5
375	*Sjúkrahús Reykjavíkur*	120,7
400	*St. Jósefsspítali, Hafnarfirði*	20,1
408	*Sunnuhlíð, Kópavogi*	15,0
409	*Hjúkrunarheimilið Skjól*	1,7
411	*Garðvangur, Garði*	10,9
412	*Hjúkrunarheimilið Skógarbær*	25,4
413	*Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum*	20,0
415	*Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði*	3,5
417	*Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn*	4,0
420	*Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið*	18,1
421	*Víðines*	15,7
431	*Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands*	8,9
435	*Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða*	1,4
490	*Vistun ósakhæfra afbrotamanna*	10,1
496	*Reynslusveitarfélagið Akureyri*	11,0
497	*Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði*	16,0
505	*Heilsugæsla í Reykjavík*	36,4
510	*Heilsuverndarstöðin í Reykjavík*	66,7
522	*Heilsugæslustöðin Borgarnesi*	4,8
551	*Heilsugæslustöðin Ólafsfirði*	8,4
552	*Heilsugæslustöðin Dalvík*	3,6
561	*Heilsugæslustöðin Vopnafirði*	1,1

565	*Heilsugæslustöðin Eskifirði*	1,7
566	*Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði*	3,6
567	*Heilsugæslustöðin Djúpavogi*	0,7
568	*Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði*	5,4
574	*Heilsugæslustöðin Hvolsvelli*	2,1
575	*Heilsugæslustöðin Hellu.*	2,1
578	*Heilsugæslustöðin Hveragerði*	1,2
582	*Heilsugæslustöðin Hafnarfirði*	13,6
585	*Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi*	2,6
711	*Heilbrigðisstofnunin Akranesi*	60,3
725	*Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ*	6,1
731	*Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík*	2,4
735	*Heilbrigðisstofnunin Hólmavík*	3,6
741	*Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga*	20,1
745	*Heilbrigðisstofnunin Blönduósi*	32,0
755	*Heilbrigðisstofnunin Siglufirði*	13,2
761	*Heilbrigðisstofnunin Húsavík*	31,6
765	*Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum*	32,3
771	*Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði*	27,9
775	*Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað*	104,5
781	*Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum*	39,1
785	*Heilbrigðisstofnunin Selfossi*	68,2
791	*Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum*	129,2

379 *Sjúkrahús, óskipt.* Lagt er til að veitt verði 316,6 m.kr. fjárheimild til að bæta rekstrarstöðu sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana. Framlögum verður ráðstafað í samræmi við nánari skoðun á þeim stofnunum sem falla hér undir. Fyrirhugað er að heilbrigðisráðuneyti ásamt fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun fari nánar yfir fjármál einstakra stofnana. Ráðuneytin munu síðan leggja fyrir fjárlaganefnd skiptingu á framlaginu. Afgangsheimildir á þessum lið verða felldar niður. Í eftirfarandi yfirliti er greint frá hámarksfjárveitingum til einstakra stofnana.

Stofnun		*m.kr.*
400	*St. Jósefsspítali, Hafnarfirði*	16,0
413	*Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum*	17,6
510	*Heilsuverndarstöðin í Reykjavík*	50,1
524	*Heilsugæslustöðin Ólafsvík*	2,2
561	*Heilsugæslustöðin Vopnafirði*	5,2
565	*Heilsugæslustöðin Eskifirði*	7,8
566	*Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði*	16,9
567	*Heilsugæslustöðin Djúpavogi*	3,2
582	*Heilsugæslustöðin Hafnarfirði*	15,0
711	*Heilbrigðisstofnunin Akranesi*	25,0
761	*Heilbrigðisstofnunin Húsavík*	10,0
765	*Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum*	4,2
771	*Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði*	3,7
775	*Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað*	14,0

777	*Heilbrigðisstofnun Austurlands*	55,0
781	*Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum*	25,0
785	*Heilbrigðisstofnunin Selfossi*	25,0
791	*Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum*	35,0
	Óskipt framlag	40,7
	Alls	316,6

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Óskað er eftir 5 m.kr. viðbótarfjárheimild fyrir Krýsuvíkursamtökin en þau hafa tekist á hendur erfiðari verkefni á yfirstandandi ári en hingað til. Fangelsisyfirvöld, félagsmálayfirvöld, svæðiskrifstofa fatlaðra og fleiri aðilar leita í vaxandi mæli úrlausna fyrir skjólstæðinga sína í Krýsuvík.

495 Daggjaldastofnanir. Lagt er til að veitt verði 221,8 m.kr. aukafjárveiting til að bæta rekstrarstöðu hjúkrunarheimila. Framlögum verður ráðstafað í samræmi við nánari skoðun á þeim stofnunum sem falla hér undir. Fyrirhugað er að heilbrigðisráðuneyti ásamt fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun fari nánar yfir fjármál einstakra stofnana. Síðan munu ráðuneytin leggja fyrir fjárlaganefnd skiptingu á framlaginu. Afgangsheimildir á þessum lið verða felldar niður.

09 Fjármálaráðuneyti

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Hér er gerð tillaga um 55 m.kr. fjárveitingu á tveimur nýjum viðfangsefnum undir þessum fjárlagalið. Við breytta framsetningu á fjárlögum fyrir árið 1998 í kjölfar nýrra laga um fjárreiður ríkisins féllu þessar greiðslur út í áætlanagerð um nýja sundurliðun lífeyrisskuldbindinga og -greiðslna. Tillögunni er ætlað að laga fjárheimildir liðarins að endurskoðaðri áætlanagerð í samræmi við breytta framsetningu fjárlaganna. Annars vegar er um 45 m.kr. fjárveitingu að ræða á viðfangsefninu 1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara. Hins vegar er tillaga um 10 m.kr. á viðfangsefninu 1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun og er þar einkum um að ræða lífeyrisgreiðslur til ekkna og ekkla og ljósmæðra.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Gerð er tillaga um 18,2 m.kr. framlag til uppgjörs á skuldum nokkurra lítilla hitaveitna við ríkissjóð. Vorið 1997 skipaði iðnaðarráðherra nefnd um orkukostnað smærri hitaveitna og hvernig mætti leysa úr fjárhagsvanda þeirra. Í framhaldi af þeirri umfjöllun samþykkti Alþingi að veita 3,4 m.kr. framlag í fjáraukalögum ársins 1997 til að bæta stöðu þessara hitaveitna en áður hafði verið veitt 5 m.kr. fjárveiting vegna málsins á árinu 1996. Eftir stóðu þá enn þá talsverðar skuldir hitaveitnanna sem þeim hefur reynst erfitt að greiða. Hér er lagt til að veitt verði framlag í samræmi við lið 8.19 í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1999 þar sem kveðið er á um að fjármálaráðherra sé heimilt að semja um lokauppgjör á skuldum lítilla hitaveitna við ríkissjóðs.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Óskað er eftir 22 m.kr. aukafjárveitingu til lokauppgjörs á skuldum Djúpbátsins hf. Fjárveitingin er háð þeim skilyrðum að rekstri ferjunnar Fagranessins verði hætt. Ferjan verður varaferja fyrir Vestmannaeyjaferjuna Herjólf og Breiðafjarðarferjuna Baldur. Fyrirhugað er að Fagranesið verði staðsett á Ísafirði yfir vetrartímann.

211 Vegagerðin. Endurskoðuð áætlun um markaðar tekjur til vegamála bendir til að þær verði 70 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Lagt er til að heimilað verði að

ráðstafa viðbótartekjunum á árinu 1999 og er fyrirhugað að þeim verði varið til að mæta kostnaði við vatnaskemmdir á vegum.

335 *Siglingastofnun Íslands.* Óskað er eftir 38 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið og er hún af tvennum toga. Annars vegar er farið fram á 25 m.kr. aukafjárveitingu vegna dýpkunar hafnarinnar í Vopnafirði. Í framhaldi af líkanatilraunum Siglingastofnunar, sem lauk í mars sl., varð ljóst að kostnaður við dýpkun hafnarinnar í Vopnafirði ykist um 34,3 m.kr. frá því sem hafnaáætlun gerði ráð fyrir. Hlutur ríkisins í þessum aukna kostnaði er 25 m.kr. Hins vegar er óskað eftir 13 m.kr. aukafjárveitingu til smíði á flotbryggju í Búðardal vegna landafundaafmælis. Framkvæmdir við höfnina verða að hefjast í ár til að hægt verði að ljúka þeim fyrir júní á næsta ári þegar hátíðarhöld vegna landafundanna hefjast. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður 23 m.kr. Hlutur ríkisins í kostnaðinum er 17 m.kr. Í hafnaáætlun er gert ráð fyrir 4 m.kr. fjárveitingu á næsta ári og því er þörf á 13 m.kr. fjárveitingu nú.

651 *Ferðamálaráð.* Farið er fram á 10 m.kr. aukafjárveitingu vegna stóraukinna umsvifa í markaðsmálum í Þýskalandi og Bandaríkjunum.

12 Viðskiptaráðuneyti

190 *Ýmis verkefni.* Farið er fram á 3,5 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við undirbúning að starfsemi Fjármálaeftirlits. Þegar Fjármálaeftirlit Seðlabanka og Vátryggingareftirlit voru sameinuð í byrjun þessa árs og Fjármálaeftirlitið stofnað var kveðið svo á um að undirbúningskostnaður skyldi greiddur af ríkissjóði, enda standa eftirlitsskyldir aðilar síðan undir kostnaði við starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

14 Umhverfisráðuneyti

190 *Ýmis verkefni.* Óskað er eftir 4,5 m.kr. framlagi til að mæta auknum rekstrarkostnaði úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál. Starfsemi nefndarinnar hefur aukist verulega, bæði hvað varðar fjölda mála og upplýsingagjöf. Einnig var þóknun nefndarmanna of lágt áætluð í fjárlögum. Ráðinn hefur verið starfsmaður í fullt starf til að mæta aukinni starfsemi nefndarinnar.

210 *Veiðistjóri.* Á þessum lið er farið fram á 3,5 m.kr. fjárveitingu. Er annars vegar farið fram á 1,5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að mæta endurgreiðslukostnaði vegna aukinna minkaveiða á árinu 1999. Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir veiðum á 6.000 minkum en veiðin stefnir í mun hærri tölu. Til samanburðar má nefna að veiddir voru 6.539 minkar á sl. ári. Hins vegar er óskað eftir 2 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaði af auknum refaveiðum. Ríkissjóði er heimilt að endurgreiða allt að helming kostnaðar við veiðar á ref. Gert var ráð fyrir endurgreiðslum á 3.000 veiddum refum á þessu ári en veiðin stefnir í rúmlega 4.000 dýr.

310 *Landmælingar Íslands.* Óskað er eftir 7 m.kr. til að standa undir útgjöldum við starfslokasamninga 11 starfsmanna. Er þetta lokauppgjör stofnunarinnar vegna slíkra samninga.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. des. 1999.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Árni Johnsen.
Hjálmar Jónsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

Kristján Pálsson.

310. Breytingartillögur [117. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-620 Ríkisendurskoðun			
1.01 Ríkisendurskoðun	0,0	8,8	8,8
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*8,8*	*8,8*
2. Við **01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
6.11 Bifreiðar	0,0	2,0	2,0
3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	0,0	16,0	16,0
b. 1.90 Ýmis verkefni	10,0	6,5	16,5
c. Sértekjur	0,0	-1,0	-1,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*117,4*	*21,5*	*138,9*
e. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*-1,0*	*-1,0*
f. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*1,0*	*1,0*
4. Við **01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**			
a. 5.01 Fasteignir	32,0	-32,0	0,0
b. 6.21 Fasteignir	0,0	32,0	32,0
5. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
1.01 Háskólinn á Akureyri	30,0	27,0	57,0
6. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.14 Sérkennsla	20,0	8,0	28,0
7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-983 Ýmis fræðistörf			
1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	0,0	10,0	10,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,0*	*10,0*

8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli			
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði			
a. Við 261 Bændaskólinn á Hvanneyri. Liðurinn orðast svo:			
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	0,0	5,0	5,0
b. Sértekjur	0,0	5,0	5,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*10,0*	*10,0*
10. Við **04-271 Bændaskólinn á Hólum**. Fyrirsögn og liður 1.01 orðast svo:			
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.			
11. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins			
1.01 Almenn starfsemi	0,0	19,9	19,9
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*19,9*	*19,9*
12. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
1.01 Ríkislögreglustjóri	0,0	8,6	8,6
13. Við **06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík**			
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	122,8	14,6	137,4
14. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-341 Áfengis- og fíkniefnamál			
1.20 Fíkniefnamál	0,0	3,5	3,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,5*	*3,5*
15. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum			
1.33 Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu	0,0	1,2	1,2
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1,2*	*1,2*
16. Við **07-981 Vinnumál**			
1.90 Ýmislegt	0,0	3,3	3,3
17. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
1.31 Félagasamtök, styrkir	0,0	3,0	3,0
18. Við **08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
a. 1.31 Endurhæfingarlífeyrir	-20,0	-30,0	-50,0
b. 1.41 Heimilisuppbót	50,0	-50,0	0,0
c. 1.51 Uppbætur	-25,0	-30,0	-55,0
19. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-200,0	-50,0	-250,0
b. 1.41 Fæðingarorlof	-65,0	-50,0	-115,0
20. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	220,4	50,0	270,4
b. 1.15 Lyf	450,0	120,0	570,0
c. 1.21 Hjálpartæki	0,0	30,0	30,0

	d. 1.31 Þjálfun	35,0	85,0	120,0
	e. 1.45 Brýn meðferð erlendis	-40,0	-30,0	-70,0
21.	Við **08-368 Sólvangur, Hafnarfirði**			
	1.01 Sólvangur, Hafnarfirði	50,0	28,4	78,4
22.	Við **08-371 Ríkisspítalar**			
	1.01 Ríkisspítalar	488,5	378,5	867,0
23.	Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
	1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	334,5	120,7	455,2
24.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-379 Sjúkrahús, óskipt			
	1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	0,0	316,6	316,6
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*316,6*	*316,6*
25.	Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
	1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	0,0	5,0	5,0
26.	Við **08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**			
	1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	15,0	20,1	35,1
27.	Við **08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi**			
	1.01 Sunnuhlíð, Kópavogi	17,0	15,0	32,0
28.	Við **08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól**			
	1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól	15,0	1,7	16,7
29.	Við **08-411 Garðvangur, Garði**			
	1.01 Garðvangur, Garði	8,0	10,9	18,9
30.	Við **08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær**			
	1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	20,0	25,4	45,4
31.	Við **08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum**			
	1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	10,0	20,0	30,0
32.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði			
	1.01 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	0,0	3,5	3,5
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,5*	*3,5*
33.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn			
	1.01 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,0	4,0	4,0
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*4,0*	*4,0*
34.	Við **08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið**			
	1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ	0,0	18,1	18,1
35.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-421 Víðines			
	1.01 Víðines	0,0	15,7	15,7
	Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,7*	*15,7*
36.	Við bætist nýr fjárlagaliður:			
	08-431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands			
	a. 1.01 Endurhæfingardeild	0,0	2,7	2,7
	b. 1.10 Heilsuhælisdeild	0,0	6,2	6,2
	c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*8,9*	*8,9*
37.	Við **08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða**			
	1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	7,0	1,4	8,4

38. Við **08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna**			
1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	8,0	10,1	18,1
39. Við **08-495 Daggjaldastofnanir**			
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	0,0	221,8	221,8
40. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-496 Reynslusveitarfélagið Akureyri			
1.11 Hjúkrunarrými	0,0	11,0	11,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*11,0*	*11,0*
41. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-497 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði			
1.11 Hjúkrunarrými	0,0	16,0	16,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*16,0*	*16,0*
42. Við **08-505 Heilsugæsla í Reykjavík**			
1.01 Heilsugæsla í Reykjavík	25,0	36,4	61,4
43. Við **08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**			
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	49,2	66,7	115,9
44. Við **08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi**			
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	1,5	4,8	6,3
45. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði			
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,0	8,4	8,4
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*8,4*	*8,4*
46. Við **08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík**			
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík	3,0	3,6	6,6
47. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði			
1.01 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	0,0	1,1	1,1
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1,1*	*1,1*
48. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-565 Heilsugæslustöðin Eskifirði			
1.01 Heilsugæslustöðin Eskifirði	0,0	1,7	1,7
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1,7*	*1,7*
49. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-566 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði			
1.01 Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,0	3,6	3,6
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,6*	*3,6*
50. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi			
1.01 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	0,0	0,7	0,7
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*0,7*	*0,7*
51. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-568 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði			
1.01 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði	0,0	5,4	5,4
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,4*	*5,4*
52. Við **08-574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli**			
1.01 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	4,5	2,1	6,6

53. Við **08-575 Heilsugæslustöðin Hellu**			
1.01 Heilsugæslustöðin Hellu	2,5	2,1	4,6
54. Við **08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði**			
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði	2,4	1,2	3,6
55. Við **08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**			
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	25,0	13,6	38,6
56. Við **08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi**			
1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	7,0	2,6	9,6
57. Við **08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	8,6	20,0	28,6
b. 1.11 Sjúkrasvið	25,5	40,3	65,8
58. Við **08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	2,7	4,4	7,1
b. 1.11 Sjúkrasvið	12,3	1,7	14,0
59. Við **08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**			
1.01 Heilsugæslusvið	0,6	2,4	3,0
60. Við **08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**			
1.01 Heilsugæslusvið	0,7	3,6	4,3
61. Við **08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	0,9	15,1	16,0
b. 1.11 Sjúkrasvið	4,6	5,0	9,6
62. Við **08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	1,3	15,1	16,4
b. 1.11 Sjúkrasvið	6,4	16,9	23,3
63. Við **08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	0,8	3,0	3,8
b. 1.11 Sjúkrasvið	6,7	10,2	16,9
64. Við **08-761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	1,5	25,0	26,5
b. 1.11 Sjúkrasvið	12,1	6,6	18,7
65. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-765 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	0,0	6,4	6,4
b. 1.11 Sjúkrasvið	0,0	25,9	25,9
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*32,3*	*32,3*
66. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-771 Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	0,0	5,6	5,6
b. 1.11 Sjúkrasvið	0,0	22,3	22,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*27,9*	*27,9*
67. Við **08-775 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	6,6	20,9	27,5
b. 1.11 Sjúkrasvið	18,8	83,6	102,4
68. Við **08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	1,6	20,0	21,6
b. 1.11 Sjúkrasvið	10,4	19,1	29,5

69. Við **08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	2,4	30,0	32,4
b. 1.11 Sjúkrasvið	15,2	38,2	53,4
70. Við **08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**			
a. 1.01 Heilsugæslusvið	5,3	30,0	35,3
b. 1.11 Sjúkrasvið	16,0	99,2	115,2
71. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun			
a. 1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	0,0	45,0	45,0
b. 1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	0,0	10,0	10,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*55,0*	*55,0*
72. Við **09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**			
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	150,0	18,2	168,2
73. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmislegt	5,8	22,0	27,8
74. Við **10-211 Vegagerðin**			
5.10 Viðhald	0,0	70,0	70,0
75. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
a. 6.70 Hafnamannvirki	-10,0	38,0	28,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*38,0*	*38,0*
76. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-651 Ferðamálaráð			
1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	0,0	10,0	10,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*10,0*	*10,0*
77. Við **12-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	15,0	3,5	18,5
78. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	0,0	4,5	4,5
79. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-210 Veiðistjóri			
1.01 Veiðistjóri	0,0	3,5	3,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,5*	*3,5*
80. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-310 Landmælingar Íslands			
1.01 Landmælingar Íslands	0,0	7,0	7,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*7,0*	*7,0*

311. Fyrirspurn [252. mál]

til umhverfisráðherra um kortlagningu ósnortinna víðerna.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi í samræmi við samþykkt Alþingis frá 10. mars 1999?

312. Frumvarp til laga [253. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján Pálsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 220. gr. laganna:

a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ef erlent skip skv. 2. og 3. mgr. er rekið eða gert út af íslenskum aðila eða er í ferð á hans vegum er honum heimilt að krefjast þess að sjópróf séu haldin vegna atvika sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., með sömu skilyrðum og þar greinir. Ef áhöfn eða hluti áhafnar eru jafnframt í íslensku stéttarfélagi er viðkomandi stéttarfélagi heimilt að krefjast þess að sjópróf verði haldin vegna sömu atvika.
b. Í stað orðanna „2. og 3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 2., 3. og 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðari ár hefur mjög færst í vöxt að íslenskar skipaútgerðir noti í rekstri sínum skip sem skráð eru annars staðar en á Íslandi en manni þau eigi að síður með íslenskri áhöfn, alfarið eða að hluta til. Íslensk löggjöf hefur ekki náð að fylgja þessari þróun að öllu leyti og er í sumum tilfellum nauðsynlegt að laga löggjöfina að þessum veruleika. Má í því sambandi meðal annars benda á breytingu sem gerð var á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, á haustþingi 1997 um að slysatryggja íslenska sjómenn sem starfa um borð í erlendum skipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum.

Samkvæmt siglingalögum er einungis Siglingastofnun Íslands og rannsóknarnefnd sjóslysa heimilt að krefjast sjóprófs þegar um er að ræða erlend skip og skiptir þá engu þótt skipin séu rekin eða gerð út af íslenskum aðilum og mönnuð með íslenskri áhöfn. Upp hafa komið tilvik þar sem slíkt hefur verið til baga og má í því sambandi nefna alvarlegt vinnuslys um borð í kaupskipi sem var í leigu hjá íslenskri útgerð en sigldi undir erlendum fána. Í því tilfelli var útgerðaraðilanum mjög umhugað um að haldin yrðu sjópróf til þess að fullnægjandi sönnun fengist um aðdraganda slyssins. Atvik voru þau að gámagripla slóst í íslenskan sjómann, sem var fulltrúi útgerðarinnar um borð í skipinu, þegar verið var að losa skipið í höfninni í Argentia á Nýfundnalandi, með þeim afleiðingum að hann hlaut beinbrot á hægri lærlegg og missti þrjá fingur hægri handar, auk annarra meiðsla. Íslenska útgerðin, leigutaki skipsins, óskaði eftir því að sjópróf yrðu haldin vegna þessa slyss en héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði því með þeim rökum að útgerðarmanni skips væri ekki heimilt að óska sjóprófs þegar um væri að ræða erlend skip.

Mikilvægt er að tryggja bæði stéttarfélögum íslenskra sjómanna og útgerðaraðila skipsins rétt til þess að krefjast sjóprófs í slíkum tilfellum. Er slíkt til að auka réttaröryggi viðkomandi sjómanna og útgerðar þannig að tryggð verði fullnægjandi sönnun á tildrögum slysa og þannig megi með fyrirbyggjandi aðgerðum koma í veg fyrir frekari slys í framtíðinni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgerðaraðilum verði tryggður réttur til að krefjast sjóprófa vegna atvika sem verða um borð í skipum sem þeir hafa í sínum rekstri að uppfylltum skil-

yrðum 2. og 3. mgr. 220. gr. laganna. Auk þessa er íslenskum stéttarfélögum tryggður sami réttur, þó að því tilskildu að um sé að ræða skip sem rekin eru eða gerð út af íslenskum útgerðaraðilum.

Tekið skal fram að ákvæði frumvarpsins ber að túlka með þeim fyrirvara sem greinir í 1. gr. siglingalaga um að virða beri reglu þjóðaréttarins við slík sjópróf og við mat á því hvort þau verði haldin.

Útgerðaraðili í frumvarpinu tekur hvort tveggja til útgerðaraðila kaupskipa og fiskiskipa, hvort sem félög eða einstaklingar standa að slíkum rekstri.

313. Lög [64. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 64.

314. Lög [65. mál]

um breyting á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga,nr. 18 22. apríl 1959.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 306.

315. Lög [66. mál]

um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

(Afgreidd frá Alþingi 6. des.)

Samhljóða þskj. 66.

316. Skýrsla [254. mál]

um úttekt Ríkisendurskoðunar á innheimtusviði tollstjórans í Reykjavík.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Með vísan til 26. gr., sbr. 31. gr., laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin tekið til skoðunar úttekt Ríkisendurskoðunar á innheimtusviði tollstjórans í Reykjavík. Beindist úttektin að því að kanna hvernig innheimtu krafna hjá innheimtusviði tollstjórans í Reykjavík hefur verið háttað og hvort málum hafi verið fylgt eftir með eðlilegum hætti. Voru valin með tilviljanakenndum hætti mál 150 gjaldenda. Laut athugunin eftir atvikum að innheimtuferli mála á árunum 1990–98, að báðum árum meðtöldum. Athugun Ríkisendurskoðunar á innheimtu virðisaukaskatts og bifreiðagjalda laut að verulegu leyti að innheimtuferlinu fyrir árið 1998.

Við meðferð málsins fékk nefndin á sinn fund Snorra Olsen tollstjóra, Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda og Önnu Dóru Helgadóttur, lögfræðing hjá Ríkisendurskoðun.

I.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar eru gerðar athugasemdir við innheimtu umræddra krafna. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að ýmis vandamál og álitaefni sem athugasemdir eru gerðar við hafa ýmist verið lagfærð eða unnið að úrbótum á þeim. Helstu athugasemdir sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru eftirfarandi:

— Mislangur tími leið frá álagningu að dagsetningu fjárnámsbeiðna, eða allt frá sjö dögum að rúmlega tveimur árum. Að meðaltali liðu 146 dagar frá álagningu að dagsetningu fjárnámsbeiðni. Ríkisendurskoðun taldi þennan tíma of langan.
— Mikill munur var á þeim tíma sem leið milli álagningar og dagsetningar fjárnámsbeiðna, en Ríkisendurskoðun benti á að nauðsynlegt væri að gæta jafnræðis við sambærileg vanskil.
— Iðulega leið langur tími frá því að fjárnám var gert og þar til því var þinglýst, eða frá fjórum upp í 76 daga á þeim kröfum í virðisaukaskatti sem skoðaðar voru.
— Fjárnám voru í langflestum tilvikum gerð í bifreiðum, en síður í fasteignum. Bifreiðarnar voru iðulega yfirveðsettar eða verðlitlar og stóðu ekki til tryggingar kröfu. Leiddu slík fjárnám því oft einungis til óþarfa kostnaðar vegna þinglýsingar, vörslusviptinga, uppboða og endurupptöku fjárnáma.
— Til loka ársins 1998 var í gildi samningur um framkvæmd vörslusviptinga á milli tollstjóraembættisins og nokkurra lögfræðinga embættisins. Í framkvæmd var málum hagað þannig að vörslusviptingarkostnaður var lagður á einstök innheimtumál án undangenginnar nauðungarsölubeiðnar og án þess að til eiginlegar vörslusviptingar kæmi. Þá var eftirliti með þessum innheimtuaðgerðum ábótavant og ýmis ákvæði samningsins óskýr.
— Tollstjóraembættið sendi út tiltölulega fáar nauðungarsölubeiðnir miðað við þann fjölda mála sem fór í svokallaða vörslusviptingarmeðferð. Ástæða þess mun hafa verið mannekla.
— Alltaf var send beiðni um gjaldþrotaskipti þegar búið var að gera árangurslaust fjárnám hjá gjaldendum. Var því krafist gjaldþrots þó að skuld næmi ekki nema 15–20.000 kr. Að gjaldþrotskiptum loknum voru kröfur á hendur lögaðilum afskrifaðar, en innheimta á hendur einstaklingum var hafin aftur tveimur árum eftir gjaldþrot. Dæmi voru um að

ítrekað væri óskað eftir gjaldþrotaskiptum hjá sömu gjaldendum að hluta til vegna sömu krafna og voru háar fjárhæðir greiddar úr ríkissjóði vegna þessa.
— Samræmdar reglur vantaði um frestveitingar en dæmi voru um að veittir væru frestir án þess að gert væri fjárnám til tryggingar kröfu.
— Stöðvun atvinnurekstrar var tiltölulega sjaldan beitt, en að mati Ríkisendurskoðunar verður að ætla að það sé árangursríkt úrræði, þó að ekki sé unnt að beita því í öllum tilvikum.
— Í mörgum tilvikum hafði gjaldandi þegið laun án þess að afdrætti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt væri sinnt. Ávallt var óskað eftir hámarksafdrætti en kaupgreiðendur gátu síðan ráðið hve mikið þeir drógu af starfsmanninum. Þá fundust engin dæmi þess að dregið hefði verið af launum maka gjaldenda.
— Við skoðun komu í ljós tilvik þar sem innborgunum hafði ekki verið dreift í samræmi við þær reglur sem fjármálaráðuneytið setti innheimtumönnum.
— Hvergi var að finna heildstætt yfirlit um feril mála.

II.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar koma fram ábendingar um atriði sem geta leitt til betri framkvæmdar við innheimtu á opinberum gjöldum.
— Ríkisendurskoðun telur í fyrsta lagi að full ástæða sé til þess fyrir stjórnvöld að endurmeta aðferðir sem notaðar eru til þess að tryggja skil á sköttum þar sem þau innheimtuúrræði sem tiltæk eru virki illa eða ekki. Dæmi um slíkt er stöðvun atvinnurekstrar sem er án fastrar starfsstöðvar. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er m.a. bent á það úrræði að gefa út séstök skattkort fyrir einstaklinga með atvinnurekstur.
— Ríkisendurskoðun telur koma til greina að fela öðrum en innheimtumönnum að taka formlega ákvörðun um að hætta innheimtuaðgerðum, til að samræma meðferð mála.
— Embættið leggur ríka áherslu á að tekið verði upp málaskrárkerfi sem sýni heildstæða mynd af innheimtuferli og aðgerðum í máli hvers gjaldanda.
— Einnig leggur Ríkisendurskoðun áherslu á að kanna þurfi hvort unnt sé að bæta verklag við álagningu skatta þannig að hægt verði t.d. að komast hjá því að skattar verði lagðir á fyrirtæki sem hætt eru starfsemi.

III.

Í úttektinni kemur fram að unnið hefur verið að margs konar endurbótum á meðferð mála hjá innheimtusviði tollstjóra. Unnið hefur verið að samningu reglna um ýmis atriði, svo sem innheimtuferli í sköttum þar sem lagaheimild til stöðvunar atvinnurekstrar er til staðar, reglur um eðlilegan málshraða við innheimtu skattskuldar, reglur um afdrátt launa vegna skattskulda, ýmsar viðmiðunarreglur o.fl. Þá gerði tollstjórinn samkomulag við sýslumannsinn í Reykjavík 15. apríl 1999 um verklagsreglur við framkvæmd fjárnáma, sem ætlað er að flýta meðferð mála. Einnig vinna Ríkisbókhald og Skýrr hf. nú að gerð nýs tekjubókhaldskerfis sem fyrirhugað er að taka í notkun á næstu árum. Mun nýja kerfið m.a. bjóða upp á stórbætta möguleika við skráningu innheimtumála.

Í máli tollstjóra kom fram að fjárnámum, nauðungarsölum og gjaldþrotum hefur fækkað mjög, án þess að það hafi bitnað á innheimtunni. Þá eru einstaklingar ekki lengur gerðir gjaldþrota ítrekað vegna sömu krafnanna. Þess í stað er framkvæmd eignakönnun fjórum árum eftir gjaldþrot og tekin ákvörðun um framhald málsins í kjölfarið. Er stefnan sú að látið verði við það sitja að gera árangurslaust fjárnám hjá eignalausum aðilum sem farið hafa í gegnum gjaldþrotameðferð. Þá kom fram í máli fulltrúa fjármálaráðuneytisins að nú er til

meðferðar verkefni í ráðuneytinu þar sem skattkerfið er skoðað í heild með hliðsjón af þjónustu.

IV.

Nefndin telur ljóst að margt hefði mátt fara betur í starfsemi innheimtusviðs tollstjórans í Reykjavík á því tímabili sem úttekt Ríkisendurskoðunar tekur til og tekur undir þær ábendingar sem þar koma fram. Nefndin telur þó að úttektin hefði orðið markvissari ef leitað hefði verið upplýsinga hjá ákveðnum hópi viðskiptamanna stofnunarinnar auk þeirrar gagnaöflunar sem fram fór hjá stofnuninni sjálfri. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að átak hefur verið gert í að bæta úr þeim atriðum sem gagnrýnd eru í skýrslunni.

Nefndin telur mikilvægt að mótuð verði heildstæð stefna um starfshætti skattyfirvalda og innheimtumanna ríkissjóðs sem feli í sér að kerfið verði gert þjónustuvænna. Verði megináhersla lögð á að leiðbeina skattgreiðendum og aðstoða þá við að koma greiðslum samkvæmt gildandi lögum til skila í stað ofuráherslu á viðurlög og refsingar þegar misfellur verða af einhverjum ástæðum hjá skattgreiðendum. Telur nefndin nauðsynlegt að málið verði skoðað frá sjónarhóli viðskiptamanna þegar umrædd stefna verður mótuð. Er þetta í samræmi við hugmyndir sem tollstjóri kynnti á fundi nefnarinnar.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram gagnrýni á það verklag innheimtumanna að senda ekki gjaldendum innheimtubréf heldur birta einungis greiðsluáskoranir í dagblöðum. Tekur nefndin undir þá gagnrýni.

Tillögur nefndarinnar um úrbætur eru eftirfarandi:

— Nefndin leggur til að áhersla verði lögð á að hraða verkefni ráðuneytisins sem snýr að því að endurskoða skattkerfið í heild með hliðsjón af þjónustu þar sem ljóst er að erfitt er fyrir gjaldendur að fá upplýsingar um heildarskattskuldir sínar. Tekur nefndin undir hugmyndir sem tollstjóri kynnti á fundi nefndarinnar um að áhersla verði lögð á þjónustu við gjaldendur og að þeir verði aðstoðaðir við að koma skattskýrslum rétt frá sér. Telur nefndin að það væri mjög til þess fallið að minnka vinnu embættisins á öllum stigum innheimtu.
— Nefndin leggur til að áhersla verði lögð á að nýtt tekjubókhaldskerfi verði tekið í notkun sem fyrst þar sem núverandi kerfi er á margan hátt ófullnægjandi.
— Nefndin leggur til að gjaldendum verði send innheimtubréf áður en ráðist er í veigameiri innheimtuaðgerðir.
— Nefndin leggur til að rannsóknir á skattsvikum verði efldar.
— Nefndin leggur til að reglur um frádrátt af launum gjaldenda vegna ógreiddra skatta verði endurskoðaðar. Nú mun alltaf vera krafist fulls afdráttar, þ.e. að launagreiðandi haldi eftir 75% af heildarlaunagreiðslu. Er ljóst að sú framkvæmd gengur ekki upp gagnvart fólki með lágar eða miðlungstekjur, enda hafa launagreiðendur í mörgum tilvikum ekki sinnt þessari skyldu sinni. Tekur nefndin undir hugmyndir sem tollstjóri kynnti á fundi nefndarinnar um að tekið verði tillit til aðstæðna gjaldenda, t.d. framfærslukostnaðar og greiðslubyrði.
— Þá leggur nefndin til að fallið verði frá þeirri framkvæmd um endurtekin gjaldþrotaskipti sem miðað er við í handbók um innheimtu opinberra gjalda. Eðlilegra er að gera eignakönnun eftir fjögur ár og meta framhaldið með hliðsjón af því eins og nú er gert hjá tollstjóra.
— Nefndin telur að efla þurfi rannsókn vanskilamála þannig að fleiri mál hljóti afgreiðslu og taka upp ný innheimtuúrræði þegar stöðvun atvinnurekstrar verður ekki beitt.

— Loks er að mati nefndarinnar brýnt að vanda eins og kostur er til áætlanagerðar við álagningu skatta.

V.

Nefndin telur mikilvægt að þær tillögur um úrbætur sem hér koma fram nái sem fyrst fram að ganga. Beinir nefndin því til fjármálaráðherra að hann láti kanna hvort breyta þurfi lögum til að svo verði og að þeirri vinnu verði lokið nægilega snemma til að lagafrumvarp þar að lútandi geti hlotið afgreiðslu fyrir þinglok næsta vor.

Alþingi, 6. des. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

317. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, Guðjón Rúnarsson og Sigríði Ásthildi Andersen frá Verslunarráði Íslands, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Sveinbjörn Hafliðason frá Seðlabanka Íslands, Tómas Sigurðsson frá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Pál Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu og Jón Arnalds frá Samtökum fjárfesta. Umsagnir um málið bárust frá Fjárfestingabanka atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sparisjóða, Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands og Samtökum fjárfesta.

Með frumvarpinu er lagt til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýtt tryggingakerfi fyrir fjárfesta renni saman í einn sjóð, Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn starfi í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og verðbréfadeild, og verði heimilt að lána fé milli deildanna að vissu marki. Heildareign innstæðudeildar sjóðsins nemi ávallt a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum, en eignir verðbréfadeildarinnar skuli vera a.m.k. 100 millj. kr. Með samrunanum yrði til einn heildstæður tryggingarsjóður sem verndar innstæðueigendur og viðskiptavini lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu gegn greiðsluerfiðleikum þessara fyrirtækja. Helstu rök að baki slíkum samruna eru að banka- og verðbréfastarfsemi er orðin mjög samofin. Þá er hagstætt út frá tryggingarfræðilegu sjónarmiði að stækka sjóðinn og dreifa áhættu auk þess sem rekstrarkostnaður yrði minni. Frumvarpið er samið í tengslum við tilskipun Evrópusambandsins um tryggingakerfi

fyrir fjárfesta, nr. 97/9/EC, sem kveður á um samræmdar reglur um lágmarksvernd fyrir fjárfesta sem eiga kröfu á hendur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir í tengslum við viðskipti með verðbréf gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að í 4. gr. komi fram að viðskiptaráðherra tilnefni fulltrúa innstæðueigenda og fjárfesta sem áheyrnaraðila með málfrelsi og tillögurétt í stjórn sjóðsins, til að þeir geti fylgst með störfum hans. Er eðlilegast að slíkur fulltrúi komi frá Samtökum fjárfesta. Þá er lagt til að bætt verði við 5. mgr. 4. gr. ákvæði þess efnis að stjórn sjóðsins skuli á a.m.k. tveggja ára fresti gera ráðherra grein fyrir afstöðu sinni til lágmarkseignar sjóðsins. Með því verði tryggt að stjórn sjóðsins fari reglulega yfir hvort lágmarkseign sjóðsins sé nægileg. Við þá skoðun er eðlilegt að stjórnin líti m.a. til þeirrar áhættu sem í starfsemi aðildarfyrirtækja felst og skoði eignir sambærilegra sjóða á EES-svæðinu.
2. Lagt er til að bætt verði við 6. gr. nánari lýsingu á því hvernig staðið skuli að ábyrgðaryfirlýsingum viðskiptabanka og sparisjóða. Þessi ákvæði eru öll í núgildandi reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og tilhögun á greiðslum úr tryggingasjóðum innlánsstofnana, nr. 21/1997. Þá er lagt til að í varúðarskyni verði bætt við ákvæði um að viðskiptabönkum og sparisjóðum sé skylt að veita sjóðnum upplýsingar um innstæður samkvæmt greininni.
3. Lagt er til að bætt verði við 7. gr. nánari lýsingu á því hvernig staðið skuli að ábyrgðaryfirlýsingum aðildarfyrirtækja og hvernig staðið skuli að greiðslum nýrra aðildarfyrirtækja. Þá er lagt til að lágmarksfjárhæð deildarinnar verði aðeins breytt með lögum. Lagt er til að kveðið verði á um árlegt lágmarksgjald, 50 þús. kr., sem hvert aðildarfyrirtæki skuli inna af hendi á meðan heildareign deildarinnar nær ekki tilskildu lágmarki. Þá er gert ráð fyrir að árleg greiðsla taki að hluta mið af hlut aðildarfyrirtækis í samanlagðri fjárhæð verðbréfaviðskipta aðildarfyrirtækja á næstliðnu ári við þá viðskiptavini sem tryggðir eru, í stað þess að miða við fjölda stöðugilda í tengslum við viðskipti með verðbréf. Kom það sjónarmið fram við meðferð málsins í nefndinni að ekki væri hægt að kveða á óyggjandi hátt á um síðarnefnda gjaldstofninn í lögum. Lagt er til að bætt verði við ákvæðum um hvernig reikna skuli út hlut aðildarfyrirtækis í samanlögðum fjölda viðskiptareikninga í tengslum við viðskipti með verðbréf. Í stað þess að fjórðungur af lágmarkseign skuli vera í verðbréfum eða reiðufé þegar vátrygging er keypt er lagt til að fimmtungur skuli vera í verðbréfum eða reiðufé. Það jafngildir 20 millj. kr., eða eins árs framlagi aðildarfyrirtækja til deildarinnar. Þá er lagt til að í varúðarskyni verði bætt við ákvæði um að viðskiptabönkum og sparisjóðum sé skylt að veita sjóðnum upplýsingar um innstæður skv. 7. gr.
4. Lagt er til að 8. gr. verði breytt á þá leið að unnt verði að beita aðildarfyrirtæki sem ekki sinna skyldum sínum gagnvart sjóðnum dagsektum og síðan afturkalla starfsleyfi þeirra ef sektirnar skila ekki tilætluðum árangri.
5. Loks er lagt til að breyting verði gerð á 1. mgr. 20. gr. Verði með því tryggt að sú túlkun komi ekki til álita að Tryggingarsjóður sparisjóða verði í heild sinni lagður niður um áramótin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Leggja Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson til að tjón einstaklinga vegna tryggðra innstæðna verði alltaf bætt að fullu. Þá leggja þau til að annar stjórnarmanna sem ráðherra tilnefnir skuli koma úr röðum fjárfesta eða innstæðueigenda. Telja þau eðlilegast að sá fulltrúi komi úr röðum Neytendasamtakanna eða Samtaka fjárfesta.

Fyrirvari Péturs H. Blöndal lýtur að því að hann telur ekki rétt að stofna sérstaka verðbréfadeild í sjóðnum. Litlar sem engar líkur séu á að þær kringumstæður komi upp að greiða þurfi úr þeirri deild, auk þess sem starfsábyrgðartrygging samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti mundi verða virk við sömu kringumstæður. Leggur hann því til að sjóðurinn tryggi einungis innstæður í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Ef í ljós kemur að kröfur tilskipana Evrópusambandsins um lágmarksvernd fyrir fjárfesta verða ekki uppfylltar með núgildandi reglum um starfsábyrgðartryggingu verðbréfafyrirtækja leggur hann til að ráðherra endurskoði gildandi reglugerð þar að lútandi og sjái til þess að svo verði. Þá leggur hann til að innstæðueigendur fái fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Alþingi, 6. des. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

318. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem verði 3. málsl., svohljóðandi: Viðskiptaráðherra tilnefnir jafnframt fulltrúa innstæðueigenda og fjárfesta sem áheyrnaraðila með málfrelsi og tillögurétt í stjórn sjóðsins og skal hann uppfylla sömu kröfur og stjórnarmenn.
   b. Framan við 5. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórn sjóðsins skal á tveggja ára fresti, eða oftar ef ástæða þykir til, gera ráðherra grein fyrir afstöðu sinni til lágmarkseignar sjóðsins skv. 6. og 7. gr.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Nái heildareign ekki lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1.

mars ár hvert gjald til sjóðsins sem nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó viðmiðunarmörk skv. 1. málsl.

Nái heildareign deildarinnar samt ekki tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skal hver viðskiptabanki og sparisjóður ábyrgjast að hann muni inna af hendi sérstaka greiðslu til deildarinnar þegar henni ber að endurgreiða innstæður skv. III. kafla í einhverjum viðskiptabanka eða sparisjóði sem aðild á að sjóðnum.

Ábyrgðaryfirlýsingin skal hljóða upp á sama hlutfall þeirrar fjárhæðar er vantar á lágmarkið og nemur hlutfalli tryggðra innstæðna hlutaðeigandi af samanlögðum tryggðum innstæðum. Kröfur um innborgun í deildina á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta þó ekki verið hærri á ári hverju en sem nemur einum tíunda af lágmarksstærð sjóðsins. Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skylt að greiða til sjóðsins þegar hann krefst þess og framangreindar aðstæður eru fyrir hendi.

Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til deildarinnar 1. mars ár hvert frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári þar til lágmarki skv. 1. mgr. er náð. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu sem stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. 1. mgr.

Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar. Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um innstæður samkvæmt þessari grein.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skal að lágmarki nema 100 millj. kr.

Nái heildareign sjóðsins ekki lágmarki skv. 1. mgr. skulu aðildarfyrirtæki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins sem nemur samtals 20 millj. kr., þar til sjóðurinn hefur náð tilskilinni lágmarksstærð. Hvert aðildarfyrirtæki skal greiða lágmarksgjald að fjárhæð 50.000 kr. Árleg greiðsla að frádregnu lágmarksgjaldi skiptist í tvo jafna hluta eftir eftirfarandi gjaldstofnum:

1. Hlut aðildarfyrirtækis í samanlagðri fjárhæð verðbréfaviðskipta aðildarfyrirtækja á næstliðnu ári við þá viðskiptavini sem tryggðir eru skv. 9. gr.
2. Hlut aðildarfyrirtækis í samanlögðum fjölda viðskiptareikninga hjá aðildarfyrirtækjum í tengslum við viðskipti með verðbréf. Leggja skal saman fjölda viðskiptareikninga skv. c-lið 1. tölul. og a- og b-lið 2. tölul. 8. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Viðskiptareikningar skv. c-lið 1. tölul. og a-lið 2. tölul. hafa tvöfalt vægi í samtölu. Viðskiptareikningar með hærri inneign en 1,7 millj. kr. miðað við gengi evru (EUR) 5. janúar 1999 hafa einnig tvöfalt vægi í samtölu.

Nái heildareign deildarinnar samt ekki tilskildu lágmarki skal hvert aðildarfyrirtæki leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skal hvert aðildarfyrirtæki ábyrgjast að það muni inna af hendi sérstaka greiðslu til deildarinnar þegar henni ber að endurgreiða verðbréf eða reiðufé skv. III. kafla í einhverju fyrirtæki sem aðild á að sjóðnum.

Ábyrgðaryfirlýsingin skal hljóða upp á sama hlutfall þeirrar fjárhæðar er vantar á lágmarkið og nemur hlutfalli greiðslna aðildarfyrirtækis af samanlögðum greiðslum allra aðildarfyrirtækja við fyrstu greiðslu eftir að ljóst er að heildareign deildarinnar nær ekki tilskildu lágmarki. Kröfur um innborgun í deildina á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á ári hverju þó ekki verið hærri en sem nemur einum fimmta af lágmarksstærð sjóðsins.

Aðildarfyrirtækjum er skylt að greiða til sjóðsins þegar hann krefst þess og framangreindar aðstæður eru fyrir hendi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er stjórn sjóðsins heimilt að kaupa vátryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi á Evrópska efnahagssvæðinu til að tryggja sig gegn tjóni. Kaupi sjóðurinn vátryggingu skal þó í það minnsta fimmtungur af lágmarksstærð deildarinnar skv. 1. mgr. vera í verðbréfum eða reiðufé.

Nýtt aðildarfyrirtæki sem nýtir sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti skal greiða sérstaklega til deildarinnar 1. mars ár hvert í fimm ár frá því að það hefur starfsemi hér á landi. Greiðslan skal nema því hlutfalli af 20 millj. kr. sem nemur hlutfalli þess í gjaldstofnum skv. 2. mgr. Greiðslan skal innt af hendi í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi fyrirtæki fram ábyrgðaryfirlýsingu sem jafngildir fjórfaldri greiðslu fyrsta ársins.

Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar. Aðildarfyrirtækjum er skylt að veita sjóðnum upplýsingar samkvæmt þessari grein.

4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Nú uppfyllir aðildarfyrirtæki ekki skyldur sínar gagnvart sjóðnum samkvæmt lögum þessum og reglugerð og skal þá stjórn hans tilkynna það ráðherra og Fjármálaeftirlitinu án tafar. Ráðherra veitir hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki þá allt að þriggja mánaða frest til úrbóta að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins. Hafi aðildarfyrirtækið ekki uppfyllt skyldur sínar að þeim fresti liðnum getur stjórn sjóðsins, að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins, lagt dagsektir á fyrirtækið. Greiðast þær þangað til aðildarfyrirtækið hefur uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum. Sektirnar geta numið 50–500 þús. kr. á dag.

Hafi aðildarfyrirtæki ekki uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum innan eins mánaðar frá álagningu dagsekta getur ráðherra tilkynnt því að hann hyggist afturkalla starfsleyfi þess hafi fyrirtækið ekki uppfyllt skyldur sínar að tólf mánuðum liðnum.

Nú rennur frestur skv. 2. mgr. út án þess að hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum og getur þá ráðherra afturkallað starfsleyfi þess að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins. Skuldbindingar sem stofnað er til áður en frestur skv. 1. og 2. mgr. rennur út skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.

Nú rennur frestur skv. 1. og 2. mgr. út þegar um er að ræða útibú aðildarfyrirtækis með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og getur stjórn sjóðsins þá tilkynnt útibúinu að hún hyggist útiloka það frá sjóðnum hafi það ekki uppfyllt skyldur sínar að tólf mánuðum liðnum. Ef frestur skv. 1. málsl. rennur út án þess að útibúið hafi uppfyllt skyldur sínar getur sjóðurinn útilokað það frá aðild að sjóðnum að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins. Skuldbindingar sem stofnað er til áður en frestur samkvæmt þessari málsgrein rennur út skulu njóta tryggingaverndar í samræmi við ákvæði III. kafla.

Ákvæði 1.–3. mgr. eiga einnig við um útibú aðildarfyrirtækja með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

5. Við 20. gr. Í stað síðari málsliðar 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sjóðurinn yfirtekur þá eignir og skuldir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða. Tryggingarsjóður viðskiptabanka og innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða verða hvor tveggja lögð niður frá sama tíma.

319. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

1. Við 4. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verði 3. málsl., svohljóðandi: Skal annar þeirra manna sem viðskiptaráðherra tilnefnir vera fulltrúi innstæðueigenda og fjárfesta.
2. Við 10. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Einstaklingar skulu fá kröfur sínar vegna tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum greiddar að fullu. Krafa hvers lögaðila og krafa einstaklinga vegna tryggðra verðbréfa og reiðufjár allt að 1,7 millj. kr. skal bætt að fullu en allt sem umfram þá fjárhæð er skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999. Lögaðilar geta ekki krafið sjóðinn um frekari greiðslu síðar þótt tjón þeirra hafi ekki verið bætt að fullu. Sama á við um einstaklinga varðandi kröfur vegna tryggðra verðbréfa og reiðufjár.

320. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Við 1. gr. Orðin „og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verbréf“ falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Með tryggingar samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun er nefnist Tryggingarsjóður innstæðueigenda, hér eftir nefndur sjóðurinn. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.
3. Við 3. gr. 1. málsl. orðist svo: Viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hafa staðfestu hér á landi, skulu eiga aðild að sjóðnum.
4. Við 4. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Viðskiptabankar tilnefna tvo menn í stjórn sjóðsins, sparisjóðir einn mann og viðskiptaráðherra þrjá menn, og skal einn þeirra vera fulltrúi innstæðueigenda.
5. Við 5. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Sérhvert aðildarfyrirtæki á rétt til setu á aðalfundi. Á aðalfundi fara viðskiptabankar samtals með átta atkvæði og sparisjóðir með fjögur. Vægi hvers aðildarfyrirtækis er jafnt innan hvors hóps. Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins þarf fulltingi ⅔ hluta atkvæða á aðalfundi og samþykki ráðherra.
6. Við 6. gr.
   a. Orðið „innstæðudeildar“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðsins „deildarinnar“ í 3. málsl. 1. mgr. og 3. mgr. komi: sjóðsins.
   c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Reglur um greiðslur.*
7. 7. gr. falli brott.

8. Við 8. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um útibú erlendra viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem aðild eiga að sjóðnum.
9. Við 9. gr.
   a. Orðið „verðbréfa“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Er þá sjóðnum skylt að greiða viðskiptavini aðildarfyrirtækis andvirði innstæðu.
   c. Orðin „og lög um verðbréfaviðskipti“ í 3. málsl. 1. mgr. falli brott.
   d. Orðin „eða staðið skil á verðbréfum“ í 2. mgr. falli brott.
   e. 4. og 5. mgr. falli brott.
   f. 6. mgr. er verði 4. mgr. orðist svo:
      Undanskilin tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður í eigu aðildarfyrirtækja, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning og innstæður sem tengist málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningaþvætti.
10. Við 10. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Nú hrökkva eignir sjóðsins ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum og skal þá greiðslu skipt þannig milli kröfuhafa að krafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr. er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hrökkva til.
11. 11. gr. falli brott.
12. Við 13. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Útibúum erlendra viðskiptabanka, sparisjóða og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, er heimil aðild að sjóðnum vegna innstæðna sem ekki eru tryggðar á sambærilegan hátt á Evrópska efnahagssvæðinu.
13. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
    Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, m.a. um tilhögun á greiðslum úr sjóðnum, tryggingu á innstæðu, þegar um sameiginlegan reikning er að ræða eða þegar viðskiptavinur aðildarfyrirtækis á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu, og um ávöxtun á eignum sjóðsins.
14. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um innstæðutryggingar.

321. Frumvarp til laga [255. mál]

um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Katrín Fjeldsted, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller, Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan hjónaband stóð, skulu þó ekki falla utan skipta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi hjóna var lagt fram á 112., 113., 115., 116. og 117. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það var sama efnis og þetta frumvarp, að ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa í hjúskap, skuli teljast hjúskapareign þeirra og koma því jafnt til skipta verði slit á fjárfélagi hjónanna, en frumvarp þetta var áður flutt á 118., 120., 121. og 123. löggjafarþingi.

Ný hjúskaparlög tóku gildi 1. júlí 1993 og er því lagt til að mælt verði fyrir um þetta atriði þar. Samkvæmt hjúskaparlögunum er eign hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars, sbr. 54. gr., og er þar m.a. átt við persónuleg réttindi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við þær sérreglur sem um þau réttindi gilda, sbr. 57. gr. laganna. Um fjárskipti þessara réttinda eru ákvæði í 102. gr. en þar eru taldar upp þær hjúskapareignir sem geta fallið utan skipta að kröfu maka. Í frumvarpi þessu er lagt til að ellilífeyrisréttindi verði ekki talin þar með, þau séu hjúskapareign sem geti ekki fallið utan skipta.

Eins og nú háttar til eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér, með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi, að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram hefur komið hefur frumvarp um þetta efni verið lagt fram áður. Oft hafa umræður og umsagnir um málið þó snúist meira um aðra þætti, eins og fjölmargar aðrar greiðslur frá lífeyrissjóðum en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem nú tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd fyrir, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu (þ.e. samanlagður aldur og starfsaldur), tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi, svo og niðurfellingu iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár. Þá veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa komið sér upp, en fjölmörg dæmi væri einnig hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar af stjórnum sjóðanna samkvæmt reglugerð.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir fjölmargra lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Með frumvarpinu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka mið-

að við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðað við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Eftir að frumvarp þetta var lagt fram á 121. löggjafarþingi hefur þó nokkuð miðað í þessum efnum. Þannig sendi allsherjarnefnd Alþingis, sem hafði málið til umfjöllunar, frá sér skýrslu (614. mál á 121. löggjafarþingi) þar sem fram kemur að nefndarmenn séu sammála um að nauðsynlegt sé að leysa úr því vandamáli sem upp kemur ef slit verða á fjárfélagi hjóna og aðeins annað þeirra hefur áunnið sér lífeyrisréttindi eða lífeyrisréttindi annars eru mun meiri en hins. Hins vegar taldi nefndin að kanna þyrfti ýmis atriði betur áður en lagabreyting í þessa átt væri afgreidd.

Á 122. löggjafarþingi voru afgreidd lög frá Alþingi um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Þar er nokkuð komið til móts við efni tillögu þessarar með ákvæði í 14. gr. Í lögunum kemur fram að sjóðfélagi getur á grundvelli samkomulags við maka sinn tekið ákvörðun um, í fyrsta lagi, að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Í öðru lagi að í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka. Í þriðja lagi að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Nær slíkt samkomulag eftir því sem við á til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og felur í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Flutningsmenn frumvarpsins telja að með þessum nýmælum í lögum nr. 129/1997 sé stigið skref í rétta átt, en vilja ganga lengra og því er það lagt fram að nýju.

322. Frumvarp til laga [256. mál]

um breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson,
Sigríður A. Þórðardóttir, Ólafur Örn Haraldsson,
Sturla D. Þorsteinsson.

1. gr.

Við B-lið 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Fella skal niður þungaskatt innheimtan samkvæmt ökumæli (kílómetragjaldi) sem fellur á akstur sérútbúinnar bifreiðar í eigu fatlaðra einstaklinga, sem fá örorkulífeyri eða örorkustyrk. Sama gildir um sérútbúnar bifreiðar foreldra eða framfærenda barna sem fá umönnunargreiðslur.

2. gr.

Við 3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Fella skal niður eða endurgreiða þungaskatt af sérútbúnum bifreiðum í eigu fatlaðra einstaklinga sem fá örorkulífeyri eða örorkustyrk. Sama gildir um sérútbúnar bifreiðar foreldra eða framfærenda barna sem fá umönnunargreiðslur.

3. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 123. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Á vegum Reykjavíkurborgar er rekin ferðaþjónusta fyrir fatlaða samhliða rekstri Strætisvagna Reykjavíkur. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir en hefur þó þá annmarka að panta þarf far með dags fyrirvara auk þess sem þjónustan er lokuð frá kl. 23.00 til kl. 9.00 á morgnana. Enn fremur reka sameiginlega þessa þjónustu Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur og Mosfellsbær annars vegar og hins vegar Kópavogur og Garðabær. Nokkrir fatlaðir einstaklingar, sem áður hafa notið þessarar þjónustu, hafa með ýtrasta sparnaði og ráðdeildarsemi fest kaup á eigin bifreið og þannig létt ákveðnu álagi af ferðaþjónustunni. Í nokkrum tilfellum, þegar um mikið fatlaða einstaklinga er að ræða, hafa þeir þurft að kaupa sér sendiferðabifreið sérinnréttaða með lyftu fyrir hjólastól.

Það er ljóst að fatlaðir einstaklingar og foreldrar eða framfærendur barna, sem fá umönnunargreiðslur, geta af illri nauðsyn þurft á stærri bifreiðum að halda og velja því í sumum tilfellum dísilbifreiðar í sparnaðarskyni, þrátt fyrir að þær séu oftast dýrari í innkaupum. Sparnaður sem næst með notkun dísilbifreiðar yrði að engu ef þeir sem hér um ræðir þyrftu að greiða þennan skatt. En sem kunnugt er þarf mikinn akstur til að ná sparnaði með rekstri dísilbifreiðar þegar nefndur skattur er greiddur.

Þessir einstaklingar þurfa að greiða geysiháan þungaskatt af bifreiðum sínum þar sem fjárhæð skattsins miðast við þyngd hvort sem greitt er kílómetragjald samkvæmt ökumæli eða árlegt fastagjald, sbr. lög um fjáröflun til vegagerðar.

Hér er lagt til að fella niður fyrrnefndan skatt af bifreiðum í eigu þessara einstaklinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um hvenær og hvernig niðurfellingu þungaskatts skuli háttað. Jafnframt eru sett fram tiltekin skilyrði um það hverjir geti notið niðurfellingarinnar. Eru þau til samræmis við ákvæði laga um félagslega aðstoð þar sem m.a. er fjallað um hverjir eiga rétt á að fá styrk til bifreiðakaupa.

Um 2. gr.

Lagt er til að fatlaðir einstaklingar sem eiga þungaskattsskyldar bifreiðar á föstu gjaldi eigi sama rétt á niðurfellingu og þeir einstaklingar sem eiga bifreiðar með ökumæli. Er þetta lagt til svo gætt sé jafnræðis, hvort sem gjaldskyldan miðast við fast árgjald eða gjald samkvæmt eknum kílómetrum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

323. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Á sama tíma og Þjóðhagsstofnun jafnt sem Seðlabanki Íslands telja höfuðnauðsyn að draga úr útgjöldum ríkisins gerir meiri hluti ríkisstjórnarinnar tillögur um að útgjöld ríkisins aukist um 7,9 milljarða kr. á fjáraukalögum. Þar af er að finna tillögur um 5,5 milljarða kr. hækkun í frumvarpi til fjáraukalaga en hækkunartillögur meiri hluta fjárlaganefndar við frumvarpið nema 2,4 milljörðum kr. Langmestur hluti aukinna útgjalda, eða samtals 5,1 milljarður kr., stafar af mikilli útgjaldaaukningu í heilbrigðiskerfinu. Aukin útgjöld grafa undan stöðugleika og velsæld íslensks efnahagslífs. Þetta er í stíl við önnur mistök sem ríkisstjórnin hefur gert varðandi hagstjórnina.

Mistök ríkisstjórnarinnar.

Höfuðmarkmið ríkisfjármála og raunar allrar efnahagsstjórnunar á Íslandi er að viðhalda stöðugleikanum. Ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hafa hins vegar orðið á margvísleg mistök sem beinlínis ýta undir þenslu, stuðla að aukinni verðbólgu og grafa undan stöðugleikanum.

1. Lækkun tekjuskatts í góðæri.

Aukinn kaupmáttur leiðir jafnan til meiri neyslu sem aftur veldur meiri innflutningi sem ýtir undir viðskiptahalla. Sé ekki gripið til sérstakra ráðstafana leiðir mikill og viðvarandi viðskiptahalli til þess að gengið veikist og það blæs í segl verðbólgunnar. Lækkanir á tekjuskatti leiða til þess að almenningur hefur að öðru jöfnu meira fé til ráðstöfunar. Þar af leiðandi eykur tekjuskattslækkun kaupmátt og þar með einkaneyslu. Sé tekjuskattsstigið lækkað í miklu góðæri herðir það á þessu ferli. Viðskiptahallinn verður þá meiri og verðbólguþrýstingur líka. Ábyrg stjórnvöld lækka því ekki tekjuskatt hjá öllum þorra landsmanna á tímum mikils góðæris og vaxandi viðskiptahalla. Það gerði hins vegar núverandi ríkisstjórn. Af sjónarhóli hagstjórnarinnar voru það mistök sem ýttu undir þensluna í þjóðfélaginu. Má í því sambandi minna á eftirfarandi dóm úr áliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í kjölfar þess að Alþingi samþykkti fjárlög fyrir yfirstandandi ár: „Nýsamþykkt fjárlög fyrir 1999 fela ekki í sér nægilegt aðhald í ríkisfjármálum að okkar dómi.“

2. Útlánaþensla.

Viðnám gegn verðbólgu og viðskiptahalla felst m.a. í að takmarka aukningu útlána og peningamagns í umferð. Það er hægt með því að takmarka svigrúm banka til að lána fjármagn og draga þannig úr útstreymi peninga frá þeim. Þegar ríkisstjórnin hófst handa um að einkavæða bankana valdi hún þá leið að bjóða út nýtt hlutafé sem jók eigið fé bankanna og gerði þeim kleift að stórauka lántökur sínar erlendis. Lánin nýttu bankarnir til að freista þess að auka hlutdeild sína á markaðinum til að skapa sér stöðu áður en uppstokkun á fjármálamarkaðinum gengi í garð. Þetta stórjók einkaneyslu og ýtti því undir þenslu og verðbólgu.

3. Ríkisstjórnin skapar óhóflegar væntingar.

Væntingar ráða ákaflega miklu um neysluhegðun fólks. Í aðdraganda kosninganna gaf forusta ríkisstjórnarinnar þjóðinni fyllilega til kynna að góðærið mundi vara mörg ár í viðbót. Í sömu átt hnigu ummæli hennar rétt fyrir kosningar um að þjóðin gæti vænst 50–60 milljarða kr. til skiptanna vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar ríkisfyrirtækja (Landssímans og bankanna). Þetta skapaði óraunhæfar væntingar um varanlega velsæld sem ýttu undir þenslu.

4. Húsnæðisþenslan.

Hluti af viðleitni ríkisstjórnarinnar til að kaupa sér vild kjósenda fyrir kosningar var að rýmka verulega greiðslumat vegna húsnæðislána og í reynd að galopna húsnæðiskerfið. Samþykktar umsóknir um lán til kaupa á notuðum íbúðum eru nú 45% fleiri en á sama tíma í fyrra og 27% fleiri til nýbygginga. Afleiðingin er að útlán húsbréfadeildar fóru ríflega 7.000 millj. kr. fram úr heimildum fjárlaga. Þessir 7 milljarðar kr. voru eldsmatur sem varpað var á bál vaxandi verðbólgu. Bæði Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun vöruðu við þessari þróun. Þarna er um að ræða eitt af örfáum stjórntækjum ríkisstjórnarinnar varðandi útlán innlendra lánastofnana og ríkisstjórnin misnotaði það herfilega. Þetta er dæmi um beina hækkun verðbólgu af völdum ríkisstjórnarinnar.

Fjáraukalögin, ekki síst þau lausatök sem þar birtast af hálfu ríkisstjórnarinnar vegna útgjalda sem engin rök eru fyrir að eigi heima á fjáraukalögum, eru því enn eitt sprekið sem ríkisstjórnin varpar á bál þenslunnar.

Fjárþörf heilbrigðiskerfisins.

Lausatökin á fjármálum ríkisins birtast ekki síst í stóraukinni fjárþörf sem orðið hefur á árinu innan heilbrigðiskerfisins. Í frumvarpi til fjáraukalaga var talið að viðbótarfjárþörf hjá heilbrigðisstofnunum næmi tæpum 3 milljörðum kr. Nú liggur fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar þar sem kemur fram að áætlaður tekjuhalli í árslok 1999 nemi rúmum 5,1 milljarði kr. eða ríflega 60% meira en gert var ráð fyrir í fjáraukalagafrumvarpinu. Aukningin speglast m.a. í því að hækkun gjalda á liðum heilbrigðisráðuneytisins er um 63,5% af heildarhækkuninni sem lögð er til vegna fjáraukalaga meðan hlufall ráðuneytisins á fjárlögum ársins er aðeins 36,4% af heildargjöldum A-hluta sjálfra fjárlaganna. Vissulega þarf að halda heilbrigðiskerfinu gangandi en þetta gerist þrátt fyrir að meiri hluti fjárlaganefndar teldi að í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 1998 væri mætt allri fjárþörf þeirra heilbrigðisstofnana sem könnun Ríkisendurskoðunar náði til. Hér virðist því ekki síður um stjórnunarvanda að ræða en fjárhagsvanda.

Þessi niðurstaða vekur upp tvær meginspurningar. Hvernig er eftirliti ráðuneyta háttað með fjármálum stofnana og hver er ábyrgð forstöðumanna? Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að heilbrigðisráðuneytið hafi í febrúar á þessu ári sent öllum stofnunum bréf þar sem áréttuð voru fyrirmæli um að til ráðstöfunar væru aðeins þau framlög sem fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Þar kemur einnig fram að forstöðumenn kvörtuðu yfir því að fá engin viðbrögð frá ráðuneytinu þegar þeir sendu inn upplýsingar um fjárhagsvandann. Hér eru menn að kasta boltanum á milli sín meðan að vandamálin hrannast upp.

Segja má að uppistaðan í fjárhagsvanda heilbrigðistofnana séu miklar launahækkanir á árinu umfram það sem reiknað var með í fjárlögum. Er óhætt að segja að þessir samningar hafi farið úr böndunum. Ábyrgðin á útfærslu þeirra er þó að öllu leyti hjá ríkinu. Þannig má minna á að þrír ráðuneytisstjórar tóku að sér að semja við hjúkrunarfræðinga með alþekktri niðurstöðu. Það er sannarlega athyglisvert að Ríkisendurskoðun greinir þennan vanda í sér-

stökum kafla í fyrrnefndri greinargerð sinni og segir að orsökina megi m.a. rekja til ágalla í innri stjórnun ríkisins og nefnir sérstaklega „skort á leiðsögn af hálfu ráðuneytanna“.

Hinn mikli halli á rekstri heilbrigðiskerfisins ber vott um stjórnleysi í fjármálalegu tilliti þess. Eftirfarandi tilvitnun í greinargerð Ríkisendurskoðunar staðfestir það: „Þrátt fyrir að fyrirliggjandi upplýsingar um afkomu stofnana sýni umtalsverðan tekjuhalla í ár er ljóst að flestar þeirra hafa ekki gripið til sérstakra aðgerða til að mæta honum. Við nánari eftirgrennslan kom fram að forstöðumenn kvörtuðu yfir því að þrátt fyrir að þeir hafi sent þessar upplýsingar til heilbrigðisráðuneytisins hafi þeim ekki borist fyrirmæli um aðgerðir til að mæta vandanum.“ Áætlanagerð stofnana ráðuneytisins er bersýnilega áfátt í ýmsum tilvikum. Til marks um það má nefna að á fundi með fjárlaganefnd kom fram hjá fulltrúum ráðuneytisins að dæmi væru um að rekstraráætlun forstöðumanna hafi hækkað um helming innan ársins.

Mjög athyglisverð er sú niðurstaða Ríkisendurskoðunar að greinilegt sé „að þar sem fjárhagsvandinn er minnstur [sé] fjárstjórnin öflugri og virkari en ella“. Meiri hluti fjárlaganefndar hefur eigi að síður brugðist við fjárhagsvanda heilbrigðisstofnana með því að leggja til að allur halli allra heilbrigðisstofnana, að frádreginni tveggja vikna greiðsluþörf, sé greiddur upp. Þessi aðferð þýðir að allir fá sömu úrlausn. Þeir sem stjórna vel fá enga umbun fyrir erfiðar aðhaldsaðgerðir. Skilaboðin sem með þessu eru send stjórnendum heilbrigðisstofnana eru því að það skipti ekki máli að fara eftir fjárlögum. Stjórnendur og stofnanir þurfi ekki að standa reikningsskil gerða sinna. Ríkisstjórnin greiði það sem á vantar með tékka frá skattgreiðendum. Þetta er dæmi um agaleysi í ríkisfjármálum sem einkennir bæði ráðherra og yfirmenn ríkisstofnana.

Nýju fjárreiðulögin kveða mjög skýrt á um ábyrgð forstöðumanna og stjórna ríkisaðila því í 49. gr. segir: „Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir.“ Að mati minni hlutans er brýn þörf á breyttum verklagsreglum varðandi eftirlit með fjármálum stofnana. Efla þarf fjármálalegt eftirlit og ábyrgð ráðuneyta á málaflokkum sínum og gera forstöðumenn ábyrga fyrir stjórn stofnana, ekki aðeins í orði heldur einnig á borði.

Aðferðin sem meiri hlutinn velur til að jafna rekstrarhalla heilbrigðisstofnana vekur spurningar um jafnræði með stofnunum ríkisins og verkefnum á vegum þess. Fjölmargar aðrar stofnanir sem eflaust hefðu viljað auka útgjöld til verkefna sinna fá ekki sömu úrlausn og stofnanir heilbrigðiskerfisins.

Um frumvörp til fjáraukalaga.

Árið 1997 voru samþykkt lög um fjárreiður ríkisins sem fólu í sér ýmsar breytingar á framsetningu upplýsinga um fjárhagsstöðu ríkisaðila. Því miður eru tillögur meiri hluta fjárlaganefndar að verulegu leyti á skjön við fjárreiðulögin. Minni hlutinn vill af því tilefni vekja athygli á að í fjárreiðulögunum eru skýr ákvæði um hvernig standa skuli að frumvarpi til fjáraukalaga. Það frumvarp til fjáraukalaga sem nú er til umræðu er hið fyrsta eftir að fyrsti ríkisreikningurinn liggur fyrir sem gerður er upp samkvæmt nýju fjárreiðulögunum. Ljóst er að í veigamiklum atriðum er ekki farið að lögum og því nauðsynlegt að skerpa á þeim reglum sem um slík frumvörp gilda.

Í fimmta kafla laganna er fjallað almennt um frumvarp til fjáraukalaga. Þar segir orðrétt í 44. gr.: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.“

Öðrum óskum um breyttar fjárheimildir skal jafnan vísa til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Ljóst er að í því frumvarpi sem nú liggur fyrir er

sótt um viðbótarfjárheimildir vegna atvika sem ekki verða felld undir ákvæði greinarinnar og vegur þar þyngst uppsafnaður rekstrarhalli ríkisaðila, einkum í heilbrigðiskerfinu. Lætur nærri að um 40% af viðbótarfjárveitingum sé vegna þessa. Með sterkum rökum má halda fram að 75–80% af útgjaldatillögum í tengslum við fjáraukalögin sé þess eðlis að þær standist ekki kröfur fjárreiðulaganna og séu beinlínis í andstöðu við fyrrnefnda grein þeirra. Þetta er dæmi um furðulegt kæruleysi ríkisstjórnarinnar og speglar það agaleysi sem er aðalsmerki vinnubragða hennar í ríkisfjármálum.

Nánar er fjallað um ófyrirséða greiðsluskyldu A-hluta í 32. og 33. gr. fjárreiðulaganna. Í þeim greinum kemur fram að ávallt skuli leita heimildar í frumvarpi til fjáraukalaga svo fljótt sem kostur er.

Þá bendir minni hlutinn á að nú er verið að afgreiða frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1999 á sama tíma og frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000. Þegar fjáraukalög eru svona seint á ferðinni er mun eðlilegra að fella þau saman við frumvarp til fjárlaga. Slíkt mundi einfalda alla vinnu við fjárlagagerðina og auka yfirsýn yfir ríkisfjármálin. Komi upp þau atvik að leita þurfi viðbótarheimilda er eðlilegt að gera það annars vegar að vori áður en þing fer í sumarleyfi eða hefja vinnu við það síðla sumars þannig að afgreiða megi fjáraukalög strax á fyrstu dögum þings að hausti.

Tekjuhlið.

Samkvæmt frumvarpinu stefnir í að tekjur ríkissjóðs verði um 10 milljörðum kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 1999. Minni hlutinn taldi á sínum tíma að þjóðhagsáætlun fæli í sér vanmat á innflutningi og fjárfestingu. Þetta er staðfest nú þegar fjárfesting dregst aðeins saman um 1% í stað þeirra 5% sem gert var ráð fyrir. Þá stefnir í að innflutningur aukist um 3,4% í stað 1% eins og áætlað var.

Safnliðir.

Í fjáraukalögum er oft sótt um viðbótarfjárheimild vegna svokallaðra safnliða þrátt fyrir að heildarstaða fjárlagaliðarins gefi ekki tilefni til þess. Sem dæmi má nefna fjárlagaliðinn *02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.* Í lok nóvember námu útgjöld á þessum lið 381 millj. kr. en fjárheimild 482 millj. kr. Auk þess nemur eigið fé frá fyrra ári 212 millj. kr. Samt er sótt um 13,5 millj. kr. viðbótarfjárveitingu í þessu frumvarpi til fjáraukalaga.

Vissulega er í sumum tilfellum um viðfangsefnaskiptingu að ræða þar sem tiltekin fjárútlát eru eyrnamerkt tilteknum verkefnum en svo er ekki í öllum tilfellum. Að mati minni hlutans þarf að taka þessi vinnubrögð til endurskoðunar og skoða þessa liði í heild sinni þegar þeir koma til umfjöllunar í tengslum við frumvarp til fjáraukalaga og einnig í umræðum um fjárlög.

Alþingi, 7. des. 1999.

Össur Skarphéðinsson, frsm. Einar Már Sigurðarson. Jón Bjarnason.

324. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um fullgildingu bráðabirgðasamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd bráðabirgðasamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu sem undirritaður var í Leukerbad 30. nóvember 1998.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á bráðabirgðasamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Frelsissamtaka Palestínu fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu (hér eftir nefnt PLO), sem undirritaður var í Leukerbad 30. nóvember 1998. Meginmál samningsins er prentað sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari, I. viðauki er prentaður sem fylgiskjal II og II. viðauki sem fylgiskjal III. Tvíhliða landbúnaðarsamningur Íslands og PLO er prentaður sem fylgiskjal IV með tillögunni.

Viðræður við PLO hófust í kjölfar undirritunar samstarfsyfirlýsingar EFTA og PLO í Genf í desember 1996. Tilgangurinn með gerð bráðabirgðasamningsins við PLO er hluti af því ferli að tryggja jafnvægi milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsríkjanna í viðskiptum við löndin við sunnanvert Miðjarðarhaf. Þá er samningurinn mikilvægur hlekkur í stuðningi við hið pólitíska ferli sem nú á sér stað í tengslum við friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs. Einnig vilja EFTA-ríkin taka þátt í þeirri viðleitni Evrópusambandsins að stuðla að stjórnmálalegum stöðugleika og atvinnuþróun í löndunum við sunnanvert Miðjarðarhaf í því skyni að skapa eitt allsherjar fríverslunarsvæði milli Evrópusambandsríkjanna og EFTA-ríkjanna annars vegar og Miðjarðarhafslandanna hins vegar eigi síðar en árið 2010. Gerð fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og PLO er skref í þessa átt.

Á þessum áratug hafa EFTA-ríkin lokið gerð fríverslunarsamninga við 14 ríki. EFTA-ríkin gera fríverslunarsamninga við ríki utan Evrópu á grundvelli ákvörðunar sem tekin var á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna í Bergen í júní 1995. Ástæðan fyrir þessari ákvörðun ráðherrafundarins var að tryggja að fyrirtæki í EFTA-ríkjum nytu ekki verri kjara en fyrirtæki í ríkjum Evrópusambandsins í viðskiptum sínum við fyrirtæki í viðkomandi landi. Einnig vildu EFTA-ríkin leggja sitt af mörkum til þess að bæta efnahagslegt umhverfi í ríkjum innan sem utan Evrópu. Í beinum tengslum við það hafa EFTA-ríkin einbeitt sér að gerð fríverslunarsamninga við ríki Norður-Afríku og Mið-Austurlanda á undanförnum árum. Fríverslunarsamningurinn við PLO er annar í röð slíkra samninga, á eftir samningnum við Marokkó, sem lokið hefur verið við í þeirri lotu. Samningaviðræður um fríverslunnarsamning standa nú yfir við Túnis, Kýpur og Jórdaníu og stefnt er að því að ljúka þeim á næstu mánuðum. EFTA-ríkin hafa einnig hafið fríverslunarviðræður við Egyptaland sem verður framhaldið nú í vetur. Þá hefur verið unnið að gerð samstarfsyfirlýsingar við Samstarfsráð Persaflóaríkja (Gulf Co-operation Council), en að því standa Bahrain, Kúveit, Óman, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Saudi-Arabía og Katar. Yfirlýsingin býður nú undirritunar.

Bráðabirgðasamningurinn við PLO er hliðstæður öðrum fríverslunarsamningum sem EFTA-ríkin hafa gert. Meginfyrirmyndir þessa samnings eru fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við Eystrasaltsríkin sem undirritaðir voru í desember 1995 og fullgiltir í febrúar 1996. Samningurinn fjallar eins og aðrir fríverslunarsamningar m.a. um meðferð tolla og

samsvarandi gjalda, upprunareglur og samvinnu um tollaframkvæmd, ríkiseinokun, tæknilegar reglugerðir, greiðslur og yfirfærslur, opinber innkaup, vernd hugverka, samkeppni fyrirtækja, ríkisaðstoð, undirboð og erfiðleika vegna greiðslujafnaðar.

Samningurinn er gerður til bráðabirgða eins og heiti hans gefur til kynna og verður endurskoðaður í ljósi þróunar friðarumleitana fyrir botni Miðjarðarhafs og í samhengi við yfirfærslu á auknu stjórnvaldi til Þjóðarráðs Palestínu í framtíðinni. Þá stefna aðildarríkin að því að hefja viðræður eins fljótt og auðið er við Egyptaland, Ísrael og Jórdaníu í því skyni að ná samkomulagi um stighækkandi uppsöfnunarkerfi hvað varðar upprunareglur í viðskiptum ríkjanna. Slíkt samkomulag myndi hafa í för með sér tækifæri fyrir frekari þróun fríverslunar á milli aðildarríkjanna annars vegar og innan svæðisins í heild hins vegar.

Samningurinn kveður á um fríverslun milli EFTA-ríkjanna og PLO með iðnaðarvörur (upptaldar í 25.–97. kafla tollskrárinnar), fisk og aðrar sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Fjallað er um verslun með óunnar landbúnaðarvörur í tvíhliða samningum á milli einstakra EFTA-ríkja og PLO. Þá hafa EFTA-ríkin skuldbundið sig til þess að veita PLO tæknilega aðstoð við kynningu og framkvæmd samningsins. Samningurinn felur í sér að frá og með gildistöku hans fella EFTA-ríkin og PLO niður alla innflutningstolla og gjöld á iðnaðarvörum sem upprunnar eru í aðildarríkjum samningsins.

Í II. viðauka við bráðabirgðasamninginn skuldbinda EFTA-ríkin og PLO sig til að fella niður alla tolla og samsvarandi gjöld á sjávarafurðir. Þó er tekið mið af því í samningnum að PLO er bundið af Parísarsamningnum (the Paris Protocol) við Ísrael hvað varðar sjálfstæðar ákvarðanir um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir. Það er því sameiginlegur skilningur samningsaðila að allar breytingar á fríverslunarsamningi EFTA og Ísraels, hvað varðar viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir, muni gilda um verslun milli aðildarríkjanna þar til PLO hefur öðlast fullt stjórnfrelsi í þeim málum. Frá og með 1. janúar 2000 njóta EFTA-ríkin 600 tonna tollfrjáls kvóta á þeim sjávarafurðum sem PLO hefur heimild til að leggja tolla á. Þessi kvóti hækkar um 300 tonn árlega, þar til fyrsta janúar 2004 þegar allir tollar á þessum vörum verða felldir niður. PLO skuldbindur sig hinsvegar til þess að fella niður alla tolla og samsvarandi gjöld á sjávarafurðum eins fljótt og aðstæður leyfa, þ.e.a.s við fullt sjálfsforræði Palestínumanna. Nánar er fjallað um skilning aðildarríkjanna á fríverslun með fisk í sameiginlegri bókun sem birt er með þessum samningi.

Viðskipti Íslendinga og Palestínumanna hafa ekki verið mikil að vöxtum og ekki eru til neinar skilgreindar tölulegar upplýsingar um þau viðskipti enn sem komið er.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd þjóðarráðs Palestínu.
II. I. viðauki sem um getur í a-lið 2. gr. Vörur sem falla ekki undir samninginn.
III. II. viðauki sem um getur í c-lið 2. gr. Fiskur og aðrar sjávarafurðir.
IV. Landbúnaðarsamningur milli lýðveldisins Íslands og PLO fyrir hönd palestínskra yfirvalda.

Samningurinn var einnig prentaður á ensku.

Samningar við önnur ríki birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

325. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Barnaverndarstofu, Stígamótum og umboðsmanni barna.

Í 6. gr. laga um greiðslur á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, er það skilyrði sett fyrir því að bætur fáist greiddar að brot hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta. Auk þess þarf umsókn um bætur að hafa borist innan tveggja ára frá því að brot var framið. Í erindi umboðsmanns barna til dómsmálaráðherra, dags. 15. september 1997, fór umboðsmaður þess á leit að skilyrði umræddrar greinar yrðu endurskoðuð með tilliti til þess hve illa þau ættu við þegar um kynferðisbrot gegn börnum væri að ræða. Er umrætt erindi tilefni frumvarpsins, en auk þess var höfð hliðsjón af löggjöf annars staðar á Norðurlöndum við samningu þess.

Í frumvarpinu er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við umrædda grein laganna þar sem fram komi að víkja megi frá skilyrðum greinarinnar þegar veigamikil rök mæla með því. Þótt tilefni frumvarpsins sé að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota kann í fleiri tilvikum að vera ástæða til að víkja frá skilyrðum 6. gr. og er því ekki gert ráð fyrir að heimildin verði bundin við tilvik þar sem börn eru þolendur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Guðrún Ögmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Ólafur Örn Haraldsson.	Helga Guðrún Jónasdóttir.	Gunnar Ingi Gunnarsson.

326. Frumvarp til laga [258. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða 5.000 kr.:

1. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi.
2. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar og sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, lyfjafræðinga, sérfræðileyfi lyfjafræðinga og leyfi til aðstoðarlyfjafræðinga.
3. Leyfi til sjúkraþjálfara, félagsráðgjafa, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, meinatækna, röntgentækna, matvælafræðinga og sálfræðinga.
4. Leyfi til sjóntækjafræðinga.
5. Leyfi til sjúkraliða.
6. Leyfi til matartækna.
7. Leyfi til lyfjatækna.
8. Leyfi til fótaaðgerðafræðinga.
9. Leyfi til hnykkja.
10. Leyfi til sjúkraflutningamanna.
11. Leyfi til næringarfræðinga og næringarráðgjafa.
12. Leyfi til læknaritara.
13. Leyfi til sjúkranuddara.
14. Leyfi til talmeinafræðinga.
15. Leyfi til tannfræðinga.
16. Leyfi til matarfræðinga.
17. Leyfi til náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu.
18. Leyfi til tanntækna.
19. Leyfi til grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.
20. Leyfi til bókasafnsfræðinga.
21. Leyfi til verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, húsgagna- og innanhússhönnuða, iðnfræðinga, landslagshönnuða og skipulagsfræðinga.
22. Leyfi til viðskiptafræðinga og hagfræðinga.
23. Leyfi til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
24. Leyfi til dómtúlka og/eða skjalaþýðenda.
25. Leyfi til leigubifreiðaaksturs.
26. Leyfi til gerðar eignaskiptayfirlýsinga.
27. Löggilding endurskoðenda.
28. Löggilding manna um ævitíð.
29. Meistarabréf.
30. Sveinsbréf.
31. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A, B og C.
32. Vélstjórnarskírteini.
33. Flugnema- og svifflugmannsskírteini.
34. Einkaflugmannsskírteini.
35. Atvinnuflugmannsskírteini I., II. og III. fl.
36. Flugvéltækna-, flugvélstjóra- og flugumferðarstjóraskírteini.
37. Skírteini til kvikmyndasýninga:
    a. Staðbundin skírteini.
    b. Sveinsskírteini.
    c. Meistaraskírteini.
38. Naglabyssuskírteini.
39. Skírteini fyrir suðumenn.

Fyrir endurnýjun framantalinna leyfa og skírteina skal greiða 1.000 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 3. og 4. tölul. orðast svo:
   3. Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 4. gr. laga nr. 113/1996, 100.000 kr.
   4. Leyfisbréf fyrir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 3. gr. laga nr. 123/1993, 100.000 kr.
b. Á eftir 8. tölul. koma fimm nýir töluliðir, svohljóðandi:
   9. Leyfisbréf fyrir verðbréfasjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 10/1993, 50.000 kr.
   10. Leyfisbréf fyrir kauphallir, sbr. 3. gr. laga nr. 34/1998, 100.000 kr.
   11. Leyfisbréf fyrir skipulega tilboðsmarkaði, sbr. 3. gr. og IX. kafla laga nr. 34/1998, 100.000 kr.
   12. Leyfisbréf fyrir verðbréfamiðstöðvar, sbr. 3. gr. laga nr. 131/1997, 100.000 kr.
   13. Leyfisbréf fyrir skaðatryggingafélög og líftryggingafélög, sbr. 26. gr. laga nr. 60/1994, 100.000 kr.
c. 11. og 14. tölul. falla brott.
d. Í stað orðanna „12. tölul." í 13. tölul., er verður 18. tölul., kemur: 17. tölul.
e. Í stað orðanna „15.–17. tölul." í 18. tölul., er verður 23. tölul., kemur: 20.–22. tölul.
f. Í stað orðanna „Iðju- og iðnaðarleyfi" í 28. tölul., er verður 33. tölul., kemur: Iðnaðarleyfi.
g. Á eftir 28. tölul., er verður 33. tölul., koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
   34. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á lághitasvæðum, grunnvatns og hveraörvera, sbr. 4., 6. og 34. gr. laga nr. 57/1998, 25.000 kr.
   35. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á háhitasvæðum og jarðefna, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 57/1998, 100.000 kr.
   36. Leyfi til leitar og hagnýtingar á efnum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1990, 100.000 kr.
h. 36. tölul. fellur brott.
i. Við greinina bætast fimm nýir töluliðir, svohljóðandi:
   45. Leyfi til reksturs miðlunar með leiguhúsnæði, sbr. 73. gr. laga nr. 36/1994, 5.000 kr.
   46. Leyfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1997, 5.000 kr.
   47. Skemmtanaleyfi vegna einstakra tilvika, 5.000 kr.
   48. Leyfi til þess að efna til skyndihappdrættis, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1973, 5.000 kr.
   49. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sbr. 10. gr. laga nr. 117/1994
       a. til tveggja ára, 5.000 kr.
       b. til fimm ára, 5.000 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 10. tölul. fellur brott.
b. Við greinina bætast sjö nýir töluliðir, svohljóðandi:
   10. Skotvopnaleyfi, 3.000 kr.
   11. Endurnýjun leyfis skv. 10. tölul., 3.000 kr.
   12. Leyfi til reksturs skotvopnaleigu, 3.000 kr.

13. Leyfi til útflutnings skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda, 3.000 kr.
14. Skotvopnaleyfi til félags, stofnunar eða einstaklings ef slíkur aðili þarf nauðsynlega á því að halda vegna starfsemi sinnar, 3.000 kr.
15. Leyfi til félags sem hefur iðkun skotfimi að markmiði, 3.000 kr.
16. Leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota, 3.000 kr.

4. gr.

16. tölul. 13. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Orðin „ökuskírteini 65 ára og eldri“ í 16. tölul. falla brott.
b. Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fyrir ökuskírteini 65 ára og eldri, 1.000 kr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um aukatekjur ríkissjóðs er kveðið á um ýmiss konar gjaldtöku sem rennur í ríkissjóð. Gjaldtakan fullnægir yfirleitt þeim kröfum sem gerðar eru til skattlagningarheimilda í stjórnarskrá, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995.

Í vissum tilvikum er þó þörf á að gera ákvæðin um skattskyldu skýrari, einkum er varðar safnliði laganna, þ.e. ákvæði er hafa að geyma gjaldtökuheimild fyrir útgáfu ýmissa leyfa. Þannig er til dæmis lagt til að ákvæði 36. tölul. 11. gr. verði fellt brott, en þess í stað verði talin upp í lögunum þau leyfi sem innheimt eru á grundvelli ákvæðisins. Í frumvarpinu er ekki að finna nýjar gjaldtökuheimildir, að undanskyldum nokkrum tölulíðum 2. gr. frumvarps þessa, heldur er einungis verið að útfæra gjaldtökuheimildir þannig að þær standist kröfur sem ákvæði stjórnarskrárinnar gera til slíkra heimilda. Hvað hinar nýju gjaldtökuheimildir varðar er þar um að ræða gjöld fyrir ýmiss konar starfsleyfi, annars vegar á fjármagnsmarkaði og hins vegar leyfi til rannsókna, nýtingar, leitar og hagnýtingar á verðmætum sem finnast á lág- og háhitasvæðum og á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga. Að baki þessum nýju leyfum liggja fyrst og fremst samræmingarsjónarmið við önnur ákvæði laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 50/1994 var ákvæðinu breytt á þann veg að í stað þess að telja upp einstök leyfi þar sem gjaldtaka fyrir útgáfu þeirra var mismunandi há var tekið eitt og sama gjaldið fyrir útgáfu leyfa og skírteina. Við þá breytingu töldu frumvarpshöfundar ekki þörf á því að viðhalda upptalningu leyfa og var ákvæðinu þá breytt í núverandi mynd. Í ljósi breytinga sem gerðar voru með 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, er lagt til að talin verði upp sérstaklega öll leyfi sem gjald er tekið fyrir á grundvelli 10. gr. Ákvæðið skýrir sig að mestu leyti sjálft en þó þykir rétt að gera grein fyrir nokkrum atriðum þess.

Leyfi útgefin til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala hafa verið gjaldfærð undir 11. tölul. 11. gr. laganna, en að mati dómsmálaráðuneytis er rétt að slíkt leyfi falli undir 10. gr. þar sem verið sé að veita atvinnuréttindi.

Þá er lagt til að heimild ráðherra til þess að kveða á um gjaldtöku í reglugerð fyrir það að þreyta próf til þess að öðlast atvinnuréttindi eða tengd réttindi verði afnumin með vísan til framangreindra sjónarmiða. Heimild þessi hefur ekki verið nýtt, en heimildarákvæði er að finna í sérlögum um töku gjalds fyrir að þreyta einstök próf.

Um 2. gr.

Lagt er til að 36. tölul. 11. gr. laganna falli brott, sbr. það er fram kemur í almennum athugasemdum, en hann hefur að geyma heimild til töku gjalds fyrir leyfi sem valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út og ekki er sérstaklega getið um í einstökum töluliðum greinarinnar, nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Þess í stað er gert ráð fyrir að talin verði upp með tæmandi hætti í lögunum þau gjöld sem innheimt eru. Auk þess er lagt til að innheimt verði gjald fyrir útgáfu nokkurra leyfa sem fram til þessa hafa verið gefin út án þess að krafist hafi verið gjalds fyrir. Skal nú nánar vikið að einstökum breytingum ákvæðisins.

Gjöld skv. a- og b-lið eru lögð til að tilhlutan iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis þar sem þörf er á samræmingu gjaldtöku fyrir útgáfu starfsleyfa á fjármagnsmarkaði. Til þess að betra samræmi náist er lagt til að gjald verði innheimt fyrir útgáfu starfsleyfa fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, og útgáfu leyfisbréfa fyrir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, verðbréfasjóði, kauphallir, skipulega tilboðsmarkaði, verðbréfamiðstöðvar og skaðatryggingafélög og líftryggingafélög.

Samkvæmt c-lið er lagt til að tilstuðlan dómsmálaráðuneytis að 11. tölul. greinarinnar, um gjaldtöku fyrir útgáfu leyfis til fasteignasölu, verði felldur brott. Þess í stað verði tekin upp heimild til töku gjalds í 10. gr. laganna fyrir útgáfu leyfis til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala. Þá er að tilstuðlan sjávarútvegsráðuneytis lagt til að fellt verði brott ákvæði 14. tölul. 11. gr. er varðar gjaldtöku fyrir útgáfu leyfis til starfrækslu rækju- og hörpudiskvinnslu, en þau eru einu fiskvinnslufyrirtækin sem þurfa að sækja um rekstrarleyfi til sjávarútvegsráðuneytis. Orkar það tvímælis út frá jafnræðissjónarmiðum að innheimta einungis leyfisgjald af einni tegund fiskvinnslufyrirtækja. Því er þessi breyting lögð til. Krafan um að sjávarútvegsráðuneytið gefi út rekstrarleyfi til starfrækslu rækju- og hörpudiskvinnslu er frá þeim tíma þegar nauðsynlegt þótti að fylgjast með hvar vinnslur væru staðsettar vegna tengsla vinnslunnar við úthlutun á veiðiheimildum og síðar eftir því sem kvótakerfið þróaðist til þeirrar kröfu sem hvílir á einhverjum skipum sem fá veiðiheimildum úthlutað að þau landi afla sínum til ákveðinnar vinnslu.

D- og e-liður þarfnast ekki skýringar.

Samkvæmt f-lið er lagt til að í stað orðanna „Iðju- og iðnaðarleyfi“ komi iðnaðarleyfi þar sem í iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum, er nú stuðst við iðnað sem samheiti iðju og iðnaðar.

Samkvæmt g-lið er að tilstuðlan iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis lagt til að gjald verði innheimt fyrir þrjú ný leyfi. Eitt er leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á lághitasvæðum, grunnvatns og hveraörverum. Annað er leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á háhitasvæðum og jarðefnum. Þessi leyfi eru bæði gefin út á grundvelli laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Það þriðja er leyfi til leitar og hagnýtingar á efnum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga sem er gefið út á grundvelli laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, með síðari breytingum. Fjárhæð gjaldtökunnar tekur meðal annars mið af umfangi þeirrar umsýslu sem leyfisveitingarnar kalla á. Þykir eðlilegt að gjald sé tekið fyrir útgáfu framangreindra leyfa til samræmis við önnur ákvæði laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Ákvæði h-liðar þarfnast ekki skýringar.

Í i-lið er lagt til að gjald verði innheimt fyrir útgáfu fimm mismunandi leyfa. Allt eru þetta leyfi sem gjald hefur verið tekið fyrir á grundvelli 36. tölul. 11. gr. laganna og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Í a-lið er lagt til að 10. tölul. 12. gr. laganna falli brott, eins og áður hefur komið fram, en hann hefur að geyma heimild til töku gjalds fyrir önnur sambærileg leyfi nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerð.

Samkvæmt b-lið er að tilstuðlan dómsmálaráðuneytis lagt til að heimiluð verði gjaldtaka fyrir útgáfu nokkurra leyfa er varða sölu, kaup og meðferð hættulegra efna og tækja. Gjald fyrir útgáfu þessara leyfa hefur hingað til verið innheimt á grundvelli 10. tölul. greinarinnar og er því ekki um nýja gjaldtöku að ræða.

Um 4. gr.

Um skýringar á greininni vísast til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Að tilhlutan dómsmálaráðuneytis er hér lagt til að gjald fyrir ökuskírteini 65 ára og eldri verði lækkað úr 2.000 kr. í 1.000 kr. Rökin eru þau að þeir sem eru 65 ára og eldri þurfa að endurnýja ökuskírteini sín mun oftar en aðrir. Þannig þarf umsækjandi ökuskírteinis sem náð hefur 65 ára aldri en er ekki fullra 70 ára að endurnýja ökuskírteini að liðnum fimm árum, sbr. 6. mgr. 48. gr. reglugerðar nr. 501/1997, um ökuskírteini. Hafi umsækjandi náð 70 ára aldri þegar ökuskírteini er gefið út skal gildistími ökuskírteinis vera þessi, sbr. 7. mgr. fyrrnefndrar reglugerðar:

— hafi umsækjandi náð 70 ára aldri en er ekki orðin 71 árs: Fjögur ár.
— hafi umsækjandi náð 71 árs aldri en er ekki orðin 72 ára: Þrjú ár.
— hafi umsækjandi náð 72 ára aldri en er ekki orðin 80 ára: Tvö ár.
— hafi umsækjandi náð 80 ára aldri: Eitt ár.

Með vísan til þess að þeir sem eru 65 ára og eldri þurfa að endurnýja ökuskírteini mun oftar en aðrir telur dómsmálaráðuneytið að eðlilegt sé að komið verði til móts við þá með því að gjaldtaka ökuskírteina verði 1.000 kr. í stað núverandi gjalds að fjárhæð 2.000 kr.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta snýr einkum að tekjuhlið ríkissjóðs en með því er lagt til að ákvæði laga um aukatekjur ríkissjóðs verði gerð skýrari um skattskyldu en nú er með því að útfæra

gjaldtökuheimildir þannig að þær standist betur kröfur sem ákvæði stjórnarskrárinnar gera til slíkra heimilda. Felst breytingin aðallega í því að afnumdir yrðu safnliðir fjögurra ákvæða gildandi laga en í stað þess er gert ráð fyrir að talin verði upp með tæmandi hætti í lögunum þau gjöld sem innheimt eru. Lagt er til að innheimt verði gjöld fyrir útgáfu tíu leyfa sem fram til þessa hafa verið gefin út án gjalds. Þar er annars vegar um að ræða starfsleyfi á fjármagnsmarkaði og hins vegar leyfi til rannsókna, nýtingar, leitar og hagnýtingar á verðmætum er finnast á lág- og háhitasvæðum og á, í eða undir hafsbotni utan netlaga. Þar sem útgefin leyfi af þeim toga eru ekki mörg á ári hverju eru þær tekjur taldar verða óverulegar. Verði frumvarpið að lögum er ekki talið að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo nokkru nemi.

327. Nefndarálit [112. mál]

um till. til þál. um aðild að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar þjóðréttarfræðing frá utanríkisráðuneyti og Margréti Hauksdóttur deildarstjóra frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Íslenskri ættleiðingu og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Haagsamningnum frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa er ætlað að samræma skilyrði sem sett eru af hálfu stjórnvalda samningsríkja svo að ættleiðing milli landa megi fara fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi. Tilgangur samningsins er að við ættleiðingu milli landa séu grundvallarréttindi barnsins virt og komið í veg fyrir brottnám barna og verslun með þau, svo og að tryggja að samningsríki viðurkenni ættleiðingar sem fara fram í samræmi við samninginn.

Í umfjöllun nefndarinnar um málið var sérstaklega skoðað hverjir geti ættleitt börn samkvæmt samningnum. Skv. 2. gr. hans eru það annars vegar hjón og hins vegar einstaklingur sem búsettur er í móttökuríki sem það geta, sbr. nánar ákvæði 5. gr. Einstaklingar í óvígðri sambúð og samkynhneigðir í staðfestri samvist geta því ekki ættleitt saman börn frá ríkjum sem eru aðilar að Haagsamningnum.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt.**

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. des. 1999.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Einar K. Guðfinnsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

328. Nefndarálit [113. mál]

um till. til þál. um fullgildingu viðbótarsamnings við samning um flutning dæmdra manna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar þjóðréttarfræðing frá utanríkisráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá fangahjálpinni Vernd, Ríkislögreglustjóra og Landssambandi lögreglumanna.

Megintilgangur samningsins um flutning dæmdra manna, sem gerður var í Strassborg 21. mars 1983 á vegum Evrópuráðsins, er að gera fullnustu refsingar mögulega í öðru ríki en þar sem hún er ákveðin. Að baki samningnum búa þau mannúðarsjónarmið að gera dómþola kleift að afplána refsingu í heimalandi sínu og það sjónarmið að þannig sé fremur unnt að stuðla að félagslegri endurhæfingu hans og búa hann undir að koma út í þjóðfélagið á ný. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. desember 1993.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar til að fullgilda viðbótarsamning við samning um flutning dæmdra manna. Meginmarkmiðið með viðbótarsamningnum er að gera flutning á fullnustu dóms mögulegan í þeim tilvikum þegar dómþoli leitast við að komast hjá fullnustu eða frekari fullnustu með því að flýja til landsvæðis þegnríkis áður en hann hefur afplánað dóminn, svo og þegar dómur eða stjórnvaldsákvörðun, sem leiðir af honum, felur í sér ákvörðun um brottvísun eða flutning dómþola úr landi að fullnustu lokinni.

Nefndin leggur til að málið verði **samþykkt.**

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. des. 1999.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Einar K. Guðfinnsson.	Sighvatur Björgvinsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

329. Tillaga til þingsályktunar [259. mál]

um réttarstöðu örorku- og ellilífeyrisþega.

Flm.: Gunnar Ingi Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að:

a. bæta stöðu þeirra örorku- og ellilífeyrisþega, sem byggja framfærslu sína að mestu eða öllu leyti á lífeyrisgreiðslum almannatrygginga, með því að hækka tekjutryggingarhluta lífeyrisgreiðslna almannatrygginga um jafnvirði 1.141 millj. kr. árlega í fjögur ár, frá og með árinu 2000;

b. bæta réttarstöðu lífeyrisþega almannatrygginga sem búa í vígðri sambúð með því að fella niður allar tengingar lögbundins lífeyrisréttar þeirra við tekjur maka.

Breytingin taki gildi 1. janúar 2001.

Greinargerð.

Á Íslandi munu fyrst og fremst hinir ört vaxandi lífeyrissöfnunarsjóðir starfsgreina tryggja þorra landsmanna ákjósanlegt fyrirkomulag lífeyrismála í náinni framtíð. Þetta gildir bæði um elli- og örorkulífeyri. Áætlað er að á næstu 10–15 árum verði þetta fyrirkomulag fullþróað og þar með muni Ísland skipa sér í hóp þjóða sem eru á toppi heimslistans varðandi lífeyrismál. Hins vegar segir mat á stöðunni nú að nokkur þúsund Íslendinga séu í mismiklum erfiðleikum með lífeyri sinn og að margir hverjir búi raunar við sára fátækt. Þetta fólk er eiginlega statt á milli kerfa og byggir flest afkomu sína að mestu eða öllu leyti á lífeyrisgreiðslum almannatryggingakerfisins, en þar eru hámarksgreiðslur nú um 68 þús. kr. á mánuði. Um er að ræða fólk á ýmsum aldri. Annars vegar eru ellilífeyrisþegar sem hafa skilað þjóðfélaginu drjúgu ævistarfi og lagt í hendur afkomendum sínum undirstöður hins íslenska velferðarkerfis en misst af velferðinni sjálfri. Þessa fólks er oft minnst í hátíðarræðum á tyllidögum, en það hefur gleymst í skipulagi velferðarkerfisins. Hins vegar er um að ræða öryrkja á ýmsum aldri, m.a. ungt fólk sem hefur af ýmsum ástæðum annaðhvort misst heilsu og starfsorku eða aldrei fengið tækifæri til að vera virkir þjóðfélagsþegnar. Meðal þessa unga fólks er að finna fátækustu einstaklinga íslensks þjóðfélags, fólk sem aldrei hefur fengið tækifæri til að spjara sig af eigin rammleik og hefur verið haldið í viðvarandi fátækt með tilheyrandi tjóni á sál og líkama. Hér er því verið að fjalla um mjög alvarlegan ágalla á öryggisneti velferðarkerfisins. Efnahagsástand þjóðarbúsins gefur okkur nú tækifæri til að koma á löngu tímabærum lagfæringum.

Flutningsmenn leggja því til að tekjutryggingarhluti lífeyrisgreiðslanna hækki sérstaklega um u.þ.b. 50% og deilist hækkunin á fjögur ár. Kostnaðurinn er alls áætlaður um 4.565 millj. kr. og verða því árlegar hækkanir um 1.140 millj. kr. á gildandi verðlagi. Með 50% hækkun á tekjutryggingarhlutanum munu hámarksgreiðslur hækka úr um 68.000 kr. í um 80.500 kr. á mánuði eða um 18,38%, og gerir sú hækkun lítið annað en að bjóða lífeyrisþegunum ámóta kjarabætur og almennir launþegar hafa þegar fengið.

Almannatryggingakerfið er tryggingakerfi velferðarsamfélags þar sem sérhver einstaklingur kaupir sér grunntryggingu í gegnum skattkerfið. Réttur til lífeyris er einstaklingsbundinn og því getur hið opinbera ekki skert tryggingarrétt neins á grundvelli hjúskaparstöðu. Því er ekki verjandi að tengja réttarstöðu lífeyrisþega tekjum maka hans. Þetta atriði mun vera til meðferðar fyrir dómstólum hér á landi. Í stað þess að lagfæra þessa mannréttindaskerðingu seinna, samkvæmt væntanlegum fyrirmælum dómstóls, ætti Alþingi að ákveða breytingarnar strax. Áætlaður kostnaður við þessa réttarbót er talinn nema um 360 millj. kr. á ári. Hér er lagt til að réttarbótin verði ekki fyrr en 1. janúar 2001 vegna þeirrar miklu undirbúningsvinnu sem breytingin kallar á í bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins.

330. Frumvarp til laga [260. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

1. málsl. 28. gr. laganna orðast svo: Allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs skal tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laga þessara og ákvæðum gildandi samþykkta fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

2. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Stjórn lífeyrissjóðs er heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að bera þær undir ársfund eins og mælt er fyrir um í 30. gr. og eftir atvikum í samþykktum einstakra lífeyrissjóða, ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða.

3. gr.

5. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóða skal vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt. Að öðru leyti fer um hæfi framkvæmdastjóra skv. 1. og 2. mgr.

4. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrissjóður skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem hæfur er til að sinna eignastýringu verðbréfasafna sjóðsins á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu.

Lífeyrissjóður sem býður upp á tvo eða fleiri valmöguleika varðandi ávöxtun lífeyrisiðgjalda eða ávinnslu lífeyrisréttinda skal hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem hæft er til að sinna ráðgjöf í þeim efnum. Gæta skal þess að ráðgjöf sé sett fram á hlutlægan og faglegan hátt og taki mið af hagsmunum hvers sjóðfélaga. Lífeyrissjóður skal enn fremur láta útbúa skriflegt kynningarefni þar sem gerð er grein fyrir kostum og göllum einstakra valkosta miðað við mismunandi forsendur. Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi lífeyrissjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu lífeyrissjóðanna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Fjármálaeftirlitsins“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: opinbers eftirlitsaðila.
b. 9. tölul. 1. mgr. fellur brott og 10. tölul. verður 9. tölul.
c. 3. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5., 6. og 8. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af aðilum innan aðildaríkja OECD.

Fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum eru þó eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélagana öllum aðgengilegir.

d. 4. mgr. orðast svo:

Eign lífeyrissjóðs í einstökum tegundum verðbréfa skv. 2., 5., 6., og 8. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 50% af hreinni eign sjóðsins.

e. Í stað orðanna „2.–9. tölul.“ í 5. mgr. kemur: 2.–8. tölul.

f. Í stað hlutfallstölunnar „40%“ í 6. mgr. kemur: 50%.

g. 8. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er þeim lífeyrissjóðum sem keyptu óskráð bréf tengd húsnæðislánum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1972 til 1994 heimilt að flokka þau sem skráð bréf skv. 1. tölul. 1. mgr.

6. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs skal byggð á tegundaflokkun innlána og verðbréfa, sbr. 1.–9. tölul. 1. mgr. 36. gr. Hver tegund innlána og verðbréfa skal jafnframt sundurliðuð eftir því sem við á með tilliti til gjaldmiðlaáhættu og stærðar einstakra innlánsaðila eða verðbréfaútgefenda. Lífeyrissjóðir skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína til Fjármálaeftirlitsins fyrir komandi ár eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð setja reglur um form og efni fjárfestingarstefnunnar þar sem m.a. skal mælt fyrir um sundurliðun eftir tímabilum, flokkum verðbréfa og innlána, skýrsluskil o.fl.

7. gr.

Við 38. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 1. og 2. mgr. og orðast svo:

Lífeyrissjóður má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er lífeyrissjóði heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

8. gr.

Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Með ársreikningum lífeyrissjóða skal fylgja fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs fyrir komandi ár. Jafnframt skal fylgja úttekt á ávöxtun eignasafna síðastliðins árs. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um form og efni þessara skýrslna í reglugerð.

9. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Lífeyrissjóðum sem kjósa að starfa áfram á óbreyttum réttindagrundvelli er þó heimilt að breyta viðmiðum sínum vegna töku lífeyris á grundvelli eftirmannsreglu, sbr. reglugerðir sjóðanna, þannig að lífeyrir breytist í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.

10. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga og banka eru undanþegnir ákvæðum 21., 23. og 39. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. er lífeyrissjóðum sem starfandi voru við gildistöku laga nr. 129/1997 ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja þeim takmörkunum sem kveðið er á um í greininni.

Lífeyrissjóðum sem keypt hafa óskráð bréf á grundvelli 9. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 er ekki skylt að selja óskráð bréf sem keypt voru fyrir gildistöku þessara laga.

Skuldabréf skv. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997 sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur tekið við, svo og skuldabréf sem Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur tekið við, vegna uppgreiðslu skuldbindinga fyrir gildistöku laga nr. 129/1997 eru undanþegin takmörkunum 2. mgr. 36. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, var starfsgrundvöllur lífeyrissjóðakerfisins treystur með því að heildarlög voru sett um starfsemi lífeyrissjóða. Markmiðið með setningu laganna er að gera launþegum og sjálfstætt starfandi atvinnurekendum að tryggja sér tiltekin lágmarkslífeyrisréttindi, að auka valfrelsi í lífeyrissparnaði, að auka samkeppni á milli lífeyrissjóða og að auka áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóðanna. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 129/1997 kemur fram að allt fram á þennan áratug hafi framtíð lífeyrissjóðakerfisins verið háð mikilli óvissu. Fjárhagsstaða flestra sjóða hefur hins vegar gjörbreyst á undanförnum árum vegna góðrar ávöxtunar, sameiningar sjóða og breytinga á réttindaákvæðum. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að raska á nokkurn hátt þeirri miklu kerfisbreytingu sem fólst í lögum nr. 129/1997 heldur að treysta þann grundvöll sem lífeyriskerfið byggist á, jafnframt því að auka vitund einstaklinga um lífeyrissparnað sinn og aukið valfrelsi í lífeyrismálum. Samhliða traustri starfsemi lífeyrissjóða verður almenningur meðvitaðri um þá hagsmuni sem felast í góðri og tryggri ávöxtun lífeyrisréttinda.

Að undanförnu hafa forsvarsmenn fjölmargra lífeyrissjóða og samtaka þeirra bent á að nauðsynlegt væri að taka reglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða til endurskoðunar með það að markmiði að rýmka heimildir þeirra til fjárfestinga. Í því sambandi hefur verið bent á að vegna örrar þróunar á innlendum fjármagnsmarkaði og aukinna möguleika á fjárfestingu erlendis hefti núverandi fjárfestingarreglur lífeyrissjóði í að ávaxta fjármuni sjóðanna.

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 afmarkaði löggjafinn með skýrum hætti fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Í greininni eru tæmandi taldar þær heimildir sem lífeyrissjóðir hafa til fjárfestinga. Markmið þessara reglna er að stuðla að því að fé lífeyrissjóða sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru í boði á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Meginrökin fyrir því að kveða á um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í lögum í stað þess að fela forsvarsmönnum lífeyrissjóða sjálfdæmi um fjárfestingar sjóðanna eru þau að um skyldubundinn lífeyrissparnað er að ræða sem ætlað er að tryggja mikilsverð réttindi einstaklinga.

Sjóðfélögum er jafnframt að meginreglu til óheimilt að flytja áunnin réttindi sín í aðra lífeyrissjóði. Nauðsynlegt verður því að telja að fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða séu settar nokkrar skorður í lögum til að stuðla að því að eðlilegrar varkárni sé gætt í fjárfestingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til þrjár efnisbreytingar á reglum um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

a. Í fyrsta lagi er lagt til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í skráðum skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila, hlutabréfum fyrirtækja og öðrum verðbréfum verði hækkuð úr 35% í 50%.
b. Í öðru lagi að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum verði aukin úr 40% af hreinni eign sjóðanna í 50%.
c. Loks er lagt til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum nái jafnt til verðbréfa sem gefin eru út af innlendum og erlendum aðilum en ekki einungis innlendum eins og nú er.

Með breytingunum er komið til móts við þau sjónarmið sem komið hafa fram um að skynsamlegt sé að rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga þar sem núverandi reglur séu til þess fallnar að draga úr möguleikum lífeyrissjóða á að nýta sér þá fjárfestingarkosti sem þeir telja vænlegasta. Rýmkun á heimild til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum mun hins vegar hafa það í för með sér að gengisáhætta lífeyrissjóða getur orðið meiri en nú er. Á móti vegur að lífeyrissjóðum gefst nú kostur á að dreifa áhættu af fjárfestingum í verðbréfum í meiri mæli á mismunandi markaði og draga þannig úr áhrifum staðbundinna sveiflna á hag sjóðanna. Jafnframt er bent á að rýmkun á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga í hlutabréfum og verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum er í samræmi við það álit sem fram kemur í ársskýrslu OECD fyrir árið 1999, að rétt sé að auka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í hlutabréfum og verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum þar sem það gefi þeim færi á að dreifa eignum sínum betur og möguleika á aukinni arðsemi fjárfestinga. Loks má nefna að það nýmæli að heimila lífeyrissjóðum að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum, útgefnum af erlendum aðilum, veitir sjóðunum rýmri möguleika á að nýta sér arðvænlega fjárfestingarkosti erlendis. Um leið hvílir aukin ábyrgð á stjórnendum sjóðanna að afla sér nauðsynlegra gagna til að þeir geti metið þá áhættu sem í fjárfestingunni felst, því að eftir sem áður ber stjórn lífeyrissjóðs að ávaxta fé sjóðsins með það að markmiði að ná góðri en jafnframt öruggri ávöxtun, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Það aukna svigrúm sem felst í framangreindum breytingum gefur lífeyrissjóðum aukið frelsi til að móta mismunandi fjárfestingarstefnu með hliðsjón af ólíkum hagsmunum einstakra hópa sjóðfélaga. Þannig gefast þeim nú frekari möguleikar á að bjóða mismunandi fjárfestingarstefnu með tilliti til aldurs og tekna sjóðfélaga. Með því opnast rýmri möguleikar fyrir lífeyrissjóði til að gefa yngri sjóðfélögum og þeim sem þegar hafa tryggt sér öruggan lífeyri kost á því að ávaxta stærri hluta lífeyrissparnaðar í hlutabréfum og/eða erlendum gjaldmiðlum þar sem hagsmunir þeirra eru ekki eins háðir tímabundnum sveiflum á fjármagnsmörkuðum og annarra hópa sjóðfélaga.

Samhliða auknu frelsi í fjárfestingum lífeyrissjóða eru gerðar auknar kröfur til hæfni stjórnenda lífeyrissjóða. Þannig er lagt til að gerðar verði almennar hæfiskröfur til framkvæmdastjóra lífeyrissjóða, með sama hætti og nú er gert til framkvæmdastjóra viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana, og mælt fyrir um að lífeyrissjóðir hafi í þjónustu sinni aðila sem hæfur er til að stýra eignasafni sjóðanna. Með hliðsjón af því að hlutverk lífeyrissjóða varðandi fjármálaráðgjöf til sjóðfélaga hefur aukist og mun aukast enn samhliða fleiri valmöguleikum á þessu sviði eru gerðar kröfur um að lífeyrissjóðir tryggi

sjóðfélögum sínum ráðgjöf varðandi þá valkosti sem í boði eru svo að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um þá kosti sem þeim standa til boða.

Með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan er haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð var með lögfestingu laga nr. 129/1997 og lögð er áhersla á í ákvæði til bráðabirgða II með lögunum. Það er að tryggja lífeyrissjóðum svigrúm til að bjóða upp á örugga valkosti í lífeyrismálum sem fela í sér grunnþætti samtryggingar en gefa um leið möguleika á því að sinna þörfum mismunandi hópa. Þær reglur sem lúta að ávinnslu lífeyrisréttinda og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða eru í eðli sínu þannig að þær þurfa að taka mið af þróun þess umhverfis sem þeim er ætlað að þjóna á hverjum tíma. Því er fyrirséð að í framtíðinni verði skoðaðir frekari möguleikar á því að heimila lífeyrissjóðum að móta starfsemi sína á þann veg að þeir geti boðið upp á leiðir sem fela í sér meiri sveigjanleika með tilliti til fjárhagslegrar og félagslegrar stöðu einstakra sjóðfélaga.

Um nánari skýringar á framangreindum breytingum og öðrum breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögfest verði að fjármálaráðherra sé ekki heimilt að staðfesta breytingar á samþykktum einstakra lífeyrissjóða fyrr en að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins um breytingarnar. Það er í samræmi við þær reglur sem gilda um útgáfu starfsleyfa fyrir lífeyrissjóði. Með þessu er stuðlað að vandaðri málsmeðferð þar sem tryggt er að Fjármálaeftirlitið geti gert efnislegar athugasemdir við breytingar á samþykktum lífeyrissjóða áður en þær öðlast gildi.

Um 2. gr.

Lagt er til að stjórnum lífeyrissjóða verði heimilt að breyta samþykktum þeirra án þess að boða til ársfundar eða aukaársfundar til að kynna breytingartillögurnar þar í þeim tilvikum sem breytingarnar leiðir af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Í þessu er fólgið mikið hagræði þar sem tímafrekt er og oft kostnaðarsamt að boða til ársfundar eða aukaársfundar. Með þessu er þó ekki dregið úr möguleikum sjóðfélaga á að hafa áhrif á málefni sinna sjóða þar sem heimildin er bundin við það að um sé að ræða breytingar sem leiðir af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða.

Um 3. gr.

Lagt er til að í lögum verði gerð krafa um að menntun framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs sé með þeim hætti að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt. Ákvæðið er efnislega samhljóða því sem gildir um bankastjóra og sparisjóðsstjóra samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Um er að ræða svokallaðan „fit and proper-mælikvarða“ sem beitt er á öllum sviðum fjármagnsmarkaðar. Eðlilegt þykir að sömu kröfur séu gerðar í þessum efnum til framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og almennt gilda um framkvæmdastjóra annarra fjármálastofnana.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að lífeyrissjóður hafi í þjónustu sinni sérfræðing sem sé fær um að stýra fjárfestingum lífeyrissjóðs á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu. Með greindum kröfum er t.d. átt við aðila sem hefur lögfræði-, viðskiptafræði-, hagfræði- eða verkfræðimenntun auk reynslu af stýringu eignasafna eða sambærilegum störfum. Rétt þykir

að gera ríkar kröfur í þessum efnum þar sem ör þróun á fjármálamarkaði hefur það í för með sér að starfsemi á þeim vettvangi krefst aukinnar sérhæfingar. Umræddur sérfræðingur getur verið hvort heldur sem er starfsmaður sjóðsins eða verktaki.

Í ljósi þess að lífeyrissjóðir gegna sífellt stærra hlutverki í fjármálaráðgjöf við einstaklinga þykir rétt að tryggja að þeir hafi tilteknar lágmarksupplýsingar fyrir sjóðfélaga sína til þess að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um þá valkosti sem þeim standa til boða. Auk þess eru settar almennar vísireglur um það hvernig lífeyrissjóðum ber að haga ráðgjöf sinni.

Í greininni felst jafnframt að núgildandi grein fellur brott en samkvæmt henni getur sjóðfélagi borið úrskurð sjóðstjórnar undir gerðardóm ef hann vill ekki una honum.

Um 5. gr.

Um a-lið: Hér er einungis um formbreytingu að ræða.

Um b- og c-lið: Samkvæmt gildandi reglum nær heimild til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum, þar með talið hlutabréfum, einungis til innlendra verðbréfa. Lagt er til að heimild til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum nái jafnt til innlendra og erlendra verðbréfa en megi þó ekki nema meira en 10% af hreinni eign lífeyrissjóðs.

Um d-lið: Lagt er til að heimild lífeyrissjóða til fjárfestinga í skráðum skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila hlutabréfum fyrirtækja og öðrum verðbréfum verði hækkuð úr 35% í 50%. Með því er komið til móts við óskir forsvarsmanna fjölmargra lífeyrissjóða um rýmkun í þessum efnum. Markmiðið með rýmkuninni er að gera lífeyrissjóðum betur kleift að fjárfesta í þeim verðbréfum sem þeir telja að gefi sem hæsta ávöxtun. Rýmkunin gerir jafnframt auknar kröfur til stjórna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða um að þeir gæti þess að fjárfestingarstefna sjóðanna sé mótuð með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Um e-lið: Hér er um formbreytingu að ræða sem leiðir af þeim breytingum sem gert er grein fyrir í umfjöllun um b- og c-lið.

Um f-lið: Lagt er til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum verði aukin úr 40% af hreinni eign sjóðanna í 50%. Breytingin gefur lífeyrissjóðum möguleika á því að fjárfesta fyrir stærri hluta af eignum sjóðanna á erlendum verðbréfamörkuðum og nýta þannig betur þá ávöxtunarmöguleika sem þar bjóðast. Breytingin hefur það í för með sér að gengisáhætta sjóðanna getur verið heldur meiri en samkvæmt gildandi lögum en á móti kemur að lífeyrissjóðum gefst kostur á að dreifa áhættu af fjárfestingum í verðbréfum í meira mæli á mismunandi markaði og draga þannig úr áhrifum staðbundinna verðsveiflna á hag sjóðanna.

Um g-lið: Á árunum 1972 til 1994 keyptu ýmsir lífeyrissjóðir óskráð, ríkistryggð bréf tengd húsnæðislánum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, síðar Húsnæðisstofnunar ríkisins, ýmist til að uppfylla skyldu samkvæmt lögum eða samningum við ríkið. Vegna framangreinds er eign margra þessara lífeyrissjóða í óskráðum verðbréfum umfram þau mörk sem kveðið er á um í 3. mgr. laga nr. 129/1997 og svigrúm þeirra til frekari fjárfestinga í óskráðum verðbréfum því ekkert. Því er lagt til í g-lið að þeim lífeyrissjóðum sem þetta á við um sé heimilt að flokka umrædd bréf með skráðum bréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna.

Um 6. gr.

Til að stuðla að ábyrgri fjármálastjórn er lagt til að gerðar verði ríkari kröfur til stjórnar lífeyrissjóðs um mótun fjárfestingarstefnu. Með þessu móti er stjórnum lífeyrissjóða tryggt

meira aðhald en er samkvæmt gildandi reglum. Markmiðið er að framsetning fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða verði þannig að unnt sé að meta betur en nú er raunverulegan árangur af fjárfestingarstefnu sjóðanna frá einum tíma til annars. Breytingin hefur hins vegar ekki áhrif á þær kröfur sem nú eru gerðar til tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu lífeyrissjóða. Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra setji nánari reglur í þessum efnum.

Um 7. gr.

Með greininni er verið að sameina efni núgildandi 37. og 38. gr. Ekki er um neina efnisbreytingu að ræða.

Um 8. gr.

Með greininni eru gerðar ríkari kröfur en samkvæmt gildandi grein í tengslum við mótun fjárfestingarstefnu fyrir lífeyrissjóði og úttekt á árangri hennar. Þessar auknu kröfur eru gerðar í ljósi þess að lífeyrissjóðir gegna nú auknu hlutverki á fjármagnsmarkaði og er ætlað að veita réttindi sem eru ein af meginstoðum velferðarkerfisins.

Um 9. gr.

Í gildandi reglugerðum flestra lífeyrissjóða sveitarfélaga er mælt fyrir um að lífeyrir sé ákvarðaður á grundvelli svokallaðrar eftirmannsreglu. Það þýðir að lífeyrir ellilífeyrisþega tekur mið af launum þess sem gegnir sambærilegu starfi og ellilífeyrisþegi gegndi áður en hann hóf töku ellilífeyris. Forsvarsmenn ýmissa lífeyrissjóða sem þetta á við um hafa bent á að þessi leið sé iðulega illfær sökum þess að í mörgum tilvikum hefur orðið grundvallarbreyting á launakerfi sveitarfélaga og oft er búið að leggja af þau störf sem miða skal við sökum breytinga á starfsemi sveitarfélaga og atvinnuháttum almennt.

Því er lagt til að lífeyrissjóðum sem kjósa að starfa áfram á óbreyttum réttindagrundvelli samkvæmt sérreglu 1. mgr. 54. gr. laga nr. 129/1997 verði heimilað að breyta viðmiðum vegna töku lífeyris á grundvelli eftirmannsreglu reglugerða sjóðanna þannig að lífeyrir verði til samræmis við meðalbreytingar sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu útgefnum af Hagstofu Íslands. Með þessari breytingu er lífeyrissjóðum sveitarfélaga heimilt að taka upp sömu reglur um þessi atriði og gilda hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins enda eru réttindareglur lífeyrissjóða sveitarfélaga byggðar á sömu réttarreglum.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Í grein þessari er lagt til að lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga og banka verði undanþegnir 21. gr. laganna. Í tilvitnaðri grein er mælt fyrir um að a.m.k. 800 sjóðfélagar skuli að jafnaði greiða iðgjald til lífeyrissjóðs. Að öðrum kosti beri sjóðnum að grípa til tiltekinna tryggingaráðstafana.

Bent hefur verið á af forsvarsmönnum þessara sjóða að eðli málsins samkvæmt muni sjóðfélögum þessara sjóða fækka vegna áskilnaðar 54. gr. laganna um að heimildin taki einungis til sjóðfélaga sem áttu aðild að sjóðunum við gildistöku laga nr. 129/1997 og að bakábyrgðinni sé ætlað að tryggja sjóðfélaga með fullnægjandi hætti.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ekki þykir ástæða til að gera kröfu til þess að lífeyrissjóðir selji verðbréf sem þeir hafa keypt samkvæmt heimildum í gildandi reglum um fjárfestingu lífeyrissjóða þrátt fyrir að þeim verði það óheimilt að breyttum lögum.

Efni 1. mgr. er nú í 8. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 en efni 2. mgr. er nýmæli sem byggist á sömu sjónarmiðum og efni 1. mgr.

Í 3. mgr. er lagt til að brugðist verði við vanda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna uppgjörs á skuldbindingum samkvæmt heimild í 3. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997 fyrir gildistöku laga þessara. Jafnframt er lagt til að heimildin taki til Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir að í framtíðinni verði þau skuldabréf sem sjóðirnir taka við vegna uppgjörs skuldbindinga annaðhvort skráð á skipulegum markaði eða að þau falli undir 2. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Tilgangur frumvarpsins er að rýmka þær reglur sem lúta að fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða og auka kröfur til stjórnenda lífeyrissjóða og tryggja sjóðfélögum fjármálaráðgjöf. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

331. Frumvarp til laga [261. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu skv. 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 133 21. desember 1994, um atvinnuréttindi útlendinga, eru útlendingar sem gegna tilteknum störfum undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi, enda starfi þeir ekki hér á landi lengur en í fjórar vikur á hverju tólf mánaða tímabili. Ákvæði þessa efnis

var nýmæli í lögunum. Meðal þeirra sem undanþágan gildir um eru listamenn. Starf listamanns er hins vegar ekki skilgreint í lagagreininni en í athugasemdum með frumvarpi að lögunum var gert ráð fyrir að hugtakið yrði túlkað rúmt.

Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna hafa orðið verulegar breytingar í þjóðfélaginu. Ljóst er að brýn þörf er m.a. á að skilgreina hugtakið „listamaður“ og að skýra það þá fremur þröngt. Markmið undanþáguheimildar fyrir listamenn var fyrst og fremst að gefa Íslendingum möguleika á að kynnast mismunandi listformi og fá tækifæri til að sjá listamenn hér á landi í sambandi við einstaka viðburði, en ekki að skapa grundvöll fyrir viðvarandi atvinnustarfsemi.

Nauðsynlegt er að skýr lagaheimild sé til staðar fyrir ráðherra til að tilgreina nánar hvaða störf falli undir undanþágur 14. gr. laganna þar sem þess gerist þörf. Er þá miðað við að undir skilgreiningu á hugtakinu listamaður falli einkum skáld, rithöfundar, tónskáld, myndlistarmenn, hljóðfæraleikarar, hljómsveitarstjórar, hljóðgervingarmenn, söngvarar, leikmyndahönnuðir, þjóðdansarar, ballettdansarar, leikarar, leikstjórar, svo og þátttakendur og starfsmenn við leiksýningar, kvikmyndir, fjölleikahús og sérstaka list- eða menningarviðburði (ljósameistarar, förðunar- og búningameistarar, hljóðmeistarar, klipparar, aðstoðarmenn o.fl.). Gera má ráð fyrir að hér sé ekki um tæmandi skilgreiningu á hugtakinu listamaður að ræða og að fleiri kunni að falla þar undir innan sama ramma og að framan. Um aðra sem ekki falla undir skilgreiningu sem ákveðin yrði í reglugerð gildir þá ekki undanþágan og yrðu þeir því háðir atvinnuleyfi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett reglur sem skilgreini nánar einstök störf sem falli undir undanþágu skv. 1. mgr. 14. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994. Ekki verður séð að frumvarpið auki útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

332. Fyrirspurn [262. mál]

til samgönguráðherra um undanþágur til að gegna stöðum yfirmanna á íslenskum fiskiskipum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvaða undanþágur hafa verið veittar af ráðuneytinu til þess að gegna eftirtöldum stöðum á íslenskum fiskiskipum frá 1. nóvember 1997 til 1. nóvember 1999,

a. stöðu skipstjóra,
b. stöðu stýrimanna,
c. stöðu fyrsta vélstjóra,

d. stöðu annars vélstjóra?

Er um aðrar undanþágur að ræða? Ef svo er, hverjar?

Óskað er eftir að nafn skips sem tengist undanþáguveitingu ásamt stærð þess og heimahöfn komi fram.

Skriflegt svar óskast.

333. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (umhverfisbrot).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti og Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum útivistarfélaga (SAMÚT), umhverfisráðuneyti, ríkissaksóknara, lögreglustjóranum í Reykjavík, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landvernd og Lögmannafélagi Íslands.

Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er ekki tekið á umhverfisbrotum. Refsiákvæði vegna slíkra brota hafa hins vegar að jafnaði verið að finna í sérlögum sem fjalla um umhverfismál. Tilgangurinn með frumvarpinu er eins og fram kemur í greinargerð að auka varnaðaráhrif refsiákvæða í lögum til verndar umhverfi með því að alvarlegustu umhverfisbrotin varði ekki einungis við sérlög heldur einnig við almenn hegningarlög. Þær athugasemdir hafa verið gerðar við frumvarpið að það taki ekki nægjanlega heildstætt á brotum á lögum á sviði umhverfismála og að ákvæði þess gangi ekki nógu langt. Að öðru leyti hafa umsagnaraðilar almennt lýst ánægju sinni með frumvarpið og talið það vera framfaraspor. Nefndin tekur undir það og telur þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu mikilvægan þátt í þeirri viðleitni að bæta umgengni við náttúruna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Lúðvík Bergvinsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Helga Guðrún Jónasdóttir.
Ólafur Örn Haraldsson.	Gunnar Ingi Gunnarsson.	Katrín Fjeldsted.

Guðrún Ögmundsdóttir.

334. Tillaga til þingsályktunar [263. mál]

um hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að nú þegar verði sett á stofn hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir til að létta undir með fjölskyldum þeirra.

Greinargerð.

Nú munu vera hér á landi um 20 börn sem greinst hafa með alvarlega geðsjúkdóma en sjúkdómstilvik þar sem um er að ræða geðröskun eða miklar hegðunartruflanir eru mun fleiri. Óþarft er að lýsa því hve mikil áhrif sjúkdómar af þessu tagi hafa á börnin sjálf, foreldra þeirra, systkini og heimilisaðstæður allar. Langflest barnanna búa á heimilum sínum og eru í umsjá foreldra sinna allan sólarhringinn þrátt fyrir alvarleg veikindi þar sem úrræði heilbrigðiskerfisins fyrir geðveik börn eru af mjög skornum skammti.

Nýlega bundust foreldrar geðsjúkra barna samtökum sem hafa það m.a. að markmiði að vinna að bættri þjónustu við geðveik börn og fjölskyldur þeirra. Á fundi sem samtök þessi héldu nýlega kom m.a. fram að geðsjúk börn sem lögð eru inn til vistunar á geðdeildir fá aðeins að dvelja þar takmarkaðan tíma og eru send heim áður en meðferð er að fullu lokið þar sem innlagnartími er að hámarki sex vikur. Barna- og unglingageðdeild ríkisins er eina stofnunin á heilbrigðissviði sem sinnir þessum sjúklingum. Á landinu öllu eru aðeins fimm langlegupláss til framhaldsmeðferðar fyrir börn með alvarlega geðsjúkdóma og eftir slíka vist býðst ekki annar stuðningur en göngudeildarþjónusta sem einnig er takmörkuð, ekki síst vegna álags. Nýr barnaspítali sem nú er í byggingu verður ekki til að auka meðferðarúrræði fyrir þessi börn og fjölskyldur þeirra, enda hefur komið fram að þar er ekki gert ráð fyrir vistun fyrir börn með geðræna sjúkdóma. Af þessu er ljóst að engin langtímaúrræði eru til.

Flestir þessara ungu sjúklinga dveljast í heimahúsum á ábyrgð foreldra sinna þrátt fyrir að hafa verið greindir með mjög alvarlegar geðtruflanir eða geðsjúkdóma. Á herðum foreldra þeirra og forráðamanna hvílir ábyrgð á meðferð þeirra og þjálfun auk uppeldishlutverksins og umsjár heimilisins og annarra barna á heimilinu. Í mörgum tilvikum er um að ræða einstætt foreldri, oftast móður. Enn fremur eru oft fleiri börn á heimilinu sem verða að taka stöðugt tillit til erfiðra aðstæðna vegna sjúkleika systkina.

Aðstoð við þessar fjölskyldur er af mjög skornum skammti og álag á þær er því mikið. Oftast verða þær að treysta á skyldmenni til þess að gæta sjúklingsins ef fjölskyldan á að fá hvíld og tækifæri til þess að sinna öðrum verkefnum eða hugðarefnum. Þar sem skyldmenni eða stórfjölskylda getur ekki komið til bjargar er enginn til staðar til að leysa viðkomandi foreldri af eða draga úr álaginu. Því miður hefur það sýnt sig að þrátt fyrir að það sé almennt viðhorf að öll börn skuli eiga þess kost að ganga í sinn heimaskóla og þrátt fyrir góðan vilja og metnað skólastjórnenda og kennara og almennan stuðning sveitarfélaga fer því fjarri að hægt sé að bjóða börnum sem þjást af alvarlegum geðsjúkdómum fullnægjandi námsaðstæður í almennum grunnskólum.

Við þetta bætist að í samfélaginu gætir víða fordóma gagnvart geðrænum sjúkdómum sem ekki eru eins sýnilegir og líkamlegir sjúkdómar eða fötlun. Geðrænir sjúkdómar barna birtast

oft í afbrigðilegu athæfi og alvarlegum hegðunartruflunum sem reyna mjög á nánasta umhverfi sjúklingsins og krefjast ómældrar þolinmæði þeirra sem sinna honum.

Mikilvægt skref til að bæta aðstæður þessara barna og koma til móts við álag á fjölskyldur þeirra og heimili er að setja á stofn hvíldarheimili eða skammtímavistun þar sem sjúklingum væri tryggð sólarhringsumönnun um tíma svo að fjölskyldan gæti hvílst og sinnt öðrum verkefnum og hugðarefnum áhyggjulaus um stundarsakir. Úrræði af því tagi hefði þau áhrif að fjölskyldur sjúklinganna væru betur í stakk búnar til að takast á við það álag sem sjúkdómunum fylgir. Fjölskyldulífið gæti orðið eðlilegra og ánægjulegra þegar sjúklingurinn dvelst heima ef fjölskyldan á þess kost við og við að fá góða hvíld.

Stórt framfaraskref var stigið þegar hvíldarheimilum var komið á fót fyrir andlega og líkamlega fötluð börn. Engin hvíldarheimili af því tagi eru til fyrir börn sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða en mikil þörf er á að komið sé til móts við fjölskyldur þeirra ekki síður en hinna. Þótt nauðsynlegt sé að taka mið af þeirri reynslu sem fengist hefur af rekstri hvíldarheimila fyrir fatlaða er einnig ástæða til að ítreka að mikilvægt er að hvíldarheimilum fyrir geðveik börn sé ekki ætlað að sinna öðrum sjúklingum. Þeir sem stríða við geðsjúkdóma eru afar viðkvæmir og hluti af vanda þeirra er sá að þeir trufla mjög nánasta umhverfi sitt og í sumum tilvikum þurfa þeir sérstaka gæslu þar sem þeir geta verið hættulegir sjálfum sér og öðrum.

Með því að koma á fót hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðveik börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir væri stórt skref stigið í þá átt að gera þessum sjúklingum og fjölskyldum þeirra kleift að lifa eðlilegu fjölskyldulífi og búa betur að veiku barni sínu þann tíma sem heilsan leyfir að sjúklingurinn dveljist heima hjá sér.

335. Tillaga til þingsályktunar [264. mál]

um lífskjarakönnun eftir landshlutum.

Flm.: Þuríður Backman, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta gera ítarlega könnun á lífskjörum landsmanna, sundurliðaða eftir helstu þáttum og flokkaða eftir landshlutum þannig að marktækur samanburður fáist. Kannaðir verði allir sömu þættir og skoðaðir hafa verið í neyslukönnunum Hagstofu Íslands svo að nota megi hana til að meta framfærslukostnað fjölskyldna. Auk þess verði metnir allir helstu þættir sem áhrif hafa á almenn lífskjör, svo sem laun, verðlag, kostnaður við skólagöngu barna og ungmenna, kostnaður við heilbrigðisþjónustu og samgöngur, húshitunarkostnaður og aðgangur að almennri þjónustu.

Greinargerð.

Óþarft er að tíunda þá miklu umræðu sem farið hefur fram að undanförnu um byggðaþróun á Íslandi. Í þeirri umræðu hefur hins vegar náðst sá mikilsverði áfangi að nú er orðið viðurkennt að þessi mikla byggðaröskun er ekki einungis vandi landsbyggðarinnar heldur landsins alls. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um sérstakar aðgerðir í byggðamálum (þskj. 10, 10. mál) þar sem fram koma hugmyndir þingflokksins um almennar aðgerðir í þessum málaflokki. Ljóst er að til viðbótar

almennum aðgerðum verða að koma staðbundnar aðgerðir miðaðar við aðstæður í einstökum byggðarlögum.

Í skýrslu sem Stefán Ólafsson vann fyrir Byggðastofnun um orsakir búferlaflutninga á Íslandi og gefin var út í nóvember 1997 kemur fram að einn helsti orsakavaldur byggðaröskunarinnar er mismunur á launakjörum og vöruverði milli landshluta. En þar að auki er nauðsynlegt að átta sig á því hvernig einstök byggðarlög eru í stakk búin til að tryggja almenna velferð íbúanna. Aðgangur að hvers kyns félagslegri þjónustu er snar þáttur í almennum lífskjörum og er vissulega misjafn eftir byggðarlögum. Nauðsynlegt er að draga þennan mun fram og í kjölfarið að stuðla að sem jöfnustum rétti allra landsmanna í þessum efnum sem öðrum.

Til að bregðast markvisst við þessum vanda er nauðsynlegt að vinna úr traustum grunnupplýsingum. Mikilvægt er að fá fram vandaða skýrslu um alla þá þætti sem skapa aðstöðumun milli byggðarlaga þannig að í ljós komi til hvers konar aðgerða þarf að grípa á hverju svæði. Sem stendur liggja þessar upplýsingar ekki fyrir þótt finna megi ýmsar vísbendingar um ástand mála í eldri skýrslum. Þar má helst nefna síðustu neyslukönnun Hagstofu Íslands, sem unnin var árið 1995, og ýmsar tölfræðilegar upplýsingar frá sama ári sem fram koma í skýrslu þróunarsviðs Byggðastofnunar um forsendur stefnumótandi byggðaáætlunar 1998–2002.

Í neyslukönnun Hagstofunnar árið 1995 kom fram talsverður munur á meðalársútgjöldum heimila eftir búsetu. Meðalútgjöld heimilis á höfuðborgarsvæðinu voru 2.309.091 kr., í öðru þéttbýli 2.429.970 kr. og 1.985.888 kr. í dreifbýli. Jafnframt kom í ljós að meðalstærð heimila er mjög mismunandi eftir búsetu. Á höfuðborgarsvæðinu var hún að meðaltali 2,65 en 3,0 í öðru þéttbýli og 3,40 í dreifbýli. Ef helstu atriði í neysluvísitölunni eru sett upp í töflu og flokkuð eftir búsetu lítur taflan svona út:

		Höfuðborgar-svæði	Annað þéttbýli	Dreifbýli	Meðaltal
01	Matur og drykkjarvörur	16,8	17,3	21,3	17,4
02	Áfengi og tóbak	3,5	2,7	3,2	3,2
03	Föt og skór	6,8	7,0	7,4	6,9
04	Húsnæði, hiti og rafmagn	18,5	17,0	16,0	17,9
05	Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	6,1	6,2	5,3	6,0
06	Heilsugæsla	3,0	3,3	2,8	3,1
07	Ferðir og flutningar	13,9	15,8	15,7	14,6
08	Póstur og sími	1,5	1,4	1,2	1,4
09	Tómstundir og menning	13,7	12,5	12,7	13,3
10	Menntun	1,0	1,1	0,5	1,0
11	Hótel og veitingastaðir	5,5	5,7	4,6	5,5
12	Ýmsar vörur og þjónusta	9,9	10,0	9,3	9,9
	Alls	100,0	100,0	100,0	100,0
	Fjöldi heimila	857	351	167	1.375
	Fjöldi í heimili	2,65	3,00	3,40	2,82

Í töflunni sést að í dreifbýli eru útgjöld til kaupa á mat og drykkjarföngum mun stærri liður í neyslunni en í þéttbýlinu og sama má segja um ferða- og flutningskostnað. Þarna eru vísbendingar um aðstöðumun en flokkunin er alltof gróf til að nokkuð megi af henni ráða um einstök svæði. Vitað er að kostnaður við framhaldsnám unglinga er mikill þar sem sækja verður menntunina í önnur byggðarlög. Sama máli gegnir um húshitunarkostnað á svokölluðum köldum svæðum landsins. Á þessum sviðum og fleirum er verulegur aðstöðumunur sem hefur mikil áhrif á viðhorf fólks til búsetu á tilteknum svæðum. Þetta kemur bæði fram í fyrrnefndri skýrslu sem unnin var af Stefáni Ólafssyni, *Búseta á Íslandi*, og nýrri skýrslu Byggðastofnunar sem nefnist *Byggðir á Íslandi*. Í þeirri síðarnefndu er sérstaklega lögð áhersla á nauðsyn þess að grípa til sértækra, svæðisbundinna aðgerða í þeim byggðarlögum sem standa hvað höllustum fæti í dag.

Eins og áður sagði eru heildarútgjöld heimila í dreifbýli að meðaltali talsvert lægri en í þéttbýli. Það verður að sjálfsögðu að skoða í samhengi við tekjuskiptingu landsmanna. Í fyrrnefndri skýrslu þróunarsviðs Byggðastofnunar kemur fram að meðaltekjur árið 1995 voru mjög mismunandi eftir landsvæðum. Til að mismikil atvinnuþátttaka skekki ekki myndina eru reiknaðar meðaltekjur á íbúa. Þá kemur í ljós að tekjur á íbúa voru hæstar í Ísafjarðarsýslum og Vestmannaeyjum. Nánari sundurliðun sýnir þó að á Vestfjörðum og víðar þar sem sjávarútvegur vegur þungt eru það háar tekjur sjómanna sem hækka meðaltalið, en að þeim slepptum eru meðallaun lág. Lægstar voru tekjurnar í Vestur-Skaftafellssýslu, í Dalasýslu og Reykhólasveit. Frávik frá landsmeðaltali og hlutfallsleg breyting á fjölda ársverka eftir landsvæðum síðastliðin tíu ár voru sem hér segir:

Svæði	Frávik frá landsmeðaltekjum í %	Breyting á fjölda ársverka 1985–95 í %
Höfuðborgarsvæðið	1	12
Suðurnes	3	1
Akranessvæði	3	-4
Borgarnessvæði	-17	-13
Snæfellsnes	3	-6
Dalir og Austur-Barðastrandarsýsla	-26	-31
Vestur-Barðastrandarsýsla	0	-24
Ísafjarðarsýslur	23	-12
Strandir	-7	-24
Vestur-Húnavatnssýsla	-22	-27
Austur-Húnavatnssýsla	-2	-26
Skagafjörður	-14	-9
Siglufjörður	6	-23
Eyjafjörður	-2	1
Suður-Þingeyjarsýsla	-7	-7
Norður-Þingeyjarsýsla	2	-1
Vopnafjörður og Skeggjastaðahreppur	-8	-16
Hérað	-13	-12
Miðfirðir Austfjarða	14	-13
Suðurfirðir Austfjarða	-11	-27
Austur-Skaftafellssýsla	2	13

Vestur-Skaftafellssýsla	-28	-20
Rangárvallasýsla	-22	-17
Vestmannaeyjar	20	0
Árnessýsla	-15	2

Af framansögðu má ljóst vera að þörfin fyrir þá upplýsingasöfnun sem gert er ráð fyrir í tillögunni er brýn svo að hægt sé að sporna við byggðaröskuninni með markvissum aðgerðum sem taka mið af aðstæðum í hverju byggðarlagi.

336. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, Skarphéðin Steinarsson og Hrein Loftsson frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu, Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Sólon R. Sigurðsson frá Búnaðarbanka Íslands, Gunnar Andersen, Gunnar Viðar og Þóri Örn Ingólfsson frá Landsbanka Íslands, Ólaf Arnbjörn Sigurðsson og Helenu Hilmarsdóttur frá Verðbréfaþingi Íslands, Ásmund Stefánsson frá Íslandsbanka, Þorstein Þorbergsson frá Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Kristínu Guðbjörnsdóttur og Ingveldi Ingólfsdóttur frá Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Þórð Friðjónsson, Magnús Harðarson og Pál Harðarson frá Þjóðhagsstofnun, Ingimund Friðriksson og Má Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun, Finn Sveinbjörnsson frá Samtökum verðbréfafyrirtækja og Öglu Elísabetu Hendriksdóttur og Heiðar Guðjónsson frá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka.

Með frumvarpinu er lagt til að viðskiptaráðherra verði heimilt að selja 15% hlut af hlutafé Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og verði stefnt að því að selja umrædda hluti í lok desember 1999. Verði áhersla lögð á dreifða sölu til almennings.

Í 9. gr. reglna Verðbréfaþings Íslands um skráningu verðbréfa í þinginu segir að dreifing eignarhalds hlutabréfaflokks sem sótt er um skráningu á skuli vera þannig að 25% hlutabréfanna og atkvæðisréttar séu í eigu almennra fjárfesta. Var veitt undanþága þegar hlutabréf í Landsbanka og Búnaðarbanka voru skráð á aðallista þingsins með hliðsjón af yfirlýsingu viðskiptaráðherra um að það væri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sölu hlutafjár í bönkunum að dreifing hlutafjár yrði í samræmi við reglur VÞÍ eigi síðar en 1. júní 2000. Landsbankinn og Búnaðarbankinn hefðu án sérstakrar lagasetningar getað uppfyllt umrædd skilyrði með heimild viðskiptaráðherra til útboðs á nýju hlutafé í bönkunum. Meiri hlutinn telur hins vegar að sú leið sem farin er í frumvarpinu sé mun vænlegri þar sem útboð á nýju hlutafé mundi stuðla að meiri þenslu í þjóðarbúskapnum. Þá telur meiri hlutinn að mikilvægt sé að umrædd sala á hlutafé fari fram í desember þar sem reynslan sýnir að almenningur fjárfestir þá mikið í verðbréfum. Þá er hagstætt árferði á hlutabréfamarkaði um þessar mundir og líklegt að gott verð fáist fyrir hlut ríkisins í bönkunum.

Við meðferð málsins í nefndinni spunnust nokkrar umræður um ákvæði 3. mgr. 6. gr. laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Kemur þar fram að viðskiptaráðherra getur heimilað útboð á nýju hlutafé, en þó megi samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum banka fyrir sig. Telur meiri hlutinn ljóst að þar er átt við 35% af heildarfjárhæð hlutafjár á hverjum tíma.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 8. des. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.	Sigríður A. Þórðardóttir.

337. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 27. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi, dags. 12. október sl., óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 45 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða, að hafnalið undanskildum. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 3.639,3 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Meiri hluti nefndarinnar þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og einstök ráðuneyti hafa veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umræðu afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluti og heimildir skv. 7. gr. Auk þess bíða 3. umræðu ýmis viðfangsefni sem nefndin hefur enn til umfjöllunar.

Í breytingartillögum við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga var lögð til tæplega 2 milljarða kr. hækkun á framlögum til sjúkrastofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið og kom sú fjárhæð til viðbótar tæplega 2 milljörðum kr. sem þegar höfðu verið lagðir til í frumvarpinu. Farið er fram á svipaða fjárhæð í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000, til viðbótar tæplega 2 milljarða kr. hækkun sem þegar hafði verið gert ráð fyrir í frumvarpinu til reksturs sjúkrastofnana. Framlögunum er ætlað að koma til móts við áætlaðan uppsafnaðan halla sjúkrastofnana til ársloka 1999 og koma rekstri flestra stofnana á réttan kjöl árið 2000. Ljóst er að stjórnendur nokkurra stofnana þurfa að taka verulega á í fjármálastjórn til að reksturinn verði í jafnvægi.

Á liðnu vori var orðið ljóst að rekstur sjúkrastofnana stefndi talsvert fram úr fjárlögum þrátt fyrir að gerðar hefðu verið ráðstafanir í lok síðasta árs til að greiða uppsafnaðan halla þeirra og leiðrétta rekstrargrunninn. Voru þær aðgerðir í samræmi við álit svonefnds faghóps heilbrigðisráðuneytisins sem fjallaði um málið. Ekki var brugðist við hallarekstrinum á árinu þrátt fyrir skriflega áréttingu heilbrigðisráðuneytisins um nauðsyn þess að stofnanir héldu útgjöldum sínum innan fjárheimilda. Ríkisendurskoðun var á haustdögum fengin til að fara yfir vandann og greina umfang hans fyrir afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga nú í lok ársins.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er að rekstrarhalli stofnana hafi verið gerður upp í árslok 1998, en að á þessu ári hafi aftur sigið á ógæfuhliðina og rekstur stofnana farið langt umfram heimildir fjárlaga. Nú er svo komið að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana í árslok 1999 er áætlaður tæplega 4,2 milljarðar kr. og þar af eru um 3,6 milljarðar halli sem myndast hefur á þessu ári. Skiptist hann á launakostnað og önnur rekstrargjöld í svipuðum hlutföllum og þessi gjöld vega í heildarútgjöldum sjúkrastofnana. Meginskýringin á umframútgjöldum á launalið er að útfærsla kjarasamninga í mörgum stofnunum virðist hvorki hafa verið í sam-

ræmi við þau fyrirmæli og leiðbeiningar sem gefnar voru út né fyrirliggjandi fjárheimildir. Ekki liggja enn fyrir skýringar á hækkun annarra rekstrarliða en launakostnaðar og ekki er að fullu lokið við að greina hvað skýrir frávik á hverjum stað.

Í tillögunum er verulegum viðbótarfjármunum varið til reksturs sjúkrastofnana. Það eru fjármunir sem fara í kostnaðarhækkanir sem þegar eru áfallnar. Ljóst er að bæta má fjármálastjórn stofnana heilbrigðisráðuneytisins og gera hana skilvirkari en hún nú er. Það er mjög brýnt að ná tökum á þeim vanda og leita í því sambandi allra hugsanlegra leiða svo að stofnanirnar fari að fjárlögum í framtíðinni. Þannig verði einnig tryggt að nýtt fé fari til að ná fram stefnumiðum stjórnvalda en ekki verði um leiðréttingar eftir á að ræða. Ljóst er að til að rekstur allra sjúkrastofnana verði innan fjárheimilda þarf meira til en fjárframlög úr ríkissjóði. Framlögin eru veitt með þeim skilyrðum að gerðir verði samningar við stjórnendur og að tekið verði á fjármálastjórn stofnana. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að þessar fjárveitingar verði felldar niður í fjáraukalögum ársins 2000.

Til að tryggja rétta framkvæmd ákvarðana Alþingis um fjárframlög til stofnana og verkefna verður gert sérstakt átak sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa um með skýrslugerð hvernig fram gengur af hálfu ráðuneytis og stofnana. Áformað er að í samningum við hverja stofnun komi skýrt fram hver fjárframlögin eru og að stjórnendur beri ábyrgð á að reksturinn sé innan fjárheimilda. Jafnframt verði erindisbréf stjórnenda endurskoðuð og ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna endurmetið.

Ríkisendurskoðun mun gefa ráðuneytum og Alþingi skýrslu um framgang málsins á næsta ári. Samhliða verður komið í veg fyrir að stjórnendur stofni til skulda í lánastofnunum og safni upp óeðlilegum viðskiptaskuldum. Gerð verður krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegar tölur úr launabókhaldi berist reglulega.

Kannað verður hvort breyta þurfi lögum um heilbrigðisþjónustu og staða framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda verður skýrð. Jafnframt verður á næsta ári ráðist í að ákvarða framlög til stofnana hlutlægt og reiknilíkönum beitt við skiptingu fjárveitinga á stofnanir í fjárlögum fyrir árið 2001. Markmiðið verður eins og fram hefur komið að tryggja að stofnanir verði reknar innan fjárheimilda og að stjórnendur beri ábyrgð með sama hætti og í öðrum atvinnurekstri.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi. Gerð er tillaga um 139,5 m.kr. hækkun fjárveitinga á þessum lið. Í fyrsta lagi er lögð til 6 m.kr. hækkun á viðfangsefninu 1.01 Alþingiskostnaður. Aðallega er um að ræða akstur, flugferðir og símakostnað þingmanna. Þá er gerð tillaga um 1,5 m.kr. hækkun framlags til fastanefnda Alþingis vegna aukins ferðakostnaðar.

Gerð er tillaga um tímabundið framlag að upphæð 8 m.kr. til alþjóðasamstarfs. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 4 m.kr. hækkun til að mæta hærri útgjöldum við Norðurlandaráðsþing en í upphaflegri áætlun. Þá þarf að hækka árgjald til Vestnorræna ráðsins um 1 m.kr. samkvæmt samþykkt landsdeilda Íslands, Færeyja og Grænlands. Loks er ætlunin að styrkja þjónustu alþjóðasviðs við Íslandsdeild Norðurlandaráðs á næsta ári með ráðningu á einum viðbótarstarfsmanni og er gert ráð fyrir 3 m.kr. til þess.

Einnig er lögð til 3 m.kr. hækkun á framlagi til almenns rekstrar þingsins til nýs stöðugildis. Áformað er að styrkja þjónustu við rekstur tölvubúnaðar og þjónustu í tengslum

við fjarvinnslu ræðna í þeim tilgangi að auka hraða í útgáfu þeirra, þar á meðal á netið.

Lagt er til tímabundið framlag til viðfangsefnisins 6.01 Tæki og búnaður að fjárhæð 8 m.kr. til endurnýjunar á tölvu- og hugbúnaði.

Loks er gerð tillaga um tímabundið framlag að upphæð 113 m.kr. á viðfangsefninu 6.21 Fasteignir. Er þar annars vegar um að ræða 98 m.kr. til að gera gagngerar breytingar á innréttingum í húsnæði sem Alþingi hefur tekið á leigu á 2. hæð Austurstrætis 10A. Hins vegar er um 15 m.kr. framlag að ræða til þess að kosta breytingar á öðru skrifstofuhúsnæði í kjölfarið.

205 *Framkvæmdir á Alþingisreit.* Gert er ráð fyrir 60 m.kr. tímabundnu framlagi á viðfangsefninu 6.50 Nýbygging. Framkvæmdum við Skála á Alþingisreit verður frestað til haustsins 2000. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir fjárveitingu til að loka grunni Skálans og lagfæra umhverfið svo að það verði sómasamlegt á næsta ári. Einnig þarf að endurhlaða suður- og vesturvegg Alþingisgarðsins næsta vor.

610 *Umboðsmaður Alþingis.* Lögð er til 3,6 m.kr. hækkun fjárveitinga til að sinna auknum verkefnum hjá umboðsmanni á næsta ári. Verður fjárveitingunni að mestu leyti varið til að standa undir launakostnaði lögfræðings við embættið.

01 Forsætisráðuneyti

190 *Ýmis verkefni.* Alls er óskað eftir 44,5 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins. Í fyrsta lagi er farið fram á tímabundið 22 m.kr. framlag til Vesturfarasetursins á Hofsósi. Samkvæmt samningi milli forsætisráðuneytisins og Vesturfarasetursins á Hofsósi munu ríkissjóður leggja setrinu til 12 m.kr. á ári í fimm ár frá og með 1999. Framlaginu skal varið til að byggja upp gamla þorpskjarnann á Hofsósi fyrir þjónustu og afþreyingu fyrir fólk af íslenskum ættum sem býr í Norður-Ameríku. Þá er í samningnum sérstaklega kveðið á um sýningu um Stephan G. Stephansson og er framlag til þess 10 m.kr. á árinu 2000. Gert er ráð fyrir 16 m.kr. framlagi í fjáraukalögum. Alls er áætlað að heildarframlag til Vesturfarasetursins eigi eftir að nema 86 m.kr.

Samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 1974 skal árlegt framlag til Gjafar Jóns Sigurðssonar nema árslaunum prófessors við Háskóla Íslands. Laun prófessora hafa hækkað að undanförnu og er því gerð tillaga um að framlag til sjóðsins hækki í samræmi við það. Nú eru árslaun prófessors 2 að meðtöldum sex einingum á mánuði alls 3 m.kr. Því er gerð tillaga um að hækkun árlegs framlags verði 0,5 m.kr.

Þá er farið fram á 22 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2000 vegna ófyrirséðs kostnaðar landafundanefndar. Nú þegar dagskrá nefndarinnar í Vesturheimi liggur fyrir er ljóst að fara þarf fram á viðbótarfjárheimild til að standa undir kostnaði sem ekki var gert ráð fyrir í fyrri áætlunum nefndarinnar. Fyrst og fremst er um að ræða kostnað við kynningu á viðburðum og viðbótardagskráratriði.

221 *Byggðastofnun.* Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til Byggðastofnunar, 502 m.kr., flytjist til iðnaðarráðuneytis frá forsætisráðuneyti í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Flutt hefur verið frumvarp til laga um þetta á yfirstandandi haustþingi. Fjárveiting til viðfangsefnisins 01-221 1.10 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni, samkvæmt frumvarpinu, færist þar með á nýtt viðfangsefni, 11-411 1.11, hjá iðnaðarráðuneyti en fjárveitingin nemur 65 m.kr. Sama á við um 137 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins 01-221 6.01 Byggðastofnun sem færist á nýtt viðfangsefni, 11-411 1.10, hjá iðnaðarráðuneyti og 300 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins 01-221 6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni sem flyst sömuleiðis á nýtt viðfangsefni hjá iðnaðarráðuneyti 11-411 6.41.

271 *Ríkislögmaður.* Lögð er til 5 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að ráða lögfræðing að embætti ríkislögmanns. Verkefnum embættisins hefur fjölgað á undanförnum árum og er talið nauðsynlegt að bæta við lögfræðingi til að ekki þurfi að vísa frá verkefnum, svo sem lögfræðilegum álitsgerðum og lögfræðilegri aðstoð við ráðuneyti vegna samningagerðar af ýmsu tagi.

02 Menntamálaráðuneyti

201 *Háskóli Íslands.* Lagt er til að framlag til skólans hækki um 109 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að 47,6 m.kr. framlag til verði flutt af viðfangsefni 1.20 Rannsóknarnám yfir á viðfangsefni 1.06 Kennslu- og vísindadeildir í framhaldi af nýlegum samningi skólans við menntamálaráðuneytið um framlög til kennslu í skólanum.

Þá er lagt til að 46,5 m.kr. framlag til ritakaupa verði fært af viðfangsefni 6.41 á nýtt viðfangsefni 6.01 Tæki og búnaður, í framhaldi af nýgerðum samningi við háskólann um framlög til kennslu sem byggð eru á reiknilíkani fyrir háskóla. Fyrirhugað er að gera tillögur um frekari breytingar á viðfangsefnum Háskóla Íslands til samræmis við samninginn og niðurstöðutölur líkansins. Til sama liðar er lagt til að veitt verði 109 m.kr. framlag í samræmi við forsendur samnings menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um kennslu í skólanum sem undirritaður var í byrjun október sl.

205 *Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.* Óskað er eftir 1,4 m.kr. tímabundnu framlagi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um að leita eftir hækkun fjárveitingar til að standa straum af kostnaði við undirbúning fyrir þátttöku í norrænu víkingaaldarsýningunni Vikings: The North Atlantic Saga sem opnuð verður í Smithsonian-stofnuninni í Washington 29. apríl 2000 og íslensku bókmenntasýningunni Bókmenntaarfur — örlög þjóðar sem opnuð verður í þingbókasafninu í Washington 24. maí 2000.

210 *Háskólinn á Akureyri.* Áætlað er að framlög til liðarins hækki alls um 30 m.kr. Lögð er til 12 m.kr. hækkun á fjárveitingum sem varið verður í fjarnám fyrir leikskólakennara í samræmi við fyrirhugaðan samning menntamálaráðuneytis við skólann. Skortur hefur verið á leikskólakennurum undanfarin ár en þessi leið veitir ófaglærðum starfsmönnum leikskóla möguleika á að stunda leikskólakennaranám.

Jafnframt er lögð til 18 m.kr. hækkun fjárveitinga til rannsóknastarfsemi og er þar annars vegar um að ræða 15 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að stytta biðlista kennara eftir rannsóknarleyfi sem skólanum ber að veita og hins vegar 3 m.kr. til að sinna alþjóðlegum skuldbindingum en Háskólinn á Akureyri er í samvinnu við fjölmarga háskóla á norðurslóðum.

215 *Kennaraháskóli Íslands.* Lagt er til að viðfangsefni Íslenska menntanetsins falli niður þar sem rekstur og eignir þess hafa verið seld. Við þetta falla niður 24 m.kr. gjöld og jafnháar sértekjur Kennaraháskólans, enda stóðu notendagjöld undir rekstrinum.

Þá er ráðgert að 14,5 m.kr. framlag ríkisins til endurmenntunar grunnskólakennara verði flutt af lið Kennaraháskóla Íslands yfir á lið 02-720 Grunnskólar, almennt. Af þeim lið verða framlög ríkisins til þessa þáttar í rekstri grunnskóla greidd þeim menntastofnunum sem halda endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi kennara samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið.

231 *Rannsóknarráð Íslands.* Lagt er til að 8 m.kr. verði færðar af fjárlagalið Rannsóknarráðs Íslands á nýjan lið, 02-983 1.17 Launasjóður höfunda fræðirita, þar sem óheppilegt er talið að blanda styrkveitingum saman við rekstur ráðsins vegna hættu á ógagnsæi í uppgjöri og óljósrar stöðu á framlögum til sjóðsins í framtíðinni.

299 *Háskóla- og rannsóknastarfsemi.* Gerð er tillaga um 138,5 m.kr. hækkun á fjárveiting-

um liðarins. Lögð er til 5 m.kr. hækkun á framlagi til Nýsköpunarsjóðs námsmanna en það hefur staðið í stað undanfarin ár. Nemendum hefur hins vegar fjölgað og æ fleiri sækja um styrk og hefur sjóðurinn þurft að hafna fjölmörgum áhugaverðum rannsóknarverkefnum.

Enn fremur er gerð tillaga um að veita Reykjavíkurakademíunni 5 m.kr. tímabundið framlag árið 2000 sem gangi til nauðsynlegs rekstrar og umsýslu hennar. Fjárhæðin færist á nýtt viðfangsefni, 1.73 Reykjavíkurakademían. Reykjavíkurakademían er félag sjálfstætt starfandi fræðimanna sem stofnað var fyrir þremur árum til að skapa ungum fræðimönnum ný skilyrði til starfa.

Lagt er til að fjárveiting til viðfangsefnisins 1.90 hækki um 128,5 m.kr. Er annars vegar óskað eftir óskiptri fjárveitingu að upphæð 100 m.kr. til að ljúka samningum við háskóla um verkefni þeirra og fjárveitingar á grundvelli reiknireglna menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar til háskóla. Frá því að unnið var að gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2000 hefur komið í ljós mun meiri aðsókn að háskólanámi en reiknað var með og gæti fjölgunin numið ígildi allt að 400 nemenda í fullu námi, meðal annars í fjarnámi. Að síðustu er lagt til að veitt verði framlag að fjárhæð 28,5 m.kr. til sama viðfangsefnis til að auka svigrúm til samninga vegna fjölgunar nemenda í Samvinnuháskólanum og Háskólanum á Akureyri.

319 *Framhaldsskólar, almennt.* Alls er óskað eftir 80 m.kr. hækkun liðarins. Þar af er gert ráð fyrir 30 m.kr. framlagi til viðfangsefnisins 1.14 sérkennsla. Hækkun um 20 m.kr. fer til að mæta kostnaði við fjölgun nemenda í sérkennslu og til að undirbúa og bæta við námsári í sérkennslu haustið 2000. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að kostnaður við að bæta við einu námsári haustið 2000 verði 15 m.kr. Við endurskoðun á kostnaði kom í ljós að fjárhæð þessi er vanáætluð, ekki síst vegna kostnaðar við undirbúning. Gert er ráð fyrir að allt að 60 nemendur njóti þessarar fræðslu víðs vegar á landinu. Jafnframt er óskað eftir 10 m.kr. framlagi til kennslu fyrir skjólstæðinga Barnaverndarstofu. Breyting varð á kennslu vistmanna eftir að sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 í 18 ár. Sveitarfélög greiða kennslu nemenda á grunnskólaaldri til 16 ára en talið er eðlilegt að ríkissjóður greiði kennslu þeirra sem eru á framhaldsskólaaldri. Gerður hefur verið samningur við Barnaverndarstofu um að annast kennslu þessara nemenda og er reiknað með 20 nemendum og 500 þús. kr. meðalframlagi á nemanda.

Að lokum er óskað eftir 50 m.kr. til viðbótar þeim 42 m.kr. sem er áætlað fyrir á þessu viðfangsefni í fjárlagafrumvarpi og er ætlað að mæta fjölgun nemenda og óvæntum kostnaði. Endurnýjun samninga við framhaldsskóla árið 2000 sem nú stendur yfir hefur leitt í ljós meiri nemendafjölgun en ráð var fyrir gert.

451 *Símenntun og fjarvinnsluverkefni.* Lagt er til að framlög til liðarins hækki um 34,6 m.kr. Af því munu 20 m.kr. renna til Kennaraháskóla Íslands til að hægt verði að fjölga þar nemendum í fjarnámi. Mikil aðsókn hefur verið í fjarnám við skólann, bæði grunn- og framhaldsnám, og þurfti að neita tveimur af hverjum þremur umsækjendum um aðgang að grunnskólakennaranámi sl. vor.

Hins vegar er gerð tillaga um 14,6 m.kr. tímabundið framlag til liðarins til að auka svigrúm þeirra aðila sem nefndir eru í greinargerð með frumvarpinu, auk þeirra sem óskað hafa eftir framlagi til fjarkennsluverkefna, þ.e. til kaupa á fjarfundabúnaði í Öræfum og Suðursveit, uppbyggingar fjarkennslu í Húnaþingi vestra og fjarnáms í hjúkrunarfræði í Reykjanesbæ í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Vísað er til nánari ákvörðunar menntamálaráðherra um fjárveitingar af liðnum.

720 *Grunnskólar, almennt.* Lagt er til að 14,5 m.kr. framlag ríkisins vegna endurmenntunar

grunnskólakennara verði flutt af lið 02-215 Kennaraháskóli Íslands yfir á lið 02-720 Grunnskólar, almennt. Af þeim lið verða framlög ríkisins til þessa þáttar í rekstri grunnskóla greidd þeim menntastofnunum sem halda endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi kennara samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið.

884 Jöfnun á námskostnaði. Farið er fram á að fjárveiting til jöfnunar námskostnaðar verði aukin um 76,7 m.kr. Forsætisráðherra skipaði í september 1997 nefnd samkvæmt tilnefningu allra þingflokka til þess að fjalla um byggðamál í tengslum við breytingu á kjördæmaskipan. Meðal fjölmargra tillagna sem samstaða var um í nefndinni er að framlög til jöfnunar námskostnaðar verði aukin.

902 Þjóðminjasafn Íslands. Alls er gerð er tillaga um 23 m.kr. hækkun fjárveitinga til liðarins sem fari annars vegar til viðfangsefnisins 1.01 Þjóðminjasafn Íslands, 11 m.kr., og hins vegar til viðfangsefnisins 1.10 Byggða- og minjasöfn, 12 m.kr.

Ætlunin er að veita safninu 5 m.kr. tímabundna fjárveitingu árið 2000 sem varið verði til að halda áfram Reykholtsrannsóknum en markmið þeirra er að kanna og afla nýrrar þekkingar um menningar- og minjasögu staðarins og einnig var þeim frá upphafi ætlað að styrkja atvinnulíf og búsetu í Reykholti.

Þá verði 5 m.kr. varið til skráningar á gögnum þess í fjarvinnslu í tölvuskráningarkerfi sem nefnist Sarpur. Þjóðminjasafnið geri áætlun í samvinnu við þróunarsvið Byggðastofnunar um skipulag fjarvinnsluverkefna næstu árin en fyrstu umferð skráningar verði lokið á næstu fimm árum. Kerfið hefur verið unnið í samvinnu við hugbúnaðarfyrirtæki og fengist hefur 12 m.kr. styrkur frá Rannsóknarráði Íslands sem greiðist á næstu þremur árum. Markmiðið með verkefninu er að staðla og samræma skráningu og leit að menningarsögulegum upplýsingum, bæta aðgengi að slíkum heimildum og að tryggja sem besta varðveislu menningarsögulegra gagna. Hluta innsláttar hentar að vinna í fjarvinnslu, þ.e. innslátt upplýsinga sem eru til handskrifaðar eða vélritaðar, en frumskráningu gagna þarf að vinna að mestu á safninu þar sem gripirnir eru geymdir.

Einnig er óskað eftir 1 m.kr. tímabundnu framlagi til að halda áfram rannsóknum í Laxárdal í Nesjum en nýlegur uppgröftur þar hefur gefið sterkar vísbendingar um að þar sé að finna blótstað bænda.

Gerð er tillaga um 12 m.kr. hækkun fjárveitinga til byggða- og minjasafna sem skiptist á þrjá staði. Í fyrsta lagi er lögð til 4 m.kr. hækkun til þess að ráða minjavörð til starfa á Norðurlandi vestra. Með gildistöku þjóðminjalaga í ársbyrjun 1990 var mörkuð sú stefna að starfsemi Þjóðminjasafnsins á landsbyggðinni skyldi efld með stofnun embætta minjavarða. Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir 3 m.kr. tímabundnu framlagi til Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti sem verði varið til lokafrágangs nýrrar álmu safnsins og uppsetningu muna. Loks er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í tengslum við það að Vesturbyggð er þátttakandi í menningarborg Evrópu. Fyrirhugað er að tengja menningardagskrá við unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður í Vestur-Barðastrandarsýslu um verslunarmannahelgina árið 2000 og gera landsmótið að fjölskylduhátíð.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Lagt er til veitt verði 0,5 m.kr. fjárveiting til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga vegna aukinna verkefna.

919 Söfn, ýmis framlög. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til nýs viðfangsefnis, 6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli, til uppbyggingar þess.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Gert er ráð fyrir 18 m.kr. hækkun til liðarins. Lagt er til að fjárveitingar til Endurbótasjóðs menningarstofnana verði hækkaðar um 10 m.kr. Miðað er við að sú skerðing á mörkuðum tekjum sjóðsins sem gert er

ráð fyrir í frumvarpinu lækki jafnmikið. Fyrirhugað er að flytja breytingartillögu um það við 3. umræðu þegar 6. gr. frumvarpsins verður til umfjöllunar. Skipting liðarins er sýnd á sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans við frumvarpið.

Í öðru lagi er um að ræða 8 m.kr. tímabundna fjárveitingu sem er áframhaldandi stuðningur við uppbyggingu og endurbætur á húsinu Kaupvangi á Vopnafirði sem byggt er af sama byggingarmeistara og byggði Alþingishúsið. Húsið er talið hafa verulegt gildi fyrir sögu bæjarins og bæjarmyndina í heild. Unnið hefur verið að því í samvinnu við húsafriðunarnefnd að hefja endurbætur á húsinu og byggja það upp sem næst upprunalegu útliti.

974 *Sinfóníuhljómsveit Íslands.* Lagt er til að framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hækki um 4 m.kr. vegna hlutdeildar ríkisins í launahækkunum hljóðfæraleikara árið 2000 samkvæmt kjarasamningi.

982 *Listir, framlög.* Áformað er að hækka framlög til liðarins um 5 m.kr. Óskað er eftir 2,5 m.kr. hækkun á viðfangsefninu 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga. Fjármunum bandalagsins er varið til sameiginlegra verkefna aðildarfélaganna, svo sem reksturs þjónustumiðstöðvar, útgáfu leiklistartímarits, námskeiðahalds o.fl. Bandalagið verður 50 ára á næsta ári og er fyrirhugað að gefa út sögu þess og halda veglega leiklistarhátíð á Akureyri í júní.

Jafnframt er gerð tillaga um 2,5 m.kr. hækkun á viðfangsefninu 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa sem renni til Bandalags sjálfstæðra leikhúsa. Mikill og stöðugur vöxtur hefur verið í starfi sjálfstæðu leikhúsanna síðasta áratuginn og sáu meira en 200.000 gestir sýningar þeirra síðasta leikár. Þá standa þau fyrir leikferðum milli leikskóla og grunnskóla og um landið allt og hefur starfið víðtæk atvinnuskapandi áhrif.

983 *Ýmis fræðistörf.* Lögð er til hækkun á viðfangsefninu 1.11 Styrkir til útgáfumála um 1,2 m.kr. og er sundurliðun fjárveitinga sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans við frumvarpið.

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til að kaupa Íslendingasögur á ensku til að gefa erlendum bókasöfnum og stofnunum í tilefni af afmæli landafunda Leifs Eiríkssonar.

Lagt er til að 8 m.kr. verði færðar af fjárlagalið Rannsóknarráðs Íslands á nýjan lið, 02-983 1.17 Launasjóður höfunda fræðirita, þar sem óheppilegt er talið að blanda styrkveitingum saman við rekstur ráðsins vegna hættu á ógagnsæi í uppgjöri og óljósrar stöðu framlaga til sjóðsins í framtíðinni.

Loks er lögð til 2,5 m.kr. tímabundin hækkun á viðfangsefninu 1.23 Hið íslenska bókmenntafélag til að styrkja starfsemi þess.

Framlög til liðarins munu alls hækka um 21,7 m.kr.

984 *Norræn samvinna.* Óskað er eftir 2,5 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna endurnýjunar samnings um menningarsamstarf við Færeyinga og Grænlendinga.

988 *Æskulýðsmál.* Óskað er eftir 4 m.kr. hækkun liðarins. Lögð er til 3 m.kr. hækkun fjárveitinga til Bandalags íslenskra skáta til að styrkja rekstur þess.

Auk þess er lagt er til að Landssamband KFUM og KFUK fái 1 m.kr. hækkun á framlagi, en starfsstöðvum þess um landið hefur fjölgað og kostnaður aukist.

989 *Ýmis íþróttamál.* Til íþróttamála er áætlað að hækka framlög um 11 m.kr. Munar þar mestu um 10 m.kr. hækkun á framlagi til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands til að styrkja rekstur þess. Þannig gefst því meira svigrúm til að sinna málefnum sérsambanda, m.a. Körfuknattleikssambands Íslands sem farið hefur fram á styrk vegna Norðurlandsmóts karlalandsliða í körfuknattleik.

Enn fremur er lögð til 1 m.kr. fjárveiting til Skáksambands Íslands vegna aukins umfangs í starfi sambandsins.

999 Ýmislegt. Ráðgerð er 16,9 m.kr. hækkun til liðarins. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar safnahúss í Búðardal sem færist á viðfangsefni 1.45 Eiríksstaðanefnd. Tillögur eru um sýningar og móttöku ferðamanna í gamla kaupfélagshúsinu.

Þá er gerð tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Hestamiðstöðvar Íslands sem fyrirhugað er að komið verði á fót í Skagafirði. Er framlagið liður í byggðatengdu átaksverkefni um gæðastefnu, ræktun, tamningu, þjálfun, sölu, kynningu og notkun íslenska hestsins sem gert er ráð fyrir að verði styrkt í fimm ár. Í tillögum við aðra fjárlagaliði er gert ráð fyrir alls 20 m.kr. til viðbótar til verkefnisins, þar af eru 10 m.kr. á liðnum 04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði hjá landbúnaðarráðuneyti, 5 m.kr. á liðnum 10-190 Ýmis verkefni hjá samgönguráðuneyti og 5 m.kr. á liðnum 11-299 Iðja og iðnaður, framlög hjá iðnaðarráðuneyti.

Þá er lagt til að viðfangsefnið 1.90 Ýmis framlög hækki um 1,9 m.kr. Skipting þess er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir 5,3 m.kr. fjárveitingu til aðalskrifstofunnar. Þar af eru 5 m.kr. ætlaðar til verkefna landafundanefndar og til að standa straum af ýmsum kostnaði í tengslum við þátttöku utanríkisráðuneytisins í verkefnum landafundanefndar árið 2000, bæði aukakostnaði aðalskrifstofu og sendiskrifstofa í Bandaríkjunum og Kanada. Utanríkisráðuneytið fékk á árinu 1999 3 m.kr. framlag frá landafundanefnd vegna kostnaðar á því ári en nefndin mun ekki leggja ráðuneytinu til meira fé og því er sótt um þessa fjárveitingu. Jafnframt er sótt um 0,3 m.kr. til að standa straum af væntanlegum kostnaði við þátttöku Íslands í starfi Norður-Suðurstofnunar Evrópuráðsins sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi 2. nóvember sl. að gerast aðili að.

190 Ýmis verkefni. Sótt er um 5 m.kr. framlag til reksturs Hafréttarstofnunar Íslands sem stofnuð var með sérstökum samningi á milli utanríkisráðherra, sjávarútvegsráðherra og rektors Háskóla Íslands 31. mars sl. Kostnaður er áætlaður 10 m.kr. á ári og skiptist hann jafnt á milli ráðuneytanna en háskólinn leggur til aðstöðu. Markmið stofnunarinnar er að bæta þekkingu á réttarreglum á sviði alþjóðlegs hafréttar, einkum hvað varðar auðlindanýtingu, afmörkun efnahagslögsögu og réttarstöðu einstakra hafsvæða. Stofnunin skal vera ráðgefandi og vinna að rannsóknum og er ráðgert að hún taki til starfa um næstu áramót.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Heildarhækkun til fjárlagaliðarins er áætluð 57,1 m.kr. og skiptist hún á þrjú viðfangsefni.

Í fyrsta lagi er farið fram á 11,8 m.kr. framlag til viðfangsefnisins 1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli til að efla tollgæslu og fíkniefnavarnir með því að ráða þrjá tollverði. Umferð um Keflavíkurflugvöll hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum án þess að teljandi fjölgun hafi orðið á tollvörðum og er talið nauðsynlegt að bregðast við því. Áætlað er að auka eftirlit á flughlöðum, þjónustu við flugvélar í fraktflugi og eftirlit með umferð vöru og fólks.

Þá er óskað eftir 42,1 m.kr. fjárveitingu til liðarins 1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli. Er þar farið fram á 21 m.kr. til að koma til móts við vanda embættisins miðað við óbreyttan rekstur á næsta ári. Þennan vanda má einkum rekja til verulegrar aukningar á umferð fólks og vöruflutningum um Keflavíkurflugvöll sem kallar á aukna tollgæslu

og öryggiseftirlit lögreglu. Þessu hefur m.a. verið mætt með ráðningu tveggja nýrra starfsmanna, mikilli fjölgun afleysingafólks á álagstímum og með mikilli yfirvinnu. Fyrirhugað er að þessi útgjaldaaukning, að fjárhæð 21 m.kr., verði að fullu fjármögnuð með hækkun vopnaleitargjalds úr 90 kr. í 125 kr. á hvern fullorðinn farþega sem fer frá Íslandi. Vopnaleitargjaldið er fært í fjárreiðum sem ríkistekjur sem renna til embættisins.

Jafnframt því er 21,1 m.kr. fjárveiting ætluð til þess að ráða tíu lögreglumenn hjá ríkislögreglustjóra til að efla landamæraeftirlit í tengslum við skuldbindingar Íslands í Schengen-samningnum. Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður á árinu 2001 verði ríflega 47 m.kr. Áætlað er að ráða smám saman í stöðurnar árið 2000.

Loks er sótt um tímabundið framlag til viðfangsefnisins 6.01 Tæki og búnaður að upphæð 3,2 m.kr. Þar af verði 1 m.kr. varið til kaupa og þjálfunar á nýjum fíkniefnaleitarhundi og 2,2 m.kr. til að kaupa bifreið undir fíkniefnaleitarvél sem var keypt í fyrra fyrir 6 m.kr., en er vannýtt vegna þess að ekki er til bifreið til að flytja hana á milli embætta og stofnana þegar þurfa þykir. Ætlunin er að vélin nýtist fleirum en sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli.

303 *Sendiráð Íslands í London.* Sótt er um 12 m.kr. til leigu og reksturs á nýju skrifstofuhúsnæði hjá sendiráði Danmerkur fyrir sendiráð Íslands í London. Lóðarleigusamningur núverandi húsnæðis rennur út eftir fimm ár og er æskilegt að selja eftirstöðvar hans áður en hann verður verðlaus. Miðað er við að sendiráðið fái húsnæðið 1. maí nk. eftir gagngerar endurbætur sem verða að mestu kostaðar af Dönum, en leigukostnaður á ári verður 17,5 m.kr.

320 *Sendiráð, almennt.* Farið er fram á tímabundið framlag að fjárhæð 6 m.kr. til að endurnýja búnað sendiráðsins í London þegar það flytur í nýtt húsnæði. Um er að ræða endurnýjun á vinnuaðstöðu fyrir átta starfsmenn, þ.m.t. kaup á tækni- og skrifstofubúnaði fyrir fundarsal og sýningaraðstöðu.

401 *Alþjóðastofnanir.* Farið er fram á 0,7 m.kr. fjárveitingu á þessum fjárlagalið til að greiða aðildargjöld vegna þátttöku Íslands í starfi Norður-Suðurstofnunar Evrópuráðsins. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 2. nóvember sl. að gerast aðili að stofnuninni.

04 Landbúnaðarráðuneyti

221 *Veiðimálastofnun.* Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til að sinna tilraunastarfi, þekkingaröflun og ráðgjöf um ræktun kræklings. Frumforsenda þess að kræklingaræktun verði að veruleika á Íslandi er að gera vandaðar tilraunir sem svari því hvort slík ræktun er raunhæf. Mikill áhugi hefur skapast hjá bændum á sjávarjörðum á Vesturlandi um þátttöku í slíku tilraunaverkefni.

261 *Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði.* Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til skólans hækki um 11,5 m.kr. Þar eru 7,5 m.kr. vegna lækkunar á sértekjum skólans. Þróun undanfarinna ára hefur verið sú að bæði þjónustutekjur og tekjur einstakra búgreina hafa lækkað.

Einnig er gert ráð fyrir 4 m.kr. tímabundnu framlagi til almenns rekstrar skólans. Er annars vegar gert ráð fyrir 2 m.kr. til þess að mæta útgjöldum vegna skipulagsbreytinga við skólann í kjölfar nýrra búnaðarfræðslulaga og hins vegar 2 m.kr. til undirbúnings á framboði nýrra námsbrauta við háskólann.

271 *Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.* Gerð er tillaga um 9 m.kr. hækkun framlags til Hólaskóla á viðfangsefninu 6.20 Fasteignir og lóðir. Þar er um að ræða 5 m.kr. tímabundið

framlag til að hægt sé að hefja stækkun reiðskemmu og mæta þannig aukinni þörf fyrir aðstöðu til kennslu í hestamennsku og hrossarækt. Skólinn er miðstöð rannsókna á þessu sviði og stendur til að lengja námið og fjölga nemendum. Enn fremur er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka við endurbyggingu skólahússins.

283 *Garðyrkjuskóli ríkisins.* Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. tímabundið til nýs viðfangsefnis, 6.21 Fasteignir. Til stendur að byggja garðyrkjumiðstöð við skólann og verður þar öll fagþjónusta garðyrkju undir sama þaki, svo sem leiðbeiningarþjónusta, aðsetur ráðunauta, tilraunastjóra, Sambands garðyrkjubænda, endurmenntunarstjóra, svo og móttaka og skrifstofur kennara og skólastjóra.

331 *Héraðsskógar.* Lagt er til að 10 m.kr. verði millifærðar til Héraðsskóga af liðnum 3.41. Átak í landgræðslu og skógrækt. Fjárveitingin rennur til stækkunar Héraðsskógasvæðisins á Norður- og Austur-Héraði.

341 *Átak í landgræðslu og skógrækt.* Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til Landssamtaka skógareigenda til uppbyggingar á félagsstarfi samtakanna. Auk þess er lögð til 10 m.kr. millifærsla til Héraðsskóga af liðnum eins og fyrr er getið og lækkar því fjárveiting til hans um 9 m.kr.

343 *Landshlutabundin skógrækt.* Lögð er til breyting á heiti liðarins sem var Suðurlandsskógar en verður nú Landshlutabundin skógrækt. Liðurinn er hækkaður um 59 m.kr. alls sem renna til þriggja verkefna.

Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 17 m.kr. tímabundið framlag til nýs viðfangsefnis, 1.13 Vesturlandsskógar. Fjárveitingin er til undirbúnings og stofnsetningar Vesturlandsskóga.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 17 m.kr. tímabundið framlag til styrktar skógrækt á Vestfjörðum. Það er nýtt viðfangsefni, 1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum.

Að síðustu er ráðgert að veita 25 m.kr. tímabundið framlag til nýs viðfangsefnis, 1.16 Norðurlandsskógar. Megintilgangur Norðurlandsskóga er að stuðla að skóg- og skjólbeltarækt á Norðurlandi og treysta með því byggð og að fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni. Markmiðið er að gefa sem flestum kost á að taka þátt í verkefninu.

801 *Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.* Hér er um að ræða 32 m.kr. lækkun. Lagt er til að beinar greiðslur til bænda vegna mjólkurframleiðslu lækki um 31 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Heildarframleiðslumark mjólkur dregst saman um 0,99%, eða um eina milljón lítra frá áætlun frumvarpsins. Jafnframt mun greiðsla til Lífeyrissjóðs bænda lækka um 1 m.kr.

891 *Sérstakar greiðslur í landbúnaði.* Ráðgerð er 31 m.kr. hækkun liðarins. Annars vegar hækkar viðfangsefnið 1.14 Átak í hrossarækt um 25 m.kr. tímabundið framlag. Um er að ræða tvö verkefni. Annað er átaksverkefni á vegum Félags hrossabænda, Landssambands hestamannafélaga, Félags tamningamanna og Bændasamtaka Íslands. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðuneytið leggi 15 m.kr. á ári næstu fimm ár til þessa samstarfs, samtals 75 m.kr. Hitt átaksverkefnið er um gæðastefnu, ræktun, tamningu, þjálfun, sölu, kynningu og notkun íslenska hestsins. Gert er ráð fyrir 10 m.kr. árlegu framlagi til þess verkefnis næstu fimm ár, samtals 50 m.kr.

Þá er lagt til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 6 m.kr. til stækkunar Einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey á viðfangsefninu 6.91 Ýmis stofnkostnaður. Aukinn innflutningur dýra veldur því að stöðin getur ekki sinnt nema hluta þeirra beiðna sem berast um innflutning gæludýra, en tímabundin einangrun er forsenda þess að innflutningsleyfi fáist.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 3 m.kr. tímabundið framlag viðfangsefnis 1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla til styrktar sjóvinnukennslu unglinga sem fram fer í skólaskipinu Haftindi. Verkefnið hefur verið styrkt af Reykjavíkurborg og í gildi er samningur félagsþjónustu Reykjavíkur og Haftinds um starfsþjálfun ungmenna.

Gerð er tillaga um 26 m.kr. hækkun á framlagi til viðfangsefnisins 1.90 Ýmislegt til fjögurra verkefna. Í fyrsta lagi er tímabundið framlag að fjárhæð 15 m.kr. til að kynna erlendis sjónarmið Íslendinga varðandi sjálfbærar veiðar úr hvalastofnum.

Þá er farið fram á 5 m.kr. framlag til reksturs Hafréttarstofnunar Íslands sem stofnuð var með sérstökum samningi utanríkisráðherra, sjávarútvegsráðherra og rektors Háskóla Íslands 31. mars sl. Kostnaður er áætlaður 10 m.kr. á ári og skiptist hann jafnt á milli ráðuneytanna, en háskólinn leggur til aðstöðu. Markmið stofnunarinnar er að bæta þekkingu á réttarreglum á sviði alþjóðlegs hafréttar, einkum hvað varðar auðlindanýtingu, afmörkun efnahagslögsögu og réttarstöðu einstakra hafsvæða. Stofnunin skal vera ráðgefandi og vinna að rannsóknum. Ráðgert er að hún taki til starfa um næstu áramót.

Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag til að fylgja eftir ályktun Alþingis frá árinu 1997 um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu í Arnarfirði annars vegar og í Húnaflóa hins vegar. Gert er ráð fyrir 2 m.kr. á hvorn stað.

Loks er lagt til að High North Alliance verði veitt 2 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi kynningar á sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar, einkum til að auka skilning umheimsins á nýtingu á sel og hval.

202 Hafrannsóknastofnunin. Á viðfangsefninu 6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa er sótt er um 4 m.kr. tímabundið framlag til að breyta leiguhúsnæði Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna í Faxaskála og er gert ráð fyrir að flytja hluta almennrar starfsemi stofnunarinnar í það húsnæði.

06 Dómsmálaráðuneyti

210 Héraðsdómstólar. Alls er lögð til 5,5 m.kr. hækkun fjárveitingar á þessum lið. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 2,5 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins 1.01 Héraðsdómstólar fyrir sérstaka bakvakt dómara vegna yfirheyrslna yfir börnum á rannsóknarstigi vegna kynferðisafbrota. Kveðið er á um slíka bakvakt í nýjum ákvæðum í lögum um meðferð opinberra mála. Er lagt til að komið verði upp sérstakri bakvakt fimm héraðsdómara til að sinna yfirheyrslum yfir börnum á rannsóknarstigi.

Í annan stað er gerð tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til viðfangsefnisins 6.01 Tæki og búnaður til að koma upp sérútbúinni aðstöðu fyrir skýrslutökur af börnum í kjölfar breytinga á lögum um meðferð opinberra mála sem tóku gildi 1. maí 1999. Oftast er nauðsynlegt að skýrslutökur af börnum vegna meintra kynferðisbrota fari fram í sérútbúinni aðstöðu þar sem réttargæslumaður, verjandi, sakaður maður o.fl. hafi tök á að fylgjast með því sem fram fer í yfirheyrsluherbergi. Slíka aðstöðu með viðeigandi tækjabúnaði vantar við aðra dómstóla en Héraðsdóm Reykjavíkur. Er lagt til að slíkri aðstöðu með viðeigandi tækjabúnaði verði komið upp á Akureyri og í Hafnarfirði.

303 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að liðurinn lækki alls um 22 m.kr. og verða breytingar á fjórum viðfangsefnum.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 26 m.kr. hækkun á viðfangsefninu 1.01 Ríkislögreglustjóri. Þar er lögð til hækkun á framlagi til embættis ríkislögreglustjóra um 19,5 m.kr. vegna hærri leigu- og rekstrargjalda embættisins í nýju húsnæði. Fyrirhugað er að embættið flytjist úr Auðbrekku 6 í Kópavogi í annað húsnæði við Skúlagötu 21 í Reykjavík

en við þá breytingu verður öll aðstaða embættisins til fyrirmyndar. Leiga á ári að viðbættum auknum rekstrarkostnaði við stækkun húsnæðisins verður tæplega 21 m.kr. Á móti fellur niður um 1,2 m.kr. kostnaður vegna fasteignagjalda af eldra húsnæði í Auðbrekku. Tillagan miðast við að embættið flytji í nýja húsnæðið 1. mars árið 2000 og þurfi að greiða leiguna frá þeim tíma.

Þá er gerð tillaga um að hækka framlag um 4 m.kr. til að fjölga starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra um einn vegna verkefna sem tengjast rannsóknum á fíkniefnamálum.

Loks er lagt til að framlag til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra verði hækkað um 2,5 m.kr. vegna samstarfsverkefna við erlend lögreglulið auk ferða og aðkeyptrar sérfræðiþjónustu í tengslum við rannsókn stórra mála sem teygja anga sína út fyrir landsteinana. Sem dæmi um slík mál má nefna nýlegt málverkafölsunarmál, rannsókn flókinna tollalagabrota o.fl.

Viðfangsefnið 1.11 Rekstur lögreglubifreiða er nýtt. Á þessu ári var tekin upp sú nýbreytni að ríkislögreglustjóri annast rekstur lögreglubifreiða á landsvísu og leigir löggæsluembættunum bifreiðarnar. Embætti ríkislögreglustjóra sér þá um og kostar allt viðhald á bifreiðunum en löggæsluembættin greiða á móti leigu fyrir afnotin. Með leigutekjunum er annars vegar séð fyrir viðhalds- og rekstrarkostnaði og hins vegar fyrir endurnýjun bifreiðanna. Við það er miðað að rekstur og kaup á lögreglubifreiðum standi undir sér. Leigugjaldið verður endurskoðað árlega í ljósi útgjalda og sölutekna af bifreiðum til að tryggja að leigu- og sölutekjurnar samsvari útgjöldunum. Myndist halli eða afgangur af rekstri bifreiðanna færist sá mismunur yfir á næsta fjárhagsár og kemur til skoðunar við ákvörðun um kaup á nýjum bifreiðum og endurskoðun leigutekna. Sams konar fyrirkomulag á bifreiðarekstri hefur verið notað hjá Vegagerðinni og fleiri aðilum um langt árabil og hefur þótt gefa góða raun.

Í tengslum við þessa útleigu á lögreglubifreiðum er gerð tillaga á tveimur viðfangsefnum embættisins um alls 197 m.kr. útgjöld sem fjármögnuð verði með jafnháum sértekjum. Þar af færast 112 m.kr. útgjöld á nýtt viðfangsefni, 1.11 Rekstur lögreglubifreiða, en á móti koma 185,5 m.kr. sértekjur af leigu bifreiðanna samkvæmt gjaldskrá. Tekjuafganginum, eða 73,5 m.kr., verður varið til að mæta útgjöldum við kaup á nýjum bifreiðum, 85 m.kr., umfram sölu á notuðum bifreiðum, 11,5 m.kr. Sá stofnkostnaður færist á viðfangsefnið 6.11 Bifreiðar. Með þeim breytingum sem þessar tillögur gera ráð fyrir verða fjárveitingar þessara tveggja viðfangsefna eins og sýnt er í eftirfarandi töflu í m.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur
06-303 1.11 Rekstur bifreiða	112,0	-185,5	73,5
06-303 6.11 Bifreiðar	85,0	-11,5	-73,5
Alls	**197,0**	**197,0**	**0,0**

Í tengslum við þessar tillögur er einnig gert ráð fyrir 64 m.kr. fjárheimild sem ætluð er til að mæta kostnaði löggæsluembætta af leigugjöldum fyrir bifreiðarnar umfram það sem þau hafa greitt í bifreiðarekstur af eigin fjárveitingum undanfarin ár. Sú fjárheimild er færð á viðfangsefnið 06-490 1.10 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að þeirri fjárheimild verði skipt niður á löggæsluembætti í samræmi við sérstök yfirlit I með breytingartillögum meiri hlutans.

Lögð er til 7 m.kr. hækkun framlaga á viðfangsefninu 6.01 Tæki og búnaður. Gerð er annars vegar tillaga um 2 m.kr. tímabundna hækkun fjárveitingar til embættisins á árinu 2000 í því skyni að efla fíkniefnalöggæslu með fíkniefnaleitarhundi. Um er að ræða kostnað bæði af kaupum á hundi og þjálfun hans. Unnt verður að nota hundinn til sérstakra verkefna hjá mismunandi embættum en ríkislögreglustjóri skipuleggur notkun fíkniefnaleitarhunda.

Hins vegar er lagt til að veittar verði 5 m.kr. vegna kostnaðar við að taka öndunarsýni hjá ökumönnum til að varna ölvunarakstri. Kostnaður við hvert sýni er talinn nema 6.500 kr. og er hann endurkrafinn af þeim ökumönnum sem dæmdir eru eða undirgangast sátt fyrir ölvunarakstur. Gjaldið rennur í ríkissjóð. Nokkur óvissa ríkti um tíma varðandi áreiðanleika öndunarsýna, en eftir dóm Hæstaréttar þar að lútandi er nú viðurkennt að þessi aðferð teljist fullgild við ákvörðun á því hvort ökumaður sé ölvaður eða ekki. Hefur notkun aðferðarinnar nú hafist af krafti.

Lagðar eru til breytingar á viðfangsefninu 6.11 Bifreiðir sem fyrr greinir. Lagt er til að fjárheimild til bifreiðakaupa hækki um 21 m.kr. og verða þá alls 85 m.kr. til ráðstöfunar á næsta ári. Um er að ræða hluta af fjárheimildum í tengslum við útleigu embættisins á lögreglubifreiðum. Miðað er við að heildarútgjöldin, bæði rekstur og stofnkostnaður, standi undir sér með sértekjum af leigugjöldum og sölu notaðra bifreiða. Nánari skýringar á þessari tilhögun er að finna með tillögu við viðfangsefnið 1.11 Rekstur bifreiða. Áætlun um kaup á nýjum lögreglubifreiðum miðast við að lögreglubifreiðar verði ekki eldri en fimm ára. Með því móti verður árleg endurnýjunarþörf um 85 m.kr. og verður hún fjármögnuð annars vegar með leigutekjum frá löggæsluembættum og hins vegar með sölu bifreiða.

Þá er gert ráð fyrir að tekjur af sölu notaðra lögreglubifreiða hækki um 2,5 m.kr. frá því sem miðað er við í frumvarpinu. Reiknað er með örari endurnýjun lögreglubifreiða þannig að þær verði þar með í betra ásigkomulagi við sölu og seljist á hærra verði. Viðfangsefnið hækkar því alls um 18,5 m.kr.

305 *Lögregluskóli ríkisins.* Farið er fram á 15 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við að útskrifa fleiri lögreglumenn úr lögregluskólanum. Fyrirhugað er að endurskipuleggja nám lögreglunema með því að stytta þjálfunartíma þeirra en þeir eru nú á fyrri námsönn að vori, vinna í 8–12 mánuði og koma síðan á seinni námsönn að hausti. Með því að stytta þjálfunartíma í fjóra mánuði og breyta fyrirkomulagi hans verður hægt að mennta lögreglumenn á einu ári. Úrbætur í löggæslu í landinu eru mjög háðar því að hægt verði að fjölga lögreglumönnum og mæta fækkun í lögregluliði sem verður vegna aldurs lögreglumanna. Með þessari breytingu yrðu útskrifaðir 64 lögreglumenn á næsta ári en 32 á ári eftir það. Varanlegur kostnaðarauki við breytta tilhögun helgast að mestu af því að skólinn tæki að sér að greiða lögreglunemum grunnlaun og fylgja þeim eftir á þjálfunartíma í stað þess að ráða þá sem almenna afleysingamenn að löggæsluembættunum.

311 *Lögreglustjórinn í Reykjavík.* Lögð er til 8,5 m.kr. hækkun fjárveitinga til almenns rekstrar hjá lögreglustjóranum í Reykjavík sem skýrist annars vegar af 20 m.kr. viðbótarframlagi til embættisins til þess að fjölga lögreglumönnum í Reykjavík um fimm. Stöðurnar eru ætlaðar til fíkniefnalöggæslu, aukins götueftirlits, grenndarlöggæslu og til að efla samstarf við nágrannaumdæmi.

Hins vegar er lagt er til að millifærðar verði 11,5 m.kr. frá lögreglustjóranum í Reykjavík á nýtt viðfangsefni hjá embætti ríkislögreglustjóra, 1.11 Rekstur lögreglubifreiða, eins og fram kom í skýringum við það.

341 *Áfengis- og fíkniefnamál.* Gerð er tillaga um 12 m.kr. hækkun á fjárveitingu til þessa

fjárlagaliðar. Annars vegar er um 2 m.kr. framlag að ræða til viðfangsefnis 1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála til að styðja við sérstök verkefni sem tengjast fíkniefnalöggæslu. Sérstök áhersla verður lögð á aukna þjálfun lögreglumanna til þess að takast á við fíkniefnabrot og að unnt verði að byggja upp slíka þekkingu til kennslu í lögregluskólanum.

Hins vegar er gerð er tillaga um tímabundið framlag að fjárhæð 10 m.kr. á árinu 2000 sem ætlað er til kaupa á tækjabúnaði til að bæta og auka við þann búnað lögreglunnar í Reykjavík og annarra löggæsluembætta sem sérstaklega er ætlaður til fíkniefnarannsókna.

429 *Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði.* Lagt er til að framlag til sýslumannsembættisins á Höfn í Hornafirði, viðfangsefni 1.20 Löggæsla, verði hækkað um 1,7 m.kr. vegna fyrirhugaðra úrbóta á húsnæði fyrir lögreglu en núverandi húsnæði er þröngt og óhentugt. Gert er ráð fyrir að embættið leigi stóran hluta fyrstu hæðar ráðhúss bæjarins þar sem það er nú þegar með aðstöðu og fái að auki afnot af bílageymslu sem var nýtt sem slökkvistöð. Breytingin leiðir til um 1,5 m.kr. hærri leigugjalda og um 0,2 m.kr. hærri rekstrarkostnaðar.

430 *Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.* Lagt er til að fjárveitingar til sýslumannsins í Vík í Mýrdal hækki um 3 m.kr. til að hægt verði að bæta við lögreglumanni í umdæminu og yrði hann staðsettur í Vík.

433 *Sýslumaðurinn á Selfossi.* Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. fjárveiting til að standa undir útgjöldum af nýju starfi fíkniefnalögreglumanns við embættið. Með fjölgun fíkniefnalögreglumanna hjá embættum í nágrenni Reykjavíkur er stefnt að eflingu skipulegs samstarfs sem ríkislögreglustjóri hefur komið á milli lögregluliða á suðvesturhorninu í baráttunni gegn fíkniefnabrotum.

434 *Sýslumaðurinn í Keflavík.* Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til að mæta útgjöldum af nýju starfi fíkniefnalögreglumanns við embættið en hér er um að ræða framhald af sérstöku átaki í fíkniefnavörnum í Reykjanesbæ sem veittar voru 2 m.kr. til í fjárlögum þessa árs. Með fjölgun fíkniefnalögreglumanna hjá embættum í nágrenni Reykjavíkur er stefnt að eflingu skipulegs samstarfs sem ríkislögreglustjóri hefur komið á milli lögregluliða á suðvesturhorninu í baráttunni gegn fíkniefnabrotum.

437 *Sýslumaðurinn í Kópavogi.* Gerð er tillaga um 9 m.kr. hækkun framlaga embættisins og er hún af tvennum toga. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til yfirstjórnar verði aukið um 5 m.kr. í ljósi mikillar fólksfjölgunar og samsvarandi fjölgunar verkefna undanfarin ár hjá embættinu. Á síðasta ári fjölgaði íbúum í Kópavogi um rúmlega 1.500 og frá 1992 hefur íbúum fjölgað um rúmlega 4.500. Fjárveitingar hafa hins vegar ekki hækkað að raungildi. Framlag vegna þessa var hækkað um 2,5 m.kr. í fjárlagafrumvarpinu en í ljós hefur komið að sú hækkun mun ekki duga til og því er þessi viðbót lögð til.

Í annan stað er lagt til að veitt verði 4 m.kr. fjárveiting til að standa undir útgjöldum við nýtt starf fíkniefnalögreglumanns við embættið. Með fjölgun fíkniefnalögreglumanna hjá embættum í nágrenni Reykjavíkur er stefnt að eflingu skipulegs samstarfs sem ríkislögreglustjóri hefur komið á milli lögregluliða á suðvesturhorninu í baráttunni gegn fíkniefnabrotum.

490 *Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.* Gerð er tillaga um 64 m.kr. fjárheimild á viðfangsefninu 1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður undir þessum fjárlagalið. Sú fjárheimild er ætluð til að mæta kostnaði löggæsluembætta vegna leigu á lögreglubifreiðum frá embætti ríkislögreglustjóra umfram það sem þau hafa greitt í bifreiðarekstur af eigin fjárveitingum undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að fjárheimildinni verði skipt niður á lög-

gæsluembætti í samræmi við sérstök yfirlit I með breytingartillögum meiri hlutans. Á móti fjárheimildinni koma jafnháar sértekjur af leigugjöldum hjá embætti ríkislögreglustjóra þannig að greiðsla úr ríkissjóði hækkar ekki. Nánari skýringar á þessari nýju tilhögun á rekstri lögreglubifreiða er að finna með tillögu við viðfangsefnið 1.11 Rekstur bifreiða undir liðnum 06-303 Ríkislögreglustjóri.

Þá er gerð tillaga um að hækka framlag til viðfangsefnisins 1.60 Gagnalínukostnaður um 5,9 m.kr. vegna samkomulags dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands um aðgang embætta dómsmálaráðuneytisins að hlutafélagaskrá og að þjóðskrá og daglegri uppfærslu hennar hjá þeim embættum. Í fjárlagafrumvarpinu eru felldar niður fjárheimildir á þessum lið þar sem ekki hafði verið tekið upp nýtt fyrirkomulag í samræmi við fjárlög ársins 1999 en nú hefur það gengið eftir. Samkvæmt samkomulaginu skal dómsmálaráðuneytið greiða Hagstofunni 3,2 m.kr. á næsta ári fyrir þjóðskrána, 4,2 m.kr. á árinu 2001 og 5 m.kr. árið 2002 og framvegis. Gjöld vegna afnota embættanna af hlutafélagaskrá eru áætluð 2,7 m.kr. á ári. Gera má ráð fyrir að tekjur Hagstofunnar hækki að sama skapi.

491 *Húsnæði og búnaður sýslumanna.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi vegna húsnæðis sýslumannsins í Stykkishólmi. Annars vegar er sótt um 5 m.kr. framlag til viðhalds á húsnæði Ólafsvíkurútibús sýslumannsins. Á síðasta ári var gengið frá kaupum ríkissjóðs á efri hæð húss þar sem sýsluskrifstofur og lögreglustöð hafa verið til húsa. Framkvæmdasýsla ríkisins lagði frummat á kostnað við viðhald og endurbætur á húsnæðinu. Sá kostnaður var talinn nema 16,5 m.kr. Húsnæðið verður fært í umsjá Fasteigna ríkissjóðs um næstu áramót. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir mun meiri kostnaði enda kom í ljós að húsið þarfnast viðhalds að utan sem ekki var í áætlun Framkvæmdasýslunnar.

Heildarkostnaðaráætlun vegna nýbyggingar sýsluskrifstofu og lögreglustöðvar í Stykkishólmi sem samþykkt var hjá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir var án búnaðarkaupa, tölvulagna o.fl. Samkvæmt áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins er talið að kostnaðarauki af þessu nemi um 8 m.kr. en hér er gerð tillaga um 5 m.kr. og gert ráð fyrir að embættið nýti núverandi innanstokksmuni eins og kostur er.

07 Félagsmálaráðuneyti

101 *Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Farið er fram á 0,9 m.kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn. Annars vegar er um að ræða 4 m.kr. hækkun til kærunefnda fjöleignarhúsamála og húsaleigumála sem gert er ráð fyrir að flytjist frá Íbúðalánasjóði til aðalskrifstofu. Húsnæðisstofnun ríkisins greiddi kostnað af starfsmanni þessara nefnda en í áætlun Íbúðalánasjóðs er ekki gert ráð fyrir að sjóðurinn kosti störf nefndanna.

Á hinn bóginn er lagt til að 3,1 m.kr. fjárveiting til starfsemi fjölskylduráðs verði færð af liðnum á 07-999 1.46 Fjölskylduráð sem nýtt viðfangsefni.

302 *Ríkissáttasemjari.* Farið er fram á 3,5 m.kr. hækkun liðarins. Hluti hennar, eða 1,5 m.kr., er ætlaður til hækkunar á rekstrarútgjöldum embættis ríkissáttasemjara. Með flutningi embættisins í nýtt húsnæði á næsta ári þarf að gera ráð fyrir auknum húsnæðiskostnaði.

Einnig er farið fram á 2 m.kr. tímabundið framlag til embættis ríkissáttasemjara til kaupa á búnaði og tækjum í nýtt húsnæði á viðfangsefnið 6.01 Tæki og búnaður. Í áætlun embættisins er gert ráð fyrir að kostnaður af búnaði og tækjakaupum nemi 6,5 m.kr. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að 4,5 m.kr. greiðist af rekstrarafgangi ársins 1999 og er því sótt um 2 m.kr. viðbótarframlag á árinu 2000.

311 Jafnréttisráð. Lagt er til að tímabundið framlag til nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum verði hækkað um 0,8 m.kr. og verði þannig alls 5 m.kr. Nefndin var skipuð af félagsmálaráðherra árið 1998 og gert ráð fyrir starfsemi á hennar vegum í fimm ár.

400 Barnaverndarstofa. Farið er fram á 20 m.kr. framlag til reksturs meðferðarstöðvar Virkisins á Kjalarnesi í samræmi við tillögur um aukið framlag til fíkniefnavarna. Forsenda fjárveitingar er gerð þjónustusamnings sem m.a. feli í sér skilgreiningu á þeirri þjónustu sem veitt er, en auk þess ákvæði um fjárhagslegt og faglegt eftirlit með starfseminni. Miðað er við að samningum verði lokið fyrir 1. mars nk.

700 Málefni fatlaðra. Fyrirhuguð hækkun til liðarins er samtals 14,6 m.kr. á viðfangsefninu 1.90 Ýmis verkefni. Í fyrsta lagi er óskað eftir 4,6 m.kr. tímabundnu framlagi vegna framkvæmda við handverkshús Ásgarðs í Lækjarbotnum, en húsið er aðflutt timburhús sem verið er að breyta og byggja við.

Í öðru lagi er gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til þess að greiða fyrir endurnýjun samninga við sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir sem annast þjónustu við fatlaða. Í fjárlagafrumvarpinu eru 27 m.kr. til ráðstöfunar í þessu skyni.

981 Vinnumál. Nefnd sem forsætisráðherra skipaði til að móta tillögur um stuðning stjórnvalda við handverksgreinar leggur til að veitt verði árlega 13 m.kr. framlag tímabundið í fjögur ár og að hlutur félagsmálaráðuneytis verði 3,3 m.kr. Aðrir þátttakendur í verkefninu eru forsætisráðuneyti og Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Markmið verkefnisins er að stuðla að viðvarandi vexti handverks, að bæta menntun og þekkingu handverksfólks og efla gæðavitund í greininni. Farið er fram á sömu fjárhæð í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999, þ.e. 3,3 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Ráðgerð er 31,1 m.kr. hækkun til liðarins og skiptist hún á eftirfarandi átta viðfangsefni. Fyrir það fyrsta er ætlunin að hækka framlög til viðfangsefnisins 1.31 Félagasamtök, styrkir um 2,5 m.kr. Skipting fjárveitinganna er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

Þá er lögð til 2,5 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Samtaka um kvennaathvarf til að koma til móts við aukinn launakostnað og viðhaldskostnað á húsnæði athvarfsins.

Gerð er tillaga um 4,6 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Stígamóta en þar hefur bæst við eitt stöðugildi fræðslu- og kynningarfulltrúa. Þá hafa samtökin stofnað sjálfshjálparhópa fyrir börn og unglinga og stefnt er að því að mynda sjálfshjálparhópa fyrir þroskaheftar konur. Sérstakt verkefni verður unnið í tilefni tíu ára afmælis Stígamóta.

Farið er fram á 10 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til endurhæfingarheimilis Krossgatna til að styrkja frekar rekstur þess. Starfsemi samtakanna hefur aukist ár frá ári og er eftirspurnin meiri en hægt er að anna.

Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt skipti til að mæta tekjutapi Byrgisins vegna óvæntra tafa á því að meðferðarstöðin í Rockville kæmist í gagnið. Framlagið er í samræmi við tillögur um aukið framlag til fíkniefnavarna. Forsenda fjárveitingarinnar er að samningi Byrgisins við utanríkisráðuneytið um afnot af aðstöðunni í Rockville verði framfylgt.

Fyrirhugað er að 3,1 m.kr. fjárveiting til starfsemi fjölskylduráðs verði færð af lið 07-101 1.01 Yfirstjórn á 07-999 1.46 Fjölskylduráð sem er nýtt viðfangsefni eins og fyrr segir.

Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. fjárveitingu til að styrkja starf prests sem þjónar nýbúum án tillits til trúar eða þjóðernis og starfar með félagsráðgjöfum Félagsstofnunar Reykjavíkurborgar og færist hún á viðfangsefnið 1.47 Félagsþjónusta við nýbúa.

Að síðustu er gerð tillaga um að viðfangsefnið 1.90 Ýmis framlög hækki tímabundið um 2 m.kr. og framlagið verði veitt hjónum til að annast tvö alvarlega veik börn sín.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

201 Tryggingastofnun ríkisins. Farið er fram á 16 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á útseldri vinnu tölvu- og kerfisfræðinga umfram almennar verðlagshækkanir. Nær helmingur af öðrum gjöldum Tryggingastofnunar ríkisins er rekstur á upplýsingakerfum þar sem taxtahækkun á útseldri vinnu tölvu- og kerfisfræðinga vegur þungt.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Lögð er til 76,3 m.kr. hækkun á liðnum. Annars vegar er lagt til að framlög til heimilisuppbótar lækki um 30 m.kr. Í ljósi útgjalda fyrstu tíu mánuði ársins 1999 hafa forsendur ársins 2000 breyst og áætlun um heimilisuppbót er lækkuð um 30 m.kr.

Hins vegar hækkar viðfangsefnið 1.51 Uppbætur um 106,3 m.kr. Þar er í fyrsta lagi lagt til að 8,5 m.kr. færist á óskiptan lið daggjaldastofnana til að breyta dvalarrými í hjúkrunarrými. Í öðru lagi er lagt til að 33,8 m.kr. verði fluttar til Hjúkrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri vegna áforma um breytingu dvalarrýmis í hjúkrunarrými. Loks er farið fram á 148,6 m.kr. óskipt framlag til að standa undir hækkun á daggjöldum dvalarheimila. Eftir að vistunarmat fyrir einstaklinga var tekið upp hefur hjúkrunarþyngd heimilanna aukist og hækkað rekstrarkostnað þeirra. Öll dvalarheimili fá greitt sama daggjaldið fyrir vistmenn sína en daggjald hefur ekki tekið mið af hjúkrunarþyngd.

204 Lífeyristryggingar. Gerð er tillaga um að framlög til lífeyristrygginga lækki um 80 m.kr. í ljósi útgjalda fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Þar er annars vegar lagt til að framlög til tekjutryggingar ellilífeyrisþega lækki um 50 m.kr. og hins vegar að framlög til fæðingarorlofs lækki um 30 m.kr.

206 Sjúkratryggingar. Gerð er tillaga um hækkun framlaga á þremur viðfangsefnum undir þessum lið sem nemur alls 171,1 m.kr. Í fyrsta lagi er lögð til 21,1 m.kr. hækkun á framlögum til lækniskostnaðar og skýrist hún af tvennu. Annars vegar er farið fram á að framlögin hækki um 40 m.kr. í ljósi útgjalda fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Hins vegar er gert ráð fyrir 18,9 m.kr. lækkun í kjölfar nýs samnings sem liggur fyrir við Krabbameinsfélag Íslands. Í honum er gert ráð fyrir að tveir fyrri samningar, þ.e. verksamningur Krabbameinsfélags Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 30. apríl 1992, og samningur Krabbameinsfélags Íslands við Tryggingastofnun ríkisins, dags. 31. janúar 1995, verði felldir saman í einn. Við þetta falla niður sérstakar greiðslur Tryggingastofnunar fyrir rannsóknir og sérskoðanir sem námu 18,9 m.kr. árið 1999.

Þá er farið fram á að fjárveiting til hjálpartækjakaupa verði hækkuð um 30 m.kr. í ljósi útgjalda fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Af sömu ástæðu er lagt til að framlög til þjálfunar hækki um 100 m.kr. og að framlög til sjúkradagpeninga hækki um 20 m.kr.

301 Landlæknir. Lagt er til að landlæknisembættið fái 5 m.kr. fjárveitingu til að stofna forvarnastöð með rannsóknir, fræðslu og ráðgjöf sem meginverkefni. Gert verður ráð fyrir stöðugildi rannsóknarmanns á forvarnastöð.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Óskað er eftir 8 m.kr. tímabundinni hækkun á fjárveitingum til kaupa á heyrnartækjum til að stytta biðtíma eftir þeim en hann er nú er allt að níu mánuðir.

Sjúkrastofnanir.

Lagt er til að veitt verði 1.444,3 m.kr. hækkun á framlögum til sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og samrekinna heilbrigðisstofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið

í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla stofnananna til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Sú hækkun á fjárveitingu sem hér er lögð til gerir stjórnendum kleift að samræma rekstrarkostnað við fjárheimildir ársins 2000. Framlagið er veitt með því skilyrði að stjórnendur stofnananna geri samning við heilbrigðisráðuneyti um að rekstur þeirra verði innan fjárheimilda árið 2000 og ákvæði í samningi verði í samræmi við það sem fram kemur um skipan þessara mála í inngangi. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að fjárveitingin verði felld niður með fjáraukalögum ársins 2000. Nánar er fjallað um þetta í inngangi en eftirfarandi er listi yfir stofnanir og framlag til hverrar um sig.

Stofnun	*M.kr.*
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	55,0
371 Ríkisspítalar	675,0
375 Sjúkrahús Reykjavíkur	210,0
400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	24,0
505 Heilsugæsla í Reykjavík	60,0
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	5,9
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	1,8
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	1,2
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	0,4
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	2,3
558 Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	8,9
574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi	2,4
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,4
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	5,7
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	5,6
584 Heilsugæsla í Kópavogi	15,3
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	11,6
586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	6,9
711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi	55,0
715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	9,9
721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	5,0
725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	16,0
731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	3,0
735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	3,0
741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	6,0
745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	11,0
751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	11,0
755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	11,0
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík	20,0
777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	66,0
781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	26,0
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi	53,0
791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	56,0

Þá er lögð til 134,3 m.kr. hækkun á framlögum til hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Fjárhæðin er byggð á mati í samræmi við svonefnda RAI-hjúkrunarþyngdarstuðla. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla stofnananna til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Stjórnendum þeirra er ætlað að halda rekstri þeirra innan daggjalda sem hér eru lögð til árið 2000. Stefnt er að því að gera samninga við þær stofnanir sem enn er ósamið við um þjónustuna og greiðslu daggjalda úr ríkissjóði og framlög notenda fyrir hana. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að daggjöld verði óbreytt frá því sem miðað er við í frumvarpinu. Eftirfarandi listi sýnir stofnanir og framlag til hverrar um sig.

Stofnun	*M.kr.*
368 Sólvangur, Hafnarfirði	27,3
411 Garðvangur, Garði	6,0
412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	14,5
414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	0,6
415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	0,4
416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	0,5
417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,1
421 Víðines	2,7
430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	1,8
432 Vistheimilið Bjarg	0,4
435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	5,3
490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	8,5
495 Daggjaldastofnanir	
1.11 Seljahlíð, Reykjavík	2,5
1.19 Hjallatún, Vík	1,2
1.21 Höfði, Akranesi	24,8
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	2,5
1.25 Barmahlíð, Reykhólum	1,3
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	2,4
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði	0,8
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	1,2
1.35 Jaðar, Ólafsvík	0,6
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	16,7
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	8,1
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	2,5
1.81 Hjúkrunarheimili í Garðabæ	1,6

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Lögð er til 37 m.kr. hækkun framlags til stofnunarinnar. Þar af eru 6,5 m.kr. til ísótóparannsókna, 10 m.kr. til aukinnar starfsemi á sviði barna- og unglingageðlækninga, 14,5 m.kr. til reksturs göngudeildar fyrir geðdeild og barna- og unglingageðlækningar og 3,8 m.kr. til reksturs þjálfunarlaugar í Kristnesi sem tekin verður í notkun á næsta ári.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Lagt er til að millifært verði 32 m.kr. framlag innan þessa fjárlagaliðar af viðfangsefni 1.91 Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili á viðfangsefni 1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Í frumvarpi til fjárlaga var 32 m.kr.

fjárveiting til hækkunar rekstrargrunns hjúkrunarheimila millifærð á hlutaðeigandi stofnanir. Þau mistök urðu hins vegar að fjárveitingin var tekin af 08-370 1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi í stað 08-370 1.91 Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili. Óskað er eftir leiðréttingu á þessu til að koma í veg fyrir misskilning eftir afgreiðslu fjárlaga.

379 Sjúkrahús, óskipt. Gerð er tillaga um 87 m.kr. framlag til þessa nýja liðar. Annars vegar er um að ræða 37 m.kr. til ýmissa sjálfseignarstofnana og hins vegar 50 m.kr. til heilbrigðisstofnananna á Akranesi, Austurlandi, Selfossi og Suðurnesjum. Er framlaginu ætlað að auðvelda aðgerðir til að halda rekstrinum innan fjárheimilda. Mun heilbrigðisráðuneyti ásamt fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun fara nánar yfir forsendur fyrir framlögum til stofnananna. Síðan munu ráðuneytin leggja tillögu fyrir fjárlaganefnd um skiptingu framlagsins. Afgangsheimildir á þessum lið verða felldar niður.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Gerð er tillaga um 34 m.kr. hækkun viðfangsefnisins 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Sundurliðun er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans. Hluti fjárhæðarinnar, eða 10 m.kr., er tímabundið framlag til endurbóta á húsnæði Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Alls er lögð til 57,2 m.kr. hækkun framlaga til þessa liðar og skiptist hún á fimm viðfangsefni. Í fyrsta lagi er lögð til 32,1 m.kr. hækkun fjárveitingar til leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands en drög að nýjum samningi við félagið liggja fyrir. Í honum er eins og að framan er getið gert ráð fyrir að tveir fyrri samningar, þ.e. verksamningur Krabbameinsfélags Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 30. apríl 1992, og samningur Krabbameinsfélags Íslands við Tryggingastofnun ríkisins, dags. 31. janúar 1995, verði felldir saman í einn. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir 13,2 m.kr. hækkun til að halda áfram óbreyttri starfsemi í skipulagðri krabbameinsleit hjá konum. Auk þess er gert ráð fyrir að 18,9 m.kr. greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir rannsóknir og sérskoðanir verði hluti af samningnum og færist fjárveiting vegna þeirra verka af liðnum 08-206 1.11 Sjúkratryggingar, læknishjálp, kostnaður.

Þá er gerð tillaga um 13 m.kr. hækkun framlags til Krabbameinsfélags Íslands, viðfangsefnisins 1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir. Er þar annars vegar um 8 m.kr. hækkun framlags að ræða til félagsins en það hefur úthlutað styrkjum úr Rannsókna- og tækjakaupasjóði sínum til rannsókna á krabbameini. Með nýjum samningi við félagið er ekki gert ráð fyrir tekjum til rannsóknastyrkja eins og verið hefur fram til þessa. Því er lagt til að Krabbameinsfélagið fái framlag í Rannsókna- og tækjakaupasjóð til að standa undir úthlutun framangreindra styrkja. Hins vegar er um 5 m.kr. hækkun að ræða til styrktar almennri starfsemi félagsins.

Lagt er til að Stórstúka Íslands fái framlag að fjárhæð 1,5 m.kr. til forvarnastarfa og er það á nýju viðfangsefni, 1.36 Stórstúka Íslands.

Þá er gerð tillaga um 5,5 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til Krýsuvíkurskóla til að styrkja rekstur hans. Fangelsisyfirvöld, félagsmálayfirvöld, svæðisskrifstofa fatlaðra og fleiri aðilar leita í vaxandi mæli úrlausnar fyrir skjólstæðinga sína í Krýsuvíkurskóla.

Loks er farið fram hækkun viðfangsefnisins 1.90 Ýmis framlög en þar er um að ræða tímabundið framlag að fjárhæð 5,1 m.kr. til rannsóknar á ónæmisástandi gegn rauðum hundum. Fram til ársins 1989 voru eingöngu þær konur á barneignaraldri sem ekki reyndust með náttúrulegt ónæmi fyrir rauðum hundum bólusettar gegn þeim. Í ársbyrjun

1989 hófst hins vegar almenn ungbarnabólusetning gegn rauðum hundum, mislingum og hettusótt við 18 mánaða aldur. Hinn 1. júlí 1999 voru börn sem fyrst fengu þrígildu bólusetninguna orðin 12 ára. Til að tryggja að ónæmisástand allra barna í landinu sé viðunandi er lagt til að rannsókn á ónæmisástandi 12 ára barna verði viðhaldið til 30. júní 2001. Áætlaður kostnaður við verkefnið er rúmlega 10 m.kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er farið fram á 2,6 m.kr. fjárveitingu sem er kostnaður við verkefnið frá miðju ári 1999. Á árinu 2000 er áætlaður kostnaður við verkefnið 5,1 m.kr. og 2,6 m.kr. árið 2001.

420 *Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.* Lögð er til 35 m.kr. hækkun framlags til samtakanna. Í fyrsta lagi er farið fram á að veitt verði 30 m.kr. framlag til reksturs unglingadeildar SÁÁ á Vogi. Framlagið er í samræmi við tillögur um aukið framlag til fíkniefnavarna. Forsenda fjárveitingar er gerð þjónustusamnings sem m.a. feli í sér skilgreiningu á þeirri þjónustu sem veitt er, en auk þess ákvæði um fjárhagslegt og faglegt eftirlit með starfseminni. Miðað er við að samningum verði lokið fyrir 1. mars nk. Þá er gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundna hækkun á fjárveitingu til að styrkja rekstur göngudeildar SÁÁ á Akureyri.

495 *Daggjaldastofnanir.* Lagt er til að 8,5 m.kr. framlag verði millifært á óskiptan lið daggjaldastofnana til að breyta dvalarrými í hjúkrunarrými.

496 *Reynslusveitarfélagið Akureyri.* Lögð er til 82,2 m.kr. hækkun framlags til viðfangsefnisins 1.11 Hjúkrunarrými. Í fyrsta lagi er þar lagt til að 33,8 m.kr. verði fluttar til Hjúkrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri vegna áforma um breytingu dvalarrýmis í hjúkrunarrými af liðnum 08-203 1.51 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eins og fram kemur í skýringum við þann lið.

Í annan stað er lagt til að veitt verði 33,4 m.kr. framlag til verkefnisins í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Samkvæmt tillögum sem samþykktar voru við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla vegna verkefnisins til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Fyrirhugað er að endurnýja samning við reynslusveitarfélagið og eiga fjárveitingarnar að duga til að standa undir þeirri þjónustu sem það tekur að sér.

Loks er gerð tillaga um 15 m.kr. aukið framlag á þennan fjárlagalið. Skýrist það af fjölgun um 15 hjúkrunarrými á Hlíð á Akureyri í tengslum við framlengingu á samningi við Akureyrarbæ. Um er að ræða sex ný hjúkrunarrými og breytingu á níu dvalarrýmum í hjúkrunarrými. Hjúkrunarrými fyrir íbúa 67 ára og eldri hafa verið fæst á starfssvæði sveitarfélagsins miðað við aðra landshluta.

497 *Reynslusveitarfélagið Hornafjörður.* Lagt er til að veitt verði 10,7 m.kr. framlag til verkefnisins í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Samkvæmt tillögum sem samþykktar voru við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla vegna verkefnisins til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Fyrirhugað er að endurnýja samning við reynslusveitarfélagið og eiga fjárveitingarnar að duga til að standa undir þeirri þjónustu sem það tekur að sér. Jafnframt er lagt til að heiti fjárlagaliðarins 08-497 verði Reynslusveitarfélagið Hornafjörður en það er Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði samkvæmt frumvarpinu.

500 *Heilsugæslustöðvar, almennt.* Lögð er til 67,4 m.kr. fjárveiting á óskiptan lið á þessu viðfangsefni. Þar af eru 55 m.kr. vegna heilsugæslunnar í Reykjavík og 12,4 m.kr. til annarra heilsugæslustöðva. Eiga framlögin að auðvelda aðgerðir til að halda rekstrinum innan fjárheimilda árið 2000. Mun heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti ásamt Rík-

isendurskoðun fara nánar í forsendur fyrir framlögum til einstakra stofnana. Ráðuneytin munu síðan leggja tillögu fyrir fjárlaganefnd um skiptingu framlagsins á einstakar stöðvar. Afgangsheimildir verða felldar niður á þessum lið.

505 *Heilsugæsla í Reykjavík.* Farið er fram á 10 m.kr. hækkun fjárveitingar til heilsugæslustöðvanna í Efstaleiti og Grafarvogi. Heilsugæslustöðin í Fossvogi flutti í nýtt og stærra húsnæði í Efstaleiti seint á árinu og hækkaði húsnæðiskostnaður við það. Einnig er ætlunin að auka starfsemi stöðvarinnar. Þá er áformað að flytja heilsugæslustöðina í Grafarvogi í nýtt og stærra húsnæði árið 2000. Er þá gert ráð fyrir að húsnæðiskostnaður hækki og að nokkur aukning verði á starfsemi stöðvarinnar.

510 *Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.* Lagt er til að sértekjur lækki um 21,9 m.kr. en á móti lækki rekstrargjöld um sömu upphæð. Sértekjur stöðvarinnar hafa dregist saman og er áformað að laga fjárheimildir að raunverulegri veltu.

515 *Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík.* Gerð er tillaga um að hækka launafjárveitingu heilsugæslustöðvarinnar um 20,8 m.kr. Þessi hækkun á launagrunni stöðvarinnar frá og með árinu 2000 er vegna breytinga á kjörum heilsugæslulækna og hjúkrunarfræðinga á tímabilinu frá 1997 til næsta árs samkvæmt kjarasamningum, aðlögunarsamningum og úrskurðum kjaranefndar. Einnig hafa verið millifærðar fjárheimildir til stofnunarinnar af launa- og verðlagsmálalið fjármálaráðuneytisins innan ársins 1999 til að mæta auknum launaútgjöldum áranna 1997–99. Öðrum heilbrigðisstofnunum hafa þegar verið bættar þessar hækkanir í fjárlögum og fjáraukalögum en þar sem heilsugæslustöðin við Lágmúla er einkarekin og ekki með launaafgreiðslu sína í launabókhaldi ríkisins var ekki lokið við endurmat á launagrunninum fyrir framlagningu fjárlagafrumvarpsins.

553 *Reynslusveitarfélagið Akureyri.* Lagt er til að veitt verði 20,5 m.kr. framlag til verkefnisins í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Samkvæmt tillögum sem samþykktar voru við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla vegna verkefnisins til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Fyrirhugað er að endurnýja samning við reynslusveitarfélagið og eiga fjárveitingarnar að duga til að standa undir þeirri þjónustu sem það tekur að sér.

568 *Reynslusveitarfélagið Hornafjörður.* Lagt er til að veitt verði 4,1 m.kr. framlag til verkefnisins í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Samkvæmt tillögum sem samþykktar voru við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla vegna verkefnisins til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Fyrirhugað er að endurnýja samning við reynslusveitarfélagið og eiga fjárveitingarnar að duga til að standa undir þeirri þjónustu sem það tekur að sér.

Jafnframt er lagt til að heiti fjárlagaliðarins 08-568 og viðfangsefnisins 08-568 1.01 verði Reynslusveitarfélagið Hornafjörður en það er Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði samkvæmt frumvarpinu.

621 *Forvarnasjóður.* Farið er fram á 10 m.kr. framlag til Forvarnasjóðs til að sjóðurinn geti aukið styrki til verkefna á sviði forvarna gegn fíkniefnum.

721 *Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.* Lagt er til að veitt verði 1 m.kr. framlag til stofnunarinnar til endurnýjunar á símkerfi stofnunarinnar.

725 *Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.* Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. framlag til stofnunarinnar sem verði nýtt til kaupa á skyggnimagnara (C-boga) fyrir stofnunina. Viðbótarframlag til kaupanna mun síðan koma af tækjakaupalið sjúkrahúsanna á næsta ári.

751 *Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.* Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun framlags til stofn-

unarinnar. Annars vegar er lagt til að veittar verði 6 m.kr. til meiri háttar viðhalds, þ.e. til endurnýjunar á gluggum í austurálmu, til lagfæringa á aðkeyrslu að stofnuninni og til frágangs lóðar umhverfis hana. Þá er lagt til að veitt verði 2 m.kr. framlag til sjúkraflutninga til að mæta kostnaði við það að tveir sjúkraflutningamenn fari í útkall í stað eins áður.

09 Fjármálaráðuneyti

214 Yfirskattanefnd. Lagt er til að launafjárveiting til nefndarinnar hækki um 3 m.kr. í kjölfar mats á kostnaðaráhrifum af úrskurði kjaranefndar 21. júlí sl. um laun nefndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi. Ný launakjör gilda frá 1. maí 1999 og hefur kostnaðarauka ársins 1999 verið mætt með fjárheimild af launa- og verðlagsmálalið fjármálaráðuneytis.

261 Ríkistollstjóri. Gerð er tillaga um 7 m.kr. hækkun á fjárveitingu til ríkistollstjóra. Þar er annars vegar um að ræða 3 m.kr. fjárveitingu til embættisins til að unnt verði að gefa tollvörðum sem bera sérstaka ábyrgð í fíkniefnamálum tækifæri til endurmenntunar og starfsþjálfunar, bæði innan lands og erlendis. Ætla má að um geti verið að ræða 20 tollverði sem öðrum fremur þurfi að eiga kost á slíkri þjálfun. Fyrirhugað er að ríkistollstjóraembættið hafi umsjón með skipulagningu endurmenntunar á þessu sviði í samvinnu við hlutaðeigandi embætti. Kostnaður við slíka endurmenntun yrði þá greiddur af ríkistollstjóraembættinu til að tryggja að tollstjórar setji ekki kostnað fyrir sig við ákvarðanir um námsleyfi starfsmanna.

Hins vegar er lagt til að fjárveiting til stofnunarinnar verði hækkuð um 4 m.kr. til að efla starf hennar að fíkniefnavörnum. Stofnunin fyrirhugar að koma á samstarfi við ríkislögreglustjóra um að hafinn verði undirbúningur þess að koma á sjálfvirku, tölvuvæddu tolleftirlitskerfi byggðu á áhættugreiningu. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði sérstakur verkefnisstjóri að þessu verkefni sem samræmi samvinnu milli embætta ríkistollstjóra og ríkislögreglustjóra.

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Farið er fram á 18 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2000 til kaupa á bifreið með gegnumlýsingarbúnaði. Tollgæslan hefur leitað árangursríkra leiða til að rannsaka fleiri sendingar sem koma til landsins og stemma stigu við smygli fíkniefna. Talið er að gegnumlýsingartækni geti orðið notadrýgst og líklegust til árangurs fyrir tollgæsluna í Reykjavík. Tækið sem fyrirhugað er að kaupa getur skoðað sendingar í nokkuð stórum umbúðum og yrði því komið fyrir í bifreið þannig að hægt yrði að færa það á milli staða.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Gerð er tillaga um 45 m.kr. fjárheimild á nýju viðfangsefni, 1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara, undir þessum fjárlagalið. Jafnframt er gerð tillaga um 10 m.kr. fjárheimild á öðru nýju viðfangsefni, 1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun. Við breytta framsetningu á fjárlögunum 1998 í kjölfar nýrra laga um fjárreiður ríkisins féllu þessar greiðslur út í áætlanagerð um nýja sundurliðun lífeyrisskuldbindinga og -greiðslna. Tillögunni er ætlað að laga fjárheimildir liðarins að endurbættri áætlanagerð í samræmi við breytta framsetningu fjárlaganna.

995 Skýrsluvélakostnaður. Gerð er tillaga um 70 m.kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins 6.90 Tölvukerfi, óskipt undir þessum fjárlagalið. Hækkun á kostnaði vegna upplýsingakerfa hefur verið mjög mikil á undanförnum árum. Stafar þetta einkum af hækkun taxta fyrir útselda vinnu í upplýsingageiranum og auknum kröfum til kerfanna. Á þessu ári voru útgjöld vegna upplýsingakerfa mun meiri en áætlað var og á það einkum við um skattvinnslukerfi á vegum ríkisskattstjóra. Fjármálaráðuneytið er að láta gera úttekt á kostn-

aði við þessi kerfi. Fyrstu niðurstöðu er að vænta fyrir lok þessa árs en fjárveitingin er ætluð til að standa undir áætlaðri útgjaldaaukningu á þessu sviði.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um hækkun fjárveitinga sem nemur alls 64 m.kr. á þessum lið. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 8 m.kr. tímabundna hækkun á fjárveitingum til rekstrar Slysavarnaskóla sjómanna.

Þá er lögð til 2 m.kr. hækkun á framlagi til Slysavarnafélagsins Landsbjargar til rekstrar á björgunarskipinu Þór í Vestmannaeyjum.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um tímabundna 49 m.kr. fjárveitingu til markaðsátaks í Norður-Ameríku. Niðurstaða verkefnis sem bandarískt markaðsráðgjafarfyrirtæki vann um markaðssetningu Íslands í Norður-Ameríku er sú að samstilltar aðgerðir til að kynna Ísland og íslenskar vörur eigi að geta skilað árangri. Aðgerðir kosta að lágmarki 70 milljónir íslenskra króna á ári í fimm ár, alls 350 m.kr. Lagt er til að íslensk stjórnvöld standi undir allt að 70% framangreinds kostnaðar í a.m.k. fimm ár gegn því að fulltrúar þeirra fyrirtækja sem hagsmuna eiga að gæta á mörkuðum Norður-Ameríku skuldbindi sig til að leggja fram allt að 30% mótframlag á því tímabili.

Loks er gerð tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Hestamiðstöðvar Íslands sem fyrirhugað er að koma á fót í Skagafirði. Er framlagið liður í byggðatengdu átaksverkefni um gæðastefnu, ræktun, tamningu, þjálfun, sölu, kynningu og notkun íslenska hestsins sem gert er ráð fyrir að verði styrkt í fimm ár. Í tillögum við aðra fjárlagaliði er gert ráð fyrir alls 20 m.kr. til viðbótar til verkefnisins, þar af eru 10 m.kr. á liðnum 04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði hjá landbúnaðarráðuneyti, 5 m.kr. á liðnum 02-999 Ýmislegt hjá menntamálaráðuneyti og 5 m.kr. á liðnum 11-299 Iðja og iðnaður, framlög hjá iðnaðarráðuneyti.

211 Vegagerðin. Alls er gerð tillaga um 239 m.kr. hækkun framlaga til Vegagerðarinnar. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 14 m.kr. fjárveitingu til yfirstjórnar en það svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þessari verðlagshækkun milli ára. Sambærileg breyting er lögð til á öðrum viðfangsefnum.

Þá er lögð til 488 m.kr. hækkun á styrkjum til ferja og sérleyfishafa. Annars vegar er þar lagt til að 475 m.kr. fjárveiting verði flutt af viðfangsefninu 6.55 Ferjur og flóabátar á viðfangsefnið 1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa þar sem útgjöld vegna ferja eru rekstrartilfærslur til fyrirtækja fremur en stofnkostnaður. Hins vegar er þar gerð tillaga um 13 m.kr. fjárveitingu sem svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þessari verðlagshækkun milli ára.

Jafnframt þessu er lagt til að heiti viðfangsefnisins 1.11 verði Styrkir til ferja og sérleyfishafa í stað Styrkir til sérleyfishafa samkvæmt frumvarpinu.

Lagt er til að hluti áætlaðs framlags til viðfangsefnis 5.52 Þéttbýlisvegir í frumvarpinu, eða 251 m.kr., færist á viðfangsefnið 5.05 Þjónusta. Er það í samræmi við breytta framsetningu á fyrirhugaðri vegáætlun fyrir árin 2000–2004 sem lögð verður fram á Alþingi. Loks er er gerð tillaga um 52 m.kr. fjárveitingu til þessa viðfangsefnis sem svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þessari verðlagshækkun milli ára.

Af sama toga eru breytingar sem lagðar eru til á viðfangsefninu 5.10 Viðhald og nema 200 m.kr. Þar er lagt til að hluti áætlaðs framlags til viðfangsefnis 5.52 Þéttbýlisvega í frumvarpinu, eða 153 m.kr., færist á viðfangsefnið í samræmi við breytta framsetningu á fyrirhugaðri vegáætlun fyrir árin 2000–2004 sem lögð verður fram á Alþingi. Jafnframt er gerð tillaga um 47 m.kr. fjárveitingu en það svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þessari verðlagshækkun milli ára.

Á viðfangsefninu 5.52 Þéttbýlisvegir verða breytingar sem nema 392 m.kr. til lækkunar. Þar er í fyrsta lagi gerð tillaga um 12 m.kr. fjárveitingu en það svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar sem ekki var gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þá er sem fyrr greinir lagt til að hluti áætlaðs framlags til viðfangsefnisins í frumvarpinu, eða 251 m.kr., færist á viðfangsefnið 5.05 Þjónusta og hins vegar að 153 m.kr. færist á viðfangsefnið 5.10 Viðhald. Er það í samræmi við breytta framsetningu á fyrirhugaðri vegáætlun fyrir árin 2000–2004 sem lögð verður fram á Alþingi.

Lagt er til að fjárveitingar til nýframkvæmda hækki alls um 88 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 350 m.kr. frestun hafnaframkvæmda á lið 10-335 Siglingastofnun Íslands. Lagt er til að þar af verði 35 m.kr. fluttar til Vegagerðarinnar og komi til frestunar á framkvæmdum í vegamálum. Gert er ráð fyrir samsvarandi hækkun fjárveitingar á viðfangsefninu 6.70 Hafnamannvirki hjá Siglingastofnun. Í annan stað er gerð er tillaga um 123 m.kr. fjárveitingu sem svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar sem ekki var gert ráð fyrir í frumvarpinu.

Gerð er tillaga um fjárveitingu sem svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar á nokkrum öðrum viðfangsefnum. Til landsvega nemur hún 2 m.kr., til tilrauna 3 m.kr., til safnvega 6 m.kr., til styrkvega 1 m.kr. og til reiðvega 1 m.kr. Í frumvarpinu er sem fyrr segir ekki gert ráð fyrir þessari verðlagshækkun milli ára.

Lækkun sú sem lögð er til á viðfangsefninu 6.55 Ferjur og flóabátar, 475 m.kr., er vegna fyrrgreinds flutnings fjárhæðarinnar á viðfangsefnið 1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa þar sem útgjöld vegna ferja eru rekstrartilfærslur til fyrirtækja fremur en stofnkostnaður.

335 *Siglingastofnun Íslands.* Lagt er til að framlög til stofnunarinnar hækki alls um 46,1 m.kr. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til yfirstjórnar til að standa straum af kostnaði við undirbúningsrannsóknir vegna hafnargerðar við álvershöfn sem hugsanlega verður byggð í Reyðarfirði.

Þá er gerð tillaga um 45 m.kr. hækkun fjárveitinga til hafnamannvirkja. Annars vegar er þar um 35 m.kr. hækkun að ræða. Í fjárlagafrumvarpinu er sem fyrr greinir gert ráð fyrir 350 m.kr. frestun hafnaframkvæmda á lið 10-335 Siglingastofnun Íslands. Lagt er til að þar af verði 35 m.kr. fluttar til Vegagerðarinnar og komi til frestunar á framkvæmdum í vegamálum. Gert er ráð fyrir samsvarandi lækkun fjárveitingar á viðfangsefninu 6.10 Nýframkvæmdir hjá Vegagerðinni. Hins vegar er um tvær leiðréttingar að ræða sem samtals nema 10 m.kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er leiðrétt framsetning fjárlaga ársins 1999 með millifærslu á 5,5 m.kr. af viðfangsefninu 6.70 Hafnamannvirki yfir á 6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði og millifærslu á 4,5 m.kr. af viðfangsefninu 6.70 Hafnamannvirki yfir á 6.76 Ferjubryggjur. Þau mistök urðu hins vegar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2000 að þessar millifærslur voru einnig gerðar þar

og er lagt til að fjárhæðin, 10 m.kr. verði færð til baka á 6.70 Hafnamannvirki. Að sama skapi lækka fjárveitingar því um 5,5 m.kr. á viðfangsefninu 6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði og um 4,5 m.kr. á viðfangsefninu 6.76 Ferjubryggjur.

Gerð er tillaga um að viðfangsefni 6.74 Lendingarbætur hækki um 0,3 m.kr. Sundurliðun er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans við frumvarpið.

Loks er gerð tillaga um að framlag til sjóvarnargarða hækki um 2,8 m.kr. vegna sjóvarna í Leiru í Gerðahreppi.

651 *Ferðamálaráð.* Lagt er til að fjárveiting til viðfangsefnisins 1.11 Ferðamálasamtök landshluta hækki um 10 m.kr. til að styrkja rekstur upplýsingamiðstöðva í ferðaþjónustu.

11 Iðnaðarráðuneyti

299 *Iðja og iðnaður, framlög.* Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Hestamiðstöðvar Íslands sem fyrirhugað er að komið verði á fót í Skagafirði. Er framlagið liður í byggðatengdu átaksverkefni um gæðastefnu, ræktun, tamningu, þjálfun, sölu, kynningu og notkun íslenska hestsins sem gert er ráð fyrir að verði styrkt í fimm ár. Í tillögum við aðra fjárlagaliði er gert ráð fyrir alls 20 m.kr. til viðbótar til verkefnisins. Þar af eru 10 m.kr. á liðnum 04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði hjá landbúnaðarráðuneyti, 5 m.kr. á liðnum 10-190 Ýmis verkefni hjá samgönguráðuneyti og 5 m.kr. á liðnum 02-999 Ýmislegt hjá menntamálaráðuneyti.

301 *Orkustofnun.* Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundna hækkun á fjárveitingum til orkurannsókna sem varið verði til að ljúka rannsóknum á Geysissvæðinu en sérstök Geysisnefnd hefur starfað að því að efla rannsóknir á hverasvæðinu.

371 *Orkusjóður.* Gerð er tillaga um að fjárveitingar til Orkusjóðs verði hækkaðar um 6 m.kr. til að auka svigrúm hans til að veita styrki til jarðhitaleitar.

399 *Ýmis orkumál.* Lagt er til að niðurgreiðslur á rafhitun hækki um 160 m.kr. Er það áfangi í framkvæmd stefnu í byggðamálum sem samþykkt var fyrir árin 1999–2001. Samkvæmt henni verður áfram unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis.

411 *Byggðastofnun.* Um nýjan fjárlagalið er að ræða og er gert ráð fyrir 502 m.kr. til hans. Eins og greint er frá í skýringum við liðinn 01-221 Byggðastofnun er gert er ráð fyrir að fjárveitingar til Byggðastofnunar flytjist til iðnaðarráðuneytisins frá forsætisráðuneyti í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Flutt hefur verið frumvarp til laga vegna þessa á yfirstandandi haustþingi. Fjárveiting viðfangsefnisins 01-221 6.01 Byggðastofnun samkvæmt frumvarpinu, 137 m.kr., færist þar með á nýtt viðfangsefni, 11-411 1.10, hjá iðnaðarráðuneyti. Sömuleiðis færist fjárveiting til viðfangsefnisins 01-221 1.10 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni, 65 m.kr., á nýtt viðfangsefni, 11-411 1.11. Loks er gert er ráð fyrir að fjárveiting til viðfangsefnisins 01-221 6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni færist á nýtt viðfangsefni hjá iðnaðarráðuneyti, 11-411 6.41.

12 Viðskiptaráðuneyti

190 *Ýmis verkefni.* Lagt er til að veitt verði framlag að fjárhæð 2 m.kr. til kærunefndar um ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins sem fyrirhugað er að taki til starfa í janúar árið 2000. Skv. 17. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þurfa kærendur að greiða 120 þús. kr. fyrir hvert mál sem þeir bera upp við kærunefndina. Gert er ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp til breytingar á þeim lögum þar sem lagt verði til að

málskotsgjald kærunefndarinnar falli niður. Er gerð tillaga um framlag úr ríkissjóði til að fjármagna nefndarlaun og störf nefndarinnar þar sem hún verður af þessum tekjum.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Alls er farið fram á 13 m.kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.23 Ýmis umhverfisverkefni. Ber þar fyrst að geta tímabundins 8 m.kr. framlags til nefndar um endurnýtingu úrgangs. Nefndinni er ætlað að gera tillögur um umhverfisátak á sviði endurnýtingar úrgangs eins og boðað er í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Áætlað er að nefndin starfi í þrjú ár og að kostnaðurinn verði nokkru lægri síðari tvö árin.

Þá er óskað eftir 3 m.kr. tímabundinni fjárveitingu vegna kostnaðar við Staðardagskrá 21, en það er heiti á sérstakri heildaráætlun bæjar- og sveitarfélaga um sjálfbæra þróun. Undanfarna 18 mánuði hefur verið unnið að samstarfsverkefni ríkisins og ákveðinna sveitarfélaga um verkefnið Staðardagskrá 21. Til þess að ljúka verkefninu þarf aukið fjármagn úr ríkissjóði, alls 3 m.kr. á árinu 2000.

Loks er um að ræða 2 m.kr. framlag til nýskipaðrar 16 manna nefndar um hálendismál. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og er henni ætlað að fjalla um svæðisskipulag miðhálendisins og aðalskipulag innan marka miðhálendisins. Skal nefndin sjá til þess að aðalskipulag sé í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í svæðisskipulagi miðhálendisins og að samræmis sé gætt milli aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga á svæðinu.

Auk þessa er lagt til að heiti viðfangsefnisins 14-190 1.58 verði Náttúrugripasöfn í stað Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum samkvæmt frumvarpinu.

205 Náttúruvernd ríkisins. Farið er fram á 5 m.kr. vegna vinnu við gerð náttúruverndaráætlana. Samkvæmt nýjum náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, skal slík áætlun vera tilbúin fyrir landið allt eigi síðar en árið 2002. Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun koma að verkinu. Hlutverk Náttúruverndar er að afla gagna og meta verndargildi vistkerfa og náttúruminja.

210 Veiðistjóri. Óskað er eftir 3 m.kr. tímabundnu framlagi til embættisins sem fari til rannsókna á hreindýrastofninum á Austurlandi. Unnið er að gerð samnings um að Náttúrustofa Austurlands taki þær að sér.

310 Landmælingar Íslands. Farið er fram á 16,5 m.kr. hækkun á framlögum til stofnunarinnar. Annars vegar er um að ræða 4,5 m.kr. fjárveitingu til undirbúnings nýs verkefnis á sviði fjarkönnunar. Með fjarkönnun er átt við mælingu á rafsegulgeislun frá lofthjúpi jarðar og yfirborði jarðar, úr flugvél eða gervitungli, úrvinnslu mælinganna og myndræna framsetningu þeirra. Með þessu verkefni er stuðlað að samvinnu stofnana og aukinni notkun fjarkönnunargagna til umhverfisvöktunar sem er liður í framkvæmd umhverfisstefnu.

Hins vegar er gerð tillaga um 12 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Landmælinga Íslands til að mæta lækkun á sértekjum.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Ráðgerð er 4,5 m.kr. hækkun fjárveitinga til stofnunarinnar á viðfangsefnið 1.02 Setur í Reykjavík. Óskað er eftir 2,5 m.kr. tímabundnu framlagi til næstu fimm ára til áframhaldandi útgáfu jarðfræðikorta. Við gerð fjárlaga fyrir árið 1999 var samþykkt að veita 2,5 m.kr. til þessa verkefnis til að efla gerð jarðfræðikorta og hraða útgáfu korta í mælikvarðanum 1:250.000.

Þar að auki er er farið fram á tímabundið 2 m.kr. framlag á árinu 2000 til rannsókna á áhrifum veiðiálags á rjúpnastofninn. Verkefnið er til þriggja ára og er heildarkostnaður 11 m.kr. Þar af verða 6 m.kr. fjármagnaðar með framlögum úr veiðikortasjóði, 2 m.kr. á ári til ársins 2002. Þegar er búið að veita 1 m.kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar-

innar í þetta verkefni vegna rannsókna á árinu 1999 og verður framlag ríkissjóðs 1 m.kr. árin 2001 og 2002.

Gert ráð fyrir 2 m.kr. hærri sértekjum vegna styrkja úr rannsóknarsjóðum og samsvarandi kostnaði vegna rannsókna á áhrifum veiðialags á rjúpnastofninn.

403 Náttúrustofur. Lagt er til að Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík verði veitt 3,5 m.kr. tímabundið framlag árið 2000 til rannsókna á Hornströndum. Um er að ræða refarannsóknir, rannsóknir á gróðri og smádýralífi og vatnarannsóknir. Áætlaður kostnaður er 5 m.kr. og mun bilið brúað með framlögum annars staðar frá.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Gerð er tillaga um að fjárveiting vegna gjaldfærðra vaxta ríkissjóðs lækki um 600 m.kr. í kjölfar endurskoðunar á þeirri áætlun í frumvarpinu. Helstu breytingar eru að talið er að vaxtakostnaður af spariskírteinum og ríkisbréfum verði lægri vegna áforma um áframhaldandi forinnlausnir slíkra bréfa á næsta ári. Á móti vegur að reiknað er með nokkru hærri vaxtagjöldum af ríkisvíxlum vegna hærra vaxtastigs á innanlandsmarkaði. Loks er gert ráð fyrir að dragi úr fjármögnun með erlendum veltilánum og að vaxtastig af þeim lánum fari lækkandi. Áhrif þessara breytinga á greidd vaxtagjöld ársins 2000 eru talin verða svipuð og er reiknað með að þau lækki um 550 m.kr. frá fyrri áætlun frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. des. 1999.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Árni Johnsen.
Hjálmar Jónsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

Kristján Pálsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október 1999.

Nefndin fékk á sinn fund Skarphéðinn Berg Steinarsson frá forsætisráðuneyti og Björn Friðfinnsson og Ásdísi Sigurjónsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrargjöld forsætisráðuneytis hækki um 454 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar vegur þyngst aukinn kostnaður við hátíðahöld á næsta ári til að minnast 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi og landafundanna í Norður-Ameríku, eða hækkun sem nemur 356 millj. kr. Við umfjöllun um þessa liði óskaði nefndin eftir frekari sundurliðun á kostnaði frá fulltrúa ráðuneytisins. Samkvæmt upplýsingum frá honum renna af rúmum 324 millj. kr. til kristnitökuafmælisins rúmar 190 millj. kr. til framkvæmda á Þingvöllum vegna kristnihátíðar, um 76 millj. kr. til dagskrár hátíðarinnar á Þingvöllum, tæpar 20 millj. kr. til rekstrar kristnihátíðarnefndar og rúmlega 28 millj. kr. til annarrar dagskrár nefndarinnar og í annan kostnað. Þá kemur fram í gögnum frá ráðuneytinu að á vegum landafundanefndar hafi verið skipulagðir ýmsir viðburðir í Bandaríkjunum og Kanada á næsta ári til að kynna íslenska menningu og er kostnaðurinn við það áætlaður ríflega 58 millj. kr. Enn fremur mun landafundanefnd veita styrki til ýmissa verkefna, þar á meðal framleiðslu heimildarmynda og gerðar, þýðinga og útgáfu bóka í Norður-Ameríku.

Þá kemur fram í frumvarpinu að útgjöld embættis forseta Íslands hækka um 26,8 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs og var óskað skýringa á hækkun útgjalda milli ára. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu er annars vegar um að ræða 16,6 millj. kr. tímabundna hækkun og hins vegar 8,5 millj. kr. varanlega hækkun fjárheimilda. Framlög til embættisins hækka tímabundið vegna margra opinberra heimsókna sem eru fyrirsjáanlegar og tengjast árþúsundamótum, endurnýjunar embættisbifreiðar, viðhalds á gestahúsi embættisins að Laufásvegi 72 og uppfærslu tæknibúnaðar að Bessastöðum. Varanleg hækkun stafar af auknum launakostnaði í kjölfar ákvörðunar Kjaradóms í maí sl. og hækkun almenns launakostnaðar embættisins.

Loks ræddi nefndin nokkuð um fjárveitingar til vímuefnavarna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 35 millj. kr. fjárveitingu til átaks í löggæslu vegna fíkniefnamála og er sú fjárhæð óbreytt frá fjárlögum þessa árs. Eru nefndarmenn sammála um að góður árangur lögreglunnar að undanförnu í fíkniefnamálum sé mikilvægur þáttur í baráttunni gegn vímuefnum og að því sé nauðsynlegt að veita áfram fé til átaks í löggæslu á þessu sviði.

Þingmenn nefndarinnar sem skrifa undir álitið með fyrirvara munu gera grein fyrir afstöðu sinni við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins.

Alþingi, 22. nóv. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform.
Hjálmar Jónsson.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Katrín Fjeldsted.
Sverrir Hermannsson, með fyrirvara.
Ásta Möller.
Ólafur Örn Haraldsson.
Helga Guðrún Jónasdóttir.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október 1999.

Nefndin fékk á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Örlyg Geirsson skrifstofustjóra, Gísla Þór Magnússon deildarstjóra og Aðalstein Eiríksson ráðgjafa og frá fjármálaráðuneyti Leif Eysteinsson deildarstjóra. Frá Kennaraháskóla Íslands komu Þórir Ólafsson rektor og Guðmundur Ragnarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, og frá Háskóla Íslands Páll Skúlason rektor og Gunnlaugur H. Jónsson háskólaritari. Þá komu á fund nefndarinnar frá Tækniskóla Íslands Guðbrandur Steinþórsson rektor og deildarstjórarnir Ingimar Jónsson, Þór Steinarsson og Sverrir Arngrímsson, frá Listaháskóla Íslands Hjálmar H. Ragnarsson rektor og Jóna Finnsdóttir framkvæmdastjóri, Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri og Hörður Vilhjálmsson fjármálastjóra frá Ríkisútvarpinu, Þórarinn Eyfjörð og Gunnar Helgason frá Bandalagi sjálfstæðra leikhúsa, Þór Magnússon þjóðminjavörður, Hjörleifur Stefánsson minjastjóri og Guðný Gerður Gunnarsdóttir safnstjóri frá Þjóðminjasafni, Þorsteinn Gunnarsson rektor frá Háskólanum á Akureyri og loks Guðfinna S. Bjarnadóttir rektor, Agnar Hansson framkvæmdastjóri og Sigrún Edda Jónsdóttir skrifstofustjóri frá Viðskiptaháskólanum í Reykjavík.

Þeir fjárlagaliðir sem snúa að menntamálum voru ræddir ítarlega á fundum nefndarinnar. Á fjárlagaliðnum 884 Jöfnun á námskostnaði er í frumvarpinu gert ráð fyrir 267,5 millj. kr. Útgjöld til þessa liðar voru samkvæmt reikningi fyrir árið 1998 170,4 millj. kr. og samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1999 258,9 millj. kr. Meiri hluti nefndarinnar bendir á nauðsyn þess að áfram verði framfylgt markaðri stefnu um jöfnun námskostnaðar.

Heildargjöld til fjárlagaliðarins 982 Listir, framlög eru áætluð 433,4 millj. kr. sem er 77 millj. kr. hækkun frá fjárlögum fyrra árs. Þar er m.a. gert ráð fyrir hækkun framlags til starfsemi áhugaleikhópa til að styrkja félög á landsbyggðinni. Meiri hlutinn bendir á nauðsyn þess að styrkja slíkt menningarstarf og lýsir jafnframt ánægju sinni yfir stefnu nýstofnaðs Listaháskóla Íslands í þeim efnum.

Stefnt er að því að þriggja ára nám fyrir fatlaða á framhaldsskólastigi verði að veruleika haustið 2000. Meiri hlutinn leggur áherslu á nauðsyn þess að námið verði vel skilgreint og að nemendur fái þá þjónustu í skólanum sem þeim ber miðað við þroska.

Fram kom hjá fulltrúum Kennaraháskóla Íslands og Háskólans á Akureyri að mikil áhersla er lögð á fjarnám fyrir leikskóla- og grunnskólakennara. Meiri hlutinn leggur áherslu á að aukinni þörf fyrir kennaramenntað fólk á þessum skólastigum sé m.a. mætt með meiri fjárframlögum til fjarkennslu.

Helga Guðrún Jónasdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. nóv. 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Ólafur Örn Haraldsson.
Tómas Ingi Olrich.
Kristinn H. Gunnarsson.
Árni Johnsen.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Minni hluti menntamálanefndar tekur undir þann lið í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar sem varðar lýsingu á umfjöllun nefndarinnar um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar.

Hins vegar er það skoðun minni hluta nefndarinnar að stærri hluti af tekjum ríkisins þurfi að renna til menntamála en nú er áætlað ef tryggja á gæði menntunar. Ýmislegt gott er gert í menntakerfi okkar en því miður verður oft minna úr framkvæmdum en ætlað er vegna stöðugs fjárskorts.

Minni hlutinn fagnar því að nú á haustdögum var undirritaður samningur við Háskóla Íslands um að kennslukostnaður verði framvegis greiddur eftir reiknilíkani. Ætti það að bæta stöðuna hvað varðar þann þátt en eftir stendur að samkvæmt frumvarpinu er allt of litlu fé varið til rannsókna og ósamið um hvernig með þann lið sé farið.

Mikið vantar líka upp á að Háskólinn á Akureyri eigi fyrir brýnum verkefnum en alls vantar 65 millj. kr. upp á fjárveitingar samkvæmt útreikningum hans. Auk þess hefur skólinn sett fram mjög vel útfærðar hugmyndir um fjarkennslu í hjúkrun og fyrir verðandi leikskólakennara, hvort tveggja mjög brýn mál, sem ekki er unnt að framkvæma nema til komi sérstök fjárveiting, um 20,5 millj. kr., en ekki er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi.

Kennaraháskóli Íslands hefur lagt fyrir nefndina mjög vel rökstudda beiðni um 32 millj. kr. hækkun á rekstrarfjárveitingu auk þess sem hann fer fram á 15 millj. kr. aukafjárveitingu til endurbóta á húsnæði skólans á Laugarvatni. Mikill kennaraskortur er jafnan í landinu og hefur menntamálaráðherra lýst því yfir að hann verði best leystur með fjarnámi en Kennaraháskólinn verður nú vegna fjárskorts að hafna tveimur af hverjum þremur nemendum sem sækja um kennaranám. Skólinn getur ekki fjölgað nemendum í fjarnámi nema til komi aukafjárveiting upp á 20 millj. kr. á ári.

Eftir fund með forsvarsmönnum Viðskiptaháskólans liggur fyrir að mikið vantar upp á að hann fái fjárveitingar sem þarf til að gera skólann að þeirri stofnun sem ætlað var og hafa samningar um reiknilíkan fyrir skólann gengið hægt.

Tækniskóli Íslands má sæta því, nú þegar stefnt er að því að gera verklegan þátt mennta sem mestan, að þar eru framlög á nemanda skorin niður milli ára svo að nemur háum fjárhæðum. Minni hlutinn skorar á fjárlaganefnd að taka fjárveitingastefnu til stofnunarinnar til rækilegrar athugunar svo að skólinn fái í fyrsta lagi þann tækjakost sem hann þarfnast og öðru lagi það fé sem til þarf svo að skólinn geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu en ætla honum ekki lækkun framlags á hvern nemanda, einum þeirra skóla á háskólastigi sem fá framlög á fjárlögum. Það er alvarleg áminning til forsvarsmanna þjóðarinnar að skólinn sér þann kost vænstan í stöðunni að taka ekki við nýnemum árið 2000.

Það fé sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að renni til listaháskólans kemur augljóslega ekki til með að duga stofnun á háskólastigi en skólinn er nú á þróunarskeiði og er raunhæft að ætla að bæta þurfi miklu við í fjáraukalögum næsta árs.

Fjárhagsstaða ýmissa framhaldsskóla hefur batnað síðan farið var að nota reiknilíkanið en þó hafa komið í ljós nokkrir vankantar. Í líkaninu er aðeins reiknað með virkum nemendum og ef skólar taka við mörgum nemendum með lélegan grunn og brottfall verður þar af leiðandi mikið koma þeir mjög illa út. Brýnt er að ráða bót á því. Áformað er að greiða sérstaklega 90 millj. kr. til stjórnunar-, skipulags- og umsjónarstarfa fyrir árið 2000 og ber að fagna því. Sömuleiðis er áætlað að veita 100 millj. kr. til að efla rekstur og stjórnun. Hins vegar er áríðandi að veita sérstakt framlag til eflingar námsráðgjöf í framhaldsskólum eins og óskað hefur verið eftir.

Tillaga um byggðaáætlun vakti vonir ýmissa um að meira fé yrði veitt til lista og menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Því miður hafa þær vonir brugðist að mestu leyti og má benda á að framlög til áhugaleikhúsanna hækka um 1 millj. kr. milli ára, að því er sagt er til að styrkja leiklistarstarfsemi á landsbyggðinni. Liðurinn námsaðstoð sem ætlaður er framhaldsskólanemendum af landsbyggðinni er óbreyttur milli ára, en í byggðaáætlun forsætisráðherra var gefið fyrirheit um að slík aðstoð yrði efld. Það mál hlýtur að þurfa að skoða milli umræðna.

Að lokum skal minnt á að brýnt er að gera könnun á framfærslukostnaði námsmanna og endurskoða upphæð grunnlána úr LÍN en námsmenn telja sig eiga eftitt með að ná endum saman nú í góðærinu enda hafa námslán alls ekki hækkað í takt við tilkostnað. Rétt er að hafa í huga að þarna er um lán að ræða, ekki styrki, sem verða öll endurgreidd með vöxtum. Miklar hömlur eru á hversu lengi fólk getur notið þessara lána og endurgreiðslukrafan er tiltölulega hörð.

Alþingi, 30. nóv. 1999.

Sigríður Jóhannesdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október 1999.

Nefndin fékk á sinn fund Stefán Skjaldarson skrifstofustjóra og Pétur Ásgeirsson rekstrarstjóra frá utanríkisráðuneyti.

Í áliti sínu til fjárlaganefndar undanfarin ár hefur utanríkismálanefnd minnt á mikilvægi þess að málefni utanríkisþjónustunnar séu í stöðugri endurskoðun, meðal annars með það fyrir augum að nýta takmarkaðan mannafla og fjármagn sem best. Í mars 1998 skilaði nefnd, er utanríkisráðherra skipaði, áliti um framtíð utanríkisþjónustunnar þar sem meðal annars voru settar fram tillögur um staðsetningu nýrra sendiráða og forgangsröðun verkefna. Utanríkismálanefnd telur eðlilegt og í samræmi við fyrri álit sín að vekja athygli fjárlaganefndar á niðurstöðum framangreinds álits um framtíð utanríkisþjónustunnar.

Á fundi nefndarinnar um fjárlagafrumvarpið kom fram að ákveðinn hluti af fjárveitingu næsta árs er ætlaður til að koma alþjóðasamningum á netið og fagnar nefndin því. Leggur nefndin einnig áherslu á að tafir á útgáfu C-deildar Stjórnartíðinda verði unnar upp skipulega. Þá teldur nefndin mikilvægt að utanríkisráðuneytið hafi nægilegt fjármagn til að sinna verkefnum sínum.

Að öðru leyti sér utanríkismálanefnd ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fjárlagafrumvarpið.

Alþingi 17. nóv. 1999.

Tómas Ingi Olrich, form.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.
Einar K. Guðfinnsson.
Vilhjálmur Egilsson.
Sighvatur Björgvinsson.
Margrét Frímannsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október 1999.

Nefndin fékk á sinn fund Guðmund Sigþórsson, Ingimar Jóhannsson og Sveinbjörn Eyjólfsson frá landbúnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá heimsótti nefndin Bændasamtök Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins og hitti að máli Ara Teitsson, Sigurgeir Þorgeirsson, Þórólf Sveinsson, Gísla Karlsson og Ernu Bjarnadóttur.

Nefndin vekur sérstaka athygli á erfiðri stöðu loðdýrabænda og nauðsyn á sambærilegri niðurgreiðslu á loðdýrafóðri og verið hefur. Þá hafa rauntekjur sauðfjárbænda lækkað um 20% frá 1991 til 1998 um leið og 15% kaupmáttaraukning hefur orðið í þjóðfélaginu.

Nefndin gerir að öðru leyti ekki sérstakar athugasemdir en einstakir nefndarmenn munu koma fram athugasemdum sínum við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Einar Oddur Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. nóv. 1999.

Hjálmar Jónsson, form.
Guðjón Guðmundsson.
Einar Már Sigurðarson.
Kristinn H. Gunnarsson.
Drífa Hjartardóttir.
Guðmundur Árni Stefánsson.
Valgerður Sverrisdóttir.
Þuríður Backman.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október 1999.

Nefndin fékk á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur og Dórótheu Jóhannsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni og Hjörleif Einarsson og Jón Heiðar Ríkharðsson frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þá komu á fund hennar Þórður Ásgeirsson og Gylfi Ásbjartsson frá Fiskistofu.

Í máli fulltrúa Hafrannsóknastofnunarinnar kom fram að í kjölfar breytinga á launakerfi opinberra starfsmanna, sem haft hefði í för með sér aukin útgjöld stofnunarinnar, hefði verið ráðist í umfangsmiklar aðhaldsaðgerðir sem m.a. hefðu haft í för með sér að starfsmönnum hefði verið fækkað um fjóra. Þá kom fram að endurnýjun á skipaflota stofnunarinnar hefði aukinn rektrarkostnað í för með sér.

Fulltrúar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins telja að fjárveiting til stofnunarinnar sé of lítil miðað við verkefni sem fyrir liggja og nægi ekki til brýnna verkefna á næsta ári miðað við tillögur í frumvarpi til fjárlaga. Ljóst er að gagnstætt Hafrannsóknastofnuninni og Fiskistofu hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins lagt áherslu á uppbyggingu starfsemi sinnar á landsbyggðinni, í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og ályktanir Alþingis. Upplýst er að þessi uppbygging hefur kostað um 10 millj. kr. og leggur sjávarútvegsnefnd til að stofnuninni verði veitt viðbótarfjárframlag af þessum sökum í fjárlögum næsta árs.

Hjá fulltrúum Fiskistofu kom fram að rekstur hennar hefur verið innan fjárlagaheimilda undanfarin ár. Upplýst var að Fiskistofa á varasjóð að fjárhæð 95 millj. kr. Eru það áform stofnunarinnar að nýta féð til þess að standa straum af kostnaði við verkefni sem árlegar fjárveitingar nægja ekki til.

Guðmundur Hallvarðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. nóv. 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form.
Sturla Þorsteinsson.
Hjálmar Árnason.
Kristinn H. Gunnarsson.
Vilhjálmur Egilsson.
Bergljót Halldórsdóttir.
Jóhann Ársælsson.
Svanfríður Jónasdóttir.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október 1999.

Á fund nefndarinnar komu Berglind Ásgeirsdóttir, Sturlaugur Tómasson og Gunnar Bragi Sveinsson frá félagsmálaráðuneyti og Bragi Guðbrandsson frá Barnaverndarstofu.

Í frumvarpinu kemur fram að raunhækkun rekstrarútgjalda hjá félagsmálaráðuneyti frá fjárlögum 1999 er 212 millj. kr., eða um 7%. Ástæða hækkunarinnar er m.a. auknar fjárveitingar til Barnaverndarstofu til að fjölga meðferðarrýmum fyrir börn og unglinga. Þörfin hefur aukist mjög á síðustu árum, ekki síst með hækkun sjálfræðisaldurs árið 1998 úr 16 í 18 ár. Áætlað er að veita 70 millj. kr. til að koma á fót neyðarmóttöku fyrir unglinga auk þess sem 30 millj. kr. verða veittar til nýs langtímameðferðarheimilis að Skjöldólfsstöðum, en starfsemi þar mun hefjast í febrúar nk. Nefndin bindur vonir við að aukið framlag til stofnunarinnar í frumvarpinu verði til þess að bæta úr brýnustu þörfinni. Í máli fulltrúa Barnaverndarstofu kom hins vegar fram að þörf á langtímavistun væri mikil og til að vinna bug á henni þyrfti enn að fjölga rýmum.

Þá ræddi nefndin um málefni fósturforeldra og fósturbarna. Eitt af verkefnum Barnaverndarstofu er þjálfun og undirbúningur fósturforeldra. Börn sem setja verður í fóstur hafa mjög mismunandi þarfir og að mati Barnaverndarstofu væri æskilegt að koma upp kerfi að erlendri fyrirmynd þar sem miðað er við að hæfni og þjálfun fósturforeldra sé í samræmi við þarfir barnanna. Vill nefndin taka undir með fulltrúa stofnunarinnar um mikilvægi þess að vel sé búið að þessum málaflokki.

Nefndin vekur athygli á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir lækkun á útgjöldum atvinnuleysistryggingasjóðs um 290 millj. kr. þar sem horfur eru á minnkandi atvinnuleysi. Gert var ráð fyrir 2,5% atvinnuleysi í forsendum fjárlaga þessa árs, í frumvarpinu er miðað við að atvinnuleysi verði 2,2%, en í október mældist það um 1,4%. Einnig er í tengslum við minnkandi atvinnuleysi gert ráð fyrir 85 millj. kr. lækkun á útgjöldum vegna námskeiðahalds, átaksverkefna og annarra tengdra úrræða. Ljóst er því að atvinnuleysistryggingasjóður mun styrkjast á nýjan leik.

Nefndin fjallaði einnig um málefni fatlaðra en raunhækkun framlags til málaflokksins í frumvarpinu er um 192 millj. kr., eða um 5,6%. Rúmlega helmingur þess, um 100 millj. kr., eru ný útgjöld, fé sem er ráðstafað í samræmi við tillögur nefndar sem ráðherra skipaði til að fjalla um biðlista eftir þjónustu hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Fer hluti af þeirri fjárhæð til reksturs nýrra sambýla en sex ný heimili verða komin í fullan rekstur á næsta ári auk þess sem fjögur til viðbótar verða sett á stofn. Þá fer hluti framlagsins til að efla skammtímaþjónustu í Reykjavík og á Reykjanesi. Telur nefndin þessa hækkun vera til bóta.

Nefndin stendur öll að áliti þessu en Kristján Pálsson skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu sinnar í fjárlaganefnd og fulltrúar minni hlutans, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller og Steingrímur J. Sigfússon, setja fyrirvara um eftirfarandi atriði:

Minni hlutinn telur allt of langt gengið í skerðingu á tekjum framkvæmdasjóðs fatlaðra. Af mörkuðum tekjum að fjárhæð 575 millj. kr. á sjóðurinn aðeins að fá til ráðstöfunar 235 millj. kr. á næsta ári, þannig að skerðingin nemur 340 millj. kr. Slík skerðing markaðra tekna til úrbóta í málefnum fatlaðra sé í engu samræmi við aðstæður og þörf fyrir uppbyggingu í viðkomandi málaflokki. Enn fremur megi minna á umræður um að flytja málaflokkinn yfir til sveitarfélaganna.

Minni hlutinn vill einnig taka fram að þótt nokkur hækkun sé á framlögum til málefna barna og unglinga, þannig að eitthvað slái á það ófremdarástand sem ríkt hefur hvað varðar skort á meðferðarúrræðum, telji hann ekki nóg að gert.

Minni hlutinn minnir að síðustu á að enn er ófrágengið hvernig ríkissjóður mun koma til móts við þau sveitarfélög sem þyngstar byrðar bera vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis. Ekki er gert ráð fyrir beinum framlögum úr ríkissjóði í afskriftarsjóð, sbr. ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum nr. 44/1998, um Íbúðalánasjóð.

Alþingi, 26. nóv. 1999.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.
Ólafur Örn Haraldsson.
Kristján L. Möller, með fyrirvara.
Kristján Pálsson, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Drífa Hjartardóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Heilbrigðis- og tryggingnefnd hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október 1999.

Nefndin fékk á sinn fund frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Svanhvíti Jakobsdóttur skrifstofustjóra og Dagnýju Brynjólfsdóttur deildarstjóra.

Fram kom í máli fulltrúa ráðuneytisins að rekstrarhalli sjúkrahúsanna í Reykjavík nemi um 900–1.000 millj. kr. Ástæðan er einkum aukinn launa- og lyfjakostnaður. Ríkisendurskoðun hefur nú verið falið að fara yfir rekstrarstöðu sjúkrahúsanna og leggja m.a. mat á afkomu ársins 1998 og áætlaða afkomu ársins 1999. Meiri hluti nefndarinnar bindur vonir við að skýrslan, sem væntanleg er í lok þessa mánaðar, eigi eftir að varpa frekara ljósi á þennan vanda og leiða til bættrar stöðu sjúkrahúsanna.

Í frumvarpinu eru áform um allt að 1.000 millj. kr. lækkun lyfjaútgjalda á næsta ári. Meiri hlutinn leggur áherslu á nauðsyn þess að áfram verði leitað leiða til að ná fram raunhæfum sparnaði í heilbrigðiskerfinu, m.a. með sameiginlegum innkaupum og heildarútboðum.

Jón Kristjánsson skrifar undir álitið með þeim fyrirvara að hann á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 15. nóv. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, form.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.
Katrín Fjeldsted.
Jón Kristjánsson, með fyrirvara.
Ásta Möller.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Útgjöld til heilbrigðismála hafa á síðustu árum verið um helmingur útgjalda ríkisins og því er óhemju mikilvægt að árangur náist í rekstri heilbrigðiskerfisins jafnframt því sem haldið er þjónustustigi sem lög um heilbrigðisþjónustu segja til um, auk þess sem eftirsóknarvert hlýtur að teljast að ná árangri í því að nýta það fjármagn sem best sem þangað fer. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000 liggur það fyrir að um 4,9 milljarða kr. hækkun verður á milli áranna 1999 og 2000 á framlögum til heilbrigðis- og tryggingamála. Þessi hækkun milli ára er meiri en nokkru sinni fyrr og þrátt fyrir hana liggur það fyrir að enn mun vanta 1,5–2 milljarða kr. inn í kerfið svo að endar nái saman. Sjúkrahúsin í Reykjavík hafa verið sérstaklega til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun vegna halla en það lítur út fyrir að þar vanti um 1 milljarð kr. og auk þess vantar verulega fjármuni til sjúkrastofnana út um allt land. Launahækkanir eru taldar ein helsta ástæða þessa mikla skorts á fjármagni en einnig hefur lyfjakostnaður verið verulega vanáætlaður. Á milli áranna 1998 og 1999 var talið að skuldahalinn í heilbrigðiskerfinu hefði að mestu leyti verið gerður upp ef frá voru talin nokkur sjúkrahús á landsbyggðinni, en fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár sýnir að það er langt frá því að svo sé.

Reynsla síðustu ára og þróunin í útgjöldum til heilbrigðismála sýnir að stjórnvöld hafa lítil tök á málum í þessum málaflokki. Ár eftir ár hafa áætlanir verið gerðar sem ekki standast þegar á hólminn er komið og ávallt kemur fjárþörfin jafnmikið á óvart. Þetta sýnir að sú áætlanagerð, sem fjárlögin hafa byggst á, er gjörsamlega óraunhæf og bendir til þess að fjármögnunarleiðin sem við búum við í heilbrigðiskerfinu í dag hefur gengið sér til húðar. Yfirsýn skortir algerlega og úrræði þau sem notast hefur verið við hafa dugað skammt. Fjárlögin

taka hvorki á innri rekstrarfjárþörf né uppsöfnuðum vanda heilbrigðisstofnana og ekkert gefur tilefni til að ætla að breyting verði á þeim vinnubrögðum og að fram komi fjárlagafrumvarp sem byggist á meiri vissu en núverandi frumvarp. Minni hlutinn leggur áherslu á að horfst verði í augu við þessar staðreyndir og að leitað verði nýrra leiða við fjármögnun líkt og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar þar sem fjárveitingar eru í auknum mæli tengdar þjónustumagni hverrar stofnunar. Þannig bera stjórnvöld líka ábyrgð á þjónustustigi stofnana um leið og fjárveitingar eru ákvarðaðar, en núverandi kerfi gerir ekki ráð fyrir að þetta fari saman. Kerfi fastra fjárlaga sem byggist á því að rekstrarkostnaður fyrri ára er lagður til grundvallar hverju sinni mælir afar illa þær breytingar sem eru oft á álagi á stofnunum á milli ára og hvetur minni hlutinn til þess að leitað verði leiða til að þróa nákvæmari mælikvarða á starfsemi hvers sjúkrahúss.

Þá gagnrýnir minni hlutinn það sérstaklega hvernig staðið er að málum varðandi sjúkrahúsin í Reykjavík. Nú stefnir í að stjórnir þeirra verði sameinaðar von bráðar en nú þegar hefur einn forstjóri verið ráðinn fyrir sjúkrahúsin tvö. Minni hlutinn hefur spurst fyrir um það hvort áætlanir hafi verið gerðar um fyrirhugaða sameiningu sjúkrahúsanna hvað varðar fjárhagslega hagræðingu og mat á áhrifum á faglegt starf. Jákvæð svör hafa ekki fengist við þessum spurningum og telur minni hlutinn það óráðsíu að fara út í að sameina sjúkrahúsin án þess að ítarlegar úttektir liggi fyrir á þessum þáttum.

Heilbrigðisstofnun Austurlands er rekin með umtalsverðum halla, í reksturinn vantar nú um 150 millj. kr. til að koma honum í viðunandi horf. Þessi upphæð stafar að hluta til af eldri skuldum þeirra heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana sem sameinaðar voru í Heilbrigðisstofnun Austurlands 1. janúar sl. og sömuleiðis af vanáætlaðum kostnaði við að stofna og reka nýja heilbrigðisstofnun. Með tilliti til þess að hægt verði að reka Heilbrigðisstofnun Austurlands af öryggi og samkvæmt þeim skyldum sem stofnuninni er ætlað að sinna, m.a. með rekstri bráðaspítala, er nauðsynlegt að gera stofnuninni kleift að greiða upp umtalsverðan halla og taka tillit til starfsemi hennar við fjárveitingar. Við óbreytt ástand heldur Heilbrigðisstofnun Austurlands áfram að safna tugum milljóna króna skuld á ári vegna Fjórðungssjúkrahússins á Neskaupsstað. Það er pólitísk ákvörðun að halda stofnuninni innan þess fjárlagaramma sem þegar hefur verið settur og getur ekki þýtt neitt annað en að leggja niður bráðaþjónustu á Fjórðungssjúkrahúsinu. Heilbrigðisstofnun Austurlands er ný stofnun og er þar mjög horft til þess hvernig gengur að samreka fjölda ólíkra heilbrigðisstofnana innan læknishéraðsins.

Alþingi, 15. nóv. 1999.

Bryndís Hlöðversdóttir.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Þuríður Backman.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga, nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis og bréf fjárlaganefndar frá 12. október 1999.

Nefndin fékk á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Auði Eyvinds frá samgönguráðuneyti og skýrðu þau þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund nefndarinnar Magnús Oddsson ferðamálastjóri frá Ferðamálaráði, Sigurberg Björnsson og Jón Leví Hilmarsson frá Siglingastofnun Íslands, Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni og Hlífar Þorsteinsson, Pétur H. Helgason, Björn Sigurðsson og Oddur Einarsson frá Félagi sérleyfishafa.

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 150 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru að framlög til rekstrar Flugmálastjórnar hækka um 51 millj. kr. og framlag til Ferðamálaráðs hækkar um 20 millj. kr. vegna endurbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum. Þá hækkar framlag til aðalskrifstofu og til ýmissa verkefna um 24 millj. kr. Viðhalds- og stofnkostnaður hækkar nokkuð og eru mestu breytingar þar 552 millj. kr. hækkun til vegamála og 183 millj. kr. lækkun á framlagi til Siglingastofnunar.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir frestun framkvæmda fyrir alls 1.000 millj. kr. Þar af eru 550 millj. kr. vegna frestunar framkvæmda hjá Vegagerðinni, 350 millj. kr. hjá Siglingastofnun Íslands og 100 millj. kr. vegna frestunar framkvæmda við flugvelli.

Í máli ferðamálastjóra kom fram að fjármagn skorti til rannsókna og þróunarstarfa. Kvað hann það vera í verkahring Ferðamálaráðs að annast rannsóknir og þróunarstarf og að það hefði til þess fólk en fjármagn skorti til þessara starfa.

Vegamálastjóri kvað 274 millj. kr. vanta á gjaldahlið stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu til að framkvæmdir gætu orðið eins og gert er ráð fyrir í vegáætlun. Væri frestun framkvæmda samkvæmt því ekki 550 millj. kr. eins og ríkisstjórnin hefði ákveðið heldur 824 millj. kr. Kvaðst hann telja að úr þessu yrði bætt við meðferð fjárlaganna í þinginu. Þá lagði vegamálastjóri áherslu á að þau verkefni sem yrði frestað yrðu áfram á vegáætlun, en með þeirri athugasemd að þeim væri frestað um eitt ár.

Nefndin fjallaði nokkuð um þann fjárhagsvanda sem blasir við sérleyfishöfum. Kom fram í máli fulltrúa samgönguráðuneytisins að unnið sé að úttekt á vandanum og í kjölfar hennar megi vænta breytinga á reglum varðandi starfsemi sérleyfishafa. Telur meiri hlutinn brýnt að því starfi verði flýtt eins og unnt er.

Árni Johnsen skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Lúðvík Bergvinsson og Jón Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. nóv. 1999.

Árni Johnsen, form., með fyrirvara.
Hjálmar Árnason.
Helga Guðrún Jónasdóttir.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hluti samgöngunefndar bendir á að eins og frumvarpið nú liggur fyrir er ekki staðið við þau fyrirheit sem Alþingi og ríkisstjórn gáfu með þingsályktun á síðastliðnu vori um aðgerðir í byggðamálum og með áliti þverpólitískrar nefndar skipaðrar af forsætisráðherra um sama efni frá því í mars á þessu ári. Þar er m.a. lögð áhersla á stórátak í samgöngubótum, vega- og jarðgangagerð á landsbyggðinni, sem ekki sér stað í þessu frumvarpi til fjárlaga 2000. Skerðing verðbóta á gjaldahlið vegáætlunar er mótmælt, svo og skerðingu fjár til hafnabóta úti á landi. Minni hlutinn áskilur sér rétt til að styðja og flytja nýjar tillögur og breytingatillögur við einstaka fjárlagaliði samgönguráðuneytis við 2. og 3. umræðu fjárlagafrumvarpsins. Jón Bjarnason skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 30. nóv. 1999.

Jón Bjarnason, með fyrirvara.
Kristján L. Möller.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Þorgeir Örlygsson, Jón Ingimarsson, Jón Ögmund Þormóðsson, Kristmund Halldórsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Hallgrím Jónasson og Karl Friðriksson frá Iðntæknistofnun, Þorkel Helgason frá Orkustofnun og Kristján Jónsson og Ársæl Guðmundsson frá Rarik. Þá fór nefndin í vettvangsferðir til Einkaleyfastofunnar, Samtaka iðnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Í máli og skriflegu erindi fulltrúa Orkustofnunar komu fram óskir um auknar fjárveitingar á fjárlögum 2000 sem taki mið af nýjum lögum um auðlindir og þjóðlendur og þeim auknu skyldum sem lög þessi leggja á stofnunina. Jafnframt þurfi stofnunin að taka mið af þeirri breytingu sem er í vændum með nýrri skipan raforkumála og gæta almannahagsmuna í samskiptum við fyrirtæki sem verða í samkeppni innbyrðis. Sérstaklega kom fram að virkjanaverkfræðing vanti til starfa við stofnunina. Er gert ráð fyrir að kostnaður vegna árslauna og hlutdeildar í sameiginlegum kostnaði nemi 6,4 millj. kr. á ári. Nefndin leggur til að stofnuninni verði gert kleift að ráða verkfræðing til starfa.

Í máli og skriflegu erindi fulltrúa Iðntæknistofnunar kom fram það mat starfsmanna að hlutfall sértekna sé of hátt til þess að stofnunin geti sinnt því hlutverki sínu að stuðla að nýsköpun og eiga frumkvæði að nýjum framsæknum verkefnum. Bent var á að þróunin hafi orðið sú að stofnunin sé nú einungis þátttakandi í minni verkefnum á vegum Evrópusambandsins þar sem hún hafi ekki svigrúm til að standa skil á mótframlögum í stór verkefni. Þá kom fram að Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Iðntæknistofnun hyggjast í samvinnu sín á milli efla líftæknirannsóknir hér á landi og laða til sín sérfræðinga með menntun á þessu sviði. Til þess að gera stofnununum kleift að byggja upp þekkingargrunn sem nýtist báðum atvinnuvegunum telja fulltrúar þeirra nauðsynlegt að þeim sé tryggð sérstök fjárveiting til uppbyggingar aðstöðu og færni á þessu nýja sviði líftæknirannsókna. Iðntæknistofnun óskar því eftir 10 millj. kr. frá hvoru ráðuneyti næstu fimm árin, en hvor stofnun um sig mun leggja fram til þessarar uppbyggingar a.m.k. 7 millj. kr. á ári.

Fulltrúar frá Rarik, sem komu á fund nefndarinnar, upplýstu að í nóvember 1998 hefði iðnaðarráðherra skipað nefnd til að endurskoða samning sem iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Rafmagnsveitur ríkisins gerðu um arðgreiðslur, gjaldskrármál o.fl. Samninginn skyldi endurskoða m.a. með hliðsjón af mati Kaupþings á markaðsvirði fyrirtækisins þar sem sérstaklega væri tekið tillit til þess sem kallað hefur verið félagslegur þáttur í starfsemi Rarik.

Iðnaðarnefnd leggur áherslu á að framangreindu nefndarstarfi ljúki sem allra fyrst þar sem mótsögn virðist felast í því að Rarik þurfi að skila 2% arði á sama tíma og stofnunin þarf að sinna félagslegum verkefnum, eins og dreifingu og sölu raforku í strjálbýli. Þá vill nefndin

benda á mikilvægi þess að móta stefnu um hvar leggja skuli þriggja fasa línur og að gerð verði langtímaáætlun í því sambandi, en kostnaður við að koma á þrífasa rafmagni til allra notenda nemur um 8,6 milljörðum kr.

Loks mælist nefndin til þess að erindum þeim sem Einar Einarsson og Landssamband hugvitsmanna hafa sent fjárlaganefnd verði vísað til iðnaðarráðherra.

Ísólfur Gylfi Pálmason skrifar undir álitið með þeim fyrirvara að hann á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 24. nóv. 1999.

Hjálmar Árnason, form.
Pétur H. Blöndal.
Drífa Hjartardóttir.
Sturla D. Þorsteinsson.
Guðjón Guðmundsson.
Jóhann Ársælsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Árni Steinar Jóhannsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 12. október 1999.

Nefndin fékk á sinn fund Þórð H. Ólafsson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneyti.

Nefndin ræddi um útgjaldamarkmið ríkisstjórnarinnar sem leitast á við að ná með frumvarpinu en þar kemur fram að framlögum til ýmissa málaflokka verður slegið á frest eða þau lækkuð tímabundið í því augnamiði. Má þar nefna að lögð er til tímabundin frestun á framkvæmdum við snjóflóðavarnir hjá Ofanflóðasjóði. Nefndin ræddi einnig Staðardagskrá 21 og mælir með því að það verkefni verði framlengt.

Nefndinni varð tíðrætt um þann þátt frumvarpsins þar sem lagt er til að innheimtur verði aðgangseyrir að friðlýstum svæðum og tekjunum verði varið til uppbyggingar á þeim svæðum þar sem aðgangseyrir er tekinn. Heimild fyrir gjaldtökunni hefur verið í náttúruverndarlögum um skeið og slík heimild er í núgildandi lögum, nr. 44/1999, sem samþykkt voru fyrr á þessu ári, en hefur hingað til ekki verið nýtt. Í máli fulltrúa umhverfisráðuneytisins kom fram að starfandi væri nefnd sem ynni að tillögum um fyrirkomulag gjaldtökunnar. Ekki liggur fyrir hvernig henni verður háttað en nefndin leggur áherslu á að henni verði kynntar útfærslur á gjaldtökunni áður en fullnaðarákvörðun verður tekin.

Kolbrún Halldórsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara. Kristján Pálsson og Ísólfur Gylfi Pálmason skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu sinnar í fjárlaganefnd.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form.
Kristján Pálsson, með fyrirvara.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.
Katrín Fjeldsted.
Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Ásta Möller.
Ísólfur Gylfi Pálmason, með fyrirvara.

338. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.01 Alþingiskostnaður	444,4	6,0	450,4
b. 1.03 Fastanefndir	69,5	1,5	71,0
c. 1.04 Alþjóðasamstarf	97,6	8,0	105,6
d. 1.06 Almennur rekstur	364,0	3,0	367,0
e. 6.01 Tæki og búnaður	40,0	8,0	48,0
f. 6.21 Fasteignir	0,0	113,0	113,0
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit			
6.50 Nýbygging	0,0	60,0	60,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*60,0*	*60,0*
3. Við **00-610 Umboðsmaður Alþingis**			
1.01 Umboðsmaður Alþingis	56,7	3,6	60,3
4. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	0,0	22,0	22,0
b. 1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	2,5	0,5	3,0
c. 1.53 Landafundanefnd	195,5	22,0	217,5
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*604,3*	*44,5*	*648,8*
e. *Innheimt af ríkistekjum*	*1,0*	*-1,0*	*0,0*
f. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*1,0*	*1,0*

5. Við **01-221 Byggðastofnun**			
a. 1.10 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	65,0	-65,0	0,0
b. 6.01 Byggðastofnun	137,0	-137,0	0,0
c. 6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	300,0	-300,0	0,0
6. Við **01-271 Ríkislögmaður**			
1.01 Ríkislögmaður	27,9	5,0	32,9
7. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.06 Kennslu- og vísindadeildir	1.757,4	47,6	1.805,0
b. 1.20 Rannsóknarnám	47,6	-47,6	0,0
c. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	155,5	155,5
d. 6.41 Ritakaupasjóður	46,5	-46,5	0,0
e. *Greitt úr ríkissjóði, sbr. a–d-liði*	*2.552,6*	*109,0*	*2.661,6*
8. Við **02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**			
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	66,9	1,4	68,3
9. Við **02-210 Háskólinn á Akureyri**			
a. 1.01 Háskólinn á Akureyri	359,8	12,0	371,8
b. 1.02 Rannsóknastarfsemi	27,0	18,0	45,0
10. Við **02-215 Kennaraháskóli Íslands**			
a. 1.10 Íslenska menntanetið	24,0	-24,0	0,0
b. 1.20 Endurmenntun	18,0	-18,0	0,0
c. Sértekjur	-58,8	27,5	-31,3
11. Við **02-231 Rannsóknarráð Íslands**			
1.01 Rannsóknarráð Íslands	86,9	-8,0	78,9
12. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
a. 1.15 Nýsköpunarsjóður	15,0	5,0	20,0
b. 1.73 Reykjavíkurakademían	0,0	5,0	5,0
c. 1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi	140,0	128,5	268,5
13. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
a. 1.14 Sérkennsla	123,1	30,0	153,1
b. 1.90 Framhaldsskólar, óskipt	92,0	50,0	142,0
14. Við **02-451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni**			
1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni	41,4	34,6	76,0
15. Við **02-720 Grunnskólar, almennt**			
a. 1.37 Endurmenntun	0,0	18,0	18,0
b. Sértekjur	0,0	-3,5	-3,5
16. Við **02-884 Jöfnun á námskostnaði**			
1.01 Jöfnun á námskostnaði	235,0	76,7	311,7
17. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	123,0	11,0	134,0
b. 1.10 Byggða- og minjasöfn	19,7	12,0	31,7
18. Við **02-903 Þjóðskjalasafn Íslands**			
1.11 Héraðsskjalasöfn	7,2	0,5	7,7
19. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli	0,0	5,0	5,0

20. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
a. 6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	320,0	10,0	330,0
b. 6.92 Kaupvangur á Vopnafirði	0,0	8,0	8,0
21. Við **02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**			
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	160,0	4,0	164,0
22. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	3,0	2,5	5,5
b. 1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	22,5	2,5	25,0
23. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
a. 1.11 Styrkir til útgáfumála	4,3	1,2	5,5
b. 1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	0,0	10,0	10,0
c. 1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	0,0	8,0	8,0
d. 1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	1,0	2,5	3,5
24. Við **02-984 Norræn samvinna**			
1.90 Norræn samvinna	29,0	2,5	31,5
25. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
a. 1.13 Bandalag íslenskra skáta	6,0	3,0	9,0
b. 1.17 Landssamband KFUM og KFUK	6,0	1,0	7,0
26. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
a. 1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	39,7	10,0	49,7
b. 1.21 Skáksamband Íslands	6,0	1,0	7,0
27. Við **02-999 Ýmislegt**			
a. 1.45 Eiríksstaðanefnd	20,0	10,0	30,0
b. 1.46 Hestamiðstöð Íslands	0,0	5,0	5,0
c. 1.90 Ýmis framlög	12,6	1,9	14,5
28. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	471,5	5,3	476,8
Greitt úr ríkissjóði	*560,6*	*5,3*	*565,9*
29. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis verkefni	0,0	5,0	5,0
30. Við **03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**			
a. 1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	144,8	11,8	156,6
b. 1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	141,5	42,1	183,6
c. 6.01 Tæki og búnaður	3,0	3,2	6,2
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*244,8*	*36,1*	*280,9*
e. *Innheimt af ríkistekjum*	*74,8*	*21,0*	*95,8*
31. Við **03-303 Sendiráð Íslands í London**			
1.01 Sendiráð Íslands í London	50,6	12,0	62,6
32. Við **03-320 Sendiráð, almennt**			
6.90 Tæki og búnaður	17,9	6,0	23,9
33. Við **03-401 Alþjóðastofnanir**			
1.39 Evrópuráðið	15,3	0,7	16,0
34. Við **04-221 Veiðimálastofnun**			
1.01 Veiðimálastofnun	73,5	3,0	76,5

35. Við **04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði**			
a. 1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	183,5	4,0	187,5
b. Sértekjur	-79,6	7,5	-72,1
36. Við **04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**			
6.20 Fasteignir og lóðir	17,0	9,0	26,0
37. Við **04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins**			
6.21 Fasteignir	0,0	10,0	10,0
38. Við **04-331 Héraðsskógar**			
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	69,8	10,0	79,8
39. Við **04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt**			
1.10 Átak í landgræðslu og skógrækt	110,0	-9,0	101,0
40. Við **04-343 Suðurlandsskógar**			
a. Heiti fjárlagaliðarins verði: **Landshlutabundin skógrækt**			
b. 1.13 Vesturlandsskógar	0,0	17,0	17,0
c. 1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum	0,0	17,0	17,0
d. 1.16 Norðurlandsskógar	0,0	25,0	25,0
41. Við **04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**			
a. 1.01 Beinar greiðslur til bænda	3.193,0	-31,0	3.162,0
b. 1.02 Lífeyrissjóður bænda	127,0	-1,0	126,0
42. Við **04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði**			
a. 1.14 Átak í hrossarækt	0,0	25,0	25,0
b. 6.91 Ýmis stofnkostnaður	0,0	6,0	6,0
43. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,0	3,0	14,0
b. 1.90 Ýmislegt	12,3	26,0	38,3
44. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa	15,0	4,0	19,0
45. Við **06-210 Héraðsdómstólar**			
a. 1.01 Héraðsdómstólar	477,8	2,5	480,3
b. 6.01 Tæki og búnaður	11,5	3,0	14,5
46. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
a. 1.01 Ríkislögreglustjóri	256,2	26,0	282,2
b. 1.11 Rekstur lögreglubifreiða	0,0	112,0	112,0
c. 6.01 Tæki og búnaður	22,0	7,0	29,0
d. 6.11 Bifreiðar	64,0	21,0	85,0
e. Sértekjur	-9,0	-188,0	-197,0
47. Við **06-305 Lögregluskóli ríkisins**			
1.01 Lögregluskóli ríkisins	80,2	15,0	95,2
48. Við **06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík**			
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.461,6	8,5	1.470,1
49. Við **06-341 Áfengis- og fíkniefnamál**			
a. 1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	35,0	2,0	37,0
b. 6.05 Tæki til fíkniefnarannsókna	0,0	10,0	10,0

50. Við **06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**			
1.20 Löggæsla	21,4	1,7	23,1
51. Við **06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**			
1.20 Löggæsla	12,5	3,0	15,5
52. Við **06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi**			
1.20 Löggæsla	124,7	4,0	128,7
53. Við **06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík**			
1.20 Löggæsla	173,9	4,0	177,9
54. Við **06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi**			
a. 1.01 Yfirstjórn	93,5	5,0	98,5
b. 1.20 Löggæsla	114,0	4,0	118,0
55. Við **06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**			
a. 1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	42,0	64,0	106,0
b. 1.60 Gagnalínukostnaður	17,7	5,9	23,6
56. Við **06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna**			
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	75,0	10,0	85,0
57. Við **07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	133,8	0,9	134,7
58. Við **07-302 Ríkissáttasemjari**			
a. 1.01 Ríkissáttasemjari	35,6	1,5	37,1
b. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	2,0	2,0
59. Við **07-311 Jafnréttisráð**			
1.12 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	4,2	0,8	5,0
60. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	322,7	20,0	342,7
61. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.90 Ýmis verkefni	38,7	14,6	53,3
62. Við **07-981 Vinnumál**			
1.90 Ýmislegt	10,3	3,3	13,6
63. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.31 Félagasamtök, styrkir	37,1	2,5	39,6
b. 1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík	21,4	2,5	23,9
c. 1.41 Stígamót	10,4	4,6	15,0
d. 1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	8,2	10,0	18,2
e. 1.44 Byrgið, líknarfélag	2,1	5,0	7,1
f. 1.46 Fjölskylduráð	0,0	3,1	3,1
g. 1.47 Félagsþjónusta við nýbúa	0,0	1,4	1,4
h. 1.90 Ýmis framlög	2,5	2,0	4,5
64. Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins**			
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	665,9	16,0	681,9
65. Við **08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
a. 1.41 Heimilisuppbót	1.730,0	-30,0	1.700,0
b. 1.51 Uppbætur	2.125,0	106,3	2.231,3
66. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.650,0	-50,0	6.600,0

b. 1.41 Fæðingarorlof	1.590,0	-30,0	1.560,0
67. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	1.990,0	21,1	2.011,1
b. 1.21 Hjálpartæki	700,0	30,0	730,0
c. 1.31 Þjálfun	665,0	100,0	765,0
d. 1.55 Sjúkradagpeningar	225,0	20,0	245,0
68. Við **08-301 Landlæknir**			
1.01 Yfirstjórn	88,1	5,0	93,1
69. Við **08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**			
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	123,6	8,0	131,6
70. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.002,1	92,0	2.094,1
71. Við **08-368 Sólvangur, Hafnarfirði**			
1.01 Sólvangur, Hafnarfirði	332,1	27,3	359,4
72. Við **08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi**			
a. 1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	42,6	32,0	74,6
b. 1.91 Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili	32,0	-32,0	0,0
73. Við **08-371 Ríkisspítalar**			
1.01 Ríkisspítalar	10.779,0	675,0	11.454,0
74. Við **08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur**			
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	6.566,0	210,0	6.776,0
Greitt úr ríkissjóði	*6.109,0*	*210,0*	*6.319,0*
75. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-379 Sjúkrahús, óskipt			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	0,0	87,0	87,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*87,0*	*87,0*
76. Við **08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir**			
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	182,0	34,0	216,0
77. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	132,7	32,1	164,8
b. 1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	0,0	13,0	13,0
c. 1.36 Stórstúka Íslands	0,0	1,5	1,5
d. 1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	18,5	5,5	24,0
e. 1.90 Ýmis framlög	12,5	5,1	17,6
78. Við **08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**			
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	442,9	24,0	466,9
79. Við **08-411 Garðvangur, Garði**			
1.01 Garðvangur, Garði	136,8	6,0	142,8
80. Við **08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær	279,2	14,5	293,7
81. Við **08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	68,6	0,6	69,2
82. Við **08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	53,9	0,4	54,3

83. Við **08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	64,9	0,5	65,4
1.01 Heilsugæslusvið	26,5
1.11 Sjúkrasvið	18,7
Almennur rekstur samtals	45,2
Gjöld samtals	**45,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,2

08-765 Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	6,4
1.11 Sjúkrasvið	25,9
Almennur rekstur samtals	32,3
Gjöld samtals	**32,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,3

08-771 Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	5,6
1.11 Sjúkrasvið	22,3
Almennur rekstur samtals	27,9
Gjöld samtals	**27,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,9

08-775 Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	27,5
1.11 Sjúkrasvið	102,4
Almennur rekstur samtals	129,9
Gjöld samtals	**129,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	129,9

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	21,6
1.11 Sjúkrasvið	29,5
Almennur rekstur samtals	51,1
Gjöld samtals	**51,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,1

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	32,4
1.11 Sjúkrasvið	53,4
Almennur rekstur samtals	85,8
Gjöld samtals	**85,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,8

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	35,3
1.11 Sjúkrasvið	115,2
Almennur rekstur samtals	150,5
Gjöld samtals	**150,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,5

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	45,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	10,0
Almennur rekstur samtals	55,0
Gjöld samtals	**55,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	168,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	168,2

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	5,0
1.90 Ýmislegt	27,8
Almennur rekstur samtals	32,8
Gjöld samtals	**32,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,8

10-211 Vegagerðin

Viðhaldsverkefni:	
5.10 Viðhald	70,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	500,0
Gjöld samtals	**570,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	570,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnamannvirki	28,0
6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði	5,3
6.76 Ferjubryggjur	4,7
Stofnkostnaður samtals	38,0
Gjöld samtals	**38,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,0

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.81 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál 18,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,5

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.23 Ýmis umhverfisverkefni 13,1
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál 4,5
Almennur rekstur samtals 17,6

Gjöld samtals **17,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,6

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 7,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,0

341. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Aðdragandi.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir sölu á 15% hlut í ríkisbönkunum, Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á sér nokkurn aðdraganda. Lengi hefur verið vitað um áhuga fjármálamanna á því að einkavæða ríkisbankana, sem og aðrar eignir ríkisins. Einnig hefur verið ljóst allan þennnan áratug að þær ríkisstjórnir sem verið hafa undir forsæti Sjálfstæðisflokksins hafa verið hallar undir sjónarmið af þessu tagi. Hins vegar hafa raunveruleg áform sjaldnast verið opinberuð fyrr en að loknum kosningum og má ætla að skýringin sé sú að andstaða gegn einkavæðingu er mikil. Í þessu ljósi má eflaust skýra þá aðferðafræði sem notuð hefur verið við einkavæðinguna. Ákvarðanir hafa verið teknar skref fyrir skref og jafnan hefur verið haft á orði að nauðsynlegt sé að fara varlega í sakirnar; í mörgum tilvikum hefur því jafnvel verið lýst yfir að ekki standi til að selja viðkomandi ríkiseignir, einungis sé ráðgert að koma á breyttu rekstrarformi. Yfirlýsingar af þessum toga voru viðhafðar þegar fyrst voru viðraðar hugmyndir um að gera Landsbankann og Búnaðarbankann að hlutafélögum í upphafi stjórnarsamstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks árið 1995. Nokkru síðar kom svo annað hljóð í strokkinn.

Enn kvað þó við þennan tón þegar frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbankann og Búnaðarbankann var lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþinginu, veturinn 1996–97. Í greinargerð með frumvarpinu segir eftirfarandi: „Þótt ekki sé ráðist í sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins mælir margt með því að slík starfsemi sé rekin í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi og hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur þar um, m.a. um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Nefna má að í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um ativnnurekstur er því hlutafélagsformið sérstaklega viðeigandi. Með því að reka viðskiptabanka í hlutafélagsformi verður reksturinn einnig sveigjanlegri. Þá veldur fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagsformi.“

Litlu síðar er áréttað í greinargerðinni að bankarnir verði áfram eign ríkisins: „Frumvarpið gerir ráð fyrir að óheimilt verði að selja eignarhluti ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., nema með samþykki Alþingis. Þannig er beinlínis tekið fram í 6. gr. frumvarpsins að hlutafé í eigu ríkissjóðs í bönkunum tveimur verði ekki selt, nema með samþykki Alþingis. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að hinum nýju hlutafélagsbönkum verði gefið nokkurt svigrúm til að fóta sig á markaðinum. Þau sjónarmið hafa komið fram að óvissa um eignarhald hlutafélagsbankanna geti leitt til þess að þeir eigi erfiðara með að ná hagstæðum kjörum í lánasamningum við erlenda lánveitendur. Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagabankanna er miðað við að ríkissjóður selji ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra.“ En auðvitað var framtíðarlandið alltaf í huga stýrimanna ríkisstjórnarinnar.

Í 6. gr. frumvarpsins, þar sem fram kemur að óheimilt sé að selja hlut ríkisins í bönkunum án samþykkis Alþingis, segir engu að síður að ráðherra geti „til að styrkja eiginfjárstöðu hlutafélagsbankanna, heimilað útboð á nýju hlutafé“. Útboði á hlutafé eru þó sett þau tak-

mörk að samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs megi ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanna um sig. Hér hafði sú snilldarlega aðferð verið fundin upp að þó að bann væri sett við því að selja ríkisbankana án samþykkis Alþingis gæti ráðherra hins vegar gripið til þess ráðs að styrkja eiginfjárstöðu þeirra með aukningu hlutafjár. Þess vegna er sú staða komin upp nú þegar lagt er fyrir Alþingi frumvarp um heimild Alþingis til að selja 15% hlut í bönkunum tveimur að „ríkið á ... um 85% hlutafjár í Landsbanka og Búnaðarbanka" svo vitnað sé til greinargerðar frumvarpsins sem ríkisstjórnin vill nú fá samþykkt því að „nýtt hlutafé í bönkunum að verðmæti um 15% af heildarhlutafé hvors banka var boðið almenningi til kaups síðari hluta ársins 1998".

Hvers vegna vill ríkisstjórnin selja bankana?

Ástæður fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að selja bankanna hafa verið færðar í margvíslegan búning. Þannig segir í greinargerð með frumvarpinu: „Ríkisstjórnin hefur haft þá stefnu að jafna aðstæður á milli ríkis og einkaaðila og draga úr hlutverki ríkisins í starfsemi sem einkaaðilar geta stundað og þar sem samkeppni þrífst. Þetta á ekki hvað síst við um fjármagnsmarkaðinn." Hér er lýst pólitískri stefnu. Að sjálfsögðu er reynt að leiða rök að því að til mikilla hagsbóta sé að fylgja þeirri stefnu og selja ríkisbankana; til lengri tíma þjóni það markaðsviðskiptum, til skemmri tíma sé á það að líta að salan færi ríkissjóði tekjur, en jafnframt hefur því sjónarmiði nokkuð verið haldið á lofti að nú þegar þenslumerkja gætir í efnahagslífinu sé sala á ríkiseignum til þess fallin að draga úr þenslunni en með því móti sé bundið fé sem að öðrum kosti færi til neyslu.

Pólitík og lýðræði.

Hin pólitísku rök fyrir því að einkavæða bankana ber að sjálfsögðu að taka alvarlega. Í greinargerð með frumvarpinu er velsæld bankanna rakin til þess að þeir voru gerðir að hlutafélögum: „Árangurinn af þessum aðgerðum hefur þegar komið í ljós. Rekstur Landsbankans og Búnaðarbankans hefur gengið vel og er hagnaður þeirra meiri en áður í sögu bankanna þrátt fyrir að vaxtamunur hafi lækkað verulega. Samanlagður hagnaður bankanna var nærri 1.600 millj. kr. á árinu 1998 og um 1.300 millj. kr. á fyrri hluta þessa árs. Áhyggjur manna um að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar áður en hægt væri að hefja sölu hlutafjár ríkissjóðs hafa ekki átt við rök að styðjast. Aðlögunarhæfni bankanna er góð, svo sem meðal annars sést á hagnaði þeirra og lægri lántökukostnaði á nýjum lánum þrátt fyrir afnám ríkisábyrgðar." Hér kemur fram að hagsæld bankanna er rakin til þess að þeir voru gerðir að hlutafélögum fyrir fáeinum missirum en ekki til hins að á undanförnum árum hefur betur aflast en dæmi eru um í Íslandssögunni, markaðir fyrir afurðir okkar hafa verið hagstæðir og öll ytri skilyrði ákjósanleg. Af þessu hafa bankarnir að sjálfsögðu notið góðs. Fyrirtæki hafa verið aflögufær og þannig hefur dregið úr afskriftum og arðsemi fjár hefur verið mikil.

Í umræðu um ríkisbankana hefur því verið haldið mjög á lofti að fyrr á árum hafi þeir verið óábyrgir með afbrigðum, lánað til áhættusamrar útgerðar og fyrirtækja vítt og breitt um landið og þurft að súpa seyðið af afleiðingunum þegar að hefur kreppt í efnahagslífinu. Varasamt er að fordæma allar slíkar lánveitingar til stuðnings atvinnulífi og þótt það sé vissulega ánægjuleg þróun að lánastofnanir sýni ábyrgð í lánveitingum og láni þeim sem öruggt má heita að geti endurgoldið skuldir sínar þá kann það stundum að vera landsmönnum til góðs að lánastofnanir láti ekki stjórnast af ágóðavoninni einni heldur sýni einnig félagslega ábyrgð á ögurstundu þegar kreppir að í atvinnulífi byggðarlaga. Pólitísk stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er hins vegar þrengri en svo að hún rúmi slíka samfélagssýn.

Stjórnarfyrirkomulag ríkisbankanna hefur verið með þeim hætti að reynt hefur verið að tryggja að sjónarmið úr sem flestum áttum í samfélaginu komist að og hefur það verið gert með því að kjósa bankaráð ríkisbankanna á Alþingi. Með hlutafélagsvæðingunni var þetta fyrir bí og tilnefningarvaldið fært undir viðskiptaráherrann einan. Þegar bankarnir hafa verið seldir að fullu eins og ríkisstjórnin hefur áform um í fyllingu tímans koma stjórnendur, allir úr heimi fjármálanna, með það sjónarhorn á tilveruna sem þar er ríkjandi. Við vinnslu frumvarpsins var leitað til margra aðila á fjármálamarkaði og kom þá berlega í ljós að sjónarhornið er harla einsleitt og er hugsjóninni um hámarksarðsemi haldið hátt á loft.

Hagkvæmni?

Í umræðunni um sölu á ríkisbönkunum er ítrekað haft á orði að ríkið eigi ekki að vera að rekast í því „sem einkaðilar geta stundað" og reyndar er gengið lengra og fullyrt að einstaklingar geti starfað á hagkvæmari máta en stofnanir sem lúti almannastjórn. Sagan sýnir á hinn bóginn að varasamt er að alhæfa í þessu efni. Hitt er þó vitað að þegar einkabankar hafa lent í kröggum eins og gerðist víða um lönd á síðasta áratug, t.d. í Kanada, Bandaríkjunum, Svíþjóð og Noregi, hefur ríkið hlaupið undir bagga því að þar var það mat manna að ellegar hefði blasað við efnahagslegt hrun. Þannig veitti norska ríkið um 500 milljarða kr. til að endurreisa banka sem höfðu verið einkavæddir en síðan hrunið. Sú spurning vaknaði í kjölfarið hvort ekki væri eðlilegt að fulltrúar þess almannavalds sem kemur til aðstoðar á ögurstundu eigi rétt á að hafa einnig hönd í bagga þegar betur gengur.

Söluhagnaður og meðgjöf.

Samkvæmt pólitískum kokkabókum ríkisstjórnarinnar er mikið lagt upp úr söluhagnaði einkavæðingarinnar. Það er hins vegar ástæða til að leggja áherslu á að varast ber að leggja mat á söluna á annan hátt en með langtímahagsmuni að leiðarljósi. Hér eru skammtímahagsmunir varasamir. Aldrei hafa það þótt mikil búhyggindi að selja mjólkurkýrnar fyrir skammtímagróða. Þá er vert að hafa í huga að þótt ríkisstjórnin telji sig geta hagnast um 6 milljarða kr. á sölu 15% hlutar miðað við gengi hlutabréfa bankanna um miðjan nóvember eins og haldið er fram af talsmönnum hennar skal þess minnst að ætla má að nokkur meðgjöf verði með sölunni. Ástæðan fyrir því að ofurkapp er lagt á að koma sölunni í kring fyrir áramót er sú að reyna á að freista fólks til að kaupa hlutabréf fyrir áramótin í því skyni að hagnast á skattafslætti. Erfitt er að gera sér grein fyrir því hve mikill hann verður af því að óljóst er hve margir kaupendur geta nýtt sér slíkan afslátt. Óskað var eftir því við fjármálaráðuneytið að fá upplýsingar um umfang skattafsláttar af hlutafjárkaupum síðan 1991 og er meðfylgjandi tafla komin frá ráðuneytinu:

	Fjöldi	Frádráttur, millj. kr.	Skattafsláttur, millj. kr.
1991	9.611	1.670	664
1992	6.279	812	323
1993	6.102	761	303
1994	6.417	835	345
1995	7.077	1.032	433
1996	9.541	1.454	610
1997	17.535	2.660	1.116
1998	18.243	1.991	816
1999	21.055	2.069	808

Ríkisbankarnir eru verðmæt almannaeign.

Í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar er gerð grein fyrir eignum viðskiptabanka og ríkisbanka en samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir viðskiptabanka og sparisjóða „alls um 446 milljarðar kr. í lok árs 1998, vaxtatekjur þeirra námu 32,6 milljörðum kr. og starfsmenn voru um 2.700 talsins. Miðað við þessa mælikvarða er Landsbankinn stærsti banki landsins með 32–35% hlutdeild, þá kemur Íslandsbanki með 24–26%, næst sparisjóðirnir með 21–23% og að lokum Búnaðarbankinn með 20–21%." Staðreyndin er sú að almannasjóðir sjá ekki fram á tap af ríkisbönkunum. Ljóst er að öll þróun hefur verið í hagnaðarátt á undanförnum árum og ekki merki um annað en að sú þróun sé einnig fram undan, sbr. eftirfarandi töflu:

Landsbankinn	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**
Vaxtamunur í % af eignum ...	4,22%	3,75%	3,64%	3,16%
Rekstrargjöld, milljarðar kr. ..	4,5	4,7	5,1	5,6
Afskriftir í % af eignum	1,33%	1,16%	0,40%	0,67%
Hagnaður, milljarðar kr.	0,2	0,3	0,3	0,9
Gjöld í % af nettótekjum	68,9%	71,9%	72,2%	75,0%
Arðsemi eigin fjár	3,0%	4,2%	4,9%	12,4%
Búnaðarbankinn	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**
Vaxtamunur í % af eignum ...	4,69%	4,65%	4,41%	3,73%
Rekstrargjöld, milljarðar kr. ..	2,5	2,6	3,0	3,4
Afskriftir í % af eignum	1,07%	0,79%	0,66%	0,87%
Hagnaður, milljarðar kr.	0,2	0,3	0,1	0,6
Gjöld í % af nettótekjum	74,7%	74,2%	71,4%	68,5%
Arðsemi eigin fjár	5,7%	8,6%	3,2%	14,6%

Þarf markaðurinn á þjóðbanka að halda?

Mörg rök mæla með því að hér verði komið upp öflugum þjóðbanka og kæmi í því sambandi til álita að skoða möguleika á sameiningu ríkisbankanna. Ástæðan fyrir því að mikilvægt kann að vera fyrir íslenskt efnahagslíf að hafa öflugan þjóðbanka er sú að þannig má sporna gegn varasömum afleiðingum þeirrar miklu samþjöppunar á valdi og peningum sem íslenskt efnahagslíf stefnir nú í. Líklegt má heita að sömu aðilar og komist hafa yfir miklar eignir í atvinnulífinu nái einnig tökum á fjármálakerfinu. Hætt er við því að eignist þessir aðilar bankana kæmu þeir til með að lána sjálfum sér fé úr hirslum þeirra og þar með væri boðið heim hættunni á misbeitingu þessara mikilvægu undirstöðustofnana í efnahagslífi þjóðarinnar.

Þenslan.

Hvað með þá staðhæfingu ríkisstjórnarinnar að sala á hlutabréfum ríkisins slái á þenslu? Vissulega má til sanns vegar færa að sá er munur á sölu fyrir tilstilli hlutafjáraukningar annars vegar og beinni sölu hlutafjár hins vegar að fyrri kosturinn eykur augljóslega fjármagn í umferð en hinn síðari er líklegri til að binda það og þar með slá á þenslu. Þó er þetta háð því hvar peningarnir eru teknir og einnig hinu hvernig þeim er varið af hálfu þess aðila sem fær þá í hendur. Það sjónarmið hefur víða komið fram að enda þótt augljóslega mæli margt með því að selja ríkiseignir, sem á annað borð á að selja, á þenslutímum en ekki þegar sam-

dráttur er í efnahagslífinu sé hér um svo lágar upphæðir að ræða hlutfallslega með tilliti til efnahagskerfisins í heild að áhrifin verði vart teljandi.

Tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Í fyrsta lagi hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð stutt það að hér verði komið á traustum þjóðbanka og hefur margoft komið fram í máli þingmanna VG að þeir vilji skoða alla kosti í því efni. Fráleitt sé að ráðast í sölu ríkisbankanna áður en hér er fengin niðurstaða.

Í öðru lagi hefur af hálfu VG verið sett fram þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að öll einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar verði tekin til endurskoðunar. Í niðurlagi greinargerðar þingsályktunartillögunnar segir: „Afar brýnt er að breytingar sem gerðar eru á grundvallarþáttum samfélagsins séu vel ígrundaðar, byggist á traustum rökum og haldgóðum upplýsingum en ekki framkvæmdar af handahófi. Þá er nauðsynlegt að breytingar séu gerðar með framtíðarsýn á hlutverk hins opinbera í huga þar sem skýrt komi fram hvaða verkefni eigi að vera á vegum ríkis og hvar skuli koma til kasta fyrirtækja á markaði.“

Í þriðja lagi hefur VG lagt fram frumvarp um dreifða eignaraðild fjármálastofnana. Var þetta gert með það í huga að sjónarmið VG yrðu ofurliði borin og ráðist yrði í sölu á fjármálastofnunum sem verið hafa í almannaeign. Í greinargerð með frumvarpinu um dreifða eignaraðild segir: „Óþarfi er að fara mörgum orðum um tilefni þessa frumvarps. Mikil umræða hefur verið um sölu á eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og reyndar einnig áður um stofnun þess banka og breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög. Mikið vantar á að vandað hafi verið til vinnubragða í þessu sambandi þó svo að horft sé fram hjá pólitískum ágreiningi um þessar breytingar sem slíkar. Leikreglur og nauðsynlegar lagabreytingar voru ekki undirbúnar og gerðar fyrir fram. Nú, þegar fyrstu skref í einkavæðingu ríkisviðskiptabankanna með hlutafjárútboðum hafa verið stigin, tæpur helmingur af eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hefur verið seldur og sala á hinum helmingnum er í fullum gangi, blossar upp síðbúin umræða um nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild að bönkunum.“

Í greinargerðinni er vikið að yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um mikilvægi þess að tryggja dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum og í framhaldinu segir: „Óhjákvæmilegt er að Alþingi taki af skarið í þessu máli og láti á það reyna hvaða innstæður eru fyrir fullyrðingum um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild og sporna við samþjöppun á eignarhaldi í mikilvægum innlendum fjármálastofnunum. Viðbúið er að um setningu slíkra reglna geti orðið pólitískar deilur en því verður varla á móti mælt að skynsamlegt sé fyrir okkur Íslendinga að fara varlega í þessum efnum. Slíkar takmarkanir eða reglur er alltaf hægt að rýmka síðar meir ef áhyggjur af samþjöppun og fákeppni reynast ástæðulausar. Varla getur sakað að hafa vaðið fyrir neðan sig. Eins kæmi til greina að skoða rýmri mörk hvað varðar hámarkseign í fjármálastofnun þegar í hlut eiga viðskiptabankar, sparisjóðir eða aðrar lánastofnanir. Gæti það einkum átt við ef bankar eða aðrar lánastofnanir vildu starfrækja þjónustufyrirtæki á fjármálasviði sem hefði starfsleyfi sem lánastofnun. Þær reglur sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru einfaldar en að mati flutningsmanna fullnægjandi til að setja hámarkshlutafjáreign og ítökum einstakra aðila í viðskiptabönkum og öðrum mikilvægum lánastofnunum takmörk.“

Undirritaður hefur í nefndinni ítrekað lagt áherslu á að fyrrgreint frumvarp um dreifða eignaraðild verði afgreitt samhliða stjórnarfrumvarpinu um sölu bankanna og þannig verði ákvarðanir teknar í víðu samhengi. Á þetta var ekki fallist. Í ljósi þessa er það tillaga undir

ritaðs að frumvarpi ríkisstjórnarinnar um sölu á 15% hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 9. des. 1999.

Ögmundur Jónasson.

342. Tillaga til þingsályktunar [265. mál]

um sameiningu ríkisbanka áður en þeir verða seldir.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Gunnar Ingi Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hagkvæmni þess að sameina ríkisbanka áður en til sölu þeirra kemur til að tryggja þjóðinni hámarksarð af eign sinni.

Greinargerð.

Viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Samkvæmt frumvarpinu er stefnt að því að 15% af hlutafé ríkissjóðs í hvorum banka verði seld í lok desember 1999.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að „hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármálamarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu". Þar segir enn fremur: „Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum."

Flutningsmenn tillögunnar telja víst að ríkisstjórnin vilji standa að sölu þessara eigna í samræmi við stefnuyfirlýsingu sína og því hljóti að teljast eðlilegt að auka verðmæti eignanna áður en þær verða falboðnar.

Komið hefur fram opinberlega í viðtölum við stjórnendur banka að þeir telji að bankar verði sameinaðir þegar ríkið á ekki lengur meiri hluta. Því er rétt að sameina bankana fyrst til að þjóðin fái hámarksarð af eign sinni.

Þá hafa enn ekki verið settar reglur um dreifða eignaraðild og því erfitt að sjá fyrir hvernig mál þróast verði einungis „tekið mið af markmiðum ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild" eins og segir orðrétt í frumvarpi viðskiptaráðherra.

343. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eggert J. Hilmarsson, Bergþór Magnússon, Björn R. Guðmundsson, Jón Guðmundsson og Bolla Þór Bollason frá fjármálaráðuneyti, Braga Gunnarsson frá ríkisskattstjóra, Margréti Sigurðardóttur og Oddnýju M.

Ragnarsdóttur frá Bandalagi kvenna í Reykjavík, Guðríði Ólafsdóttur og Helga Seljan frá Öryrkjabandalagi Íslands, Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands og Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara. Umsagnir um málið bárust frá Þroskahjálp, Bandalagi kvenna í Reykjavík, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Öryrkjabandalagi Íslands, ríkisskattsjóra og Skrifstofu jafnréttismála.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á reglum um ráðstöfun persónuafsláttar á milli hjóna og fólks sem býr saman í óvígðri sambúð. Er gert ráð fyrir að breytingin verði í áföngum þannig að persónuafsláttur maka nýtist að fullu við álagningu að fjórum árum liðnum.

Nefndin leggur til að breytingarnar taki gildi ári síðar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Kom fram við meðferð málsins í nefndinni að þau mistök urðu við samningu frumvarpsins að kveðið var á um að breytingarnar kæmu til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 2000 vegna tekna ársins 1999. Það mun hins vegar aldrei hafa staðið til, enda óeðlilegt að hafa slíkt ákvæði afturvirkt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 9. des. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Pétur H. Blöndal.	Hjálmar Árnason.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

344. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skal óráðstöfuðum persónuafslætti annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., bætt við persónuafslátt hins með eftirfarandi hætti:
   a. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 skal bæta 85% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.
   b. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2002 vegna tekna á árinu 2001 skal bæta 90% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.

c. Við álagningu tekjuskatts á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002 skal bæta 95% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar annars makans við persónuafslátt hins.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 og við staðgreiðslu á því ári.

345. Svar [188. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um skort á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvernig hyggjast stjórnvöld bregðast við skorti á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum til starfa á heilbrigðisstofnunum?

Síðastliðið vor var rætt á Alþingi um vanda heilbrigðiskerfisins vegna skorts á fólki til starfa. Frá því að sú umræða átti sér stað hefur Háskólinn á Akureyri fellt niður fjöldatakmarkanir í hjúkrunarfræðinámi. Í haust hófst fjarnám í hjúkrunarfræði á Egilstöðum í tengslum við sama skóla en árið 1998 hófst slíkt nám á Ísafirði, einnig í tengslum Háskólann á Akureyri. Starfandi er vinnuhópur til að undirbúa fjarnám í Keflavík en stefnt er að því að nám í hjúkrunarfræði hefjist þar næsta haust. Þarna er mikill vaxtarbroddur og möguleiki á menntun í dreifbýlinu. Í Háskóla Íslands eru nú skráðir um 140 nemendur á fyrsta ári í hjúkrunarfræði. Miðað við núverandi aðstæður er ljóst að vegna fjöldatakmarkana komast 60 þeirra áfram í námi. Skoða þarf leiðir til að gera námsbraut í hjúkrunarfræði kleift að útskrifa fleiri nemendur. Í tengslum við einstaka fjölbrautarskóla úti á landi hefur starfað farskóli þar sem boðið er upp á námskeið fyrir sjúkraliða og gerð hefur verið tilraun með fjarnám til sjúkraliðaréttinda. Hugsanlegt er að bjóða ófaglærðu starfsfólki í umönnunarstörfum aukna menntun með fjarnámi. Í könnun á skorti á sjúkraliðum sem landlæknisembættið gerði í vor kom fram að fjöldi ófaglærðra starfsmanna er í stöðum sjúkraliða. Þeir hafa margir hverjir unnið lengi við umönnun og æskilegt er að skapa þeim skilyrði til þess að mennta sig og öðlast þannig sjúkraliðaréttindi. Einnig er mikilvægt að auka námsframboð fyrir starfandi sjúkraliða og skapa þeim skilyrði til að þróast í starfi. Þannig eykst þekking og færni sem jafnframt leiðir oft til aukinnar festu og ánægju í starfi.

Ljóst er að með bættri upplýsingatækni skapast miklir möguleikar til að auka framboð í fjarnámi og þurfa bæði menntamálayfirvöld og heilbrigðisyfirvöld að styðja þá þróun.

Ráðuneytið hefur leitast við að fá heildarmynd af skorti á starfsfólki í heilbrigðiskerfinu. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga lét kanna skort á hjúkrunarfræðingum og voru niðurstöður birtar í skýrslu, Mannekla í hjúkrun, sem kom út í mars 1999. Skýrslan hefur verið kynnt og rædd víða. Niðurstöðurnar hafa m.a. verið til athugunar í heilbrigðisráðuneytinu. Í skýrslunni koma fram ítarlegar upplýsingar um hjúkrunarfræðinga á vinnumarkaði, niðurstöður fyrri kannana um skort á hjúkrunarfræðingum til starfa, spá um þörf fyrir hjúkrunarfræðinga, tillögur til úrbóta o.fl. Ef skoðuð eru árin 1998 og 1999 kemur í ljós að skortur á hjúkrunarfræðingum á landinu öllu er um 14% bæði árin sem er hátt í 300 stöðugildi miðað við heimilaðar stöður. Miðað við mat á þörf er talan mun hærri. Minnstur er skorturinn í heilsugæslunni eða um 7%. Árið 1998 vantaði í um 31 stöðugildi hjúkrunarfræðinga á öldrunarstofnun-

um en árið 1999 í 34,5 stöðugildi. Á sjúkrahúsum vantaði hjúkrunarfræðinga í 185 stöðugildi árið 1998 en 1999 var um að ræða 179 stöðugildi miðað við heimildir. Samkvæmt könnuninni voru íslenskir hjúkrunarfræðingar alls 3.129, 1. október 1998. Um 2.250 hjúkrunarfræðingar á vinnualdri eru í starfi en það samsvarar því að um 85% hjúkrunarfræðinga á vinnualdri séu starfandi við hjúkrun. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur að útskrifa þurfi 120–130 hjúkrunarfræðinga á ári næstu 15 árin til þess að uppfylla þörf.

Samkvæmt upplýsingum frá nemendaskrá Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands útskrifuðust 23 hjúkrunarfræðingar frá Háskólanum á Akureyri árið 1998 og 90 frá Háskóla Íslands (þar af 13 sem voru í sérskipulögðu námi og voru hjúkrunarfræðingar fyrir). Árið 1999 útskrifaðist 21 hjúkrunarfræðingur frá Háskólanum á Akureyri og 91 frá Háskóla Íslands (þar af 38 sem voru hjúkrunarfræðingar fyrir).

Í því skyni að fá heildarsýn yfir skort á starfsfólki í heilbrigðiskerfinu var sl. vor gerð könnun á vegum landlæknisembættisins á skorti á sjúkraliðum til starfa, eins og fyrr er getið. Fram kom að á sjúkrasviði, sem tekur bæði til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana með sjúkrasvið, vantar í um 110 heimiluð stöðugildi sjúkraliða. Taka skal fram að sums staðar eru stöðugildi ekki lengur fastskilgreind. Hins vegar er talan hærri ef skoðað er „mat á þörf“ fyrir sjúkraliða í aðhlynningu samkvæmt stjórnendum. Í stöðugildum sjúkraliða á sjúkrasviði eru 166 ófaglærðir starfsmenn miðað við fullt starf.

Á heilsugæslustöðvum vantar í örfá stöðugildi. Á hjúkrunar- og dvalarheimilum vantar í tæplega 200 heimiluð stöðugildi. Þar eru hins vegar rúmlega 200 ófaglærðir í stöðunum. Samkvæmt „mati á þörf“ fyrir aðhlynningu vantar mun fleiri til þannig starfa á hjúkrunar- og dvalarheimilum.

Svarhlutfall í könnuninni á skorti á sjúkraliðum var 74% og vantar svör frá nokkrum stórum stofnunum, t.d. Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Grund o.fl. Enn er unnið að því að fá svör frá þeim.

Meginniðurstöður könnunar landlæknisembættisins eru að sjúkraliða vantar í aðhlynningu í 320 stöðugildi á landinu miðað við heimildir en mun fleiri ef uppfylla ætti „þörf“ fyrir sjúkraliða í aðhlynningu samkvæmt mati stjórnenda. Mesti skorturinn er á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Yfir 400 stöðugildi eru mönnuð með ófaglærðum starfsmönnum. Niðurstöður eru ekki endanlegar en þær gefa vísbendingu um hvar vandinn liggur.

Árlega útskrifast 80–90 sjúkraliðar. Menntaðir sjúkraliðar á Íslandi eru alls yfir 3.000. Samkvæmt niðurstöðum könnunar landlæknisembættisins eru um 900 stöðugildi sjúkraliða í aðhlynningu mönnuð. Könnunin tók ekki til sjúkraliða sem ekki starfa við aðhlynningu. Ætla má að um töluvert fleiri einstaklinga sé að ræða en fjöldi stöðugilda segir til um. Einnig er nokkur hópur komin á eftilaun en menntun sjúkraliða hófst á sjöunda áratugnum. Engu að síður er ljóst að nokkur fjöldi þeirra sem hefur menntað sig til sjúkraliðastarfa er ekki í umönnunarstörfum.

Ljóst er að miklu máli skiptir að mennta nægilega marga hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Launin skipta einnig máli til þess að auka festu og ánægju í starfi og til að laða fólk að námi. Loks má nefna mikilvægi þess að vinnuaðstæður, starfsandi o.þ.h. séu viðunandi. Allir þessir þættir þurfa að haldast í hendur ef vel á að vera.

Þegar skoðaðar eru tölur um fjölda heilbrigðisstarfsmanna á Norðurlöndum úr nýjustu skýrslu NOMESCO, Health Statistics in the Nordic Countries 1997, kemur fram eftirfarandi:

Fjöldi starfandi heilbrigðisstarfsmanna á sjúkrahúsum á 100 þús. íbúa, reiknaður í mannárum.

	Danmörk	Noregur	Færeyjar	Ísland
Hjúkrunarfræðingar ..	500	509	500	380
Sjúkraliðar	266	157	100	228
Læknar	178	158	119	194

Fjöldi starfandi heilbrigðisstarfsmanna í landinu á 100 þús. íbúa, reiknaður í mannárum.

	Danmörk	Noregur	Finnland	Svíþjóð	Ísland
Hjúkrunarfræðingar ..	706	915	1.275	862	591
Sjúkraliðar	706	823	653	739	587
Læknar	290	252	295	274	299

Ísland er vel sett með lækna miðað við þessi lönd en fer halloka í samanburði varðandi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Flest bendir til að þörfin fyrir þessar starfsstéttir muni aukast á komandi árum.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er nú unnið að langtímaspá varðandi þörf á starfsfólki. Um er að ræða verkefni þar sem taka þarf mið af fjölmörgum breytum, svo sem aldurssamsetningu þjóðarinnar, tíðni einstakra sjúkdóma og faraldsfræði þeirra, fjölda útskrifaðra í heilbrigðisstéttum, fjölda einstaklinga í árgöngum o.fl. Stefnt er að því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafi árlega endurskoðaða spá um þörf fyrir starfsfólk í heilbrigðiskerfinu.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er einnig starfandi vinnuhópur sem vinnur að því að kynna betur starfssvið sjúkraliða og á næstu mánuðum er fyrirhuguð kynning fyrir stjórnendur á stofnunum í samstarfi Sjúkraliðafélags Íslands og heilbrigðisráðuneytisins. Jafnframt þarf að huga að kynningu fyrir almenning og grunnskólanemendur, t.d. með bæklingi um nám og störf sjúkraliða. Hugsanlegt er einnig að stuðla að svipuðu átaki varðandi nám og störf hjúkrunarfræðinga og gert var fyrir u.þ.b. áratug.

Heilbrigðisráðherra ritaði menntamálaráðherra bréf 7. maí sl. þar sem bent er á mikilvægi þess að fjármagn fáist svo að fjölga megi nemendum í námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Páll Skúlason háskólarektor hefur ritað menntamálaráðherra bréf um sama efni.

Að mati menntamálaráðuneytis er það á valdi stjórnenda Háskólans að beina fé til námsbrautar í hjúkrunarfræði innan ramma heildarfjárveitinga til skólans.

Miklir möguleikar hafa skapast á uppbyggingu á fjarnámi fyrir heilbrigðisstéttir á síðustu árum. Mikilvægt er að bæði menntamálayfirvöld og heilbrigðisyfirvöld styðji þá uppbyggingu.

Á síðustu árum hafa laun hjúkrunarfræðinga hækkað og væntanlega leiðir það til þess að fleiri haldist í starfinu og verði ánægðari og jafnframt að fleiri muni hefja nám í hjúkrunarfræði. Í könnun Félags íslenskra húkrunarfræðinga kemur fram að um 400 hjúkrunarfræðingar á vinnualdri eru ekki starfandi við hjúkrun. Bætt launakjör ættu að auka líkur á því að einhverjir úr þeim hópi komi til starfa.

Ýmislegt fleira þarf að skoða fyrir sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga, t.d. vinnutíma, vinnuaðstæður o.fl. Það er einkum mál einstakra stofnunana að útfæra slíkt miðað við þörf fyrir þjónustu á hverjum stað.

Samantekt.

Það sem snýr að hjúkrunarfræðingum er eftirfarandi: Búið er að afnema fjöldatakmarkanir við Háskólann á Akureyri og fjarnám er hafið á Ísafirði og á Egilsstöðum í tengslum við þann skóla. Enn frekari uppbygging á fjarnámi er æskileg. Skoða þarf leiðir til að gera námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands kleift að fjölga nemendum. Launakjör hafa batnað.

Varðandi sjúkraliða er þörf fyrir aukið námsframboð og möguleika á aukinni fjölbreytni í starfi. Í undirbúningi er kynning á námi þeirra og starfi.

Fyrir ófaglærða starfsmenn þarf að huga að möguleikum á námi sem leiðir til sjúkraliðaréttinda.

Það sem snýr að ófaglærðum starfsmönnum og sjúkraliðum er fjarnám og uppbygging þess. Þar koma fjölbrautarskólar að málinu í samvinnu við heilbrigðisstofnanir.

Lögð er áhersla á mikilvægi samvinnu menntakerfis og heilbrigðiskerfis.

Laun er samið um í kjarasamningum og ýmsir innri þættir, svo sem vinnutími, starfsandi, vinnuaðstæður o.fl., er á hendi einstakra stofnana.

346. Svar [139. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um tannvernd og tannlækningar barna og unglinga á grunnskólaaldri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið háttað stuðningi við tannvernd og tannlækningar barna og unglinga á grunnskólaaldri frá 1990:

a. í Reykjavík,

b. utan Reykjavíkur?

Tannvernd og tannlækningar barna og unglinga í grunnskólum Reykjavíkur fara að hluta til fram á vegum skólatannlækninga Reykjavíkur á tannlæknastofum í skólum borgarinnar. Munu um 27% grunnskólabarna í Reykjavík nýta þá þjónustu en stærsti hlutinn velur að fara til sjálfstætt starfandi tannlækna.

Nú starfa 11 tannlæknar í hálfu starfi og tveir í fullu starfi hjá skólatannlækningum Reykjavíkur. Þar að auki starfa þar 18 tanntæknar (aðstoðarkonur) og 5 tannverndarkonur sem annast flúorskolun í öllum bekkjardeildum 6–12 ára. Einn tannfræðingur í hálfu starfi annast fræðslu um tennur og tannvernd í 6, 8, 10, 12 og 15 ára bekkjardeildum í öllum skólum Reykjavíkur. Í 14 skólum er tannlæknastofa og ein er á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur.

Árið 1990 var 31 skólatannlæknir í 50% starfi á 24 tannlæknastofum í skólum í Reykjavík. Aðstoðarkonur voru 29 og tannverndarkonur sem önnuðust flúorskolun voru sex. Allir nemendur grunnskólanna voru skoðaðir af tannlækni einu sinni til tvisvar á ári. 6–12 ára nemendur fengu flúorskolun hálfsmánaðarlega. Tannlækningar grunnskólanemenda voru þeim að kostnaðarlausu.

Með breytingu á lögum um almannatryggingar 1992 og 1993 var forráðamönnum gert skylt að greiða hluta tannlækniskostnaðar grunnskólanemenda og jafnframt var sett reglugerð um að sjúkratryggð börn og unglingar, 16 ára og yngri, skyldu hafa einn ábyrgðartannlækni og greiðslur sjúkratrygginga fyrir almennar tannlækningar takmörkuðust við að

ábyrgðartannlæknir viðkomandi barns eða unglings hefði unnið tannlæknisverkið. Frá 1. september 1993 varð því sú breyting á starfsemi skólatannlækna í Reykjavík að einungis þeir nemendur sem óskað hafði verið eftir að fengju þjónustu hjá skólatannlækningum Reykjavíkur voru kallaðir inn til skoðunar. Sá tannlæknir sem undirritaði fyrsta reikning til Tryggingastofnunar vegna tannviðgerða einstaklings eftir 1. september 1993 var skráður ábyrgðartannlæknir þess einstaklings, óháð því hvort um bráðahjálp eða fullnaðartannviðgerð var að ræða.

Utan Reykjavíkur er aðstaða til tannlækninga á 48 stöðum þar sem sjálfstætt starfandi tannlæknar vinna m.a. við tannlæknaþjónustu grunnskólabarna. Á 30 þessara staða starfa þeir í húsnæði hins opinbera og á 25 þeirra staða á hið opinbera tækin. Á 18 stöðum vinna sjálfstætt starfandi tannlæknar með eigin tæki í eigin húsnæði. Þar að auki eru tannlæknastofur fyrir þroskahefta á þremur stöðum á landinu, að Sólheimum, Skálatúni og í Öskjuhlíðarskóla.

347. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Minni hluti fjárlaganefndar telur að við núverandi aðstæður sé höfuðnauðsyn að grípa til aðgerða sem miða að því að draga úr þenslu og koma í veg fyrir að í góðærinu breikki enn bilið milli þeirra sem eru illa settir í þjóðfélaginu og hinna, auk þess að taka á hinni alvarlegu byggðaröskun. Að þessum markmiðum er ekki stefnt með því frumvarpi til fjárlaga sem liggur fyrir Alþingi. Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að draga úr jaðarsköttum ber frumvarpið með sér að engin skref eru stigin í þá átt og aldrei hafa jafnháar fjárhæðir verið teknar af ungu fjölskyldufólki í jaðarskatta og nú. Sömuleiðis er athyglisvert að þrátt fyrir þann áfellisdóm sem velferðarstefna ríkisstjórnarinnar hlýtur í nýlegu riti Stefáns Ólafssonar prófessors, Íslensku leiðinni, ber frumvarpið engin merki þess að ríkisstjórnin áformi að bæta kjör öryrkja og aldraðra. Í því samhengi er óhjákvæmilegt að minna á gullið tækifæri sem ríkisstjórnin missti af á síðasta ári þegar gripið var til almennra skattalækkana í stað þess að nota svigrúmið til að bæta kjör þessara hópa.

Innlendar jafnt sem erlendar stofnanir hafa lagt afar þunga áherslu á að ríkisstjórnin beiti hagstjórnartækjum sínum til að draga úr þenslu. Í núverandi stöðu dylst fæstum að fjárlagafrumvarpið gæti leikið lykilhlutverk í því að koma í veg fyrir skjótar lyktir góðærisins með því að hafa hemil á ríkisútgjöldum og skila miklum tekjuafgangi. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar er því mikil. Stefnumörkun hennar í fjárlagafrumvarpinu sker í reynd úr um hvort hægt verður að treina góðærið. Í orði hefur ríkisstjórnin tekið undir þessar aðvaranir. Í reynd er niðurstaðan hins vegar sú að frumvörp hennar til fjárlaga og fjáraukalaga sem nú liggja fyrir þinginu stórauka útgjöld og eru beinlínis þensluhvetjandi. Stjórnarandstaðan tekur undir með forsvarsmönnum hagfræðistofnana sem hafa bent á að í því fordæmalausa góðæri sem nú er hefði verið þörf á mun meiri tekjuafgangi en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar er engu líkara en að allar stíflur hafi brostið og síðustu missiri hafa útgjöld vaxið stjórnlítið.

Alvara málsins er mikil og speglast í eftirfarandi: Það stefnir í að á fyrsta heila ári þessa kjörtímabils verði ríkisútgjöld 20 milljörðum kr. meiri en síðasta heila árið á liðnu kjörtíma-

bili. Eftirfarandi tafla sýnir svart á hvítu þann gríðarlega vöxt útgjalda sem hefur orðið síðustu ár. Þar kemur fram að á einungis fimm ára tímabili frá árinu 1994 til loka ársins 1998

Heildargjöld samkvæmt ríkisreikningum 1994–98.
(Fjárhæðir í milljörðum kr., uppreiknaðar miðað við vísitölu neysluverðs.)

Ár	Verðlag hvers árs	Verðlag 1998
1998	189,6	189,6
1997	134,6	183,3
1996	137,0	141,8
1995	129,4	136,9
1994	125,9	135,5

hafa útgjöld ríkisins aukist um 54 milljarða kr. á föstu verðlagi. Þessi þróun hefur öll orðið undir forustu Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur bæði farið með forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti á meðan þessi útgjaldasprenging hefur orðið. Í þessari þróun felst sú alvarlega hætta fyrir samfélagið að sloti góðærinu situr það uppi með útgjaldaaukningu ríkisins upp á tugi milljarða króna án þess að hafa tekjur til að standa undir þeim. Ekki þarf að mála sterkum litum hve gríðarlegir erfiðleikar mundu fylgja þeim harkalegu aðhaldsaðgerðum sem þá yrði óhjákvæmilegt að grípa til.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafa orðið á margvísleg mistök við hagstjórnina síðustu missiri eins og rakið er ítarlega í áliti stjórnarandstöðunnar um frumvarp til fjáraukalaga sem einnig er til afgreiðslu í þinginu. Helstu mistökin felast í rangri skattastefnu þegar ýtt var undir almenna þenslu með því að lækka tekjuskatta þorra almennings í miðju góðærinu í stað þess að nota svigrúmið til að bæta kjör verst stöddu hópanna eins og fyrr segir. Sömuleiðis voru það mistök þegar ríkisstjórnin hófst handa við að einkavæða bankana og ýtti þar með stórlega undir þenslu. Yfirlýsingar forustu ríkisstjórnarinnar gáfu til kynna að sala ríkisfyrirtækja mundi færa þjóðinni tugi milljarða króna og sköpuðu þannig óhóflegar væntingar sem örvuðu neyslu og þar með þenslu. Loks má svo nefna gríðarlega þenslu í húsnæðiskerfinu sem beinlínis má rekja til lausataka ríkisstjórnarinnar. Þetta er eitt birtingarform þjóðarvandans sem búsetuþróun síðustu ára veldur í efnahagslegu tilliti. Jafnframt er líklegt að viðskipti með aflakvóta í krafti gallaðs fiskveiðikerfis hafi bæði aukið eftirspurn eftir lánsfé og framboð lánsfjár.

Frumvörp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga og fjáraukalaga eru framhald á þessari óheillaþróun. Í þeim birtist agaleysi ríkisstjórnarinnar. Þau staðfesta einfaldlega að undir forustu Sjálfstæðisflokksins eru útgjöld ríkisins í hröðum vexti. Í þessu efni gera breytingartillögur meiri hlutans illt verra með því að minnka áætlaðan tekjuafgang ríkissjóðs enn frekar frá upphaflegu frumvarpi. Með frumvörpum sínum hefur ríkisstjórnin því misst af tækifæri til að draga úr þenslunni og þar með aukið líkurnar á að landsmenn missi góðærið úr höndum sér.

Þjóðhagshorfur og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar.

Eins og fyrr segir hafa háværar aðvörunarraddir heyrst á undanförnum missirum um að þenslan í þjóðfélaginu sé komin á hættulegt stig og verðbólga muni aukast á næsta ári. Verðbólgan er sérstakt áhyggjuefni. Ofþenslan sem ríkisstjórnin neitaði að viðurkenna fyrir kosningar og bregðast við í tíma hefur gert henni kleift að spretta úr spori. Í október var verðbólgan komin í 5,3% og í nóvember var hún litlu minni eða 5%. Þetta er tvöfalt eða þrefalt meiri verðbólga en í nágrannalöndum okkur. Seðlabankinn hefur enn fremur spáð um 4% verðbólgu á næsta ári. Það byggist þó á því að kjarasamningar verði á hófsömum nótum og

dragi úr hagvexti og innlendri eftirspurn. Margir hafa þó lýst efasemdum um að það verði í þeim mæli sem Þjóðhagsstofnun hefur spáð, m.a. fjármálaráðherra sjálfur er hann kynnti fjárlagafrumvarpið fyrr í haust. Hvað kjarasamninga á almennum vinnumarkaði varðar mun verkalýðshreyfingin óhjákvæmilega horfa til fordæmis ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt launavísitölu hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 18,3% frá fyrsta ársfjórðungi 1997 til þriðja ársfjórðungs í ár en hækkunin var 28,1% hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum. Miklar hækkanir hafa einnig orðið hjá æðstu embættismönnum í ríkiskerfinu. Tæpast verður þessi þróun til að haga kjarasamningum á almennum vinnumarkaði eins og vonast er eftir af hálfu ríkisstjórnar og Þjóðhagsstofnunar.

Aukinn viðskiptahalli ræður miklu um þessa þróun. Gert er ráð fyrir að hann verði enn mikill á næsta ári. Aukin skuldasöfnun heimilanna er einnig mikið áhyggjuefni, ekki síst þar sem fyrir liggur að hún á sér ekki rætur í fjárfestingu heldur neyslu. Á móti auknum skuldum heimilanna kemur því ekki samsvarandi eignamyndun eins og þráfaldlega er haldið fram af talsmönnum ríkisstjórnarinnar. Hærri verðbólga gæti því reynst fjölmörgum heimilum ákaflega þungur baggi og mun að sjálfsögðu veikja efnahagsstöðu þjóðarinnar til skemmri og lengri tíma litið.

Þjóðhagsforsendur fjárlaga hafa oftar en ekki brugðist á undanförnum árum eins og minni hlutinn hefur ítrekað bent á. Í núverandi spá er gert ráð fyrir að töluvert dragi úr aukningu landsframleiðslu á næsta ári og að hagvöxtur verði um 2,7%. Þá er reiknað með að hægi á vexti einkaneyslu með minni aukningu kaupmáttar og að hún verði 2,5% í stað 6% eins og áætlað er að hún verði á þessu ári. Hins vegar er spáð meiri fjárfestingu í stað samdráttar á þessu ári. Þá er talið að innan skamms muni koma fram í hagtölum að innflutningur varanlegra neysluvara hafi mettast og í kjölfarið verði minna flutt inn af rekstrarvörum og fjárfestingarvörum til annarra en stóriðjufyrirtækja. Auk óvissu um niðurstöður komandi kjarasamninga og áhrif þeirra á efnahagsþróun, ekki síst verðlagsþróun, er tvísýnt um framleiðslu og verðlag mikilvægra sjávarafurða.

Nú er spáð að landsframleiðsla aukist um 5,8% á þessu ári en verði einungis 2,7% á því næsta. Rætist þessi spá er hagvöxtur þessa árs sá mesti frá árinu 1987. Mikil aukning landsframleiðslu á þessu ári stafar fyrst og fremst af áframhaldandi örum vexti einkaneyslu og töluvert meiri útflutningi í fyrra jafnframt því sem dregið hefur úr innflutningi. Þessi ofþensla eftirspurnar átti þátt í að kynda undir verðbólgu þess árs og því er enn áréttuð nauðsyn þess að draga úr innlendri eftirspurn.

Í ársfjórðungsriti Seðlabanka Íslands, Peningamálum, er bent á að margt hafi komið fram af því sem varað var við í haustskýrslu bankans í nóvember 1998 sem minni hlutinn vitnaði til í nefndaráliti sínu um fjárlög ársins 1999. Telur bankinn meginverkefni hagstjórnar á næstunni að stuðla að því að verðbólga minnki á ný. Hann telur einnig áhyggjuefni að í þjóðhagsáætlun sé því spáð að viðskiptahalli muni að óbreyttu nema 3% af landsframleiðslu næstu ára. Telur bankinn þetta til vitnis um undirliggjandi halla sem muni ekki hverfa eftir að stóriðjuframkvæmdum lýkur. Þá bendir Seðlabankinn á að það sé áhyggjuefni að viðleitni til að auka þjóðhagslegan sparnað hafi ekki enn skilað árangri. Síðan segir orðrétt: „Full ástæða er til að taka þennan vanda alvarlega þar sem viðskiptahallinn getur til lengdar grafið undan stöðugleika gengis, auk þess sem vaxandi skuldir þjóðarbúsins sem honum fylgja gera það viðkvæmara fyrir áföllum.“ Þar sem eftirspurnarþenslan virðist meiri en ráð var fyrir gert þarf afgangur á fjárlögum að vera meiri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Niðurstaðan er hins vegar mjög ljós: Í öllum grundvallaratriðum hefur ríkisstjórnin brugðist varðandi hagstjórn hér á landi á undanförnum árum og stjórnvöld verða að taka sig verulega á í þeim efnum á næsta ári ef ekki á að fara illa.

Fjármálastjórn hins opinbera.

Því hefur oft verið haldið fram að erfiðara sé að stjórna í góðæri en í hallæri. Nauðsynlegt aðhald vill oft gleymast þegar vel gengur. Með fyrirliggjandi frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999 og breytingartillögum meiri hlutans við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000 eru útgjöld aukin um 12,5 milljarða kr. Nauðsynlegt hefur verið að leiðrétta rekstrargrunn ýmissa stofnana, einkum í heilbrigðiskerfinu, og í mörgum tilfellum var full þörf á að viðurkenna staðreyndir í þeim efnum. Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að þessi viðbótarútgjöld sýna að fjármálastjórn margra stofnana, svo og eftirlit ráðuneyta með þeim, er í ólestri. Fjármálaráðherra telur ástæðu til að fara nokkrum orðum um bætta framkvæmd fjárlaga í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000 en þar segir orðrétt (bls. 241):

„Áhersla verður lögð á að bæta framkvæmd fjárlaga svo rekstur stofnana verði innan fjárheimilda og þörf fyrir viðbótarfjárheimildir í fjáraukalögum fari minnkandi. Samhliða auknum áhrifum stjórnenda á rekstur stofnana er nauðsynlegt að þeir beri ábyrgð til samræmis, líkt og gerist í öðrum atvinnurekstri."

Enn sem komið er hefur þessi bætta framkvæmd ekki verið útfærð nánar af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ekki liggur fyrir hvernig forstöðumenn stofnana verði látnir bera ábyrgð eða hvaða viðmiðanir ráðherra hefur í huga. Sjálfsagt er að skoða tillögur þar að lútandi fyrir 3. umræðu. En eftir höfðinu dansa limirnir. Því er ekki síður mikilvægt að ríkistjórnin í heild og einstakir ráðherrar sýni festu og ábyrgð í fjármálastjórn. Engum blandast hugur um að það er fjármálaráðherra sem ber formlega ábyrgð á veikri stjórnun ríkisfjármála og vaxandi agaleysi í þeim. Illu heilli hefur hann ekki gengið á undan með góðu fordæmi í stjórn eigin ráðuneytis eins og þegar hefur verið reifað af stjórnarandstöðunni í umfjöllun Alþingis um fjáraukalög. Í tengslum við útfærslu á aukinni ábyrgð forstöðumanna stofnana liggur því beint við að ábyrgð fjármálaráðherra og annarra ráðherra verði skilgreind betur.

Breytingartillögur meiri hlutans.

Breytingartillögur meiri hlutans nema nú 3,6 milljörðum kr. Að öllu óbreyttu verður tekjuafgangur ríkissjóðs því 11,4 milljarðar kr. Seðlabankinn telur hins vegar að tekjuafgangur frumvarpsins, 15 milljarðar kr., feli ekki í sér nægjanlegt viðbótaraðhald. Þá stefnir í að auka þurfi skattheimtu eða „vona" að næsta þjóðhagsspá færi ríkissjóði meiri tekjur.

Stærsti hluti viðbótarinnar er til heilbrigðiskerfisins, eða 2,3 milljarðar kr., og hafa því verið veittir alls 7,3 milljarðar kr. til viðbótar í þennan málaflokk ef frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er talið með. Miðað við árið 1998 hafa fjárveitingar til þessa málaflokks hækkað um 11,1 milljarð kr. eða um 17,8%.

Ljóst er að ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi hyggst gera forstöðumenn heilbrigðisstofnana að blórabögglum fyrir eyðslu langt umfram fjárlög. Sjálfsagt er að forstöðumenn axli ábyrgð en undan því geta ráðherrar heldur ekki skotið sér. Úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárhagsvanda heilbrigðisstofnana ber með sér að bæði heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra hafa ekki staðið undir ábyrgð í því máli. Forstöðumenn stofnana leituðu eftir fyrirmælum frá heilbrigðisráðuneyti snemma á þessu ári þegar ljóst var að stefndi í algert óefni. Heilbrigðisráðherra veitti þeim hvorki stuðning né fyrirmæli um hvernig skyldi bregðast við. Sama gilti þegar forstöðumenn leituðu eftir stuðningi ráðuneytisins við útfærslu kjarasamninga. Eina svar ráðuneytisins var þögnin. Í því sambandi er vert að rifja upp að nýlegar lagabreytingar gera að verkum að forstöðumenn stofnana eru nú undir beinu boðvaldi ráðherra en ekki stjórna stofnananna. Fyrir vikið er ábyrgð heilbrigðisráðherra mikil.

Fjármálaráðherra getur ekki heldur skotið sér undan ábyrgð á þessum vanda. Honum ber að hafa yfirsýn yfir þróun fjármála ríkisins. Á fundi heilbrigðisráðherra með fjárlaganefnd

kom fram hjá ráðherra að ráðuneytið hefði ítrekað leitað eftir aðstoð fjármálaráðuneytis en án árangurs. Þótt ábyrgð heilbrigðisráðherra á ófremdarástandi í fjármálum heilbrigðisstofnana sé að sönnu mikil getur fjármálaráðherra ekki vikist undan sínum hluta ábyrgðarinnar. Líkt og heilbrigðisráðherra svaf fjármálaráðherra á verðinum. Nauðsynlegt er að leggja áherslu á þetta í ljósi krafna sem fram hafa komið í liði stjórnarþingmanna um að víkja forstöðumönnum úr starfi. Eigi forstöðumenn að sæta slíkri ábyrgð, hvernig eiga umræddir ráðherra þá að axla sína ábyrgð?

Í allri umræðunni um heilbrigðismál hafa aðrir stórir málaflokkar siglt lygnan sjó í gegnum kerfið með sínar hækkanir. Miðað við fjárlög ársins 1999 aukast útgjöld til menntamála um tæpa 2,0 milljarða kr. á árinu 2000. Við lestur frumvarps til fjáraukalaga verður ekki annað séð en að menntamálin eigi líka við uppsafnaðan vanda að stríða og spurning er hvort þeim verði komið á réttan kjöl með þessari viðbótarfjárveitingu. Í frumvarpi til fjáraukalaga kemur fram að áformað sé að fara yfir rekstur og fjármál verst stöddu skólanna til að endurmeta forsendur fyrir fjárveitingum. Þetta bendir til þess að ekki sé búið að leysa allan vandann og telur minni hlutinn nauðsynlegt að þessi málaflokkur fái sams konar vandamálagreiningu og heilbrigðismálin.

Eins og staðan er nú stefnir í að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði 193,6 milljarðar kr. sem er 3,4 milljörðum kr. meira en áætluð niðurstaða ársins 1999 og nemur hækkunin 1,8%. Að lífeyrisskuldbindingum og vaxtagjöldum slepptum aukast útgjöld um 5,9 milljarða kr. eða um 3,5%. Ef miðað er við niðurstöðu ársins 1998 aukast útgjöld ríkisins á árinu 2000 um 20,8 milljarða kr. eða um 13,6%. Þetta þýðir að útgjöld ríkissjóðs hafa aukist umtalsvert að raungildi og því er ljóst að ríkissjóði hefur ekki tekist að halda útgjöldum í skefjum. Því bendir fátt til þess að í frumvarpinu felist sú mikilvæga aðhaldsaðgerð sem allar hagfræðistofnanir innan lands og utan sem fjallað hafa um málið telja nauðsynlega.

„Íslenska leiðin.“

Einn helsti vandi íslensks samfélags er sú mikla byggðaröskun sem orðið hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar. Stjórnvöldum hefur algerlega mistekist að sporna gegn henni. Vanmáttur ríkisstjórnarinnar birtist m.a. í mikilli fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem magnað hefur þensluna í húsnæðiskerfinu. Þessi þensla hefur haft áhrif á verðbólgu og hækkað skuldir heimilanna. Það hafa eignir heimilanna ekki gert að sama skapi því að aðeins húseigendur á höfuðborgarsvæðinu hafa notið þeirra hækkana sem þenslan hefur valdið. Íbúar á landsbyggðinni hafa jafnvel mátt búa við lækkandi fasteignaverð.

Á tímum mesta góðæris Íslandssögunnar er það einnig áfellisdómur yfir stjórnarstefnunni að staða þeirra sem styðjast við bætur almannatryggingakerfisins hefur síst skánað. Þrátt fyrir yfirlýsingar forsætisráðherra um hið gagnstæða er staðreynd að staða lífeyrisþega er snöggtum verri en annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er staðfest í niðurstöðum faglegrar úttektar á íslenska velferðarkerfinu sem Stefán Ólafsson prófessor annaðist á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Þar kemur fram að útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála eru langtum lægri á Íslandi en hjá öðrum norrænum þjóðum. Séu þau reiknuð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu kemur í ljós að árið 1995 var hlutfallið á Íslandi 19%, í Danmörku 33,7%, Finnlandi 32,8%, Noregi 27,4 og Svíþjóð 35,8%.

Þótt Íslendingar búi við vel útfært og uppbyggt lífeyrissjóðakerfi sem hefur burði til að taka við hluta almannatryggingakerfisins þegar fram í sækir kemur það stórum hópi lífeyrisþega ekki til góða. Úttekt Stefáns leiðir í ljós að fjöldi eftirlaunaþega náði ekki að safna réttindum í lífeyrissjóði áður en lífeyrisaldri var náð og því er fátækt hjá öldruðum illu heilli

veruleg hér á landi. Sama gildir um öryrkja en 43% þeirra fá engar greiðslur úr lífeyrissjóðum og þurfa að lifa á tryggingabótum einum.

Athyglisvert er að fyrir tilverknað stjórnvalda hafa kjör bótaþega að ýmsu leyti versnað til muna með meiri velsæld. Frá 1993 hafa grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað helmingi minna en lágmarkslaun. Á sama tíma hefur frítekjumark atvinnutekna hækkað helmingi minna en launavísitala og skattleysismörk hafa þróast þannig að lífeyrisþegi sem lifir einungis á tryggingabótum þarf nú að greiða 40 þús. kr. árlegan skatt af bótunum. Velferðarkerfið þarf að styrkja með tilliti til þessara hópa.

Lokaorð.

Fjárlaganefnd hefur nánast eingöngu fjallað um útgjaldahlið frumvarpsins en tekjuhlið þess bíður 3. umræðu. Sömuleiðis á eftir að fjalla nánar um lánsfjárgrein frumvarpsins og heimildagrein þess, svo og nokkur önnur atriði. Minni hlutinn styður ýmsar af breytingartillögum meiri hlutans en mun jafnframt flytja tillögur sem sýna þær áherslur sem hann vill ná fram við ráðstöfun ríkistekna.

Alþingi, 9. des. 1999.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Jón Bjarnason. Össur Skarphéðinsson.

348. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Gunnari Inga Gunnarssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.650,0	831,0	7.481,0
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.480,0	310,0	2.790,0
2. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.55 Sjúkradagpeningar	225,0	450,0	675,0
3. Við **10-211 Vegagerðin**			
a. 5.05 Þjónusta	1.765,0	-132,3	1.632,7
b. 5.10 Viðhald	1.589,0	-119,1	1.469,9
c. 5.52 Þéttbýlisvegir	392,0	-29,5	362,5
d. 6.10 Nýframkvæmdir	4.043,0	-303,2	3.739,8
e. 6.21 Landsvegir	76,0	-5,7	70,3
f. 6.40 Tilraunir	91,0	-6,8	84,2
g. 6.43 Safnvegir	217,0	-16,2	200,8
h. 6.45 Styrkvegir	31,0	- 2,3	28,7
i. 6.47 Reiðvegir	31,0	- 2,3	28,7
j. 6.55 Ferjur og flóabátar	475,0	-35,6	439,4
4. Við bætist nýr liður: **Lækkun útgjalda allra ráðuneyta um 0,5%**		-950,0	

Greinargerð.

Samhliða þessum breytingartillögum er flutt þingsályktunartillaga um lagfæringar á almannatryggingalögunum og vísast til greinargerðar með henni.

349. Frumvarp til laga [266. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Þuríður Backman.

1. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um almenna tannlæknaþjónustu.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 18 ára og yngri, 90% kostnaðar, en hver einstaklingur í þessum aldurshópi skal eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.
2. Heimilt er að greiða 80% kostnaðar við gullfyllingar, gerð króna og brúa hjá börnum og ungmennum, 18 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 100% kostnaðar, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur, brýr eða tannplanta. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna þessara þátta.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. og 123. þingi og vísað til heilbrigðis- og trygginganefndar án þess að hljóta þar afgreiðslu. Það er nú endurflutt lítillega breytt. Komið hefur verið til móts við það sem lagt var til í frumvarpinu að því er varðar unglinga og elli- og örorkuþega og er það vissulega mikilvægt. Viðmiðunaraldursmörk hafa nú verið hækkuð í 17 ár eins og lagt var til en greiðsluhlutfallið var ekki hækkað í 90%. Þá fá elli- og örorkulífeyrisþegar sem ekki hafa tekjutryggingu nú 50% af kostnaði endurgreiddan en fengu enga endurgreiðslu áður. Elli- og örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu fá nú greidd 75% af tannlæknaskostnaði en fengu áður 50%. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir og fá ekki vasapeninga fá nú 100% endurgreiðslu en fengu 75% áður. Þá fá börn í umönnunarflokki 3 nú 90% af kostnaði, eins og börn í flokkum 1 og 2, en fengu áður 75%.

Í skýrslu landlæknisembættisins, *Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð*, sem gefin var út í apríl 1997, er varað við þjónustugjöldum og hækkun gjalda í heilbrigðisþjónustunni því að í ljós hafi komið að meðal barnafólks með lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði er allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts. Ekki virðast færri fara í aðgerðir á læknastofum en mun færri fara í meðferð hjá tannlækni sem reyndar hefur borið á áður. Flest bendir til þess að rekja megi þetta ástand til hækkandi þjónustugjalda á undanförnum árum. Í það minnsta eru þjónustugjöldin of há fyrir þá lægst launuðu. Hér hefur orðið grundvallarbreyting því að fyrri rannsóknir hafa ekki bent til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.

Vissulega ber að fagna mikilvægum úrbótum sem gerðar hafa verið. Þær úrbætur eru þó ekki nægar og jafna ekki aðstöðu þeirra hópa sem hér hafa verið nefndir, t.d. ef borið er saman við þær reglur sem gilda um sama efni hjá nágrannaþjóðum okkar.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlækniskostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Á áttunda og níunda áratugnum var kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar í útgjöldum heimilanna aukin jafnt og þétt og var svo fram á þennan áratug.

Þá seig mjög á ógæfuhliðina í þessu efni. Kostnaðarhlutdeild notenda, aldraðra og öryrkja hafði verið aukin. Börn og unglingar undir 16 ára aldri fengu allan tannlækniskostnað sinn endurgreiddan. Á árunum 1992–93 var endurgreiðslan færð í áföngum niður í 75%. Á þessum árum var framlag Tryggingastofnunar við tannlækniskostnað elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta óskertrar tekjutryggingar lækkað úr 100% í 75% og hlutur þeirra sem búa við skerta tekjutryggingu var lækkaður í 50%. Aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar sem höfðu fengið greidd 50% af tannlækniskostnaði sínum fengu nú engan stuðning. Fleiri ráðstafanir voru gerðar í skerðingarátt, einkum á sviði tannréttinga. Á þessu ári hafa verið stigin framfaraspor eins og fram kemur í upphafi greinargerðarinnar því að elli- og örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu fá nú 75% greidd og þeir sem ekki hafa tekjutryggingu fá nú 50% af tannlækniskostnaði endurgreiddan.

Athyglisvert er að skoða kostnaðarskiptingu Tryggingastofnunar og sjúklinga og breytingar á henni á liðnum árum. Þar kemur fram að þegar dregið var úr stuðningi hins opinbera á árunum 1992–93 jókst greiðslubyrði heimilanna að sama skapi eða úr 62% af heildarútgjöldum í 75%, sbr. skýrslu Hagsýslu ríkisins, *Tannlækningar, skipulag og stjórnsýsla*, sem gefin var út í júlí 1997. Árið 1996 var kostnaðarhlutdeild ríkisins 856 millj. kr., þar af 620,8 millj. kr. vegna 37. gr. laga nr. 117/1993, en útgjöld heimilanna voru 2.412 millj. kr. Ljóst er að þessar breytingar höfðu það jafnframt í för með sér að samanlögð útgjöld heimila og ríkisins vegna tannlæknaþjónustu drógust saman. Þar sem hvorki var um það að ræða að verð á tannlækningum hefði lækkað eða að tannheilsan hefði batnað má draga þá ályktun að þessar breytingar hafi haft það í för með sér að fólk veigri sér við því að leita lækninga eða fyrirbyggjandi ráðstafana, enda staðhæfir fólk að svo sé samkvæmt skýrslu landlæknis sem vísað var til að framan.

Breytt aldursmörk í áföngum.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir breyttu greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannlækniskostnaði en einnig er aldursviðmiðunarmörkum breytt úr 17 árum í 18. Gert er ráð fyrir að fram að 18 ára aldri greiði fólk einvörðungu 10% af tannlækniskostnaði en brýnt er að endurmeta með tilliti til eftirlitsþáttarins hvenær rétt væri að endurgreiða kostnaðinn að fullu. Annars staðar á Norðurlöndunum eru aldursmörkin og þátttaka hins opinbera í tann-

lækniskostnaði meiri en hér. Í Danmörku er allur kostnaðurinn greiddur af hinu opinbera til 18 ára aldurs, í Finnlandi og Noregi til 19 ára aldurs og í Svíþjóð til 20 ára aldurs. Æskilegt er að innan fjögurra ára verði búið að hækka aldursmörkin í 20 ár og byggjum við þá við svipað fyrirkomulag og best gerist á Norðurlöndum að þessu leyti.

Dregið úr jaðaráhrifum á elli- og örorkulífeyrisþega.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að draga úr kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar en þess eru mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi ekki getað leitað sér lækninga. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til yrði dregið verulega úr jaðaráhrifum innan almannatryggingakerfisins á elli- og örorkulífeyrisþega.

Þátttaka ríkisins í kostnaði við tannréttingar.

Samkvæmt frumvarpinu er sú breyting gerð á 1. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar að felld er niður tilvísun til tannréttinga og sama gildir um tilvísun til gullfyllinga, krónu- og brúargerðar í 1. tölul. 2. mgr. Í stað þess er vísað til almennra tannlækninga en það hugtak skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Hér er um að ræða almennar viðgerðir og tannréttingar aðrar en þær sem gerðar eru með föstum tækjum en um slíkar tannréttingar gilda reglur sem vísað er til í 33. gr. almannatryggingalaga.

Áætlaður kostnaður.

Erfitt er að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Bætt tannheilsa og betri vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar mundi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir. Raunhæft er að ætla að kostnaður vegna barna muni aukast um rúmar 140 millj. kr. og vegna lífeyrisþega, þ.e. elli- og örorkulífeyrisþega, um rúmar 90 millj. kr. Heildarkostnaðaraukinn væri samkvæmt þessu um 230 millj. kr.

350. Frumvarp til laga [267. mál]

um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Efnavopn.

Í lögum þessum merkir efnavopn:

a. eiturefni og forstigsefni þeirra, nema þau séu ætluð til nota sem ekki eru bönnuð samkvæmt samningi um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra frá 13. janúar 1993, enda samræmist gerð og magn efnanna slíkum notum;

b. skotfæri og tæki sem sérstaklega eru gerð til að valda bana eða öðrum skaða með eituráhrifum eiturefna skv. a-lið er leysast mundu úr læðingi við beitingu slíkra skotfæra eða tækja;
c. hvern þann búnað sem sérstaklega er gerður til að nota í beinum tengslum við beitingu skotfæra eða tækja skv. b-lið.

2. gr.

Bann við meðferð efnavopna.

Enginn má þróa, framleiða, afla, safna, nota eða hafa í vörslu sinni efnavopn né afhenda slík vopn þannig að það stríði gegn samningnum um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

3. gr.

Innlent eftirlit.

Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

Hollustuvernd getur krafist allra upplýsinga og annarra gagna sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála.

Hollustuvernd getur að undangengnum dómsúrskurði gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum. Við framkvæmd athugunar skal lögregla veita Hollustuvernd nauðsynlega aðstoð.

Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum. Getur hann samið við hæfa aðila að mati Hollustuverndar um framkvæmd eftirlitsins, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Alþjóðlegt eftirlit.

Eftirlitsmönnum sem starfa á grundvelli samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra er heimilt að framkvæma hérlendis skoðanir sem kveðið er á um í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort Ísland framfylgir skyldum sínum samkvæmt samningnum. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Hollustuverndar ríkisins skulu vera viðstaddir slíkar skoðanir.

Eftirlitsmenn sem starfa á grundvelli samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra skulu njóta friðhelgi og forréttinda hér á landi eins og kveðið er á um í samningnum.

5. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra sem í hlut á getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

6. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Nú er brotið ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að sex árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningi um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra frá 13. janúar 1993 (hér eftir nefndur samningurinn). Um er að ræða viðamikinn alþjóðasamning sem hefur að geyma ákvæði um bann við notkun og annarri meðhöndlun á efnavopnum, sem og ákvæði um eftirlit með framleiðslu og annarri meðferð efnavopna og vettvangskannanir í aðildarríkjunum. Með þingsályktun 28. apríl 1997 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Samningurinn er birtur í C-deild Stjórnartíðinda, sbr. auglýsing nr. 12/1997. Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu sama dag og öðlaðist hann gildi 29. apríl 1997.

Árið 1925 var gerður Genfarsamningur um bann við notkun eiturefna, gass og sýkla í hernaði og nýr alþjóðasamningur um bann við sýkla- og eiturvopnum var gerður árið 1972. Frá 1968 höfðu þá staðið yfir samningaviðræður á afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf um nýjan alþjóðasamning er bannaði ekki aðeins framleiðslu efnavopna heldur kvæði einnig á um eyðingu þeirra efnavopna sem til voru. Þá þegar áttu nokkur ríki miklar birgðir slíkra vopna, einkum risaveldin tvö. Haustið 1992 lauk Genfarviðræðunum þegar afvopnunarráðstefnan kom sér saman um eftirlitsákvæðin, einkum svonefndar vefengingarkannanir á vettvangi.

Samningurinn, sem hefur að geyma 24 greinar og þrjá viðauka, var lagður fyrir 47. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna er hvatti öll ríki heims með samhljóða ályktun til að gerast aðilar að samningnum. Hann var undirritaður af fulltrúum 128 ríkja, þar á meðal Íslands, í París 13. janúar 1993. Síðan hefur 41 ríki til viðbótar undirritað samninginn miðað við 12. ágúst 1999. Þá voru aðildarríki samningsins 126 talsins.

Samningurinn skuldbindur aðildarríkin á alþjóðavettvangi til að virða bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og að eyða þeim vopnum sem til eru. Aðildarríki samningsins skuldbinda sig til að nota aldrei efnavopn í hernaði og undirgangast einnig þá skyldu að eyða efnavopnum á eigin landsvæði, sbr. 1. og 4. gr. samningsins. Þó er mjög takmörkuð meðhöndlun eiturefna heimiluð í þágu framfara í vísindum, þ.e. ef slíkt brýtur ekki í bága við ákvæði samningsins, sbr. 6. gr. hans. Skv. 3. gr. samningsins skulu aðildarríkin gefa yfirlýsingu um það hvort efnavopn séu geymd á landsvæði þeirra, svo og hvort þar séu framleiðslustöðvar efnavopna. Þá hefur samningurinn að geyma ákvæði um alþjóðlegt eftirlit með framkvæmd hans og eru þau hin ítarlegustu í afvopnunarsamningi til þessa. Þannig er gert ráð fyrir sannprófunum og öðru eftirliti á vettvangi í hverju aðildarríki, hvort heldur er vegna meintrar framleiðslu efnavopna eða eyðingar þeirra, sbr. 5. gr. samningsins og viðauka um sannprófanir.

Með samningnum er sett á laggirnar sérstök alþjóðastofnun með ráðstefnu aðildarríkjanna, framkvæmdaráði og tækniskrifstofu, sbr. 8. gr. samningsins. Stofnunin, sem þegar hefur tekið til starfa í Haag, hefur umsjón með framkvæmd samningsins, m.a. með því að senda eftirlitsmenn á vettvang til að sannreyna hvort efnavopnum hafi verið eytt og framleiðslu þeirra hætt. Aðildarríkin bera allan kostnað af slíkum sannprófunum en þeim er heimilt að láta fulltrúa sína vera viðstadda.

Með samþykkt þessa lagafrumvarps hefur Ísland komið í framkvæmd ákvæðum samningsins hérlendis eins og krafist er af aðildarríkjunum skv. 7. gr. samningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. gr. samningsins er gildissvið hans afmarkað með skilgreiningu á því hvað telst til efnavopna. Skilgreining þessarar greinar er samhljóða því ákvæði.

Um 2. gr.

Meginmarkmið samningsins er að banna þróun og framleiðslu efnavopna sem og alla aðra meðhöndlun þeirra. Í þessari grein er sett fram slíkt bann og er þar vísað beint til samningsins hvað varðar umfang þess.

Um 3. gr.

Lagt er til að Hollustuvernd ríkisins hafi eftirlit með því að bann við meðhöndlun efnavopna sé virt hér á landi. Gert er ráð fyrir að eiturefnaeftirlit Hollustuverndar ríkisins hafi þetta verkefni með höndum, en það starfar samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988. Til að framfylgja banni við meðhöndlun efnavopna hefur Hollustuvernd víðtækar heimildir til að krefjast upplýsinga og annarra gagna, sem og að gera vettvangskannanir að undangengnum dómsúrskurði í samræmi við almennar reglur. Við slíkt eftirlit skal lögregla veita Hollustuvernd nauðsynlega aðstoð.

Samkvæmt 4. mgr. er lagt til að utanríkisráðherra fari með lögsögu á varnarsvæðum og er þar um að ræða hliðstæða skipan mála og kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Um 4. gr.

Eins og að framan greinir hefur samningurinn að geyma víðtækar heimildir til alþjóðlegs eftirlits með efnavopnum. Tækniskrifstofa Stofnunar um bann við efnavopnum gerir sannprófanir samkvæmt samningnum í aðildarríkjunum. Hvert aðildarríki þarf fyrir fram að samþykkja lista tækniskrifstofunnar yfir skoðunarmenn. Ef framkvæma á skoðun í aðildarríki skal tækniskrifstofan gefa viðkomandi ríki tilkynningu þar að lútandi. Fulltrúar viðkomandi ríkis hafa rétt á að vera viðstaddir skoðunina og skulu aðstoða ef með þarf. Skoðunarmenn mega samkvæmt samningnum skoða alla þætti er lúta að starfsemi þar sem hugsanlegt er að efnavopn séu meðhöndluð eða geymd, svo sem að leggja hald á gögn og taka ljósmyndir.

Með greininni er lagt til að lögfest verði heimild fyrir alþjóðlegu eftirliti hér á landi í samræmi við ákvæði samningsins. Gert er ráð fyrir að fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Hollustuverndar ríkisins skuli vera viðstaddir skoðanir samkvæmt greininni.

Um 5. gr.

Í greininni er að finna heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Það veltur á efni slíkra ákvæða í hlut hvaða ráðherra kemur að setja reglugerð.

Um 6. gr.

Í 7. gr. samningsins eru gerðar kröfur um að aðildarríkin geri nauðsynlegar ráðstafanir til að koma skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum til framkvæmda. Þannig er hverju aðildarríki gert skylt að sjá til þess að bannákvæði hvað varðar framleiðslu, þróun og aðra meðhöndlun efnavopna séu í lögum, sem og refsiákvæði ef fyrrgreint bann er virt að vettugi. Hér er lagt til að brot gegn lögunum varði sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Ef brot er ítrekað eða stórfellt er lagt til að refsing geti orðið fangelsi allt að sex árum. Þá er lagt til að tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögunum verði refsiverð.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

Í frumvarpinu eru lögð til nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum í alþjóðasamningi en með þingsályktun árið 1997 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Gert er ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins fari með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins. Ætla má að lítið reyni á slíkt eftirlit hér á landi og er því talið að kostnaðaráhrif af setningu laganna verði óveruleg.

351. Lög [235. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 287.

352. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.42 Efling framhalds- og fjarnáms á landsbyggðinni	0,0	200,0	200,0
2. Við **04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**			
1.03 Stuðningur við sauðfjárbændur	0,0	250,0	250,0
3. Við **10-211 Vegagerðin**			
a. 6.43 Safnvegir	217,0	550,0	767,0
b. 6.48 Tvöföldun einbreiðra brúa	0,0	80,0	80,0

c. 6.49 Rannsóknir til undirbúnings jarðgangagerð	0,0	250,0	250,0
d. *Greitt úr ríkissjóði, sbr. a–c-liði*	*9.150,0*	*880,0*	*10.030,0*
4. Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	81,0	200,0	281,0

353. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.5. Sérstakur tekjuskattur	960,0	140,0	1.100,0
b. 1.1.5.1. Skattur á fjármagnstekjur	2.800,0	420,0	3.220,0
c. 1.5.1.1. Tekjuskattur, lögaðilar	9.550,0	1.450,0	11.000,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **01-211 Þjóðhagsstofnun**			
1.02 Undirbúningur upptöku grænna þjóðhagsreikninga	0,0	1,0	1,0
3. Við **03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.02 Varnarmálaskrifstofa	60,0	-50,0	10,0
Greitt úr ríkissjóði	*560,6*	*-50,0*	*510,6*
4. Við **03-309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York**			
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	86,4	1,5	87,9
5. Við **03-311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**			
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	67,0	-27,0	40,0
6. Við **03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**			
1.23 Endurreisnarstarf í Kosovo	0,0	27,0	27,0
7. Við **06-390 Ýmis löggæslumál**			
1.11 Átak til eflingar almennri löggæslu	0,0	40,0	40,0
1.30 Alþjóðasamvinna á sviði löggæslu	0,0	20,0	20,0
8. Við **06-397 Schengen-samstarf**			
1.01 Schengen-samstarf	64,0	-64,0	0,0
6.01 Tæki og búnaður	135,6	-135,6	0,0

9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-207 Íbúðalánasjóður, varasjóður			
6.01 Byggingarsjóður verkamanna skv. X. kafla og ákv. til brb. VIII í lögum nr. 44/1998	0,0	300,0	300,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*300,0*	*300,0*
10. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.21 Vistun geðfatlaðra barna og ungmenna	0,0	50,0	50,0
11. Við **07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra**			
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	235,0	340,0	575,0
12. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.35 Tannlækningar	950,0	230,0	1.180
13. Við **08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra**			
a. 1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	300,0	-250	50,0
b. 6.01 Stofnkostnaður og endurbætur	250,0	250	500,0
14. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-219 Almenningssamgöngur			
a. 1.01 Almenningsamgöngur á landi	0,0	50,0	50,0
b. 6.01 Göngu- og hjólreiðastígar til að tengja þéttbýliskjarna	0,0	5,0	5,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*55,0*	*55,0*
15. Við **12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	99,3	-6,0	93,3
16. Við **12-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	23,7	-15,0	8,7
17. Við **14-321 Brunamálastofnun ríkisins**			
1.01 Brunamálastofnun ríkisins	73,0	13,0	86,0

354. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Við 6. gr. 2.–4. tölul. falli brott.

355. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Árna Steinari Jóhannssyni, Jóni Bjarnasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.62 Vatnajökulsþjóðgarður, undirbúningur	0,0	3,0	3,0
b. 1.65 Kortlagning ósnortinna víðerna	0,0	2,0	2,0
2. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
a. 1.01 Yfirstjórn	50,6	65,0	115,6
b. 5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	21,0	12,0	33,0
c. Sértekjur	-39,0	15,0	-24,0
3. Við **14-301 Skipulagsstofnun**			
1.13 Önnur gjöld	0,0	10,0	10,0

Greinargerð.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir sérstökum útgjöldum til undirbúnings stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs. Sama gildir um kortlagningu ósnortinna víðerna.

Hækkun á framlagi til Náttúruverndar ríkisins er vegna heildarendurskoðunar náttúruverndarlaga. Lagt er til að gjaldtöku fyrir aðgang að friðlýstum svæðum verði frestað og fjárveiting til viðhaldsverkefna á lið 5.01 þess í stað hækkuð um 12 m.kr.

356. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti og Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Verslunarráði Íslands og Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Þá barst sameiginleg umsögn frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða.

Með frumvarpinu er lagt til að fellt verði úr 8. gr. laganna ákvæði um skilgreiningu á lausu fé. Þykir skilgreiningin of þröng og hefur hún staðið í vegi fyrir því að Seðlabankinn geti sett viðhlítandi reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár skv. 3. mgr. 8. gr. laganna.

Það sjónarmið kom fram í nefndinni að til bóta væri að taka fram í lögum hvert markmið reglnanna ætti að vera. Með hliðsjón af því leggur nefndin til þá breytingu að tekið verði fram í 3. mgr. 8. gr. laganna að markmið reglnanna skuli vera að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Pétur H. Blöndal.
Hjálmar Árnason.	Drífa Hjartardóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.	

357. Breytingartillaga [161. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr. orðist svo:

3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 88/1998, orðast svo:

Seðlabankanum er heimilt að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða, í þeim tilgangi að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana.

358. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Neytendasamtökunum, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Verðbréfaþingi Íslands, Verslunarráði Íslands, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands. Þá barst sameiginleg umsögn frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða og Samtökum verðbréfafyrirtækja.

Frumvarpinu er ætlað að laga íslenskan rétt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997, um peningayfirfærslur milli landa, en skv. 11. gr. hennar átti þeirri aðlögun að hafa verið lokið eigi síðar en 14. ágúst 1999. Markmið tilskipunarinnar er að bæta þjónustu þegar peningar eru yfirfærðir á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins en slíkar yfirfærslur eru umtalsverður hluti af greiðslum milli landanna.

Það sjónarmið kom fram við meðferð málsins að fjármálafyrirtæki þyrftu meiri aðlögunartíma en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Með hliðsjón af því leggur nefndin til að gildistöku laganna verði frestað til 1. febrúar 2000.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu auk smávægilegra tæknilegra breytinga sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. des. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.	Drífa Hjartardóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

359. Breytingartillögur [162. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „og 2.“ í 3. efnismgr. falli brott.
2. Við 2. gr. Orðin „sbr. þó ákvæði 2. mgr.“ í 2. mgr. b-liðar falli brott.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 2000.

360. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti og Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu. Umsagnir bárust frá Verslunarráði Íslands, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Fjármálaeftirlitinu, Verðbréfaþingi Íslands, Seðlabanka Íslands, Landssambandi lífeyrissjóða og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að skjóta styrkari lagastoðum undir eftirlitsgjald sem innheimt er af eftirlitsskyldum aðilum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og innheimtu þess. Er ekki horfið frá þeim meginsjónarmiðum sem gilt hafa um gjaldið og innheimtu þess en lagt til að álagningarhlutföll verði fest í lög.

Það sjónarmið kom fram við meðferð málsins í nefndinni að reglur um samráð Fjármálaeftirlitsins við samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila væru þannig að erfitt væri fyrir hana að sinna lögboðnu hlutverki sínu. Leggur nefndin því til þá breytingu á frumvarpinu að kveðið

verði á um að Fjármálaeftirlitið skuli eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda samráðsnefndinni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með fyrrgreindri breytingu sem tillaga er gerð um í sérstöku þingskjali.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Pétur H. Blöndal.
Hjálmar Árnason.	Drífa Hjartardóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.	

361. Breytingartillaga [200. mál]

við frv. til l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

362. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon og Tómas Njál Möller frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Samtökum verslunarinnar, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands, ríkistollstjóra og Tollvarðafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að frestur til að taka upp SMT-tollafgreiðslu verði framlengdur um eitt ár. Meginástæða þess eru örar breytingar í í tölvutækni á undanförnum árum sem skapað hafa nýja möguleika við tölvuvædda tollafgreiðslu sem nauðsynlegt þykir að kanna betur. Er þar einkum um að ræða möguleika fyrir lítil fyrirtæki til að taka upp SMT-tollafgreiðslu með aðstoð internetsins með minni tilkostnaði en ella hefði orðið.

Nefndin er sammála því að rétt sé að kanna möguleika á nýjum og ódýrari kostum við tollafgreiðslu og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 10. des. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Gunnar Birgisson.
Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.	Drífa Hjartardóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

363. Fyrirspurn [268. mál]

til iðnaðarráðherra um virkjanir og umhverfismat.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða framkvæmdir við virkjanir, jafnt gufuafls- sem vatnsaflsvirkjanir, hafa hafist frá árinu 1993? Hverjir eru eigendur þessara virkjana og hverjir munu reka þær?
2. Hver er orkuvinnslugeta virkjananna, hverrar fyrir sig?
3. Hverjar þessara virkjanaframkvæmda fóru ekki í umhverfismat og á hvaða lagagrundvelli var það ákveðið?

Skriflegt svar óskast.

364. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Einari Má Sigurðarsyni og Össuri Skarphéðinssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.650,0	665,0	7.315,0
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.480,0	248,0	2.728,0
c. 1.26 Afnám tekjutengingar tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega við tekjur maka	0,0	360,0	360,0
2. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.55 Sjúkradagpeningar	225,0	190,0	415,0

365. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Gísla Karlsson, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Jóhann Ólafsson og Kristínu Önnu Sverrisdóttur, fulltrúa starfsmanna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Sveinbjörn Eyjólfsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, og Guðmund Sigþórsson, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Umsagnir bárust nefndinni frá Lánasjóði landbúnaðarins, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Samkeppnisstofnun, Landsamtökum sláturleyfishafa og Landssambandi kúabænda.

Á undanförnum árum hefur verkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins fækkað. Þá hefur staða þess nokkuð breyst, sérstaklega eftir stofnun Bændasamtaka Íslands, en náin tengsl hafa frá upphafi verið milli ráðsins og annarra samtaka bænda. Benda má á að Bændasamtök Íslands skipa 14 af 15 mönnum sem sæti eiga í Framleiðsluráði. Því hefur endurskipulag á framkvæmd verkefna Framleiðsluráðs verið til umræðu innan bændasamtakanna um nokkurt skeið og samþykkti síðasta búnaðarþing samhljóða þær hugmyndir að fela Bændasamtökum Íslands flest þau verkefni sem Framleiðsluráð hefur haft á hendi.

Meiri hlutinn minnir á að ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga gilda að því leyti sem Bændasamtökum Íslands er fengið í hendur opinbert vald með þeirri breytingu sem gerð er á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993. Í 2. mgr. 70. gr. laganna er veitt heimild til að leggja á dagsektir ef aðili tregðast við að láta Framleiðsluráði skýrslur í té, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Ekki hefur verið sett reglugerð um þetta atriði en verði það gert telur nefndin að ráðherra verði að kveða á um beitingu dagsekta en ekki Bændasamtökin.

Meiri hlutinn leggur til eina orðalagsbreytingu á 4. gr. frumvarpsins. Er hún til að taka af öll tvímæli um að Bændasamtök Íslands komi í stað Framleiðsluráðs landbúnaðarins í tilvitnuðum greinum laganna.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Einar Oddur Kristjánsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „„Framleiðsluráð landbúnaðarins“ í 2. gr. laganna og sömu orða í“ í 4. gr. komi: „Framleiðsluráð landbúnaðarins“ og „Framleiðsluráð“ í 2. gr.

Alþingi, 8. des. 1999.

Hjálmar Jónsson, form., frsm. Drífa Hjartardóttir. Valgerður Sverrisdóttir.

Þuríður Backman, með fyrirvara. Guðjón Guðmundsson.

366. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Sveinbjörn Eyjólfsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, og Guðmund Sigþórsson, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu.

Efni frumvarpsins einskorðast við breytingu á lögunum vegna hækkunar sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár og leggur nefndin til að það verði **samþykkt.**

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Einar Oddur Kristjánsson, Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Árni Stefánsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. des. 1999.

Hjálmar Jónsson, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.
Þuríður Backman.		Guðjón Guðmundsson.

367. Fyrirspurn [269. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjármögnunarkerfi sjúkrahúsa.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur.

Er ætlunin að breyta fjármögnunarkerfi sjúkrahúsa, einkum sjúkrahúsanna í Reykjavík, og í hverju verða þær breytingar fólgnar?

368. Frumvarp til laga [270. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara, sbr. 3.–6. gr., skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 480 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000. Að venju byggist frumvarp til fjárlaga á ákveðnum forsendum um að lögum verði breytt til að markmið þeirra nái fram að ganga.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að afnema þá tilhögun sem fest hafði rætur of víða og fólst í því að framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna voru bundin í lög, ýmist með eða án sérstakra tekjustofna. Lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, hafa að geyma ákvæði af því tagi. Með slíkum ákvæðum er fjárveitingavald Alþingis í raun fyrir fram bundið þegar að fjárlagagerðinni kemur, en það dregur um leið úr þeim áhrifum sem fjárstjórnarvaldi Alþingis er með fjárlögum ætlað að hafa á hagstjórn ríkisins til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap. Ákvæði um lögmælt framlög verða því að sæta þeim skerðingum sem markmið fjárlagafrumvarpsins setja, enda þótt þörf fyrir sérstakar aðgerðir sé minni nú en oft áður. Af þeim sökum eru í frumvarpinu lagðar til tímabundnar skerðingar á ráðstöfun hins sérstaka eignarskatts sem kveðið er á um í lögum nr. 83/1989, eins og 23. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, gerir reyndar ráð fyrir. Í ljósi þess hvern áskilnað 1. mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar gerir um efni fjárlaga þykir hins vegar verða að leita eftir heimild til þessara skerðinga í almennum lögum jafnframt.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur, sem lagður er á samkvæmt lögunum, í sérstakan sjóð sem skal varið til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Á árinu 2000 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 626 m.kr. Hér er lagt til að af þessum tekjum renni 146 m.kr. í ríkissjóð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 480 m.kr. renni í ríkissjóð á árinu 2000.

Verði frumvarp þetta að lögum er áætlað að útgjöld ríkissjóðs lækki að öðru óbreyttu um 146 m.kr. miðað við að tekjur af sérstökum eignarskatti nemi 626 m.kr. eins og áætlað er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000.

369. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um málefni innflytjenda.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga sem tryggja rétt innflytjenda til jafns við aðra íbúa landsins. Frumvarpið skal leggja fyrir Alþingi fyrir lok ársins 2001.

Greinargerð.

Orðið *innflytjandi* er hér notað yfir erlendan ríkisborgara sem býr á Íslandi eða dvelst í landinu í því augnamiði að setjast hér að til langframa. Í þeirri merkingu kemur orðið hins vegar hvergi fyrir í íslenska lagasafninu þar sem allir útlendingar eru settir undir einn hatt. Rík þörf er þó á að skilgreina sérstaklega þann hóp sem hingað kemur til varanlegrar vistar, enda réttarþörf hans verulega frábrugðin þörfum erlendra manna sem dveljast hér tímabundið, yfirleitt í atvinnuskyni, og áforma ekki langvarandi búsetu á landinu. Grundvallarmunurinn á innflytjendum og farandverkamönnum kristallast í þeim einarða ásetningi hinna fyrrnefndu að tilheyra íslensku þjóðinni. Í langflestum tilvikum hafa þeir þegar tengst þjóðinni traustum böndum gegnum fjölskyldutengsl og stór hluti þeirra á börn sem eru íslenskir ríkisborgarar. Af sjálfu leiðir að hagsmunir þeirra gagnvart stjórnsýslunni eru gerólíkir hagsmunum erlendra ríkisborgara sem hingað koma til tímabundinnar dvalar í atvinnuskyni.

Engin lög um innflytjendur.

Sérstök lög hafa aldrei verið sett um réttindi og stöðu erlendra ríkisborgara sem áforma að setjast að á Íslandi. Gildandi lög sem einkum varða búsetu og atvinnu útlendinga eru annars vegar lög nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, þar sem m.a. er mælt fyrir um rétt þeirra til búsetu hér á landi og hins vegar lög nr. 47/1993 og nr. 133/1994 þar sem kveðið er á um rétt þeirra til atvinnu. Á löggjöfinni er alvarlegur meinbugur að því leyti að hvergi er að finna greinarmun á erlendum ríkisborgurum sem hingað flytjast til frambúðar og erlendu farandverkafólki. Jafnframt virðast lögin alls ekki sett með innflytjendur í huga heldur fyrst og fremst erlenda farandverkamenn. Margar ástæður hníga þess vegna að því að Alþingi geri nú gangskör að því að samþykkja sérstök lög um innflytjendur þar sem réttarstaða þeirra er nákvæmlega skýrð.

Í fyrsta lagi hafa breyttar aðstæður í heiminum valdið því að fjöldi þeirra sem óska eftir að setjast að hér á landi fer vaxandi (fylgiskjal I). Langoftast er um að ræða erlendan maka Íslendings og erlenda venslamenn hinnar nýju fjölskyldu. *Í öðru lagi* hafa stofnanir sem þurfa að vinna eftir gildandi lögum um útlendinga lýst opinberlega yfir að lögin séu gölluð og framkvæmd þeirra undirorpin túlkun einstakra embættismanna (fylgiskjal II). *Í þriðja lagi* er réttarstaða innflytjenda samkvæmt gildandi lögum fráleitt viðunandi og síðar í greinargerðinni eru færð rök fyrir því að hún standist hvorki stjórnarskrá Íslands, raunar í fleiri en einu tilviki, stjórnsýslulög, né alþjóðlega samninga sem Ísland hefur staðfest. *Í fjórða lagi* eru í gildi lagaákvæði sem skerða rétt barna innflytjenda til öruggrar afkomu miðað við önnur börn á Íslandi. *Í fimmta lagi* er að finna í sömu lögum fyrirmæli um meðferð sem er beinlínis niðurlægjandi fyrir innflytjendur. *Í sjötta lagi* liggur fyrir að innflytjendur sem eru mak-

ar íslenskra ríkisborgara njóta minni réttar en makar erlendra ríkisborgara af EES-svæðinu og í nýlegum úrskurði frá félagsmálaráðuneytinu er efnislega komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að endurskoða löggjöf Íslendinga til að breyta því (fylgiskjal III). *Í sjöunda lagi* gilda vinnureglur hjá Útlendingaeftirlitinu sem virðast ekki tryggja að öll ólögráða börn með erlent ríkisfang hljóti sömu meðferð hjá stofnuninni og því vafasamt hvort þær standast jafnræðisreglur stjórnsýslulaga og stjórnarskrár (fylgiskjal IV). *Í áttunda lagi* er framkvæmd þeirra laga sem varða útlendinga á höndum tveggja ólíkra ráðuneyta, dómsmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, sem gerir kerfið mjög þungt í vöfum og leiðir til þess að reynsla margra innflytjenda af því er slæm.

Atvinnuleyfi til útlendinga.

Um atvinnuréttindi útlendinga fer samkvæmt lögum nr. 133/1994. Meðal fjölmargra alvarlegra galla á þeim er að útlendingur hefur ekki sjálfstæðan rétt til að sækja sjálfur um atvinnuleyfi heldur verður að hafa fengið starfsloforð hjá atvinnurekanda sem sækir síðan um leyfi til að ráða hann til starfans. Meginreglu um ráðningu erlendra starfsmanna er að finna í 7. gr. laganna. Þar er Vinnumálastofnun veitt heimild til að veita útlendingum tímabundið atvinnuleyfi séu eftirtaldar forsendur til staðar: „kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl eða aðrar sérstakar aðstæður mæli með leyfisveitingu.“ Leyfið er þó ekki veitt fyrr en umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein hefur borist, eða álit viðkomandi landssambands, og einnig ráðningarsamningur til ákveðins tíma eða verkefnis.

Í sömu lagagrein gætir neikvæðra viðhorfa gagnvart útlendingum í ákvæði þar sem útgáfa atvinnuleyfis er skilyrt því að fyrir liggi hvernig flutningi útlends starfsmanns frá Íslandi verður háttað að starfstíma loknum. Ekki þarf að fjölyrða hversu niðurlægjandi þetta er fyrir einstakling sem hefur tekið ákvörðun um að slá upp tjöldum sínum á Íslandi, svo ekki sé minnst á börn hans og maka. Tímabundið atvinnuleyfi er aðeins veitt til eins árs í fyrsta skipti en má að því loknu framlengja í allt að tvö ár. Skammrifi framlengingar fylgir þó sá böggull að jafnan þarf að kanna hvort vinnumarkaðurinn „þoli“ hinn útlenda starfsmann. Það er ekki fyrr en útlendingur hefur átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár og öðlast hér ótímabundinn dvalarrétt sem hann þarf ekki lengur atbeina atvinnurekanda og getur sjálfur sótt um óbundið atvinnuleyfi.

Orðalag 7. gr. um „aðrar sérstakar aðstæður“ er ónákvæmt svo að ekki sé fastar kveðið að orði. Það gerir útgáfu atvinnuleyfa mjög háða túlkun framkvæmdarvaldsins. Fulltrúar þess geta í reynd skilgreint ákvæðið hvernig sem þeir vilja. Í vinnureglum Vinnumálastofnunar frá 1998 er þó stigið skref til skilgreiningar með því að tilgreina að „sérstakar ástæður [séu] taldar t.d. fjölskylduástæður (maki íslenskur)“ og vinnureglurnar fyrir 1999 nefna sérstaklega að tillit sé tekið til þess eigi útlendingur foreldri eða afkomendur hér á landi eða maka hans hafi áður verið veitt óbundið atvinnuleyfi. Sú vinnuregla virðist þó skipta dapurlega litlu fyrir útlendinga sem flytjast til Íslands með íslenskum maka og börnum eins og vel er lýst á Vísi.is 19. nóvember 1998 (fylgiskjal V). Ráðherra hefur ekki notfært sér heimild laganna til að útfæra orðalagið frekar í reglugerð þrátt fyrir að embættismenn hafi opinberlega kvartað undan hversu óljós fyrirmæli felast í umræddu orðalagi. Í viðtali við DV 19. nóvember 1998 sagði Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, að kerfið væri „alltof sveigjanlegt“ að hans mati, reglurnar „ekki nógu skýrar“ og að embættismenn væru „alltaf að taka einhverjar huglægar ákvarðanir um það hver [gréti] mest; hann [fengi] mestu þjónustuna.“ Þessi umsögn forstjóra stofnunarinnar staðfestir að vegna óskýrra laga sitja menn

ekki við sama borð við afgreiðslu umsókna um atvinnuleyfi. Það er því orðið mjög brýnt að setja skýr lög um málefni innflytjenda.

Frá miðsumri 1997 hefur Vinnumálastofnun kannað sérstaklega hvort Íslendingi hafi staðið til boða að sækja um starf sem sótt er um leyfi fyrir útlending til að sinna. Komi fram að starfið hafi ekki verið tilkynnt svæðisvinnumiðlun eða hún telur ljóst að hægt sé að manna starfið Íslendingi er umsókninni synjað. Á tímum efnahagslegrar velsældar í samfélaginu, líkt og nú ríkir, tjóar hins vegar lítt að leita eftir aðstoð svæðisvinnumiðlana til að fylla ýmis störf ófaglærðra. Fyrirtæki og stofnanir láta það því í mörgum tilvikum undir höfuð leggjast og taka fegins hendi umsóknum útlendinga í viðkomandi störf. Þessi regla er því óheppileg fyrir stjórnvöld þar sem hana er auðvelt að túlka sem skálkaskjól til að torvelda erlendu fólki að koma inn í landið og þar með sem eitt birtingarform útlendingaandúðar í kerfinu.

Brot gegn stjórnarskrá og samningum.

Innflytjandi er orðinn einn af íbúum landsins. Hann er í langflestum tilvikum búinn að mynda tengsl við Ísland í gegnum íslenska fjölskyldu. Honum ber því siðferðilegur réttur til að sjá sér og sínum farborða með óhindraðri þátttöku í atvinnulífinu. Lögin gera þó engan greinarmun á farandverkamanni og innflytjanda eins og áður er lýst. Þau gefa enn fremur Vinnumálastofnun fullt tilefni til að túlka þau þannig að atvinnuleyfi skuli ekki gefið út „fyrr en það liggur ljóst fyrir að Íslendingur sé ekki tiltækur til að gegna því starfi sem sótt hefur verið leyfi til að ráða útlending til að gegna“ (vinnureglur fyrir 1998). Í reynd þýðir þetta að útlendingar sem komnir eru með fullu leyfi stjórnvalda til landsins eru annars flokks á vinnumarkaði. Þeim er meinað að sjá sér farborða með því að selja vinnuafl sitt nema því aðeins að Íslendingar fáist ekki til starfans. Þetta felur í sér grófa mismunun á fjölskyldum innflytjenda og öðrum fjölskyldum.

Í fyrsta lagi fær það ekki staðist að útlendingur, sem stjórnvöld hafa á annað borð leyft að koma inn í landið, skuli ekki standa Íslendingum jafnfætis um möguleika til að afla sér lífsviðurværis. Það brýtur ekki aðeins gegn almennum, óskráðum siðferðireglum í landinu heldur virðist einnig vera í andstöðu við 65. gr. stjórnarskrárinnar (sjá fylgiskjal VI). Hún skipar meðal annars að allir skuli njóta mannréttinda án tillits til þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar og trúarbragða. Í 75. gr. stjórnarskrárinnar segir einnig að öllum sé „frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa“. Í greininni segir enn fremur að því frelsi megi aðeins setja skorður með lögum krefjist almannahagsmunir þess. Treysta stjórnvöld sér til að rökstyðja hvaða almannahagsmunir felast í því að meina útlendingum, búsettum með leyfi stjórnvalda á Íslandi, sama réttar til atvinnu og innlendum mönnum? Ef ekki þá brjóta lög nr. 133/1994 gegn 75. gr. stjórnarskrárinnar. Sömuleiðis er augljóst að lögin brjóta jafnræðisreglu stjórnsýslulaganna (sjá fylgiskjal VI) þar sem segir meðal annars: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“ Jafnljóst er að lögin um atvinnuréttindi útlendinga brjóta alvarlega gegn ýmsum ákvæðum alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem og ákvæðum annars alþjóðasamnings sem fjallar um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Íslendingar urðu aðilar að báðum þessum samningum (nr. 10 28. ágúst 1979). Viðkomandi greinar eru birtar í fylgiskjali VI.

Í öðru lagi leiða lögin frá 1994 til þess að fjölskyldur innflytjenda hafa ekki sömu möguleika og aðrar fjölskyldur til að afla sér viðurværis og þar með að njóta sömu lífsgæða. Auk annarra brota sem þegar eru rakin er þetta brot á alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem fyrr er nefndur. Þar segir til dæmis í 1. tölul. 23. gr.: „Fjölskyldan

er hin eðlilega grundvallarhópeining þjóðfélagsins og á rétt á vernd þjóðfélagsins." Í samningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi segir í 7. gr.: „Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til þess að njóta sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða sem tryggja sérstaklega [...] sómasamlega lífsafkomu fyrir þá sjálfa og fjölskyldur þeirra í samræmi við ákvæði samnings þessa." Í 1. tölul. 10. gr. sama samnings segir enn fremur að aðildarríkin viðurkenni að „mesta mögulega vernd og aðstoð skuli látin fjölskyldunni í té, en hún er hin eðlilega grundvallarhópeining þjóðfélagsins, sérstaklega við stofnun hennar og á meðan hún er ábyrg fyrir umönnun og menntun framfærsluskyldra barna." Lögin um atvinnuréttindi útlendinga stríða því ótvírætt gegn ákvæðum um stöðu og vernd fjölskyldunnar í alþjóðlegum sáttmálum.

Í þriðja lagi hafa Íslendingar sérstakar skyldur gagnvart börnum samkvæmt ýmsum alþjóðlegum sáttmálum, t.d. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, auk þeirra tveggja alþjóðlegu samninga sem þegar eru nefndir. Má sérstaklega nefna 10. gr. samningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Í 3. tölul. segir að „sérstakar ráðstafanir [skuli] gera til verndar og aðstoðar vegna barna og ungmenna án mismununar vegna ætternis eða annarra aðstæðna". Í 24. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi segir að öll börn skuli eiga rétt á „verndarráðstöfunum sem þau þarfnast vegna aðstæðna þeirra sem ófullveðja, af hendi fjölskyldu sinnar, þjóðfélagsins og ríkisins án nokkurrar mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna eða ætternis". Lögin um atvinnuréttindi útlendinga rýra tvímælalaust möguleika erlends foreldris til að sjá barni sínu farborða á Íslandi með jafnöruggum hætti og íslenskir foreldrar. Þau brjóta því gegn framangreindum ákvæðum.

Í fjórða lagi er það óviðunandi að útlendingur, sem einu sinni hefur fengið tímabundið atvinnuleyfi, skuli ekki fá framlengingu nema aftur sé leitað umsagnar stéttarfélags og rannsakað af Vinnumálastofnun hvort hann setji vinnumarkaðinn í uppnám. Slík kvöð er niðurlægjandi. Hún vegur að sjálfsvirðingu viðkomandi. Stjórnvöld eru því ábyrg fyrir að innræta hinum útlenda starfsmanni að hann sé annars flokks borgari á Íslandi. Langoftast á innflytjandinn maka og börn hér á landi og niðurlægingin sem honum er gerð með þessari háttsemi kemur ekki síst niður á þeim.

Í lögum um fjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, er ríkisborgurum frá ríkjum EES og mökum þeirra heimilað að stunda atvinnu hér á landi án þess að sækja um sérstakt leyfi. Erlendir makar íslenskra ríkisborgara hafa ekki sama rétt. Þessi mismunun virðist ótvírætt ganga gegn 66. gr. stjórnarskrárinnar. Í úrskurði vegna kæru af þessu tilefni hafnar félagsmálaráðuneytið að í þessu felist brot á umræddri stjórnarskrárgrein. Efnislega fellst þó ráðuneytið á að ástæða sé til að endurskoða löggjöfina hvað þetta varðar (fylgiskjal III). Það áréttar vitaskuld nauðsyn þess að setja sérstaka löggjöf um innflytjendur.

Réttarstaða ólögráða barna með erlent ríkisfang.

Réttarstaða ólögráða barna með erlent ríkisfang er óviss í gildandi lögum. Í lögum og reglugerðum er hvergi fjallað um hvernig fara skuli með umsóknir um dvalarleyfi þeirra. Vinnuregla er að veita þeim leyfi sem gilda jafnlengi og dvalarleyfi erlends foreldris og skiptir þá íslenskt ríkisfang hins foreldrisins engu (fylgiskjal IV). Staða þessara barna er verri en barna með erlent ríkisfang sem koma hingað til dvalar með íslensku foreldri, yfirleitt í kjölfar þess að foreldrarnir slíta sambúð. Í bréfi Útlendingaeftirlitsins til dómsmálaráðuneytisins frá 28. ágúst 1999 kveðst stofnunin ekki hafa frumkvæði að því að sótt sé sérstaklega um dvalarleyfi fyrir þessi börn og upplýsir að afar fáar slíkar umsóknir berist. Í reynd

þýðir vinnureglan því að börn með erlent ríkisfang sem búa hjá einstæðu íslensku foreldri fá ótímabundið dvalarleyfi en börn innflytjenda fá einungis leyfi sem er jafnlangt dvalarleyfi útlenda foreldrisins. Dvöl erlends foreldris á landinu skerðir því rétt ólögráða barns með erlent ríkisfang. Það er ákaflega erfitt að túlka þennan mun öðruvísi en sem harkalega mismunun af hálfu þeirrar stofnunar sem síst skyldi.

Útlendingaeftirlitið taldi nauðsynlegt að skýra réttarstöðu erlendra barna sem sótt er um dvalarleyfi fyrir. Í fyrrnefndu bréfi til dómsmálaráðuneytisins sagði: „Útlendingaeftirlitinu er ljóst að þrátt fyrir að ekki sé kunnugt um að vandkvæði hafi af hlotist, að æskilegt væri að réttur ólögráða barna með erlent ríkisfang, sem búa hér á landi, verði tryggður með sérstökum hætti í löggjöf.“ Þessi umsögn áréttar nauðsyn þess að setja heildarlöggjöf um útlendinga hér á landi.

Innflytjendur eru oft hámenntaðir og með mikilvæga reynslu innan síns sérsviðs. Því miður er það reynsla fjölmargra í þeirra röðum að háskólamenntun eða önnur sérfræðikunnátta sé ekki viðurkennd af íslenskum stjórnvöldum fyrr en eftir langvinnt stapp. Í mörgum tilvikum nýtist því hvorki þeim né samfélaginu sérþekkingin sem þeir búa yfir, að minnsta kosti ekki fyrstu árin. Mörg dæmi eru um að fólk með sérmenntun sem þörf er fyrir hér á landi, t.d. læknar og hjúkrunarfræðingar, verði að snúa sér að almennri verkamannavinnu. Að sönnu er ekkert athugavert við slík störf en innflytjendur eiga sama rétt og aðrir íbúar landsins til að nýta menntun sína. Örðugleikar vegna tungumálsins kunna vissulega að hamla því í upphafi en eftir að þeim hefur verið rutt úr vegi er það eigi að síður reynsla margra innflytjenda að íslensk stjórnvöld dragi í efa gildi erlendra prófa eða námsgráða. Í mörgum tilvikum kostar það langvinna deilu áður en viðkomandi fær að hefja störf á sérsviði sínu. Mörg dæmi eru um að hámenntað fólk í hjúskap með Íslendingum hafi af þessum sökum hrakist brott af landinu og fjölskyldan í kjölfarið. Í frétt Vísis.is frá 19. maí 1998 er til dæmis rakið hvernig hámenntuð suðuramerísk kona, með þrjú háskólapróf frá Mexíkó og Bandaríkjunum, gafst að lokum upp á fjandúð íslenska kerfisins og flutti frá landinu ásamt íslensku barni og eiginmaðurinn fór skömmu síðar (fylgiskjal VII). Í þessu samhengi er einnig athyglisvert að samkvæmt upplýsingum sem flutningsmenn fengu hjá stéttarfélögum hér á landi eru mörg dæmi um að menntaðir útlendingar sem fá starf á sérsviði sínu njóti ekki samningsbundinna kjara. Ný löggjöf um málefni innflytjenda þarf að taka á þessum vandamálum, m.a. með því að finna leið til að hægt sé að viðurkenna skjalfesta menntun innflytjandans fljótt.

Annað vandamál sem oft reynist innflytjendum erfitt er skortur á heilbrigðistryggingum. Innflytjendur, jafnvel þeir sem eru í hjónabandi eða sambúð með íslenskum ríkisborgara, öðlast ekki rétt til þjónustu heilbrigðiskerfisins fyrr en í fyrsta lagi eftir sex mánaða dvöl. Í tilviki margra innflytjenda er erfitt, jafnvel ómögulegt, að afla sér heilbrigðistrygginga í upprunalandinu. Þurfi þeir læknisaðstoð eftir að komið er til Íslands geta þeir því lent í miklum raunum. Það skal áréttað að í slíkum tilvikum er það ekki einungis innflytjandinn sem er þolandi heldur einnig íslenskur maki og börn þeirra. Fáránlegasta dæmið um þetta er ef til vill sú staðreynd að erlendar konur sem fæða börn á Íslandi sem eiga íslenskan föður eiga yfir höfði sér kröfur um greiðslur sem geta numið hundruðum þúsunda króna. Dæmi um þetta er rakið í Vísi.is 19. maí síðastliðinn (fylgiskjal VIII). Ný löggjöf um málefni innflytjenda þarf því einnig að skapa nýjum íbúum landsins rétt til að nýta heilbrigðisþjónustu landsmanna eins og íslenskir ríkisborgarar, enda greiði þeir skatta eftir sömu reglum.

Fylgiskjal I.

Atvinnuleyfi fyrir útlendinga.
(Vinnumálastofnun, 21. október 1999.)

Ný tímabundin atvinnuleyfi frá 1995 til 20. október 1999.

	1995	1996	1997	1998	1999
Ný tímabundin atvinnuleyfi	361	691	875	1307	1332
Framlenging	377	325	465	662	745
Samtals	738	1016	1340	1969	2077

Athygli er vakin á því að þegar útlendingur skiptir um vinnustað telst það sem nýtt atvinnuleyfi, ekki framlenging. Því er nýtt atvinnuleyfi nokkuð oft gefið út tvisvar fyrir sama einstakling.

Óbundin atvinnuleyfi frá 1995 til 20. október 1999.

	1995	1996	1997	1998	1999
Óbundin atvinnuleyfi	401	154	162	193	194

Bent er á að óbundin atvinnuleyfi eru fyrst gefin út í gildistíð núgildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, sem tóku gildi í ársbyrjun 1995. Er það ástæða þess mikla fjölda óbundinna leyfa sem gefinn var út á því ári.

Með tillögunni voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

II. Starfað af mannúð og mildi. Viðtal við Gissur Pétursson, forstjóra Vinnumálastofnunar (DV, 19. nóvember 1998).

III. Tilvitnun í úrskurð félagsmálaráðuneytisins vegna kæru Önu Isorena Atlason (3. mars 1999).

IV. Svar Útlendingaeftirlitsins við fyrirspurn dóms- og kirkjumálaráðuneytis um rétt erlendra barna til dvalarleyfa hér á landi (Kópavogi, 28. ágúst 1999).

V. Ung hjón hafa beðið atvinnuleyfis vikum saman. Ósveigjanlegar reglur Vinnumálastofnunar (DV, 19. nóvember 1999).

VI. Brot úr eftirtöldum lögum og samningum:
1. Úr stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944 (65., 66. og 75. gr.).
2. Úr stjórnsýslulögum, nr. 37 30. apríl 1993 (11. gr., jafnræðisreglan).
3. Úr alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, nr. 10 28. ágúst 1979 (23.–26. gr.).
4. Úr alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, nr. 10 28. ágúst 1979 (2., 6., 7. og 10. gr.).

VII. Íslenska kerfið óvinveitt útlendingum, segir eiginmaður mexíkóskrar konu sem flúin er land (DV, 19. maí 1999).

VIII. Fæðingin kostaði hundrað þúsund — af því að konan var taílensk (DV, 20. maí 1999).

370. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Frumvarpið um niðurlagningu Framleiðsluráðs landbúnaðarins er skref í rétta átt en með því er stefnt að einföldun og hagræðingu í landbúnaðarkerfinu. Margbreytileiki kerfisins, flókið sjóðakerfi og allur sá fjöldi aðila sem hafa komið að eftirliti, stýringu og framkvæmd þess hafa gert það að verkum að bændur, sem og aðrir, hafa átt erfitt með að átta sig á gerð þess og tilgangi – og jafnvel þeim markmiðum sem það vinnur að. Þar að auki hefur kerfið stundum stuðlað að háu verði til neytenda en þó of litlum afrakstri til bænda.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er vissulega verið að fækka þeim sem hafa hlutverk við útfærslu kerfisins, ekki síst þar sem verkefnum hefur fækkað og er það jákvætt. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist að benda á nokkra vankanta á frumvarpinu, atriði sem vekja spurningar og geta dregið úr því að markmið þess náist.

Í fyrsta lagi er ráðstöfun 190 millj. kr. í sjóði Framleiðsluráðs óljós og spurning er hver „eigi“ þessa fjármuni í raun og hvert þeir eigi að renna. Lífeyrissjóður bænda er hugsanlegur rétthafi, annar væri ríkissjóður, f.h. skattgreiðenda, og sá þriðji allir bændur í landinu. Þá er ekki ljóst hvernig fara skuli með sjóðinn. Nefnt hefur verið að ekki skuli hreyft við höfuðstólnum, en vextir og ávöxtun verði á ári hverju notuð af Bændasamtökunum en eingöngu í sértæk verkefni sem áður lutu stýringu Framleiðsluráðsins. Allt er þetta þó mjög laust í reipum í frumvarpinu.

Annað meginatriði, sem þörf er að staldra við, er hlutverk Bændasamtakanna í opinberri stjórnsýslu. Í frumvarpinu og athugasemdum með því kemur skýrt fram að Bændasamtökin þurfa að lúta stjórnsýslulögum, sem og upplýsingalögum, þegar þau taka við verkefnum Framleiðsluráðs því að þar með er þeim fegnið opinbert vald til að taka ákvörðun um réttindi og skyldur einstaklinga. Er það meðvituð stefna stjórnvalda að velta opinberum verkefnum á herðar hagsmunasamtaka, stéttarsamtaka, eins og Bændasamtökin eru? Og vilja samtök á borð við Bændasamtökin í raun þróast frekar í þá veru, þar sem fulltrúar þeirra eru allt í senn: 1) þrýstihópur bænda gagnvart opinberum aðilum, 2) „verktaki“ eða fulltrúi þessara sömu opinberu aðila gagnvart bændum, umbjóðendum sínum, 3) félagsleg samtök bænda með fjölmörg verkefni af sama toga og hjá launþegasamtökunum, sem og samtökum atvinnurekenda? Þessi verkefni Bændasamtakanna munu óhjákvæmilega kalla á mótsagnir og erfiðleika. Enda þótt Bændasamtökin hafi áður haft samstarf við opinbera aðila af ýmsu tagi þá er hér um eðlisbreytingu að ræða sem nauðsynlegt er að skoða gaumgæfilega.

Í þriðja lagi er sá sparnaður í rekstri sem að er stefnt og nefndur er í athugasemdum með frumvarpinu ekki í hendi og aðilar málsins hafa ekki gert skýra grein fyrir því í hverju hann liggur. Við 1. umr. málsins, sem og við umfjöllun nefndarinnar, var spurningum um sundurliðun sparnaðar svarað með almennum hætti. Þar kom ítrekað fram að fækkun starfsmanna yrði lítils háttar og að núverandi starfsmenn Framleiðsluráðs mundu flestir halda störfum sínum. Í skriflegri umsögn Bændasamtakanna er hins vegar gerð grein fyrir mun meiri niðurskurði í mannahaldi og umstalsverðum sparnaði í húsnæði, fundahaldi, ferðalögum, sérfræðiþjónustu og fleiru. Sú áætlun samtakanna ber vott um ákveðna bjartsýni og óhjákvæmilegt er að setja spurningamerki við hvort sú sparnaðaráætlun standist. Reynslan mun skera úr um það. Sparnaður mun því sennilega fyrst og síðast byggjast á fækkun þeirra verkefna sem áður voru á verksviði Framleiðsluráðs.

Þrátt fyrir fyrrgreindar ábendingar og athugasemdir mun minni hlutinn, neðangreindir þingmenn Samfylkingarinnar, ekki standa gegn samþykkt frumvarpsins. Mikil nauðsyn er á þjóðarsátt sem brjóti bændum leið út úr þeirri fátæktargildru sem landbúnaðarstefna stjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hefur leitt íslenska bændur í síðustu ár og áratugi. Í ljós hefur komið að fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna hafa áttað sig á því að mikilvægt er að snúa við blaðinu. Niðurlagning Framleiðsluráðsins er tilraun til þess. Minni hlutinn metur þá viðleitni og greiðir því atkvæði með frumvarpinu þrátt fyrir nokkra augljósa ágalla, m.a. þá sem nefndir hafa verið hér að framan.

Alþingi, 10. des. 1999.

Guðmundur Árni Stefánsson, frsm. Einar Már Sigurðarson.

371. Nefndarálit [186. mál]

um till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið en undirbúningur hófst þegar á haustdögum þegar nefndin fór ásamt umhverfisnefnd Alþingis í tveggja daga ferð austur á land. Þar var fyrirhugað virkjunarsvæði skoðað og haldinn fundur með sérfræðingum og hagsmunaaðilum á Austurlandi sem gerðu þar grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Þingsályktunartillögunni um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun var formlega vísað til nefndarinnar 22. nóvember sl. og þá samþykkti hún að vísa umfjöllun um náttúrufar svæðisins til efnislegrar umfjöllunar umhverfisnefndar. Iðnaðarnefnd fjallaði síðan um aðra þætti málsins. Umhverfisnefnd skilaði álitum sínum 6. desember en þau eru fylgiskjöl með þessu nefndaráliti.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins Þorgeir Örlygsson, Jón Ingimarsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Friðrik Sophusson, Jóhann Má Maríusson, Helga Bjarnason og Agnar Olsen frá Landsvirkjun, Þorkel Helgason og Sveinbjörn Björnsson frá Orkustofnun, Jakob Björnsson, fyrrverandi orkumálastjóra, Þórð Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Óskar Maríusson frá Samtökum atvinnulífsins, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Þorvald Jóhannesson, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA), Smára Geirsson, formann Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og fulltrúa Fjarðabyggðar, Arnór Benediktsson, oddvita Norður-Héraðs, Ásmund Gíslason frá Ferðamálasamtökum Austurlands, Einar Rafn Haraldsson frá Afli fyrir Austurland, Jóhann F. Þórhallsson oddvita Fljótsdalshrepps, Kristinn Bjarnason hrl., Guðmund Bjarnason frá Fjarðabyggð, Guðmund Malmquist, Bjarka Jóhannesson og Guðmund Guðmundsson frá Byggðastofnun, Erlend Magnússon, fulltrúa í stjórn Hæfis, Magnús Ásgeirsson og Garðar Halldórsson frá nefnd um staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða á Reyðarfirði (STAR) og Sigurð Jóhannesson hagfræðing.

Þá komu á fund nefndarinnar þingmenn úr umhverfisnefnd Alþingis og kynntu álit um umhverfisþátt málsins og svöruðu spurningum.

Nefndinni bárust umsagnir frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Samtökum iðnaðarins, Þjóðhagsstofnun, Verkamannasambandi Íslands, Verkamannafélaginu Árvakri á Eskifirði, Alþýðusambandi Austurlands, Jakobi Björnssyni, fyrrverandi orkumálastjóra, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Afli fyrir Austurland, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs, Fuglaverndarfélagi Íslands, Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Vesturlands, STAR, Umhverfisverndarsamtökum Íslands, Náttúruverndarráði, Samtökum útivistarfélaga, Umhverfisvinum, Skarphéðni Þórissyni líffræðingi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Kaupfélagi Héraðsbúa, Geir Oddssyni, fiski- og auðlindafræðingi, Aðalheiði Jóhannsdóttur lögfræðingi, Náttúruvernd ríkisins, Þóru Ellen Þórhallsdóttur prófessor, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands, Byggðastofnun, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Skipulagsstofnun, Landmótun, Breiðdalshreppi, Eyþóri Einarssyni grasafræðingi, umhverfisráðuneyti, Guðmundi Sigvaldasyni verkefnastjóra, Rögnvaldi Þorleifssyni, Gíslunni Jóhannsdóttur og frá Önnu Margréti Bjarnadóttur. Þá hefur á annað hundrað bréfa borist nefndinni í tölvupósti.

Nefndinni bárust einnig undirskriftarlistar frá íbúum Fjarðabyggðar og Búða- og Fáskrúðsfjarðarhrepps til stuðnings virkjunarframkvæmdum.

Við mat á framhaldi framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun hefur meiri hluti nefndarinnar leitast við að skoða eftirfarandi þætti.

1. Efnahagsmál.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni, skýrslu Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði og skýrslu Nýsis kemur fram að Fljótsdalsvirkjun og álver í Reyðarfirði mundu hafa veruleg efnahagsleg áhrif, eins og sjá má af eftirfarandi töflu:

	1999	**2010**
Hlutur áls í landsframleiðslu	1%	2,2%
Útflutningsverðmæti áls	12%	23–25%
Hlutfall vinnuafls	0,7%	1,0%

Í töflunni eru ótalin margfeldisáhrif af stóriðju. Mannaflaþörf vegna framkvæmdanna samræmist vel þeim stórframkvæmdum sem nú standa yfir og mun ljúka innan eins til tveggja ára. Þannig helst áfram hátt atvinnustig í landinu.

Hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunar kom fram á fundi nefndarinnar að sveiflur í áliðnaði á Íslandi hafi verið minni en í öðrum atvinnugreinum, svo sem í sjávarútvegi. Jafnframt kom fram að eftirspurn eftir áli eigi eftir að aukast á heimsmarkaði vegna óska bílaframleiðenda og frá flugvélaiðnaðinum, sbr. umsögn Jakobs Björnssonar, fyrrverandi orkumálastjóra, dags. 22. nóvember 1999.

Niðurstaða meiri hlutans er sú að álver á Reyðarfirði, sem byggt yrði á raforku frá Fljótsdalsvirkjun, mundi auka fjölbreytni í atvinnulífi Íslendinga, einkum þó Austfirðinga, og jafnframt treysta stoðir efnahagslífsins og draga úr efnahagssveiflum hér á landi. Einnig verði haldið áfram þeirri stefnu að nýta endurnýtanlegar auðlindir þjóðarinnar.

2. Búsetuþróun.

Meiri hlutinn telur að virkjun og álver á Austfjörðum muni snúa búsetuþróun í fjórðungnum við. Þar muni verða fólksfjölgun, enda skapast allt að 1.600 ný störf í virkjun, álveri og

afleiddum störfum. Meiri hlutinn vekur athygli á afleiddum störfum en á fundi hennar kom fram í máli fulltrúa Landsvirkjunar að fyrirtækið kaupir þjónustu í nágrenni Blönduvirkjunar fyrir um 50 millj. kr. á ári. Þá bendir meiri hlutinn á þau áhrif sem álver í Straumsvík hafði á ýmsar þjónustugreinar og greinar tengdar álverinu í Hafnarfirði. Sömu reynslu hafa Akurnesingar og nærsveitamenn af stóriðju á Grundartanga. Samkvæmt greinargerð með þingsályktunartillögunni er reynslan í Norður-Noregi svipuð. Meiri hlutinn telur að uppbygging af þessum toga muni hafa mjög hvetjandi áhrif á einstaklinga fyrir austan og fylla þá bjartsýni á atvinnuuppbyggingu og búsetu á svæðinu.

Þá er þess að geta að Verkamannasamband Íslands ályktaði um virkjunarframkvæmdir á Austurlandi og lagði meðal annars áherslu á að Fljótsdalsvirkjun og álver við Reyðarfjörð væru án efa áhrifamestu aðgerðir til að vinna gegn þeirri miklu byggðaröskun sem átt hefur sér stað mörg undanfarin ár á Austulandi. Í sama streng taka ýmis félög, sveitarstjórnir og aðrir aðilar á Austfjörðum.

Byggðastofnun telur innviði byggða samfélagsins á Mið-Austurlandi vera við hættumörk og að stóriðja í Reyðarfirði muni skipta sköpum fyrir áframhaldandi byggð þar. Stóriðja hefur verið á verkefnalista Byggðastofnunar sem liður í byggðaþróun í landinu. Virkjunarframkvæmdir og rekstur álvers við Reyðarfjörð gegnir mikilvægu hlutverki í byggðaþróun.

Þá kom fram í máli margra viðmælenda nefndarinnar frá Austfjörðum að Austfirðingar binda miklar vonir við þessar framkvæmdir. Þeir bentu sérstaklega á að rekstur álvers kynni að hægja á og jafnvel snúa varanlega við þeim búferlaflutningum sem hafa átt sér stað í vaxandi mæli á undanförnum áratugum. Búferlaflutningar geta haft slæm áhrif á mannlíf. Fjölskyldur hafa t.d. þurft að flytja frá ættingjum og vinum, skipta um atvinnu og selja eignir á lágu verði.

3. Náttúrufar.

Nefndin hefur kynnt sér álit umhverfisnefndar um náttúrufar svæðisins og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu. Fram kemur í álitum 1. og 2. minni hluta umhverfisnefndar, sem og í greinargerð með þingsályktunartillögunni og fylgigögnum, að enginn vafi leikur á að ýmsir þættir í náttúrufari við Eyjabakka og nágrenni yrðu fyrir verulegu tjóni af virkjun. 1. minni hluti telur að rétt væri að kanna möguleika á því að vernda vatnsföll á svæðinu í því skyni að draga úr náttúruspjöllum. Smáárnar Hafursá, Laugará, Grjótá og Hölkná mundu þá halda rennsli sínu svo að fossar í þeim varðveitist. Þá er í áliti 1. minni hluta lögð áhersla á uppgræðslu og ræktun lands í stað þess sem tapast. Einnig er lögð áhersla á að Landsvirkjun athugi hvort tilbúnir hólmar í lóninu gætu gagnast fuglum á svæðinu og leggi fram áætlun um hvernig brugðist verði við foki af bökkum lónsins. Í álitum 1. og 2. minni hluta er síðan sérstaklega fjallað um hrauka sem eru sérstæð landform sem talin eru eiga sér fáar hliðstæður. Hraukarnir á Eyjabökkum munu hverfa undir vatn ef þar verður stíflað. Hvað líffræðilega fjölbreytni og gróður á Eyjabökkum varðar er sérstaða þess talin felast í mikilli frjósemi hátt til fjalla og hlutfallslega mikilli fjölbreytni þótt sjaldgæfar tegundir séu ekki margar.

Nefndin kallaði fulltrúa Landsvirkjunar aftur á sinn fund til þess að fara nánar yfir álit umhverfisnefndar og til þess að bregðast við gagnrýni á skýrslu Landsvirkjunar sem fram kemur í áliti 2. minni hluta umhverfisnefndar. Fulltrúar Landsvirkjunar skiluðu skriflegum athugasemdum við álit umhverfisnefndar og bentu m.a. á að rannsóknir á gróðurfari á Eyjabakkasvæðinu hafi verið verulegar en ekki tæmandi fremur en aðrar rannsóknir. Hvað varðar ábendingar 2. minni hluta umhverfisnefndar um að bera gróðurfarsrannsóknir á Eyjabakkasvæðinu saman við aðrar sambærilegar rannsóknir á miðhálendi Íslands munu slíkar rannsóknir ekki vera til nema helst í tengslum við aðrar framkvæmdir Landsvirkjunar. Forsendur

fyrir slíkum samanburðarrannsóknum séu með öðrum orðum ekki fyrir hendi. Enn fremur segir í umsögn Landsvirkjunar um álit 2. minni hluta umhverfisnefndar:

„Eins og flestum er ljóst felst gildi rannsókna ekki í því hve vísindamenn eru lengi við vettvangsrannsóknir. Það felst á hinn bóginn í því í hverju þær eru fólgnar. Staðreyndin er sú að rannsóknir og skýrsla Hjörleifs Guttormssonar og félaga um þriggja ára rannsóknarstörf eru einna markverðustu heimildargögn um náttúrufar á miðhálendi Íslands og það ber að harma að reynt skuli að gera lítið úr þeim. Það kann að vera að vettvangsrannsóknir á Eyjabakkasvæðinu hafi ekki tekið nema 30–35 daga auk rannsókna dr. Ágústs H. Bjarnasonar, sem ýmsir telja hér ekki með. Mörg ár háttar svo til að ekki er unnt að stunda gróðurrannsóknir á þessu svæði nema í viku til tíu daga í senn vegna veðurfars og flóða. Alkunna er að rannsóknir sem þessar krefjast hins vegar mikillar úrvinnslu, sem getur tekið marga mánuði."

Þá kemur fram að krafa 2. minni hluta umhverfisnefndar um plöntuvistfræði og verndunarlíffræði við mat á umhverfisáhrifum muni vera ný af nálinni og ekki verið notuð áður við mat á umhverfisáhrifum.

Landsvirkjun hafnar gagnrýni 2. minni hluta umhverfisnefndar um að eingöngu sé byggt á erlendum rannsóknum varðandi strandrof við miðlunarlón og vísar til þess: „að Landsvirkjun hefur látið gera sérstaka rannsókn á öldurofi við íslensk lón, sbr. skýrslu Almennu verkfræðistofunnar hf.: Miðlun við Norðlingaöldu, athugun á öldurofi, 1997. Einnig má nefna úttekt verkfræðistofunnar Stuðuls og Hönnunar hf. sumarið 1999 á strandrofi miðlunarlóna á Íslandi en þeirri rannsókn er enn ekki lokið. Í rannsóknunni voru skoðaðir og mældir upp staðir við Sultartangalón, Hrauneyjalón, Þórisvatn og Stóraversvatn, annars vegar staðir þar sem orðið hafði rof og hins vegar staðir þar sem ekkert rof hafði orðið. Einnig var tekið mið af athugunum RALA á rofi við Blöndulón fram til 1997. Niðurstöður rannsóknanna voru bornar saman við erlendar rannsóknir á rofi við lón og vötn [...]"

Um hættuna á foki úr lónstæðinu segir í greinargerð Landsvirkjunar:

„Í dag er jafn stórt svæði á Eyjabökkum háð uppblæstri og verður við strandlínu á *versta vatnsári* á 50 ára tímabili. Staðreyndin er sú að rofhætta við lónið hefur verið vel rannsökuð og metnir þeir þættir er áhrif hafa á þessa hættu svo sem gerð jarðvegs í strandlínu lóns og halli í strandsvæði lónsins."

Hvað varðar dýralífsrannsóknir er gagnrýni 2. minni hluta umhverfisnefndar svarað í umsögn Landsvirkjunar með ítarlegri upptalningu á mörgum aðilum er stundað hafa slíkar rannsóknir á svæðinu sl. 20 ár.

Gagnrýni 2. minni hluta umhverfisnefndar á að í skýrslu Landsvirkjunar sé gert lítið úr náttúruverndargildi svæðisins er svarað með tilvísun í mynd 14.1 á bls. 132 í grunnskýrslu Landsvirkjunar þar sem umhverfisþættir eru flokkaðir niður á skýran hátt eftir svæðum umhverfis lónstæðið og mat lagt á einstaka þætti.

Annar minni hluti gerir athugasemdir um áhrif virkjunar á rennsli Lagarfljóts en í umsögn Landsvirkjunar kemur m.a. fram að fyrir liggi ítarlegar rennslisrannsóknir á Lagarfljóti:

„Hvað varðar hæðarsveiflur í Leginum ofan brúar mun virkjunin dempa þær nokkuð og telur Landsvirkjun það af hinu góða fyrir lífríki vatnsins og aðliggjandi lands [...] Varðandi vatnshæð neðan brúar mun virkjun lítil eða engin áhrif hafa þar eð vatnshæð á þessum hluta hefur verið stjórnað með lokum frá Lagarfossvirkjun [...] Eigi nefndarmenn hins vegar við Lagarfljót neðan Egilsstaða verða þar áfram vorflóð, en þau koma aðallega úr dragánum Grímsá og Kelduá."

Um mótvægisaðgerðir vegna gróðurs er hverfur undir miðlunarlón segir m.a. í umsögn Landsvirkjunar:

„Þar má nefna styrkingu náttúrlegs gróðurs við strönd lónsins og í hólmum á lóninu, uppgræðslu rofabarða í Suðurdal, styrkingu Hérðasskógaverkefnis og endurgerð votlendis á uppþurrkuðum svæðum [...] verið reiknað með því í stofnkostnaði mannvirkja að ákveðið hlutfall kostnaðarins standi undir útgjöldum vegna landspjalla. Í tilviki Fljótsdalsvirkjunar hefur svo verið gert til að standa straum af ýmsum hugsanlegum mótvægisaðgerðum."

Meiri hlutinn tekur í megindráttum undir álit 1. minni hluta umhverfisnefndar.

4. Alþjóðlegar skyldur.

Með framleiðslu léttmálma hér á landi er hægt að framleiða slíka málma með endurnýjanlegum orkugjöfum, sem við ráðum yfir, í stað þess að vísa framleiðslunni til annarra landa þar sem notuð eru kol, olía eða kjarnorka til raforkuframleiðslu. Mengun af slíkri álframleiðslu er a.m.k. tíföld á við mengun af álframleiðslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Um þessar mundir rísa álver í Ástralíu og Mósambík þar sem kol og olía verða aðalorkugjafar. Langtímaáhrif af bruna jarðefnaeldsneytis eða kjarnorku geta verið mikil og óbætanleg.

5. Öryggisatriði.

Um það bil 40% af nýtanlegri vatnsorku á Íslandi eru norðan Vatnajökuls. Vatnsaflið verður ekki virkjað án þess að náttúru landsins verði raskað. Það er jafnframt ábyrgðarhluti að útiloka umræddan virkjunarkost, m.a. af öryggisástæðum. Stærstur hluti raforkuframleiðslu landsmanna fer nú fram á svæði Þjórsár og Tungnaár og telur meiri hlutinn augljóst að það mundi hafa óbætanleg áhrif á þjóðfélagið allt ef sú raforkuframleiðsla eyðilegðist eða skemmdist verulega af völdum náttúruhamfara. Á svæði Þjórsár og Tungnaár eru virk eldfjöll eins og jarðskjálftahrinur í nágrenninu að undanförnu minna á. Meiri hlutinn telur að virkjun norðan Vatnajökuls dreifi áhættu rafmagnsframleiðslunnar. Sá öryggisþáttur hlýtur að vega þungt.

6. Niðurstaða.

Eftir að hafa farið yfir alla framangreinda þætti er niðurstaða meiri hluta nefndarinnar sú að veigamikil rök mæli með því að haldið verði áfram þeim virkjunarframkvæmdum sem heimilaðar voru með lögum um raforkuver, nr. 60/1981, og hafist var handa við eftir útgáfu virkjunarleyfis árið 1991. Meiri hlutinn telur lagaheimildir fullnægjandi og að ekkert sé því til fyrirstöðu að Landsvirkjun geti haldið áfram virkjunarframkvæmdum í Fljótsdal. Meiri hlutinn vísar einnig til þeirrar meginreglu að lög eru ekki afturvirk og bendir á að í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, sem sett voru eftir að virkjunarleyfi Fljótsdalsvirkjunar var gefið út, er að finna ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum.

Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram komu á fundum hennar að ætíð verði að líta á manninn sem hluta af náttúrunni og leggur til að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1999.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Drífa Hjartardóttir.
Jónas Hallgrímsson.	Pétur H. Blöndal.	Sturla D. Þorsteinsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Frá 1. minni hluta umhverfisnefndar.

Með bréfi dags. 23. nóvember sl. óskaði iðnaðarnefnd eftir því að umhverfisnefnd tæki til skoðunar umhverfisþátt tillögu til þingsályktunar um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Þess var óskað að svar bærist eigi síðar en 6. desember.

Umhverfisnefnd fékk 13 daga frest til að skila iðnaðarnefnd áliti sínu á umhverfisþætti tillögunnar. 1. minni hluti telur hins vegar rétt að minna á að efnislega tengt mál hefur verið til umfjöllunar í nefndinni en það er tillaga til þingsályktunar um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar (þskj. 7, 7. mál) sem vísað var til nefndarinnar 11. október sl. Það mál var áður flutt á 124. löggjafarþingi og var það sent nokkrum fjölda aðila til umsagnar en ekki var lokið við afgreiðslu þess á því þingi. Þá fór nefndin í tveggja daga ferðalag í september sl. ásamt iðnaðarnefnd þar sem fyrirhugað virkjunarsvæði var skoðað og haldinn var fundur með sérfræðingum og hagsmunaaðilum á Austurlandi sem gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum í málinu.

Við umfjöllun sína um málið kallaði nefndin á sinn fund Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Smára Geirsson og Þorvald Jóhannesson frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi en Smári kom einnig sem fulltrúi Fjarðabyggðar á fundinn, Árna Finnsson og Hilmar J. Malmquist frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Einar Rafn Haraldsson frá samtökunum Afl fyrir Austurland, Þórhall Þorsteinsson frá Félagi áhugamanna um verndun Austurlands, Höllu Eiríksdóttur frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Arnór Benediktsson frá Norður-Héraði, Jóhann F. Þórhallsson og Kristin Bjarnason fyrir Fljótsdalshrepp, Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Þorgeir Örlygsson, Jón Ingimarsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Gunnlaugu Einarsdóttur, Sigurð H. Magnússon og Þórólf Antonsson frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Jóhann Óla Hilmarsson og Ólaf Einarsson frá Fuglaverndarfélagi Íslands, Sigríði Ásgeirsdóttur frá Sambandi dýraverndunarfélaga, Guðmund Malmquist, Bjarka Bragason og Guðmund Guðmundsson frá Byggðastofnun, Helga Torfason, Bryndísi Róbertsdóttur og Eddu Lilju Sveinsdóttur frá Jarðfræðafélagi Íslands, Sigurð Jóhannesson hagfræðing, Geir Oddsson, fiski- og auðlindafræðing, Skarphéðin Þórisson líffræðing, Hákon Aðalsteinsson og Sveinbjörn Björnsson frá Orkustofnun, Garðar Ingvarsson og Magnús Ásgeirsson frá verkefnisstjórn STAR, Steingrím Hermannsson, Gunnar G. Schram, Júlíus Sólnes og Ketil Sigurjónsson frá Umhverfisverndarsamtökum Íslands, Gunnar H. Hjálmarsson og Sigurgeir Þórarinsson frá SAMÚT, Helga Bjarnason, Ragnheiði Ólafsdóttur, Agnar Olsen og Örlyg Þórðarson frá Landsvirkjun, Björn Jóhann Björnsson frá Stuðli, Sigurjón Pál Ísaksson frá Línuhönnun, en tveir þeir síðarnefndu komu sem fulltrúar Landsvirkjunar, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Magnús Jóhannesson, Ingimar Sigurðsson og Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti, Ólaf F. Magnússon og Svein Aðalsteinsson frá Umhverfisvinum, Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur, Kára Kristjánsson, Gísla Má Gíslason

og Eyþór Einarsson frá Náttúruverndarráði, Stefán Thors og Hólmfríði Sigurðardóttur frá Skipulagsstofnun og Þóru Ellen Þórhallsdóttur prófessor.

Nefndin kallaði einnig eftir ýmsum gögnum og fékk erindi frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Afli fyrir Austurland, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs, Fuglaverndarsamtökum Íslands, Náttúruverndarsamtökum Vesturlands, Umhverfisverndarsamtökum Íslands, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Geir Oddssyni, Aðalheiði Jóhannsdóttir, Náttúruverndráðs, Þóru Ellen Þórhallsdóttur, Önnu Margréti Bjarnadóttur, Landsvirkjun, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands, Byggðastofnun, Landvernd, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Skipulagsstofnun, Landmótun, Eyþóri Einarssyni og umhverfisráðuneytinu.

Nefndin tók til skoðunar öll gögn sem lögð voru fyrir hana, bæði vegna þessa máls og sem nefndin hafði viðað að sér fyrir ferð umhverfisnefndar og iðnaðarnefndar á Eyjabakka í haust. Lá því fyrir nefndinni mikið af sérfræðiálitum, skýrslum og gögnum með upplýsingum um svæðið. Þá komu fjölmargir gestir á fundi nefndarinnar eins og fram kemur hér að framan, m.a. flest samtök sem tengjast náttúru- og umhverfismálum. Flestir þessara aðila skiluðu athugasemdum sínum skriflega og var hjá mörgum um nokkuð ítarlega úttekt að ræða. 1. minni hluti nefndarinnar telur rétt að geta þess að flestir umsagnaraðilar hrósuðu skýrslu Landsvirkjunar fyrir skýrleika og góða framsetningu. Margir fulltrúar náttúruverndar- og umhverfissamtaka lýstu þeirri skoðun sinni að skýrsla Landsvirkjunar væri hlutdræg að því leyti að hún drægi fremur úr áhrifum virkjunar á umhverfið. Umsagnaraðilar voru þó ekki allir á einu máli um gæði skýrslunnar.

Með lögum nr. 60/1981, um raforkuver, veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka nokkrar vatnsaflsvirkjanir, þar á meðal Fljótsdalsvirkjun, með allt að 330 MW afli. Á grundvelli þessarar heimildar og heimildar í þágildandi lögum um Landsvirkjun gerðu ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun með sér samning 11. ágúst 1982 um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl. Núgildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, voru samþykkt 23. mars 1983. Í 6. gr. laganna er vísað í lög nr. 60/1981, um raforkuver, hvað varðar virkjunarheimildina. Samkvæmt því er Landsvirkjun, sbr. lög um Landsvirkjun og lög um raforkuver heimilað að reisa og reka Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli samkvæmt fyrrnefndum samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar. Lögformlega hefur Alþingi því veitt heimild sína fyrir Fljótsdalsvirkjun og hún því óumdeild að þessu leyti.

Í 6. gr. laga um Landsvirkjun kemur fram að Landsvirkjun reisi og reki Fljótsdalsvirkjun samkvæmt fyrrgreindum lagaheimildum að fengnu leyfi ráðherra orkumála. Iðnaðarráðherra veitti Landsvirkjun leyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, 210 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum, í apríl 1991 skv. 7. gr., sbr. 6. gr. laga um Landsvirkjun. Heimildir til að hefja virkjunarframkvæmdir eru því byggðar á lagalegum grunni og telur 1. minni hluti því að ótvírætt sé að Landsvirkjun hafi leyfi til framkvæmdanna. Þá er rétt að benda á að lagaheimild Landsvirkjunar nær til þess að reisa 330 MW virkjun en leyfi iðnaðarráðherra er fyrir 210 MW virkjun. Virkjunin verður því mun minni en ella hefði getað orðið.

Miklar umræður hafa vaknað um lögmæti þess að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun fari ekki í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Eins og fram hefur komið var Landsvirkjun veitt leyfi til að hefja framkvæmdir við virkjunina árið 1991 og hófust framkvæmdir það ár við vegagerð og sprengingar í gangamunna. Lög um mat á umhverfisáhrifum voru samþykkt í maí 1993. Í lögunum er í bráðabirgðaákvæði II kveðið á um að framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. 1. minni hluti telur ljóst að vegna þessa ákvæðis verði ekki gerð

sú krafa að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna, enda var leyfi til framkvæmdanna útgefið tveimur árum fyrir gildistöku laga nr. 63/1993.

Náttúruverndarráð hefur tvívegis veitt samþykki sitt fyrir virkjuninni, fyrst með bréfi dags. 31. mars 1981 og síðar með bréfi dags. 7. febrúar 1991. Skylt var að leita samþykkis Náttúruverndarráðs samkvæmt þágildandi náttúruverndarlögum, nr. 47/1971, fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum ef hætta væri á því að landið breytti varanlega um svip, merkum náttúruminjum yrði spillt eða hætta væri á mengun lofts og lagar. Leitað var samþykkis að nýju eftir að gerðar voru ákveðnar breytingar við tilhögun við virkjunina og gert ráð fyrir aðrennslisgöngum í stað skurða áður. Í bréfi Náttúruverndarráðs frá 1991 segir orðrétt: „Það er skilningur Náttúruverndarráðs að jákvæð umsögn ráðsins (bréf dags. 31. mars 1981) varðandi eldri hugmyndir um virkjun standi enn, þar með talið samþykki við því að leggja Eyjabakka undir vatn. Sú breytta verkhönnun sem hér er verið að óska umsagnar um dregur verulega úr umhverfisáhrifum á heiðinni. Þeir skurðir og stíflur sem eldri hugmyndir gerðu ráð fyrir hefðu efalítið verið til lýta í landslagi og hindrað för manna og skepna um heiðina. Loks er það mikils virði að tjarnir og votlendi á Fljótsdalsheiðinni fái að halda sér.“ 1. minni hluti lítur svo á að ákveðinni sátt hafi verið náð um framkvæmdir. Sú afstaða sem kemur fram í fyrra bréfi Náttúruverndarráðs mun m.a. hafa mótast af því að samkomulag hafði tekist um varanlega verndun Þjórsárvera auk þess sem ráðið taldi sig með þessu stuðla að verndun nokkurra þekktari stórfossa landsins. Ráðið ítrekaði jákvæða afstöðu sína í síðari umsögn sinni og var sérstaklega litið til þess að breytingar á virkjunartilhögun mundu draga verulega úr umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar virkjunar en breytingar á upphaflegum áformum leiða til þess að flatarmál lands sem færi undir vatn minnkaði úr 83 km^2 í 46 km^2.

Fyrsti minni hluti telur ljóst að gróið og mjög sérstakt land fer undir vatn við virkjunarframkvæmdirnar og fossar hverfa sem eftirsjá er að. Má nefna að hraukar, sem eru sérstæð landform sem eiga sér fáar hliðstæður svo vitað sé, munu hverfa með tilkomu lónsins. Þá hefur því oft verið lýst að Eyjabakkar hafi sérstöðu vegna hæðar sinnar yfir sjávarmáli en Eyjabakkar og Vesturöræfi munu vera hæstu stóru samfelldu gróðurlendin á miðhálendi Íslands. Þá er mikil fossaröð í Jökulsá í Fljótsdal enda fellur áin 600 m á 30 km. Með virkjuninni hverfur jökulvatnið úr farvegi hennar og má búast við að aðeins seinni part sumars, þegar miklar leysingar eru í jöklinum og lónið er orðið fullt, verði rennsli í fossunum að einhverju verulegu marki. Í skýrslu Landsvirkjunar eru á bls. 132 í grófum dráttum tekin saman áhrif á umhverfið á virkjunarsvæðinu. Þar kemur fram að áhrif virkjunarframkvæmda á náttúrufar og friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá verða mikil á Eyjabakkasvæðinu. Áhrifin af Sauðárveitu, veitum að vestan, stöðvarhúsi og aðveitu og framkvæmdum neðan virkjunar á þessa þætti verða að jafnaði lítil eða óveruleg að undanskildum áhrifum Sauðárveitu og veitum að vestan sem munu hafa talsverð áhrif á yfirborðsvatn og fossa.

Eins og fram hefur komið eru umsagnaraðilar ekki á einu máli um gæði skýrslu Landsvirkjunar. Kom t.d. fram í máli nokkurra að jarðfræði svæðisins lægi nokkuð ljós fyrir og væri gerð góð skil, en aðrir voru ekki sammála því. Þá kom fram mismunandi mat á gæðum lýsinga og umfangi rannsókna á gróðurfari og dýralífi. 1. minni hluti bendir á að margir þessara aðila vilja friða svæðið og hafa lýst því yfir að þeir séu mótfallnir öllum stórvirkjunum á þessu svæði óháð því hvort umhverfismat á þeim yrði jákvætt eða ekki, þar á meðal virkjun við Kárahnúka.

Rannsóknir hófust á svæðinu vegna virkjunarframkvæmdanna árið 1975 og hafa staðið yfir með hléum síðan. Margir gestir nefndarinnar sem tilheyra náttúru- og umhverfisverndarsamtökum lýstu þeirri skoðun sinni að þeir teldu að frekari rannsókna væri þörf á svæðinu, m.a. með tilliti til gróðurfars, hegðunar dýra og hugsanlegs jarðvegsrofs á bökkum lónsins,

svo og því að meta náttúruverndargildi svæðisins sem heildar. 1. minni hluti telur að lengi megi deila um hvenær svæði teljist vera nægjanlega rannsakað og sjálfsagt yrði alltaf ágreiningur um það. 1. minni hluti telur að þau gögn sem liggja fyrir gefi greinargóða mynd af náttúru svæðisins og gildi þess og telur sig geta á grundvelli þeirra tekið afstöðu til framhalds framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Fyrsti minni hluti telur að þó að mikið hafi dregið úr umhverfisspjöllum af völdum virkjunarinnar frá upphaflegum áformum sé nauðsynlegt af hálfu Landsvirkjunar að skoða frekari aðgerðir til mótvægis eða til að draga úr umhverfisspjöllum. Í umsögn Náttúruverndarráðs um breytta útfærslu Fljótsdalsvirkjunar frá 1991 eru gerðar athugasemdir við röskun á vatnasviði ánna. Telur 1. minni hluti að kanna megi möguleika á að vernda vatnsföll sem draga úr náttúruspjöllum með því að smáárnar Hafursá, Laugará, Grjótá og Hölkná haldi rennsli sínu svo að fossar í þeim varðveitist. Að mati 1. minni hluta eru margir fallegir fossar í ánum sem eftirsjá er í. Þá er lögð áhersla á uppgræðslu og ræktun lands til mótvægis við það sem tapast. 1. minni hluti telur nauðsynlegt að Landsvirkjun birti áætlun um hvernig það verði gert, svo og að Landsvirkjun athugi hvort tilbúnir hólmar í lóninu gætu gagnast fuglalífi svæðisins. Þá hafa gestir á fundum nefndarinnar látið í ljósi þá skoðun að hætta á foki af bökkum lónsins sé meiri en gert er ráð fyrir í skýrslu Landsvirkjunar, einkum með tilvísun til þess að vatnsborðssveiflur verði mun meiri í fyrirhuguðu Eyjabakkalóni en öðrum lónum á landinu sem rannsökuð hafa verið og vitnað er til í skýrslunni. Telur 1. minni hluti mikilvægt að Landsvirkjun leggi fram áætlun um hvernig brugðist verði við því.

Fulltrúar 1. minni hluta vilja taka fram að þeir styðja það sjónarmið sem kemur fram í greinargerð með tillögunni að tryggja þurfi eftir því sem kostur er eðlilega dreifingu virkjana um landið þannig að virkjað sé utan eldvirkra svæða. Með virkjun Jökulsár í Fljótsdal er skapað visst öryggi fyrir rafmagnsframleiðslu landsmanna því að svæðið er utan þekktra virkra jarðskjálftasvæða.

Þá bendir 1. minni hluti á að í máli sveitarstjórnarmanna á Austurlandi, samtaka íbúa á svæðinu sem styðja virkjunarframkvæmdir á Austurlandi, og fulltrúa Byggðastofnunar á fundum nefndarinnar komu fram verulegar áhyggjur af þróun byggðar á svæðinu. Fram kom að á undanförnum árum hefur fólki fækkað mjög í fjórðungnum. Á undanförnum árum hafi ýmsar ráðstafanir verið gerðar í atvinnumálum til að snúa þróuninni við, en þær hafi ekki dugað til. Var það mat þessara aðila að Fljótsdalsvirkjun og bygging álvers í kjölfarið, að teknu tilliti til margföldunaráhrifa þeirra framkvæmda og reksturs álverksmiðju, væri sú einstaka ráðstöfun sem hefði möguleika á að snúa þróuninni við. Engin önnur áform á vegum t.d. Byggðastofnunar gætu mögulega haft viðlíka jákvæð áhrif á samfélagið á Austurlandi til styrkingar öllum þáttum samfélagsins með tilliti til atvinnu, menningar og mannlífs. Einnig er efnahagslegur ávinningur þjóðarinnar allrar mikill.

Fyrsti minni hluti umhverfisnefndar leggur til að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1999.

Kristján Pálsson.
Ásta Möller.
Jónas Hallgrímsson.
Gunnar Birgisson.

Fylgiskjal II.

Álit

um till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Frá 2. minni hluta umhverfisnefndar.

Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar telur 2. minni hluti nefndarinnar nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum hennar, samkvæmt gildandi lögum, svo að tryggt sé að bestu fáanlegu upplýsingar og rannsóknir liggi til grundvallar ákvörðuninni um að virkja Jökulsá í Fljótsdal. Telur 2. minni hluti að skorti á að fullnægjandi rannsóknir séu fyrir hendi. Þá telur hann ekki síður mikilvægt að allri lagaóvissu varðandi framkvæmdirnar verði eytt.

Fyrir liggur þingsályktunartillaga frá iðnaðarráðherra þar sem óskað er eftir pólitískum stuðningi við framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Tillögunni var vísað til iðnaðarnefndar. Með bréfi dags. 23. nóvember sl. barst umhverfisnefnd ósk iðnaðarnefndar um að nefndin tæki að sér umhverfisþátt tillögu til þingsályktunar um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Var þess óskað að svar bærist eigi síðar en 6. desember.

Iðnaðarnefnd hefur falið umhverfisnefnd alfarið vinnu við umhverfisþátt tillögunnar en ætlar sér sjálf að vinna aðra þætti málsins. 2. minni hluti lítur svo á að álit umhverfisnefndar hljóti því að vera hluti af nefndaráliti iðnaðarnefndar þegar hún hefur skoðað málið í heild. Er því gert ráð fyrir að álit umhverfisnefndar verði hluti af áliti iðnaðarnefndar sem fjallar um aðra þætti málsins en verði ekki einungis birt sem fylgiskjal.

1. Málsmeðferð í umhverfisnefnd.

Umhverfisnefnd hefur fengið mjög stuttan tíma til að skila áliti sínu á umhverfisþætti málsins, eða innan við tvær vikur. Að mati 2. minni hluta er slíkur fyrirvari allt of skammur til að hægt sé að vinna málið þannig að fullnægjandi sé. Miklir hagsmunir eru í húfi og því mikilvægt að vandað sé til verks við alla framkvæmd málsins.

Við yfirferð umhverfisnefndar hefur umhverfisþátturinn orðið allskýr en í nokkrum veigamiklum atriðum hefur verið bent á óvissu sem nauðsynlegt er að eyða. Nefndin tók á þessu stigi ekki afstöðu til frummatsskýrslu um álver í Reyðarfirði og fjallaði ekki heldur um umhverfisáhrif háspennulína frá virkjun að fyrirhugaðri verksmiðju eða lagningu lína yfir hálendið frá Bjarnarflagi eða Kröflu. Þá fjallaði nefndin ekki um önnur umhverfisáhrif sem beint eða óbeint kann að leiða af Fljótsdalsvirkjun og starfrækslu álvers á Austurlandi, svo sem virkjun við Kárahnúka eða aðrar framkvæmdir, jafnvel þó að hvatt hafi verið til þess af iðnaðarráðherra í umræðum um málið. Hér er einungis um að kenna tímaskorti.

Við umfjöllun sína um málið kallaði nefndin á sinn fund Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Smára Geirsson og Þorvald Jóhannesson frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, en Smári kom einnig sem fulltrúi bæjarstjóra Fjarðabyggðar á fundinn, Árna Finnsson og Hilmar J. Malmquist frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Einar Rafn Haraldsson frá samtökunum Afl fyrir Austurland, Þórhall Þorsteinsson frá Félagi áhugamanna um verndun Austurlands, Höllu Eiríksdóttur frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Arnór Benediktsson frá sveitarstjórn Norður-Héraðs, Jóhann F. Þórhallsson oddvita og Kristin Bjarnason, lögmann fyrir Fljótsdalshrepp, Magnús Oddsson frá Ferða-

málaráði, Þorgeir Örlygsson, Jón Ingimarsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Gunnlaugu Einarsdóttur, Sigurð H. Magnússon og Þórólf Antonsson frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Jóhann Óla Hilmarsson og Ólaf Einarsson frá Fuglaverndarfélagi Íslands, Sigríði Ásgeirsdóttur frá Sambandi dýraverndunarfélaga, Guðmund Malmquist, Bjarka Bragason og Guðmund Guðmundsson frá Byggðastofnun, Helga Torfason, Bryndísi Róbertsdóttur og Eddu Lilju Sveinsdóttur frá Jarðfræðafélagi Íslands, Sigurð Jóhannesson hagfræðing, Geir Oddsson, fiski- og auðlindafræðing, Skarphéðin Þórisson líffræðing, Hákon Aðalsteinsson og Sveinbjörn Björnsson frá Orkustofnun, Garðar Ingvarsson og Magnús Ásgeirsson frá verkefnisstjórn STAR, Steingrím Hermannsson, Gunnar G. Schram, Júlíus Sólnes og Ketil Sigurjónsson frá Umhverfisverndarsamtökum Íslands, Gunnar H. Hjálmarsson og Sigurgeir Þórarinsson frá SAMÚT, Helga Bjarnason, Ragnheiði Ólafsdóttur, Agnar Olsen og Örlyg Þórðarson frá Landsvirkjun, Björn Jóhann Björnsson frá Stuðli, Sigurjón Pál Ísaksson frá Línuhönnun, en tveir þeir síðarnefndu komu sem fulltrúar Landsvirkjunar, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Magnús Jóhannesson, Ingimar Sigurðsson og Kristínu Lindu Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti, Ólaf F. Magnússon og Svein Aðalsteinsson frá Umhverfisvinum, Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur, Kára Kristjánsson, Gísla Má Gíslason og Eyþór Einarsson frá Náttúruverndarráði, Stefán Thors og Hólmfríði Sigurðardóttur frá Skipulagsstofnun og Þóru Ellen Þórhallsdóttur prófessor.

Þá hefur nefndin reynt eftir föngum að afla sér sem mestra upplýsinga frá sérfræðingum um skýrslu virkjunaraðila sem er veigamesta fylgiskjal málsins. Nefndin hefur þannig fengið erindi frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Afli fyrir Austurland, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs, Fuglaverndarsamtökum Íslands, Náttúruverndarsamtökum Vesturlands, Umhverfisverndarsamtökum Íslands, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Geir Oddssyni, Aðalheiði Jóhannsdóttur, Náttúruvernd ríkisins, Þóru Ellen Þórhallsdóttur, Önnu Margréti Bjarnadóttur, Landsvirkjun, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands, Byggðastofnun, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Skipulagsstofnun, Landmótun, Eyþóri Einarssyni og umhverfisráðuneyti.

Þá hafa á annað hundrað bréfa borist til nefndanna í gegnum tölvupóstföng nefndanna.

Vegna tímaskorts var ekki hægt að kalla til fleiri aðila eða leita eftir umsögnum sem skýrt hefðu betur ýmsa grundvallarþætti málsins. Má þar m.a. nefna lagaleg atriði, gróðurfar, dýralíf, mat á arðsemi, m.a. með tilliti til verðmætis lands, náttúru og auðlinda, mat á öðrum nýtingarmöguleikum svæðisins o.fl. Meðal þeirra aðila sem leita hefði þurft til með álit og umsagnir eru óháðir lögfróðir aðilar, m.a. frá Háskóla Íslands, aðilar með sérþekkingu á útreikningum arðsemismats, m.a. frá Þjóðhagsstofun, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands o.fl., og náttúrufræðingar sem rannsakað hafa dýralíf og gróðurfar svæðisins. Þá hefði einnig þurft að kalla til aðila sem hafa afgerandi áhrif á málsmeðferð umhverfisþáttarins. Er þar sérstaklega átt við Norsk Hydro, en yfirlýsingar fyrirtækisins hafa verið misvísandi og gefið tilefni til að fá skorið úr um afstöðu fyrirtækisins til mögulegrar seinkunar framkvæmda við fyrirhugað álver. Svo sem kunnugt er telja íslensk stjórnvöld ekki á það hættandi að vinna málið lengur og betur, hvað þá að hættandi sé á að setja virkjunina í lögformlegt umhverfismat. Nauðsynlegt er að Alþingi fái skýr svör fyrirtækisins um hver sé umhverfisstefna þess, hvaða kröfu það geri til þeirra verkefna sem það tekur þátt í og hversu mikla áhættu fyrirtækið telji felast í því að fresta framkvæmdum þar til lögformlegt umhverfismat hefur farið fram og í hverju slík áhætta sé fólgin. Fram kom í nefndinni ósk um að fá fulltrúa fyrirtækisins á fund hennar en sökum tímaskorts nefndarinnar við umfjöllun málsins reyndist það ekki unnt. Þá

vill 2. minni hluti geta þess að sá stutti tími sem nefndin hafði til að fjalla um málið varð til þess að Landvernd, mikilvægur umsagnaraðili um málið, treysti sér ekki til að koma á fund nefndarinnar eða gefa henni umsögn um málið á þeim stutta tíma sem gefinn var.

Til grundvallar störfum nefndarinnar liggur skýrsla Landsvirkjunar, Fljótsdalsvirkjun, umhverfi og umhverfisáhrif. Eins og fram hefur komið hefur fjöldi gesta, m.a. vísindamenn og sérfræðingar á sviði náttúruverndar, komið til fundar við nefndina. Afstaða gesta umhverfisnefndar var í grófum dráttum tvenns konar, annaðhvort þurfi að koma til mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt gildandi lögum um það efni eða ekki. Lögformlegt umhverfismat er ákveðið ferli sem fram fer samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, þar sem skipulagsstjóri ríkisins metur umhverfisáhrif af ákveðinni framkvæmd, í þessu tilviki virkjunarframkvæmd Landsvirkjunar. Hlutur sérfræðinga og almennings í matinu er tryggður og eru athugasemdir þeirra metnar af skipulagsstjóra, en honum er skylt að bregðast við öllum athugasemdum sem berast. Ekki liggur ljóst fyrir hve langan tíma það tæki að láta virkjunarframkvæmdirnar fara í umhverfismat samkvæmt gildandi lögum en ætla má að það geti tekið 14–16 mánuði.

Af þeim gestum sem komið hafa til fundar við nefndina hafa eftirtaldir lýst stuðningi við að fram fari mat á umhverfisáhrifum samkvæmt gildandi lögum: fulltrúar frá ríkisstofnunum á sviði umhverfismála, þar á meðal Náttúruverndarráð og Náttúruvernd ríkisins, frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála, þar á meðal Náttúruverndarsamtök Íslands, Félag áhugamanna um verndun hálendis Austurlands, Umhverfisverndarsamtök Íslands, Umhverfisvinir, Náttúruverndarsamtök Austurlands og Náttúruverndarsamtök Vesturlands, fagfélög á vettvangi umhverfismála, þar á meðal Félag íslenskra náttúrufræðinga, Fuglaverndarfélag Íslands, Samband dýraverndunarfélaga og Jarðfræðafélag Íslands, svo og vísindamenn og sérfræðingar sem komu á fund nefndarinnar, þar á meðal Skarphéðinn Þórisson líffræðingur, Geir Oddsson, fiski- og auðlindafræðingur, og Þóra Ellen Þorvaldsdóttir prófessor.

Aðilar sem hafa lýst sig mótfallna slíku mati eru einungis hagsmunaaðilar á borð við Landsvirkjun, fulltrúar sveitarfélaga á Austurlandi og hagsmunasamtök íbúa á Austurlandi, svo og ráðuneyti iðnaðar- og umhverfismála sem heyra undir ráðherra og geta vart talist hlutlausir aðilar.

2. Lagaóvissa enn fyrir hendi.

Nefndinni barst umsögn frá Aðalheiði Jóhannsdóttur lögfræðingi með lögfræðilegu áliti um málið. Þá liggur einnig fyrir nefndinni kæra Náttúruverndarsamtaka Íslands til Eftirlitsstofnunar EFTA ásamt greinargerð. 2. minni hluti telur að álit Aðalheiðar og kæra Náttúruverndarsamtaka Íslands leiði að því ákaflega sterkar líkur að lagaóvissa sé fyrir hendi í málinu. Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, eru byggð á tilskipun ESB um það efni en Íslandi bar í samræmi við skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum að innleiða efni hennar í landslög. Ný og endurskoðuð tilskipun um sama efni hefur verið sett og bar Íslandi að lögleiða efni hennar í landsrétt fyrir mars á þessu ári. Það hefur ekki verið gert.

Nefndin fékk á sinn fund skipulagsstjóra ríkisins. Kom fram í máli hans að ekki liggur fyrir deiliskipulag af þeim svæðum sem framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun eru fyrirhugaðar á en hann telur að þær kalli á gerð deiliskipulags, annars vegar fyrir aðkomu- og stöðvarhússvæði og hins vegar fyrir stíflustæði. Þar sem aðal- eða svæðisskipulag er ekki fyrir hendi er unnt að auglýsa deiliskipulagstillögu og ganga frá deiliskipulagi á grundvelli 3. tölul. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun verður að samþykkja að auglýsa tillögu að deiliskipulagi og að fengnu samþykki hennar fer með auglýsingu og afgreiðslu deiliskipulagsins skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Liggi staðfest svæðis-

skipulag fyrir getur sveitarstjórn auglýst tillögu að deiliskipulagi skv. 25. gr. sömu laga án meðmæla Skipulagsstofnunar. Telur skipulagsstjóri samkvæmt þessu að Fljótsdalshreppur þurfi að leita meðmæla stofnunarinnar vegna auglýsingar deiliskipulagstillögu fyrir aðkomu- og stöðvarhússvæði en Fljótsdalshreppur og Norður-Hérað geti auglýst deiliskipulagstillögu fyrir stíflusvæði á grundvelli svæðisskipulags miðhálendis. Þá lýsti skipulagsstjóri því mati sínu að hann teldi að skv. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga þyrfti byggingarleyfi fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar væru í tengslum við virkjanir, en það ætti m.a. við um stöðvarhús, íbúðarhús, mötuneyti og verkstæði. Þá upplýsti hann að byggingarleyfi væri ekki fyrir húsbyggingum vegna Fljótsdalsvirkjunar. Enn fremur greindi hann frá því að framkvæmdaleyfi fyrir byggingu virkjunarinnar frá sveitarstjórn samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum væru ekki til staðar, að undanskildu leyfi fyrir aðkomugöngum virkjunarinnar. Kom fram hjá skipulagsstjóra að hann teldi að aðrar framkvæmdir við virkjunina sem ekki væru byggingarleyfisskyldar, þar á meðal stíflugerð, vegir, veitur og efnistökustaðir, væru háðar framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Að mati 2. minni hluta styður þetta álit skipulagsstjóra það mat 2. minni hluta að talsverð lagaóvissa sé fyrir hendi í málinu.

Lagaóvissan er fyrst og fremst fólgin í því að þótt gilt virkjunarleyfi sé talið vera fyrir hendi bendi öll rök til þess, m.a. studd af dómafordæmum frá EB-dómstólnum, að fyrir þurfi að liggja öll leyfi lögbærra aðila áður en lagt er í framkvæmdir af þessu tagi og samkvæmt íslenskum lögum séu það virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur hins vegar ekki gefið út framkvæmdaleyfi og er það staðfest í greinargerð með tillögu iðnaðarráðherra á bls. 9 þar sem segir orðrétt: „Samkvæmt þessu liggur ekki fyrir formlegt samþykki Fljótsdalshrepps fyrir frekari framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun en áður greindum aðkomugöngum.“ Nefndinni vannst ekki tími til að leita eftir lögfræðilegu áliti fleiri aðila, svo sem Lagastofnunar Háskóla Íslands, en það væri æskilegt að mati 2. minni hluta. 2. minni hluti telur enn fremur að úr lagaóvissu verði að greiða og verður vart séð að það verði gert án þess að farin verði dómstólaleiðin.

Þá vill nefndin vekja athygli á því að samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands gerði fyrirvara um lónstærðir á Eyjabakkasvæðinu og aðra tilhögun virkjunar og komst að þeirri niðurstöðu að skynsamlegra væri að virkja við Kárahnúka en Eyjabakka ef á annað borð yrði virkjað á svæðinu. Í greinargerð nefndarinnar segir: „Vegna mikilvægis og sérstöðu Eyjabakkasvæðisins hvað varðar gróðurfar, dýralíf, landslag o.fl. er ástæða til að endurskoða tilhögun virkjunar samkvæmt gildandi lögum. Svæðið hefur einnig mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna. Gert er ráð fyrir að skoðaðir verði til hlítar möguleikar á að virkja saman Jökulsá á Brú (Kárahnjúkavirkjun) og Jökulsá í Fljótsdal með þeim hætti að Kárahnúkalón geti nýst sem miðlun fyrir bæði vatnasviðin. Því er gerður fyrirvari um lónastærðir á Eyjabakkasvæðinu og aðra tilhögun virkjunar.“ Þá vill 2. minni hluti taka fram að þetta álit samvinnunefndarinnar var auglýst opinberlega vorið 1997 og síðan staðfest af umhverfisráðherra í maí 1999.

3. Ófullkomið arðsemismat.

Mikil umræða hefur vaknað um arðsemi virkjunarinnar og hafa ýmsir aðilar dregið í efa að virkjunin muni standa undir sér. Raforkuverð liggur ekki fyrir en það er ein af þeim forsendum sem leggja þarf til grundvallar við arðsemismat virkjunarinnar. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur fengið hjá Sigurði Jóhannessyni hagfræðingi virðist Landsvirkjun þurfa að selja kw-stundina mun hærra verði en gert er í dag til að virkjunin verði hagkvæm í rekstri. Þá hefur ekki verið lagt mat á náttúruleg verðmæti sem tapast við framkvæmdirnar.

Mat hefur ekki farið fram á því landi, náttúruverðmætum og auðlind sem fórna þarf verði virkjað á svæðinu. Í útreikninga Þjóðhagsstofnunar vegna virkjunarframkvæmdanna vantar umhverfisþáttinn og af þeirri ástæðu er sú aukning þjóðarframleiðslu sem þar er gert ráð fyrir ofmetin sem því nemur. Þá er ljóst að ekki er tekið tillit til verndargildis Eyjabakka en það er mjög hátt að margra mati. 2. minni hluti telur skilyrðislaust að reikna þurfi umhverfisþáttinn inn í hagkvæmnistölur virkjunarinnar, annars sé dæmið ekki reiknað til fullnustu.

Að mati 2. minni hluta hefur alvarleg og málefnaleg gagnrýni komið fram á skýrslu Landsvirkjunar. Sérfræðingar á sviði náttúrufars hafa lýst þeirri skoðun sinni að þeir telji að framsetning og túlkun gagna í skýrslunni sé virkjunaraðila í hag. 2. minni hluti telur augljóst að skýrslan er skrifuð af mörgum höfundum svo að ekki gætir samræmis í efnislegri meðferð auk þess sem hún ber þess merki að vera ekki skrifuð af líffræðingum, náttúrufræðingum eða vistfræðingum. Þá hefur verið bent á ýmsar rannsóknir, bæði innlendar og erlendar, sem til eru um áhrif virkjanaframkvæmda á dýralíf og náttúrufar á svæðinu sem ekki er getið í skýrslu Landsvirkjunar. Má þar nefna áfangaskýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um verndargildi virkjanasvæða, unnin fyrir verkefnisstjórn rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar í nóvember 1999, skýrslur um íslenskar rannsóknir á rofi við miðlunarlón og við Lagarfljót vegna vatnsborðsbreytinga (Ásrún Einarsdóttir og Borgþór Magnússon, 1998: Gróðurbreytingar í mólendi við Blöndulón; Borgþór Magnússon 1995: Gróðurbreytingar í mólendi við Blöndulón; Borgþór Magnússon og Ásrún Elmarsdóttir: Frá Blöndulóni að Norðlingaöldu; Sigurður H. Magnússon, Kristbjörn Egilsson og Eyþór Einarsson 1998: Gróðurbreytingar við Lagarfljót 1976–1994; Þóra Ellen Þórhallsdóttir 1994: Áhrif miðlunarlóns á gróður og jarðveg), skýrslu C. Nellemanns, I. Vistness og Skarphéðins Þórissonar 1999: *Environmental impacts of the Fljótsdalur and Kárahnjúkar hydro-electric power supply to aluminium smelter by Norsk Hydro in Iceland* og Viðmiðunarreglur um mat á umhverfisáhrifum á heimskautasvæðum útgefnar 1997 af Arctic Environmental Protection Strategy.

4. Athugasemdir við rannsóknarþátt skýrslu Landsvirkjunar.

Gerður hefur verið fjöldi athugasemda við skýrsluna og við það hvernig hún hefur verið unnin. Það álit hefur verið látið í ljós að skýrslan sé áferðarfalleg og einkennist nokkuð af lýsingum á staðháttum en margar rannsóknir vanti til að hægt sé að meta svæðið heildstætt. Sem dæmi má nefna að gróðurhluti skýrslunnar er byggður á um 20 ára gömlum rannsóknum og er tekið fram að enda þótt niðurstöður þeirra standi enn vel fyrir sínu geta þær ekki talist fullnægjandi miðað við þær kröfur sem eðlilegt er að gera til slíkra rannsókna. Hvað varðar gróðurfar hefur einnig verið bent á að einn stærsti annmarki skýrslunnar sé að nær engin tilraun sé gerð til að setja gróður svæðisins í stærra samhengi með því að bera hann saman við gróður annars staðar á hálendinu eða skoða mikilvægi hans í evrópsku eða hnattrænu samhengi. Þá hefur verið bent á að Eyjabakkar séu flæðiengi en engar rannsóknir hafi farið fram sem skilgreina það vistkerfi gróðurs og dýra sem þarna er að finna. Víst er að flæðiengi eru sjaldgæf á miðhálendinu og tilvist þeirra á Eyjabökkum gefur svæðinu sérstöðu. Þá telur 2. minni hluti hæpið að halda því fram að allmargar athuganir hafi verið gerðar á gróðurfari Eyjabakkasvæðisins eins og segir í skýrslu Landsvirkunar (bls. 66). Þóra Ellen Þórhallsdóttur og fleiri hafa tjáð nefndinni að samkvæmt þeirra upplýsingum hafi grasafræðingar eytt að hámarki um 30 dögum við gagnasöfnun á Eyjabakkasvæðinu vegna virkjanaáforma þar ef frá er talin vinna við gróðurkort sumarið 1976. Þá fékk nefndin þær upplýsingar að Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur, sem samkvæmt skýrslu Landsvirkjunar vann að athugunum á Eyjabakkasvæðinu sumarið 1998, hefði aldrei farið inn á Eyjabakkasvæðið heldur gert athuganir á Fljótsdalsheiði og við Hölkná, Laugará og Grjótá sem ekki eru á vatnasvæði

Jökulsár í Fljótsdal heldur renna niður Hrafnkelsdal. Þá segir Þóra Ellen Þórhallsdóttir um skýrslu Ágústs að hún sé að hluta gagnrýnin úttekt á fyrri rannsóknum, einkum aðferðarfræði þeirra. Niðurstaða hans sé að meginþorri þeirra gróðurlýsinga sem til eru af þessu svæði sé almenns eðlis. Gróður á fyrirhuguðu svæði Eyjabakkalóns sé því aðeins þekktur í stærstu megindráttum þar sem fáar eða nær engar nákvæmar athuganir hafi verið gerðar. Þá hafa Þóra Ellen, Náttúruvernd ríkisins og fleiri bent á að litlar sem engar vistfræðirannsóknir hafi verið gerðar á svæðinu. Það álit var einnig látið í ljós við nefndina að skýrsla Landsvirkjunar endurspegli stöðu grasafræðilegrar þekkingar á Íslandi fyrir 20 árum og hún endurspegli hvorki nútíma þekkingu í plöntuvistfræði né verndunarlíffræði.

Bent hefur verið á það af vísindamönnum sem komið hafa á fund nefndarinnar að í gróðurvinjum á íslenska miðhálendinu, sem samanstendur að mestu af eyðimörk, sé uppspretta fræja sem numið gætu land á auðnunum í kring með breyttum skilyrðum, t.d. minnkandi búfjárbeit, en þessa möguleika er í engu getið í skýrslunni.

Þá hafa athugasemdir verið gerðar við mat á strandrofi í skýrslu Landsvirkjunar. Efasemdir hafa verið látnar í ljós um að líkan sem skýrsluhöfundar vísa til varðandi mat á strandrofi gagnist við íslenskar aðstæður en samkvæmt líkaninu verður strandrof lítið þegar halli lands við ströndina er minni en 7%. Ekki er vitnað til innlendra rannsókna og athugana sem gerðar hafa verið, t.d. við Blöndulón. Þá er ekki vísað í rannsóknir á strandrofi við aðra hluta lónsins þar sem halli er meiri en 7%. Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands gefa niðurstöðurnar frá Blöndulóni til kynna að strandrof geti verið nokkurt á landi þar sem halli er 7% eða jafnvel minni. Niðurstöður frá Lagarfljóti munu benda í svipaða átt. Einnig hefur verið bent á að vatnsborðssveiflur í lóninu geti verið afar miklar, eða frá 8 km^2 allt upp í 43 km^2. Í skýrslunni er aðeins fjallað um aðstæður í meðalári sem er afar villandi því að fokhætta margfaldast ef nokkrir samverkandi umhverfisþættir verða allir hliðstæðir foki í einu. Hvað Eyjabakkalón áhrærir eru það einmitt sömu veðurskilyrði (langvinnir þurrkar) sem skapa hagstæð skilyrði fyrir vindrof og leiða til þess að lágt verður í lóninu. Þá hefur verið bent á að ekki liggi fyrir nægilega miklar rannsóknir á grunnvatnsstöðu til þess að hægt sé að fullyrða að grunnvatnsborð hækki eftir að lónið yrði tekið í notkun. Ljóst er að við Eyjabakkalón gætu fokefni rokið úr gífurlega stóru svæði og þau gætu borist yfir víðáttumikið gróið land norðan lónsins. Slíkt mundi auka verulega rofhættu á því landi og gæti í versta falli sett af stað keðjuverkandi ferli gróður- og jarðvegseyðingar. Hinir sérstöku eiginleikar eldfjallajarðvegs valda því að íslenskur jarðvegur er ákaflega viðkvæmur fyrir rofi, eins og saga gróðureyðingar hér á landi sýnir. Það er einmitt á jarðarsvæðum, eins og á hálendinu, sem minnst má út af bera. Margir af þeim sérfræðingum á sviði náttúrufars sem komið hafa til fundar við nefndina hafa látið í ljós það álit sitt að hugsanlegt sé að skýrslan gefi mjög ranga mynd af rofhættu við lónið, m.a. með hliðsjón af framangreindu.

Sú fullyrðing kemur fram í skýrslu Landsvirkjunar að ekki er talið að breytingar á rennsli Lagarfljóts með tilkomu Fljótsdalsvirkjunar hafi áhrif á gróður meðfram fljótinu. Fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands og Eyþór Einarsson grasafræðingur hafa mótmælt þessu og m.a. bent á að rannsóknir sem gerðar hafa verið á gróðri meðfram Lagarfljóti í kjölfar virkjunar við Lagarfoss árið 1975 sýni að gróður hafi breyst verulega, jafnvel þótt vatnsstaða hafi ekki breyst nema um 30 sm. 2. minni hluti vill benda á að þessar rannsóknir eru meðal þeirra sem ekki er vitnað til í skýrslu Landsvirkjunar.

Áburðaráhrifa vorflóða í Jökulsá í Fljótsdal er að engu getið í skýrslunni og því engin afstaða tekin til þess hvaða áhrif það kunni að hafa á gróður meðfram ánni þegar þeirra nýtur ekki lengur við. Þá er ekki getið um möguleg áhrif á lífríkið í Héraðsflóa þegar framburðar frá jökulánni nýtur ekki lengur við í þeim mæli sem nú er.

Þá hefur sú gagnrýni komið fram að dýralífsþætti skýrslunnar sé mjög áfátt. Sérfræðingar á sviði hreindýrarannsókna hafa látið í ljós það mat sitt að ekki liggi fyrir nægilegar rannsóknir á fari og hegðun hreindýra á svæðinu. Þá bendir Náttúrufræðistofnun Íslands á að mjög takmarkaðar rannsóknir hafi verið gerðar á dýralífi á Eyjabökkum. Gerðar voru rannsóknir sem stóðu yfir á sumrin 1979–1981 auk einnar viku vinnu sumarið 1975. Að öðru leyti sé um að ræða talningar á gæsum og hreindýrum á Eyjabökkum dagpart á sumri hverju. Hins vegar er í skýrslu Landsvirkjunar talað um að rannsóknir á dýralífi hafi nú staðið yfir í 30 ár. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að enginn vafi leiki á hvaða áhrif myndun lóns hefði á dýralíf á Eyjabökkum – dýrin missi búsvæði sín og lendi á hrakhólum. Fullnægjandi vitneskja sé hins vegar ekki til staðar um hvaða áhrif það muni hafa fyrir stofna viðkomandi tegunda, einkum gæsa og hreindýra, en eins og kunnugt er eru Eyjabakkar mikilvægasti fjaðrafellistaður á Íslandi fyrir heiðagæsir og eitt mjög fárra svæða á landinu sem bjóða upp á heppileg skilyrði fyrir stóran hóp fellifugla.

5. Náttúruverndargildi vanmetið.

Það er mat 2. minni hluta nefndarinnar að skýrslan geri beinlínis lítið úr náttúruverndargildi svæðisins og geri ekki grein fyrir því að það land sem þarna tapast verði ekki endurheimt á nokkurn hátt þrátt fyrir hugmyndir um mótvægisaðgerðir. Þær aðgerðir sem skýrslan gerir ráð fyrir til mótvægis eru að mati margra gesta nefndarinnar ófullnægjandi þar sem þær færu fram á láglendi fjarri Eyjabökkum. Þá er á það bent að ekki liggja fyrir nægilegar rannsóknir á því votlendi sem hefur verið endurheimt á landinu síðustu ár svo að ekki er hægt að draga þá ályktun að endurheimt votlendis sé einföld framkvæmd. Náttúruvernd ríkisins er meðal þeirra sem bent hefur á að eyðing votlendis sé eitt mesta umhverfisvandamál á Íslandi. Mjög erfitt er að fá land til að endurheimta votlendi og jafnframt hefur verið bent á að endurheimt votlendis á hálendi sé nánast óframkvæmanleg. Að mati 2. minni hluta nefndarinnar þurfa mótvægisaðgerðirnar að vera stórfelldar en jafnframt að þær séu algerlega ómótaðar þannig að ekki liggi fyrir hvar, hverjar eða hvenær þær verða og þaðan af síður hversu kostnaðarsamar mótvægisaðgerðirnar verði og hver eigi að greiða fyrir þær. Slíkar aðgerðir hafa ekki verið kynntar sem hluti af stofnkostnaði við virkjunina.

6. Aðrir virkjunarkostir.

2. minni hluti telur að aðrir virkjunarkostir hafi ekki verið skoðaðir nægjanlega. Athugasemdir hafa verið gerðar af sérfræðingum sem komið hafa á fund nefndarinnar við framsetningu á öðrum valkostum í skýrslu Landsvirkjunar. Þeir eru settir fram á þann hátt að erfitt er að átta sig á ólíku gildi þeirra og virðast afgreiddir af Landsvirkjun sem óframkvæmanlegir eða lakari kostur en sá sem liggur fyrir. Er 2. minni hluti sammála þeim gestum nefndarinnar sem telja að vega ætti og meta kostina á eins hlutlausan hátt og kostur er, þannig að um raunverulegt val milli ólíkra kosta geti verið að ræða. Komið hefur fram að ýmsir sérfræðingar, þar á meðal sérfræðingar Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytis, álíta að hægt sé að virkja þannig á Eyjabökkum að stíflað sé neðar og þar með hlíft viðkvæmasta svæðinu, sem eru innstu 4–5 km, og aðalvotlendið næst Snæfelli haldi sér þar með. Þessi leið virðist geta verið mun ákjósanlegri út frá náttúruverndarsjónarmiðum og því ber að mati 2. minni hluta nefndarinnar að skoða hana betur. Einnig hefur verið bent á þann kost að hlífa Eyjabökkum að fullu en virkja þess í stað báðar árnar saman við Kárahnúka og leggur 2. minni hluti áherslu á að sá möguleiki verði skoðaður. Það er staðreynd að 1. áfangi álvers á Reyðarfirði útheimtir meiri orku (40 MW) en Fljótsdalsvirkjun getur látið í té samkvæmt þeim hönnunartillögum sem liggja fyrir. Hefur verið bent á í því samhengi að rétt sé að meta kosti

Hraunaveitu meiri, áður en framkvæmdir hefjast, þar sem sú virkjunartilhögun gerir ekki ráð fyrir miklu meiri umhverfisskaða en hlýst af þeirri tilhögun sem er til umræðu. Í því sambandi má geta þess að virkjun við Bjarnarflag, sem talað er um að geti aflað þeirrar viðbótarorku sem þörf er á, yrði á friðlýstu svæði.

7. Alþjóðasamningar.

Þá telur 2. minni hluti nefndarinnar að í 10. kafla skýrslu Landsvirkjunar þar sem m.a. er fjallað um alþjóðlega samninga að mikilvægum atriðum sé sleppt og hefur Náttúrufræðistofnun Íslands einnig vakið athygli á því í umsögn sinni til nefndarinnar. Í kaflanum er fjallað um Ramsar-samninginn um verndun votlendis sem Íslendingar gerðust aðilar að árið 1978, eða þremur árum áður en heimildarlög um Fljótsdalsvirkjun voru samþykkt. Í skýrslunni eru nokkur ákvæði rakin en ýmsu sleppt, m.a. því ákvæði að láta framkvæma mat á umhverfisáhrifum áður en votlendi er breytt eða það eyðilagt. (rec. 1.6, 2.3, 3.1 og 4.10). Þá gerir Náttúrufræðistofnun Íslands einnig athugasemdir við umfjöllun um tvo aðra alþjóðasamninga, annars vegar um Ríó-samninginn um líffræðilega fjölbreytni, en stofnunin telur umfjöllunina mjög takmarkaða og villandi og sá misskilningur komi fram að samningurinn snúist nær eingöngu um hættuna á útrýmingu tegunda. Stofnunin bendir á að hann snúi ekki síður að varðveislu búsvæða og vistkerfa, ekki síst þeirra sem eru í óbyggðum og varði fartegundir (sbr. t.d. 7. gr. samningsins og viðauka I). Hins vegar sé um að ræða Bernarsamninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. Í skýrslunni er því haldið fram að Eyjabakkasvæðið falli ekki undir samninginn sem lífsvæði heiðagæsar. Bendir stofnunin á að í 1. gr. samningsins komi fram að markmið hans sé að vernda villtar plöntur og dýr og náttúruleg búsvæði þeirra, sérstaklega þeirra tegunda og búsvæða sem verða ekki verndaðar sem skyldi nema í samvinnu fleiri ríkja.

Nefndin ræddi um möguleg áhrif virkjunarinnar á ferðamennsku við gesti sína og vill 2. minni hluti benda á það mat SAMÚT, samtaka útivistarfélaga, að ímynd Íslands í augum ferðamanna sé í mikilli hættu komi til þess að virkjað verði á Eyjabökkum. Þá hefur verið bent á möguleg áhrif skaddaðrar ímyndar landsins á viðskiptaaðila Íslendinga erlendis.

8. Sérstaða Eyjabakka.

2. minni hluti nefndarinnar telur mikilvægt að líta til sérstöðu hálendis Íslands þegar tekin er afstaða til þess hvort byggja eigi álver við Reyðarfjörð og virkja í því skyni. Telur hún engan vafa leika á því að hálendið sé náttúrufarslega mikilvægt á heimsvísu, sem eitt stærsta ósnortna svæði í Vestur-Evrópu. Vegna þessa er nauðsynlegt að meta arðsemi þess að svæðið verði friðað.

Eyjabakkar hafa verið á náttúruminjaskrá frá 1978 og hefur verndargildi þeirra verið talið mikið af stofnunum á sviði náttúruverndar. Kemur það mat m.a. fram í samantekt sem gerð var fyrir umhverfisnefnd og iðnaðarnefnd Alþingis á þessu ári af Náttúrufræðistofnun Íslands. Verður stiklað á stóru í þeirri samantekt. Fjallað er um mikið verndargildi einstakra fossa/fossaraðar í Jökulsá í Fljótsdal og það nefnt að um fágætt náttúrufyrirbæri sé að ræða. Einnig er nefnd samfelld gróðurþekja sem nær frá Héraðsflóa inn að jökuljöðrum beggja vegna Snæfells en hvergi annars staðar á landinu er að finna sambærilega gróðurhulu frá fjöru til jökla auk þess er getið um að algróið land við jökulsporða á miðhálendinu sé fágætt og því sé verndargildi mikið. Þá er einnig fjallað um sérstöðu Eyjabakka, en hvergi á Íslandi er að finna jafngróið svæði í jafnmikilli hæð yfir sjávarmáli. Stór hluti af svæðinu er flæðiland en það er mjög sjaldgæft á hálendi og hefur því mikið verndargildi. Þá er þess getið að afar sérstæðir hraukar séu á Eyjabökkum, verndargildi þeirra er óumdeilt enda eru hraukarn-

ir á Eyjabökkum líklega þeir einu sem orðið hafa til við að jökull gekk út á mýrlendi. Hraukarnir á Eyjabökkum munu hverfa undir vatn ef stíflað verður á Eyjabökkum. Hvað líffræðilega fjölbreytni og gróður á Eyjabökkum varðar felst sérstaða þess í mikilli frjósemi hátt til fjalla og hlutfallslega mikilli fjölbreytni þrátt fyrir að sjaldgæfar tegundir séu ekki margar og helst verndargildið hátt vegna gróðurs á hraukum og í flæðilöndum. Verndargildi líffræðilegrar fjölbreytni og fugla er mikið vegna þýðingar Eyjabakka fyrir heiðagæsir og einnig telst svæðið alþjóðlega mikilvægur varpstaður fyrir íslenska álftastofninn en 1–2% hans nýtir Eyjabakka til varps og fæðuöflunar. Álftin og búsvæði hennar njóta auk þess sérstakrar verndar samkvæmt Bernarsáttmálanum. Hvað varðar mikilvægi fyrir einstaka stofna njóta Eyjabakkar sérstöðu þar sem þeir eru mikilvægasti fjaðrafellistaður heiðagæsar á Íslandi og eitt af mjög fáum svæðum hérlendis sem bjóða upp á heppileg skilyrði fyrir stóran hóp fellifugla. Verndargildi þess er því mikið á lands-, Evrópu- og heimsvísu þar sem hátt hlutfall íslenskra heiðagæsa og íslensk-grænlenska heiðagæsastofnsins nýtir svæðið (sbr. Ramsarsamninginn). Mikilvægi Eyjabakka fyrir hreindýrastofninn er einnig mikið enda nýtir stór hluti íslenska hreindýrastofnsins þá til beitar. Að mati stofnunarinnar er erfitt að meta þýðingu svæðisins fyrir stofninn á grundvelli fyrirliggjandi gagna en verndargildi beitilandsins telur hún talsvert eða mikið.

2. minni hluti nefndarinnar ítrekar það álit sitt að fyrirhugaðar framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt gildandi lögum.

Alþingi, 6. des. 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form.
Katrín Fjeldsted.

Fylgiskjöl:
Umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands.
Umsögn Náttúruverndarráðs.
Umsögn og skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands.
Umsögn Geirs Oddssonar.
Umsögn Aðalheiðar Jóhannsdóttur.
Umsögn Náttúruverndar ríkisins.
Umsögn Þóru Ellenar Þórhallsdóttur.
Umsögn Skipulagsstofnunar.
Umsögn Landmótunar.
Umsögn Eyþórs Einarssonar.

Fylgiskjal III.

Umsögn 3. minni hluta umhverfisnefndar.

(Reykjavík, 6. desember 1999.)

Við undirrituð nefndarmenn í umhverfisnefnd styðjum í einu og öllu álit og niðurstöðu formanns nefndarinnar, Ólafs Arnar Haraldssonar, og Katrínar Fjeldsted er varðar þingsályktunartillögu um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, þskj. 216, 186. mál.

Össur Skarphéðinsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.

372. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2000.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2000 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**184.801,0**	**179.407,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	40.750,0	39.195,0
Skattar á tekjur lögaðila	9.550,0	9.550,0
Tryggingagjöld	18.086,0	17.637,0
Eignarskattar	8.835,0	8.880,0
Virðisaukaskattur	66.220,0	63.880,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	39.918,0	38.829,0
Skattar ótaldir annars staðar	1.442,0	1.436,0
Aðrar rekstrartekjur	**15.586,3**	**12.740,3**
Arðgreiðslur	2.948,0	2.948,0
Vaxtatekjur	7.995,0	5.155,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	4.643,3	4.637,3
Sala eigna	3.766,0	3.766,0
Fjármagnstilfærslur	50,0	50,0
Fjárframlög	796,7	796,7
Tekjur samtals	**205.000,0**	**196.760,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.996,8	1.996,8
Forsætisráðuneyti	1.212,7	1.212,7
Menntamálaráðuneyti	21.758,8	21.758,8
Utanríkisráðuneyti	3.778,0	3.757,0
Landbúnaðarráðuneyti	9.006,9	9.006,9
Sjávarútvegsráðuneyti	2.453,2	2.453,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	10.884,5	10.884,5
Félagsmálaráðuneyti	11.117,7	11.117,7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	73.498,9	73.473,9
Fjármálaráðuneyti	25.184,4	15.234,4
Samgönguráðuneyti	12.498,4	12.728,6
Iðnaðarráðuneyti	2.465,9	2.465,9

Viðskiptaráðuneyti	1.266,2	1.266,2
Hagstofa Íslands	313,7	313,7
Umhverfisráðuneyti	2.756,6	2.756,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs	13.400,0	10.000,0
Gjöld samtals	**193.592,7**	**180.426,9**
Tekjujöfnuður	**11.407,3**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Árið 2000 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	11.407,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.554,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-1.210,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-184,0
Handbært fé frá rekstri	**12.567,3**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-385,0
Veitt löng lán	-4.815,0
Afborganir veittra lána	6.900,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-300,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	6.300,0
Fjármunahreyfingar samtals	**7.700,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**20.267,3**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	5.000,0
Afborganir lána	-27.500,0
Fjármögnun samtals	**-22.500,0**
Breyting á handbæru fé	**-2.232,7**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

00-201 Alþingi	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	450,4
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	46,7
1.03 Fastanefndir	71,0
1.04 Alþjóðasamstarf	105,6
1.06 Almennur rekstur	367,0
1.07 Sérverkefni	45,9
1.10 Rekstur fasteigna	87,2
Almennur rekstur samtals	1.173,8
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	26,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	48,0
6.21 Fasteignir	113,0
Stofnkostnaður samtals	161,0
Gjöld samtals	**1.360,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,9
Gjöld umfram tekjur	**1.352,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.352,9
00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit	
Stofnkostnaður:	
6.50 Nýbygging	60,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,0

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður Alþingis	60,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,3

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,5
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15,8
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	32,0
1.23 Hrafnseyri	4,0
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	22,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	3,0
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	324,5
1.53 Landafundanefnd	217,5
1.90 Ýmis verkefni	17,3
Almennur rekstur samtals	624,8
Stofnkostnaður:	
6.52 Minningarkapella á Ljósavatni	70,0
6.53 Stafkirkja í Vestmannaeyjum	18,0
Stofnkostnaður samtals	25,0
Gjöld samtals	**649,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	648,8
Innheimt af ríkistekjum	1,0

01-221 Byggðastofnun

Liðurinn færist til iðnaðarráðuneytis, sjá **11-411 Byggðastofnun**

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögmaður	32,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,3

Gjöld umfram tekjur **31,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,6

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 135,7
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni 355,7
1.03 Rekstur fasteigna 242,7
1.05 Aðrar stofnanir og verkefni 798,6
1.06 Kennslu- og vísindadeildir 1.805,0
1.07 Alþjóðaskrifstofa 16,1
1.09 Verkfræðistofnun 75,4
Almennur rekstur samtals 3.429,2

Viðhaldsverkefni:
550 Fasteignir 120,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 155,5
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup 205,0
Stofnkostnaður samtals 360,5

Gjöld samtals **3.909,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -923,1

Gjöld umfram tekjur **2.986,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.661,6
Innheimt af ríkistekjum 325,0

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 68,3
1.20 Bókaútgáfa 10,1
Almennur rekstur samtals 78,4

Gjöld samtals **78,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur	**73,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,4

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Háskólinn á Akureyri	371,8
1.02 Rannsóknastarfsemi	45,0
Almennur rekstur samtals	416,8
Gjöld samtals	**416,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,3
Gjöld umfram tekjur	**398,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	398,5

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	207,9
1.02 Rannsóknastarfsemi	46,8
1.05 Kennsla	411,9
Almennur rekstur samtals	666,6
Gjöld samtals	**666,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-31,3
Gjöld umfram tekjur	**635,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	635,3

02-231 Rannsóknarráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarráð Íslands	78,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,2

Gjöld umfram tekjur **56,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,7

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.15 Nýsköpunarsjóður 20,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin 15,3
1.71 Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir 2,0
1.73 Reykjavíkurakademían 5,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi 268,5
Almennur rekstur samtals 310,8

Gjöld samtals **310,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 310,8

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.11 Sameiginleg þjónusta 21,6
1.12 Orlof kennara 48,1
1.13 Forfallakennsla 46,9
1.14 Sérkennsla 153,1
1.15 Prófkostnaður 47,6
1.16 Nýjungar í skólastarfi 36,1
1.17 Námsskrárgerð 30,7
1.18 Námsefnisgerð 16,7
1.19 Kennslueftirlit 5,2
1.20 Framhaldsdeildir 7,5
1.21 Nám tannsmiða 7,1
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna 5,8
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði 0,6
1.26 Þróunarsjóður 14,0
1.27 Íslenskukennsla 15,0
1.28 Mat á skólastarfi 23,3
1.30 Endurmenntun 22,3
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri 9,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík 6,0
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi 0,5
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu 63,8
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 142,0
Almennur rekstur samtals 723,4

Gjöld samtals **723,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 723,4

02-451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni

Almennur rekstur:
1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni 76,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 76,0

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 14,4
1.33 Þróunarsjóður leikskóla 3,0
1.35 Samræmd próf 51,0
1.37 Endurmenntun 18,0
1.70 Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi 22,2
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum 10,6
Almennur rekstur samtals 119,2

Gjöld samtals **119,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,5

Gjöld umfram tekjur **115,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,7

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:
1.01 Jöfnun á námskostnaði 311,7
1.10 Skólaakstur 32,5
Almennur rekstur samtals 344,2

Gjöld samtals **344,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 344,2

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	134,0
1.10 Byggða- og minjasöfn	19,7
Almennur rekstur samtals	153,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**155,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,5
Gjöld umfram tekjur	**145,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	145,2

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	88,5
1.11 Héraðsskjalasöfn	7,7
Almennur rekstur samtals	96,2
Gjöld samtals	**96,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,7
Gjöld umfram tekjur	**90,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	90,5

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:	
1.10 Listasafn ASÍ	2,0
1.11 Nýlistasafn	4,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5,0
1.90 Söfn	14,5
Almennur rekstur samtals	25,5

Stofnkostnaður:
6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli 5,0

Gjöld samtals **30,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,5

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana 330,0
6.91 Langbylgjumastur á Gufuskálum og á Eiðum 50,0
6.92 Kaupvangur á Vopnafirði 8,0
Stofnkostnaður samtals 388,0

Gjöld samtals **388,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 388,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 164,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 164,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.14 Bókasafnssjóður höfunda 18,3
1.15 Þýðingarsjóður 7,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður 6,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga 17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga 5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa 25,0
1.25 Starfsemi hljómsveita 5,5
1.27 Tónlist fyrir alla 3,5
1.28 Barnamenningarsjóður 2,5
1.29 Íslensk tónverkamiðsstöð 7,6
1.30 Íslenska óperan 63,0
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi 41,3
1.51 Höfundaréttarsjóður 47,0
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald 4,0

1.54 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir	1,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14,3
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	16,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.82 Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000	100,0
1.90 Listir	42,4
Almennur rekstur samtals	438,4
Gjöld samtals	**438,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	438,4

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	4,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	5,5
1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	10,0
1.15 Sögufélagið	0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag	0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	8,0
1.20 Iðnsaga Íslands	6,6
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,1
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	3,5
Almennur rekstur samtals	42,0
Gjöld samtals	**42,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,0

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands	22,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta	9,0
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	7,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir	1,5
1.90 Æskulýðsmál	6,0
Almennur rekstur samtals	47,5
Gjöld samtals	**47,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,5

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 49,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra 7,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra 12,5
1.15 Skólaíþróttir 3,0
1.16 Íþróttasjóður 18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 2,0
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands 1,0
1.20 Glímusamband Íslands 3,5
1.21 Skáksamband Íslands 7,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák 5,2
1.25 Skákskóli Íslands 4,9
1.27 Landssamband akstursíþróttafélaga 1,0
1.30 Bridgesamband Íslands 3,0
1.90 Ýmis íþróttamál 31,8
Almennur rekstur samtals 150,4

Stofnkostnaður:
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 10,0
6.55 Íþróttamannvirki í Vesturbyggð 5,0
Stofnkostnaður samtals 15,0

Gjöld samtals **165,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 165,4

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.11 Forvarnastarf í skólum 5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd 2,5
1.43 Skriðuklaustur 7,0
1.44 Snorrastofa 5,0
1.45 Eiríksstaðanefnd 30,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands 5,0
1.90 Ýmis framlög 14,5
Almennur rekstur samtals 69,0

Stofnkostnaður:
6.93 Snorrastofa 8,0

Gjöld samtals	**77,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	77,0

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	476,8
1.02 Varnarmálaskrifstofa	60,0
1.53 Þýðingamiðstöð	35,8
Almennur rekstur samtals	572,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,2
Gjöld samtals	**580,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**575,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	565,9
Innheimt af ríkistekjum	10,0

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	3,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.14 Heimssýning í Hannover	165,0
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,9
1.22 American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa	5,6
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	2,0
1.90 Ýmis verkefni	5,0
Almennur rekstur samtals	184,0
Gjöld samtals	**184,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	39,3
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	156,6
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	183,6
1.30 Fíkniefnaeftirlit	4,1
Almennur rekstur samtals	383,6
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,2
Gjöld samtals	**390,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,1
Gjöld umfram tekjur	**376,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	280,9
Innheimt af ríkistekjum	95,8

03-303 Sendiráð Íslands í London

Almennur rekstur:	
1.01 Sendiráð Íslands í London	62,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	62,6

03-320 Sendiráð, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	52,8
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Viðhald	17,9
Stofnkostnaður:	
6.25 Sendiherrabústaður í Berlín	50,0
6.90 Tæki og búnaður	23,9
Stofnkostnaður samtals	73,9

Gjöld samtals	**144,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	144,6

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
Skrifstofa jafnréttismála getur þegar sérstaklega stendur á óskað eftir að kærunefnd taki erindi til umfjöllunar.

Málsmeðferð fyrir kærunefndinni skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund. Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum frá nefndinni.

6. gr.

Upplýsingaöflun kærunefndar jafnréttismála.

Kærunefnd jafnréttismála skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni máls áður en nefndin veitir álit sitt í því, enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Kærunefnd jafnréttismála getur, að kröfu gagnaðila, krafið aðila um gögn sem áhrif geta haft á úrlausn máls, nema hún telji slíkt óþarft eða ónauðsynlegt.

Kærunefnd jafnréttismála getur krafist frekari gagna frá málsaðilum telji hún málið ekki nægjanlega upplýst.

Ef lögð eru fyrir kærunefnd gögn sem varða laun, önnur starfskjör eða réttindi einstaklinga skal tilkynna hlutaðeigandi að þessar upplýsingar hafi verið veittar nefndinni. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

7. gr.

Jafnréttisráð.

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félagsmálaráðherra sjö manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmann tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndan af Háskóla Íslands, einn tilnefndan sameiginlega af Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands og einn tilnefndan af Samtökum atvinnulífsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Tilnefningaraðilar skulu tilnefna einn karl og eina konu til setu í Jafnréttisráði. Við skipun í ráðið skal þess gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast.

Kostnaður við starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald.

8. gr.

Hlutverk Jafnréttisráðs.

Jafnréttisráð skal stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaðinum.

Jafnréttisráð er stjórnvöldum til ráðgjafar um jafnréttismál í vinnumarkaðsmálum.

9. gr.

Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Skrifstofu jafnréttismála. Í áætluninni skulu koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Samhliða framlagningu tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum og endurskoðun hennar tveimur árum síðar skal félagsmálaráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

10. gr.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa 3–5 manna jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

11. gr.

Jafnréttisfulltrúar.

Sérhvert ráðuneyti skal skipa jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins.

12. gr.

Jafnréttisráðgjafar.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa sem vinnur tímabundið að jafnréttismálum á tilteknu sviði og/eða á tilteknu landsvæði.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur.

13. gr.

Vinnumarkaður.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Skal sérstaklega kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 14.–17. gr. laga þessara.

14. gr.

Launajafnrétti.

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með launum í lögum þessum er átt við almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun feli ekki í sér kynjamismunun.

Með kjörum í lögum þessum er, auk launa, átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár.

15. gr.

Laus störf, starfsþjálfun og endurmenntun.

Starf sem laust er skal standa opið jafnt konum og körlum.

Atvinnurekendur skulu tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

16. gr.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs og fjölskylduaðstæðna starfsmanna, þar með talið að þeim sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

17. gr.

Kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og skólastjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað eða í skólum.

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Ef yfirmaður eða skólastjórnandi er kærður vegna meintrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að ákvarða um vinnuskilyrði kæranda á meðan rannsókn málsins stendur yfir og skal næsti yfirmaður taka ákvarðanir er varða kæranda.

18. gr.

Auglýsingar.

Auglýsandi, og sá sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

19. gr.

Menntun og skólastarf.

Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

Háskóli Íslands ber ábyrgð á framkvæmd 4. mgr. Að öðru leyti ber menntamálaráðherra ábyrgð á framkvæmd þessarar greinar og skal menntamálaráðuneytið fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi. Þá skal ráðuneytið fylgjast með að jafnréttis kynja sé gætt í íþrótta- og tómstundastarfi.

20. gr.

Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera.

Í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir.

21. gr.

Greining á tölfræðiupplýsingum.

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

IV. KAFLI
Bann við mismunun á grundvelli kynferðis.

22. gr.

Almennt bann við mismunun.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði, hvort heldur bein eða óbein, er óheimil.

Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna eða karla til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna ekki ganga gegn lögum þessum. Þá teljast aðgerðir til að auka möguleika kvenna eða karla sérstaklega til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna ekki ganga gegn lögum þessum. Sama á við ef nauðsynlegt telst að ráða annað kynið vegna hlutlægra þátta er tengjast starfinu.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar.

23. gr.

Bann við mismunun í kjörum.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki sínu í launum og öðrum kjörum á grundvelli kynferðis þess.

Ef leiddar eru líkur að því að kona og karl sem starfa hjá sama atvinnurekanda njóti mismunandi launa eða annarra kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf skal atvinnurekandi sýna fram á, ef um mun er að ræða, að hann skýrist af öðrum þáttum en kynferði.

24. gr.

Bann við mismunun við ráðningu og í vinnuskilyrðum.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kynferðis. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu. Þetta ákvæði gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni. Sama á við ef gild rök mæla með því að einungis sé auglýst eftir öðru kyninu.

Ef leiddar eru líkur að beinni eða óbeinni mismunun vegna kynferðis við ráðningu, setningu eða skipun í starf, stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður eða vinnuskilyrði skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

25. gr.

Bann við uppsögnum.

Atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli laga þessara.

Atvinnurekandi skal jafnframt gæta þess að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi, svo sem með tilliti til starfsöryggis, starfskjara eða mats á árangri, á grundvelli þess að hafa kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Ef leiddar eru líkur að því að gengið hafi verið gegn ákvæði þessu skal atvinnurekandi sýna fram á að uppsögn eða meint óréttlæti grundvallist ekki á leiðréttingarkröfu starfsmanns eða kæru um kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Þetta gildir ekki ef uppsögnin á sér stað meira en einu ári eftir að starfsmaðurinn setti fram leiðréttingarkröfu á grundvelli laga þessara.

26. gr.

Menntun.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Skólastjórnandi skal gæta þess að nemandi sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

27. gr.

Bann við afsali réttar.

Óheimilt er að afsala sér þeim réttindum sem kveðið er á um í lögum þessum.

V. KAFLI

Viðurlög.

28. gr.

Bætur fyrir fjártjón og miska.

Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, bætur vegna miska.

29. gr.

Sektir.

Brot gegn 13.–15. gr., 17.–18. gr. og 22.–25. gr. laganna varða sektum sem renna í ríkissjóð.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

30. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fær núverandi Jafnréttisráð ný verkefni, sbr. 8. gr., og starfar þar til nýtt Jafnréttisráð hefur verið skipað, sbr. 7. gr.

Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi kærunefndar jafnréttismála. Félagsmálaráðherra skal skipa kærunefnd jafnréttismála sem tekur við verkefnum fráfarandi nefndar. Við gildistöku laganna skal ráðherra skipa einn fulltrúa kærunefndar jafnréttismála, án tilnefningar, til þriggja ára. Hæstiréttur skal tilnefna tvo fulltrúa, formann til fjögurra ára og varaformann til tveggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félagsmálaráðherra skipaði í júní 1998 nefnd sem falið var að endurskoða núgildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991. Nefndina skipuðu: Árni M. Mathiesen alþingismaður, Elín R. Líndal, formaður Jafnréttisráðs, Elsa S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, og Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem var formaður nefndarinnar. Starfsmaður nefndarinnar var Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

Umboð nefndarinnar til endurskoðunar laganna var rúmt en lögð var áhersla á að hún fengi athugasemdir og hugmyndir sem víðast að. Þá var nefndinni ætlað að skoða sérstaklega frumvörp sem lögð höfðu verið fram á 122. löggjafarþingi til breytinga á lögunum.

Stjórnarfrumvarp til jafnréttislaga var lagt fram á 123. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það var tekið til endurskoðunar í félagsmálaráðuneytinu eftir umfjöllun þess á þinginu og hefur það sætt þónokkrum breytingum frá upphaflega frumvarpinu.

Meginástæðan fyrir endurskoðun laganna var tvíþætt, annars vegar þær breytingar sem orðið hafa í jafnréttismálum, jafnt breytingar á verkefnum og aðferðafræði, frá því að núgildandi lög tóku gildi og hins vegar sú staðreynd að þrátt fyrir lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur lítið miðað í jafnréttisátt á ýmsum mikilvægum sviðum samfélagsins. Því var auðsætt að við endurskoðunina þurfti bæði að athuga skipan jafnréttismála í stjórnsýslunni og afmörkun þeirra verkefna sem vinna skyldi að.

Lögð var áhersla á að jafnréttismál þurfa að vera viðfangsefni beggja kynja, enda muni bæði kynin njóta góðs af auknu jafnrétti í samfélaginu. Fram til þessa hafa konur verið mun virkari í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna en undanfarin ár hafa karlar kvatt sér hljóðs og krafist réttar síns á eigin forsendum. Grunntónninn í jafnréttissamfélagi er að konum og körlum séu sköpuð jöfn tækifæri til að nýta krafta sína sjálfum sér og samfélaginu til góða og að fólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Í þessu sambandi er þó mikilvægt að hafa hugfast að sérstakt tillit til kvenna við þungun og barnsburð telst ekki mismunun. Hið sama á við um sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu kvenna eða karla til að koma á jafnrétti kynjanna.

Við samningu frumvarpsins var sérstaklega hugað að skyldum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist á grundvelli EES-samningsins. Tilskipanir Evrópusambandsins sem eru þegar orðnar hluti samningsins og varða efni frumvarpsins voru sérstaklega skoðaðar við gerð þess. Um er að ræða eftirtaldar tilskipanir: Tilskipun um samræmingu á lögum aðildarríkjanna er varða beitingu meginreglunnar um sömu laun karla og kvenna, nr. 75/117, tilskipun um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkun, sem og varðandi starfskjör, nr. 76/207, tilskipun um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti, nr. 92/85, tilskipun um rammasamning um foreldraorlof, nr. 96/34, sem Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE),

Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) og Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) stóðu að, og tilskipun um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis, nr. 97/80. Þá hafði nefndin alþjóðlega sáttmála, framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var í Peking 1995 og Norrænu samstarfsáætlunina í jafnréttismálum 1995–2000 til hliðsjónar við gerð frumvarpsins.

Norðurlönd eru í fararbroddi í jafnréttismálum og samstarf þeirra í málaflokknum hefur verið mikið um langt skeið. Þrátt fyrir samvinnuna er nokkur munur á hvernig tekið hefur verið á jafnréttismálum í þessum löndum. Alls staðar hefur þó verið komið á sérstakri skipan innan stjórnsýslunnar til að fjalla um jafnrétti kynjanna og sett hafa verið sérstök jafnréttislög. Á undanförnum árum hafa flest landanna haft skipan sína og lög til endurskoðunar.

Uppbygging frumvarpsins er ólík uppbyggingu núgildandi laga. Ákvæði um skipan jafnréttismála í stjórnsýslunni eru sett í sérstakan kafla, um réttindi og skyldur er fjallað í öðrum kafla og bannákvæði eru í sérstökum kafla. Þá er í frumvarpinu sérkafli um viðurlög.

Helstu nýmæli frumvarps þessa eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að jafnréttismálin heyri áfram undir félagsmálaráðuneytið en sérhvert ráðuneyti skipi jafnréttisfulltrúa sem hafi umsjón með jafnréttismálum á málasviði ráðuneytis síns. Þetta er gert til að styrkja jafnréttisstarf á öllum sviðum samfélagsins, enda varðar jafnrétti kynjanna alla málaflokka ef grannt er skoðað. Ekki er gert ráð fyrir að ráða þurfi nýja starfsmenn í ráðuneytin vegna þessa heldur mætti fela einhverjum núverandi starfsmanna verkefnið.
2. Lagt er til að Skrifstofa jafnréttismála, sem samkvæmt núgildandi lögum er skrifstofa Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála, verði sérstök stofnun sem heyri undir félagsmálaráðuneytið og fái skilgreind verkefni. Meginbreytingin sem í þessu felst er að verkefnin sem samkvæmt núgildandi lögum eru á ábyrgð Jafnréttisráðs, sem skipað er fulltrúum hagsmunasamtaka og aðilum vinnumarkaðarins, verða falin stofnun til framkvæmda. Í ljósi þess að undanfarin ár hafa stjórnvöld í síauknum mæli ákveðið eða skuldbundið sig til að sinna ákveðnum verkefnum í jafnréttismálum þykir rétt að leggja til að jafnréttisstofnun stjórnvalda, Skrifstofa jafnréttismála, heyri beint undir ráðuneyti en sé ekki stjórnað af fjölskipaðri nefnd. Samkvæmt frumvarpinu flytjast verkefni Jafnréttisráðs til Skrifstofu jafnréttismála, sem auk þess fær skilgreint eftirlitshlutverk með framkvæmd laganna. Er henni jafnframt sérstaklega ætlað að örva jafnréttisstarf karla. Jafnframt ber að vekja athygli á að hið breytta fyrirkomulag á skipulagi Skrifstofu jafnréttismála kemur ekki í veg fyrir að skrifstofan ásamt Jafnréttisráði og kærunefnd jafnréttismála samnýti starfs- og fundaraðstöðu.
3. Jafnréttisráð verði áfram skipað með svipuðum hætti og tíðkast hefur hingað til. Þó er lagt til að fjármálaráðuneytið bætist við sem tilnefningaraðili í ljósi þess hversu stór atvinnurekandi það er. Ástæða þessa er að í frumvarpinu er lagt til afmarkaðra verkefnasvið Jafnréttisráðs sem snýr að jafnréttismálum á vinnumarkaði er verður að teljast mjög mikilvægt verkefni í íslensku samfélagi. Enn fremur er lagt til að Háskóli Íslands tilnefni einn nefndarmanna en Rannsóknarstofa í kynjafræðum hefur á undanförnum árum lagt drjúgt af mörkum í kynjarannsóknum sem hafa skilað mikilsverðum upplýsingum um líf kynjanna í þjóðfélaginu. Þá er lagt til að Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands tilnefni sameiginlega einn aðila. Þessi breyting er einkum gerð í samræmi við breytt hlutverk Jafnréttisráðs í frumvarpinu en þessi tilhögun á sér danska fyrirmynd.
4. Í frumvarpinu er lagt til að stjórnendur stofnana eða fyrirtækja þar sem fleiri en 25 manns starfa skuli gera jafnréttisáætlanir sem taki m.a. til launa og almennra starfskjara

eða kveði sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Ákvæði sem þetta er að finna í lögum annars staðar á Norðurlöndum og hefur sýnt sig að jafnréttisáætlanir eru kjörin leið til að þróa starfsemi stofnana og fyrirtækja í jafnréttisátt.

5. Í frumvarpinu er að finna ákvæði um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs er viðfangsefni í norrænni samvinnu, hjá Evrópuráðinu, Evrópusambandinu og hjá Sameinuðu þjóðunum. Með auknum kröfum kvenna um að vera fullgildir þátttakendur í atvinnulífinu og kröfu karla til að fá að njóta fjölskyldulífs hefur jafnréttisumræðan tekið á sig nýja mynd sem gæti skilað okkur í átt til samfélags sem hentar báðum kynjum og tekur tillit til fjölþættra þarfa og langana þegnanna allra.
6. Í frumvarpinu er kynferðisleg áreitni skilgreind og skilgreindar ákveðnar skyldur atvinnurekenda og skólastjórnenda til að koma í veg fyrir hana, svo og hvernig staðið skuli að meðferð máls komi slíkt upp á vinnustað eða í skóla.
7. Menntamálaráðherra er í frumvarpinu gert að fara með jafnréttismál er varða menntun eins og verið hefur, en auk þess félags- og íþróttastarf. Sérstaklega er kveðið á um rannsóknir í kynjafræðum og er það í fyrsta sinn sem slíkt er gert í lögum. Rannsóknir í kynjafræðum eru rannsóknir á lífi og starfi kynjanna og stöðu þeirra í samfélaginu. Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegur grunnur fyrir allt jafnréttisstarf.
8. Í frumvarpinu er sérstakt ákvæði um greiningu tölfræðiupplýsinga eftir kynjum. Er þetta gert í ljósi þess hve mikilvægt það er í öllu jafnréttisstarfi að upplýsingar um stöðu kynjanna í samfélaginu séu nákvæmar og aðgengilegar. Á þetta hefur sérstaklega verið bent í samþykktum Sameinuðu þjóðanna og í norrænu samstarfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að markmið laganna verði að koma á jafnrétti og veita konum og körlum jöfn tækifæri. Jafnframt er það markmið laganna að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Framangreind markmið eru í samræmi við mannréttindakafla stjórnarskrárinnar þar sem sérstaklega er kveðið á um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna.

Enn fremur er lagt til að lögfestar verði leiðir sem hafa skal til hliðsjónar við að ná markmiðum laganna. Lögð er áhersla á að jafnréttissjónarmiða verði gætt í starfi á öllum sviðum samfélagsins og um leið að unnið verði að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun þess. Konur og karlar hafa um margt ólíkar forsendur og reynslu. Því er talið nauðsynlegt að sjónarmið beggja kynja fái notið sín við stjórnun samfélagsins.

Jafnrétti kynjanna verður ekki komið á nema bæði konum og körlum verði sköpuð tækifæri til þess að samræma launavinnu og einkalíf, þar á meðal foreldrahlutverkið. Því er lagt til að samræming fjölskyldu- og atvinnulífs verði eitt af meginviðfangsefnum jafnréttisstarfsins. Nauðsynlegt er að tekið sé tillit til þess að bæði konur og karlar eiga börn og er mikilvægt að veita báðum kynjum jafna möguleika til að njóta og axla ábyrgð á uppeldi og umönnun jafnframt því að fá að taka virkan þátt í atvinnulífi.

Síðustu ár hafa komið fram nýjar áherslur í jafnréttismálum þar sem m.a. er lögð áhersla á að jafnréttismál séu mál samfélagsins í heild en ekki eingöngu sérstakt viðfangsefni kvenna. Þrátt fyrir þessar breyttu áherslur þykir enn nauðsynlegt að leggja sérstaka áherslu á bætta stöðu kvenna enda sýna kannanir og rannsóknir að á þær hallar.

Á undanförnum árum hefur þekking og reynsla þeirra sem látið hafa sig jafnréttismál varða aukist hraðfara. Mikilvægt er að sérþekking þessi nýtist í jafnréttisstarfi og því er lagt til að fræðsla um jafnréttismál verði efld til að ná markmiði laganna. Nauðsynlegt er að upp-

lýsingum sé miðlað til almennings. Þá er einnig mikilvægt að kynna yfirmönnum og stjórnendum stofnana og fyrirtækja færar leiðir í átt til aukins jafnréttis. Grundvöllur markviss jafnréttisstarfs er að í samfélaginu séu til áreiðanlegar upplýsingar um stöðu kynjanna og því er lagt til að áhersla verði lögð á að greina tölfræðiupplýsingar eftir kynjum. Rannsóknir í kynjafræðum eru einnig mikilvægur grundvöllur fyrir markvissu jafnréttisstarfi og því lagt til að slíkar rannsóknir verði efldar.

Um 2. gr.

Lagt er til að yfirstjórn jafnréttismála verði áfram í höndum félagsmálaráðherra en aðrir ráðherrar fari með framkvæmd laganna á tilteknum sviðum þegar það er sérstaklega tekið fram. Í samræmi við það er lagt er til að Skrifstofa jafnréttismála annist stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

Um 3. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnun Skrifstofu jafnréttismála verði lögfest en undanfarin ár hefur skrifstofa Jafnréttisráðs og skrifstofa kærunefndar jafnréttismála skv. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 28/1991 verið starfrækt undir heitinu Skrifstofa jafnréttismála. Þá er lagt til að skrifstofan verði styrkt í sessi og að hún heyri beint undir félagsmálaráðuneytið. Í samræmi við það er lagt til að félagsmálaráðherra skipi framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála sem annist daglega stjórnun og ráði starfsfólk hennar.

Í 3. mgr. eru tiltekin þau verkefni sem lagt er til að Skrifstofa jafnréttismála annist en upptalningin er þó ekki tæmandi. Nokkur þessara verkefna eru í núgildandi lögum á verksviði Jafnréttisráðs. Skv. 1. tölul. 16. gr. þeirra laga skal Jafnréttisráð vinna að því að efnisákvæðum laganna verði framfylgt. Hér er lögð til nokkur áherslubreyting í a-lið 3. gr. frumvarpsins þar sem fastar er kveðið að orði hvað varðar eftirlitshlutverk skrifstofunnar. B-liður 3. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 4. tölul. 16. gr. laga nr. 28/1991, en ekki þykir ástæða til að takmarka fræðslu- og upplýsingastarfsemi skrifstofunnar við félagasamtök og almenning eins og þar er gert. C-liður greinarinnar er efnislega samhljóða 3. tölul. 16. gr. laga nr. 28/1991, en lagt er til að ráðgjafarhlutverk skrifstofunnar nái einnig til einstaklinga en ekki einungis til stjórnvalda, stofnana og félaga. Efnisatriði d-, f- og h-liða greinarinnar er að finna í 5. og 7. tölul. 16. gr. gildandi laga, nr. 28/1991.

Auk þessara verkefna eru Skrifstofu jafnréttismála lögð til ný verkefni. Lagt er til í e-lið greinarinnar að skrifstofan skuli auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi. Er þetta gert í ljósi breyttra áherslna í umræðu um jafnréttismál á undanförnum árum. Sjónum er nú í auknum mæli beint að stöðu karla og mikilvægi þess að þeir taki sjálfir þátt í að móta samfélag sem grundvallast á jafnrétti sem hentar báðum kynjum. Jafnframt er lagt til í g-lið greinarinnar að Skrifstofa jafnréttismála verði jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum innan handar ef þess gerist þörf.

Lagt er til að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum verði gert skylt að veita Skrifstofu jafnréttismála allar nauðsynlegar upplýsingar svo hún geti sinnt verkefnum sínum skv. 3. mgr. greinarinnar. Ákvæðið er efnislega samhljóða 7. tölul. 16. gr. núgildandi laga.

Um 4. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi kærunefnd jafnréttismála og að staðið verði að skipan hennar á sama hátt og skipan nefndarinnar í núgildandi lögum, sbr. 19. gr. laga nr. 28/1991. Lögð er til sú breyting að við fyrstu skipun í nefndina, ef frumvarpið verður að lög-

um, verði skipunartími nefndarmanna mislangur þannig að hann renni ekki út á sama tíma. Er þannig gert ráð fyrir að árlega verði skipaður einn nefndarmaður en skipunartími hvers og eins verði eftir sem áður þrjú ár. Nefndin skal taka mál til meðferðar og gefur hún álit um hvort brotið hafi verið í bága við lögin. Kærunefndin er ekki bær til að ákvarða um fjártjón og miska.

Lagt er til að kærunefndin verði áfram sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem gefi álit um ágreiningsefni málsaðila og að álit hennar verði ekki kæranleg til æðra stjórnvalds. Þetta fyrirkomulag kemur þó ekki í veg fyrir að aðilar geti lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti sætti þeir sig ekki við niðurstöðu kærunefndar, sbr. 5. mgr. greinarinnar.

3. mgr. er efnislega samhljóða lokamálslið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 28/1991.

4. mgr. er efnislega samhljóða 20. gr. gildandi laga, nr. 28/1991.

Í 6. mgr. er kveðið á um að kærunefnd jafnréttismála gefi árlega út álit sín en þau hafa áður verið gefin út. Er því verið að festa betur í sessi og fá reglu á það fyrirkomulag sem þegar er viðhaft.

Í 7. mgr. er kveðið á um að kostnaður af störfum nefndarinnar verði greiddur úr ríkissjóði eins og nú er gert. Jafnframt er lagt til að félagsmálaráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um störf nefndarinnar og skrifstofuhald.

Um 5. gr.

Ákvæðið er nýmæli en það varðar aðild, kærufresti og málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála. Í 1. mgr. er sagt til um hverjir geti átt aðild að málum sem lögð eru til úrlausnar kærunefndar. Er þar jafnframt lagt til að nefndin geti samkvæmt ábendingum annarra tekið mál til meðferðar.

Í 2. mgr. er lagt til að tekinn verði upp eins árs frestur til að skila inn erindi til kærunefndar sem byrji að líða er ætlað brot lá fyrir eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot. Lagt er til að þegar rökstuðnings er leitað á grundvelli stjórnsýslulaga byrji frestur inn að líða þegar rökstuðningurinn liggur fyrir.

Í 3. mgr. er lagt til að Skrifstofa jafnréttismála geti leitað atbeina kærunefndar þegar sérstaklega stendur á og óskað eftir að hún taki erindi til umfjöllunar. Er hér einkum átt við tilvik þar sem skrifstofan hefur fengið vitneskju um ætlað brot á lögunum í gegnum starfsemi sína.

Í 4. mgr. er fjallað um málsmeðferð fyrir kærunefndinni. Lagt er til að hún skuli að jafnaði vera skrifleg en þó geti nefndin kallað málsaðila á sinn fund. Að öðru leyti fari um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum nefndarinnar.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli en með henni er upplýsingaöflun kærunefndar jafnréttismála settar skýrari reglur en gert er í gildandi lögum. Í 2. málsl. 2. mgr. 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991, er kveðið á um upplýsingagjöf til kærunefndar jafnréttismála, en þar segir: „Atvinnurekendum, opinberum stofnunum, félagasamtökum og öðrum þeim er upplýst geta málið er skylt að veita kærunefnd hvers konar upplýsingar hér að lútandi.“ Í frumvarpinu er mun skýrar kveðið á um með hvaða hætti upplýsingaöflun kærunefndar skal fara fram.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja andmælarétt aðila máls sem og að mál verði nægjanlega upplýst áður en kærunefnd jafnréttismála gefur álit sitt í máli. Í 2. mgr. er nefndinni tryggður réttur til að krefjast gagna, telji hún að þau geti haft áhrif á niðurstöðu máls, hafi slík krafa

komið frá gagnaðilum. Er það nefndarinnar að meta hvort hún telur að þörf sé á slíku eða það nauðsynlegt.

Í 3. mgr. er lagt til að kærunefndin geti krafist frekari gagna telji hún málið ekki nægjanlega upplýst. Á þetta að koma í veg fyrir að kærunefndin þurfi að vísa málum frá vegna skorts á upplýsingum.

Í 4. mgr. er lagt til að kveðið verði á um þagnarskyldu nefndarmanna ef nefndin fær í hendur gögn sem varða laun, önnur starfskjör eða réttindi einstaklinga. Mikilvægt er einnig að tryggja að hlutaðeigandi fái vitneskju um að tiltekin gögn hafi verið veitt nefndinni

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að Jafnréttisráð verði skipað á svipaðan hátt og verið hefur. Félagsmálaráðherra skipar sjö aðila í ráðið að afloknum alþingiskosningum. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal sá vera formaður ráðsins. Lagt er til að Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ásamt Vinnuveitendasambandi Íslands, sem nú nefnist Samtök atvinnulífsins eftir sameiningu við Vinnumálasamband Íslands, verði áfram tilnefningaraðilar. Þá er lagt til að fjármálaráðuneytið bætist við sem tilnefningaraðili í ljósi þess hversu stór atvinnurekandi það er. Er þetta einkum gert vegna þeirra markmiða sem Jafnréttisráði eru sett í frumvarpinu. Sú breyting er jafnframt lögð til að Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands tilnefni sameiginlega einn aðila í Jafnréttisráð. Er þessi breyting frá gildandi lögum einkum gerð í ljósi hins breytta hlutverks sem Jafnréttisráð hefur í frumvarpinu. Þessi tilhögun á sér danska fyrirmynd en í frumvarpi til nýrra jafnréttislaga í Danmörku er lagt til að samsvarandi aðilar skipi sameiginlega í nefnd er svarar til Jafnréttisráðs (*Bestyrelse for Videncenter for Ligestilling*). Að síðustu er lagt til að Háskóli Íslands verði tilnefningaraðili en Rannsóknarstofa í kynjafræðum hefur á undanförnum árum lagt drjúgt af mörkum í kynjarannsóknum sem hafa skilað mikilsverðum upplýsingum um líf kynjanna í samfélaginu. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Í 2. mgr. er kveðið á um að tilnefningaraðilar tilnefni tvo aðila, karl og konu. Skal félagsmálaráðherra gæta þess við skipun í ráðið að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Er þetta í samræmi við tilgang 20. gr. frumvarpsins um þátttöku í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera.

Í 3. mgr. er kveðið á um að kostnaður af störfum Jafnréttisráðs greiðist úr ríkissjóði eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Jafnframt er kveðið á um að félagsmálaráðherra geti með reglugerð sett nánari reglur um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald.

Um 8. gr.

Verkefnasvið Jafnréttisráðs er mun afmarkaðra en verið hefur enda hefur Skrifstofa jafnréttismála tekið við fyrra hlutverki þess. Jafnréttisráði er með frumvarpi þessu ætlað að beina sjónum að stöðu kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði. Þettar er mikilvægt og brýnt verkefni en jafnrétti á vinnumarkaði er lykilþáttur í frekara jafnrétti kynjanna á öðrum sviðum samfélagsins.

Um 9. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 17. gr. gildandi jafnréttislaga. Sú nýbreytni er þó lögð til að gert verði að skilyrði að félagsmálaráðherra leggi þingsályktunartillögu um áætlun í jafnréttismálum fram eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar. Markmið þessa er að tryggja að hver ríkisstjórn geri jafnréttisáætlun í formi þingsályktunar sem gildi á kjörtímabili henn-

ar. Um leið er komið í veg fyrir að jafnréttisáætlanir fráfarandi stjórnar gildi langt fram á kjörtímabil nýkjörinnar stjórnar þegar stjórnarskipti verða við alþingiskosningar.

Enn fremur er lögð til sú breyting að félagsmálaráðherra skuli ekki eingöngu leggja fram skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við endurskoðun þingsályktunarinnar heldur einnig þegar þingsályktunartillaga um áætlun í jafnréttismálum er fyrst lögð fram á Alþingi á hverju kjörtímabili. Markmiðið með þessu er að auðvelda þingmönnum sem og öðrum að fylgjast með hverju fram vindur í jafnréttismálum.

Um 10. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi jafnréttislaga, en orðalagi greinarinnar er breytt til að gera ákvæðið skýrara. Sú breyting er þó lögð til að felld verði út viðmiðun við 500 íbúa, en í stað þess skuli öll sveitarfélög skipa jafnréttisnefndir. Í þessu tilliti er rétt að vekja athygli á heimildarákvæði 41. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, um sameiningu nefnda. Þar er sveitarstjórnum gefin heimild til að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði, en eðli málsins samkvæmt á sú heimild fyrst og fremst við um fámennari sveitarfélög. Þá er lagt til að jafnréttisnefndirnar verði ekki stærri en þriggja til fimm manna.

Um 11. gr.

Í þessari grein er lagt til að sérhvert ráðuneyti skipi jafnréttisfulltrúa sem fjalli um og hafi eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði viðkomandi ráðuneytis. Ekki er sérstaklega gert ráð fyrir að ráða þurfi nýja starfsmenn í ráðuneytin vegna þessa heldur mætti fela einhverjum núverandi starfsmanna verkefnið.

Um 12. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 18. gr. gildandi jafnréttislaga. Lögð er þó til sú breyting að ráðnir verði jafnréttisráðgjafar sem vinni að tímabundnum verkefnum er lúta að jafnréttismálum á tilteknu sviði og/eða á tilteknu landsvæði.

Um 13. gr.

1. mgr. ákvæðisins er samhljóða 5. gr. gildandi jafnréttislaga.

Í 2. mgr. er lagt til að gert verði að skilyrði að fyrirtæki og stofnanir sem hafa fleiri en 25 starfsmenn geri sér jafnréttisáætlun eða kveði sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Jafnréttisáætlun er markviss stefna og verkefnaskrá fyrirtækis eða stofnunar um hvernig jafnrétti kynjanna verði náð. Í áætluninni eða í starfmannstefnunni skal m.a. tilgreina aðgerðir til að tryggja konum og körlum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, starfsþjálfunar og endurmenntunar. Jafnframt á slík jafnréttisáætlun eða starfsmannastefna að taka á vandamálum sem lúta að kynferðislegri áreitni. Síðast en ekki síst eru jafnréttisáætlun og vel skilgreind starfsmannastefna aðferðir til að koma á nauðsynlegum ráðstöfunum til að gera starfsmönnum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þegar jafnréttisáætlun eða starfsmannastefna er gerð er mikilvægt að til sé úttekt á stöðu kynjanna innan viðkomandi fyrirtækja eða stofnana.

Meginmarkmiðið með jafnréttisáætlun og jafnréttismiðaðri starfsmannastefnu er að atvinnurekendur geti nýtt sér hæfileika og færni allra starfsmanna sinna á sem bestan hátt um leið og þeim hindrunum sem geta verið í vegi bæði karla og kvenna er rutt úr vegi. Aðgerðaráætlun og reglubundið mat á árangri er eðlilegur þáttur í jafnréttisáætlun sem og í starfsmannastefnu.

Um 14. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 4. gr. gildandi jafnréttislaga en orðalagi hennar hefur verið breytt til að gera ákvæðið skýrara. Ákvæði 1. mgr. er ætlað að tryggja að konur og karlar njóti sömu launa og sömu kjara fyrir sömu störf og fyrir ólík störf sem metin eru jafnverðmæt og sambærileg. Sú breyting er lögð til á orðalagi 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga að bætt verði inn í 1. mgr. orðunum „er starfa hjá sama atvinnurekanda“.

Enn fremur er lögð til sú breyting á skilgreiningu um laun í 2. mgr. greinarinnar að í stað orðalagsins „venjulegt grunn- eða lágmarkskaup“ komi „almennt endurgjald“.

Í núgildandi lögum eru jöfn laun karla og kvenna skilgreind í 3. mgr. 4. gr. Með þessu frumvarpi er lögð til breytt skilgreining á jöfnun launum karla og kvenna í 3. mgr. þessarar greinar. Með henni yrði atvinnurekanda skylt að sjá til þess að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir bæði kynin og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun leiði hvorki beint né óbeint til kynbundins launamisréttis.

4. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 4. gr. gildandi laga. Í þeim tilgangi að gera ákvæðið skýrara er lagt til að orðalagið „auk launa“ verði fellt inn í málsgreinina. Undir „kjör“ samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins falla m.a. fæðingarorlof, foreldraorlof og námsleyfi.

Um 15. gr.

1. mgr. ákvæðisins er samhljóða 7. gr. núgildandi laga.

2. mgr. er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga en orðalagi hennar er þó breytt. Í stað orðsins „framhaldsmenntunar“ kemur „endurmenntunar“ og kveðið er á um skyldur atvinnurekenda.

Um 16. gr.

Lagt er til að atvinnurekandi geri nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þetta ákvæði er nýmæli og er í samræmi við stefnu Evrópusambandsins, sem og markmið samstarfs Norðurlanda í jafnréttismálum. Ákvæði sama efnis er einnig í 27. gr. félagsmálasáttmála Evrópu.

Nauðsyn þess að slíkt ákvæði sé að finna í jafnréttislögum kemur einkum fram í því að sú hlutverkaskipting sem lengi hefur viðgengist hamlar báðum kynjum í einkalífi og á vinnumarkaði. Sú mikla áhersla sem í áranna rás hefur verið lögð á fyrirvinnuhlutverk karla skyggir á hlutverk og skyldur föður sem uppalanda. Vegna þessa og með aukinni atvinnuþátttöku kvenna hafa komið fram auknar kröfur um að atvinnurekendur geri ráðstafanir til að gera bæði körlum og konum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu sinni. Er því mikilvægt að vinnumarkaðurinn lagi sig að þeirri staðreynd að bæði kynin hafi á ákveðnu tímabili í lífi sínu ríkum skyldum að gegna gagnvart börnum og fjölskyldulífi. Með skyldum gagnvart fjölskyldu er ekki einungis átt við skyldur foreldra við börn sem eru háð þeim um afkomu heldur einnig við önnur náin skyldmenni sem augljóslega þarfnast umönnunar eða uppihalds.

Ein leiðanna að þessu markmiði er að auka sveigjanleika við skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að hagsmunir allra séu hafðir að leiðarljósi. Sem dæmi má taka að erfitt er fyrir foreldra ungra barna að vera á fundum á þeim tíma sem sækja þarf börn á leikskóla. Þá geta stjórnendur fyrirtækis hvatt foreldra til að skipta veikindadögum barns á milli sín ef þau eru bæði útivinnandi. Jafnframt er mikilvægt að auðvelda starfsmönnum að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Æskilegt er að setja fram aðgerðir sem stefna að settu marki í jafnréttisáætlanir eða í starfsmannastefnur fyrirtækja eða stofnana ef starfsmenn eru fleiri en 25. Í

smærri fyrirtækjum eða stofnunum er nauðsynlegt að starfsmönnum sé kynnt stefnan á skýran og skilmerkilegan hátt.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að atvinnurekendum verði gert skylt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Evrópusambandið hefur um margt verið leiðandi í baráttunni gegn kynferðislegri áreitni og hefur hvatt aðildarríki sín til að vinna ötullega að framgangi þessara mála. Ákvæði frumvarpsins er í samræmi við stefnu Evrópusambandsins í jafnréttismálum. Árið 1990 samþykkti ráðherranefndin ályktun um vernd mannvirðingar kvenna og karla á vinnustað. Þar er aðildarríkjum og stofnunum Evrópusambandsins gert að sjá til þess að atvinnurekendur beri ábyrgð á að kynferðisleg áreitni líðist ekki á vinnustað.

Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í 26. gr. félagssáttmála Evrópu um rétt til mannlegrar reisnar í starfi. Þar kemur fram að stuðla skuli að bættri meðvitund og upplýsingum um kynferðislega áreitni á vinnustað. Auk þess skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda launafólk fyrir slíkri háttsemi. Í þessu sambandi er almennt lögð mikil áhersla á ábyrgð atvinnurekenda og skólastjórnenda.

Mikilvægt er að brugðist sé við af þekkingu og að tryggt sé að starfsfólk sé nægjanlega upplýst til að takast rétt og málefnalega á við vandann. Sem dæmi um sérstakar ráðstafanir sem atvinnurekendur og skólastjórnendur geta gert til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað og í skólum er m.a. að lýst sé yfir að allir starfsmenn eigi rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Jafnframt sé gefið skýrt til kynna að kynferðislegri áreitni sé með öllu hafnað og verði ekki liðin og að starfsmenn sem verði fyrir slíkri framkomu hafi rétt til að kæra viðkomandi háttsemi. Nauðsynlegt er að stjórnendur taki ákveðið á málum í samvinnu við starfsmenn sína og hagsmunasamtök þeirra.

Víða í nágrannalöndunum hefur þótt ástæða til að setja sérstakar reglur um kynferðislega áreitni á vinnustað. Er tilgangur þeirra að koma í veg fyrir að fólki sé mismunað eftir kynferði þegar teknar eru ákvarðanir um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Í Svíþjóð hafa verið sett ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislög en í Noregi er slík ákvæði að finna í lögum um vinnuvernd. Skilgreining á því hvað felst í kynferðislegri áreitni er vandasöm. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gert tillögur um leiðbeiningarreglur til verndar launþegum þar sem m.a. kynferðisleg áreitni er skilgreind. Sú skilgreining var lögð til grundvallar við gerð frumvarpsins. Megineinkenni kynferðislegrar áreitni er að um óvelkomna kynferðislega hegðun er að ræða að mati þess sem fyrir henni verður og að hegðuninni sé framhaldið þrátt fyrir að skýrt hafi verið gefið til kynna að hún sé óvelkomin.

Vakin er athygli á því að ákvæðið nær einungis til ábyrgðar atvinnurekenda og skólastjórnenda á að kynferðisleg áreitni verði ekki látin viðgangast á vinnustað eða í skóla en sá sem beitir annan einstakling kynferðislegri áreitni getur orðið refsiábyrgur samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, ásamt síðari breytingum.

Lagt er til í 3. mgr. að eitt tilvik geti talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt. Væri það kærunefndar jafnréttismála og dómstóla að meta hvenær tilvik telst falla undir þetta ákvæði.

Tilgangur 4. mgr. ákvæðisins er að tryggja kæranda vernd á meðan rannsókn stendur yfir. Þrátt fyrir að ekki sé átt við ákvörðun í því máli sem snýr beint að ákærunni þykir ástæða til að efast um hlutleysi viðkomandi yfirmanns eða stjórnanda í eftirfarandi samskiptum aðila málsins. Reynslan hefur sýnt að óvarlegt er að treysta dómgreind manns þegar málið varðar

hann beint og verður að líta svo á að sama eigi við um mál þar sem sömu aðilar eiga í hlut á meðan rannsókn stendur yfir.

Um 18. gr.

Ákvæðið er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 19. gr.

Efni 1. og 3. mgr. er að finna í 1. mgr. 10. gr. gildandi laga, og 2. mgr. greinarinnar er samhljóða 2. mgr. 10. gr. gildandi laga. Hins vegar er 4. mgr. greinarinnar nýmæli, en þar er lagt til að þess skuli sérstaklega gætt að rannsóknir í kynjafræðum verði efldar og kynntar almenningi í gegnum skólastarf og fjölmiðla. Er þetta í samræmi við e-lið 1. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er Háskóla Íslands falin ábyrgð á framkvæmd 4. mgr., en menntamálaráðherra ber að öðru leyti ábyrgð á framkvæmd greinarinnar. 3. málsl. 5. mgr. er nýmæli, en þar er sérstaklega lagt til að menntamálaráðuneytið fylgist með að jafnréttis kynja sé gætt í íþrótta- og tómstundastarfi.

Um 20. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin kveður á um greiningu tölfræðiupplýsinga eftir kynjum. Eins og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er söfnun og meðferð upplýsinga um stöðu kynjanna í samfélaginu hornsteinn markviss jafnréttisstarfs. Í norrænu samstarfi og starfi Sameinuðu þjóðanna að jafnréttismálum hefur ítrekað verið bent á mikilvægi þessa. Þótt margt hafi áunnist í þessum efnum hér á landi vantar enn nokkuð á að fullnægjandi upplýsingar um stöðu kynja á öllum sviðum samfélagsins séu tiltækar. Er mikilvægt að greining tölfræðiupplýsinga eftir kynjum verði sjálfsagður hluti opinberrar hagskýrslugerðar þar sem við á. Því þótti rétt að hafa þetta ákvæði í frumvarpinu. Ákvæðið tekur til söfnunar gagna, úrvinnslu þeirra og birtingar upplýsinga. Frá þessu getur þó þurft að víkja í sérstökum tilvikum, svo sem þegar í húfi eru hagsmunir er tengjast persónu manna, ef mjög fáir einstaklingar eiga í hlut eða ef ekki er hægt samkvæmt eðli máls að greina upplýsingar eftir kyni.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er að finna ákvæði er varða bann við mismunun vegna kynferðis. Bannið tekur bæði til beinnar mismununar og óbeinnar. Ákvæði er um almennt bann við slíkri mismunun og til að útrýma henni er áfram lögð til heimild til sérstakra tímabundinna aðgerða.

Um 22. gr.

Greinin er sambærileg 3. gr. gildandi laga, en lagðar eru til mikilvægar breytingar frá því sem nú er. Í gildandi lögum eru sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna ekki taldar ganga gegn þeim lögum. Sú breyting er gerð frá núgildandi lögum að lagt er til að heimilt verði að beita sérstökum tímabundnum aðgerðum til að rétta hlut karla jafnt sem kvenna á tilteknum sviðum samfélagsins. Líklegt er þó að ákvæðinu yrði fyrst og fremst beitt í þágu kvenna þar sem enn er þörf margþættra aðgerða til að tryggja konum raunverulega jafna stöðu á við karla. Auk þess er lagt til að sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem auki möguleika kvenna eða karla á

tilteknum sviðum samfélagsins, verði ekki taldar ganga gegn jafnréttislögum, enda sé til þeirra gripið til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna.

Í greininni er einnig lögð til sú breyting frá gildandi lögum að banni við óbeinni mismunun verði bætt inn í ákvæðið í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis, nr. 97/80. Skv. 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar er óbein mismunun talin vera fyrir hendi þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema að slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Augljósustu dæmi undantekningarinnar í niðurlagi skilgreiningarinnar eru störf leikara og baðvarða.

Um 23. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að 6. gr. gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991, verði skipt í tvennt og er 1. mgr. þessarar greinar efnislega samhljóða 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er lagt til að sama sönnunarreglan gildi fyrir kærunefnd jafnréttismála og dómstólum í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 87/80. Réttarfarsnefnd dómsmálaráðuneytis hefur fengið tilskipunina til skoðunar og er það niðurstaða nefndarinnar að hún sé í öllum meginatriðum í samræmi við ólögfestar grunnreglur um sönnun sem íslenskir dómstólar beita við úrlausn einkamála, þar á meðal þeirra sem lúta að jafnrétti kvenna og karla. Tilskipunin tekur til málsmeðferðar fyrir þar til bærum stjórnvöldum og dómstólum. Skv. 4. gr. hennar skulu aðildarríkin gera ráðstafanir sem tryggja að þeir sem telja sig misrétti beitta vegna kynferðis síns og geta sýnt fram á líkur á beinni eða óbeinni mismunun þurfi ekki að sanna að svo sé, heldur sé það þá atvinnurekanda að sanna að meginreglan um jafnrétti kynja hafi ekki verið brotin. Kærandi verður þó fyrst að leggja fram gögn sem sýna fram á líkur á kynjamisrétti.

Um 24. gr.

1. mgr. ákvæðisins er efnislega samhljóða 2.–5. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Lagt er til að við bætist að sama gildi um endurmenntun, starfsþjálfun og námsleyfi til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör, nr. 76/207.

2. mgr. er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 7. gr. gildandi laga en þó er bætt við að ákvæðið eigi jafnframt ekki við ef gild rök mæla með því að einungis sé auglýst eftir öðru kyninu. Er vísað til athugasemdar við 22. gr. frumvarpsins.

3. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 6. gr. en orðalagi breytt til að gera það skýrara. Einnig er vísað til athugasemda við 2. mgr. 23. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli og er tilgangur þess að vernda starfsmenn sem hafa lagt fram kröfu um leiðréttingu á grundvelli ákvæða frumvarpsins eða hafa kært kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt til þess að ákvæði frumvarpsins verði virk á þann hátt að sá sem telur sig misrétti beittan geti leitað réttar síns án þess að eiga á hættu frekari neikvæðar afleiðingar.

Um 26. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. gildandi laga en orðalagi þess hefur verið breytt í þeim tilgangi að gera það skýrara.

Í 2. mgr. er lagt til nýmæli í frumvarpi þessu og vísast til athugasemda við 25. gr. frumvarpsins um tilgang þess.

Um 27. gr.

Mikilvægt er að í lögum sem þessum sé skýrt kveðið á um að ekki sé hægt að afsala sér þeim rétti sem lögin kveða á um með samningum, loforðum eða á annan hátt. Í þessari grein felst því ákvæðin vernd fyrir einstaklinginn þegar kemur að samningsgerð við atvinnurekanda.

Um 28. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 22. gr. núgildandi laga, nr. 28/1991, en þó hefur orðalagi hennar verið breytt til samræmis við orðalag núgildandi skaðabótalaga, nr. 50/1993.

Um 29. gr.

Greinin er nýmæli og kveður á um að brot á tilteknum greinum laganna varði sektum sem renni í ríkissjóð. Ákvæðin eru eftirfarandi: 13. gr. þar sem kveðið er á um skyldu stofnana og fyrirtækja þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn til að setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni, 14. gr. þar sem fjallað er um launajafnrétti, 15. gr. sem fjallar um jafnan rétt kvenna og karla til starfa, endurmenntunar og starfsþjálfunar, 17. gr. þar sem fjallað er um skyldur atvinnurekenda og skólastjórnenda til að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustað eða í skóla, 18. gr. þar sem kveðið er á um að auglýsandi sjái til þess að auglýsingar séu ekki öðru kyninu til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt, 22. gr. sem varðar almennt bann við beinni og/eða óbeinni mismunun kynjanna, 23. gr. þar sem fjallað er um bann við mismunun í kjörum, 24. gr. þar sem kveðið er á um bann við mismunun við ráðningu og í vinnuskilyrðum og 25. gr. þar sem fjallað er um bann við brottrekstri úr starfi sem og bann við beitingu óréttlætis í starfi, svo sem með tilliti til starfsöryggis, starfskjara og mats á árangri, þrátt fyrir að starfsmaður hafi kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Í gildandi lögum er ekki ákvæði um að brot á lögunum eða tilteknum greinum þeirra varði sektum. Þetta hefur sætt gagnrýni og þótt bera þess merki að lögin væru fremur stefnumarkandi en gildandi um athafnir og gerðir manna. Með greininni er því á afdráttarlausari hátt lýst yfir að brot á tilteknum greinum geti komið í veg fyrir að markmiðinu um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan samfélagsins verði náð. Eru dómstólar einir bærir til að kveða á um sektir samkvæmt lögum þessum.

Um 30. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi og að núgildandi lög, nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, falli úr gildi við gildistöku þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að núverandi Jafnréttisráð starfi þar til nýtt ráð hefur verið skipað að loknum alþingiskosningum og að það starfi samkvæmt ákvæðum laganna. Þá er lagt til að umboð núverandi kærunefndar jafnréttismála falli niður og skipuð verði ný kærunefnd jafnréttismála

sem taki við verkefnum fyrri nefndar. Sú breyting er lögð til að nefndarmenn verði ekki skipaðir til jafnlangs tíma í upphafi til þess að skipunartími þeirra renni ekki út á sama tíma. Er þannig gert ráð fyrir að árlega verði skipaður einn nefndarmaður en skipunartími hvers og eins verði eftir sem áður þrjú ár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Skrifstofa jafnréttismála, sem samkvæmt núgildandi lögum er skrifstofa Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála, verði sjálfstæð stofnun sem heyri undir félagsmálaráðuneyti og annist skilgreind verkefni. Gert er ráð fyrir að verkefni skrifstofunnar verði að nokkru leyti önnur en eru nú falin núverandi Jafnréttisráði og má þar nefna eftirlitshlutverk með framkvæmd laganna. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutverk Jafnréttisráðs að stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaðinum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kærunefnd jafnréttismála starfi með svipuðu sniði og í núgildandi lögum en að nefndinni verði settar skýrari málsmeðferðarreglur. Sú breyting er lögð til að kærunefnd jafnréttismála verði ekki ætlað að standa að málshöfðun fyrir dómstólum eins og kærunefnd samkvæmt núgildandi lögum. Í greinargerð með frumvarpinu er vakin athygli á að breytt fyrirkomulag á skipulagi Skrifstofu jafnréttismála kemur ekki í veg fyrir að skrifstofan ásamt Jafnréttisráði og kærunefnd jafnréttismála samnýti starfs- og fundaraðstöðu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðuneytin skipi hvert fyrir sig jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði viðkomandi ráðuneytis. Fleiri verkefni eiga ekki að leiða til fjölgunar starfa. Í 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um að efla skuli fræðilegar og hagnýtar rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi og miðla niðurstöðum þeirra markvisst til skóla og fjölmiðla. Í 21. gr. frumvarpsins er enn fremur kveðið á um að í opinberri hagskýrslugerð og í viðtals- og skoðanakönnunum skuli greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu upplýsinga nema sérstakar aðstæður mæli gegn því. Hagstofa Íslands getur uppfyllt þessi skilyrði án aukins kostnaðar en einhver kostnaðarauki getur fylgt birtingu kyngreindra upplýsinga. Með fjölgun verkefna á Skrifstofu jafnréttismála og innan ráðuneyta og aukinnar áherslu á fræðilegar og hagnýtar rannsóknir má gera ráð fyrir að útgjaldaauki ríkissjóðs geti numið 0,5–1,0 m.kr. á ári verði frumvarpið óbreytt að lögum.

374. Frumvarp til laga [273. mál]

um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum, skulu tekjur af erfðafjárskatti árið 2000 umfram 235 millj. kr. renna í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að venju byggist frumvarp til fjárlaga á ákveðnum forsendum um að lögum verði breytt til að markmið þeirra nái fram að ganga.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að afnema þá tilhögun sem fest hafði rætur of víða og fólst í því að framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna voru bundin í lög, ýmist með eða án sérstakra tekjustofna. Með slíkum ákvæðum er fjárveitingarvald Alþingis í raun fyrir fram bundið þegar að fjárlagagerðinni kemur, en það dregur um leið úr þeim áhrifum sem fjárstjórnarvaldi Alþingis er með fjárlögum ætlað að hafa á hagstjórn ríkisins, til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap. Ákvæði um lögmælt framlög er þó enn víða að finna og kunna að vera réttlætanleg og jafnvel æskileg að nokkru marki í ákveðnum tilvikum. Slík framlög verða þó að sæta þeim skerðingum sem markmið fjárlagafrumvarpsins setja, enda þótt þörf fyrir sérstakar aðgerðir sé minni nú en oft áður. Af þeim sökum eru í frumvarpinu lagðar til tímabundnar skerðingar á ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár. Í ljósi þess hvern áskilnað 1. mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar gerir um efni fjárlaga þykir hins vegar verða að leita eftir heimild til þessara skerðinga í almennum lögum jafnframt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skal erfðafjárskattur samkvæmt lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, og arfur samkvæmt erfðalögum, nr. 8/1962, renna í sérstakan sjóð er nefnist Erfðafjársjóður. Skv. 39. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, skulu tekjur Erfðafjársjóðs renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Til samræmis við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000 er hér lagt til að tekjur af erfðafjárskatti umfram 235 millj. kr. renni í ríkissjóð.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum, skulu tekjur af erfðafjárskatti árið 2000 umfram 235 m.kr. renna í ríkissjóð. Frumvarpið snýr að breytingum á teknahlið ríkissjóðs og hefur ekki áhrif á gjaldahliðina.

375. Frumvarp til laga [274. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist árið 2000 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við skerðingarákvæði með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2000 er hér lagt til að á því ári verði kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar greiddur af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Er þetta sama fyrirkomulag og gilt hefur undanfarin ár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist árið 2000 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. Er þetta sama fyrirkomulag og gilt hefur undanfarin ár. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

376. Skýrsla [275. mál]

forsætisráðherra um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Nefnd sem var skipuð í samræmi við ályktun Alþingis frá 2. júní 1998 til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu hefur skilað forsætisráðherra eftirfarandi skýrslu.

Í samræmi við nefnda ályktun er skýrslan lögð fyrir Alþingi á grundvelli 1. mgr. 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

1. INNGANGUR

1.1. Skipan og hlutverk nefndarinnar.

Hinn 2. júní 1998 samþykkti Alþingi svohljóðandi ályktun um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirliti með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. Í því skyni skal nefndin semja skýrslu um eftirtalin atriði:

a. Almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins.
   Kanna ber hvaða óskráðu efnisreglum stjórnvöldum ber að fylgja þegar skýrum og fastmótuðum settum reglum sleppir og stjórnvöldum er eftirlátið svokallað frjálst mat við töku stjórnvaldsákvarðana. Gerð skal grein fyrir hvaða reglur gildi um meðferð slíks valds og hvort þær séu í samræmi við siðferðishugmyndir manna.
b. Stjórnkerfið og eftirlit með starfsemi stjórnvalda.
   Kanna ber uppbyggingu stjórnkerfisins og að hve miklu leyti eftirlit er innbyggt í það sjálft og að hve miklu leyti það er utanaðkomandi.
c. Afleiðingar réttarbrota í stjórnsýslunni.
   Kanna ber hvaða afleiðingar réttarbrot í stjórnsýslunni geta haft, meðal annars hvaða viðurlög eru við þeim og hverjir geta sætt ábyrgð samkvæmt þeim, þar á meðal stjórnsýsluviðurlögum, refsiábyrgð, bótaábyrgð opinberra starfsmanna og húsbóndaábyrgð hins opinbera.
d. Úrbætur.
   Nefndin skal setja fram sjónarmið um leiðir sem færar eru til úrbóta í þeim tilvikum sem gefa tilefni til þess.

Skýrsla nefndarinnar skal lögð fyrir Alþingi fyrir frestun funda á vorþingi 1999."

Hinn 19. ágúst 1998 skipaði forsætisráðherra nefnd í samræmi við þessa ályktun. Í nefndina voru skipuð Páll Hreinsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, Ragnar Arnalds, þáverandi alþingismaður, og Þórunn Guðmundsdóttir, hæstaréttarlögmaður. Með nefndinni hefur starfað Kristján Andri Stefánsson, deildarstjóri í forsætisráðuneyti.

Nefndin fól formanni að undirbúa texta skýrslunnar til umfjöllunar í nefndinni, en jafnframt var með leyfi forsætisráðuneytisins leitað til tveggja sérfræðinga annarra um textagerð. Annars vegar var leitað til Skúla Magnússonar mag. jur., aðstoðarmanns hæstaréttardómara, um að rita kaflann um tengsl almennra efnisreglna stjórnsýsluréttar við siðferði.

Hins vegar var leitað til Róberts Spanó, lögfræðings á skrifstofu umboðsmanns Alþingis, um að rita kaflann um refsiábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar.

Skýrslan var kynnt Siðfræðistofnun Háskóla Íslands í handriti og lét hún í té umsögn um þá hluta er varða rannsóknarefni hennar sérstaklega. Í endanlegri gerð skýrslunnar hefur tillit verið tekið til athugasemda er þar komu fram.

Samkvæmt ályktun Alþingis bar að leggja skýrslu nefndarinnar fyrir Alþingi áður en fundum þess yrði frestað á vorþingi 1999. Verkefni nefndarinnar reyndist þó vera viðameira en svo að tækist að gera því viðunandi skil innan þessara tímamarka. Af þeim sökum fékk nefndin leyfi forsætisráðherra til að miða störf sín við að unnt yrði að leggja skýrslu hennar fyrir haustþing sama árs.

1.2. Skýringar á efnistökum í skýrslu nefndarinnar.

Efnistök nefndarinnar hljóta eðli máls samkvæmt að markast nokkuð af því verkefni sem nefndinni var falið. Af þeim sökum er vert að benda á að ályktun Alþingis verður að teljast nokkuð óvenjuleg og það verkefni er hún fól nefndinni ólíkt öðrum úttektum sem þingið leitar stundum eftir. Samkvæmt ályktun Alþingis skyldi nefndin kanna gildandi réttarástand á tilteknum sviðum stjórnsýslunnar og semja um það skýrslu. Í ályktuninni fólst þannig beiðni um almenna úttekt á ákveðnum atriðum í stjórnarfari landsins og ábendingar um úrbætur eftir því sem tilefni væri til. Í samræmi við það hefur umfjöllun nefndarinnar verið almenns eðlis og takmarkast raunar við grundvallaratriði þeirra þátta sem nefndinni var falið að kanna. Samkvæmt þessu fellur aftur á móti utan við umboð og hlutverk nefndarinnar að fjalla um einstök mál sem upp hafa komið innan stjórnsýslunnar og verið ofarlega á baugi, bæði á Alþingi og í fjölmiðlum. Til þess gaf starfslýsing nefndarinnar samkvæmt ályktun Alþingis ekki tilefni, auk þess sem henni fylgdu engin tæki til slíkra athugana, svo sem rannsóknarheimildir o.fl.

Íslensk stjórnsýsla er af sögulegum ástæðum af sama meiði og hin danska og á um margt hliðstæður í dönsku stjórnarfari og eftir atvikum annars staðar á Norðurlöndum. Lítið hefur hins vegar verið skrifað um þá þætti almenna hluta stjórnsýsluréttarins sem lýst er í þessari skýrslu og mun minna en annars staðar á Norðurlöndum. Þess vegna eru hugtök, sem eiga sér hliðstæðu í dönskum og eftir atvikum norskum og sænskum rétti, oft tilgreind á þeim tungumálum innan sviga, enda auðveldar það um leið leit að ítarefni á þeim málum. Þá er uppruna heimspekilegra hugtaka oft að rekja til ákveðinna þjóða. Í þeim tilvikum er þeirra einnig getið innan sviga á viðkomandi tungumáli, en það á eðli máls samkvæmt einkum við um kafla 2.13.

Uppbygging skýrslunnar tekur að öðru leyti mið af starfslýsingu nefndarinnar samkvæmt framangreindri ályktun Alþingis og framsetning er ekki ósvipuð því sem tíðkast við gerð sambærilegra skýrslna annars staðar á Norðurlöndum, oft til undirbúnings eða í framhaldi af löggjafarstarfi. Skýrslunni er skipt í eftirgreinda þrjá meginkafla:

Í öðrum kafla er því lýst hvernig starfsskilyrði stjórnvalda eru mótuð af löggjafanum og þeirri grundvallarreglu stjórnskipunarréttar að stjórnsýslan sé bundin af lögum. Verkahringur stjórnvalda er í megindráttum mótaður af gildandi löggjöf á hverjum tíma. Löggjöfin er hins vegar misjafnlega nákvæm um hvernig stjórnvöldum beri að standa að útfærslu þeirra heimilda sem þeim er að lögum falið að beita. Viðtekið er að slíkar lagareglur megi eftir eðli sínu skipta í tvo flokka, fastmótaðar og matskenndar heimildir. Ágreiningur hefur einkum risið um meðferð hinna síðarnefndu þegar lög eða stjórnvaldsfyrirmæli, sett samkvæmt þeim, tiltaka ekki að öllu leyti þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að ákvörðun verði tekin eða fela stjórnvöldum að einhverju leyti mat á því hvert efni ákvörðunar skuli vera. Í

þessum kafla skýrslunnar er því leitast við að varpa ljósi á af hvaða reglum stjórnvöld eru bundin við meðferð slíks mats, þar á meðal hvaða sjónarmið megi leggja því til grundvallar. Þar koma til efnisreglur stjórnsýsluréttarins, bæði almennar og sérstakar, en eðli máls samkvæmt er hér eingöngu fjallað um hinar fyrrnefndu. Þá er í samræmi við ályktun Alþingis leitast við að setja þær í siðferðilegt samhengi og kannað hvort efnisreglur stjórnsýsluréttarins séu almennt í samræmi við siðferðishugmyndir manna.

Í þriðja kafla er megindráttum í uppbyggingu stjórnkerfisins lýst og á hvern hátt eftirlit með starfsemi stjórnvalda er innbyggt í þessa uppbyggingu, einkum með stigskiptu kerfi milli æðri og lægra settra stjórnvalda. Jafnframt er vikið að eftirliti utanaðkomandi aðila með stjórnsýslunni, bæði dómstóla og stofnana sem Alþingi hefur sérstaklega komið á fót í því skyni.

Í fjórða kafla er fjallað um afleiðingar réttarbrota í stjórnsýslunni, gerð grein fyrir viðurlögum við þeim og hverjir geta sætt ábyrgð, bæði bótaábyrgð og refsiábyrgð. Jafnframt er sérstaklega fjallað um ábyrgð ráðherra í þessu tilliti.

Nefndin hefur í yfirferð sinni rekist á nokkra annmarka og lýkur umfjöllun í hverjum kafla um sig með ábendingum um leiðir sem færar eru til úrbóta. Þessar ábendingar nefndarinnar eru jafnframt dregnar saman í lokakafla skýrslunnar.

Í skýrslu þessari er dregið fram með hvaða hætti stjórnsýsla framkvæmdarvaldsins og staða þess í stjórnkerfinu er öðru fremur mótuð af löggjafanum. Stjórnvöld eru bundin af lögum og verða að haga stjórnsýslu sinni í samræmi við lög. Stjórnsýslan er með öðrum orðum lögbundin og lögin eru sá prófsteinn á starfsemi stjórnvalda sem dómstólar og hinar sérstöku eftirlitsstofnanir með stjórnvöldum, svo sem umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun, leggja til grundvallar. Almennt skiptir því miklu fyrir starfsskilyrði stjórnvalda, hvernig til tekst um setningu laga, en undirrót margra ágreiningsefna í stjórnsýslu virðist oft mega rekja til atriða sem ekki hefur verið hugað nægilega að við gerð þeirra og spretta af því.

2. ALMENNAR EFNISREGLUR STJÓRNSÝSLURÉTTARINS

2.1. Almennt um starfsskilyrði stjórnvalda og lögmætisregluna.

Efnisreglum stjórnsýsluréttarins má skipta í tvennt. Annars vegar *almennar* efnisreglur sem taka til allrar stjórnsýslu hins opinbera og hins vegar *sérstakar* efnisreglur sem eiga aðeins við um ákveðin svið stjórnsýslunnar. Þannig telst jafnræðisreglan til almennra efnisreglna en lög um almannatryggingar til sérstakra. Við úrlausn stjórnsýslumáls reynir yfirleitt bæði á almennar og sérstakar efnisreglur stjórnsýsluréttarins.

Í þessum kafla verður vikið að almennum efnisreglum stjórnsýsluréttarins. Með töluverðri einföldun má segja að þessar reglur fjalli annars vegar um það hvenær stjórnvöld þurfa heimild í lögum til þess að taka stjórnvaldsákvarðanir og hins vegar um þau bönd sem lögð eru á meðferð þess valds við töku matskenndra ákvarðana. Í kafla 2.13 verður vikið að tengslum þessara reglna við siðferði.

Að íslenskum stjórnlögum er á því byggt að uppspretta hins allsherjarréttarlega valds, ríkisvalds, sé hjá þjóðinni. Í sama anda er svo fyrir mælt í 6. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna að í lögunum birtist almannaviljinn og að allir borgarar eigi rétt á að taka þátt í gerð þeirra, annaðhvort sjálfir eða með kjörnum fulltrúum. Skv. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands er ríkisvaldið greint í þrjá þætti: löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Þessi þrískipting ríkisvalds og afmörkun á hlutverki framkvæmdarvaldsins og stöðu þess gagnvart löggjafarvaldinu, setur valdheimildum framkvæmdarvaldsins mikilvægar

skorður. Af ákvæðum stjórnarskrár og stjórnskipunarvenjum má draga þrenns konar ályktanir um stöðu framkvæmdarvaldsins gagnvart hinum valdþáttunum tveimur: 1) Stjórnsýslan skal almennt byggð upp með þeim hætti að yfirstjórn hennar sé í höndum ráðherra sem ber ábyrgð á stjórnarframkvæmd gagnvart Alþingi. Um þetta atriði verður nánar fjallað í kafla 3.4.2, 3.7.1 og 4.8. 2) Það er undirstöðuregla íslenskrar stjórnskipunar að stjórnvöld eru bundin af lögum. Í þessari reglu, sem almennt er nefnd *lögmætisreglan*, felst annars vegar að ákvarðanir stjórnvalda verða að eiga sér stoð í lögum og hins vegar að þær mega ekki vera í andstöðu við lög. 3) Að uppfylltum ákveðnum réttarfarsskilyrðum skera dómstólar úr ágreiningi um hvort stjórnvöld hafi byggt ákvarðanir sínar á lögum og málefnalegum sjónarmiðum eða hvort þær hafi farið í bága við lög. Um þennan þátt verður nánar fjallað í kafla 3.6 og 4.3.

Í lögmætisreglunni, sem minnst var á hér að framan, felast í raun tvenns konar undirreglur, annars vegar formregla og hins vegar heimildarregla (lagaáskilnaðarreglan).

Samkvæmt formreglu lögmætisreglunnar mega ákvarðanir stjórnvalda *ekki ganga í berhögg* við stjórnarskrá, lög eða reglugerðir svo dæmi séu tekin, en þessar réttarheimildir eru allar rétthærri ákvörðunum stjórnvalda. Ákvarðanir stjórnvalda mega því ekki að efni til vera andstæðar þeim almennu réttarreglum sem gilda um þau málefni er ákvörðun varðar. Brjóti ákvörðun í bága við lög er hún ólögmæt að efni til. Er almennt viðurkennt að slík ákvörðun sé ógildanleg.

Samkvæmt heimildarreglu lögmætisreglunnar skulu ákvarðanir stjórnvalda almennt eiga sér heimild í lögum, þ.e. Alþingi verður að hafa veitt stjórnvöldum *heimild með lögum* til þess að taka ákvarðanir. Í kjarna þessarar reglu felst að stjórnvöld geta almennt *ekki íþyngt borgurunum* með ákvörðunum sínum nema hafa til þess viðhlítandi heimild í lögum. Þetta gildir raunar bæði um stjórnvaldsákvarðanir og almenn stjórnvaldsfyrirmæli, svo sem reglugerðir.

Það er einkenni lýðræðisríkja og meginregla að íslenskum rétti að einstaklingar búi við athafnafrelsi. Að megistefnu til eru það einvörðungu hinir lýðræðislega kjörnu fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi sem öðlast með kjöri sínu vald til þess að setja athafnafrelsi borgaranna skorður *með lögum*, þó innan þess ramma er stjórnarskrá setur. Stjórnvöld verða á hinn bóginn almennt að sækja valdheimildir sínar í þau lög sem þingið setur og geta almennt ekki upp á sitt eindæmi íþyngt borgurunum án atbeina Alþingis. Til einföldunar má því orða áhrif þessarar meginreglu svo að borgararnir megi gera hvaðeina sem ekki er *bannað í lögum*, en stjórnvöld geti einvörðungu íþyngt borgurunum með ákvörðunum sínum ef þau hafa til þess sérstaka *heimild í lögum*.

Í VII. kafla stjórnarskrárinnar hafa verið settar strangari reglur til verndar mannréttindum en leiðir af lögmætisreglunni. Þar er ekki einvörðungu áréttað að stjórnvöld geti ekki skert mannréttindi án lagaheimildar, heldur eru valdheimildum þingsins sjálfs sett ákveðin mörk um hvaða þætti það getur veitt stjórnvöldum lagaheimild til þess að taka íþyngjandi ákvarðanir. Þá verður einvörðungu mælt fyrir um ákveðnar takmarkanir á mannréttindum með lögum. Þannig er t.d. kveðið svo á í 66. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 4. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, að engan megi svipta íslenskum ríkisborgararétti. Frá þessu banni er gerð sú eina undantekning að heimilt sé að ákveða að maður missi íslenskan ríkisborgarétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki. Af skýru orðalagi ákvæðisins verður ráðið að Alþingi eitt hafi heimild til þess að gera þessa undantekningu með lögum.

Stjórnvöld verða sjálf að taka afstöðu til þess hvort þau hafi næga heimild í lögum til þess að taka ákvörðun um tiltekið efni. Það leiðir hins vegar af 60. gr. stjórnarskrárinnar að dómstólar eiga endanlega úrlausn um þetta álitaefni.

Eins og áður segir verður íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun að byggjast á sérstakri lagaheimild. Þegar á milli lagaheimildar og ákvörðunar er „skotið“ reglugerð verður í raun að fara fram tvöföld könnun á heimild ákvörðunar. Þannig verður stjórnvaldsákvörðunin að eiga sér næga stoð í þeirri reglugerð sem hún er byggð á, en reglugerðin verður síðan að eiga sér næga stoð í lögum um það atriði sem ákvörðunin lýtur að.

Þegar viðeigandi lagaákvæði, sem efnið snertir, er á annað borð til að dreifa ræðst það af lögskýringu hvort það hafi að geyma næga valdheimild til töku tiltekinnar ákvörðunar. Við þá lögskýringu er almennt á því byggt að þeim mun tilfinnanlegri eða meira íþyngjandi sem stjórnvaldsákvörðun er þeim mun strangari kröfur verði að gera til skýrleika þeirrar lagaheimildar sem ákvörðunin er byggð á. Samkvæmt því eru gerðar breytilegar kröfur til lagaheimilda eftir efni ákvörðunar. Við mat á því hvort ákvörðun er talin íþyngjandi er bæði litið til þess hvaða réttindi eru skert svo og hvers eðlis skerðingin er.

Stundum eru gerðar *ríkar kröfur til skýrleika lagaheimilda*. Almennt er tilhneiging til þess að áskilja skýra lagaheimild til að skerða þau réttindi manna sem um er fjallað í VII. kafla stjórnarskrárinnar, svo sem frelsi, friðhelgi heimilis og fjölskyldu, eignarrétt o.fl. Hið sama gildir um ákvarðanir stjórnvalda er leggja skatta, þjónustugjöld og aðrar fjárhagslegar skyldur á menn.

Til eru einnig svið þar sem gerðar eru *tiltölulega vægar kröfur til skýrleika lagaheimildar* svo að stjórnvaldi teljist heimilt að taka ákvörðun. Oft er slík heimild einvörðungu leidd af lögum með mjög almennri skýringu. Þá eru til svið þar sem sérstök lagaheimild virðist ekki áskilin. Sem dæmi má nefna að stjórnvöld geta almennt tekið ákvarðanir um innri málefni stjórnsýslunnar án sérstakra lagaheimilda, enda þótt slíkar ákvarðanir geti haft óbein áhrif á borgarana. Sem dæmi má nefna að ákvörðun stjórnvalds um afgreiðslutíma ríkisstofnunar þarf ekki að styðjast við sérstaka lagaheimild. Þá má nefna að ráðherra er almennt talinn geta framselt stjórnsýsluvald sitt til starfsmanna ráðuneytis síns. Jafnframt getur ráðherra yfirleitt gefið lægra settum stjórnvöldum almenn fyrirmæli um hvernig verk á ákveðnu sviði skuli leyst af hendi. Enn fremur er á því byggt að þegar ákvæðum laga sleppir taki stjórnvöld allar nauðsynlegar ákvarðanir um framkvæmdaatriði sem eru forsenda þess að hægt sé að hrinda lögum í framkvæmd, enda teljist slíkar ráðstafanir ekki íþyngja borgurunum með beinum hætti.

Til að forðast misskilning skal það áréttað að lögmætisreglan ákvarðar ekki ein og sér til hlítar það svigrúm sem stjórnvöld hafa til að taka ákvarðanir án þess að þær styðjist við sérstaka lagaheimild. Alþingi getur að ákveðnu marki takmarkað með lögum þær valdheimildir stjórnvalda sem þau hefðu ella samkvæmt framangreindri skýringu á lögmætisreglunni. Sem dæmi má nefna að svo var fyrir mælt í lögum nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, að þegar lögmæltum störfum sleppti mætti stofnun ekki fjölga starfsmönnum, enda þótt hún hefði til þess fjárveitingu á fjárlögum, nema ráðninganefnd samþykkti. Þessi lög voru felld úr gildi með 55. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá má einnig nefna að samkvæmt ákvæðum 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, mega stjórnvöld einungis leigja fasteignir hafi þau áður aflað til þess heimildar í fjárlögum. Þetta gildir þó ekki um venjubundna rekstrarleigu. Þá má nefna að ákveðnar takmarkanir á valdheimildum stjórnvalda leiða af þeirri skipan íslenskra stjórnlaga að Alþingi fer með ákvörðunarvald um fjárstjórn ríkisins. Það leiðir því í senn af fjárstjórnarheimildum þingsins, ákvæðum 40. gr., 77. gr. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrár, svo og lögmætisreglunni, að það fellur í hlut Alþingis að ákveða með almennum lögum hvaða skattar og hvaða þjónustugjöld skuli lögð á og innheimt af hálfu framkvæmdarvaldsins. Loks getur fjárstjórnarvald Alþingis sett því hömlur, að stjórnvöld taki ívilnandi ákvarðanir um-

fram lagaskyldu þegar ekki hefur verið gert ráð fyrir fjármunum á fjárlögum fyrir útgjöldum sem af því kann að leiða.

Samkvæmt framansögðu leiðir það af lagalegri stöðu framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafanum að helstu verkefni og valdheimildir stjórnvalda eru ákveðin af Alþingi með almennum lögum, að svo miklu leyti sem ekki er tekin afstaða til þeirra í stjórnarskrá.

2.2. Greinarmunur á fastmótuðum og matskenndum lagaheimildum til töku stjórnvaldsákvarðana.

Þegar löggjafinn veitir stjórnvöldum lagaheimild til þess að taka stjórnvaldsákvörðun um málefni einstaklinga geta slíkar lagaheimildir verið af ýmsum toga. Í lögfræði er viðtekið að flokka megi lagareglur eftir því, hvort þær hafa *fastmótað* efnisinnihald eða *matskennt*. Enda þótt þessi flokkun sé ekki nákvæm og mörkin þarna á milli að nokkru fljótandi er afar þýðingarmikið að átta sig á þeim ólíku vandamálum sem tengd eru hvorum þessara flokka reglna um sig.

Almennt er viðtekið að fastmótaðar reglur búi borgurunum meira réttaröryggi en matskenndar reglur. Í fastmótuðum reglum eru með tæmandi hætti talin þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til að ákvörðun, með lögmæltu efni, verði tekin. Þegar um fastmótaðar reglur er að ræða er fyrir fram ljóst hvaða skilyrði þarf að uppfylla svo að ákvörðun verði tekin. Beiting slíkra reglna er almennt fljótvirk, ódýr og einföld fyrir stjórnvöld og krefst sjaldnast sérfróðra starfsmanna þar sem afgreiðslan byggist ekki á flóknu mati. Af þessum sökum verður því iðulega meiri festa og samræmi í framkvæmd stjórnsýslu þegar ákvarðanir byggjast á fastmótuðum reglum. Vegna hins fastmótaða efnis laganna getur sá sem ákvörðun beinist að yfirleitt gert sér glögga grein fyrir því hvort stjórnvöld hafi afgreitt mál hans í samræmi við lög. Af sömu ástæðu er tiltölulega auðvelt að fylgjast með því hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Vegna allra þessara kosta fastmótaðra lagaákvæða er almennt eftirsóknarvert að fela stjórnvöldum að starfa eftir slíkum lagaákvæðum þegar því verður við komið. Í nútímaþjóðfélagi er hins vegar ekki mögulegt að sjá fyrir öll þau margbreytilegu tilvik sem að höndum kunna að bera og bregðast skynsamlega við þeim með setningu fastmótaðra reglna. Væri það gert gæti niðurstaða í einstökum málum orðið afar óskynsamleg og ósanngjörn þar sem ekki væri þá hægt að bregðast við afbrigðilegum málum sem ekki varð séð fyrir við setningu laganna. Það er því ljóst að á sumum sviðum verður ekki hjá því komist að hafa matskennd lagaákvæði.

Stjórnvaldsákvarðanir eru flokkaðar eftir svipuðum sjónarmiðum og beitt er við aðgreiningu á fastmótuðum og matskenndum lagaákvæðum. *Lögbundnar ákvarðanir* eru nefndar þær ákvarðanir sem byggðar eru á fastmótuðum lagaákvæðum og eru því lögbundnar að efni til. Aftur á móti eru þær ákvarðanir nefndar *matskenndar stjórnvaldsákvarðanir* þegar lög eða stjórnvaldsfyrirmæli ákvarða *ekki* að öllu leyti þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að ákvörðun verði tekin eða fela stjórnvöldum að einhverju leyti mat á því hvert efni ákvörðunar skuli vera. Þegar stjórnvald tekur stjórnvaldsákvörðun á matskenndum lagagrundvelli verður fyrst að túlka ákvæðið og ákvarða hversu víðtækar hinar matskenndu heimildir stjórnvalds eru. Að því búnu hefst hin matskennda ákvarðanataka innan ramma lagaákvæðisins. Svo hægt sé að taka stjórnvaldsákvörðun á slíkum lagagrundvelli þurfa stjórnvöld að „fylla í eyður" réttarheimildarinnar og velja þau lagasjónarmið (d. kriterier) sem viðkomandi ákvörðun skal byggð á. *Mat* stjórnvalda á því hvaða lagasjónarmið ákvörðun skuli byggð á er ekki frjálst að öllu leyti, heldur er það bundið af almennum efnisreglum stjórnsýsluréttarins, svo sem jafnræðisreglunni og meðalhófsreglunni svo og öðrum efnisreglum lögfestum og ólögfestum. Það fer hins vegar eftir málaflokkum, lagaákvæðum og at-

vikum hverju sinni hversu mikil bönd fyrrgreindar reglur leggja á mat stjórnvalda í hverju tilviki.

Til nánari skýringar á þeim greinarmun sem gerður er á lögbundnum og matskenndum ákvörðunum má nefna tvö dæmi:

1. Í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, sem nú eru úr gildi fallin, var mælt svo fyrir að hver sá sem staðist hefði fullnaðarpróf frá íslenskum skóla sem heimild hafði til að brautskrá stúdenta ætti rétt á að vera skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald. Ákvörðun um hverjir fengu að innritast í Háskóla Íslands var þannig lögbundin ákvörðun þar sem þau skilyrði, sem uppfylla þurfti, voru tæmandi talin með fastmótuðum reglum, þ.e. að (i) hlutaðeigandi hefði lokið stúdentsprófi frá viðurkenndum íslenskum skóla og (ii) greiddi lögboðið skrásetningargjald.

2. Í 16. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, sem nú eru úr gildi fallin, áttu allir sem lokið höfðu grunnskólanámi eða hlotið aðra jafngilda undirstöðumenntun rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Með 50. og 51. gr. reglugerðar nr. 105/1990, um skiptingu landsins í umdæmi/skólahverfi, höfðu nemendur forgangsrétt til að sækja skóla í því skólahverfi þar sem þeir áttu lögheimili. Nemendur úr skólahverfinu voru því fyrst innritaðir og aðrir nemendur, sem sóttu um skólavist úr öðrum skólahverfum, látnir mæta afgangi. Hvorki í framhaldsskólalögum né fyrrnefndri reglugerð var mælt fyrir um þau sjónarmið sem skólameistarar skyldu leggja til grundvallar við val sitt á nemendum úr öðrum skólahverfum. Hér var því um að ræða matskennda ákvörðun. Svo að hægt sé að taka slíkar ákvarðanir verða skólameistarar fyrst að velja þau sjónarmið sem þeir hyggjast byggja þær á og beita þeim af samræmi og jafnrétti. Eins og nánar verður komið að í kafla 2.3 hér á eftir er einvörðungu heimilt að byggja matskenndar ákvarðanir á *málefnalegum sjónarmiðum*. Til nánari skýringar má geta þess að tveir nemendur, sem búsettir voru í Garðabæ, kvörtuðu til umboðsmanns Alþingis yfir því að fá ekki skólavist í Menntaskólanum í Reykjavík. Í skýringum rektors kom fram að nemendur úr öðrum skólahverfum væru valdir eftir einkunnum. Þá væri m.a. tekið tillit til þess hvort umsækjandi hefði átt systkini í skólanum og hvort foreldrar væru gamlir nemendur. Í áliti umboðsmanns Alþingis *SUA 1996:283* kom fram, að val á nemendum af öðrum skólasvæðum í skólann ætti að byggjast á almennum og hlutlægum mælikvarða þar sem gæta bæri samræmis og jafnræðis milli umsækjenda sem eins væri ástatt um. Þannig bæri að byggja á málefnalegum sjónarmiðum eins og t.d. árangri í námi sem umsækjandi hefði lokið til undirbúnings námi í framhaldsskóla, en ekki á því hvort umsækjandi hefði átt systkini í skólanum eða hvort foreldrar væru gamlir nemendur skólans. Þar sem einkunnir átján nemenda sem teknir höfðu verið inn í skólann úr öðrum skólahverfum voru lægri en þeirra sem báru fram kvörtun við umboðsmann taldi umboðsmaður ekki liggja ljóst fyrir að fulls samræmis hefði verið gætt við mat á umræddum umsóknum.

Í íslenskum stjórnsýslurétti var lengi vel venja að fjalla um þær vandasömu efnisreglur stjórnsýsluréttarins, sem leggja bönd á mat stjórnvalda, út frá sjónarhorni dómara þar sem þeirri spurningu er svarað hvaða sjónarmið væru ómálefnaleg eða ólögleg. Í seinni tíð hafa fræðimenn hins vegar fjallað um þessar reglur út frá sjónarhorni starfsmanna stjórnsýslunnar þar sem leitast er við að svara því hvernig málefnaleg og þar með lögmæt sjónarmið verða fundin. Í kafla 2.3 verður síðarnefnda leiðin farin, en hin fyrrnefnda í kafla 2.4.

2.3. Hvaða sjónarmið teljast málefnaleg?

2.3.1. Inngangur.

Þegar leitast er við að svara því hvernig málefnaleg sjónarmið verða fundin til undirbúnings töku matskenndrar ákvörðunar hjá stjórnvöldum er ferlið við matið oft greint í þrennt til hægðarauka:

1. Í fyrsta lagi fer fram greining á því hvaða sjónarmið teljist málefnaleg og þar með lögmæt.
2. Í öðru lagi fer fram mat á sjónarmiðunum. Hér koma m.a. til skoðunar matsreglur
   a. sem segja m.a. til um hvaða sjónarmið skuli lögð til grundvallar við matið,
   b. hvenær heimilt sé að takmarka eða afnema matið og
   c. ákvarða stundum vægi sjónarmiðanna eða segja með öðrum orðum til um það á hvaða sjónarmið skuli lögð áhersla við matið.
3. Í þriðja lagi eru sumar stjórnvaldsákvarðanir eingöngu matskenndar um það *hvort* þær verði teknar. Aðrar eru hins vegar matskenndar um það hvert *efni þeirra* á að vera. Þegar ákvarðanir af síðarnefndu tegundinni eru teknar getur jafnræðisreglan, meðalhófsreglan og fleiri reglur sett bönd á það hvert efni ákvörðunar megi vera.

Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram að þegar matskenndar ákvarðanir eru teknar í stjórnsýslunni er ákvörðunarferlið ekki alltaf svona margbrotið. Oft eru ákvarðanir svo einfaldar að niðurstaða máls blasir við og þarf þá ekki að brjóta ákvörðunarferlið upp í marga þætti. Þegar mál er aftur á móti flókið verður maður við töku matskenndrar ákvörðunar að þreifa sig áfram stig af stigi með lögfræðilegri aðferðafræði.

Að baki sérhverri stjórnvaldsákvörðun verða að búa málefnaleg sjónarmið. Ákvarðanir sem byggjast á geðþótta, óvild eða öðrum persónulegum sjónarmiðum starfsmanna stjórnsýslunnar eru því ólögmætar. Greining á því hvaða sjónarmið teljist málefnaleg er af sama toga og hefðbundin lögskýring. Við greininguna er því byggt á öllum réttarheimildum sem þýðingu hafa í viðkomandi máli, lögskýringargögnum svo og viðurkenndum lögskýringarsjónarmiðum. Sjaldan eru sjónarmið annaðhvort málefnaleg eða ómálefnaleg. Í kafla 2.4 verður vikið að þeim fáu sjónarmiðum sem yfirleitt teljast ómálefnaleg við úrlausn mála hjá stjórnvöldum.

Það ræðst m.a. af þeirri réttarheimild sem ákvörðun verður byggð á, svo og öðrum atvikum, hvaða sjónarmið verða í hverju tilviki talin málefnaleg. Breytist réttarheimildin, sem ákvörðun byggist á, getur það einnig haft áhrif á það hvaða sjónarmið verða talin málefnaleg. Sem dæmi má nefna að í 4. gr. laga nr. 54/1925, um mannanöfn, kom fram að menn mættu ekki bera önnur nöfn en þau sem rétt væru að lögum íslenskrar tungu. Risi ágreiningur um það hvort nafn fullnægði þessu skilyrði skar heimspekideild Háskóla Íslands úr. Í *SUA 1991:84* taldi umboðsmaður Alþingis að heimspekideild Háskóla Íslands hefði verið óheimilt að byggja ákvörðun á því sjónarmiði hvort ætla mætti að barni yrði strítt með tilteknu nafni þar sem heimspekideildinni bar aðeins að skera úr um hvort nafn væri rétt „að lögum íslenskrar tungu“ eins og sagði í lögunum. Hinn 1. nóvember 1991 tóku gildi ný lög um mannanöfn, nr. 37/1991. Í 1. mgr. 2. gr. laganna er kveðið svo á að eiginnafn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama. Þar með er umrætt sjónarmið orðið lögmætt og málefnalegt við ákvörðun á því hvort eiginnafn telst tækt til nafngjafar.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir þeim *leiðum* sem oftast eru farnar við að greina málefnaleg sjónarmið. Þessar leiðir skarast þó iðulega.

2.3.2. Lög og lögskýringargögn.

Stundum geyma lög og stjórnvaldsfyrirmæli ákvæði um þau *sjónarmið* sem matskennd stjórnvaldsákvörðun skal m.a. byggð á. Þannig er t.d. mælt svo fyrir í 2. mgr. 10. gr. barnalaga nr. 20/1992 að sýslumaður skuli ákveða framfærslueyri með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra.

Í lögskýringargögnum má stundum finna ummæli um slík sjónarmið. Sem dæmi má nefna að í athugasemdum við 2. mgr. 34. gr. frumvarps þess, sem varð að barnalögum nr. 20/1992, eru talin upp helstu sjónarmið sem beita ber við úrlausn þess hjá hvoru foreldri forsjá barns skuli vera, þegar foreldra greinir á um það. Þar eru t.d. nefnd sjónarmiðin um tengsl barns við foreldri, óskir barns, persónulegir eiginleikar foreldris o.fl.[1]

Þá verða sjónarmið oft fundin með skýringu á settum ákvæðum, með tilliti til ummæla í lögskýringargögnum eða samanburðarskýringu við önnur ákvæði. Sem dæmi má nefna að maður kvartaði til umboðsmanns Alþingis yfir því að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefði synjað honum um endurveitingu ökuréttinda þar sem ekki þætti sýnt að hann hefði látið af fíkniefnanotkun. Í málinu lá fyrir að maðurinn hafði nýlega gert dómsátt í fíkniefnamálum. Taldi maðurinn ómálefnalegt að byggja á þessu sjónarmiði við ákvörðun um hvort endurveita bæri honum ökuréttindi. Í niðurstöðu umboðsmanns, *SUA 1992:325*, sagði m.a. svo: „Í athugasemdum við 106. gr. í greinargerð með frumvarpi því, er varð að umferðarlögum nr. 50/1987, segir svo: „er lagt til að leitað skuli umsagnar viðkomandi lögreglustjóra áður en endurveiting er ákveðin, enda hafa þeir að jafnaði gleggri upplýsingar um reglusemi og hagi umsækjenda og ítarlegri en fram koma í sakavottorði“.“ (Alþt. 1986–87, A-deild, bls. 924.) Þar sem lagt var til grundvallar að litið væri til reglusemi umsækjanda um endurveitingu ökuréttinda féllst umboðsmaður ekki á það að ólögmætt hefði verið að líta til þess að ekki þætti sýnt að maðurinn hefði látið af fíkniefnanotkun, enda væri óheimilt að neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við stjórn vélknúins ökutækis, sbr. 4. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Almennt vefst það ekki fyrir mönnum að greina hvaða sjónarmið teljast málefnaleg þegar sjónarmiðin koma fram í lögum eða lögskýringargögnum. Þegar sjónarmiðin verða ekki fundin með þeim hætti er greiningin iðulega vandasamari og eru þau þá oftast leidd af markmiðum viðkomandi laga.

2.3.3. Sjónarmið sem leiða má af markmiðum laga.

Sérhvert stjórnvald hefur ákveðinn og afmarkaðan verkahring. Stjórnvaldi ber að beita því stórnsýsluvaldi sem það er að lögum bært til að fara með með þau *markmið* fyrir augum sem því ber að vinna að *lögum samkvæmt*. Byggi stjórnvald ákvörðun sína á sjónarmiðum sem stefna að *öðrum markmiðum*, t.d. að vernda persónulega hagsmuni, áskilja sér fjárhagslegan ávinning sem það á ekki tilkall til eða ná fram hefnd, er um *valdníðslu* að ræða (d. magtfordrejning). Stjórnvaldi ber að beita valdi sínu í réttu augnamiði, þ.e. með þá opinberu hagsmuni eina fyrir augum sem því er falið að gæta.

Þau sjónarmið eru almennt talin málefnaleg sem eru til þess fallin að ná fram markmiði þeirra laga sem ákvörðun er byggð á. Þetta er ein algengasta aðferðin við að greina málefnaleg sjónarmið. Það þarf ekki að koma á óvart þar sem hún er jafnframt í samræmi við þá grundvallarskyldu stjórnvalda að framkvæma lög í samræmi við þau markmið sem löggjafinn hyggst ná fram með setningu þeirra.

---

[1] Alþt. 1991–1992, A-deild, bls. 1169–1170.

Hér má sem dæmi nefna að áður en aðilaskipti eiga sér stað að fasteign sem fellur undir jarðalög nr. 65/1976 skal tilkynna það sveitarstjórn og jarðanefnd, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Telji sveitarstjórn og jarðanefnd að ráðstöfun fasteignar sé „andstæð hagsmunum sveitarfélagsins“ er þeim heimilt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar. Við afmörkun á því *hvaða sjónarmiða* heimilt er að líta til þegar metið er hvort ráðstöfun er andstæð hagsmunum sveitarfélags ber að líta til markmiða jarðalaga eins og þau eru tilgreind í 1. gr. laganna. Í *SUA 1996:206* (221–222) taldi umboðsmaður Alþingis að hægt væri að draga þá ályktun af 1. gr. laganna, svo og lögskýringargögnum, að markmið jarðalaga væri að tryggja að nýting jarða væri þjóðhagslega hagkvæm og að eignarráð og búseta á jörðum samræmdist hagsmunum sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda. Í þágu þessara markmiða hefð sveitarstjórn og jarðanefnd verið fengið vald til að koma í veg fyrir að jarðir væru teknar skipulagslaust úr landbúnaðarnotum. Umboðsmaður taldi á hinn bóginn að hlutaðeigandi sveitarstjórn hefði byggt synjun sína á ómálefnalegum sjónarmiðum þegar hún neitaði að samþykkja fyrirhugaða leigu á jörð, m.a. af því að leigutaki hefði verið ókvæntur og ekki fæddur og uppalinn í hreppnum, auk þess sem hann hefði aldrei greitt skatta til hreppsins.

Stundum getur hins vegar verið vandasamt að ákvarða markmið laga nægilega skýrt. Verður þá að beita viðurkenndum skýringaraðferðum við könnun og afmörkun á tilgangi þeirra. Þegar erfitt er að afmarka tilgang laga er yfirleitt nokkra hjálp að finna í aðgreiningarreglunum (d. specialitetsprincipperne).

Samkvæmt hinni skipulagslegu aðgreiningarreglu (d. organisatoriske specialitetsprincip) er stjórnvaldi *óheimilt* að leggja sjónarmið til grundvallar ákvörðunum sínum til að ná fram markmiði sem öðru stjórnvaldi ber að vinna að lögum samkvæmt. Stjórnvöld eiga að halda sig innan valdmarka sinna og vinna að þeim markmiðum sem þeim ber að vinna að lögum samkvæmt, en láta vera að skipta sér af málefnum sem heyra undir aðra og þau hafa ekki sérþekkingu á. Sem dæmi um brot á þessari reglu má nefna *H 1984:1326* þar sem stjórn Dýraspítala Watsons sendi umsókn til landbúnaðarráðherra um lækningaleyfi fyrir danskan dýralækni til að starfa við spítalann. Ráðuneytið neitaði að veita dýralækninum lækningaleyfið m.a. með vísan til þess að yfirdýralæknir hefði ekki treyst sér til að mæla með því að danska dýralækninum yrði veitt leyfi til að stunda dýralækningar á Íslandi. Meðal þeirra sjónarmiða sem yfirdýralæknir byggði niðurstöðu sína á var að íslenskir dýralæknar væru tiltækir og því væri óþarfi að ráða erlendan dýralækni. Þegar þessi grundvöllur álits yfirdýralæknis er athugaður verður að hafa í huga að það var eitt að uppfylla menntunarskilyrði og aðrar fagkröfur til þess að fá *lækningaleyfi* og annað að fá *atvinnuleyfi* hér á landi fyrir útlending á þessum tíma. Að lögum féll það ekki undir yfirdýralækni að meta hvort uppfyllt væru skilyrði 3. gr. þágildandi laga nr. 39/1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi. Umfjöllun yfirdýralæknis um að óþarfi væri að ráða erlenda dýralækna til landsins miðað við aðstæður var því brot á hinni skipulagslegu aðgreiningarreglu þar sem þetta verkefni heyrði alls ekki undir yfirdýralækni, heldur félagsmálaráðherra. Þar sem þetta sjónarmið var ekki í málefnalegum tengslum við þann lagagrundvöll sem yfirdýralæknir átti að byggja umsögn sína á var um ómálefnalegt sjónarmið að ræða.

Oft fara stjórnvöld með framkvæmd fleiri en einna laga. Samkvæmt efnislegu aðgreiningarreglunni (d. materielle specialitetsprincip) á stjórnvald að skilja á milli þeirra heimilda og markmiða sem starf þess miðar að þannig að það beiti ekki sjónarmiðum sem leiða af einni lagaheimild til þess að taka ákvarðanir á grundvelli annarrar og óskildrar lagaheimildar. Í þessu sambandi má sem dæmi nefna danskan dóm, *U 1929:452*, þar sem sveitarfélag þótti hafa brotið þessa reglu. Málavextir voru þeir að gjaldandi galt sveitarfélagi ekki útsvar sitt. Til þess að knýja hann til greiðslu útsvarsins var ákveðið að gas- og rafmagnsveita sveitarfé-

lagsins skyldi hætta að veita gjaldandanum þjónustu sína þar til hann hefði gert skil á útsvari sínu til sveitarfélagsins. Þar sem gjaldandinn var í engri skuld við gas- og rafmagnsveitu sveitarfélagsins, sem hafði þar að auki einkarétt á sölu gass og rafmagns í sveitarfélaginu, braut sveitarfélagið hina efnislegu aðgreiningarreglu með því að beita þvingunarúrræðum ákveðinna laga, um vanefndir á skyldum, sem fjallað var um í öðrum og efnislega óskyldum lögum. Hér má einnig nefna *H 1997:1544* þar sem Hæstiréttur áréttaði að ágreiningur, sem umsækjandi um kennarastöðu átti við sveitarfélag um greiðslu opinberra gjalda, gæti ekki komið til skoðunar við veitingu kennarastöðunnar.

2.3.4. Samræmi og jafnrétti.

Eins og nánar verður komið að í kafla 2.8.2.1 hér á eftir leiðir af 1. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga að samræmi verður að vera í úrlausnum mála. Hafi stjórnvald byggt ákvörðun á tilteknu sjónarmiði leiðir það til þess að þegar sambærilegt mál kemur aftur til úrlausnar ber almennt að leysa úr því á grundvelli sömu sjónarmiða. Vert er að vekja sérstaka athygli á að af þessari kröfu leiðir að það telst lögmætt sjónarmið við úrlausn máls að líta til *afleiðinganna*, þ.e. að niðurstaða tiltekins máls muni binda stjórnvaldið að meira eða minna leyti við úrlausn sambærilegra mála í framtíðinni. Þetta sjónarmið vegur oft þungt þegar taka þarf ákvörðun um hvort nýta skuli heimild til þess að veita undanþágu.

2.3.5. Sjónarmið sem leidd verða af mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar og ákvæðum fjölþjóðlegra mannréttindasáttmála.

Ákvæði stjórnarskrárinnar og þjóðréttarsamninga um vernd mannréttinda hafa þýðingu við greiningu á því hvaða sjónarmið teljast málefnaleg. Almennt teljast þau sjónarmið málefnaleg sem eru til þess fallin að vernda mannréttindi. Sem dæmi um sjónarmið sem leidd eru af mannréttindasáttmála Evrópu og þýðingu hafa í deilumálum um umgengnisrétt foreldra við börn sín má vísa til umfjöllunar umboðsmanns Alþingis í *SUA 1989:79*, *SUA 1992:59* og *SUA 1996:143*. Í þessum álitum hefur umboðsmaður Alþingis áréttað þá meginreglu barnalaga og laga um vernd barna og ungmenna að foreldrum beri bæði réttur og skylda til umgengni við börn sín. Umboðsmaður hefur bent á að þessi réttur sé óháður því hvort foreldri fari með forsjá barns eða hvar barn dveljist. Þessi réttur og skylda foreldra til að annast börn sín og eiga samneyti við þau njóti verndar alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem Ísland sé aðili að, og skipti þar mestu 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Umboðsmaður hefur minnt á að mannréttindadómstóll Evrópu hafi lagt áherslu á það *sjónarmið* að umgengnisrétti sé viðhaldið með sameiningu fjölskyldu á ný eða a.m.k. með styrkingu sambands hennar í huga. Því verði að vera um veigamikil rök að ræða ef umgengnisréttur er verulega skertur eða útilokaður. Að þessu athuguðu hefur umboðsmaður bent á að *sjónarmið* um að barn hafi ekki „þörf“ fyrir umgengni við foreldri sé andstætt þessum meginreglum og hafi heldur ekki lagastoð við úrlausn mála af þessum toga.

2.3.6. Almenn sjónarmið.

Þá má benda á nokkur almenn sjónarmið, sem yfirleitt teljast lögmæt og gætir mjög í stjórnsýslurétti. Meðal þessara sjónarmiða eru réttmætar væntingar málsaðila, grandleysi hans og réttaröryggi, svo og kurteisi og velvilji í garð málsaðila. Loks má nefna tvö sjónarmið sem oft reynir á í skipulags- og byggingarmálum og stundum rekast á, en það eru annars vegar réttarvörslusjónarmið og hins vegar sjónarmið um að komast hjá eyðileggingu verðmæta.

2.4. Hvaða sjónarmið teljast almennt ómálefnaleg?

2.4.1. Inngangur.

Eins og vikið var að í kafla 2.3.1 hér að framan er greiningin á því hvaða sjónarmið teljist málefnaleg, af sama toga og hefðbundin lögskýring. Við greininguna er því byggt á öllum réttarheimildum sem þýðingu hafa í viðkomandi máli, lögskýringargögnum svo og viðurkenndum lögskýringarsjónarmiðum um það hvaða sjónarmið verði í hverju tilfelli talin málefnaleg sem grundvöllur að ákvörðun. Breytist réttarheimildin, sem ákvörðun er byggð á, getur það einnig orkað á það hvaða sjónarmið verði talin málefnaleg. Það er því *afstætt* hvaða sjónarmið teljast málefnaleg í hverju tilviki og *háð lagagrundvelli máls* hverju sinni. Fæst sjónarmið eru því þannig að hægt sé að alhæfa um hvort þau séu málefnaleg eða ómálefnaleg. Þó er unnt að fullyrða að nokkur sjónarmið verða sjaldan eða seint talin málefnaleg við töku stjórnvaldsákvarðana. Hér á eftir verður stuttlega vikið að nokkrum þessara sjónarmiða.

2.4.2. Persónuleg sjónarmið.

Opinberum starfsmanni er óheimilt að líta til persónulegra hagsmuna sinna, svo sem fjárhagslegra, við rækslu starfa sinna. Þannig má starfsmaður ekki hygla venslamönnum sínum, vinum og aðilum sem hann er í fyrirsvari fyrir eða koma fram hefnd gegn óvinum sínum með opinberum ákvörðunum eða athöfnum. Byggi starfsmaður ákvörðun á slíkum sjónarmiðum er um valdníðslu að ræða.

2.4.3. Stéttarleg sjónarmið.

Í stjórnsýslu getur þurft að taka afstöðu til þess hvort málefnalegt sé að líta til þess við töku ákvörðunar hvort aðili máls sé í ákveðnu félagi. Einu skrefi lengra er gengið þegar spurt er hvort gera megi það að skilyrði að aðili máls sé í ákveðnu félagi svo að tiltekin ákvörðun verði tekin. Almennt virðist sú meginregla lögð til grundvallar að ekki megi líta til slíkra sjónarmiða, nema þau styðjist við gilda lagaheimild. Ella skortir þau lagaheimild og teljast þá ómálefnaleg. Dómur Hæstaréttar, *H 1988:1532*, snertir þetta álitaefni öðrum þræði. S, leigubifreiðastjóri, fékk leyfi til að aka leigubifreið. Meðal skilyrða í reglugerð nr. 320/1983 fyrir leyfisveitingunni var félagsaðild að bifreiðastjórafélaginu Frama. S gekk í félagið og greiddi félagsgjöld fyrst í stað en í kjölfar vanskila á félagsgjöldum og yfirlýsingar hans um að vilja standa utan félagsins var atvinnuleyfi hans afturkallað. Það var niðurstaða Hæstaréttar að ákvæði reglugerðarinnar um skylduaðild að bifreiðastjórafélaginu Frama skorti lagastoð, enda yrðu bönd á atvinnufrelsi manna einvörðungu sett með lögum frá Alþingi, sbr. þágildandi 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Með 12. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 var 74. gr. stjórnarskrárinnar breytt. Nú er mælt svo fyrir að engan megi skylda til aðildar að félagi. Með lögum megi þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Við úrlausn mála er oftast ómálefnalegt að líta til annarra hagsmuna stétta eða fagfélaga en lög leyfa þegar teknar eru ákvarðanir um leyfi eða löggildingu. Í þessu sambandi má minna á *H 1988:820*. Samkvæmt þágildandi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga og byggingafræðinga, mátti engum veita leyfi til að kalla sig tæknifræðing nema hann hefði „lokið fullnaðarprófi í tæknifræði frá tækniskum æðri skóla sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkenndi sem fullgildan skóla í þeirri grein". Árið 1969 var ákveðið af hálfu tæknifræðingafélagsins að viðurkenna ekki norska tæknifræðiskóla, sem höfðu þó fyrir þann tíma verið viðurkenndir. Iðnaðarráðu-

neytið veitti manni engu að síður leyfi til að kalla sig tæknifræðing, þó að hann hefði útskrifast frá norskum tæknifræðiskóla, þar sem ráðuneytið hafði að undangenginni rannsókn komist að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið slakað neitt á námskröfum í umræddum skóla. Fór tæknifræðingafélagið þá í mál og krafðist þess að leyfisveitingin yrði felld úr gildi þar sem ráðuneytið hefði ekki fylgt bindandi umsögn félagsins. Fram kom að sjónarmiðin sem lágu að baki breytingu á menntunarkröfum tæknifræðingafélagsins voru þau að fylgja þeirri þróun „að tæknifræðingar og verkfræðingar yrðu nokkurn veginn samhliða" hvað menntun varðaði. Í héraðsdómi kom fram að í greinargerð með 5. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 44/1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga, hefði verið gert ráð fyrir að tæknifræðinám yrði millistig milli menntunar verkfræðinga og faglærðra iðnaðarmanna. Þau lagasjónarmið höfðu ekki breyst. Var því talið að sjónarmið tæknifræðingafélagsins væru andstæð tilgangi löggjafans og að synjun félagsins hefði því verið byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum. Hæstiréttur tók ekki afstöðu til þessarar málsástæðu og sýknaði umræddan mann þegar af þeirri ástæðu að tæknifræðingafélagið hefði sýnt af sér verulegt tómlæti við málsóknina.

2.4.4. Pólitísk sjónarmið.

Í stjórnsýslurétti hefur verið byggt á þeirri meginreglu að óheimilt sé að leggja pólitísk sjónarmið til grundvallar við töku stjórnvaldsákvörðunar. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga er mælt svo fyrir að óheimilt sé að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á stjórnmálaskoðunum. Þessi meginregla, sem á sér sínar undantekningar, varðar afar flókið og margbrotið svið sem ekki er hægt að varpa nema takmörkuðu ljósi á í þessu stuttu yfirliti.

Fyrsta álitaefnið, sem taka verður afstöðu til, er að greina á milli réttarreglna og lagasjónarmiða annars vegar og pólitískra sjónarmiða hins vegar. Með mikilli einföldun má segja að lög dagsins í dag séu oft stjórnmál gærdagsins. Fyrir Alþingi er lagt frumvarp sem byggt er á pólitískri stefnumörkun. Í frumvarpstexta er þessi stefnumörkun útfærð. Samþykki meiri hluti þingmanna frumvarpið, að undangengninni lögboðinni málsmeðferð, verður það að lögum. Frumvarpstextinn, sem mótaður var af pólitískum viðhorfum, er þá orðinn að lögum og hefur að geyma réttarreglur. Sú pólitíska stefnumörkun, sem frumvarpstextinn byggist á, verður þá að þeim meginreglum sem lagaákvæðin eru byggð á, eða með öðrum orðum meginreglum laganna. Þau pólitísku sjónarmið, sem í frumvarpinu birtast og ætlunin var að yrðu lögð til grundvallar við nánari útfærslu ákvæða frumvarpsins í framkvæmd, verða eftir samþykkt laganna að lögskýringarsjónarmiðum.

Þegar kemur að því að hlutaðeigandi ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga er honum í senn heimilt og skylt að byggja á þeim markmiðum sem lögin stefna að. Í augum ráðherrans er þetta e.t.v. einvörðungu nánari útfærsla á þeim pólitísku stefnumiðum sem hann hefur barist fyrir og Alþingi samþykkt. Séu þessi sjónarmið á hinn bóginn í samræmi við þá stefnumörkun sem lögin voru byggð á og eigi sér næga lagastoð er í lögfræðilegum skilningi einvörðungu verið að hrinda markmiðum laganna í framkvæmd með því að mæla nánar fyrir um framkvæmd þeirra. Byggi ráðherra aftur á móti reglugerð á allt öðrum pólitískum markmiðum og stefnu en lögin voru byggð á er um að ræða *ómálefnaleg sjónarmið*, með hliðsjón af lagagrundvelli reglugerðarinnar. Hið sama á við þegar matskennd stjórnvaldsákvörðun er tekin og byggð á pólitískum sjónarmiðum, sem ekki samrýmast lagagrundvelli ákvörðunarinnar.

Með mikilli einföldun má því segja að pólitísk sjónarmið séu oftast ómálefnaleg við töku stjórnvaldsákvörðunar, samrýmist þau ekki þeim pólitísku sjónarmiðum sem lagagrundvöllur málsins var mótaður eftir og endurspeglar.

Þegar ráðið er í opinber störf geta komið upp álitamál um hvort og hvenær heimilt sé að byggja ákvörðun um val á umsækjanda í starf á pólitískum viðhorfum. Í stjórnsýslu ríkisins er það meginregla að *óheimilt* er að líta til *stjórnmálaskoðana umsækjanda*, sbr. 2. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga. Frá þessu eru undantekningar sem eiga sér misskýrar lagaheimildir. Skulu hér nokkrar nefndar. Á því er byggt að heimilt sé að ráða aðstoðarmann ráðherra eftir stjórnmálaviðhorfum hans, sbr. 14. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum. Þá eru almennt líkur fyrir því að ráðherra megi skipa þær stjórnsýslunefndir eftir pólitískum sjónarmiðum sem hafa sama skipunartíma og hann. Að því er stjórnsýslu sveitarfélaga snertir eru bæði sveitarstjórnir og stjórnsýslunefndir þeirra almennt kosnar eftir pólitískum viðhorfum. Loks er talið heimilt að velja mann í stöðu framkvæmdastjóra sveitarfélags eftir stjórnmálaviðhorfum.

2.4.5. Fjárhagsleg sjónarmið.

Það ræðst af lagagrundvelli máls hvort heimilt er að líta til fjárhagslegra sjónarmiða hins opinbera við töku ákvörðunar. Slík sjónarmið eru að sjálfsögðu málefnaleg við gerð fjárhagsáætlana stjórnvalda og við töku flestra *ákvarðana um innri málefni stjórnsýslunnar*, svo sem við kaup á aðföngum. Í þessu sambandi er rétt að minna á að lögboðið er í 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að forstöðumenn beri ábyrgð á því að fjármunir séu nýttir í rekstri stofnunar á sem árangursríkastan hátt.

Þegar um *stjórnvaldsákvarðanir* er að ræða er meginreglan á hinn bóginn sú að óheimilt er að líta til fjárhagslegra sjónarmiða, nema lagaheimild sú, sem ákvörðun byggist á, veiti heimild til þess. Hér má sem dæmi nefna að áður en aðilaskipti eiga sér stað að fasteign sem fellur undir jarðalög nr. 65/1976 skal tilkynna það sveitarstjórn og jarðanefnd, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Telji sveitarstjórn og jarðanefnd að ráðstöfun fasteignar sé „andstæð hagsmunum sveitarfélagsins“ er þeim heimilt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar. Í *SUA 1996:206* (221–222) taldi umboðsmaður Alþingis að sveitarstjórn hefði byggt synjun sína á ómálefnalegum sjónarmiðum þar sem hún hafði neitað að samþykkja fyrirhugaða leigu á ákveðinni jörð, m.a. þar sem leigutaki hefði *aldrei greitt skatta til hreppsins*.

Það ræðst af lagagrundvelli máls hvort stjórnvöldum er heimilt að setja sem skilyrði fyrir töku stjórnvaldsákvörðunar að gjald sé greitt fyrir eða önnur verðmæti látin af hendi. Þegar ekki er fyrir hendi skýr lagaheimild til slíks, en stjórnvöld áskilja sér engu að síður greiðslu, byggja þau ekki aðeins ákvörðun sína á ólögmætu sjónarmiði heldur brjóta þau einnig lögmætisregluna, sbr. kafla 2.1 hér að framan þar sem gera verður áskilnað um ótvíræða lagaheimild fyrir slíku skilyrði. Sem dæmi má nefna dóm Hæstaréttar, *H 1940:225*. Lóðareigandi var veitt byggingarleyfi af bæjarstjórn Reykjavíkur gegn því að hann léti lóðarspildu undir stíg af hendi endurgjaldslaust. Hann lét spilduna af hendi og byggði hús og fór að því búnu í mál og krafðist endurgjalds fyrir lóðina. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Byggingarnefnd Reykjavíkur og bæjarstjórn brast að lögum heimild til að binda byggingarleyfi áfrýjanda, það er í málinu greinir, því skilyrði, að hann léti af hendi téða lóðarspildu endurgjaldslaust undir götu, og ekki verður talið, að áfrýjandi hafi eftirá með framkomu sinni svipt sig rétti til andvirðis lóðarspildunnar. Ber því að taka kröfur hans hér fyrir dómi til greina.“

2.4.6. Kynferði, litarháttur o.fl.

Jafnræðisreglur hafa bæði þýðingu við greiningu á málefnalegum sjónarmiðum og við matið sjálft. Hér verður aðeins fjallað um fyrra atriðið en um hið síðara verður fjallað í köflum 2.8.2 og 2.9.2.2 hér á eftir.

Jafnræðisreglur í sérákvæðum í lögum geyma oft bann við því að tilekin sjónarmið verði lögð ákvörðun til grundvallar. Hér má t.d. nefna lög nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í 3. gr. laganna er m.a. kveðið á um að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil. Í lögunum er regla þessi síðan margoft áréttuð um leið og talin eru upp helstu tilvik þar sem óheimilt er að leggja til grundvallar sjónarmið byggð á kynferði. Má þar nefna jafna möguleika til atvinnu, jafnan rétt til sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, jafna möguleika til framhaldsmenntunar og starfsþjálfunar o.fl.

Í hinni almennu jafnræðisreglu, sem fram kemur í 11. gr. stjórnsýslulaga, eru talin upp nokkur sjónarmið sem almennt er óheimilt að leggja til grundvallar við úrlausn máls. Þar er um að ræða sjónarmið sem byggð eru á kynferði málsaðila, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.

Sérlög, sem víkja frá almennu jafnræðisreglunni, ganga henni framar, enda fái sérlögin staðist gagnvart *jafnræðisreglum stjórnarskrárinnar*. Í lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er að finna *sérstakar* jafnræðisreglur sem víkja frá hinni *almennu* jafnræðisreglu um að óheimilt sé að byggja ákvörðun á sjónarmiði sem tekur mið af kynferði málsaðila. Sem dæmi má nefna að á grundvelli 3. gr. laganna, sbr. 13. gr. og 2. tölul. 16. gr., verða tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna ekki taldar brjóta í bága við 2. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga, enda verði aðgerðirnar ekki taldar ganga lengra en efni standa til, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga. Þá er einnig heimilt að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar og byggja á því sjónarmiði við val nefndarmanna í stjórnsýslunefndir að skipa því sem næst jafnmargar konur og karla, sbr. 3. og 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991. Nánar verður að þessum sjónarmiðum vikið í kafla 2.9.2.2.

2.5. Lagaleg þýðing þess að sjónarmið telst ómálefnalegt.

Þegar sjónarmið telst ómálefnalegt við úrlausn tiltekins máls er ólögmætt að byggja ákvörðun í málinu á því sjónarmiði. Sem dæmi má nefna að þegar óheimilt er að líta til stjórnmálaskoðana umsækjenda um opinbert starf eiga slíkar skoðanir hans hvorki að verða honum til góðs né ills. Það á með öðrum orðum ekki að líta til þessa sjónarmiðs við ákvörðun um það hverjum starfið verður veitt.

2.6. Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli verða að eiga sér næga lagastoð og vera byggð á málefnalegum sjónarmiðum.

Umfjöllunin hér að framan hefur að mestu einskorðast við matskenndar *stjórnvaldsákvarðanir*. Í þessu sambandi er þó vert að árétta að *reglugerðir* og önnur almenn stjórnvaldsfyrirmæli verða af sömu ástæðum að eiga sér næga *lagastoð* og vera byggð á *málefnalegum sjónarmiðum*. Þrátt fyrir það getur verið nokkur munur á efnisnálgun könnunar á þessum atriðum eftir því hvort mál lýtur að stjórnvaldsákvörðun eða reglugerð. Hvort sem því er haldið fram að reglugerð skorti lagastoð eða að ákvæði hennar séu ekki byggð á málefnalegum sjónarmiðum blandast oft saman við könnun á þeim þáttum sem vikið var að í kafla 2.1–2.5 hér að framan.

Sem dæmi um mál, þar sem deilt var um hvort reglugerð hefði næga lagastoð, má nefna álit umboðsmanns Alþingis, *SUA 1992:189*. Reglugerð nr. 69/1986, um Menningarsjóð útvarpsstöðva, var breytt með reglugerð nr. 166/1991. Með breytingunni varð heimilt að veita innlendum framleiðendum dagskrárefnis framlög úr sjóðnum, en það hafði fyrir breytinguna verið bundið við íslenskar útvarpsstöðvar. Yfir þessu var kvartað til umboðsmanns Alþingis og því haldið fram að breytingin hefði ekki stoð í útvarpslögum og færi í bága við þau. Í 10. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 var mælt svo fyrir að hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva væri að veita framlög til „eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu". Af nefndaráliti menntamálanefndar Alþingis um frumvarp það er varð að þessum lögum, svo og ræðu framsögumanns meiri hluta menntamálanefndar, virtist ljóst að markmiðið með stofnun Menningarsjóðs útvarpsstöðva hefði verið að styrkja innlenda dagskrárgerð sem nýst gæti útvarpsstöðvum hér á landi þar sem óttast var að ekki væri nægilegt fé til þess að vanda innlenda dagskrárgerð. Í nefndaráliti menntamálanefndar var einnig tekið fram að ekki þætti ástæða til að marka hinum nýja sjóði þröngan ramma. Með hliðsjón af markmiði sjóðsins, eins og það var skilgreint í 10. gr. útvarpslaga, svo og fyrrnefndum ummælum í lögskýringargögnum, taldi umboðsmaður Alþingis að menntamálaráðherra hefði verið heimilt að mæla svo fyrir með reglugerð nr. 166/1991 að innlendir framleiðendur dagskrárefnis, aðrir en útvarpsstöðvar, gætu fengið framlög úr Menningarsjóði útvarpsstöðva til dagskrárgerðar, enda væri það markmið laganna ávallt virt að umrædd dagskrá gæti nýst sjónvarps- eða hljóðvarpsstöðvum og væri til menningarauka og fræðslu.

2.7. Almennt um mat stjórnvalda.

Mat stjórnvalda fer yfirleitt ekki fram á grundvelli allra þeirra málefnalegu sjónarmiða, sem til greina geta komið. Stundum fer matið fram á grundvelli tiltölulega fárra sjónarmiða. Í öðrum tilvikum er um að ræða mörg sjónarmið sem oft geta verið ósamrýmanleg.

Meginreglan er sú að stjórnvöld velja á hvaða málefnalegu sjónarmiðum þau byggja ákvörðun sína og ákveða jafnframt hvaða sjónarmið þau leggja áherslu á og veita jafnvel aukið vægi við matið. Stjórnvöld hafa þó ekki óheft frelsi við val á sjónarmiðum þar sem efnisreglur, ýmist lögfestar eða ólögfestar, geta takmarkað valið og ákvarðað vægi sjónarmiðanna.

2.8. Hvaða sjónarmið ber að leggja til grundvallar við matið?

2.8.1. Almenn viðhorf.

Stjórnvöldum er stundum skylt að byggja matskenndar ákvarðanir sínar á ákveðnum sjónarmiðum. Slík sjónarmið eru nefnd *skyldubundin sjónarmið*. Þannig er t.d. stjórnvöldum jafnan skylt að byggja mat sitt á þeim sjónarmiðum sem glögglega koma fram í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum og ætlunin er að dregin séu inn í matið.

Þá ber stjórnvöldum almennt að byggja ákvarðanir sínar á sjónarmiðum sem augljóslega eru til þess fallin að ná fram markmiði þeirra laga sem ákvörðun er byggð á, sem og réttaröryggissjónarmiðum og sjónarmiðum um vernd mannréttinda.

Við matið ber stjórnvöldum loks að líta til þeirra málefnalegu sjónarmiða sem færð eru fram af málsaðila, svo og til sjónarmiða sem fram koma í umsögnum sem aflað er með álitsumleitan.

2.8.2. Jafnræðisregla stjórnsýslulaganna.

2.8.2.1. Meginreglan.

Þegar stjórnvald hefur byggt ákvörðun á tilteknu sjónarmiði, leiðir jafnræðisreglan til þess, að leysa ber úr sambærilegu máli á grundvelli sama eða sömu sjónarmiða þegar slíkt mál kemur til úrlausnar á grundvelli sömu réttarheimildar. Jafnræðisreglan hefur því þýðingu við greininguna á því, hvaða sjónarmið beri að leggja til grundvallar við matið. Í þessu sambandi má minna á *H 1976:456*. Fimm verkfræðingar voru skipaðir í nefnd af Háskóla Íslands til að semja kennsluáætlun. Þeir töldu að ekki hefði verið frá því gengið hvernig ákveða skyldi þóknun fyrir nefndarstörfin. Fjármálaráðuneytið ákvað þeim þóknun og var þeim verkfræðingum er unnu hjá Háskóla Íslands ákvörðuð lægri þóknun en þeim sem unnu annars staðar. Í dómi Hæstaréttar var ekki talið að rök hefðu legið til þess að gera þennan mismun. Af dóminum verður sú ályktun dregin að beita hafi átt sömu sjónarmiðum við launaákvörðun nefndarmanna.

Þegar stjórnvald notar lagaheimild til þess að veita undanþágu verður eins og ávallt að gæta þess að samræmi sé í lagaframkvæmd og að leyst sé úr sambærilegum málum á grundvelli *sömu sjónarmiða*, eftir því sem við verður komið. Sem dæmi um þetta má nefna eftirfarandi álit umboðsmanns Alþingis, *SUA 1992:147*. Námsmaður kvartaði yfir því að Lánasjóður íslenskra námsmanna hefði ekki tekið tillit til sérstakra ástæðna fyrir því að umsókn hans um námslán hefði borist seint. Umboðsmaður benti á að almennt yrði að ganga út frá því sem meginreglu að stjórnvöld hefðu ekki skyldu til að taka mál til efnismeðferðar sem borist hefðu eftir lögskipaðan frest. Hins vegar hefðu stjórnvöld oft heimild til þess að taka slík mál til efnismeðferðar, hefðu afsakanlegar ástæður leitt til þess að umsókn barst of seint. Samkvæmt bréfi lánasjóðsins hafði öllum umsóknum, þar sem ástæðum svipuðum hlutaðeigandi námsmanns, verið hafnað. Aðeins höfðu verið teknar til greina tvær lánsumsóknir, en þær bárust of seint vegna atvika er lánasjóðurinn bar ábyrgð á. Þar sem ekki varð annað séð en að lögmæt sjónarmið hefðu legið til grundvallar synjun á lánsumsókninni og jafnræðis hefði verið gætt við veitingu undanþága frá umsóknarfrestinum, taldi umboðsmaður Alþingis að ekki væri ástæða til athugasemda af hans hálfu við umrædda ákvörðun lánasjóðsins.

Í umfjöllun fræðimanna um jafnræðisregluna er oft bent á að í jafnræðisreglunni felist ekki aðeins að leysa beri úr sambærilegum málum á sambærilegan hátt heldur felist einnig í henni sú regla að úr ósambærilegum málum verði ekki leyst á sambærilegan hátt. Ef mál eru því í grundvallaratriðum ósambærileg er það yfirleitt vísbending um það, að ekki beri að leysa úr þeim á grundvelli sömu sjónarmiða.

2.8.2.2. Er hægt að bera fyrir sig ólögmæta ákvörðun við beitingu jafnræðisreglunnar?

Jafnræðisreglan veitir mönnum almennt ekki tilkall til neins þess sem ekki samrýmist lögum. Hafi efni ákvörðunar orðið ólögmætt getur aðili í öðru máli almennt ekki borið fyrir sig þá ákvörðun og krafist sambærilegrar úrlausnar.

Hafi stjórnvald látið hjá líða að beita tiltekinni réttarreglu gagnvart einum aðila vegna hreinna mistaka verður heldur ekki talið að aðilinn eigi almennt rétt á því að stjórnvöld haldi áfram að sýna af sér slíkt athafnaleysi. Í þessu sambandi má minna á *H 1989:298*. Tekju- og eignarskattur var í fyrsta skipti lagður á Búnaðarfélag Suðurlands árið 1979, þrátt fyrir að félagið hefði verið stofnað árið 1908. Í dómi Hæstaréttar sagði m.a. svo: „Eigi leysir það áfrýjanda undan skattskyldu að á hann var ekki lagður tekju- og eignarskattur fyrr en á árinu 1979."

Slíkt athafnaleysi kann þó undir vissum kringumstæðum að hafa aðrar afleiðingar í för með sér sökum réttmætra væntinga málsaðila. Í þessu sambandi má t.d. benda á *H 1945:22*.

Í júlímánuði árið 1943 óskaði maður, sem búsettur var í Vestmannaeyjum, eftir leyfi húsaleigunefndar í Reykjavík um að mega flytjast í íbúð í Reykjavík sem hann hafði keypt. Nefndin hafnaði erindi mannsins með vísan til 3. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1943. Maðurinn flutti engu að síður í íbúðina. Húsaleigunefnd varð kunnugt um það hinn 15. desember 1943. Húsaleigunefndin óskaði eftir útburði á manninum úr íbúðinni hinn 2. maí 1944. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að þar sem aðgerðum gegn manninum var beitt svo síðla sem áður segir þótti útburður ekki eiga fara fram fyrir næsta almennan fardag, hinn 14. maí 1945.

Frá þeirri meginreglu, sem hér í upphafi var að vikið, eru undantekningar. Hafi t.d. stjórnsýsluframkvæmd smám saman breyst, þannig að hún er ekki lengur samrýmanleg lögum að öllu leyti, væri yfirleitt óheimilt að taka einn aðila út úr og halda honum til laga, meðan mál annarra væru leyst í samræmi við hina venjubundu framkvæmd. Við athugun á því hvort hægt er að beita jafnræðisreglunni í slíkum tilvikum verður m.a. að líta til þeirra hagsmuna sem þeirri réttarreglu er ætlað að vernda sem vikið hefur verið frá. Ef verndarhagsmunirnir eru t.d. hagræði við málsmeðferð, svo sem lagaákvæði um tímafresti og þess háttar, væri yfirleitt hægt að beita jafnræðisreglunni.

2.8.2.3. Er breyting á venjubundinni stjórnsýsluframkvæmd brot á jafnræðisreglu?

Þó að ákveðin sjónarmið hafi verið lögð til grundvallar við úrlausn mála á tilteknu sviði, þýðir það ekki að stjórnvöld verði bundin við það að leggja ávallt sömu sjónarmið til grundvallar við ákvörðun slíkra mála. Heimilt getur verið að breyta stjórnsýsluframkvæmd á tilteknu sviði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Úrlausn þess hvort slík breyting er heimil ræðst af þeirri réttarheimild sem er grundvöllur ákvörðunar í umræddum málum. Slíkar breytingar á stjórnsýsluframkvæmd geta almennt einvörðungu átt sér stað á grundvelli matskenndra heimilda.

Verði matskennd heimild talin fela í sér svigrúm til breytinga á stjórnsýsluframkvæmd leiðir það af jafnræðisreglunni að slík breyting verður að fara fram með tilteknum hætti. 1) Í fyrsta lagi verður breytingin að vera gerð á grundvelli *málefnalegra sjónarmiða*. 2) Þá verður breytingin að vera *almenn* því að óheimilt er að víkja í einstökum málum frá venjubundinni stjórnsýsluframkvæmd án lögmætra og frambærilegra sjónarmiða. 3) Enn fremur verður að hafa í huga, að þegar breytt er þekktri stjórnsýsluframkvæmd, verður að taka tillit til réttmætra væntinga almennings og *kynna breytinguna*, eða eins og segir í áliti umboðsmanns Alþingis, *SUA 1993:29:* „Þegar breytt er stjórnsýsluframkvæmd, sem er almennt kunn, án þess að til komi breyting á réttarreglum, verður í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti að gera þá kröfu til stjórnvalda, að þau kynni breytinguna fyrir fram, þannig að þeir aðilar, sem málið snertir, geti brugðist við og gætt hagsmuna sinna." 4) Loks ber að hafa í huga að sjónarmið um réttmætar væntingar almennings og sjónarmið um bann við afturvirkni réttarreglna setja stjórnvöldum ákveðin mörk um það *hvenær* heimilt er að láta breytingu á stjórnsýsluframkvæmd *taka gildi*.

2.8.2.4. Áhrif stigskiptingar stjórnsýslunnar á túlkun jafnræðisreglunnar.

Algengt er að stjórnvöld hafi staðbundin valdmörk, svo sem sýslumenn, skattstjórar, tollstjórar o.fl. Þar sem hætta getur verið á því að stjórnsýsluframkvæmd verði ekki nægilega samræmd á milli slíkra hliðsettra stjórnvalda er því almennt svo komið fyrir að hægt sé að fá ákvarðanir þeirra endurskoðaðar hjá æðra stjórnvaldi með stjórnsýslukæru. Niðurstaða æðri stjórnvalda um framkvæmd og túlkun réttarheimilda bindur almennt lægri stjórnvöld og þannig fæst *samræmi í stjórnsýsluframkvæmd*. Þegar æðra stjórnvald tekur aftur á móti mál til úrskurðar og þarf t.d. að skera úr um hvernig skýra beri umdeilt lagaákvæði, binda

úrlausnir *lægri stjórnvalda* um túlkun ákvæðisins í sambærilegum málum ekki hið *æðra stjórnvald* á grundvelli jafnræðisreglunnar.

Í öðrum tilvikum verður hins vegar almennt að ganga út frá því að æðri stjórnvöldum beri einnig að fylgja venjubundinni stjórnsýsluframkvæmd á umræddu sviði, teljist hún ekki aðfinnsluverð.

2.8.3. Skyldubundið mat stjórnvalda.

Þegar stjórnvöldum er að lögum eftirlátið mat, setja þau sér oft verklagsreglur til þess að gæta betur *samræmis* í stjórnsýsluframkvæmd og gera almenningi auðveldara að sjá fyrir niðurstöður þeirra. Með slíkum reglum er matið þá í raun takmarkað og stundum jafnvel afnumið. Þó að þetta geti oft verið æskilegt og leitt til aukinnar skilvirkni í stjórnsýslu, þar sem afgreiðsla matskenndra mála tekur yfirleitt langan tíma, eru samt takmörk fyrir því hversu langt er hægt að ganga í þessu efni. Þar sem löggjafinn hefur eftirlátið stjórnvöldum mat *til þess að geta tekið ákvörðun sem best hentar hag hvers aðila, með tilliti til allra aðstæðna*, er stjórnvöldum óheimilt að afnema matið með því að setja t.d. verklagsreglu, sem tekur til allra mála, sambærilegra sem ósambærilegra (d. skøn under regel). Í slíkum tilvikum er mat stjórnvalda skyldubundið og því óheimilt að afnema það eða takmarka óhóflega. Stjórnvöldum getur engu að síður verið heimilt í slíkum tilvikum að setja sér viðmiðunarreglur og takmarka matið að einhverju leyti. Það getur hins vegar verið vandasamt í mörgum tilvikum að feta veginn á milli *jafnræðisreglunnar* og *reglunnar um skyldubundið mat stjórnvalda* (d. pligtmæssig skøn) og fer það nokkuð eftir því um hvaða svið stjórnsýslunnar er að ræða hversu víðtækar heimildir stjórnvöld hafa til að takmarka matið.

Sem dæmi má nefna álit umboðsmanns Alþingis, *SUA 1997:229*, en þar hafði námsmaður kvartað yfir synjun Lánasjóðs íslenskra námsmanna á beiðni hans um frestun á endurgreiðslu námslána. Synjunin var byggð á því að honum hefði reiknast tekjutengd afborgun sama ár og að hann hefði aðeins verið atvinnulaus í 2 mánuði. Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafði sett sér þær vinnureglur við beitingu undanþágureglu 26. gr. reglugerðar nr. 210/1993, að atvinnuleysi þyrfti að hafa staðið yfir í a.m.k. fjóra mánuði svo undanþága væri veitt. Umboðsmaður taldi að stjórn sjóðsins væri heimilt að setja reglur, byggðar á lögum og reglum um lánasjóðinn, til þess að stuðla að samræmi og jafnrétti við framkvæmd þeirra. Slíkar reglur væru í eðli sínu viðmiðunarreglur sem stjórnin setti á grundvelli þess hlutverks síns að taka ákvarðanir um undanþágur frá endurgreiðslureglum. Umboðsmaður áréttaði hins vegar að þegar stjórn sjóðsins væri fengið vald til þess að taka þá ákvörðun sem best ætti við í hverju máli með tilliti til allra aðstæðna, væri henni óheimilt að afnema það mat sem henni væri fengið með slíkum vinnureglum. Umboðsmaður taldi ljóst af gögnum málsins að hlutaðeigandi námsmanni hefði verið synjað án þess að lagt hefði verið sérstakt mat á aðstæður hans. Beindi umboðsmaður því þeim tilmælum til LÍN að málið yrði endurupptekið óskaði námsmaðurinn þess.

Ef stjórnvöldum hefur á hinn bóginn verið eftirlátið mat af öðrum ástæðum en getið er hér að framan hafa þau mun rýmri heimildir til að takmarka matið með verklagsreglum byggðum á lögmætum sjónarmiðum.

Stundum kemur það fyrir að aðili óskar eftir því að efni ákvörðunar í máli hans verði önnur en hún er venjulega í sambærilegum málum. Reglan um skyldubundið mat stjórnvalda leiðir þá til þess að stjórnvöld verða að taka afstöðu til þess hvort slík niðurstaða sé tæk að lögum og ef svo er hvort efni standi til að ákvörðun verði í samræmi við óskir aðila. Í þeim tilvikum sem orðið hefur verið við slíkum óskum getur málsaðili almennt ekki borið fyrir sig jafnræðisregluna og krafist breytinga á ákvörðun verði hann síðar óánægður með niðurstöðu

máls, enda hafi honum verið leiðbeint nægilega er hann bar fram ósk sína um niðurstöðu máls, sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga.

2.9. Hvaða sjónarmið hafa aukið vægi?

2.9.1. Almenn viðhorf.

Þegar sjónarmið, sem matskennd ákvörðun skal byggð á, leiða ekki öll til sömu niðurstöðu þarf að meta þau innbyrðis. Við slíkt mat hafa sjónarmiðin ekki öll sama *vægi*. Meginreglan er sú að stjórnvöld ákveða hvaða sjónarmið þau leggja áherslu á. Frá þeirri meginreglu eru hins vegar nokkrar undantekningar.

Í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum koma stundum fram *forgangsreglur* (d. prioriteringsregler), en þær mæla fyrir um að tiltekin sjónarmið skuli hafa *aukið vægi* við úrlausn mála. Sem dæmi má nefna að skv. 32. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, skulu fatlaðir eiga forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Sumar forgangsreglur eru skilorðsbundnar og verða því ekki virkar nema við ákveðin skilyrði. Á það við um fyrrnefnda forgangsreglu þar sem hún verður einvörðungu virk ef hæfi hins fatlaða er jöfn eða meiri en annars umsækjanda sem um stöðuna hefur sótt.

Þá verður það stundum ráðið af ákvæðum laga, t.d. með samanburðarskýringu, að ákveðið sjónarmið skuli hafa aukið vægi. Sem dæmi má nefna að í 25. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, er kveðið svo á að úrskurður um forsjársviptingu skuli því aðeins kveðinn upp að ekki sé unnt að beita öðrum aðgerðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið fullreyndar án nægjanlegs árangurs. Þetta ákvæði ásamt öðrum ákvæðum í lögunum verður væntanlega að túlka með þeim hætti, að sjónarmið sem mæla á móti forsjársviptingu hafi umtalsvert vægi.

Loks hafa sjónarmið um verndun mannréttinda, sem mælt er fyrir um í stjórnarskránni, yfirleitt aukið vægi.

2.9.2. Jafnræðisreglan.

2.9.2.1. Almennar jafnræðisreglur.

Þegar stjórnvald hefur byggt ákvörðun á tilteknum sjónarmiðum og veitt þar ákveðnu sjónarmiði aukið vægi leiðir jafnræðisreglan til þess að almennt beri að leysa úr sambærilegu máli á grundvelli sömu sjónarmiða þegar slíkt mál kemur aftur til úrlausnar, sbr. kafla 2.8.2.1 hér að framan, og *með áherslu á sömu sjónarmið*. Á þennan hátt fæst sambærileg niðurstaða og gætt er samræmis í stjórnsýslu.

2.9.2.2. Sérstakar jafnræðisreglur.

Sérstakar jafnræðisreglur er t.d. að finna í lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem víkja frá hinni *almennu* jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga um að óheimilt sé að byggja ákvörðun á sjónarmiði byggðu á kynferði málsaðila. Þegar um slíkar *sérstakar* jafnræðisreglur er að ræða virðist stundum á því byggt að sjónarmið, sem þær geyma ákvæði um, skuli hafa *aukið vægi* við úrlausn máls. Í þessu sambandi má t.d. benda á 12. gr. laga nr. 28/1991, en þar segir að í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skuli, þar sem því verður við komið, sitja sem næst *jafnmargar* konur og karlar.

Þá má minna á að í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1993, *H 1993:2230*, taldi Hæstiréttur að skýra bæri lög nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með þeim hætti að í lögunum fælist skilorðsbundin forgangsregla. Taldi Hæstiréttur að skýra bæri lög-

in svo „að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir og karlmaður sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur". Þessa afstöðu hefur Hæstiréttur áréttað í fleiri dómum, sjá t.d. *H 1996:3760.*

2.10. Matið verður að vera forsvaranlegt.

Þótt stjórnvald hafi ákveðið að byggja mat sitt á nánar tilgreindum sjónarmiðum sem teljast málefnaleg verður mat stjórnvalds *á þessum sjónarmiðum* einnig að vera *forsvaranlegt.* Þannig verða þau sjónarmið sem byggt var á að geta leitt með skynsamlegum hætti til þeirrar niðurstöðu sem komist er að með hliðsjón af málsatvikum. Ef matið á sjónarmiðunum er haldið annmörkum, er t.d. bersýnilega ósanngjarnt, er um efnisannmarka að ræða. Á þessum grundvelli hefur Hæstiréttur t.d. talið í *H 1969:1291* og *H 1976:456* að starfsmenn þurfi ekki að sætta sig við ákvörðun um ósanngjarna þóknun fyrir aukstörf í þágu hins opinbera.

2.11. Lög fela stjórnvöldum að meta hvert efni ákvörðunar skuli vera.

2.11.1. Inngangur.

Matskenndar stjórnvaldsákvarðanir má í grófum dráttum flokka í þrennt. Annars vegar stjórnvaldsákvarðanir sem eru einvörðungu matskenndar um það *hvort* ákvörðun með lögákveðnu efni verði tekin og hins vegar ákvarðanir sem eru matskenndar um það hvert *efni þeirra eigi að vera.* Loks kunna ákvarðanir að vera matskenndar um báða þessa þætti.

Í þessum kafla verður vikið að því hvaða sjónarmið gildi þegar ákvörðun er tekin og það er komið undir mati stjórnvalds hvert efni ákvörðunar verður. Í slíkum tilvikum ber stjórnvöldum eins og endranær að byggja mat sitt á málefnalegum sjónarmiðum. Greining á því hvaða sjónarmið teljast málefnaleg og þar með lögmæt fer fram með sama hætti og lýst er í köflum 2.2–2.6. Þess utan verða stjórnvöld að virða þær reglur sem vikið verður að hér á eftir í köflum 2.11.2–2.11.4.

2.11.2. Meðalhófsreglan.

Þegar *efni ákvörðunar* er að einhverju leyti komið undir *mati* stjórnvalds er mat þess bundið af *meðalhófsreglunni* (d. proportionalitetprincippet). Meðalhófsreglan er lögfest í 12. gr. stjórnsýslulaga. Meðalhófsreglan er ekki ný af nálinni því hún hefur lengi gilt t.d. um valdbeitingu lögreglu. Meginsjónarmiðin að baki reglunni eru þau að stjórnvaldi sé ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að heldur beri því einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra aðila sem athafnir stjórnvaldsins og valdbeiting beinist að. Ber stjórnvaldi að fara ákveðinn meðalveg á milli þessara andstæðu sjónarmiða.

Í meðalhófsreglunni felast þrír meginþættir:

1. 1. málsl. 12. gr. stjórnsýslulaga er byggður á þeirri meginreglu að aldrei megi íþyngja almenningi að nauðsynjalausu. Af orðalagi ákvæðisins, svo og athugasemdum við 12. gr. frumvarps þess sem varð að stjórnsýslulögum, er ljóst að *stjórnvaldsákvörðun verður að vera til þess fallin að ná því markmiði sem að er stefnt.* Þetta þýðir þó ekki að markmiðinu verði að ná að fullu. Hins vegar er íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun, sem *augljóslega* er ekki til þess fallin að ná því markmiði sem að er stefnt, *ólögmæt.*

Því var haldið fram að þessi regla hefði verið brotin þegar umhverfisráðherra ákvað að stytta veiðitíma rjúpu um einn mánuð árið 1993. Umboðsmaður Alþingis benti á, sbr. *SUA 1994:371,* að við setningu íþyngjandi stjórnvaldsfyrirmæla bæri stjórnvöldum að gæta þess að fyrirmælin væru til þess fallin að ná því markmiði sem að væri stefnt. Umdeilt var meðal sérfræðinga hvort slík friðun kæmi að einhverjum notum. Þar sem ekki hafði þó verið sýnt

fram á að þetta úrræði væri á nokkurn hátt hæft til að ná því markmiði að draga úr veiðum rjúpu var það ekki talið fara í bága við þennan þátt meðalhófsreglunnar.

2. Þegar stjórnvöld hafa val um fleiri en eina *leið* til að ná því *markmiði* sem að er stefnt með töku ákvörðunar leiðir af 1. málsl. 12. gr. stjórnsýslulaga að *velja ber það úrræði sem vægast er og að gagni getur komið*. Óheimilt er því að taka íþyngjandi ákvörðun ef hægt er að ná markmiðinu fyllilega án þess að íþyngja málsaðila. Í þeim tilvikum þar sem ekki verður komist hjá því að taka íþyngjandi ákvörðun ber stjórnvaldi hins vegar að velja það úrræði sem *vægast* er. Því mun tilfinnanlegri sem sú skerðing er sem leiðir af ákvörðun stjórnvalds þeim mun strangari kröfur verður að gera til sönnunar á nauðsyn skerðingarinnar.

Oft eru aðstæður þannig að ekki verður fyrirséð hvaða úrræði muni helst koma að notum við að ná því markmiði sem að er stefnt. Fyrst í stað skal þá grípa til vægari úrræða, sem almennt verða talin geta komið að gagni, áður en grípa má til róttækari og harkalegri úrræða.

Sem dæmi um mál, þar sem þessi þáttur meðalhófsreglunnar var ekki virtur, má nefna *H 1982:902*. Maður nokkur átti hænsnahús sem ekki var í góðri umhirðu. Þóttust nágrannar verða varir við magnaðan rottugang í því og kvörtuðu við heilbrigðisnefnd. Af því tilefni var meindýraeyðir látinn eitra fyrir rottunum án atbeina eða tilverknaðar eigandans og bar sú eitrun tilætlaðan árangur. Að því búnu ákváðu bæjaryfirvöld að brenna húsið og jafna yfir lóðina með jarðvegi sökum smithættu af eitri og rottumaur. Að afstöðnu verki var eiganda hússins síðan sent skeyti og tilkynnt um aðgerðirnar. Hann fór í bótamál við bæjaryfirvöld og benti á að honum hefði ekki verið veitt færi á að bæta úr ástandinu áður en til svo róttækra ráðstafana var gripið. Í dómi Hæstaréttar var ekki talið að sýnt hefði verið fram á að svo stórfelld hætta hefði stafað af umræddri eitrun eða af dauðum rottum að heimilt hafi verið að leggja eld í húsið án undangenginnar tilkynningar til eiganda, svo sem gert var. Var bæjaryfirvöldum því gert skylt að greiða eiganda hænsnahússins skaðabætur.

3. Þegar vægasta úrræðið, sem að gagni getur komið, hefur verið valið verður að hafa í huga að *hóf* verður að vera í *beitingu þess*, miðað við þá hagsmuni sem í húfi eru, og ekki má ganga lengra en nauðsyn ber til (d. kravet om forholdsmæssighed). Þegar stjórnvald ákveður *hvernig* eigi að beita því úrræði sem valið hefur verið er því skylt að vega og meta andstæða hagsmuni í málinu og fara meðalveginn á milli þeirra. Slíkt mat er ekki alltaf auðvelt, en löggjöf á einstökum sviðum og meginreglur laga geyma þó oft vísbendingar um vægi hagsmuna. Almennt verður að ganga út frá því að hagsmunir einstaklinga, sem njóta verndar í mannréttindaákvæðum stjórnarskrár og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, vegi þungt og þá sérstaklega hagsmunir er varða frelsi manna og friðhelgi. Þá verður almennt að taka tillit til nauðsynjar á greiðri og virkri stjórnsýslu. Slík nauðsyn er oft brýn vegna þess að á sumum sviðum verða stjórnvöld að afgreiða mikinn málafjölda sem almennt kallar á festu í stjórnsýsluframkvæmd.

Stjórnvöldum er stundum veitt lagaheimild til þess að ákveða mönnum sektir og önnur viðurlög vegna tiltekinna brota. Oft er þá lögfestur ákveðinn sektarammi og stjórnvöldum falið að ákvarða aðila sekt innan hans á grundvelli eðlis brotsins og annarra málefnalegra sjónarmiða. Við ákvörðun sektar reynir þá á meðalhófsregluna með svipuðum hætti og við refsiákvörðun í opinberum málum, þ.e. eðlilegt samræmi verður að vera á milli eðli og grófleika brots annars vegar og þyngdar þeirra viðurlaga sem ákvörðuð eru hins vegar.

Hér má minna á *H 1986:935* þar sem reyndi á framangreindan þátt meðalhófsreglunnar. A, sem var í gæsluvarðhaldi, fór þess á leit við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að fá að greiða atkvæði utan kjörstaðar í sveitarstjórnarkosningum. Rannsóknarlögreglustjóri neitaði að verða við erindi hans. Í dómi *meiri hluta* Hæstaréttar sagði m.a. svo: „Það er undirstöðuregla í sambandi við þvingunarráðstafanir vegna rannsóknar í opinberu máli að þeim sé hag-

að á þann veg að sökunaut verði sem minnst óhagræði að. Eigi verður séð að nein vandkvæði geti verið á því að varnaraðila sé gefinn kostur á að neyta atkvæðisréttar síns né að ástæða sé til að ætla að það stofni í hættu markmiði gæsluvarðhaldsins, en það er í þessu máli einungis reist á 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974.“ Var A því gefinn kostur á að neyta atkvæðisréttar síns við sveitarstjórnarkosningarnar.

2.11.3. Misbeiting valds við val á leiðum til úrlausnar máls.

Á síðustu árum hefur verið fjallað nokkuð um óskráða meginreglu í stjórnsýslurétti, sem haft getur þýðingu við ákvörðun stjórnvalds um efni matskenndrar stjórnvaldsákvörðunar. Reglan er upprunnin í frönskum stjórnsýslurétti og er á frönsku nefnd „détournement de procédure“. Árið 1947 var fyrst farið að greina á milli þessarar reglu og valdníðslu í fræðilegri umfjöllun.

Í umfjöllun fræðimanna hefur oft verið fjallað um regluna sem *málsmeðferðarreglu*. Þótt reglan sé í eðli sínu *málsmeðferðarregla* hefur hún samt aðallega þýðingu við ákvörðun stjórnvalda um efni matskenndra stjórnvaldsákvarðana. Ákvarðar reglan þá að óheimilt sé að byggja ákvörðun um meðferð máls á tilteknum sjónarmiðum, en það getur aftur haft áhrif á það hvert efni ákvörðunar í málinu verður. Þannig má segja að reglan fáist, eins og valdníðsla, við ómálefnaleg sjónarmið, þótt með ólíkum hætti sé.

Þegar stjórnvald fær mál til úrlausnar kemur stundum upp sú staða að hægt er að leggja mál í fleiri en einn farveg til að leysa úr því. Þegar svo stendur á er aðstaðan oft sú að það fer eftir þeirri niðurstöðu sem stefnt er að hvaða málsmeðferðarreglum ber að fylgja lögum samkvæmt við undirbúning og úrlausn málsins. Aðstaðan getur þá verið sú að velja þarf um tvo kosti. Ef ákveðið er að stefna að niðurstöðunni X getur verið lögákveðið að fylgja beri einfaldri og fábrotinni málsmeðferð til undirbúnings og úrlausnar málsins. Ef ákveðið er hins vegar að stefna að niðurstöðunni Y getur verið lögákveðið að fylgja beri mun vandaðri, tímafrekari og fyrirhafnarmeiri málsmeðferð. Þegar val um niðurstöðu máls stendur á milli tveggja slíkra kosta og stjórnvald ákveður að stefna að niðurstöðunni X, *í því skyni* að komast hjá því að fara með málið eftir hinni tímafrekari og fyrirhafnarmeiri leið sem fylgt hefði niðurstöðu Y, hefur stjórnvald brotið gegn þeirri óskráðu grundvallarreglu sem hér er til umfjöllunar. Það sjónarmið að ákveða niðurstöðu máls með það að markmiði að komast hjá því að fara með mál eftir flóknari og tímafrekari leið er *ómálefnalegt*. Hafi efni ákvörðunar verið ákveðið á grundvelli slíks sjónarmiðs hefur stjórnvald *misbeitt valdi sínu við val á leiðum til úrlausnar máls.*

Beiting þessarar óskráðu meginreglu fer oftast fram í tveimur áföngum: 1) Fyrst þarf að kanna hvort stjórnvald hafi í raun val um að leggja mál í fleiri en einn farveg við úrlausn þess. Þeirri spurningu er svarað með túlkun á þeim réttarheimildum sem stjórnvaldsákvörðun byggist á. Kemur þá oft í ljós að um val er ekki að ræða. Sé því ekki fylgt hinni lögboðnu og ófrávíkjanlegu málsmeðferð er um lögbrot að ræða. 2) Þegar um val er aftur á móti að ræða er a.m.k. ljóst að val stjórnvalds á því í hvaða farveg mál er lagt má ekki byggjast á því sjónarmiði að hægt sé að fylgja einfaldari málsmeðferð en losna við að fara með mál samkvæmt annarri tímafrekari og fyrirhafnarmeiri leið.

Í framkvæmd hér á landi hefur hingað til aðallega reynt á þessa óskráðu meginreglu á tveimur sviðum, annars vegar við breytingu á skipulagi og hins vegar við lausn opinberra starfsmanna úr starfi.

Sem dæmi um mál þar sem reyndi á framangreinda reglu má nefna álit umboðsmanns Alþingis, *SUA 1990:172*. Þar hafði starfsmaður gerst brotlegur við starfsskyldur sínar. Reyndi

þá á hvort stjórnvald hefði val um að leggja niður starfið eða að fara með málið eftir ákvæðum 7.–11. gr. eldri starfsmannalaga, nr. 38/1954.

Í áliti umboðsmanns Alþingis kom fram að samanburður annars vegar á 14. gr. laga nr. 38/1954 og hins vegar ákvæðum 7.–11. gr. sömu laga leiddi til þeirrar niðurstöðu að til *niðurlagningar stöðu* mætti almennt heimfæra þau tilvik þar sem ríkisstarfsmaður ætti ekki lengur kost að gegna stöðu sinni vegna atvika sem ekki yrðu rakin til starfsmannsins sjálfs. Með *lausn úr stöðu* væri hins vegar átt við tilvik þegar stjórnvaldi væri heimilt að víkja starfsmanni frá störfum vegna tiltekinna ávirðinga starfsmannsins. Með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fyrir lágu um aðdragandann að þeirri ákvörðun samgönguráðuneytisins að leggja niður hlutaðeigandi starf, þótti umboðsmanni ekki annað verða séð en að þar hefðu mestu um ráðið samskiptaörðugleikar starfsmannsins og yfirmanns hans og álit hins síðarnefnda á *óhlýðni* starfsmannsins við fyrirmæli hans. Þá var það álit yfirmanns starfsmannsins að hann græfi undan stofnuninni með umtali sínu utan og innan stofnunarinnar. Með hliðsjón af þessum aðdraganda að starfslokum umrædds starfsmanns og fyrrgreindum meginsjónarmiðum við skýringu ákvæða starfsmannalaga taldi umboðsmaður að umrædd staða hefði ekki verið lögð niður í skilningi 14. gr. starfsmannalaga. Hefði því borið að fara með málið skv. 7.–11. gr. starfsmannalaga úr því að yfirmenn starfsmannsins töldu hann hafa gerst brotlegan við starfsskyldur sínar. Í áliti sínu áréttaði umboðsmaður sérstaklega að það leiddi augljóslega til mikillar skerðingar á lögvörðum réttindum skipaðra ríkisstarfsmanna og væri til þess fallið að rýra starfsöryggi þeirra ef stjórnvöld ættu óheft mat á því hvaða tilvik féllu undir niðurlagningu stöðu í skilningi 14. gr. starfsmannalaga. Með því væri opnuð leið til að fara kringum ófrávíkjanlegar reglur um lausn úr starfi og um þær afleiðingar sem ólögmæt frávikning gæti haft í för með sér. Þótt slíkt hefði sjálfsagt ekki vakað fyrir stjórnvöldum gæti það ekki breytt neinu um þá niðurstöðu að ólöglega hefði verið að því staðið þegar umræddur starfsmaður var látinn hætta störfum.

Í framhaldi af áliti umboðsmanns Alþingis höfðaði starfsmaðurinn mál til greiðslu bóta. Það var niðurstaða héraðsdóms að þegar niðurlagning á stöðunni væri skoðuð í ljósi alls þess sem á undan var gengið varðandi starf hans yrði að telja að staðan hefði ekki verið lögð niður í þeim skilningi sem leggja bæri í 1. mgr. 14. gr. starfsmannalaga. Fyrst vilji hefði verið til þess að víkja starfsmanninum úr starfi vegna ávirðinga hans hefði borið að gera það í samræmi við ákvæði 7.–11. gr. starfsmannalaga, eftir því sem við gat átt. Með því að svo hafði ekki verið gert hefði verið brotinn réttur á starfsmanninum sem varðaði bótaskyldu skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954.

Málinu var áfrýjað af hálfu ríkisins. Í dómi Hæstaréttar frá 11. maí 1995, *H 1995:1347*, var komist að þeirri niðurstöðu að ríkisvaldinu hefði ekki tekist að sýna fram á, að aðrar efnislegar forsendur en þær sem beint tengdust umræddum starfsmanni hefðu ráðið því að staða hans hefði verið lögð niður. Að því athuguðu og að öðru leyti með vísan til raka héraðsdóms var staðfest niðurstaða hans um að staðan hefði ekki verið lögð niður í skilningi 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Voru starfsmanninum því dæmdar bætur.

2.11.4. Efni stjórnvaldsákvörðunar skal vera bæði ákveðið og skýrt.

Það er óskráð meginregla í stjórnsýslurétti að stjórnvaldsákvörðun verði efnislega að vera bæði *ákveðin* og *skýr* svo að málsaðili geti skilið hana og metið réttarstöðu sína. Reglan á við hvort sem ákvörðun er tilkynnt aðila munnlega eða skriflega. Sé efni ákvörðunar mjög óljóst getur það leitt til þess að aðili verði ekki beittur viðurlögum enda þótt hann hafi ekki

farið að fyrirmælum hennar. Áhættan af óljósu efni ákvörðunar er því oftast lögð á stjórnsýsluna og efni ákvörðunar túlkað málsaðila í hag.

Þegar tekin er ákvörðun og það er komið undir mati stjórnvalds hvert efni ákvörðunar verður, getur þessi regla haft áhrif á nánari útfærslu á efni ákvörðunarinnar.

2.12. Sjálfsstjórn sveitarfélaga.

Í 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 16. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er mælt svo fyrir að sveitarfélög skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Greina má þá stjórnsýslu í tvo þætti sem Alþingi hefur með lögum ákveðið að sveitarfélög skuli hafa á hendi. Annars vegar er það stjórnsýsla þar sem sveitarfélögum er falið að sjá um framkvæmd laga og á því er byggt að *sömu réttarreglur gildi um land allt* á hlutaðeigandi sviði. Hins vegar eru það svið þar sem Alþingi hefur með lögum falið sveitarfélögum að setja nánari reglur innan ramma laga. Hér er um að ræða svið þar sem Alþingi hefur falið sveitarfélögunum ákveðna *sjálfsstjórn* og á því byggt að *ólíkar réttarreglur geti gilt í hverju sveitarfélagi.* Hvert efni þessara reglna er í hverju sveitarfélagi innan ramma hlutaðeigandi laga ræðst af vilja meiri hluta sveitarstjórnarmanna sem kosnir eru í lýðræðislegum kosningum á fjögurra ára fresti af íbúum sveitarfélagsins.

Þegar Alþingi felur sveitarfélögum sjálfsstjórn um ákveðin málefni er oft ljóst af lögum að ekki er einvörðungu á því byggt að sveitarfélögin hafi *rétt* til að stjórna sjálf hlutaðeigandi málefnum innan sveitarfélagsins heldur er einnig á því byggt að um *skyldu* til sjálfsstjórnar sé að ræða. Sem dæmi má nefna að í 76. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 14. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er mælt svo fyrir að öllum sem þess þurfa skuli í lögum tryggður réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Í lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, er m.a. mælt fyrir um rétt íbúa sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögum. Lögin eru á því byggð að sveitarstjórn beri að setja reglur um framkvæmd félagsþjónustu innan ramma laganna, sbr. 1. tölul. 11. gr. laganna. Árið 1997 voru gerðar breytingar á þessum lögum með lögum nr. 34/1997. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 34/1997 og breytti 21. gr. laga nr. 40/1991 kemur fram að sveitarstjórn eigi að setja reglur um fjárhagsaðstoð, en félagsmálanefnd að fjalla um málefni einstaklinga, þ.e. ákvarða fjárhagsaðstoð í einstökum málum innan ramma reglnanna. Þá sagði svo í athugasemdunum: „Nokkuð er hert á orðalaginu um skyldur sveitarfélaga til að setja reglur um fjárhagsaðstoð enda þótt ekki sé um efnisbreytingu að ræða. Enn hafa mörg sveitarfélög ekki sett sér slíkar reglur þrátt fyrir lagaskyldu þar um, en af 165 sveitarfélögum hafa 85 sett reglur, þar á meðal öll stærstu sveitarfélög landsins.“[2]

Samkvæmt framansögðu er ljóst að þegar meira en fimm ár voru liðin frá setningu laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, höfðu 80 sveitarfélög í landinu enn ekki uppfyllt þá lagaskyldu að setja reglur um framkvæmd félagsþjónustu, þ.m.t. um rétt til fjárhagsaðstoðar. Þar sem lög nr. 40/1991 eru í eðli sínu rammalöggjöf verður það ekki ráðið af lögunum sjálfum nema að litlu leyti hver hinn efnislegi réttur íbúa sveitarfélags er til félagsþjónustu þar eð hann ræðst aðallega af reglum hvers sveitarfélags um framkvæmd félagsþjónustu. Hafi slíkar reglur ekki verið settar er réttaröryggi íbúa sveitarfélagsins á sviði félagsþjónustu fyrir borð borið og vafi hlýtur að leika á hvort uppfylltur hafi verið áskilnaður

---

[2] Alþt. 1996–1997, A-deild, bls. 3408.

76. gr. stjórnarskrárinnar um að „réttur til aðstoðar“ vegna örbirgðar og sambærilegra atvika hafi verið „tryggður í lögum“.

Framangreind vandamál um framkvæmd sjálfsstjórnar sveitarfélaga tengjast öðru vandamáli. Svo um réttaröryggi sé að ræða í skiptum borgaranna og stjórnvalda verða borgararnir að eiga möguleika á því að kynna sér gildandi réttarreglur og sjá fyrir hvaða afleiðingar ákveðnar athafnir þeirra munu hafa að lögum. Af þessum sökum verða lög og reglur að vera birtar og almenningi aðgengilegar.

Í 27. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir að birta skuli lög og að um birtingarháttu og framkvæmd laga fari að landslögum. Í lögum nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er mælt fyrir um hvernig birta skuli lög, reglugerðir, samþykktir o.fl. Skv. 7. gr. laganna má ekki beita fyrirmælum sem felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis fyrr en birting skv. 1. og 2. gr. laganna hafi farið fram. Þrátt fyrir þessi lagafyrirmæli er einungis hluti þeirra reglna, sem sveitarstjórnir setja í krafti sjálfsstjórnar sinnar og varða rétt íbúa sveitarfélaga, birtur opinberlega í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1943.

Vafalítið er hluta af þessum vanda að rekja til þess að lengi vel var einvörðungu heimilt að birta í B-deild Stjórnartíðinda þær reglur og samþykktir sveitarfélaga sem ráðherrar staðfestu. Aðrar samþykktir og reglur sveitarfélaga fengust ekki birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Þessu var breytt með 1. gr. laga nr. 95/1994. Nú er mælt svo fyrir í niðurlagi 2. gr. laga nr. 64/1943, sbr. 1. gr. laga nr. 95/1994, að í B-deild Stjórnartíðinda skuli einnig birta reglur sem opinberum stjórnvöldum og stofnunum, öðrum en ráðuneytum, er falið lögum samkvæmt að gefa út. Þrátt fyrir þessa lagabreytingu og þá skyldu sem hvílir á sveitarstjórnum að birta samþykktir og önnur ákvæði almenns efnis, sbr. 7. gr. laga nr. 64/1943, hefur framkvæmd sveitarstjórna lítið breyst. Enn sem fyrr eru nánast eingöngu birtar auglýsingar, samþykktir og aðrar reglur sem sveitarstjórnir setja, sé lögboðið að ráðherra staðfesti þær. Aðrar samþykktir og reglur virðast aðeins birtar í undantekningartilvikum.

Þessi framkvæmd við birtingu reglna sem sveitarstjórnir setja skerðir ekki einvörðungu réttaröryggi íbúa sveitarfélaga heldur gerir reglustjórn meiri hluta sveitarstjórnar á hverjum tíma ógegnsæja. Þessi framkvæmd er því einnig til þess fallin að tálma lýðræðislegri umræðu almennings um markmið og leiðir við lausn verkefna sveitarfélags.

Þau vandamál sem hér að framan hafa verið gerð að umtalsefni eru ekki bundin við lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sambærileg vandamál geta komið upp á öllum þeim sviðum þar sem Alþingi hefur falið sveitarstjórn sjálfsstjórn um rétt eða skyldu íbúa sveitarfélaga, sinni sveitarstjórn ekki þeirri skyldu sinni að setja reglur og birta þær.

2.13. Almennar efnisreglur stjórnsýsluréttar og siðferði.

2.13.1. Lögbundin og málefnaleg stjórnsýsla.

Í undanförnum köflum hefur athyglin einkum beinst að tveimur meginreglum íslensks stjórnsýsluréttar, lögmætisreglunni og reglunni um málefnaleg sjónarmið. Samkvæmt hinni fyrrnefndu er stjórnvöldum almennt skylt að reisa ákvarðanir sínar og athafnir á lögum og jafnframt er þeim óheimilt að aðhafast nokkuð sem andstætt er lögum. Síðarnefnda reglan setur stjórnvöldum enn frekari skorður. Samkvæmt henni ber stjórnvöldum að gæta málefnalegra sjónarmiða við meðferð opinbers valds án tillits til þess hvort skilyrðum lögmætisreglunnar er fullnægt í hverju tilviki.

Í þessum hluta verður nánað hugað að þeim rökum eða hugmyndum sem liggja að baki þessum meginreglum íslensks stjórnsýsluréttar. Fyrst verður fjallað um almenn rök lögmætisreglunnar, tengsl hennar við hugmyndina um réttarríkið og almenna réttlætingu laga. Í ann-

an stað verður fjallað um regluna um málefnaleg sjónarmið og tengsl hennar við siðferðilegt gildismat. Í því sambandi verður einnig hugað nánar að eðli matskenndra réttarreglna og hvort slíkar reglur geti talist æskilegar við einhverjar aðstæður. Með þessa umfjöllun að baki verður því loks svarað hvort efnisreglur stjórnsýsluréttar samræmist siðferðishugmyndum manna.

Siðferði er óumdeilanlega óljóst, umdeilt og flókið fyrirbæri sem krefst sjálfstæðrar umfjöllunar sem fellur að meginstefnu utan efnismarka þessa kafla. Hér verður ekki á nokkurn hátt reynt að sýna fram á tilvist siðferðilegra verðmæta eða fjallað almennt um efnislegt inntak siðferðis og orsakir siðferðilegs ágreinings. Þrátt fyrir þetta verður augljóslega ekki fjallað um siðferðilegt gildi meginreglna íslensks stjórnsýsluréttar án þess að tekin sé afstaða til siðferðilegra verðmæta eða lífsgæða, eins og þau eru stundum nefnd. Við eftirfarandi umfjöllun verður því að setja þann almenna fyrirvara að fæstar þær fullyrðingar, sem færðar verða fram um lögin, réttarríkið eða hlutverk stjórnsýslunnar, eru óumdeildar eða óumdeilanlegar. Þessi umfjöllun hefur því fyrst og fremst það að markmiði að bregða nokkru ljósi á þau rök eða þær hugmyndir sem liggja til grundvallar íslenskum stjórnsýslurétti, fremur en að slá fastri einni endanlegri niðurstöðu um efnið.

2.13.2. Lög og opinber stjórnsýsla.

Með sama hætti og menn hefur greint á um inntak siðferðis, hefur þá greint á um hvort lög séu almennt æskileg og þá hvert eigi að vera nánara efni þeirra. Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um að lög séu almennt af hinu illa og sú valdbeiting sem felist í lögunum sé sambærileg hverju öðru ofbeldi eða kúgun. Aðrar hugmyndir standa til þess að viðurkenna gildi laganna, a.m.k. að einhverju marki.

2.13.2.1. Almenn réttlæting laganna, lagasetningarvalds og opinberrar stjórnsýslu.

Lágmarksréttlæting laganna, ef svo má að orði komast, styðst einfaldlega við það gagn sem lögin gera við að tryggja líf og limi manna í samfélagi. Þessi rök koma til dæmis fram í máli Þorgeirs Ljósvetningagoða við kristnitöku á Alþingi sem frá er sagt í Brennu-Njálssögu, en að mati Þorgeirs var vegið að friðsamlegri sambúð manna í landinu þegar svo var komið að ekki höfðu allir ein lög í landinu.[3] Rök sem þessi hafa fengið ítarlega umfjöllun í skrifum ýmissa fræðimanna seinni tíma. Hér má til dæmis nefna kenningu enska fræðimannsins H.L.A. Hart um svokallað lágmarksinntak náttúruréttar sem um margt byggir á hugmyndum D. Hume og T. Hobbes. Samkvæmt Hart verða menn að hafa lög sem uppfylla ákveðin lágmarksefnisskilyrði ef aðeins er lagt til grundvallar að þeir vilji komast af lifandi í samfélagi hver við annan og tekið er tillit til ákveðinna almennt viðurkenndra staðreynda um mannlega náttúru og umheiminn.[4]

Hugmyndir Þorgeirs Ljósvetningagoða, T. Hobbes, D. Hume og H.L.A. Hart segja lítið um hvert nánara efni laganna á að vera. Ef lagt er til grundvallar að mönnun sé fleira verðmætt en lífið eitt, t.d. vinátta, þekking, fegurð eða ánægja, má þó færa að því rök að ekki aðeins eigi samfélagið að vera lögbundið, heldur eigi lögin að tryggja, að menn geti notið þessara lífsgæða. Því betur sem lögin nái þessum tilgangi sínum því betri séu lögin. Því verr sem

---

[3] Svo lýst mér sem málum vorum sé komið í ónýtt efni ef vér skulum eigi hafa ein lög allir. En ef sundur er skipt lögunum þá mun sundur skipt friðinum og mun eigi mega við það búa. Brennu-Njálssaga, útgáfa Máls og menningar 1990, bls. 211.

[4] H.L.A. Hart, The Concept of Law, Oxford 1961, bls. 189 o.áfr.

þau gera það því verri séu þau. Svo slæm geti lög verið að þessu leyti að þau beinlínis vinni gegn tilgangi sínum. Siðferðilegt gildi svo gallaðra laga er þá ekki neitt. Þau eru ólög sem eru að vettugi virðandi (l. lex iniusta nulla est lex, virtutem obligandi non habet).[5]

Þegar nánar er hugað að þeim gæðum sem flestir telja að séu eftirsóknarverð eða mönnum nauðsynleg er ljóst að veigamikil rök standa til þess að menn geti því aðeins notið lífsgæða sinna í samfélagi við aðra menn að athafnir þeirra lúti reglum. Aðeins með reglum er hægt að samhæfa háttsemi manna þannig að hagsmunir eins rekist ekki á við hagsmuni annars. Þannig er t.d. augljóst að án einhvers konar umferðarreglna mun slysum og dauðsföllum fjölga til muna í umferðinni. Einnig mun akstur ökutækja verða erfiðari og þar með má segja að raunverulegt athafnafrelsi manna minnki. Ef við föllumst á að lífið sé verðmætt, og einnig að það sé þess virði að geta nýtt sér athafnafrelsi með því komast nokkuð óhultur leiðar sinnar í ökutæki, hljótum við að telja æskilegt að umferðin lúti reglum. Ef engar slíkar reglur eru til í samfélaginu er æskilegt að þeim sé hægt að koma á með einhverjum hætti. Með öðrum orðum er æskilegt að til staðar sé einhver stofnun sem fer með vald til þess að setja reglur. Af því leiðir einnig að rétt er að virða þær reglur sem stafa frá slíkri stofnun.

Að þessu virtu er ekki aðeins gott að til séu reglur heldur einnig tryggingar fyrir því að allir fari eftir þeim; einnig þeir sem kann að skorta skilning á gildi reglnanna eða viljastyrk til að breyta í samræmi við þær. Af þessu leiðir að æskilegt er að þessar reglur séu bundnar viðurlögum til þess að knýja á um að allir fari eftir þeim. Af þessu leiðir einnig að fyrir hendi verða að vera aðilar sem fylgjast með því að eftir reglunum sé farið og beiti viðurlögunum ef ástæða er til. Með þessu eru í raun réttri færð rök að lögum, lagasetningarvaldi og opinberri stjórnsýslu í sinni einföldustu mynd. Eftir því sem lögin verða flóknari fyrir atbeina virks lagasetningarvalds, þau taka til fleiri sviða og ríkisvaldið tekur að sér fleiri verkefni þeim mun viðameira og flóknara verður hlutverk stjórnsýslunnar.

2.13.2.2. Réttarríkið og opinber stjórnsýsla.

Ef almennt er fallist á að lög séu æskileg, jafnvel nauðsynleg fyrir líf manna í samfélagi, með vísan til þess gagns eða gildis sem þau hafa, er ljóst að lögin þurfa að fullnægja ákveðnum formlegum skilyrðum. Með öðrum orðum þurfa lögin í öllum tilvikum að vera þannig úr garði gerð að þau geti þjónað þeim frumtilgangi sínum að hafa áhrif á háttsemi þeirra sem þeim er beint til. Lög, sem enginn þekkir, enginn skilur og enginn getur framkvæmt fullnægja ekki þessum kröfum.

Með hugmyndinni um réttarríki (e. rule of law, f. l´état de droit, þ. rechtsstaat) eru sett fram nauðsynleg skilyrði þess að lögin nái framangreindum frumtilgangi sínum. Réttarríkishugmyndin hvílir ótvírætt á því meginsjónarmiði að lögin séu æskileg því ástæðulaust væri að búa lögin svo úr garði að þau væru sem áhrifamest á háttsemi fólks ef þau áhrif væru skaðleg eða óæskileg. Réttarríki lýtur þannig að meginstefnu ekki að því hvers *efnis* lögin eigi að vera heldur mælir fyrir um að lög skuli hafa ákveðna *formlega* eiginleika, svo sem að vera framkvæmanleg, skiljanleg, birt og almenn, svo eitthvað sé nefnt. Réttarríki, í þessum skilningi, stendur þannig ekki til þess að eignarréttindi, tjáningarfrelsi eða önnur efnisleg réttindi, sem færa mætti rök fyrir, njóti verndar laganna. Ef þessi þröngi skilningur er lagður í réttarríkishugtakið er það jafnvel ekki því til fyrirstöðu að lög ákveðins samfélags mæli

---

[5] Hér er vísað til kenninga sem lagt hafa áherslu á siðferðilegar forsendur laga. Þessar kenningar, sem þó eru um margt ólíkar sín á milli, hafa almennt verið kenndar við náttúrurétt. Setningin *lex iniusta nulla est lex* er almennt rakin til heilags Tómasar frá Aquino, Summa Theologia, spurning 96.

fyrir um eða leyfi háttsemi sem augljóst er að er siðferðilega röng, enda geta slík lög verið birt, vel framkvæmanleg, skýr og skiljanleg og almenns eðlis.[6]

Réttarríki verður augljóslega ekki náð án þess að farið sé eftir lögunum í raun og veru, þau framkvæmd og fullnustuð. Skilvirkasta leiðin til lagaframkvæmdar er að fela ákveðnum stofnunum það hlutverk. Stjórnvöld og starfsemi þeirra, stjórnsýslan, gegnir því mikilvægu hlutverki í hverju lögbundnu samfélagi. Samkvæmt réttarríkishugmyndinni er það frumskylda stjórnvalda að halda uppi lögum í samfélaginu. Raunar verður að telja einhverja opinbera stjórnsýslu nauðsynlega ef fullnægja á kröfum réttarríkis.

Færa má önnur rök fyrir réttarríkishugmyndinni. Þau rök, sem líklega eru betur þekkt en þau tæknilegu sjónarmið sem að framan greinir, eru að meginstefnu reist á gildi laganna fyrir athafnafrelsi manna. Samkvæmt þessum hugmyndum eru lög æskileg með tilliti til þess að menn geti nýtt sér ákveðin gæði svo sem líf sitt og frelsi. Þrátt fyrir að lögin séu nauðsynleg í þessum tilgangi fela þau um leið í sér takmarkanir á þessum gæðum. Þannig má segja að þótt umferðarreglur séu nauðsynlegar til þess að maður geti ekið um nokkuð óhultur feli þær um leið í sér að maður geti ekki ekið um eins og manni sýnist. Frekari takmarkanir á frelsi koma einnig til ef reglurnar eru brotnar, t.d. sektir, svipting ökuréttar eða fangelsi.

Að þessu virtu hefur réttarríkið einnig þá þýðingu að þær takmarkanir sem lögin setja athafnafrelsi samfélagsþegnanna eru gerðar með ákveðnum hætti. Þessar takmarkanir eru framkvæmanlegar af þegnunum, birtar og þannig fyrirsjáanlegar, skýrar og skiljanlegar. Þær eru einnig almennar þar sem þær eru gerðar í formi reglna en ekki einstakra ákvarðana. Réttarríkishugmyndin stendur því einnig til þess að samfélagsþegnarnir geti verið öruggir um hagsmuni sína, þ.e. að þeir viti hvers lögin krefjast af þeim og þeim sé gerlegt að haga sér í samræmi við þau. Frá þessum sjónarhóli eru lög sem ekki fullnægja skilyrðum réttarríkis ekki aðeins tæknilega léleg heldur einnig bersýnilega óréttlát gagnvart þeim sem þau beinast að. Samkvæmt þessu er það ekki aðeins tæknileg forsenda lögbundins samfélags að stjórnvöld haldi uppi lögum heldur er það einnig frumskilyrði réttláts samfélags.

2.13.2.3. Lögbundin stjórnsýsla.

Samkvæmt réttarríkishugmyndinni hafa stjórnvöld það mikilvæga hlutverk að sjá til þess að lögunum sé fylgt. Með þessu hlutverki eru stjórnvöldum einnig settar skýrar skorður. Í fyrsta lagi verða skerðingar á hagsmunum manna að eiga sér stoð í lögum. Stjórnvöld eiga því ekki að skerða hagsmuni manna án þess að lög mæli fyrir um að slíkt megi eða skuli gert. Með öðrum orðum verður stjórnsýslan almennt að hafa heimild að lögum ef taka á einhverjar ákvarðanir sem skerða frelsi eða hagsmuni samfélagsþegnanna. Þetta eru þau rök sem liggja að baki þeim þætti íslensku lögmætisreglunnar sem nefndur hefur verið heimildarreglan og rætt hefur verið um hér að framan. Af þessu má ljóst vera að lögmætisregla íslensks réttar styðst ekki einungis við þau siðferðilegu rök að stjórnvöld skuli lúta ákvörðunum lýðræðis-

---

[6] Íslenska umfjöllun um réttarríkishugmyndina má finna í VIII. kafla greinasafns Garðars Gíslasonar: Eru lög nauðsynleg?, Reykjavík 1991. Hér er lagður þröngur skilningur í réttarríkishugtakið í stað þess að láta það ná yfir það ástand þegar lögin eru almennt góð og réttlát eins og stundum er gert. Vekja ber athygli á því að kröfunni um að lög séu almenn samkvæmt réttarríkinu má ekki rugla saman við það að lög skuli ekki mismuna mönnum. Krafan um lög að séu almenn samkvæmt réttarríkinu beinist að því að lögin samanstandi af almennum og óhlutbundnum reglum í stað þess að miðast við hvert einstakt tilvik eða vera samansafn einstaklingsbundinna ákvarðana. Þótt þessu skilyrði sé fullnægt er ekki þar með sagt að efnislegt jafnræði samfélagsþegnanna sé tryggt að lögum.

lega kjörinna fullrúa þjóðarinnar, en gildi fulltrúalýðræðis er á margan hátt umdeilanlegra en þau grunnsjónarmið sem hér hafa verið reifuð.

Af réttarríkishugmyndinni leiðir jafnframt ýmis blæbrigði og jafnvel undantekningar frá lögmætisreglunni sem einnig er að finna í íslenskum rétti. Þannig standa rök til þess að gera minni kröfur til heimilda stjórnvalda þegar um minni háttar skerðingar er að ræða. Þetta kemur einnig fram í því hvort áskilin er sett lagaheimild eða hvort aðrar réttarheimildir, sem eru óskýrari, ekki birtar með sama hætti o.s.frv., teljast fullnægjandi grundvöllur stjórnvaldsathafnar.[7]

Í annan stað leiðir það berlega af réttarríkishugmyndinni að stjórnvöld verða að fara að lögum eins og aðrir í samfélaginu. Að öðrum kosti er samfélagið aðeins lögbundið í orði kveðnu. Stjórnvöldum ber t.d. að halda þau loforð sem eru skuldbindandi lögum samkvæmt með sama hætti og aðrir. Sömuleiðis mega stjórnvöld ekki gera neitt sem andstætt er lögum fremur en aðrir í samfélaginu. Sá þáttur lögmætisreglu íslensks réttar, sem nefndur er formregla lögmætisreglunnar, styðst við þessi rök.

Í þriðja lagi leiðir af réttarríkishugmyndinni að ýmsar sérreglur verða að gilda um meðferð þess valds sem stjórnvöldum er falið. Það hlýtur að vera sérstakt áhyggjuefni hvernig þær frelsisskerðingar sem lögin kveða á um eru framkvæmdar. Svipað á við þegar stjórnvöld útdeila með einum eða öðrum hætti opinberu fé eða öðrum gæðum, t.d. ýmsum leyfum til atvinnustarfsemi eða annarra athafna. Hér er t.d. sérstakt tilefni til þess að koma í veg fyrir að þeir einstaklingar sem fara með opinbert vald umbuni hvorki sjálfum sér né nákomnum. Með öðrum orðum verða að vera til staðar reglur sem tryggja sérstaklega að stjórnvaldshafar virði lagaleg réttindi borgaranna þannig að farið sé að lögum í orði og á borði. Af þessu leiðir að ýmiss konar reglur gilda um málsmeðferð innan stjórnsýslunnar sem tryggja eiga lögmæti athafna þeirra. Reglur sem kveða á um endurskoðun ákvarðana innan stjórnsýslunnar auk reglna um stjórnsýslueftirlit þjóna einnig þessum tilgangi. Af þessu leiðir einnig að mikilvægt er að athafnir stjórnsýslunnar megi bera undir dómstóla, en um hlutverk dómstóla með hliðsjón af réttarríkinu verður ekki rætt frekar hér.

Með þessum hætti stuðla lögin sjálf að eigin viðgangi og virkni. Stjórnvöld eru mikilvægur þáttur í því að halda uppi lögbundnu samfélagi, en með sama hætti krefst lögbundið samfélag þess að að stjórnvöld fari sjálf að lögum.

2.13.2.4. Siðferðilegt gildi lögmætisreglunnar.

Lögmætisregla íslensks réttar á sér djúpar rætur í vestrænni siðfræði og stjórnspekihefð eins og að framan greinir. Reglan er reist á þeirri hugmynd að lög séu almennt æskileg í mannlegu samfélagi og því beri að tryggja viðgang þeirra og virkni. Ekki aðeins verði að tryggja að almennt sé farið eftir lögunum heldur einnig að lögin spillist ekki í meðförum stjórnvalda. Með því að samfélagið er lögbundið og samskipti manna lúta lögum er ekki aðeins stuðlað

---

[7] Sbr. til hliðsjónar 1. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 67. og 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 5. og 7. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, sem reistar eru á sömu grunnhugmyndum og lögmætisregla stjórnsýsluréttar. Ákvæðin áskilja sett lög Alþingis sem heimild til refsingar og frelsissviptingar. Þar sem refsingar eru viðurhlutamestu frelsissviptingar sem ríkið beitir menn, er það í samræmi við réttarríki að til þess þurfi skýrar og fyrirsjáanlegar heimildir.

að friðsamlegri og öruggri sambúð manna í samfélagi. Með þessu er réttlæti einnig tryggt, upp að vissu marki, þar sem lögin eru almenn, fyrirsjáanleg og fara ekki í manngreinarálit.[8]

Réttarríkishugmyndin segir lítið um hvers efnis lögin eiga að vera. Til þess þurfa að koma til ítarlegri hugmyndir um þau verðmæti eða lífsgæði sem lögin eiga að þjóna. Á grundvelli slíks verðmætamats verða einnig færð rök að því að tiltekin lög séu með einum eða öðrum hætti siðferðilega ámælisverð, jafnvel þótt þau fullnægi skilyrðum réttarríkis. Úr mannkynssögunni eru t.d. kunn dæmi um voðaverk sem að meira eða minna leyti hafa verið framkvæmd lögum samkvæmt eða hefðu getað verið það. Slík verk hafa stundum verið framin af lögbundinni stjórnsýslu á grundvelli valdheimilda í lögum. Með sama hætti er ekki hægt að útiloka að upp geti komið sú staða að lögmætisregla íslensks réttar mæli fyrir um að stjórnvaldi beri að framkvæma siðferðilega óréttlætanleg verk eða halda uppi ólögum, eins og slík lög hafa verið nefnd. Siðferðilegt gildi lögmætisreglu stjórnsýsluréttar er því ekki fortakslaust.

Samkvæmt þessu getur sú staða komið upp að stjórnvaldi beri siðferðileg skylda til þess að ganga gegn lögmætisreglunni og brjóta gegn þeim réttarreglum sem því er ætlað að fara eftir. Þessa fullyrðingu ber að varast að oftúlka. Það er aðeins þegar lögin breytast í andhverfu sína og tortíma þeim hagsmunum sem þeim er ætlað að tryggja sem siðferðileg skylda venjulegra samfélagsþegna til að fara að lögum hættir að vera til staðar og lögin missa skuldbindingargildi sitt. Enn meira þarf að koma til svo að stjórnvaldi sé rétt að virða lögin að vettugi. Hafa ber í huga að það hefur jafnan mun víðtækari afleiðingar ef stjórnvald fer ekki að lögum í athöfnum sínum en þegar einstakir samfélagsþegnar gera slíkt. Ólögmætar athafnir stjórnvalda eru yfirleitt til þess fallnar að grafa undan lögunum í heild með tilheyrandi hættu á almennu stjórnleysi. Það er því aðeins við mjög sérstakar og óvenjulegar aðstæður sem stjórnvöldum getur verið rétt að virða lögin að vettugi í athöfnum sínum. Það nægir því engan veginn að einstaklingur eða stjórnvöld séu ekki fyllilega sátt við efni tiltekinna laga, að þau telji þau jafnvel óréttlát, slæm o.s.frv. Slík lög eru siðferðilega skuldbindandi af sömu ástæðum og almennt er æskilegra að búa við lög en stjórnleysi og óreiðu. Þessi skylda hvílir þeim mun þyngra á handhöfum opinbers valds eftir því sem hlutverk þeirra í viðgangi og viðhaldi laganna er mikilvægara. Hin sérstaka skylda þeirra einstaklinga sem falin er meðferð opinbers valds er raunar áréttuð með því að embættismenn, þ.m.t. dómarar, og þingmenn heita því sérstaklega að virða stjórnarskrána og landslög í störfum sínum.

Lög vestrænna ríkja eru yfirleitt þannig úr garði gerð að þær aðstæður sem að framan er lýst eru nánast óhugsandi. Þau siðferðilegu gildi sem lögin þjóna eru víðast hvar sérstaklega tryggð í stjórnarskrám eða grunnlögum sem ekki verður breytt nema með sérstökum hætti. Alþjóðlegum skuldbindingum ríkja er einnig ætlað að koma í veg fyrir að lögin spillist og raski hagsmunum samfélagsþegnanna. Sérstakar sjálfstæðar og óháðar stofnanir, dómstólarnir, hafa síðan endanlegt úrskurðarvald um hvort sett lög samræmist grunnlögum eða stjórnarskrám.[9]

---

[8] Hér er áréttað að réttarríkishugmyndin og lögmætisreglan standa ekki til þess að menn fái notið lífsgæða sinna í samræmi við það sem þeim ber. Jafnvel þótt þessu efnislega réttlæti verði ekki náð er þó skömminni skárra og réttlátara að menn viti hver hin óréttlátu lög eru og geti hagað athöfnum sínum í samræmi við þau fremur en hið gagnstæða. Réttarríki tryggir þannig réttlæti, þó aðeins upp að vissu marki.

[9] Mannréttindasáttmáli Evrópu frá 1950, ásamt síðari breytingum, hefur sérstaka þýðingu að þessu leyti fyrir Ísland og önnur Evrópuríki, en sáttmálinn var lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Áður höfðu dómstólar þó gengið tiltölulega langt í þá átt að skýra íslensk lög til samræmis við ákvæði sáttmálans, sbr. einkum *H 1990:2* og *H 1992:174*.

2.13.3. Matskenndar ákvarðanir stjórnvalda.

Hér að framan voru færð að því rök að stjórnsýslan eigi að vera lögbundin. Þannig eigi þær skerðingar sem framkvæmdar eru af stjórnvöldum að eiga sér stoð í lögum og samræmast lögum. Samkvæmt þessu virðist fljótt á litið óæskilegt að stjórnvöld hafi nokkurt svigrúm til mats við athafnir sínar. Hér vakna því spurningar um það að hve miklu leyti mat stjórnvalda sé óhjákvæmilegt. Að því svöruðu er hægt að taka afstöðu til þess hvort mat stjórnvalda sé ávallt óæskilegt og þá í hvaða tilvikum. Þessar spurningar krefjast þess að fyrst sé hugað stuttlega að eðli réttarreglna.

2.13.3.1. Lög og réttarreglur.

Í hverju lögbundnu samfélagi eru til staðar tilteknar aðferðir við að ályktа um réttarreglur og þannig slá því föstu hverrar háttsemi lögin krefjast. Þessar aðferðir eru að meginstefnu einfaldar og á hvers manns færi. Þannig nægir flestum að þekkja helstu réttarheimildir samfélags sín og kunna að skilja efni þeirra. Flestir Íslendingar vita t.d. að texta sem stafar frá Alþingi og merktur er *lög* er ætlað að hafa réttarheimildalegt eða lagalegt gildi. Kunnátta við að kynna sér þennan texta nægir oft til þess að viðkomandi áttar sig á þeim reglum sem af honum verða dregnar. Þannig geta allflestir Íslendingar dregið þá ályktun af lestri 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að til sé réttarregla um að maður megi ekki viljandi svipta annað fólk lífi.

Réttarheimildirnar eru þó ekki allar jafnskýrar og settur lagatexti. Innbyrðis samband réttarheimildanna getur einnig valdið vafa um hvaða regla gildir um hvaða tilvik. Sett lög mæla t.d. oft fyrir um ósamrýmanlega háttsemi að meira eða minna leyti. Þrátt fyrir að við höfum áður ályktað að manndráp sé óheimilt skv. 211. gr. almennra hegningarlaga leiðir af 12. gr. sömu laga, að manndráp í þágu neyðarvarnar er heimilt. Í þessu tilviki og öðrum þarf að samræma réttarreglurnar hverja með tilliti til annarrar. Réttarheimildirnar þarf einnig að samræma með tilliti til þess að sumar réttarheimildir eru öðrum æðri, t.d. er stjórnarskrá æðri settum lögum. Þetta samband réttarheimildanna er þó ekki alltaf augljóst eða óumdeilt. Lögfræðin fæst við að flokka réttarheimildirnar og fjalla um réttar aðferðir við meðhöndlun þeirra. Lögfræðin er þannig mikilvæg fyrir viðgang laganna, sérstaklega í flóknu réttarkerfi nútímasamfélaga.[10]

Samkvæmt framangreindu geta mörg atriði valdið ágreiningi um hvað séu gildandi lög í samfélaginu. Sagan sýnir að þessi ágreiningur kemur upp þrátt fyrir viðleitni lögfræðinnar við að skýra gildandi lög. Lagalegur ágreiningur kemur einnig upp þótt í samfélaginu séu til dómstólar sem skera úr um hvað séu gildandi lög og úrlausnir þeirra séu upp frá því lagðar til grundvallar sem réttarheimildir, þ.e. hafi fordæmisgildi. Allt þetta gefur vísbendingu um að lögin séu ekki eins tæknilega fullkomin og látið var að liggja við umfjöllun um lögmætisregluna og réttarríkið hér að framan.

2.13.3.2. Matskenndar réttarreglur.

Eins og nú hefur verið reifað eru fjölmörg atriði til þess fallin að skapa óvissu um hvað sé gildandi réttur í samfélaginu. Eitt af þessum atriðum er óræðni reglna.

Eins og að framan greinir er ályktað um réttarreglur á grundvelli einhverra gagna sem almennt eru nefnd réttarheimildir. Dæmið sem tekið var hér að framan var 211. gr. almennra

---

[10] Nánari umfjöllun um ályktanir um réttarreglur og erlendar kenningar í því sambandi má t.d. finna í grein Skúla Magnússonar, Um hina einu lögfræðilega réttu niðurstöðu, Úlfljótur 1999:87.

hegningarlaga og sú ályktun sem dregin var af henni, að manndráp af ásetningi væri óheimilt lögum samkvæmt. Þessa reglu og aðrar er hægt að setja fram á eftirfarandi formi: *ef X, þá Y*. Fyrri breytan vísar þá til einhverra atvika og sú síðari til þeirra afleiðinga sem *ættu* að koma til, ef atvikin koma upp. Af 211. gr. almennra hegningarlaga verður þá dregin sú ályktun í samræmi við þá reglu að *ef* einhver sviptir annan mann lífi, *þá* skuli hann sæta fangelsi ekki skemur en 5 ár eða ævilangt. Fyrri breytuna getum við nefnt efnislýsingu reglu en þá síðari lögfylgju hennar.

Reglur eru óráðnar eða óvissar í mismiklum mæli, bæði með tilliti til efnislýsingar sinnar og lögfylgju. Regla 211. gr. almennra hegningarlaga er t.d. óráðin að einhverju marki um það hvað sé að svipta annan mann lífi, t.d. með tilliti til þess hvenær ásetningur til manndráps liggur fyrir. Reglan er ekki síður óráðin með tilliti til þeirrar refsingar sem hún mælir fyrir um, þ.e. fangelsis ekki skemur en fimm ár eða ævilangt. Rök má færa að því að allar reglur séu óráðnar að einhverju marki.[11] Með þessu er átt við að með hliðsjón af öllum reglum geta komið markatilvik þar sem umdeilanlegt er hvort reglan eigi við eða ekki.

Efnislýsing reglna er ekki alltaf bundin við beina lýsingu á þeim tilvikum sem undir hana koma. Reglur geta vísað til einhverra annarra viðmiða um þetta efni. Oft vísa réttarreglur til dæmis í aðrar réttarreglur beint eða óbeint. Það fer þá eftir efni þeirra reglna, sem vísað er til, hvert nánara efni reglunnar er. Í öðrum tilvikum vísa reglur um efni sitt til viðmiða sem eru óráðin eða óviss sem slík. Þetta á sérstaklega við þegar reglur vísa til siðferðilegs gildismats, t.d. til þess sem er gott, alvarlegt, eðlilegt, sanngjarnt o.s.frv.[12]

Lögfylgja réttarreglu getur einnig verið óráðin. Regla 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, mælir þannig fyrir um að samningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, án þess að segja fyrir um hvernig og hvenær víkja eigi slíkum samningi til hliðar eða breyta honum. Fjölmargar reglur um ákvarðanir stjórnvalda sem mæla fyrir um viðurlög, fjárhæðir, tímabil o.s.frv. eru óráðnar að þessu leyti.

Samkvæmt framangreindu geta reglur verið óræðar með tilliti til þess hvort taka eigi ákvörðun eða hvers efnis ákvörðun skuli vera, eða hvorutveggja. Þannig getur regla mælt fyrir um lítið annað en að stjórnvald skuli grípa til viðeigandi ráðstafana ef góðar ástæður eru til. Þegar valdheimildir stjórnvalda eru reistar á réttarreglum sem eru óráðnar í þessum skilningi er sagt að stjórnvöld eigi mat eða frjálst mat.

Mörkin milli matskenndra réttarreglna og annarra reglna eru engan vegin skýr. Færa má rök að því að allar réttarreglur séu óráðnar að einhverju leyti þótt sumar séu augljóslega mun óráðnari en aðrar. Þegar rætt er um matskenndar reglur á sviði stjórnsýsluréttar er yfirleitt átt við reglur sem leysa aðeins að litlu leyti úr því hvort stjórnvald eigi að taka ákvörðun eða hvers efnis ákvörðunin á að vera. Þess í stað vísa þær til einhverra viðmiða eða gilda sem

---

[11] Sjá nánar áður tilv. grein Skúla Magnússonar, einkum bls. 89 o.áfr.

[12] Þannig mælir 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 11/1986, fyrir um tilteknar lögfylgjur samnings sem er ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig. Regla 36. gr. laganna vísar þannig beint til ákveðins siðferðilegs verðmætamats sem er óráðið að einhverju marki. Í 2. mgr. 36. gr. laganna er svo að finna nánari viðmið sem hafa skal hliðsjón af við framangreint mat, en fordæmisgefandi úrlausnir dómstóla munu afmarka efni reglunnar með tíð og tíma. Efnislýsing þeirra reglna sem liggja til grundvallar valdheimildum stjórnvalda getur sömuleiðis verið óráðin. Skv. 34. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 má t.d. friða mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Hér er beinlínis vísað til gildismats. Aðrar reglur IV. kafla þjóðminjalaga takmarka þessa óræðni reglunnar að einhverju leyti en alls ekki að öllu.

leiða í fæstum tilvikum til einnar ákveðinnar niðurstöðu, til dæmis til þess sem er gott, eðlilegt, viðeigandi, í samræmi við þarfir einhvers, samkvæmt tilteknum markmiðum, alvarlegt o.s.frv. Eftir því sem regla hefur að geyma fleiri og nákvæmari viðmið er dregið úr óræðni hennar og svigrúm til stjórnvalds til mats takmarkað. Um mat stjórnvalda samkvæmt óræðum reglum verður nánar fjallað hér á eftir í tengslum við málefnaleg sjónarmið.

2.13.3.3. Eiga valdheimildir stjórnvalda að vera fortakslausar?

Ef réttarríkishugmyndin er lögð til grundvallar virðist augljóst að haga beri lögum þannig að þau gefi stjórnvöldum sem minnst svigrúm til mats. Samkvæmt þessu ættu lögin að minnsta kosti að vera eins fortakslaus og tæknilega er mögulegt, enda þótt þau geti aldrei kveðið á um hvert einasta tilvik sem upp kann að koma með tæmandi hætti.

2.13.3.3.1. Kostir reglna og reglufestu.

Reglur hafa ýmsa kosti eins og þegar hefur verið fjallað um hér að framan í tengslum við almenna réttlætingu laga. Sérstaklega var bent á þá samhæfingu í samfélaginu sem hlýst af reglum og tryggir eftir föngum að hagsmunir manna rekist ekki á. Réttarríkið krefst þess einnig að samskipti manna innbyrðis og samskipti þeirra við ríkisvaldið fari eftir reglum. Hægt er að færa frekari rök fyrir notkun reglna, einkum með hliðsjón af hlutverki stjórnvalda.

Reglur taka til háttsemi manna á grundvelli efnislýsingar sinnar sem að jafnaði er almenn og ekki bundin við tiltekna einstaklinga eða atvik. Þessi eiginleiki reglna hefur einkum þá þýðingu fyrir stjórnsýsluna að ákvarðanir á grundvelli reglna verða sama efnis óháð því hvaða stjórnvaldshafi tekur ákvörðun og hvaða einstaklingur á í hlut. Ef tryggja á *einsleita stjórnsýsluframkvæmd* geta reglur augljóslega þjónað því markmiði.

Reglur spara tíma og kostnað við ákvarðanatöku. Þegar skýr regla gildir um einhverja ákvörðun þarf ekki að kosta til tíma og vinnu við að meta mismunandi kosti sem til greina koma. Reglan tekur einfaldlega af skarið. Reglur geta því verið til þess fallnar að stuðla að *skilvirkri stjórnsýslu*.

Reglur eru almennt stöðugar og breytast ekki eftir dyntum og geðþótta. Reglur geta þannig verið til þess fallnar að tryggja *stöðuga stjórnsýsluframkvæmd*.

Með reglum er hægt að skilgreina valdsvið einstakra stjórnvalda nákvæmlega. Reglur geta þannig þjónað því markmiði að gera *verkaskiptingu stjórnvalda* skýra og komið í veg fyrir tvíverknað og árekstra innan stjórnsýslunnar og að stjórnvöld fari út fyrir verksvið sitt.

Öll þessi sjónarmið mæla með því að valdheimildir stjórnvalda séu eins fortakslausar og unnt er, enda sé þá fallist á það verðmætamat sem þau eru reist á. Þessi sjónarmið mæla með öðrum orðum gegn því að stjórnvöld starfi samkvæmt meira eða minna matskenndum reglum.

2.13.3.3.2. Ókostir reglna og reglufestu.

Með setningu reglu er tekin afstaða til þess hvernig fara eigi um öll þau tilvik sem heimfærð verða undir tiltekna efnislýsingu. Með setningu reglu er því fjöldi tilvika sem upp kann að koma leiddur til lykta án þess að vitað sé nákvæmlega fyrir fram hvers eðlis þessi tilvik verða. Reglur hafa því þann augljósa ókost að þær leiða ekki alltaf til þeirrar niðurstöðu sem við hefðum kosið ef engin regla hefði verið til staðar. Eftir því sem reglan er fortakslausari og nákvæmari því minna svigrúm gefst til þess að meta hvert og eitt tilvik þegar það kemur upp. Með þessu getur þannig verið útilokað að ná sanngjarnri og eðlilegri niðurstöðu í hverju

einstöku tilviki.[13] Reglur geta þannig tekið af skarið um hver ákvörðun eigi að vera, en leiða alls ekki alltaf til þess að ákvörðun sé sanngjörn og eðlileg með hliðsjón af þeim hagsmunum sem ákvörðun er ætlað að þjóna. Þetta verður best skýrt með dæmi.

Í 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er tilgreint nákvæmlega það magn áfengis sem ökumaður má hafa í blóði sínu eða útöndunarlofti við akstur ökutækis. Með reglunni er leitast við að tryggja að ökumenn séu hæfir til þess að stjórna ökutæki á forsvaranlegan hátt, auka umferðaröryggi og fækka umferðarslysum. Reglan gefur hins vegar ekkert svigrúm til þess að meta hvaða áhrif áfengisneysla hefur haft á ökumann í hverju einstöku tilviki. Þannig er ljóst að í að minnsta kosti fáeinum tilvikum mun ökumaður, sem regla 45. gr. umferðarlaga tekur til, vera hæfur til þess að stjórna ökutæki þar sem áfengi hefur mjög mismunandi áhrif á akstursgetu fólks. Í undantekningartilvikum sem þessum eru tilteknum ökumönnum því gerðar sektir og þeir sviptir ökurétti án þess að þeir hafi brotið gegn þeim hagsmunum sem 45. gr. umferðarlaga er ætlað að tryggja. Til samanburðar er 44. gr. umferðarlaga sem meðal annars kveður á um akstur undir áhrifum örvandi og deyfandi efna. Í ákvæðinu er ekki að finna nein föst viðmið um leyfilegt magn efna í líkama ökumanna heldur vísað til þess að ástand ökumanns megi ekki vera þannig að hann sé ekki fær um að stjórna ökutæki örugglega. Regla 44. gr. umferðarlaga er þannig óráðnari um efni sitt í samanburði við 45. gr. laganna. Ólíkt reglu 45. gr. laganna gefur 44. gr. mun meira svigrúm til mats um það í hverju einstöku tilviki hvort þeir hagsmunir sem reglunni er ætlað þjóna hafi verið virtir að vettugi af ökumanni og hann unnið sér til refsingar.

Reglur leiða þannig óhjákvæmilega til þess að stundum fer öðruvísi um tilvik en ráðið verður af þeim hagsmunum sem liggja til grundvallar reglu; ökumaður er t.d. beittur viðurlögum fyrir ölvunarakstur vegna tiltekins áfengismagns í blóði þótt hann hafi í raun og veru ekki verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki. Þetta er einfaldlega það gjald sem greiða verður fyrir það að hafa reglur með öllum þeim kostum sem þeim fylgir og að framan greinir. Aukin reglufesta leiðir óhjákvæmilega til þess að umræddum afbrigðilegum niðurstöðum fjölgar. Matskenndar reglur gefa hins vegar færi á því að taka tillit til undirliggjandi hagsmuna og þannig koma í veg fyrir slíkar niðurstöður. Að þessu leyti hafa matskenndar reglur kosti í för með sér.

Samkvæmt framangreindu geta reglur og reglufesta átt mismunandi mikinn rétt á sér með tilliti til þeirra hagsmuna sem í húfi eru hverju sinni. Í tilviki 45. gr. umferðarlaga má segja að vegna þess hve algeng neysla áfengis er hér á landi verði að gilda um slíka háttsemi skýrar og fyrirsjáanlegur reglur. Að öðrum kosti muni ölvunarakstur verða tíðari, eftirlit erfiðara og afgreiðsla ölvunarakstursmála þyngri í vöfum. Allt muni þetta að lokum valda fjölgun umferðarslysa með tilheyrandi tjóni á mönnum og munum. Af þessu leiði að mikil reglufesta sé réttlætanleg í þessum málum meðan önnur sjónarmið eigi við akstur undir áhrifum örvandi og deyfandi efna.

Samkvæmt þessu standa rök til þess að heimildir stjórnvalda séu matskenndar á sviðum þar sem ákvarðanir stjórnvalda eru tiltölulega fáar og hvert tilvik er sérstætt og þarfnast sérstakrar skoðunar. Þegar aftur á móti um er að ræða mikinn fjölda einsleitra tilvika standa aukin rök til reglufestu.

---

[13] We shall indeed succeed in settling in advance, but also in the dark, issues which can only reasonably be settled when they arise and are identified. H.L.A. Hart, áður tilv., bls. 128.

2.13.3.3.3. Ókostir reglna lagfærðir með reglum.

Þegar sýnt er að regla leiði til óeðlilegrar niðurstöðu er oft brugðið á það ráð að setja enn aðrar reglur sem bæta eiga úr. Með þessu er reynt enn frekar en áður að sjá fyrir hvert það tilvik sem upp kann að rísa þannig að ávallt náist eðlileg niðurstaða reglum samkvæmt. Þessi viðleitni, sem nefna má regluhyggju, er æskileg aðeins upp að vissu marki.[14]

Með ítarlegri reglusetningu verða reglur flóknari og erfiðara er að hafa yfirsýn yfir þær. Eins felur þessi viðleitni það oftar en ekki í sér að breytingar á reglum eru tíðar og reglurnar verða þannig óstöðugar. Tíðar breytingar á flóknu regluverki geta ótvírætt orðið til þess að erfitt verður að vita, jafnvel fyrir sérfræðinga, hvaða reglur gilda um hvaða háttsemi á hverjum tíma. Slíkt ástand er í andstöðu við þær meginreglur réttarríkis sem ræddar voru hér að framan. Slíkt ástand gengur raunar gegn flestum þeim hagsmunum sem reglum er ætlað að þjóna. Réttarríkinu getur því verið betur þjónað með almennari, einfaldari og sveigjanlegri reglum sem auðvelt er að hafa yfirsýn yfir og ekki þarf að breyta í sífellu, jafnvel þótt það sé því verði keypt að stjórnvöldum sé falið mat upp að vissu marki.[15]

2.13.3.4. Málefnaleg sjónarmið við frjálst mat stjórnvalda.

Hér að framan voru leidd rök að þeirri niðurstöðu að matskenndar valdheimildir stjórnvalda gætu átt rétt á sér. Samkvæmt þessu getur verið æskilegt að regla sé óráðin að meira eða minna leyti hvað varðar efnislýsingu sína, lögfylgju sína eða jafnvel hvorutveggja. Með þessu er að sjálfsögðu að einhverju leyti fórnað þeim kostum sem felast í reglum og reglufestu. Einnig skapast hætta á því að stjórnvöld misnoti það svigrúm sem þau hafa í sína í eigin þágu eða nákominna. Í öllu falli er ljóst að mat sem þetta getur verið það vandasamt að stjórnvöld komist að niðurstöðu sem ekki er haldbær af einhverjum ástæðum.

Lög geta komið til móts við þessi vandkvæði með ýmsu móti. Hér má nefna reglur um stjórnsýslukærur, málskot til sérstakra úrskurðaraðila og endurupptöku mála. Í þessu sambandi vegur þó líklega þyngst eftirlit dómstóla, en almennt er viðurkennt að íslenskum rétti að dómstólar hafi vald til þess að skera úr um lögmæti stjórnvaldsathafna. Í því felst meðal annars vald til þess að skera úr um hvort stjórnvöld hafi látið málefnaleg sjónarmið ráða við mat innan marka óráðinna réttarreglna. Ef athafnir eru utan marka þess svigrúms sem óráðnar réttarreglur veita stjórnvöldum ganga þær hins vegar gegn lögmætisreglunni.

2.13.3.4.1. Hvað eru málefnaleg sjónarmið?

Reglan um málefnaleg sjónarmið er í nánum tengslum við almenna réttlætingu laga, þ.e. þá hagsmuni eða þau verðmæti sem lögum almennt er ætlað að tryggja. Reglan stendur þó ekki síður í nánum tengslum við ýmsa sértækari hagsmuni sem einstökum lögum og lagaákvæðum er ætlað að þjóna. Frá siðferðilegum sjónarhóli má því segja að við mat stjórnvalds á málefnalegum sjónarmiðum sé spurt að því hvers vegna rétt sé að búa við lög yfirleitt, hvers vegna tiltekin lög hafi verið sett eða séu til um ákveðið svið og loks hvaða til-

---

[14] Ýmsar kenningar á sviði siðfræði og réttarheimspeki hafa mælt fyrir ítarlegri reglusetningu. Í þessari flóru kenninga ber einna hæst svokallaða hugtakalögfræði (þ. Begriffsjurisprudenz) sem áhrifamikil var við samningu þýsku borgaralögbókarinnar (Bürgerliches Gesetzbuch) sem gekk í gildi árið 1900.

[15] Dæmi um svið þar sem mikið hefur kveðið að setningu reglugerða með tíðum breytingum er stjórnkerfi landbúnaðarframleiðslunnar. Sigurður Líndal færir veigamikil rök fyrir því í ritgerð sinni, Stjórnkerfi landbúnaðarframleiðslunnar og stjórnarskráin, Reykjavík 1992, að svo mikið hafi kveðið að tíðum breytingum á annars flóknum reglum sem settar voru á grundvelli laga nr. 15/1979 og laga nr. 46/1985 að berlega hafi brotið gegn meginreglum réttarríkis. Sjá einkum bls. 178 o.áfr.

gangi tiltekin valdheimild stjórnvalds þjóni með hliðsjón af öllu þessu. Með öðrum orðum felur reglan um málefnaleg sjónarmið það í sér að líta eigi til þeirra hagsmuna sem lögin eiga að tryggja en ekki einhverra annarra hagsmuna eða markmiða.[16]

Þær hugmyndir, sem reglan um málefnaleg sjónarmið er reist á, gera ótvírætt meiri kröfur til efnis laga og ákvarðana stjórnvalda en réttarríkishugmyndin sem að framan greinir. Í stað þess að eingöngu sé spurt um form, þ.e. hvort regla sé gild lagaregla og hvers efnis hún er, er hér spurt um þau verðmæti sem reglunni er ætlað að þjóna. Af þessu ræðst hvernig stjórnvöldum er rétt að nýta heimild sína innan þeirra marka sem reglan setur. Samkvæmt rökum reglunnar um málefnaleg sjónarmið eru formlegir eiginleikar stjórnvaldsathafnar, þ.e. að hún sé heimil samkvæmt lagareglu, því nauðsynlegir, en ekki nægilegir.

2.13.3.4.2. Mat dómstóla á málefnalegum sjónarmiðum.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verða dómarar oft að leggja mat á siðferðileg verðmæti og draga af þeim ályktanir þegar reglunni um málefnaleg sjónarmið er beitt við dómsúrlausnir. Þetta mat felur í raun það í sér að dómstólar leggja dóm á það hvort ákvörðun hafi verið skynsamleg þegar á allt er litið. Að þessu virtu skiptir höfuðmáli hvort dómarar geti á grundvelli siðferðilegs gildismats ávallt gert upp á milli mismunandi kosta, sem stjórnvald hefur staðið frammi fyrir þegar það tók ákvörðun sína.

Ef siðferðilegt gildismat er óráðið upp að vissu marki geta dómarar ekki ávallt sagt til um að ein stjórnvaldsákvörðun hafi verið annarri réttari. Samkvæmt þessu gætu tvær eða fleiri efnislegar ákvarðanir verið jafnréttar með vísan til málefnalegra sjónarmiða. Ef á hinn bóginn er lagt upp með að siðferðilegt gildismat leiði ávallt til einnar réttrar niðurstöðu er ljóst að stjórnvöldum er skorinn mjög þröngur stakkur með tilliti til eftirlits dómstóla.

Hér verður því haldið fram að fleiri stjórnvaldsákvarðanir, mismunandi efnis, geti stundum verið jafnsiðferðilega málefnalegar, enda þótt sú fullyrðing þarfnist mjög nánari umfjöllunar.[17] Í þessu felst engin siðferðileg afstæðis- eða sjálfdæmishyggja enda geta ákvarðanir stjórnvalds í ákveðnu tilviki jafnan verið ómálefnalegar á fjölmargan annan hátt þótt tilteknir tveir eða fleiri kostir séu jafnmálefnalegir. Þetta getur bæði átt við um hvort taka beri ákvörðun og nánara efni ákvörðunar. Sérstaklega á þetta þó við um nánara efni ákvörðunar. Tilteknar fjárhæðir styrkja eða annarra fjárgreiðslna verða til dæmis yfirleitt ekki rökstuddar til hlítar með vísan til málefnalegra sjónarmiða. Ákvörðun húsafriðunarnefndar um að verja 100 þúsund krónum í styrk skv. 48. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 getur verið jafnmálefnaleg og að veita 150 þúsund krónur til sama máls og allt þar á milli. Sama gildir oft um tímabindingu leyfa og ýmissa réttinda. Þessi atriði fara með öðrum orðum að einhverju marki eftir hreinu mati stjórnvalds sem ekki verður gagnrýnt eða endurskoðað með vísan til málefnalegra sjónarmiða. Slíku mati stjórnvalds er því nokkuð réttilega lýst með heitinu *frjálst mat*.

---

[16] Þeir hagsmunir, sem einna augljósast er að óheimilt er að líta til samkvæmt reglunni um málefnaleg sjónarmið, eru eigin hagsmunir stjórnvaldshafa eða hagsmunir nákominna, enda eiga lögin augljóslega ekki að þjóna þröngum hagsmunum þeirra sem fara með opinbert vald á hverjum tíma. Samkvæmt íslenskum rétti mundi stjórnvaldshafi, sem á persónulegra hagsmuna að gæta af stjórnvaldsákvörðun, teljast vanhæfur á grundvelli reglna um sérstakt hæfi í stjórnsýslu og víkja sæti af þeim sökum.

[17] Hér má vísa til greinar Skúla Magnússonar, áður tilv., bls. 105 o.áfr. Þar er m.a. rakið það dæmi að við ákvörðun um forsjá þar sem báðir foreldrar eru jafnhæfir, barn of ungt til að gera upp hug sinn, og önnur atriði mæla ekki sérstaklega með öðru foreldrinu umfram annað, sé ákvörðun siðferðilega rétt án tillits til þess hvoru foreldri sé falin forsjáin. Það væri hins vegar, að öllu jöfnu, röng ákvörðun fyrir þar til bært stjórnvald að hafna því að skera úr ágreiningnum.

Dómstólar og stjórnvöld gegna ólíku hlutverk. Hlutverk dómara er augljóslega ekki að taka þær ákvarðanir sem stjórnsýslunni er falið að taka. Ekki aðeins hafa dómarar enga heimild til slíks að lögum, heldur eru þeir yfirleitt verr í stakk búnir en stjórnvöld til að taka þær ákvarðanir sem stjórnvöld hafa með höndum. Eftirlit dómstóla miðar þannig að því að kanna hvort ákvörðun sé ómálefnaleg eða röng en ekki að því hvers efnis ákvörðun hefði orðið ef viðkomandi dómari hefði farið með ákvörðunarvaldið. Að þessu leyti er mat stjórnvalda frjálst.

2.13.3.5. Aðgreining laga og siðferðis.

Sú niðurstaða að dómstólar taki afstöðu til siðferðilegra verðmæta í störfum sínum má heita almennt viðurkennd af fræðimönnum.[18] Hins vegar er um það deilt hvort telja beri þau siðferðilegu verðmæti og viðmið, sem dómstólar byggja niðurstöðu sína á, til laga og réttar. Hér verður sú deila hvorki leidd til lykta né rædd í löngu máli. Þau verðmæti, sem dómstólar taka tillit til við niðurstöður sínar, standa augljóslega í nánu sambandi við réttinn. Samkvæmt reglunni um málefnaleg sjónarmið eiga stjórnvöld að virða þessi verðmæti, en ekki vinna gegn þeim. Dómstólar hafa vald til þess að kanna hvort stjórnvöld hafi fullnægt þessari skyldu sinni án þess þó að þeir geti eða eigi að geta sagt stjórnvöldum nákvæmlega fyrir verkum. Af þessum ástæðum má með rétti telja málefnaleg sjónarmið til lagalegra sjónarmiða þótt ekki sé um að ræða eiginlegar reglur, grundvallaðar á réttarheimildum. Það skiptir einnig í raun litlu hvort framangreind skoðun dómstóla á málefnalegum sjónarmiðum er kölluð lagaleg eða siðferðileg eins lengi og glögglega liggur fyrir hvers eðlis hún er og hvernig hún á að fara fram.

2.13.4. Eru efnisreglur íslensks stjórnsýsluréttar í samræmi við siðferðishugmyndir manna?

Í þessum kafla hafa meginreglur íslensks stjórnsýsluréttar verið gerðar að umtalsefni. Samkvæmt þessum reglum eiga stjórnvöld að fara að lögum í athöfnum sínum og einnig virða þá hagsmuni sem lögunum er ætlað að þjóna. Lögmætisregluna og regluna um málefnaleg sjónarmið þykir því með rétti mega telja til hornsteina íslenskrar stjórnsýslu.

Ekki þykir óvarlegt að fullyrða að efnisreglur íslensks stjórnsýsluréttar styðjist við veigamikil siðferðileg rök. Þessi rök eru gamalkunn og standa í nánum tengslum við réttlætingu laga og ríkisvalds. Samkvæmt þessu þurfa lögin að vera verulegum annmörkum háð til þess að þau missi siðferðilegt skuldbindingargildi sitt. Lögmætisregla íslensks réttar er því að öllu jöfnu réttlætanleg eða í samræmi við siðferðishugmyndir manna. Sama máli gegnir um regluna um málefnaleg sjónarmið sem í grófum dráttum stendur til þess að stjórnvöld þjóni þeim hagsmunum sem lögin eiga að tryggja.

Efni ákvarðana sem teknar eru í samræmi við lögmætisregluna ræðst af gildandi lögum á hverjum tíma. Það er því í höndum Alþingis, sem meginhandhafa lagasetningarvalds, að haga valdheimildum stjórnvalda með þeim hætti, að ákvarðanir þeirra verði skynsamlegar og réttlátar. Lagasetning hefur einnig rík áhrif á mat á málefnalegum sjónarmiðum þótt ekki séu þau áhrif jafnaugljós og í tilviki lögmætisreglunnar. Þeir hagsmunir og þau markmið sem lögð eru til grundvallar við lagasetningu munu þannig með ýmsum hætti teljast málefnaleg við töku stjórnvaldsákvarðana. Með þessu er alls ekki sagt að hvað sem löggjafanum þóknist á hverjum tíma sé sjálfkrafa siðferðilega réttlætanlegt eða málefnalegt. Rökin eru þvert á

---

[18] Sjá t.d. Lloyd's Introductions to Jurisprudence, 6. útgáfa 1994, bls. 1255 o.áfr.

móti þau að með því að æskilegt er að í samfélaginu sé til aðili sem sett geti reglur sem almennt er farið eftir eigi að virða þau markmið sem hann leitast við að ná með setningu slíkra reglna. Á stjórnvaldshöfum hvílir sú sérstaka skylda að stuðla að viðhaldi og framgangi laganna og sjá til þess að þau nái tilgangi sínum, oft eins og þessi tilgangur hefur verið sérstaklega mótaður af löggjafanum. Af þessu leiðir hins vegar að efni og gæði stjórnvaldsákvarðana er óhjákvæmilega háð lagasetningu Alþingis.

2.14. Dæmi um leiðir sem færar eru til úrbóta.

2.14.1. Inngangur.

Í þessum kafla hefur verið fjallað um almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins og ýmis vandamál þeim tengdum. Þessi vandamál eru þekkt í nágrannalöndum okkar og eru því ekki sérískensk. Almennt er viðurkennt að ekki er til nein einföld lausn á þeim. Á hinn bóginn er hægt að auka réttaröryggi almennings með ýmiss konar úrræðum og draga úr þeim erfiðleikum sem fylgja matskenndum ákvörðunum.

Hér á eftir verður stuttlega minnst á nokkrar leiðir sem færar kunna að vera til úrbóta.

2.14.2. Efnisreglur stjórnsýsluréttarins.

1. Eins og rakið var hér að framan í köflum 2.1 og 2.13.2 er það undirstöðuregla íslenskrar stjórnskipunar að stjórnvöld eru bundin af lögum. Af lögmætisreglunni leiðir m.a. að þær ákvarðanir stjórnvalda, sem íþyngjandi eru fyrir aðila, verða að eiga sér skýra stoð í lögum. Í VII. kafla stjórnarskrárinnar er að finna strangari reglur til verndar mannréttindum en leiðir af lögmætisreglunni. Með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995 var ákvæðum VII. kafla stjórnarskrárinnar breytt á ýmsa lund. Með nokkurri einföldun má segja að þessar breytingar ásamt þeirri réttarþróun sem orðið hefur síðustu ár hafi m.a. haft það í för með sér að aukin áhersla er nú lögð á að takmarkanir á athafnafrelsi manna og mannréttindum komi fram í settum lögum frá Alþingi en ekki reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Þannig gerði t.d. Hæstiréttur þá kröfu í hinu svonefnda Samherjamáli, *H 1996: 2956*, að löggjöfin hefði að lágmarki að geyma meginreglur þar sem fram kæmu takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar sem talin væri nauðsynleg.

Í ljósi framanritaðs og með tilliti til réttaröryggis borgaranna er þýðingarmikið að almenn lög hafi að geyma einfaldar, skýrar og stöðugar reglur um réttindi og skyldur borgaranna. Miklu skiptir að lagaheimildir, sem veita stjórnvöldum heimild til að íþyngja borgurunum, séu skýrar og ótvíræðar að efni til og gangi ekki lengra en nauðsyn ber til. Sérstaklega ber að gæta þess að ný lög hafi ekki afturvirk áhrif fyrir þá sem réttinda njóta er ný lög taka gildi. Reynslan sýnir að mörg deilumál hafa risið um takmarkanir á atvinnuréttindum manna. Af þeim sökum er mikilvægt að skýrt komi fram í lögum hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að fá leyfi sem er forsenda atvinnuréttinda. Hið sama gildir um þau skilyrði sem binda má leyfi og þær ástæður sem heimila afturköllun leyfis, auk annarra meginreglna um þau takmörk sem lögð eru á atvinnufrelsi manna á umræddu sviði.

2. Eins og vikið var að í kafla 2.2 er almennt viðtekið að fastmótaðar reglur búi borgurunum meira réttaröryggi en matskenndar reglur. Í fastmótuðum reglum eru með tæmandi hætti talin þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að ákvörðun með lögmæltu efni verði tekin. Þegar um fastmótaðar reglur er að ræða er fyrir fram ljóst hvaða skilyrði þurfi að uppfylla svo að ákvörðun verði tekin. Beiting slíkra reglna er almennt fljótvirk, ódýr og einföld fyrir stjórnvöld og krefst sjaldnast sérfróðra starfsmanna þar sem afgreiðslan byggist ekki á flóknu mati. Af þessum sökum verður því iðulega meiri festa og samræmi í framkvæmd þegar ákvarðanir byggjast á fastmótuðum reglum. Loks geta borgararnir almennt gert sér

glögga grein fyrir því á brotalítinn hátt hvort stjórnvöld hafi afgreitt mál þeirra í samræmi við lög vegna hins fastmótaða efnis laganna. Af sömu ástæðu verður allt eftirlit og endurskoðun á því hvort stjórnvöld hafi farið að lögum tiltölulega auðvelt. Vegna allra þessara kosta fastmótaðra lagaákvæða er almennt eftirsóknarvert að setja slík ákvæði í lög þegar því verður við komið. Sé þessa sjónarmiðs gætt við lagasetningu eykur það mjög á réttaröryggi almennings.

Ef litið er yfir þau lög sem sett hafa verið síðastliðinn áratug er í raun með nokkrum ólíkindum hversu heimildum stjórnvalda til töku lögbundinna ákvarðana hefur fækkað. Er svo komið að lögbundnar ákvarðanir eru næsta vandfundnar. Flestar stjórnvaldsákvarðanir eru nú komnar að einhverju leyti undir mati stjórnvalda. Hér virðist fremur um val á lagatæknilegri útfærslu að ræða hjá þeim er lagafrumvörp semja en að til þess standi ávallt nauðsyn að fela stjórnvöldum matskennda heimild til töku stjórnvaldsákvörðunar.

Þá er einnig til þess að líta að þegar ekki er mögulegt að sjá fyrir öll þau margbreytilegu tilvik sem að höndum kunna að bera á hlutaðeigandi sviði og bregðast við þeim með setningu fastmótaðra reglna eru aðstæður þó oft með þeim hætti að hægt er að notast við fastmótaðar reglur við lausn meiri hluta mála á hlutaðeigandi sviði. Oft er sú leið fær að lögfesta meginregluna með fastmótuðum reglum sem eiga við meiri hluta mála, en skilja síðan eftir matskennda undanþáguheimild fyrir stjórnvöld til að bregðast við afbrigðilegum málum. Þótt slík lagatæknileg útfærsla stuðli að auknu réttaröryggi og fyrirsjáanleika í lagaframkvæmd er hún ekki alltaf notuð þar sem þess er kostur. Þess í stað er stjórnvöldum oft í lögum veitt ein almenn og opin heimild til þess að taka matskenndar stjórnvaldsákvarðanir á hlutaðeigandi sviði.

3. Sum svið réttarins eru þannig vaxin að lögð er áhersla á að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir borgaranna við úrlausn hvers máls. Í slíkum tilvikum er sjaldnast hægt að nota fastmótaðar reglur. Það er því ljóst að ekki verður hjá því komist að hafa matskennd lagaákvæði og veita stjórnvöldum heimild til að taka matskenndar stjórnvaldsákvarðanir á ákveðnum sviðum réttarins. Annað mál er að lagatæknileg útfærsla lagaheimilda, sem veita stjórnvöldum heimild til töku matskenndra stjórnvaldsákvarðana, getur verið með mjög ólíkum hætti. Eins og vikið var að í kafla 2.3.2 hér að framan er það almennt til mikilla bóta og einfaldar töku matskenndrar ákvörðunar þegar í lögum er mælt fyrir um þau *lagasjónarmið* sem matskennd ákvörðun skal byggð á. Sem dæmi má nefna að í 2. mgr. 10. gr. barnalaga nr. 20/1992 er kveðið á um heimild sýslumanns til þess að úrskurða foreldri til greiðslu framfærslueyris hafi það ekki fullnægt framfærsluskyldu sinni gagnvart barni. Þessa lagaheimild hefði verið hægt að orða sem almenna opna heimild til töku stjórnvaldsákvörðunar:

„Sýslumaður ákveður fjárhæð framfærslueyris."

Í samræmi við vandaða löggjafarhætti voru á hinn bóginn lögfest helstu lagasjónarmið sem þessi matskennda ákvörðun skal byggð á. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. barnalaga nr. 20/1992 hljóðar svo:

„Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra."

Slíkir löggjafarhættir einfalda ekki aðeins töku matskenndra ákvarðana heldur auka þeir einnig fyrirsjáanleika um lagaframkvæmd auk þess sem við því er að búast að allt eftirlit með störfum stjórnvalda verði beinskeyttara, hvort sem ákvarðanir stjórnvalda koma til end-

urskoðunar innan stjórnsýslunnar eða utan hennar hjá dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis. Ekki verður annað séð en að almennt eigi að vera hægt að útfæra flestar matskenndar lagaheimildir með framangreindum hætti.

4. Á þeim sviðum þar sem myndast hefur fastmótuð stjórnsýsluframkvæmd við beitingu matskenndra lagaheimilda er það almennt mjög til skýringarauka þegar stjórnvöld útbúa yfirlit um framkvæmdina. Þegar leyst er úr máli í samræmi við hina venjubundnu framkvæmd er síðan hægt að vitna til yfirlitsins í rökstuðningi og láta það fylgja með þegar ákvörðun er tilkynnt.

Hér á landi hafa stjórnvöld lítið gert af því að útbúa yfirlit um venjubundna stjórnsýsluframkvæmd. Án efa gæti það hins vegar gert stjórnsýsluna gegnsærri og fyrirsjáanlegri.

2.14.3. Álitaefni er tengjast sjálfsstjórn sveitarfélaga.

1. Í hvert sinn er Alþingi felur sveitarfélögum ný verkefni er brýnt að skýr afstaða sé tekin til þess í lögum hvort sveitarstjórn sé falin sjálfsstjórn á umræddu sviði þannig að ólíkar reglur geti gilt á milli sveitarfélaga eða hvort sveitarstjórn er einvörðungu falin framkvæmd laga sem ætlunin er að verði samræmd hjá öllum sveitarfélögum. Lög eru ekki alltaf nægileg skýr um þessi grundvallaratriði.

Þar sem sveitarfélögum er fengin sjálfsstjórn og þeim ætlað að setja nánari reglur um rétt eða skyldu íbúa sveitarfélagsins er brýnt að slík reglusetning dragist ekki úr hömlu. Til að bregðast við vanda af þessum toga er hægt að koma því svo fyrir í lögum að ráðherra á hlutaðeigandi sviði gefi út reglur sem gilda skulu þar til sveitarfélag hefur sjálft sett sér reglur á umræddu sviði. Þessi leið var farin í 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og í 49. gr. eldri sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Í 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 er mælt svo fyrir að sveitarstjórnir skuli setja sér fundarsköp sem senda skuli ráðuneytinu til staðfestingar ásamt samþykkt skv. 10. gr. Jafnframt var ráðuneytinu falið að semja fyrirmynd að fundarsköpum fyrir sveitarstjórnir og birta hana í Stjórnartíðindum. Skal sú fyrirmynd gilda sem fundarsköp fyrir sveitarstjórn þar til staðfest hafa verið sérstök fundarsköp fyrir hana.

Í ljósi reynslunnar hefði verið æskilegt að framangreind leið hefði t.d. verið farin að því er snertir reglur um framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. kafla. 2.12 hér að framan.

2. Svo að um réttaröryggi sé að ræða í skiptum borgaranna og stjórnvalda verða borgararnir að eiga kost á því að kynna sér gildandi réttarreglur og sjá fyrir hvaða afleiðingar ákveðnar athafnir þeirra munu hafa að lögum. Af þessum sökum verða lög og reglur að vera birtar og almenningi aðgengilegar.

Mikilvægt er að bætt verði úr þeim brotalömum sem eru hjá sveitarfélögum á birtingu samþykkta og reglna sem sveitarstjórnir setja og ekki er lögmælt að ráðherra staðfesti en hafa að geyma ákvæði er snerta rétt eða skyldu íbúa sveitarfélagsins.

Í þessu sambandi væri rétt að taka til athugunar hvort ástæða sé til að breyta lögum nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Þannig mætti hugsa sér að fullgild birting reglna sem stafa frá sveitarstjórnum færi fram á sérstökum miðlægum gagnagrunni sem aðgengilegur væri öllum að kostnaðarlausu. Með slíkum miðlægum gagnagrunni skapaðist góð yfirsýn yfir allar gildandi reglur fyrir hvert og eitt sveitarfélag og hægt væri að nálgast reglurnar á mjög einfaldan hátt.

Þar sem allar þær reglur, sem sveitarfélög hafa sett, eru töluverðar að vöxtum er ljóst að því mundi fylgja umtalsverður kostnaður að birta þær í B-deild Stjórnartíðinda. Birting á sérstökum miðlægum gagnagrunni yrði miklum mun ódýrari en útgáfa þeirra í Stjórnartíðindum.

Þá skal minnt á að samkvæmt niðurstöðum nýlegra kannana Gallup hafa hlutfallslega fleiri heimili og fyrirtæki á Íslandi aðgang að netinu en í nokkru öðru landi. Þannig sögðust 82% svarenda á aldrinum 16–75 ára hafa aðgang að netinu á heimili sínu, í vinnu eða skóla. Til samanburðar skal þess getið að áskrifendur að Stjórnartíðindum eru nú u.þ.b. 1.300. Ætla verður að það hafi ekki síst verið með tilkomu tölvutækra lagasafna, svo og gagnagrunns Alþingis sem jafnframt veitir aðgang að lagasafni án endurgjalds, að áskrifendum Stjórnartíðinda hefur fækkað jafnt og þétt. Til samanburðar má geta þess að áskrifendur að Stjórnartíðindum voru rúmlega 1.700 árið 1994.

Samkvæmt framansögðu mundi því birting reglna, sem stafa frá sveitarstjórnum, á sérstökum lögmæltum miðlægum gagnagrunni í senn leiða til sparnaðar og auðvelda verulega aðgengi almennings að þeim.

2.14.4. Málsmeðferðarreglur.

Á 19. öld var höfuðáherslan lögð á fastmótaðar, skýrar og tæmandi reglur í lögum til þess að tryggja réttaröryggi einstaklinga. Eins og vikið hefur verið að hér að framan er hins vegar ekki mögulegt að sjá fyrir öll þau margbreytilegu tilvik sem að höndum kunna að bera og bregðast við með slíkum reglum í nútímaþjóðfélagi. Þetta verður þeim mun óviðráðanlegra eftir því sem samfélagið verður flóknara. Á fyrri hluta 20. aldar varð ljóst að óhjákvæmilegt væri að fjölga lagaákvæðum sem veittu stjórnvöldum heimild til töku matskenndra stjórnvaldsákvarðana.

Þegar ekki var lengur hægt að tryggja réttaröryggi borgaranna með skýrum fastmótuðum efnisreglum kom til álita hvernig hægt væri að gera það á annan hátt. Annars staðar á Norðurlöndum sem og víðar virðist sem leitast hafi verið við að tryggja réttaröryggi með því að gera auknar kröfur til undirbúnings og meðferðar stjórnsýslumála (d. procesretssikkerhed). Áherslan fluttist því frá efnislegum þætti réttaröryggisins yfir á réttaröryggi við málsmeðferð. Fljótt á litið virðist þetta skynsamlegt, ekki síst þegar haft er í huga að margar málsmeðferðarreglur tengjast náið efnisreglum stjórnsýsluréttarins. Þannig er það t.d. markmið hinna sérstöku hæfisreglna stjórnsýsluréttarins að koma í veg fyrir að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á úrlausn máls. Við nánari athugun kemur hins vegar í ljós að enda þótt málsmeðferðarreglur stuðli að því að allar nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir svo að hægt sé að taka ákvörðun í máli, og sporni jafnframt við því að ákvörðun taki starfsmaður sem líklegur er til að láta stjórnast af ómálefnalegum sjónarmiðum, getur vönduð málsmeðferð ekki ráðið bót á þeim vandamálum sem upp rísa þegar *efnisgrundvöllur málsins er óljós.* Ef óvissa er t.d. um hvaða sjónarmið nota megi til fyllingar á matskenndri reglu eða hvert innbyrðis vægi þeirra eigi að vera leysa málsmeðferðarreglur þar ekki úr. Málsmeðferðarreglur eru því ekki nothæfar til þess að leysa úr vandamálum er lúta að réttaróvissu um efnisgrundvöll máls. Af þeim sökum verður að vanda til framsetningar efnisreglna stjórnsýsluréttarins, svo sem rakið hefur verið hér að framan.

2.14.5. Lagaskrifstofa eða lagaráð?

Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra lagafrumvarpa sem samþykkt eru á hverju þingi stafar frá stjórnarráðinu. Annars staðar á Norðurlöndum er það liður í starfi þeirra ráðuneyta sem fara með stjórnarfar almennt, oftast dómsmálaráðuneyta, að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk með höndum að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort einhverjir lagatæknilegir hnökrar eru á þeim, auk þess sem kannað er hvort frumvarpið sé samrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrár.

Hér á landi er ekki starfandi lagaskrifstofa hjá Stjórnarráði Íslands sem hefur það hlutverk að gera lögfræðilega athugun á öllum stjórnarfrumvörpum áður en þau eru lögð fyrir Alþingi. Þá er heldur ekki starfandi lagaráð hjá Alþingi sem hefur þetta hlutverk með höndum.

Þar sem ekki er farið bæði ítarlega og skipulega yfir öll lagafrumvörp og kannað hvort lagatæknilegir ágallar eru á þeim áður en þau eru lögð fyrir Alþingi og samþykkt sem lög þarf ekki að koma á óvart að miklu fleiri hnökrar eru á íslenskri löggjöf en á löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Umboðsmaður Alþingis sá t.d. tilefni til að vekja athygli Alþingis á „meinbugum" á lögum í 45 af fyrstu 2.000 málunum sem hann fékk til afgreiðslu, sbr. *SUA 1997:34*. Til samanburðar skal þess getið að þetta eru fleiri mál en umboðsmaður danska þingsins hefur fengist við og snerta „meinbugi" á lögum allt frá því að það embætti var stofnað árið 1954 og hafa þar að meðaltali komið u.þ.b. 3.000 mál til afgreiðslu árlega síðastliðinn áratug. Sem dæmi um þá hnökra, sem umboðsmaður Alþingis hefur bent á í löggjöf hér á landi, má nefna misræmi eða árekstra á milli lagaákvæða, prentvillur, óskýran texta, að gerður sé að lögum mismunur á milli manna, án þess að til þess standi viðhlítandi rök, og að ákvæði laga séu ekki í samræmi við stjórnarskrá eða þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum.

Vart er við því að búast að hnökrum á íslenskri löggjöf fækki nema fundin verði leið til þess að vanda betur gerð lagafrumvarpa. Mikilvægt er að tekið verði til athugunar hvort ekki sé ástæða til að koma á fót lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands í þessu skyni.

2.14.6. Menntun og endurmenntun opinberra starfsmanna.

Af lestri kafla 2.1–2.12 má ljóst vera að almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins eru nokkuð flóknar og ákveðinnar lágmarksþekkingar í lögfræði er þörf svo að unnt sé beita þeim rétt.

Út frá því var gengið á fyrri hluta tuttugustu aldar að verulegur hluti starfsmanna stjórnsýslunnar væru lögfræðingar. Nú á tímum er þessu ekki svo farið. Óhjákvæmilega hljóta því að rísa vandamál þegar opinberir starfsmenn með aðra menntun en lögfræði koma að töku ákvarðana og beitingu almennra efnisreglna stjórnsýsluréttarins hafi þeir ekki hlotið grunnmenntun á þessu sviði.

Við Háskóla Íslands hefur ekki verið í boði sérstakt námskeið á sviði stjórnsýsluréttar fyrir nemendur annarra deilda en lagadeildar sem hug hafa á að starfa við opinbera stjórnsýslu. Brýnt er að úr þessu verði bætt.

Eftir að stjórnsýslulög og upplýsingalög tóku gildi var boðið upp á námskeið fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar um þau lög. Endurmenntun starfsmanna ríkis og sveitarfélaga er á hinn bóginn ekki skipuleg og markviss á sviði stjórnsýsluréttar. Þannig virðist ekki vera í gildi markviss endurmenntunarstefna sem felur það í sér að nýir starfsmenn, sem fá það hlutverk að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna, séu sendir á grunnnámskeið til að læra þær almennu reglur stjórnsýsluréttarins, sem gilda um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana, þegar þeir koma til starfa. Ekki þarf því að koma á óvart að þegar mistök verða við úrlausn einstakra mála virðist oft um að kenna vankunnáttu starfsmanna við undirbúning, meðferð eða úrlausn máls.

Í mörgum nágrannalöndum okkar eru starfandi stjórnsýsluskólar fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkis eða sveitarfélaga. Slíkur skóli er ekki starfræktur hér á landi. Þó ver ríkið árlega á bilinu 300–500 millj. kr. í endurmenntun starfsmanna ríkisins með ýmsu móti. Sveitarfélög verja einnig miklum fjármunum til endurmenntunar starfsmanna sinna. Spyrja má hvort því

sé stjórnað nógu markvisst að þessir fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt til þess að mæta þörfum stjórnsýslunnar.

Hvað sem líður öllum umbótum við gerð lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla er ljóst að þörf er á að móta markvissari endurmenntunarstefnu bæði hjá ríki og sveitarfélögum varðandi endurmenntun þeirra starfsmanna og nefndarmanna sem fara með opinbert vald til þess að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna.

2.14.7. Siðareglur opinberra starfsmanna.

Hér á landi hafa ekki verið skráðar almennar siðareglur fyrir opinbera starfsmenn, en ýmis lög, sem taka til athafna opinberra starfsmanna, eru þó byggð á siðferðisreglum eins og nánar var að vikið í kafla 2.13 hér að framan. Þar má t.d. nefna almenn hegningarlög nr. 19/1940, stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 50/1996, lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og lög nr. 144/1998, um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns.

Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunin (OECD) hefur gefið út leiðbeiningar um siðferði í opinberri stjórnsýslu.[19] Samkvæmt þeim er það ein meginforsenda góðs siðferðis opinberra starfsmanna að til þeirra séu gerðar skýrar kröfur og að þeir séu upplýstir um hverjar þær séu. Af hálfu starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins hefur verið tekin saman skrá yfir helstu meginreglur framangreindra laga er snerta kröfur til háttsemi ríkisstarfsmanna. Skráin er hvorki tæmandi né er henni ætlað að koma í stað lagareglnanna eða raunverulegra siðareglna. Markmið skrárinnar er að draga fram kjarna þeirra krafna sem gerðar eru til ríkisstarfsmanna og vera grundvöllur að umræðum. Hér á eftir fer fyrrnefnd skrá fjármálaráðuneytisins:

Kröfur til háttsemi starfsmanna ríkisins.

1. Ríkisstarfsmaður virðir meginreglur góðs stjórnarfars:

— Er ábyrgur fyrir ákvörðunum, árangri og háttsemi.
— Er óhlutdrægur og hlutlaus.
— Gætir sjónarmiða um lögmæti, hlutlægni, jafnræði og meðalhóf.
— Gætir sjónarmiða um aðgang að upplýsingum og gegnsæi stjórnsýslunnar.

2. Ríkisstarfsmaður er til fyrirmyndar um fagleg vinnubrögð og háttsemi:

— Rækir starf sitt með alúð og samviskusemi, gætir kurteisi, lipurðar og réttsýni og veitir aðstoð og leiðbeiningar.
— Hlýðir löglegum fyrirskipunum yfirmanna og gegnir skyldum sínum.
— Forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis.
— Forðast háttsemi sem er ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg starfinu.

3. Ríkisstarfsmaður gegnir starfi sínu eins vel og honum er unnt:

— Sýnir stundvísi.
— Gegnir störfum af kunnáttu, vandvirkni og varast hvers kyns vanrækslu.
— Gætir þess að fjárhagsráðstafanir sem hann ber ábyrgð á séu í samræmi við heimildir.

---

[19] Recommendation on improving ethical conduct in the public service, samþykkt í OECD-ráðinu 23. apríl 1998.

— Viðheldur fullnægjandi kunnáttu.
— Sýnir fullnægjandi árangur.

4. Ríkisstarfsmaður notar aðstöðu sína og vald aðeins í þágu almannahagsmuna:
— Tekur ekki við eða heimtar gjafir eða annan ávinning sem hann á ekki tilkall til í sambandi við framkvæmd starfa síns.
— Gætir réttsýni við úrlausn máls og misbeitir ekki valdi sínu.
— Misnotar ekki stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings.
— Virðir trúnað og gætir þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara.

5. Ríkisstarfsmaður sýnir varkárni varðandi persónulega háttsemi:
— Varast háttsemi sem er ósamrýmanleg starfinu (þ.m.t. brot á hegningarlögum).
— Tekur ekki við launuðu starf í þjónustu annars aðila, stjórnarsetu atvinnufyrirtækis eða stofnar atvinnufyrirtæki án þess að skýra vinnuveitanda frá því.
— Heldur reglu á persónulegum fjárreiðum, sérstaklega ef hann ber ábyrgð á opinberum fjárreiðum.

Svo að siðareglur komi að sem mestu gagni þurfa þær jafnan að vera sniðnar sérstaklega að aðstæðum starfsmanna á hverju sviði stjórnsýslunnar. Oft ræðst það af skýrleika gildandi *réttarreglna* á ákveðnu sviði hvort þörf er fyrir sérstakar siðareglur. Þannig má t.d. hugsa sér að skráðar verði reglur um það hvort og þá hvaða gjafir, veitingar eða viðurgjörning opinberir eftirlitsmenn mættu þiggja frá þeim sem eftirlitið lýtur að. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að skv. 128. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar það fangelsi allt að sex árum ef opinber starfsmaður heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns.[20] Það er m.a. skilyrði skv. 128. gr. að sýnt sé annars vegar fram á *orsakatengsl* milli mútunnar og framkvæmdar starfans og hins vegar að opinber starfsmaður eigi *ekki tilkall* til ávinningsins.[21] Síðarnefnda skilyrðið er almennt talið þrengja efnissvið ákvæðisins töluvert. Þannig eru t.d. tækifærisgjafir í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf, í tilefni af afmæli, stöðuskiptum eða lausn úr starfi, ekki taldar falla undir ákvæðið. Þá hefur einnig verið bent á að í framkvæmd sé matið á því hvort um óréttmætan ávinning sé að ræða torvelt þegar athafnir hins opinbera starfsmanns sem gáfu tilefni til umbunar hafa ekki verið brot gegn starfsskyldum.[22]

Að framansögðu athuguðu er því ljóst að ekki er í öllum tilvikum *refsivert* fyrir opinbera starfsmenn að taka við gjöfum. Á hinn bóginn er ekki hægt að líta á ákvæðið sem tæmandi talningu á þeim tilvikum hvenær opinberum starfsmönnum er skylt að hafna gjöfum eða ávinningi í starfi sínu á grundvelli *starfsskyldna* sem á þeim hvíla, þótt brot á þeim varði ekki refsingu.

Hæfisreglur stjórnsýsluréttarins eru m.a. byggðar á siðferðisreglum. Á grundvelli hæfisreglna stjórnsýsluréttarins verður að telja að opinberum starfsmanni geti verið skylt að hafna

---

[20] Sjá nánar Jónatan Þórmundsson: Mútur, bls. 376–384, Úlfljótur, 4. tbl. 1973.

[21] Sjá hér t.d. *H 1944:219.* A vann að úthlutun skömmtunarseðla á vegum Reykjavíkurbæjar. Hann dró sér nokkra seðla og afhenti þá B gegn greiðslu. A var dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir brot á 128. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og fyrir brot á öðrum ákvæðum laganna.

[22] Hurwitz: Kriminalret. Speciel del, bls. 43–44 (1955).

gjöfum frá einkaaðila, sem honum eru boðnar vegna rækslu starfa hans verði talið að eðli ávinningsins eða aðstæður að öðru leyti séu með þeim hætti að þær séu til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni starfsmannsins við rækslu starfa hans.[23]

Framangreind regla, sem dregin er af hæfisreglum stjórnsýsluréttarins, er afar matskennd. Æskilegt er því, a.m.k. á ákveðnum sviðum stjórnsýslunnar, að reglan sé færð nákvæmar út, hvort sem það er gert með almennum innri stjórnvaldsfyrirmælum, erindisbréfum eða skráðum siðareglum. Þannig er æskilegt að skýrari reglur gildi um það hvort og þá hvaða gjafir starfsmönnum sé heimilt að þiggja sem ákvæði 128. gr. almennra hegningarlaga taka ekki til. Þannig getur t.d. verið ástæða til að taka afstöðu til þess *hvort* opinberum starfsmönnum eigi að vera heimilt að taka við gjöfum, t.d. á stórafmælum eða um áramót, að þeim skilyrðum uppfylltum að gjafirnar séu táknrænar, gefnar í kurteisisskyni og hafi lítið verðmæti.

Að síðustu er rétt að minna á að vandaðar og ítarlegar siðareglur leysa ekki allan þann vanda, sem hér hefur verið til umræðu því að sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni. Á sumum sviðum stjórnsýslunnar kann því að vera vænlegra til árangurs að auka færni ríkisstarfsmanna til að fást við vandamál af þessum toga með menntun og þjálfun í að hugsa og ræða um siðferðileg efni, enda byggist góð stjórnsýsla m.a. á vel menntuðu starfsfólki með sjálfstæða siðferðilega hugsun og dómgreind. Þegar best lætur fer menntun starfsmanna og skráning siðareglna þó saman, þ.e. þegar skráning þeirra er a.m.k. öðrum þræði afurð af glímu starfsmannanna sjálfra við siðferðileg viðfangsefni.

3. STJÓRNSÝSLUKERFIÐ OG EFTIRLIT MEÐ STARFSEMI STJÓRNVALDA

3.1. Inngangur.

Eftirlit með stjórnsýslunni er annars vegar innbyggt í sjálft stjórnsýslukerfið og hins vegar utanaðkomandi. Í þessum kafla verður höfuðþáttum stjórnkerfis ríkisins lýst og á hvern hátt eftirlit er innbyggt í það. Að því búnu verður í stuttu máli vikið að eftirliti annarra aðila með stjórnsýslunni.

Í þessum kafla verður eingöngu fjallað um eftirlit með störfum stjórnvalda. Lögmælt eftirlit stjórnvalda með athöfnum einstaklinga og félögum þeirra er því undanskilið þessari umfjöllun.

3.2. Almennt um stjórnunar- og eftirlitsheimildir.

3.2.1. Almennt um eftirlit.

Ákveðnar stjórnunarheimildir felast í því stjórnsýslusambandi sem er á milli ráðherra og lægra settra stjórnvalda. Þessar stjórnunarheimildir eru kallaðar *almennar stjórnunarheimildir* og verður nánar að þeim vikið í kafla 3.3.3.2 hér á eftir. Á sama hátt hvílir á ráðherra ákveðin eftirlitsskylda með stjórnvöldum sem honum eru lægra sett. Þessi eftirlitsskylda er nefnd *almenn eftirlitsskylda.* Starfsmenn ráðuneyta annast oft stjórnun og eftirlit með lægra settum stjórnvöldum í umboði ráðherra. Í lögum kann ráðherra jafnframt að vera falið að fara með *sérstakar stjórnunarheimildir eða eftirlitsskyldur* umfram það sem leiðir af þessu stjórnsýslusambandi. Inntak þessara heimilda ræðst þá af túlkun viðkomandi laga.

Stundum hefur verið komið á fót sérstökum eftirlitsstofnunum eða mælt fyrir um eftirlitsskyldu stjórnvalda, sem jafnframt hafa önnur verkefni með höndum. Í slíkum tilvikum ræðst

---

[23] Sjá hér til hliðsjónar FOB 1976:83.

það nær alveg af hlutaðeigandi lögum að hvaða þáttum eftirlitið snýr hvernig haga eigi eftirlitinu, þar á meðal um upplýsingaöflun, og til hvaða úrræða stjórnvald geti gripið þegar kemur í ljós að hin eftirlitsskylda starfsemi er ekki í samræmi við lög.

3.2.2. Eftirlit í formi endurskoðunar á tiltekinni ákvörðun.

3.2.2.1. Inngangur.

Í stjórnsýslurétti eru til sérstök réttarúrræði sem fela í sér eftirlit í formi endurskoðunar á tiltekinni stjórnvaldsákvörðun eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Með töluverðri einföldun er hægt að flokka þessi réttarúrræði eftir því hver á *frumkvæði* að því að fá ákvörðun endurskoðaða og á hvaða *stjórnsýslustigi* endurskoðunin fer fram.

	Frumkvæði aðila máls ↓	Frumkvæði stjórnsýslunnar ↓
Lægra sett stjórnvald endurskoðar ákvörðun →	Endurupptaka máls	Afturköllun
Æðra sett stjórnvald endurskoðar ákvörðun lægra setts stjórnvalds →	Stjórnsýslukæra	Frumkvæðiseftirlit

Þessum réttarúrræðum til viðbótar er síðan eftirlit með lögmæti ákvarðana og almennra stjórnvaldsfyrirmæla sem fram fer í tilefni af því að lögmælt er að tiltekið stjórnvald skuli staðfesta ákvörðun eða almenn stjórnvaldsfyrirmæli sem stafa frá öðru stjórnvaldi áður en ákvörðun eða fyrirmælin öðlast gildi.

Hér á eftir verður stuttlega vikið að þessum réttarúrræðum.

3.2.2.2. Endurupptaka máls.

Eftir að stjórnvaldsákvörðun hefur verið tekin í máli og birt aðila þess getur vaknað sú spurning hvort hægt sé að fá henni breytt eða fellda niður. Aðili máls getur átt frumkvæði að því að ákvörðun í máli hans verði endurskoðuð, annars vegar með beiðni um endurupptöku málsins til sama stjórnvalds og ákvörðun tók og hins vegar með stjórnsýslukæru, sem vikið verður að í næsta kafla.

Í 24. gr. stjórnsýslulaga er almenn heimild til endurupptöku máls hafi ákvörðun annaðhvort byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Þá er sérstakar heimildir til endurupptöku mála stundum að finna í einstaka lögum. Loks er almennt talið að stjórnvaldi sé heimilt að verða við erindi aðila um endurupptöku máls hans á grundvelli óskráðrar meginreglu ef ákvörðunin er haldin verulegum annmarka.

Þegar fram kemur ósk um endurupptöku frá aðila máls og skilyrði eru til að verða við henni ber almennt að haga undirbúningi, meðferð og úrlausn þess með sama hætti og um nýtt mál væri að ræða.

3.2.2.3. Stjórnsýslukæra.

Með stjórnsýslukæru er átt við það réttarúrræði þegar aðili máls eða annar sá sem kærurétt á skýtur stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds sem skylt er að endurskoða ákvörðunina.

Samkvæmt 26. gr. stjórnsýslulaga er aðila máls heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt, nema annað leiði af lögum eða venju. Í öðrum lögum er jafnframt að finna sérstakar heimildir til þess að kæra ákvarðanir og fá þær endurskoðaðar.

Stjórnsýslukæra er almennt talin ódýr, skilvirk og fremur einföld leið til þess að fá ákvörðun endurskoðaða. Þá hafa æðri stjórnvöld yfirleitt nokkuð rúma heimild til þess að endurskoða matskenndar ákvarðanir lægra settra stjórnvalda ríkisins, auk þess sem þeim er ekki aðeins heimilt að fella ákvörðun niður heldur hafa þau oftast einnig vald til þess að taka nýja ákvörðun í staðinn.

Sem réttarúrræði er stjórnsýslukæra sérstök að því leyti að hún geymir bæði eftirlitsheimildir, m.a. í þágu réttaröryggis borgaranna, og stjórnunarheimildir, þar sem lægra sett stjórnvöld eru almennt bundin við fordæmi úrskurða æðri stjórnvalda.

3.2.2.4. Afturköllun.

Með afturköllun er í stjórnsýslurétti átt við það þegar stjórnvald tekur að eigin frumkvæði aftur lögmæta ákvörðun sína sem þegar hefur verið birt málsaðila.

25. gr. stjórnsýslulaga hefur að geyma almenna heimild til að afturkalla ákvörðun þegar það er ekki til tjóns fyrir aðila málsins eða ákvörðun er haldin ógildingarannmarka. Jafnframt er aðrar heimildir til afturköllunar víða að finna í lögum. Þá er stjórnvöldum stundum heimilt í ólögákveðnum tilvikum að afturkalla ákvörðun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Tilefni til að afturkalla stjórnvaldsákvörðun getur komið í ljós *við eftirlit* hjá stjórnvaldi. Við tiltekin skilyrði getur stjórnvald þá afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði að undangenginni lögboðinni málsmeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum.

3.2.2.5. Frumkvæðiseftirlit með lægra settum stjórnvöldum.

Æðra stjórnvald getur að eigin frumkvæði tekið mál til umfjöllunar og úrskurðar sem lægra sett stjórnvald hefur lokið ákvörðun á. Nokkur réttaróvissa ríkir þó um hversu víðtækar þessar heimildir æðri stjórnvalda séu. Til viðmiðunar virðist mega leggja að æðra stjórnvaldi sé a.m.k. heimilt að taka þau mál til umfjöllunar og úrskurðar að eigin frumkvæði sem hinu lægra setta stjórnvaldi er heimilt að afturkalla.

Fyrir kemur að frumkvæðiseftirlit sé lögmælt. Það á einkum við þegar slík heimild hefur verið færð frá hlutaðeigandi ráðherra til lægra setts stjórnvalds. Þannig er t.d. ríkisskattstjóra heimilt að taka mál til meðferðar og breyta ákvörðun skattstjóra að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 2. og 3. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

3.2.2.6. Eftirlit við staðfestingu.

Almennt er á því byggt að lagaákvæði, sem mæla fyrir um samþykki eða staðfestingu stjórnvalds á ákvörðunum, reglum eða áætlunum annars aðila, feli í sér skyldu fyrir viðkomandi stjórnvald til endurskoðunar eða eftirlits með lögmæti hlutaðeigandi gernings. Í sumum tilvikum miðar slíkt eftirlit jafnframt að því að ná fram öðrum markmiðum.

Hluti af eftirliti með stjórnsýslu sveitarfélaga fer fram með staðfestingu ráðherra á ákvörðunum eða reglum sveitarfélaga.

Í *SUA 1997:285 (309)* fjallaði umboðsmaður Alþingis um staðfestingu umhverfisráðherra á gjaldskrá sveitarfélags samkvæmt þágildandi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Í ljósi framangreindra réttarreglna taldi umboðsmaður að við staðfestingu á slíkri gjaldskrá yrði umhverfisráðherra að gæta að því að ákvörðun um gjald væri tekin af aðila sem til þess væri bær að undangenginni lögmæltri málsmeðferð. Þá bæri

umhverfisráðherra að gæta að því að efni gjaldskrárinnar hefði næga lagastoð og væri í samræmi við lög og grundvallarreglur stjórnsýsluréttar, þar á meðal að þjónustugjald væri ekki hærra en sá kostnaður sem almennt hlytist af því að veita umrædda þjónustu. Í því skyni væri umhverfisráðherra rétt að kalla eftir þeim útreikningum sem ákvörðun á fjárhæð gjalda byggðist á. Um skyldu stjórnvalds til að endurskoða eða hafa eftirlit með lögmæti þeirra reglna sem eftirlit lýtur að má jafnframt benda á *SUA 1994:104* og *SUA 1995:407.*

3.3. Almennt um beitingu stjórnunar- og eftirlitsheimilda.

3.3.1. Stjórnunar- og eftirlitsheimildir innan stjórnvalds.

Stjórnvöld eru oft uppbyggð með þeim hætti að yfirmanni er formlega falið að fara með valdheimildir stjórnvaldsins. Aðrir starfsmenn fara þá með þau störf, sem yfirmaðurinn felur þeim með innra valdframsali í krafti stjórnunarheimilda sinna. Af þessu fyrirkomulagi leiðir að yfirmaðurinn getur gefið einstökum starfsmönnum bæði almenn og sérstök fyrirmæli um rækslu þeirra starfa sem þeim eru falin. Yfirmaðurinn getur þannig tekið til sín einstök mál og leyst úr þeim sjálfur. Jafnframt getur hann breytt ákvörðun undirmanns þangað til hún er birt. Loks getur hann, innan ramma laga, afturkallað þegar birtar ákvarðanir sem undirmaður hans hefur tekið.

Yfirmaður stofnunar og þeir starfsmenn sem hann felur slík verkefni hafa í senn heimild og bera skyldu til að fylgjast með og hafa eftirlit með störfum undirmanna sinna. Eftirlitið á bæði að tryggja að ákvarðanir séu teknar og önnur störf stjórnvaldsins innt af hendi á lögmætan, réttmætan og samræmdan hátt, svo og að fjármunir stjórnvaldsins séu notaðir á árangursríkan og hagkvæman hátt.

3.3.2. Stjórnunar- og eftirlitsheimildir innan stjórnsýslunefnda.

Stjórnsýslunefndir eru einn undirflokkur stjórnvalda, en undir hann falla þau stjórnvöld þar sem fleiri menn annast í sameiningu stjórnsýslu, t.d. í nefnd, ráði, stjórn o.s.frv. Meginreglan er sú að nefndarmenn eru jafnsettir með tilliti til stjórnunar- og eftirlitsheimilda því að sérhver ákvörðun um að beita slíkum heimildum fer að vilja meiri hluta nefndarmanna hverju sinni að undangenginni atkvæðagreiðslu á fundi. Frá þessari meginreglu kunna að vera undantekningar í lögum. Þannig er stundum mælt fyrir um sérstakar heimildir formanns við undirbúning, meðferð og úrlausn máls.

Þegar stjórnsýslunefndir fá mörg mál til úrlausnar er sá háttur oft hafður á að undirnefnd, formanni eða starfsmanni nefndar er falið að undirbúa mál. Í slíkum tilvikum hefur stjórnsýslunefndin allar sömu stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart undirnefnd, formanni eða starfsmanni eins og áður var rakið að yfirmaður stofnunar hefði gagnvart undirmönnum sínum.

3.3.3. Stjórnunar- og eftirlitsheimildir á milli stjórnvalda.

3.3.3.1. Inngangur.

Það er ávallt mikilvægt að skýrt liggi fyrir hvort eitt stjórnvald hefur stjórnunar- og eftirlitsheimild gagnvart öðru stjórnvaldi, og ef svo er þá hverjar þessar heimildir nákvæmlega eru. Með öðrum orðum er mikilvægt að skýrt liggi fyrir hvort á milli tiltekinna stjórnvalda er stjórnsýslusamband og þá hvers kyns það sé.

Eftirlitsheimildir byggjast í meginatriðum á tvenns konar grundvelli. Annars vegar á grundvelli almennra yfirstjórnunarheimilda æðra stjórnvalds gagnvart lægra settu og hins vegar á sérstökum lagafyrirmælum um eftirlit.

3.3.3.2. Stjórnunar- og eftirlitsheimildir æðri stjórnvalda með lægra settum stjórnvöldum.

Stjórnsýsla ríkisins er stigskipt á þann hátt að æðri stjórnvöld hafa yfirstjórn og eftirlit með þeim stjórnvöldum sem lægra eru sett. Þessi stigskipting verður yfirleitt leidd af túlkun laga. Þegar í ljós hefur verið leitt að stjórnvald sé lægra sett gagnvart ákveðnum ráðherra, leiðir af þessu stjórnsýslusambandi að viðkomandi ráðherra hefur almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir með hlutaðeigandi stjórnvaldi, sé ekki á annan veg mælt í lögum. Ráðherra hefur þá að mörgu leyti svipaðar stjórnunar- og eftirlitsheimildir með stofnunum sem undir hann heyra og starfsmönnum ráðuneytis hans. Sá munur er þó á að þegar starfsmenn lægra setts stjórnvalds taka stjórnvaldsákvörðun getur aðili máls kært hana til ráðherra skv. 26. gr. stjórnsýslulaga, nema á annan veg sé mælt í lögum, en þegar starfsmaður ráðuneytis tekur ákvörðun í umboði ráðherra er þetta úrræði ekki fyrir hendi.

3.3.3.3. Stjórnunar- og eftirlitsheimildir með sjálfstæðum stofnunum og stjórnsýslunefndum.

Til eru stjórnvöld sem fara með málefni á starfssviði ráðherra en er með lögum skipað til hliðar við þau stjórnvöld sem heyra undir yfirstjórnunarheimildir hans. Þessi stjórnvöld eru sjálfstæð í þeim skilningi að ráðherra fer ekki með almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart þeim. Af þeim sökum getur ráðherra ekki gefið þeim bindandi fyrirmæli um framkvæmd stjórnsýslu, nema hafa til þess sérstaka lagaheimild. Á sama hátt hefur ráðherra að jafnaði ekki annað eftirlit með störfum þessara stjórnvalda en leiðir af fyrirmælum laga.

Stundum er mælt fyrir um eftirlit með sjálfstæðu stjórnvaldi án þess að nánar sé skilgreint til hvaða viðbragða sé heimilt að grípa ef í ljós kemur að hin eftirlitsskylda starfsemi er ekki í samræmi við lög. Meginreglan er þá sú að ekki er heimilt að grípa inn í störf sjálfstæðs stjórnvalds, nema til þess standi sérstök lagaheimild. Þegar lög mæla aðeins fyrir um eftirlit án eftirfarandi úrræða eru heimildir og skyldur hlutaðeigandi eftirlitsaðila takmarkaðar við að fylgjast með störfum hins sjálfstæða stjórnvalds og krefjast í því skyni upplýsinga. Eina úrræðið sem eftirlitsaðilinn hefur í slíkum tilvikum er að láta í ljós (óbindandi) álit sitt við hið sjálfstæða stjórnvald telji hann að hin eftirlitsskylda starfsemi sé ekki starfrækt í samræmi við lög.

3.4. Stjórnunar- og eftirlitsheimildir innan stjórnsýslukerfisins.

3.4.1. Inngangur.

Stjórnsýslukerfi nefnist sú skipulagsbundna heild sem stjórnvöld mynda á grundvelli þess stjórnsýslusambands sem á milli þeirra er. Ekki eru til ein almenn lög sem leggja grundvöll að stjórnsýslukerfinu. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, lög nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, svo og reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96/1969, með síðari breytingum, lög um einstök stjórnvöld, sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 og síðast en ekki síst óskráðar meginreglur eru þær réttarheimildir sem íslenska stjórnsýslukerfið byggist á.

Hér á eftir verður megindráttum íslenska stjórnsýslukerfisins lýst og kannað hvernig þær eftirlitsheimildir, sem lýst var hér að framan, horfa við.

Stjórnarráð Íslands greinist í 14 ráðuneyti. Samkvæmt tillögu forsætisráðherra skipar forseti Íslands ráðherra, ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar. Með mjög einfölduðum hætti má greina þau stjórnvöld, sem tilheyrt geta málefnasviði hvers ráðherra, í fernt eins og neðangreind mynd sýnir:



3.4.2. Ráðherrar og ráðuneyti þeirra.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir að forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskránni og öðrum landslögum fari með framkvæmdarvaldið. Í 13. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið svo á að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt. Af þessum sökum er í íslenskri stjórnskipan á því byggt að ráðherra, hver á sínu sviði, fari í reynd með æðstu yfirstjórn stjórnsýslunnar.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Þetta ákvæði er m.a. byggt á þeirri forsendu að ráðherrar fari með yfirstjórn þeirra stjórnarmálefna er undir þá heyra. Í framkvæmd hefur þó löggjafanum verið talið heimilt að ákveða með lögum að tiltekin starfsemi, t.d. stofnun eða stjórnsýslunefnd, skuli vera sjálfstæð og þar með undanskilin yfirstjórn ráðherra sem annars mundi undir hann heyra. Telja verður að þessar valdheimildir löggjafans helgist af stjórnskipunarvenju og feli í sér það frávik frá framangreindri meginreglu að ráðherrar fara með yfirstjórn stjórnarmálefna, *nema* hún sé að lögum undanskilin. Þessar valdheimildir eru hins vegar bundnar við löggjafann einan þannig að ráðherra gæti til að mynda ekki ákveðið með reglugerð að stjórnvald hefði slíka stöðu.[24] Stjórnarskráin setur þó löggjafanum viss mörk í því hversu langt verði gengið við að takmarka vald ráðherra að þessu leyti með því að setja á stofn sjálfstæðar ríkisstofnanir og sjálfstæðar stjórnsýslunefndir. Ef lög kveða til að mynda ekki skýrt á um sjálfstæði ríkisstofnunar, og sú ályktun verður heldur ekki dregin af ákvæðum laga með fullri vissu, verður stofnunin talin lægra sett stjórnvald í ljósi fyrrnefndrar meginreglu um að ráðherrar fari með yfirstjórn stjórnsýslunnar, nema hún sé að lögum undanskilin. Jafnframt er rétt að benda á að þegar löggjafinn sviptir ráðherra stjórnunar- og eftirlitsheimildum yfir tiltekinni stofnun afléttir hann um leið ráðherraábyrgð af hlutaðeigandi ráðherra, svo og þinglegri ábyrgð að því er snertir meðferð þessara heimilda. Lagastaðan verður þá sú að *enginn* ber þessa ábyrgð gagnvart Alþingi. Þegar Alþingi mælir því fyrir um sjálfstæða stöðu stofnunar kippir það um leið nánast öllum grundvelli undan því eftirliti sem þingið hefur sjálft með stjórnvöldum og um er fjallað í köflum 3.7 og 4.8 hér á eftir. Að þessu athuguðu og ekki

[24] Sbr. SUA 1996:133 (136).

síst með vísan til þess að stjórnsýsluleg staða sjálfstæðra stjórnvalda er undantekning frá þeirri meginreglu sem 14. gr. stjórnarskrárinnar er byggð á ætti almennt ekki að koma á fót slíkum stofnunum nema í þeim *undantekningartilvikum* þar sem kostir slíkrar skipunar þykja augljóslega vega upp framangreinda ókosti.

Í 9. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, er mælt svo fyrir að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana sem undir það ber og eignum á vegum þeirra stofnana. Þar sem ráðherrar fara með stjórnarmálefni í stjórnarráðinu, sbr. 2. mgr. 1. gr. sömu laga, og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmd, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar, er ljóst að ráðherrar hafa á hendi stjórn þess eftirlits sem mælt er fyrir um í 9. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Ekki verður skýrlega ráðið af orðalagi 9. gr. laganna eða lögskýringargagna hvort ákvæðið nái til *allra stjórnvalda* sem hafa á hendi stjórnsýslu sem tilheyrir þeim stjórnarmálefnum sem ráðherra eru falin samkvæmt lögum eða úrskurði forseta um starfsskiptingu ráðherra eða hvort það taki einvörðungu til stjórnvalda sem eru *lægra sett ráðherra*. Af þessum sökum leikur vafi á hvort undir eftirlitið falli sjálfstæðar stofnanir og sjálfstæðar stjórnsýslunefndir. Með hliðsjón af því að lög nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, svo og reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar, nr. 96/1969, með síðari breytingum, taka til allra stjórnarmálefna ríkisins, þ.m.t. þeirra sem heyra undir sjálfstæðar stofnanir og sjálfstæðar stjórnsýslunefndir, þykir sá lögskýringarkostur nærtækastur að eftirlitsskylda 9. gr. laga nr. 73/1969 taki til allra stjórnvalda. Orðalag 14. gr. stjórnarskrárinnar styður einnig þessa niðurstöðu.

Af 9. gr. laga nr. 73/1969 leiðir að ráðherra á rétt á upplýsingum frá öllum stjórnvöldum, sem undir starfssvið hans heyra til nota við eftirlitið, enda mæli lög ekki á annan veg. Þar sem ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, veitir ráðherra engin sérstök úrræði, komi í ljós að eftirlitsskyld starfsemi er ekki í samræmi við lög, ræðst það af öðrum lögum og óskráðum meginreglum til hvaða úrræða ráðherra getur gripið. Í 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er t.d. mælt fyrir um sérstakar skyldur sem hvíla á forstöðumönnum ríkisstofnana og úrræði ráðherra ef út af bregður. Ef útgjöld fara verulega fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi er mælt svo fyrir að ráðherra geti veitt forstöðumanni stofnunar áminningu skv. 21. gr. laganna eða veitt honum lausn frá embætti skv. VI. kafla þeirra ef um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi er að ræða. Að því er varðar deilur um úrlausn einstakra mála getur sú staða hæglega komið upp að ráðherra hafi engin lagalega bindandi úrræði að grípa til gagnvart sjálfstæðri stofnun eða sjálfstæðri stjórnsýslunefnd telji hann starfsemi þeirra ekki vera í samræmi við lög. Þannig getur t.d. fjármálaráðherra ekki gefið yfirskattanefnd, sem er sjálfstæð stjórnsýslunefnd, bindandi fyrirmæli um að breyta úrskurði sínum, enda þótt hann telji úrskurð nefndarinnar ólögmætan að efni til. Annað mál er að ráðherra getur ávallt látið í ljósi álit sitt á öllum stjórnarmálefnum, er undir ráðuneyti hans heyra, enda þótt slíkt álit sé ekki bindandi fyrir sjálfstæða stofnun eða sjálfstæða stjórnsýslunefnd, nema lög standi til þess. Jafnframt getur ráðherra flutt frumvarp á Alþingi til breytinga á lögum á starfssviði hans, sbr. 38. og 55. gr. stjórnarskrárinnar.

3.4.3. Lægra sett stjórnvöld.

Meginreglan er sú að þegar ekki er um að ræða hluta af ráðuneyti heldur *sérstakt* stjórnvald teljist það lægra sett gagnvart þeim ráðherra sem hlutaðeigandi stjórnarmálefni heyra undir. Staða slíkra stjórnvalda innan stjórnsýslukerfisins er oftast ákvörðuð á þann hátt, að mælt er svo fyrir í lögum, að um *sérstakt* stjórnvald sé að ræða, sem heyri undir *yfirstjórn* ákveðins ráðherra.

Á svipaðan hátt og ráðherra hefur heimild og skyldu til þess að hafa eftirlit með störfum undirmanna sinna í því ráðuneyti sem hann fer með hefur hann og ráðuneyti hans heimild og skyldu til eftirlits með rækslu starfa lægra settra stjórnvalda, sbr. kafla 3.3.4.2 hér að framan. Ef út af er brugðið í eftirlitsskyldri starfsemi ber ráðherra almennt að bregðast við með því að nota einhver af þeim úrræðum er felast í stjórnunarheimildum hans gagnvart hinu lægra setta stjórnvaldi.

Það er meginregla að heimilt er að kæra ákvörðun lægra setts stjórnvalds til ráðherra, nema á annan veg sé mælt í lögum, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga. Stundum er í lögum mælt svo fyrir að ákvarðanir lægra setts stjórnvalds skuli kærðar til sérstakrar stjórnsýslunefndar. Þrátt fyrir slík lagafyrirmæli er meginreglan sú að ráðherra fer eftir sem áður með aðrar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart hlutaðeigandi stjórnvaldi, nema á annan veg sé mælt í lögum.

3.4.4. Sjálfstæðar ríkisstofnanir.

Eins og vikið var að í kafla 3.3.3.3 hér að framan eru til sjálfstæðar ríkisstofnanir sem fara með málefni á starfssviði ráðherra en er skipað til hliðar við þau stjórnvöld sem heyra undir yfirstjórn hans. Þessi stjórnvöld eru sjálfstæð í þeim skilningi að ráðherra fer ekki með almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart þeim. Af þeim sökum getur ráðherra ekki gefið þeim bindandi fyrirmæli um framkvæmd stjórnsýslu, nema hafa til þess lagaheimild. Á sama hátt hefur ráðherra jafnan ekki annað eftirlit með störfum þessara stjórnvalda en leiðir af fyrirmælum laga.

Sjálfstæðar ríkisstofnanir eru ávallt settar á stofn með lögum og hafa oft sjálfstæðan fjárhag. Jafnframt eru stjórnir þeirra tíðum þingkjörnar.

Það ræðst af *lögum* hvort stofnun telst *sjálfstæð* í framangreindum skilningi. Stjórnsýsluleg staða þeirra er oftast ákvörðuð með þeim hætti að mælt er svo fyrir í lögum að um *sjálfstætt* stjórnvald sé að ræða, sem heyri þó *stjórnarfarslega* undir ákveðinn ráðherra.

Þótt ríkisstofnun teljist sjálfstæð samkvæmt framansögðu kann fagráðherra engu að síður að hafa veigamiklar heimildir til að hlutast til um málefni stofnunarinnar samkvæmt sérstökum fyrirmælum laga. Þannig kann ráðherra að hafa heimild til þess að skipa forstöðumann stofnunarinnar. Skv. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, setur ráðherra sérhverjum forstöðumanni stofnunar erindisbréf. Ráðherra kann að hafa heimild til þess að setja reglugerð um skipan og starfshætti stofnunar, svo og önnur almenn stjórnvaldsfyrirmæli. Þá getur þurft að bera mikilvægar ákvarðanir upp fyrir ráðherra til staðfestingar samkvæmt fyrirmælum laga. Þó að ríkisstofnanir teljist því sjálfstæðar í framangreindum skilningi er staða þeirra gagnvart ráðherra ekki alltaf sjálfstæð að öllu leyti.

Sem dæmi um sjálfstæðar ríkisstofnanir má sem dæmi nefna Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Ríkisútvarpið og Seðlabanka Íslands. Þá voru Búnaðarbanki Íslands og Landsbanki Íslands einnig sjálfstæðar ríkisstofnanir áður en þeir voru gerðir að hlutafélögum. Í 8. gr. laga nr. 113/1996 var svo fyrir mælt að ríkisviðskiptabankar væru sjálfstæðar stofnanir er lytu sérstakri stjórn samkvæmt lögunum. Af þessu ákvæði leiddi að viðskiptaráðherra gat ekki gefið bankaráðum eða bankastjórnum bankanna fyrirmæli um framkvæmd starfa nema hafa til þess sérstaka lagaheimild og þá hafði ráðherra ekki annað eftirlit með störfum bankans en sérstaklega var fyrir mælt í lögum. Áður en ríkisviðskiptabönkunum var breytt í hlutafélög réðst afmörkun á því hvaða eftirlitsskyldur hvíldu á viðskiptaráðherra með þeim af túlkun þeirra sérstöku lagaákvæða er mæltu fyrir um eftirlit, svo sem 9. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Eins og vikið var að í kafla 3.4.2 hefur ríkt vafi um hvort eftirlitsskylda ráðuneyta skv. 9. gr. laga nr. 73/1969 taki til sjálfstæðra stofnana.

3.4.5. Sjálfstæðar stjórnsýslunefndir.

Sjálfstæðar stjórnsýslunefndir kallast þær nefndir sem fara með málefni á starfssviði ráðherra en er skipað til hliðar við þau stjórnvöld sem heyra undir yfirstjórn hans. Þessar stjórnsýslunefndir eru sjálfstæðar í þeim skilningi að ráðherra fer ekki með almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart þeim. Af þeim sökum getur ráðherra ekki gefið þeim bindandi fyrirmæli um framkvæmd stjórnsýslu, nema hafa til þess lagaheimild og ákvörðun slíkrar nefndar verður ekki skotið til ráðherra. Sjálfstæðum stjórnsýslunefndum verður einungis komið á fót með lögum.

Stundum getur leikið vafi á hvort telja beri stjórnsýslunefnd sjálfstæða þannig að ekki sé unnt að kæra ákvörðun hennar til ráðherra. Stundum er beinlínis tekið á þessu í lögum og kveðið á um að úrskurðir tiltekinnar nefndar séu fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar, og er þá ljóst að úrskurður verður ekki kærður. Sjá t.d. 7. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að því er varðar úrskurði ríkistollanefndar.

Þegar sérstakri kærunefnd hefur verið komið á fót (d. ankenævn) og úrskurðarvald í kærumálum verið fært frá ráðuneyti til slíkrar nefndar rofnar jafnframt kæruheimild til ráðherra. Þannig verða t.d. úrskurðir yfirskattanefndar, barnaverndarráðs, úrskurðarnefndar félagsþjónustu, úrskurðarnefndar almannatrygginga, yfirfasteignamatsnefndar og áfrýjunarnefndar samkeppnismála ekki kærðir til hlutaðeigandi ráðherra.

Með lögum hafa nokkrar sjálfstæðar stjórnsýslunefndir verið settar á laggirnar sem fara ekki með ósvipuð verkefni og dómstólar (d. domstolslignende nævn), þ.e. að skera úr ágreiningi á milli einstaklinga eða á milli stjórnvalda og einstaklinga. Undir þennan flokk falla flestar kærunefndir sem áður var minnst á. Í þennan flokk falla þó mun fleiri nefndir. Hér má t.d. nefna matsnefnd eignarnámsbóta og kærunefnd jafnréttismála. Úrskurðir slíkra nefnda eru almennt ekki kæranlegir innan stjórnsýslunnar.

Loks er rétt að nefna úrskurði þeirra sjálfstæðu stjórnsýslunefnda sem lög mæla sérstaklega fyrir um að heimilt sé að kæra. Aðstaðan er þá sú að ráðherra getur almennt ekki gefið slíkri nefnd bindandi fyrirmæli um úrlausn mála, en úrskurðir nefndarinnar verða samt kærðir til sérstakrar kærunefndar. Sem dæmi um þetta fyrirkomulag má nefna úrskurði samkeppnisráðs sem kærðir verða til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sbr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

3.4.6. Sveitarstjórnir.

Tilvist sveitarfélaga er tryggð í 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 16. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Þar segir að sveitarfélög skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Ákvæðið er fyrst og fremst stefnuyfirlýsing stjórnarskrárgjafans um að til skuli vera sveitarfélög og að þau skuli hafa nokkra sjálfsstjórn, en að öðru leyti eftirlætur stjórnarskrárgjafinn löggjafanum ákvörðunarvald um þetta efni. Það er því Alþingi sem ákveður hvaða verkefni skuli falin sveitarstjórnum svo og hvernig haga skuli eftirliti með stjórnsýslu sveitarfélaga.

Í 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 var lögfest sú óskráða meginregla að heimilt væri að kæra ákvörðun lægra setts stjórnvalds til stjórnvalds sem því væri æðra sett á grundvelli þess stjórnsýslusambands sem er á milli æðra og lægra settra stjórnvalda í stigskiptri stjórnsýslu. Af ákvæði 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 16. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, leiðir á hinn bóginn að sveitarfélög hafa sjálfstæða stöðu gagnvart öðrum stjórnvöldum. Þar sem ekki er fyrir að fara slíku stjórnsýslusambandi á milli sveitarfélaga og ráðherra sem er á milli æðra og lægra settra stjórnvalda ríkisins verður heimild til að kæra ákvörðun sveitarstjórnar til ráðherra almennt ekki leidd af 26. gr. stjórnsýslulaga. Ákvarðanir sveitarstjórnar

teljast því almennt ekki kæranlegar til ráðherra nema að svo sé sérstaklega fyrir mælt í öðrum lögum. Af reglunni um sjálfsstjórn sveitarfélaga verður einnig leidd sú regla að stjórnsýsla sveitarfélaga sætir ekki eftirliti annarra stjórnvalda nema að svo sé fyrir mælt í lögum.

Eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga má greina í sértækt eftirlit (d. sektor tilsyn) og almennt eftirlit (d. det almindelige kommunaltilsyn).

Í lögum er stundum mælt fyrir um eftirlit ráðherra eða annarra stjórnvalda til að hafa eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga á afmörkuðu sviði. Sem dæmi um slíkt sértækt eftirlit má t.d. nefna að skv. 9. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, hefur menntamálaráðuneytið eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem grunnskólalögin, reglugerðir sem á þeim eru byggðar og aðalnámskrá grunnskóla kveða á um.

Í 102. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 er mælt fyrir um almennt eftirlitshlutverk félagsmálaráðuneytisins með stjórnsýslu sveitarfélaga. Þar kemur fram að ráðuneytið skuli hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum.

Heimildum til að kæra stjórnvaldsákvarðanir sveitarstjórna má einnig skipta í tvennt — sérstakar og almennar kæruheimildir.

Víða í lögum eru lögfestar kæruheimildir til ráðherra. T.d. má kæra ákvarðanir sveitarstjórna og jarðanefnda samkvæmt jarðalögum nr. 65/1976 til landbúnaðarráðherra skv. 17. gr. sömu laga. Þá má nefna að til eru lögfestar heimildir til að kæra ákvarðanir sveitarstjórna eða nefnda og ráða á þeirra vegum til kærunefnda sem tilheyra stjórnsýslu ríkisins. Þannig er t.d. heimilt að kæra úrskurði barnaverndarnefndar til barnaverndarráðs, sbr. 49. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, og tilteknar ákvarðanir félagsmálanefndar er heimilt að kæra til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 65. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í 103. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, er mælt fyrir um almenna kæruheimild til félagsmálaráðuneytisins vegna ýmissa vafaatriða sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna.

Þegar vafi leikur á hvort kæra beri mál til félagsmálaráðuneytisins samkvæmt hinni almennu heimild 103. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 eða til annars stjórnvalds samkvæmt sérstakri heimild er meginreglan sú að sérstakar kæruheimildir ganga framar hinni almennu kæruheimild.

3.5. Sérstakir eftirlitsaðilar.

Löggjafinn getur sett á fót stjórnvöld sem hafa eftirlit á ákveðnu sviði, bæði með einkaaðilum og opinberum aðilum. Sem dæmi um slíkt stjórnvald má nefna kærunefnd jafnréttismála. Meint brot á lögum nr. 27/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, verða borin undir kærunefnd jafnréttismála, sbr. 19. gr. laganna, hvort sem hinn kærði er stjórnvald eða einkaréttarlegt fyrirtæki.

3.6. Dómstólar.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með dómsvaldið. Skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar skera dómendur úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Að uppfylltum ákveðnum réttarfarsskilyrðum skera dómstólar því úr ágreiningi um hvort stjórnvöld hafi byggt ákvarðanir sínar á lögum og málefnalegum sjónarmiðum eða hvort þær hafi átt sér stoð í lögum og verið í samræmi við þau.

Dómur Landsyfirréttar frá 25. febrúar 1889 (*Ds. III:445*) er einn af fyrstu íslensku dómunum, þar sem notað er tungutak nútímastjórnsýsluréttar við úrlausn þess hvort lögmætis-

reglan hafi verið brotin. Þar voru málavextir þeir að hreppsnefnd hafði lagt aukaútsvar á mann sem látið hafði selja fyrir sig vörur á Borðeyri. Samkvæmt þágildandi lögum hafði hreppsnefnd heimild til að leggja aukaútsvar á þá sem áttu lögheimili í hreppnum. Þar sem umræddur maður átti ekki lögheimili á Borðeyri taldi Landsyfirréttur að hreppsnefndina hefði brostið *heimild* til þess að leggja á hann aukaútsvar. Dómurinn er byggður á því að íþyngjandi stjórnvaldsákvarðanir þurfi að eiga sér lagastoð. Landsyfirréttur túlkaði lagaheimildina sem ákvörðunin var byggð á og komst að því að hreppsnefndin hefði farið út fyrir þá valdheimild sem lagaákvæðið hafði að geyma.

Að uppfylltum réttarfarsskilyrðum virðast dómstólar ekki hafa hikað við að endurskoða hvort stjórnvaldsákvörðun væri í samræmi við lög eða hefði næga lagastoð. Ef ákvörðun hefur á annað borð byggst á lagaheimild hafa dómstólar jafnframt endurskoðað hvort stjórnvald hafi farið út fyrir þá valdheimild sem viðkomandi lagaákvæði hefur verið talið geyma rétt skýrt.

Þessu var ekki á sama veg farið þegar mál voru borin undir dómstóla og því haldið fram að matskennd stjórnvaldsákvörðun væri haldin efniságalla. Á fyrri hluta 20. aldar högguðu dómstólar almennt ekki við frjálsu mati stjórnvalda. Til eru þó örfáir dómar frá þessum tíma þar sem dómstólar ógiltu stjórnvaldsákvarðanir þar sem þær voru byggðar á ómálefnalegum sjónarmiðum. Sem dæmi um þetta má nefna dóminn *H 1921:187* er varðar útsvar sem lagt var á umsýslumann Hins íslenska steinolíufélags. Í rökstuðningi úrskurðar bæjarstjórnar Akureyrar kom fram að vafi þótti leika á hvort heimilt væri að leggja útsvar á Hið íslenska steinolíufélag. Af þeim sökum hefði útsvar umsýslumanns félagsins á Akureyri verið byggt á „hinni miklu olíuumsetningu Steinolíufélags Íslands". Í dómi Hæstaréttar var talið að um svo ólöglega álagningaraðferð væri að ræða að ekki yrði hjá því komist að fella ákvörðunina úr gildi.

Segja má að alla 20. öldina hafi dómstólar jafnt og þétt gengið lengra í því að endurskoða matskenndar ákvarðanir stjórnvalda þegar reynt hefur verið að hnekkja þeim fyrir dómstólum. Hér á eftir verða tekin örfá dæmi sem sýna hvaða þættir matskenndra stjórnvaldsákvarðana hafa sætt endurskoðun dómstóla.

1. Í kafla 2.3 hér að framan var fjallað um það *hvernig* málefnaleg sjónarmið verða fundin. Í kafla 2.4 voru tekin nokkur dæmi um sjónarmið sem almennt teljast ómálefnaleg. Eins og ráðið verður af *H 1921:187* var einn fyrsti efnisþáttur matskenndra stjórnvaldsákvarðana sem dómstólar hófu að endurskoða að uppfylltum réttarfarsskilyrðum hvort matskennd ákvörðun væri byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Af rökstuðningi úrskurðar bæjarstjórnar Akureyrar lá skýrt fyrir að ákvörðun hennar hafði verið byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum. Þegar sönnun liggur ekki fyrir með þeim hætti snúa dómstólar stundum sönnunarbyrðinni við og leggja hana á viðkomandi stjórnvald hafi málsmeðferð þess verið annmörkum háð eða önnur atvik með þeim hætti að draga megi í efa að ákvörðun hafi byggst á málefnalegum sjónarmiðum. Í þessu sambandi má minna á *H 1993:2364*. Þar hafði fjármálaráðuneytið ákveðið að A skyldi greiða álag á þungaskatt vegna meints brots á ákvæðum reglugerðar nr. 62/1977, um ökumæla. Í dómi Hæstaréttar sagði m.a. svo: „Af orðalagi bréfsins og samhengi þess verður ekki örugglega ráðið, að til ákvörðunar ráðuneytisins um viðurlög vegna hins tiltekna brots hafi ekki legið önnur sjónarmið en heimil voru skv. 11. gr. reglugerðar nr. 593/1987, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1987. Er því óhjákvæmilegt að ógilda þessa ákvörðun ..."

2. Í kafla 2.8 hér að framan var vikið að því að stjórnvöldum getur verið skylt að leggja ákveðin sjónarmið til grundvallar við mat sitt þegar ákvörðun er tekin. Dómstólar endurskoða hvort stjórnvöld hafi byggt ákvarðanir sínar á skyldubundnum sjónarmiðum. Sem dæmi má nefna að þegar stjórnvald hefur byggt ákvörðun á tilteknu sjónarmiði leiðir jafn-

ræðisregla 11. gr. stjórnsýslulaga til þess að leysa ber úr sambærilegu máli á grundvelli *sama eða sömu sjónarmiða* þegar slíkt mál kemur til úrlausnar á grundvelli sömu réttarheimildar. Í þessu samband má nefna *H 1976:456*. Þar voru málsatvik þau að fimm verkfræðingar voru skipaðir í nefnd af Háskóla Íslands til þess að semja kennsluáætlun. Þeir töldu að ekki hefði verið frá því gengið hvernig ákveða skyldi þóknun fyrir nefndarstörfin. Fjármálaráðuneytið ákvað þeim þóknun og var þeim verkfræðingum er unnu hjá Háskóla Íslands ákvörðuð lægri þóknun en þeim sem unnu annars staðar. Í dómi Hæstaréttar var ekki talið að rök hefðu legið til þess að gera þennan mismun. Af dóminum verður sú ályktun dregin að skylt hafi verið að beita sömu sjónarmiðum við launaákvörðun allra nefndarmanna.

3. Í kafla 2.9 hér að framan var fjallað um vægi sjónarmiða og forgangsreglur við mat þegar matskennd ákvörðun er tekin. Stöku sinnum ákvarða lög og óskráðar meginreglur vægi sjónarmiða. Dómstólar endurskoða hvort slík sjónarmið hafi verið dregin inn í matið og þeim ljáð rétt vægi. Hér má aftur minna á *H 1993:2230* en þar taldi Hæstiréttur að skýra bæri lög nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með þeim hætti að í lögunum fælist skilorðsbundin forgangsregla. Taldi Hæstiréttur að skýra bæri lögin svo „að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir og karlmaður sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur".

4. Eins og vikið var að í kafla 2.10 verður mat stjórnvalda að vera forsvaranlegt. Þannig verða þau sjónarmið sem byggt var á að geta með skynsamlegum hætti leitt til þeirrar niðurstöðu sem komist er að með hliðsjón af málsatvikum.

Lengst af hafa dómstólar verið tregir til að meta þennan þátt matskenndra ákvarðana. Í þeim tilvikum sem hann hefur verið metinn hafa dómstólar sniðið mati stjórnvalda misjafnlega þröngan stakk. Þannig hefur ýmist verið gert að skilyrði fyrir ógildingu ákvörðunar að matið hafi verið „fjarstæðukennt", „ósanngjarnt" eða „óforsvaranlegt". Skulu hér þrír dómar nefndir í dæmaskyni.

Í *H 1952:391* var deilt um hvort næg lagaheimild stæði til þess að leggja veltuútsvar á Tivoli hf. Hæstiréttur féllst á það. Það var einnig niðurstaða Hæstaréttar að veltuútsvarið hefði verið byggt á málefnalegum sjónarmiðum. Síðan sagði í dóminum: „... og ekki þykir upphæð útsvarsins, miðað við það, sem fram er komið um hag félagsins, slík, að fjarstæða geti talist. Þar sem niðurjöfnunarnefnd hefur þannig ákveðið útsvarið innan réttra valdmarka, er ekki á færi dómstóla að hrinda álagningunni né lækka upphæð útsvarsins."

Í *H 1969:1201* stefndi A fjármálaráðherra til greiða honum aukagreiðslu fyrir að annast dómsrannsókn þar sem sú þóknun sem honum hafði verið úrskurðuð og greidd hefði verið of lág. Af hálfu fjármálaráðherra var því borið við að ákvörðun um þóknun hans væri fullnaðarúrskurður sem ekki yrði haggað af dómstólum. Í dómi héraðsdóms sagði m.a. svo: „Samkvæmt meginreglum laga batt þó viðtaka skipunarbréfsins og athugasemdalaus vitneskja stefnanda um greiðsluhátt dómsmálaráðuneytisins hann eigi til þess að hlíta ósanngjarnri greiðslu fyrir rannsóknarstörf sín." Á hinn bóginn var ekki talið, miðað við umfang starfans að sú upphæð sem A var greidd hefði verið undir því marki sem hann varð að hlíta.

Loks má svo nefna *H 1977:243*, en þar var m.a. deilt um lögmæti byggingarleyfis fyrir bílskúr. Því var haldið fram að bílskúrinn hindraði að birtu nyti í aðliggjandi húsi. Gögn málsins þóttu ekki leiða í ljós að mat byggingaryfirvalda hefði verið „óforsvaranlegt".

5. Á meðalhófsregluna getur reynt þegar efni íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar er komið undir mati stjórnvalds, sbr. kafla 2.11.2 hér að framan. Dómstólar endurskoða að uppfylltum réttarfarsskilyrðum hvort stjórnvöld hafi brotið meðalhófsregluna. Í þessu sambandi má benda á *H 1994:576*. Starfsstöð fyrirtækisins A var lokað á grundvelli heimildar í söluskattslögunum vegna söluskattsskuldar fyrirtækisins. Stöðvun atvinnurekstrar A var fyrirvaralaus

og var fyrirtækinu ekki gefinn kostur á að setja tryggingu fyrir greiðslu. Í dóminum segir m.a. svo: „Sú grundvallarregla stjórnarfarsréttar á einnig við um innheimtu af þessu tagi, að stjórnvöld þurfi að gæta hófs í vali milli úrræða, sem þeim eru tiltæk, og velja hið vægasta úrræði, sem að gagni kemur. Ber þeim að taka mið af hagsmunum, sem í húfi eru, þ.e. annars vegar stöðu gjaldanda og hins vegar nauðsyn á greiðum og öruggum skattskilum. Um stöðvun atvinnurekstrar er þess almennt að vænta, að hún hafi í för með sér verulega röskun fyrir aðilann, sem í hlut á. [...] Eins og málið liggur fyrir verður að telja, að staða [A] sumarið 1989 hafi verið sérstök í mikilvægum efnum. Um var að ræða að ákvörðun skattyfirvalda á gamalli skattskuld, og önnur gjöld, sem á höfðu verið lögð af sama tilefni, voru til meðferðar fyrir dómstólum. [A] hafði staðið í skilum með áfallandi söluskatt allt frá árinu 1985. Eins og samskiptum aðila hafði verið háttað mátti hann vænta þess að fá tilkynningu um lokun samkvæmt lagaheimildinni, ef ákveðið yrði að beita henni. Eftirfarandi greiðsla [A] sýndi, að hann var gjaldfær og hefði getað varist lokuninni, hefði honum verið gefið tækifæri til þess." Af framansögðu athuguðu taldi Hæstiréttur að ekki hefði verið beitt réttum aðferðum þegar atvinnurekstur A var stöðvaður. Var A því talið eiga rétt á bótum fyrir það tjón sem af því hafði hlotist.

6. Í kafla 2.11.3 var vikið að því að stjórnvöldum er óheimilt að misbeita valdi sínu við val á leiðum til úrlausnar máls. Dómstólar endurskoða hvort um slíka misbeitingu valds er að ræða. Má í þessu sambandi vísa til *H 1995:1347* sem rakinn er í kafla 2.11.3.

7. Loks má svo nefna að dómstólar endurskoða hvort stjórnvöld hafa brotið þá óskráðu meginreglu að stjórnvaldsákvörðun verði efnislega að vera bæði ákveðin og skýr. Í *H 1998:1291* reyndi á þessa meginreglu. Deilt var um hvort A hefði samþykkt að vera fluttur úr stöðu skrifstofustjóra Vita- og hafnamálastofnunar í stöðu skrifstofustjóra Vitastofnunar, en sú staða var síðar lögð niður. Vísað var til þess að launagreiðslur A hefðu verið færðar á milli fjárlagaliða. Héraðsdómur taldi það ekki geta haft í för með sér flutning í og úr stöðu. Yrði til þess að líta að stjórnvaldsákvörðun sem fæli í sér setningu ríkisstarfsmanns yrði samkvæmt óskráðri meginreglu stjórnsýsluréttar að vera ákveðin og skýr. Var talið að þessu skilyrði væri engan veginn fullnægt. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu.

3.7. Eftirlit Alþingis og stofnana á vegum þess með stjórnvöldum.

3.7.1. Eftirlit Alþingis með stjórnvöldum.

Þar sem mælt er svo fyrir í 1. gr. stjórnarskrárinnar að Ísland sé lýðveldi með „þingbundinni stjórn" er stjórninni skylt að standa þinginu reikningsskap gerða sinna. Í krafti þingræðisreglunnar hefur Alþingi jafnframt eftirlit með stjórnvöldum og ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum gagnvart Alþingi, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Almenn lög og stjórnarskrá veita Alþingi nokkur úrræði við að hafa eftirlit með stjórnvöldum. Hér verður stuttlega minnst á nokkur af þessum úrræðum.

1. *Fyrirspurnir.* Skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar er alþingismönnum heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að *bera fram fyrirspurn um málið.* Vilji alþingismaður óska upplýsinga eða svara ráðherra um opinbert málefni gerir hann það með fyrirspurn sem afhent skal forseta, sbr. 49. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis. Fyrirspurnin skal vera skýr, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á. Við það skal miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli, enda eru frestir til að undirbúa svör tilteknir í samræmi við það. Tilgreina skal hvort óskað er skriflegs eða munnlegs svars. Forseti Alþingis ákveður svo fljótt sem hann telur sér unnt hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Í vafatilvikum getur forseti borið málið umræðulaust undir atkvæði á þingfundi. Það skal einnig gert óski fyrirspyrjandi þess að fenginni synjun forseta.

Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra. Á sérstökum þingfundi skal forseti taka á dagskrá fyrirspurnir er útbýtt hefur verið í síðasta lagi þremur virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að henni var útbýtt.

Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta Alþingis það að jafnaði eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið og skal það prentað og því útbýtt meðal þingmanna á fundi.

2. *Óundirbúnar fyrirspurnir.* Forseti Alþingis getur heimilað þingmönnum að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum fundi, sbr. 7. mgr. 49. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis. Þegar forseti Alþingis hefur á annað borð heimilað fyrirspurnartíma eru slíkar fyrirspurnir ólíkar hinum formlegu fyrirspurnum að því leyti að ekki þarf sérstakt samþykki forseta eða þingsins fyrir því að bera fram ákveðnar spurningar. Slíkar fyrirspurnir eru ekki prentaðar fyrir fram og ráðherra veit jafnan ekki um þær fyrr en á þingfundi. Þar sem þessar fyrirspurnir byggjast ekki á 54. gr. stjórnarskrárinnar verður vart talið að ráðherra beri lagaleg skylda til að svara slíkum fyrirspurnum.

3. *Ráðherraskýrsla.* Skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar er alþingismönnum heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að beiðast um það *skýrslu.* Skv. 46. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, sbr. 2. gr. laga nr. 74/1992, geta níu þingmenn óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Slík beiðni skal vera skrifleg og beint til forseta og má fylgja henni stutt greinargerð. Beiðnin skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta þingfundi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust hvort beiðni skuli leyfð. Forseti tilkynnir síðan hlutaðeigandi ráðherra um skýrslubeiðni sem leyfð hefur verið. Ráðherra skal ljúka skýrslugerðinni innan 10 vikna og skal skýrslan þá prentuð og henni útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, getur ráðherra einnig ótilkvaddur gefið Alþingi skýrslu um opinbert málefni sem hann óskar að gera grein fyrir.

4. *Utandagskrárumræður.* Skv. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, geta þingmenn í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma fengið tekin fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Ósk um slíka umræðu skal þingmaður bera fram við forseta Alþingis eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst.

Samkvæmt 2. mgr. 50. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, getur forseti Alþingis leyft að tekið sé fyrir mál utan dagskrár sem í senn er svo mikilvægt að ekki rúmast innan ramma 1. mgr. 50. gr. laganna og svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar formlegra þingmála.

5. *Rannsóknarnefndir.* Skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar getur Alþingi skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

6. *Athuganir nefnda.* Skv. 26. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, er nefnd heimilt að fjalla að eigin frumkvæði um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Um slík mál getur nefndin gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr. laganna.

7. *Umfjöllun um skýrslur umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar.* Á grundvelli eftirlits umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar berast Alþingi álit og skýrslur um einstök mál sem geta orðið þingmönnum og þingnefndum tilefni til sérstakrar umfjöllunar,

auk þeirrar umfjöllunar sem fram fer um ársskýrslur umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar.

3.7.2. Eftirlit umboðsmanns Alþingis með stjórnvöldum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er það hlutverk umboðsmanns að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Þá skal umboðsmaður gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft og að stjórnsýslan fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.

Umboðsmaður Alþingis er kosinn af Alþingi til fjögurra ára í senn og skal hann uppfylla skilyrði laga til þess að mega gegna embætti hæstaréttardómara. Umboðsmaður er í störfum sínum sjálfstæður og óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi.

Umboðsmaður Alþingis hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Til umboðsmanns má kvarta út af hvers konar ákvörðunum, úrlausnum, málsmeðferð og framkomu af hálfu starfsmanna ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga. Til umboðsmanns má einnig kvarta út af stjórnvaldsákvörðunum sem einkaaðilar hafa tekið lögum samkvæmt. Á hinn bóginn falla utan starfssviðs umboðsmanns störf Alþingis, störf dómstóla, ágreiningsmál á milli einstaklinga og ákvarðanir stjórnvalda sem bera skal undir dómstóla samkvæmt lagafyrirmælum.

Hver sá sem telur stjórnvald hafa beitt sig rangindum getur borið fram kvörtun við umboðsmann Alþingis. Allir einstaklingar, hvort heldur Íslendingar eða útlendingar, geta kvartað til umboðsmanns. Sama gildir um félög og stofnanir einstaklinga. Umboðsmaður tekur mál til meðferðar þeim að kostnaðarlausu sem til hans leita. Umboðsmaður getur einnig að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar. Þá getur hann jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til almennrar athugunar.

Meðal skilyrða þess að umboðsmaður Alþingis taki kvörtun til meðferðar eru: Ef kvartað er út af ákvörðun stjórnvalds og unnt er að skjóta ákvörðuninni til æðra setts stjórnvalds, t.d. ráðherra, þá verður sá sem bera vill fram kvörtun að skjóta málinu fyrst til þess stjórnvalds, sem æðra er áður en hann getur borið fram kvörtun við umboðsmann. Kvartandi skal með öðrum orðum tæma kæruleiðir innan stjórnsýslunnar áður en umboðsmaður getur tekið mál hans til efnislegrar athugunar. Þó er stundum hægt að kvarta beint til umboðsmanns, t.d. yfir drætti á afgreiðslu máls og framkomu opinbers starfsmanns. Kvarta verður til umboðsmanns áður en ár er liðið frá því að ákvörðun sú, sem kvartað er yfir, var tilkynnt aðila. Kvörtun til umboðsmanns Alþingis skal vera skrifleg.

Umboðsmaður getur krafið stjórnvöld um þær upplýsingar sem hann þarfnast vegna starfs síns, þar á meðal um hvers konar skýrslur, skjöl, bókanir og önnur gögn. Hann getur kvatt starfsmenn í stjórnsýslunni á sinn fund til að gefa munnlegar upplýsingar og skýrslur. Enn fremur á umboðsmaður frjálsan aðgang að starfsstöðum stjórnvalda til athugana í þágu starfs síns. Ákveði umboðsmaður, að lokinni frumathugun máls, að taka það til frekari meðferðar gefur hann stjórnvaldi, sem í hlut á, kost á að skýra mál sitt.

Þeim málum, sem umboðsmaður tekur til nánari athugunar, er algengast að ljúki annaðhvort með því að þau séu látin niður falla, að fenginni leiðréttingu þess stjórnvalds sem í hlut á, eða með áliti umboðsmanns á því hvort athöfn stjórnvalds hafi brotið í bága við lög eða vandaða stjórnsýsluhætti. Sæti athafnir stjórnvalds aðfinnslum eða gagnrýni umboðsmanns beinir hann tilmælum til stjórnvalds um úrbætur.

Niðurstaða umboðsmanns Alþingis í málum sem hann fær til úrlausnar er ekki að lögum bindandi fyrir stjórnvöld. Hins vegar er algengast að stjórnvöld fylgi niðurstöðu umboðs-

manns. Ef stjórnvöld sinna ekki tilmælum umboðsmanns er honum heimilt að mæla með því að þeim sem í hlut á verði veitt gjafsókn í dómsmáli á hendur viðkomandi stjórnvaldi. Þá er Alþingi árlega gefin skýrsla um störf umboðsmanns og niðurstöðu hans í málum, svo og um viðbrögð stjórnvalda við þeim.

3.7.3. Eftirlit Ríkisendurskoðunar með stjórnvöldum.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og endurskoðar ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins, sbr. 1. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun. Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Ríkisendurskoðun lýtur stjórn ríkisendurskoðanda, sem ráðinn er af forsætisnefnd Alþingis til sex ára í senn. Ríkisendurskoðun er engum háð í störfum sínum. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 86/1997 skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun ríkisreikningsins og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila sem ríkissjóður greiðir kostnað eða reikningstap af samkvæmt fjárlögum eða af öðrum tekjum samkvæmt sérstökum lögum. Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Eigi ríkissjóður helmingshlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skal gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Jafnframt skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga vegna samninga um rekstrarverkefni sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir. Þá getur Ríkisendurskoðun rannsakað reikningsskil sveitarfélaga að því leyti sem þau varða sameiginlega starfsemi ríkis og sveitarfélaga. Loks getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í, sbr. 7. gr. laga nr. 86/1997.

Ríkisendurskoðun getur jafnframt framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun, en hún felst í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi. Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum og vekja athygli þeirra á því sem hún telur að úrskeiðis hafi farið í rekstri og benda þeim á þau atriði sem athuga þurfi til að koma fram úrbótum.

Árlega skal samin heildarskýrsla um störf Ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári og hún lögð fyrir Alþingi. Jafnframt skal gera viðeigandi fastanefnd grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar hafi Ríkisendurskoðun beitt skoðunarheimildum 7. og 9. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, sbr. 11. gr. laganna.

3.8. Aðhald almennings og fjölmiðla að stjórnsýslunni.

Almenningur og fjölmiðlar veita stjórnvöldum þýðingarmikið aðhald. Ein af forsendum slíks aðhalds er greiður aðgangur að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Upplýsingalögum nr. 50/1996 er ætlað að tryggja slíkan aðgang að upplýsingum í vörslu stjórnvalda og varpa þannig ljósi á hvernig til tekst hverju sinni með rækslu verkefna framkvæmdarvaldsins. Í framsöguræðu með frumvarpi til upplýsingalaga vék forsætisráðherra að þýðingu upplýsingalaga í þessu samhengi. Í ræðu hans sagði m.a. svo: „Ein forsenda þess að unnt sé að tala um lýðræðislega stjórnarhætti er sú að borgurunum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almennings þágu ... Þá eru lögfestar

reglur um upplýsingaskyldu stjórnvalda til þess fallnar að auka á aðhald með starfsemi stjórnsýslunnar. Með lögunum opnast sú leið að fá upplýsingar um áður afgreidd mál hjá stjórnvöldum, svo að hægt sé að meta hvort stjórnvöld hafi gætt samræmis og jafnræðis við úrlausn mála. Þannig stuðla meginmarkmið frumvarpsins að því að styrkja lýðræðislega stjórnarhætti og réttaröryggi í stjórnsýslu hins opinbera ...“[25]

Það veltur á ýmsu hvort slík markmið nái fram að ganga. Í því efni skiptir bæði máli að almenningur neyti þeirra réttinda sem upplýsingalög veita og ekki síður að stjórnvöld virði rétt almennings samkvæmt lögunum. Í því skyni að stuðla að auknu réttaröryggi við framkvæmd laganna var með V. kafla þeirra komið á fót sjálfstæðri og óháðri stjórnsýslunefnd, úrskurðarnefnd um upplýsingamál, sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga og falið að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang að gögnum á grundvelli upplýsinglaga. Valdsvið nefndarinnar nær til allrar stjórnsýslu hins opinbera, án tillits til á hvaða stjórnsýslustigi ákvörðun er tekin, en af því leiðir að aðili þarf ekki að tæma aðrar kæruleiðir innan stjórnsýslunnar áður en til hennar er leitað. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir og verður því ekki skotið annað innan stjórnsýslunnar. Þeir hafa því fordæmisgildi fyrir alla stjórnsýsluna og stuðla þannig að því að samræmi skapist um framkvæmd laganna með hraðari og öruggari hætti en annars hefði orðið.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur í samræmi við 19. gr. upplýsingalaga gefið úrskurði sína út í sérstökum ársskýrslum. Af ársskýrslum nefndarinnar fyrir árin 1997 og 1998 sést að nefndinni hafa borist yfir eitt hundrað erindi á fyrstu tveimur starfsárum hennar, þar af hefur sjötíu málum verið lokið með úrskurði.

3.9. Dæmi um leiðir sem færar eru til úrbóta.

3.9.1. Almennt um lagatæknilega útfærslu ákvæða um eftirlit.

Það leiðir af hinum almennu stjórnunar- og eftirlitsheimildum ráðherra með stjórnvöldum sem honum eru lægra sett að ráðherra og ráðuneyti hans fara með eftirlit með starfsemi hlutaðeigandi stofnana. Ef út af er brugðið í eftirlitsskyldri starfsemi notar ráðherra hinar almennu stjórnunarheimildir sínar til að bregðast við. Þegar í lögum er mælt fyrir um annars konar eftirlit en þetta, t.d. ákveðið að koma á fót sérstökum eftirlitsstofnunum eða mælt fyrir um eftirlitsskyldu stjórnvalda sem jafnframt hafa önnur verkefni með höndum, þarf að gæta að eftirtöldum grundvallaratriðum við lagatæknilega útfærslu slíkra lagaákvæða:

Yfirleitt þarf að setja ákvæði um eftirlitið *í lög*. Þar þarf að taka skýrt af skarið um það *til hvaða þátta* eftirlitið á að taka, *hvernig haga eigi eftirlitinu*, þar á meðal um *upplýsingaöflun*, og loks *til hvaða úrræða stjórnvald geti gripið* komi í ljós að eftirlitsskyld starfsemi er ekki í samræmi við lög. Ef lög eru ekki skýr um alla þessa þætti eru almennt miklar líkur á að eftirlitið komi ekki að tilætluðum notum. Þessi grundvallaratriði eiga við hvort sem andlag eftirlitsins er starfsemi hins opinbera eða einkaaðila.

Íslensk stjórnsýsla er í raun lítil og fámenn í samanburði við stjórnsýslu hins opinbera annars staðar á Norðurlöndum. Umfang eftirlits með stjórnvöldum verður að vera í ákveðnu samræmi við stærð stjórnsýslunnar. Þyki ástæða til að auka eftirlit með stjórnsýslunni er því almennt vænlegra til árangurs að endurskipuleggja og styrkja það eftirlit sem fyrir er en að fjölga eftirlitsstofnunum sem hætta er á að verði auk þess veikburða.

---

[25] Alþt. 1995–1996, B-deild, d. 4081.

3.9.2. Mótun framtíðarstefnu um þróun stjórnsýslukerfisins.

Í kafla 3.4 hér að framan var lýst megindráttum íslenska stjórnsýslukerfisins. Meginreglan er sú að ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta ákvæði er m.a. byggt á þeirri forsendu að ráðherrar fari með yfirstjórn þeirra stjórnarmálefna sem undir ráðuneyti þeirra heyra. Eins og vikið var að í köflum 3.3.3.2 og 3.4.3 hafa ráðherrar almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart lægra settum stjórnvöldum. Hér er því um að ræða þýðingarmikið eftirlit sem innbyggt er í stjórnsýslukerfið sjálft.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu hefur myndast sú stjórnskipunarvenja að löggjafinn geti þó með lögum komið á fót sjálfstæðum stofnunum og stjórnsýslunefndum sem undanþegnar eru almennum stjórnunar- og eftirlitsheimildum þess ráherra sem málefni þessara stjórnvalda heyra stjórnarfarslega undir. Stjórnarskráin setur þó löggjafanum vafalítið ákveðin mörk hversu langt verður gengið við að takmarka vald ráðherra með þessum hætti.

Við sérstakar aðstæður geta gild rök staðið til þess að ljá ákveðnum stofnunum og nefndum stöðu sjálfstæðra ríkisstofnana og sjálfstæðra stjórnsýslunefnda, og má þar benda á Seðlabanka Íslands og yfirskattanefnd sem dæmi. Á hinn bóginn byggist íslensk stjórnskipan á því að stjórnvöld með slíka stöðu heyri til undantekninga. Meginreglan er sú að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmd, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar komið er á fót slíku sjálfstæðu stjórnvaldi sviptir löggjafinn ráðherra almennum stjórnunar- og eftirlitsheimildum yfir stjórnvaldinu og afléttir um leið þinglegri ábyrgð og ráðherraábyrgð af hlutaðeigandi ráðherra að því er snertir meðferð þessara valdheimilda. Þetta leiðir til þess að ráðherra getur ekki gefið slíku sjálfstæðu stjórnvaldi almenn eða sérstök tilmæli um úrlausn mála, nema hafa til þess lagaheimild. Ráðherra hefur heldur ekki eftirlit með störfum slíkra stjórnvalda, nema svo sé fyrir mælt í lögum. Af þessum sökum getur Alþingi ekki dregið ráðherra til ábyrgðar fyrir störf þeirra eða starfshætti. Það sem meira er, nefndarmenn sjálfstæðra nefnda verða heldur ekki dregnir til ábyrgðar af Alþingi þar sem engin samsvarandi ábyrgð hvílir á nefndarmönnum og hvílir á ráðherra gagnvart Alþingi, hvorki samkvæmt þingræðisreglunni né samkvæmt lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð. Þá er einnig ljóst að því fleiri sjálfstæðum stjórnvöldum sem löggjafinn kemur á fót þeim mun erfiðara verður fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að stjórna og samhæfa aðgerðir innan stjórnsýslukerfisins.

Á síðustu árum hefur sjálfstæðum stjórnsýslunefndum fjölgað mikið án þess að séð verði að baki stofnun þeirra liggi heildarstefnumörkun. Fjölgun stjórnsýslunefnda getur leitt til þess að erfitt verði að manna þær hæfum einstaklingum auk þess sem kostnaður við stjórnsýslu eykst og stjórnsýslukerfið verður flóknara. Miðað við smæð hins íslenska stjórnsýslukerfis gæti verið skynsamlegt að sameina nefndir á ákveðnum sviðum og bæta starfsskilyrði þeirra og gera þær öflugri þyki á annað borð ástæða til að færa vald frá ráðherra til nefndar.

Æskilegt er að mótuð verði framtíðarstefna um þróun stjórnsýslukerfisins. Bæri þar að taka m.a. afstöðu til þess í hvaða tilvikum réttlætanlegt verður talið að gera undantekningu frá meginreglu íslenskrar stjórnskipunar og setja á fót sjálfstæða stofnun eða stjórnsýslunefnd.

3.9.3. Stjórnsýsluleg staða stofnana verður að vera skýr.

Þótt þær meginreglur sem íslenska stjórnsýslukerfið byggist á séu e.t.v. ekki ýkja flóknar kemur öðru hverju upp vafi um hvort ráðherra hafi stjórnunar- og eftirlitsheimild gagnvart stjórnvaldi, hvort heimilt sé að kæra ákvarðanir stjórnvalds til ráðherra o.s.frv. Ástæður þessa eru m.a. þær að lög mæla ekki alltaf skýrt fyrir um stjórnsýslulega stöðu stjórnvalda, m.a. vegna þess að hugtök í lögum eru ekki notuð með samræmdum hætti. Þannig rísa oft

deilur um hvort telja beri stofnun eða stjórnsýslunefnd sjálfstæða eða lægra sett stjórnvald. Í ljósi þess að hér er um grundvallaratriði í skipan stjórnkerfisins að ræða eru þetta alvarlegir meinbugir á lögum.

Umboðsmaður Alþingis hefur vakið athygli á þessum vanda í skýrslum sínum, sjá t.d. *SUA 1993:10* og *SUA 1995:13*. Sem dæmi um vandamál af þessum toga má nefna mál sem umboðsmaður Alþingis tók til athugunar að eigin frumkvæði og snerti stjórnsýslulega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. *SUA 1996:168*. Deilt hafði verið um hvort heimilt væri að kæra stjórnvaldsákvarðanir húsnæðisstofnunar til félagsmálaráðherra. Það var niðurstaða umboðsmanns að húsnæðisstofnun hefði verið sjálfstæð stofnun fyrir setningu laga nr. 61/1993, en þá var kveðið svo á í lögum að Húsnæðisstofnun ríkisins væri *sjálfstæð ríkisstofnun* sem lyti sérstakri stjórn og heyrði undir félagsmálaráðherra. Með lögum nr. 61/1993 var stöðu stofnunarinnar breytt. Eftir það var mælt svo fyrir í lögum að Húsnæðisstofnun ríkisins væri ríkisstofnun er lyti sérstakri stjórn og heyrði undir félagsmálaráðherra, sem færi með *yfirstjórn húsnæðismála*. Með vísan til orðalags hins nýja ákvæðis svo og lögskýringargagna taldi umboðsmaður ljóst að frá gildistöku laga nr. 61/1993 hefði Húsnæðisstofnun ríkisins verið ljáð staða lægra setts stjórnvalds undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Samkvæmt því voru stjórnvaldsákvarðanir Húsnæðisstofnunar ríkisins kæranlegar til félagsmálaráðherra skv. 26. gr. stjórnsýslulaga.

3.9.4. Endurskoðun laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum.

Eins og vikið var að í kafla 3.4.2 hér að framan er mælt svo fyrir í 9. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana sem undir það ber og eignum á vegum þeirra. Eins og áður segir ríkir nokkur óvissa um hvort ákvæði þetta taki einvörðungu til stjórnvalda sem lægra eru sett hlutaðeigandi ráðherra eða til allra stjórnvalda, þ.m.t. sjálfstæðra stjórnvalda.

Nauðsynlegt er að breyta þessu ákvæði og taka af allan vafa um efnissvið þess. Ef ákvæðinu verður ætlað að ná einnig til sjálfstæðra stofnana og nefnda er nauðsynlegt að tekið verði af skarið um það í lögum til hvaða úrræða ráðherra getur gripið gagnvart slíkum stjórnvöldum. Í því sambandi er rétt að taka til athugunar hvort ekki beri að gera glöggan greinarmun annars vegar á eftirliti með fjárreiðum og eignum sjálfstæðra stjórnvalda og virk úrræði fyrir ráðherra ef þar verður misbrestur á og hins vegar eftirliti með lögmæti ákvarðana slíkra stjórnvalda. Það er beinlínis markmið margra laga að koma í veg fyrir að ráðherrar geti breytt úrskurðum sjálfstæðra stofnana og stjórnsýslunefnda. Aftur á móti er ráðherrum gert að hafa ákveðin afskipti af fjárreiðum og skilum á ársreikningum sjálfstæðra stofnana og stjórnsýslunefnda í 20. og 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Verði lög um Stjórnarráð Íslands tekin til endurskoðunar er einnig rétt að taka afstöðu til þess hvort ekki sé til skýringarauka að lögfesta hinar almennu stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra með lægra settum stjórnvöldum, en þær byggjast öðrum þræði á óskráðum meginreglum og eru við núverandi aðstæður lítt aðgengilegar.

3.9.5. Frumkvæðiseftirlit æðra settra stjórnvalda með lægra settum stjórnvöldum.

Eins og vikið var að í kafla 3.2.2.5 ríkir nokkur réttaróvissa um það hversu víðtækar heimildir æðra sett stjórnvöld hafa til þess að taka mál sem lægra sett stjórnvald hefur afgreitt til umfjöllunar og úrskurðar *að eigin frumkvæði*. Ef ætlunin er að hafa þetta úrræði virkt verður vart hjá því komist að setja í lög skýr ákvæði um þessa heimild.

Í þessu sambandi má minna á að norsku stjórnsýslulögin hafa að geyma almenna heimild fyrir æðra sett stjórnvöld til að endurskoða stjórnvaldsákvarðanir lægra settra stjórnvalda

og taka nýja ákvörðun mæli almanna- eða einkahagsmunir með því, enda sé aðila máls tilkynnt um það innan þriggja vikna frá því að honum var birt ákvörðun hins lægra setta stjórnvalds. Ný ákvörðun skal þá tekin innan þriggja mánaða, sbr. 3. mgr. 35. gr. norsku stjórnsýslulaganna.

3.9.6. Frumkvæðiseftirlit með sveitarfélögum.

Eins og vikið var að í kafla 3.4.6 hér að framan er mælt svo fyrir í 102. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að félagsmálaráðuneytið skuli hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Vanræki sveitarstjórn skyldur sínar skal ráðuneytið veita henni áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni. Verði sveitarstjórn ekki við áskorun ráðuneytisins innan frests sem ráðuneytið tiltekur er því heimilt að stöðva greiðslur til sveitarsjóðs úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar til bætt hefur verið úr vanrækslunni. Jafnframt getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af þeim sem ábyrgð bera á vanrækslunni og mega dagsektir nema allt að fimmföldum daglaunum viðkomandi manns.

Þau úrræði sem félagsmálaráðuneytið getur gripið til gagnvart sveitarstjórnum henta aðallega í tilefni af athafnaleysisbrotum sveitarstjórna. Þessi úrræði henta flest illa í þeim tilvikum þegar sveitarstjórn hefur tekið ólögmæta stjórnvaldsákvörðun. Í slíkum tilvikum kemur heimild til að ógilda ákvörðun best að notum. Félagsmálaráðuneytið virðist einvörðungu hafa heimild til að ógilda ákvörðun sveitarstjórnar að fram hafi komið kæra frá aðila máls, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Félagsmálaráðuneytið virðist á hinn bóginn ekki hafa heimild til þess að fella ólögmæta ákvörðun sveitarstjórnar úr gildi að eigin frumkvæði á grundvelli 102. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Af þeim sökum er ekki fyrir að fara almennu frumkvæðiseftirliti með sveitarfélögum. Fyrr á tímum höfðu sýslunefndir slíkt eftirlit með sveitarfélögum hér á landi.

Þess má geta að eftir að verkefni höfðu verið færð yfir til sveitarfélaga í Danmörku voru heimildir eftirlitsstjórnvalda í hverju amti rýmkaðar og þeim veitt heimild til þess að fella bersýnilega ólögmætar ákvarðanir sveitarstjórna úr gildi.

Lagt er til að tekið verið til athugunar hvort ekki eigi að fela félagsmálaráðuneytinu heimild til að fella bersýnilega ólögmætar ákvarðanir sveitarstjórna úr gildi á grundvelli 102. gr. sveitarstjórnarlaga. Slík mál kæmu þá aftur til úrlausnar sveitarstjórnar. Sú aðstaða sem félagsmálaráðuneytinu er komið í með núgildandi ákvæðum 102. gr. laganna er ekki heppileg með tilliti til þeirra úrræða sem ráðuneytinu eru tiltæk. Sinni sveitarstjórn ekki tilmælum um að afturkalla ákvörðun sína hefur félagsmálaráðuneytið ekki önnur úrræði en að stöðva greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en ekki fá öll sveitarfélög greiðslur úr þeim sjóði, eða höfða mál og krefjast þess að dagsektir verði lagðar á þá sveitarstjórnarmenn sem ábyrgð bera. Bæði þessi úrræði eru mjög íþyngjandi, viðurhlutamikil og seinvirk. Ógilding ólögmætra stjórnvaldsákvarðana er mun virkara og einfaldara úrræði og betur til þess fallið að vernda íbúa sveitarfélagsins fyrir ólögmætum ákvörðunum sveitarstjórnar.

3.9.7. Réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni.

Til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt og veita ríkisstjórn aðhald hefur Alþingi stjórnarskrárvarinn rétt til að afla upplýsinga frá ráðherra. Eins og fram kom í kafla 3.7.1 er mælt svo fyrir í 54. gr. stjórnarskrárinnar að alþingismönnum sé heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinber málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. Ráðherra er skylt að svara fyrirspurn eða skýrslubeiðni,

sem leyfð hefur verið, á grundvelli þessarar stjórnarskrárheimildar.[26] Á hinn bóginn hefur ráðherra vafalítið ákveðið mat um það hvernig hann setur fram svörin, svo lengi sem þau eru rétt og nægilega ítarleg þannig að upplýst umræða geti farið fram um efnið. Tímafrestir sem þingsköp setja til að svara fyrirspurnum og ljúka skýrslugerð hljóta jafnframt að draga því ákveðin mörk hversu ítarleg svör er hægt að gefa. Þá verður að ætla að svör eða skýrslur, sem heimilt er að beiðast á grundvelli framangreindrar stjórnarskrárheimildar, takmarkist við það sem eðlilegt er að ætla að fjárheimildir ráðuneytis standi almennt undir. Krefjist svar eða skýrsla kostnaðarsamari rannsókna og undirbúnings er eðlilegt að Alþingi álykti um það sérstaklega og verji til þess fé á fjárlögum.

Við mat á því hvaða upplýsingar heimilt er og skylt að leggja fram er í dönskum rétti á því byggt að ráðherra geti m.a. haft hliðsjón af því hvort litið yrði svo á að það færi í bága við hagsmuni ríkisins að leggja upplýsingarnar fram.[27] Þá má ráðherra ekki veita upplýsingar, sem lögbundin þagnarskylda ríkir um, á opnum þingfundi. Slíkar upplýsingar er ráðherra þó í ákveðnum tilvikum heimilt að veita þingnefndum.[28] Í dönskum rétti er á því byggt að aðgangur þingmanna að upplýsingum ráðist ekki af upplýsingalögunum. Á hinn bóginn er þó augljóst að þingmenn eiga a.m.k. ávallt rétt á upplýsingum sem opnar eru almenningi samkvæmt upplýsingalögum.[29]

Leggja verður til grundvallar að fyrrnefndur réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar. Annað mál er að hægt er að hafa hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga við túlkun 54. gr. stjórnarskrárinnar. Æskilegt er að tekið verið til athugunar hvort ástæða þykir til að setja nánari ákvæði í þingskapalög um slíkar fyrirspurnir. Mætti þar t.d. taka afstöðu til þess hvaða upplýsingar ráðherra væri heimilt að undanþiggja í svörum sínum. Jafnframt er rétt að taka til athugunar hvort ástæða sé til þess að taka upp í þingskapalög ákvæði um heimild þingnefnda til þess að taka við upplýsingum frá ráðherra sem þagnarskylda ríkir um, svo og um þagnarskyldu þingmanna um slíkar upplýsingar. Í núgildandi þingskapalögum nr. 55/1991 er einvörðungu að finna ákvæði um þagnarskyldu nefndarmanna í utanríkismálanefnd, sbr. 24. gr. laganna.

3.9.8. Málsmeðferð og endurskoðunarvald dómstóla.

1. Í nokkrum lögum er að finna ákvæði sem mæla fyrir um „fullnaðarúrskurðarvald" stjórnvalda um ákveðin málefni. Virðist markmið margra þeirra vera að koma í veg fyrir að deilur um úrlausn slíkra málefna verði bornar undir dómstóla. Fræðimenn hafa dregið í efa að ákvæði af þessum toga fái staðist 2. og 60. gr. stjórnarskrárinnar.[30]

Sem dæmi um slíkt ákvæði má t.d. nefna 15. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, en þar segir: „Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má þó bera undir dómstóla." Þar sem erfitt er að greina á milli ákvarðana um skattfjárhæð annars vegar og skattskyldu og skattstofna hins vegar hafa fræði-

---

[26] Sbr. Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands (2. útg. 1978), bls. 272; Zahle, H.: Dansk forfatningsret I (1989), bls. 321, og Ross, A.: Dansk Statsforfatningsret I (1959), 250.

[27] Zhale, H.: Dansk forfatningsret I (1989), bls. 321; Ross, A.: Dansk Statsforfatningsret I (1959), bls 250 og Germer, P.: Statsforfatningsret (1995), 71.

[28] Vogter, J. og J.E. Stausbøll: Tavshedspligt over for Folketinget (Juristen 1990), bls. 353–365.

[29] Vogter, J. og J.E. Stausbøll: Tavshedspligt over for Folketinget (Juristen 1990), bls. 353.

[30] Sjá t.d. Ólafur Jóhannesson: Stjórnarfarsréttur. Almennur hluti II, 179.

menn bent á að þetta ákvæði hafi vart sjálfstæða þýðingu og því framfylgi dómstólar ekki ákvæðinu samkvæmt orðalagi sínu.[31]

Lagaákvæði af þessum toga má rekja til 19. aldar hugmynda um valdmörk á milli dómstóla og stjórnvalda. Því má velta fyrir sér hvort ekki sé tímaskekkja að hafa slík ákvæði í lögum. Hvað sem líður vafa um stjórnskipulegt gildi slíkra ákvæða er erfitt að finna þeirri skoðun viðhlítandi rök að borgararnir eigi ekki að geta fengið endurskoðað af dómstólum hvort matskennd ákvörðun stjórnvalds um rétt þeirra eða skyldu sé lögmæt og byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Af þessum sökum er rétt að tekið verði til athugunar hvort ekki sé ástæða til að fella slík ákvæði úr lögum.

2. Í lögum má finna ákvæði þar sem það er gert að skilyrði fyrir málsókn að mál hafi áður sætt úrlausn æðra setts stjórnvalds á grundvelli stjórnsýslukæru. Sem dæmi um þetta má t.d. benda á 5. mgr. 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Þar kemur fram að bera megi ágreining um skattskyldu og skatthæð undir dómstóla, enda hafi áður verið úrskurðað um hann af yfirskattanefnd.

Að mati nefndarinnar er æskilegt að skilyrða ekki rétt manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstólum með þessum hætti, nema mjög veigamiklar ástæður mæli með því. Í slíkum tilvikum mælir nefndin eindregið með því að sá varnagli verði þá ávallt sleginn í lögum að hafi hið æðra setta stjórnvald ekki leyst úr máli innan þriggja mánaða frá því að kæra barst sé aðila málsins þó heimilt að bera það undir dómstóla.

3. Fyrir kemur að í lögum er lögbundinn frestur, sem aðili máls hefur til málsóknar, í tilefni af stjórnvaldsákvörðun. Sem dæmi um slíkan frest má t.d. nefna ákvæði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki. Þar er mælt svo fyrir að ef aðilar máls óski úrskurðar dómstóla beri þeim að höfða mál innan þriggja mánaða frá þeim degi sem Einkaleyfastofan eða áfrýjunarnefnd tók ákvörðun sína.

Í 70. gr stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er mælt svo fyrir að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli.

Að mati nefndarinnar er æskilegt að skilyrða ekki rétt manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstólum með þessum hætti, nema mjög veigamiklar ástæðar mæli með því. Í slíkum tilvikum mælir nefndin eindregið með því að þess verði gætt að málsóknarfrestir séu ekki stuttir. Mjög stuttir málsóknarfrestir geta vafalítið farið í bága við 70. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er æskilegt að haldið verði fast við þá reglu, að slíkum málsóknarfrestum verði ekki beitt fortakslaust gagnvart aðilum nema þeim hafi verið leiðbeint um þá af stjórnvöldum í samræmi við 3. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga.

4. Spurningin um það hvort rétt sé að koma á fót stjórngæsludómstólum hér á landi lýtur m.a. að dómstólaskipan landsins og hvort rétt sé að koma á fót sérdómstólum á þessu sviði. Það fellur utan við erindisbréf nefndarinnar að taka afstöðu til þessa álitaefnis. Á hinn bóginn vekur nefndin athygli á því að með lagabreytingum virðist að mestu hægt að taka upp það réttarfarshagræði hjá hinum almennu dómstólum hér á landi sem einkennir málsmeðferð hjá stjórngæsludómstólum. Að öðru leyti er æskilegt að tekið verði til sérstakrar athugunar hvort þörf er á að setja önnur sérákvæði í lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, til þess að auð-

---

[31] Sjá t.d. Þór Vilhjálmsson: Staða Hæstaréttar í stjórnskipuninni. Tímarit lögfræðinga, 1. hefti 1995, bls. 48, og Eiríkur Tómasson: Takmarkanir á úrskurðarvaldi dómenda samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar. Úlfljótur 1984, 4. tbl., bls. 196.

velda einstaklingum og félögum þeirra að sækja mál á hendur opinberum aðilum. Í þessu sambandi er rétt að minna á að í lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, er nú þegar að finna ákvæði er lúta að fyrirsvari opinberra aðila, varnarþingi þeirra, skýrslugjöf embættis- og sýslunarmanna, sönnunargildi opinberra skjala og flýtimeðferð mála sem höfðuð eru vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds, sbr. 5. mgr. 17. gr., 3. og 4. mgr. 33. gr., 5. mgr. 52. gr., 71. gr. og 123. gr. laganna.

Það eru ýmis ákvæði sem til greina kemur að dómi nefndarinnar að taka upp í lög um meðferð einkamála. Í þessu sambandi má t.d. benda á að lögin hafa ekki að geyma ákvæði sem heimila dómara að verða við kröfu um að fresta réttaráhrifum stjórnvaldsákvörðunar að hluta eða öllu leyti þar sem veigamiklar ástæður mæla með því á meðan málið er til meðferðar fyrir dómi. Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur beint þeim tilmælum til aðildarríkja sinna að taka slík ákvæði upp í lög sín.[32]

Að dómi nefndarinnar er æskilegt að réttarfarsnefnd verði falið að taka framangreind atriði til umfjöllunar.

4. AFLEIÐINGAR RÉTTARBROTA Í STJÓRNSÝSLUNNI

4.1. Inngangur.

Í þessum kafla verður í stuttu máli gerð grein fyrir afleiðingum réttarbrota í stjórnsýslunni. Gerð verður almenn grein fyrir því hvaða viðurlög eru við slíkum brotum og hverjir geta sætt ábyrgð. Í kafla 4.9 verður síðan vikið að nokkrum ágöllum á þessum reglum og nefnd dæmi um leiðir sem færar eru til úrbóta.

4.2. Tilmæli umboðsmanns Alþingis.

Þegar umboðsmaður Alþingis tekur mál til athugunar er honum heimilt að ljúka því með því að láta í ljós álit sitt á því hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög, sbr. b-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Sæti athafnir stjórnvalda aðfinnslum eða gagnrýni umboðsmanns getur hann jafnframt beint tilmælum til stjórnvalds um úrbætur. Það er oftast gert með því að beina tilmælum til stjórnvalds um að endurupptaka umrætt mál og taka það til nýrrar meðferðar komi fram ósk um það frá aðila máls.

Niðurstaða umboðsmanns Alþingis í málum sem hann fær til úrlausnar er ekki að lögum bindandi fyrir stjórnvöld. Hins vegar er algengast að stjórnvöld fylgi niðurstöðu umboðsmanns. Ef stjórnvöld sinna ekki tilmælum umboðsmanns Alþingis er honum heimilt að mæla með því að þeim sem í hlut á verði veitt gjafsókn í dómsmáli á hendur viðkomandi stjórnvaldi, sbr. d-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997.

Telji umboðsmaður að um sé að ræða brot í starfi er varði viðurlögum samkvæmt lögum getur hann gert viðeigandi yfirvöldum viðvart, sbr. e-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997. Getur hér ýmist verið um að ræða stjórnsýsluviðurlög eða refsingar.

4.3. Ógilding stjórnvaldsákvarðana.

Ýmsar ástæður geta valdið því að stjórnvaldsákvörðun verði ógild, en með því er átt við að ákvörðun geti ekki að lögum haft þau réttaráhrif sem henni var ætlað vegna annmarka sem hún er haldin. Stjórnvaldsákvörðun getur orðið ógild brjóti hún í bága við almennar eða sér-

---

[32] Sbr. Recommendation No. R (89) 8 of the Committee of Ministers of Member States on Provisional Court Protection in Administrative Matters.

stakar *efnisreglur* stjórnsýsluréttarins. Þá getur stjórnvaldsákvörðun orðið ógild brjóti hún í bága við *málsmeðferðarreglu* sem mælir fyrir um tiltekna *aðferð* við undirbúning og úrlausn máls sem almennt er talin stuðla að því að efni stjórnvaldsákvörðunar verði bæði rétt og lögmætt.

Greint er á milli ógildis- og ógildingartilvika. Það telst vera ógildistilvik þegar ákvörðun er haldin svo afdrifaríkum annmarka að líta má á hana sem markleysu (nullitet) og því er aðila málsins heimilt að virða hana að vettugi. Slík tilvik eru fremur fágæt. Til ógildingartilvika telst það hins vegar þegar stjórnvaldsákvörðun er haldin slíkum annmarka að skylt er að ógilda hana. Slík ákvörðun verður hins vegar ekki ógild fyrr en hún hefur verið felld úr gildi (ógilt) af þar til bærum aðila með stjórnvaldsákvörðun eða eftir atvikum dómi. Þannig getur það stjórnvald sem tók ákvörðunina fellt hana úr gildi, sbr. 2. tölul. 25. gr. stjórnsýslulaga. Æðra stjórnvald getur fellt ákvörðun úr gildi í tilefni af stjórnsýslukæru eða frumkvæðisefti rliti. Loks geta dómstólar fellt slíka ákvörðun úr gildi með dómi að uppfylltum réttarfarsskilyrðum.

Þegar stjórnvaldsákvörðun er felld úr gildi er meginreglan sú að stjórnvaldsákvörðunin telst þá ógild frá öndverðu (l. ex tunc). Í undantekningartilvikum eru áhrif ógildingar ákveðin frá þeim tíma að ákvörðun um að fella hana úr gildi er tekin (l. ex nunc).

Á Íslandi hafa ekki verið settar í lög reglur um það hvenær skilyrði eru til að fella stjórnvaldsákvörðun úr gildi vegna annmarka. Dómstólar hafa á hinn bóginn mótað réttarreglur um það með fordæmum sínum og dómvenjum.

Þegar brotið hefur verið í bága við réttarreglur stjórnsýsluréttarins við töku stjórnvaldsákvörðunar hefur sú regla verið lögð til grundvallar að stjórnvaldsákvörðun *sé ógildanleg* ef 1) ákvörðun er haldin annmarka að lögum 2) sem talist getur verulegur, 3) enda mæli veigamikil rök ekki gegn því að ógilda ákvörðunina.

1. Ákvörðun er haldin annmarka að lögum ef stjórnvöld hafa ekki virt þær málsmeðferðar- eða efnisreglur sem giltu um töku umræddrar ákvörðunar.

2. Ekki leiða þó allir annmarkar til ógildingar stjórnvaldsákvörðunar þar sem annmarkinn verður að vera *verulegur*. Við mat á því hvort annmarki teljist verulegur kemur til greina að nota tvenns konar mælikvarða. Annars vegar er hægt að nota *almennan mælikvarða* og miða við að annmarki sé verulegur ef réttarregla sú, sem ekki var virt, verður *almennt* talin veita meira öryggi fyrir því að efni stjórnvaldsákvörðunar verði bæði rétt og lögmætt. Hins vegar er hægt að nota *sérstakan mælikvarða* og telja að annmarki leiði því aðeins til ógildingar ef hann hefur leitt til rangrar niðurstöðu í viðkomandi máli.

Það mælir með notkun almenns mælikvarða að með honum er stjórnvöldum veitt mun meira aðhald og þau í raun knúin til að fylgja lögboðnum reglum. Með þessu móti er réttaröryggi betur tryggt. Það sem mælir á hinn bóginn með því að nota hinn sérstaka mælikvarða er það sjónarmið að það hljóti að teljast óþarfi að ógilda ákvörðun hafi hún orðið bæði rétt og lögmæt þrátt fyrir t.d. annmarka á meðferð máls. Í framkvæmd virðast dómstólar stundum feta veginn á milli þessara sjónarmiða á svofelldan hátt: Ef annmarki á meðferð máls telst almennt til þess fallinn að hafa áhrif á efni ákvörðunar telst hún ógildanleg, nema sannanlegt sé að annmarkinn hafi í raun ekki haft áhrif á efni ákvörðunarinnar.

Framangreindir mælikvarðar eru í raun misstrangir. Það fer eftir því hvers konar regla brotin hefur verið, mikilvægi máls og fleiri atriðum hvaða mælikvarða dómstólar ákveða að beita. Sem dæmi má nefna að þegar um er að ræða brot á sérstökum hæfisreglum virðist yfirleitt lagt til grundvallar að beita beri hinum almenna mælikvarða. Þegar vanhæfur starfsmaður hefur tekið ákvörðun er hún því yfirleitt talin ógildanleg. Hinn sérstaki mælikvarði virðist þó notaður þegar vanhæfur nefndarmaður hefur tekið þátt í meðferð og úrlausn máls.

Ákvörðun er þá talin gild ef talið er sannað að áhrif og atkvæði hins vanhæfa nefndarmanns hafi ekki ráðið úrslitum máls. Það sama á við ef vanhæfur maður hefur einungis tekið þátt í undirbúningi máls. Er ákvörðun þá talin gild ef talið er sannað að starfsmaður hafi ekki haft ómálefnaleg áhrif á ákvörðun máls.

3. Þótt meðferð máls sé haldin verulegum annmarka sem almennt er talinn leiða til ógildingar ákvörðunar geta veigamikil sjónarmið mælt á móti því að ógilda stjórnvaldsákvörðun. Í þessu sambandi er t.d. litið til réttmætra væntinga málsaðila, hvort aðili hafi verið í góðri trú, hvort hann er byrjaður að nýta sér ákvörðunina og hvort ógilding ákvörðunar hafi í för með sér eyðileggingu verðmæta. Ívilnandi ákvörðun, sem aðili hefði stuðst við um langt skeið, yrði t.d. sjaldnast ógilt. Þá er einnig litið til þess hvort sá sem hafði hagsmuna að gæta við að fá ákvörðunina ógilta hefur sýnt af sér athafnaleysi.

4.4. Ábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar að starfsmannarétti.

4.4.1. Inngangur.

Starfsmenn stjórnsýslunnar vinna störf sín að viðlagðri ábyrgð. Ábyrgð þeirra tekur ekki einvörðungu til stjórnvaldsákvarðana heldur hvers konar stjórnsýslu. Enn fremur kann framkoma starfsmanns utan starfs að þykja ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg starfinu. Ábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar kemur fram í því að starfsmaður kann að verða beittur stjórnsýsluviðurlögum, gert að sæta refsingum eða greiða skaðabætur vegna réttarbrota í stjórnsýslu.

Hugtakið stjórnsýsluviðurlög hefur verið notað sem samheiti yfir önnur viðurlög en refsingar sem opinberir starfsmenn geta sætt vegna réttarbrota í stjórnsýslunni. Gerist t.d. embættismaður sekur um brot í starfi getur það leitt til áminningar eða frávikningar hans ef sakir eru miklar.

Réttarreglur um opinbera starfsmenn eru að mörgu leyti frábrugðnar þeim sem gilda um starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg mælt í stjórnarskrá fellur það í hlut löggjafans að kveða á um hvort og þá að hvaða leyti aðrar reglur skuli gilda um opinbera starfsmenn. Lengst af hafa opinberir starfsmenn haft tryggari réttarstöðu en starfsmenn á almennum vinnumarkaði þegar til greina hefur komið að segja þeim upp störfum eða víkja þeim úr embætti sökum meints brots á starfsskyldum. Hér á eftir verður stuttlega vikið að gildandi reglum um starfsmenn ríkis og sveitarfélaga.

4.4.2. Ríkisstarfsmenn.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, taka þau til hvers manns sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar, án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir, enda verði starf hans talið aðalstarf. Lögin taka þó ekki til starfsmanna hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttar eðlis, jafnvel þótt þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins. Þá taka lögin heldur ekki til starfsmanna stofnana sem að einhverju eða öllu leyti eru í eigu annarra en ríkisins, þar á meðal sjálfseignarstofnana, jafnvel þótt þær séu einvörðungu reknar fyrir framlög frá ríkinu, sbr. 2. gr. laga nr. 70/1996.

Ríkisstarfsmenn greinast í tvo flokka, annars vegar embættismenn og hins vegar almenna ríkisstarfsmenn. Að nokkru gilda ólíkar reglur um stjórnsýsluviðurlög eftir því hvort um embættismenn eða almenna ríkisstarfsmenn er að ræða. Brjóti ríkisstarfsmenn starfsskyldur sínar getur það orðið forstöðumanni eða þeim er veitti stöðuna tilefni til þess að beita þá eftirfarandi stjórnsýsluviðurlögum:

1. *Áminning.* Ef embættismaður eða almennur ríkisstarfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu, sbr. 21. og 44. gr. laga nr. 70/1996.

2. *Lausn embættismanns um stundarsakir að undangenginni áminningu.* Hafi embættismaður ekki bætt ráð sitt þrátt fyrir áminningu er þeim er veitti stöðuna rétt að veita embættismanninum lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, sbr. meðal annars 38. gr., hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir, sbr. 2. og 4. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996.

3. *Fyrirvaralaus lausn um stundarsakir.* Hafi embættismaður fjárreiður eða bókhald með höndum má veita honum lausn um stundarsakir án áminningar, ef ætla má eða víst þykir að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er ef embættismaður er grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996.

4. *Embættismanni vikið úr embætti að undangenginni lausn um stundarsakir.* Hafi embættismanni verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi skal mál hans þá þegar rannsakað af nefnd sérfróðra manna svo að upplýst verði hvort rétt sé að veita honum lausn að fullu eða láta hann taka aftur við embætti sínu. Nefndin skal láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir. Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef meiri hluti nefndarinnar kemst að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir. Hafi ávirðingar þær sem embættismanni voru gefnar að sök ekki reynst vera fyrir hendi tekur embættismaður aftur við embætti sínu og skal þá líta svo á að hann hafi gegnt starfanum óslitið. Jafnframt skulu honum þá greidd þau laun sem hann hefur verið sviptur, sbr. 27., 28. og 29. gr. laga nr. 70/1996.

5. *Embættismanni vikið fyrirvaralaust úr embætti.* Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því embætti. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 70/1996.

Embættismanni skal einnig víkja úr embætti að fullu, án fyrirvara, ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 70/1996.

6. *Uppsögn almenns ríkisstarfsmanns að undangenginni áminningu.* Bæti almennur ríkisstarfsmaður ekki ráð sitt að undangenginni áminningu er heimilt að segja honum upp störfum, sbr. 44. gr. laga nr. 70/1996.

7. *Fyrirvaralaus uppsögn almenns ríkisstarfsmanns.* Heimilt er að segja upp almennum ríkisstarfsmanni fyrirvaralaust á grundvelli sömu ástæðna og raktar voru hér að framan undir lið 5, sbr. 45. gr. laga nr. 70/1996.

4.4.3. Starfsmenn sveitarfélaga.

Í 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 var kveðið svo á að starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélags hefðu réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Um starfskjör annarra starfsmanna sveitarfélags færi eftir ákvæðum kjarasamninga. Á grundvelli þessa ákvæðis var oftast kveðið svo á í samþykktum sveitarfélaga að starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélags hefðu réttindi og skyldur opinberra starfsmanna samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti sem ekki væri á annan veg mælt í samþykktum sveitarfélagsins.

Í 57. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 er á hinn bóginn kveðið svo á að um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fari eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga. Síðan kemur fram í ákvæðinu að um stjórnsýsluviðurlög og annars konar viðbrögð framkvæmdastjóra sveitarfélags eða forstöðumanna stofnana sveitarfélaga við réttarbrotum starfsmanna fari eftir ákvæðum kjarasamninga og ráðningarsamninga hverju sinni. Þar sem ekki er komin reynsla á þetta nýja fyrirkomulag sem sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 leggja grundvöll að telur nefndin ekki efni til að fjalla nánar um það.

Sérlög gilda um kennara og skólastjórnendur við grunnskóla í þjónustu sveitarfélaga. Lög nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, taka til kennara og skólastjórnenda grunnskóla í þjónustu sveitarfélaga sem eru á föstum launum meðan þeir gegna starfanum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf, sbr. 1. gr. laganna. Brjóti kennari eða skólastjórnandi starfsskyldur sínar er sveitarstjórn heimilt að beita þá eftirfarandi stjórnsýsluviðurlögum samkvæmt lögum nr. 72/1996:

1. *Áminning.* Veita skal starfsmanni áminningu sem hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi sínu, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því starfi, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1996.

2. *Vinna án endurgjalds eða frádráttur launa.* Starfsmanni er skylt að vinna án endurgjalds yfirvinnu allt að tvöföldum þeim tíma er hann hefur verið frá starfi án gildra forfalla eða hlíta því að dregið sé af launum sem því nemur, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 72/1996.

3. *Lausn um stundarsakir að undangenginni áminningu.* Hafi starfsmaður eða skólastjórnandi ekki bætt ráð sitt þrátt fyrir áminningu skv. lið 1 hér að framan er sveitarstjórn heimilt að veita starfsmanni lausn um stundarsakir, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1996. Skólastjóri getur þó veitt starfsmanni lausn um stundarsakir þótt hann hafi ekki veitt stöðuna ef bið þykir hættuleg, en tilkynna skal sveitarstjórn tafarlaust þá ráðstöfun með skýringu á málavöxtum, enda tekur hún fullnaðarákvörðun um lausnarveitinguna.

4. *Fyrirvaralaus lausn um stundarsakir.* Nú hefur starfsmaður fjárreiður eða bókhald með höndum og má þá veita honum lausn um stundarsakir án áminningar ef ætla má eða víst þykir að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er ef hann er grunaður eða sannur orðinn að háttsemi er varða kynni sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða heilsu hans er svo farið að eigi þykir gerlegt að láta hann gegna starfi lengur, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1996.

5. *Starfsmanni veitt að fullu lausn úr starfi að undangenginni lausn um stundarsakir.* Hafi starfsmanni verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi skal mál hans þá þegar rannsakað af kunnáttumönnum eða að hætti opinberra mála, þyki ástæða til, svo að upplýst verði hvort rétt sé að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við

starfi sínu. Úrslit um stöðuna skulu ráðin strax og lokaniðurstöður rannsóknar eru kunnar, sbr. 8. gr. laga nr. 72/1996. Nú tekur sá sem lausn hefur fengið um stundarsakir aftur við starfa sínum og skal þá líta svo á um starfsaldur sem hann hafi gegnt starfanum óslitið. Jafnframt skal hann fá greiddan þann helming hinna föstu launa sem hann hefur verið sviptur, sbr. 9. gr. laga nr. 72/1996.

6. *Starfsmanni veitt að fullu lausn úr starfi fyrirvaralaust.* Starfsmanni skal víkja úr stöðu að fullu ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna stöðu þeirri. Nú hefur hann verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði og skal þá í þeim dómi kveða á um það hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmda eða fresta því þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

4.5. Refsiábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar.

4.5.1. Inngangur.

Í þessum kafla verður vikið að reglum íslensks réttar um refsiábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar í merkingu 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Umfjöllunin mun einkum lúta að greiningu á refsiákvæðum XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hgl.), sem fjalla um brot í opinberu starfi. Þó verður eftir atvikum vikið að ákvæðum sérrefsilöggjafar sem hafa að geyma refsiákvæði er taka til athafna starfsmanna stjórnsýslunnar eða eftir atvikum athafnaleysis.

Fyrst verður fjallað almennt um eðli refsiábyrgðar og helstu einkenni og vikið að sjónarmiðum um refsivernd og refsiábyrgð einstaklinga. Þá verða rakin helstu sjónarmið laga að baki refsivernd og refsiábyrgð opinberra starfsmanna. Síðan verður leitast við að afmarka hugtakið opinber starfsmaður skv. XIV. kafla hgl. og að lokum verður vikið sérstaklega að refsiákvæðum kaflans og efni þeirra lýst.

4.5.2. Eðli refsiábyrgðar og helstu einkenni.

Þegar tekið er til við að greina og lýsa efnisreglum á sviði refsiréttarins verður að hafa í huga séreðli refsiábyrgðar og áhrif hennar á mannlega breytni í samanburði við önnur réttaráhrif laga og reglna. Fyrst má geta þess að refsiábyrgð verður almennt einvörðungu viðurkennd með dómi, þ.e. með sakfellingu í opinberu máli þar sem fylgt hefur verið þeim sérstöku málsmeðferðarreglum sem fram koma í lögum um meðferð opinberra mála, sbr. nú lög nr. 19/1991. Í annan stað geta réttaráhrif þess að maður verði talinn refsiábyrgur orðið þau að á hlutaðeigandi sé lögð refsing í merkingu 1. mgr. 31. gr. hgl., sbr. 3. gr. laga nr. 82/1998, þ.e. fangelsi eða fésektir, eða refsikennd viðurlög, svo sem svipting réttinda og upptaka eigna, sbr. m.a. 68. og 69. gr. hgl. Þetta leiðir af 1. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Það er ein af grundvallarreglum íslensks réttar, sem nefnd hefur verið meginreglan um lögbundnar refsiheimildir, að einvörðungu sé hægt að refsa einstaklingi fyrir tiltekna athöfn eða tiltekið athafnaleysi ef háttseminni er skýrlega lýst í lagaákvæði og að fram komi með ótvíræðum hætti að háttsemi þessi varði ákveðinni refsingu eða refsikenndum viðurlögum. Meginregla þessi verður leidd af 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 7. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, og 1. gr. hgl. Refsingu verður því almennt ekki komið við á grundvelli annarra réttarheimilda en settra laga, svo sem réttarvenju, óskráðra meginreglna eða eðlis máls. Þó skal vakin athygli á því að bæði 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. hgl. gera ráð fyrir þeim möguleika að refsiábyrgð kunni að stofnast á grundvelli fullkominnar lögjöfnunar frá settu lagaákvæði.

Kröfur til forms og efnis refsiákvæða hafa aukist talsvert á undanförnum árum, einkum vegna þróunar í mannréttindamálum, sbr. m.a. 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem öðlaðist lagagildi hér á landi með 1. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Sökum þessa er nú almennt viðurkennt að leiða megi af meginreglunni um lögbundnar refsiheimildir þau skilyrði fyrir beitingu refsiákvæða að þau séu skýr og aðgengileg. Áhrif þessarar þróunar eru m.a. þau að skilyrði refsilöggjafarinnar um skýr og aðgengileg refsiákvæði leggja auknar skyldur á löggjafann við mótun verknaðarlýsinga, enda getur óskýrt refsiákvæði leitt til þess að refsiábyrgð verði ekki viðurkennd við meðferð opinbers máls fyrir dómi.

Séreðli og einkenni refsiákvæða, og þá einkum þær miklu kröfur sem gerðar eru til þess að form og efni þeirra sé skýrt og aðgengilegt, endurspegla þá sérstöku þýðingu sem refsingar og önnur refsikennd viðurlög geta haft á daglegt líf manna. Við greiningu og lýsingu á efnisinntaki refsiákvæða verður því að taka mið af þessu séreðli refsiábyrgðarinnar, enda getur beiting refsiákvæða haft í för með sér eina afdrifaríkustu skerðingu á athafnafrelsi manna sem lög heimila og takmarkað grundvallarréttindi einstaklinga til sjálfstæðra ákvarðana um líf sitt og tilveru.

Í tilefni af þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður að minna á að framangreind sjónarmið eiga jafnt við um starfsmenn stjórnsýslunnar sem sæta refsiábyrgð vegna starfa sinna og aðra þegna samfélagsins.

Það er meginregla samkvæmt íslenskri refsilöggjöf að sérhver lifandi maður getur verið fremjandi afbrots og orðið refsiábyrgur ef hann sannanlega fullnægir öllum refsiskilyrðum laga. Er þá við það miðað að hann hafi unnið verk sem lýst er í refsiákvæði eða vanrækt lagaskyldu sem þar er lýst. Að sama skapi er gengið út frá því að verknaðarþoli (brotaþoli) geti hver maður orðið, allt frá fæðingu til dauða og jafnvel lengur, sjá 124. og 240. gr. hgl., en verndarhagsmunir þessara ákvæða taka til líkama og æru látinna manna.

Óvenjulegt er að refsiákvæði skilgreini sérstaklega þann einstakling eða hóp einstaklinga sem njóta refsiverndar eða geta orðið refsiábyrgir, sbr. þó 1. mgr. 212. gr. hgl. Ákvæði XII. og XIV. kafla hgl. eru hins vegar dæmi um slíka lögbundna takmörkun á gerendum og verknaðarþolum afbrota. Heiti XII. kafla hgl. er „Brot gegn valdstjórninni“ og hefur hann að geyma refsiákvæði er lýsa m.a. nánar tilgreindum athöfnum gagnvart „opinberum starfsmönnum“ og framkvæmd opinberra starfa. Ákvæði XIV. kafla hgl. lúta aftur á móti að refsiverðum brotum sem framin eru af opinberum starfsmönnum og ber kaflinn því heitið „Brot í opinberu starfi“.

4.5.3. Lagasjónarmið að baki refsivernd og refsiábyrgð opinberra starfsmanna.

Af réttarþróun í stjórnsýslurétti og skaðabótarétti má ráða að vaxandi kröfur eru gerðar til opinberra starfsmanna við meðferð opinbers valds og framkvæmd lögbundinna verkefna í þágu almennings. Við túlkun og beitingu ákvæða XII. kafla hgl. um refsivernd opinberra starfsmanna ber því jafnframt að gæta að þeim ríku skyldum sem á þá eru lagðar. Verði þeim á í messunni í starfi sínu geta þeir orðið refsiábyrgir á grundvelli ákvæða XIV. kafla hgl. Með þessu er lögð áhersla á það sjónarmið að eðlilegt vægi verði að vera á milli refsiverndar opinberra starfsmanna og þeirrar refsiábyrgðar sem á þeim hvílir.

Um tilgang löggjafans og lagarök með setningu sérstakra refsiákvæða um refsivernd og refsiábyrgð opinberra starfsmanna eru lögskýringargögn fremur fáorð. Finna má aftur á móti gagnlegar vísbendingar um afstöðu dómstóla til þeirra sjónarmiða sem hér koma til skoðunar í dómaframkvæmd. Af forsendum meiri hluta Hæstaréttar í málinu *H 1992:401* má sem dæmi draga þá ályktun að miðað sé við að ákvæðum XII. kafla hgl. sé almennt ætlað að vernda

„eðlilega framkvæmd stjórnsýslu“. Þá sé með refsiákvæðum kaflans leitast við að koma í veg fyrir árásir eða ágang manna gegn þeim starfsmönnum ríkisvaldsins sem hafa „heimildir til ákvarðana, framkvæmdarvald eða fyrirsvar gagnvart almenningi eða einstökum þjóðfélagshópum og [þurfa] öðrum fremur að ganga fram fyrir skjöldu í þágu opinberra hagsmuna“. Nánar verður vikið að þessum dómi í kafla 4.5.4.

Ákvæði XII. og XIV. kafla hgl. taka ekki aðeins til starfsmanna stjórnsýslunnar í merkingu 1. gr. stjórnsýslulaga. Þau taka m.a. einnig til handhafa dómsvalds, sjá 115. og 130. gr. hgl., en síðarnefnda ákvæðið tekur til þess þegar „handhafi dómsvalds gerist sekur um ranglæti við úrlausn máls eða meðferð þess í því skyni, að niðurstaðan verði ranglát“. Með réttu má því segja að ákvæði XIV. kafla hgl. taki til starfsmanna ríkisvaldsins en ekki aðeins starfsmanna stjórnsýslunnar.

Tilgangur refsiákvæða XIV. kafla hgl. skýrist við nánari athugun þeirra. Ákvæðunum er almennt ætlað að taka til þeirrar aðstöðu þegar opinber starfsmaður í refsiréttarlegri merkingu þess hugtaks ákveður að misnota aðstöðu sína í skjóli lögbundinna valdheimilda eða gætir ekki að réttum aðferðum við meðferð máls eða úrlausn þess þannig að saknæmt þyki. Tilvist refsiábyrgðar opinberra starfsmanna er þannig mikilvægur varnagli gegn misnotkun ríkisvalds sem orsakað getur tjón hjá einstaklingum og lögaðilum, raskað eðlilegri meðferð framkvæmdarvaldsins og rýrt traust almennings á stjórnsýslunni og dómskerfinu.

4.5.4. Afmörkun hugtaksins „opinber starfsmaður“.

Eins og fyrr greinir verður í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir einvörðungu fjallað um refsiábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar skv. XIV. kafla hgl. Með tilliti til framangreindrar hugtakanotkunar í refsiákvæðum kaflans er ljóst að það getur verið vandkvæðum bundið að afmarka nánar hvaða starfsmenn stjórnsýslunnar sæta refsiábyrgð samkvæmt refsiákvæðum hans um brot opinberra starfsmanna og hverjir ekki. Í raun má segja að notkun lagahugtaksins „opinber starfsmaður“ án nánari skýrgreiningar í einstökum verknaðarlýsingum sé að þessu leyti óskýr og til þess fallin að torvelda heimfærslu einstakra tilvika undir þau refsiákvæði sem við eiga hverju sinni. Það er því ljóst að ef afmarka á með fullnægjandi hætti hvaða starfsmenn stjórnsýslunnar falla undir refsiákvæði hgl. verður hér í fyrstu að fara almennum orðum um lagahugtakið „opinber starfsmaður“.

Eins og löggjöfin hefur þróast er efnisinntak hugtaksins opinber starfsmaður breytilegt og ber því að skilgreina það í samhengi við ákvæði þeirrar löggjafar sem við á hverju sinni. Hugtakið er með öðrum orðum afstætt í íslenskri löggjöf. Þannig hefur skilgreining hugtaksins opinber starfsmaður ekki sömu lagalegu þýðingu í stjórnsýslurétti og refsirétti. Notkun hugtaksins innan stjórnsýsluréttarins er raunar á undanhaldi ef litið er til að mynda til hugtakanotkunar nýlegrar löggjafar um réttarstöðu ríkisstarfsmanna. Á meðan ekki hefur verið gerð breyting á verknaðarlýsingum refsiákvæða XII. og XIV. kafla hgl. er mikilvægt bæði fyrir fræðilega útlistun og beitingu þessara ákvæða í framkvæmd að afmarka nánar refsiréttarlega merkingu hugtaksins.

Eins og efni einstakra verknaðarlýsinga refsiákvæða XIV. kafla hgl. er háttað verður að hafa hugfast að almenn afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður getur aðeins orðið til leiðbeiningar við túlkun þeirra í hverju tilviki fyrir sig. Með öðrum orðum verður að teljast varhugavert að leggja alfarið til grundvallar almenna refsiréttarlega skilgreiningu á hugtakinu, nema ljóst þyki af túlkun á orðalagi og efni þess refsiákvæðis sem um ræðir hverju sinni að það hafi ekki að geyma lýsingu á tilteknum gerendum og sérgreindum hagsmunum, sjá hér m.a. 133. gr. hgl. sem tekur sérstaklega til þess opinbera starfsmanns „sem á að gæta fanga

eða annast framkvæmd refsidóma“ og 137. gr. hgl. sem tekur til opinbers starfsmanns „sem hefur póst- eða símamálefni á hendi“.

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi því er varð að almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, ná ákvæði XIV. kafla „til allra opinberra starfsmanna, hvort heldur þeir teljast til embættismanna eða sýslunar, og án tillits til þess, hvort þeir eru skipaðir til starfans eða settir eða á annan hátt löglega að honum komnir“.[33] Þá kemur m.a. fram í athugasemdum við XII. kafla að þar sé refsing lögð við því „að hindra embættismann eða sýslunar við framkvæmd opinbers starfs [...]“.[34] Samkvæmt þessu hefur við almenna skýringu á hugtakinu opinber starfsmaður í merkingu XII. og XIV. kafla hgl. verið talið að miða verði við að það nái yfir alla embættis- og sýslunarmenn, eins og þessi hugtök hafa verið skýrð í stjórnsýslurétti, nema lög eða lögskýringargögn kveði sérstaklega á um annað. Þegar litið er til þessa virðist hugtakið opinber starfsmaður þrengra en almennt verður talið felast í þeim lagahugtökum sem taka til starfsmanna ríkisvaldsins, svo sem ríkisstarfsmanna, starfsmanna sveitarfélaga og starfsmanna opinberra stofnana og opinberra fyrirtækja.

Í þessu sambandi er rétt að víkja stuttlega að nýlegri breytingu á 109. gr. hgl. með 2. gr. laga nr. 147/1998. Samkvæmt athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 147/1998 var samþykkt þess ætlað að skapa skilyrði að lögum til að hægt væri að fullgilda alþjóðlegan samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum sem undirritaður var í París 17. desember 1997, sbr. einnig lög nr. 144/1998, um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns. Í a-lið 4. mgr. 1. gr. áðurnefnds alþjóðasamnings er „erlendur opinber starfsmaður“ skilgreindur sem „[hver sá] sem gegnir starfi hjá löggjafarvaldi, í stjórnsýslu eða við réttarvörslu í erlendu ríki, hvort sem hann er skipaður til starfans eða kjörinn, [og hver sá] sem gegnir opinberum störfum á vegum erlends ríkis, þar á meðal fyrir hönd opinberrar stofnunar eða fyrirtækis“. Þá eru tilgreindir embættismenn eða starfsmenn á vegum opinberrar alþjóðastofnunar. Í ákvæði 1. mgr. 109. gr. hgl., er lýtur að mútum gagnvart innlendum opinberum starfsmanni, er háttseminni nú þannig lýst eftir framangreinda lagabreytingu að opinberum starfsmanni sé gefið, lofað eða boðin gjöf eða annar ávinningur til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert „sem tengist opinberum skyldum hans“. Þessu orðalagi er nánar lýst í c-lið 4. mgr. 1. gr. alþjóðasamningsins sem „hvers kyns beitingu opinbers starfsmanns á stöðu sinni, hvort sem það er á valdsviði hans eða ekki“.

Þegar skoðuð er verknaðarlýsing 109. gr. hgl. eftir framangreinda lagabreytingu virðist ljóst að hún felur í sér talsverða rýmkun á þeim hópi opinberra starfsmanna sem þar geta átt hlut að máli. Með tilliti til aðdraganda og tilurðar framangreindrar breytingar á 109. gr. hgl. verður þó að telja varhugavert að draga of víðtækar ályktanir af ákvæðinu við almenna afmörkun hugtaksins opinber starfsmaður. Hér þarf því nánari afmörkunar við.

Eins og rakið var hér að framan varpa forsendur meiri hluta Hæstaréttar í *H 1992:401* ljósi á þau meginsjónarmið sem hafa verður í huga við almenna afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður skv. XII. og XIV. kafla hgl. Í málinu reyndi á skýringu á 108. gr. hgl., sem nú hefur verið afnumin með 2. gr. laga nr. 71/1995, nánar tiltekið á það hvort staðarhaldarinn í Viðey teldist opinber starfsmaður í merkingu ákvæðisins. Hæstiréttur byggði á því að hugtakið opinber starfsmaður hefði ekki fastmótaða og algilda merkingu í löggjöfinni. Yrði þannig að skýra inntak þess eftir samhenginu. Benti rétturinn á að um 108. gr. hegningarlaga

---

[33] Alþt. 1939, A-deild, bls. 377.

[34] Alþt. 1939, A-deild, bls. 375.

hefði lengst af verið litið svo á að orðin væru þar ekki notuð í víðtækustu merkingu og bæri því að skýra þau með hliðsjón af þeim megintilgangi greinarinnar að vernda eðlilega framkvæmd stjórnsýslu. Bæri þannig að beita þrengjandi lögskýringu með tilliti til þess að í greininni væri einkum átt við þá starfsmenn ríkis og sveitarfélaga er færu með heimildir til ákvarðana, framkvæmdarvald eða fyrirsvar gagnvart almenningi eða einstökum þjóðfélagshópum og þyrftu öðrum fremur að ganga fram fyrir skjöldu í þágu opinberra hagsmuna. Jafnframt fælist það í orðum greinarinnar að hún væri takmörkuð við árásir út af verkum á starfssviði þess manns er fyrir þeim yrði.

Hafa verður í huga að forsendur í framangreindum dómi Hæstaréttar lúta að skýrgreiningu á verndarhagsmunum og efni þeirra valdheimilda sem opinberir starfsmenn, í merkingu þágildandi ákvæðis 108. gr. hgl., höfðu yfir að ráða í skiptum sínum við almenning. Þrátt fyrir það verður ekki séð að rök standi til annars en að taka mið af framangreindum sjónarmiðum við almenna afmörkun á hugtakinu opinber starfsmaður í merkingu XII. og XIV. kafla hgl. Verður þannig lagt til grundvallar að tilgangur löggjafans með því að kveða sérstaklega á um réttarstöðu opinberra starfsmanna í refsilöggjöfinni hafi eins og áður segir verið sá að vernda þá starfsmenn sem hafa hlutverki að gegna við meðferð og framkvæmd lögbundinna verkefna ríkisvaldsins fyrir árásum og ágangi annarra og að vernda almenning fyrir því að hinir sömu misnoti þessa sérstöku stöðu sína að lögum til tjóns fyrir samfélagið. Af þessu má leiða þá almennu skýringarreglu við túlkun á ákvæðum XIV. kafla hgl. að einvörðungu þeir opinberu starfsmenn sem fara með heimildir að lögum til að geta tekið eða haft áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafað eða haft áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna verði taldir opinberir starfsmenn í refsiréttarlegri merkingu, nema annað verði skýrlega ráðið af túlkun á einstökum refsiákvæðum. Við mat á því hvort ákvæði XIV. kafla hgl. taki til tiltekins starfsmanns stjórnsýslunnar, og þá athöfn eða það athafnaleysi sem hann hefur gerst sekur um, verður þannig að taka til skoðunar hvort honum hafi með lögum verið veittar valdheimildir sem hafi til að bera þau einkenni sem lýst var hér að framan.

Áður eru rakin þau sérstöku sjónarmið um eðli og einkenni refsiábyrgðar, og þá einkum þær auknu kröfur sem stjórnarskráin og mannréttindasáttmáli Evrópu gera til forms og efnis refsiákvæða. Þegar skoðuð eru refsiákvæði XIV. kafla hgl. með tilliti til nánari afmörkunar á hugtakinu opinber starfsmaður sem notað er við lýsingu á þeim gerendahópi sem ákvæðin taka til má draga þá ályktun að notkun hugtaksins, án nánari skýrgreiningar hverju sinni, sé almennt óheppileg. Þegar litið er til þess að skilgreining hugtaksins er í eðli sínu afstæð í íslenskri löggjöf og almennt á undanhaldi við mótun lagaákvæða innan stjórnsýsluréttarins má velta upp þeirri spurningu hvort ekki sé rétt að endurskoða hugtakanotkun XIV. kafla hgl. að þessu leyti. Taka verður þó skýrt fram að með þessu er því þó ekki haldið fram að notkun hugtaksins opinber starfsmaður í XIV. kafla hgl. með þeim hætti sem nú er gert í nokkrum ákvæðum kaflans, svo sem 134.–136. gr. og 138.–139. gr. hgl., geti leitt til þess að þau verði ekki talin uppfylla kröfur 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, um skýrleika refsiákvæða.

4.5.5. Refsiákvæði XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um brot í opinberu starfi.

Í þessum kafla verður efni XIV. kafla hgl. um brot í opinberu starfi rakið og leitast við að gera í stórum dráttum grein fyrir megininntaki refsiákvæðanna og afmörkun verknaðarlýsinga ákvæðanna gagnvart öðrum lagareglum sem til skoðunar koma við mat á refsiábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar.

XIV. kafli hgl. hefur að geyma fjórtán refsiákvæði í greinum 128.–141. Af efni ákvæðanna og þeim lagarökum sem búa að baki XIV. kafla hgl. og rakin eru hér að framan má draga þá ályktun að verknaðarlýsingar ákvæðanna hafi mótast mjög af stöðu hins opinbera starfsmanns. Í því sambandi ber að árétta að almennt ræður eðli vinnusambandsins á milli starfsmannsins og hins opinbera ekki úrslitum um stöðu hans skv. XIV. kafla hgl. eins og leiðir af athugasemdum í lögskýringargögnum.

Ákvæði 128. og 129. gr. hgl. taka til þess þegar opinber starfsmaður notar aðstöðu sína til óréttmætrar viðtöku fjár sér eða öðrum til ávinnings. Ákvæði 130.–133. gr. laganna lúta hins vegar sérstaklega að ólögmætri meðferð dómsvalds, öðru opinberu úrskurðarvaldi eða framkvæmd á refsi- og fullnustuvaldi ríkisins. Þau taka þannig einvörðungu til þeirra starfsmanna sem hafa það hlutverk á hendi að ráða til lykta ágreiningi á milli aðila á stjórnsýslustigi og fyrir dómi. Þá taka ákvæðin sérstaklega til meðferðar opinberra mála á rannsóknarstigi, fyrir dómi og við fullnustu þeirra í refsivörslukerfinu.

Rétt er að víkja sérstaklega að refsiákvæði 136. gr. hgl. sem er svohljóðandi:

„Opinber starfsmaður, sem segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan, skal sæta [...] fangelsi allt að einu ári. Hafi hann gert það til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að 3 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem látið hefur af opinberu starfi og eftir það segir frá eða misnotar á ofangreindan hátt vitneskju, sem hann hafði fengið í stöðu sinni og leynt á að fara.“

Í athugasemdum við framangreint ákvæði 136. gr. hgl. er áréttað að greinin taki til „allra opinberra starfsmanna“. Jafnframt er tekið fram að verknaður skv. 1. mgr. 136. gr. sé tvenns konar: „a) að segja frá einhverju því, sem leynt á að fara, og b) að nota slíka vitneskju til að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, og þarf hann ekki að vera fjárhagslegs eðlis“. Við greiningu á orðalagi ákvæðisins og efni þess með skírskotun til lögskýringargagna er rétt að leggja til grundvallar rýmri skilning á hugtakinu opinber starfsmaður en leiðir af þeirri aðferð við afmörkun hugtaksins sem lýst var í kafla 4.5.4 hér að framan. Að baki ákvæðinu búa hagsmunir hins opinbera af því að þeir starfsmenn sem fást við trúnaðarupplýsingar í starfi sínu greini ekki frá þeim. Ljóst er að fjöldinn allur af starfsmönnum stjórnsýslunnar hefur aðgang að slíkum upplýsingum í störfum sínum, enda þótt þeir fari ekki með þær valdheimildir sem einkenna hugtakið opinber starfsmaður og lýst var hér að framan. Dómur Hæstaréttar í málinu *H 1996:40* virðist styðja þessa ályktun um rúma túlkun á hugtakinu opinber starfsmaður í merkingu 136. gr. hgl. Málavextir voru þeir að rannsóknarlögregla ríkisins gerði þá kröfu fyrir dómi með vísan til 74. gr. laga nr. 19/1991 að blaðamanninum A yrði gert að svara spurningum fyrir dóminum um það hvaða skriflegu gögn hún hafði undir höndum og frá hvaða mönnum hún hefði fengið gögn og upplýsingar er hún ritaði tilteknar greinar í Morgunblaðið. Fram kom í beiðni rannsóknarlögreglunnar að beiðnin væri þáttur í rannsókn á ætluðu broti starfsmanna Landsbanka Íslands á þagnarskyldu bankastarfsmanna samkvæmt þágildandi 43. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. nú 43. gr., sbr. 101. gr. samnefndra laga nr. 113/1996, og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Héraðsdómur tók beiðni rannsóknarlögreglunnar til greina með úrskurði en Hæstiréttur felldi hann úr gildi. Um þagnarskyldu bankastarfsmanna sagði Hæstiréttur m.a. svo:

„Samkvæmt 43. gr. laga nr. 43/1993 hvílir þagnarskylda á starfsmönnum viðskiptabanka og sparisjóða um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna hlutaðeigandi stofnunar, og um önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Ákvæði þetta byggist á því, að það geti bæði skaðað hagsmuni banka og sparisjóða og viðskiptamanna þeirra, sé þagmælsku ekki gætt. Landsbanki Íslands er í eigu ríkisins, og fallast verður á það með héraðsdómara að starfsmenn bankans séu opinberir starfsmenn, er falli undir ákvæði 136. gr. almennra hegningarlaga.“

Hæstiréttur skírskotar almennt til „starfsmanna bankans“ og telur þá falla undir ákvæði 136. gr. almennra hegningarlaga. Af þessu orðalagi má ráða að Hæstiréttur skýri hugtakið opinber starfsmaður í merkingu 136. gr. hgl. rýmra en leiða má af almennri afmörkun hugtaksins sem lýst var í kafla 4.5.4. Ljóst er að aðeins hluti starfsmanna Landsbanka Íslands hafði á hendi heimildir að lögum til að taka eða hafa áhrif á ákvarðanir um réttindi eða skyldur manna eða ráðstafa eða hafa áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna. Engu að síður gátu þessir starfsmenn bankans fengið vitneskju eða haft til umráða trúnaðarupplýsingar sem leynt áttu að fara skv. 136. gr. hgl.

Hafa verður í huga við afmörkun og beitingu refsiákvæða XIV. kafla hgl. að á einstaka hópa starfsmanna stjórnsýslunnar eru lagðar margvíslegar skyldur með lögum. Sem dæmi má nefna að skv. 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er hverjum ríkisstarfsmanni skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þá kemur fram að þagnarskyldan haldist þótt látið sé af starfi. Ákvæði 136. gr. hgl., sem tekið er upp hér að framan, lýtur að þeirri aðstöðu þegar opinber starfsmaður hefur greint frá einhverju er leynt á að fara í starfi hans og þar með rofið þagnarskyldu sína. Við mat á því hvort opinber starfsmaður hafi verið bundinn þagnarskyldu um ákveðið atriði þannig að brot á henni yrði talið varða við 136. gr. hgl. yrði væntanlega að líta til þeirra efnisreglna er giltu um starfssvið hans og skyldur, sbr. til hliðsjónar tilvitnaðar forsendur Hæstaréttar í *H 1996:40*. Með tilliti til efnis 18. gr. laga nr. 70/1996 mætti þannig ætla að skilyrði væru til saksóknar fyrir refsivert athæfi er varðaði við 136. gr. hgl. ef ríkisstarfsmaður yrði uppvís að því að greina frá upplýsingum sem yfirmaður hefði á löglegum grundvelli gefið skýrt til kynna að ættu að fara leynt. Það má aftur á móti halda því fram að frekari skýrgreiningu þurfi í 136. gr. hgl. um almenn einkenni þeirra upplýsinga sem leynt eiga að fara.

Þegar metin eru tengsl refsiákvæða um opinbera starfsmenn og almennra lagareglna um skyldur þeirra í starfi kemur til skoðunar samspil refsinga fyrir brot er varða við refsilög og „stjórnsýsluviðurlaga“ á borð við áminningar yfirmanns eða jafnvel frávikningu úr starfi vegna brota á starfsskyldum, sjá umfjöllun um stjórnsýsluviðurlög í kafla 4.4 hér að framan. Það má hugsanlega draga þá ályktun af samspili þessara lagareglna í löggjöfinni að ekki sé rétt að beita refsiákvæðunum nema í alvarlegri tilvikum. Hafi ríkisstarfsmaður þannig gerst brotlegur við 18. gr. laga nr. 70/1996 í starfi sínu og hlotið áminningu yfirmanns á grundvelli 21. gr. sömu laga væri eðlilegt að láta saksókn niður falla með heimild í f-lið 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991 og meginreglu 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Væri aftur á móti talið rétt að ákæra í slíku máli gæti sú aðstaða að starfsmanni hefði verið vikið úr starfi vegna þeirrar háttsemi sem hann er ákærður fyrir hugsanlega leitt til refsilækkunar ef sakfellt yrði, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í málinu *H 1995:2610* sem vikið verður nánar að hér síðar. Sömu sjónarmið eiga við um það tilvik þegar ríkisstarfsmaður neitar að hlýða löglegri skipun yfirmanns. Slík háttsemi gæti verið brot á 15. gr. laga nr. 70/1996 og varðað áminningu skv. 21. gr. sömu laga og jafnvel uppsögn úr starfi á grundvelli 1. mgr. 44. gr. laganna ef viðkomandi starfsmaður bætti ekki ráð sitt. Í 140. gr. hgl. er aftur á móti lögð refsing

við því ef opinber starfsmaður synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gera það sem honum er boðið á löglegan hátt.

Ákvæði 138. gr. hgl. hefur að geyma refsihækkunarheimild í þeim tilvikum þegar opinber starfsmaður hefur gerst sekur um refsilagabrot með verknaði sem telja verður misnotkun á stöðu hans og við því broti er ekki lögð sérstök refsing sem broti í embætti eða sýslan. Þá er gert ráð fyrir þeirri aðstöðu í 139. gr. hgl. að opinber starfsmaður hafi í öðrum tilvikum en lýst er í XIV. kafla laganna misnotað stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings eða til þess að gera nokkuð það sem hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera.

Við túlkun á hugtakinu opinber starfsmaður samkvæmt ákvæðum 138. og 139. gr. hgl. er rétt að byggja á hinni almennu afmörkun hugtaksins sem lýst var í kafla 4.5.4 hér að framan, enda er megineinkenni ákvæðanna misnotkun opinbers starfsmanns á stöðu sinni. Í *H 1995:2610* var K, fyrrum forstöðumanni hagdeildar Búnaðarbanka Íslands, gefið að sök að hafa í því starfi sínu með kerfisbundnum og skipulegum færslum á innistæðum á milli fimm gjaldeyrisreikninga sinna í bankanum, og um leið með misnotkun á aðstöðu sinni í trúnaðarstarfi og sem eigandi gjaldeyrisreikninganna, komið fram, sjálfum sér til ávinnings og bankanum til samsvarandi tjóns, stórfelldum hækkunum á skráðum gjaldeyrisinnstæðum sínum, samtals a.m.k. 20–25 milljónir króna umfram hagstæðustu ávöxtunarkjör bankans. Í ákæru var ofangreind háttsemi aðallega talin varða við 249. gr. hgl., sbr. 138. gr., en til vara við 139. gr. hgl. Héraðsdómur sýknaði ákærða. Hæstiréttur féllst ekki á röksemdir héraðsdóms og sakfelldi ákærða m.a. með eftirgreindum athugasemdum:

„Ákærði gegndi stöðu yfirmanns hjá Búnaðarbanka Íslands. Var hann bundinn trúnaðarskyldum við bankann, sem honum bar að virða í starfi sínu og utan þess, sbr. 28. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Viðskipti hans við gjaldeyrisdeild voru afbrigðileg að því leyti, að hann naut sérstakra kjara umfram aðra viðskiptamenn, sem veitt voru á kostnað bankans. Verður að álykta, að ákærði hafi einkum fengið þessi kjör vegna þess að hann var starfsmaður bankans. [...] Heimildir þær, sem ákærði hafði frá stjórnendum bankans til að ávaxta fé sitt á innlendum gjaldeyrisreikningum, leystu hann á engan hátt undan trúnaðarskyldum sínum gagnvart bankanum. Hlaut honum fljótlega að verða ljóst, að hin eindregna kaupmennska hans á áhættu bankans væri ósamrýmanleg stöðu hans í bankanum og að umfang viðskiptanna væri orðið annað en það, sem stjórnendurnir gerðu sér grein fyrir, þegar við hann var samið um sérstök kjör. [...] Þegar allt þetta er virt, er óhjákvæmilegt að líta svo á, að ákærði hafi misnotað aðstöðu sína sér til ávinnings og tjóns fyrir bankann og um leið brotið gegn starfsskyldum sínum. Telst brot hans því varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 138. gr. laganna."

Í *H 1998:583* var B, sveitarstjóri Reykhólahrepps, ákærður fyrir umboðssvik, fjárdrátt og brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda „framin í opinberu starfi". Skv. I. kafla ákæru var honum gefið að sök að hafa veðsett fasteign hreppsins án heimildar hreppsnefndar til tryggingar láni hjá Byggðastofnun sem fyrirtæki undir stjórn og í eigu ákærða tók. Þá var honum í A-lið II. kafla ákæru gefið að sök að hafa dregið sér andvirði tveggja lána Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarsjóðs samkvæmt veðskuldabréfum sem ákærði gaf út í nafni hreppsins. Í héraðsdómi kom fram að á sveitarstjóranum hefðu hvílt „réttindi og skyldur starfsmannalaga og sveitarstjórnarlaga". Hæstiréttur vék ekki sérstaklega að stöðu ákærða samkvæmt ákvæði 138. gr. hgl., en tók fram að auka bæri refsingu hans eftir ákvæðinu, enda hefði hann framið „öll brot sín í opinberu starfi". Óþarfi er að fara mörgum orðum um þessa niðurstöðu Hæstaréttar, enda ljóst að refsiverðar athafnir eða athafnaleysi í starfi sveitarstjóra eða í öðrum sambærilegum störfum innan stjórnsýslu ríkis eða sveitarfélaga geta orðið tilefni refsihækkunar á grundvelli 138. gr. hgl.

4.6. Bótaábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar.

Á 20. öld hefur sú regla lengst af gilt að starfsmenn stjórnsýslunnar beri persónulega ábyrgð á öllu tjóni sem þeir valda með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun þeirra og raski hagsmunum sem verndaðir eru með skaðabótareglum.

Hér má í dæmaskyni nefna *H 1942:208* þar sem nefndarmönnum húsaleigunefndar var gert að greiða miskabætur vegna saknæmra og ólögmætra athafna sinna. Í 2. gr. laga nr. 126/1941, um viðauka og breytingu á lögum nr. 106/1941, um húsaleigu, var kveðið svo á að óheimilt væri að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði. Skv. 4. gr. laga nr. 106/1941, um húsaleigu, var húsaleigunefnd heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki. Húsaleigunefnd Patrekshrepps ákvað að ráðstafa húsnæði í húsi S til handa J, þar á meðal herbergi sem kennarinn G bjó í, þar sem hún væri utansveitarmaður. Þrátt fyrir mótmæli S úrskurðaði fógeti eftir kröfu J að hann skyldi settur inn í húsnæðið. Með því að kennarinn G neitaði að víkja úr herbergi sínu úrskurðaði fógeti eftir kröfu J og nefndarmanna húsaleigunefndar að G skyldi borin út úr því. G áfrýjaði útburðarúrskurðinum og stefndi J og nefndarmönnum húsaleigunefndar til ógildingar úrskurðinum og greiðslu bóta. Þar sem G hafði verið ráðin kennari við barnaskólann í Patrekshreppi þóttu ákvæði 2. gr. laga nr. 126/1941 ekki eiga við um leigumála hennar. Þótti það því verða að meta hinum stefndu nefndarmönnum húsaleigunefndar til ávirðingar að krefjast útburðar á henni. Fógetagerðin var því felld úr gildi og G dæmdar 300 kr. í miskabætur úr hendi hinna stefndu nefndarmanna húsaleigunefndar sem kröfðust útburðar hennar og gerðu sig með því að aðiljum við útburðargerðina.

Með setningu skaðabótalaga nr. 50/1993 var mörkuð sú löggjafarstefna að meginreglan skyldi vera sú að vinnuveitandi bæri ábyrgð á tjóni sem starfsmaður hans ylli þegar hann væri við vinnu í þágu vinnuveitandans. Á grundvelli þessarar meginreglu eru eftirfarandi reglur settar í 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um bótaábyrgð starfsmanna:

1. Skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola má skerða eða fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti, svo og hagsmuna tjónþola. Bætur, sem starfsmaður hefur greitt, getur hann krafið úr hendi vinnuveitanda að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda, samkvæmt lið 2 hér á eftir, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 50/1993.

2. Bætur, sem vinnuveitandi hefur greitt vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, er aðeins unnt að krefja starfsmanninn um að því marki sem telja má það sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 50/1993.

3. Hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til er starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 50/1993. Í því sambandi er rétt að minna á að um skaðabótarétt ríkissjóðs, sveitarfélags eða annars opinbers aðila, sem kaupir almennt ekki vátryggingu og hefur því hagsmuni sína í eigin áhættu, fer með sama hætti og vátrygging hefði verið keypt, sbr. 20. gr. laga nr. 50/1993.

Að öðru leyti má skerða eða fella niður kröfu vinnuveitanda á hendur starfsmanni vegna tjóns sem starfsmaður veldur vinnuveitanda í starfi sínu ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 50/1993.

4.7. Vinnuveitendaábyrgð hins opinbera.

4.7.1. Inngangur.

Réttarbrot starfsmanna stjórnsýslunnar geta haft í för með sér bótaábyrgð hins opinbera á grundvelli réttarreglna um vinnuveitendaábyrgð.

Bótaábyrgð getur stofnast *innan einkaréttarlegra samninga* sem hið opinbera er bundið af. Sömu reglur gilda um bótaábyrgð hins opinbera og annarra aðila í slíkum tilvikum, nema á annan veg sé mælt í lögum.

Þegar reynt hefur á bótaábyrgð hins opinbera *utan samninga* hefur verið venja að greina annars vegar á milli bótaábyrgðar sem stofnast við *einkaréttarlegan rekstur* sem hið opinbera stendur að og hins vegar í *stjórnsýslu*. Um bótaábyrgð af skaðaverkum í einkaréttarlegri starfrækslu sem hið opinbera hefur staðið að á 20. öld, svo sem rekstur síldarverksmiðja, skipaútgerðar, prentsmiðju o.fl., hafa almennt verið taldar gilda sömu reglur og í hliðstæðum atvinnurekstri einkafyrirtækja.

Þegar reynir á bótaábyrgð hins opinbera utan samninga vegna skaðaverka í opinberri starfsemi má greina tilvikin aftur í tvennt, annars vegar þar sem bótaábyrgð hins opinbera er *lögfest* og hins vegar þar sem hún er *ólögfest*. Sem dæmi um sett ákvæði um bótaábyrgð hins opinbera má nefna, að í XXI. kafla laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, eru m.a. lögfestar reglur um það í hvaða tilvikum sakborningar geta fengið bætur. Þá er í 49. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 m.a. mælt fyrir um bótaábyrgð ríkissjóðs vegna tjóns sem telja verður sennilega afleiðingu af mistökum þinglýsingarstjóra, en bótakrefjandi á ekki sjálfur sök á.

Meginvandinn hefur verið að greiða úr því hvort og þá í hvaða *ólögmæltu* tilvikum hið opinbera geti orðið skaðabótaskylt vegna tjóns sem starfsmenn þess valda með réttarbrotum í stjórnsýslu.

4.7.2. Viðhorf til bótaábyrgðar hins opinbera vegna skaðaverka í stjórnsýslu á fyrri hluta 20. aldar.

Á fyrri hluta tuttugustu aldar var almennt litið svo á hérlendis að vafasamt væri að ríki og sveitarfélög bæru fébótaábyrgð á mistökum starfsmanna sinna í stjórnsýslu, nema svo væri sérstaklega fyrir mælt í lögum. Þessi niðurstaða var m.a. byggð á þeim sjónarmiðum að athöfn sem ríkið bannaði gæti ekki verið athöfn þess. Þessari röksemdafærslu svipaði nokkuð til ensku réttarreglunnar á þessu sviði: „The King can do no wrong." Því var haldið fram að ef ríkisstarfsmaður hefði gert sig sekan um réttarbrot yrði sú háttsemi ekki metin sem athöfn ríkisins heldur hans sjálfs. Því bæri ríkisstarfsmaðurinn bótaábyrgð á réttarbrotum sínum en ekki ríkið. Þá væri hin persónulega fébótaábyrgð starfsmanna, en ábyrgðarleysi hins opinbera, til þess fallin að skapa starfsmönnum nægilegt og æskilegt aðhald. Loks var sjálfstæði ríkisins jafnframt talið útiloka bótaábyrgð þess á skaðaverkum starfsmanna sinna, nema að svo væri fyrir mælt í lögum.[35]

4.7.3. Fébótaábyrgð hins opinbera vegna skaðaverka í stjórnsýslu viðurkennd í ólögfestum tilvikum.

Á fimmta áratug tuttugustu aldar hófst norræn samvinna á sviði lagasetningar um fébótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga vegna skaðaverka starfsmanna þeirra. Hinn 22. mars 1960 var

---

[35] Jón P. Emils: Verður fébótaábyrgð hins opinbera skipað með samræmdri löggjöf á Norðurlöndum?, Úlfljótur, 4. tbl. 1962, 164–166.

samþykkt á Alþingi þingsályktun um undirbúning löggjafar um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Skoraði Alþingi á ríkisstjórnina að láta undirbúa heildarlöggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga.[36] Ekkert varð þó úr að slík lög yrðu sett hér á landi.

Af sérákvæðum þeim, sem voru í íslenskum lögum um bótaábyrgð hins opinbera vegna skaðaverka starfsmanna, þótti ekki verða dregin almenn ályktun um fébótaábyrgð hins opinbera.[37]

Á grundvelli fordæma dómstóla og síðar dómvenju var á hinn bóginn farið að byggja á því að hið opinbera bæri fébótaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna við stjórnsýslu. Fræðimenn bentu á að bótaábyrgð hins opinbera stuðlaði að auknu öryggi fyrir þann einstakling sem fyrir tjóni yrði vegna aðgerða starfsmanna stjórnsýslunnar, en tilviljun ein réði því jafnan hver það væri. Borgararnir ættu oftast ekki val á því hvort þeir skiptu við hið opinbera. Af þessum sökum, svo og með hliðsjón af því allsherjarréttarlega valdi sem opinberir starfsmenn færu með, hefðu þeir oft meiri möguleika á að vinna öðrum mönnum tjón en starfsmenn fyrirtækja er störfuðu á samkeppnisgrundvelli á hinu einkaréttarlega sviði. Þá væri einnig til þess að líta að enda þótt starfsmennirnir sjálfir væru ábyrgir vegna eigin skaðaverka væru þeir misjafnlega góðir borgunarmenn. Þá yrði stundum ekki upplýst um mistök í stjórnsýslu fyrr en löngum tíma eftir að þau hefðu orðið og e.t.v. ekki fyrr en hlutaðeigandi starfsmaður væri látinn. Loks var á það bent að fjárhagsleg áhætta hins opinbera mundi sjaldnast verða tilfinnanleg af þessum sökum.[38]

Meðal fyrstu dómanna þar sem bótaábyrgð hins opinbera var viðurkennd í ólögfestu tilviki í tilefni af skaðaverki í stjórnsýslu er *H 1935:273*. Fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu var vikið úr starfi. Þar sem umræddur starfsmaður hafði verið skipaður í stöðuna án nokkurs fyrirvara, var talið að hann hefði mátt treysta því að fá að halda henni meðan hann vildi, hefði krafta til og bryti ekki af sér, nema hún yrði lögð niður, en það hafði ekki verið gert. Ekki voru færðar sönnur á að starfsmaðurinn hefði gerst brotlegur í stöðu sinni eða með öðrum hætti, svo að missi hennar gæti varðað. Af þeim sökum var talið að frávikningin fæli í sér réttarbrot gagnvart umræddum starfsmanni. Þá sagði í dóminum: „Með því að ekki eru til í gildandi lögum um embættismenn og sýslunar fyrirmæli, er kveða á um rétt þeirra til bóta á hendur ríkissjóði vegna óréttmætrar frávikningar úr stöðu sinni, verður um það atriði að fara eftir almennum reglum löggjafarinnar. Með því að frávikningin fól í sér atvinnumissi fyrir [starfsmanninn] og ætla má að hafa bakað og munu baka honum tjón, verður að dæma honum bætur fyrir það úr ríkissjóði."

Þrátt fyrir að bótaábyrgð ríkissjóðs hafi í þessum dómi verið byggð á „almennum reglum löggjafarinnar" í þessu ólögfesta tilviki virðast lögfræðingar hafa verið ósammála um hvort dómurinn markaði almenn þáttaskil að því er skaðabótaábyrgð hins opinbera snerti. Öðru máli gegnir hins vegar með dóm Hæstaréttar *H 1943:256* sem almennt er nefndur til sögunnar þegar leitað er vatnaskila um þetta atriði. Málavextir voru þeir að tveir lögreglumenn handtóku L sem var ölvaður. L var þá að skipta sér af ölvuðum sjóliða sem herlögreglumaður var að handtaka. Lögreglumennirnir leiddu L á milli sín áleiðis að lögreglustöð. Þeir héldu hvor sinni hendi L fyrir aftan bak á honum. Vitni báru að lögreglumennirnir hefðu tekið L föstum tökum þannig að hann hefði tekist á loft. Við það brotnaði vinstri upphandleggur L.

---

[36] Alþt. 1960, A-deild, bls. 230 og 1235.

[37] Ólafur Jóhannesson: Stjórnarfarsréttur II, 194.

[38] Ólafur Jóhannesson: Stjórnarfarsréttur II, 195, og Jón P. Emils: Verður fébótaábyrgð hins opinbera skipað með samræmdri löggjöf á Norðurlöndum?, Úlfljótur, 4. tbl. 1962, 167–168.

Það var ekki talið lögreglumönnunum til áfellis enda þótt þeir skærust í leikinn og handtækju L. Hins vegar þótti það sýnt að lögreglumennirnir hefðu tekið L of hörðum tökum og það jafnvel þótt óhrakin væri sú staðhæfing þeirra að hann hefði gert tilraun til mótspyrnu. Þá segir í dóminum: „Réttlátt þykir og eðlilegt, að þjóðfélagið beri ábyrgð á mistökum sem þessum að því leyti sem þau teljast opinberum starfsmönnum til ógætni, en verða ekki rakin til háttsemi þess aðilja, sem tjónið bíður. Virðist sú meðferð máls og leiða til aukins öryggis þjóðfélagsþegnum og miða til varnaðar.“ Ríkissjóður var því dæmdur til að greiða L bætur.

Réttarreglur um bótaábyrgð hins opinbera hafa verið í örri þróun á síðari hluta 20. aldar. Það þarf ekki að koma á óvart því í upphafi þeirrar aldar hafði ríkið fremur lítil afskipti af lífi borgaranna samanborið við það sem gerist í dag. Því má segja að þróun réttarreglna um bótaábyrgð hins opinbera sé einn af fylgifiskum þess byltingarkennda vaxtar sem varð í opinberri stjórnsýslu á 20. öld.

Bótaábyrgð hins opinbera *utan samninga* virðist í dag fylgja í meginatriðum sömu reglum og þróast hafa á sviði einkaréttarins. Þessi lýsing á réttarástandinu er þó að nokkru villandi þótt hún sé rétt svo langt sem hún nær. Því veldur það séreðli stjórnsýslunnar, sem birtist m.a. í einkarétti stjórnvalda til valdbeitingar. Þá hafa stjórnvöld oft einkarétt á því að veita vissa þjónustu eða opinber aðili er einn um tiltekinn rekstur, jafnvel þótt einkaréttar njóti ekki við. Þar sem margir þættir opinberrar stjórnsýslu eiga sér enga hliðstæðu í einkageiranum gætir óhjákvæmilega sérsjónarmiða sem eingöngu taka til stjórnsýslunnar. Þá ber þess einnig að geta að á hinu einkaréttarlega sviði er tjón á mönnum eða munum algengast á meðan fjárhagstjón, svo sem missir hagnaðar, tjón vegna rekstrarstöðvunar o.fl. hlýst oft af skaðaverkum í stjórnsýslu.

Nánari umfjöllun um bótaábyrgð hins opinbera í ólögfestum tilvikum vegna réttarbrota í stjórnsýslu kallar á að stjórnsýsla sé greind upp í marga flokka, svo sem stjórnvaldsákvarðanir, opinbert eftirlit, umönnun og gæslu o.s.frv. og greind þau sérsjónarmið sem um hvern flokk gilda. Þá hefur þar áhrif hvort um athafna- eða athafnaleysisbrot er að ræða, eðli þeirra réttinda sem réttarbrot hins opinbera starfsmanns hefur bitnað á o.fl. Í svo stuttu yfirliti er því ekki kostur á að fjalla nánar um bótaábyrgð hins opinbera.

4.8. Ráðherraábyrgð.

Samkvæmt þingræðisreglunni er það í raun komið undir meiri hluta Alþingis hverjir gegna ráðherraembættum. Af þingræðisreglunni leiðir að ráðherrar hljóta að leitast við að haga störfum sínum með þeim hætti, að meiri hluti alþingismanna styðji þá eða a.m.k. líði þá í embætti, enda getur meiri hluti þingmanna hvenær sem er lýst vantrausti á ráðherra. Sú ábyrgð sem ráðherrar bera á þessum grundvelli gagnvart Alþingi má nefna *þinglega eða pólitíska ábyrgð*. Ráðherrar bera einnig *lagalega ábyrgð* gagnvart Alþingi á störfum sínum og er hún almennt nefnd ráðherraábyrgð, en í henni felst refsi- og bótaábyrgð ráðherra vegna embættisverka. Umfjöllunin hér á eftir verður einskorðuð við ráðherraábyrgðina.

Samkvæmt 14. gr. stjórnarskrárinnar bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum og skal ráðherraábyrgð ákveðin með lögum. Samkvæmt stjórnarskránni er það því á valdi Alþingis að ákveða skilyrði ráðherraábyrgðar. Skv. 14. gr. stjórnarskrárinnar er það einnig á valdi Alþingis að kæra ráðherra fyrir embættisrekstur hans og getur forseti Íslands ekki leyst ráðherra undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis, sbr. 29. gr. stjórnarskrárinnar.

Í lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, er m.a. mælt fyrir um skilyrði ráðherraábyrgðar. Lögin setja tvenns konar skilyrði fyrir ábyrgð ráðherra, annars vegar hlutlæg og hins vegar huglæg.

Hin hlutlægu skilyrði fela í sér, að ráðherraábyrgðarlögin taka einvörðungu til embættisbrota ráðherra. Brotunum er skipað í þrjá flokka, þ.e. stjórnarskrárbrot, brot á öðrum landslögum og brot á góðri ráðsmennsku. Innan hvers þessara flokka er svo skilið á milli framkvæmdarbrota og vanrækslubrota. Samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir að til refsiábyrgðar geti komið með fernum hætti. Það er vegna 1) embættisathafna forseta Íslands, 2) vegna embættisathafna sem ráðherra gerir í eigin nafni, 3) vegna hlutdeildar í embættisbrotum annarra ráðherra og 4) vegna athafna eða vanrækslu undirmanna ráðherra sem framkvæma fyrirskipanir hans eða mega eins og á stendur teljast eðlilegar eða nauðsynlegar til að framkvæma þær.

Í 2. gr. laga nr. 4/1963 er mælt fyrir um hin huglægu skilyrði (saknæmisskilyrði) svo að refsiábyrgð varði. Samkvæmt þeim má krefja ráðherra ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækslu starfa er hann hefur orðið sekur um ef mál er svo vaxið að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi brotið í bága við fyrrnefndar réttarreglur. Á vegum ráðuneyta starfar mikill fjöldi starfsmanna sem tekur ýmsar ákvarðanir í nafni ráðherra. Sumar þeirra kunna að vera andstæðar ákvæðum laga nr. 4/1963. Ef slíkar ákvarðanir eru teknar allsendis án vitundar ráðherra, og án þess að hann hafi fyrirskipað að þær skyldu teknar, er ljóst að hann verður ekki ábyrgur vegna þeirra þar sem fyrrnefnd saknæmisskilyrði skortir. Ráðherra verður þó einnig sóttur til ábyrgðar fyrir þvílíkar ákvarðanir ef honum hefur verið um þær kunnugt og hann hefur látið þær viðgangast án þess að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þær.

Brot gegn lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, varðar embættismissi, sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 11. gr. laganna.

Hafi ráðherra bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem refsiverð er eftir lögunum, skal og þegar þess er krafist, samhliða refsingu dæma hann til að greiða skaðabætur, sbr. 13. gr. laganna.

Sem dæmi um eigið framkvæmdarbrot ráðherra gegn stjórnarskránni varðar það ráðherra ábyrgð skv. a-lið 8. gr. laga nr. 4/1963 ef hann gefur út fyrirmæli um málefni sem eftir stjórnarskránni verður aðeins skipað með lögum. Þannig teldist það brot á þessu ákvæði ef ráðherra legði á nýjan skatt með reglugerð, en skv. 40., 77. gr. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar skal skattamálum skipað með lögum.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 3/1963, um landsdóm, skal ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra gerð með þingsályktun og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda er sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs Alþingi mann í starf saksóknara til að sækja málið af sinni hendi og annan til vara. Loks kýs Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara til aðstoðar.

Samkvæmt 14. gr. stjórnarskrár dæmir landsdómur þau mál, sem Alþingi lætur höfða á hendur ráðherra með þessum hætti. Í stjórnarskránni er ekki mælt fyrir um skipan landsdóms. Í lögum nr. 3/1963 er mælt svo fyrir að í landsdómi eigi sæti 15 dómarar og eru þeir fimm dómarar við Hæstarétt sem hafa átt þar lengst sæti, dómstjórinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, svo og átta menn kosnir af Alþingi með hlutfallskosningu til sex ára í senn. Um málsmeðferð fyrir landsdómi er mælt fyrir í lögum nr. 3/1963.

4.9. Dæmi um leiðir sem færar eru til úrbóta.

4.9.1. Refsiábyrgð starfsmanna stjórnsýslunnar.

Ekki hafa verið gerðar breytingar á meginefni refsiákvæða XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 frá gildistöku laganna fyrir tæplega 60 árum að undanskildum breytingum með 51.–61. gr. laga nr. 82/1998 þar sem varðhald var afnumið sem refsitegund í merkingu 1. mgr. 31. gr. hgl.

Eftir athugun á efni, orðlagi og hugtakanotkun ákvæða XIV. kafla laganna er það mat nefndarinnar að þörf sé á endurskoðun kaflans með tilliti til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á stjórnsýslunni og starfsumhverfi hennar á þessum tíma.

Að mati nefndarinnar þarf að taka afstöðu til þess hvort lagatæknileg og refsipólitísk rök standi til þess að afmarka nánar hugtakið *opinber starfsmaður*, einkum í ákvæðum 134.–135. gr. og 138.–141. gr. almennra hegningarlaga, þannig að skilgreining þess hóps opinberra starfsmanna sem þessi ákvæði tækju til verði skýrari.

Með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem orðið hafa í íslenskri stjórnsýslu og starfsskilyrðum hennar er það mat nefndarinnar að taka þyrfti til athugunar einstök ákvæði með hliðsjón af þeim *verndarhagsmunum* sem að baki þeim búa og greina hvort þörf sé á endurbótum með þarfir nútímasamfélags í huga. Í dæmaskyni má benda á tvö svið sem þörf er á að taka til sérstakrar athugunar:

1. Síðustu ár hefur orðið hröð þróun í upplýsinga- og margmiðlunartækni og þykja Íslendingar standa nokkuð framarlega á þeim vettvangi. Í þessu tilliti má benda á að sett hafa verið upplýsingalög, nr. 50/1996, sem tryggja almenningi aðgang að upplýsingum í vörslu stjórnvalda. Upplýsingalögin mæla svo fyrir að ákveðnar viðkæmar upplýsingar um einkamálefni, svo sem upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál svo og um heilsuhagi o.fl., skuli áfram vera undanþegnar aðgangi almennings. Um leið og aðgangur almennings er gerður greiður að upplýsingum í stjórnsýslunni þarf að grípa til *virkra* ráðstafana til að koma í veg fyrir að upplýsingar, sem leynd á að ríkja um, séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Í 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er kveðið svo á að hverjum starfsmanni sé skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þá er tekið fram að þagnarskylda haldist þótt látið sé af starfi. Í yfir 80 lögum og enn fleiri reglugerðum má síðan finna ákvæði um þagnarskyldu ákveðinna starfsmanna eða starfsstétta sem í flestum tilvikum staðfesta einungis efnislega það sem felst í fyrrnefndri 18. gr. laga nr. 70/1996.

Gallinn við 18. gr. laga nr. 70/1996 er sá að í ákvæðinu felst vísiregla sem flókið er að beita þar sem reglan getur ekki um þær upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um. Reglan getur heldur ekki um þá hagsmuni sem vernda á með trúnaði. Af þeim sökum getur oft leikið mikill vafi á því til hvaða upplýsinga ákvæðið tekur.

Fyrir nokkrum árum glímdu bæði Norðmenn og Danir við sambærilegan vanda. Úr honum var leyst bæði í Noregi og Danmörku með því að setja sérstakan kafla í stjórnsýslulög ríkjanna um þagnarskyldu. Þar voru ákvæðin nánar útfærð þannig að skýrara varð til hvaða upplýsinga þagnarskylda tók. Um leið voru felld úr lögum og reglugerðum fjöldamörg ófullkomin ákvæði um þagnarskyldu. Með þessu fékkst í senn samræming og einföldun á gildandi reglum auk þess sem nýju reglurnar voru gerðar mun skýrari.

Í Danmörku voru um leið gerðar breytingar á ákvæði því er varðar refsiverð brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Ákvæðin voru gerð skýrari og auk þess látin taka til þriðja manns, sem ekki telst hlutdeildarmaður í þagnarskyldubroti opinbers starfsmanns, en notfærir sér upplýsingar fengnar með slíku broti eða miðlar þeim með óréttmætum hætti til annarra.

2. Eins og vikið var að í köflum 3.7.2 og 3.7.3 hafa bæði umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun á hendi eftirlit með stjórnvöldum í umboði Alþingis. Valdheimildir þessara embætta eru því marki brenndar að þau taka almennt ekki ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í merkingu 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og með því að þeim er skipað undir stjórn Alþingis virðist ljóst að þau teljast ekki til stjórnvalda á vegum framkvæmdarvaldsins.

Forsenda þess að umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun geti rækt skyldur sínar lögum samkvæmt er að þeim sé frjáls aðgangur að gögnum í vörslum stjórnsýslunnar og séu látnar í té nauðsynlegar skýringar stjórnvalda. Hér á eftir verður vikið nokkrum orðum að lagaskyldu stjórnvalda að láta þessum embættum í té gögn og skýringar um einstök mál er koma til úrlausnar hjá þeim og réttaráhrifum þess, að því er refsilöggjöfina varðar, ef út af er brugðið.

Í 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og 7. gr. laga nr. 86/1987, um Ríkisendurskoðun, er þessum embættum ljáðar mjög víðtækar heimildir til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum. Skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 85/1997 er umboðsmanni skylt að veita stjórnvaldi færi á að skýra mál sitt áður en hann lýkur máli með álitsgerð. Í 7. gr. laganna er áréttað að umboðsmaður Alþingis geti krafið stjórnvöld um þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem hann þarfnast. Hvorki í lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, né í lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, er að því vikið hverju það varði þá starfsmenn, sem upplýsingaskyldan hvílir á, vanræki þeir, af ásetningi eða gáleysi, að sinna henni með réttum hætti.

Hér má fyrst nefna ákvæði 130. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þar er m.a. lýst sem refsiverðu athæfi ef handhafi opinbers úrskurðarvalds um lögskipti gerist sekur um ranglæti við meðferð máls í því skyni að niðurstaðan verði ranglát. Hafa verður í huga að ákvæði þetta gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því að um handhafa opinbers úrskurðarvalds sé að ræða og í öðru lagi að ásetningur hafi staðið til þess að niðurstaða máls yrði beinlínis röng. Af þessu ákvæði verður annars vegar sú ályktun dregin að því sé ætlað að taka til þeirra mála sem hlutaðeigandi úrskurðaraðili fer sjálfur með lögum samkvæmt. Hins vegar verður að ætla að ákvæðið taki einvörðungu til stjórnsýslumála í merkingu stjórnsýslulaga sem lokið verður með stjórnvaldsákvörðun, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga. Er því verulega vafasamt að með ákvæði þessu sé lögð refsing við þeirri háttsemi þegar starfsmaður stjórnsýslunnar lætur af hendi ófullnægjandi eða beinlínis rangar upplýsingar til umboðsmanns Alþingis eða Ríkisendurskoðunar.

Ekki verður séð að önnur ákvæði XIV. kafla almennra hegningarlaga, um brot í opinberu starfi, hafi að geyma verknaðarlýsingu er hugsanlega gæti tekið til framangreinds tilviks. Á hinn bóginn má minna á ákvæði 146. gr. almennra hegningarlaga sem er að finna í XV. kafla þeirra um „rangan framburð og rangar sakargiftir“. Taka verður fram að ákvæði þetta er ekki takmarkað við opinbera starfsmenn. Í ákvæðinu kemur fram að ef maður að öðru leyti gefur opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu um málefni, sem honum er skylt að gefa upplýsingar um, þá skuli hann sæta sektum. Ekki verður hér fullyrt um hvort þetta ákvæði taki til starfsmanna stjórnsýslunnar sem láta af hendi ófullnægjandi eða rangar upplýsingar til umboðsmanns Alþingis eða Ríkisendurskoðunar, en afar líklegt er þó að tilgangur ákvæðisins hafi einkum verið sá að koma í veg fyrir að einstaklingar og lögaðilar verði fyrir tjóni af völdum rangrar úrlausnar stjórnvalds í hefðbundinni merkingu þess hugtaks.

Verði ráðist í endurskoðun á ákvæðum XIV. kafla almennra hegningarlaga, um brot í opinberu starfi, mælir nefndin með því að skýrt verði tekið af skarið um hverjum viðurlögum það varði starfsmann að veita umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun ranga yfirlýsingu

um málefni sem honum er skylt að gefa upplýsingar um samkvæmt lögum nr. 85/1997 og lögum nr. 86/1997.

4.9.2. Bótaábyrgð hins opinbera.

Eins og vikið var að í kafla 4.7.3 hér að framan hófst norræn samvinna á sviði lagasetningar um fébótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga vegna skaðaverka starfsmanna þeirra á fimmta áratug tuttugustu aldar, en þá höfðu Finnar þá þegar sett sér slík lög, þ.e. „lag om statens ansvarlighet för skada, förorsakad av tjänsteman" nr. 142 frá 18. maí 1927. Í Noregi voru ákvæði um bótaábyrgð hins opinbera tekin upp í 2. kafla hinna almennu laga um skaðabætur, „lov om skadeserstatning" nr. 26 frá 13. júní 1969. Í Svíþjóð voru tekin upp ákvæði um þetta efni í 3. kafla almennra laga um skaðabætur „Skadeståndslag" nr. 207 frá 2. júní 1972. Árið 1959 var tekin saman álitsgerð um þörf fyrir setningu slíkra laga í Danmörku.[39] Árið 1964 var tekin saman önnur álitsgerð um málið þar sem lagt var til að sett yrðu almenn lög er tækju bæði til bótaábyrgðar hins opinbera og einkaaðila.[40] Tillögur beggja þessara álitsgerða byggðust á því að lögfestar yrðu í öllu verulegu þær reglur sem mótast höfðu í réttarframkvæmd. Ekkert varð af því að slík lög yrðu sett í Danmörku.

Eins og getið var um í kafla 4.7.3 hér að framan samþykkti Alþingi þingsályktun hinn 22. mars 1960 þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta undirbúa heildarlöggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Ekkert varð þó úr því að slíkt frumvarp væri lagt fram á þingi.

Þar sem tæp fjörutíu ár eru liðin frá því að síðast var tekið til umfjöllunar hvort setja beri lög um bótaábyrgð hins opinbera hér á landi telur nefndin æskilegt að tekið verði á ný til athugunar hvort ástæða sé til slíkrar lagasetningar með hliðsjón af ríkjandi aðstæðum.

4.9.3. Ráðherraábyrgð.

Eins og áður segir er kveðið svo á í 14. gr. stjórnarskrárinnar að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, og að ráðherraábyrgð sé ákveðin með lögum. Hafa slík ákvæði verið í stjórnskipunarlögum hér frá því árið 1903. Fyrstu lögin sem sett voru um ráðherraábyrgð voru nr. 2/1904, um ábyrgð ráðherra Íslands, og giltu þau óbreytt allt þar til núgildandi lög nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, tóku gildi. Við gerð þeirra var auk ráðherraábyrgðarlaganna frá 1904 einkum höfð til hliðsjónar þágildandi dönsk lög um ráðherraábyrgð frá 1939 og norsk lög frá 1932.[41] Umrædd lög hafa sætt endurskoðun bæði í Danmörku og Noregi.

Eins og vikið var að í kafla 4.5.2 hér að framan hafa kröfur til forms og efnis refsiákvæða aukist talsvert á undanförnum árum einkum vegna þróunar í mannréttindamálum. Þannig er það almennt gert að skilyrði fyrir beitingu refsiákvæða að þau séu skýr og aðgengileg. Af skýrleikakröfunni leiðir að lýsing hins refsiverða verknaðar verður að vera nægilega nákvæm. Eins og vikið var að í kafla 4.8 hér að framan er brotum samkvæmt lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, skipað í þrjá flokka, þ.e. stjórnarskrárbrot, brot á öðrum landslögum og brot á góðri ráðsmennsku. Síðastgreindi flokkurinn er mjög víðtækur og matskenndur. Í þennan flokk falla afbrot sem þó teljast ekki brot á stjórnarskrá eða öðrum landslögum. Í hann koma afbrot þar sem ráðherra hefur brotið á móti þeim reglum sem krefjast má að hver

---

[39] Betænkning nr. 214:1959 om statens og kommunernes erstatningsansvar. Sjá einnig Jørgensen, S: Offentligretligt erstatningsansvar og FAL § 25. Juristen 1959, 189–196.

[40] Betænkning nr. 352/1964 om arbejdsgiveres erstatningsansvar for ansattes skadegørende handlinger.

[41] Alþt. 1962, A-deild, bls. 167.

góður og samviskusamur embættismaður fylgi í embættisfærslu sinni, enda þótt framkvæmd sé hvorki lögboðin eða framkvæmdaleysi bannað.[42] Í 10. gr. laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, er kveðið svo á (a) að ráðherra verði sekur samkvæmt lögunum ef hann misbeiti stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín eða (b) ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því að framkvæmt sé nokkuð er stofnar heill ríkisins fyrirsjáanlega í hættu þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það er afstýrt gat slíkri hættu eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.

Þegar lög nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, voru sett var viðurkennt í athugasemdum með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 4/1963, að ákvæði 10. gr. væru „óneitanlega nokkuð matskennd".[43] Í ljósi þess að ákvæðið leggur refsingu við athöfnum sem ekki eru ólögmætar samkvæmt öðrum landslögum leikur vafi á hvort hin almenna verknaðarlýsing 10. gr. laganna teljist nægilega skýr samkvæmt þeim kröfum sem í dag eru gerðar til refsiákvæða. Þá skal jafnframt bent á að með lögfestingu málsmeðferðarreglna sem fylgja ber við meðferð stjórnsýslumála, jafnræðisreglna og meðalhófsreglna hafa brot á þessum reglum flust undan a-lið 10. gr. yfir í 9. gr. laganna sem fjallar um brot ráðherra gegn fyrirmælum laga, en ekki er vafa undirorpið að a-lið 10. gr. hefur ekki síst verið ætlað að ná til brota sem nú falla undir þessar reglur.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem átt hafa sér stað á stjórnarskrá og annarri löggjöf landsins frá árinu 1963 mælir nefndin með því að tekin verði afstaða til þess hvort ástæða sé til að ráðast í endurskoðun á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð.

5. ÁGRIP OG HELSTU TILLÖGUR

5.1. Inngangur.

Hinn 2. júní 1998 samþykkti Alþingi ályktun um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirliti með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Þingsályktunin er birt í kafla 1.1.

Af framangreindu tilefni er skýrsla þessi tekin saman af nefnd sem forsætisráðherra skipaði hinn 19. ágúst 1998. Í ályktun Alþingis fólst í raun beiðni um almenna úttekt á ákveðnum atriðum í stjórnarfari landsins og ábendingar um úrbætur eftir því sem tilefni þótti til. Í samræmi við þetta umboð nefndarinnar er umfjöllunin í skýrslunni almenns eðlis og takmarkast við grundvallaratriði þeirra þátta sem nefndinni var falið að kanna þar sem umfjöllunarefnið var bæði flókið og mikið að vöxtum.

5.2. Almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins.

Í öðrum kafla var því lýst hvernig starfsskilyrði stjórnvalda eru mótuð af löggjafanum og þeirri grundvallarreglu stjórnskipunarréttar að stjórnsýslan sé bundin af lögum. Verkahringur stjórnvalda er í megindráttum mótaður af gildandi löggjöf á hverjum tíma. Löggjöfin er hins vegar misjafnlega nákvæm um það hvernig stjórnvöldum beri að standa að útfærslu þeirra heimilda sem þeim er að lögum falið að beita. Viðtekið er að slíkar lagareglur megi eftir eðli sínu skipta í tvo flokka, fastmótaðar og matskenndar heimildir. Ágreiningur hefur

---

[42] Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, 2. útg. 1978, 166, og Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, 174.

[43] Alþt. 1962, A-deild, bls. 168.

einkum risið um meðferð hinna síðarnefndu þegar lög og stjórnvaldsfyrirmæli, sett samkvæmt þeim, tiltaka ekki að öllu leyti þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að ákvörðun verði tekin eða fela stjórnvöldum að einhverju leyti mat á því hvert efni ákvörðunar skuli vera. Í þessum kafla skýrslunnar er leitast við að varpa ljósi á af hvaða reglum stjórnvöld eru bundin við meðferð slíks mats, þar á meðal hvaða sjónarmið megi leggja því til grundvallar. Þá er í samræmi við ályktun Alþingis leitast við að setja skráðar og óskráðar efnisreglur í siðferðilegt samhengi og kannað hvort efnisreglur stjórnsýsluréttarins séu almennt í samræmi við siðferðishugmyndir manna.

Í kafla 2.14 voru síðan raktar nokkrar tillögur til að auka réttaröryggi borgaranna.

1. Í kafla 2.14.2 var áhersla lögð á hve mikilvægt það er að almenn lög hafi að geyma einfaldar og skýrar reglur um réttindi og skyldur borgaranna og að þær séu ekki stöðugum breytingum undirorpnar. Miklu skiptir að lagaheimildir, sem veita stjórnvöldum heimild til að íþyngja borgurunum, séu skýrar og ótvíræðar að efni til og gangi ekki lengra en nauðsyn ber til. Sérstaklega ber að gæta þess,að ný lög hafi ekki afturvirk áhrif fyrir þá sem réttinda njóta er ný lög taka gildi. Reynslan sýnir að mörg deilumál hafa risið um takmarkanir á atvinnuréttindum manna. Af þeim sökum er mikilvægt að skýrt komi fram í lögum hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að fá leyfi sem er forsenda atvinnuréttinda. Hið sama gildir um þau skilyrði sem binda má leyfi og þær ástæður sem heimila afturköllun leyfis, auk annarra meginreglna um þau takmörk sem lögð eru á atvinnufrelsi manna á viðkomandi sviði.

2. Í kafla 2.14.2 var jafnframt á það bent að ekki er mögulegt að sjá fyrir öll þau margbreytilegu tilvik sem að höndum kunna að bera á hlutaðeigandi sviði og bregðast við þeim með setningu fastmótaðra reglna. Engu að síður eru aðstæður þó oft með þeim hætti að hægt er að notast við fastmótaðar reglur við lausn meiri hluta mála á hlutaðeigandi sviði. Oft er unnt að lögfesta með fastmótuðum reglum þá meginreglu sem á við meiri hluta mála, en eftirláta stjórnvöldum matskennda undanþáguheimild til að bregðast við afbrigðilegum málum. Athygli var vakin á því að þótt slík lagatæknileg útfærsla stuðli að auknu réttaröryggi og fyrirsjáanleika í lagaframkvæmd væri hún ekki alltaf notuð í lögum þar sem þess er kostur. Þess í stað væri stjórnvöldum oft í lögum veitt ein almenn og opin heimild til þess að taka matskenndar stjórnvaldsákvarðanir á hlutaðeigandi sviði.

3. Í kafla 2.14.2 var enn fremur á það bent að sum svið réttarins séu þannig vaxin að áhersla er lögð á að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir borgaranna við úrlausn hvers máls. Í slíkum tilvikum er sjaldnast hægt að nota fastmótaðar reglur. Þegar þannig stendur á verður ekki hjá því komist að hafa matskennd lagaákvæði og veita stjórnvöldum heimild til að taka matskenndar stjórnvaldsákvarðanir. Í kaflanum var vakin athygli á því að lagatæknileg útfærsla lagaheimilda sem veita stjórnvöldum heimild til töku matskenndra stjórnvaldsákvarðana getur verið með mjög ólíkum hætti. Lögð var áhersla á að almennt sé það til mikilla bóta og einfaldi töku matskenndrar ákvörðunar þegar í lögum er mælt fyrir um þau *lagasjónarmið* sem matskennd ákvörðun skal byggð á. Slíkir löggjafarhættir einfalda ekki aðeins töku matskenndra ákvarðana heldur auka þeir einnig fyrirsjáanleika um lagaframkvæmd auk þess sem við því er að búast að allt eftirlit með störfum stjórnvalda verði beinskeyttara.

4. Í kafla 2.14.3 var á það bent að í hvert sinn er Alþingi felur sveitarfélögum ný verkefni sé brýnt að skýr afstaða sé tekin til þess í lögum hvort sveitarstjórn sé falin sjálfsstjórn á umræddu sviði þannig að ólíkar reglur geta gilt á milli sveitarfélaga eða hvort sveitarstjórn er einvörðungu falin framkvæmd laga sem ætlunin er að verði samræmd hjá öllum sveitarfélögum. Lög eru ekki alltaf nægilega skýr um þessi grundvallaratriði.

5. Þegar sveitarfélögum er fengin sjálfsstjórn og þeim ætlað að setja nánari reglur um rétt eða skyldu íbúa sveitarfélags er brýnt að slík reglusetning dragist ekki úr hömlu svo sem dæmi eru um. Í kafla 2.14.3 var bent á að bregðast mætti við vanda af þessum toga með því að koma því svo fyrir í lögum að ráðherra á hlutaðeigandi sviði gefi út reglur sem gilda skulu þar til sveitarfélög hafi sjálf sett sér reglur á viðkomandi sviði.

6. Í kafla 2.14.3 var minnt á þá forsendu fyrir því að um réttaröryggi sé að ræða í skiptum borgaranna og stjórnvalda að borgararnir eigi kost á því að kynna sér gildandi réttarreglur og sjá fyrir hvaða afleiðingar ákveðnar athafnir þeirra muni hafa að lögum. Af þessum sökum verða lög og reglur að vera *birtar og almenningi aðgengilegar.*

Mikilvægt er að bætt verði úr þeim brotalömum sem eru hjá sveitarfélögum á birtingu samþykkta og reglna sem sveitarstjórnir setja og ekki er lögmælt að ráðherra staðfesti en hafa að geyma ákvæði er snerta rétt eða skyldu íbúa sveitarfélagsins.

Í þessu sambandi var bent á að tímabært sé að taka til athugunar hvort ástæða sé til að breyta lögum nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Þannig mætti hugsa sér að fullgild birting reglna sem stafa frá sveitarstjórnum færi fram á sérstökum miðlægum gagnagrunni sem aðgengilegur væri öllum að kostnaðarlausu. Með slíkum miðlægum gagnagrunni myndi skapast góð yfirsýn yfir allar gildandi reglur fyrir hvert og eitt sveitarfélag og hægt væri að nálgast reglurnar á tiltölulega einfaldan hátt.

7. Í kafla 2.14.4 var áréttað að þótt málsmeðferðarreglur séu til þess fallnar að auka mjög réttaröryggi borgaranna við meðferð og úrslausn mála hjá stjórnvöldum geti slíkar reglur ekki ráðið bót á þeim vanda sem upp rís þegar þær efnisreglur sem leggja skal úrlausn máls til grundvallar eru óljósar. Af þessum sökum verður ávallt að vanda til framsetningar efnisreglna stjórnsýsluréttarins eins og rakið hefur verið hér að framan.

8. Í kafla 2.14.5 var á það bent að meiri hluti þeirra lagafrumvarpa sem samþykkt eru á hverju þingi stafi frá stjórnarráðinu. Annars staðar á Norðurlöndum er það liður í starfi þeirra ráðuneyta, sem fara með stjórnarfar almennt, oftast dómsmálaráðuneyta, að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk með höndum að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort einhverjir lagatæknilegir hnökrar séu á þeim, auk þess sem kannað er hvort frumvarp sé samrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrár. Bent var á að hér á landi sé ekki starfandi lagaskrifstofa hjá Stjórnarráði Íslands sem hafi það hlutverk að gera lögfræðilega athugun á öllum stjórnarfrumvörpum áður en þau eru lögð fyrir Alþingi. Þá er heldur ekki starfandi lagaráð hjá Alþingi sem hefur þetta hlutverk með höndum. Þar sem ekki er farið bæði ítarlega og skipulega yfir öll lagafrumvörp og kannað hvort lagatæknilegir ágallar séu á þeim, áður en þau eru lögð fyrir Alþingi og samþykkt sem lög, þarf ekki að koma á óvart að miklu fleiri hnökrar eru á íslenskri löggjöf en á löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Í skýrslunni er á það bent að vart sé við því að búast að hnökrum á íslenskri löggjöf fækki nema fundin verði leið til þess að vanda betur gerð lagafrumvarpa. Mikilvægt er að tekið verði til athugunar hvort ekki sé ástæða til að koma á fót lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands í þessu skyni.

9. Í kafla 2.14.6 var vakin á því athygli að almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins séu nokkuð flóknar og ákveðinnar lágmarksþekkingar í lögfræði sé þörf svo að unnt sé að beita þeim rétt. Í kaflanum var bent á þá breytingu sem orðið hefur að því er snertir menntun opinberra starfsmanna. Út frá því var gengið á fyrri hluta tuttugustu aldar að verulegur hluti starfsmanna stjórnsýslunnar væri lögfræðingar. Í dag er þessu ekki svo farið. Óhjákvæmilega hljóta því að rísa vandamál þegar opinberir starfsmenn með aðra menntun en lögfræði beita almennum efnisreglum stjórnsýsluréttarins við töku ákvarðana hafi þeir ekki hlotið grunnmenntun á þessu sviði.

Í þessu sambandi var bent á að við Háskóla Íslands hafi ekki verið í boði sérstakt námskeið á sviði stjórnsýsluréttar fyrir nemendur annarra deilda en lagadeildar sem hug hafa á að starfa við opinbera stjórnsýslu. Brýnt er að úr þessu verði bætt. Þá var vakin athygli á því að enda þótt haldin hafi verið námskeið fyrir opinbera starfsmenn um stjórnsýslulög og upplýsingalög hafi endurmenntun almennt ekki verið skipuleg á sviði stjórnsýsluréttar. Þannig virðist t.d. ekki vera í gildi markviss endurmenntunarstefna sem felur það í sér að þegar nýir starfsmenn koma til starfa, sem fá það hlutverk að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna, séu þeir sendir á grunnnámskeið til að læra þær almennu reglur stjórnsýsluréttarins sem gilda um *meðferð opinbers valds* við töku stjórnvaldsákvarðana.

Í kaflanum var vakin athygli á því að ekki sé starfræktur stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkis eða sveitarfélaga eins og tíðkast í flestum nágrannalöndum okkar. Á hinn bóginn verji ríki og sveitarfélög háum fjárhæðum í endurmenntun starfsmanna sinna með ýmsu móti. Þótt nákvæm samantekt á því liggi ekki fyrir má ætla að 300–500 milljónir króna hafi árlega verið veittar til slíkra verkefna á síðastliðnum árum. Í skýrslunni er varpað fram þeirri spurningu hvort því sé stjórnað nógu markvisst að þessir fjármunir séu nýttir á sem árangursríkastan hátt til þess að mæta þörfum stjórnsýslunnar.

Áréttað er að hvað sem líði öllum umbótum við gerð lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla sé ljóst að þörf er á að móta markvissari endurmenntunarstefnu bæði hjá ríki og sveitarfélögum varðandi endurmenntun þeirra starfsmanna og nefndarmanna sem fara með opinbert vald til þess að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna.

10. Í kafla 2.14.7 var minnt á þá staðreynd að ekki hafa verið settar almennar siðareglur fyrir opinbera starfsmenn hér á landi. Á hinn bóginn eru mörg lög, sem taka til athafna opinberra starfsmanna byggð á siðferðisreglum eins og nánar var að vikið í kafla 2.13 hér að framan.

Í skýrslunni er minnt á að á sumum sviðum stjórnsýslunnar kunni það að vera álitlegur kostur að setja opinberum starfsmönnum siðareglur. Svo að siðareglur komi á hinn bóginn að sem mestu gagni þurfa þær jafnan að vera sniðnar sérstaklega að aðstæðum starfsmanna á hverju sviði stjórnsýslunnar. Oft ræðst það af skýrleika gildandi *réttarreglna* á ákveðnu sviði hvort þörf er fyrir sérstakar siðareglur. Sem dæmi um svið þar sem til álita kemur að taka saman sérstakar siðareglur er nefnt það álitamál hvaða gjafir, sem falla utan við gildissvið 128. gr. almennra hegningarlaga um mútur, opinberir eftirlitsmenn megi þiggja frá þeim sem eftirlitið lýtur að. Áréttað var að enda þótt vandaðar og ítarlegar siðareglur verði teknar saman geti þær þó ekki leyst allan vanda því sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni.

5.3. Stjórnsýslukerfið og eftirlit með starfsemi stjórnvalda.

Í þriðja kafla skýrslunnar var í megindráttum lýst stigskiptingu stjórnsýslunnar milli æðri og lægra settra stjórnvalda. Í því kerfi er fólgið eftirlit með starfsemi stjórnvalda. Jafnframt var minnst á eftirlit utanaðkomandi aðila með stjórnsýslunni, bæði dómstóla og stofnana sem Alþingi hefur sérstaklega komið á fót í því skyni.

Í kafla 3.9 voru raktar nokkrar tillögur um leiðir sem færar eru til úrbóta á þessu sviði.

1. Í kafla 3.9.1 var vikið að nokkrum sjónarmiðum um eftirlit. Minnt var á hve íslensk stjórnsýsla er í raun lítil og fámenn í samanburði við stjórnsýslu hins opinbera annars staðar á Norðurlöndum og að umfang eftirlits með stjórnvöldum verði að vera í ákveðnu samræmi við stærð stjórnsýslunnar. Þyki ástæða til að auka eftirlit með stjórnsýslunni sé því almennt vænlegra til árangurs að endurskipuleggja og styrkja það eftirlit sem fyrir er en að fjölga eftirlitsstofnunum sem hætta er á að verði veikburða.

2. Þá var vikið að nokkrum grundvallarsjónarmiðum um *lagatæknilega* útfærslu ákvæða um eftirlit í kafla 3.9.1. Þar sem ákveðið er að koma á fót eftirliti þarf að setja um það ákvæði *í lög*. Þar þarf að taka skýrt af skarið um *til hvaða þátta* eftirlitið á að taka, *hvernig haga eigi eftirlitinu*, þar á meðal um *upplýsingaöflun*, og loks *til hvaða úrræða stjórnvald geti gripið*, komi í ljós að eftirlitsskyld starfsemi er ekki í samræmi við lög. Ef lög eru ekki skýr um alla þessa þætti eru almennt miklar líkur á að eftirlitið komi ekki að tilætluðum notum. Þessi grundvallaratriði eiga við hvort sem andlag eftirlitsins er starfsemi hins opinbera eða einkaaðila.

3. Í kafla 3.9.2 er vikið að ólíkri stöðu bæði ráðherra og Alþingis gagnvart svonefndum lægra settum stjórnvöldum annars vegar og sjálfstæðum ríkisstofnunum og stjórnsýslunefndum hins vegar. Meginreglan er sú að ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta ákvæði er m.a. byggt á þeirri forsendu að ráðherra fari með yfirstjórn þeirra stjórnarmálefna sem undir ráðuneyti þeirra heyra. Þrátt fyrir framangreinda meginreglu hefur myndast sú stjórnskipunarvenja að löggjafinn geti með lögum komið á fót sjálfstæðum stofnunum og stjórnsýslunefndum sem undanþegnar eru almennum stjórnunar- og eftirlitsheimildum þess ráðherra sem málefni þessara stjórnvalda heyra stjórnarfarslega undir. Stjórnarskráin setur þó löggjafanum vafalítið ákveðin mörk hversu langt verður gengið við að takmarka vald ráðherra með þessum hætti. Þegar komið er á fót slíku sjálfstæðu stjórnvaldi sviptir löggjafinn ráðherra almennum stjórnunar- og eftirlitsheimildum yfir stjórnvaldinu og afléttir um leið þinglegri ábyrgð og ráðherraábyrgð af hlutaðeigandi ráðherra að því er snertir meðferð þessara valdheimilda. Þetta leiðir til þess að ráðherra getur ekki gefið slíku sjálfstæðu stjórnvaldi almenn eða sérstök tilmæli um úrlausn mála, nema hafa til þess lagaheimild. Ráðherra hefur heldur ekki eftirlit með störfum slíkra stjórnvalda, nema svo sé fyrir mælt í lögum. Alþingi getur því ekki dregið ráðherra til ábyrgðar fyrir störf eða starfshætti þeirra stjórnvalda sem undanþegin eru stjórnunar- og eftirlitsvaldi hans. Það sem meira er, nefndarmenn sjálfstæðra nefnda verða heldur ekki dregnir til ábyrgðar af Alþingi þar sem engin samsvarandi ábyrgð hvílir á nefndarmönnum og á ráðherra gagnvart Alþingi, hvorki samkvæmt þingræðisreglunni né samkvæmt lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð. Þá er einnig ljóst að því fleiri sjálfstæðum stjórnvöldum sem löggjafinn kemur á fót, þeim mun erfiðara verður fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að stjórna og samhæfa aðgerðir innan stjórnsýslukerfisins.

Á síðustu árum hefur sjálfstæðum stjórnsýslunefndum fjölgað mikið án þess að greint verði að heildarstefnumörkun búi því að baki. Sú hætta fylgir, ef stjórnsýslunefndir verða mjög margar, að erfitt verði að manna þær hæfum einstaklingum auk þess sem kostnaður við stjórnsýslu eykst og stjórnsýslukerfið verður flóknara. Miðað við smæð hins íslenska stjórnsýslukerfis gæti verið skynsamlegt að sameina nefndir á ákveðnum sviðum og bæta starfsskilyrði þeirra og gera þær öflugri þyki á annað borð ástæða til að færa vald frá ráðherra til nefndar.

Í skýrslunni er bent á að æskilegt sé að mótuð verði framtíðarstefna um þróun stjórnsýslukerfisins. Við slíka stefnumótun bæri m.a. að taka afstöðu til þess í hvaða tilvikum réttlætanlegt verður talið að gera undantekningu frá meginreglu íslenskrar stjórnskipunar og setja á fót sjálfstæða stofnun eða stjórnsýslunefnd.

4. Í kafla 3.9.3 var vikið að nauðsyn þess að staða stofnana innan stjórnsýslunnar sé skýr að lögum. Bent var á að öðru hverju komi upp vafi um hvort ráðherra hafi stjórnunar- og eftirlitsheimild gagnvart stjórnvaldi, hvort heimilt sé að kæra ákvarðanir stjórnvalds til ráðherra o.s.frv. Ástæður þessa eru oftast þær að lög hafa ekki mælt skýrt fyrir um stjórnsýslulega stöðu stjórnvalda, stundum vegna þess að hugtök í lögum eru ekki notuð með samræmd-

um hætti. Þannig rísa oft deilur um hvort telja beri stofnun sjálfstæða eða lægra sett stjórnvald eða hvort telja beri stjórnsýslunefnd sjálfstæða. Í ljósi þess að hér er um grundvallaratriði í skipan stjórnkerfisins að ræða eru þetta alvarlegir meinbugir á lögum. Í skýrslunni er minnt á, að umboðsmaður Alþingis hafi vakið athygli á þessum vanda í skýrslum sínum, sbr. t.d. SUA 1993:10 og SUA 1995:13.

5. Í kafla 3.9.4 var vakin athygli á þeirri óvissu sem um það ríkir hvort eftirlit ráðuneytis skv. 9. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, taki einvörðungu til lægra settra stjórnvalda eða til allra stjórnvalda, þ.m.t. þeirra sem sjálfstæð eru. Nauðsynlegt er að breyta þessu ákvæði og taka af allan vafa um efnissvið þess.

6. Í kafla 3.9.5 var á það bent að nokkur réttaróvissa ríki um það hversu víðtækar heimildir æðra sett stjórnvöld hafa til þess að taka mál *að eigin frumkvæði* til umfjöllunar og úrskurðar, sem lægra sett stjórnvald hefur afgreitt. Ef ætlunin er að hafa þetta úrræði virkt verður vart hjá því komist að setja í lög skýr ákvæði um þessa heimild.

7. Í 102. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 segir að félagsmálaráðuneytið skuli hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Vakin var athygli á því að þau úrræði, sem félagsmálaráðuneytið hafi til að grípa vegna ólögmætra athafna sveitarstjórna, henti aðallega þegar um athafnaleysisbrot sé að ræða. Þessi úrræði henta flest illa í þeim tilvikum þegar sveitarstjórn hefur tekið ólögmæta stjórnvaldsákvörðun. Í slíkum tilvikum kemur heimild til að ógilda ákvörðun best að notum. Vakin var athygli á því að félagsmálaráðuneytið virðist einvörðungu hafa heimild til að ógilda ákvörðun sveitarstjórnar að fram hafi komið kæra frá aðila máls, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Félagsmálaráðuneytið virðist á hinn bóginn ekki hafa heimild til þess að fella ólögmæta ákvörðun sveitarstjórnar úr gildi að eigin frumkvæði á grundvelli 102. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Í kafla 3.9.6 var lagt til að tekið verið til athugunar hvort ekki eigi að fela félagsmálaráðuneytinu heimild til að fella bersýnilega ólögmætar ákvarðanir sveitarstjórna úr gildi á grundvelli 102. gr. sveitarstjórnarlaga. Slík mál kæmu þá aftur til úrlausnar sveitarstjórnar. Sú aðstaða sem félagsmálaráðuneytinu er komið í með núgildandi ákvæðum 102. gr. laganna er ekki heppileg með tilliti til þeirra úrræða sem ráðuneytinu eru tiltæk. Sinni sveitarstjórn ekki tilmælum um að afturkalla ákvörðun sína hefur félagsmálaráðuneytið ekki önnur úrræði en að stöðva greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en ekki fá öll sveitarfélög greiðslur úr þeim sjóði, eða höfða mál og krefjast þess að dagsektir verði lagðar á þá sveitarstjórnarmenn, sem ábyrgð bera. Bæði þessi úrræði eru mjög íþyngjandi, viðurhlutamikil og seinvirk. Ógilding bersýnilega ólögmætra stjórnvaldsákvarðana er mun virkara og einfaldara úrræði og betur til þess fallið að vernda íbúa sveitarfélagsins fyrir ólögmætum ákvörðunum sveitarstjórnar.

8. Til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt og veita ríkisstjórn aðhald hefur Alþingi stjórnarskrárvarinn rétt til að afla upplýsinga frá ráðherra. Mælt er svo fyrir í 54. gr. stjórnarskrárinnar að alþingismönnum sé heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinber málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. Í framkvæmd hafa komið upp deilur um hvort og þá að hvaða marki ráðherra er heimilt að undanþiggja í svörum sínum upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um lögum samkvæmt. Í kafla 3.9.7 var vakin athygli á því að rétt sé að taka til athugunar hvort ástæða þyki til að setja nánari ákvæði í þingskapalög um slíkar fyrirspurnir til að fyrirbyggja deilur við framkvæmd fyrirspurnarréttar þingmanna.

9. Í kafla 3.9.8 var vakin athygli á því að í nokkrum lögum sé að finna ákvæði sem mæla fyrir um fullnaðarúrskurðarvald stjórnvalda um ákveðin málefni. Tilgangur margra þeirra

virðist vera að koma í veg fyrir að deilur um úrlausn slíkra málefna verði borin undir dómstóla. Bent er á að fræðimenn hafi dregið í efa að ákvæði af þessum toga fái staðist 2. og 60. gr. stjórnarskrárinnar. Lagaákvæði af þessum toga má rekja til 19. aldar hugmynda um valdmörk á milli dómstóla og stjórnvalda. Því má velta fyrir sér hvort ekki sé tímaskekkja að hafa slík ákvæði í lögum. Hvað sem líður vafa um stjórnskipulegt gildi slíkra ákvæða, er erfitt að finna þeirri skoðun viðhlítandi rök að borgararnir eigi ekki a.m.k. rétt á að geta fengið endurskoðað af dómstólum hvort matskennd ákvörðun stjórnvalds um rétt þeirra eða skyldu sé lögmæt *og byggð á málefnalegum sjónarmiðum*. Af þessum sökum er rétt að tekið verði til athugunar hvort ekki sé ástæða til að fella slík ákvæði úr lögum.

10. Í lögum má finna ákvæði þar sem það er gert að skilyrði fyrir málsókn að mál hafi áður sætt úrlausn æðra setts stjórnvalds á grundvelli stjórnsýslukæru. Í kafla 3.9.8 var sett fram sú skoðun að æskilegt sé að skilyrða ekki rétt manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstólum með þessum hætti, nema mjög veigamiklar ástæðar mæli með því. Í slíkum tilvikum mælir nefndin eindregið með því að sá varnagli verði þá ávallt sleginn í lögum að aðila máls sé heimilt að bera mál sitt undir dómstóla hafi hið æðra setta stjórnvald ekki leyst úr því innan þriggja mánaða frá því að kæra barst.

11. Fyrir kemur að í lögum sé lögbundinn frestur sem aðili máls hefur til málsóknar í tilefni af stjórnvaldsákvörðun. Í kafla 3.9.8 var minnt á að í 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, sé mælt svo fyrir að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Að mati nefndarinnar er æskilegt að skilyrða ekki rétt manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstólum með þessum hætti, nema mjög veigamiklar ástæðar mæli með því. Í slíkum tilvikum mælir nefndin eindregið með því að þess verði gætt að málsóknarfrestir séu ekki stuttir. Mjög stuttir málsóknarfrestir geta vafalítið farið í bága við 70. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er æskilegt að haldið verði fast við þá reglu að slíkum málsóknarfrestum verði ekki beitt fortakslaust gagnvart aðilum nema þeim hafi verið leiðbeint um þá af stjórnvöldum í samræmi við 3. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga.

12. Spurningin um það hvort rétt sé að koma á fót stjórngæsludómstólum hér á landi lýtur m.a. að dómstólaskipan landsins og hvort rétt sé að koma á fót sérdómstólum á þessu sviði. Það fellur utan við erindisbréf nefndarinnar að taka afstöðu til þessa álitaefnis. Á hinn bóginn vekur nefndin athygli á því að með lagabreytingum virðist að mestu hægt að taka upp það réttarfarshagræði hjá hinum almennu dómstólum hér á landi sem einkennir málsmeðferð hjá stjórngæsludómstólum. Að öðru leyti er æskilegt að tekið verði til sérstakrar athugunar hvort þörf er á að setja önnur sérákvæði í lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, til þess að auðvelda einstaklingum og félögum þeirra að sækja mál á hendur opinberum aðilum. Í kafla 3.9.8 var bent á að það séu ýmis ákvæði sem komi til greina að taka upp í lög um meðferð einkamála. Í þessu sambandi var t.d. bent á að lögin hafi ekki að geyma ákvæði sem heimili dómara að verða við kröfu um að fresta réttaráhrifum stjórnvaldsákvörðunar, að hluta eða öllu leyti, þegar veigamiklar ástæður mæla með því á meðan málið er til meðferðar fyrir dómi. Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur beint þeim tilmælum til aðildarríkja sinna að taka slík ákvæði upp í lög sín.

5.4. Afleiðingar réttarbrota í stjórnsýslunni.

Í fjórða kafla skýrslunnar var fjallað um afleiðingar réttarbrota í stjórnsýslunni, gerð grein fyrir viðurlögum við þeim og hverjir geta sætt stórnsýsluviðurlögum, refsiviðurlögum og bótaábyrgð. Jafnframt var sérstaklega fjallað um ábyrgð ráðherra í þessu tilliti.

Í kafla 4.9 voru raktar nokkrar tillögur um leiðir sem færar eru til úrbóta á þessu sviði.

1. Í kafla 4.9.1 var á það bent að ekki hafa verið gerðar breytingar á meginefni refsiákvæða XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um opinbera starfsmenn, frá gildistöku laganna fyrir tæplega 60 árum að undanskildum breytingum með 51.–61. gr. laga nr. 82/1998 þar sem varðhald var afnumið sem refsitegund í merkingu 1. mgr. 31. gr. hgl.

Það er mat nefndarinnar að þörf sé á endurskoðun kaflans með tilliti til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á stjórnsýslunni og starfsumhverfi hennar á þessum tíma. Þannig sé t.d. sérstök ástæða til að taka afstöðu til þess hvort lagatæknileg og refsipólitísk rök standi til þess að afmarka nánar hugtakið *opinber starfsmaður*, einkum í ákvæðum 134.–135. gr. og 138.–141. gr. almennra hegningarlaga, þannig að skilgreining þess hóps opinberra starfsmanna, sem þessum ákvæðum er ætlað að taka til, verði skýrari.

2. Í kafla 4.9.1 var á það bent hve mörg óskýr þagnarskylduákvæði sé að finna í íslenskum lögum. Vakin var athygli á því að rétt kunni að vera að bregðast við þessum vanda með sama hætti og gert var í Danmörku og Noregi.

3. Í kafla 4.9.1 var vakin athygli á því að nokkur vafi leiki á hvort það sé refsivert fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar að láta af hendi ófullnægjandi eða rangar upplýsingar til umboðsmanns Alþingis eða Ríkisendurskoðunar. Forsenda þess að umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun geti rækt skyldur sínar lögum samkvæmt er að þeim sé frjáls aðgangur að gögnum í vörslum stjórnsýslunnar og látnar í té bæði nauðsynlegar og réttar skýringar stjórnvalda.

Verði ráðist í endurskoðun á ákvæðum XIV. kafla almennra hegningarlaga, um brot í opinberu starfi, mælir nefndin með því að skýrt verði tekið af skarið um hverjum viðurlögum það varði starfsmann að veita umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun ranga yfirlýsingu um málefni sem honum er skylt að gefa upplýsingar um samkvæmt lögum nr. 85/1997 og lögum nr. 86/1997.

4. Í kafla 4.9.2 var vakin athygli á því að hinn 22. mars 1960 samþykkti Alþingi þingsályktun þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta undirbúa heildarlöggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Ekkert varð þó úr því að slíkt frumvarp væri lagt fram á þingi.

Þar sem tæp fjörutíu ár eru liðin frá því að síðast var tekið til umfjöllunar hvort setja beri lög um bótaábyrgð hins opinbera hér á landi telur nefndin æskilegt að slík lagasetning verði á ný tekin til athugunar með hliðsjón af ríkjandi aðstæðum sem um margt hafa mikið breyst frá árinu 1960.

5. Að síðustu var í kafla 4.9.3 vakin athygli á því að kröfur til forms og efnis refsiákvæða hafa aukist talsvert á undanförnum árum, einkum vegna þróunar í mannréttindamálum. Þannig er það almennt gert að skilyrði fyrir beitingu refsiákvæða að þau séu skýr og öllum aðgengileg. Af skýrleikakröfunni leiðir að lýsing hins refsiverða verknaðar verður að vera nægilega nákvæm.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á stjórnarskrá og annarri löggjöf landsins frá árinu 1963 mælir nefndin með því að tekin verði afstaða til þess hvort ástæða sé til að ráðast í endurskoðun á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, en nokkur vafi leikur á hvort hin almenna verknaðarlýsing 10. gr. laganna teljist nægilega skýr samkvæmt þeim kröfum sem í dag eru gerðar til refsiákvæða.

5.5. Lokaorð.

Rétt er að ítreka að í samræmi við umboð nefndarinnar samkvæmt ályktun Alþingis frá 2. júní 1998 hefur umfjöllun í þessari skýrslu verið almenns eðlis og óhjákvæmilega takmarkast við grundvallaratriði þeirra þátta sem nefndinni var falið að kanna, enda umfjöllun-

arefnið bæði flókið og mikið að vöxtum. Eftir því sem velt er við þeim steinum sem nefndin hefur hnotið um koma vafalaust fleiri atriði í ljós en getið er í skýrslunni er þarfnast athugunar við.

Það er von nefndarinnar að skýrslan geti orðið grundvöllur málefnalegrar umræðu um starfsskilyrði stjórnvalda, ábyrgð þeirra gagnvart þinginu og þá einnig ábyrgð þingsins gagnvart stjórnvöldum m.t.t. þess hvernig það mótar verkahring þeirra og starfsskilyrði á hverjum tíma með lögum.

377. Framhaldsnefndarálit [117. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Í ræðu formanns nefndarinnar við 2. umræðu um frumvarpið kom fram að fjallað hefði verið um nokkur mál í nefndinni sem frestað var til 3. umræðu að taka ákvörðum um. Umfjöllun um þau mál er nú lokið í nefndinni.

Tekjur hækka frá frumvarpinu um 13,1 milljarð kr. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 1,4 milljarða kr., tekjuskattur lögaðila um 1,2 milljarða kr. og virðisaukaskattur um 1,6 milljarða kr. Söluhagnaður hlutabréfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins nemur 2,8 milljörðum kr. og áætlaður söluhagnaður hlutabréfa í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands nemur 4,5 milljörðum kr., eða samtals um 7,3 milljörðum kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstökum þingskjölum. Þær varða 1. gr. frumvarpsins, sbr. sundurliðun 1 og 2, 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1999, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, og 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1999, þ.e. heimildagrein. Breytingar við sundurliðun 2 nema alls 2.600 m.kr. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi. Gerð er tillaga um 6 m.kr. hækkun á viðfangsefninu 1.01 Alþingiskostnaður. Aðallega er um að ræða akstur, flugferðir og símakostnað þingmanna.

01 Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Á viðfangsefni 1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni er lögð til 64 m.kr. fjárveiting til að standa undir kostnaði við sölu á 15% hlut ríkissjóðs í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands nú í desember. Lög um söluna voru nýlega samþykkt og er um að ræða sölulaun og sölukostnað.

Þá er gerð tillaga um 1 m.kr. hækkun á greiðsluframlagi til 01-190 1.42 Grænlandssjóðs en fjárveiting er óbreytt. Hér er um að ræða lagfæringu á skekkju í breytingu á framsetningu á vaxtatekjum liðarins sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið.

02 Menntamálaráðuneyti

872 *Lánasjóður íslenskra námsmanna.* Lagt er til að framlag til sjóðsins lækki um 30 m.kr. og nemi 1.780 m.kr. Útlán á árinu munu nema 2.970 m.kr. í stað 3.140 m.kr. samkvæmt áætlun fjárlaga þrátt fyrir sérstaka 5% hækkun grunnframfærslu í mars sl. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Frávikið er 170 m.kr. eða 5,4% og skýrist annars vegar af fækkun lánþega um 4,3% milli ára í stað 1% fjölgunar eins og gert var ráð fyrir og hins vegar af atvinnuþátttöku og tekjum lánþega umfram forsendur áætlunar. Hækkun tekna greiðenda námslána gerir áætlað 100 m.kr. framlag í afskriftasjóð útlána óþarft og eykur afborganir þeirra um 200 m.kr. vegna tekjutengingar. Fyrirhugað er að nýta rúma greiðslustöðu til að greiða upp 295 m.kr. af óhagstæðu láni fyrir árslok.

919 *Söfn, ýmis framlög.* Á nýju viðfangsefni, 6.23 Gestastofa í Skaftafelli, er gerð tillaga um 15 m.kr. framlag vegna skipulagsbreytinga á húsnæði Náttúruverndarráðs í tengslum við uppsetningu gestastofu.

07 Félagsmálaráðuneyti

801 *Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.* Lögbundið framlag ríkissjóðs í sjóðinn tekur mið af innheimtum skatttekjum ríkisins innan ársins og útsvarsstofni næstliðins árs. Í ljósi endurskoðunar á skatttekjum ríkissjóðs á árinu er farið fram á að framlagið verði hækkað um 50 m.kr.

Einnig er lagt til að veitt verði 700 m.kr. sérstakt framlag í sjóðinn. Er framlagið byggt á sameiginlegu mati ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að grípa þurfi til sérstakra tímabundinna ráðstafana sem felast annars vegar í því að greitt verði sérstakt 350 m.kr. framlag til sveitarfélaga þar sem íbúum hefur fækkað árin 1997–99 og hins vegar að þjónustuframlög hækki um 350 m.kr. Er framlögunum ætlað að koma til móts við vanda sveitarfélaga sem hafa ekki haft möguleika á að draga úr rekstri og þjónustu til samræmis við fækkun íbúa og samdrátt í skatttekjum. Félagsmálaráðherra mun setja nánari reglur um úthlutun fjárins í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

208 *Slysatryggingar.* Gerð er tillaga um 135 m.kr. fjárveitingu á nýju viðfangsefni undir þessum lið, 1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna. Þessar greiðslur til sjómanna eru fjármagnaðar með slysatryggingagjaldi á laun þeirra en það færist jafnframt sem ríkistekjur og verður afkoma ríkissjóðs því óbreytt eftir sem áður. Við breytingar á framsetningu slysatrygginga sem gerðar voru í fjárlögum ársins 1998 vegna gildistöku nýrra laga um fjárreiður ríkisins láðist að gera ráð fyrir þessum greiðslum.

379 *Sjúkrahús, óskipt.* Farið er fram á 1.650 m.kr. heimild vegna skuldbindingar í samningi milli ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar, dags. 17. desember 1998, um að ríkissjóður taki yfir rekstur og eignir Sjúkrahúss Reykjavíkur. Samið var um að ríkissjóður greiddi fyrir þær eignir sem Reykjavíkurborg hefur lagt sjúkrahúsinu til umfram lögboðinn 15% hlut sveitarfélaga í byggingu sjúkrahúsa. Í samræmi við niðustöðu mats skv. 6. gr. samningsins skal ríkissjóður greiða um 1.650 m.kr. fyrir eignir umfram 15% í Sjúkahúsi Reykjavíkur í Fossvogi, Grensásdeild og vistheimilinu Arnarholti og fyrir yfirtöku fasteignanna nr. 15 við Kleifarveg og nr. 37 við Skólavörðustíg í Reykjavík. Í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga er nú sótt um að skuldbindingin komi fram í fjárlögum fyrir árið 1999 án greiðsluheimildar. Skal gera makaskipti á eignum við Reykjavíkurborg á móti útgjaldaheimildinni þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir.

09 Fjármálaráðuneyti

381 *Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun.* Breytingar verða á framlagi til tveggja lífeyrissjóða. Í byrjun ársins 1998 var lífeyrisiðgjald sem ríkisstofnanir greiða vegna starfsmanna sinna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga hækkað úr 6% í 11,5%. Í samræmi við ákvæði í 34. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og 20. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga hefur í fjárlögum verið gert ráð fyrir að þessi viðbótarlífeyrisiðgjöld dragist frá greiðslum ríkissjóðs til B-deildar lífeyrissjóðanna vegna uppbóta á lífeyri í kjölfar launahækkana. Nú er fyrirhugað að þessum lagaákvæðum verði breytt á þann veg að B-deildir lífeyrissjóðanna fái uppbæturnar greiddar að fullu á árinu 1999 þannig að þeir verði betur í stakk búnir til þess að mæta skuldbindingum sínum í framtíðinni.

Þessi ráðstöfun veldur því að greiðslur ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verða 1.255 m.kr. hærri en áformað var í fjárlögum. Þá hefur áætlun um lífeyrisuppbæturnar verið endurskoðuð og er nú gert ráð fyrir að þær greiðslur verði 437 m.kr. hærri en miðað var við í fjárlögum. Samtals hækka því greiðslur til B-deildar lífeyrissjóðsins um 1.692 m.kr. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins mundu hækka um 7,2 milljarða kr. á árinu 1999. Sú áætlun hefur einnig verið endurmetin og er nú talið að lífeyrisskuldbindingarnar verði 1.446 m.kr. lægri en samkvæmt fjárlögum. Skýrist það einkum af því að aðlögunarsamningum var að mestu lokið árið 1998 og komu þeir fyrr til framkvæmda en miðað var við í fyrri áætlun.

Greiðslur ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga verða 35 m.kr. hærri en áformað var í fjárlögum. Þá hefur áætlun um lífeyrisuppbæturnar verið endurskoðuð og er nú gert ráð fyrir að þær greiðslur verði 83 m.kr. hærri en miðað var við í fjárlögum. Samtals hækka því greiðslur til B-deildar lífeyrissjóðsins um 118 m.kr. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga mundu hækka um 380 m.kr. á árinu 1999. Sú áætlun hefur einnig verið endurmetin og eru nú talið að lífeyrisskuldbindingarnar verði 236 m.kr. hærri en samkvæmt fjárlögum.

402 *Fasteignamat ríkisins.* Gerð er tillaga um að 100 m.kr. sem færðar eru sem sértekjur í fjárlögum vegna afnotagjalda fyrir fasteignamatsskrá verði felldar niður og færðar í þess stað sem rekstrartekjur stofnunarinnar á tekjuhlið ríkissjóðs. Þessa breyttu framsetningu leiðir af breyttum skilgreiningum á tekjunum samkvæmt nýlegum lögum um fjárreiður ríkisins. Tillagan snýr einungis að fjármögnun á rekstri stofnunarinnar en útgjöld hennar verða óbreytt eftir sem áður.

481 *Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.* Lagt er til að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði hækkuð um 90 m.kr. vegna ýmissa heimildarákvæða sem nú stefnir í að verði umfram það sem áætlað var við 1. umræðu um frumvarpið.

721 *Fjármagnstekjuskattur.* Gerð er tillaga um 1.090 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar þar sem færa þarf til gjalda 10% fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði eigna, en skatturinn færist samhliða sem ríkistekjur og hefur því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þessi tilhögun skýrist af því að samkvæmt lögum um skatt á fjármagnstekjur er ríkissjóður ekki undanþeginn skattgreiðslum af fjármagnstekjum sínum.

821 *Vaxtabætur.* Lagt er til að vaxtabætur lækki um 70 m.kr. þar sem fyrirframgreiðslur vaxtabóta á kaupári íbúðar hafa ekki orðið eins miklar og áætlað var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999. Í fjárlögum er áætlað að vaxtabætur hækki um 170 m.kr. vegna greiðslna á kaupári eignar. Í ljósi greiðslna það sem af er árinu er lagt til að sú áætlun verði lækkuð um 70 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

335 Siglingastofnun Íslands. Lögð er til 10 m.kr. hækkun fjárveitinga til viðfangsefnisins 6.76 Ferjubryggjur til að standa undir kostnaði við viðgerðir á ferjubryggjunum í Flatey á Breiðafirði og Mjóafirði í Suður-Múlasýslu.

Alþingi, 13. des. 1999.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Árni Johnsen.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Hjálmar Jónsson.

Kristján Pálsson.

378. Breytingartillögur [117. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
1.01 Alþingiskostnaður	47,9	6,0	53,9
2. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	0,0	64,0	64,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*138,9*	*65,0*	*203,9*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*1,0*	*-1,0*	*0,0*
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	0,0	-30,0	-30,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-30,0*	*-30,0*
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-919 Söfn, ýmis framlög			
6.23 Gestastofa í Skaftafelli	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
5. Við **07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
a. 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	30,0	50,0	80,0
b. 1.91 Sérstakt framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	0,0	700,0	700,0
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-208 Slysatryggingar			
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	0,0	135,0	135,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*135,0*	*135,0*

7. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
6.21 Fasteignir	0,0	1.650,0	1.650,0
Viðskiptahreyfingar	*0,0*	*1.650,0*	*1.650,0*
8. Við **09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun**			
a. 1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	0,0	-1.446,0	-1.446,0
b. 1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	0,0	236,0	236,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*55,0*	*1.810,0*	*1.865,0*
d. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*-3.020,0*	*-3.020,0*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-402 Fasteignamat ríkisins			
Sértekjur	0,0	100,0	100,0
Innheimt af ríkistekjum	*0,0*	*100,0*	*100,0*
10. Við **09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**			
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	168,2	90,0	258,2
11. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
09-721 Fjármagnstekjuskattur			
1.11 Fjármagnstekjuskattur	0,0	1.090,0	1.090,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*1.090,0*	*1.090,0*
12. Við **09-821 Vaxtabætur**			
1.11 Vaxtabætur	-280,0	-70,0	-350,0
13. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
6.76 Ferjubryggjur	4,7	10,0	14,7
Greitt úr ríkissjóði	*38,0*	*10,0*	*48,0*

379. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	3.706,0	3.520,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	150,0	173,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	1.400,0	1.327,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**5.256,0**	**5.020,0**

1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.099,0	2.839,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	790,0	790,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	20,0	20,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ótalin annars staðar	810,0	810,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**8.165,0**	**8.669,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	135,0	135,0
2.4	Tryggingagjöld, ótalin annars staðar	143,0	143,0
	Tryggingargjöld	**278,0**	**278,0**
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	56,0	49,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	21,0	49,0
	Skattar á hreina eign	**77,0**	**98,0**
4.4.1	Stimpilgjöld	322,0	323,0
	Eignarskattar	**399,0**	**421,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	2.485,0	1.967,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	339,0	36,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	156,0	204,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.524,0	1.295,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-47,0	-47,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	566,8	396,8
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	9,0	9,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	130,0	-117,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	35,0	35,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**5.197,8**	**3.778,8**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	260,0	260,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	351,0	351,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	-4,0	-4,0
5.2.2.35	Ýmislegt	40,0	40,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**647,0**	**647,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**5.844,8**	**4.425,8**

6	**Aðrir skattar**		
6.99	Ýmsir aðrir skattar	30,0	30,0
	Skatttekjur, samtals	**14.716,8**	**13.823,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-11,0	-11,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-63,0	-63,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-74,0**	**-74,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	665,0	665,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	282,0	401,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	50,0	50,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	9,0	9,0
	Aðrar eignatekjur	**1.006,0**	**1.125,0**
	Aðrar eignatekjur	**932,0**	**1.051,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.–3. gr.) o.fl.	42,0	42,0
9.1.3.35	Ýmislegt	100,0	100,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**153,0**	**153,0**
	Ýmsar tekjur	**153,0**	**153,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	-20,0	0,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	5,0	5,0
	Sektir	**-15,0**	**5,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	7,2	7,2
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**1.077,2**	**1.216,0**

III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. söluhagnaður**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	7.250,0	7.250,0
	Sala eigna, samtals	**7.250,0**	**7.250,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	-1,0	-1,0
	Fjárframlög, samtals	**-1,0**	**-1,0**
	Heildartekjur samtals:	**23.043,0**	**22.289,0**

380. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1999:
1. Í stað orðanna „allt að 2.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 20.300 m.kr.
2. Á 2. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 4.825 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 4.895 m.kr.
   b. Við 2. tölul. bætist nýr liður, svohljóðandi:
      2.6 Happdrættis Háskóla Íslands allt að 70 m.kr.
3. Á 3. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 23.320 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 32.000 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 870 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 1.280 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 5.370 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 5.600 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 1.360 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 1.960 m.kr.

381. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

Við bætist ný grein, 4. gr., sem orðist svo:
Við 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1999 bætist nýr liður, svohljóðandi:

8.23 Að greiða 700 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem verði ráðstafað þannig: Allt að 350 m.kr. verði varið til þjónustuframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 44/1999, og allt að 350 m.kr. til sveitarfélaga þar sem íbúafækkun hefur orðið á árunum 1997–99. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

382. Nefndarálit [195. mál]

um till. til þál. um aðild að samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES).

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar þjóðréttarfræðing frá utanríkisráðuneyti, Arnór Halldórsson deildarstjóra og Stefán Ásmundsson þjóðréttarfræðing frá sjávarútvegsráðuneyti og Jón Gunnar Ottósson forstjóra og Kristinn H. Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Æðarræktarfélagi Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands og listi yfir aðildarríki samningsins frá utanríkisráðuneyti.

Markmið samningsins um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, CITES, er að vernda þessar tegundir dýra og plantna með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær. Samningurinn nær bæði til viðskipta með lifandi dýr og dauð, sem og með plöntur. Hann er í eðli sínu alþjóðlegur viðskiptasamningur sem inniheldur reglur um innflutning, útflutning og endurútflutning þeirra dýra og plantna sem skráð eru í viðaukum við samninginn, svo og um aðflutning þeirra úr sjó. Dýr og plöntur sem falla undir samninginn eru talin upp og flokkuð í þremur viðaukum eftir því hvaða reglur gilda um alþjóðaverslun með þau, sbr. 2.–5. gr. samningsins.

Aðildarríki samningsins voru 145 í ágúst 1999. Öll nágrannaríki okkar eru aðilar að samningnum og flest Evrópuríki nema Ísland, Albanía og Írland. Með aðild getur Ísland haft áhrif á það hvaða tegundir eru skráðar í viðauka við samninginn. Þetta er m.a. mikilvægt í ljósi vaxandi umfjöllunar um skráningu fisktegunda í viðaukana. Hvert aðildarríki fer með eitt atkvæði, en nú eru Íslendingar einungis áheyrnaraðilar.

Hvað snertir vísindalegt mat á vegum CITES kom fram á fundi nefndarinnar að skrifstofa CITES-samningsins hefur þar lykilhlutverki að gegna. Skrifstofan óskar eftir vísindalegu áliti frá þeim milliríkjastofnunum sem hún telur málið varða hverju sinni, sbr. ákvæði 15. gr. Álitsgjafar um tillögu Noregs um að færa hrefnu í Norður-Atlantshafi úr I. viðauka yfir í II.

viðauka fyrir síðasta aðildarríkjaþing voru t.d. Alþjóðahvalveiðiráðið og NAMMCO. Ef umfjöllunarefnið væri fiskur á sama hafsvæði má búast við að Alþjóðahafrannsóknaráðið, ICES, yrði álitsgjafi.

Samkvæmt 23. gr. samningsins geta aðildarríki hans gert fyrirvara um tilteknar tegundir sem tilgreindar eru í viðaukum I–III við samninginn. Aðildarríki, sem gert hefur fyrirvara við skráningu tiltekinnar tegundar í viðauka, skoðast sem ríki sem ekki er aðili að samningnum að því er varðar verslun með viðkomandi tegund. Aðeins er unnt að gera fyrirvara þegar ríki gerist aðili, sbr. 2. tölul. 23. gr., og við breytingar á viðaukunum, sbr. 3. tölul. 15. gr. og 2. tölul. 16. gr. Einstakar tegundir geta síðan aðeins farið inn og út af listum eftir formlegar breytingar á viðaukunum, sbr. 15. gr. Meginreglan er sú að breytingar eru háðar samþykki ⅔ hluta þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.

Fram kom bæði í máli og umsögn fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands að stofnunin teldi ekki ástæðu til að gera fyrirvara um neinar tegundir eða tegundahópa nema hvalategundir sem eru í viðauka I. Stofnunin telur enga ástæðu til að gera athugasemdir við tegundir sem hafa aldrei sést hér við land, engar veiðar hafa verið stundaðar á eða eru svo sjaldséðar að engar líkur eru á að þær verði veiddar í fjárhagslegum tilgangi. Þá kom fram að hvítabjörn sé skráður í viðauka II. Ný lagaákvæði er varða þessa tegund voru sett með lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og ætti skráning tegundarinnar í viðauka II að vera í samræmi við þau ákvæði. Þá kom einnig fram að nokkrar tegundir íslenskra fugla eru í viðaukum I og II, svo sem haförn, fálki, og smyrill og ugluteg undirnar brandugla og snæugla, auk þess sem nokkrar tegundir sem hafa fundist hér á landi sem flækingsfuglar er þar að finna. Allar þessar fuglategundir eru alfriðaðar hér á landi og gilda enn fremur ýmis sérákvæði um framangreindar fimm tegundir ránfugla og uglna. Þær ættu því ekki að vera því til fyrirstöðu að Ísland gerðist aðili að CITES-samningnum og ekki er talin ástæða til að gera fyrirvara um þær. Í umsögn stofnunarinnar var þess að auki getið að fimm íslenskar tegundir séu að finna í viðauka III, þ.e. rostungur, grafönd, skriðönd, urtönd og rauðhöfðaönd. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við það og sér ekki ástæðu til að skrá aðrar íslenskar tegundir í viðauka III. Loks kom fram að engar íslenskar plöntutegundir, þar á meðal háplöntur, fjallagrös og þörungar, væru taldar upp í viðaukum samningsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 13. des. 1999.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Steingrímur J. Sigfússon.		Katrín Fjeldsted.

383. Svar [203. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um Íslenska aðalverktaka.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að Íslenskum aðalverktökum hf. var breytt úr sameignarfélagi í hlutafélag 1. júní 1997. Þá var eignarhluti íslenska ríkisins 52% í fyrirtækinu. Það er nú skráð á vaxtarlista Verðbréfaþings Íslands og lýtur reglum þess um innri upplýsingar.

Með hliðsjón af framangreindu eru eftirfarandi svör veitt við einstökum liðum fyrirspurnarinnar.

1. *Hver er eignarhlutur ríkisins í Íslenskum aðalverktökum?*

Hlutafjáreign íslenska ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hf. er nú 558.507.874 kr. sem eru 39,89% af heildarhlutafé í félaginu.

2. *Hversu lengi hafa Íslenskir aðalverktakar einkarétt á framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli?*

Íslenskir aðalverktakar hf. hafa ekki einkarétt á framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli og hafa ekki haft. Réttindi fyrirtækisins til samninga um verktöku eru byggð á tilnefningu utanríkisráðuneytisins og hafa ávallt verið til eins árs í senn. Þá hafa verk- og þjónustuútboð aukist umtalsvert á undanförnum árum á Keflavíkurflugvelli og annars staðar þar sem varnarframkvæmdir fara fram. Ýmsir aðrir verktakar hafa tekið þátt í og annast verk á þessu sviði. Í bréfi utanríkisráðuneytisins dags. 30. september 1998 sem gefið var út í tilefni af breytingu á verktökunni almennt, fyrirhugaðri sölu ríkisins á hlut sínum í Íslenskum aðalverktökum hf. í desember 1998 (fyrsti söluáfangi) og sölulýsingu sem þá var útbúin segir svo:

„Vísað er til bréfs Íslenskra aðalverktaka hf. dags. 28. september sl. þar sem óskað er staðfestingar utanríkisráðherra á því að Íslenskir aðalverktakar hf. verði tilnefndir til verktöku fyrir varnarliðið til ársloka árið 2003 með svipuðum hætti og tíðkast hefur til þessa eins og yfirlýst hafi verið.

Af ofangreindu tilefni staðfestir utanríkisráðuneytið hér með að utanríkisráðherra mun tilnefna Íslenska aðalverktaka hf. til verktöku fyrir varnarliðið vegna verkframkvæmda innan varnarsvæða sem fjármagnaðar eru af Bandaríkjunum til ársloka árið 2003 í samræmi við samning Íslands og Bandaríkjanna og með svipuðum hætti og tíðkast hefur. Fram að þeim tíma er gert ráð fyrir að fyrirtækið aðlagi sig að íslenskum verktakamarkaði.

Í ofangreindu efni er ástæða til að vekja athygli félagsins á því að það hefur til þessa ekki setið eitt að tilnefningum til verktöku fyrir varnarliðið og ekki er fyrirhuguð breyting þar á. Þá má frá og með árinu 1999 búast við að stækkandi hluti verklegra framkvæmda fyrir varnarliðið verði boðinn út á samkeppnismarkaði. Minnt er loks á að framkvæmdir fjármagnaðar af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins eru nú þegar boðnar út. Að öðru leyti er tilnefning Íslenskra aðalverktaka hf. til verktöku fyrir varnaliðið háð eftirtöldum skilyrðum:

- að hlutafé félagsins verði ekki lægra en 1.400 milljónir króna meðan félagið nýtur tilnefningar til verktöku fyrir varnarliðið,
- að enginn einn hluthafi eigi stærri hlut í félaginu en sem nemur 7% meðan tilnefning til verktöku fyrir varnarliðið varir. Þessi fyrirvari nær þó ekki til núverandi eignarhluta íslenska ríkisins og Regins hf. í félaginu,
- að félagið sendi varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins á 6 mánaða fresti skrá yfir alla hluthafa félagsins.

Komi í ljós að félagið uppfyllir ekki eitthvert ofangreindra skilyrða áskilur ráðuneytið sér

rétt til þess að hætta tilnefningu félagsins til verktöku fyrir varnarliðið og afturkalla tilnefningar til verka sem ekki eru komnar til framkvæmda. Áður en til slíks kemur verður félaginu þó veittur tveggja mánaða frestur til þess að uppfylla skilyrðin á ný."

Svo sem fram kemur í bréfinu liggja fyrir skýrar reglur um fyrirkomulag verktilnefninga hvað Íslenska aðalverktaka hf. varðar. Þær voru kynntar í sölulýsingu félagsins í desember 1998 og voru ein forsenda þeirrar sölu sem þá fór fram.

3. *Hefur starfsemi Íslenskra aðalverktaka verið aðskilin fyrir verk sem unnin eru utan og innan Keflavíkurflugvallar?*

Starfsemi Íslenskra aðalverktaka hf. á Keflavíkurflugvelli hefur verið fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi félagsins utan Keflavíkurflugvallar.

4. *Hve mikið hafa Íslenskir aðalverktakar fjárfest í íslenskum verktakafyrirtækjum og þá hvaða fyrirtækjum,*
   a. 100%,
   b. að hluta?

Íslenskir aðalverktakar hf. hafa keypt allt hlutafé í Álftárósi ehf., Vélaleigu Sigurjóns Helgasonar ehf. og Byggingarfélaginu Úlfarsfelli ehf. Kaupverð er trúnaðarmál milli aðila og er sambland af peningagreiðslum og greiðslum með eigin bréfum Íslenskra aðalverktaka hf.

Félagið hefur einnig keypt nær allt hlutafé í Ármannsfelli hf. Kaupverð er trúnaðarmál milli aðila. Þar er einnig um að ræða kaup sem eru sambland af peningagreiðslum og hlutabréfaskiptum.

5. *Samræmist það samkeppnisreglum að ríkið semji við Íslenska aðalverktaka um verkefni og eigi leiðandi hlut í fyrirtækinu?*

Starfsemi Íslenskra aðalverktaka hf. innan varnarsvæða er fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi félagsins svo sem greinir í svari við 3. lið hér að framan. Meðan þess er gætt telur utanríkisráðuneytið að það samræmist samkeppnisreglum að ríkið tilnefni Íslenska aðalverktaka hf. tímabundið til verktöku á Keflavíkurflugvelli, svo sem fram kemur í svari við 2. lið hér að framan. Minnt er jafnframt á að hluti íslenska ríkisins er minni hluti og að þegar er ákveðið að sá hluti sem íslenska ríkið á í félaginu verði seldur.

6. *Hvenær ætlar ríkið að selja hlut sinn í Íslenskum aðalverktökum og hvert er áætlað söluverð?*

Utanríkisráðherra hefur áður lýst því yfir fyrir hönd íslenska ríkisins að til standi að íslenska ríkið selji allan hlut sinn í Íslenskum aðalverktökum hf. Fyrsti áfangi þeirrar sölu fór fram í desember 1998 en þá var settur á markað hluti í félaginu af hlut íslenska ríkisins og dótturfélags Landsbanka Íslands hf. Að lokinni þeirri sölu er eignarhluti ríkisins 39,89% eins og greinir í svari við fyrsta lið en dótturfélag Landsbanka Íslands hf. hefur þegar selt allan sinn hlut. Áætlað er að næsti söluáfangi ríkisins, sem gera má ráð fyrir að nemi 20–25% af heildarhlutafé félagsins, fari fram á fyrri hluta næsta árs. Stefnt er að dreifðri sölu þess hluta bæði til almennings og fjárfesta. Frekari sala á því sem eftir stendur af hlut ríkisins mun ráðast af söluárangri næsta áfanga.

Um söluverð á hlut íslenska ríkisins er þess að geta að félagið er skráð á vaxtarlista Verðbréfaþings Íslands og er gengi hlutabréfa í félaginu 2,4 þegar svar þetta er veitt. Söluverð ræðst því af aðstæðum á söludegi.

384. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um skattfrelsi norrænna verðlauna.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eggert J. Hilmarsson, Björn R. Guðmundsson og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Rithöfundasambandi Íslands og Leikskáldafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild fjármálaráðherra til að undanþiggja tiltekin norræn verðlaun skattskyldu verði afnumin. Þess í stað verði talið upp í lögum á tæmandi hátt hvaða verðlaun eru undanþegin skattskyldu. Þá er lagt til að nokkur verðlaun verði felld brott og lögin verði því þrengri en reglugerð sem nú gildir um þetta efni. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að afnumið verði ákvæði um að einungis íslenskir ríkisborgarar njóti skattfrelsis, en núgildandi lög mismuna skattþegnum eftir ríkisfangi.

Nefndin telur að nauðsynlegt sé að gera þær tæknilegu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir vegna ákvæða stjórnskipunarlaga um skattamál. Nefndin telur einnig nauðsynlegt að heildarúttekt verði gerð á innlendum og erlendum verðlaunum þar sem kannað verði hvort ástæða sé að undanþiggja fleiri verðlaun skattskyldu en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá telur nefndin eðlilegt að ef til koma verðlaun sambærileg þeim sem frumvarpið tekur til verði þau einnig undanþegin skattskyldu.

Við meðferð málsins kom í ljós að norrænu barnabókaverðlaunin sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði undanþegin tekju- og eignarskatti eru ekki peningaverðlaun heldur einungis blóm og heiðursskjal. Leggur nefndin því til að þau verði felld brott úr frumvarpinu.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

5. tölul. 1. gr. falli brott.

Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Birgisson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1999.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.
Drífa Hjartardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.

385. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við bætist ný grein er verði 2. gr., svohljóðandi:
Í stað fjárhæðarinnar „30.176 kr.“ í lokamálslið 3. mgr. A-liðar 69. gr. laganna kemur: 50.176 kr.

Greinargerð.

Með tillögunni er lagt til að sérstakar viðbótarbarnabætur sem nú eru greiddar til einstæðra foreldra með börnum umfram eitt, sé barnið yngra en sjö ára, verði hækkaðar um 20.000 kr. á ári. Fjöldi einstæðra foreldra sem fá viðbót vegna barna umfram eitt yngra en sjö ára er 1.927 og fá þeir hana vegna 2.247 barna. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneyti mundi kostnaður við slíka hækkun nema um 45 millj. kr. á ári.

386. Framhaldsnefndarálit [117. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Enn á ný undirstrikar ríkisstjórnin vanmátt sinn í fjármálastjórn og algeran skort á yfirsýn í ríkisfjármálunum og skiptir ekki máli hvort um er að ræða gjaldahlið eða tekjuhlið. Fálmkennd vinnubrögð við gerð fjáraukalaga og fjárlaga eru ekki til þess fallin að auka bjartsýni á komandi ári.

Ríkisstjórnin leggur til enn frekari útgjöld ríkissjóðs milli 2. og 3. umræðu fjáraukalaga fyrir árið 1999. Nú er lagt til að útgjöldin aukist um 2,5 milljarða kr. til viðbótar þeim 7,9 milljörðum kr. sem þegar hefur verið gert ráð fyrir. Útgjöld ríkisins á árinu 1999 stefna því í að verða 10,3 milljörðum kr. umfram áætlun fjárlaga. Ef tekið er tillit til þeirrar viðbótar sem þegar er komin fram í meðferð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2000 nemur aukning ríkisútgjalda 15 milljörðum kr. Þar með er búið að ráðstafa þeim tekjuauka af reglulegri starfsemi ríkisins sem gert er ráð fyrir að verði á árinu 1999.

Minni hlutinn hefur lagt fram útreikninga sem sýna að á milli áranna 1994 og 1998 hafa útgjöldin aukist um 55 milljarða kr. á verðlagi ársins 1998. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu er enn dulinn vandi í ríkiskerfinu sem hefur ekki enn verið tekið á. Minni hlutinn óttast að ekki hafi allur vandi heilbrigðistofnana verið leystur og enn er mikill vandi í menntamálunum. Þetta fé hefur ekki verið notað til að styrkja stöðu þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu, þ.e. þeirra sem síðast fá bita af góðærinu en fá fyrstir að kenna á samdrættinum. Þá er ekki nema að litlu leyti tekist á við sívaxandi vanda sveitarfélaganna.

Skuldasöfnun heimilanna hefur verið vaxandi áhyggjuefni. Áætlað er að skuldir heimila í hlutfalli við ráðstöfunartekjur verði 144% á þessu ári en þetta hlutfall var 130% í upphafi uppsveifluskeiðsins í árslok 1995. Þetta þýðir að dragist ráðstöfunartekjur heimilanna verulega saman eykst greiðslubyrði lána hlutfallslega og þar með dregur úr neyslu og fjárfestingu

hraðar en æskilegt er. Þessi þróun hefur síðan keðjuverkandi áhrif á tekjur ríkissjóðs og fyrirtækja í landinu.

Enn á ný er kveikt á viðvörunarljósum í þjóðfélaginu. Nýleg mæling Hagstofunnar á verðbólgu sýnir að vísitala neysluverðs hækkaði um 0,4% í nóvember og mælist nú 5,6% miðað við síðustu 12 mánuði. Þetta er meira en þreföld sú verðbólga sem er í helstu samkeppnislöndum okkar. Á sama tíma hefur Seðlabankinn upplýst að andstætt spám forustumanna ríkisstjórnarinnar er viðskiptahallinn enn að aukast. Á þriðja ársfjórðungi reyndist hann meiri en á sama tíma í fyrra. Nú bendir því allt til þess að viðskiptahallinn verði ívið meiri en á síðasta ári. Þetta styður líka mikil aukning ríkissjóðstekna, sérstaklega tekna af innflutningi en nú stefnir í að vörugjöld af innfluttum ökutækjum aukist um 35% frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlögum ársins 1999. Þessi uggvænlega þróun er því líkleg til að grafa undan gengi krónunnar og ýta undir verðbólgu.

Nú er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 23 milljarða kr. frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlögum. Þrátt fyrir að í þessari fjárhæð sé gert ráð fyrir söluhagnaði eigna upp á 7,3 milljarða kr. er tekjuaukinn verulegur. Enn á ný hljóta menn að líta til forsendna tekjuspár. Á undanförnum árum hefur tekjuspá nánast aldrei verið nálægt raunveruleikanum og skiptir þá ekki máli hvort um van- eða ofáætlun sé að ræða. Enda gerir ríkisstjórnin ekki tilraun til að útskýra þennan tekjuauka, hvaða aðstæður í þjóðfélaginu hafa skapað hann og hvaða áhrif hann hefur á aðrar efnahagsstærðir til lengri og skemmri tíma.

Þá hefur fjármálaráðherra lagt til að lántökur verði auknar um 18,3 milljarða kr. og að ekki verði greidd niður lán nema fyrir 14,2 milljarða kr. í stað 23,8 eins og áformað var. Þetta gerist þrátt fyrir verulegan tekjuafgang ríkissjóðs. Hér kemur til sú staðreynd að viðskiptahallinn hefur gert það að verkum að erfitt er að greiða niður erlend lán vegna viðkvæmrar gjaldeyrisstöðu. Innan lands er sú sérkennilega staða komin upp að ríkisstjórnin veigrar sér við að greiða niður lán af ótta við áhrif þess á þensluna.

Minni hlutinn ítrekar þá skoðun sína að meðferð fjáraukalaganna nú er ekki í samræmi við fjárreiðulögin og telur nauðsynlegt að við framlagningu næstu fjáraukalaga verði ákvæði þeirra laga virt.

Mörg slys hafa mörg orðið vegna þess að menn hafa ekki tekið mið af þeim aðvörunarmerkjum sem við blasa og oftar en ekki hafa afleiðingarnar verið slíkar að ekki verður úr bætt. Haldi ríkisstjórnin áfram á sömu braut án þess að viðhafa nægjanlega gætni og festu í fjármálastjórninni, sem og pólitíska stefnu og sýn, er hætt við að afleiðingarnar verði svo skelfilegar að það gæti tekið þjóðina mörg ár að vinna sig út úr þeim.

Alþingi, 14. des. 1999.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Dóra Líndal Hjartardóttir. Guðmundur Árni Stefánsson.

Jón Bjarnason.

387. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, o.fl.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar G. Schram, prófessor við Háskóla Íslands, og Pál Hreinsson, dósent við Háskóla Íslands.

Með dómi Hæstaréttar frá 18. desember 1998 í máli nr. 312/1998 var ákvörðun umhverfisráðherra um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness dæmd ólögmæt þar sem ráðherra hefði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness. Í dómi sínum leit Hæstiréttur m.a. til þess að ekki nyti við almennra lagafyrirmæla um staðsetningu ríkisstofnana. Andstætt því sem ráðherra hafði lagt ákvörðun sinni til grundvallar og stjórnvöld höfðu fram að því talið rúmast innan valdheimilda sinna sló Hæstiréttur því föstu að skortur á ákvæði um staðsetningu stofnunarinnar í lögum veitti ráðherra ekki frjálst val um það hvar stofnunin skyldi staðsett. Taldi rétturinn að vöntun á ákvæði um þetta í lögum mætti helst skýra með því að fyrirmæli væru í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hefði það verið talið svo sjálfsagt fram á síðari ár að stofnanir sem undir þau heyrðu hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni að ekki þyrfti að taka það fram í lögum.

Fordæmisáhrif dómsins eru í stuttu máli þau að líta verður svo á að þegar Alþingi kveður ekki á um aðsetur ríkisstofnana í lögum beri þeim að eiga aðsetur í Reykjavík. Þá geti ráðherra ekki að óbreyttum lögum tekið ákvörðun um að flytja aðsetur ríkisstofnana frá Reykjavík.

Frumvarpið er lagt fram til að taka af allan vafa um heimildir til að starfrækja ríkisstofnanir utan Reykjavíkur. Er það ekki síst gert vegna ríkisstofnana sem þegar eru staðsettar utan borgarmarkanna án þess að mælt sé fyrir um það í lögum. Er því í raun aðeins verið að leysa úr réttaróvissu sem skapaðist í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Landmælinga, en um leið er lögfest það ástand sem menn töldu gilda áður en dómurinn féll. Er því með frumvarpinu lagt til að lögfest verði heimild fyrir ráðherra til að ákveða aðsetur ríkisstofnana sem undir ráðuneyti þeirra heyra. Til að taka af allan vafa um gildi þeirra ákvarðana sem hingað til hafa verið teknar um aðsetur stofnana utan Reykjavíkur er einnig lagt til að ákvæði þar að lútandi verði fest í viðkomandi lög.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 13. des. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ólafur Örn Haraldsson.
Hjálmar Jónsson.	Gunnar Ingi Gunnarsson, með fyrirvara.	Ásta Möller.

Helga Guðrún Jónasdóttir.

388. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Þórunni Hafstein, Stefán Baldursson, Aðalstein Eiríksson, Margréti Harðardóttur og Hörð Lárusson, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Hinu íslenska kennarafélagi, Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur frá Kennarasambandi Íslands og Ingiberg Elíasson frá Félagi framhaldsskólakennara.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Skólameistarafélagi Íslands og Félagi framhaldsskólanema og einnig barst sameiginleg umsögn frá Hinu íslenska kennarafélagi og Kennarasambandi Íslands.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru að kennarar sem ráðnir eru í störf aðstoðarskólameistara fái sambærilegan rétt til leyfis frá kennarastörfum og þeir kennarar sem ráðnir eru í embætti skólameistara, fornám í framhaldsskólum verði skipulagt innan almennra námsbrauta framhaldsskóla og kveðið er skýrar á um heimild menntamálaráðherra til þess að ákveða með reglugerð hvaða lokapróf framhaldsskóla verði samræmd. Þá verði skipan starfsgreinaráða ákveðin með reglugerð og við skipan þeirra verði tekið tillit til hagsmuna þeirra starfsgreina sem ekki njóta þegar fræðslu á framhaldsskólastigi. Að lokum er lagt til að framlengja aðlögunartíma til þess að koma ýmsum ákvæðum laganna að fullu til framkvæmda.

Nefndin telur rétt að leggja áherslu á að með fyrirhuguðum breytingum á fornámi við framhaldsskóla er verið að fella það inn í hina almennu námsbraut.

Nefndin bendir á að í 4. gr. frumvarpsins er ekki verið að falla frá þeirri skyldu að samræma lokapróf úr framhaldsskólum heldur er kveðið á um að ráðherra ákveði með reglugerð hvaða próf verði samræmd og hvernig samræmd próf verði framkvæmd. Reynslan hefur t.d. sýnt að vegna breytileika starfsnáms er nauðsynlegt að fyrir hendi sé svigrúm til að skipuleggja utanaðkomandi mat með hagkvæmari hætti en samræmdu prófi.

Nefndin leggur til breytingu við 1. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins. Samkvæmt hefð hefur hugtakið stúdentspróf eingöngu verið notað um lokapróf af bóknámsbrautum en markmið náms á þeim brautum hefur fyrst og fremst verið að veita almennan undirbúning til náms í háskólum. Hugtakið stúdentspróf er hins vegar ekki skilgreint í lögunum. Þrátt fyrir þetta eru forsendur nemenda sem ljúka stúdentsprófi af bóknámsbrautum mismunandi hvað varðar möguleika til áframhaldandi náms og fer það eftir því hvaða námsbraut þeir hafa valið í framhaldsskóla. Þannig veitir stúdentspróf ekki nein ákveðin réttindi heldur er það metið eftir því námi sem að baki býr. Í ljósi þessa er talið rétt að nemendur í starfsnámi geti einnig lokið framhaldsskólanámi með stúdentsprófi. Því er lagt til að hugtakið stúdentspróf verði notað um öll lokapróf úr framhaldsskóla sem veita undirbúning til áframhaldandi náms í skólum á háskólastigi. Aðrar breytingar á greininni eru eingöngu orðalagsbreytingar.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. efnismgr. 4. gr. orðist svo:
Námi á framhaldsskólastigi er veitir undirbúning til náms á háskólastigi lýkur með stúdentsprófi. Stúdentspróf skulu vera samræmd í tilteknum greinum. Í reglugerð skulu sett ákvæði um samræmingu stúdentsprófa og framkvæmd þeirra.

Alþingi, 14. des. 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.
Árni Johnsen.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Sturla D. Þorsteinsson.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

389. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti og Guðmund Þ. Jónsson og Garðar Vilhjálmsson frá Landssambandi iðnverkafólks. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Verkamannasambandi Íslands og Landssambandi iðnverkafólks, Sambandi iðnmenntaskóla, Matvæla- og veitingasambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Samiðn og menntamálanefnd Alþingis.

Með frumvarpinu er annars vegar ætlunin að leysa úr vanda sveina við að fá meistarabréf í iðngrein sinni ef ekki er völ á meistara í greininni. Hins vegar er lagt til að skilið verði á milli hlutverks menntamálaráðherra varðandi menntun í löggiltum iðngreinum og þess hlutverks iðnaðarráðherra að veita mönnum starfsréttindi.

Í umsögn Matvæla- og veitingasambands Íslands (Matvís) kemur fram að eftirlit lögreglustjóra með framkvæmd laganna sé ábótavant. Nefndin leggur áherslu á að eftirlitið verði eflt, með aðstoð iðnráða, sbr. 2. og 14. gr. iðnaðarlaga.

Nefndin óskaði formlegrar umsagnar menntamálanefndar um málið og fékk menntamálanefnd á sinn fund gesti frá menntamálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, Félagi framhaldsskólakennara, Iðnnemasambandi Íslands og Samtökum iðnaðarins. Í umsögn sinni lýsir menntamálanefnd yfir stuðningi við efni frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Inngangsmálsgrein 3. gr. orðist svo:
Í stað 3. mgr. 12. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi.

Alþingi, 14. des. 1999.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Drífa Hjartardóttir.
Sturla D. Þorsteinsson.	Pétur H. Blöndal.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Árni Steinar Jóhannsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

390. Frumvarp til laga [276. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn er heimilt að víkja frá ákvæðum þessara laga um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verksvið byggingarfulltrúa í sérstakri samþykkt, sbr. 5. og 6. mgr. 37. gr., og að fenginni staðfestingu ráðherra.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

10. Þeir einstaklingar sem fengu útgefið eða áttu rétt á að fá útgefið meistarabréf fyrir 1. janúar 1989 og ekki hafa lokið meistaraskóla eiga rétt á löggildingu til að bera ábyrgð á verkframkvæmdum fyrir byggingarnefnd skv. 2. mgr. 52. gr., enda hafi þeir sótt námskeið sem umhverfisráðuneytið stendur fyrir í samvinnu við prófnefnd skipulags- og byggingarmála og Samtök iðnaðarins. Heimilt er að taka gjald vegna kostnaðar við námskeiðahald. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis en heimild þessi gildir til 1. júlí 2001.
11. Deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðalskipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 gilda án tillits til þess hvort þær hafa verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þegar sótt er um byggingarleyfi í götureit eða reit þar sem framkvæmt hefur verið í verulegu ósamræmi við samþykkt deiliskipulag skal endurskoðun á deiliskipulagi fara fram áður en byggingarleyfisumsókn er afgreidd, enda sé um verulega framkvæmd að ræða. Að öðru leyti fer um málsmeðferð skv. 26. gr.
12. Samþykktir sem reynslusveitarfélög hafa sett sér með heimild í 16. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, halda gildi sínu til 1. mars 2000.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Greinargerð.

Ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997, öðluðust gildi 1. janúar 1998. Með þeim lögum voru sameinaðir tveir lagabálkar, skipulagslög og byggingarlög, og forræði í málaflokknum fært í ríkara mæli yfir til sveitarfélaganna. Þegar um svo viðamikil lög er að ræða hlýtur framkvæmdin að byggjast að verulegu leyti á setningu reglugerða og er þar einkum um að ræða tvær reglugerðir, annars vegar skipulagsreglugerð og hins vegar byggingarreglugerð en þær tóku gildi í júlí 1998. Við gerð þessara reglugerða, sérstaklega byggingarreglugerðar, komu í ljós ýmsir agnúar á lögunum sem nauðsynlegt er að sníða af. Auk þess hefur nær tveggja ára reynsla af framkvæmd laganna leitt í ljós nokkra vankanta en breyting sú sem gerð var á lögum með lögum nr. 58/1999 sneri eingöngu að skipulagi miðhálendisins.

Þau atriði sem er lagt til að verði endurskoðuð nú eru:

1. Tekin verði upp í lögin efnislega ákvæði 16. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, hvað varðar starfsemi byggingarfulltrúa.
2. Tekið verði á löggildingarmálum iðnmeistara sem ekki hafa lokið meistaraprófi í ákvæði til bráðabirgða og ákveðinn frestur gefinn til að ljúka þeim málum.
3. Inn í lögin komi ákvæði til bráðabirgða um að deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðalskipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 gildi án tillits til þess hvort þær hafi verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða verið samþykktar af Skipulagsstjórn ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum.
4. Þær samþykktir sem reynslusveitarfélögin hafa sett sér samkvæmt heimild í 16. gr. laga um reynslusveitarfélög haldi gildi sínu til 1. mars 2000.

Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við setningu laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, var sett inn ákvæði þar sem umhverfisráðherra var heimilað að víkja frá ákvæðum byggingarlaga um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verksvið byggingarfulltrúa. Af þeim 12 sveitarfélögum sem fengu leyfi til þess að starfa sem reynslusveitarfélög nýttu sex sér þessa heimild og færðu verkefni byggingarnefnda yfir til byggingarfulltrúa með sérstökum samþykktum sem umhverfisráðherra staðfesti. Einstök sveitarfélög gengu mislangt í því að færa verkefni á milli en þau sveitarfélög sem hér eiga hlut að máli eru Reykjavík, Hafnarfjörður, Akureyri, Neskaupstaður/Fjarðabyggð, Vestmannaeyjar og Garðabær. Það er eindregin ósk hlutaðeigandi sveitarstjórna og verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga að þetta ákvæði verði sett inn í skipulags- og byggingarlög og geti því átt við í öllum sveitarfélögum en ekki aðeins í þeim sex sem áður eru nefnd. Þetta ákvæði reynslusveitarfélagalaga rennur út 1. janúar nk. og er lagt til að það verði lögfest hér til frambúðar.

Um 2. gr.

Um langt skeið hefur staðið styr um starfsleyfi iðnmeistara. Lagt er til (í 10. tölul.) að allir þeir sem hafa fengið útgefin meistarabréf eða átt rétt á að fá útgefin meistarabréf fyrir 1. janúar 1989 en hafa ekki lokið meistaraskóla eigi rétt á löggildingu til að bera ábyrgð á

verkframkvæmdum fyrir byggingarnefnd, enda hafi þeir sótt námskeið sem umhverfisráðuneytið stendur fyrir í samvinnu við prófnefnd skipulags- og byggingarmála og Samtök iðnaðarins. Löggilding samkvæmt þessari tillögu mundi ná til landsins alls eins og löggilding skv. 2. mgr. 52. gr. laganna. Lagt er til að heimildin gildi til 1. júlí 2001. Mjög brýnt er að ljúka þessum málum í eitt skipti fyrir öll og að þeim verði lokið innan hálfs annars árs frá því að breytingin öðlast gildi. Heimilt er að taka gjald vegna kostnaðar við námskeiðahald í samræmi við þann kostnað sem af því hlýst og er ætlast til að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis. Telja verður sanngjarnt að þeir beri kostnað af náminu með sama hætti og þeir meistarar gerðu sem fóru í meistaraskóla á sínum tíma. Í 5. gr. reglugerðar nr. 98/1988, um meistaranám og útgáfu meistarabréfa, segir að þeir sem ljúka sveinsprófi 1. janúar 1989 eða síðar skuli stunda nám við meistaraskóla með fullnægjandi árangri til þess að fá útgefið meistarabréf. Einungis þeir sem lokið hafa sveinsprófi fyrir 1. janúar 1989 eiga kost á að fá útgefið meistarabréf án þess að fara í meistaraskóla. Því þykir rétt að miða við þá tímasetningu sem gefin er í áðurgreindri reglugerð. Iðnmeisturum sem öðlast réttindi til að bera ábyrgð á verkframkvæmdum samkvæmt þessari heimild er einnig heimilt að starfa sem byggingarstjórar.

Sumir þessara meistara hafa nú staðbundin réttindi í einstökum byggingarumdæmum sem þeim er síðan heimilt að yfirfæra til annarra byggingarumdæma séu þeir starfandi í iðninni, sbr. 5. tölul. í ákvæði til bráðabirgða. Samkvæmt eldri byggingarlögum var þeim iðnmeisturum sem áttu heimilisfesti á svæði þar sem meistaraskóli var starfræktur skylt að sækja hann til að hljóta réttindi til að bera ábyrgð á verkframkvæmdum á svæðinu fyrir byggingarnefnd. Iðnmeistarar sem höfðu heimilisfesti á byggingarnefndarsvæðum þar sem ekki var starfræktur meistaraskóli höfðu hins vegar heimild til að bera ábyrgð á verkframkvæmdum án þess að hafa lokið meistaraskóla. Eftir að þeir höfðu öðlast slík réttindi í einu byggingarumdæmi var almenna reglan sú, en hún var ekki án undantekninga, að þeim var unnt að yfirfæra þessi réttindi til annarra byggingarumdæma.

Þá er lagt til (í 11. tölul.) að hafi deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim verið samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 skuli þær gilda sem deiliskipulag án tillits til þess hvort þær hafi verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða verið samþykktar hjá skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Verulegur misbrestur er á því að deiliskipulag í Reykjavík og reyndar á nokkrum öðrum stöðum sé í samræmi við eldri lög, sbr. skipulagslög, nr. 19/1964, og eldri skipulagsreglugerð, enda er ágreiningur um lagalegar skyldur til deiliskipulags sem ekki verður séð að hafi verið jafnaður og ekki látið á reyna hvernig fara bæri með að lögum. Í Reykjavík liggja fyrir deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðalskipulags og samþykktar af sveitarstjórn. Lagt er til að þegar sótt er um byggingarleyfi í götureit eða reit þar sem framkvæmt hefur verið í verulegu ósamræmi við samþykkt deiliskipulag skal endurskoðun á deiliskipulagi fara fram áður en byggingarleyfisumsókn er afgreidd, enda sé um verulega framkvæmd að ræða. Að öðru leyti skuli fara eftir 26. gr. laganna varðandi málsmeðferð. Þess er að vænta að á komandi árum verði deiliskipulagsmál í Reykjavík tekin til gagngerðrar skoðunar þar sem það á við, en útilokað er að framfylgja ákvæðum laganna, sbr. ákvæði eldri laga og skipulagsreglugerða sem áður eru nefnd, öðruvísi en með mikilli fyrirhöfn og kostnaði og skapar slíkt óvissu, jafnvel réttaróvissu.

Loks er (í 12. tölul.) lagt til að þær samþykktir sem reynslusveitarfélög hafa sett sér með heimild í 16. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, haldi gildi sínu til 1. mars 2000. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til breytinga á lögum um reynslusveitarfélög þar sem felld er niður áðurgreind heimild í 16. gr. laganna. Samþykktir sem settar hafa verið með stoð í

þeirri grein munu því missa lagastoð og falla úr gildi. Nokkurn tíma mun taka fyrir þau sveitarfélög sem hafa sett slíkar samþykktir að setja nýjar. Til að koma í veg fyrir réttaróvissu er því lagt til að þessum sveitarfélögum verði gefinn frestur til 1. mars 2000 til að setja sér nýjar samþykktir. Eftirtalin sveitarfélög hafa sett sér samþykktir á grundvelli heimildar í 16. gr. laga um reynslusveitarfélög: Reykjavík, Akureyri, Fjarðabyggð/Neskaupstaður, Hafnarfjörður, Vestmannaeyjar og Garðabær.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

391. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um ættleiðingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Drífu Pálsdóttur frá dómsmálaráðuneyti, Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands og Baldur Þórhallsson, Rannveigu Traustadóttur og Þóru Björk Smith fyrir Félag samkynhneigðra stúdenta. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Lögmannafélagi Íslands, Félagi fósturforeldra, Samtökunum '78, Íslenskri ættleiðingu og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þá voru umsagnir sem bárust um málið á 123. löggjafarþingi hafðar til hliðsjónar við umfjöllun nefndarinnar.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á núgildandi ættleiðingarlögum, nr. 15/1978. Einnig er leitast við að skapa skilyrði til að unnt sé að standa við skuldbindingar samkvæmt Haag-samningnum frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa.

Fram hefur komið í umræðunni um málið að mikilvægt er að lögfesta ákvæði Haag-samningsins hérlendis sem fyrst en aðild Íslands að samningnum skiptir höfuðmáli svo unnt verði að fá til ættleiðingar börn frá fleiri löndum en nú. Mörg lönd, t.d. Kína og sum lönd Suður-Ameríku, setja sem skilyrði fyrir ættleiðingu að ríkið sem barn fer til sé aðili að Haag-samningnum. Þar sem Ísland hefur ekki fullgilt samninginn hafa valkostir þeirra Íslendinga sem óskað hafa eftir því að ættleiða barn erlendis frá verið takmarkaðir og hefur skapast löng bið hérlendis eftir börnum til ættleiðingar. Með samþykkt frumvarpsins og tillögu til þingsályktunar um aðild að Haag-samningnum sem verið hefur til meðferðar á þessu löggjafarþingi munu væntanlega verða breytingar þar á.

Við meðferð málsins hjá nefndinni kom til umfjöllunar 26. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um upplýsingaskyldu kjörforeldra. Þar segir að þeir skuli skýra kjörbarni sínu frá því að það sé ættleitt jafnskjótt og það hefur þroska til og skal það að meginreglu til gert áður en barnið nær sex ára aldri. Rætt var um hvort þörf væri á slíkri lagaskyldu og hvort rétt væri að tilgreina sérstakan aldur. Að mati nefndarmanna er þörf á þessari lagaskyldu þar sem það er réttur barnsins að fá að vita að það sé ættleitt. Einnig var það niðurstaða nefndarmanna að rétt væri að miða við sex ára aldur, einkum með hliðsjón af því að skólaskylda hefst á þeim aldri.

Málefni samkynhneigðra komu til umfjöllunar í nefndinni en þar er um aðskilið mál að ræða sem fellur undir gildissvið laga um staðfesta samvist. Samkvæmt upplýsingum sem

nefndin fékk frá dómsmálaráðuneyti er unnið þar að frumvarpi til breytinga á þeim og mun það koma til umfjöllunar Alþingis síðar á þessu þingi.

Það vakti athygli nefndarmanna að III. kafli núgildandi laga um niðurfellingu ættleiðingar er felldur út í frumvarpinu. Í greinargerð kemur fram að þróun í ættleiðingarlöggjöf hafi verið sú að afnema reglur um niðurfellingu ættleiðingar, einkum í löndum þar sem ættleiðing felur í sér gagnger fjölskylduskipti. Þá kom fram í máli fulltrúa dómsmálaráðuneytis að tilgangurinn með niðurfellingu kaflans væri sá að leitast við að gera réttarstöðu ættleiddra barna sem líkasta réttarstöðu kynbarna.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins er óvígð sambúð skilgreind. Fulltrúi Hagstofu Íslands gerði athugasemdir við skilgreininguna og greindi frá því að Hagstofan fylgdi ákveðnum reglum um skráningu í sambúð. Af þeirri ástæðu og vegna lagasamræmis væri eðlilegra að fjalla um skráningu í sambúð sem skilgreiningaratriði.
2. Í 2. mgr. 10. gr. leggur nefndin til þá orðalagsbreytingu að í stað orðanna skynsamleg rök komi gild rök.
3. Nefndin leggur til að nýrri málsgrein verði bætt við 16. gr. þar sem kveðið verði á um skyldu dómsmálaráðherra til að setja reglugerð um umsagnir barnaverndarnefnda. Ráðuneytið hefur gefið út leiðbeiningar við gerð umsagna samkvæmt núgildandi lögum og hefur nefndin fengið ábendingu um að rétt væri að endurnýja þær og koma þeim á skýrara form.
4. Breyting sem lögð er til við 3. mgr. 37. gr. er gerð til leiðréttingar þar sem smávægileg villa er í heiti Haag-samningsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

Alþingi, 14. des. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Ásta Möller.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Gunnar Ingi Gunnarsson, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson.	Helga Guðrún Jónasdóttir.
Katrín Fjeldsted.	Ólafur Örn Haraldsson, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal.

392. Breytingartillögur [68. mál]

við frv. til l. um ættleiðingar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. 5. mgr. orðist svo:
   Með óvígðri sambúð í lögum þessum er átt við sambúð karls og konu sem skráð er í þjóðskrá eða sem ráða má af öðrum ótvíræðum gögnum.
2. Við 10. gr. Í stað orðanna „skynsamleg rök“ í 2. mgr. komi: gild rök.
3. Við 16. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Dómsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um gerð umsagna barnaverndarnefnda.
4. Við 24. gr.
   a. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í slíkum málum en úrskurðinn eða dóminn.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Nú er úrskurður eða dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls eða hvaða barn úrskurðurinn eða dómurinn varði.
5. Við 37. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki um ættleiðingar sem fram fara samkvæmt Haagsamningi frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa.

393. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um skráð trúfélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti og Einar Sigurbjörnsson prófessor. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá biskupi Íslands, guðfræðideild Háskóla Íslands, kaþólska biskupnum í Reykjavík, Kvennakirkjunni, Krossinum, Andlegu þjóðarráði bahá'ía á Íslandi og Siðmennt.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um trúfélög, nr. 18/1975. Lagðar eru til breytingar, m.a. til samræmis við breytingar sem gerðar voru á trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar með stjórnarskipunarlögum árið 1995. Einnig er lagt til að einungis verði fjallað um trúfélög sem hafa verið formlega skráð en önnur trúfélög falli utan gildissviðs laganna en eins og fram kemur í greinargerð er lagt til að miðað verði við að um slík félög gildi sömu reglur og um frjáls félög og félagasamtök, hvort sem þau tengjast átrúnaði eða ekki. Þá kemur fram að fyrirsögn frumvarpsins er frumvarp til laga um skráð trúfélög en þó er að finna almennt ákvæði um trúfélög í I. kafla þess. Einnig kemur fram í kaflaheiti II. kafla að hann gildi um skráð trúfélög en hins vegar er fjallað um þjóðkirkjuna að hluta í 8. og 9. gr.

Við umfjöllun málsins hjá nefndinni var nokkuð rætt um eftirlit sem hafa skal með skráðu trúfélagi. Í 4. gr. kemur m.a. fram að senda skuli dóms- og kirkjumálaráðuneytinu nákvæmt

félagatal við skráningu trúfélags með nöfnum, kennitölum og heimilum félagsmanna og í 5. gr. segir að gera skuli grein fyrir breytingum á félagatali einu sinni á ári. Rætt var um hvort þessi ákvæði væru í samræmi við persónuvernd einstaklingsins og hvort nauðsynlegt teldist að hafa þennan háttinn á. Eftir að hafa rætt við fulltrúa Hagstofunnar um þetta álitaefni varð niðurstaða nefndarinnar sú að leggja ekki til breytingar. Upplýsingar verða að liggja fyrir um meðlimi trúfélags, einkum með tilliti til sóknargjalda sem renna til trúfélagsins. Nefndin vill þó leggja mikla áherslu á að fyllsta trúnaðar verði gætt við skráningu og meðhöndlun upplýsinganna.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að aldurshámark það sem sett er í 1. mgr. 7. gr. verði tekið út. Nefndin telur ekki sérstaka þörf á að gera það að skilyrði í lögunum að forstöðumaður skuli ekki vera eldri en 75 ára. Eðlilegast sé að hafa það á forræði viðkomandi trúfélags. Þá eru lagðar til málfarsleiðréttingar á 7. gr.
2. Lagt er til að í stað 18 ára aldursviðmiðunar í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins komi 16 ára. Í lögum um sóknargjald, nr. 91/1987, kemur fram að frá 16 ára aldri skuli hver einstaklingur greiða sóknargjöld samkvæmt lögunum. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að sami aldur verði notaður sem viðmiðun um greiðslu sóknargjalda og ákvörðun um inngöngu í skráð trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi. Nefndin leggur einnig til breytingar á 4. mgr. sömu greinar. Í stað þess að fjalla eingöngu um þau tilvik þegar forsjá barns hefur verið falin öðrum en foreldrum á grundvelli barnaverndarlaga leggur nefndin til að ákvæðið nái einnig til þeirra tilvika þegar öðrum en foreldrum hefur verið falin forsjá barns á grundvelli annarra laga, en fjallað er um forsjá í fleiri lögum, t.d. barnalögum.
3. Lagðar eru til breytingar á 4. mgr. 9. gr. Leggur nefndin til að í stað þess að prestum eða forstöðumönnum verði skylt að koma tilkynningu um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi til þjóðskrár *geti* þeir komið tilkynningunni á framfæri. Hingað til hefur Hagstofa Íslands annast skráninguna og telur nefndin hagræði að því að hafa það fyrirkomulag óbreytt. Þá leggur nefndin til breytingar á greinarfyrirsögninni í þeim tilgangi að gera hana skýrari þar sem nefndin telur rétt að fram komi að í greininni sé einnig fjallað um úrsögn úr þjóðkirkjunni og skráðu trúfélagi en ekki einvörðungu inngöngu í skráð trúfélag.

Að síðustu vill nefndin taka fram að hún telur að frágangur málsgreina í frumvarpinu sé ekki í samræmi við þá meginreglu í frágangi frumvarpa að hafa málsgreinar ónúmeraðar. Ekki er rökstutt sérstaklega af hvaða ástæðu málsgreinar eru númeraðar og því verða númer málsgreina felld niður og stafliðum breytt í töluliði í lokafrágangi verði frumvarpið samþykkt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm. | Katrín Fjeldsted. | Lúðvík Bergvinsson.

Helga Guðrún Jónasdóttir. | Gunnar Ingi Gunnarsson. | Ásta Möller.

Guðrún Ögmundsdóttir. | Pétur H. Blöndal.

394. Breytingartillögur [69. mál]

við frv. til l. um skráð trúfélög.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 7. gr.
   a. Orðin „og ekki eldri en 75 ára“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „önnur en þau“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: öðrum en þeim.
2. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „18 ára“ í 1. mgr. komi: 16 ára.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Hafi forsjá barns verið falin öðrum en foreldrum á grundvelli laga tekur forsjáraðili ákvörðun um inngöngu þess í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi.
3. Við 9. gr.
   a. Í stað orðsins „Skulu“ í síðari málslið 4. mgr. komi: Geta.
   b. Greinarfyrirsögn verði: *Innganga og úrsögn úr skráðu trúfélagi og úrsögn úr þjóðkirkjunni.*

395. Fyrirspurn [277. mál]

til sjávarútvegsráðherra um forkaupsrétt sveitarfélaga að fiskiskipum.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvaða sveitarfélög hafa neytt forkaupsréttar, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, og í hvað tilfellum var það gert?

Skriflegt svar óskast.

396. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Frá Jóni Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
6.02 Gestastofa í Skaftafelli	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*

397. Fyrirspurn [278. mál]

til samgönguráðherra um rannsóknir á tveimur sjóslysum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað líður rannsóknum á sjóslysunum þegar Vikartindur strandaði og Dísarfell sökk?
2. Hvenær má vænta niðurstöðu þeirra?

398. Fyrirspurn [279. mál]

til viðskiptaráðherra um afkomu Landsbanka Íslands 1988–97.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hversu miklar voru afskriftir Landsbanka Íslands á árunum 1988–97, að báðum árum meðtöldum?
2. Hver var heildarafkoma bankans á þeim árum?
3. Hvenær var stofnað til lánveitinga sem leiddu til þess taps sem olli afskriftunum 1988–97, að báðum árum meðtöldum?
4. Hvert var heildartap bankans af rekstri Lindar hf.?
5. Hvaða fimm einstakar lánveitingar Lindar hf. leiddu til mesta taps bankans?

Skriflegt svar óskast.

399. Frumvarp til laga [280. mál]

um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga.

Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Persónuupplýsingar:* Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, hins skráða.
2. *Vinnsla:* Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
3. *Skrá:* Sérhvert skipulagsbundið safn persónupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
4. *Ábyrgðaraðili:* Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
5. *Vinnsluaðili:* Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
6. *Rafræn vöktun:* Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði.
7. *Samþykki:* Sérstök yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
8. *Viðkvæmar persónuupplýsingar:*
   a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir og trúar- eða heimspekiskoðanir.
   b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.
   c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
   d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
   e. Upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
9. *Sértæk ákvörðun:* Ákvörðun sem afmarkar rétt og/eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.

3. gr.

Efnislegt gildissvið.

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að fenginni umsögn Persónuverndar, að tiltekin tegund rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga falli utan gildissviðs laga þessara eða einstakra ákvæða þeirra.

4. gr.

Sjónvarpsvöktun og myndataka.

Um rafræna vöktun sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, myndbandsbúnaðar, vefmyndavéla eða annars samsvarandi myndatökubúnaðar (sjónvarpsvöktun), og ekki telst vera rafræn vinnsla, fer samkvæmt eftirtöldum ákvæðum: 7. gr. um meðferð upplýsinga, 24.

gr. um viðvaranir um rafræna vöktun, 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl. og 41. gr. um dagsektir, svo og, eftir því sem við á, ákvæðum 31. gr. um tilkynningarskyldu, 32. gr. um efni tilkynninga og 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl.

5. gr.

Tengsl við tjáningarfrelsi.

Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta en víkja má frá ákvæðum þeirra að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku gilda þó aðeins ákvæði 1. og 4. tölul. 7. gr., 11., 42. og 43. gr. laganna.

6. gr.

Landfræðilegt gildissvið.

Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi.

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.

Ákvæði 2. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

II. KAFLI

Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

Meðferð persónuupplýsinga.

Við meðferð persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu:

1. unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
2. fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
5. varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

8. gr.

Vinnsla almennra persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að:

1. hinn skráði hafi gefið ótvírætt samþykki sitt;
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;

4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

Rafræn vöktun staðar þar sem takmarkaður hópur fólks fer að jafnaði um er heimil sé hennar sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

9. gr.

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga.

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er því aðeins heimil að:

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af hagsmuna-, menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum sem liður í lögmætri starfsemi samtakanna enda taki hún aðeins til meðlima þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau, en slíkum persónuupplýsingunum má ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsókna.

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. mgr., telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

10. gr.

Notkun kennitölu.

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

11. gr.

Öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að öryggismat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við staðla sem Persónuvernd ákveður og aðrar reglur sem hún setur um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga. Ábyrgðaraðili skal jafnframt gæta þess að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við 7. gr.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að reglulega sé framkvæmt öryggismat og gerðar kerfisbundnar öryggisráðstafanir til að fullnægja skilyrðum 1. mgr.

Ábyrgðaraðili skal halda skrá yfir öryggismat og öryggisráðstafanir sem fram hafa farið og skal Persónuvernd hafa aðgang að henni hvenær sem er.

12. gr.

Innra eftirlit.

Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit og gera reglulega skýrslur um það. Í slíkum skýrslum skulu m.a. koma fram upplýsingar um hvaða kerfi sé notað við eftirlitið og hvernig það tryggi að farið sé að ákvæðum laga þessara og skilmálum leyfis skv. 35. gr. og/eða fyrirmælum skv. 40. gr.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli um framkvæmd innra eftirlits.

13. gr.

Meðferð vinnsluaðila á persónuupplýsingum.

Vinnsluaðila er óheimilt að nota persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en upphaflega var ákveðið nema samkvæmt ósk ábyrgðaraðila. Vinnsluaðila er óheimilt að afhenda öðrum upplýsingarnar til varðveislu eða vinnslu nema það sé gert í samráði við ábyrgðaraðila.

14. gr.

Frestur til að fullnægja skyldum.

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

15. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af dómsmálaráðherra með reglugerð.

III. KAFLI
Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda. Fræðslu- og viðvörunarskylda. Réttur til rökstuðnings.

16. gr.

Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.;

2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til hverra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegrar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

17. gr.

Opinber skrá um veittar heimildir og mótteknar tilkynningar.

Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

18. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

19. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfræðivinnslu eða vísindarannsókna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tilteknar upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar.

Ráðherra getur með reglugerð sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða.

20. gr.

Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.

Þegar safnað er persónuupplýsingum hjá hinum skráða skal fræða hann um hver sé ábyrgðaraðili, hvert sé markmið söfnunarinnar, hvernig hagað verði auðkenningu upplýsinga, hverjum upplýsingarnar verði afhentar, hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa í för með sér sé það ekki gert. Fræðsluskyldan hvílir á ábyrgðaraðila, eða eftir atvikum vinnsluaðila, en fellur brott hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þessi atriði.

Frekari fræðslu skal veita ef slíkt er nauðsynlegt til að tryggja að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, t.d. fræða hann um upplýsingarétt sinn skv. 18., sbr. 19. gr., og rétt hans til að krefjast þess að upplýsingar verði leiðréttar eða þeim eytt.

21. gr.

Viðvörunarskylda þegar persónuupplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða.

Þegar persónuupplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða skal ábyrgðaraðili samtímis gera hinum skráða viðvart og skýra honum frá þeim atriðum sem talin eru í 2. mgr. 16. gr. Sé ætlunin að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá söfnun þeirra má fresta slíkri viðvörun þar til upplýsingunum er miðlað í fyrsta sinn. Ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust skal þó senda slíka viðvörun 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. viðvörun er að mati Persónuverndar óframkvæmanleg eða leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna eða
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna.

22. gr.

Rökstuðningur sértækra ákvarðana sem byggjast á sjálfvirkri upplýsingavinnslu.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

23. gr.

Viðvaranir um notkun persónumynstra.

Þegar persónumynstur sem skilgreinir tiltekið hátterni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. eða
2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv.,

getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili

geri hinum skráða viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörun er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

24. gr.

Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

IV. KAFLI
Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.

25. gr.

Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

26. gr.

Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlætanlegt út frá heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröfunni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notkun slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

27. gr.

Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkri vinnslu upplýsinga.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðun beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónulega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuverndarhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirmælum laga eða tengist gerð eða efndum samnings.

28. gr.

Bann við notkun nafna í markaðssetningu o.fl.

Hagstofa Íslands skal halda skrá yfir þá sem vilja ekki að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum o.þ.h. eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er í fyrsta sinn notuð í slíkum tilgangi og síðan a.m.k. tvisvar á ári, bera skrána saman við skrá Hagstofunnar til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem eru því mótfallnir. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og þar sé upplýst hvert þeir sem ekki vilja fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs- og skoðanakannanir samkvæmt nánari fyrirmælum Persónuverndar.

V. KAFLI
Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

29. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr.

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana sem viðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

30. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða
3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða

4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða
5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða.

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli um flutning persónuupplýsinga úr landi.

VI. KAFLI
Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.

31. gr.
Tilkynningarskylda.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu.

Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið að vissar tegundir vinnslu skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu, að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda eða að þær séu leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða.

32. gr.
Efni tilkynninga.

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt.

Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja

gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfrest eftir tegund og eðli vinnslu.

33. gr.

Leyfisskyld vinnsla.

Án leyfis Persónuverndar er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga óheimil í öðrum tilvikum en þeim sem falla undir 1. mgr. 9. gr.

Persónuvernd getur þó ákveðið að vissar tegundir vinnslu skv. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. skuli vera leyfisskyldar.

34. gr.

Forsendur leyfisveitingar o.fl.

Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögunum eða fyrirmælum Persónuverndar.

Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

35. gr.

Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna, og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

1. hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögunum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
2. hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
3. hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
4. hvort skipulagt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar, innan þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;
5. hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagmælsku um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

VII. KAFLI
Eftirlit og viðurlög.

36. gr.
Skipulag Persónuverndar og stjórnsýsla.

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir dómsmálaráðherra.

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Í stjórninni skulu eiga sæti tveir lögfræðingar sem fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara og skal annar þeirra vera formaður og hinn varaformaður. Einn stjórnarmaður skal vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar.

Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

37. gr.
Verkefni Persónuverndar.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,
3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitaefni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,

5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitaefni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.

38. gr.

Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.

Persónuvernd getur krafið ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

39. gr.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

40. gr.

Stöðvun vinnslu o.fl.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnun, skráningu eða miðlun, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skrám eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Við mat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a taka tillit til þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Sinni aðili ekki fyrirmælum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

41. gr.

Dagsektir.

Ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að, þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

42. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar.

43. gr.

Bætur.

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga þessara, reglna eða fyrirmæla Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluaðila.

VIII. KAFLI

Lagatengsl, gildistaka o.fl.

44. gr.

Tengsl við ákvæði annarra laga.

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.

45. gr.

Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstéttum.

Í reglugerð skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga, sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluaðila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvörunarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr.

um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfisskylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnáritanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

46. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá birtingu þeirra. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Við gildistöku laganna verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðanna „lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989“ í lokamálslið 20. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, kemur: lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
2. Í stað orðanna „tölvunefnd, sbr. lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga“ í 4. mgr. 24. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, kemur: Persónuvernd, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
3. Í stað orðsins „tölvunefndar“ í 2. mgr. 14. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, kemur: Persónuverndar.
4. Í stað orðsins „tölvunefnd“ í 4. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998, og sama orðs í 5., 6., 7., 10., 12. og 17. gr. kemur í viðeigandi falli: Persónuvernd.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn Persónuverndar og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga við gildistöku laganna skal á þar til gerðu eyðublaði tilkynna Persónuvernd um vinnsluna í samræmi við ákvæði 31. og 32. gr. innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Leyfi sem tölvunefnd hefur gefið út skulu halda gildi enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. INNGANGUR

Hinn 7. febrúar 1996 skipaði dómsmálaráðherra þriggja manna nefnd til að endurskoða lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, vegna gildistöku nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins, þ.e. „DIRECTIVE 95/46/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of October 24 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data“.

Formaður nefndarinnar var skipaður Þorgeir Örlygsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og þá formaður tölvunefndar, en aðrir nefndarmenn voru Sigrún Jóhannesdóttir, lögfræðingur og framkvæmdastjóri tölvunefndar, og Þorsteinn A. Jónsson, lögfræðingur og þá skrifstofustjóri á lagasviði dómsmálaráðuneytisins. Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 29. júní 1998, var Kristján Andri Stefánsson, lögfræðingur og deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, skipaður til að taka sæti í nefndinni samkvæmt tilnefningu forsætisráðuneytisins. Með

nefndinni starfaði Jón Thors, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu. Nefndin lauk störfum 1. október 1998 með því að afhenda dómsmálaráðherra tillögur sínar að frumvarpi til laga um vernd persónuupplýsinga. Byggist frumvarp þetta að meginstefnu á tillögum nefndarinnar.

Að áliti nefndarinnar leiðir áðurnefnd tilskipun ESB til þess að gera þarf miklar breytingar á gildandi íslenskum rétti um meðferð persónuupplýsinga. Þykir því hagkvæmara að semja frá grunni frumvarp til nýrra laga fremur en að leggja til breytingar á einstökum ákvæðum gildandi laga. Í kafla IV hér á eftir er að finna yfirlit um helstu breytingar sem frumvarp þetta kemur til með að hafa í för með sér, ef að lögum verður.

Við samningu frumvarpsins hefur það m.a. verið haft í huga hve stórstígum framförum tölvutækni hefur tekið síðustu ár og áratugi og hefur sú þróun verið hraðari en svo að löggjöf hafi getað fylgt henni eftir. Þá hefur tilskipun ESB verið höfð til hliðsjónar, enda er það eins og áður segir helsta markmiðið með endurskoðun laga nr. 121/1989 að tryggja að ákvæði íslenskra laga fullnægi kröfum tilskipunarinnar. Jafnframt hefur verið litið til þess hvernig aðrar þjóðir á Norðurlöndum hyggjast leiða ákvæði tilskipunar ESB í lög hjá sér. Sérstakur gaumur hefur verið gefinn að starfi Norðmanna við að undirbúa lögleiðingu tilskipunar ESB í norskan rétt og eru fyrir því tvær meginástæður. Fyrri ástæðan er sú að Ísland og Noregur eru einu ríkin á Norðurlöndum sem eru aðilar að EES en ekki ESB og horfir lögleiðing tilskipunarinnar því nokkuð öðruvísi við í þessum tveimur ríkjum en í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Síðari ástæðan er sú að lög nr. 121/1989 áttu sér í öllum helstu og veigamestu atriðum fyrirmynd í ákvæðum norskra laga. Að öðru leyti hefur við samningu frumvarpsins verið litið til íslenskra aðstæðna að því marki sem slíkt rúmast innan ákvæða tilskipunarinnar.

Þann 25. júní 1999 tók gildi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar (ákvörðun nr. 83/99) um að fella tilskipun nr. 95/46EB inn í EES-samninginn. Samkvæmt 103. gr. EES-samningsins hefur Ísland sex mánuði, frá framangreindum gildistökudegi, til að gera nauðsynlegar lagabreytingar og tryggja að íslensk löggjöf verði í samræmi við efnisákvæði tilskipunarinnar. Gildir hið sama einnig um ákvæði sérlöggjafar á þessu réttarsviði ef frá eru talin tilvik þar sem tilskipunin sjálf heimilar frávik frá eigin ákvæðum. Í 1. mgr. 32. gr. tilskipunarinnar kemur fram að aðildarríki hennar skuli, innan þriggja ára frá gildistöku tilskipunarinnar, sem var 24. október 1995, hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli fullnægi ákvæðum tilskipunarinnar. Samkvæmt því öðlaðist tilskipunin gildi innan aðildarríkja ESB 24. október 1998.

II. ÍSLENSK LÖGGJÖF UM FRIÐHELGI EINKALÍFS OG MEÐFERÐ PERSÓNUUPPLÝSINGA

Lagaumhverfi Íslendinga verndar friðhelgi einkalífs með margvíslegum hætti. Fyrst er að geta alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem Íslendingar eru aðilar að. Má þar sem dæmi nefna mannréttindasáttmála Evrópu og alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Í annan stað er að geta ákvæðis 71. gr. stjórnarskrárinnar (áður 66. gr.) frá 1944, svo sem henni var breytt með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995. Í þriðja lagi eru ákvæði til verndar friðhelgi einkalífs í XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en sá kafli fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Í fjórða lagi eru mikilvæg ákvæði til verndar friðhelgi einkalífs í lögum nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, og lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga.

Með þeirri breytingu sem gerð var á stjórnarskránni árið 1995 var gildissvið reglunnar um friðhelgi einkalífs verulega rýmkað og tengsl þess ákvæðis við vernd persónuupplýsinga

stórlega aukin. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar, eftir þá breytingu sem gerð var á henni með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995, segir nú svo:

„Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra."

Fram til ársins 1995 sagði það eitt um friðhelgi einkalífs í 66. gr. stjórnarskrárinnar að heimilið væri friðheilagt og hvorki mætti gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Til rökstuðnings þeirri breytingu sem gerð var á stjórnarskránni árið 1995 að þessu leyti lá það sjónarmið að eðlilegt væri að orða þessi réttindi skýrlega meðal mannréttindaákvæða og skipa þeim saman í ákvæðinu um friðhelgi heimilis, enda væri um að ræða réttindi af sama toga og þau tengdust innbyrðis. Var það einnig í samræmi við ákvæði alþjóðlegra mannréttindasamninga um efnið, eins og sjá mátti í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þar sem kveðið væri á um friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta og 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar er talið upp til hvers friðhelgin nái og er þar fyrst talið einkalíf. Hugtakið einkalíf er yfirhugtak og felast í reynd í því bæði atriðin sem talin eru á eftir, þ.e. heimilis- og fjölskyldulíf. Við skilgreiningu á því hvað felst í ákvæðinu verður þó að greina að umfjöllun um hvert þessara atriða. Í friðhelgi einkalífs felst nú, skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar, í fyrsta lagi réttur manna til þess að ráða yfir lífi sínu og líkama. Í öðru lagi felst í þessu réttur til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi og í þriðja lagi er litið svo á að tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra njóti verndar samkvæmt ákvæðinu. Í skýringum með stjórnarskrárákvæðinu er lögð á það sérstök áhersla að raunhæft dæmi um svið þar sem álitaefni vaknar um hvort brotið hafi verið gegn friðhelgi einkalífs sé skráning persónuupplýsinga um einstaklinga. Er þar fyrst og fremst átt við hversu langt megi ganga í skipulagðri skráningu á lífsháttum manna og högum og meðferð slíkra upplýsinga. Ekki sé sjálfgefið að öll skráning upplýsinga um einstaklinga falli innan ramma einkalífs manna. Þannig girði stjórnarskrárákvæðið ekki fyrir opinbera skráningu um menn í þjóðskrá, en þess megi geta að í 2. mgr. 24. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sé það talið til réttinda hvers barns að vera skráð strax eftir fæðingu sem tryggi m.a. að það geti síðar leitað gagna um fæðingu sína og uppruna.

Með því að setja fram beina reglu um friðhelgi einkalífs í stjórnarskrá er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að sú skylda hvíli á ríkinu að forðast afskipti af einkalífi manna og persónulegum högum þeirra. Nær þetta bæði til beinna afskipta handhafa opinbers valds og lagasetningar um málefni borgaranna. Í öðru lagi er til þess að líta að hættan á því að friðhelgi manna sé rofin stafar ekki einvörðungu frá ríkinu heldur líka frá öðrum einstaklingum og einkaaðilum. Krafan um friðhelgi einkalífs felur því ekki eingöngu í sér að ríkið gangi ekki á þennan rétt borgaranna heldur einnig að ríkinu sé skylt að setja reglur í löggjöf til verndar einstaklingunum í innbyrðis samskiptum þeirra. Því er það svo að 71. gr. stjórnarskrárinnar leggur ákveðnar skyldur á ríkið til lagasetningar. Sú skylda er í meginatriðum tvíþætt, þ.e. annars vegar til þess að veita þessum réttindum manna vernd með ákvæðum refsilaga, sem gera brot annarra einstaklinga á þessum réttindum refsiverð, og hins vegar til þess að binda í löggjöf skýrar reglur um meðferð persónuupplýsinga.

Af því sem hér hefur verið rakið má ráða að setning réttarreglna um meðferð persónuupplýsinga er einn ríkasti þátturinn í viðleitni ríkisvaldsins til þess að sinna þeirri skyldu sem stjórnarskráin leggur á hinn almenna löggjafa að tryggja friðhelgi einkalífs. Það að njóta friðhelgi um einkalíf sitt, þ.m.t. að því er varðar meðferð persónuupplýsinga, er grundvallarþáttur mannréttinda sem íslenska stjórnarskráin verndar.

Hér á landi hafa frá árinu 1980 verið í gildi lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Fyrstu lög sem sett voru hér á landi til verndar einstaklingum vegna skráningar á upplýsingum um einkamálefni þeirra voru lög nr. 63/1981, um skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni. Höfðu þau fyrir fram afmarkaðan gildistíma og féllu úr gildi 31. desember 1985. Þann 1. janúar 1986 tóku gildi ný lög um sama efni, lög nr. 39/1985. Höfðu þau, eins og lög nr. 63/1981, einnig fyrir fram afmarkaðan gildistíma og féllu úr gildi 31. desember 1989. Í 31. gr. þeirra laga var ákvæði um að dómsmálaráðherra skyldi láta endurskoða þau og leggja fram nýtt frumvarp í þingbyrjun haustið 1988. Í janúar 1988 var skipuð nefnd til að semja frumvarp til nýrra laga og tóku ný lög gildi 1. janúar 1990 sem lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Ástæða þess að lög nr. 63/1981 og lög nr. 39/1985 höfðu fyrir fram afmarkaðan gildistíma var sú að tölvutækni þróaðist mjög hratt á þessum árum, og gerir reyndar enn, og þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin með reglulegu millibili með tilliti til þeirrar staðreyndar þannig að þau væru á hverjum tíma í samræmi við hinn tæknilega veruleika.

Löggjöf sú sem sett var í ríkjum hins vestræna heims á árunum 1970–80 um meðferð persónuupplýsinga í kjölfar umræðu um hættur samfara tölvutækninni hafði í meginatriðum tvenns konar reglur að geyma. Annars vegar voru efnisreglur um söfnun, skráningu, meðferð, notkun og miðlun persónuupplýsinga. Gildissvið slíkra reglna var í upphafi víða takmarkað við þá meðferð eina þar sem tölvutækni var beitt. Þó voru nokkur ríki sem ekki gerðu neinn greinarmun á því í þessu sambandi hvort meðferðin var vélræn eða handunnin. Í þeirra hópi var Ísland og er enn í dag.

Hins vegar hefur slík löggjöf að geyma ákvæði um opinbert eftirlit með framkvæmd laganna, en mismunandi er í löggjöf einstakra ríkja hvert valdsvið hins opinbera eftirlitsaðila er. Í sumum löndum hefur megináherslan verið lögð á það að skrár með persónuupplýsingum séu tilkynningarskyldar og að hinn opinberi eftirlitsaðili skuli hafa eftirlit með þeim skrám. Þannig er t.d. löggjöf í Bretlandi og að nokkru í Danmörku. Í öðrum löndum hafa eftirlitsaðilar (persónuverndarstofnanir) fengið eins konar hlutverk umboðsmanns á þessu sviði, en hafa ekki haft eiginlega stjórnsýslu með höndum. Þannig var t.d. löggjöf í Vestur-Þýskalandi í upphafi. Í enn öðrum löndum er byggt á því sem meginreglu að leyfi hins opinbera þurfi til þess að safna og skrá persónuupplýsingar. Er það þá hlutverk hins opinbera eftirlitsaðila að veita slíkt leyfi. Íslensku lögin um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, þ.e. lög nr. 121/1989, eru á þessu fyrirkomulagi byggð og einnig löggjöf í Noregi. Hlutverk tölvunefndar hefur þó ekki verið einskorðað við það að veita starfsleyfi og heimildir því að nefndin úrskurðar um ýmiss konar ágreining, m.a. varðandi aðgang að persónuupplýsingum, um leiðréttingu rangra og villandi upplýsinga o.fl.

III. ALÞJÓÐLEG ÞRÓUN RÉTTARREGLNA UM VERND PERSÓNUUPPLÝSINGA

III.1. Almenn atriði.

Eins og áður er fram komið voru fyrstu lögin sem sett voru hér á landi til verndar einstaklingum vegna skráningar upplýsinga um einkamálefni þeirra nr. 63/1981. Síðar voru sett lög nr. 39/1985 og loks gildandi lög nr. 121/1989. Lagasetning þessi átti sér hliðstæðu í löggjöf

margra vestrænna ríkja. Svíar urðu fyrstir þjóða til að setja lög um þetta efni 11. maí 1973 sem tóku endanlega gildi 1. júlí 1974. Nokkru áður eða árið 1970 hafði sambandsríkið Hessen í Vestur-Þýskalandi sett sér rammalöggjöf um þetta efni. Slík löggjöf er nú í gildi í öllum ríkjum á Norðurlöndum, í flestum aðildarríkja Evrópuráðsins og Evrópusambandsins, í nokkrum ríkjum Bandaríkja Norður-Ameríku, Kanda, Ísrael, Nýja-Sjálandi, Hong-Kong, Japan og nokkrum ríkjum Austur-Evrópu, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Alþjóðlegt samstarf á sviði persónuverndar hefur farið mjög vaxandi á síðari árum og ýmis fjölþjóðleg samtök hafa sinnt persónuverndarmálum í auknum mæli. Íslendingar hafa hin seinni ár tekið virkan þátt í fjölþjóðlegu samstarfi um vernd persónuupplýsinga innan Evrópuráðsins, í starfi alþjóðasamtaka persónuverndarstofnana og síðast en ekki síst í samstarfi norrænna persónuverndarstofnana.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir alþjóðlegum reglum og alþjóðlegu samstarfi sem með einum eða öðrum hætti getur haft áhrif á efni íslenskra réttarreglna að því er varðar vernd persónuupplýsinga. Skiptist sú umfjöllun í þrennt. Í fyrsta lagi er umfjöllun um samning Evrópuráðsins um vernd einstaklinga við vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá árinu 1981 og ýmis tilmæli Evrópuráðsins. Í öðru lagi er fjallað um tilskipun ESB frá 24. október 1995 og í þriðja lagi er vikið að öðrum alþjóðlegum réttarreglum og alþjóðlegu samstarfi sem þýðingu getur haft. Umfjöllunin tekur einvörðungu mið af nokkrum aðalatriðum, en um nákvæmar efnislýsingar og túlkanir er ekki að ræða.

Í stórum dráttum má segja að alþjóðlegar reglur á þessu réttarsviði greinist í tvennt. Annars vegar eru alþjóðasamningar og sáttmálar sem eru þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir Ísland. Í þennan flokk falla samningur Evrópuráðsins frá 1981 og tilskipun ESB. Hins vegar eru reglur (recommendations), þ.e. tilmæli sem ekki eru þjóðréttarlega skuldbindandi þótt taka verði tillit til þeirra eigi að síður.

III.2. Samningur Evrópuráðsins um vernd persónuupplýsinga.

Hinn 25. mars 1991 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga sem gerður var í Strassborg 28. janúar 1981 (CONVENTION nr. 108 for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data). Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd 27. september 1982 með fyrirvara um fullgildingu. Með ályktun 17. desember 1990 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda samninginn og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 1991. Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með auglýsingu utanríkisráðuneytisins frá 27. mars 1991 í C-deild Stjórnartíðinda.

Evrópuráðssamningurinn á að meginstefnu til við um alla vinnslu og aðra meðferð persónuupplýsinga þar sem tölvutækni er beitt við vinnsluna. Tilgangur samningsins er að tryggja sérhverjum manni á svæði hvers samningsaðila, hvert sem þjóðerni hans eða búseta er, virðingu fyrir réttindum hans og grundvallarfrelsi, einkum rétti hans til einkalífs að því er varðar vélræna vinnslu persónuupplýsinga sem hann varða, þ.e. persónuupplýsingavernd.

Með samningi þessum var lagður mikilvægur grundvöllur að tilskipun ESB og er óhætt að fullyrða að lögleiðing efnisákvæða tilskipunarinnar í íslenskan rétt nú sé um margt auðveldari af þeirri ástæðu að efnisákvæði Evrópuráðssamningsins voru leidd í íslenskan rétt við gildistöku laga nr. 121/1989. Evrópuráðssamningurinn hefur að geyma lágmarksreglur, en í því felst að aðildarríkjum hans er heimilt að veita þeim er upplýsingarnar varðar víðtækari réttindi í löggjöf sinni.

Til fyllingar ákvæðum samningsins frá 1981 hefur Evrópuráðið beint tilmælum til aðildarríkja sinna um meðferð persónuupplýsinga á afmörkuðum sviðum. Réttarleg staða tilmæl-

anna er önnur en samningsins því að þær eru ekki þjóðréttarlega skuldbindandi, en eru á hinn bóginn „pólitískt“ skuldbindandi fyrir aðildarríkin. Tilmælin eru nú tíu talsins. Sum tilmælin eru þess eðlis að efni þeirra á ekki beinlínis heima í ákvæðum almennra laga um vernd persónuupplýsinga. Þau geta hins vegar haft mikla þýðingu við setningu sérlaga á þessu réttarsviði og í framkvæmd eftirlitsaðila þegar settir eru sérstakir skilmálar um vinnslu ákveðinna tegunda persónuupplýsinga. Hefur tölvunefnd í tíð gildandi laga haft hliðsjón af tilmælunum þegar hún hefur ákveðið skilmála vinnslu á ákveðnum sviðum.

III.3. Tilskipun Evrópusambandsins 95/46 EC.

Í júlí 1990 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun sem skyldi hafa það að markmiði að tryggja aukið öryggi og aukna vernd einstaklinga við vinnslu persónuupplýsinga. Hvatann að samningu tillögunnar má rekja til þess að í sumum aðildarríkja ESB voru engin lög í gildi sem veittu einstaklingum vernd að því er varðar meðferð persónuupplýsinga, á sama tíma og önnur aðildarríki tryggðu verndina með þeim hætti sem best þekktist í heiminum. Þá höfðu sum aðildarríkja ESB heldur ekki gerst aðilar að Evrópuráðssamningnum frá 1981. Taldi framkvæmdastjórn ESB ástæðu til að óttast að ósamræmi þetta í lagasetningu í aðildarríkjum ESB gæti staðið í vegi fyrir frjálsu flæði persónuupplýsinga milli aðildarríkja ESB og þar með skapað vandkvæði í efnahagslegu samstarfi þeirra.

Evrópuþingið fékk frumvarp framkvæmdastjórnarinnar til umfjöllunar og lagði til nokkrar breytingar. Í framhaldi af því lagði framkvæmdastjórnin fram nýtt frumvarp í október 1992. Frumvarpið kom til lokaumfjöllunar á Evrópuþinginu 15. júlí 1995. Það var endanlega samþykkt af Ráðherraráðinu 24. júlí 1995 sem tilskipun nr. 95/46, þ.e. „DIRECTIVE 95/46 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 24. October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data“.

Markmið tilskipunarinnar er að tryggja samræmdar reglur og samræmda persónuvernd í öllum aðildarríkjum ESB. Innan þess ramma sem hún setur er einstökum aðildarríkjum heimilt að setja strangari reglur sem tryggja meiri vernd en leiðir af ákvæðum tilskipunarinnar. Fer það eftir einstökum ákvæðum hennar að hvaða marki heimilt er í löggjöf einstakra ríkja að mæla fyrir um meiri vernd en tilskipunin sjálf gerir ráð fyrir. Í tilskipuninni er hins vegar að finna bann við því að aðildarríkin setji reglur um persónuvernd sem banna eða takmarka frjálsan flutning persónuupplýsinga milli aðildarríkjanna, sbr. 2. mgr. 1. gr. þar sem segir: „Member States shall neither restrict nor prohibit the free flow of personal data between member States for reasons connected with the protection afforded under paragraph 1.“

Segja má að tilskipun ESB grundvallist á þremur meginsjónarmiðum. Þau sjónarmið sem mest eru ráðandi eru markaðssjónarmið því að samræmdar reglur um persónuvernd eru taldar frumforsenda þess að frjáls og opinn markaður fái þrifist. Til viðbótar eru stjórnsýslusjónarmið því að frjálst flæði upplýsinga milli aðildarríkjanna er ein forsenda þess að sameiginlegum stjórnsýslustofnunum verði komið á laggirnar. Loks styðst tilskipunin við hugmyndafræðileg rök og sjónarmið því að litið er á persónuvernd í vinnslu persónuupplýsinga sem þátt í vernd grundvallarmannréttinda.

Eins og áður er fram komið byggist tilskipun ESB í öllum aðalatriðum á sömu grundvallarsjónarmiðum og Evrópuráðssamningurinn frá 1981. Þar sem grundvallaratriði þess samnings hafa þegar verið leidd í lög á Íslandi eru margar reglur tilskipunarinnar þegar gildandi réttur hér á landi. Aðrar reglur tilskipunarinnar eru hins vegar nýjar af nálinni og því nauðsynlegt að leiða þær sérstaklega í lög hér á landi, svo sem nánar er rakið í skýringum við einstakar greinar frumvarpsins.

Markmið tilskipunar 95/46/EC er annars vegar að tryggja grundvallarmannréttindi einstaklinga og þá alveg sérstaklega rétt manna til þess að njóta friðhelgi um einkalíf sitt í tengslum við meðferð persónuupplýsinga og hins vegar að tryggja frjálst flæði persónuupplýsinga milli aðildarríkja ESB. Ákvæði tilskipunarinnar eiga almennt við um vinnslu persónuupplýsinga þegar vinnslan fer fram með rafrænum hætti hvort heldur sem er í heild eða að hluta og um handunna vinnslu upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Tilskipunin nær hins vegar ekki til vinnslu sem er alfarið til einkanota og heldur ekki til vinnslu persónuupplýsinga á þeim sviðum sem ekki lúta lögsögu Evrópusambandsins.

Samkvæmt tilskipuninni er aðildarríkjunum skylt að setja á laggirnar stofnanir til þess að hafa eftirlit með því að ákvæðum hennar sé fylgt innan landamæra viðkomandi ríkis. Skulu slíkar stofnanirnar njóta fullkomins sjálfstæðis í störfum sínum og m.a. hafa vald til þess að framkvæma rannsóknir, veita leyfi, stöðva ólöglega starfsemi o.fl. Almenningi skal vera kunnugt um tilvist allrar vinnslu með persónuupplýsingar og stofnuninni vera skylt að halda skrá um alla vinnslu sem fram fer, þ.e. þá vinnslu sem er leyfis- eða tilkynningarskyld.

Ákvæði tilskipunarinnar byggjast á þeirri meginreglu að vinnsla ákveðinna tegunda viðkvæmra persónuupplýsinga sé bönnuð, en veita eigi að síður svigrúm til þess að víkja frá meginreglunni í mörgum tilvikum. Þannig er t.d. heimilt að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar ef sá aðili sem upplýsingarnar varðar samþykkir vinnsluna og eins geta aðildarríkin heimilað frávik frá meginreglunni ef slíkt er nauðynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Skilgreining tilskipunarinnar á því hvaða upplýsingar teljist viðkvæmar er í samræmi við skilgreiningu 1. mgr. 4. gr. gildandi laga nr. 121/1989 að því frátöldu að upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál teljast ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi tilskipunarinnar. Á hinn bóginn er það nýmæli að finna í tilskipuninni miðað við gildandi íslenskan rétt að upplýsingar um stéttarfélagsaðild teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga.

Í tilskipuninni er að finna reglur um skyldu ábyrgðaraðila sem safnar persónuupplýsingum til þess að veita hinum skráða að eigin frumkvæði ákveðna vitneskju. Er hér um að ræða viðbótarrétt hins skráða, þ.e. til viðbótar rétti hans til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig. Slíkur réttur er ekki með öllu nýmæli í íslenskum rétti. Skal í því sambandi bent á tilkynningarskyldu skrárhaldara skv. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 121/1989, sem reyndar tekur aðeins til þess þegar safnað er upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Eins má nefna ákvæði 3. mgr. 6. gr. gildandi laga þar sem fram kemur að tölvunefnd getur bundið heimild til samtengingar persónuupplýsinga því skilyrði að hinum skráða verði skýrt frá því að samtenging kunni að fara fram.

Í tilskipuninni er lögð sú skylda á ábyrgðaraðila að tilkynna viðkomandi persónuverndarstofnun um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga þegar vinnslan mun fara fram með rafrænum hætti í heild eða að hluta. Heimilt er að víkja frá ákvæðum um tilkynningarskyldu, annars vegar þannig að um ákveðnar tegundir vinnslu gildi vægari tilkynningarreglur eða þær séu með öllu undanþegnar tilkynningarskyldunni og hins vegar þannig að um enn aðrar tegundir vinnslu gildi strangari reglur, þ.e. leyfisskylda í stað tilkynningarskyldu. Sá er hins vegar munur tilskipunarinnar og þess fyrirkomulags sem nú gildir að íslenskum rétti samkvæmt lögum nr. 121/1989 og reyndar fleiri réttarheimildum, sbr. t.d. lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, að í tilskipuninni er byggt á tilkynningarskyldu sem aðalreglu, en í gildandi íslenskum rétti er byggt á leyfisveitingum sem aðalreglu.

Um nokkur ný réttindi er að ræða samkvæmt tilskipuninni þegar í hlut á ákveðin tegund rafrænnar vinnslu og ákvörðunarferli. Í fyrsta lagi er í tilskipuninni byggt á því að hver og einn eigi rétt á því að fá að vita hvaða reglukerfi býr að baki tiltekinni rafrænni vinnslu persónuupplýsinga um hann sjálfan. Í þessu felst réttur manns til þess að fá rökstuðning fyrir

ákvörðun sem tekin hefur verið með rafrænum hætti, þ.e. hvaða vinnslukerfi hugbúnaðurinn byggist á. Í öðru lagi hefur hver og einn rétt til þess að fá handunna endurskoðun á ákveðnum tegundum ákvarðana sem alfarið hafa byggst á rafrænni vinnslu upplýsinga.

Varðandi aðrar tilskipanir ESB en tilskipun 95/46/EC sem þýðingu hafa við vernd persónuupplýsinga skal fyrst nefnd tilskipun 97/7 um neytendavernd og fjarsölu, þ.e. „DIRECTIVE 97/7/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 20 May 1997 on the protection of consumers in respect of distance contracts". Þann 6. mars 1998 var samþykkt að taka þessa tilskipun undir EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/98. Gildissvið hennar nær til samninga um vöru og þjónustu sem gerðir eru af hálfu neytenda og seljenda með fjarsölu, þ.e. samninga sem alfarið komast á með milligöngu „fjarmiðla". Dæmigerð tilvik fjarsölu eru t.d. símsala, póstkröfusala og sala þar sem kaupandi pantar vörur eða þjónustu símleiðis eða skriflega á grundvelli auglýsinga í sjónvarpi, útvarpi eða verðlistum. Sala á netinu er dæmi um fjarsölu sem ætla má að fái aukna þýðingu í nánustu framtíð. Í tilskipun þessari eru mörg ákvæði sem ætlað er að verja hagsmuni neytenda við fjarsölu og hefur hún ýmsa snertifleti við tilskipun 95/46/EC.

Sama á við um tilskipun um vernd persónuuuplýsinga og samskiptaleynd á sviði fjarskipta, þ.e. „DIRECTIVE 97/66/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 15 December 1997 concerning the processing of personal data and the protection of privacy in the telecommunications sector". Þann 25. júní 1999 tók gildi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella þessa tilskipun undir EES-samninginn. Tilgangur hennar er að vera til fyllingar og viðbótar hinum almennu ákvæðum í tilskipun 95/46/EC. Sama máli gegnir um aðra tilskipun á sviði fjarskiptamála, þ.e. „DIRECTIVE 98/10/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 26 February 1998 on the application of open network provision (ONP) to voice telephony and on universal service for telecommunications in a competitive environment". Hún var felld undir EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar þann 26. mars 1999. Hún er til fyllingar tilskipunum nr. 95/46/EC og 97/66/EC og þar er vísað í almenn ákvæði þeirra beggja. Er ljóst að allar þessar tilskipanir hafa að geyma veigamiklar efnisreglur sem munu snerta daglega starfsemi Persónuverndar og hafa mikil áhrif í störfum hennar við vernd persónuupplýsinga á sviði fjarskipta.

III.4. Aðrar alþjóðlegar reglur.

Vernd mannréttinda á alþjóðlegum vettvangi og bindandi þjóðréttarsamningar eru tiltölulega nýtt viðfangsefni í samanburði við forsögu mannréttindaákvæða í stjórnskipunarlögum einstakra ríkja. Eftir lok síðari heimstyrjaldarinnar urðu straumhvörf í alþjóðasamvinnu um mannréttindavernd er mönnum urðu ljós þau miklu mannréttindabrot sem framin höfðu verið meðan á styrjöldinni stóð. Varð mönnum þá ljós sú staðreynd að nauðsynlegt væri að ná samstöðu um vernd mannréttinda á alþjóðlegum vettvangi. Var þetta eitt helsta markmiðið með stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1945 eins og fram kemur í stofnskrá þeirra. Í *mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna* frá árinu 1948 er talinn upp fjöldi borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda, en einnig hin helstu af vettvangi félagslegra og menningarlegra réttinda. Jafnframt er því lýst yfir að það sé markmið aðildarríkja samtakanna að virða og efla þessi réttindi. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna er ekki bindandi þjóðréttarsamningur en hún var eigi að síður stórt skref í alþjóðlegri mannréttindasamvinnu. Hún lagði grunn að eftirfarandi samvinnu um alþjóðlega mannréttindasamninga, ekki aðeins á vettvangi

Sameinuðu þjóðanna heldur einnig í svæðisbundinni samvinnu þjóða um mannréttindi, t.d. á vegum Evrópuráðsins við gerð mannréttindasáttmála Evrópu.

Ýmis ákvæði mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna hafa verulega þýðingu fyrir persónuvernd í víðtækri merkingu þess hugtaks. Skal þar einkum bent á ákvæði 3., 12., 18., 19. og 20. gr. hennar. Í 12. gr. hennar segir: „Eigi má eftir geðþótta raska heimilisfriði nokkurs manns, hnýsast í einkamál hans eða bréf, vanvirða hann eða spilla mannorði hans. Ber hverjum manni lagavernd gagnvart slíkum afskiptum eða árásum."

Mannréttindayfirlýsingunni hafa Sameinuðu þjóðirnar fylgt eftir með alþjóðlegum samningum á ýmsum sviðum. Er þar m.a. að nefna *alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi* frá 16. desember 1966 sem tók gildi 23. mars 1976. Samningur þessi hefur verið fullgiltur af tveimur þriðju hlutum ríkja veraldar. Brot á ákvæðum samningsins verða kærð til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Út frá persónuverndarsjónarmiðum er það einkum 17. gr. samningsins sem þýðingu hefur. Þar segir: „1. Enginn skal þurfa að þola geðþótta- eða ólögmæta röskun á einkalífi, fjölskyldu, heimili eða bréfaskiptum, né ólögmætar árásir á heiður eða mannorð sitt. 2. Allir eiga rétt á lagavernd gegn slíkri röskun eða árásum."

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 14. desember 1990 ályktun 45/95, „Guidelines Concerning Computerized Personal Data Files," um þær lágmarkskröfur sem gera ber til þeirra sem með persónuupplýsingar fara.

Þá hefur margvísleg fjölþjóðleg samvinna um mannréttindi átt sér stað á vettvangi Evrópuráðsins frá því að það var stofnað árið 1949. Mikilvægasti samningurinn á vettvangi Evrópuráðsins er *mannréttindasáttmáli Evrópu* frá árinu 1950 þar sem talin eru helstu borgaralegu og stjórnmálalegu réttindi sem aðildarríki Evrópuráðsins eru skuldbundin til að tryggja þegnum sínum. Ellefu viðaukar hafa síðan verið gerðir við mannréttindasáttmálann og í fjórum þeirra er bætt við nýjum efnisréttindum. Ísland hefur staðfest mannréttindasáttmálann og átta af viðaukum hans, þ.m.t. alla þá sem bætt hafa við efnisréttindum, og hefur auk þess viðurkennt lögsögu mannréttindadómstóls Evrópu. Meðal þeirra réttinda sem mannréttindasáttmáli Evrópu og viðaukar hans vernda er friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. Í 8. gr. sáttmálans segir: „1. Hver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. 2. Stjórnvöld mega ekki raska þessum réttindum, nema samkvæmt lögum og nauðsynlegt sé í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna öryggis almennings." Samningur sá frá 1981 sem fjallað er um í kafla III.2. hér að framan er til fyllingar þessu ákvæði mannréttindasáttmálans.

Þá má geta ályktunar eða *leiðbeiningarreglna aðildarríkja OECD* frá 1980 (OECD Guidelines on the Protection of Privacy and Transborder Flows of Personal Data). Ályktun þessi er ekki þjóðréttarlega skuldbindandi en hefur eigi að síður haft mikla þýðingu, einkanlega í rétti þeirra ríkja sem hvorki lúta Evrópuráðssamningnum frá 1981 né tilskipun ESB 95/46/EC.

Það eru ekki einungis ríki Evrópu sem hafa átt frumkvæði að svæðisbundinni vernd persónuupplýsinga. Samtök Ameríkuríkja (OAS) samþykktu eigin mannréttindayfirlýsingu árið 1948 (American Declaration on the Rights and Duties of Man). Í V. gr. þeirrar yfirlýsingar kemur fram að sérhver einstaklingur skuli lögum samkvæmt njóta verndar gegn „abusive attacks upon ... his private ... life". Um mannréttindayfirlýsingu Samtaka Ameríkuríkja gildir hið sama og um mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna að hún er ekki þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir aðildarríki. Á hinn bóginn hafa Samtök Ameríkuríkja fylgt ákvæðum mannréttindayfirlýsingarinnar eftir með samningi um vernd mannréttinda sem er þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir aðildarríkin, þ.e. „American Convention on Human Rights" en sá

samningur öðlaðist gildi 18. júlí 1978. Í 11. gr. samningsins kemur m.a. fram að enginn einstaklingur þurfi að sæta „arbitrary or abusive interference with his private life“ og að sérhver einstaklingur eigi rétt til þess að lög tryggi honum vernd í þeim efnum.

IV. MEGINBREYTINGAR SAMKVÆMT FRUMVARPI ÞESSU OG HELSTU MARKMIÐ ÞESS

IV.1. Markmið nýrra laga.

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna markmiðsyfirlýsingu. Þar segir að markmið laganna sé að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Í lögum nr. 121/1989 er slíka markmiðsyfirlýsingu ekki að finna en í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga kemur fram að meginmarkmið þeirra sé að tryggja mönnum vernd gegn hættu á misnotkun upplýsinga um einkamálefni þeirra sem varðveittar séu eða skráðar hafi verið með kerfisbundnum hætti.

IV.2. Gildissvið nýrra laga.

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir að lögin gildi um sérhverja rafræna vinnslu. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga séu þær eða eigi þær að verða hluti af skrá. Í 1. gr. gildandi laga er gildissvið þeirra markað með nokkuð öðrum hætti. Þar segir að lögin taki til hvers konar kerfisbundinnar skráningar og annarrar meðferðar á persónuupplýsingum og að lögin eigi við hvort heldur sem skráning er vélræn eða handunnin. Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild, sbr. 2. mgr. 1. gr. gildandi laga.

Afmörkun frumvarpsins á gildissviði nýrra laga tekur mið af ákvæðum 3. gr. tilskipunar ESB. Þar kemur fram að gildissvið hennar nær til meðferðar persónuupplýsinga sem er rafræn í heild eða að hluta, svo og til handunninnar meðferðar ef persónuupplýsingar eru eða eiga að verða hluti af skrá. Af ákvæðum frumvarpsins og tilskipunarinnar leiðir að efnislegt gildissvið nýrra laga verður rýmra en svið gildandi laga að því leyti að hugtakið „persónuupplýsingar“ skírskotar ekki lengur sérstaklega til eðlis upplýsinganna heldur á við um sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem tengja má beint eða óbeint við einstakling. Þá er sá munur á gildissviði að frumvarpið nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga án tillits til þess hvort afmörkuðum upplýsingum er safnað í skipulagsbundna heild eða ekki, en tekur hins vegar því aðeins til handunninnar meðferðar persónuupplýsinga að þær séu eða eigi að verða hluti af skrá. Af ákvæðum frumvarpsins leiðir þannig að megináherslan er lögð á vinnsluhugtakið en ekki skrárhugtakið.

IV.3. Nýtt heiti opinbers eftirlitsaðila.

Í 30. gr. gildandi laga nr. 121/1989 kemur fram að til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laganna skuli dómsmálaráðherra skipa fimm manna nefnd sem í lögunum er kölluð tölvunefnd. Sú nafngift á að nokkru rót sína að rekja til þeirrar tækniþróunar sem varð tilefni lagasetningar um meðferð persónuupplýsinga bæði hérlendis og erlendis. Þótt nafngift þessi á eftirlitsaðilanum hafi áunnið sér nokkurn sess hér á landi og sé vel þekkt er hún eigi að síður nokkuð misvísandi og gefur ekki til kynna rétta mynd af hlutverki og starfsemi eftirlitsaðilans. Þykir því rétt að leggja til breytingu á heiti eftirlitsaðilans sem í frumvarpinu er kallaður Persónuvernd og tekur við því hlutverki sem tölvunefnd gegnir samkvæmt gildandi lögum.

IV.4. Tilkynningar í stað leyfisumsókna.

Samkvæmt lögum nr. 121/1989 er eftirlit tölvunefndar með því að farið sé að ákvæðum laganna m.a. framkvæmt með fyrirbyggjandi ráðstöfunum, þ.e. leyfisveitingum þar sem skráning persónuupplýsinga er heimiluð með skilmálum sem nefndin metur nauðsynlega hverju sinni. Í frumvarpinu er lagt til að dregið verði úr hinum fyrirbyggjandi ráðstöfunum en þess í stað lögð aukin áhersla á eftirfarandi ráðstafanir og úrræði. Hið nýja fyrirkomulag samkvæmt frumvarpinu byggist á þremur meginatriðum:

Í fyrsta lagi er mælt fyrir um skyldu til að tilkynna um ákveðnar tegundir vinnslu persónuupplýsinga, sbr. ákvæði 31. gr. frumvarpsins. Í tilkynningu skulu ákveðnar grunnupplýsingar koma fram, sbr. ákvæði 32. gr., og Persónuvernd skal halda sérstaka skrá um allar innsendar tilkynningar, sbr. ákvæði 1. mgr. 17. gr. Skal skrá þessi vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður. Þær upplýsingar sem fram eiga að koma í tilkynningunni þjóna m.a. þeim tilgangi að Persónuvernd geti metið hvort og þá hvernig hún hefur eftirlit með þeirri vinnslu sem tilkynnt hefur verið.

Í öðru lagi er mælt fyrir um að þeir sem vinna með persónuupplýsingar eigi að tryggja öryggi við vinnsluna og gæði upplýsinganna, sbr. ákvæði 11. gr. frumvarpsins. Mikilvægur þáttur í því er sú skylda sem lögð er á ábyrgðaraðila að viðhafa innra eftirlit og gera reglulega skýrslu um það, sbr. ákvæði 12. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi er Persónuvernd veitt heimild til að stöðva ólögmæta vinnslu eða mæla fyrir um önnur úrræði til að tryggja að vinnsla fullnægi skilyrðum laga, sbr. almenn ákvæði 40. gr. þar að lútandi. Meðal nýmæla í þeim efnum er ákvæði 41. gr. sem veitir Persónuvernd heimild til að leggja dagsektir á þann sem ekki hlítir fyrirmælum hennar.

Til viðbótar því sem hér var nefnt skal þess getið að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Persónuvernd gegni þýðingarmiklu hlutverki við að leiðbeina þeim um persónuvernd sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu. Er í því sambandi m.a. haft í huga að stofnunin aðstoði við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir, sbr. ákvæði 5. tölul. 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins.

Þótt gert sé ráð fyrir því í frumvarpinu að dregið verði verulega úr leyfisveitingum er ekki horfið með öllu frá því fyrirkomulagi, sbr. ákvæði 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um leyfisskylda vinnslu. Einnig er lagt til í 45. gr. frumvarpsins að söfnun og skráning upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni lögaðila, í því skyni að miðla þeim til annarra, verði leyfisskyld. Þessi starfsemi er leyfisskyld samkvæmt gildandi lögum. Tilskipun ESB tekur ekki til upplýsinga um lögaðila og því er ekki tilefni til að gera breytingar að þessu leyti.

IV.5. Efnisreglur um meðferð persónuupplýsinga.

Í gildandi lögum er ekki að finna margar efnisreglur sem mæla fyrir um það hvernig fara má með persónuupplýsingar. Úr því hefur að nokkru verið bætt í tíð gildandi laga með ítarlegum skilmálum sem tölvunefnd hefur sett um starfsemi leyfisskyldra aðila og þeirra sem sækja um heimildir til einstakra aðgerða. Í frumvarpinu eru gerðar verulegar breytingar að þessu leyti því að þar er að finna mörg ný ákvæði sem hafa að geyma efnisreglur. Koma þær reglur einkanlega fram í 7. gr. frumvarpsins.

IV.6. Aukin réttindi hins skráða.

Í gildandi lögum er í aðalatriðum reynt að vernda friðhelgi einkalífs hinna skráðu með tvenns konar aðferðum: Í fyrsta lagi með því opinbera eftirliti sem lög nr. 121/1989 gera ráð fyrir og falið er tölvunefnd og í öðru lagi með réttindum sem hinum skráða eru fengin í hend-

ur og þjóna þeim tilgangi að hann geti sjálfur gætt réttar síns. Má hér sem dæmi nefna rétt hins skráða til aðgangs að upplýsingum sem hann sjálfan varða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að réttindi þeirra sem upplýsingar varða, þ.e. hinna skráðu, verði stórlega aukin og birtist það með þrennum hætti í frumvarpinu:

Í fyrsta lagi með því að ábyrgðaraðila er að eigin frumkvæði gert skylt að framkvæma ýmsar ráðstafanir sem hafa það að markmiði að tryggja að hinn skráði geti nýtt sér réttindi sín samkvæmt lögunum. Dæmi um þetta eru ákvæði 20. og 21. gr. frumvarpsins þar sem sú skylda er lögð á ábyrgðaraðila að veita hinum skráða fræðslu um tiltekin atriði þegar safnað er upplýsingum um hann.

Í öðru lagi eru hinum skráða veitt nokkur ný eða rýmkuð réttindi sem hann verður sjálfur að hafa frumkvæði að nýta sér. Hér má sem dæmi nefna ákvæði 16. gr. um rétt manna til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga, ákvæði 22. gr. um rétt hins skráða til þess að krefjast rökstuðnings fyrir ákvörðun skv. 23. gr. og um rétt til þess að krefjast þess að ákvörðun sem hefur alfarið byggst á rafrænni vinnslu verði handunnin, sbr. ákvæði 27. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi felst í því réttaröryggi fyrir almenning að Persónuvernd skal samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins halda skrá yfir alla þá vinnslu sem henni er tilkynnt um, sbr. 31. gr., og vinnslu sem hún heimilar, sbr. 33. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. 17. gr. kemur fram að skrá þessi skal vera aðgengileg almenningi. Er það Persónuverndar að ákveða hvernig það verður gert og kemur mjög til álita að skráin verði m.a. aðgengileg á netinu.

IV.7. Aukið sjálfstæði eftirlitsaðilans.

Eftirlit með framkvæmd laga nr. 121/1989 er samkvæmt ákvæðum 30. gr. þeirra laga falið tölvunefnd. Nefndin hefur verið vistuð í dómsmálaráðuneytinu og hafa starfsmenn þess haft með höndum starf ritara og í seinni tíð framkvæmdastjóra nefndarinnar. Hefur dómsmálaráðuneytið og lagt nefndinni til húsnæði og aðra starfsaðstöðu. Þótt nefndin hafi samkvæmt þessu verið í miklum tengslum við dómsmálaráðuneytið hefur hún verið sjálfstæð í störfum sínum og birtist það fyrst og fremst í því að úrlausnir hennar samkvæmt lögum nr. 121/1989 verða ekki bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir. Þannig verður þeim t.d. ekki skotið til dómsmálaráðuneytis eða dómsmálaráðherra til endurskoðunar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að við verkefnum tölvunefndar taki sjálfstæð ríkisstofnun sem í frumvarpinu er nefnd Persónuvernd. Styðst sú skipan mála í aðalatriðum við tvenns konar rök. Í fyrsta lagi hafa verkefni tölvunefndar vaxið gríðarlega síðustu árin. Þykir nauðsynlegt að bregðast við þeirri aukningu með því að fjölga þeim sem við þennan málaflokk starfa og tryggja því starfsliði þann aðbúnað sem nauðsynlegur er til þess að hafa megi virkt eftirlit með framkvæmd laganna. Í öðru lagi má nefna þá áherslu sem tilskipun ESB leggur á sjálfstæði eftirlitsaðilans, sbr. einkum ákvæði 2. mgr. 28. gr. hennar. Má gera ráð fyrir að sjálfstæði eftirlitsaðilans sé bæði sýnilegra og virkara ef rofin eru þau tengsl milli hans og dómsmálaráðuneytisins sem verið hafa, önnur en þau tengsl sem leiða af því að þessi málaflokkur heyrir undir dómsmálaráðuneytið og að vald til þess að setja reglugerð um framkvæmd laganna er hjá dómsmálaráðherra.

IV.8. Reglur um vöktun.

Tækniþróun hefur í seinni tíð gert það kleift að fylgjast með þegnum samfélagsins með nýjum og áður óþekktum aðferðum. Löggjöf hér á landi hefur á hinn bóginn ekki fylgt þeirri þróun eftir sem skyldi. Er því tímabært við setningu nýrra laga um vernd persónuupplýsinga að bregðast við svo sem gert er í frumvarpi þessu, en það hefur að geyma ýmis ákvæði um

vöktun. Vísast um það efni til ákvæða 6. tölul. 2. gr. og ákvæða 3. og 4. gr. frumvarpsins og skýringa við þær greinar.

V. NOKKUR MEGINSJÓNARMIÐ VIÐ SAMNINGU FRUMVARPSINS

V.1. Efnislegt gildissvið nýrra laga.

V.1.1. Hugtakið persónuupplýsingar.

Í gildandi lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga er hugtakið „persónuupplýsingar" skilgreint í 1. gr. Sú skilgreining tekur bæði mið af eðli upplýsinganna og því hvort unnt er að tengja upplýsingarnar við tiltekinn aðila. Að því er eðli upplýsinganna varðar segir í 3. mgr. 1. gr. að með persónuupplýsingum sé átt við upplýsingar sem varða einkamálefni, fjárhagsmálefni eða önnur málefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Hvað tengsl upplýsinganna við tiltekinn aðila varðar segir í 4. mgr. 1. gr. að ákvæði laganna eigi við um upplýsingar um einkamálefni er varða tiltekinn aðila, þótt hann sé ekki nafngreindur, ef hann er sérgreindur með nafnnúmeri, kennitölu eða öðru skráningarauðkenni sem unnt er að persónugreina með eða án greiningarlykils.

Framangreind skilgreining gildandi laga er önnur en skilgreining tilskipunar ESB. Í a-lið 2. gr. eru persónuupplýsingar skilgreindar. Þar segir: „personal data shall mean any information relating to an identified or identifiable natural person (data subject); an identifiable person is one who can be identified, directly or indirectly, in particular by reference to an idenfication number or to one or more factos specific to his physical, physiological, mental, economic, cultural og social identity."

Það sem skilur á milli skilgreiningar gildandi laga og skilgreiningar tilskipunarinnar er í aðalatriðum tvennt: Í fyrsta lagi það að tilskipunin nær einungis til einstaklinga en gildandi lög ná bæði til einstaklinga og lögpersóna. Í öðru lagi er í tilskipuninni ekki skírskotað sérstaklega til eðlis upplýsinganna eins og gert er í gildandi lögum.

Í frumvarpinu er hugtakið persónuupplýsingar skilgreint í 1. tölul. 2. gr. Segir þar að persónuupplýsingar séu sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, þ.e. hins skráða. Með skilgreiningu frumvarpsins er leitast við að tryggja fullt samræmi milli íslenskra laga annars vegar og alþjóðlegra skuldbindinga hins vegar. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að í frumvarpinu er skilgreint sérstaklega hvað séu viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tölul. 2. gr. Gilda að mörgu leyti aðrar reglur um meðferð slíkra upplýsinga en persónuupplýsinga almennt, sbr. 8. og 9. gr. frumvarpsins.

V.1.2. Vernd lögpersóna.

Ákvæði tilskipunar ESB standa í sjálfu sér ekki í vegi fyrir því að gildissvið nýrra íslenskra laga nái til upplýsinga um lögpersónur. Er lagt til í 45. gr. að í reglugerð verði nánar mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja og annarra lögaðila í því skyni að miðla þeim til annarra. Einnig er lagt til að þessi starfsemi verði leyfisskyld og um hana gildi nánar tilgreind ákvæði frumvarpsins.

V.1.3. Vernd látinna manna.

Í gildandi lögum er ekki berum orðum tekin afstaða til þess að hve miklu leyti látnir einstaklingar njóta verndar laganna. Má því segja að réttarstaðan hér á landi sé ekki fyllilega ljós að því leyti. Almennt hefur þó verið gengið út frá því í íslenskum rétti að látnir einstaklingar njóti friðhelgi um einkalíf sitt ekki síður en lifandi menn. Hefur tölvunefnd byggt á því

í störfum sínum, t.d. að því er varðar aðgang að heilsufarsupplýsingum um látna menn í tengslum við framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Í þessu sambandi verður og að hafa í huga að ný tækni á sviði erfðavísinda gerir það brýnna en ella að tekin sé afstaða til þess í persónuverndarlöggjöf að hve miklu leyti upplýsingar um látna menn falli undir gildissvið laganna því að upplýsingar um látna menn geta veitt mjög mikilvægar og afdrifaríkar upplýsingar um lifandi menn.

Með framangreind rök í huga er á því byggt í frumvarpi þessu, þótt ekki segi það berum orðum í frumvarpstextanum sjálfum, að skráðar upplýsingar um látna menn falli undir gildissvið laganna einkum ef þær geta veitt upplýsingar um lifandi menn. Á það t.d. við um upplýsingar um arfgenga sjúkdóma. Teljast slíkar upplýsingar þá ótvírætt persónuupplýsingar í skilningi laganna.

V.1.4. Meðferð persónuupplýsinga – skrárhugtakið.

Gildandi lög heita lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Í 1. mgr. 1. gr. þeirra kemur fram að lögin taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar og annarrar meðferðar á persónuupplýsingum og að lögin eigi við hvort heldur sem skráningin er vélræn eða handunnin. Í gildandi lögum er hugtakið meðferð persónuupplýsinga ekki skilgreint nánar en hins vegar er skilgreint hvað átt er við með kerfisbundinni skráningu. Hefur áherslan hvað varðar efnislegt gildissvið laganna þannig einkum verið lögð á skrárhugtakið. Þótt gildandi lög skilgreini ekki hugtakið meðferð er eigi að síður að finna nokkur ákvæði í lögunum sem varða meðferð upplýsinga, einkum þegar unnið er með upplýsingar fyrir aðra, sbr. ákvæði V., VI. og VII. kafla laganna.

Í tilskipun ESB hefur skrárhugtakið ekki sömu þýðingu og í lögunum nr. 121/1989 heldur er það vinnsla upplýsinganna sem mestu máli skiptir. Gilda ákvæði tilskipunarinnar um sérhverja sjálfvirka vinnslu persónuupplýsinga, en ná því aðeins til handunninna persónuupplýsinga að þær séu eða eigi að verða hluti af skrá. Er það orðað svo í 1. mgr. 3. gr.: „This Directive shall apply to the processing of personal data wholly or partly by automatic means, and to the processing otherwise than by automatic means of personal data which form part of a filing system or are intended to form part of a filing system." Hugtakið *persónuupplýsingaskrá* er skilgreint í c-lið 2. gr. tilskipunarinnar, en þar segir: „personal data filing (filing system) shall mean any structured set of personal data which are accessible according to specific criteria, whether centralized, decentralized or dispersed on a functional or geographical basis". Af þessu má ljóst vera, eins og áður segir, að skrárhugtakið hefur samkvæmt tilskipun ESB mun minni þýðingu en það hefur samkvæmt gildandi íslenskum lögum.

Í Evrópuráðssamningnum frá 1981 er nálgunin nokkuð önnur en í tilskipun ESB. Þar segir í b-lið 2. gr. að *vélræn skrá* sé sérhverjar upplýsingar sem unnar séu vélrænt. *Skrárhaldari* merkir í d-lið 2. gr. „þann mann eða lögaðila, stjórnvald eða hverja aðra stofnun sem er bær samkvæmt landslögum að ákveða markmið með vélrænu skránni, hvers konar persónuupplýsingar eigi að geyma og hvaða aðgerðum megi beita".

Hin öra þróun á sviði tölvutækni hefur leitt til þess að *skrárhugtakið* er ekki lengur eins hentugt við að afmarka efnislegt gildissvið persónuverndarlaga og það var þegar gildandi lög voru sett árið 1989. Er því í frumvarpi þessu lagt til að hin nýju lög gildi um sérhverja *vinnslu* persónuupplýsinga óháð þeirri aðferð eða tækni sem notuð er við vinnsluna. Lögin gilda þó ekki um handvirka vinnslu persónuupplýsinga nema þær séu eða eigi að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Er þetta í samræmi við afmörkun tilskipunar ESB.

Hugtakið *vinnsla* persónuupplýsinga er skilgreint í b-lið 2. gr. tilskipunar ESB. Þar segir að vinnsla (processing of personal data) „shall mean any operation or set of operations which

is performed upon personal data, whether or not by automatic means, such as collection, recording, organization, storage, adaption or alteration, retrieval, consultation, use, disclosure by transmission, dissemination or otherwise making available, alignment or combination, blocking, erasure or destructure". Er það eins og áður segir meginregla að reglur tilskipunarinnar gilda um alla vélræna vinnslu persónuupplýsinga í heild eða að hluta, en því aðeins um handunna vinnslu að upplýsingarnar séu eða eigi að verða hluti af skrá. Frá meginreglunni gilda þær undantekningar sem greinir í 2. mgr. 3. gr. Í Evrópuráðssamningnum frá 1981 er vélræn vinnsla skilgreind í c-lið 2. gr. sem eftirfarandi aðgerðir séu þær framkvæmdar að öllu leyti eða nokkru leyti með vélrænum hætti: geymsla upplýsinga, framkvæmd rökrænna og/eða reikningslegra aðgerða á þeim, breyting, afmáun, uppfletting eða dreifing.

Í 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins er hugtakið vinnsla skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er rafræn eða handvirk. Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. gr. er vinnsluhugtakið ákaflega rúmt. Undir það geta fallið mismunandi og ólíkar aðgerðir eða röð aðgerða en engan veginn er sjálfgefið að sömu reglur gildi um hinar mismunandi tegundir vinnslu. Af ákvæðum frumvarpsins leiðir að það er hugtakið vinnsla sem afmarkar efnislegt gildissvið nýrra laga, sbr. nánar ákvæði 1. mgr. 3. gr. þess. Er þetta til samræmis við tilskipun ESB og er vinnsluhugtakið í frumvarpinu skilgreint á sama hátt og í tilskipuninni, sbr. nánar athugasemdir við 2. tölul. 2. gr.

Af skilgreiningu frumvarpsins á hugtakinu vinnsla leiðir að vinnsla getur verið hvort heldur sem er aðgerð eða röð aðgerða. Vinnsla getur t.d. falið í sér söfnun, skráningu, varðveislu, samtengingu og breytingu, miðlun og eyðingu upplýsinga. Vísindamaður sem safnar og skráir persónuupplýsingar um afmarkaðan hóp manna, tengir þær upplýsingar við upplýsingar í öðrum skrám, vinnur úr upplýsingunum og varðveitir þær síðan t.d. í því skyni að nálgast úrtakið aftur, telst vinna með persónuupplýsingar í skilningi laganna.

V.1.5. Vinnsla af hálfu einkaaðila og opinberra aðila.

Af ákvæðum 1. mgr. 1. gr. gildandi laga leiðir að þau taka til skráningar bæði af hálfu einkaaðila og opinberra aðila. Einkenni tilskipunar ESB er það að reglur hennar gilda bæði um opinbera aðila og einkaaðila. Með því er í fyrsta lagi leitast við að samræma efnisreglur ólíkra landa sem skilgreina hugtökin einkaaðili og opinber aðili með mismunandi hætti. Í öðru lagi liggur það til grundvallar tilskipuninni að réttarvernd hins almenna borgara eigi ekki að vera misjöfn eftir því hver það er sem vinnur með upplýsingar um hann. Í 1. mgr. 3. gr. Evrópuráðssamningsins frá 1981 kemur fram að aðilar takast á hendur að láta þann samning ná til vélrænna skráa með persónuupplýsingum og vélrænnar vinnslu á persónuupplýsingum hjá opinberum aðilum og einkaaðilum.

Í frumvarpi þessu er við það miðað að reglur þess gildi um vinnslu af hálfu einkaaðila og opinberra aðila. Er því ekki um neina efnisbreytingu að ræða miðað við gildandi lög. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að vinnsla af hálfu einkaaðila getur, ekki síður en vinnsla af hálfu opinberra aðila, haft afdrifaríkar afleiðingar í för með sér fyrir hinn skráða. Þar við bætist að þeirrar tilhneigingar gætir í auknum mæli að fela einkaaðilum ýmsa starfsemi sem hið opinbera hefur haft með höndum, hvort heldur sem er starfsemina í heild eða einungis að hluta.

Hins vegar er ekki sjálfgefið að sömu reglum verði alfarið beitt um þessa aðila í framkvæmd laganna. Þannig má annars vegar benda á að um starfsemi opinberra aðila gilda auk ákvæða frumvarpsins, ef að lögum verður, ákvæði annarra laga sem tryggja vernd einstak-

lingsins í skiptum sínum við ríkisvaldið, t.d. ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga. Einstaklingurinn á almennt ekki val um það hvort hann á skipti við ríkisvaldið í lögbundinni starfsemi þess en að öllu jöfnu ræður hann því hins vegar sjálfur hvort hann skiptir við einkaaðila eða ekki. Auk þess gætir samkeppnissjónarmiða meira þegar um starfsemi einkaaðila er að ræða. Öll þessi atriði geta leitt til þess að við framkvæmd laganna gildi mismunandi reglur eftir því hvort í hlut eiga einkaaðilar eða opinberir aðilar.

Af skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 121/1989 leiðir að ákvæði þeirra ná ekki til skráningar af hálfu einstaklinga. Hins vegar leiðir það jafnframt af athugasemdum greinargerðar með frumvarpi til þeirra laga að einstaklingum er óheimil skráning þeirra upplýsinga sem falla undir ákvæði laganna nema þeir hafi með höndum einhverja þá starfsemi sem réttlætir slíka skráningu, sbr. 3. gr. laganna. Í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ESB kemur fram að ákvæði hennar eiga ekki við um vinnslu upplýsinga af hálfu „natural person in the course of a purely personal or household activity". Slík regla er eðlileg og sér hennar stað í ákvæðum 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að lögin gildi ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru eingöngu ætlaðar til persónulegra nota. Vísast að öðru leyti til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins um þetta atriði.

V.1.6. Viðkvæmar persónuupplýsingar.

Hugtakið viðkvæmar persónuupplýsingar er ekki að finna í texta laga nr. 121/1989. Hins vegar segir í athugasemdum við 4. gr. laganna að sú grein fjalli um skráningu þeirra persónuupplýsinga sem séu taldar mönnum sérstaklega viðkvæmar. Má því segja að í gildandi lögum sé gert ráð fyrir að til séu persónuupplýsingar sem séu mönnum viðkvæmari en aðrar og að um þær upplýsingar gildi sérstakar reglur, bæði hvað varðar heimild til söfnunar og skráningar og um aðgang að þeim.

Í 8. gr. tilskipunar ESB kemur óbeint fram skilgreining á því hvaða persónuupplýsingar það eru sem eru mönnum sérstaklega viðkvæmar. Er sú skilgreining að mestu leyti í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 121/1989. Hið sama er að segja um skilgreiningu 6. gr. Evrópuráðssamningsins, þ.e. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga er í samræmi við þá skilgreiningu.

Meginregla tilskipunar ESB er sú að óheimilt er að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 1. mgr. 3. gr. Frá þeirri meginreglu eru gerðar ákveðnar undantekningar í 2. mgr. 3. gr. Hið sama er að segja um 6. gr. Evrópuráðssamningsins, þ.e. vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er bönnuð nema lög geri ráð fyrir viðeigandi verndarráðstöfunum.

Í 8. tölul. 2. gr. frumvarpsins er hugtakið viðkvæmar persónuupplýsingar skilgreint og er sú skilgreining í samræmi við skilgreiningu tilskipunar ESB. Af ákvæðum tilskipunarinnar leiðir að skylt er að setja sérstakar reglur um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Sér þess t.d. stað í ákvæðum 33. gr. frumvarpsins. Rétt er að hafa í huga að upptalning tilskipunarinnar og frumvarpsins á því hvað séu viðkvæmar persónuupplýsingar er ekki nákvæmlega eins og í 1. mgr. 4. gr. gildandi laga. Til dæmis eru upplýsingar um stéttarfélagsaðild þar taldar til viðkvæmra persónuupplýsinga en svo er ekki í gildandi lögum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 8. tölul. 2. gr. frumvarpsins.

V.1.7. Landfræðilegt gildissvið.

Í 6. gr. frumvarpsins er landfræðilegt gildissvið þess markað. Vegna aðildar Íslands að EES og þeirrar ákvörðunar að fella tilskipun ESB 95/46/EC undir EES-samninginn er landfræðilegt gildissvið nýrra laga um vernd persónuupplýsinga markað á nokkuð annan hátt en gert er í gildandi lögum. Vísast um þetta til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins.

V.2. Úrræði til að tryggja persónuvernd.

V.2.1. Almenn atriði.

Segja má að úrræði til að tryggja persónuvernd séu í aðalatriðum tvenns konar. Annars vegar eru sameiginleg úrræði sem opinberir eftirlitsaðilar beita í þágu einstaklinganna almennt. Það eru t.d. reglur sem áskilja leyfisveitingar, tilkynningar, eftirlitsferðir o.s.frv. Hins vegar eru úrræði sem hinn skráði nýtur sjálfur lögum samkvæmt og hefur á forræði sínu að ákveða hvort beitt er eða ekki. Má hér sem dæmi nefna réttinn til aðgangs að upplýsingum, réttinn til þess að krefjast leiðréttingar eða eyðingar upplýsinga o.s.frv.

Misjafnt er hversu vel almenningi er kunnugt um réttindi sín samkvæmt lögum um vernd persónuupplýsinga. Þá þróun má sjá fyrir að magn þeirra upplýsinga sem unnið er um einstaklinga mun aukast mjög á komandi árum. Getur það því að óbreyttum lögum orðið mjög erfitt fyrir hinn almenna borgara að gæta réttar síns sjálfur þannig að viðunandi sé. Eitt af meginsjónarmiðunum við samningu frumvarps þessa er að búa þannig um hnútana að almenningur eigi auðveldara en nú er að gæta réttar síns sjálfur. Sér þessa einkum stað í 17. gr. frumvarpsins um skrá um skrár. Þá má og benda á ákvæði frumvarpsins um skyldu ábyrgðaraðila til þess að leiðrétta, eyða og bæta við upplýsingar.

V.2.2. Opinber skrá um tilkynningar og leyfisveitingar.

Í 2. mgr. 21. gr. tilskipunar ESB er lögð sú skylda á aðildarríkin að sjá til þess að opinber eftirlitsaðili haldi opinbera skrá um þær tilkynningar sem berast skv. 18. gr. tilskipunarinnar. Tilskipunin hefur einnig að geyma ákvæði um hvaða lágmarksupplýsingar slík opinber skrá skal hafa að geyma, þ.e. upplýsingar þær sem greinir í a–e-liðum 1. mgr. 19. gr. Í Evrópuráðssamningnum er gert ráð fyrir að hinn skráði njóti svipaðs réttar og hér kemur fram í tilskipuninni, sbr. ákvæði a-liðar 1. mgr. 8. gr. Evrópuráðssamningsins. Þar segir að sérhverjum manni skuli gert unnt að staðreyna að vélræn skrá með persónuupplýsingum sé fyrir hendi, aðaltilgang hennar, svo og vitneskju um hver sé skrárhaldari og fast heimili hans eða aðalstarfsstaður. Hins vegar leggur Evrópuráðssamningurinn ekki beina skyldu á aðildarríkin að sjá til þess að slík opinber skrá verði mynduð.

Í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB og anda Evrópuráðssamningsins er í 17. gr. frumvarps þessa mælt fyrir um myndun opinberrar skrár um veittar heimildir og mótteknar tilkynningar. Um efni skrárinnar og aðgengi að henni vísast til 17. gr. og athugasemda við þá grein. Telja verður að skrá eins og sú sem hér um ræðir geti verið áhrifaríkt tæki fyrir hinn almenna borgara til að gæta réttar síns að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um hann. Í fyrsta lagi er slík skrá til þess fallin að veita einstaklingunum betri sýn yfir það hvar ætla megi að upplýsingar um þá séu skráðar og hvers eðlis þær upplýsingar eru. Í öðru lagi er tilvist slíkrar skrár nauðsynlegt tæki fyrir hina skráðu við að gæta réttar síns, t.d. að því er varðar aðgang að upplýsingum, leiðréttingu þeirra og eyðingu. Í þriðja lagi er slík skrá til þess fallin að gera bæði stjórnkerfið og starfsemi einkaaðila opnari og gegnsærri en ella. Þótt við það sé miðað að Persónuvernd haldi slíka skrá og beri ábyrgð á henni er ekkert því til fyrirstöðu að hún feli öðrum aðilum framkvæmd einstakra þátta varðandi skrárhaldið, ef þörf krefur.

V.2.3. Skylda til að veita almenna vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga þótt ekki sé um tilkynningarskylda vinnslu að ræða.

Í 16. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um skyldu ábyrgðaraðila til þess að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Frumvarpsgrein þessi byggist á 3. mgr. 21. gr. tilskipunar ESB, en sambærilegt ákvæði er hvorki að finna í gildandi lögum né í Evrópuráðssamningnum frá 1981.

Ákvæði þetta hefur það að markmiði að tryggja og auka vernd hins skráða með því að létta honum að gæta sjálfur réttar síns. Um nánari rök fyrir reglunni vísast til athugasemda við 16. gr. Upplýsingar þær sem hér um ræðir eru svo almenns eðlis að auðvelt hlýtur að vera fyrir ábyrgðaraðila að veita þær. Er ákvæðið því engan veginn til þess fallið að auka úr hófi fram vinnu og kostnað ábyrgðaraðila við framkvæmd starfa síns þegar litið er til þeirra miklu hagsmuna hins skráða af því að fá slíkar upplýsingar sem hér um ræðir.

V.2.4. Réttur hins skráða til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig.

Mælt er fyrir um rétt hins skráða til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig í 18. gr. frumvarpsins sem byggist á 12. gr. tilskipunar ESB. Um undantekningar frá slíkum rétti ræðir hins vegar í 19. gr. sem byggist á 13. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði svipaðs efnis er í b-lið 8. gr. Evrópuráðssamningsins. Þar segir að sérhverjum manni skuli gert unnt að fá með hæfilegu millibili og án óhæfilegs dráttar eða kostnaðar staðfestingu á því hvort persónuupplýsingar um hann séu geymdar í vélrænni skrá, enda sé honum skýrt frá slíku á skiljanlegan hátt.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 18. gr. frumvarpsins rýmkar ákvæði þetta og skerpir þann rétt sem skráðir aðilar njóta nú skv. IV. kafla laga nr. 121/1989. Það er almennt viðurkennt að eitt áhrifaríkasta úrræðið til þess að koma í veg fyrir vinnslu rangra og villandi upplýsinga, eða upplýsinga sem óheimilt er að vinna með, sé að veita skráðum aðilum lagalegan rétt til þess að fá að kynna sér efni þeirra upplýsinga sem um þá hafa verið skráðar. Styðst ákvæði frumvarpsgreinarinnar, sem eins og fyrr segir á sér fyrirmynd í tilskipun ESB og Evrópuráðssamningnum, við þetta sjónarmið.

Reglan um rétt hins skráða til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig kemur fram í 9. gr. gildandi laga. Nær réttur hins skráða til þess að fá vitneskju um hvort hann er á skrá og hvað hefur verið skráð um hann þar. Ákvæði frumvarpsgreinarinnar er rýmra að því leyti að samkvæmt henni á hinn skráði til viðbótar rétt á að fá upplýsingar um tilgang vinnslu, hver fái eða muni fá upplýsingar um hann, hvaðan upplýsingarnar komi og hvaða öryggisráðstafanir séu viðhafðar við vinnslu. Benda má á að þegar um er að ræða aðgang aðila máls að gögnum í vörslu stjórnvalds gilda um það sérákvæði stjórnsýslulaga og eftir atvikum upplýsingalaga.

Í 9. og 11. gr. gildandi laga er að finna takmarkanir á rétti hins skráða til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig en slík ákvæði eru í 19. gr. frumvarpsins sem fyrr segir. Vera kann að þegar tiltekinn aðili fær upplýsingar um sjálfan sig séu honum jafnframt óbeint veittar upplýsingar um aðra menn þótt ekki séu efni til að neita um aðganginn af þeirri ástæðu. Hér má sem dæmi nefna að þegar manni eru veittar upplýsingar um erfðaeiginleika sína geta slíkar upplýsingar augljóslega sagt til um erfðaeiginleika annarra manna. Hvílir þá mikil siðferðileg ábyrgð á hinum skráða að umgangast upplýsingar um eigin erfðaeiginleika þannig að það skaði ekki annað fólk. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 18. og 19. gr. frumvarpsins.

V.2.5. Upplýsingaskylda ábyrgðaraðila gagnvart hinum skráða.

Erfitt er að leggja mat á það í hversu mörgum skrám er að finna upplýsingar um þegna þjóðfélagsins, enda hefur ekki verið gerð sérstök könnun á því hér á landi. Datatilsynet í Noregi, sem er systurstofnun tölvunefndar, áætlar að þar í landi sé að finna upplýsingar um „meðal-Norðmanninn" í um 500 skrám. Er ekki fjarri lagi að sú tala geti einnig verið raunhæf hér á landi. Það gefur því augaleið að erfitt hlýtur að vera fyrir hvern og einn einstakling að henda reiður á því hvar persónuupplýsingar um hann hafa verið skráðar og að sama skapi

erfitt fyrir hann að nýta sér rétt sinn til aðgangs að slíkum upplýsingum. Í ljósi þeirra staðreynda sem hér hafa verið raktar ber að skoða ákvæði tilskipunar ESB um tilkynningarskyldu ábyrgðaraðila gagnvart skráðum aðilum. Er þar um að ræða skyldu til að veita upplýsingar, óháð því hvort borist hefur fyrirspurn frá hinum skráða eða ekki.

Reglur um upplýsingaskyldu ábyrgðaraðila gagnvart hinum skráða eru tvenns konar í tilskipun ESB og í frumvarpi þessu. Annars vegar er um að ræða fræðsluskyldu þegar upplýsingum er safnað hjá hinum skráða sjálfum og hins vegar viðvörunarskyldu þegar upplýsingum er safnað hjá öðrum en hinum skráða. Skal nú vikið nánar að þessum atriðum.

Um fræðsluskyldu þegar upplýsingum er safnað hjá hinum skráða sjálfum gilda ákvæði 10. gr. tilskipunar ESB. Kemur þar fram skylda ábyrgðaraðila til að fræða hinn skráða um hver sé ábyrgðaraðili og hver sé tilgangurinn með vinnslunni, auk annarra upplýsinga sem nánar eru tilgreindar í c-lið 10. gr. Eru ákvæði 20. gr. frumvarpsins byggð á 10. gr. tilskipunarinnar. Um frekari skýringar á gildissviði 20. gr. frumvarpsins vísast til athugasemda við þá grein.

Í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar ESB eru ákvæði um viðvörunarskyldu ábyrgðaraðila gagnvart hinum skráða þegar upplýsingum er safnað hjá öðrum en honum sjálfum. Ber að veita viðvörun um sömu atriði og um ræðir í 10. gr. tilskipunarinnar og er viðvörunarskyldan óháð því hvort upplýsingunum verður miðlað áfram eða ekki. Í 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar er að finna nokkrar undantekningar frá meginreglu 1. mgr. 11. gr. Ákvæði 21. gr. frumvarpsins taka mið af 11. gr. tilskipunarinnar og eru mjög til þess fallin að styrkja réttarstöðu hins skráða. Með slíkri viðvörun sem um ræðir í ákvæðinu getur hinn skráði öðlast vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sjálfan sig sem hann bjó ekki yfir áður. Gerir það honum auðveldara að beita rétti sínum samkvæmt lögunum. Um nánari skýringar á umfangi viðvörunarskyldunnar vísast til athugasemda við 21. gr. frumvarpsins.

V.2.6. Réttur hins skráða til að mótmæla tiltekinni vinnslu.

Í 14. gr. tilskipunar ESB eru reglur um rétt hins skráða til að mótmæla tiltekinni vinnslu persónuupplýsinga um hann sjálfan. Reglur 14. gr. verður að skoða í samhengi við ákvæði 15. gr. og ákvæði a-liðar 12. gr. sem vísar til 1. mgr. 15. gr. Ákvæði 14. gr. tilskipunarinnar byggjast á því grundvallarviðhorfi að það sé réttur hvers einstaklings að ráða sjálfur yfir upplýsingum sem hann sjálfan varða. Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði sem hafa beina samsvörun við hin tilvitnuðu ákvæði tilskipunarinnar, en telja verður að þau réttindi hins skráða sem hér um ræðir séu nægilega tryggð í ákvæðum 25. og 26. gr. frumvarpsins. Í 25. gr. er fjallað um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi persónuupplýsinga og í 26. gr. er fjallað um eyðingu og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi. Að því er varðar nánara inntak þessara réttinda hins skráða vísast til athugasemda við 25. og 26. gr. Þá verður og að ætla að þau réttindi sem um ræðir í 14. og 15. gr. tilskipunar ESB megi leiða af almennum ólögfestum sjónarmiðum og reglum um friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga.

V.2.7. Réttur til að hafna ákvörðunum sem byggjast á sjálfvirkri vinnslu upplýsinga.

Í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar ESB er fjallað um rétt einstaklingsins til þess að neita því að teknar séu um hann ákvarðanir sem grundvallast eingöngu á sjálfvirkri vinnslu upplýsinga. Segir þar: „Member States shall grant the right to every person not to be subject to a decision which produces legal effects concerning him or significantly affects him and which is based solely on automated processing of data intended to evaluate certain personal aspects relating to him, such as his performance at work, creditworthiness, reliability, conduct, etc.“ Sam-

kvæmt þessu byggist 15. gr. tilskipunarinnar í fyrsta lagi á því að í ákvörðun felist mat eða lýsing á persónulegum atriðum, í öðru lagi að ákvörðun hafi réttaráhrif gagnvart viðkomandi einstaklingi og í þriðja lagi að um sjálfvirka vinnslu upplýsinga sé að ræða. Frá reglu 1. mgr. 15. gr. eru undantekningar sem nánar eru tilgreindar í 2. mgr. 15. gr.

Ákvæði 27. gr. frumvarpsins taka mið af reglu 15. gr. tilskipunar ESB. Varðandi 15. gr. tilskipunar ESB er rétt að hafa í huga að hún fjallar aðeins um aðferðir þess sem ákvörðun tekur og takmarkar með engu móti rétt einstaklingsins til þess að láta reyna á gildi ákvörðunarinnar fyrir dómstólum. Þá er og mikilvægt að hafa í huga að þótt réttur skv. 1. mgr. 27. gr. til þess að neita sjálfvirkri vinnslu upplýsinga sé ekki fyrir hendi vegna ákvæða 2. mgr. 27. gr. hefur það engin áhrif á rétt einstaklingsins til þess að nýta sér málskotsreglur á stjórnsýslustigi að því er ákvörðunina sjálfa varðar ef málskotsheimild er á annað borð fyrir hendi. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 27. gr. frumvarpsins.

V.2.8. Rökstuðningur ákvarðana sem byggja á sjálfvirkri vinnslu.

Í 12. gr. tilskipunar ESB kemur fram að sérhver einstaklingur skuli eiga rétt til þess að fá vitneskju um „the logic involved in any automatic processing of data concerning him at least in the case of the automated decisions referred to in Article 15(1)". Tilvísunin til 15. gr. felur í sér að vinnslan þarf að hafa leitt til ákvörðunar sem hefur réttaráhrif gagnvart viðkomandi einstaklingi. Ákvæðið hefur því fyrst og fremst einkenni reglu sem mælir fyrir um rétt til eftirfarandi rökstuðnings þegar ákvörðun hefur verið tekin, en veitir ekki rétt til aðgangs að upplýsingum um reglukerfi sjálfvirkrar vinnslu áður en ákvörðun er tekin. Rökin að baki reglu 15. gr. tilskipunarinnar eru fyrst og fremst þau að beiting réttarreglna fer oft fram með sjálfvirkri úrvinnslu í tölvum. Það er því í raun hin sjálfvirka vinnsla með reglurnar sem ræður niðurstöðu í tilteknu máli. Er því eðlilegt að sá sem ákvörðun varðar eigi rétt til rökstuðnings fyrir niðurstöðunni þar sem gerð er grein fyrir því reglukerfi sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggur ákvörðun til grundvallar.

Ákvæði 22. gr. frumvarpsins styðst við 12. gr. tilskipunar ESB og þau rök sem að framan greinir. Þar kemur fram að liggi fyrir sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga eigi sá sem ákvörðunin beinist að rétt til þess að krefjast rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggur ákvörðun til grundvallar. Að vissu marki kann slíkan rétt til rökstuðnings sem hér um ræðir nú þegar að leiða af ákvæðum stjórnsýslulaga um eftirfarandi rökstuðning. Er því ekki víst að frumvarpsákvæði þetta komi til með að breyta miklu í starfsemi hins opinbera. Hins vegar er ákvæði þetta til þess fallið að auka réttindi hins skráða í skiptum hans við ýmsa einkaaðila sem annast vinnslu persónuupplýsinga í skilningi frumvarpsins, t.d. þegar lagt er mat á greiðslugetu og lánstraust einstaklinga með sjálfvirkum aðferðum. Ber fyrst og fremst að skoða ákvæði þetta sem lið í þeirri viðleitni að auka réttindi skráðra aðila. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 22. gr. frumvarpsins.

V.2.9. Réttur til að láta leiðrétta, eyða eða bæta við upplýsingar.

Í gildandi lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga er á nokkrum stöðum mælt fyrir um rétt hins skráða til að krefjast þess að rangar eða villandi upplýsingar séu leiðréttar, þær afmáðar eða við þær bætt, eftir því sem við á hverju sinni, sbr. einkum ákvæði 14. og 20. gr. Þá hefur tölvunefnd skv. 33. gr. laganna víðtækar heimildir til að beita slíkum úrræðum þegar skráning eða upplýsingagjöf gengur í berhögg við ákvæði laganna að mati nefndarinnar.

Í b-lið 12. gr. tilskipunar ESB kemur fram að hinn skráði skuli eiga rétt á því að fá röngum upplýsingum breytt. Er það orðað svo að aðildarríkin skuli „guarantee every data subject the right to obtain from the controller: ... (b) as appropriate the rectification, erasure or blocking of data the processing of which does not comply with the provisions of this Directive, in particular because of the incomplete or inaccurate nature of the data". Ákvæði þetta verður að öðru leyti að skoða í samhengi við 6. gr. tilskipunarinnar sem m.a. áskilur að upplýsingar skuli unnar í sanngjörnum og lögmætum tilgangi. Í c-lið 12. gr. tilskipunarinnar er fjallað um skyldu ábyrgðaraðila til að senda tilkynningar til þriðja manns um leiðréttingar og aðrar aðgerðir sem framkvæmdar eru skv. b-lið 12. gr. Í 3. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar eru ákvæði um heimildir eftirlitsstofnunar til að beita sömu úrræðum og hér um ræðir.

Í Evrópuráðssamningnum frá 1981 er mælt fyrir um svipuð réttindi hins skráða og hér um ræðir í c- og d-liðum 8. gr. Segir í c-lið að sérhverjum manni skuli gert unnt að fá, eftir því sem við á, leiðréttar eða afmáðar slíkar upplýsingar hafi þær verið unnar gagnstætt ákvæðum laga sem veita gildi þeim grundvallarreglum er um getur í 5. og 6. gr. samningsins. Er í 5. gr. samningsins fjallað um gæði upplýsinga og í 6. gr. um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Í d-lið 8. gr. segir að sérhverjum manni skuli gert unnt að leita úrræða sé ekki orðið við beiðni hans um staðfestingu eða, eftir því sem við á, tilkynningu, leiðréttingu eða afmáun eins og greinir í b- og c-liðum þeirrar greinar.

Segja má að ákvæði frumvarps þessa um leiðréttingu og eyðingu persónuupplýsinga sé mjög í sama anda og ákvæði gildandi laga, en gangi þó heldur lengra. Í fyrsta lagi er afdráttarlaust tekið fram í 2. mgr. 25. gr. að Persónuvernd sé heimilt að banna notkun upplýsinga sem óheimilt er að eyða eða breyta vegna ákvæða annarra laga. Í öðru lagi ber ábyrgðaraðila skv. 1. mgr. 25. gr. að hindra eftir því sem honum er frekast unnt að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða ef röngum eða villandi upplýsingum hefur verið miðlað.

Í 26. gr. frumvarpsins eru ákvæði um eyðingu og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi. Kemur meginreglan fram í 1. mgr. 26. gr. en þar segir að þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til varðveislu persónuupplýsinga skuli ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra. Sjá að öðru leyti athugasemdir við 26. gr. frumvarpsins.

V.3. Stjórnun og eftirlit.

V.3.1. Almenn atriði – gildandi réttur.

Lagareglur sem mæla fyrir um hvernig vinna má með persónuupplýsingar, þ.e. efnisreglur, veita ekki einar sér fullnægjandi tryggingu fyrir því að með persónuupplýsingar sé unnið samkvæmt fyrirmælum laga. Í vissum tilvikum getur verið nauðsynlegt að fylla almenn ákvæði laganna með ýmsum úrræðum, t.d. leyfisveitingum, tilkynningum, leiðbeiningum og upplýsingum, eins og áður hefur verið rakið.

Í lögum nr. 121/1989 er að meginstefnu til byggt á því sem kalla má leyfisveitingarfyrirkomulag við eftirlit með framkvæmd laganna. Það lýsir sér í fyrsta lagi í því að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, þ.e. þeirra upplýsinga sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 4. gr. laganna, er einungis heimil með leyfi tölvunefndar. Á það bæði við um heimild til skráningar og miðlunar upplýsinganna. Þetta gildir þó ekki ef sérstök lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar eða hinn skráði samþykkir skráningu eða miðlun upplýsinganna. Í öðru lagi kemur þetta fram í því að ákveðin starfsemi er því aðeins heimil að tölvunefnd veiti til hennar starfsleyfi, sbr. ákvæði V., VI., og VII. kafla laganna. Í þriðja lagi kemur þetta fram í því að tiltekin vinnsla eða meðferð persónuupplýsinga er því aðeins heimil að

tölvunefnd veiti heimild til slíkrar meðferðar, sbr. t.d. ákvæði VIII. kafla laganna sem fjallar um söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis. Starfsleyfi þau sem tölvunefnd veitir eru yfirleitt á stöðluðu formi en taka að sjálfsögðu mið af sérstöku eðli þeirrar starfsemi sem hverju sinni fer fram. Hið sama gildir t.d. um þau leyfi sem nefndin veitir til vísindarannsókna, þ.e. þau eru yfirleitt stöðluð en taka mið af sérstöku eðli hverrar rannsóknar.

Efnisreglur, þ.e. reglur um það hvernig vinna má með persónuupplýsingar, eru fáar í gildandi lögum. Sem dæmi um efnisreglur má þó nefna ákvæði 4., 5. og 6. gr. sem varða vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, þ.e. söfnun og skráningu, miðlun og samtengingu. Hið sama gildir um ýmis ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laganna. Hins vegar hefur tölvunefnd í starfsleyfum sem hún gefur út og heimildum sem hún veitir til einstakra aðgerða sett ítarleg fyrirmæli um meðferð persónuupplýsinga og þannig mótað ákveðnar efnisreglur í framkvæmd. Þá hefur nefndin veitt bæði einkaaðilum og opinberum aðilum sem vinna með persónuupplýsingar ráðleggingar um atriði sem tengjast starfssviði nefndarinnar. Auk þess hefur nefndin eftirlit með framkvæmd laganna með þeim hætti sem nánar er fyrir mælt í X. kafla laganna og eftir atvikum einstökum greinum laganna.

V.3.2. Alþjóðlegar reglur.

Í 1. mgr. 4. gr. Evrópuráðssamningsins frá 1981 segir að sérhver aðili skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að þær grundvallarreglur um upplýsingavernd sem greinir í II. kafla samningsins taki gildi. Skv. 10. gr. samningsins skal hver aðili setja reglur um hæfileg viðurlög og úrræði vegna brota á ákvæðum laga sem veita gildi þeim grundvallarreglum um upplýsingavernd sem greinir í II. kafla. Af ákvæðum 6. gr. leiðir að því aðeins má vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar að lög geri ráð fyrir viðeigandi verndarráðstöfunum.

Í 18. og 19. gr. tilskipunar ESB er fjallað um tilkynningarskyldu ábyrgðaraðila gagnvart opinberum eftirlitsaðilum. Kemur þar fram meginreglan um að tilkynna ber um alla vélræna vinnslu upplýsinga, en tilkynningarskyldan gildir ekki um handunna vinnslu upplýsinga. Skv. 5. mgr. 18. gr. getur hvert aðildarríki hins vegar ákveðið að einstök eða öll handunnin vinnsla skuli lúta reglum um tilkynningarskyldu eða að um hana gildi einfaldari tilkynningarreglur en um vélræna vinnslu. Heimilt er að mæla fyrir um undantekningar frá tilkynningarskyldunni, sbr. ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 18. gr. tilskipunarinnar. Þá er í tilskipuninni gert ráð fyrir strangara eftirliti (prior checking) þegar ákveðin tegund vinnslu á í hlut, sbr. 20. gr. tilskipunarinnar, þ.e. vinnsla sem skert getur réttindi hins skráða. Það er hins vegar hvers ríkis að ákveða hvaða vinnsla er líkleg til að skerða réttindi hins skráða. Af ákvæðum tilskipunarinnar leiðir að það er eftirlitsstofnunin sem veitir leyfið að fenginni umsókn frá ábyrgðaraðila.

V.3.3. Samspil efnis- og formreglna í frumvarpinu.

Þótt tilskipun ESB og aðrar alþjóðlegar reglur mæli fyrir um að eftirlit skuli haft með vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum hefur hvert og eitt ríki nokkurt svigrúm til að ákveða hvaða aðferðir við eftirlit það velur og hvernig slíkar aðferðir tengjast innbyrðis. Er eðlilegt að eftirlitskerfið sé háð samspili efnisreglna og formreglna og æskilegt er að það skapi traust. Segja má að eftirlitskerfi laga nr. 121/1989 sé byggt upp af bæði efnisreglum og formreglum.

Frumvarpið byggist á svipuðum sjónarmiðum og gildandi lög að því leyti að í því er gert ráð fyrir samspili margs konar aðferða við eftirlit með framkvæmd laganna. Áfram er gert ráð fyrir tilvist leyfisveitinga, en úr umfangi þeirra er dregið. Í stað leyfisveitinga koma margvíslegar aðrar aðferðir, t.d. tilkynningar ásamt eftirliti af hálfu Persónuverndar, og gert

er ráð fyrir að Persónuvernd gegni leiðbeiningar- og mótunarhlutverki á sviði persónuverndar, sbr. ákvæði 3.–6. tölul. 37. gr. frumvarpsins.

Efnisreglur eru fleiri í frumvarpinu en í gildandi lögum og er þeim ætlað að gegna þýðingarmiklu hlutverki við framkvæmd laganna. Hins vegar verður að hafa í huga að reglur frumvarpsins eru að sumu leyti mjög almennar. Því er í frumvarpinu gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um ýmis atriði sem varða framkvæmd laganna. Með sama hætti er Persónuvernd ætlað að setja reglur þar að lútandi. Þá er ábyrgðaraðilum ætlað að viðhafa strangt innra eftirlit, sbr. 12. gr. frumvarpsins, auk þess sem að því er stefnt með ákvæðum frumvarpsins, sbr. einkum 5. tölul. 3. mgr. 37. gr., að einstakir hópar og starfsstéttir sem vinna með persónuupplýsingar setji sér starfs- og siðareglur. Er mikilvægt að eftirlitsaðferðir og eftirlitsreglur frumvarpsins séu jafnan skoðaðar í samhengi, enda er þeim ætlað að vinna saman að því vernda og treysta friðhelgi einkalífs manna í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

V.3.4. Tilkynningarskylda.

Í tilkynningarskyldunni felst að sá sem hyggst hefja rafræna vinnslu almennra persónuupplýsinga skal tilkynna eftirlitsaðila um vinnsluna áður en hún hefst. Þegar eftirlitsaðili hefur veitt tilkynningu viðtöku hefur hann færi á að grípa inn í atburðarásina ef hann telur þess þörf, eftir atvikum með því að ákveða skilmála vinnslu eða mæla fyrir um aðrar aðgerðir. Hversu langt hann gengur hverju sinni verður að ráðast af atvikum. Er rétt að hafa í huga að tilkynningin leggur ekki þá skyldu á herðar Persónuverndar að grípa inn í. Slíkt gerir hún einungis ef hún telur þess þörf. Það er annað einkenni tilkynningarskyldunnar að vinnsla getur hafist þótt ekki liggi fyrir samþykki Persónuverndar.

Hér á landi er engin reynsla af þeirri aðferð tilskipunar ESB að hafa eftirlit með framkvæmd laganna með reglum um tilkynningarskyldu. Ljóst má vera að þetta fyrirkomulag hefur bæði kosti og galla. Því er þýðingarmikið að vel sé vandað til kynningar á efni frumvarpsins, ef að lögum verður, þannig að ábyrgðaraðilar og aðrir þeir sem vinna með persónuupplýsingar geti gert sér glögga grein fyrir því hvenær vinnsla er tilkynningarskyld og hvenær hún er leyfisskyld.

Í tilskipun ESB er markaður ákveðinn rammi um hvaða vinnsla skuli vera tilkynningarskyld. Einstök lönd hafa hins vegar ákveðið svigrúm til þess að aðlaga tilkynningarskylduna aðstæðum í hverju landi. Tilkynningarskyldan þjónar í fyrsta lagi þeim tilgangi að koma á sambandi milli ábyrgðaraðila og Persónuverndar. Í öðru lagi veitir hún færi á að miðla upplýsingum til þeirra sem tilkynningarskyldir eru og getur þannig stuðlað að því að þeir geri sér betur grein fyrir skyldum sínum lögum samkvæmt. Í þriðja lagi hlýtur Persónuvernd m.a. á grundvelli innsendra tilkynninga að meta hvernig hún skipuleggur starf sitt og forgangsraðar verkefnum. Í fjórða lagi þjónar reglan um tilkynningarskylduna þeim tilgangi að gera almenningi kunnugt um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í þjóðfélaginu.

Samkvæmt 31. gr. frumvarpsins er ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga tilkynningarskyldur. Byggist frumvarpið að þessu leyti á sömu reglu og fram kemur í tilskipuninni. Um efni tilkynninga gilda ákvæði 32. gr. frumvarpsins. Vísast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar VI. kafla frumvarpsins.

Eins og áður segir felst helsti munur tilkynningarskyldunnar annars vegar og leyfisskyldunnar hins vegar í því að hinn tilkynningarskyldi þarf ekki að bíða svars frá Persónuvernd eftir að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða vinnslu. Eftir að hafa fengið í hendur staðfestingu þess að Persónuvernd hafi móttekið tilkynninguna er honum heimilt að hefja vinnsluna. Mikilvægt er hins vegar að hafa í huga að móttaka tilkynningar felur hvorki í sér staðfestingu

á né samþykki við því sem þar kemur fram heldur eru allar aðgerðir ábyrgðaraðila á hans eigin áhættu. Eðli málsins samkvæmt hlýtur það að taka Persónuvernd ákveðinn tíma að fara yfir innsendar tilkynningar. Því getur liðið nokkur tími frá því að vinnsla hefst og þar til Persónuvernd gerir athugasemdir eða grípur til annarra aðgerða. Það er hins vegar forsenda þess að tilkynningarkerfið virki að Persónuvernd hafi nægum mannafla á að skipa sem er í stakk búinn til þess að yfirfara tilkynningarnar eins og nauðsynlegt er. Þarf þá að taka afstöðu til þeirra lögfræðilegu og tæknilegu atriða sem fram koma í tilkynningunni.

V.3.5. Leyfisskylda.

Helsti kostur leyfisveitinga er sá að fyrirhuguð vinnsla er kynnt Persónuvernd áður en hún hefst. Gefst þannig færi á ítarlegri rannsókn fyrir fram og þannig má koma í veg fyrir mistök áður en þau verða. Ókosturinn er að starfskraftar Persónuverndar nýtast þá fyrst og fremst við að yfirfara innsendar leyfisumsóknir og afgreiða leyfi, en svigrúm til annarra verkefna er verulega skert. Er þetta ótvírætt sú reynsla sem tölvunefnd hefur af leyfisveitingarfyrirkomulagi gildandi laga. Annar ókostur er sá að afgreiðsla leyfisveitinga getur tekið langan tíma og sett vinnslu sem á endanum reynist í góðu lagi í biðstöðu meðan rannsókn fer fram.

Með framangreind sjónarmið í huga er á því byggt í frumvarpi þessu að fækka leyfisveitingum og gera meginþorra þeirra verkefna sem verið hafa leyfisskyld þess í stað tilkynningarskyld. Horfir það til skilvirkari stjórnsýslu og er sú lausn auk þess í góðu samræmi við ákvæði 20. gr. tilskipunar ESB.

V.3.6. Ráðgjöf og eftirlit.

Í 37. gr. frumvarpsins er fjallað um verkefni og sjálfstæði Persónuverndar. Þar kemur fram í 4. tölul. 3. mgr. að hlutverk stofnunarinnar er m.a. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd sé hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar. Skv. 5. tölul. 3. mgr. skal Persónuvernd leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, m.a. við gerð starfs- og siðareglna.

Ráðgjafarhlutverk þetta verður að skoða með hliðsjón af öðrum verkefnum sem Persónuvernd er ætlað að sinna skv. 37. gr. Þar kemur t.d. fram í 3. tölul. 3. mgr. að henni er ætlað að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitaefni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga. Þetta hlutverk Persónuverndar þarf m.a. að skoða í því ljósi að verði frumvarp þetta að lögum endurspeglar það erlenda réttarþróun á þessu sviði. Ný lög verður því að túlka til samræmis við það eðli laganna að þau eiga rót sína að rekja til alþjóðlegra skuldbindinga sem Íslendingum er skylt að leiða í lög. Virk þátttaka í erlendu samstarfi, einkum á vettvangi Evrópuráðsins og ESB vegna aðildar Íslands að EES-samningnum, er því óhjákvæmileg. Endurspeglast þetta viðhorf m.a. í ákvæðum 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. þar sem fram kemur að Persónuvernd skal tjá sig samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði um álitaefni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem hafa þýðingu fyrir persónuvernd.

V.3.7. Efnisreglur.

Með efnisreglum á sviði persónuupplýsingaverndar er eins og áður segir átt við lagareglur eða reglugerðarákvæði sem mæla beinlínis fyrir um það að með persónuupplýsingar megi eða megi ekki vinna á tiltekinn hátt. Sem dæmi um efnisreglur má nefna reglur um að við meðferð persónuupplýsinga sé þess gætt að þær séu unnar á sanngjarnan, málefnalegan og

lögmætan hátt og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga.

Í sjálfu sér má segja að sú hætta sé jafnan fyrir hendi að efnisreglur á sviði persónuupplýsingaverndar verði of almennar og ómarkvissar og erfitt sé að orða efnisreglur sem eiga við um allar tegundir vinnslu. Eigi að síður hefur sú stefna verið mótuð í frumvarpi þessu að í nýjum lögum um persónuupplýsingar skuli hafa fleiri efnisreglur en nú eru í lögum nr. 121/1989. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi má segja að efnisreglur geti verið gagnlegar við túlkun annarra ákvæða laganna. Í öðru lagi geta þær verið til leiðbeiningar og haft varnaðaráhrif gagnvart ábyrgðaraðilum og öðrum sem með persónuupplýsingar vinna. Í þriðja lagi endurspegla slíkar reglur oft ýmis viðhorf og sjónarmið úr alþjóðlegum stefnuyfirlýsingum sem ekki skila sér inn í lagatexta með öðrum hætti, t.d. frá Sameinuðu þjóðunum og OECD. Í fjórða lagi eigar ýmsar efnisreglur frumvarpsins sér beint eða óbeint fyrirmynd í þeim skilmálum sem tölvunefnd hefur sett í starfsleyfum og einstökum heimildum.

Efnisreglur frumvarpsins eru margar hverjar bæði almennt orðaðar og byggjast á matskenndum sjónarmiðum. Því er ekki sjálfgefið að brot á slíkri reglu varði jafnan refsiábyrgð heldur geta annars konar viðurlög, t.d. viðbrögð af hálfu Persónuverndar, verið eðlilegra úrræði, en slíkt hlýtur jafnan að ráðast af atvikum hverju sinni. Skal nú vikið að nokkrum mikilvægum efnisreglum frumvarpsins.

V.3.7.1. Meðferð og vinnsla persónuupplýsinga.

Meginákvæði frumvarpsins um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga er að finna í 7. og 8. gr. Ákvæðin miða að því að tryggja meðferð persónuupplýsinga og vinnslu þeirra í samræmi við sjónarmið um persónuvernd.

Í 7. gr. eru talin upp þau atriði sem ber að gæta við meðferð persónuupplýsinga. Í 8. gr. er síðan rakið hvenær vinnsla almennra persónuupplýsinga er heimil. Um nánari útlistun á efnisatriðum þessara ákvæða vísast til umfjöllunar um einstakar greinar frumvarpsins.

Í 9. gr. eru hins vegar reglur um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Til viðbótar þeim tilvikum sem tilgreind eru í 1. mgr. getur Persónuvernd skv. 2. mgr. 9. gr. heimilað vinnslu slíkra upplýsinga í öðrum tilvikum, enda telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Er henni þá heimilt að binda slíka heimild þeim skilmálum sem hún telur nauðsynlega hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

V.3.7.2. Notkun kennitölu.

Kennitala (áður nafnnúmer) hefur lengi verið notuð bæði hérlendis og erlendis og hefur sitt sýnst hverjum um gagnsemi hennar eða eftir atvikum skaðsemi. Ef hlutlægt er litið á málið felast kostir kennitölu í því að hún getur stuðlað að öruggari persónugreiningu en ella, þ.e. að tveimur eða fleiri einstaklingum sé ekki ruglað saman. Ókostir hennar eru helstir þeir að hún er fremur einfaldur lykill að persónugreiningu upplýsinga og tilvist hennar gerir það að verkum að auðveldara er en ella að samkeyra persónuupplýsingar sem fengnar eru úr mismunandi skrám og mynda úr þeim eina skrá. Hefur það lengi verið eitt af höfuðmarkmiðum reglna um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga að sporna gegn slíkri samtengingu sem gefið getur heildarmynd af einstaklingum – heildarmynd sem þeir sáu ekki fyrir að gæti orðið til þegar þeir létu persónuupplýsingar í té til mismunandi skrárhaldara.

Tilgangurinn með notkun kennitölu er fyrst og fremst sá að stuðla að öruggri persónugreiningu þegar það á við, þ.e. að tengja tilteknar upplýsingar við þann sem upplýsingarnar varðar. Kennitalan er á hinn bóginn miklu síður til þess fallinn að vera sönnunargagn um það að tiltekinn maður sé sá sem hann segist vera, þ.e. persónuskilríki hans. Regla 10. gr. frum-

varpsins um notkun kennitölu byggist að hluta á þeim sjónarmiðum sem hér voru rakin. Felst það í reglu frumvarpsgreinarinnar að notkun kennitölu er heimil ef hún á sér lögmætan tilgang og er óhjákvæmileg til þess að tryggja örugga persónugreiningu. Er við það miðað að Persónuvernd geti ýmist bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu á grundvelli þessara sjónarmiða. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins.

V.3.8. Innra eftirlit.

Til þess að leggja áherslu á skyldur ábyrgðaraðila til að fylgja fyrirmælum laga, reglugerða og annarra reglna sem varða vinnslu persónuupplýsinga er í frumvarpi þessu lagt til að ábyrgðaraðilar viðhafi innra eftirlit í starfsemi sinni, sbr. ákvæði 12. gr. Innra eftirlit er vel til þess fallið að gera ábyrgðaraðila betur meðvitaða um skyldur sínar. Slíkt eftirlit auðveldar einnig það eftirlit sem Persónuvernd er ætlað að hafa með vinnslu persónuupplýsinga. Með slíku fyrirkomulagi er eftirlit með framkvæmd laganna að hluta til lagt í hendur þeirra sem með upplýsingarnar vinna.

Hið hefðbundna eftirlit með framkvæmd laga sem hafa það að markmiði að vernda persónuupplýsingar felst í því að hinn opinberi eftirlitsaðili knýr dyra hjá aðila sem vinnur með slíkar upplýsingar og gengur úr skugga um að framkvæmd mála sé eins og áskilið er í lögum. Í slíku eftirliti felast ákveðnir veikleikar. Í fyrsta lagi kallar það á mikinn mannafla að framkvæma eftirlitið á þennan hátt. Í öðru lagi er slíkt eftirlit mjög tímafrekt. Í þriðja lagi vill það oft vera tilviljunum háð hvar borið er niður í eftirlitinu, enda er erfitt að hafa nákvæmt eftirlit á öllum sviðum. Í fjórða lagi má segja að það geti verið undir hælinn lagt hvort mistök við vinnslu komi í ljós í einstökum eftirlitsferðum. Víst er að eftirlit af þessu tagi hefur takmörkuð fyrirbyggjandi áhrif því að það felur fyrst og fremst í sér úttekt á stöðu mála eins og hún er og hefur verið.

Á grundvelli þeirrar reynslu sem hér var rakin hefur þeirrar þróunar orðið vart erlendis, og reyndar einnig í nokkrum mæli hérlendis í seinni tíð, að leggja aukna áherslu á innra eftirlit. Í slíku eftirliti felst að þeir sem vinna með persónuupplýsingar geti sjálfir sýnt fram á að þeir styðjist í vinnslu sinni við verklag sem veitir fullnægjandi tryggingu fyrir því að unnið sé með upplýsingar í samræmi við ákvæði laga og annara fyrirmæla. Eftirlitið verður þannig bæði í höndum ábyrgðaraðilans sjálfs og Persónuverndar.

Í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar ESB, sbr. og ákvæði 3. mgr. 21. gr., er gerð krafa um innra eftirlit að því er varðar ákveðna tegund vinnslu sem ekki er tilkynningarskyld. Samkvæmt því skal, hjá hverjum þeim aðila sem vinnur með slíkar upplýsingar, tilnefna a.m.k. einn aðila sem er ábyrgur fyrir því að unnið sé í samræmi við fyrirmæli laga og annarra fyrirmæla. Skal sá aðili (persónuverndarfulltrúi) halda skrá yfir þær vinnslur sem fram fara. Skal skrá þessi hafa að geyma sömu upplýsingar og fram skulu koma á tilkynningum um þær vinnslur sem eru tilkynningarskyldar. Skulu þessar upplýsingar vera aðgengilegar almenningi.

Á þeim grundvelli sem hér var rakinn byggjast reglur frumvarpsins um innra eftirlit, sbr. ákvæði 12. gr. þess. Þar segir í 1. mgr. að ábyrgðaraðili skuli viðhafa innra eftirlit og gera reglulega skýrslur um það. Í slíkum skýrslum skulu m.a. koma fram upplýsingar um hvaða kerfi sé notað í hinu innra eftirliti og hvernig það tryggi að farið sé að ákvæðum laganna og annarra fyrirmæla. Getur Persónuvernd skv. 2. mgr. 12. gr. sett nánari fyrirmæli um framkvæmd innra eftirlits.

Rétt er að leggja á það þunga áherslu að innra eftirliti er með engu móti ætlað að koma í stað þess eftirlits sem Persónuvernd hefur með framkvæmd laganna. Hér er um að ræða nýtt eftirlitsfyrirkomulag sem ásamt opinberu eftirliti hefur það að markmiði að efla og styrkja vernd einstaklinga að því er varðar meðferð persónuupplýsinga. Þá verður og að hafa hugfast

að innra eftirlit heftir hvorki svigrúm Persónuverndar til eftirlitsstarfa né þrengir valdheimildir þeirrar stofnunar. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 12. gr. frumvarpsins.

V.3.9. Starfs- og siðareglur.

Í V. kafla tilskipunar ESB, sem er reyndar aðeins ein grein (27. gr.) og ber kaflaheitið „CODES OF CONDUCT", eru aðildarríkin hvött til þess að stuðla að „the drawing up of codes of conduct to contribute to the proper implementation of the national provisions adopted by the Member States pursuant to this Directive, taking account of the specific features of the various sectors".

Af ákvæðum 27. gr. tilskipunarinnar leiðir að aðildarríkjunum er ekki skylt að stuðla að setningu starfs- og siðareglna á einstökum sviðum þar sem unnið er með persónuupplýsingar. Hefur Ísland því frjálsar hendur hvað það atriði varðar. Hins vegar er rétt að hafa í huga að mælt er með slíkum reglum í leiðbeiningarreglum OECD og til þeirra er skírskotað í ýmsum tilmælum Evrópuráðsins.

Við mat á því hvort stuðla eigi að setningu starfsreglna hér á landi ber að hafa í huga að hugtakið starfsreglur hefur ekki algilda og einhlíta merkingu. Getur form þeirra og skuldbindingargildi verið mjög misjafnt. Í frumvarpi þessu er hugtakið notað um þær hátternisreglur sem aðilar setja sér sjálfir af fúsum og frjálsum vilja. Slíkar reglur hafa hvorki stöðu laga, reglugerða, reglna né fyrirmæla af hálfu hins opinbera eftirlitsaðila. Brot á þeim leiða því ekki til viðbragða af hálfu hins opinbera. Reglurnar hafa því fyrst og fremst einkenni reglna frjálsra félaga.

Reynsla ýmissa þjóða, t.d. Hollendinga, Breta, Kanadamanna og Nýsjálendinga, sýnir að slíkar starfsreglur sem hér um ræðir geta verið mjög gagnlegar. Þær eru til þess fallnar að vekja áhuga og skapa aukinn skilning á þýðingu og mikilvægi persónuverndar meðal þeirra sem starfa í viðkomandi starfsgrein. Einnig geta slíkar reglur stuðlað að betri fylgni við lagareglur og önnur opinber fyrirmæli og geta tvímælalaust stuðlað að betri samskiptum hins opinbera eftirlitsaðila og þeirra sem eftirlitið er haft með. Kostur slíkra starfsreglna er einnig sá að þær geta verið ítarlegri og nákvæmari um einstök atriði en kostur er í lögum og reglugerðum og þær er hægt að sníða að sérstökum þörfum hverrar starfsgreinar.

Gegn starfsreglum eru stundum færð þau rök að ýmsir í viðkomandi starfsgrein telji sér ekki skylt að fylgja reglunum og erfitt geti verið fyrir starfsgreinina sem slíka að sjá til þess að reglunum sé framfylgt. Þetta sjónarmið hefur án efa nokkuð til síns máls. Eigi að síður verður að ætla að það sé almennt talið einstökum ábyrgðaraðilum til tekna að þeir fylgi tilteknum viðurkenndum samskipta- og hátternisreglum í starfsgrein sinni. Annar ókostur getur verið sá að upp komi vafi um það hvaða réttarlega stöðu og þýðingu slíkar reglur hafa. Er ekki útilokað að þær geti verið andstæðar lögum. Úr þeirri hættu má hins vegar draga með því að ætla Persónuvernd það hlutverk að leiðbeina starfsgreinum um setningu slíkra reglna, en slíkt ætti einmitt að tryggja að þær verði í samræmi við lög og reglur.

Með hliðsjón af því sem hér var rakið er lagt til í 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. frumvarpsins að meðal hlutverka Persónuverndar verði að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, m.a. með því að aðstoða einstaka hópa og starfsstéttir við gerð starfs- og siðareglna um persónuvernd. Við setningu slíkra reglna má hafa hliðsjón af ýmsum alþjóðlegum yfirlýsingum, t.d. tilmælum Evrópuráðsins og leiðbeiningarreglum OECD.

V.4. Sérreglur um ákveðna starfsemi.

Samkvæmt lögum nr. 121/1989 gilda sérstakar reglur um starfsemi ákveðinna aðila sem vinna með persónuupplýsingar í skilningi laganna. Þar er í fyrsta lagi að nefna reglur V. kafla um starfsemi þeirra sem skrá upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust í þeim tilgangi að miðla öðrum þeim upplýsingum, í öðru lagi ákvæði VI. kafla um starfsemi þeirra sem annast sölu nafnalista og nafnáritanir í markaðssetningarskyni, sbr. ákvæði 21.–23. gr. laganna, í þriðja lagi ákvæði VI. kafla um starfsemi þeirra sem í atvinnuskyni annast markaðs- og skoðanakannanir um atriði sem falla undir ákvæði laganna og í fjórða lagi ákvæði VII. kafla um starfsemi þeirra sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra.

Í tilskipun ESB eru ekki sérreglur fyrir ákveðnar starfsgreinar með sama hætti og í lögum nr. 121/1989 heldur fellur starfsemi slíkra aðila undir almennar reglur tilskipunarinnar. Þeim til viðbótar eru svo reglur 2. og 3. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar sem þýðingu geta haft í þessu sambandi. Hins vegar standa ákvæði tilskipunarinnar því ekki í vegi að slíkar reglur séu settar í lög einstakra ríkja.

Með vísun til þess er í 45. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánar tilgreinda starfsemi.

VI. TENGSL FRUMVARPSINS VIÐ LÖG UM GAGANAGRUNN Á HEILBRIGÐISSVIÐI, NR. 139/1998

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, er markmið þeirra laga að heimila gerð og starfrækslu miðlægs gagnagrunns með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu. Ákveðin tengsl eru milli frumvarps þessa og laganna um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Rétt þykir að fara hér nokkrum orðum um þau.

Sem fyrr segir er byggt á því í lögum nr. 139/1998 að gagnagrunnur á heilbrigðissviði innihaldi ópersónugreinanlegar heilsufarupplýsingar, sbr. 1. gr. Í 2. tölul. 3. gr. laganna er hugtakið „persónuupplýsingar" skilgreint. Þar kemur fram að með persónuupplýsingum sé átt við allar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Jafnframt segir að maður teljist persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti. Í 1. tölul. 2. gr. þessa frumvarps er notuð efnislega sambærileg skilgreining. Af þessu leiðir að ákvæði frumvarps þessa breyta ekki þeirri niðurstöðu að upplýsingar sem verður að finna í gagnagrunni á heilbrigðissviði teljast ekki persónuupplýsingar, enda verði gætt allra þeirra öryggisráðstafana til verndar upplýsingunum sem lögin mæla fyrir um. Fullt samræmi er milli þeirrar skilgreiningar sem byggt er á í þessu frumvarpi annars vegar og þeirrar sem byggt er á í lögum nr. 139/1998 hins vegar.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarps þessa er tekið fram að markmið laganna sé að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Af þessu ákvæði leiðir raunar þá þegar að ákvæði frumvarpsins eiga ekki við um upplýsingar þær sem er að finna í gagnagrunni á heilbrigðissviði samkvæmt lögum nr. 139/1998 þar sem upplýsingarnar eins og þær koma fyrir í grunninum sjálfum verða ópersónugreinanlegar.

Þrátt fyrir þetta er rétt að benda á að við undirbúning á flutningi upplýsinganna í gagnagrunninn er um vinnslu persónuupplýsinga að ræða. Vinnsla upplýsinganna í þessu skyni er aftur á móti byggð á sérstakri lagaheimild sem er að finna í lögum nr. 139/1998, sbr. einkum 1. mgr. 7. gr., að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í þeim lögum. Ákvæði laga nr.

139/1998 hafa að geyma sérreglur sem gilda um vinnslu og meðferð heilsufarsupplýsinga í því skyni að flytja þær í miðlægan gagnagrunn. Ákvæði frumvarps þessa hagga ekki við þeim ákvæðum. Að tæmdum þeim sérreglum sem lög nr. 139/1998 hafa að geyma um meðferð upplýsinga við flutning þeirra í gagnagrunninn gilda að öðru leyti í samræmi við 3. mgr. 7. gr. gagnagrunnslaganna, eftir því sem við á, ákvæði laga um réttindi sjúklinga, læknalaga, laga um heilbrigðisþjónustu og frumvarps þessa ef að lögum verður.

Í lögum nr. 139/1998 er enn fremur í ýmsum ákvæðum gert ráð fyrir hlutverki tölvunefndar samkvæmt lögum nr. 121/1989 varðandi eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunnsins. Þannig kemur fram í 3. mgr. 4. gr. laganna að rekstrarleyfishafi skuli m.a. greiða kostnað vegna eftirlits tölvunefndar. Þá segir í 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. að töluvnefnd samþykki tækni-, öryggis- og skipulagslýsingar fyrir gagnagrunninn áður er rekstrarleyfi er gefið út. Í 2. mgr. 6. gr. laganna er fjallað um hlutverk nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, en þar er enn fremur tilvísun til almenns hlutverks töluvnefndar varðandi eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunnsins. Í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur fram að við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga við undirbúning að flutningi þeirra í gagnagrunninn skuli fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg. Þá er í niðurlagi þeirrar málsgreinar gert ráð fyrir að töluvnefnd skuli annast dulkóðun persónuauðkenna með þeim aðferðum sem hún telur tryggja persónuvernd best. Þá segir í 2. mgr. 10. gr. að við samtengingu gagnagrunns á heilbrigðissviði við aðra gagnagrunna skuli móta verklag og vinnuferli sem fullnægja skilyrðum tölvunefndar. Í 17. gr. er að lokum að finna ákvæði um bætur vegna fjárhagslegs tjóns sem aðili kann að verða fyrir, m.a. vegna brota á skilmálum tölvunefndar. Samkvæmt frumvarpi þessu verður sett á stofn ný stofnun, Persónuvernd, sem tekur við hlutverki tölvunefndar. Verði frumvarpið að lögum fer sú stofnun með þau verkefni sem tölvunefnd er ætlað að fara með samkvæmt gagnagrunnslögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin hefur að geyma markmiðsyfirlýsingu sem er nýmæli í lögum um meðferð persónuupplýsinga. Ákvæðið tekur mið af 1. gr. tilskipunar ESB. Í frumvarpsgreininni kemur fram það meginmarkmið lagasetningarinnar að tryggja að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Er einkum skírskotað til viðtekinna viðhorfa um friðhelgi einkalífs eins og þau hafa mótast í framkvæmd, auk þess sem ákvæðið tekur mið af þeirri stjórnarskrárbreytingu sem gerð var árið 1995 þegar ákvæði um friðhelgi einkalífs, nú 71. gr., var breytt, gildissvið ákvæðisins rýmkað og tengsl þess við vernd persónuupplýsinga aukin. Má ætla að greinin muni hafa mikið gildi við túlkun annarra ákvæða frumvarpsins. Með tilliti til tilskipunar ESB er í ákvæðinu einnig skírskotað til viðhorfa um mikilvægi áreiðanleika í gagnavinnslu og öruggra upplýsinga.

Um 2. gr.

Þær hugtaksskilgreiningar sem er að finna í greininni eru að nokkru þær sömu og í gildandi lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga en eru aðlagaðar 2. gr. tilskipunar ESB og falla efnislega að hugtaksskilgreiningum tilskipunarinnar.

1. *Persónuupplýsingar.* Hugtakið persónuupplýsingar er víðfeðmt og tekur til allra upplýsinga, álita og umsagna sem beint eða óbeint má tengja tilteknum einstaklingi, þ.e. upplýsingar sem eru persónugreindar eða persónugreinanlegar. Hugtakið ber að skilja með hliðsjón af ákvæði 1. gr., en í því felst að upp geta komið tilvik þar sem unnið er með upplýsingar sem eru, samkvæmt orðanna hljóðan, persónuupplýsingar en þó ekki þess eðlis að standa þurfi

um þær vörð á grundvelli sjónarmiða um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Verndarsviðið tekur til upplýsinga um lifandi og látna menn. Upplýsingar um látna einstaklinga falla einkum undir það ef þær tengjast lifandi einstaklingum, svo sem upplýsingar um arfgenga sjúkdóma. Skilgreining frumvarpsgreinarinnar á hugtakinu persónuupplýsingar byggist á tilskipun ESB. Í 26. lið formála tilskipunarinnar segir að meginreglur um vernd skuli gilda um allar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar. Þar segir og að til þess að ákveða hvort upplýsingar séu persónugreinanlegar (rekjanlegar) skuli tekið mið af öllum aðferðum sem eðlilegt er að hugsa sér að ábyrgðaraðili eða annar aðili beiti til að bera kennsl á viðkomandi einstakling. Meginreglur um vernd skulu ekki gilda um upplýsingar sem hafa verið aftengdar einstaklingum (rendered anonymous) þannig að ekki sé lengur unnt að persónugreina hina skráðu. Af a-lið 2. gr. tilskipunar ESB leiðir m.a. að upplýsingar teljast persónugreinanlegar ef unnt er að persónugreina þær, beint eða óbeint, með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hinn skráða í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Í frumvarpinu er hugtakið persónuupplýsingar rýmkað verulega frá núgildandi lögum en þar er það skilgreint sem upplýsingar sem varða einkamálefni, fjárhagsmálefni eða önnur málefni sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Hins vegar er hugtakið þrengt að því leyti að samkvæmt frumvarpinu tekur það aðeins til upplýsinga um einstaklinga en hvorki til stofnana, fyrirtækja né annarra lögpersóna, eins og gert er í 3. mgr. 1. gr. gildandi laga. Um þær upplýsingar gildir á hinn bóginn 45. gr. frumvarpsins.

Hugtakið persónuupplýsingar í frumvarpsgreininni tekur til allra upplýsinga sem unnt er að rekja til tiltekins einstaklings jafnvel þótt þær séu ekki persónugreindar ef hægt er að persónugreina þær á grundvelli einhvers auðkennis, með eða án greiningarlykils. Dæmi: Aðili A sem selur þjónustu á netinu skráir einungis nafnlaus auðkenni sem ekki verða tengd tilteknum einstaklingi (netverja) nema með notkun lykils sem aðeins söluaðili internetsaðgangs, B, hefur undir höndum. Upplýsingarnar sem A skráir yrðu samkvæmt þessu taldar persónuupplýsingar í skilningi frumvarpsins þrátt fyrir að hann hafi ekki umræddan lykil undir höndum. Með hinum skráða í skilningi frumvarpsgreinarinnar er átt við þann einstakling sem upplýsingarnar fjalla um. Hugtakið á við þótt ekki sé um eiginlega skrá í hefðbundnum skilningi að ræða ef upplýsingum hefur verið safnað saman og þær varðveittar.

2. *Vinnsla.* Skilgreining þessa hugtaks er byggð á b-lið 2. gr. tilskipunar ESB. Hugtakið er vítt og tekur til hvers konar meðferðar á persónuupplýsingum, óháð þeirri aðferð sem notuð er og óháð því hvort gagnagrunnur er miðlægur eða dreifður. Efnislega er ákvæðið skylt 1. mgr. 1. gr. gildandi laga en þau taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar og annarrar meðferðar á persónuupplýsingum og á sama við um vélræna skráningu og handunna. Lagt er til að áfram verði miðað við að handvinnsla persónuupplýsinga falli undir gildissviðið þegar þær eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þegar um annars konar vinnslu er að ræða er hins vegar ekki lögð áhersla á skrár og skráningu, enda er skráning aðeins ein tegund vinnslu. Með vinnslu er t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. rafræn vöktun, flokkun, varðveisla, breyting, leit, miðlun, samtenging eða hver sú aðferð sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar. Sama á við um lokun og eyðingu upplýsinga. Reglur frumvarpsins eru hins vegar ekki eins um allar tegundir vinnslu. Til dæmis tekur fræðsluskylda skv. 20. gr. til söfnunar persónuupplýsinga, leiðréttingarákvæði 25. gr. á við um skráningu og leyfisskylda skv. 2. mgr. 33. gr. ræðst af eðli þeirra upplýsinga sem unnið er með. Orðin meðferð og vinnsla eru notuð jöfnum höndum í frumvarpinu og í athugasemdunum og er merking þeirra hin sama. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er að finna nánari umfjöllun um skilsmun handvirkrar og sjálfvirkrar/rafrænnar vinnslu, hvað sé rafræn

vinnsla og hvenær sjónvarpsvöktun og hljóð- og myndbandsupptökur teljist til slíkrar vinnslu og hvenær ekki.

3. *Skrá.* Hér er átt við gagnasafn eða upptalningu þar sem persónuupplýsingum er komið fyrir á þann hátt að þar má á ný finna upplýsingar um einstaka menn. Ákvæðið á við hvort sem upplýsingar eru miðlægar eða dreifðar. Ákvæðinu svipar til 2. mgr. 1. gr. gildandi laga þar sem segir að með kerfisbundinni skráningu upplýsinga sé átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild, en nánar er fjallað um hugtakið í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

4. *Ábyrgðaraðili.* Hugtakið er nýtt en er skylt hugtakinu skrárhaldari í gildandi lögum. Hugtakið ábyrgðaraðili á sér fyrirmynd í d-lið 2. gr. tilskipunar ESB og er átt við þann aðila sem hefur ákvörðunarvald um vinnslu persónuupplýsinga, tilganginn með vinnslu þeirra og hvað sá hugbúnaður sem notaður er á að gera. Jafnvel þótt slíkur aðili feli öðrum meðferð upplýsinganna ber hann ábyrgðina, svo fremi sem hann hafi áfram ákvörðunarvaldið. Sá sem vinnur með upplýsingarnar á vegum ábyrgðaraðila er hins vegar nefndur vinnsluaðili. Skilyrði þess að geta talist ábyrgðaraðili er að hafa aðildarhæfi og að geta svarað til saka fyrir tiltekna vinnslu persónuupplýsinga fyrir dómstólum, ef svo ber undir. Bæði einstaklingar og lögpersónur geta haft aðildarhæfi í þeim skilningi sem hér er vísað til. Hópur getur ekki haft aðildarhæfi nema um sé að ræða einhvers konar samtök eða félagsskap, en krafan um aðildarhæfi er m.a. byggð á því að nauðsynlegt getur verið að leita réttarúrræða til að fullnægja kröfum gagnvart ábyrgðaraðila. Tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga kann að vera skilgreindur í sérlögum og þar afmarkað nákvæmlega hvað megi gera við persónuupplýsingar. Að því marki sem slík lög gera það hins vegar ekki fer um það samkvæmt frumvarpi þessu. Ábyrgðaraðili getur í mörgum tilvikum verið lögaðili, enda tekur frumvarpið til vinnslu af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, félaga, stofnana og opinberra aðila. Risið geta vafatilvik um hver sé persónulega ábyrgur í slíkum tilvikum, en benda má á að verði ábyrgðaraðili gjaldþrota telst þrotabú hans vera ábyrgðaraðili.

Benda má á að í 47. lið formála tilskipunar ESB segir að þegar boð sem innihalda persónuupplýsingar eru send með aðstoð fjarskipta- eða tölvuþjónustu sem hefur það eitt að markmiði að senda slík boð teljist upphafsmaður boðanna vera ábyrgðaraðili fremur en sá sem býður þjónustuna fram.

5. *Vinnsluaðili.* Vinnsluaðili er sá sem annast vinnslu persónuupplýsinga og er í 13. gr. frumvarpsins að finna sérákvæði um meðferð hans á þeim upplýsingum. Vinnsluaðili er sá sem hefur persónuupplýsingar undir höndum og vinnur með þær á vegum ábyrgðaraðila. Vinnsluaðili getur t.d. verið aðili sem sér um að þróa upplýsingakerfi eða gera við og viðhalda tölvuhugbúnaði, enda sér slíkur aðili oft jafnframt um að varðveita upplýsingarnar eða hefur með öðrum hætti aðgang að þeim. Hugtakið á sér nokkra samsvörun við aðila sem hefur starfsleyfi til að annast tölvuþjónustu í skilningi 25. gr. gildandi laga. Skilyrði er að vinnslan fari fram fyrir hönd ábyrgðaraðila og byggist á ósk hans.

6. *Rafræn vöktun.* Með rafrænni vöktun er bæði átt við sjónvarpsvöktun og aðra rafræna vöktun. Slíkt hugtak er ekki að finna í gildandi lögum. Undir hugtakið fellur öll rafræn upptaka mynda og hljóða, hvort sem upptökur eru varðveittar á stafrænu formi eða ekki. Hugtakið nær hins vegar ekki til allrar vöktunar, t.d. ekki þeirrar þegar hljóð eða mynd er aðeins flutt í hátalara eða á skjá en ekki varðveitt. Engu síður gilda um slíka vöktun sérstakar reglur. Til dæmis er miðað við að sjónvarpsvöktun sem leiðir til myndbandsupptöku sé tilkynningarskyld skv. 31. gr. frumvarpsins og að Persónuvernd geti gripið inn í og stöðvað slíka vöktun, og töku mynda í tengslum við hana, hafi til hennar verið stofnað á ólögmætan

hátt, svo sem ef hún á sér ekki málefnalegan tilgang. Sérstaklega er um sjónvarpsvöktun og töku mynda fjallað í 4. gr. frumvarpsins.

Tilskipun ESB hefur ekki að geyma sérstakar reglur um sjónvarpsvöktun. Slík vöktun fellur þó undir gildissvið hennar ef hún telst til rafrænnar meðferðar persónuupplýsinga, t.d. vegna varðveislu á stafrænu formi, en fellur að öðrum kosti utan þess. Þannig fellur t.d. vöktun sem einungis leiðir til myndbirtingar á skjá utan gildissviðs tilskipunarinnar. Sama á við þegar útlit manns eða rödd er flutt á hliðrænt (analog) form, svo sem á hljóðsnældu eða myndband.

Samningur Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga við sjálfvirka vinnslu persónuupplýsinga hefur ekki verið talinn taka til sjónvarpsvöktunar, enda leiðir af orðanna hljóðan að hann tekur fyrst og fremst til hefðbundinnar vinnslu persónuupplýsinga.

Í gildandi lögum er ekkert sérákvæði um rafræna vöktun. Tölvunefnd hefur hins vegar við framkvæmd laganna litið svo á að taka mynda og eftirfarandi kerfisbundin skráning þeirra upplýsinga sem þar koma fram geti fallið undir gildissvið þeirra laga.

Nánar er um þetta fjallað í athugasemdum við 3. og 4. gr. frumvarpsins.

7. *Samþykki.* Skilgreining á samþykki er ný í lögum um meðferð persónuupplýsinga þótt í gildandi lögum sé víða byggt á samþykki hins skráða. Hugtakið á sér fyrirmynd í h-lið 2. gr. tilskipunar ESB og er hér átt við það sem oftast er kallað upplýst samþykki.

Í fyrsta lagi er það skilyrði að um ótvíræða yfirlýsingu sé að ræða en í því felst að þögn verður ekki talin jafngilda samþykki. Í öðru lagi verður samþykkið að vera „upplýst" en með því er átt við að hinn skráði viti hvað hann er að samþykkja og hvaða afleiðingar meðferð upplýsinganna hefur eða getur haft fyrir hann. Í þriðja lagi er skilyrði að samþykkið sé persónubundið en í því felst að enginn getur gefið samþykki fyrir annars hönd nema hafa til þess sérstaka heimild. Sem dæmi um það má t.d. nefna samþykki lögráðamanns fyrir hönd ólögráða einstaklings. Samkvæmt þessu mundi t.d. samþykki forsvarsmanna tiltekinna samtaka fyrir hönd allra félagsmanna almennt ekki vera talið gilt nema mjög sérstaklega standi á, svo sem ef telja má inngöngu í slík samtök jafngilda samþykki.

8. *Viðkvæmar persónuupplýsingar.* Í þessu ákvæði og í 9. gr. frumvarpsins er tekið upp ákvæði 8. gr. tilskipunar ESB. Ákvæðið skýrir hvað teljast vera viðkvæmar persónuupplýsingar og hefur það fyrst og fremst þýðingu við afmörkun á því hvenær vinnsla persónuupplýsinga er leyfisskyld skv. 33. gr. Ákvæðið svarar að mestu til 4. gr. gildandi laga að því frátöldu að upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál teljast ekki lengur til viðkvæmra upplýsinga. Á hinn bóginn er tekið fram að með upplýsingum um heilsuhagi sé m.a. átt við upplýsingar um erfðaeiginleika. Þá er það nýmæli að finna í frumvarpsgreininni að upplýsingar um stéttarfélagsaðild teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, en þar er tekið mið af 1. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB. Þar sem upplýsingar um stéttarfélagsaðild hafa til þessa ekki talist til viðkvæmra persónuupplýsinga hér á landi kann ákvæði frumvarpsgreinarinnar að virðast nokkuð framandi. Á móti kemur að af 9. gr. frumvarpsins leiðir að vinnsla upplýsinga um stéttarfélagsaðild er t.d. heimil ef hinn skráði er því samþykkur, ef lagaheimild stendur til hennar eða ef ábyrgðaraðila ber að framkvæma vinnsluna samkvæmt samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

Ljóst er að oft geta aðrar upplýsingar en þær sem hér eru taldar upp verið viðkvæmar fyrir hlutaðeigandi. Í framkvæmd verður að taka tillit til slíks, jafnvel þótt ekki sé um að ræða upplýsingar sem teljast viðkvæmar samkvæmt upptalningu þessa ákvæðis.

9. *Sértæk ákvörðun.* Þetta hugtak er víða notað í frumvarpinu, t.d. í 22. gr. um rétt til að fá rökstuðning fyrir ákvörðun sem byggist að öllu leyti á sjálfvirkri vinnslu og í 33. gr. um afmörkun leyfisskyldrar vinnslu. Sértæk ákvörðun felur í sér úrlausn um rétt eða skyldu til-

tekins manns eða hóps tiltekinna manna. Hér er einkum átt við ákvarðanir stjórnvalda en hugtakið getur líka átt við um ákvarðanir annarra, svo fremi þær afmarki rétt og/eða skyldur. Slíkar ákvarðanir geta byggst á samningsákvæðum, lagaákvæðum o.s.frv. Andstæða sértækrar ákvörðunar er almenn ákvörðun sem tekur til allra sem uppfylla tiltekin skilyrði en tilgreinir þá ekki sérstaklega, t.d. ákvörðun um álagningu hátekjuskatts.

Um 3. gr.

Um gildissvið gildandi laga segir í 1. gr. að þau taki til hvers konar kerfisbundinnar skráningar og annarrar meðferðar á persónuupplýsingum hvort heldur sem skráning sé vélræn eða handunnin. Í frumvarpsgreininni er gildissviðið afmarkað með sambærilegum hætti. Í 3. gr. tilskipunar ESB, sbr. 15. lið formálans, er miðað við að gildissviðið taki til meðferðar persónuupplýsinga sem sé rafræn í heild eða að hluta, svo og til handunninnar meðferðar ef persónuupplýsingarnar eru eða eiga að verða hluti af skrá. Í samræmi við það er í 1. mgr. þessa ákvæðis lagt til að gildissviðið taki ekki til handvirkrar vinnslu persónuupplýsinga þegar þær hvorki eru né eiga að verða hluti af skrá.

Við gerð tilskipunarinnar var til umræðu hvort takmarka ætti gildissvið hennar við rafræna vinnslu. Út frá persónuverndarsjónarmiðum er mikill munur á því hvort vinnsla er handvirk eða sjálfvirk/rafræn, enda gefur auga leið að mun meiri vinnslumöguleikar eru með rafrænni tækni. Það á t.d. við um möguleika til samtengingar, dreifingar og endurvinnslu varðveittra upplýsinga. Ný tækni af ýmsum toga, svo sem tilkoma ýmiss konar skönnunar- og skimunarbúnaðar, eykur stöðugt þann mun sem er á handvirkri vinnslu og rafrænni. Þegar persónuupplýsingar eru hins vegar notaðar við töku sértækra ákvarðana um rétt manna og stöðu reynir á sömu sjónarmið óháð þeirri aðferð sem viðhöfð er við meðferð upplýsinganna og varðveislu. Til dæmis getur söfnun tiltekinna upplýsinga ein og sér birst sem atlaga að einkalífi viðkomandi einstaklings ef hætta er á að þær verði síðar notaðar við slíka ákvörðunartöku. Því er lagt til að gildissviðið taki til handvirkrar vinnslu að nokkru leyti, þ.e. að því marki sem persónuupplýsingarnar eru eða eiga að verða hluti af skrá. Er tilskipun ESB fylgt að þessu leyti, eins og áður segir.

Sú viðmiðun að meðferð persónuupplýsinga verði annaðhvort að vera rafræn eða tengjast handvinnslu skrár snertir öll ákvæði frumvarpsins. Vinnsla sem aðeins er rafræn að hluta til er lögð að jöfnu við vinnslu sem er rafræn að öllu leyti. Því mundi vinnsla sem er að hluta til handvirk en að hluta til rafræn falla undir gildissviðið.

Tilskipun ESB veitir aðeins takmarkaða leiðsögn um mörkin milli handvirkrar vinnslu og rafrænnar. Augljóst er að þegar persónuupplýsingar eru að öllu leyti varðveittar eða unnar í tölvu er vinnslan rafræn. Stundum kann viss hluti persónuupplýsinga að vera varðveittur í tölvu þótt þær séu að öðru leyti handfærðar. Þetta á t.d. við um sjúkraskrár sem oft eru að hluta til unnar í tölvu en að hluta til handfærðar. Lögð er til sú viðmiðun að vinnsla teljist ekki rafræn nema hinn rafræni hluti hennar taki til persónuupplýsinga í skilningi frumvarpsins. Þegar ekki verður komið við rafrænum búnaði til að nálgast þær persónuupplýsingar sem varðveittar eru telst vinnslan vera handvirk en ekki rafræn.

Sérstakt álitaefni er að hvað marki hljóð- og myndbandsupptökur teljast til rafrænnar vinnslu. Hljóð- og myndbandsupptökur falla undir 3. gr. tilskipunar ESB, sbr. 14. og 15. lið formála hennar, en ekki er skýrt hvaða skilyrði þær þurfa að uppfylla til þess. Það eitt að færa útlit manns eða rödd á venjulegt myndband eða hljóðsnældu telst vart falla undir hugtakið rafræn vinnsla eins og það er skilgreint í tilskipuninni. Sama á við um sjónvarpsvöktun ef hvorki mynd né hljóð er varðveitt heldur birtist aðeins á skjá (monitor). Í 15. lið formála tilskipunarinnar kemur fram að vinnsla efnis á myndbandi eða hljóðsnældu falli ekki undir

tilskipunina nema hún eigi sér stað með rafrænum hætti eða ef upplýsingar um efnið eru varðveittar í skrá þannig að án mikillar fyrirhafnar megi finna aftur upplýsingar um tiltekinn einstakling. Um það hvort vinnsla sé rafræn er sú viðmiðun almennt lögð til grundvallar að hún geri kleift að finna í safni gagna, án mikillar fyrirhafnar, upplýsingar um tiltekinn einstakling. Því hafa ákvæði tilskipunarinnar um rafræna vinnslu að meginstefnu til ekki verið talin gilda um hljóð- og myndbandsupptökur sem varðveittar eru á hliðrænu formi (analogt) þótt viss ákvæði hennar geti gert það. Er við sama miðað í frumvarpi þessu.

Gildandi lög taka til skráningar af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, félaga, stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila. Þótt þetta sé ekki orðað í frumvarpinu er miðað við óbreytta skipan að þessu leyti og að sama eigi við óháð því hver á í hlut nema um sé að ræða vinnslu einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru aðeins til persónulegra nota hans, eins og fram kemur í 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar. Hún á sér fyrirmynd í lokamálslið 3. gr. tilskipunar ESB og er m.a. skýrð í 12. lið formála tilskipunarinnar. Hér er t.d. átt við einkabréfaskipti, færslu skráa með heimilisföngum vina, ættingja o.s.frv., færslu dagbókar og meðferð upplýsinga sem tengjast tómstundamálum. Það sem úrslitum ræður er hvort vinnslan varðar aðeins hreina einkahagi eða ekki. Skilyrði er að um sé að ræða venjulegar og lögmætar athafnir, en það er nauðsynleg viðmiðun til að ákvæðið verði ekki notað til að fara í kringum önnur ákvæði laganna. Bent skal á að um þær athafnir sem skv. 2. mgr. falla utan gildissviðs laganna kann að vera fjallað í öðrum lögum, t.d. í XXV. kafla almennra hegningarlaga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Þegar vinnsla persónuupplýsinga fer fram í þágu tiltekinnar einkastarfsemi eiga ákvæði laganna hins vegar við, jafnvel þótt hún sé ekki atvinnustarfsemi. Á það t.d. við um rannsóknarvinnu vísindamanns. Þá er lagt til í 2. mgr. að tiltekin ákvæði laganna gildi ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi þess á sviði refsivörslu.

Í 3. mgr. er lagt til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að tiltekin tegund rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga falli utan gildissviðsins í heild eða að hluta.

Um 4. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins telst sjónvarpsvöktun ekki vera rafræn vinnsla persónuupplýsinga þegar hvorki mynd né hljóð er varðveitt heldur birtist aðeins á skjá (monitor). Sama á við þegar myndefni er ekki safnað með aðferð sem gerir kleift að leita og finna aftur myndir af tilteknum mönnum. Eigi að síður þykir, út frá persónuverndarsjónarmiðum, æskilegt að setja ákvæði um slíka vöktun og myndatöku. Er því lagt til að um hana gildi ákvæði 7. gr. um meðferð upplýsinga, ákvæði 24. gr. um viðvaranir um rafræna vöktun, ákvæði 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl. og ákvæði 41. gr. um dagsektir. Vísun til þess að ákvæði 42. gr. gildi eftir því sem við á felur í sér að brot á fyrirmælum Persónuverndar skv. 40. gr. er jafnframt refsivert þegar um slíka vöktun er að ræða. Sama á við um tilkynningarskyldu og um aðgang Persónuverndar að gögnum.

Samsvarandi ákvæði og hér er lagt til að verði lögfest er ekki í gildandi lögum. Í lögum um öryggisþjónustu, nr. 58/1997, sbr. og reglugerð nr. 340/1997, er ráð fyrir því gert að starf þeirra sem fá leyfi dómsmálaráðuneytisins til að reka öryggisþjónustu geti m.a. falist í notkun myndavéla við eftirlit með fólki, bæði á lokuðum svæðum og svæðum opnum almenningi. Í starfsleyfum sem dómsmálaráðuneytið hefur veitt samkvæmt þessum lögum segir að leyfishafi skuli gæta þess í starfi sínu að safna hvorki né skrá upplýsingar sem óheimilt sé að meðhöndla samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, og að í því felist m.a. að upptaka á myndefni og í kjölfarið skráning á persónuupplýs-

ingum sé óheimil án samþykkis tölvunefndar. Í framkvæmd hefur verið talið að taka mynda og eftirfarandi kerfisbundin skráning þeirra upplýsinga sem slíkar myndir geyma geti fallið undir gildissvið laga nr. 121/1989. Hefur tölvunefnd í nokkrum tilvikum fjallað um kerfisbundna söfnun myndefnis og þá eftir atvikum lagt hana að jöfnu við kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga í skilningi þeirra laga. Með frumvarpinu er í senn lagt til að lögfest verði ríkjandi viðhorf og jafnframt settar skýrari reglur um vöktun. Af tilvísun til 40. gr. leiðir að Persónuvernd er heimilt að stöðva ólögmæta vöktun. Í því felst m.a. að það er Persónuvernd en ekki sá sem vaktar sem metur hvort vöktun eigi sér málefnalegt tilefni eða ekki.

Undir 4. gr. frumvarpsins fellur aðeins vöktun sem ekki telst vera rafræn vinnsla. Hins vegar ber að hafa í huga að víða er viðhöfð vöktun sem telst til rafrænnar vinnslu. Á það til dæmis við um hljóðritun símtala í einkasímstöðvum, sem færst hefur í vöxt, bæði hjá fyrirtækjum og opinberum stofnunum. Má sem dæmi nefna hljóðupptökur hjá lánastofnunum til að tryggja sönnun samninga sem gerðir eru símleiðis og hljóðritun fjarskipta í flugi samkvæmt alþjóðasamþykktum um flugmál. Slík vöktun telst alla jafna til rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga. Sama á við um vöktun netnotkunar, svo sem þegar skólayfirvöld fylgjast með netnotkun nemenda til að sporna gegn vafri um ósiðlegar heimasíður, en lögmæti slíkrar vinnslu ræðst m.a. af því hvort uppfyllt sé skilyrði 7. gr. um sanngjarnan, málefnalegan og lögmætan tilgang og að nemendum, eða eftir atvikum starfsmönnum, hafi áður verið gert kunnugt um vöktunina.

Um það hvenær sjónvarpsvöktun telst til rafrænnar vinnslu vísast að öðru leyti til þess sem segir í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta byggist á 9. gr. tilskipunar ESB sem fjallar um það að hvaða marki mæla þurfi fyrir um undanþágur varðandi meðferð persónuupplýsinga hjá fjölmiðlum eða í tengslum við listræna og bókmenntalega tjáningu. Ákvæði gildandi laga, einkum um aðgang, leiðréttingar og eyðingu, hafa verið talin eiga við um skrár og gagnasöfn fjölmiðla en lítið hefur reynt á skörun þeirra við tjáningarfrelsi. Nú er hins vegar orðið líklegra að á slíka skörun reyni. Annars vegar vegna stóraukinnar tækni fjölmiðla við upplýsingavinnslu og ásóknar þeirra í hvers konar upplýsingar. Hins vegar vegna aukinnar áherslu stjórnarskrárinnar á rétt manna til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt.

Ljóst er að ýmis ákvæði frumvarpsins samrýmast ekki að öllu leyti sjónarmiðum um tjáningarfrelsi sem varið er í 73. gr. stjórnarskrárinnar. Af því tilefni er í þessari frumvarpsgrein lagt til að lögfest verði almenn vísiregla sem felur í sér að hvenær sem á þetta reynir þarf að meta hvernig sjónarmið um persónuvernd og sjónarmið um tjáningarfrelsi vegast á og komast að niðurstöðu sem byggð er á eðlilegu jafnvægi þessara sjónarmiða. Til þess að ná slíku jafnvægi mun í framkvæmd verða að víkja að nokkru frá tilteknum ákvæðum laganna vegna þeirrar starfsemi sem hér um ræðir. Eðlilegt er að sú spurning vakni hvernig leyst verður úr slíkum árekstrum. Í því sambandi er í fyrsta lagi lögð á það áhersla að aðilar vegi slíkt og meti að nokkru sjálfir og hlýtur mikil ábyrgð að hvíla á þeim í þeim efnum. Í öðru lagi verður til leiðbeiningar afstaða Persónuverndar í einstökum málum sem undir hana eru borin eða hún tekur upp að eigin frumkvæði. Í þriðja lagi verður að ætla að starfs- og siðareglur þeirra aðila sem hér um ræðir geti haft mikla þýðingu. Ber í því sambandi að hafa í huga að meðal hlutverka Persónuverndar í framtíðinni verður skv. 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. frumvarpsins að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar við gerð starfs- og siðareglna.

Tiltekin ákvæði frumvarpsins um aðgang að upplýsingum geta vakið spurningar um skörun við rétt blaðamanna til leyna því hvaðan upplýsingar eru fengnar. Í þessu sambandi má benda á ákvæði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991 sem í Hrd. 1996:40 var túlkað þannig að blaðamenn þurfi ekki að upplýsa um heimildarmenn sína nema svo standi á sem í ákvæðinu greinir. Í dóminum segir að efni ákvæðisins eigi rót sína að rekja til ákvæða stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um tjáningarfrelsi og byggist á þeim sjónarmiðum að það sé almennt æskilegt, og í samræmi við lýðræðisheföir, að almenningur fái að fylgjast með því sem gerist í þjóðfélaginu. Þá segir og að ef ábyrgðarmenn efnis sem birtist opinberlega verði að gefa upp heimildarmenn sína sé það til þess fallið að efni sem á erindi við almenning birtist ekki. Því verður upplýsingarétti hins skráða skv. 18. gr. ekki beitt ef það skerðir þessi réttindi nema alveg sérstaklega standi á. Sú skylda sem ábyrgðaraðila er lögð á herðar skv. 16. gr. frumvarpsins til að láta í té almenna vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga er hins vegar svo almenn og takmörkuð að hún veldur ekki vandkvæðum í þessu sambandi.

Varðandi ákvæði um flutning persónuupplýsinga úr landi verður að hafa í huga að slíkt getur t.d. gerst á netinu eða í gegnum aðrar alþjóðlegar upplýsingaveitur, eins með því að þær eru birtar opinberlega, svo sem í ævisögu, í kvikmynd eða í tímariti sem keypt er hér á landi og tekið með til annars lands. Öll þessi tilvik eiga það sammerkt að tengjast starfi fjölmiðla eða bókmenntalegri og/eða listrænni tjáningu.

Ákvæði 31. og 32. gr. frumvarpsins um tilkynningarskyldu og ákvæði 33. gr. um leyfisskyldu eiga við um fjölmiðla og listamenn, þó með undantekningu varðandi vinnslu sem einvörðungu fer fram við gerð frétta, en hún lýtur aðeins ákvæðum 1. og 4. tölul. 7. gr., 11., 42. og 43. gr. Tilkynningarskylda felur ekki í sér kröfu um fyrir fram viðurkenningu stjórnvalds og verður því ekki talin stangast á við sjónarmið um tjáningarfrelsi. Verður heldur ekki talið að slíkt feli í sér ritskoðun, sbr. að í tilkynningu er aðeins veitt almenn vitneskja en ekki upplýsingar um einstök mál. Ljóst er að tilkynningar aðila sem hér falla undir munu hafa afar mismunandi gildi fyrir starf Persónuverndar. Almennt munu tilkynningar blaðaútgáfufyrirtækja um nýjar skrár sjaldnast kalla á viðbrögð en hafa ber í huga að um aðra aðila getur verið að ræða, svo sem fyrirtæki, samtök og einkaaðila, sem t.d. nýta netið við miðlun persónuupplýsinga. Þá getur tilkynning veitt mikilvæga vitneskju fyrir persónuvernd. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir undanþágu frá tilkynningarskyldu þegar fjölmiðlar eiga í hlut, enda er orðalag 9. gr. tilskipunar ESB afar rúmt. Það ákvæði tekur til víðtækari starfsemi en venjulegrar fjölmiðlunar og verður því ekki talið beinast sérstaklega að fjölmiðlum. Þá ber ábyrgðaraðila, óháð tilkynningarskyldunni, að hafa vissar upplýsingar aðgengilegar skv. 16. gr. frumvarpsins. Hlýtur tilkynningarskyldan samkvæmt framansögðu að taka til fjölmiðla almennt þótt þeir kunni í einstaka tilvikum að verða undanþegnir skyldunni skv. 3. mgr. 31. gr.

Samkvæmt 40. gr. frumvarpsins getur Persónuvernd stöðvað ólögmæta vinnslu eða sett skilmála um vinnsluna. Sé ekki farið að fyrirmælum Persónuverndar getur hún lagt á dagsektir, sbr. 41. gr. Að því er varðar starfsemi sem fellur undir 9. gr. tilskipunarinnar hlýtur vald Persónuverndar til að beita framangreindum ákvæðum hins vegar að takmarkast af eðlilegu tilliti til tjáningarfrelsis.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein, sem byggist á 4. gr. tilskipunar ESB, og 18.–21. lið formála hennar, gildir frumvarpið aðeins um ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu á Íslandi og fyrir einstaka aðra aðila eftir því sem nánar greinir hér á eftir.

Með staðfestu er átt við að starfsemin sé með virku, raunverulegu og föstu fyrirkomulagi, sbr. 19. lið formála tilskipunar ESB. Réttarleg staða starfseminnar eða rekstrarform ræður ekki úrslitum um hvort ábyrgðaraðili teljist hafa staðfestu hér á landi heldur fremur það hvort sú vinnsla sem fer fram hér á landi sé svo umfangsmikil og varanleg að eðlilegt sé að beita íslenskum lögum. Ef um er að ræða dótturfyrirtæki erlends félags sem starfar hér á landi getur dótturfyrirtækið haft staðfestu hér á landi í skilningi frumvarpsins. Sama á við þegar erlend félög reka útibú hér á landi. Erlendur viðskiptaaðili sem kæmi hingað í viðskiptaferð og tæki með sér persónuupplýsingar sem tengjast þeim viðskiptum mundi hins vegar ekki teljast hafa staðfestu hér í skilningi frumvarpsins. Til nánari skýringar má benda á að skv. 2. mgr. 31. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sjá augl. nr. 31/1993, er með staðfesturétti átt við rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og stofna og reka fyrirtæki.

Um starfsemi ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi gilda íslensk lög þótt einstakir þættir vinnslunnar, svo sem söfnun upplýsinga, fari fram í öðru ríki á EES-svæðinu. Dæmi um þetta gæti verið ábyrgðaraðili sem hefur staðfestu á Íslandi en framkvæmir ákveðna liði vinnslunnar, t.d. söfnun persónuupplýsinga, í Danmörku. Komi til þess að danski eftirlitsaðilinn vilji stöðva þá söfnun eða setja sérstök fyrirmæli um framkvæmd hennar fer um það eftir íslenskum lögum. Á sama hátt mundi Persónuvernd verða að beita dönskum lögum um meðferð persónuupplýsinga sem fer fram hér á landi sé hún á vegum ábyrgðaraðila með staðfestu í Danmörku. Ekkert stendur því hins vegar í vegi að ábyrgðaraðili hafi staðfestu í fleiri en einu EES-ríki á sama tíma en af a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar leiðir að ábyrgðaraðili verður að virða landslög í viðkomandi staðfesturíki. Vinni t.d. fjölþjóðafyrirtæki með persónuupplýsingar á Íslandi, Englandi og í Frakklandi og hafi staðfestu í öllum ríkjunum verður hann að fara að landslögum hvers staðfesturíkis að því er varðar þær upplýsingar sem þar eru.

Eins og áður segir er lagt til að lögin gildi um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi. Í 2. mgr. er lögð til sú rýmkun að lögin geti einnig tekið til ábyrgðaraðila með staðfestu utan EES-svæðisins ef hann vinnur með persónuupplýsingar og notar búnað sem er á Íslandi. Í slíku tilfelli verður íslenskum lögum beitt um þann hluta starfseminnar sem fer fram hér á landi. Með búnaði er átt við þau tæki og þá aðstöðu sem notuð er, tölvur og útstöðvar, fjarskiptatæki, myndfundabúnað o.s.frv. Það sem úrslitum ræður er hvort slíkur búnaður sé staðsettur hér á landi þannig að raunveruleg tengsl séu milli ábyrgðaraðilans og Íslands.

Ábyrgðaraðili sem fellur undir 1. málsl. 2. mgr. skal tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi. Ákvæðið byggist á þeirri forsendu að Persónuvernd hafi í raun möguleika á að nálgast ábyrgðaraðilann. Hafi hann ekki staðfestu hér getur slíkt reynst torvelt. Er fulltrúinn lagður að jöfnu við ábyrgðaraðila, en sé hans sérstaklega getið í einstökum ákvæðum frumvarpins á það sér lagatæknilegar skýringar. Miðað er við að Persónuvernd berist upplýsingar um fulltrúann með tilkynningu ábyrgðaraðila.

Í 3. mgr. kemur fram að ákvæði 2. mgr. gilda ekki þegar tækjabúnaður veitir aðeins færi á því að flytja persónuupplýsingar frá einu landi til annars um Ísland, án þess að hér fari fram sérstök vinnsla.

Um 7. gr.

Þessi grein frumvarpsins er efnislega samsvarandi 6. gr. tilskipunar ESB og eru hér tilgreind þau skilyrði sem ábyrgðaraðila ber að uppfylla við meðferð persónuupplýsinga. Með

vinnslu er átt við söfnun, skráningu, miðlun, samtengingu, varðveislu o.s.frv. Hugtökin „markmið“ og „tilgangur“ eru notuð jöfnum höndum og hafa sömu merkingu.

Í 1. tölul. er mælt fyrir um að haga skuli meðferð persónuupplýsinganna í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Einnig er tekið fram að vinnslan skuli vera sanngjörn, málefnaleg og lögmæt. Í ljósi 38. liðar formála tilskipunarinnar getur vinnsla vart talist sanngjörn nema hinn skráði geti fengið vitneskju um hana og eigi, þegar söfnun upplýsinganna á sér stað, kost á fullnægjandi upplýsingum um vinnubrögð, vinnuferli og annað er lýtur að vinnslunni. Áskilnaður um lögmæti vinnslu felur ekki einungis í sér skírskotun til skráðra lagareglna heldur einnig til óskráðra grundvallarreglna um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Vinnsla telst ólögmæt ef tilgangur hennar fær ekki samrýmst almennum sjónarmiðum um persónuvernd. Við slíkar aðstæður verður Persónuvernd að geta gripið inn í og mælt fyrir um aðgerðir til að tryggja persónuverndina. Í 40. gr. frumvarpsins er lagt til að Persónuvernd geti beitt ýmsum úrræðum, t.d. mælt fyrir um stöðvun vinnslu sem fer fram í ómálefnalegum tilgangi.

Í 2. tölul. segir að söfnun upplýsinga skuli vera í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og þær ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Þessi krafa gildir óháð því hvort upplýsingarnar eru sóttar beint til hins skráða eða ekki. Samkvæmt því verður ábyrgðaraðili alltaf að ákveða fyrir fram í hvaða tilgangi söfnun persónuupplýsinga á sér stað. Hitt er svo annað að söfnun upplýsinga getur átt sér margþættan tilgang. Með *yfirlýstum* tilgangi er átt við að hann skuli koma fram í tilkynningu ábyrgðaraðila til Persónuverndar. Þegar um er að ræða tilkynningar- eða leyfisskylda vinnslu verður því að geta um tilganginn á innsendri tilkynningu eða leyfisumsókn. Skv. 2. mgr. 32. gr. frumvarpsins getur Persónuvernd ákveðið nánar hvaða upplýsingar skuli koma fram á tilkynningum um vinnslu upplýsinga. Um vinnslu sem er hins vegar hvorki tilkynningar- né leyfisskyld gilda ákvæði 16. gr. um skyldu til að veita almenna vitneskju um tilgang vinnslu. Afmörkun tilgangs í tilkynningu hefur m.a. þýðingu við ákvörðun um hvort síðar megi nota upplýsingar í öðrum tilgangi. Því er mikilvægt að ábyrgðaraðili tilgreini tilgang vinnslu ítarlega á tilkynningu eða leyfisumsókn. Með áskilnaði um að tilgangurinn sé *skýr* er átt við að hann skuli vera nægjanlega vel skilgreindur og afmarkaður til að vinnslan sé gagnsæ og auðskilin og komið í veg fyrir svo víðtæka tilgreiningu tilgangs að undir hann megi fella næstum hvað sem er, enda samrýmist slíkt ekki sjónarmiðum um persónuvernd. Því viðkvæmari persónuupplýsingar sem unnið er með og því meiri afleiðingar sem notkun þeirra getur haft í för með sér þeim mun mikilvægara er að tilgangurinn sé skýrt afmarkaður. Auk þess er líklegra að sá sem upplýsingarnar varðar (hinn skráði) veiti réttar og viðeigandi upplýsingar ef hann þekkir tilgang vinnslunnar. Jafnframt verður auðveldara fyrir hann að gæta eigin hagsmuna, t.d. að krefjast þess að upplýsingum verði eytt, sbr. 24. gr. Loks ber að hafa í huga að varla er unnt að ákveða hvaða lágmarksupplýsingar vinna þarf með fyrr en tilgangurinn er skýr og hlýtur val persónuupplýsinga að ráðast af því í hvaða samhengi á að nota þær. Loks skal tilgangur vinnslu vera *málefnalegur*. Með því er átt við að ekki má vinna með upplýsingar í hvaða tilgangi sem er, jafnvel þótt hann sé yfirlýstur og skýr. Við mat á þessu verður m.a. að skoða hvort markmiðið sé í samræmi við eðli þeirrar starfsemi sem ábyrgðaraðili hefur með höndum. Samkvæmt þessu ákvæði má ekki vinna með persónuupplýsingar í tilgangi sem er ósamrýmanlegur þeim tilgangi sem var með söfnun þeirra. Hins vegar telst frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi ekki ósamrýmanleg sé viðeigandi öryggis gætt. Er hér tekið mið af b-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ESB. Slíkar rannsóknir eru tíðum þess eðlis að rökstyðja má að ávinningurinn af nýrri vinnslu geti verið meiri en óhagræðið fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga. Niðurstaða slíks hagsmunamats hlýtur þó

að verða önnur þegar tillit til hins skráða telst af einhverjum ástæðum vega þyngra en hagsmunir samfélagsins af því að fá niðurstöðu rannsóknar. Er og ljóst að því viðkvæmari sem þær upplýsingar eru sem unnið er með þeim mun meiri kröfur verður að gera til mikilvægis almannahagsmuna. Við slíkt hagsmunamat vega þungt þær ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr hugsanlegu óhagræði fyrir hinn skráða. Dæmi um slíkar ráðstafanir geta verið ýmsar öryggisráðstafanir, t.d. dulkóðun upplýsinga, upplýsingagjöf til hins skráða o.s.frv. Í 29. lið formála tilskipunar ESB segir að slíkar ráðstafanir skuli einkum hafa það að markmiði að útiloka notkun upplýsinga til stuðnings ráðstöfunum eða ákvörðunum viðvíkjandi tilteknum einstaklingum. Ef notkun persónuupplýsinga í nýjum tilgangi byggist á heimild í lögum eða samþykki hins skráða þarf ekki að meta hvort nýr tilgangur samræmist þeim upprunalega þar sem ætla má að þess sjónarmiðs hafi verið nægjanlega gætt af hálfu löggjafans.

Í 3. tölul. segir að ekki megi vinna með aðrar persónuupplýsingar en þær sem eru nægilegar og viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Þetta ákvæði á sér vissa fyrirmynd í 3. gr. gildandi laga þar sem segir að kerfisbundin skráning persónuupplýsinga sé því aðeins heimil að hún sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra sem tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna. Í stað þess orðalags er hér lögð til sjálfstæð regla um að ekki séu notaðar aðrar upplýsingar en þær sem hafa þýðingu fyrir yfirlýstan tilgang, bæði að því er snertir þá aðila sem upplýsingarnar varða og þær upplýsingar sem unnið er með. Með því að áskilja að upplýsingarnar séu nægjanlegar og viðeigandi er átt við að eðli þeirra og efni skuli þjóna yfirlýstum tilgangi. Ákvæðið mælir í raun fyrir um að vinnsla ábyrgðaraðila sé háð hlutfallssjónarmiði en með því er átt við að hún megi ekki ganga lengra en þörf krefur til að ná því markmiði sem ábyrgðaraðila er heimilt að ná.

Í 4. tölul. segir að persónuupplýsingar skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum og að afmá skuli eða leiðrétta persónuupplýsingar sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar miðað við tilgang vinnslu þeirra. Í 28. gr. gildandi laga eru ákvæði um að afmá skuli skráðar upplýsinga sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu miðað við það hlutverk sem skrá er ætlað að gegna. Þar segir og að skrár sem séu í sífelldri notkun skuli geyma réttar upplýsingar en úreltar upplýsingar skuli afmá. Ákvæði 4. tölul. er ætlað að koma í stað þessa lagaákvæðis. Í ljósi d-liðar 6 gr. tilskipunar ESB um gæði upplýsinga er lagt til það orðalag að upplýsingar skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar. Skylda til að uppfæra upplýsingar á að tryggja að leiðréttar séu upplýsingar sem reynast úreltar, sé þess þörf. Í vissum tilvikum mun ábyrgðaraðili getað frestað leiðréttingu. Hversu fljótt leiðrétting þarf að eiga sér stað ræðst bæði af efni þeirra upplýsinga sem unnið er með og því hvernig þær eru notaðar. Stundum má fresta leiðréttingu en sé t.d. um að ræða vinnslu rangra upplýsinga sem geta leitt til tjóns fyrir hinn skráða skal leiðrétting eiga sér stað tafarlaust.

Í 5. tölul. segir að ekki skuli varðveita persónuupplýsingar í persónugreinanlegu formi lengur en þörf er á miðað við tilgang vinnslu. Upplýsingar má með öðrum orðum ekki varðveita í persónugreinanlegu formi lengur en nauðsyn krefur í ljósi þess tilgangs sem var með söfnun þeirra og vinnslu. Ekki verður gefið einhlítt svar við því hversu lengi varðveita megi upplýsingar í persónugreinanlegu formi þar sem slíkt hlýtur að ráðast af aðstæðum hverju sinni. Hins vegar er rétt að Persónuvernd setji almennar reglur og leiðbeiningar um það hve lengi ábyrgðaraðili skuli að jafnaði varðveita persónugreinanlegar upplýsingar miðað við tegund vinnslu. Má minna á að ábyrgðaraðila er skylt að tilgreina á tilkynningu um vinnslu hvenær hann hyggst eyða persónuupplýsingum eða eftir atvikum greiningarlykli eða öðru því sem gerir upplýsingarnar rekjanlegar til einstakra manna.

Um 8. gr.

Þessi grein frumvarpsins er efnislega samsvarandi 7. gr. tilskipunar ESB og er hér tilgreint hvenær vinnsla almennra persónuupplýsinga er heimil. Ákvæðið á við um alla vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið frumvarpsins, en lögmæti vinnslu tiltekinna upplýsinga ræðst þó jafnframt af 9. gr. frumvarpsins og eftir atvikum öðrum ákvæðum. Af ákvæðinu leiðir að vinnsla er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert þeirra sjö skilyrða sem þar eru talin upp. Að undanskilinni reglu 1. tölul. eiga reglurnar allar það sameiginlegt að vinnsla er óheimil nema hún sé *nauðsynleg* vegna nánar tilgreindra hagsmuna. Það ræðst hins vegar af aðstæðum hverju sinni hvort tiltekin vinnsla persónuupplýsinga teljist nauðsynleg og er ábyrgðaraðila falið visst mat í þeim efnum. Persónuvernd mun þó ætíð geta endurskoðað slíkt mat sbr. 36.–38. gr. frumvarpsins, auk þess sem hún mun í framkvæmd laganna móta nánari viðmið um hvað teljist vera nauðsynlegt og hvað ekki. Mat á nauðsyn vinnslu ræðst af eðli hennar, en meta þarf hvern áfanga vinnslunnar sjálfstætt. Þannig þarf að meta sjálfstætt hvort nauðsynlegt sé að safna upplýsingum, skrá þær, miðla þeim, samkeyra þær o.s.frv. Matið ræðst og af eðli og efni þeirra upplýsinga sem unnið er með. Meðal annars skiptir máli hvort um sé að ræða upplýsingar um hrein einkamálefni einstaklinga, svo sem um félagsleg vandamál, hjónaskilnaði og samvistarslit, ættleiðingar og annað sem sanngjarnt er og eðlilegt að fari leynt, en þá ber að gera ríkar kröfur að því er varðar nauðsyn vinnslunnar.

Í 1. tölul. segir að vinna megi með persónuupplýsingar ef hinn skráði hefur gefið ótvírætt samþykki sitt. Hér er átt við samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. frumvarpsins. Hafa ber í huga að vinnsla persónuupplýsinga sem er heimil á grundvelli samþykki hins skráða þarf jafnframt að fullnægja öllum skilyrðum 7. gr. frumvarpsins. Vinnslan verður því m.a. að vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga, fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og má ekki ganga lengra en nauðsyn krefur. Þegar Persónuvernd metur hvort þessu skilyrði sé fullnægt tekur hún bæði mið af þeirri vinnsluaðferð sem viðhöfð er og eðli þeirra upplýsinga sem unnið er með. Sé um að ræða vinnslu upplýsinga um einkamálefni einstaklings, svo sem um félagsleg vandamál, hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar o.s.frv., er t.d. eðlilegt að gera strangar kröfur málefnalegs tilgangs.

Í 2. tölul. kemur fram að vinna megi með persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hans áður en samningurinn er gerður. Af þessu ákvæði leiðir að í tengslum við efndir samnings við hinn skráða má viðhafa nauðsynlegar vinnslu, svo sem á pöntunum, reikningum, kvittunum o.s.frv. Það er skilyrði að hinn skráði sé aðili samnings. Samningur milli ábyrgðaraðila og t.d. atvinnuveitanda hins skráða getur þar með ekki orðið grundvöllur vinnslu upplýsinga um hinn skráða. Undir ákvæðið fellur einnig sú aðstaða þegar vinnsla er nauðsynleg til að undirbúa gerð samnings.

Í 3. tölul. kemur fram að vinnsla persónuupplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Þetta ákvæði byggist á c-lið 7. gr. tilskipunar ESB. Með lagaskyldu er átt við hvers konar skyldu sem leiðir af lagasetningu, m.a. skyldur samkvæmt reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem eiga sér stoð í lögum. Undir hugtakið falla einnig skyldur samkvæmt dómi eða stjórnvaldsúrskurði. Hins vegar falla samningsskyldur ekki hér undir.

Í 4. tölul. kemur fram að vinnsla persónuupplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuna hins skráða. Um slíkt getur t.d. verið að ræða sé hinn skráði, vegna sjúkdóms, fjarveru eða af öðrum samsvarandi ástæðum, ófær um að veita samþykki sitt. Sama á við sé vinnsla upplýsinga um hinn skráða svo áríðandi að hún geti ekki beðið

þann tíma sem það tekur að afla slíks samþykkis. Af skírskotun til brýnna hagsmuna leiðir að vinnslan verður að tengjast hagsmunum sem hafa grundvallarþýðingu fyrir hinn skráða. Það gæti t.d. átt við þegar hinn skráði getur, vegna sjúkdóms eða fjarveru, ekki samþykkt vinnslu sem mundi forða honum frá verulegu fjárhagstjóni eða öðrum skaða.

Í 5. tölul. kemur fram að vinnsla persónuupplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna. Með þessu er átt við verkefni sem er í almannaþágu, þ.e. sem hefur þýðingu fyrir breiðan hóp manna. Þetta gæti t.d. átt við um vinnslu sem á sér stað í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi. Sama á við um vinnslu sem á sér stað í upplýsingakerfi réttarkerfisins sem ætlað er að veita almenningi upplýsingar um löggjöf, dómaframkvæmd o.s.frv. Vinnsla getur talist fara fram í þágu almannahagsmuna þótt hún fram ekki fram á vegum hins opinbera svo fremi hún þjóni hagsmunum breiðs hóps manna. Þótt vinnsla eigi sér stað í fjárhagslegu augnamiði útilokar það ekki að hún geti verið í þágu almannahagsmuna.

Í 6. tölul. kemur fram að vinnsla persónuupplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili eða þriðji maður, sem upplýsingum er miðlað til, fer með. Ákvæðið tekur meðal annars til vinnslu upplýsinga á vegum stjórnvalda sem tengist meðferð opinbers valds. Með því er fyrst og fremst átt við töku stjórnvaldsákvarðana. Jafnframt mundi önnur vinnsla sem telst til stjórnsýslu, svo sem við opinbera þjónustustarfsemi, alla jafna falla hér undir. Hafi meðferð opinbers valds verið falin þriðja manni með þjónustusamningi eða lögheimiluðu ytra valdframsali, leiðir af ákvæðinu að þessi þriðji maður getur viðhaft nauðsynlega vinnslu á upplýsingum við framkvæmd þeirrar stjórnsýslu.

Í 7. tölul. kemur fram að vinnsla persónuupplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili eða þriðji maður, eða aðili sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber lögum samkvæmt vegi þyngra. Ákvæðið á ekki við nema ábyrgðaraðili hafi viðhaft ákveðið mat, þ.e. mat á því hvort hagsmunir hins skráða af því að vinnslan fari ekki fram vegi þyngra en þeir hagsmunir sem mæla með vinnslunni. Ekki er nauðsynlegt að um sé að ræða hagsmuni ábyrgðaraðila eða þess þriðja manns sem tekur við upplýsingunum og því getur ákvæðið átt við þótt um hagsmuni annarra sé að ræða. Ávallt er þó skilyrði að hagsmunir séu lögvarðir.

Í 2. mgr. er regla um rafræna vöktun, sem samkvæmt frumvarpi þessu er ein tegund rafrænnar vinnslu, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins, og tekur m.a. til stafrænnar upptöku. Um annars konar vöktun gilda þau ákvæði sem vísað er til í 4. gr.

Um 9. gr.

Í þessu ákvæði er tæmandi upptalning á því hvenær má vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar eins og það hugtak er skilgreint í 8. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Í 4. gr. gildandi laga kemur fram sú meginregla að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er almennt óheimil nema um sé að ræða þær undantekningar sem þar koma fram. Í frumvarpsgrein þessari er hins vegar farin sú leið að hafa tæmandi upptalningu á því hvenær má vinna með slíkar upplýsingar. Er hér byggt á 2., 3. og 4. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. má vinna með viðkvæmar upplýsingar hafi hinn skráði samþykkt vinnsluna fyrir sitt leyti. Má ætla að á þetta geti reynt við gerð ýmiss konar samninga, svo sem vátryggingarsamninga, samninga um fjárhagsaðstoð o.s.frv. Átt er við samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. frumvarpsins. Skilyrði um samþykki hins skráða er ákjósanlegt frá sjónarhóli persónuverndar en það getur þó ekki alltaf ráðið úrslitum um hvort vinnsla fer fram eða ekki. Því er lagt til að vinnsla slíkra upplýsinga geti verið heimil í öðrum tilvikum og er um þau fjallað í 2.–9. tölul. málsgreinarinnar. Þá getur einnig komið til þess að ekki

nægi að fá samþykki hins skráða, t.d. ef hann veitir með því upplýsingar um aðra menn en sjálfan sig, eða ef lögboðið er að fleira þurfi til, sbr. a-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB. Þá kann samþykki að vera þýðingarlaust ef lög banna beinlínis vinnslu en ekki þykir ástæða til að geta þess sérstaklega í frumvarpstextanum.

Í 2. tölul. 1. mgr. kemur fram að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar standi til þess sérstök heimild í öðrum lögum. Samsvarandi ákvæði er í 2. mgr. 4. gr. gildandi laga, en 2. tölul. á sér stoð í 8. gr. tilskipunar ESB. Það ræðst af túlkun viðkomandi lagaákvæðis hvort skilyrðinu er fullnægt. Mat á því hvort lagastoð er fyrir hendi ræðst hverju sinni af skýringu viðkomandi sérlagaákvæðis, en því meiri íhlutun í einkalíf einstaklingsins sem umrædd vinnsla hefur í för með sér þeim mun ótvíræðari þarf lagaheimildin að vera. Skýring slíks ákvæðis ræðst þá m.a. af því hvort löggjafinn hafi í raun tekið tillit til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reynir við meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga. Verður skilyrði 2. tölul. tæplega talið uppfyllt nema fyrir liggi að löggjafinn hafi skoðað slík sjónarmið en engu síður talið vinnsluna nauðsynlega vegna almannahagsmuna. Umhugsunarefni í því sambandi eru t.d. ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985. Sem dæmi um lagaheimild skv. 2. tölul. má nefna ákvæði 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þar sem segir að ríkissaksóknari skuli halda sakaskrá fyrir landið allt. Þá segir í 3. mgr. sömu greinar að dómsmálaráðherra setji fyrirmæli í reglugerð um aðra kerfisbundna skráningu og varðveislu lögreglu á upplýsingum um brotaferil manna eða atriði sem varða einkahagi þeirra. Enn fremur má nefna sem dæmi um lagaheimild skv. 2. tölul. ákvæði laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998.

Í 3. tölul. 1. mgr. er lagt til að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar beri ábyrgðaraðila skylda til að framkvæma slíka vinnslu samkvæmt samningi aðila á vinnumarkaði. Skv. b-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB skal vinnsla slíkra upplýsinga teljast heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja skyldum eða sérstökum réttindum ábyrgðaraðila samkvæmt vinnulöggjöf. Hér á landi byggjast réttindi og skyldur á vinnumarkaði hins vegar ekki síður á frjálsum samningum en lagafyrirmælum og því er lögð til sú viðmiðun að ábyrgðaraðila sé vinnslan skyld samkvæmt samningi aðila á vinnumarkaði, en með því er m.a. átt við ákvæði í ráðningarsamningi og/eða heildarkjarasamningi. Hér sem endranær gildir einnig að því meiri íhlutun í einkalíf hins skráða sem vinnslan hefur í för með sér þeim mun ótvíræðara verður slíkt ákvæði að vera.

Í 4. tölul. 1. mgr. er lagt til að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem af líkamlegum eða andlegum ástæðum getur ekki sjálfur veitt samþykki skv. 1. tölul. Þessi undantekning byggist á c-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB og hin ströngu skilyrði gefa til kynna að ákvæðið ber að túlka þröngt. Af orðalagi tilskipunarinnar má ráða að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga má ekki fara fram þegar hinn skráði gefur ekki samþykki sitt þótt hann geti það, jafnvel þótt hann tefli eigin hagsmunum þar með í tvísýnu. Hafi hinn skráði gerhæfi og skilji þá áhættu sem hann tekur á hann ákvörðunarvald í þeim efnum. Öðru máli gegnir ef slík neitun hefur þær afleiðingar að ekki verður unnt að verja verulega hagsmuni þriðja manns. Í slíkum tilvikum gæti Persónuvernd veitt undanþágu skv. 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Með hagsmunum er átt við allar tegundir hagsmuna, þar á meðal fjárhagshagsmuni og hagsmuni sem tengjast andlegri og líkamlegri heilsu.

Í 5. tölul. 1. mgr. er lagt til að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar um einstaka meðlimi félagasamtaka sem ekki eru rekin í ábataskyni og þá sem eru í reglubundnu sambandi við þau samkvæmt lögmætu markmiði slíkra samtaka. Þetta ákvæði er í samræmi við d-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB. Gagnvart einstökum meðlimum hefur þessi undan-

þága ekki sjálfstæða þýðingu hafi þeir þegar samþykkt vinnsluna með samþykki skv. 1. tölul. Varðandi aðra einstaklinga kann að vera um einhvers konar viðskiptasamband að ræða, sbr. t.d. ef Hjálpræðisherinn býr til lista yfir heimilislausa menn sem þar hafa gist. Í slíkum tilvikum ber að túlka ákvæði 5. tölul. þannig að hið reglubundna samband, sem er forsenda vinnslunnar, byggist á fúsum og frjálsum vilja hins skráða. Þess vegna geta samtök t.d. ekki rekið kerfisbundna leitarstarfsemi og þannig öðlast rétt til að vinna með viðkvæmar upplýsingar um þá sem leitað er að en vilja e.t.v. ekki vera leitaðir uppi.

Í tilskipun ESB er gerð tilraun til að telja upp þær tegundir samtaka sem undir umrætt ákvæði geta fallið og það gert að skilyrði að um sé að ræða samtök með lögmæta starfsemi. Í því felst ekki aðeins að samtökin skuli vera lögleg í þröngum skilningi (þ.e. ekki bönnuð) heldur skuli vinnsla persónuupplýsinganna þjóna málefnalegum tilgangi vinnslunnar, sbr. 7. gr., og taka viðhlítandi tillit til persónuverndar, en með því er m.a. átt við nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Lagt er til að sama viðmiðun gildi hér að þessu leyti. Af því leiðir að sé ekki tekið viðhlítandi tillit til persónuverndarsjónarmiða, með þeim afleiðingum að starfsemin telst vera ólögmæt, getur Persónuvernd skv. 40. gr. bannað viðkomandi samtökum að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar á grundvelli þessa ákvæðis eða mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja öryggi og persónuvernd. Að lokum skal áréttað að ákvæði 5. tölul. tekur ekki til allrar vinnslu persónuupplýsinga, sbr. að þar er beinlínis tekið fram að það heimili ekki birtingu (miðlun) upplýsinganna til óviðkomandi aðila. Samkvæmt því er ekki sjálfgefið að félagasamtök láti frá sér lista með nöfnum félagsmanna án þess að hafa til þess samþykki hvers og eins félagsmanns. Það hlýtur m.a. að ráðast af eðli viðkomandi samtaka.

Í 6. tölul. er lagt til að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar. Er hér farið að e-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB. Með því að upplýsingar hafi verið gerðar opinberar er átt við að þær hafi verið kunngjörðar ótilgreindum hópi manna, t.d. með ritun ævisögu eða í sjónvarpsviðtali. Síðari vinnsla slíkra upplýsinga er því heimil án sérstaks samþykkis hins skráða, en tekið skal fram að hér sem endranær gildir ákvæði 7. gr. um meðferð persónuupplýsinga.

Samkvæmt 7. tölul. má vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar í því skyni að afmarka, setja fram og verja tiltekna kröfu vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Ákvæðið byggist á e-lið, i.f., 8. gr. tilskipunar ESB. Vinnuveitanda getur t.d. verið nauðsynlegt að vinna upplýsingar um heilsufar starfsmanns til að geta sýnt fram á lögmætar forsendur fyrir uppsögn. Það er ekki skilyrði að málið verði lagt fyrir dómstóla heldur nægir að vinnslan sé nauðsynleg til að styðja kröfu fullnægjandi rökum. Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga í þessum tilgangi telst hins vegar því aðeins vera lögleg að krafan verði hvorki afmörkuð né staðreynd með öðrum hætti.

Í 8. tölul. 1. mgr. er lagt til að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsinga ef vinnslan er nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða hefðbundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Er hér farið að ákvæðum 3. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB. Ákvæðið hefur sjálfstæða þýðingu við hlið undanþáguákvæða 1. og 2. tölul., t.d. ef hinn skráði er of veikur eða getur af öðrum sambærilegum ástæðum ekki veitt samþykki sitt. Þessu undanþáguákvæði verður ekki beitt nema vinnslan sé framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisstofnunar sem bundinn er þagnarskyldu samkvæmt lögum eða reglum settum af til þess bæru stjórnvaldi.

Í 9. tölul. 1. mgr. er lagt til að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsókna. Ákvæði 9. tölul. er skylt 11. gr. gildandi laga sem þó varðar einvörðungu tölfræðirannsóknir. Hér er hins vegar fjallað bæði um tölfræði- eða vísindarannsóknir og lagt til að þær séu heimilar, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum, svo sem dulkóðun eða eyðingu persónuauðkenna. Er það hlut-

verk Persónuverndar að tryggja að slíkar ráðstafanir séu fullnægjandi og setja viðhlítandi skilmála í því skyni. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar sem eru persónugreindar eða persónugreinanlegar, t.d. dulkóðaðar, kann vinnslan að vera leyfisskyld skv. 33. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að Persónuvernd geti heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en þeim er greinir í 1. mgr. þegar ríkir almannahagsmunir krefjast þess, enda séu viðhafðar ráðstafanir til að vernda hagsmuni hins skráða. Hér er farið að ákvæðum 4. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB. Dæmi um mikilvæga almannahagsmuni er að finna í 34.–36. lið formála tilskipunarinnar. Í ýmsum tilvikum kunna mikilvægir samfélagshagsmunir að vera varðir í sérlögum sem heimila vinnslu upplýsinganna eins og áður segir.

Persónuvernd metur hvort þær ráðstafanir sem viðhafðar eru til að tryggja hagsmuni hins skráða séu viðhlítandi eða ekki. Telji Persónuvernd svo ekki vera verður undanþáguákvæðinu ekki beitt.

Um 10. gr.

Í þessari grein er afmarkað hvenær nota má kennitölur og hvenær ekki. Um notkun kennitölu er fjallað í 7. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB þar sem segir að aðildarríkin skuli setja reglur þar að lútandi. Ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum og er því um nýmæli að ræða. Þó skal þess getið að í 1., 6. og 21. gr. gildandi laga er vikið að notkun kennitölu.

Samkvæmt frumvarpsgreininni þarf notkun kennitölu að eiga sér málefnalegan tilgang og vera nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu upplýsinga. Kröfunni um málefnalegan tilgang verður ekki fullnægt nema önnur auðkenni, svo sem nafn, heimilisfang eða viðskiptanúmer, séu ófullnægjandi. Við mat á málefnalegum tilgangi ber m.a. að líta til þess hvort örugg persónugreining sé mikilvæg fyrir hinn skráða, fyrir ábyrgðaraðila eða vegna almannahagsmuna.

Í stað þess að mæla ítarlega fyrir um hvenær notkun kennitölu sé heimil er lagt til að Persónuvernd meti það, enda er ekki sjálfgefið að sömu reglur gildi hverju sinni sem á reynir. Persónuvernd getur ákveðið að nota skuli kennitölur til að tryggja viðhlítandi öryggi í vinnslu persónuupplýsinga. Krafan um viðhlítandi gæði og öryggi tekur m.a. til þess að upplýsingar séu uppfærðar reglulega og að persónuupplýsingarnar séu réttar og fullnægjandi.

Um 11. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber ábyrgðaraðili ábyrgð á því að öryggismat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við ákvæði og staðla sem áskilin eru í reglum sem Persónuvernd setur um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga. Mikilvægt er að reglur þessar verði kynntar eftir þörfum og séu aðgengilegar. Þá er sérstaklega áréttað að ábyrgðaraðili skuli jafnframt gæta þess að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við 7. gr.

Í 2. mgr. er sú skylda lögð á ábyrgðaraðila að reglulega sé framkvæmt öryggismat og gerðar kerfisbundnar öryggisráðstafanir til að fullnægja skilyrðum 1. mgr. Þetta miðar að því að tryggja á hverjum tíma öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Þá er í 4. mgr. sú skylda lögð á ábyrgðaraðila að halda skrá yfir öryggismat og öryggisráðstafanir sem fram hafa farið og skal Persónuvernd hafa aðgang að henni hvnær sem er. Þetta er mikilvægt til að tryggja eftirlit með öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Um 12. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði skal ábyrgðaraðili viðhafa innra eftirlit í starfsemi sinni og færa reglulega skýrslur um það eftirlit. Innra eftirlit lýtur að því að tryggja að farið sé að almenn-

um reglum laga, þ.m.t. laga þessara, reglugerðum og sérstökum fyrirmælum sem Persónuvernd hefur sett skv. 35. eða 40. gr. frumvarps þessa. Í skýrslum þeim sem færðar eru skal koma fram hvaða kerfi er notað við innra eftirlitið og hvernig það tryggi að farið sé að settum reglum. Innra eftirlit getur m.a. falist því að meta markmið vinnslunnar, setja vinnureglur, skoða áhættuna og það hvort unnið sé í samræmi við ákvæði laga og annarra fyrirmæla. Þetta ákvæði er m.a. sett fram að teknu tilliti til ákvæðis 6. gr. tilskipunar ESB um gæði upplýsinga.

Í frumvarpinu er lagt til að öllum ábyrgðaraðilum verði skylt að framkvæma mat skv. 1. mgr. en slíkt mat þarf ekki óhjákvæmilega að leiða til beinna ráðstafana af hálfu ábyrgðaraðila. Til dæmis geta tilvik verið það fá að auðveldlega megi framkvæma fyrirmæli laga þessara þótt ekki séu gerðar sérstakar ráðstafanir.

Skýrslur sem færðar verða samkvæmt þessu ákvæði verða að vera aðgengilegar fyrir Persónuvernd þegar eftir þeim er kallað, sbr. 1. mgr. 38. gr. Skýrslur skal færa reglulega og aðlaga innra eftirlitskerfi breyttum þörfum jafnóðum.

Í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar ESB, sbr. og ákvæði 3. mgr. 21. gr., er vikið að innra eftirliti þegar um er að ræða vinnslu sem verður undanþegin tilkynningarskyldu. Er miðað við að hjá slíkum aðila skuli tilnefna a.m.k. einn aðila (fulltrúa Persónuverndar) sem verði ábyrgur fyrir því að unnið sé í samræmi við ákvæði laga og önnur fyrirmæli. Skal sá aðili halda skrá yfir þær vinnslur sem fram fara og hún hafa að geyma sömu upplýsingar og fram koma á tilkynningum um þær vinnslur sem eru tilkynningarskyldar. Skulu þessar upplýsingar vera aðgengilegar almenningi.

Um 13. gr.

Greinin afmarkar hvernig vinnsluaðila er heimilt að ráðstafa persónuupplýsingum sem hann vinnur með og byggist á 2.–4. mgr. 17. gr. tilskipunar ESB. Átt er við vinnsluaðila í skilningi 5. tölul. 2. gr. frumvarpsins.

Í 1. málsl. er fjallað um notkun upplýsinga í öðrum tilgangi en upphaflegum og í 2. málsl. er fjallað um afhendingu til annarra aðila til varðveislu eða vinnslu. Í ákvæði 2. málsl. felst að vinnsluaðila er óheimilt að vinna með öðrum vinnsluaðilum að framkvæmd umsaminna verkefna nema í samráði við ábyrgðaraðila.

Frumvarpsgreinin er nýmæli en efnislega skyld ákvæði er að finna í 24., 25. og 28. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Í gildandi lögum er ekki að finna sambærilegt ákvæði við það sem hér er lagt til að verði lögfest, sbr. þó sérákvæði 18. gr., en skyld ákvæði er bæði að finna í upplýsingalögum, nr. 50/1996, 11. gr., og í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, 9. gr. Í tilskipun ESB er ekki að finna heildarákvæði eins og hér er lagt til að lögfest verði heldur aðeins dreifð ákvæði um kröfur til málshraða af hálfu ábyrgðaraðila.

Það hvað teljast sérstakar ástæður í skilningi 2. mgr. greinarinnar verður að meta hverju sinni og ræðst m.a. af því hvaða réttindi það eru sem viðkomandi vill nýta sér og hversu umfangsmikil þau eru. Algengasta skýring þess að ábyrgðaraðili geti ekki fullnægt skyldu sinni í tæka tíð verður væntanlega takmörkuð afkastageta hans. Slíkt getur í vissum tilvikum verið ásættanleg skýring, t.d. ef um er að ræða kröfu skv. 27. gr. um handunna vinnslu, að því tilskildu að slík krafa sé afgreidd á sömu forsendum og aðrar sambærilegar kvartanir og í þeirri röð sem þær berast. Þegar um er að ræða kröfu manns skv. 28. gr. um að fá nafn sitt „bannmerkt“, þ.e. fá nafnið merkt um að bannað sé að nota það í markaðssetningarstarfsemi, verð-

ur hins vegar ekki fallist að of lítil afkastageta geti verið réttmæt ástæða fyrir töfum á afgreiðslu.

Um 15. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að hinn skráði, og aðrir eftir því sem við á, skuli geta nýtt rétt sinn samkvæmt tilteknum ákvæðum án endurgjalds. Með ákvæðinu er lagt til að lögfest verði gildandi framkvæmd. Samsvarandi ákvæði er ekki í gildandi lögum en í 13. gr. frumvarps til þeirra var svipað ákvæði sem fellt var út í meðförum þingsins. Í 12. gr. upplýsingalaga nr. 50/1997 er skylt ákvæði um kostnað af ljósritun gagna, og hefur á grundvelli þess ákvæðis verið sett reglugerð nr. 579/1996.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði ákvæði um skyldu ábyrgðaraðila til að veita almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum. Ákvæðið tekur til rafrænnar vinnslu og handunninnar vinnslu ef persónuupplýsingarnar eru eða verða hluti af skrá. Ekki er nauðsynlegt að vinnslan sé tilkynningarskyld, sbr. 3. mgr. 21. gr. tilskipunar ESB. Hins vegar ber að meginstefnu til að veita vitneskju um sömu atriði og almennt munu koma fram í slíkum tilkynningum. Tilkynningarnar munu þó að öllu jöfnu hafa að geyma víðtækari upplýsingar. Ef um er að ræða vinnslu sem ekki er tilkynningarskyld ber ábyrgðaraðila að halda uppfært yfirlit sem hefur a.m.k. að geyma upplýsingar um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

Samkvæmt 1. mgr. er ábyrgðaraðila skylt, sé þess óskað, að veita almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum. Markmið ákvæðisins er í fyrsta lagi að veita hverjum sem er færi á að ganga úr skugga um hvort honum þyki vinnslan áhugaverð og ástæða til að fá um hana gleggri upplýsingar skv. 2. mgr., t.d. til að undirbúa beiðni skv. 18. gr. Í öðru lagi er markmið þessa ákvæðis að skapa manni forsendur til að meta hvort hann kæri sig um að umræddur ábyrgðaraðili vinni með upplýsingar um sig eða ekki. Til dæmis getur maður beðið um almennt yfirlit skv. 1. mgr. áður en hann ákveður hvort hann vilji að nafn sitt sé sett á félagaskrá eða hann gengur í tiltekinn klúbb, svo sem bókaklúbb, vildarklúbb o.s.frv.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt manns til að fá vitneskju um tiltekna tegund eða tegundir vinnslu persónuupplýsinga. Sá sem vill nýta sér þennan rétt verður með öðrum orðum að tilgreina nákvæmlega hvaða vinnslu hann vill fá vitneskju um. Skulu upplýsingar sem veittar eru skv. 1. mgr. vera nægilega skýrar til að viðkomandi geti áttað sig á hvort hann þurfi að fá frekari upplýsingar og þá um hvaða vinnslu. Í 1.–6. tölul. 2. mgr. eru taldar upp þær upplýsingar sem veita skal. Miðað er við að upplýsingarnar skuli vera almennar, staðlaðar og stuttorðar. Bæði Persónuvernd og hinn skráði eiga víðtækari rétt en hér er mælt fyrir um.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. tilskipunar ESB skal veita upplýsingar um þau atriði sem þar eru talin í a–e-liðum 1. mgr. 19. gr. Í þessu frumvarpi er á þeirri upptalningu byggt og til viðbótar lagt til að ábyrgðaraðili skuli veita upplýsingar um hver ber daglega ábyrgð á að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila. Gagnstætt því sem gildir um tilkynningar til Persónuverndar þarf ekki að veita vitneskju um öryggisráðstafanir.

Samkvæmt 6. tölul. 2. mgr., sem er í samræmi við d-lið 1. mgr. 19. gr. tilskipunar ESB, skal greina frá því hverjir séu viðtakendur upplýsinga, en í því getur falist fyrir hvern sé unnið og hver fái upplýsingarnar afhentar. Hér nægir að tilgreina tegund eða flokka viðtakenda, en ekki er nauðsynlegt að nafngreina einstaka viðtakendur. Hins vegar má ekki flokka viðtakendur svo gróflega að upplýsingarnar verði í raun merkingarlausar. Einnig skal veita vit-

neskju um það hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar til viðtakenda í öðrum löndum og tekur það ekki einvörðungu til ríkja utan EES-svæðisins. Vísast nánar til V. kafla frumvarpsins um þetta efni.

Í 3. mgr. er tekið fram hvert kröfu um vitneskju verði beint. Kröfu má beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans ef ábyrgðaraðili hefur ekki staðfestu á Íslandi en nýtir tækjabúnað sem staðsettur er hér á landi. Það að einnig megi beina slíkri kröfu til fulltrúans leiðir af lokamálslið 2. mgr. 6. gr., en er áréttað hér til frekari glöggvunar. Af forsendum þessarar frumvarpsgreinar leiðir að hinn skráði getur ekki beint kröfu samkvæmt ákvæðinu til vinnsluaðilans, en hins vegar stendur ekkert því í vegi að ábyrgðaraðili feli vinnsluaðila að veita umbeðnar upplýsingar, og uppfylli með því skyldur sínar. Ef um er að ræða tilkynningar- eða leyfisskylda vinnslu má beina kröfu um upplýsingar til Persónuverndar skv. 17. gr.

Ákvæði þessarar frumvarpsgreinar er nýtt í lögum um persónuupplýsingar. Efnislega skylt ákvæði er reyndar að finna í 1. mgr. 9. gr. gildandi laga en gildissvið þess er til muna takmarkaðra en frumvarpsgreinarinnar.

Um 17. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal Persónuvernd halda skrá yfir alla tilkynnta og heimilaða vinnslu og er þar farið að 2. mgr. 21. gr. tilskipunar ESB. Þá er í 7. tölul. 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins mælt fyrir um birtingu árlegrar skýrslu um starfsemina. Koma þessi ákvæði að nokkru í stað 36. gr. gildandi laga þar sem segir að tölvunefnd skuli árlega birta skýrslu um starfsemi sína með yfirliti yfir þau starfsleyfi, samþykki og heimildir sem nefndin hefur veitt, reglur sem hún hefur sett og úrskurði sem hún hefur kveðið upp.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að skráin skuli gerð aðgengileg almenningi og getur Persónuvernd ákveðið hvernig það verði gert, t.d. hvort hún verði gerð aðgengileg á netinu eða ekki. Leggja ber áherslu á að allir hafi jafna möguleika á að kynna sér skrána óháð efnum og aðstæðum.

Um 18. gr.

Í þessari grein er fjallað um rétt hins skráða til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig, í 1. tölul., og um önnur atriði sem nánar eru tilgreind í 2.–5. tölul. Þetta ákvæði rýmkar og skerpir þann rétt sem mælt er fyrir um í IV. kafla gildandi laga (9. gr.). Er hér að efni til fylgt a-lið 12. gr. tilskipunar ESB.

Í 1. tölul. 1. mgr. kemur fram sú meginregla að hinn skráði eigi rétt til aðgangs að upplýsingum um sig. Það nær til upplýsinga sem unnar eru með rafrænum hætti og handunninna upplýsinga ef þær eru eða eiga að verða hluti af skrá og á ákvæðið sér nokkra hliðstæðu í 1. mgr. 9. gr. gildandi laga. Frá þessari meginreglu eru engu síður nokkrar undantekningar, sbr. 19. gr. frumvarpsins, en þar er fylgt 13. gr. tilskipunar ESB.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. á hinn skráði rétt á að fá upplýsingar um tilgang vinnslu. Gagnstætt því sem gildir skv. 3. tölul. 2. mgr. 16. gr. á hinn skráði samkvæmt þessum tölulið rétt á að fá upplýsingar sem gagngert varða tilganginn með vinnslu þeirra upplýsinga sem varða hann sjálfan. Beinn og persónulegur réttur til upplýsinga tekur með sama hætti til upplýsinga skv. 3. tölul., þ.e. um miðlun, og skv. 4. tölul. um hvaðan upplýsingarnar koma.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. á hinn skráði rétt til upplýsinga um öryggisráðstafanir, en sá fyrirvari er gerður að slíkt skerði ekki öryggi vinnslunnar. Að því er þennan fyrirvara varðar verður að greina á milli hinna ýmsu öryggisráðstafana. Ráðstafanir sem eiga að tryggja að óviðkomandi geti ekki fengið aðgang að persónuupplýsingum mundu falla undir þennan

fyrirvara en annars konar öryggisráðstafanir, t.d. ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika upplýsinga, hins vegar ekki.

Þá vitneskju sem hér um ræðir skal ávallt veita án endurgjalds og án sérstakra hindrana, sbr. a-lið 12. gr. tilskipunar ESB og ákvæði 14. og 15. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um takmarkanir á rétti hins skráða til aðgangs að upplýsingum sem varða hann sjálfan.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða ef um er að ræða persónuupplýsingar sem einvörðungu eru nýttar til tölfræði- eða vísindarannsókna. Ákvæðið er að hluta til sambærilegt við 11. gr. gildandi laga þar sem fram koma takmarkanir á aðgangsrétti hins skráða ef um skrár er að ræða sem einvörðungu er stofnað til í þágu tölfræðilegra útdrátta. Í málsgreininni er hins vegar sett það viðbótarskilyrði að vinnsla upplýsinganna geti ekki haft bein áhrif gagnvart viðkomandi einstaklingi. Af því leiðir að hinn skráði hefur rétt til aðgangs að umræddum upplýsingum ef ætla má að vinnsla þeirra geti haft réttaráhrif eða beinar afleiðingar gagnvart honum. Á það ekki við um upplýsingar sem gerðar hafa verið ópersónugreinanlegar.

Í 2. mgr. ræðir um það tilvik þegar hagsmunir hins skráða af því að fá umbeðinn aðgang þykja, að nokkru eða öllu leyti, verða að víkja fyrir hagsmunum hans sjálfs. Hér er fyrst og fremst átt við hagsmuni sem tengjast heilsu hins skráða eða sambandi hans við þá einstaklinga sem standa honum næst. Svipað ákvæði var í 2. mgr. 9. gr. núgildandi laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga áður en henni var breytt með 25. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Til samanburðar skal bent á að í tilmælum Evrópuráðsins nr. R (97) 5 um meðferð heilsufarsupplýsinga er að finna skylt ákvæði í grein 5.6. þar sem gert er ráð fyrir slíkri undantekningu. Nýmæli er hins vegar að afhenda megi umboðsmanni hins skráða umbeðnar upplýsingarnar ef engar sérstakar ástæður mæla gegn því. Um heimild til að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans sjúkraskrá eða hluta hennar gilda ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Í g-lið 1. mgr. 13. gr. tilskipunar ESB er gert ráð fyrir sambærilegri takmörkun. Hugtakið venslamenn ber að skýra þröngt þannig að það taki aðeins til þeirra sem standa hinum skráða næst.

Í 3. mgr. eru mörkuð skil upplýsingaréttar samkvæmt stjórnsýslu- og upplýsingalögum annars vegar og persónuupplýsingalögum hins vegar þar sem miðað er við að réttur til aðgangs samkvæmt persónuupplýsingalögum verði sambærilegur við rétt aðila máls skv. 15. gr. stjórnsýslulaga og rétt almennings skv. 9. gr. upplýsingalaga. Af því leiðir að aðili getur ekki á grundvelli persónuupplýsingalaga krafist aðgangs að skjölum eða öðrum gögnum sem undanþegin eru aðgangi samkvæmt stjórnsýslu- eða upplýsingalögunum. Með vísun til þess að hjá einkaaðilum getur reynt á svipaða hagsmuni og hjá stjórnvöldum er lagt til að sömu reglur gildi um aðgang að gögnum þeirra og gilda um aðgang að gögnum stjórnvalda, þ.e. varðandi innanhússkjöl og vinnugögn.

Í 4. mgr. er nýmæli um að hinn skráði geti fengið vitneskju um efnislegt innihald skjala og annarra gagna. Ljóst er að oft er ekki sama þörf á að undanþiggja upplýsingar um staðreyndir með sama hætti og upplýsingar um matskennd atriði, svo sem um álit eins manns á öðrum eða ályktanir sem einn kýs að draga af fyrirliggjandi staðreyndum.

Í 5. mgr. er ákvæði um að að fresta megi upplýsingagjöf með þeim skilyrðum er þar greinir. Þarfnast það ekki frekari skýringa.

Í 6. mgr. er ákvæði um að ráðherra geti með reglugerð sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða. Rétt er að benda á að með slíkri reglugerð má aldrei þrengja slíkan

rétt svo að í bága fari við ákvæði laganna, sbr. 13. gr. tilskipunar ESB. Að lokum skal bent á að ábyrgðaraðila getur verið heimilt að veita aðgang að meiri upplýsingum en honum er skylt samkvæmt lögunum, enda brjóti hann við það hvorki almenn þagnarskylduákvæði né raski hagsmunum annarra. Oft getur rýmri upplýsingagjöf átt rétt á sér en slíkt verður ábyrgðaraðili að meta hverju sinni sem á reynir.

Um 20. gr.

Greinin leggur ábyrgðaraðila þá skyldu á herðar að fræða hinn skráða um tiltekin atriði þegar safnað er upplýsingum hjá honum. Ákvæðið tekur mið af 10. gr. tilskipunar ESB. Er sambærilegt ákvæði ekki í gildandi lögum en þó er skylt ákvæði að finna í a-lið 3. mgr. 24. gr. gildandi laga. Hins vegar hefur tölvunefnd í framkvæmd gildandi laga að jafnaði lagt fyrirmæli svipaðs efnis fyrir þá sem safna upplýsingum á þennan hátt.

Í 1. mgr. eru fyrirmæli um þá lágmarksfræðslu sem veita skal hinum skráða. Ef umrædd atriði eru hinum skráða þegar kunn á fræðsluskyldan ekki við. Ekki nægir alltaf að fræða um þau atriði sem tilgreind eru í 1. mgr. Markmið fræðsluskyldunnar er að veita hinum skráða möguleika á að nýta sér þann rétt sem hann á samkvæmt lögunum, t.d. til aðgangs, leiðréttingar o.s.frv.

Það er ábyrgðaraðilinn sem í fyrstu metur hvort þörf sé nánari fræðslu skv. 2. mgr. Bera má niðurstöðu hans þar að lútandi undir Persónuvernd sem skv. 40. gr. frumvarpsins getur, telji hún þess þörf, lagt fyrir ábyrgðaraðila að veita nánari fræðslu. Vilji ábyrgðaraðili af hagkvæmnisástæðum veita umrædda fræðslu á stöðluðu formi, og jafnvel með sjálfvirkum hætti, er það heimilt, að því tilskildu að veitt sé nægilega víðtæk fræðsla.

Um 21. gr.

Í 20. gr. er sú skylda lögð á herðar ábyrgðaraðila að veita tiltekna fræðslu þegar hann safnar upplýsingum frá hinum skráða. Í þessari grein er hins vegar lögð viðvörunarskylda á ábyrgðaraðila þegar hann safnar upplýsingum um hinn skráða annars staðar frá. Frumvarpsgreinin á sér nokkra hliðstæðu í gildandi lögum, sbr. 6. gr. 3. mgr. i.f., en hún tekur fyrst og fremst mið af 11. gr. tilskipunar ESB.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að gera skuli hinum skráða viðvart þegar aflað er persónuupplýsinga um hann frá öðrum en honum sjálfum og greina honum frá þeim atriðum sem rakin eru í 2. mgr. 16. gr. Almennt skal slík viðvörun eiga sér stað um leið og upplýsingarnar eru skráðar, þ.e. færðar inn í gagnagrunn, og vera kann hagkvæmt að skipuleggja starfsemi þannig að viðvörun fari sjálfkrafa af stað við skráningu. Gæti slíkt t.d. reynst hentugt í starfsemi fjárhagsupplýsingastofa.

Með viðvörun er að meginstefnu átt við persónubundin skilaboð, þ.e. sérstaka viðvörun til hvers og eins hinna skráðu. Sé slíkt óhentugt getur Persónuvernd heimilað að viðvörun sé veitt með öðrum hætti, t.d. með birtingu auglýsinga. Ef slíkar hópviðvaranir eru óframkvæmanlegar er ekki um neina viðvörunarskyldu að ræða.

Þegar upplýsingum er safnað í því augnamiði að miðla þeim áfram má fresta viðvörun þar til miðlunin fer fram, svo fremi það sé gert innan sanngjarns og eðlilegs frests. Þessi fyrirvari styðst við þau rök að það geti grafið undan viðvörunarskyldunni ef fresta má viðvörun í ótiltekinn tíma. Hvað telst sanngjarn og eðlilegur tími ræðst af mati á aðstæðum hverju sinni, en ætla verður að Persónuvernd muni í framkvæmd móta viðmið í því sambandi, sbr. 40. gr. frumvarpsins. Um fjárhagsupplýsingastofur gildir sérregla lokamálsliðar.

Samkvæmt tilskipun ESB er heimilt að veita undanþágur frá viðvörunarskyldu. Þykir eðlilegt að nýta það svigrúm og sér þess stað í 2. mgr. Skv. 1. tölul. gildir viðvörunarskyldan

ekki ef hún er að mati Persónuverndar óframkvæmanleg eða leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast. Er hér höfð nokkur fyrirmynd af 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Verður í þessu sambandi að vega hagsmuni hins skráða af því að fá slíka viðvörun á móti því óhagræði sem hún hefur í för með sér fyrir ábyrgðaraðila.

Samkvæmt 2. tölul. gildir viðvörunarskyldan ekki þegar vitað er að hinum skráða er þegar kunnugt um vinnsluna, sbr. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar ESB. Undantekning þessi styðst við þau rök að viðvörunar sé ekki þörf þegar svo hagar til. Svo undantekningu þessari verði beitt er skilyrði að hinum skráða sé kunnugt um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 3. tölul. er viðvörun óþörf ef skráning upplýsinganna eða miðlun byggist á fyrirmælum laga. Er hér tekið mið af 2. mgr. 11. gr. tilskipunar ESB. Í slíkum tilvikum verður að telja að umræddum boðum hafa verið komið á framfæri við birtingu laganna og því sé sjálfstæð viðvörun óþörf.

Um 22. gr.

Í greininni er hinum skráða veittur réttur til að fá að vita hvaða forsendur liggja til grundvallar ákvörðun sem einvörðungu byggist á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga. Efni ákvæðisins tekur mið af 3. undirmgr. a-liðar 12. gr. tilskipunar ESB. Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Frumvarpsgreinin á í fyrsta lagi við þegar fyrir liggur ákvörðun sem einvörðungu byggist á sjálfvirkri vinnslu og í öðru lagi er skilyrði að niðurstaðan hafi bein áhrif gagnvart hinum skráða.

Seinni málsliður frumvarpsgreinarinnar fjallar um efni rökstuðningsins, þ.e. það reglukerfi sem tölvuhugbúnaður vinnur eftir og liggur ákvörðuninni til grundvallar. Með því er átt við almenna staðla sem stýra ákvörðunarferlinu, t.d. lagareglur og túlkun þeirra, samninga og matskenndar leiðbeiningar. Um rökstuðning fyrir ákvörðunum stjórnvalda gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við á.

Um 23. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði sem varða gerð og notkun persónumynstra sem á Norðurlandamálum eru kölluð „personprofiler“. Persónumynstur verður til þegar ýmiss konar persónuupplýsingum er steypt saman til að finna hóp manna sem fellur inn í sameiginlegt mynstur að því er varðar hátterni, smekk, þarfir, hæfileika o.fl. Slíkar upplýsingar geta t.d. verið rafræn spor, svo sem persónuupplýsingar sem safnað er reglulega í kerfi fyrir greiðslumiðlun, rafræna upplýsingaþjónustu á netinu og þess háttar. Þá geta persónumynstur orðið til úr ýmiss konar upplýsingum, svo sem um hvar menn versla, hvað þeir kaupa og hvenær, tekjuflokka þeirra, menntun, búsetu, tómstundir, áhugamál og aldur. Ef t.d. er safnað saman upplýsingum um menn sem vinna eftir kl. 19.00, oftar en þrisvar í viku, hafa yfir 100.000 kr. í mánaðarlaun og búa í tilteknu hverfi verður til hópur sem fellur inn í mynstur sem gefur til kynna tilteknar þarfir. Mynstrið gerir t.d. líklegt að einstaklingar í hópnum vilji skipta við tiltekna pöntunarþjónustu. Þá má einnig hugsa sér notkun persónumynstra við söfnun meðlima í ýmiss konar samtök, söfnun nýliða í hóp þeirra sem styrkja ýmiss konar hugsjónastarfsemi eða fyrir pólitíska áróðurs- og áhrifastarfsemi. Persónumynstur eru einkum notuð við greiningu í markhópa en þau eru og notuð víðar, svo sem við töku sértækra ákvarðana, t.d. um lánveitingar.

Af ákvæðum greinarinnar og 31. gr. leiðir að gerð og notkun persónumynstra er tilkynningarskyld. Þegar Persónuvernd berst slík tilkynning getur hún ákveðið að ábyrgðaraðili geri

hinum skráða aðvart um notkun persónumynstra, hvaðan þau eru fengin, tegund upplýsinga sem notaðar eru og hver er ábyrgðaraðili fyrir mynstrinu. Hins vegar mundi í viðvörun ekki þurfa að gera grein fyrir þeirri efnislegu ályktun sem býr að baki gerð mynstursins, þ.e. að upplýst sé hvers vegna tiltekinn maður fellur í tiltekið mynstur. Ákvæðið gildir bæði um notkun persónumynstra við töku sértækra ákvarðana og t.d. við gerð úrtaks, svo sem í starfsemi markaðssetningarfyrirtækja og þeirra sem framkvæma skoðanakannanir.

Svo notkun persónumynsturs sé lögmæt þarf sá sem það vinnur og notar í fyrsta lagi að hafa aðgang að persónuupplýsingum, en þagnarskylduákvæði geta staðið slíkum aðgangi í vegi. Í öðru lagi verður slík notkun að uppfylla kröfur 7. gr. um meðferð persónuupplýsinga og í þriðja lagi ákvæðum 8. og 9. gr. um vinnslu persónuupplýsinga.

Samkvæmt 2. mgr. skal Persónuvernd, við mat á því hvort senda skuli út viðvaranir, m.a. líta til þess hvort viðvörun sé að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast. Í slíku mati getur Persónuvernd einnig lagt til grundvallar hvort ætla megi að hinum skráða hafi þegar borist viðvörun um vinnsluna.

Það mundi ekki hafa áhrif á viðvörunarskylduna þótt gerð mynstursins hafi að hluta til verið handunnin. Viðvörunarskylda samkvæmt þessu ákvæði er í raun til viðbótar ákvæðum 20., 21. og 22. gr. Ákvæðið mælir fyrir um notkun persónuupplýsinga á sviði þar sem sérstakrar persónuverndar er þörf, en fyrrnefnd ákvæði taka aðeins til að hluta til, m.a. vegna þess að þau hafa ekki að geyma fyrirmæli um viðvaranir um gerð og notkun persónumynstra.

Um 24. gr.

Greinin hefur að geyma sérákvæði um viðvörunarskyldu þegar um rafræna vöktun er að ræða. Hin almennu viðvörunarákvæði frumvarpsins falla illa að þessari tegund vinnslu persónuupplýsinga og þykir því vera þörf fyrir sérstakt ákvæði um hana. Hér verða oft engin bein tengsl milli ábyrgðaraðila og hins skráða og ábyrgðaraðila verður e.t.v. ekki kunnugt um nafn eða heimili hins skráða. Af því leiðir að almenna reglan um einstaklingsbundnar viðvaranir á ekki við. Af þessu ákvæði frumvarpsins leiðir að vöktun með leynd og vöktun annars staðar en á vinnustað og á almannafæri er óheimil nema til hennar standi sérstök lagaheimild, sbr. t.d. þær sérreglur sem gilda um vöktun af hálfu lögreglu samkvæmt ákvæðum lögreglulaga, nr. 90/1996, og ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Um 25. gr.

Samkvæmt þessari grein ber ábyrgðaraðila skylda til að leiðrétta, eyða, bæta við eða stöðva notkun á röngum, villandi eða ófullkomnum persónuupplýsingum eða persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið án heimildar. Er hér fylgt d-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ESB.

Í 14. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að skráður aðili geti, telji hann skráðar upplýsingar vera rangar eða villandi, krafist þess að sá sem ábyrgur er fyrir skráningu færi þær í rétt horf, afmái þær eða bæti við eftir því sem við á hverju sinni. Þá er í 33. gr. gildandi laga mælt fyrir um ýmsar heimildir tölvunefndar þegar skráning eða upplýsingagjöf gengur í berhögg við ákvæði þeirra laga. Í frumvarpsgreininni eru lagðar til nokkrar efnisbreytingar miðað við gildandi rétt. Í fyrsta lagi er í gildandi lögum ekki sett það skilyrði berum orðum að umræddur annmarki geti haft áhrif á hagsmuni hins skráða eins og hér er lagt til. Það sjónarmið hefur hins vegar ávallt haft þýðingu í framkvæmd gildandi laga. Sögulegar upplýsingar og upplýsingar sem safnað er í vísindaskyni eða til tölfræðivinnslu mundu að öllu jöfnu ekki falla undir 25. gr. þar sem umræddur annmarki á upplýsingum mundi sjaldnast geta haft beinar afleiðingar fyrir hinn skráða. Í öðru lagi er í frumvarpsgreininni miðað við að ábyrgðaraðili skuli að eigin frumkvæði leiðrétta, eyða eða bæta við upplýsingar. Í gildandi lögum er

við það miðað að leiðrétting fari fram að kröfu hins skráða en hér er lagt til að slíkrar kröfu sé ekki þörf. Þegar ábyrgðaraðili velur hvort hann leiðrétti, eyði eða auki við persónuupplýsingar verður hann að taka tillit til þess hvort hinn skráði, eða annar sem hlut á að máli, þurfi að geta skjalfest það sem gerst hefur. Hafi ábyrgðaraðili gert mistök sem kunna að vera bótaskyld getur eftir atvikum verið ólögmætt að hann eyði upplýsingunum ef hann hindrar með því að hinn skráði geti sannreynt grundvöll hugsanlegrar bótakröfu.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sjá til þess að mistök sem átt hafa sér stað hafi ekki áhrif á hagsmuni hins skráða. Af orðanna hljóðan leiðir að þetta gildir um allar tegundir mistaka, þar á meðal þegar skráðar hafa verið upplýsingar sem ekki mátti skrá. Þetta er ekki fyllilega skýrt í núgildandi lögum. Ef hinn skráði sættir sig ekki við þær aðgerðir sem ábyrgðaraðili grípur til af eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu hins skráða getur hann borið málið undir Persónuvernd. Persónuvernd getur skv. 40. gr. lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa þær ráðstafanir sem greinir í 1. og 2. málsl. og jafnframt gefið slík fyrirmæli þótt engin kvörtun hafi borist frá hinum skráða.

Skylda ábyrgðaraðila skv. 2. málsl. er háð því skilyrði að ekki sé of fyrirhafnarmikið að fullnægja henni, sbr. það orðalag að ábyrgðaraðila beri „eftir því sem honum er frekast unnt“ að sjá til þess að mistökin hafi ekki áhrif á hagsmuni hins skráða. Þessa takmörkun á skyldu ábyrgðaraðila ber að túlka þröngt. Frumvarpsgreinin er við það miðuð að ábyrgðaraðili beri einn allan kostnað sem það hefur í för með sér að leiðrétta mistök sem hafa eða geta valdið hinum skráða tjóni. Í ljósi þess er ekki mælt fyrir um bótaskyldu að því er varðar tjón sem ekki er fjárhagslegt.

Ef upplýsingar skv. 1. mgr. verða, vegna fyrirmæla í öðrum lögum, ekki afmáðar eða leiðréttar getur Persónuvernd bannað notkun þeirra, sbr. 2. mgr. Hér er um nýmæli að ræða. Persónuvernd getur annað tveggja lagt bann við því að veittur sé aðgangur að slíkum upplýsingum án samþykkis hins skráða eða gefið fyrirmæli um tæknilegar aðgerðir til að hindra notkun upplýsinganna, að öllu leyti eða að hluta til. Dæmi um bann við eyðingu upplýsinga er í 7. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985.

Um 26. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um eyðingu og bann við notkun persónuupplýsinga þótt þær séu hvorki rangar né villandi, en um það tilvik er fjallað í 25. gr. Ákvæðið á sér nokkra samsvörun í 28. og 29. gr. gildandi laga þar sem fram kemur að afmá skuli upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafi glatað gildi sínu miðað við það hlutverk sem skrá er ætlað að gegna. Þar segir og að skrár sem eru í sífelldri notkun skuli geyma upplýsingar sem á hverjum tíma séu réttar en úreltar upplýsingar skuli afmá. Hér er bæði tekið mið af texta þessa ákvæðis og e-lið 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 14. gr. tilskipunar ESB og ber að túlka í ljósi þess ákvæðis hennar. Af ákvæðinu leiðir að á grundvelli þess þarf oft að fara fram umfangsmikið og oft erfitt hagsmunamat. Þótt persónuverndarsjónarmið kunni að mæla með eyðingu persónuupplýsinga geta önnur og veigamikil samfélagssjónarmið mælt gegn eyðingu þeirra, t.d. sjónarmið um réttaröryggi og möguleika á sagnfræðirannsóknum.

Hvað átt er við með málefnalegri ástæðu er að nokkru skýrt í 2. málsl. 1. mgr., en algengasta dæmi um málefnalega ástæðu eru fyrirmæli laga um varðveislu upplýsinga, sbr. t.d. ákvæði bókhaldslaga og ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands. Í vissum tilvikum geta persónuverndarsjónarmið hins vegar réttlætt fyrirmæli um eyðingu eða bann við notkun slíkra persónuupplýsinga. Er um þau tilvik fjallað í 2. mgr. en þar er hinum skráða veittur réttur til að krefjast þess að upplýsingum um hann verði eytt eða notkun þeirra bönnuð að vissum skilyrðum uppfylltum. Mat á aðstæðum í ákveðnu tilviki getur leitt til þeirrar niðurstöðu að

réttlætanlegt sé að persónuverndarhagsmunir gangi framar öðrum hagsmunum. Aðrir hagmunir sem taka verður tillit til kunna að vera hagsmunir einstakra aðila af því að geta lagt fram ákveðin skjöl (réttaröryggishagsmunir). Það að einn fái upplýsingum um sig eytt eða notkun þeirra bannaða getur komið í veg fyrir að annar geti sannað mál sitt og staðreynt réttarkröfu. Þá ber og að líta til almennari hagsmuna, svo sem þjóðfélagshagsmuna af síðari úrvinnslu upplýsinga vegna sagnfræðirannsókna. Við mat á því hvort verða beri við kröfu um að eyða upplýsingum eða banna notkun þeirra verður bæði að taka tillit til þeirra hagsmuna sem þegar eru til staðar og þeirra hagsmuna sem líklegir eru til að koma fram síðar. Þegar ágreiningur verður milli hins skráða og ábyrgðaraðila um hvort grundvöllur sé fyrir eyðingu upplýsinga eða banni við notkun þeirra er það hlutverk Persónuverndar að skera úr þeim ágreiningi. Eyðing eða bann við notkun getur m.a. falist í því að gerðar séu ráðstafanir til að upplýsingar falli ekki lengur undir efnislegt gildissvið laganna.

Eins og áður segir er það skilyrði fyrir því að ákvæði greinarinnar eigi við að umræddar ráðstafanir, þ.e. eyðing upplýsinga eða bann við notkun þeirra, fari ekki í bága við ákvæði annarra laga. Þó verður að telja eðlilegt að ákvörðunarvald Persónuverndar gangi framar ákvörðunarvaldi úrskurðarnefndar samkvæmt upplýsingalögum, nr. 50/1996, og annara aðila sem taka ákvarðanir um ráðstöfun gagna sem falla undir ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985.

Um 27. gr.

Í greininni er mælt fyrir um rétt hins skáða til að krefjast handunninnar ákvörðunar og á hún sér fyrirmynd í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar ESB. Þessi grein er nýmæli í lögum. Sem stendur hefur regla frumvarpsgreinarinnar sennilega takmarkaða þýðingu en líklegt er að meira muni reyna á beitingu hennar í framtíðinni.

Fyrsta skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins er að fyrir liggi sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr. Í öðru lagi er skilyrði að umrædd ákvörðun sé einvörðungu byggð á sjálfvirkri vinnslu. Með því er átt við að ákvörðunarferlið fari einungis fram rafrænt. Komi einn eða fleiri einstaklingar hins vegar að ákvarðanatökunni, t.d. með því að túlka niðurstöðu tölvuvinnslunnar, er þessu skilyrði ekki fullnægt. Í þriðja lagi er skilyrði að ákvörðunin varði persónulega eiginleika hins skráða, svo sem persónulega hæfni hans, færni, getu eða persónueinkenni. Sem dæmi um hugsanlega notkun þessa ákvæðis má nefna það tilvik þegar lánafyrirgreiðsla í banka byggist einvörðungu á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga um umsækjanda, t.d. í hraðbanka. Þá ætti viðskiptavinurinn samkvæmt þessu ákvæði að geta krafist þess að fá niðurstöðu vinnslunnar prófaða handvirkt af starfsmönnum bankans.

Í 2. mgr. kemur fram sú takmörkun á gildissviði ákvæðisins að rétturinn til að krefjast handunninnar ákvörðunar sé ekki til staðar ef ákvörðun styðst annaðhvort við heimild í lögum eða tengist gerð eða efndum samnings og gerðar hafa verið ráðstafanir til að gæta persónuverndarhagsmuna hins skráða. Þannig verður ákvæði 1. mgr. ekki beitt í dæminu um lánveitinguna sem nefnt er hér að framan ef gætt hefur verið skilyrða um andmælarétt og/eða persónuvernd. Er það hlutverk Persónuverndar skv. 40. gr. að skera úr um hvort slíkar persónuverndarráðstafnir séu fullnægjandi. Það hve strangar kröfur verða gerðar til slíkra ráðstafana mun ráða úrslitum um raunhæfa þýðingu þessa ákvæðis.

Um 28. gr.

Hér er mælt fyrir um úrræði fyrir þá sem ekki vilja láta nota nafn sitt í markaðssetningarstarfsemi og lagt til að Hagstofa Íslands haldi skrá yfir þá. Ákvæðið byggist á b-lið 14. gr. tilskipunar ESB, sbr. og 30. lið formálans, en í stórum dráttum er hér lagt til að lögfest verði

gildandi framkvæmd. Hagstofa Íslands hefur nú starfsleyfi skv. 22. gr. gildandi laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og samkvæmt skilmálum þess starfsleyfis gerir Hagstofan þeim sem þess óska kleift að fá nöfn sín afmáð úr þeirri nafna- og heimilisfangaskrá sem Hagstofan notar í þessari starfsemi. Í framkvæmd er það gert með því að merkja við nöfn þeirra í Þjóðskrá og er það í daglegu tali nefnt „bannmerking“. Í frumvarpsgreininni eru lagðar til nokkrar breytingar frá þessari skipan mála. Í fyrsta lagi þykir eðlilegt að menn eigi þess kost að fá einvörðungu í hendur skrá yfir „bannmerkingar“ án þess að fá Þjóðskrá í heild sinni, enda er ekki sjálfgefið að Þjóðskrá verði áfram notuð með jafnvíðtækum hætti í markaðssetningarstarfsemi og nú er. Í öðru lagi er það nýmæli að finna að ábyrgðaraðila ber skylda til að uppfæra eigin skrár a.m.k. tvisvar á ári til samræmis við framangreinda skrá Hagstofu Íslands.

Hér er, í samræmi við tilskipun ESB, tilgreint það skilyrði sem þarf að uppfylla til að nota megi persónuupplýsingar eða miðla þeim í tengslum við markaðssetningarstarfsemi eða aðra sambærilega starfsemi. Skyldan til að uppfæra skrár, svo sem heimilisfangaskrár, símaskrár og netfangaskrár, til samræmis við hina miðlægu skrá Hagstofunnar gildir um alla þá sem nota persónuupplýsingar í markaðssetningu eða við að selja vöru fyrir aðra í því skyni að afla sér tekna. Þannig tekur ákvæðið t.d. til íþróttafélaga sem stunda símasölu fyrir aðra í því skyni að afla félaginu tekna. Samkvæmt þessu ákvæði verður t.d. óheimilt að nota símaskrá sem grunn í símasölu nema fyrir liggi hvaða rétthafar síma vilja ekki að nöfn þeirra séu notuð í slíkri starfsemi og þeim sleppt af úthringingarlistum. Skyldan til að tryggja þetta hvílir á ábyrgðaraðila. Samkvæmt ákvæðinu ber t.d. aðila sem gefur út og selur símaskrá að samkeyra hana við skrá Hagstofunnar áður en hann afhendir símaskrána aðila sem hyggst nota hana í markaðssetningarstarfsemi eða við gerð skoðanakannana. Sama á við um þá sem halda netfangaskrár eða aðrar sambærilegar skrár. Ákvæðið veitir Persónuvernd svigrúm til að undanþiggja ákveðna hópa frá skyldunni til að uppfæra útsendingarskrár sínar til samræmis við skrá Hagstofu Íslands. Til dæmis gæti verið raunhæft að undanþiggja frá þessari skyldu ýmiss konar hugsjónasamtök, stjórnmálahópa eða félög sem markaðssetja beint í mjög smáum stíl. Sama getur átt við um ýmiss konar styrktarfélög sem selja happdrættismiða eða annað efni til að styrkja ýmis málefni.

Samkvæmt 2. mgr. er skylt að á markpósti komi fram á áberandi stað eftir hvaða skrá efninu er dreift og í vörslu hvaða ábyrgðaraðila skráin er. Með markpósti er átt við allan auglýsingapóst sem er með límmiðaáritun eða annars konar áritun nafns og heimilisfangs viðtakanda. Á það við um venjulegan póst, símbréf og tölvupóst sem notaður er í beinni markaðssókn. Með beinni markaðssókn er átt við beina sókn að einstaklingnum í því skyni að selja honum vöru eða þjónustu. Samkvæmt þessu falla dreifirit sem borin eru út í hús án áritunar ekki undir beina markaðssókn. Ákvæði 2. mgr. tekur jafnframt til símasölu eftir því sem við á. Samkvæmt því á sá sem stundar markaðssókn í gegnum síma að greina þeim sem hann setur sig í samband við frá því hvaðan upplýsingarnar sem hann notar eru fengnar. Efnislega er ákvæði 2. mgr. skylt 22. gr. gildandi laga þar sem segir að skylt sé að fram komi á útsendu efni eftir hvaða skrá því er dreift þannig að þeir sem kunni að óska eftir því að losna undan slíkum sendingum framvegis geti skrifað eða hringt til þessa aðila og fengið nöfn sín afmáð af útsendingarskrá. Með þessu ákvæði er og lagt til að lögfest verði sú framkvæmd sem tölvunefnd hefur mótað með starfsleyfum á grundvelli 25. gr. gildandi laga.

Kröfu um bann við notkun nafns má beina hvort sem er til Hagstofu Íslands eða þess aðila sem heldur þá skrá sem notuð er við viðkomandi útsendingu, sbr. 1. mgr. Skylda ábyrgðaraðila til að uppfæra útsendingarskrá í samræmi við skrá Hagstofu Íslands er takmörkuð við tvö skipti á ári skv. 1. mgr. og er því rétt að hinn skráði geti snúið sér beint til viðkomandi

aðila. Snúi aðili sér til viðkomandi ábyrgðaraðila nær bannið hins vegar aðeins til útsendinga á hans vegum, en snúi hann sér til Hagstofunnar leiðir það til allsherjar „bannmerkingar“. Gera verður greinarmun annars vegar á ósk manns um að nafn hans verði ekki notað í markaðssetningarstarfi og hins vegar á ósk hans um að upplýsingar um símanúmer, netfang eða heimilisfang verði ekki almennt aðgengilegar. Í ljósi almennra sjónarmiða um persónuvernd getur verið rétt að takmarka slíka birtingu og varir þá réttur til að miðla upplýsingunum aðeins á meðan þær eru almennt aðgengilegar. Er sennilegt að í framtíðinni muni seljendur internetþjónustu bjóða þeim sem fá netfang að njóta leyndar um það með svipuðum hætti og nú er gert gagnvart rétthöfum síma. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru eða þjónustu, enda noti hann við það eigin viðskiptamannaskrár og útsent efni beri glögglega með sér hvaðan það kemur.

Að lokum er í 3. mgr. lagt til að ákvæði greinarinnar taki, eftir því sem við á, einnig til markaðs- og skoðanakannanna. Framkvæmd þeirra á margt sameiginlegt með markaðssókn og því er eðlilegt að sömu reglur gildi um notkun nafna í þeirri starfsemi. Skv. 3. mgr. er það hlutverk Persónuverndar að setja nánari reglur þar að lútandi.

Um 29. gr.

Í greininni kemur fram meginregla um flutning persónuupplýsinga úr landi og byggist hún á 2. og 25. gr. tilskipunar ESB. Greinin tekur ekki til flutnings persónuupplýsinga úr landi ef einvörðungu er um að ræða ráðstöfun í persónulegum tilgangi í skilningi 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Útgáfa og birting persónuupplýsinga með aðstoð margmiðlunartækni og alþjóðlegra samskiptarása, svo sem internetsins, verður að teljast flutningur persónuupplýsinga úr landi í skilningi þessa kafla frumvarpsins. Slík miðlun upplýsinga mundi þó oft falla utan þessa ákvæðis samkvæmt 5. gr. frumvarpsins sem leiðir í lög 9. gr. tilskipunar ESB.

Samkvæmt 27. gr. gildandi laga er kerfisbundin söfnun og skráning persónuupplýsinga hér á landi til geymslu eða úrvinnslu erlendis óheimil en tölvunefnd getur þó heimilað hana ef sérstaklega stendur á. Skrá eða frumgögn sem geyma upplýsingar sem greinir í 1. mgr. 4. gr. gildandi laga má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis nema samþykki tölvunefndar komi til. Þá kemur og fram að leyfi skv. 1. og 2. mgr. 27. gr. gildandi laga megi því aðeins veita að tölvunefnd telji að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna þá vernd sem lögin búa skráðum mönnum eða lögpersónum. Í þessari frumvarpsgrein er hins vegar miðað við hvort það ríki sem upplýsingar eru fluttar til veiti fullnægjandi persónuupplýsingavernd eða ekki. Er það til samræmis við 25. gr. tilskipunar ESB. Kröfu 2. gr. tilskipunarinnar um frjálst flæði persónuupplýsinga ber að skilja þannig að ríki sem framfylgja tilskipuninni teljist fullnægja kröfunni um viðhlítandi og fullnægjandi persónuupplýsingavernd. Á þetta fyrst og fremst við um ríki innan EES-svæðisins. Sú lagatæknilega lausn sem hér er valin felur og í sér að ríki innan EES-svæðisins sem ekki framfylgja tilskipuninni að öllu leyti teljast að öðru jöfnu ekki uppfylla kröfuna um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga. Hins vegar mundi ríki utan EES-svæðisins sem að eigin frumkvæði framfylgir ESB-tilskipuninni fullnægja þeirri kröfu.

Þegar í hlut á ríki sem ekki framfylgir tilskipun ESB ræðst lögmæti flutnings af heildstæðu mati á öllum aðstæðum. Ekki er í 2. mgr. 29. gr. að finna tæmandi talningu þeirra atriða sem líta ber til við slíkt mat, en væntanlega mun m.a. verða tekið mið af afstöðu framkvæmdastjórnar ESB, sbr. 25. gr. tilskipunarinnar. Ábyrgðaraðili mun fá leiðbeiningar í þeim efnum hjá Persónuvernd.

Um 30. gr.

Samkvæmt 29. gr. frumvarpsins má aðeins flytja persónuupplýsingar til annars ríkis að því tilskildu að þar sé tryggð fullnægjandi vernd persónuupplýsinga. Með hliðsjón af 26. gr. tilskipunar ESB er hins vegar lagt til í þessari frumvarpsgrein að flutningur upplýsinga geti í vissum tilvikum verið heimill, jafnvel þótt viðtakandinn sé ekki í ríki sem uppfyllir skilyrði 29. gr.

Fyrsta undanþágan tekur til þeirra tilvika þegar hinn skráði hefur samþykkt flutninginn. Er hér fylgt ákvæði a-liðar 1. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar. Samþykkið verður að vera upplýst og yfirlýst og fullnægja skilyrðum 7. tölul. 2. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemdir um þá grein.

Önnur undanþágan tekur til þess ef Ísland hefur samkvæmt þjóðréttarskuldbindingu eða vegna þátttöku í alþjóðasamstarfi eða starfi alþjóðlegra samtaka gengist undir þá skyldu að afhenda persónuupplýsingar. Er hér fylgt d-lið 1. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðið á sér nokkra hliðstæðu í 4. mgr. 27. gr. gildandi laga þar sem segir að dómsmálaráðherra geti, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð að ákvæði 1. og 2. mgr. þeirrar greinar eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða gagnvart tilteknum löndum ef slíkt er nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða af tilliti til alþjóðlegrar samvinnu.

Þriðja undanþágan tekur til þess ef í öðrum lögum er veitt heimild til að miðla umræddum persónuupplýsingum úr landi. Er hér fylgt d-lið 1. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar. Mat á því hvort til flutnings persónuupplýsinga standi viðhlítandi lagaheimild ræðst m.a. af túlkun viðkomandi lagaákvæðis. Það hve strangar kröfur verður að gera til skýrleika slíkrar lagaheimildar mun m.a. ráðast af þeim afleiðingum sem flutningurinn kann að hafa fyrir hinn skráða. Yrði almennt við það miðað að því víðfeðmari eða afdrifaríkari afleiðingar sem slíkur flutningur gæti haft í för með sér fyrir hinn skráða þeim mun skýrari yrði umrædd lagaheimild að vera.

Fjórða undanþágan tekur til þeirra tilvika þegar flutningur persónuupplýsinga úr landi er nauðsynlegur til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila. Er hér fylgt b-lið 1. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar. Undanþágan getur haft vissa sjálfstæða þýðingu við hlið undanþágunnar í 1. tölul., sbr. 7. tölul. 2. gr. frumvarpsins um þær kröfur sem gera verður til samþykkisyfirlýsingar. Það að gera samning eða hefja undirbúning að gerð samnings felur með öðrum orðum í sér að flytja má persónuupplýsingar um hinn skráða úr landi þótt hann hafi ekki með sérstakri yfirlýsingu samþykkt afhendinguna að því tilskildu að afhendingin sé nauðsynleg til að hann geti gert eða efnt samninginn.

Fimmta undanþágan gerir mögulegt að flytja persónuupplýsingar úr landi, jafnvel þótt viðtakandinn sé staðsettur í ríki sem uppfyllir ekki skilyrði 29. gr. frumvarpsins, ef flutningurinn er nauðsynlegur til að gera eða efna samning sem er í þágu hagsmuna hins skráða (sjá c-lið 1. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar). Gagnstætt því sem gildir um undanþáguákvæði 4. tölul. er hér ekki gert að skilyrði að hinn skráði sé sjálfur aðili að samningnum sem að öllu jöfnu er gerður milli ábyrgðaraðila og þriðja manns. Engu síður er nauðsynlegt að samningurinn sé í þágu hins skráða, þ.e. hafi vissa jákvæða þýðingu fyrir hann. Með hagsmunum er ekki bara átt við réttindi heldur er nóg að samningsgerðin hafi vissar jákvæðar efnislegar afleiðingar fyrir hinn skráða. Mikilvægt er að skjalfest sé að samningurinn muni hafa slíka þýðingu fyrir hlutaðeigandi. Sem dæmi um slíkt tilvik má nefna að þegar unnið er að gerð samnings um „sölu“ knattspyrnumanns til erlends lið gerir hið erlenda lið oft kröfu um að fá ítarlegar upplýsingar um manninn. Fáist þær ekki næst slíkur samningur oft ekki.

Sjötta undanþágan tekur til þeirra tilvika þegar flutningur persónuupplýsinga er nauðsynlegur til að vernda verulega hagsmuni hins skráða. Hér ber að túlka hugtakið „verulegir“

þröngt, en hér getur t.d. verið um að ræða flutning vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja.

Sérstakt úrlausnarefni er að hvaða marki veita má aðgang að persónuupplýsingum með notkun margmiðlunartækni, svo sem internetsins. Hvorki er á þessu álitaefni tekið í tilskipun ESB né í formála hennar. Sú aðgerð að leggja persónuupplýsingar á internetið er í eðli sínu rafræn vinnsla sem lýtur þeim ákvæðum frumvarpsins er um vinnsluna gilda, en það ræðst m.a. af eðli þeirra upplýsinga sem unnið er með. Sé um að ræða viðkvæmar upplýsingar þarf t.d. bæði að uppfylla skilyrði 9. gr. og 29. eða 30. gr. frumvarpsins. Birting persónuupplýsinga á heimasíðu er þess eðlis að því eru engin takmörk sett hvert upplýsingarnar geta borist og þá verður upplýsingaflæðið ekki takmarkað við ríki sem falla undir ákvæði 29. gr. Ekki ber að skilja ákvæði 1. mgr. þessarar frumvarpsgreinar þannig að ekki megi birta á tiltekinni heimasíðu á internetinu upplýsingar sem eru almennt aðgengilegar og hefur í tíð gildandi laga mátt birta þar, eftir atvikum að uppfylltum skilmálum tölvunefndar. Í 2. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir að Persónuvernd geti sett nánari fyrirmæli um flutning persónuupplýsinga úr landi og samkvæmt því getur hún m.a. sett skilmála um birtingu slíkra upplýsinga á internetinu.

Um 31. gr.

Í þessari grein er, í samræmi við 18. gr. tilskipunar ESB, lagt til að tilkynningarskylda skuli að meginstefnu til gilda um alla rafræna vinnslu almennra persónuupplýsinga og um handvirka og rafræna vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skv. 1. mgr. 9. gr. Vinnsla sem einvörðungu er til persónulegra nota fellur utan tilkynningarskyldunnar, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem notar rafræna tækni í vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., tilkynna það til Persónuverndar. Í 32. gr. er afmarkað hvað koma skuli fram í slíkri tilkynningu. Að meginstefnu til skal einungis senda slíka tilkynningu einu sinni en ekki í hvert skipti sem vinnsla fer fram. Það er með öðrum orðum vinnsluaðferðin sem er tilkynningarskyld, þ.e. hvernig farið er með persónuupplýsingar.

Komi síðar til breytinga á tilkynntri vinnslu skal senda nýja uppfærða tilkynningu, sbr. 1. mgr. i.f. Samkvæmt því verður að senda nýja tilkynningu ef til stendur að vinna með aðra tegund upplýsinga, afhenda upplýsingarnar eða gera þær tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, t.d. með samtengingu.

Ætla má að í framtíðinni muni mikill fjöldi þeirra mála sem til þessa hafa verið afgreidd af tölvunefnd með leyfisveitingum falla undir þetta ákvæði. Vinnsla sem verður tilkynningarskyld samkvæmt frumvarpinu fellur að miklu leyti saman við meðferð sem nú er leyfisskyld. Þó ber að hafa í huga þá þrengingu sem leiðir annars vegar af 3. gr. frumvarpsins og hins vegar af því að í 3. mgr. þessarar greinar er af hagkvæmniástæðum lagt til að Persónuvernd geti ákveðið að vissar tegundir vinnslu verði undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda.

Í 2. mgr. segir að undanþegin tilkynningarskyldu sé vinnsla sem einungis felst í notkun persónuupplýsinga sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi. Í því felst að slíkar persónuupplýsingar má lesa, leita í, afrita, varðveita, miðla o.s.frv. án þess að tilkynna það sérstaklega. Slíkar aðgerðir kunna hvað sem öðru líður að leiða til rafrænnar vinnslu sem fellur eftir atvikum undir önnur ákvæði frumvarps þessa. Með því að upplýsingar séu aðgengilegar almenningi er átt við að hver sem er geti fengið að skoða þær án þess að hafa af því sérstaka hagsmuni, geta sýnt fram á málefnalega ástæðu eða fullnægja öðrum sambærilegum skilmálum. Ekki er nóg að upplýsingarnar hafi verið gerðar aðgengilegar tak-

mörkuðum hópi manna. Þegar upplýsingar hafa á einn eða annan hátt verið gefnar út, t.d. birtar á tiltekinni heimasíðu á netinu, verður að telja þær aðgengilegar öllum. Sama á við þegar upplýsingarnar má skoða gegn greiðslu, t.d. upplýsingar í veðmálabókum. Það að upplýsingar séu aðgengilegar öllum segir ekki til um hversu viðkvæmar þær eru. Til dæmis kann ævisaga að hafa að geyma viðkvæmar upplýsingar um heilsu manns en þar sem þær hafa með útgáfu bókarinnar verið gerðar aðgengilegar öllum er skoðun þeirra ekki tilkynningarskyld. Ef ætlunin er að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar verður heildarvinnslan hins vegar tilkynningarskyld samkvæmt meginreglunni.

Nauðsynlegt getur verið að undanþiggja vissar tegundir vinnslu tilkynningarskyldu og því er í 3. mgr. gert ráð fyrir að Persónuvernd geti ákveðið slíkt. Það mundi fyrst og fremst verða gert varðandi vinnslu sem tekur til almennra og lítt viðkvæmra persónuupplýsinga og vinnslu sem almennt er vitað að fari fram. Í slíkum tilvikum getur átt við að ábyrgðaraðili tilnefni sérstakan persónuverndarfulltrúa, sbr. ákvæði 2. mgr. 18. gr. tilskipunar ESB, sbr. og ákvæði 3. tölul. 21. gr. Loks má ákveða að viss vinnsla sé undanþegin tilkynningarskyldu og þess í stað háð leyfisskyldu skv. 33. gr.

Tilkynningin þarf að berast Persónuvernd á til þess gerðu formi tímanlega áður en vinnslan hefst. Hvað telst vera tilkynnt „tímanlega“ veltur á því hve umfangsmikil persónuupplýsingavinnslan á að verða. Slíkt hlýtur að meginstefnu til að velta á eigin mati ábyrgðaraðila. Um vinnslu upplýsinga um stóran hóp manna sem safnað er frá fjölda mismunandi aðila þarf öllu jöfnu að tilkynna mun fyrr en vinnslu sem einvörðungu tekur til upplýsinga um fáa aðila sem aflað er hjá þeim sjálfum. Sama gildir þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar. Umfangsmikil vinnsla er að öllu jöfnu skipulögð tímanlega af hálfu ábyrgðaraðila og það er í hans þágu að setja sig tímanlega í samband við Persónuvernd, eftir atvikum til að gera nauðsynlegar lagfæringar. Þörf þessa er hins vegar minni þegar unnið er með lítt viðkvæmar persónuupplýsingar.

Hefja má vinnslu um leið og tilkynning hefur verið send Persónuvernd. Tilkynningin er upplýsingagagn en ekki leyfisumsókn og því þarf ekki að bíða svars eins og nú er. Persónuvernd getur hins vegar stöðvað vinnslu sem hún telur vera ólögmæta eða sett skilmála fyrir því að halda megi vinnslu áfram, sbr. 40. gr.

Nauðsynlegt er að Persónuvernd hafi yfirsýn yfir flutning persónuupplýsinga úr landi og fellur slíkt undir almenna tilkynningarskyldu samkvæmt þessari frumvarpsgrein. Hafi ekki verið ráðgert í upphafi að flytja upplýsingar úr landi, en síðar kemur í ljós að slíks er þörf, skal senda Persónuvernd nýja og uppfærða tilkynningu. Persónuvernd getur þá á grundvelli heimilda sinna skv. 40. gr. gripið inn í og stöðvað sendinguna sé skilyrðum laganna fyrir slíkum flutningi ekki fullnægt.

Um 32. gr.

Hér eru talin upp þau lágmarksatriði sem tilgreina skal í tilkynningu til Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæðið byggist m.a. á 19. gr. tilskipunar ESB.

Í 1. mgr. er talið upp hvaða upplýsingar skuli koma fram í slíkri tilkynningu og í 2. mgr. er mælt fyrir um að Persónuvernd geti sett nánari fyrirmæli þar að lútandi. Til dæmis kann að vera nauðsynlegt fyrir Persónuvernd að fá upplýsingar um þá aðferð sem notuð verður við söfnun upplýsinganna, hvaða fræðslu hinir skráðu munu fá o.s.frv. Þá má ákveða að notuð verði mismunandi form fyrir ólíkar tegundir vinnslu, t.d. einfaldari form fyrir öll veigaminni verkefni. Í ljósi þess að innsendum tilkynningum er ætlað að verða uppistaða í opinberri skrá skv. 17. gr. frumvarpsins er mikilvægt að þær hafi hvorki að geyma viðkvæmar upplýsingar,

trúnaðarupplýsingar né upplýsingar um tæknileg atriði geti birting þeirra skert öryggi gagnanna.

Samkvæmt 3. mgr. skal ábyrgðaraðili sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma upplýsingar sem gefa rétta mynd af meðferð persónuupplýsinga. Í því felst að hann verður að senda nýja tilkynningu um leið og vinnslu lýkur, þegar nýjum upplýsingum er safnað eða þegar upplýsingum er miðlað til annarra en tilgreindir voru í fyrri tilkynningu. Þá er og þörf nýrrar tilkynningar ef upplýsingar eru notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega. Forsenda slíkrar nýrrar notkunar er sú að skilyrðum 7. gr. sé fullnægt. Skv. 3. mgr. skal jafnan senda nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum þegar liðin eru þrjú ár frá því að upphafleg tilkynning var send Persónuvernd. Þess gerist hins vegar ekki þörf hafi áður verið send tilkynning um breytta vinnslu, þ.e. ný tilkynning rýfur frestinn og nýr þriggja ára frestur byrjar að líða. Af því leiðir að þótt ábyrgðaraðili hafi látið undir höfuð leggjast að tilkynna um breytta vinnslu mun Persónuverndin verða þess vör þegar liðin eru þrjú ár frá hinni upphaflegu tilkynningu. Persónuvernd getur beint tilmælum til þeirra ábyrgðaraðila sem fara yfir þriggja ára frestinn og til hagræðis má beina slíkum tilmælum sjálfkrafa úr kerfi Persónuverndar. Þannig fæst úr því skorið hvort ástæðan sé vanræksla, það að vinnslunni sé lokið eða starfseminni hætt. Tilkynna þarf um stöðvun vinnslu nema henni ljúki á þeim tíma sem tilgreindur var í upphaflegri tilkynningu. Skv. lokamálslið 3. mgr. 32. gr. getur Persónuvernd ákveðið ráðstafanir til að tryggja áreiðaleika tilkynninga. Hér er t.d. átt við notkun hugbúnaðar sem sjálfkrafa prófar réttmæti upplýsinga um það frá hvaða netfangi sending berst o.s.frv.

Um 33. gr.

Í þessari grein er afmarkað hvenær vinnsla persónuupplýsinga er leyfisskyld. Skv. 20. gr. tilskipunar ESB er einstökum ríkjum eftirlátið að ákveða hvenær athuga verði vinnslu *áður* en hún hefst. Er einkum ástæða til slíks þegar vinnsla persónuupplýsinga felur í sér hættu fyrir friðhelgi einkalífs, persónuvernd og frelsi einstaklingsins. Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga telst fela í sér slíka hættu og er í 33. gr. lagt til að hún sé leyfisskyld í öðrum tilvikum en þeim sem falla undir 1. mgr. 9. gr. Ef upplýsingar hafa verið aftengdar persónuauðkennum, eða þær verða aftengdar persónuauðkennum áður en úrvinnsla upplýsinga hefst, er vinnslan ekki leyfisskyld því að þá er ekki unnt að rekja upplýsingarnar til ákveðinna einstaklinga.

Það að vinnsla sé leyfisskyld felur í sér að ekki má hefja hana nema Persónuvernd hafi gefið til þess leyfi og bundið það þeim skilmálum sem hún telur nauðsynlega. Þegar vinnsla er hins vegar einungis tilkynningarskyld verður að jafnaði aðeins um afskipti Persónuverndar að ræða eftir á. Leyfisveiting er fyrir fram eftirlit til að tryggja að vinnslan fullnægi grundvallarkröfum um persónuvernd, en ekki tæki til að stöðva vinnslu sem e.t.v. er skylt að framkvæma samkvæmt lögum eða reglugerðum. Samkvæmt gildandi lögum þarf ekki leyfi tölvunefndar til skráningar viðkvæmra persónuupplýsinga ef hún á sér stoð í lögum. Því hafa margar slíkar skrár verið stofnaðar án þess að aflað hafi verið leyfis tölvunefndar.

Um 34. gr.

Hér mælir fyrir um forsendur leyfisveitingar skv. 33. gr. Fram kemur sú meginregla að þeim einum má veita leyfi skv. 33. gr. sem líklegur er til að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögunum eða fyrirmælum Persónuverndar. Hið sama gildir einnig um einstakar aðrar heimildir sem veittar eru á grundvelli laganna. Er það Persónuvernd sem á mat í þeim efnum. Ákvæði þetta er efnislega skylt ákvæði 15. gr. gildandi laga, en þar kemur fram að þeim ein-

um skuli veita starfsleyfi skv. V. kafla laganna sem að mati tölvunefndar er líklegur til að geta uppfyllt skyldur skrárhaldara samkvæmt þeim lögum.

Í 2. mgr. er lýst því hagsmunamati sem viðhafa ber við ákvörðun um leyfisveitingu. Það ákvæði er efnislega skylt 3. og 4. mgr. 4. gr. gildandi laga. Þar segir að tölvunefnd geti heimilað skráningu upplýsinga um einkamálefni einstaklinga ef ótvírætt þykir að skráningaraðila sé vegna starfsemi sinnar brýn nauðsyn að skrá persónuupplýsingarnar og að tölvunefnd skuli í slíkum tilvikum binda heimild til skráningar þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni. Þá segir í 2. mgr. 5. gr. gildandi laga að tölvunefnd geti heimilað aðgang að slíkum upplýsingum ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess, enda sé þá ótvírætt að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að þeim sé haldið leyndum.

Samkvæmt 34. gr. frumvarpsins eru það einkum sjónarmið um aukna persónuvernd sem búa að baki því að gera tiltekna vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga háða leyfi Persónuverndar. Það leiðir og af yfirlýstu markmiði laganna skv. 1. gr. Þá leiðir einnig af þessu ákvæði að ekki verður synjað um leyfi til að vinna með persónuupplýsingar nema um sé að ræða meðferð sem getur haft í för með sér óhagræði fyrir einstaklinginn. Vísað er til 2. mgr. 35. gr. að því er varðar þau atriði sem líta ber til við mat á því hvort veita skuli umbeðið leyfi.

Um 35. gr.

Í þessari grein eru tilgreind þau atriði sem Persónuvernd ber að athuga þegar um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga er að ræða. Slíka upptalningu er ekki að finna í gildandi lögum. Ekki er lögð til tæmandi upptalning heldur eru í dæmaskyni nefnd atriði sem sjónarmið um persónuvernd krefjast að litið sé til. Ákvæðið er hins vegar hvorki bindandi fyrir Persónuvernd að því er varðar þau atriði sem hún byggir mat sitt á né dregur það úr valdheimildum hennar. Hins vegar er mikilvægt að ábyrgðaraðili geti að einhverju leyti áttað sig á því fyrir fram til hvaða atriða verði litið þegar Persónuvernd berst tilkynning eða leyfisumsókn. Er ákvæðið samið með tilliti til þess og endurspeglar þá reynslu tölvunefndar að við afgreiðslu leyfisumsókna í tíð gildandi laga hafa sjaldnast risið spurningar um hvort veita skuli heimild heldur hitt hvaða skilyrði skuli setja hverju sinni. Eru allar líkur á að svo verði áfram. Fram kemur að Persónuvernd geti bundið vinnslu skilyrðum um dulkóðun eða eyðingu persónuauðkenna og að sama gildi um leyfisskylda og tilkynningarskylda vinnslu. Varðandi tilkynningarskyld verkefni má að öðru leyti einkum eiga von á viðbrögðum Persónuverndar ef útlit er fyrir að safnað verði meiri upplýsingum en nauðsyn krefur miðað við tilgang vinnslunnar, ef ekki eru veittar nauðsynlegar viðvaranir o.s.frv.

Samkvæmt 3. mgr. getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita þagmælskuheit. Þetta felur í sér að unnt er að leggja sérstaka áherslu á þá ábyrgð sem hvílir á þeim sem hafa með höndum vinnslu persónuupplýsinga. Einnig er lagt til að brot gegn slíkri þagnarskyldu varði refsingum skv. 136. gr.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Persónuvernd til að mæla fyrir um að að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit með því að vinnsla sé í samræmi við lög þessi og skilmála Persónuverndar. Þetta felur í sér heimild til að ráða einkaaðila til að annast þetta eftirlit fyrir hönd Persónuverndar. Þessu hefur verið beitt af tölvunefnd í nokkrum mæli í vandasömum málum með góðum árangri og því er lagt til að þetta fyrirkomulag verði reist á traustum lagagrundvelli. Áfram er þó gert ráð fyrir að þessu verði ekki beitt nema í undantekningartilvikum þegar nægjanlegt tilefni er til. Þá er lagt til að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað af sem af þessu hlýst.

Um 36. gr.

Hér er mælt fyrir um skipulag og stjórnsýslu þeirrar stofnunar sem samkvæmt lögunum skal hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Er lagt til að sjálfstæð ríkisstofnun, sem í frumvarpinu er nefnd Persónuvernd, annist það hlutverk sem tölvunefnd hefur sinnt í tíð gildandi laga. Þykir þessi breyting nauðsynleg vegna stóraukins umfangs þessa málaflokks. Lagt er til að skipun stjórnar verði í stórum dráttum svipuð og tölvunefndar nú.

Samkvæmt 2. mgr. er Persónuvernd sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda. Þetta er hliðstætt því sem á við um úrlausnir tölvunefndar skv. 2. mgr. 31. gr. gildandi laga. Þetta tekur einnig mið af 62. og 63. lið formála tilskipunar ESB.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar að tillögu stjórnar en forstjóri ræður annað starfsfólk. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Um 37. gr.

Í 1. og 2. mgr. þessarar greinar er lýst meginhlutverki Persónuverndar en einstök verkefni eru síðan nánar skilgreind í 3. mgr.

Í 3. mgr. eru talin upp helstu verkefni Persónuverndar. Slík upptalning er ekki í gildandi lögum en til glöggvunar þykir rétt að veita yfirsýn yfir þau verkefni sem Persónuvernd hefur með höndum. Ákvæðið segir ekkert um hvernig Persónuvernd beri að forgangsraða hinum ýmsu verkefnum en það leiðir hins vegar að nokkru af öðrum ákvæðum laganna. Til dæmis er það væntanlega forgangsverkefni að leggja til hjálpargögn fyrir þá sem tilkynna vilja um verkefni eða sækja um leyfi til vinnslu. Önnur verkefni verður Persónuvernd að taka fyrir í ljósi aðstæðna hverju sinni.

Samkvæmt 1. tölul. skal Persónuvernd afgreiða umsóknir um leyfi, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli samkvæmt ákvæðum laganna. Í daglegu starfi mun megináherslan fyrirsjáanlega færast frá veitingu leyfa til einstakra verkefna yfir á almennt upplýsinga- og fræðslustarf og eftirfarandi eftirlit. Hið nýja reglukerfi byggist á því að aukin áhersla verði lögð á það hlutverk sem talið er í 2. tölul. um eftirlit með því að farið sé að lögum og reglum um vinnslu persónuupplýsinga. Þá mun Persónuvernd einnig hafa eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga sem lýtur ákvæðum sérlöggjafar nema kveðið sé á um aðra skipan í viðkomandi löggjöf.

Í 3. tölul. er sérstaklega tekið fram að Persónuvernd skuli fylgjast með þróun á sviði persónuverndar á innlendum og erlendum vettvangi. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum en þar sem þetta verkefni hefur reynst allveigamikið í starfi tölvunefndar þykir rétt að taka það sérstaklega fram.

Ákvæði 4. tölul. um að Persónuvernd skuli skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar er nýtt í persónuverndarlöggjöf. Það er á hinn bóginn mjög eðlilegt og í samræmi við það hvernig tölvunefnd hefur í tíð gildandi laga túlkað hlutverk sitt. Svipað gildir skv. 31. gr. gildandi laga þar sem segir að tölvunefnd geti, að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum frá skráðum aðilum, haft eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar eins og lögin mæla fyrir um.

Samkvæmt 5. tölul. skal Persónuvernd gefa ráð um öryggi í vinnslu persónuupplýsinga ásamt því að leiðbeina um önnur álitaefni á sviði persónuverndar. Ekki er í gildandi lögum tekið sérstaklega fram að tölvunefnd skuli aðstoða við samningu reglna fyrir einstakar starfsgreinar, t.d. siðareglna, en hér er tekið mið af 27. gr. tilskipunar ESB. Í ákvæðinu felst að einstakar starfsgreinar geta samið reglur um vinnslu persónuupplýsinga á sínu sviði, t.d. á sviði tryggingastarfsemi. Reglurnar skulu vera til stuðnings við þær opinberu reglur sem sett-

ar eru á grundvelli laga þessara. Hvatt er til þess að slíkar reglur verði samdar en ekki er verið að mæla fyrir um skyldu til slíks. Að öllum jafnaði er æskilegt að Persónuvernd taki þátt í samningu slíkra siðareglna, ekki síst til að tryggja að þær fái samræmst settum lögum og reglum og ólögfestum persónuverndarsjónarmiðum. Markmið slíkra siðareglna er að draga fram viðhorf starfsgreinarinnar til þess hvaða kröfur sanngjarnt sé að gera til vinnslu persónuupplýsinga. Brot gegn slíkum siðareglum geta leitt til viðbragða af hálfu viðkomandi samtaka en mundu sjaldnast leiða til viðurlaga af hálfu opinberra aðila.

Samkvæmt 6. tölul. skal Persónuvernd vera umsagnaraðili við gerð allra laga og reglugerða sem hafa beina þýðingu fyrir persónuvernd. Er hér tekið mið af 2. mgr. 28. gr. tilskipunar ESB. Slíkt hlutverk er ekki orðað sérstaklega í gildandi lögum en rétt þykir að taka af öll tvímæli um að Persónuvernd skuli vera sjálfstæður umsagnaraðili á þessu sviði og þannig tryggt að hún geti, í enn ríkari mæli en verið hefur, átt þátt í samningu laga og reglna á þessu sviði.

Í 7. tölul. er ákvæði um útgáfu ársskýrslu. Á þetta ákvæði sér bæði fyrirmynd í 36. gr. gildandi laga og í 5. mgr. 28. gr tilskipunar ESB. Tölvunefnd hefur frá upphafi gefið út slíkar skýrslur en þess má vænta að þær muni fá nokkuð breytta mynd í ljósi ákvæðis 17. gr. um þá heildarskrá sem Persónuvernd ber að halda um veittar heimildir og mótteknar tilkynningar.

Þá er í 4. mgr. að finna heimild fyrir Persónuvernd til að ákveða að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti. Einnig er lagt til að Persónuvernd geti ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis sem sótt hefur verið um.

Um 38. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega skylt 32. gr. gildandi laga auk þess sem hliðsjón er höfð af 3. mgr. 28. gr. tilskipunar ESB.

Samkvæmt 1. mgr. getur Persónuvernd gert kröfu um að fá þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hún geti sinnt skyldum sínum. Í ákvæðinu er ekki að finna fyrirmæli um það hvernig Persónuvernd skuli framkvæma eftirlit sitt, hvorki hve oft það á sér stað né hve ítarlegt það skuli vera. Mat í þeim efnum er í höndum Persónuverndar og tekur mið af atvikum í hverju tilviki, þar á meðal því hvernig hún forgangsraðar verkefnum sínum og hvaða úrræðum er til að dreifa hverju sinni.

Í 2. mgr. kemur fram að Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Er þetta sama regla og kemur fram í 2. mgr. 32. gr. gildandi laga og hefur reynst þýðingarmikil í starfi tölvunefndar. Hins vegar er ljóst að heimild sem þessari ber jafnan að beita af varfærni, svo sem verið hefur í tíð gildandi laga.

Í 3. mgr. kemur fram það nýmæli að réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga, eða aðgangs að starfsstöð eða tækjabúnaði, verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu. Styðst ákvæðið við þau rök að ella yrði Persónuvernd illmögulegt að rækja þær eftirlitsskyldur sem á hana eru lagðar skv. 1. mgr.

Um 39. gr.

Samstarf við persónuverndarstofnanir annarra landa mun fyrirsjáanlega aukast í framtíðinni, sbr. 6. gr. tilskipunar ESB. Í tengslum við það getur verið nauðsynlegt að skiptast á upplýsingum sem falla undir ákvæði laga um þagnarskyldu. Ísland kann t.d. að hafa gengist undir skuldbindingar gagnvart öðrum ríkjum í þjóðréttarsamningum um miðlun slíkra upplýs-

inga og þykir nauðsynlegt að taka af skarið um að þagnarskylduákvæði standi því ekki í vegi að Ísland geti efnt slíkar skuldbindingar.

Um 40. gr.

Hér er að finna almennt ákvæði um vald Persónuverndar til að beita úrræðum þegar vinnsla persónuupplýsinga brýtur í bága við ákvæði laganna. Heimildin til að beita úrræðum er bundin við það að fram hafi farið vinnsla í bága við ákvæði laganna. Sambærilega heimild fyrir tölvunefnd er að finna í 33. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. kemur fram að Persónuvernd getur stöðvað vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnun, skráningu eða miðlun, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skrám eytt, í heild eða að hluta til, eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Valdið til að beita úrræðum samkvæmt þessari grein tengist ýmsum öðrum ákvæðum frumvarpsins og er rétt að hafa í huga að ákvæðið veitir ekki heimild til að gefa strangari fyrirmæli en þau sem leiða af ákvæðum laganna. Að hluta til byggist beiting fyrirmæla á mati og er tekið fram að í þeim tilvikum skuli litið til ákvæða 2. mgr. 35. gr.

Persónuvernd getur valið milli þess að stöðva vinnslu eða setja viðkomandi aðila skilyrði sem hann verður að fullnægja til að mega halda vinnslunni áfram. Einungis má setja skilmála sem færa vinnsluna til samræmis við önnur ákvæði laganna en ekki skilmála sem víkja frá efnisreglunum, hvort sem þeir eru strangari eða mildari. Við val milli þess hvort stöðva beri vinnslu eða setja skilmála um framkvæmd hennar skal hafa í huga að fyrstu viðbrögðin eru oft þau afdrifaríkustu en mikilvægt er jafnan að gæta meðalhófs og kanna hvort ekki megi ná sama markmiði með vægari aðgerðum.

Af ákvæði 2. mgr. leiðir að við beitingu úrræða skv. 1. mgr. nýtur Persónuvernd aðstoðar lögreglu komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga í bága við ákvæði laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim.

Ákvæði 3. mgr. er skylt 7. mgr. 33. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 41. gr.

Í greininni er það nýmæli að finna að sé ekki farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. geti hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt. Beiting dagsekta getur verið áhrifaríkt úrræði og í sumum tilvikum getur verið eðlilegra að beita slíku úrræði en að stöðva starfsemi með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýslunnar. Slíkt hlýtur þó að vera háð mati hverju sinni.

Samkvæmt 2. mgr. falla dagsektir ekki á ef ákvörðun Persónuverndar er skotið til dómstóla fyrr en að gengnum endanlegum dómi. Þannig verður dagsektum ekki beitt fyrr en að liðnum áfrýjunarfresti þegar héraðsdómi er áfrýjað en að öðrum kosti að gengnum dómi Hæstaréttar.

Um 42. gr.

Hér segir að brot á ákvæðum laga þessara varði fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Refsiákvæði gildandi laga eru mun ítarlegri en hér er lagt til, t.d. er þar fjallað um refsiábyrgð lögaðila, sviptingu starfsréttinda með dómi, upptöku búnaðar og tilraun og hlutdeild í brotum. Þykir ekki ástæða til að hafa hér svo ítarlegt refsiákvæði, enda fer um slík atriði samkvæmt almennum ákvæðum refsilöggjafar á hverjum tíma.

Um 43. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um bótaskyldu ábyrgðaraðila vegna tjóns sem verður þegar unnið hefur verið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laganna, reglur settar samkvæmt þeim eða fyrirmæli Persónuverndar. Er hér höfð til hliðsjónar 23. gr. tilskipunar ESB. Samkvæmt greininni skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hin ólögmæta vinnsla hefur valdið honum, en um ábyrgð vegna tjóns sem ekki er fjárhagslegt er hins vegar ekki að ræða. Segja má að skaðabótaábyrgð ábyrgðaraðila leiði af almennum skaðabótareglum íslensks réttar, en eigi að síður þykir rétt að orða um það sérstaka reglu í frumvarpinu. Þar sem við því er að búast að ábyrgðaraðilar muni í auknum mæli láta vinnsluaðila vinna persónuupplýsingar fyrir sig í framtíðinni er nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það að ábyrgðaraðili ber ekki einungis ábyrgð á því tjóni sem hann veldur sjálfur heldur líka á tjóni sem vinnsluaðili hefur valdið. Væri óeðlilegt að ábyrgðaraðili gæti losnað undan skaðabótaábyrgð með því að fela öðrum aðila vinnslu upplýsinga fyrir sig. Ef ábyrgðaraðili sannar að tjón verður hvorki rakið til mistaka né vanrækslu hans eða vinnsluaðila er ekki um bótaskyldu að ræða.

Um 44. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um gildissvið þess gagnvart öðrum lögum. Ákvæði frumvarpsins eru víðtæk og almenns eðlis í þeim skilningi að þau taka til hvers kyns meðferðar og vinnslu persónuupplýsinga hvar og hvernig sem hún fer fram, með þeim frávikum sem fram koma í frumvarpinu. Af þeim sökum þykir rétt að taka fram að frumvarpið taki jafnframt til meðferðar og vinnslu slíkra upplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega. Slík sérákvæði er m.a. að finna í IV. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þar sem fjallað er um rétt aðila máls til aðgangs að þeim gögnum er mál hans varða. Samkvæmt lagaskilareglu 44. gr. frumvarpsins halda þessi ákvæði stjórnsýslulaga gildi sínu óháð frumvarpinu.

Þá verður að ætla að gildissvið frumvarpsins taki að hluta til sömu gagna og upplýsingalög, nr. 50/1996. Efnisreglur þeirra laga eru tvenns konar. Önnur mælir fyrir um aðgang almennings að upplýsingum í vörslu stjórnvalda en hin um aðgang aðila að upplýsingum um hann sjálfan í öðrum tilvikum en þeim sem falla undir stjórnsýslulögin. Með fyrri málslið 2. mgr. 2. gr. upplýsingalaga eru skilin milli þeirra laga og gildandi laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga dregin með þeim hætti að upplýsingar sem þau síðarnefndu taka til eru í raun undanskildar gildissviði upplýsingalaga. Gildissvið upplýsingalaga hefur því að þessu leyti oltið á því hvernig gildissvið laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga er afmarkað. Í grófum dráttum má segja að mörkin þarna á milli hafi verið dregin á þann hátt að gildandi lög um persónuupplýsingar taki til aðgangs að persónuupplýsingum í skrám sem færðar eru kerfisbundið en upplýsingalögin til persónuupplýsinga sem varðveittar eru á annan hátt. Úrlausnargrundvöllur beiðni um aðgang að persónuupplýsingum hefur því í raun oltið á því á hvaða formi slíkar upplýsingar eru varðveittar.

Með því að frumvarp þetta nálgast viðfangsefni sitt með nokkuð öðrum hætti en gildandi lög og rýmkar gildissvið þeirra að því leyti að það nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga án tillits til þess hvort afmörkuðum upplýsingum er safnað í skipulagsbundna heild eða ekki, er á vegum forsætisráðuneytis unnið að því að útfæra þær breytingar á gildissviði upplýsingalaga gagnvart þessu frumvarpi að upplýsingalögin taki ekki til aðgangs að upplýsingum er frumvarpið tekur til nema leitað sé eftir aðgangi að skjölum eða öðrum gögnum sem 2. mgr. 3. gr. upplýsingalaga nær til. Í því ákvæði er inntak upplýsingaréttarins síðan afmarkað á þann hátt að aðgangur almennings taki til gagna í máli sem er eða hefur verið til

meðferðar hjá stjórnvöldum og liggja fyrir hjá þeim. Eftir þessa breytingu ber að virða ákvæði upplýsingalaga sem sérákvæði í samanburði við frumvarpið, sbr. 44. gr. þess, en í raun leiðir það til sömu niðurstöðu og nú gildir um lagaskil milli upplýsingalaga og laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Á þennan hátt halda ákvæði upplýsingalaga gildi sínu óháð þessu frumvarpi og ekki verður hallað á þann upplýsingarétt sem almenningi hefur þegar verið tryggður samkvæmt núgildandi lögum, en í 72. lið formála tilskipunar ESB er gert ráð fyrir að taka megi tillit til slíkra sjónarmiða.

Um 45. gr.

Samkvæmt 1. mgr. getur ráðherra mælt fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstéttum. Þetta felur í sér heimild til að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna eftir aðstæðum og þörfum á afmörkuðum sviðum.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Lagt er til að slík starfsemi verði leyfisskyld og um hana gildi nánar tiltekin ákvæði frumvarpsins. Tilskipun ESB nær ekki til upplýsinga um fyrirtæki eða aðrar lögpersónur. Gildandi lög taka hins vegar til upplýsinga um lögpersónur, sbr. 3. mgr. 1. gr. og V. kafla laganna, sem gildir um skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust. Rétt þykir að lögpersónum verði áfram tryggð sú vernd sem mælt er fyrir um í gildandi lögum og er gert ráð fyrir að hún verði ekki lakari ef frumvarp þetta verður að lögum.

Um 46. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Í 46. gr. er lagt til að lögin taki gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá birtingu þeirra. Frumvarp þetta mun, ef að lögum verður, hafa í för með sér verulegar breytingar á íslenskri löggjöf um meðferð persónuupplýsinga. Á það bæði við um efnisreglur nýrra laga og stjórnsýslu í því sambandi. Þar sem gera má ráð fyrir að nokkurn tíma geti tekið að undirbúa gildistöku þeirra er í ákvæði til bráðabirgða lagt til að ráðherra skipi stjórn Persónuverndar og forstjóra þegar er lögin hafa verið birt. Verður það hlutverk þeirra að undirbúa gildistöku laganna, sbr. 46. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 95/46/EB

frá 24. október 1995
um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmið bandalagsins, sem mælt er fyrir um í stofnsáttmálanum, eins og honum var breytt með sáttmálanum um Evrópusambandið, eru að skapa nánari einingu meðal þjóða Evrópu, stuðla að nánari samskiptum milli þeirra ríkja er bandalagið mynda, tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir með því að taka höndum saman um að ryðja úr vegi þeim tálmum sem skipta Evrópu, bæta stöðugt lífskjör þjóða sinna, varðveita og efla frið og frelsi og hefja á loft lýðræði sem byggist á grundvallarréttindum sem eru viðurkennd í stjórnarskrám og lögum aðildarríkjanna og í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

2) Gagnavinnslukerfi eru hönnuð til að þjóna mönnum. Þau skulu því vera í samræmi við grundvallarréttindi manna, einkum réttinn til friðhelgi einkalífs, án tillits til ríkisfangs eða búsetu og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum, auknum viðskiptum og velferð manna.

3) Tilkoma og starfsemi hins innri markaðar, sem felur í sér frjálsa vöruflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga samkvæmt 7. gr. a í sáttmálanum, útheimtir ekki einungis að miðla megi persónuupplýsingum óhindrað frá einu aðildarríki til annars heldur einnig að standa beri vörð um grundvallarréttindi manna.

4) Notkun persónuupplýsinga eykst stöðugt á ýmsum sviðum atvinnu- og þjóðlífs í bandalaginu. Framfarir í upplýsingatækni auðvelda mjög vinnslu og skipti á slíkum upplýsingum.

5) Sá efnahagslegi og félagslegi samruni, sem fylgir tilkomu og starfsemi innri markaðarins í skilningi 7. gr. a í sáttmálanum, leiðir óhjákvæmilega til verulega aukins flæðis persónuupplýsinga yfir landamæri milli allra sem taka þátt í atvinnu- og þjóðlífi í aðildarríkjunum, hvort heldur er í einkageiranum eða opinbera geiranum. Ekki verður komist hjá vaxandi skiptum á persónuupplýsingum milli fyrirtækja í aðildarríkjunum. Samkvæmt lögum bandalagsins ber yfirvöldum í aðildarríkjunum að starfa saman og skiptast á persónuupplýsingum til að þau geti rækt skyldur sínar og unnið verk fyrir hönd yfirvalds í öðru aðildarríki á innri markaðinum, sem er svæði án ytri landamæra.

6) Aukið samstarf í vísindum og tækni og samræmd stofnun nýrra fjarskiptakerfa í bandalaginu útheimtir enn fremur og auðveldar flæði persónuupplýsinga yfir landamæri.

7) Mannréttindi og mannfrelsi, einkum rétturinn til friðhelgi einkalífs, njóta mismikillar verndar í aðildarríkjunum í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og getur það hindrað miðlun þessara upplýsinga frá yfirráðasvæði eins aðildarríkis til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis. Þessi munur getur því orðið hindrun í vegi ýmiss konar atvinnustarfsemi á vettvangi bandalagsins, raskað samkeppni og komið í veg fyrir að yfirvöld sinni

(1) Stjtíð. EB nr. C 277, 5. 11. 1990, bls. 3 og Stjtíð. EB nr. C 311, 27. 11. 1992, bls. 30.
(2) Stjtíð. EB nr. C 159, 17. 6. 1991, bls. 38.
(3) Álit Evrópuþingsins frá 11. mars 1992 (Stjtíð. EB nr. C 94, 13. 4. 1992, bls. 198), staðfest 2. desember 1993 (Stjtíð. EB nr. C 342, 20. 12. 1993, bls. 30); sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. febrúar 1995 (Stjtíð. EB nr. C 93, 13. 4. 1995, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. C 166, 3. 7. 1995).

skyldustörfum sínum samkvæmt lögum bandalagsins. Þennan mun á vernd má rekja til mikils munar á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna.

8) Ef ryðja á úr vegi hindrunum á flæði persónuupplýsinga verður vernd mannréttinda og mannfrelsis í tengslum við vinnslu slíkra upplýsinga að vera sambærileg í öllum aðildarríkjunum. Þetta markmið er afar mikilvægt fyrir innri markaðinn en aðildarríkin geta ekki náð því ein og sér, einkum ef horft er til þess hve stórvægilegur munur er nú á viðeigandi lögum aðildarríkjanna og hve nauðsynlegt er að samræma lög aðildarríkjanna til að tryggja að flæði persónuupplýsinga yfir landamæri falli undir heildarreglur sem eru í samræmi við markmið innri markaðarins eins og kveðið er á um þau í 7. gr. a í sáttmálanum. Það er því nauðsynlegt að bandalagið geri gangskör að því að samræma þessi lög.

9) Sambærileg vernd, sem samræming innlendra laga hefur í för með sér, gerir það að verkum að aðildarríkin geta ekki lengur hindrað frjálsa miðlun persónuupplýsinga milli aðildarríkjanna með skírskotun í vernd mannréttinda og mannfrelsis, einkum vernd réttarins til friðhelgi einkalífs. Aðildarríkin munu fá svigrúm sem atvinnulífið og aðilar markaðarins geta nýtt sér í tengslum við framkvæmd tilskipunarinnar. Aðildarríkin geta þannig sett almenn skilyrði um löglega gagnavinnslu í löggjöf sína. Með því móti skulu aðildarríkin leitast við að auka þá vernd sem nú er kveðið á um í löggjöf þeirra. Komið getur upp ósamræmi við framkvæmd tilskipunarinnar innan marka þessa svigrúms og í samræmi við lög bandalagsins, sem getur haft áhrif á miðlun upplýsinga innan einstakra aðildarríkja svo og innan bandalagsins.

10) Löggjöf aðildarríkjanna um vinnslu persónuupplýsinga er ætlað að vernda grundvallarréttindi og mannfrelsi, ekki síst réttinn til friðhelgi einkalífs, sem eru viðurkennd bæði í 8. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis og í almennum meginreglum laga bandalagsins. Samræming þessara laga má því ekki leiða til minni verndar en þau veita heldur skal þvert á móti leitast við að tryggja mikla vernd í bandalaginu.

11) Meginreglur þessarar tilskipunar um vernd mannréttinda og mannfrelsis, einkum vernd réttarins til friðhelgi einkalífs, eru nánari mótun og rýmkun á reglum í samningi Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga í tengslum við rafræna vinnslu persónuupplýsinga.

12) Reglurnar um vernd skulu gilda um alla vinnslu aðila, sem stunda starfsemi sem lög bandalagsins taka til, á persónuupplýsingum. Þó ber að undanskilja vinnslu einstaklings á upplýsingum ef hún er hluti af starfsemi sem er einungis í þágu hans sjálfs eða fjölskyldu hans, svo sem bréfaskriftir og skrár yfir heimilisföng.

13) Starfsemin, sem um getur í V. og VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, er lýtur að almannaöryggi, landvörnum, öryggi ríkisins eða starfsemi ríkisins á sviði refsilaga, fellur utan lögsögu bandalagsins, samanber þó skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt 2. mgr. 56. gr., 57. gr. eða 100. gr. a í sáttmálanum um Evrópusambandið. Tilskipun þessi tekur ekki til vinnslu persónuupplýsinga sem er nauðsynleg til að vernda efnahagslega farsæld ríkisins, ef slík vinnsla varðar öryggismál ríkisins.

14) Í upplýsingaþjóðfélaginu á sér nú stað mikilvæg framþróun í þeirri tækni sem notuð er til að taka upp, senda, meðhöndla, skrá, geyma upplýsingar eða miðla þeim í hljóði og mynd um einstaklinga og því er rétt að þessi tilskipun gildi um vinnslu slíkra upplýsinga.

15) Þessi tilskipun tekur aðeins til vinnslu slíkra upplýsinga ef vinnslan er með rafrænum hætti eða ef hinar unnu upplýsingar eru geymdar, eða geyma á þær, í skráningarkerfi sem er byggt upp samkvæmt sérstökum viðmiðunum er tengjast einstaklingum þannig að auðvelt sé að nálgast umræddar persónuupplýsingar.

16) Hljóð- og myndvinnsla upplýsinga, til dæmis við eftirlit með aðstoð eftirlitsmyndavéla, fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar ef eftirlitið fer fram vegna almannaöryggis, landvarna, öryggis ríkisins eða starfsemi ríkisins á sviði refsilaga eða vegna annarrar starfsemi sem fellur ekki undir lögsögu bandalagsins.

17) Að því er varðar hljóð- og myndvinnslu upplýsinga vegna fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða list-

rænnar starfsemi, einkum í hljóð- og myndmiðlun, gilda meginreglur tilskipunarinnar á takmarkaðan hátt samkvæmt ákvæðum sem sett eru í 9. gr.

18) Til að tryggja að einstaklingar séu ekki sviptir þeirri vernd sem þeir eiga rétt á samkvæmt þessari tilskipun verður öll vinnsla á persónuupplýsingum í bandalaginu að fara fram í samræmi við lög einhvers aðildarríkis. Í því sambandi verður vinnsla, sem fer fram á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu í aðildarríki, að falla undir lög þess ríkis.

19) Með staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis er átt við virka og raunverulega starfsemi með föstu fyrirkomulagi. Rekstrarform slíks fyrirtækis að lögum, hvort sem einungis er um að ræða útibú eða dótturfyrirtæki með réttarstöðu lögpersónu, hefur ekki úrslitaáhrif að því er þetta varðar. Ábyrgðaraðili, sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði margra aðildarríkja, einkum gegnum dótturfyrirtæki, verður að sjá til þess að hvert fyrirtæki uppfylli þær kröfur, sem innlend lög gera til starfsemi þess, til að komast hjá því að innlendar lagareglur séu sniðgengnar.

20) Þótt vinnsla upplýsinga sé í höndum aðila sem hefur staðfestu í þriðja landi má það ekki koma í veg fyrir að einstaklingar fái þá vernd sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Í slíkum tilvikum skal vinnslan falla undir lög aðildarríkisins þar sem tækin, sem notuð eru við vinnsluna, eru staðsett og skal leggja fram ábyrgðir fyrir því að virt verði réttindi þau og skyldur, sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

21) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði um lögsögu sem gilda í refsimálum.

22) Þegar aðildarríkin setja lög eða gera ráðstafanir á grundvelli þessarar tilskipunar skulu þau skilgreina nánar hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að vinnsla upplýsinga sé lögleg. Ákvæði 5. gr., í tengslum við ákvæði 7. og 8. gr., gera aðildarríkjunum kleift að setja sérstök skilyrði fyrir vinnslu upplýsinga á tilteknum sviðum og með tilliti til hinna ýmsu flokka upplýsinga sem fjallað er um í 8. gr.

23) Aðildarríkin hafa vald til að framfylgja vernd einstaklinga, bæði með almennum lögum um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og með sérlögum, til dæmis um hagstofur.

24) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf um vernd lögpersóna í tengslum við vinnslu upplýsinga sem varða þær.

25) Meginreglur um vernd skulu annars vegar birtast í þeim skyldum sem lagðar eru á einstaklinga, opinber yfirvöld, fyrirtæki, stofnanir eða aðra aðila sem annast vinnslu upplýsinga, einkum að því er varðar gæði upplýsinganna, tæknilegt öryggi, tilkynningar til eftirlitsyfirvalds og hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að vinnslan megi fara fram, og hins vegar í rétti þeirra einstaklinga, sem upplýsingarnar fjalla um, til að fá vitneskju um að vinnsla upplýsinganna eigi sér stað, til að skoða upplýsingarnar, til að krefjast leiðréttinga á þeim og jafnvel til að mótmæla vinnslu þeirra við ákveðnar aðstæður.

26) Meginreglur um vernd skulu gilda um allar upplýsingar er varða persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Til að ákveða hvort maður sé persónugreinanlegur skal tekið mið af öllum aðferðum sem eðlilegt er hugsa sér að ábyrgðaraðili eða annar aðili beiti til að bera kennsl á viðkomandi einstakling. Meginreglur um vernd skulu ekki gilda um upplýsingar sem hafa verið aftengdar persónuauðkennum þannig að ekki er lengur unnt að persónugreina hina skráðu. Siðareglur, í skilningi 27. gr., geta verið hentugt tæki til að leiðbeina um hvernig megi aftengja upplýsingar persónuauðkennum og geyma þær í því formi að ekki sé lengur unnt að persónugreina hina skráðu.

27) Vernda ber einstaklinga hvort sem um er að ræða rafræna eða handunna vinnslu upplýsinga. Umfang þessarar verndar má í reynd ekki vera háð þeirri tækni sem notuð er, þar eð við það skapast hætta á að lögin verði sniðgengin. Að því er viðvíkur handunninni vinnslu tekur þessi tilskipun þó aðeins til skráningarkerfa en ekki til óskipulagðra skráa. Einkum skal skipuleggja innihald skráningarkerfis samkvæmt sérstökum viðmiðunum viðvíkjandi einstaklingum til að auðvelda aðgang að persónuupplýsingunum. Í samræmi við skilgreiningu í c-lið 2. gr. er hverju aðildarríki heimilt að mæla fyrir um hinar ýmsu viðmiðanir sem gera það

kleift að ákvarða efnisþætti skipulagsbundins safns persónuupplýsinga og hinar ýmsu viðmiðanir um aðgang að slíku safni. Skrár eða skráasöfn, sem eru ekki skipulögð samkvæmt tilteknum viðmiðunum, og forsíður þeirra skulu ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

28) Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að vera lögleg og sanngjörn gagnvart hinum skráðu. Einkum skulu upplýsingarnar vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við markmiðin með vinnslunni. Þessi markmið skulu vera nákvæmlega tilgreind og lögmæt og ákveðin við söfnun upplýsinganna. Vinnslumarkmið, sem eru sett að söfnun lokinni, mega ekki vera ósamrýmanleg þeim markmiðum sem voru tilgreind í upphafi.

29) Frekari vinnsla persónuupplýsinga í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst venjulega ekki ósamrýmanleg þeim markmiðum sem voru forsenda söfnunarinnar, að því tilskildu að aðildarríkin setji viðeigandi öryggisákvæði. Þessi öryggisákvæði verða einkum að útiloka notkun upplýsinga til stuðnings ráðstöfunum eða ákvörðunum viðvíkjandi tilteknum einstaklingi.

30) Ef vinnsla persónuupplýsinga á að teljast lögleg verður hún að auki að fara fram með samþykki hins skráða eða vera nauðsynleg fyrir gerð eða framkvæmd samnings sem er bindandi fyrir hinn skráða, eða byggjast á lagaskilyrði, eða fara fram vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds eða í þágu hagsmuna einstaklinga eða lögpersóna, nema hagsmunir, réttindi eða frelsi hins skráða gangi fyrir. *Aðildarríkjum er heimilt*, einkum til að gæta jafnt hagsmuna þeirra sem hlut eiga að máli og tryggja um leið virka samkeppni, að ákveða hvaða skilyrði skuli vera fyrir hendi til að nota megi persónuupplýsingar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við lögmæta venjubundna starfsemi fyrirtækja og annarra aðila. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að tilgreina hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að miðla megi persónuupplýsingum til þriðja aðila vegna markaðssetningar, hvort sem hún er í atvinnuskyni eða á vegum góðgerðafélaga eða annarra samtaka eða stofnana, til dæmis stjórnmálalegs eðlis, samanber þó ákvæði sem heimila skráðum aðila að andmæla, sér að kostnaðarlausu og án rökstuðnings, vinnslu persónuupplýsinga sem lúta að honum.

31) Einnig verður að telja vinnslu persónuupplýsinga löglega ef tilgangurinn með henni er að vernda hagsmuni sem skipta sköpum fyrir líf hins skráða.

32) Aðildarríkin ákveða hvort ábyrgðaraðili, sem vinnur verk í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds skuli vera opinber stjórnsýsluaðili eða annar einstaklingur eða lögpersóna sem heyrir undir opinberan rétt, eða einkamálarétt, svo sem fagfélög.

33) Upplýsingar, sem geta eðli sínu samkvæmt verið brot gegn grundvallarfrelsi eða friðhelgi einkalífs, skulu ekki teknar til vinnslu nema hinn skráði veiti afdráttarlaust samþykki sitt til þess. Þó skal skýrt kveðið á um undanþágur frá þessu banni til að mæta tilteknum þörfum, einkum ef menn, sem eru þagnarskyldir, vinna upplýsingarnar með ákveðnu heilsufarslegu markmiði eða þær eru unnar í tengslum við lögmæta starfsemi tiltekinna samtaka eða stofnana sem hafa það að markmiði að tryggja grundvallarfrelsi.

34) Ef sýna má fram á að brýnir almannahagsmunir krefjist þess skulu aðildarríkin einnig geta vikið frá banni um vinnslu viðkvæmra flokka upplýsinga, til dæmis á sviði almannaheilbrigðis og almannatrygginga, einkum til að tryggja gæði og hagkvæmni málsmeðferðarreglna um uppgjör krafna um bætur og þjónustu í sjúkratryggingakerfi, á sviði vísindarannsókna og opinberra hagskýrslna. Þeim ber þó skylda til að setja sértæk og viðeigandi öryggisákvæði til að vernda grundvallarréttindi manna og rétt þeirra til friðhelgi einkalífs síns.

35) Ef brýnir almannahagsmunir krefjast þess fer auk þess fram vinnsla opinberra yfirvalda á persónuupplýsingum fyrir opinberlega viðurkennd trúarsamtök til að *ná markmiðum samkvæmt* stjórnskipunarlögum eða þjóðarétti.

36) Ef starfsemi vegna kosninga í ákveðnum aðildarríkjum útheimtir að stjórnmálaflokkar safni upplýsingum um stjórnmálaskoðanir manna til að lýðræðiskerfið geti *þjónað hlutverki sínu er heimilt að leyfa vinnslu þessara* upplýsinga ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir krefjist þess, að því tilskildu að sett hafi verið viðeigandi öryggisákvæði.

37) Vinnslu persónuupplýsinga vegna fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi, einkum í hljóð- og myndmiðlun, ber að undanþiggja kröfum tiltekinna ákvæða þessarar tilskipunar að því marki sem

þörf er á til að samræma grundvallarréttindi manna og réttinn til að láta í ljós álit sitt, að meðtöldum réttinum til að fá og miðla vitneskju, eins og meðal annars er kveðið á um í 10. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Því ber aðildarríkjunum að mæla fyrir um nauðsynlegar undanþágur og takmarkanir til að halda jafnvægi milli grundvallarréttinda, að því er varðar almennar ráðstafanir viðvíkjandi lögmæti gagnavinnslu, ráðstafanir um miðlun upplýsinga til þriðju landa og vald eftirlitsyfirvaldsins. Þetta má þó ekki verða til þess að aðildarríkin mæli fyrir um undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja öryggi gagnavinnslu. Einnig er rétt að kveða á um ákveðnar heimildir eftir á til handa eftirlitsyfirvaldinu sem ber ábyrgð á þessu sviði, t.d. heimild til að birta reglubundið skýrslu eða til að vísa málum til dómsyfirvalda.

38) Ef vinnsla upplýsinga á að vera með sanngjörnum hætti verður hinn skráði að geta fengið vitneskju um að vinnsla fari fram og, þegar upplýsingar eru fengnar hjá honum, fengið áreiðanlegar og fullar upplýsingar með hliðsjón af aðstæðum við söfnun.

39) Tilteknar vinnsluaðgerðir taka til upplýsinga sem ábyrgðaraðili hefur ekki fengið beint frá hinum skráða. Enn fremur er unnt að miðla upplýsingum á lögmætan hátt til þriðja aðila þótt það hafi ekki verið fyrirhugað á þeim tíma sem upplýsingarnar voru fengnar hjá hinum skráða. Í öllum þessum tilvikum skal skýra hinum skráða frá þessu þegar upplýsingarnar eru skráðar eða í síðasta lagi þegar upplýsingarnar eru látnar þriðja aðila í té í fyrsta sinn.

40) Ekki er þó nauðsynlegt að kveða á um slíka tilkynningarskyldu ef hinn skráði hefur þegar fengið vitneskju um upplýsingarnar sem skráðar voru eða ef skýrt er kveðið á um skráningu eða miðlun upplýsinganna í lögum eða ef sýnt er að ómögulegt er að veita hinum skráða upplýsingar eða að það kostaði óhóflega fyrirhöfn, sem kann að vera reyndin þegar vinnslan fer fram í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi. Í þessu sambandi er heimilt að taka tillit til fjölda skráðra, aldurs upplýsinganna og þeirra uppbótarráðstafana sem unnt er að gera.

41) Hver og einn skal hafa rétt til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig sem eru í vinnslu, einkum til að sannreyna áreiðanleika upplýsinganna og lögmæti vinnslunnar. Af sömu ástæðum skal sérhver skráður aðili einnig hafa rétt til vitneskju um fyrirkomulag rafrænnar vinnslu upplýsinga um sjálfan sig, að minnsta kosti þegar um er að ræða ákvarðanir sem byggjast á rafrænni gagnavinnslu eins og um getur í 1. mgr. 15. gr. Þessi réttur má ekki skerða viðskiptaleynd eða hugverkarétt, einkum höfundarrétt til verndar hugbúnaði. Þetta má þó ekki verða til þess að hinum skráða sé neitað um allar upplýsingar.

42) Aðildarríkjunum er heimilt, með tilliti til hagsmuna hins skráða eða til að vernda réttindi og frelsi annarra, að takmarka rétt til aðgangs og upplýsinga. Þeim er til dæmis heimilt að ákveða að einungis sé hægt að fá aðgang að heilsufarsupplýsingum fyrir atbeina sérfræðings á heilbrigðissviði.

43) Aðildarríkin geta einnig takmarkað rétt til aðgangs og upplýsinga og tilteknar skyldur ábyrgðaraðila ef það er nauðsynlegt, til dæmis vegna þjóðaröryggis, landvarna, almannaöryggis eða mikilvægra efnahagslegra eða fjárhagslegra hagsmuna aðildarríkis eða Evrópusambandsins sem og vegna rannsókna og lögsókna í refsimálum og aðgerða vegna brota á siðareglum í lögvernduðum atvinnugreinum. Undantekningar og takmarkanir skulu einnig ná til eftirlits-, skoðunar- og reglusetningarstarfa sem eru nauðsynleg á þremur síðastnefndu sviðum er varða almannaöryggi, efnahagslega eða fjárhagslega hagsmuni og forvarnastarf í glæpamálum. Þetta hefur þó ekki áhrif á lögmæti undantekninga eða takmarkana vegna öryggis ríkisins eða landvarna.

44) Aðildarríkin geta einnig neyðst til, vegna ákvæða í lögum bandalagsins, að víkja frá ákvæðum þessarar tilskipunar um rétt til aðgangs, tilkynningarskyldu gagnvart einstaklingum og gæði upplýsinganna, til að tryggja að ákveðin markmið, sem um getur hér að framan, nái fram að ganga.

45) Í tilvikum þar sem unnt er að vinna upplýsingar á lögmætan hátt með skírskotun í almannahagsmuni, beitingu opinbers valds eða lögmæta hagsmuni einstaklings eða lögpersónu skal sérhver skráður aðili eftir sem áður hafa rétt til að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna. Aðildarríkin geta þó sett í löggjöf sína ákvæði um hið gagnstæða.

46) Vernd réttinda og frelsis skráðra aðila í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga útheimtir að gerðar séu viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, bæði

við hönnun vinnslukerfisins og í vinnslunni sjálfri, einkum til að varðveita öryggi og koma þannig í veg fyrir óleyfilega vinnslu. Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að ábyrgðaraðilar hlíti þessum ráðstöfunum. Ráðstafanirnar verða að tryggja nægilegt öryggi, að teknu tilliti til nýjustu tækni og kostnaðar við framkvæmd þeirra miðað við þá áhættu sem vinnslan felur í sér og hvers konar upplýsingar á að vernda.

47) Þegar send eru boð, sem innihalda persónuupplýsingar, með aðstoð fjarskipta- eða tölvupóstþjónustu sem gerir það eitt að senda slík boð, telst ábyrgðaraðili að venju til upphafsmaður boðanna, að því er varðar persónuupplýsingarnar í boðunum, fremur en sá sem annast sendingarþjónustuna. Þeir sem annast slíka þjónustu teljast þó að jafnaði ábyrgðaraðilar að því er varðar vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem þarf til viðbótar til að unnt sé að inna þjónustuna af hendi.

48) Málsmeðferðarreglur um tilkynningu til eftirlitsyfirvalds eru samdar með það fyrir augum að tryggja að markmið og helstu einkenni vinnslunnar verði birt til að sannreyna að vinnslan sé í samræmi við innlend ákvæði sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar.

49) Til að unnt sé að komast hjá óhentugum formsatriðum í stjórnsýslunni er aðildarríkjunum heimilt að leyfa undanþágur frá og einföldun á tilkynningarskyldu um vinnslu sem ólíklegt er að brjóti í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila, að því tilskildu að það sé í samræmi við ráðstöfun sem viðkomandi aðildarríki samþykkir þar sem takmörk vinnslunnar eru tilgreind. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að kveða á um undanþágu frá tilkynningu eða um einföldun á tilkynningu ef aðili, sem ábyrgðaraðili útnefnir, sér til þess að ólíklegt sé að vinnslan, sem fram fer, fari í bága við réttindi og frelsi hinna skráðu. Þessi gagnaverndarfulltrúi, hvort sem hann er starfsmaður ábyrgðaraðila eða ekki, skal geta unnið starf sitt alveg sjálfstætt.

50) Unnt er að kveða á um undanþágu frá eða einföldun á tilkynningu þegar um er að ræða vinnslu í þeim tilgangi einum að halda skrá sem er gerð í samræmi við innlend lög í því skyni að veita almenningi upplýsingar og sem almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem getur sýnt fram á að hann hafi lögmætra hagsmuna að gæta.

51) Þótt ábyrgðaraðili eigi kost á einföldun á eða undanþágu frá tilkynningarskyldu leysir það hann ekki undan öðrum skyldum samkvæmt þessari tilskipun.

52) Í þessu tilviki telst sannprófun lögbæru yfirvaldanna eftir á almennt nægja.

53) Sum vinnsla getur þó falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi hinna skráðu vegna eðlis hennar, umfangs eða markmiða, svo sem vinnsla í þeim tilgangi að útiloka einstaklinga frá því nýta sér rétt, fá bætur eða ná samningi, eða vegna notkunar nýrrar tækni. Aðildarríkjunum er í sjálfsvald sett að tilgreina slíkar hættur í löggjöf sinni.

54) Miðað við alla þá vinnslu sem fer fram í þjóðfélaginu ætti umfang þeirrar vinnslu sem skapar þessa sérstöku hættu að vera ákaflega takmarkað. Aðildarríkin skulu kveða á um að eftirlitsyfirvaldið eða gagnaverndarfulltrúi í samráði við eftirlitsyfirvaldið, skuli athuga slíka vinnslu áður en hún fer fram. Að lokinni slíkri forathugun er eftirlitsyfirvaldinu heimilt að leggja fram álit sitt á vinnslunni eða veita leyfi fyrir henni í samræmi við innlenda löggjöf. Forathugunin getur einnig verið liður í undirbúningi laga frá löggjafarþingi aðildarríkisins, eða undirbúningi annarrar ráðstöfunar sem heimild er fyrir í slíkum lögum, þar sem eðli vinnslunnar er skilgreint og viðeigandi öryggisákvæði sett.

55) Í löggjöf aðildarríkjanna skal kveðið á um réttarúrræði í þeim tilvikum þar sem ábyrgðaraðili virðir ekki réttindi hinna skráðu. Ábyrgðaraðila er skylt að bæta tjón sem aðili verður fyrir vegna ólöglegrar vinnslu, en heimilt er að undanþiggja hann skaðabótaábyrgð ef hann sannar að hann eigi ekki sök á tjóninu, einkum ef hann sýnir fram á að hinn skráði hafi gert mistök eða aðstæður hafi verið óviðráðanlegar. Hver sá aðili sem brýtur gegn innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, skal sæta viðurlögum hvort sem hann heyrir undir einkamálarétt eða opinberan rétt.

56) Flæði upplýsinga yfir landamæri er nauðsynlegt vegna vaxandi alþjóðaviðskipta. Sú vernd einstaklinga, sem tryggð er í bandalaginu með þessari tilskipun, kemur ekki veg fyrir miðlun persónuupplýsinga til þriðju

landa þar sem viðunandi vernd er tryggð. Meta verður hvort verndin, sem þriðja land veitir, er viðunandi með hliðsjón af öllum aðstæðum sem hafa áhrif á miðlunaraðgerðina eða viðkomandi tegund miðlunaraðgerða.

57) Leggja skal bann við miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands sem tryggir ekki viðunandi vernd.

58) Rétt er að kveða á um undanþágur frá þessu banni við tilteknar aðstæður þar sem hinn skráði hefur veitt samþykki sitt, ef miðlun er nauðsynleg í tengslum við samning eða dómsmál, ef þörf er á því til að vernda brýna almannahagsmuni, til dæmis þegar um er að ræða alþjóðlega miðlun upplýsinga milli skatt- eða tollyfirvalda eða milli almannatryggingayfirvalda eða þegar miðlað er úr skrá sem er gerð í samræmi við lög og almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta. Ekki er þó rétt að þessi miðlun taki til allra upplýsinga eða heilla flokka upplýsinga í viðkomandi skrá og ef fyrirhugað er að veita þeim aðgang að skránni sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta skal miðlunin aðeins fara fram að beiðni þessara aðila eða ef þeir eru sjálfir viðtakendur.

59) Gera má sérstakar ráðstafanir til að bæta upp skort á vernd í þriðja landi ef ábyrgðaraðili leggur fram viðeigandi tryggingar. Enn fremur skulu sett ákvæði um málsmeðferð fyrir samningaviðræður milli bandalagsins og þessara þriðju ríkja.

60) Hvað sem öðru líður er miðlun upplýsinga til þriðju landa aðeins heimil ef hún er í fullu samræmi við ákvæði sem aðildarríkin samþykkja á grundvelli þessarar tilskipunar, einkum 8. gr.

61) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, hvert á sínu valdsviði, hvetja atvinnugreinasamtök og önnur fulltrúasamtök, sem hlut eiga að máli, til að semja siðareglur í því skyni að auðvelda beitingu þessarar tilskipunar, með hliðsjón af hinum sérstöku eiginleikum þeirrar vinnslu sem fer fram á tilteknum sviðum og í samræmi við innlend ákvæði sem samþykkt eru vegna framkvæmdar tilskipunarinnar.

62) Stofnun eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjunum, sem vinna störf sín alveg sjálfstætt, er grunnþáttur í vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

63) Þessi yfirvöld skulu fá nauðsynlegar heimildir til að vinna skyldustörf sín, þar á meðal heimildir til rannsóknar og íhlutunar, einkum að því er varðar kærur frá einstaklingum, og heimild til að fara með mál fyrir dóm. Þessi yfirvöld skulu stuðla að því að gagnsæi vinnslunnar verði tryggt í því aðildarríki þar sem þau eiga lögsögu.

64) Yfirvöld í hinum ýmsu aðildarríkjum skulu skiptast á aðstoð við skyldustörf sín til að tryggja að verndarreglunum sé fylgt til hins ítrasta í öllu bandalaginu.

65) Á vettvangi bandalagsins skal stofna starfshóp um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og skal hópurinn starfa alveg sjálfstætt. Hann skal vera ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina í krafti sjálfstæðis síns, og skal einkum stuðla að samræmdri beitingu innlendra reglna sem samþykktar eru á grundvelli þessarar tilskipunar.

66) Með hliðsjón af miðlun gagna til þriðju landa er nauðsynlegt, til að unnt sé að beita þessari tilskipun, að veita framkvæmdastjórninni heimildir til að koma henni í framkvæmd og koma á málsmeðferð eins og mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins 87/373/EBE ([1]).

67) Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag um framkvæmd lagagerða sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b í sáttmála EB.

68) Heimilt er að bæta við eða skýra nánar meginreglur þessarar tilskipunar um vernd mannréttinda og mannfrelsis, einkum vernd réttarins til friðhelgi einkalífs, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, einkum að því er varðar tiltekin svið, með því að setja sérreglur sem skulu vera í samræmi við þessar meginreglur.

69) Eftir að innlend lagaákvæði, sem lögleiða tilskipunina, öðlast gildi hafa aðildarríkin þrjú ár til að byrja, í áföngum, að beita þessum nýju innlendu reglum við alla vinnslu sem þegar var hafin. Til að auðvelda kostnaðarhagkvæmni í framkvæmd þeirra skulu aðildarríkin

([1]) Stjtíð. EB nr. L 197, 18. 7. 1987, bls. 33.

fá viðbótarfrest, sem rennur út 12 árum eftir að tilskipun þessi var samþykkt, til að tryggja samræmi milli þeirra handunnu skráningarkerfa sem eru fyrir hendi og tiltekinna ákvæða tilskipunarinnar. Ef upplýsingar í slíkum skráningarkerfum eru handunnar á hinum framlengda aðlögunartíma skulu kerfin færð til samræmis við fyrrnefnd ákvæði tilskipunarinnar þegar sú vinnsla fer fram.

70) Ekki er nauðsynlegt að skráður aðili veiti samþykki sitt öðru sinni til að ábyrgðaraðila sé heimilt til að halda áfram að vinna viðkvæmar upplýsingar, eftir að innlend ákvæði sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar taka gildi, ef upplýsingarnar eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd samnings sem gerður er með óþvinguðu og upplýstu samþykki áður en þessi ákvæði taka gildi.

71) Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki samþykki reglur um markaðssetningu sem miðast við neytendur sem búa á yfirráðasvæði þess, að því marki sem slíkar reglur lúta ekki að vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

72) Tilskipun þessi gerir kleift að taka mið af meginreglunni um aðgang almennings að opinberum skjölum við framkvæmd ákvæða hennar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið tilskipunarinnar

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við þessa tilskipun, vernda grundvallarréttindi og -frelsi manna, einkum rétt þeirra til friðhelgi einkalífs síns, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

2. Aðildarríkin skulu hvorki takmarka né banna frjálst flæði persónuupplýsinga milli aðildarríkjanna með skírskotun í ástæður sem tengjast þeirri vernd sem veitt er samkvæmt 1. mgr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „persónuupplýsingar“: allar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („hinn skráða“). Maður telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti;

b) „vinnsla persónuupplýsinga“ („vinnsla“): aðgerð eða röð aðgerða, rafrænna eða annarra en rafrænna, svo sem söfnun, skráning, kerfisbinding, geymsla, aðlögun eða breyting, heimt, leit, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samantenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, afmáun eða eyðilegging;

c) „skráningarkerfi fyrir persónuupplýsingar“ („skráningarkerfi“): allar skipulagsbundnar persónuupplýsingar sem eru aðgengilegar samkvæmt tilteknum viðmiðunum, hvort sem þær eru miðlægar, dreifðar eða skipt upp eftir notkun eða staðsetningu;

d) „ábyrgðaraðili“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða annar aðili sem ákveður, einn og sér eða í samvinnu við aðra, markmið og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Ef markmið og aðferðir við vinnsluna eru ákveðin í innlendum lögum og reglugerðum eða lögum og reglugerðum bandalagsins er heimilt að tilgreina ábyrgðaraðila eða tilteknar viðmiðanir um útnefningu hans í lögum viðkomandi lands eða bandalagsins;

e) „vinnsluaðili“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða annar aðili sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila;

f) „þriðji aðili“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða aðrir aðilar, nema hinn skráði, ábyrgðaraðili, vinnsluaðili og einstaklingar sem hafa heimild til að vinna upplýsingar samkvæmt beinu umboði frá ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila;

g) „viðtakandi“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða annar aðili sem fær upplýsingar, hvort sem hann er þriðji aðili eða ekki; yfirvöld, sem kunna að fá upplýsingar sem svar við einstökum fyrirspurnum, teljast þó ekki viðtakendur;

h) „samþykki skráðs aðila“: óþvinguð, sértæk og upplýst viljayfirlýsing skráðs aðila um að hann samþykki vinnslu persónuupplýsinga er varða hann sjálfan.

3. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um vinnslu persónuupplýsinga sem er með rafrænum hætti að hluta eða í heild, og um vinnslu með öðrum aðferðum en rafrænum á persónuupplýsingum sem eru geymdar, eða geyma á, í skráningarkerfi.

2. Tilskipun þessi tekur ekki til vinnslu persónuupplýsinga:

— vegna starfsemi sem fellur utan gildissviðs laga bandalagsins, svo sem starfsemi sem kveðið er á um í V. og VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, og alls ekki til vinnslu sem varðar almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins (þar á meðal efnahagslega farsæld ríkisins ef vinnslan tengist öryggismálum ríkisins) og starfsemi ríkisins á sviði refsilaga.

— af hálfu einstaklings ef vinnslan er hluti af starfsemi sem er einungis í þágu hans sjálfs eða fjölskyldu hans.

4. gr.

Gildandi innlend lög

1. Aðildarríkin skulu beita innlendum ákvæðum, sem þau samþykkja á grundvelli þessarar tilskipunar, þegar um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga:

a) sem fer fram í tengslum við starfsemi fyrirtækis ábyrgðaraðila á yfirráðasvæði aðildarríkis; ef sami ábyrgðaraðili hefur staðfestu á yfirráðasvæði margra aðildarríkja verður hann að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvert þessara fyrirtækja uppfylli þær skyldur sem mælt er fyrir um í gildandi innlendum lögum;

b) af hálfu ábyrgðaraðila sem hefur ekki staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis heldur á stað þar sem innlend lög þess gilda í krafti þjóðaréttar;

d. að leita úrræða sé ekki orðið við beiðni hans um staðfestingu eða, eftir því sem við á, tilkynningu, leiðréttingu eða afmáun eins og greinir í stafliðum b og c þessarar greinar.

9. gr.

Undantekningar og takmarkanir

1. Engar undantekningar frá ákvæðum 5., 6. og 8. gr. samnings þessa skulu leyfðar nema innan þeirra marka sem í grein þessari er kveðið á um.

2. Frávik frá ákvæðum 5., 6. og 8. gr. samnings þessa er leyfilegt þegar gert er ráð fyrir slíku fráviki í lögum aðila og það er nauðsynleg ráðstöfun í lýðræðisþjóðfélagi til þess að:

a. vernda öryggi ríkisins, almannaöryggi, fjárhagslega hagsmuni ríkisins eða til þess að hamla gegn lögbrotum.

b. vernda skráðan aðila eða réttindi og frelsi annarra.

3. Takmarka má með lögum að réttindum þeim sem tilgreind eru í stafliðum b, c og d 8. gr. sé framfylgt að því er varðar vélrænar skrár með persónuupplýsingum sem notaðar eru fyrir tölfræðilegar upplýsingar eða við vísindalegar rannsóknir þegar auðsætt er að engin hætta er á skerðingu friðhelgi einkalífs skráðs aðila.

10. gr.

Viðurlög og úrræði

Hver aðili tekst á hendur að setja reglur um hæfileg viðurlög og úrræði vegna brota á ákvæðum laga sem veita gildi þeim grundvallarreglum um vernd upplýsinga er greinir í kafla þessum.

11. gr.

Rýmkuð vernd

Ekkert ákvæði kafla þessa skal túlkað á þann hátt að það takmarki eða hafi á annan hátt áhrif á að aðili geti veitt skráðum aðilum víðtækari vernd en þá er samningur þessi kveður á um.

c. to obtain, as the case may be, rectification or erasure of such data if these have been processed contrary to the provisions of domestic law giving effect to the basic principles set out in Articles 5 and 6 of this convention;

d. to have a remedy if a request for confirmation or, as the case may be, communication, rectification or erasure as referred to in paragraphs b and c of this article is not complied with.

Article 9

Exemptions and restrictions

1. No exception to the provisions of Articles 5, 6 and 8 of this convention shall be allowed except within the limits defined in this article.

2. Derogation from the provisions of Articles 5, 6 and 8 of this convention shall be allowed when such derogation is provided for by the law of the Party and constitutes a necessary measure in a democratic society in the interests of:

a. protecting State security, public safety, the monetary interests of the State or the suppression of criminal offences;

b. protecting the data subject or the rights and freedoms of others.

3. Restrictions on the exercise of the rights specified in Article 8, paragraphs b, c and d, may be provided by law with respect to automated personal data files used for statistics or for scientific research purposes when there is obviously no risk of an infringement of the privacy of the data subjects.

Article 10

Sanctions and remedies

Each Party undertakes to establish appropriate sanctions and remedies for violations of provisions of domestic law giving effect to the basic principles for data protection set out in this chapter.

Article 11

Extended protection

None of the provisions of this chapter shall be interpreted as limiting or otherwise affecting the possibility for a Party to grant data subjects a wider measure of protection than that stipulated in this convention.

III. KAFLI – STREYMI UPPLÝSINGA YFIR LANDAMÆRI

12. gr.

Streymi persónuupplýsinga yfir landamæri og lög

1. Þegar persónuupplýsingar sem unnar eru vélrænt eða safnað í því skyni að vinna þær vélrænt eru fluttar yfir landamæri skulu eftirfarandi ákvæði gilda og skiptir ekki máli hvaða miðill notaður er.

2. Aðili skal ekki í þeim tilgangi einum að vernda friðhelgi einkalífs banna eða áskilja sérstaka heimild fyrir streymi yfir landamæri á persónuupplýsingum sem eiga að berast til landssvæðis annars aðila.

3. Eigi að síður er aðila heimilt að víkja frá ákvæðum 2. tl.:

a. að því marki sem löggjöf hans hefur að geyma sérstakar reglur um ákveðna flokka persónuupplýsinga eða vélrænna skráa með persónuupplýsingum vegna eðlis þessara upplýsinga eða þessara skráa, nema þegar reglur hins aðilans kveða á um sams konar vernd.

b. þegar flutningur á sér stað frá landssvæði hans um landssvæði annars aðila til landssvæðis þess ríkis sem ekki er aðili að samningi þessum, í því skyni að koma í veg fyrir að slíkir flutningar leiði til þess að komist verði undan lögum aðilans sem um getur í upphafi töluliðar þessa.

CHAPTER III – TRANSBORDER DATA FLOWS

Article 12

Transborder flows of personal data and domestic law

1. The following provisions shall apply to the transfer across national borders, by whatever medium, of personal data undergoing automatic processing or collected with a view to their being automatically processed.

2. A Party shall not, for the sole purpose of the protection of privacy, prohibit or subject to special authorization transborder flows of personal data going to the territory of another Party.

3. Nevertheless, each Party shall be entitled to derogate from the provisions of paragraph 2:

a. insofar as its legislation includes specific regulations for certain categories of personal data or of automated personal data files, because of the nature of those data or those files, except where the regulations of the other Party provide an equivalent protection;

b. when the transfer is made from its territory to the territory of a non-Contracting State through the intermediary of the territory of another Party, in order to avoid such transfers resulting in circumvention of the legislation of the Party referred to at the beginning of this paragraph.

IV. KAFLI – GAGNKVÆM AÐSTOÐ

13. gr.

Samvinna milli aðila

1. Aðilar eru sammála um að veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð við framkvæmd samnings þessa.

2. Í þeim tilgangi:

a. skal hver aðili nefna til eitt stjórnvald eða fleiri og skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins nafn og heimilisfang hvers þeirra.

b. skal hver aðili sem nefnt hefur til fleiri en eitt stjórnvald greina frá valdsviði hvers stjórnvalds í tilkynningu þeirri er um getur í síðasta staflið.

3. Stjórnvöld sem aðili hefur nefnt til skal að beiðni stjórnvalds sem annar aðili hefur tilnefnt:

a. láta í té upplýsingar um lög hans og stjórnsýsluhætti á sviði upplýsingaverndar.

b. gera allar viðeigandi ráðstafanir í samræmi við lög hans til að láta í té upplýsingar varðandi tilgreinda vélræna vinnslu sem fram fer á lands-

CHAPTER IV – MUTUAL ASSISTANCE

Article 13

Co-operation between Parties

1. The Parties agree to render each other mutual assistance in order to implement this convention.

2. For that purpose:

a. each Party shall designate one or more authorities, the name and address of each of which it shall communicate to the Secretary General of the Council of Europe;

b. each Party which has designated more than one authority shall specify in its communication referred to in the previous sub-paragraph the competence of each authority.

3. An authority designated by a Party shall at the request of an authority designated by another Party:

a. furnish information on its law and administrative practice in the field of data protection;

b. take, in conformity with its domestic law and for the sole purpose of protection of privacy, all appropriate measures for furnishing factual infor-

svæði hans, þó að undanskildum persónuupplýsingum sem vinnslan lýtur að, í þeim eina tilgangi að vernda friðhelgi einkalífsins.

14. gr.

Aðstoð við skráðan aðila búsettan erlendis

1. Hver aðili skal aðstoða hvern þann mann sem búsettur er erlendis við að framfylgja réttindum þeim sem veitt eru í lögum hans sem veita gildi þeim grundvallarreglum er um getur í 8. gr. samnings þessa.

2. Sé hann búsettur á landssvæði annars aðila skal honum gefinn kostur á að leggja fram beiðni sína fyrir milligöngu stjórnvalds sem tilnefnt er af þeim aðila.

3. Beiðni um aðstoð skal greina öll nauðsynleg atriði m.a. um:

a. nafn, heimilisfang og önnur viðeigandi atriði sem sanna deili á þeim er beiðnina leggur fram,

b. hina vélrænu skrá með persónuupplýsingum sem beiðnin beinist að eða skrárhaldara hennar,

c. tilgang beiðninnar.

15. gr.

Öryggisráðstafanir varðandi aðstoð sem tilnefnd stjórnvöld veita

1. Nú hafa stjórnvaldi sem aðili hefur tilnefnt borist upplýsingar frá stjórnvaldi er annar aðili hefur nefnt til, annaðhvort upplýsingar sem fylgja beiðni um aðstoð eða upplýsingar sem eru svar við eigin beiðni um aðstoð, og skal því þá óheimilt að nota þær upplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem greindur er í beiðninni um aðstoð.

2. Hver aðili skal sjá um að menn þeir sem tilheyra eða starfa á vegum hins tilnefnda stjórnvalds séu bundnir tilhlýðilegri þagnar- og trúnaðarskyldu varðandi þessar upplýsingar.

3. Tilnefnt stjórnvald má ekki í neinu tilviki leggja fram fyrir hönd skráðs aðila sem búsettur er erlendis beiðni um aðstoð samkvæmt 2. tl. 14. gr. að eigin frumkvæði og án skýlauss samþykkis þess er hlut á að máli.

16. gr.

Synjun á aðstoðarbeiðni

Tilnefnt stjórnvald sem beiðni um aðstoð er beint til samkvæmt 13. og 14. gr. samnings þessa getur ekki hafnað henni nema:

a. beiðnin sé ósamrýmanleg þeim heimildum á sviði upplýsingaverndar sem þau stjórnvöld hafa er ber að svara,

mation relating to specific automatic processing carried out in its territory, with the exception however of the personal data being processed.

Article 14

Assistance to data subjects resident abroad

1. Each Party shall assist any person resident abroad to exercise the rights conferred by its domestic law giving effect to the principles set out in Article 8 of this convention.

2. When such a person resides in the territory of another Party he shall be given the option of submitting his request through the intermediary of the authority designated by that Party.

3. The request for assistance shall contain all the necessary particulars, relating *inter alia* to:

a. the name, address and any other relevant particulars identifying the person making the request;

b. the automated personal data file to which the request pertains, or its controller;

c. the purpose of the request.

Article 15

Safeguards concerning assistance rendered by designated authorities

1. An authority designated by a Party which has received information from an authority designated by another Party either accompanying a request for assistance or in reply to its own request for assistance shall not use that information for purposes other than those specified in the request for assistance.

2. Each Party shall see to it that the persons belonging to or acting on behalf of the designated authority shall be bound be appropriate obligations of secrecy or confidentiality with regard to that information.

3. In no case may a designated authority be allowed to make under Article 14, paragraph 2, a request for assistance on behalf of a data subject resident abroad, of its own accord and without the express consent of the person concerned.

Article 16

Refusal of requests for assistance

A designated authority to which a request for assistance is addressed under Articles 13 or 14 of this convention may not refuse to comply with it unless:

a. the request is not compatible with the powers in the field of data protection of the authorities responsible for replying;

b. beiðnin sé ekki í samræmi við ákvæði samnings þessa,

c. að verða við beiðninni væri ósamrýmanlegt fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu (ordre public) þess aðila sem tilnefndi það eða réttindum og grundvallarfrelsi manna undir lögsögu þess aðila.

b. the request does not comply with the provisions of this convention;

c. compliance with the request would be incompatible with the sovereignty, security or public policy (*ordre public*) of the Party by which it was designated, or with the rights and fundamental freedoms of persons under the jurisdiction of that Party.

17. gr.

Kostnaður og málsmeðferð vegna aðstoðar

1. Gagnkvæm aðstoð sem aðilar veita hver öðrum samkvæmt 13. gr. og aðstoð er þeir veita skráðum aðilum erlendis samkvæmt 14. gr. skal ekki gefa efni til greiðslu kostnaðar né þóknana annarra en þeirra sem stofnast vegna sérfræðinga og túlka. Síðast greindan kostnað eða þóknun skal sá aðili greiða sem tilnefndi stjórnvald það sem bað um aðstoð.

2. Skráðan aðila má ekki krefja um kostnað eða þóknun í sambandi við aðgerðir framkvæmdar í þágu hans á landssvæði annars aðila, önnur en þau gjöld er íbúum landssvæðis þess aðila ber að greiða.

3. Önnur atriði viðvíkjandi aðstoð er varða sérstaklega þann hátt, þá málsmeðferð og það tungumál er nota skal skulu hlutaðeigandi aðilar ákveða beint sín á milli.

Article 17

Costs and procedures of assistance

1. Mutual assistance which the Parties render each other under Article 13 and assistance they render to data subjects abroad under Article 14 shall not give rise to the payment of any costs or fees other than those incurred for experts and interpreters. The latter costs or fees shall be borne by the Party which has designated the authority making the request for assistance.

2. The data subject may not be charged costs or fees in connection with the steps taken on his behalf in the territory of another Party other than those lawfully payable by residents of that Party.

3. Other details concerning the assistance relating in particular to the forms and procedures and the languages to be used, shall be established directly between the Parties concerned.

V. KAFLI – RÁÐGJAFARNEFND

18. gr.

Skipan nefndarinnar

1. Þegar samningur þessi hefur öðlast gildi skal sett á stofn ráðgjafarnefnd.

2. Hver aðili skal nefna fulltrúa í nefndina og varafulltrúa. Hvert aðildarríki Evrópuráðsins sem ekki er aðili að samningi þessum á rétt á að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

3. Ráðgjafarnefndin getur með samhljóða ákvörðun boðið ríki sem ekki er aðili að Evrópuráðinu og ekki er aðili að samningi þessum að eiga áheyrnarfulltrúa á tilteknum fundi.

CHAPTER V – CONSULTATIVE COMMITTEE

Article 18

Composition of the committee

1. A Consultative Committee shall be set up after the entry into force of this convention.

2. Each Party shall appoint a representative to the committee and a deputy representative. Any member State of the Council of Europe which is not a Party to the convention shall have the right to be represented on the committee by an observer.

3. The Consultative Committee may, by unanimous decision, invite any non-member State of the Council of Europe which is not a Party to the convention to be represented by an observer at a given meeting.

19. gr.

Hlutverk nefndarinnar

Ráðgjafarnefndin:

a. getur gert tillögur í því skyni að auðvelda og bæta framkvæmd samningsins,

Article 19

Functions of the committee

The Consultative Committee:

a. may make proposals with a view to facilitating or improving the application of the convention;

b. getur gert tillögur um breytingar á samningi þessum í samræmi við 21. gr.,

c. skal leggja fram álit sitt á sérhverri tillögu um breytingu á samningi þessum sem vísað er til hennar í samræmi við 2. tl. 21. gr.,

d. getur að beiðni aðila látið í ljósi álit sitt á sérhverju atriði varðandi framkvæmd samnings þessa.

20. gr.
Málsmeðferð

1. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins kallar ráðgjafarnefndina saman. Fyrsti fundur hennar skal haldinn innan tólf mánaða frá gildistöku samnings þessa. Hún skal síðan koma saman til fundar a.m.k. einu sinni á hverjum tveimur árum og ávallt þegar einn þriðji hluti fulltrúa aðilanna óskar þess að hún komi saman.

2. Ráðgjafarnefndin er ályktunarfær þegar fulltrúar meiri hluta aðila eru á fundi.

3. Eftir hvern fund skal ráðgjafarnefndin leggja fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins skýrslu um störf sín og framkvæmd samningsins.

4. Ráðgjafarnefndin setur sér fundarsköp í samræmi við ákvæði samnings þessa.

VI. KAFLI - BREYTINGAR
21. gr.
Breytingar

1. Aðili, ráðherranefnd Evrópuráðsins og ráðgjafarnefndin geta lagt fram tillögur um breytingar á samningi þessum.

2. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda sérhverja breytingartillögu til aðildarríkja Evrópuráðsins og sérhvers ríkis, sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, en gerst hefur aðili eða boðin hefur verið aðild að samningi þessum skv. 23. gr.

3. Ennfremur skal sérhver breyting sem aðili eða ráðherranefndin leggur til send ráðgjafarnefndinni er skal láta ráðherranefndinni í té álit sitt á breytingartillögunni.

4. Ráðherranefndin skal taka breytingartillöguna til athugunar svo og sérhvert álit frá ráðgjafarnefndinni og getur samþykkt breytinguna.

b. may make proposals for amendment of this convention in accordance with Article 21;

c. shall formulate its opinion on any proposal for amendment of this convention which is referred to it in accordance with Article 21, paragraph 3;

d. may, at the request of a Party, express an opinion on any question concerning the application of this convention.

Article 20
Procedure

1. The Consultative Committee shall be convened by the Secretary General of the Council of Europe. Its first meeting shall be held within twelve months of the entry into force of this convention. It shall subsequently meet at least once every two years and in any case when one-third of the representatives of the Parties request its convocation.

2. A majority of representatives of the Parties shall constitute a quorum for a meeting of the Consultative Committee.

3. After each of its meetings, the Consultative Committee shall submit to the Committee of Ministers of the Council of Europe a report on its work and on the functioning of the convention.

4. Subject to the provisions of this convention, the Consultative Committee shall draw up its own Rules of Procedure.

CHAPTER VI - AMENDMENTS
Article 21
Amendments

1. Amendments to this convention may be proposed by a Party, the Committee of Ministers of the Council of Europe or the Consultative Committee.

2. Any proposal for amendment shall be communicated by the Secretary General of the Council of Europe to the member States of the Council of Europe and to every non-member State which has acceded to or has been invited to accede to this convention in accordance with the provisions of Article 23.

3. Moreover, any amendment proposed by a Party or the Committee of Ministers shall be communicated to the Consultative Committee, which shall submit to the Committee of Ministers its opinion on that proposed amendment.

4. The Committee of Ministers shall consider the proposed amendment and any opinion submitted by the Consultative Committee and may approve the amendment.

5. Texta sérhverrar breytingar sem ráðherranefndin hefur samþykkt í samræmi við 4. tl. þessarar greinar skal komið til aðilanna til samþykktar.

6. Breyting sem samþykkt hefur verið í samræmi við 4. tl. þessarar greinar skal ganga í gildi á þrítugasta degi eftir að allir aðilar hafa tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum um samþykkt.

5. The text of any amendment approved by the Committee of Ministers in accordance with paragraph 4 of this article shall be forwarded to the Parties for acceptance.

6. Any amendment approved in accordance with paragraph 4 of this article shall come into force on the thirtieth day after all Parties have informed the Secretary General of their acceptance thereof.

VII. KAFLI – LOKAÁKVÆÐI

22. gr.

Gildistaka

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm aðildarríki Evrópuráðsins hafa látið í ljósi samþykki sitt um að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði næsta töluliðar hér að framan.

3. Gagnvart aðildarríki sem síðar lætur í ljósi samþykki sitt um að vera bundið af samningnum skal hann öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjal er afhent.

23. gr.

Aðild ríkja sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu

1. Eftir gildistöku samnings þessa getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið hvaða ríki sem er, sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, að gerast aðili að honum með ákvörðun sem tekin er með þeim meiri hluta sem tilskilinn er í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa samningsríkjanna sem rétt eiga til setu í nefndinni.

2. Gagnvart ríki sem þannig gerist aðili skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi sem aðildarskjal er afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

CHAPTER VII – FINAL CLAUSES

Article 22

Entry into force

1. This convention shall be open for signature by the member States of the Council of Europe. It is subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. This convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date on which five member States of the Council of Europe have expressed their consent to be bound by the convention in accordance with the provisions of the preceding paragraph.

3. In respect of any member State which subsequently expresses its consent to be bound by it, the convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 23

Accession by non-member States

1. After the entry into force of this convention, the Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any State not a member of the Council of Europe to accede to this convention by a decision taken by the majority provided for in Article 20.d of the Statute of the Council of Europe and by the unanimous vote of the representatives of the Contracting States entitled to sit on the committee.

2. In respect of any acceding State, the convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

24. gr.
Ákvæði um landssvæði

1. Hvert ríki getur við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals tilgreint það eða þau landssvæði sem samningur þessi á að ná til.

2. Hvert ríki getur hvenær sem er síðar með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins látið samning þennan ná til hvaða annars landssvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Gagnvart slíku landssvæði skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur töluliðum má afturkalla fyrir hvert það landssvæði sem þar er greint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

Article 24
Territorial clause

1. Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this convention shall apply.

2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

25. gr.
Fyrirvarar

Enga fyrirvara má gera varðandi ákvæði samnings þessa.

Article 25
Reservations

No reservation may be made in respect of the provisions of this convention.

26. gr.
Uppsögn

1. Hver samningsaðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Uppsögn tekur gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi að aðalframkvæmdastjóra berst tilkynningin.

Article 26
Denunciation

1. Any Party may at any time denounce this convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of six months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

27. gr.
Tilkynningar

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins og sérhverju ríki sem gerst hefur aðili að samningi þessum um:

a. sérhverja undirritun,

b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- og aðildarskjals,

c. sérhvern gildistökudag samnings þessa skv. 22., 23. og 24. gr.,

d. sérhverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samning þennan.

Article 27
Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any State which has acceded to this convention of:

a. any signature;

b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c. any date of entry into force of this convention in accordance with Articles 22, 23 and 24;

d. any other act, notification or communication relating to this convention.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 28. janúar 1981 á ensku og frönsku í einu eintaki sem skal varðveitt í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til sérhvers aðildarríkis Evrópuráðsins og sérhvers ríkis sem boðið er að gerast aðili að samningi þessum.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, the 28th day of January 1981, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies of each member State of the Council of Europe and to any State invited to accede to this Convention.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Frumvarp þetta er samið af ráðherraskipaðri nefnd sem falið var að endurskoða lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, vegna gildistöku nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins er lýtur að vernd persónuupplýsinga. Samkvæmt tilskipuninni er aðildarríkjunum skylt að starfrækja stofnun til að fylgja eftir ákvæðum tilskipunarinnar og skal slík stofnun njóta sjálfstæðis í störfum sínum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði á fót stofnun er fær heitið Persónuvernd en stofan og persónuverndarráð gengur undir safnheitinu Persónuvernd. Tekur Persónuvernd við af núverandi tölvunefnd.

Framangreind tilskipun, og þar með þetta frumvarp, byggist á tilkynningarskyldu sem aðalreglu en núgildandi lög byggjast á leyfisveitingu sem aðalreglu. Með tilkynningarskyldu er lögð sú skylda á ábyrgðaraðila að tilkynna Persónuverndar um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga. Eftir sem áður verða sumar vinnslur leyfisskyldar, einkum þar sem safnað er viðkvæmum persónuupplýsingum eða þar sem upplýsingar geta haft bein áhrif á hagsmuni hinna skráðu. Með leyfisveitingum er skráning persónuupplýsinga heimiluð með skilmálum sem metnir eru nauðsynlegir hverju sinni. Þessi breyting á fyrirkomulagi eykur starfsumfang til muna miðað við störf tölvunefndar samkvæmt gildandi lögum. Auk þess að taka við tilkynningum og afgreiða leyfisumsóknir þar sem það á við skal Persónuvernd m.a. fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar um persónuvernd, en nánar er fjallað um hlutverk og starfssviðs Persónuverndar í 37. gr. frumvarpsins.

Áætlað er að frumvarpið hafi eftirtalin fjárhagsleg áhrif í för með sér.

1. Árlegur rekstrarkostnaður Persónuverndar er talinn nema um 40,5 m.kr. Er þar miðað við að starfsmenn verði átta talsins, eða einn framkvæmdastjóri, tveir lögfræðingar, þrír tæknimenn og tveir starfsmenn á skrifstofu. Launagjöld starfsmanna eru áætluð 28,4 m.kr. Annar rekstrarkostnaður en laun er áætlaður 12,1 m.kr. Þar af eru 5,3 m.kr. vegna leigu, rafmagns, hita og annars húsnæðiskostnaðar. Þá eru 3,4 m.kr. áætlaðar í almennan rekstrarkostnað, svo sem síma, tölvurekstur, prentun, akstur o.fl. Loks er árlegur ferðakostnaður áætlaður 3,4 m.kr. miðað við að framkvæmdastjóri og sérfræðingar stofnunarinnar þurfi að fara alls um 20 ferðir erlendis á ári vegna samráðsfunda á alþjóðlegum vettvangi.

2. Samkvæmt 35. gr. er Persónuvernd heimilt að ákveða að leyfishafi skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti hennar. Erfitt er að meta hve miklar tekjur af slíku eftirliti geta orðið en ætla má að þær gætu orðið 1–2 m.kr. á ári. Þegar viðhaft er eftirlit með mjög umfangsmikilli vinnslu er talið að til þess verði keypt viðbótarvinna og að eftirlitsgjöld standi undir þeim aukakostnaði.
3. Samkvæmt 36. gr. skal skipa fimm menn í stjórn Persónuverndar, en stofnunin skal hafa með höndum daglega stjórnsýslu í umboði stjórnar. Áætlað er að árlegur heildarkostnaður verði um 3,2 m.kr. og er þar tekið mið f þóknanagreiðslum til tölvunefndar.
4. Á fyrsta heila starfsári Persónuverndar er talið að viðbótarkostnaður vegna stofnbúnaðar og tækjakaupa verði um 11 m.kr. Auk þess má ætla að kostnaður vegna kynningar á nýju lögum og þjálfun starfsmanna geti numið um 1 m.kr.

Að öllu töldu er því gert ráð fyrir að árlegt framlag úr ríkissjóði verði um 42 m.kr. Á móti fellur niður framlag til tölvunefndar en það er áætlað 7 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir 2000. Til viðbótar við árlegan rekstrarkostnað er talið að stofnkostnaður á fyrsta ári eftir gildistöku laganna verði 12 m.kr.

400. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson og Kristínu Haraldsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu og Halldór Runólfsson yfirdýralækni. Málið var ekki sent til umsagnar.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að eins verði farið með innflutning á sjávarafurðum frá Liechtenstein og ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ástæða þess er sú að Liechtenstein hefur ekki tekið upp þær gerðir sem tilheyra viðauka I við EES-samninginn og lúta að innflutningi á sjávarafurðum.

Þá er lagt til að Fiskistofu verði falið að vinna og birta skrá yfir framleiðendur og vinnsluskip sem hlotið hafa viðurkenningu. Nú þarf að birta skrána í Stjórnartíðindum og vegna tíðra breytinga á henni hefur sá listi gefið litla yfirsýn. Er gert ráð fyrir að Fiskistofa muni birta skrána á einfaldan hátt, t.d. á vefsíðu sinni, og með því verði tryggt að skráin verði stöðugt uppfærð í heildstæðri mynd.

Einnig er í frumvarpinu lagt til að frystiskipum verði bætt við þá aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gjald er innheimt af til að bera kostnað af eftirliti með sjávarafurðum. Er þetta í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Loks er lagt til að til og með 30. júní 2001 þurfi að leita leyfis fyrir innflutningi lifandi sjávardýra, en núgildandi ákvæði laganna um þetta fellur úr gildi 31. desember 1999. Fram til þess tíma er stefnt að því að fá samþykkta viðbótarvernd gegn innflutningi á lifandi fiski frá stöðum þar sem tilteknir fisksjúkdómar finnast í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins þar um.

Vilhjálmur Egilsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 14. des. 1999.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Sturla D. Þorsteinsson.	Jóhann Ársælsson.
Guðjón A. Kristjánsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Svanfríður Jónasdóttir.

Hjálmar Árnason.

401. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 9. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins og Íbúðalánasjóðs. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem verða á tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum 2–4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. gr. frumvarpsins en framsögumaður meiri hlutans mun gera grein fyrir helstu breytingum sem lagðar eru til á 7. gr. í ræðu sinni við upphaf 3. umræðu.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 209,9 milljarðar kr. sem er 4,9 milljarða kr. hækkun frá frumvarpi. Þar vegur þyngst hækkun á sköttum á vöru og þjónustu og virðisaukaskatti.

Tillögur meiri hlutans er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til lækkunar útgjalda um 435,3 m.kr.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um að færa 1 m.kr. sem sértekjur á viðfangsefninu 1.42 Grænlandssjóður undir þessum fjárlagalið. Framlög úr sjóðnum eru fjármögnuð með vaxtatekjum sem í frumvarpinu eru settar fram á tekjuhlið ríkissjóðs en verða eftirleiðis settar fram sem sértekjur á gjaldahlið. Tillagan snýr einungis að breyttri framsetningu á fjármögnun í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og verða útgjöld óbreytt eftir sem áður.

Þá er lagt til 11,5 m.kr. tímabundið framlag til byggingar stafkirkju í Vestmannaeyjum.

02 Menntamálaráðuneyti

201 *Háskóli Íslands.* Lagt er til að viðfangsefnaskiptingu Háskóla Íslands verði breytt í framhaldi af nýgerðum samningi menntamálaráðuneytisins og skólans til þess að greina betur á milli kennslu og rannsókna í skólanum. Á viðfangsefni 1.01 verða færð útgjöld til kennslu í skólanum og stoðþjónustu, húsnæðisreksturs og búnaðarkaupa vegna kennslu. Á viðfangsefni 1.02 verða færð framlög til rannsókna og annarra verkefna skólans, þar með talin föst laun kennara við rannsóknir. Önnur viðfangsefni en framantalin falla niður. Þessar millifærslur hafa ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs heldur er einungis um breytta innbyrðis skiptingu fjárveitinga að ræða.

202 *Tilraunastöð Háskólans að Keldum.* Gerð er tillaga um 3,8 m.kr. hækkun framlags til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum til veirurannsókna.

872 *Lánasjóður íslenskra námsmanna.* Lagt er til að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 100 m.kr. frá áætlun frumvarps og nemi 1.910 m.kr. Lækkunin er í samræmi við nýja útreikninga og þá niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að framlagið þurfi að nema 52% af almennum útlánum, auk framlags vegna rekstrargjalda, til að eigið fé sjóðsins haldist óbreytt að raunvirði. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins er gert ráð fyrir minni útlánum, aðallega vegna fækkunar lánþega frá fyrri áætlun.

902 *Þjóðminjasafn Íslands.* Gerð er tillaga um 12 m.kr. hækkun fjárveitinga til byggða- og minjasafna sem skiptist á þrjá staði. Í fyrsta lagi er lögð til 4 m.kr. hækkun til þess að ráða minjavörð til starfa á Norðurlandi vestra. Með gildistöku þjóðminjalaga í ársbyrjun 1990 var mörkuð sú stefna að starfsemi Þjóðminjasafnsins á landsbyggðinni skyldi efld með stofnun embætta minjavarða. Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir 3 m.kr. tímabundnu framlagi til Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti sem verði varið til lokafrágangs nýrrar álmu safnsins og uppsetningar muna. Loks er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til viðgerða á Vatneyrarbúð í Vesturbyggð.

919 *Söfn, ýmis framlög.* Lagt er til 4 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík til þess að koma upp sýningaraðstöðu.

974 *Sinfóníuhljómsveit Íslands.* Lögð er til 5,3 m.kr. hækkun á framlagi til Sinfóníuhljómsveitar Íslands til að fjölga í strengjasveit um fjögur stöðugildi. Á yfirstandandi fjárlagaári fékk hljómsveitin heimild til að fjölga um fjögur stöðugildi og var það hluti af stærri heild því að ljóst var að fjölga þyrfti alls um átta. Mikil verkefni bíða hljómsveitarinnar, m.a. hljóðritanir og tónleikaferð til Bandaríkjanna og Kanada.

979 *Húsafriðunarsjóður.* Lagt er til að 3 m.kr. tímabundin fjárveiting verði veitt til að styrkja endurbætur á svonefndu Syðstabæjarhúsi í Hrísey en það er elsta hús eyjarinnar, reist af Hákarla-Jörundi árið 1885. Áformað er að nota það sem miðstöð ferðamanna sem til eyjarinnar koma og mun Minjasafnið á Akureyri setja þar upp sýningu um menningarsögu eyjarinnar, einkum hákarlaútgerð.

984 *Norræn samvinna.* Óskað er eftir 2,5 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna endurnýjunar samnings um menningarsamstarf við Færeyinga og Grænlendinga. Viðfangsefnið 1.90 Norræn samvinna hækkar sem því nemur og er sundurliðun sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

989 *Ýmis íþróttamál.* Gerð er tillaga um 8,5 m.kr. tímabundna hækkun á viðfangsefninu 1.90 Ýmis íþróttamál til endurbyggingar íþróttavallar á Egilsstöðum. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir 13,5 m.kr. til íþróttavallarins árið 2000 og sömu upphæð árið 2001. Við þessa hækkun er aftur á móti gert ráð fyrir að áætlað 13,5 m.kr. framlag fyrir árið 2001 lækki um 8,5 m.kr. og verði 5 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

311 Landgræðsla ríkisins. Lagt er til að veitt verði 7,5 m.kr. framlag til að tryggja öryggi vatnsleiðslu yfir Markarfljót með því að grafa hana undir fljótið.

813 Framleiðsluráð landbúnaðarins. Lagt er til að 51,3 m.kr. framlög Framleiðsluráðs landbúnaðarins færist yfir á aðra fjárlagaliði eða falli niður í samræmi við stjórnarfrumvarp um að leggja ráðið niður sem lagt var fram á haustþingi. Hluti fjárins, verðskerðingarfé að upphæð 12,3 m.kr., færist framvegis á fjárlagaliðinn 04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara.

818 Búnaðarsjóður. Lagt er til að gjald í Búnaðarsjóð verði lækkað í samræmi við endurskoðaða áætlun um innheimtu ríkistekna af búnaðargjöldum en þar er gert ráð fyrir að ríkistekjur og gjöld liðarins lækki alls um 4 m.kr. Samkvæmt stjórnarfrumvarpi um niðurlagningu á Framleiðsluráði landbúnaðarins er gert ráð fyrir að gjald í sjóðinn hækki úr 1,225% í 1,4 % af verðmæti búvöruframleiðslu.

824 Verðmiðlun landbúnaðarvara. Lagt er til að verðskerðingarfé sem áður var innheimt af Framleiðsluráði landbúnaðarins verði framvegis veitt til Bændasamtaka Íslands sem er í samræmi við stjórnarfrumvarp um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem lagt var fram á haustþingi.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til kaþólska biskupsdæmisins í Reykjavík til viðgerðar á Dómkirkju Krists konungs í Landakoti.

701 Biskup Íslands. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til Dómkirkjunnar í Reykjavík til að standa straum af kostnaði við viðgerðir og endurbætur á kirkjunni.

07 Félagsmálaráðuneyti

700 Málefni fatlaðra. Á viðfangsefninu 1.90 Ýmis verkefni er gerð tillaga um 10 m.kr. framlag til Styrktarfélags vangefinna til að styrkja rekstur þess. Greiðsla er háð því að gerður verði þjónustusamningur við félagið.

704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. Lögð er til 7,1 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum vegna skammtímavistunar í Vesturbyggð, Vestur-Barðastrandarsýslu sem hefur þegar verið opnuð vegna brýnnar þarfar.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Lögbundið framlag ríkissjóðs í sjóðinn tekur mið af innheimtum skatttekjum ríkisins á árinu og útsvarsstofni næstliðins árs. Í ljósi endurskoðunar á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs árið 2000 er farið fram á að framlagið verði hækkað um 60 m.kr.

981 Vinnumál. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundna hækkun framlags til liðarins á viðfangsefni 1.90 Ýmislegt.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

208 Slysatryggingar. Gerð er tillaga um 135 m.kr. fjárveitingu á nýju viðfangsefni undir þessum lið, 1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna. Þessar greiðslur til sjómanna eru fjármagnaðar með slysatryggingagjaldi á laun þeirra en það færist jafnframt sem ríkistekjur og verður afkoma ríkissjóðs því óbreytt eftir sem áður. Við breytingar á framsetningu slysatrygginga sem gerðar voru í fjárlögum ársins 1998 vegna gildistöku nýrra laga um fjárreiður ríkisins láðist að gera ráð fyrir þessum greiðslum.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Lögð er til 32,1 m.kr. hækkun fjárveitingar til leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands en drög að nýjum samningi við félagið liggja fyrir. Í honum er gert ráð fyrir að tveir fyrri samningar, þ.e. verksamningur Krabbameinsfélags Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 30. apríl 1992, og samningur Krabbameinsfélags Íslands við Tryggingastofnun ríkisins, dags. 31. janúar 1995, verði felldir í einn. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir 13,2 m.kr. hækkun til að halda áfram óbreyttri starfsemi í skipulagðri krabbameinsleit hjá konum. Auk þess er gert ráð fyrir að 18,9 m.kr. greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir rannsóknir og sérskoðanir verði hluti af samningnum. Fjárveiting vegna þeirra verka færist af liðnum 08-206 1.11 Sjúkratryggingar, lækniskostnaður eins og samþykkt var við 2. umræðu um frumvarpið.

Þá er gerð tillaga um 1,1 m.kr. hækkun á viðfangsefninu 1.90 Ýmis framlög og er skiptingin sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans.

09 Fjármálaráðuneyti

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Í samræmi við breyttar skilgreiningar samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins færast tollafgreiðslugjöld hjá tollstjóranum í Reykjavík eftirleiðis sem ríkistekjur en þau hafa til þessa verið færð sem sértekjur á gjaldahlið í fjárlögum. Við þá breytingu lækka sértekjur embættisins um 10 m.kr. en í staðinn færist sama fjárhæð á tekjuhlið ríkissjóðs.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Fjármálaráðuneytið hefur endurskoðað lífeyrisskuldbindingar fyrir árin 1999 og 2000 og leiðir sú endurskoðun til 600 m.kr. lækkunar á gjaldfærslu á næsta ári. Greiðslur í sjóðinn hækka aftur á móti um 1.880 m.kr. þar sem nú er ekki gert ráð fyrir að viðbótariðgjöld verði dregin frá lífeyrisuppbótum stofnana. Breytingar á greiðslum til einstakra sjóða verða eftirfarandi:

Sjóður	*M.kr.*
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-859,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	-22,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	-24,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	242,0
1.06 Eftirlaunasjóður fyrrum starfsmanna Útvegsbanka Íslands	58,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	5,0
Alls	-600,0

721 Fjármagnstekjuskattur. Gerð er tillaga um 200 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar þar sem færa þarf til gjalda 10% fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði eigna. Skatturinn færist samhliða sem ríkistekjur og hefur því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þessi tilhögun skýrist af því að samkvæmt lögum um skatt á fjármagnstekjur er ríkissjóður ekki undanþeginn skattgreiðslum af fjármagnstekjum sínum.

821 Vaxtabætur. Lagt er til að vaxtabætur lækki um 300 m.kr. þar sem fyrirframgreiðslur vaxtabóta á kaupári íbúðar hafa ekki orðið eins miklar og áætlað var við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Í fjárlagafrumvarpinu er áætlað að vaxtabætur hækki um 500 m.kr. vegna flýtingar á greiðslum til kaupárs eignar og breytinga á húsnæðiskerfinu. Í ljósi greiðslna það sem af er árinu er lagt til að sú áætlun verði lækkuð um 300 m.kr.

999 Ýmislegt. Lagðar eru til tvær breytingar á liðnum sem leiða til 39 m.kr. hækkunar á framlagi úr ríkissjóði. Annars vegar er lögð til 24 m.kr. fjárveiting til áframhaldandi vöktunar á Kötlu og til vöktunar á Eyjafjallajökli. Í ljósi jarðhræringa á svæðinu hafa

vísindamenn endurskoðað áætlanir um vöktun á svæðinu. Á grunni tillagna þeirra er lagt til að veittar verði 24 m.kr. til óskipts fjárlagaliðar til verksins og mun nefnd ráðuneytisstjóra sjá um skiptingu framlagsins á stofnanir í ljósi framvindunnar á næsta ári. Framlagið mun renna til Orkustofnunar, Norrænu eldfjallastöðvarinnar, Raunvísindastofnunar Háskólans og Veðurstofu Íslands. Fyrir liggja áætlanir þessara stofnana um nauðsynlegan búnað og mælingar og verður áherslum í starfi þeirra breytt í samræmi við mat á stöðu mála hverju sinni.

Síðari tillagan er um 15 m.kr. tímabundið framlag til nýs viðfangsefnis, 6.92 Reiknilíkön og hagræðingarverkefni í starfsemi ráðuneyta. Fjárhæðinni skal verja í samvinnu við fagráðuneyti til þess að vinna reiknilíkön sem notuð verði til viðmiðana og samræmingar við ákvörðun fjárveitinga til ríkisstofnana.

10 Samgönguráðuneyti

651 Ferðamálaráð. Gerð er tillaga um 15 m.kr. hækkun á framlagi til Ferðamálaráðs. Hækkunin er annars vegar hugsuð sem 10 m.kr. hækkun á framlagi til almenns rekstrar ráðsins vegna aukinna umsvifa og hins vegar sem 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna í ferðaþjónustu.

12 Viðskiptaráðuneyti

302 Löggildingarstofa. Gerð er tillaga um breytingar á veltu Löggildingarstofunnar, bæði á gjaldahlið og tekjuhlið. Skýrist það annars vegar af því að sértekjur af eftirlitsgjöldum að fjárhæð 9,5 m.kr. falla brott en þær tekjur verða eftirleiðis færðar sem rekstrartekjur stofnunarinnar á tekjuhlið ríkissjóðs í samræmi við breytta framsetningu vegna ákvæða í lögum um fjárreiður ríkisins. Þá er gert ráð fyrir að Löggildingarstofan hafi 5,5 m.kr. ríkistekjur af eftirlitsgjöldum sem varið verði til að fjármagna samsvarandi útgjöld vegna aukinna umsvifa. Við þessar breytingar hækka útgjöld stofnunarinnar því um 5,5 m.kr. og sértekjur lækka um 9,5 m.kr. Hækkun útgjalda og lækkun sértekna nemur þannig alls 15 m.kr. eða sem svarar til áætlaðrar hækkunar ríkistekna sem renna til Löggildingarstofunnar.

402 Fjármálaeftirlitið. Gerð er tillaga um að gjöld stofnunarinnar umfram sértekjur lækki um 21,7 m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu eru gjöld stofnunarinnar umfram sértekjur áætlaðar 234 m.kr. en samkvæmt endurskoðaðri rekstraráætlun eru þau áætluð nálægt 203 m.kr. Í fjárlögum hefur verið gert ráð fyrir 9,6 m.kr. sértekjum hjá stofnuninni sem voru innheimtar hjá Vátryggingaeftirlitinu og bankaeftirlitinu áður en sameining fór fram. Ekki hefur orðið af þeirri sértekjuöflun hjá hinni nýju sameinuðu stofnun og er ekki reiknað með að til þess komi í rekstraráætlun fyrir árið 2000. Gjald það sem fyrirhugað er að innheimta hjá eftirlitsskyldum aðilum lækkar um 39 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Mismunur á útgjöldum og rekstrartekjum er 17,3 m.kr. og verður hann fjármagnaður með rekstrarafgangi ársins 1999 sem gert er ráð fyrir að færist á milli ára. Sá mismunur kemur því fram á fjárlagaliðnum í breytingartillögunni sem viðskiptahreyfing.

13 Hagstofa Íslands

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa. Hækkun framlaga til Hagstofunnar nemur 23 m.kr. Gerð er tillaga um breytingar á fjármálum Hagstofunnar, bæði á gjaldahlið og tekjuhlið. Skýrist það annars vegar af lækkun sértekna um 8 m.kr. en þær tekjur verða eftirleiðis færðar sem rekstrartekjur á tekjuhlið ríkissjóðs í samræmi við breytta framsetningu

vegna ákvæða í lögum um fjárreiður ríkisins. Þá er gert ráð fyrir að aðrar ríkistekjur Hagstofunnar hækki um 15 m.kr. og renni framlagið til að fjármagna samsvarandi útgjöld vegna aukinna umsvifa. Við þessar breytingar hækka útgjöld viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn um 7,5 m.kr. og sértekjur lækka um 4,6 m.kr. en útgjöld viðfangsefnisins 1.50 Þjóðskráin hækka um 7,5 m.kr. og sértekjur lækka um 3,4 m.kr. Hækkun útgjalda og lækkun sértekna nemur þannig alls 23 m.kr. eða sem svarar til áætlaðrar hækkunar ríkistekna sem renna til Hagstofunnar.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni. Lögð er til 2 m.kr. tímabundin hækkun viðfangsefnisins 1.23 Ýmis umhverfisverkefni. Fjárlaganefnd vísar til ákvörðunar umhverfisráðuneytis umsóknum Náttúruverndarsamtaka Íslands, Sólar í Hvalfirði og Umhverfisverndarsamtaka Íslands.

Gerð er tillaga um að heiti viðfangsefnisins 1.58 Náttúrugripasöfn verði Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum, fiskasafn.

210 Veiðistjóri. Lögð er til 2 m.kr. hækkun á fjárveitingu veiðistjóraembættisins í kjölfar hækkunar á gjaldi fyrir veiðikort úr 1.600 kr. í 1.900 kr. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Gert er ráð fyrir að hækkun framlagsins verði varið til rannsókna á rjúpum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands.

213 Hreindýraráð. Óskað er eftir 9 m.kr. hækkun á framlagi til hreindýraráðs í samræmi við áætlun um auknar tekjur af leyfum fyrir veiðar á hreindýrum. Þessar auknu tekjur stafa aðallega af fjölgun veiddra dýra á milli áranna 1998 og 1999 og gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun í fjáraukalagafrumvarpi ársins 1999.

221 Hollustuvernd ríkisins. Gert er ráð fyrir 2 m.kr. lækkun á útgjöldum stofnunarinnar í kjölfar lægri tekna af mengunareftirlitsgjaldi.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 3 (B-HLUTA) OG SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

7.32 Að kaupa læknisbústað á Dalvík og taka til þess nauðsynleg lán.
7.33 Að kaupa embættisbústað fyrir sýslumanninn í Vestmannaeyjum.
7.34 Að leigja húsnæði fyrir Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands.
7.35 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu á Sauðárkróki.
7.36 Að kaupa læknisbústað á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
7.37 Að kaupa eignarhlut Reykhólahrepps í Flatey á Breiðafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
7.38 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Ríkisspítala.
7.39 Að kaupa eða leigja húsnæði í Þorlákshöfn fyrir aðstöðu fyrir lögreglu og sýslumannsembættið og taka til þess nauðsynleg lán.
13. Við 7. gr. Nýir liðir:
8.14 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar sem fela í sér fjárskuldbindingar skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.
8.15 Að semja við Reykhólahrepp um lokauppgjör skulda vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í kjölfar sölu á hitaveitu Reykhólahrepps.
8.16 Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins kaup á Rafveitu Hveragerðis að því tilskildu að viðunandi samningar náist um verð.
8.17 Að semja með samþykki samgönguráðherra við meðeigendur ríkissjóðs í ferjufélögum um ráðstöfun eigna og skulda félaganna.

409. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, EOK, ArnbS, ÁJ, HjálmJ, ÍGP, KPál).

Við sundurliðun óskiptra liða í A-hluta. 4. tölul. orðist svo:

	Þús. kr.
4. Menningarstofnanir (02-969 6.21).	
Þjóðmenningarhús við Hverfisgötu	95.000
Þjóðminjasafn Íslands	50.000
Verndun gamalla húsa	60.000
Landsbókasafn – Háskólabókasafn, bókageymslur í Reykholti	50.000
Byggðasöfn	25.000
Þjóðleikhúsið	10.000
Þjóðskjalasafn	10.000
Lista- og menningarmiðstöðin Skaftfell	6.000
Brydebúð	4.000
Óskipt	20.000
Samtals	**330.000**

Greinargerð.

Óskipt fjárhæð liðarins lækkar um 10 m.kr. og á móti hækkar framlag til 3. tölul., verndun gamalla húsa, um sömu fjárhæð vegna Litlu-Eyrar í Skötufirði.

410. Lög [81. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 81.

411. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Tómasi Inga Olrich, Svanfríði Jónasdóttur, Árna Johnsen, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Sturlu D. Þorsteinssyni og Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-982 Listir, framlög**			
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14,3	1,3	15,6
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:			

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).

		Þús. kr.
1.	Atli Heimir Sveinsson	1.200
2.	Árni Kristjánsson	1.200
3.	Ásgerður Búadóttir	1.200
4.	Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.200
5.	Hannes Pétursson	1.200
6.	Indriði G. Þorsteinsson	1.200
7.	Jón Nordal	1.200
8.	Jón úr Vör	1.200
9.	Jórunn Viðar	1.200
10.	Kristján Davíðsson	1.200
11.	Matthías Johannessen	1.200
12.	Stefán Hörður Grímsson	1.200
13.	Thor Vilhjálmsson	1.200
	Samtals	15.600

412. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Kristjáni L. Möller, Svanfríði Jónasdóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Jóhanni Ársælssyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Sigríði Jóhannesdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

Við 7. gr. Nýr liður:

1.8 Að greiða í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árinu 2000 þann tekjuauka ríkisins sem stafar af hækkun fasteignamats. Skal sjóðurinn nota þann tekjuauka til að styrkja

sveitarfélög þar sem fasteignamat íbúðar- og atvinnuhúsnæðis stendur í stað, hækkar óverulega eða lækkar, enda hafi sveitarstjórn tekið ákvörðun um að fasteignagjöld endurspegli betur raunverðmæti fasteigna og breytingar á fasteignamati.

413. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Svanfríði Jónasdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Sighvati Björgvinssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Lúðvík Bergvinssyni og Bryndísi Hlöðversdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **II Aðrar rekstrartekjur**			
9.1.5 Kostnaðargreiðslur í sjávarútvegi	0,0	750,0	750,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
Sértekjur	-182,4	-600,0	-782,4
3. Við **05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**			
Sértekjur	-155,7	-20,0	-175,7
4. Við **05-204 Fiskistofa**			
Sértekjur	-6,3	-130,0	-136,3
5. Við **05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins**			
1.11 Kostnaðargreiðslur í sjávarútvegi	0,0	750,0	750,0

6. Við 7. gr. Nýr liður:
   8.14 Að innheimta 2.700 kr. gjald á hverja þorskígildislest af úthlutuðu aflamarki, sbr. 6. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, og ráðstafa 750 m.kr. sem þannig innheimtast til Hafrannsóknastofnunarinnar, 600 m. kr., til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, 20 m.kr., og til Fiskistofu, 130 m.kr.

414. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Við 7. gr. Nýr liður:

6.3 Að afhenda Landssíma Íslands hf. 16,7 hektara spildu úr jörðinni Melum, Bæjarhreppi, Strandasýslu.

415. Þingsályktun [113. mál]

um fullgildingu viðbótarsamnings við samning um flutning dæmdra manna.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 123.

416. Þingsályktun [195. mál]

um aðild að samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES).

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 227.

417. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Meginmarkmið frumvarps ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 2000 var að treysta stöðugleika og stuðla að áframhaldandi hagvexti og batnandi lífskjörum í landinu. Þá var einnig ætlunin að nýta þann byr sem uppsveiflan hefur skapað til að treysta stöðu ríkisfjármála. Þá var stefnt að því að skila ríkissjóði með meiri rekstrarafgangi á árinu 2000 en á yfirstandandi ári.

Víða í frumvarpinu er dásömuð sú efnahagsstjórn sem ríkisstjórnin hefur viðhaft á undanförnum árum og gefið til kynna að ríkisstjórnin hafi góð tök á efnahagsmálunum. Þá eru ýmsar hættur í efnahagsþróuninni skilgreindar og talið að brugðist hafi verið við þeim á viðeigandi hátt. Þessi skýjaborg riðaði til falls þegar frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1999 var lagt fram og síðan hrundi skýjaborgin endanlega þegar vandinn í heilbrigðiskerfinu var upplýstur. Annað hvort var vandi ríkisstjórninni hulinn, sem ber þá vott um visst kæruleysi í fjármálastjórninni, eða stjórnvöld vissu um hann en héldu honum leyndum sem er enn alvarlegra mál.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 var áætlað að gjöld næmu 190,0 milljörðum kr. og tekjur næmu 205,0 milljörðum kr. Tekjuafgangur var þannig áætlaður 15,0 milljarðar kr. Síðan frumvarpið var lagt fram hafa útgjöldin verið aukin um 3,2 milljarða kr. Um 2,3 milljarða kr. má rekja til vanda heilbrigðisstofnana. Tekjur ríkissjóðs hafa einnig hækkað frá því að frumvarpið var lagt fram og eru nú áætlaðar 209,9 milljarðar kr. Þetta þýðir að tekjuafgangur er áætlaður um 16,7 milljarðar kr. eða sem nemur 1,7 milljörðum kr.

hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Þetta er vissulega mikill afgangur en að margra mati ekki nægur eins og vikið verður að síðar.

Áætluð niðurstaða þessa árs sýnir að ekki aðeins er áætlanagerðin veik heldur einnig allt eftirlit með fjárreiðum ráðuneyta og stofnana. Því miður hefur ekkert komið fram sem styrkir 1. minni hluta í því að hér verði einhver stefnubreyting. Þá er enn ítrekuð sú skoðun 1. minni hluta að ekki séu öll kurl komin til grafar varðandi rekstrarvanda fjölmargra stofnana í ríkiskerfinu. Áður hefur verið bent á að margt bendi til að enn sé óleystur vandi í heilbrigðiskerfinu og að í menntamálunum sé vandinn verulegur hjá mörgum framhaldsskólum og skólum á háskólastigi. Má búast við að í fjárlögum fyrir árið 2001 þurfi að taka á þeim vanda.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000 gerði ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs næmu 205,0 milljörðum kr. og að þær ykjust um rúma 10 milljarða kr. frá áætlaðri niðurstöðu ársins 1999. Við framlagningu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1999 var hins vegar áætlað að tekjur ykjust um 9,9 milljarða kr. Endanlegur tekjuauki varð hins vegar 23,0 milljarðar kr. á árinu 1999. Þar sem reynsla undanfarinna ára sýnir að tekjur falla tiltölulega svipað til innan ársins vekur það nokkra undrun að stærri hluti tekjuaukans skyldi ekki koma fram strax í upphaflegu frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Stuttur tími hefur gefist til að fara yfir tekjuhlið frumvarpsins þar sem þær breytingar sem nú eru lagðar til bárust fjárlaganefnd seint og illa gekk að fá rökstuðning frá fjármálaráðuneytinu fyrir þeim. Ætla mætti að framkvæmdarvaldið teldi að þessi mikilvægi hluti fjárlaga ætti helst ekki að vera til umræðu í fjárlaganefndinni og nefndin ætti að taka við tillögum þar að lútandi án mikillar gagnrýni.

Sú breyting hefur orðið í frumvarpi til fjárlaga frá því sem áður var að nú er öllum magntölum sleppt. Áður fyrr var t.d. upplýst um áætlaðan fjölda innfluttra bíla og hversu margir lítrar af bensíni reiknað væri með að fluttir yrðu inn. Eftir því sem upplýsingatækninni fleygir fram virðist hins vegar draga úr þeim upplýsingum í frumvarpi til fjárlaga sem gætu hjálpað til við að leggja mat á þær tillögur sem þar koma fram. Þá má einnig benda á að einfalt væri að gera grein fyrir þeim fyrirtækjum sem ætlað er að greiði arð í ríkissjóð.

Það skiptir máli að mati 1. minni hluta að í frumvarpi til fjárlaga sé greint á milli magn- og verðbreytinga þegar fjallað er um tekjur. Hvort tveggja er mikilvægar upplýsingar þegar meta þarf frávik frá tekjuáætluninni.

Fyrsti minni hluti hvetur til úrbóta í þessum efnum og telur nauðsynlegt að framvegis komi breytingartillögur, jafnt vegna útgjalda sem tekna, fram tímanlega og þeim fylgi ítarlegar skýringar.

Lánsfjáráætlun.

Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð fyrir að lántökur næmu 5,0 milljörðum kr. og áætlað var að greiða niður langtímalán að fjárhæð 27,5 milljarðar kr. Miðað við fyrirsjáanlegan viðskiptahalla á næsta ári, ásamt þeirri staðreynd að ekki dregur úr neyslu, er alveg ljóst að þessi áætlun stenst ekki og að lántökur ríkissjóðs verða talsvert umfram það sem áætlað var. Að sama skapi yrði ekki greitt eins mikið niður af erlendum lánum og gert var ráð fyrir. Liggur þá ekki annað fyrir en að afgangurinn verði frystur í Seðlabanka.

Þjóðhagsforsendur.

Að venju byggist tekjuáætlun fjárlaga á þjóðhagsspá. Minni hlutinn hefur oft á undanförnum árum bent á að þjóðhagsspá hafi reynst fjarri lagi. Í framhaldsáliti minni hlutans við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999 kom fram sú skoðun að í þjóðhagsáætlun fyrir það ár fælist m.a. vanmat á innflutningi og fjárfestingu. Síðan hefur komið í ljós að fjárfesting dróst sam-

an um 0,1% en spáð hafði verði 5% samdrætti. Spáð hafði verið að innflutningur ykist um 1% en hann jókst um 3,4%.

Þjóðhagsspáin sem birtist í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 hefur nú verið endurmetin. Forsendur spárinnar byggjast á því að fylgt verði aðhaldssamri stefnu bæði í peningamálum og ríkisfjármálum. Nú er gert ráð fyrir að dragi verulega úr hagvexti á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að einkaneyslan aukist um 3% í stað 2,5% í frumvarpi. Á yfirstandandi ári stefnir í að einkaneyslan aukist um 7%. Áætlað er að fjárfesting aukist um 2,7% en nú stefnir í að hún dragist saman um1,1% á yfirstandandi ári. Hér mun valda mestu smíði nýs hafrannsóknaskips. Þá gerir þjóðhagsspáin ráð fyrir að inn- og útflutningur aukist hlutfallslega jafnmikið eða um 1,9%. Spáin geri því ráð fyrir mun minni aukningu en nú stefnir í á árinu 1999 en áætlað er að innflutningur aukist um 6% og útflutningur um 6,9%. Samkvæmt spánni bendir ekkert því til þess að lát verði á þenslunni í efnahagslífinu. Segja má að allar tölur í þjóðhagsspánni geri ráð fyrir óhagstæðari þróun mála en lagt var upp með í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000.

Að mati 1. minni hluta er nauðsynlegt að þessari þróun verði snúið við og sparnaður í þjóðfélaginu verði aukinn. Seðlabankinn telur að til lengri tíma litið vanti um 20 milljarða kr. á þjóðhagslegan sparnað. Í því ljósi hefði tekjuafgangur á fjárlögum ársins 2000 þurft að vera um 30 milljarðar kr. eða tæplega tvöfalt meiri en nú er gert ráð fyrir.

Ýmsar fleiri blikur eru á lofti sem ástæða er til að óttast. Nú er spáð að viðskiptahallinn verði um 38 milljarðar kr. á árinu 1999 í stað þeirra 28 milljarða kr. sem áætlaðir voru í byrjun október. Þetta sýnir að hlutirnir gerast hratt á þenslutímum. Ekki er fyrirsjáanlegt að úr viðskiptahallanum dragi á næsta ári og reyndar er því spáð að hann eigi enn eftir að aukast og verði 38,5 milljarðar kr. í árslok 2000. Þetta eykur enn þrýstinginn í þjóðfélaginu og ekki má mikið út af bera í undirstöðuatvinnuvegunum til að illa fari. Ekki er því fyrirsjáanleg nein hjöðnun í þjóðfélaginu á næsta ári.

Ekki lítur dæmið betur út þegar kemur að skuldasöfnuninni. Nú er talið að heildarskuldir hins opinbera á næsta ári nemi tæpum 53% af vergri landsframleiðslu. Þetta er svipað hlutfall og var á árinu 1997. Ríkisstjórnin er í þeirri sérkennilegu efnahagslegu sjálfheldu að eiga talsverðan afgang á fjárlögum en geta ekki nýtt hann til að greiða niður skuldir, hvorki innan lands, vegna hættunnar á aukinni þenslu, né erlendis vegna gjaldeyrisstöðunnar.

Það er einnig áhyggjuefni að markaðurinn virðist ekki bregðast við afkomu ríkissjóðs eins og ætla mætti. Þetta þýðir að aðgerðir og áætlanir í ríkisfjármálum vekja ekki traust hjá almenningi og fyrirtækjum. Því þarf að beita mun meira aðhaldi í peninga- og vaxtamálum ef takast á að vinna gegn þenslunni og viðskiptahallanum og auka tiltrú markaðarins á stjórn ríkisfjármála.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi í orði tekið undir aðvaranir varðandi þróun efnahagsmála er ekki að sjá að þær aðvaranir hafi ráðið för í því fjárlagafrumvarpi sem nú er til afgreiðslu á Alþingi. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar er mikil. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir stórauknum útgjöldum og er ekki að sjá að það dragi úr þenslu. 1. minni hluti tekur undir með þeim hagfræðistofnunum sem bent hafa á að miðað við þær efnahagslegu forsendur sem gert er ráð fyrir á árinu 2000 sé þörf á meiri tekjuafgangi en gert er ráð fyrir í þeim tillögum sem fyrir liggja frá stjórnarmeirihlutanum. Eins og áður segir byggist endurskoðuð þjóðhagsspá á að fylgt sé aðhaldssamri stefnu bæði í peningamálum og í ríkisfjármálum. 1. minni hluti óttast

að væntanleg fjárlög fyrir árið 2000 uppfylli ekki þær væntingar sem hin endurskoðaða þjóðhagsspá gerir til efnahagsstjórnar í landinu.

Alþingi, 14. des. 1999.

Einar Már Sigurðarson, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Guðmundur Árni Stefánsson.

418. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Annar minni hluti fjárlaganefndar gagnrýnir harðlega þann losarabrag sem verið hefur á mati á þjóðhagslegum forsendum fjárlagafrumvarpsins þar sem allt of skammur tími var gefinn til að meta upplýsingar sem nefndinni bárust. Þó er rétt að ítreka að þrátt fyrir þennan skamma tíma má greina alvarleg hættumerki í efnahagslífinu af þessum gögnum þar sem boðaðar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum hafa ekki gengið eftir. Samkvæmt þjóðhagsspá er gert ráð fyrir aukinni verðbólgu og meiri viðskiptahalla.

Tekjur ríkisins mótast allt of lítið af varanlegum virðisauka. Of stór hluti teknanna er til kominn vegna mikillar neyslu í þjóðfélaginu og nú er svo komið að þrátt fyrir mikinn tekjuafgang og fyrirheit um að greiða niður skuldir er það einfaldlega erfiðleikum háð. Annars vegar er gjaldeyrisforði lítill, hins vegar treystir ríkisstjórnin sér ekki til að greiða niður innlendar skuldir vegna þensluáhrifa. Niðurstaðan er því sú að vaxtalaust fjármagn safnast upp í Seðlabankanum. Þrátt fyrir að hættumerkin í efnahagslífinu hafi verið ljós undanfarna mánuði sýna endurskoðaðar spár fram á enn meiri viðskiptahalla en áður var gert ráð fyrir og ekki er fyrirsjáanlegt hvenær hægt verði að nýta uppsafnað fjármagn til að greiða niður erlendar skuldir.

Við 2. umræðu fjárlaga var mikið rætt um eftirlit með stofnunum og verklagsreglur til að tryggja að þær haldi sér innan ramma fjárlaga. Nauðsynlegt er að slíkar reglur séu skýrar og algildar. Eftirlitshlutverk fjárlaganefndar er þar ekki undanskilið, það þarf að vera skýrt svo að nefndin sé í stakk búin að sinna hlutverki sínu sem best.

Reiknilíkön eru æ meira að ryðja sér til rúms. Í breytilegu þjóðfélagi verður að vera svigrúm til ákvarðanatöku, annars er hætta á ósveigjanleika og stöðnun. Veiku löggjafarvaldi hættir til að skýla sér í blindni á bak við reiknilíkön og horfa fram hjá þörfum þegnanna og velferð.

Vinstri hreyfingin — grænt framboð hefur m.a. lagt til:

- að tekinn verði upp þrepaskiptur tekjuskattur af launatekjum sem hlífi fólki með lægri tekjur við óhóflegri skattbyrði en felur í sér hátekjuskatt,
- að fjármagnstekjur, þ.m.t. arðgreiðslur og söluhagnaður af hlutabréfum, umfram vexti af hóflegu sparifé almennings verði skattlagðar á svipaðan hátt og aðrar tekjur,
- að skattlagning á hreinum hagnaði fyrirtækja taki mið af skattlagningu launatekna og frádráttarheimildir vegna gamalla rekstrartapa og fleiri slíkra atriða verði þrengdar um leið og hvatt verði til nýsköpunar með sérstökum ívilnunum,

- að kannaðar verði búsetutengdar ívilnanir til jöfnunar og leiðréttingar,
- að lögð verði áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlindanna og teknir upp vistvænir (grænir) þjóðhagsreikningar þar sem verðgildi ósnortinnar náttúru er metið og fórnarkostnaður ef á hana er gengið, en aukið verðmæti náttúrunnar jafnframt fært til hagnaðar fyrir næstu kynslóðir.

Vinstri hreyfingin — grænt framboð leggur áherslu á að stefnumörkun og áherslur í fjármálastjórn ríkisins verða að byggjast á sterkri sýn á það samfélag og umhverfi sem við viljum búa — ekki aðeins okkur sjálfum heldur miklu frekar komandi kynslóðum.

Alþingi, 15. des. 1999.

Jón Bjarnason.

419. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Árna Steinari Jóhannssyni, Jóni Bjarnasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.62 Vatnajökulsþjóðgarður, undirbúningur	0,0	1,5	1,5
b. 1.65 Kortlagning ósnortinna víðerna	0,0	1,5	1,5

Greinargerð.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir sérstökum útgjöldum til undirbúnings stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs. Sama gildir um kortlagningu ósnortinna víðerna en þingsályktunartillögur um bæði málin hafa verið samþykktar á Alþingi.

420. Fjáraukalög [117. mál]

fyrir árið 1999.

(Afgreidd frá Alþingi 15. des.)

Samhljóða þskj. 340 (sbr. 128) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1999, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**14.716,8**	**13.823,8**
Skattar á tekjur og hagnað	8.165,0	8.669,0
Tryggingagjöld	278,0	278,0
Eignarskattar	399,0	421,0
Skattar á vörur og þjónustu	5.844,8	4.425,8
Aðrir skattar	30,0	30,0
Aðrar rekstrartekjur	8.326,2	8.465,2
Tekjur samtals	**23.043,0**	**22.289,0**
Æðsta stjórn ríkisins	186,2	186,2
Forsætisráðuneyti	367,5	367,5
Menntamálaráðuneyti	1.006,6	1.006,6
Utanríkisráðuneyti	243,6	243,6
Landbúnaðarráðuneyti	323,1	323,1
Sjávarútvegsráðuneyti	23,9	23,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	637,1	637,1
Félagsmálaráðuneyti	692,6	692,6
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	6.781,0	5.131,0
Fjármálaráðuneyti	-310,4	2.709,6
Samgönguráðuneyti	711,6	705,2
Iðnaðarráðuneyti	102,0	102,0
Viðskiptaráðuneyti	25,5	25,5
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	93,6	93,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-420,0	-20,0
Gjöld samtals	**10.463,9**	**12.227,5**
Tekjujöfnuður	**12.579,1**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1999:

	M.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	12.579,1
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-10.789,0
Fjárheimildir sem ekki leiða til gjaldfærslu í reikninga ársins	564,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur (breyting)	-873,0
Viðskiptaskuldir (breyting)	1.656,3
Handbært fé frá rekstri	**3.173,4**
Fjármunahreyfingar	
Veitt löng lán	355,0
Afborganir veittra lána	170,0
Greiðslur í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna	-6.000,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	600,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	7.951,0
Fjármunahreyfingar samtals	**3.076,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**6.213,4**
Fjármögnun	
Tekin löng lán	18.300,0
Afborganir lána	-8.700,0
Fjármögnun samtals	**9.600,0**
Breyting á handbæru fé	**15.813,4**

Ýmis ákvæði.
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

3. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1999:

1. Í stað orðanna „allt að 2.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 20.300 m.kr.
2. Á 2. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 4.825 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 4.895 m.kr.
   b. Við 2. tölul. bætist nýr liður, svohljóðandi:
      2.6 Happdrættis Háskóla Íslands allt að 70 m.kr.

3. Á 3. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 23.320 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 32.000 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 870 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 1.280 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 5.370 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 5.600 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 1.360 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 1.960 m.kr.

Ýmis ákvæði.
Heimildir.

4. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1999:
Við bætist nýr liður:
8.23. Að greiða 700 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem verði ráðstafað þannig: Allt að 350 m.kr. verði varið til þjónustuframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 44/1999, og allt að 350 m.kr. til sveitarfélaga þar sem íbúafækkun hefur orðið á árunum 1997–99. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sundurliðun 1.
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta**, hljóðar svo:

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	3.706,0	3.520,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	150,0	173,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	1.400,0	1.327,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**5.256,0**	**5.020,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	2.099,0	2.839,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	790,0	790,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	20,0	20,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**810,0**	**810,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**8.165,0**	**8.669,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	135,0	135,0
2.4	Tryggingagjöld, ótalin annars staðar	143,0	143,0
	Tryggingagjöld	**278,0**	**278,0**

4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	56,0	49,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	21,0	49,0
	Skattar á hreina eign	**77,0**	**98,0**
4.4.1	Stimpilgjöld	322,0	323,0
	Eignarskattar	**399,0**	**421,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	2.485,0	1.967,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	339,0	36,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	156,0	204,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	1.524,0	1.295,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-47,0	-47,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	566,8	396,8
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	9,0	9,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	130,0	-117,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	35,0	35,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**5.197,8**	**3.778,8**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	260,0	260,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	351,0	351,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	-4,0	-4,0
5.2.2.35	Ýmislegt	40,0	40,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**647,0**	**647,0**
	Skattar á vörur og þjónustu	**5.844,8**	**4.425,8**
6	**Aðrir skattar**		
6.99	Ýmsir aðrir skattar	30,0	30,0
	Skatttekjur, samtals	**14.716,8**	**13.823,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-11,0	-11,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-63,0	-63,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-74,0**	**-74,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	665,0	665,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	282,0	401,0

8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	50,0	50,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	9,0	9,0
	Aðrar eignatekjur	**1.006,0**	**1.125,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**932,0**	**1.051,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.–3. gr.) o.fl.	42,0	42,0
9.1.3.35	Ýmislegt	100,0	100,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**153,0**	**153,0**
	Ýmsar tekjur	**153,0**	**153,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	-20,0	0,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	5,0	5,0
	Sektir	**-15,0**	**5,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	7,2	7,2
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**1.077,2**	**1.216,2**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. söluhagnaður**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	7.250,0	7.250,0
	Sala eigna, samtals	**7.250,0**	**7.250,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	-1,0	-1,0
	Fjárframlög, samtals	**-1,0**	**-1,0**
	Heildartekjur samtals:	**23.043,0**	**22.289,0**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við, sbr. þskj. 340 (sbr. 128), og hljóða svo:

		m.kr.
00-201	**Alþingi**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Alþingiskostnaður	53,9
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	53,9
01-190	**Ýmis verkefni**	
	Almennur rekstur:	
	1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	64,0
	1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	16,0
	1.42 Grænlandssjóður	0,0
	1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	43,8
	1.54 Ráðstefnan konur og lýðræði	63,6
	1.90 Ýmis verkefni	16,5
	Almennur rekstur samtals	203,9
	Gjöld samtals	**203,9**
	Sértekjur:	
	Sértekjur	-1,0
	Gjöld umfram tekjur	**202,9**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	203,9
	Innheimt af ríkistekjum	-1,0
02-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	-30,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	-30,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	80,0
1.91 Sérstakt framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	700,0
Almennur rekstur samtals	780,0
Gjöld samtals	**780,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	780,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	135,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	135,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:	
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	316,6
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	1.650,0
Gjöld samtals	**1.966,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	316,6
Viðskiptahreyfingar	1.650,0

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-1.446,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	236,0
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	45,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	10,0
Almennur rekstur samtals	-1.155,0
Gjöld samtals	**-1.155,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.865,0
Viðskiptahreyfingar ..... -3.020,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur 100,0

Gjöld umfram tekjur **100,0**
Innheimt af ríkistekjum 100,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 258,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 258,2

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 1.090,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.090,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur ..... -350,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -350,0

10-335 Siglingastofnun Íslands

Stofnkostnaður:
6.70 Hafnamannvirki 28,0
6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði 5,3
6.76 Ferjubryggjur 14,7
Stofnkostnaður samtals 48,0

Gjöld samtals **48,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,0

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Stofnkostnaður:
6.02 Gestastofa í Skaftafelli 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

421. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir fyrri málslið 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um skjöl sem afhent eru til aflýsingar þar sem dagbók er haldin í tölvu.
b. 2. mgr. orðast svo:

Nú er afhent skjal til þinglýsingar og skal þá vísa því frá ef eitthvert af eftirtöldum atriðum á við:

a. skjal er afhent í röngu umdæmi,
b. fasteign er ekki skráð í þinglýsingabók,
c. stofnskjal landeignar er ekki forskráð í Landskrá fasteigna samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna,
d. ekki er getið fastanúmers fasteignar,
e. afmörkun lands eða lóðar er ekki í samræmi við 2. mgr. 20. gr.,
f. ekki er ótvírætt við hvaða eign skjal á eða hvert efni þess er að öðru leyti,
g. skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta eða annarra þeirra er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf,
h. skjal er aðeins afhent í einu eintaki eða samrit eða endurrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna, sbr. lög nr. 63/1988:

a. 2. mgr. orðast svo:

Bækur þessar skulu tölvufærðar í Landskrá fasteigna eftir nánari fyrirmælum ráðherra í reglugerð. Þar skal mælt fyrir um öryggisráðstafanir og vistun þinglýsingargagna. Þar til lokið hefur verið við þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna er þinglýsingarstjórum heimilt að nota eldri þinglýsingabækur, lausblaðabækur eða spjöld.
b. 4. og 5. mgr. falla brott.

3. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við þinglýsingu í Landskrá fasteigna er stöðu skjals breytt úr „dagbókarfært“ í „þinglýst“.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef beiðni um aflýsingu er færð í dagbók skv. 1. mgr. 6. gr. skulu aflýst skjöl ekki numin úr skjalahylkjum.
b. 3. mgr. orðast svo:

Með reglugerð má ákveða að vistun skjala á tölvutæku formi komi í stað geymslu í skjalahylkjum skv. 1. mgr. Þann hátt má hafa á í sumum eða öllum þinglýsingaumdæmum eftir því sem aðstæður leyfa. Takmarka má vörslu skjala á þann veg við ákveðnar tegundir skjala.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989:

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst nema sjálft veðbréfið eða endurrit þess, með áritun um veðbreytinguna, sé sýnt eða afhent þinglýsingarstjóra svo að hann geti gengið úr skugga um að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.
b. 2. mgr. fellur brott.

6. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Aflýsing skjals í Landskrá fasteigna fer þannig fram að stöðu skjals er breytt úr „þinglýst“ í „aflýst“. Upplýsingar um aflýst skjöl skulu varðveittar í ferilskrá viðkomandi eignar í tölvukerfi. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á frumrit skjalsins og geta þess hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

7. gr.

Fyrsti málsliður 15. gr. laganna orðast svo: Skjali er þinglýst þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók eða fær stöðuna „þinglýst“ í tölvu, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá þeim degi er skjal var afhent til þinglýsingar, sbr. þó 2. mgr. 14. gr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar.

8. gr.

Lokamálsliður 17. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989, orðast svo: Að öðrum kosti dregur þinglýsingarstjóri strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók eða afmáir skjal í Landskrá fasteigna, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989:

a. 2. mgr. orðast svo:

Binda skal þinglýsingu stofnskjals fasteignar því skilyrði að þar komi fram:

a. heiti landeignar samkvæmt ákvörðun sveitarfélags,
b. landnúmer lóðar, eitt eða fleiri,
c. landnúmer þess lands sem lóð er tekin úr,

d. afmörkun lóðar á uppdrætti sem staðfestur hefur verið af skipulagsyfirvöldum,
e. fastanúmer hverrar fasteignar sem hefur beina tilvísun í þá skika sem henni tilheyra.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Heimilt er að þinglýsa í einu stofnskjali myndun fleiri en einnar fasteignar.
Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að binda skuli þinglýsingu skjals er varðar landamerki eða lóðamörk því skilyrði að tilgreina skuli hnit skurðpunkta og markalínur samkvæmt viðurkenndu hnitakerfi, svo og mælikvarða uppdrátta af landi. Nú eru ekki fyrir hendi nægilega nákvæm hnitakerfi, og getur þá ráðherra í reglugerð mælt fyrir um form og efni uppdrátta.

10. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Vitundarvottar skulu geta kennitölu sinnar, eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs.

11. gr.

Við 2. mgr. 24. gr. laganna, sbr. lög nr. 90/1991, bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hafi veðandlag aðfarar- eða kyrrsetningargerðar ekki verið myndað í þinglýsingabók skal þinglýsingarstjóra heimilt að mynda eign til bráðabirgða í Landskrá fasteigna. Slík skráning til bráðabirgða kemur ekki í stað þinglýsingar stofnskjals skv. 20. gr.

12. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Þinglýsing á staðfestingu rétthafa samkvæmt þinglýsingabók er þó fullnægjandi ef um er að ræða bréf sem gefin hafa verið út til ríkissjóðs, opinberra stofnana, banka, sparisjóða, lífeyrissjóða, tryggingafélaga eða verðbréfasjóða.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðuneytið hefur umsjón með yfirfærslu þinglýsingabóka fasteigna í Landskrá fasteigna í samvinnu við Fasteignamat ríkisins í því skyni að mynda þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna í samræmi við lög um skráningu og mat fasteigna. Um gerð þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna fer eftir ákvæðum laga þessara.

Áður en upplýsingar úr þinglýsingabók eru yfirfærðar í Landskrá fasteigna skal þinglýsingarstjóri bera saman lýsingu fasteignar eins og hún er í Landskrá fasteigna og þinglýsingabók. Komi fram misræmi þar skal þinglýsingarstjóri skrá um það athugasemdir í Landskrá fasteigna.

Sé fasteign í þinglýsingabók ekki auðkennd með fastanúmeri eða landnúmeri er þinglýsingarstjóra heimilt að nota auðkenni fasteignar í Landskrá fasteigna, enda leiki ekki vafi á að um sömu eign sé að ræða.

Við afmörkun landeignar í Landskrá fasteigna skal leggja til grundvallar lýsingu eignamarka í þinglýsingabók séu þau fyrir hendi, en ella skal miða við lýsingu í landamerkjaskrá. Séu upplýsingar um afmörkun landeignar ekki fyrir hendi, hvorki í þinglýsingabók né landamerkjaskrá, skal þinglýsingarstjóra heimilt að leggja til grundvallar afmörkun samkvæmt skrám sveitarfélags.

Dómsmálaráðherra setur að öðru leyti nánari reglur um hvernig skuli brugðist við misræmi í skráningu milli þinglýsingabóka og Landskrár fasteigna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sem lagt er fram samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, og frumvarpi til laga um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, er lagður grundvöllur að því að myndað verði samhæft gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Heitir það Landskrá fasteigna og er nánar um það fjallað í fyrrnefndu frumvarpi til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna. Þar kemur meðal annars fram að þinglýsingarhluti Landskrár fasteigna geymi upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og annað er þinglýsingabók heldur. Í bráðabirgðaákvæðum frumvarps þessa er mælt fyrir um hvernig samræmingu verði náð á milli þinglýsingabóka og Landskrár fasteigna.

Forsenda fyrir heildstæðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir er tölvuvæðing þinglýsingabóka hjá embættum sýslumanna og samhæfing þeirra við Landskrá fasteigna. Í 2. mgr. 8. gr. laganna er að finna heimild til að tölvuvæða þinglýsingabækur og hefur sú heimild verið nýtt við embætti sýslumanna í Reykjavík, á Ísafirði og í Hafnarfirði. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að þinglýsingabækur skuli tölvufærðar, en heimilt verði að nota eldri þinglýsingabækur og -spjöld þar til yfirfærslu þinglýsingabóka í Landskrá fasteigna er lokið.

Til þess að takast megi að koma á samhæfðri tölvuvinnslu allra skráningaraðila fasteigna í sameiginlegu skráningarkerfi er nauðsynlegt að taka upp reglur um hvernig fasteign verði stofnuð í Landskrá fasteigna. Um það eru sett nánari fyrirmæli í fyrrgreindu frumvarpi til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna auk fyrirmæla í 9. gr. þessa frumvarps. Í meginatriðum er það skilyrði fyrir myndun fasteignar í Landskrá fasteigna að efni stofnskjals hafi áður verið forskráð. Með forskráningu er hér átt við skráningu á efni skjals til bráðabirgða sem færist úr svokallaðri biðskrá í þinglýsingabók við þinglýsingu.

Auk breytinga sem eru nauðsynlegar vegna Landskrár fasteigna eru lagðar til aðrar minni háttar breytingar á lögunum svo sem nánar verður rakið í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna og frumvarp til laga um breyting á þinglýsingalögum voru fyrst lögð fram á Alþingi á 123. löggjafarþingi en hlutu þá ekki afgreiðslu. Frumvörpin eru nú lögð fram að nýju að lokinni endurskoðun á efni þeirra ásamt frumvarpi til laga um breyting á lögum um brunatryggingar. Á milli þinga hefur verið leitað umsagnar um efni tveggja fyrrgreindra frumvarpa hjá hagsmunaaðilum, eins og Sýslumannafélagi Íslands, Félagi fasteignasala og Húseigendafélaginu. Frá þessum aðilum hafa komið gagnlegar ábendingar sem tekið hefur verið tillit til við endurskoðun frumvarpanna. Frumvarp til laga um breyting á lögum um brunatryggingar tryggir fjármögnun til uppbyggingar og rekstrar gagna- og upplýsingakerfisins Landskrár fasteigna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Lagt er til að skjöl sem afhent eru til aflýsingar verði færð í dagbók ef hún er haldin í tölvu og jafnframt að kvittun fyrir móttöku skjals verði afhent. Með þessu munu réttaráhrif aflýsingar miðast við þann dag sem beiðni um aflýsingu var móttekin en ekki hvenær aflýs-

ing fer fram eins og nú er. Einnig fæst með þessu sönnun þess hvort og hvenær skjal hefur verið afhent til aflýsingar. Jafnframt er með þessari breytingu stefnt að því að skráning aflýsingar í tölvukerfi þinglýsinga komi í stað útstrikunar og brottnáms skjala úr skjalahylkjum, en það mun leiða til nokkurs vinnusparnaðar fyrir starfslið þinglýsingarstjóra.

Um b-lið.

Í lögunum eru ekki sérstök fyrirmæli um myndun nýrrar fasteignar. Hefur ný fasteign einfaldlega verið mynduð með því að sett hefur verið nýtt blað í þinglýsingabók. Í Landskrá fasteigna er gert ráð fyrir að eign verði stofnuð með forskráningu hjá Fasteignamati ríkisins og sú skráning hljóti síðan staðfestingu við þinglýsingu. Af þessum sökum er nauðsynlegt að veita þinglýsingarstjóra rýmri heimild til frávísunar skjals sem ekki fullnægir formkröfum um myndun eigna. Skv. 9. gr. frumvarpsins er þinglýsing stofnskjals lóðar bundin því skilyrði að nafn og kennitala eiganda lands komi fram. Tilgreining á kennitölu verður að teljast nauðsynleg á öllum skjölum er varða eignayfirfærslur á fasteignum. Þá er í 10. gr. frumvarpsins áskilið að vitundarvottar geti kennitölu sinnar, eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs. Með vísun til þess og með hliðsjón af því að kennitala er eina óbreytanlega tilgreiningin á einstaklingi búsettum hér á landi og allir lögaðilar í viðskiptum hafa kennitölu verður að telja að efni skjals sé ekki ótvírætt ef kennitölu útgefanda eða rétthafa vantar. Oft og tíðum geta þinglýsingarstjórar fundið kennitölur framangreindra, ef þær eru ekki tilgreindar, þar sem á öllum sýslumannsembættum er aðgangur að þjóðskrá. Ef það reynist ekki unnt verður að líta svo á að skjali verði vísað frá skv. f-lið greinarinnar.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um tilhögun skráningarkerfis fyrir þinglýsingar. Gert er ráð fyrir að notað verði tölvuforrit sem þróað hefur verið sem hluti af gagna- og upplýsingakerfi Landskrár fasteigna. Lagt er til að í reglugerð verði mælt fyrir um vistun þinglýsingargagna á tölvutæku formi og nauðsynlegar öryggisráðstafanir til verndar þeim.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er lýst verklagi við þinglýsingu í bækur en lýsingu skortir á verklagi þegar þinglýsing er tölvufærð. Lagt er til að úr þessu verði bætt.

Um 4. gr.

Um a-lið.

Lagt er til að afrit þinglýsts skjals verði ekki numið úr skjalahylki ef beiðni um aflýsingu þess er færð í dagbók. Slík skráning og eftirfarandi aflýsing í tölvukerfi er talin fela í sér nægilega sönnun fyrir aflýsingu skjals, enda hafi frumrit skjals verið afhent aflýsingarbeiðanda með áritun um hana.

Um b-lið.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir þeim möguleika að geyma ljósmyndir þinglýstra skjala á míkrófilmum en sú heimild hefur aldrei verið notuð. Með nýrri tækni er sá kostur raunhæfari að þinglýst skjöl verði skönnuð og geymd á stafrænu formi. Sú geymsluaðferð verður sífellt algengari og ódýrari. Með þeirri aðferð skapast einnig möguleiki á sölu afrita þinglýstra skjala yfir tölvunet, en það hefði í för með sér nokkurn vinnusparnað fyrir starfslið þinglýsingarstjóra.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögfest verði venja sem myndast hefur um frágang lánastofnana á skjölum er varða veðflutning til þinglýsingar. Með því er gerð sú breyting að nægjanlegt er að ljósrit veðbréfs fylgi skjali um veðflutninginn. Undanþága til lánastofnana í 2. mgr. 12. gr. laganna þykir af þessum sökum ekki lengur eiga við.

Um 6. gr.

Lagt er til að í lögunum verði kveðið á um verklag við aflýsingu í tölvukerfi þinglýsingar. Þegar aflýsing fer þannig fram er gert ráð fyrir að hætt verði að draga strik yfir efni þess afrits sem þinglýsingarstjóri varðveitir. Þykir nægilegt að getið verði um aflýsinguna í aflýsingaskrá og að stöðu skjals verði breytt í þinglýsingarkerfi.

Um 7. og 8. gr.

Vísað er til athugasemda við 3. gr. um skýringu á þessum ákvæðum.

Um 9. gr.

Þessi breyting er nauðsynleg til að samræma megi skráningu fasteigna í Landskrá fasteigna og í þinglýsingabók. Hugtakið stofnskjal er nýtt í lögum. Það hugtak er einnig notað í frumvarpi til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna. Með stofnskjali er átt við skjal sem felur í sér skilgreiningu nýrrar lóðar eða landeignar í Landskrá fasteigna. Með þinglýsingu þess hefur ný fasteign verið stofnuð í Landskrá fasteigna. Landnúmer er skráningarlegt auðkenni fyrir landskika í Landskrá fasteigna samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna. Allar fasteignir munu hafa skráningarlegt auðkenni, fastanúmer, samkvæmt sömu lögum. Auk fastanúmers mun hver fasteign bera heiti samkvæmt ákvörðun sveitarfélags eða samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. Með heiti er hér átt við götuheiti, húsnúmer og heiti séreignarhluta í fjöleignarhúsi. Fasteignamat ríkisins úthlutar fastanúmerum við forskráningu fasteignar samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna.

Í 2. mgr. b-liðar er ráðherra veitt heimild til að mæla svo fyrir í reglugerð að binda skuli þinglýsingu skjals er varðar landamerki eða lóðamörk því skilyrði að tilgreina skuli hnit skurðpunkta og markalínur í viðurkenndu hnitakerfi. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. er ráðherra heimilt að mæla sérstaklega fyrir um form og efni uppdrátta þar sem nægilega nákvæm hnitakerfi eru ekki fyrir hendi. Nú þegar er unnt að taka upp skyldu til hnitasetningar nýrra lóða í svokölluðum þéttbýlissveitarfélögum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu og í stærri bæjarfélögum annars staðar á landinu. Mæliblöð með lóðarleigusamningum sem þessi sveitarfélög gefa út tilgreina að jafnaði afmörkun lóða með hnitum en í mismunandi hnitakerfum þó. Sveitarfélög í dreifbýli eru misjafnlega í stakk búin til þess að afmarka nýjar lóðir með hnitum. Helsta hindrunin í því sambandi hefur verið skortur á samræmdu landshnitakerfi. Hafinn er undirbúningur að notkun slíks kerfis sem hlotið hefur nafnið ISN-93 (Íslandsnet 1993) og kemur það í stað eldra kerfis sem ber heitið Hjörsey-1955. Um þessar mundir stendur yfir undirbúningur að setningu reglugerðar um ISN-93 á vegum umhverfisráðuneytisins. Með viðurkenndum hnitakerfum er átt við hnitakerfi sem eru í notkun hjá þéttbýlissveitarfélögum og nýja landshnitakerfið, ISN-93. Rétt þykir að dómsmálaráðuneytið hafi náið samráð við umhverfisráðuneytið vegna Landmælinga Íslands og taki mið af reglum um landshnitakerfi sem eru í gildi á hverjum tíma, sem og hafi samráð við fjármálaráðuneytið vegna Fasteignamats ríkisins þegar kemur að útgáfu fyrirmæla um afmörkun lóða með hnitum í stofnskjali fasteignar.

Um 10. gr.

Heimilisfang og staða eru ekki lengur óyggjandi tilvísun fyrir vitundarvotta. Af þessum sökum og í samræmi við viðtekna venju þykir nægilegt að vitundarvottar séu tilgreindir með kennitölu. Fyrir þá votta sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fengið úthlutað kennitölu frá Hagstofu Íslands væri nægilegt að geta fæðingardags og heimilisfangs.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir myndun fasteignar í Landskrá fasteigna til bráðabirgða, en eingöngu í því skyni að tryggja aðfararveð og úthlutun við nauðungarsölu. Myndun fasteignar til bráðabirgða leysir eiganda lands þó ekki undan þeirri skyldu að gefa út stofnskjal og skrá það með formlegum hætti síðar.

Um 12. gr.

Rétt þykir að gefa verðbréfasjóðum og tryggingafélögum kost á sama hagræði og aðrar lánastofnanir njóta samkvæmt ákvæðinu, enda er um að ræða aðila sem hafa opinbert starfsleyfi og starfsábyrgðartryggingu.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að yfirfærsla þinglýsingabóka í Landskrá fasteigna verði í höndum dómsmálaráðuneytisins í samvinnu við Fasteignamat ríkisins. Tölvuvæðing þinglýsinga er frumforsenda þess að unnt verði að samhæfa efni þinglýsingabóka og Landskrár fasteigna. Við samhæfingu þessara skráa verður til þinglýsingarhluti Landskrár fasteigna sem er gagna- og upplýsingakerfi fyrir fasteignir á Íslandi, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna. Stefnt er að því að yfirfærslu þinglýsingabóka í Landskrá fasteigna verði lokið á fimm árum frá gildistöku laganna.

Lagt er til að athugasemdir um misræmi milli þinglýsingabóka og Landskrár fasteigna verði færðar í Landskrá. Nauðsynlegur undirbúningur að samræmingu þinglýsingabóka við Landskrá fasteigna er að skrá það misræmi sem er nú á milli þessara tveggja skráa. Slíkar upplýsingar verða síðan grundvöllur verkáætlana um samræmingu skránna.

Fasteignir í þinglýsingabók eru að jafnaði eingöngu auðkenndar með götuheiti, húsnúmeri og íbúðarnúmeri. Af þessum sökum er nauðsynlegt að heimila þinglýsingarstjóra að draga ályktanir á milli heitis í þinglýsingabók og heitis og fastanúmers í Landskrá fasteigna. Að því loknu verður fastanúmer óbreytanlegt auðkenni fasteignar í Landskrá fasteigna.

Þar sem marka fasteignar er getið í þinglýsingabók eða landamerkjaskrá skulu þau lögð til grundvallar í Landskrá fasteigna.

Þá er og mælt fyrir um hvernig taka skuli einstökum tegundum misræmis sem í ljós kemur við samanburð þinglýsingabóka og Landskrár fasteigna.

Loks er mælt fyrir um að ráðherra setji nánari reglur um hvernig skuli brugðist við misræmi í skráningu milli þinglýsingabókar og Landskrár fasteigna. Ástæða þess að slíkar reglur eru ekki tíundaðar í lögunum er sú að ekki þykir fyrirséð um öll þau tilvik misræmis er upp kunna að koma við yfirfærslu þinglýsingabóka í Landskrá fasteigna. Misræmið getur meðal annars falist í því að heiti fasteignar sé ekki það sama í þinglýsingabók og Landskrá, afmörkun og skipting fasteignar kann að vera með mismunandi hætti og fasteign kann að vera skráð í þinglýsingabók en ekki Landskrá fasteigna og öfugt. Þessi tilvik verða ekki tæmandi

talin, sökum þess að ekki hefur fengist nægileg reynsla af yfirfærslu þinglýsingabóka um land allt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvörpum til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum, og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994. Með frumvörpunum er stefnt að myndun samhæfðs gagna- og upplýsingakerfis um fasteignir og réttindi er tengjast þeim sem beri heitið Landskrá fasteigna. Hér er fjallað um áætluð áhrif allra frumvarpanna á útgjöld ríkissjóðs og eru umsagnir fjárlagaskrifstofu með þeim samhljóða.

Samkvæmt frumvörpunum mun Landskrá fasteigna skiptast í stofnhluta fyrir skilgreiningar og upplýsingar um afmörkun fasteigna, mannvirkjahluta fyrir byggingafræðilegar upplýsingar, fasteignamatshluta fyrir upplýsingar um matsforsendur og niðurstöður og þinglýsingahluta fyrir upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og önnur atriði sem þinglýsingabók inniheldur.

Samkvæmt áætlun sem unnin er af vinnuhópi, sem hefur unnið að stofnun Landskrár fasteigna, er áætlaður kostnaður við stofnun Landskrár 615 m.kr. sem skiptist á árin 2000–2004, u.þ.b. 150 m.kr. á hverju ári.

Samtals áætlaður rekstrar- og stofnkostnaður 2000–2004	**M.kr.**
Rekstrarkostnaður Fasteignamats ríkisins	232,0
Stofnkostnaður Fasteignamats ríkisins	176,7
Stofnkostnaður hjá sýslumannsembættum	155,6
Annað og ófyrirséð	51,0
Samtals	**615,3**

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, er áformað að hækka umsýslugjald sem rennur til Fasteignamats ríkisins úr 0,025‰ (prómillum) í 0,1‰ (prómill). Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við stofnun Landskrár fasteigna. Miðað við framangreindar áætlanir og fjármögnun Landskrár fasteigna með hækkun umsýslugjalds hækka tekjur og gjöld ríkissjóðs um 150 m.kr. á ári.

422. Fyrirspurn [282. mál]

til dómsmálaráðherra um nálgunarbann.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvenær er þess að vænta að sett verði lagaákvæði um nálgunarbann, sbr. tillögur tveggja nefnda á vegum dómsmálaráðuneytisins þar um?

423. Fyrirspurn [283. mál]

til dómsmálaráðherra um reglugerð um leiðbeiningar- og tilkynningarskyldu fyrir brotaþola.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvenær er að vænta reglugerðar um leiðbeiningar- og tilkynningarskyldu lögreglu og ríkissaksóknara um gang mála fyrir þolendur kynferðisofbeldis eins og kveðið er á um að setja skuli í 4. mgr. 44. gr. a í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991?

424. Skýrsla [284. mál]

um hafnarframkvæmdir 1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1998 urðu sem hér segir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

	1998 millj. kr.	**1997 millj. kr.**
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	624,5	843,9
Ferjubryggjur	4	11
Samtals	**628,5**	**854,9**

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað og sérstakur kafli um rannsóknir. Einnig er fjallað um framkvæmdir við landbrotsvarnir og sagt frá framkvæmdum í höfnum sem ekki hafa notið ríkisstyrks.

RÍKISSTYRKTAR HAFNARFRAMKVÆMDIR

Grundartangi.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar.)

Akranes.

Í mars voru að nýju boðnar út þekja og lagnir á nýtt stálþil við Faxabryggju og auk þess tengibraut fram á bryggjuna. Samið var við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson ehf., Hafnarfirði, um framkvæmdina. Verkfræðiþjónustan Akranesi sá um hönnun, en eftirlit var í höndum Siglingastofnunar. Verktími var frá apríl fram í miðjan september. Steypt var 1.631 m² þekja og tengibraut 1.104 m² og lagðar lagnir fyrir vatn og rafmagn í bryggjuna.

Framkvæmdakostnaður: 24,4 millj. kr.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir.

Snæfellsbær.

Arnarstapi: Viðlega upp með bryggjunni var dýpkuð. Grafinn burt sandur sem borist hafði að. Samið var við Bjarna Vigfússon um verkið og það unnið í mars.

Rifshöfn: Lokið var smíði á 32 m langri og 5 m breiðri timburbryggju sem samið var um við Guðlaug Einarsson á síðasta ári.

Á hafnaáætlun var endurbygging og lenging Staurakistunnar. Heimamenn ákváðu að fresta því verkefni og fengu í stað þess heimild til að bjóða út endurbyggingu Norðurgarðs. Verkið var boðið út skömmu fyrir áramót. Fól það í sér að endurbyggja grjótvörn á 180 m kafla frá plani og fram fyrir Staurakistu.

Ólafsvík: Samið var við Króla hf. um kaup á 40 m langri flotbryggju. Bryggjunni var valinn staður við Suðurgarð í horninu utan við stálþilið. Til að gera aðstöðu fyrir flotbryggjuna þarna var nauðsynlegt að dýpka meðfram Suðurgarðinum og fylla fram undir landstöpulinn. Samið var við Bjarna Vigfússon um þau verk. Frágangi við bryggjuna var ekki að fullu lokið um áramót.

Auk framantalinna verkefna var samið við Króla hf. um lagfæringar og breytingar á eldri flotbryggjum. Kostnaður við það var ekki styrkhæfur og því að fullu greiddur úr hafnarsjóði.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 17,4 millj. kr.

Grundarfjörður.

Engar framkvæmdir. Heimamenn tóku ákvörðun um að fresta framkvæmd við uppsátur smábáta sem var á hafnaáætlun 1997.

Stykkishólmur.

Unnið var að endurbyggingu Steinbryggjunnar. Í byrjun febrúar voru opnuð tilboð í landfyllingu vestan við bryggjuna. Samið var við lægstbjóðanda, Stefán Björgvinsson, Stykkishólmi. Verkinu lauk í júní. Svæði sem fyllt var upp er um 1.000 m² og magn fyllingarefnis og grjótvarnar framan á fyllingu var alls 5.900 m³. Þar af var 800 m³ mokað upp af sjávarbotni á svæði framan við fyllinguna. Efni var annars að mestu sótt í Vogsbotnanámu. Nokkuð af grjóti var þó tínt annars staðar. Rúmlega 40% af uppfyllingunni voru ekki styrkhæf framkvæmd og greiddi hafnarsjóður þann hluta að fullu. Í maí var boðin út endurbygging Steinbryggjunnar. Þrjú tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson, Sauðárkróki, og hóf hann framkvæmdir um miðjan júlí. Byggt var utan um Steinbryggjuna með harðviði, hún lengd um tæpa 4 m og breikkuð í 15 m á 38 m kafla framan við landfyllinguna. Yfir efri hlutann meðfram landfyllingunni var steypt ný 537 m² þekja. Bryggjan var áður hallandi en er nú öll í sömu hæð. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 39,2 millj. kr.

Reykhólahöfn.

Í nóvember 1996 urðu skemmdir á grjótvörn garðsins sem tengir bryggjuna við land. Veittur var styrkur úr Hafnabótasjóði til að gera við tjónið. Samið var við Hagvon ehf. á Reykhólum um viðgerðina. Um 900 m³ af grjóti var endurraðað og bætt var í garðinn 1.800 m³ af flokkuðu grjóti og kjarna. Efnið var tekið í landi Miðjaness.

Framkvæmdakostnaður: 6,5 millj. kr.

Styrkur úr Hafnabótasjóði: 6,5 millj. kr.

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Engar framkvæmdir.

Patreksfjörður: Engar framkvæmdir.

Bíldudalur: Unnin var undirbúningsvinna fyrir upptökubraut smábáta sem var á hafnaáætlun, en heimamenn ákváðu að fresta framkvæmdinni til næsta árs.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 1,1 millj. kr.

Tálknafjörður.

Lokið var uppgjöri vegna skjólgarðs vestan við smábátahöfnina.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

Bolungarvík.

Rafsjá ehf. lauk við að ganga frá lýsingu og raflögn við Brjótinn, verk sem samið var um síðastliðið haust.

Á hafnaáætlun var Grundargarður, breikkun og styrking grjótvarnar. Heimamenn fengu heimild til að fresta þeirri framkvæmd um tvö ár og dýpka í staðinn fyrir hluta af upphæðinni. Samið var við Hagtak hf. um dýpkunina. Verkið var unnið í september. Grafið var í innsiglingu í kóta -7,0 á um 8.500 m² svæði. Einnig var dýpkað á tæplega 1.000 m² svæði sunnan við flotbryggjuna í kóta -2,5. Samtals voru fjarlægðir um 5.800 m³ úr innsiglingu og höfn.

Ekki var farið í að brjóta niður 280 m langan skjólvegg við Brjót, en það verkefni var á hafnaáætlun 1997 og 1998. Heimamenn óskuðu eftir að framkvæmdinni yrði frestað þar til ráðist yrði í að ganga frá planinu norðan við Brjótinn.

Framkvæmdakostnaður: 16,8 millj. kr.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri: Lokið var frágangi við flotbryggjuna sem sett var niður 1996, lagt slitlag á um 700 m² aðkomusvæði.

Flateyri: Í lok mars varð tjón á Hafnarkantinum sem átti að endurbyggja samkvæmt hafnaáætlun á næsta ári. Stálþilið, sem byggt var 1950, gaf sig á 20–30 m kafla. Heimilað var að flýta endurbyggingunni og var lokið við að hanna og bjóða út stálþil fyrir áramót.

Suðureyri: Engar framkvæmdir.

Ísafjörður: Lokið var uppgjöri vegna verksins Bátahöfn, raflögn og lýsing.

Tekin var ákvörðun um byggingu stálþils, en á hafnaáætlun var gert ráð fyrir að framkvæmdir hæfust á síðasta ári. Austurkantur Sundabakka verður lengdur um 70 m með 8 m dýpi. Í október var boðinn út garður meðfram stálþilinu ásamt fyrirstöðugarði. Fyrirstöðugarðurinn afmarkar fyrirhugað fyllingarsvæði austan á Eyrinni að Suðurtanga. Efni úr dýpkun verður nýtt í uppfyllingu innan garðsins. Samið var við Norðurtak ehf. á Sauðárkróki um verkið. Efni var tekið úr námu í Dagverðardal. Rúmlega 20.000 m³ af sprengdum kjarna og grjóti fóru í allan garðinn, en byggingu hans var ekki að fullu lokið fyrir áramót. Um ⅓ hluti

verksins er styrkhæfur eða það sem telst hluti af byggingu stálþilsins. Heimamenn greiða að fullu kostnað við fyrirstöðugarð vegna uppfyllingarinnar. Lokið var við hönnun á stálþili og efnisútboð fyrir áramót. Pöntuð voru 138 tonn af stálþili af gerð Hoesch 1700 og 41 tonn af festingaefni frá Thyssen.

Hafinn var undirbúningur að dýpkun í Sundahöfn við væntanlegt stálþil, í Rennu og við Suðurtanga.

Framkvæmdakostnaður: 5,9 millj. kr.

Súðavík.

Í mars var boðin út að nýju lenging og styrking grjótvarnar á Norðurgarði. Sex tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda, Vesturvélar ehf., Súðavík. Verkinu lauk í október. Heildarmagn af grjóti og sprengdum kjarna sem fór í garðinn var um 9.300 m^3. Efnið var tekið úr námu við Eyrardalsá í tæplega 2 km fjarlægð.

Framkvæmdakostnaður: 14,9 millj. kr.

Norðurfjörður.

Engar framkvæmdir.

Drangsnes.

Engar framkvæmdir.

Hólmavík.

Heimild var veitt til að flýta framkvæmd við timburbryggju við Norðurgarð. Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir 10,6 millj. kr. í þetta verkefni á árunum 1999–2000. Niðurstaðan varð þó sú að heimildin var ekki nýtt. Engar framkvæmdir.

Húnaþing vestra.

Hvammstangi: Unnið var við frágang á Norðurgarðinum. Steypt í holrúm undir gömlu þekjunni og tengdar lagnir fyrir vatn og rafmagn. Heimamenn sáu um framkvæmdir.

Heimild fékkst til flýta dýpkun hafnar sem samkvæmt hafnaáætlun átti að koma til framkvæmda á árunum 1999–2000. Voru 11,0 millj. kr. ætlaðar í það verkefni. Ekki var þó farið í dýpkunina og er heimildin ónotuð.

Framkvæmdakostnaður: 0,8 millj. kr.

Blönduós.

Heimild fékkst til að hreinsa laust efni úr höfninni, en í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að verja til þess 1,5 millj. kr. á árunum 1999–2000. Talið var að dýpkunin þurfi að vera meiri en áætlað var svo að hún komi að notum. Það kallar á meira fjármagn og var framkvæmdum því frestað. Engar framkvæmdir.

Skagaströnd.

Smíðað var innsiglingarmerki til að setja á Brúnkollu, en ekki náðist að koma því upp á árinu. Bíða þarf eftir réttum aðstæðum, stórstreymi og lygnum sjó. Vélaverkstæði Karls Berndsen smíðaði undirstöðu undir merkið, en ljósabúnaður kom frá Siglingastofnun.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 4,3 millj. kr.

Skagafjörður.

Sauðárkrókur: Í mars var boðin út lenging Norðurgarðs um 60 m. Samið var við lægstbjóðanda, Steypustöð Skagafjarðar. Vinna við verkið hófst um miðjan apríl og lauk 11. júlí. Rúmlega 16.000 m³ af grjóti og sprengdum kjarna fóru í garðinn. Grjót var unnið úr námunni í Tófulág í landi Hvalness á Skaga, en um 1.900 m³ var til á lager frá því í fyrra. Um 5.300 m³ af sprengdum kjarna voru unnir úr námu í Hegranesi. Verkið var töluvert ódýrara en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Aðalástæðan fyrir því var að efni hafði borist í garðstæðið og dýpið því minna en þegar fyrstu áætlanir voru gerðar.

Hofsós: Engar framkvæmdir.

Haganesvík: Engar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 20,0 millj. kr.

Siglufjörður.

Rafbær sf. lauk við að ganga frá raflögn á löndunarbryggjunni, en samið var um það verk á síðasta ári.

Um miðjan júlí var boðin út upptökubraut fyrir smábáta og samið við lægstbjóðanda, Ólaf Kárason. Lauk hann verkinu í ágúst. Brautin er steypt, 5 × 16 m, staðsett innan við Eyrina nálægt smábátadokkinni.

Í september var boðin út smíði á 30 m langri viðlegubryggju við suðurkant í smábátadokkinni. Samið var við Guðlaug Einarsson ehf., Hafnarfirði. Verktaki útvegaði timbur, gagnvarða furu, frá Superbyg. Vinna við bryggjusmíðina hófst í október, en lauk ekki að fullu á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 12,4 millj. kr.

Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Ólafsfjörður: Engar framkvæmdir.

Dalvík: Engar framkvæmdir.

Árskógssandur: Engar framkvæmdir.

Hrísey: Engar framkvæmdir.

Fjármagnskostnaður: 1,9 millj. kr.

Grímsey.

Haldið var áfram að gera við tjón á brimvörninni utan á Aðalhafnargarðinum. Í maí var gerður samningur við Jarðverk ehf. sem fól í sér að vinna 100 steina, 7–10 tonn, í námunni á Árskógssandi, flytja þá til Grímseyjar og raða þeim í grjótvörnina frá hausnum og upp fyrir mastursbús. Verkinu lauk í byrjun júlí.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 5,8 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 5,5 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Hjalteyri: Engar framkvæmdir.

Akureyri: Heimilað var að flýta framkvæmdum við 1. áfanga stækkunar á Fiskihöfninni, dýpkun og stálþil.

Í nóvember var dýpkun Fiskihafnar boðin út. Fjögur tilboð bárust. Lægsta boð, sem var 66% af áætlun, kom frá Sandgrevstur P/F í Færeyjum. Ekki var búið að ganga frá samningi um verkið fyrir áramót.

Hafinn var undirbúningur að útboði á 120 m stálþilsbakka við vesturkant Fiskihafnarinnar.

Svalbarðseyri: Lokið var uppgjöri vegna grjótfláa innan hafnar, en það verk var unnið í desember á síðasta ári.

Grenivík: Engar framkvæmdir.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 3,6 millj. kr.

Húsavík.

Eftir áramótin var tekin ákvörðun um að hætta við byggingu brimvarnargarðs út frá enda Norðurgarðsins. Í þess stað verða gerðar líkantilraunir og í framhaldi af þeim er áætluð bygging brimvarnargarðs við Böku vestan Norðurgarðsins. Í febrúar var undirritað samkomulag við Rögnvald Árnason verktaka frá Sauðárkróki um breytingu á verksamningi. Samkomulagið fól í sér vinnslu á grjóti í fyrirhugaðan brimvarnargarð við Böku. Grjótið var unnið í námunni við Mánárbakka á Tjörnesi og mestur hluti þess fluttur á lager í fjöruna utan Norðurgarðsins og á fyllingu sem gerð var þar fyrir framan. Alls voru fluttir á lager um 34.000 m³ af grjóti til viðbótar við þá 1.700 m³ sem komnir voru fyrir áramót. Grjótið vegur 0,5–25 tonn og er flokkað í fimm stærðarflokka. Stærstu steinarnir, yfir 16 tonn, voru skildir eftir í námunni. Efni í fyllingu utan Norðurgarðs var sprengdur kjarni sem tekinn var í Katlanámu. Kostnaður við fyllinguna var metinn styrkhæfur að þeim hluta sem fellur á fyrirhugaðan brimvarnargarð við Böku. Verktaki lauk framkvæmdum 20. ágúst.

Heimilað var að dýpka innsiglingu að Norðurgarði í stað framkvæmdar við brimvarnargarðinn sem hætt var við. Dýpkunin var boðin út í mars og samið við lægstbjóðanda, Hagtak hf., um framkvæmdina. Dýpkað var 6.457 m² svæði í 8 m dýpi. Verkinu lauk í júní.

Framkvæmdakostnaður: 147,6 millj. kr.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Heimamenn ákváðu að fresta viðlegubryggju fyrir smábáta sem var á hafnaáætlun. Í staðinn var veitt heimild til að bjóða út breikkun á þekju við hafnargarðinn. Samið var um verkið við lægstbjóðanda, Trémál ehf. á Kópaskeri. Verkinu lauk í byrjun september. Þekjan var breikkuð á um 75 m kafla, alls 641 m².

Gert var við tjón á enda hafnargarðsins. Hlaðið var pokasteypu að undirstöðu fremsta kersins og steypt undir það. Einnig var steypt ný þekja yfir kerið og tenginguna við næsta ker, alls 174 m². Trémál ehf. annaðist viðgerðina með aðstoð Erlendar Bogasonar kafara.

Framkvæmdakostnaður: 6,8 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 2,8 millj. kr.

Raufarhöfn.

Veitt var heimild til að flýta framkvæmdum við loðnubryggju og dýpkun sem samkvæmt hafnaáætlun átti að koma til framkvæmda árin 1999–2000.

Í júní var samið við Hagtak hf. um að dýpka svæði innan hafnar við fyrirhugaða bryggju og í innsiglingarrennu. Hagtak lauk framkvæmdum um mánaðamótin ágúst–september. Um 7.000 m² svæði innan hafnar var dýpkað í 8 m dýpi. Í innsiglingarrennu var dýpkað meðfram vesturkanti og út í snúning. Alls var grafið úr rennunni um 2.000 m³. Ytri hluti innsiglingar er nú með 8 m dýpi og á innri hluta er rúmlega 7 m dýpi. Sprengja þurfti klapparhóla yst í

innsiglingunni, en að öðru leyti var um lausan gröft að ræða. Dýpkunin var alls um 22.000 m^3. Til stóð að merkja innsiglinguna með tveimur stöplum út við snúninginn en hætta varð við það vegna ótíðar.

Jafnframt dýpkun var samið við Hagtak um að sprengja skurð fyrir stálþil og var því verki lokið í ágúst. Í nóvember var samið við verktakafyrirtækið Iðufell ehf. á Raufarhöfn um að keyra út fyllingu að væntanlegu stálþili. Fyllingunni var ekki lokið um áramót.

Skömmu fyrir áramótin var samið við Iðufell ehf. um að rífa Fiskavíkurbryggju. Ekki var byrjað á verkinu fyrr en eftir áramót.

Hannaður var grjótgarður sem skýla á bátahöfninni í stað Fiskavíkurbryggju. Í árslok var samið við Iðufell ehf. um að byggja garðinn, en ekki var byrjað á framkvæmdum fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 31,5 millj. kr.

Þórshöfn.

Lokið var endurbyggingu á masturshúsi frammi á Hafskipabryggjunni sem samið var um við ÞH verktaka á síðasta ári.

Hjarðarnesbræður ehf. héldu áfram vinnu við Suðurgarðinn, en vinna við hann hófst í ágúst á síðasta ári. Verkinu miðaði hægt og er því enn ekki lokið um áramót. Garðurinn er kominn í fulla lengd en eftir að raða á hann grjóti. Grjót er tekið úr námu skammt fyrir ofan bæinn. Náman er erfið í vinnslu og langir votviðrakaflar hafa valdið því að mikill aur er í henni. Endurbyggja þurfti námuveginn og flytja að möl til að yfirkeyra garðinn.

Verktakinn er um áramót ekki byrjaður á lengingu Norðurgarðsins, en hefur unnið á lager í námunni megnið af stóru grjóti sem fara á í garðinn.

Framkvæmdakostnaður: 16,7 millj. kr.

Bakkafjörður.

Engar framkvæmdir.

Vopnafjörður.

Engar framkvæmdir.

Borgarfjörður eystri.

Engar framkvæmdir.

Seyðisfjörður.

Engar framkvæmdir.

Fjármagnskostnaður: 1,2 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Neskaupstaður: Byggt var uppsátur í smábátahöfninni við flugvallarveginn. Heimamenn sáu um framkvæmdina.

Eskifjörður: Á hafnaáætlun var gert ráð fyrir efniskaupum í 80 m stálþilsbryggju með 8 m dýpi. Heimild fékkst til að hanna bryggjuna miðað við 10 m dýpi og voru efniskaup gerð samkvæmt því. Heimamenn tóku þá ákvörðun að panta efni í 130 m langa bryggju og greiða að fullu kostnað við það efni sem er umfram 80 m. Stálþil og festingaefni var boðið út og keypt frá British Steel. Stálþilið er af gerð Larsen LX 25.

Unnið var að gerð uppfyllingar fyrir stálþilsbryggjuna austan við Bæjarbryggju ásamt styttingu á skjólgarði við smábátahöfnina. Verkið var boðið út skömmu fyrir áramótin og samið í ársbyrjun við R.H.-gröfur ehf. sem áttu lægsta tilboð. Efni var tekið inn með Eskifjarðará úr skriðum og úr árfarvegi. Fyllingin var höfð með yfirhæð á ysta hluta til að flýta fyrir sigi. Lokið var við uppfyllinguna í apríl.

Á hafnaáætlun var gert ráð fyrir dýpkun við stálþilsbryggjuna en því var frestað. Ætlunin er að dýpka með krana frá bryggjunni síðar.

Unnið var við hönnun og undirbúning að kantsteypu, lögnum og þekju á bræðslubryggjuna, en verkið var ekki boðið út á árinu.

Reyðarfjörður: Engar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 28,7 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Engar framkvæmdir.

Stöðvarfjörður.

Í apríl var boðinn út skjólgarður fyrir smábátahöfn ásamt tengibraut og breikkun á tengibraut að nýju bryggju. Samið var við lægstbjóðanda, Friðgeir Hjaltalín, um verkið. Grjótnáma var í Byrgisnesi í um 2 km fjarlægð. Unnið var um 12.700 m³ af sprengdum kjarna og 3.500 m³ af flokkuðu grjóti. Verkið hófst í byrjun júlí og því lauk í október. Um haustið fluttu heimamenn gömlu flotbryggjuna og komu henni fyrir til bráðabirgða innan á skjólgarðinum.

Framkvæmdakostnaður: 16,7 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Engar framkvæmdir.

Djúpivogur.

Heimild fékkst til að bjóða út dýpkun í innsiglingu að Djúpavogshöfn en verkið átti samkvæmt hafnaáætlun að koma til framkvæmda á árunum 1999–2000. Dýpkunin var boðin út í mars. Tvö tilboð bárust sem bæði voru langt yfir kostnaðaráætlun. Tilboðunum var hafnað og ákveðið að hefja könnun á hafnargerð í Innri-Gleðivík í grennd við fiskimjölsverksmiðjuna.

Samið var við SG-vélar á Djúpavogi um að steypa uppsátur fyrir smábáta. Verkinu var ekki lokið fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 1,8 millj. kr.

Höfn í Hornafirði.

Í september var boðin út dýpkun við leiðigarð í Ósnum. Samið var við Björgun ehf. sem átti eina tilboðið, 81% af kostnaðaráætlun. Verkinu lauk í nóvember. Dælt var upp um 22.000 m³ af efni. Meginhlutinn af því magni var af svæði innan við leiðigarðinn en um 4.000 m³ voru teknir annars staðar á siglingarleið inn að höfninni.

Unnið var í viðhaldsdýpkun innan hafnar með dýpkunarskipi hafnarinnar, Soffíu. Samkvæmt reynslu er talin þörf á 12–15.000 m³ árlegri viðhaldsdýpkun og er gert ráð fyrir því í hafnaáætlun. Í ár var dælt um 15.000 m³.

Í júlí var boðin út endurbygging á 47 m trébryggju við vogarhús. Bryggjan er hönnuð miðað við 5 m dýpi. Harðviður var keyptur hjá BYKO. Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að endur-

byggja alla bryggjuna eða 90 m, en ákveðið var að fresta endurbyggingu á innri hlutanum, sumpart vegna þess að fjárveiting hefði ekki dugað fyrir öllu verkinu og sumpart vegna þess að ástand er betra á innri hlutanum og talið að hann muni endast nokkur ár enn. Samið var um bryggjusmíðina við lægstbjóðanda, Svein Sighvatsson. Framkvæmdir hófust um miðjan ágúst. Þeim lauk ekki að fullu fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 40,9 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Keyptur var búnaður í upplýsingakerfi fyrir sjófarendur, en uppsetningu á honum er ekki lokið. Eftir er að koma fyrir sjálfvirkri veðurstöð sem ætlunin er að setja upp við Skansfjöru.

Í júní lauk Skipalyftan ehf. verkþætti sínum við 70 m langt stálþil austan Friðarhafnarkants. Samningur við Skipalyftuna fól í sér rekstur á þilinu, fyllingu og steypu á kantbita.

Dýpkað var í höfninni með grafskipi Vestmannaeyjahafnar að nýja stálþilinu við Löngu og víðar. Magn dýpkunar sem metið er styrkhæft er 15.400 m³.

Í september var boðin út endurbygging á Friðarhafnarkanti, þilrekstur, fylling og steyptur kantur. Samið var við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleiguna ehf. Stálþil af gerð AZ 18 var keypt frá ARBED og festingaefni frá Anker Schroeder. Lengd kants, sem endurbyggður er í þessum áfanga, er um 208 m frá nýja þilinu austan við Vinnslustöðina vestur að horninu við Friðarhöfn. Nýja þilið er hannað fyrir 8,5 m dýpi og var það rekið niður 0,6 m framan við gamla þilið. Tengt var við stögin frá gamla þilinu, en rannsóknir leiddu í ljós að þau voru í góðu ástandi og þoldu álagið. Framkvæmdir við þilrekstur hófust í október. Verkið var um það bil hálfnað um áramót.

Í október var samið við Borgarvirki ehf. og Bergbrot ehf. um frágang fláa og grjóthleðslu við smábátaaðstöðu innan Nausthamarsbryggju. Jafnframt tók verktaki að sér að hlaða grjótfláa við suðurenda stálþils austan Friðarhafnarkants. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 78,0 millj. kr.

Stokkseyri.

Engar framkvæmdir.

Eyrarbakki.

Engar framkvæmdir.

Þorlákshöfn.

Lokið var uppgjöri vegna lagna, lýsingar og þekju á Skarfaskersbryggju, en það verk var unnið á síðasta ári og lauk skömmu fyrir áramót.

Heimilað var að flýta tveimur verkefnum sem koma áttu til framkvæmda á næsta eða þar næsta ári samkvæmt hafnaáætlun. Fyrra verkið var dýpkun hafnar sem samið var um við Björgun ehf. að undangengnu útboði. Byrjað var að dýpka í október og verkinu lauk í desember. Alls var dælt 26.100 m³ úr innsiglingunni og innan hafnar.

Hitt verkefnið sem heimild var veitt til að flýta var Suðurvarargarður, styrking á brimvörn. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða bauð lægst í það verk og var samningur undirritaður í lok nóvember. Styrkja á brimvörnina á um 160 m kafla við hús Jarðefnavinnslunnar og bæta í hana 4.500 m³ af grjóti. Grjótnáma er í landi Hrauns í Ölfusi. Verkið var rétt nýbyrjað um áramótin.

Framkvæmdakostnaður: 11,6 millj. kr.

Grindavík.
Engar framkvæmdir.

Sandgerði.
Boðin var út í mars endurbygging á kanti og þekju við Norðurgarð. Samið var við lægstbjóðanda, Nesmúr ehf. Verkið hófst í apríl og lauk í september. Kantur var brotinn upp og endursteyptur á 177 m kafla frá svæðinu við löndunarkrana sem endurbyggt var árið 1996. Meðfram þessum kafla var steypt 2.295 m² þekja sem nær yfir gömlu kerin. Til stóð að malbika svæðið á nýju fyllingunni utan við kerin, en hætt var við það vegna þess að samkvæmt deiliskipulagi hafnarinnar eiga þar að rísa byggingar í framtíðinni.
Veitt var heimild til að flýta dýpkun að Norðurgarði sem koma átti til framkvæmda á árunum 1999–2000 samkvæmt hafnaáætlun. Í ágúst var boðin út dýpkun á 5.300 sæði fremst við Norðurgarð. Eitt tilboð barst í verkið frá Hagtaki hf. og J&K Petersen verktökum ehf. Var það 12% yfir kostnaðaráætlun. Samið var við Hagtak og J & K Petersen á grundvelli tilboðsins, en dregið úr umfangi verksins. Miðaðist samningsfjárhæðin við 52,0 millj. kr. Byrjað var að dýpka um miðjan október. Verkinu var ekki lokið um áramót.
Framkvæmdakostnaður: 61,0 millj. kr.

Hafnasamlag Suðurnesja.
Garður: Heimild fékkst til að flýta grjótvörn utan á bryggjuna sem koma átti til framkvæmda árin 1999–2000 samkvæmt hafnaáætlun. Verkið var boðið út í ágúst og samið við lægstbjóðanda, SEES ehf. Vinna við grjótvörnina hófst í byrjun september. Grjótnáma var opnuð í klettabelti sunnan megin í Helguvík. Tilgangurinn með opnun grjótnámu á þessum stað er að skapa aðstöðu fyrir gerð öldudempara, en öldur sem endurkastast frá berginu valda ókyrrð við nýja kantinn í Helguvík. Verkfræðistofa Suðurnesja annaðist gerð útboðsgagna og mælingar, en umsjón með verkinu var í höndum Siglingastofnunar. Um 9.000 m³ af grjóti fóru í grjótvörnina. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramót.
Reykjanesbær: Lokið var uppgjöri vegna lagna og lýsingar við nýja kantinn í Helguvík, verk sem unnið var á síðasta ári.
Í júlí voru boðnir út björgunarstigar á bryggjur í Keflavík og Njarðvík. Samið var við Hafnarverk ehf. Settir voru upp 37 stigar á bryggjur í Keflavík og 33 í Njarðvík. Að auki var samið við verktaka um að setja upp 7 stiga á bryggju í Garði og 6 stiga í Vogum. Verkið hófst í ágúst en seinkaði nokkuð vegna tafa á afhendingu efnis og var ekki lokið á árinu.
Vogar: Engar framkvæmdir.
Framkvæmdakostnaður: 23,0 millj. kr.

Hafnarfjörður.
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar.)

Garðabær.
Engar framkvæmdir.

Kópavogur.
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar.)

Óskipt fjárveiting.

Óskipt fjárveiting var notuð til að styrkja ýmsar minni háttar framkvæmdir, svo sem til lagfæringa á innsiglingamerkjum, setja stiga á bryggjur, lýsingu og önnur öryggismál. Almennt er miðað við að einstakar framkvæmdir kosti ekki meira en um 1,0 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 2,0 millj. kr.

HAFNARFRAMKVÆMDIR SEM EKKI ERU RÍKISSTYRKTAR

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum sem ekki njóta ríkisstyrkja. Oftast eru þetta viðhaldsverkefni eða minni háttar nýbyggingar. Þó var unnið að nokkrum stærri verkefnum í höfnum á síðastliðnu ári. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á framfæri.

Grundartangi.

Áfram var unnið að stækkun hafnarinnar sem hófst á síðasta ári. Í júní lauk Völur hf. við samningsverk sem fólst í að reka niður 200 m stálþilskant, fylla og steypa kantbita.

Í september voru boðnar út lagnir í bryggjuna og þekja. Samið var við lægstbjóðanda, Ístak hf. Vinna hófst í október og lauk skömmu fyrir áramót. Lagðar voru vatnslagnir, ídráttarrör fyrir rafmagn og steypt 5.273 m² þekja við kantinn. Lagt var malbik á aðkomuleiðir og meðfram steyptu þekjunni, alls 5.779 m² svæði.

Í nóvember var samið við Raftækjavinnustofu Á.Á. um raflagnir að undangengnu útboði. Verkið fólst í smíði og uppsetningu töfluskápa og að leggja rafstrengi og setja upp lýsingu. Vinna hófst í desember og var verkið því skammt á veg komið um áramótin.

Framkvæmdakostnaður: 185,0 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Unnið var að stækkun hafnarinnar út fyrir Suðurgarð. Boðin var út gerð vegfyllingar meðfram rennu inn í Hvaleyrarlón. Verktaki við þá framkvæmd var Uppfylling hf. Ekið var út 147.000 m³ af efni.

Samið var við Björgun ehf. um að útvega 228.000 m³ af efni í undirstöðu brimvarnargarðs. Boðin var út brimvörn utan á enda vegfyllingar og samið við Suðurverk hf. um það verk. Magn 62.000 m³. Verklok voru í ágúst.

Keypt var efni í 200 metra langt stálþil sem hannað er fyrir 8 m dýpi. Boðinn var út rekstur og uppsetning á stálþilinu ásamt steypu á kantbita og pollum og samið við Sæþór hf. um það verk. Framkvæmdir hófust í september. Þeim var ekki lokið um áramót.

Samið var við Ístak hf. um byggingu brimvarnargarðs. Það verk var um það bil hálfnað um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 375,0 millj. kr.

Kópavogur.

Lagðar voru heimæðar fyrir vatn og rafmagn að nýju bryggjunni við Norðurgarð og boðnar út vatns- og raflagnir við kantinn ásamt þekjusteypu, 1.900 m². Fyrirtækið Steypa og litir ehf. átti lægsta tilboð og var samið við það um verkið. Þessum framkvæmdum lauk á árinu. Bryggjan er nú fullfrágengin.

Framkvæmdakostnaður: 16,0 millj. kr.

Reykjavík.

Helsta framkvæmd ársins var bygging olíubryggju í Örfirisey. Unnið var að dýpkun aðsiglingar, bygging skjólgarðs og hafin bygging bryggju. Framkvæmdir við þetta mannvirki hófust á árinu 1996 og við það er miðað að mannvirkið verði tilbúið til notkunar haustið 1999. Til að fá grjót til byggingar skjólgarðs var opnað grjótnám í Geldinganesi og hafinn sjóflutningur efnis úr grjótnáminu.

Aðrar helstu framkvæmdir á vegum Reykjavíkurhafnar á árinu voru ýmis verkefni við þróun hafnarlands og landgerð bæði í Gömlu höfninni og eins í Sundahöfn. Helstu verkefni við landgerð voru í Vesturhöfn, á Klettasvæði og í Kleppsvík.

Hafist var handa við ýmis undirbúningsverk að lengingu Vogabakka til suðurs.

Framkvæmdakostnaður: 557,0 millj. kr.

FERJUBRYGGJUR

Hafin var viðgerð á bryggju í Flatey á Breiðafirði. Gert var við undirstöðu á steyptum landvegg. Lagfærðar voru þybbur á ferjubryggjunum í Vigur og á Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.

Framkvæmdakostnaður: 4,0 millj. kr.

SJÓVARNARGARÐAR

Á Akranesi var boðið út framhald sjóvarnar við Krókalón og samið við Þrótt ehf. um framkvæmdina. Byggður var um 140 m langur sjóvarnargarður suður frá húsi nr. 97 við Vesturgötu þar sem hætt var á síðasta ári.

Í Flatey á Breiðafirði var gerð tilraun með að hlaða upp Stóragarð. Erfitt er um vik að framkvæma varanlegar endurbætur því svæðið er á þjóðminjaskrá og ekki hægt að koma við stórvirkum tækjum.

Í Vesturbyggð var gerð 45 m löng sjóvörn á Bíldudal framan við gamla sláturhúsið, en haustið 1996 varð þar talsvert landbrot.

Í Ísafjarðarbæ var byggður upp um 190 m langur sjóvarnargarður framan við fjölbýlishúsið Fjarðarstræti, fyrir norðausturhornið á Eyrinni og um 50 m suður með Sundstræti. Á þessu svæði voru fyrir leifar af gamalli sjóvörn. Garðinum var endurraðað og bætt í hann 2.240 m³ af grjóti. Samið var við Jón og Magnús ehf. um framkvæmdina að undangengnu útboði.

Í Árneshreppi á Ströndum var byrjað á um 30 m löngum sjóvarnargarði framan við sögunarhús við bæinn Litlu-Ávík.

Á Blönduósi var boðin út sjóvörn norðan Blöndu. Verkið var boðið út um leið og sjóvarnir á Skagaströnd og í Kálfshamarsvík. Samið var við Norðurtak ehf. um þessar framkvæmdir. Byggður var 115 m langur sjóvarnargarður og er þá eftir að verja um það bil 120 m langan kafla að ósi Blöndu. Rúmlega 2.000 m³ af grjóti fóru í garðinn.

Á Skagaströnd var byggður 66 m langur sjóvarnargarður við Hólanesið frá enda sjóvarnar sem komin er við Fjörubraut norður fyrir gömlu Hólaneshúsin.

Í Skagahreppi var gerður um 70 m langur sjóvarnargarður í Kálfshamarsvík við veginn sem liggur út í vitann. Kostnaður var rúmlega 1,0 millj. kr. Ekki var fjárveiting fyrir þessari framkvæmd á fjárlögum og var hún greidd að $\frac{2}{3}$ hlutum af vitasviði Siglingastofnunar og $\frac{1}{3}$ hluta af Skagahreppi.

Á Dalvík var samið við Jarðverk ehf. um byggingu á 80 m löngum sjóvarnargarði frá Brimnesá í átt að Blika. Vegna ótíðar tókst ekki að ljúka verkinu um haustið og var því frestað fram á næsta ár.

Lokið var uppgjöri vegna sjóvarnar sem unnin var á Svalbarðseyri síðasta ár.

Á Grenivík var samið við Jarðverk ehf. um að byggja 130 m langan sjóvarnargarð frá gömlu bryggjunni norður með ströndinni neðan við Ægissíðu. Vinna við garðinn hófst í nóvember og var ekki að fullu lokið um áramót.

Á Þórshöfn voru Hjarðarnesbræður áfram við störf. Samið var við þá um mitt ár 1997 um gerð sjóvarnar við Bakkaveg ásamt byggingu Suðurgarðs og lengingu Norðurgarðs. Byggja á nýja sjóvörn á 210 m kafla og lagfæra eldri sjóvörn á 110 m kafla. Lítið var unnið við sjóvörnina á árinu og er enn talsverðu ólokið um áramót.

Á Vopnafirði var byggður um 150 m langur sjóvarnargarður frá gömlu verksmiðjubryggjunni suður að olíutönkunum norðan við Kaupfélagsbryggjuna. Vélaleiga Sigga Þór ehf. vann þetta verk að undangengnu útboði.

Í Sandgerðisbæ var gerð sjóvörn framan við fornan kirkjugarð hjá Gamlabóli. Að auki var gerð sjóvörn báðum megin við kirkjugarðinn meðfram golfvellinum, en sú sjóvörn var kostuð af heimamönnum.

Í Gerðahreppi var byggður um 850 m langur sjóvarnargarður sem nær frá Útskálarifi að Garðshöfn. SEES vann þetta verk að undangengnu útboði.

Í Bessastaðahreppi lauk Suðurverk hf. við sjóvarnargarða sem byrjað var á í nóvember á síðasta ári frá Marbakka suður fyrir Litlubæjarvör nr. 4 og um 400 m kafli við Hliðsnes. Til viðbótar þessu tók Suðurverk rúmlega 100 m kafla við Kasttanga og um 400 m frá Sjávargötu suður að Sandskarði. Á þessum stöðum var að mestu leyti um að ræða styrkingu á gamalli sjóvörn. Nú er eftir að verja tvo kafla sem eru í B–C flokki, framan við Sjávargötu rúma 200 m og Bakkaveg–Hákotsvör 280 m.

Á Seltjarnarnesi var lokið viðgerð á skörðum sem komin voru í sjóvörnina á Gróttu og við Tjarnarstíg 20 var sett sjóvörn sem styrkt var að ⅓ hluta, bærinn greiddi ⅓ hluta og lóðarhafi ⅓. Áformað var að ljúka 80 m sjóvarnargarði á suðurströndinni austan við Lambastaðagranda, en því er frestað þar til búið verður að byggja skólpdælistöð sem þar á að rísa.

Framkvæmdakostnaður: 61,6 millj. kr.

RANNSÓKNIR

Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum fyrir 39,5 millj. kr. Helstu verkefnisflokkar eru eftirfarandi:

Frumrannsóknir. Kostnaður 3,0 millj. kr. Með frumrannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Grunnkort af höfnum. Kostnaður 2,0 millj. kr. Dýptarmælingar voru gerðar á Sauðárkróki, Hornafirði og í Þorlákshöfn.

Sjávarföll og sjávarflóð. Kostnaður 4,6 millj. kr. Í samstarfi við verkfræðistofuna VST var lokið við að þróa reiknilíkan fyrir sjávarföll og sjávarflóð fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland. Svæðið nær frá 60,0°V til 21,0°A og frá 49,5°N til 75,0°N með upplausn 1,5°. Reiknilíkanið veitir upplýsingar um sjávarföll utan hafna og áhlaðanda vegna lágs loftþrýstings og vindáhlaðanda þegar líkanið er keyrt saman við tölvuspá Veðurstofunnar. Við kvörðun reiknilíkansins verður stuðst við sjávarfallamæla sem settir hafa verið upp í höfnum. Jafnframt var lokið við fyrsta áfanga af uppsetningu nákvæmara sjávarfalla- og sjávarflóðalíkans af landgrunninu undan Suðvesturlandi. Svæðið er 250 km × 350 km með 2 km upplausn. Hafin var vinna við reiknilíkan fyrir dreifingu olíu sem verður hluti af upplýsingakerfi SÍ.

Líkantilraunir og frumáætlanir. Kostnaður 14,4 millj. kr. Lokið var við gerð líkantilrauna af Hafnarfjarðarhöfn. Þar voru gerðar tillögur að nýjum viðlegukanti utan núverandi hafnarmannvirkja, skjólgarði 600 m utan við Suðurgarð ásamt aðstöðu fyrir flotkvíar.

Byggt var líkan af Vopnafjarðarhöfn og leitað hagkvæmustu lausnar á bryggju sem nýtist til löndunar uppsjávarfisks og til viðlegu. Ýmsar lausnir voru reyndar, en fyrir valinu varð kantur með landinu sunnan Miðbryggju, skjólgarður frá Síldarbryggju yfir Friðarsker og í átt að Ásgarði, ásamt ytri skjólgarði suðaustur úr Miðhólma.

Öldurannsóknir. Kostnaður 6,7 millj. kr. Í tilefni af ári hafsins var haldin ráðstefna á vegum samgönguráðuneytisins og SÍ um öryggismál sjófarenda undir heitinu „Aukið öryggi og hagkvæmari sjósókn". Á ráðstefnunni var formlega opnaður aðgangur á veraldarvefnum að upplýsingakerfi SÍ um veður og sjólag inn á heimasíðu SÍ. Þeir þættir sem komu til viðbótar raunmælingum um veður og sjólag voru spár 2–6 daga fram í tímann um: *veður, ölduhæðir, hættulegar öldur, sjávarföll og sjávarflóð.* Á grundvelli ölduspár og áhættumats er unnt að spá fyrir um hættulegar öldur (brotöldur). Upplýsingar í þessu kerfi byggja á veðurspá og ölduhæðarspá frá evrópsku veðurstofunni í Englandi í samvinnu við Veðurstofu Íslands.

Unnið var áfram að öldureikningum á Faxaflóa inn til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Öldusveigjureikningar voru gerðir fyrir Vopnafjarðarhöfn í tengslum við líkantilraunir fyrir höfnina og alda reiknuð inn að Borgarfirði eystra. Könnuð var ölduhæð á helstu ferjusiglingarleiðum og voru einkum gerðir öldusveigjureikningar inn Breiðafjörð og í framhaldi af því verkefni gerðir ölduhæðarreikningar fyrir Grundarfjörð. Byrjað var að undirbúa öldusveigjureikninga fyrir Djúpavog til að kanna ölduhæð í Gleðivík vegna fyrirhugaðrar loðnubryggju og skjólgarðs.

Efnisflutningar. Kostnaður 3,3 millj. kr. Fylgst var með breytingum við innsiglinguna til Hornafjarðar, á Sauðárkróki, Ólafsfirði og víðar. Unnið var að heimildarriti um rannsóknir á siglingaleið um Hornafjarðarós. Unnið var að botnrannsókn á Vopnafirði.

Aðrar rannsóknir. Kostnaður 6,0 millj. kr. Unnið var áfram að rannsóknum á sambandinu milli öldugerða og öryggis og stöðugleika minni fiskiskipa í brjótandi öldum með því markmiði að nýta upplýsingakerfið til að auka öryggi sjófarenda. Birt var grein um upplýsingakerfið *The Icelandic Information System on Weather and Sea State for Seafarers* á alþjóðlegu ráðstefnunni ICS '98.

Unnið var að líkantilraunum á hreyfistöðugleika líkans af fiskibátnum Skúmi GK 111 og gerð ísingarspár fyrir Skúm í samvinnu við Háskólann í Þrándheimi og samin skýrsla um niðurstöður rannsókna *Icing Simulation on Skumur.*

Birt var grein um ísingu fiskiskipa *Forecast of Marine Icing on Vessels* á alþjóðlegu ráðstefnunni IWAIS '98 sem var haldin í Reykjavík.

Birt var grein um byggingu brimvarnar- og leiðigarðsins á Austurfjörutanga við Hornafjarðarós *The Hornafjordur Tidal Inlet* á alþjóðlegu ráðstefnunni ICS '98 og *Stabilisation of the tidal entrance at Hornafjordur, Iceland* á alþjóðlegu ráðstefnunni ICCE '98. Birt var grein um grjóthrúgugarða sem unnin var í samvinnu við dönsku straumfræðistöðina *Advances in Berm Breakwaters* á alþjóðlegu ráðstefnunni Coastlines, Structures and Breakwaters.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1998 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Heildar-kostnaður		Ríkis-hluti
I. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir					
Akranes	Faxabryggja, þekja, lagnir og lýsing	60%	24,4	24,4	14,6
Snæfellsbær	Arnarstapi: Lenging viðlegu, dýpkun	75%	0,9		
	Rifshöfn: Endurbygging Norðurgarðs	75%	0,9		
	Ólafsvík: Flotbryggja	60%	12,3		
	Rifshöfn: Trébryggja	60%	2,9		
	Fjármagnskostnaður	90%	0,4	17,4	10,8
Stykkishólmur	Steinbryggja endurbyggð	60%	39,2	39,2	23,5
Vesturbyggð	Bíldudalur: Upptökubraut	60%	0,1		
	Fjármagnskostnaður	90%	1,0	1,1	1,0
Tálknafjörður	Grjótgarður við smábátahöfn	90%	0,2	0,2	0,2
Bolungarvík	Lýsing og raflögn við Brjót	60%	1,9		
	Dýpkun í innsiglingu og höfn	75%	14,9	16,8	12,3
Ísafjarðarbær	Ísafjörður: Stálþil, efniskaup og fylling	60%	4,0		
	Ísafjörður: Sundahöfn, dýpkun	75%	0,3		
	Ísafjörður: Bátahöfn, raflagnir og lýsing	60%	0,1		
	Flateyri: Stálþil, endurbygging	60%	0,9		
	Þingeyri: Flotbryggja, frágangur	60%	0,6	5,9	3,6
Súðavík	Grjótgarður	90%	14,9		
	Leiðrétting vegna framkvæmda fyrri ára	60%	-1,1	13,8	12,8
Húnaþing vestra	Norðurgarður, stálþil, þekja og lagnir	60%	0,8	0,8	0,5
Skagaströnd	Innsiglingarmerki	90%	0,6		
	Fjármagnskostnaður	90%	3,7	4,3	3,9
Skagafjörður	Norðurgarður, 60 m lenging	90%	5,0		
	Norðurgarður, 60 m lenging	75%	15,0		
	Leiðrétting vegna framkvæmda fyrri ára	90%	-0,2	19,8	15,6
Siglufjörður	Löndunarbryggja, frágangur	60%	3,3		
	Smábátadokk, viðlegubryggja	60%	6,6		
	Uppsátur fyrir smábáta	60%	2,5	12,4	7,4
Hafnasamlag	Fjármagnskostnaður vegna Hríseyjar	60%	0,3		
Eyjafjarðar	Fjármagnskostnaður vegna Dalvíkur	90%	1,6	1,9	1,6
Grímsey	Fjármagnskostnaður	90%	0,3		
	Leiðrétting vegna framkvæmda fyrri ára	90%	-0,3	0,0	0,0
Hafnasamlag	Svalbarðseyri: Grjótflái innan hafnar	60%	0,5		
Norðurlands	Akureyri: Fiskihöfn, dýpkun	75%	1,8		
	Akureyri: Fiskihöfn, stálþil	60%	0,2		
	Fjármagnskostnaður	90%	1,1	3,6	2,8
Húsavík	Norðurgarður lengdur	90%	15,7		
	Norðurgarður lengdur	75%	60,0		
	Dýpkun að Norðurgarði	75%	71,9	147,6	113,1
Kópasker	Smábátahöfn, þekja	60%	4,0	4,0	2,4

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Heildar-kostnaður		Ríkis-hluti
Raufarhöfn	Löndunarbryggja, dýpkun	75%	25,8		
	Löndunarbryggja, stálþilsskurður	60%	5,5		
	Grjótgarður í stað Fiskavíkurbryggju	75%	0,2	31,5	22,8
Þórshöfn	Suðurgarður	90%	9,0		
	Mastурshús	60%	1,1		
	Norðurgarður, lenging	75%	6,6	16,7	13,7
Seyðisfjörður	Fjármagnskostnaður	60%	1,2	1,2	0,7
Fjarðabyggð	Eskifjörður: Bræðslubryggja, þekja og lagnir	60%	0,3		
	Eskifjörður: Stálþilsbryggja, efniskaup og fylling	60%	26,6		
	Neskaupstaður: Uppsátur fyrir smábáta	60%	1,8		
	Leiðrétting vegna fyrri framkv. sk.	90%	-0,3	28,4	16,9
Stöðvarfjörður	Smábátahöfn, skjólgarður	75%	16,7	16,7	12,5
Djúpivogur	Dýpkun	75%	0,5		
	Uppsátur fyrir smábáta	60%	1,3		
	Leiðrétting vegna framkvæmda fyrri ára	90%	0,5	2,3	1,6
Höfn í Hornafirði	Dýpkun hafnar	75%	5,6		
	Dýpkun við leiðigarð	75%	10,9		
	Trébryggja við vogarhús, endurbygging	60%	24,4	40,9	27,0
Vestmannaeyjar	Friðarhöfn, endurbyggt stálþil	60%	55,9		
	Friðarhöfn, austurendi, nýtt stálþil	60%	15,0		
	Nausthamarsbryggja, smábátaaðstaða	60%	1,0		
	Upplýsingakerfi	75%	0,6		
	Stálþil við Löngu, dýpkun	75%	5,5	78,0	47,7
Þorlákshöfn	Skarfaskersbryggja, þekja og lagnir	60%	0,8		
	Dýpkun innsiglingar	75%	10,4		
	Suðurvarargarður, styrking	75%	0,4	11,6	8,6
Sandgerði	Norðurgarður, kantur og þekja	60%	21,6		
	Dýpkun hafnar	75%	39,4	61,0	42,5
Hafnasamlag Suðurnesja	Björgunarstigar á bryggjur	60%	8,8		
	Garður: Grjótvörn við bryggju	75%	13,6		
	Helguvík: Lagnir, lýsing og þekja	60%	0,6	23,0	15,8
Af óskiptu fé	Leiðrétting vegna framkvæmda fyrri ára				-4,6
	Alls ríkisstyrktar framkvæmdir		**624,5**	**624,5**	**431,3**
		60%	269,4		
		75%	301,9		
		90%	53,2		
	Samtals		**624,5**	**624,5**	**431,3**
II. Ferjubryggjur					
	Flatey á Breiðafirði	100%		3,8	3,8
	Vigur	100%		0,1	0,1
	Arngerðareyri	100%		0,1	0,1
	Samtals ferjubryggjur			**4,0**	**4**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1998 (fjárhæðir í millj. kr.).

Sveitarfélag	Framkvæmda-kostnaður	Hluti ríkisins
Akranes	7,2	6,6
Reykhólahreppur vegna Flateyjar	0,9	0,8
Vesturbyggð	0,6	0,6
Ísafjarðarbær	7,1	6,2
Blönduós	5,2	4,6
Skagaströnd	2,0	1,7
Kálfshamarsvík	1,1	0,0
Dalvík	0,1	0,1
Svalbarðsströnd	0,4	0,4
Grenivík	4,8	4,2
Þórshöfn	0,8	0,7
Vopnafjörður	7,1	6,2
Sandgerði	2,1	1,8
Gerðahreppur	8,0	7,0
Bessastaðahreppur	13,8	11,6
Seltjarnarnes	1,2	0,9
Óskipt vegna áætlana	0,3	0,3
Samtals	**62,7**	**53,7**

Tafla III. Rannsóknaverkefni 1998 (fjárhæðir í millj. kr.).

Almennar rannsóknir, óskipt		6,1
Ýmsar hafnarrannsóknir		0,9
Umhverfisrannsóknir		8,8
Skiparannsóknir		1,9
Líkantilraunir		
Vopnafjörður	12,7	
Hafnarfjörður	1,6	
Sameiginlegur kostnaður	0,1	14,4
Rannsóknaverkefni í höfnum		
Snæfellsbær	0,1	
Grundarfjörður	0,3	
Ísafjörður	0,1	
Hólmavík	0,1	
Skagaströnd	0,1	
Skagafjörður	0,3	
Hafnasamlag Eyjafjarðar	0,1	
Vopnafjörður	0,8	
Djúpivogur	0,1	
Höfn í Hornafirði	3,6	
Þorlákshöfn	0,2	
Hafnarfjörður	0,9	
Reykjavík	0,6	
Ýmsar hafnir	0,1	7,4
Samtals		**39,5**

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerða 1998 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn	Staða ríkissjóðs í árslok 1997		Ríkishluti framkvæmda	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1998	
	Vantar	Ónotað	1998	1998	Vantar	Ónotað
Akranes		2,4	14,6	3,5	8,7	
Borgarnes		0,1	0,0			0,1
Snæfellsbær		0,4	10,8	21,6		11,2
Grundarfjörður		0,0	0,0			0,0
Stykkishólmur		0,2	23,5	18,0	5,3	
Reykhólahöfn		0,1	0,0			0,1
Vesturbyggð	10,8		1,0	6,2	5,6	
Tálknafjörður		2,1	0,2			1,9
Bolungarvík		3,2	12,3	19,8		10,7
Ísafjarðarbær		6,3	3,6	47,6		50,3
Súðavík		13,3	12,8			0,5
Norðurfjörður			0,0			0,0
Drangsnes	1,1		0,0	1,2		0,1
Hólmavík		0,4	0,0			0,4
Húnaþing vestra[1]	6,8		0,5	12,0		4,7
Blönduós	0,9		0,0		0,9	
Skagaströnd	15,0		3,9	12,6	6,3	
Skagafjörður[2]	1,2		15,6	30,8		14,0
Siglufjörður		5,4	7,4	6,0		4,0
Hafnasamlag Eyjafjarðar	31,9		1,6	10,6	22,9	
Grímsey	3,8		0,0	1,8	2,0	
Hafnasamlag Norðurlands	84		2,8	28,9	57,9	
Húsavík		5,7	113,1	70,9	36,5	
Tjörnes			0,0			
Kópasker	1,2		2,4	1,9	1,7	
Raufarhöfn			22,8	2,9	19,9	
Þórshöfn		6,0	13,7	28,1		20,4
Bakkafjörður		1,0	0,0			1,0
Vopnafjörður	0,4		0,0	1,9		1,5
Borgarfjörður eystri	3,7		0,0	3,7		
Seyðisfjörður	9,3		0,7	5,8	4,2	
Fjarðabyggð[3]	21,4		16,9	28,7	9,6	
Fáskrúðsfjörður	5,2		0,0		5,2	
Stöðvarfjörður			12,5	10,4	2,1	
Breiðdalsvík		4,6	0,0			4,6
Djúpivogur			1,6	1,2	0,4	

Höfn	Staða ríkissjóðs í árslok 1997		Ríkishluti framkvæmda	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1998	
	Vantar	Ónotað	1998	1998	Vantar	Ónotað
Höfn í Hornafirði	13,8		27,0	35,8	5,0	
Vestmannaeyjar	65,4		47,7	65,8	47,3	
Eyrarbakki		1,0	0,0			1,0
Þorlákshöfn	28,3		8,6	24,8	12,1	
Grindavík	269,1		0,0	68,0	201,1	
Sandgerði	96,7		42,5	56,5	82,7	
Hafnasamlag Suðurnesja	90,3		15,8	30,6	75,5	
Hafnarfjörður	19,0		0,0	4,0	15,0	
Garðabær	0,1		0,0	0,1		
Óskipt	0,4		-4,6	15,2		19,4
Samtals	**779,8**	**52,2**	**431,3**	**676,9**	**627,9**	**145,9**

[1] Á árinu sameinuðust öll sveitarfélög í Vestur-Húnavatnssýslu í eitt sveitarfélag, Húnaþing vestra. Hafnarsjóðurinn á Hvammstanga tilheyrir Húnaþingi vestra.

[2] Á árinu sameinuðust sveitarfélög í Skagafirði utan eitt og við það urðu hafnarsjóðirnir á Hofsósi, á Sauðárkróki og í Haganesvík að einum hafnarsjóði, Hafnarsjóði Skagafjarðar.

[3] Á árinu sameinuðust sveitarfélögin á Norðfirði, Eskifirði og Reyðarfirði í eitt sveitarfélag, Fjarðabyggð. Við það sameinuðust hafnarsjóðir þessara byggðarlaga í Hafnarsjóð Fjarðabyggðar.

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1998 (fjárhæðir í millj. kr.).

Almennar hafnir		676,9
Lendingarbætur		
Hellnar, Snæfellsbæ	0,5	
Drangar, Árneshreppi	0,3	
Reykjafjörður	0,3	
Selvík á Skaga, Skefilsstaðahreppi	0,5	
Leirhöfn, Öxarfjarðarhreppi	0,4	
Óskipt	0,5	2,5
Ferjubryggjur		
Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp		5,0
Samtals		**684,4**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1998 (fjárhæðir í millj. kr.).

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333)	
Akranes	4,4
Snæfellsbær	0,8
Flatey á Breiðafirði	0,9
Ísafjörður	5,7
Árneshreppur	0,5
Blönduós	3,3
Höfðahreppur	1,7
Siglufjörður	0,2
Dalvík	1,3
Grenivík	4,5
Húsavík	1,1
Þórshafnarhreppur	2,8
Vopnafjörður	3,5
Ölfushreppur	1,8
Sandgerði	1,8
Gerðahreppur	6,5
Bessastaðahreppur	6,2
Seltjarnarnes	4,0
Samtals	**51,0**

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 1998 (fjárhæðir í millj. kr.).

Styrkir		
a. Styrkir til nýframkvæmda		
Stykkishólmur	4,5	
Bolungarvík	4,1	
Skagafjörður	5,9	
Húsavík	14,2	
Kópasker	0,5	
Stöðvarfjörður	2,1	
Sandgerði	3,0	34,3
b. Tjónastyrkir		
Reykhólahöfn	5,9	
Vesturbyggð	0,6	
Grímsey	6,0	
Skeggjastaðahreppur	0,3	
Kópasker	2,8	
Borgarfjörður eystri	0,6	
Hafnasamlag Suðurnesja	2,3	18,5
Styrkir alls		**52,8**

Lán		
a. Lán vegna heimahluta í nýframkvæmdum		
Stykkishólmur	4,5	
Sandgerði	3,0	7,5
b. Bráðabirgðalán út á væntanlega fjárveitingu		0
Lán alls		**7,5**
Samtals lán og styrkir		**60,3**

425. Breytingartillaga [69. mál]

við frv. til l. um skráð trúfélög.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:

Skilyrði fyrir skráningu félags samkvæmt lögum þessum er að það leggi stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sterkar sögulegar eða menningarlegar rætur eða sinni samsvarandi trúarlegum eða félagslegum skyldum og hafi unnið sér sess.

426. Svar [212. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um flutning eldsneytis á Reykjanesbraut.

1. *Hversu margar ferðir hafa verið farnar árlega frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkurflugvallar með eldsneyti á flugvélar síðustu fimm árin?*

Leitað var til olíufélaganna um svör við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar. Tekið skal fram að ekki fengust fullnægjandi upplýsingar fyrir árið 1994.

Olíuflutningar frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkurflugvallar á síðustu árum hafa verið sem hér segir:

Ár	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**
Ferðir	2.367	2.847	2.937	3.359

2. *Hversu mikið eldsneyti hefur verið flutt á ári hverju?*

Samkvæmt sömu heimildum hefur verið flutt eftirfarandi magn eldsneytis:

Ár	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**
Lítrar	90.232.142	108.214.438	113.481.993	136.778.586

3. *Hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna slits á vegum er rekja má til þessara flutninga?*

Þessi kostnaður hefur ekki verið áætlaður. Þarna er fyrst og fremst um að ræða kostnað vegna niðurbrots efna í veginum en þess má geta að á mestum hluta leiðarinnar er vegurinn mjög slitsterkur. Þá er einnig rétt að vekja athygli á því að verulegar upphæðir hafa verið greiddar í þungaskatt vegna þessara flutninga.

4. *Hefur slysahætta á Reykjanesbraut vegna þessa verið metin?*

Reykjanesbraut er alltaf undir eftirliti og skoðun með tilliti til slysahættu, m.a. hjá Vegagerðinni. Akstur stórra og þungra bifreiða sem flytja farm er meðal þess sem er athugað.

5. *Hefur verið gert umhverfismat með hliðsjón af hugsanlegum mengunaróhöppum, t.d. við vatnsból á Suðurnesjum, vegna þessara flutninga?*

Ekki er vitað til þess að gert hafi verið slíkt umhverfismat. Þó er talið að mesta hættan sé ekki á sjálfri Reykjanesbrautinni og umferð þar heldur á afleggjaranum til Grindavíkur og á láglendinu í nágrenni Svartsengis en þar er mikil vatnsnotkun og vatni dælt þaðan í miklum mæli.

427. Nefndarálit [186. mál]

um till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

1. Inngangur.

Þingsályktunartillögu um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun var formlega vísað til iðnaðarnefndar 22. nóvember 1999. Í iðnaðarnefnd var samþykkt að vísa umfjöllun um náttúrufar svæðisins til efnislegrar umfjöllunar í umhverfisnefnd, en að iðnaðarnefnd fjallaði um aðra þætti málsins. Umhverfisnefnd skilaði álitum sínum 6. desember og eru þau fylgiskjöl með þessu nefndaráliti.

Í iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd voru settar fram óskir um að haldinn yrði opinn borgarafundur um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun en þeirri beiðni var alfarið hafnað af meiri hluta iðnaðarnefndar. Hinn 3. desember 1999 rituðu Kolbrún Halldórsdóttir, fulltrúi í umhverfisnefnd, og undirritaður, sem fulltrúi í iðnaðarnefnd, þingforseta bréf þar sem farið var fram á að opinn borgarafundur yrði haldinn. Meiri hluti forsætisnefndar hafnaði erindinu á fundi sínum 6. desember 1999.

Á sameiginlegum fundi iðnaðarnefndar og umhverfisnefndar sem haldinn var miðvikudaginn 8. desember voru álit umhverfisnefndar kynnt. 1. minni hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Undir það álit rita Kristján Pálsson, Ásta Möller, Jónas Hallgrímsson og Gunnar Birgisson. 2. minni hluti umhverfisnefndar ítrekar það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt gildandi lögum. Undir það álit rita Ólafur Örn Haraldsson, formaður nefndarinnar, og Katrín Fjeldsted.

Þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar í umhverfisnefnd rituðu svohljóðandi bréf til formanns umhverfisnefndar: „Við undirritaðir nefndarmenn í umhverfisnefnd styðjum í einu og öllu

álit og niðurstöðu formanns nefndarinnar, Ólafs Arnar Haraldssonar, og Katrínar Fjeldsted er varðar þingsályktunartillögu um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, þskj. 216, 186. mál.“ Undir bréfið rita Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Kolbrún Halldórsdóttir. Því er ljóst að meiri hluti umhverfisnefndar er samþykkur því að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

Á fundi iðnaðarnefndar mánudaginn 7. desember var tekið fyrir formlegt erindi frá undirrituðum þar sem farið var þess á leit að fulltrúar frá Norsk Hydro væru kallaðir á fund nefndarinnar. Erindið var tekið til atkvæðagreiðslu og felldi meiri hlutinn það. Á þingfundi sama dag kvaddi undirritaður sér hljóðs um störf þingsins og mótmælti afgreiðslu meiri hlutans, enda fáheyrt á Alþingi að nefndarmönnum sé neitað um að kalla fyrir málsaðila.

Á fundi iðnaðarnefndar föstudaginn 8. desember óskaði minni hlutinn eftir því að þeir aðilar sem formlega, með rafrænum hætti, óskuðu eftir að koma á fund nefndarinnar væru kallaðir til. Meiri hlutinn felldi þá tillögu og bar við tímaskorti.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins Þorgeir Örlygsson, Jón Ingimarsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Friðrik Sophusson, Jóhann Má Maríusson, Helga Bjarnason og Agnar Olsen frá Landsvirkjun, Þorkel Helgason og Sveinbjörn Björnsson frá Orkustofnun, Jakob Björnsson, fyrrverandi orkumálastjóra, Þórð Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun, Óskar Maríusson frá Samtökum atvinnulífsins, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Þorvald Jóhannesson, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA), Smára Geirsson, formann Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og fulltrúa Fjarðabyggðar, Arnór Benediktsson, oddvita Norður-Héraðs, Ásmund Gíslason frá Ferðamálasamtökum Austurlands, Einar Rafn Haraldsson frá Afli fyrir Austurland, Jóhann F. Þórhallsson oddvita Fljótsdalshrepps, Kristinn Bjarnason hrl., Guðmund Bjarnason frá Fjarðabyggð, Guðmund Malmquist, Bjarka Jóhannesson og Guðmund Guðmundsson frá Byggðastofnun, Erlend Magnússon, fulltrúa í stjórn Hæfis, Magnús Ásgeirsson og Garðar Halldórsson frá nefnd um staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða á Reyðarfirði (STAR) og Sigurð Jóhannesson hagfræðing.

Nefndinni bárust umsagnir frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Samtökum iðnaðarins, Þjóðhagsstofnun, Verkamannasambandi Íslands, Verkamannafélaginu Árvakri á Eskifirði, Alþýðusambandi Austurlands, Jakobi Björnssyni, fyrrverandi orkumálastjóra, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Afli fyrir Austurland, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs, Fuglaverndarfélagi Íslands, Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Vesturlands, STAR, Umhverfisverndarsamtökum Íslands, Náttúruverndarráði, Samtökum útivistarfélaga, Umhverfisvinum, Skarphéðni Þórissyni líffræðingi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Kaupfélagi Héraðsbúa, Geir Oddssyni, fiski- og auðlindafræðingi, Aðalheiði Jóhannsdóttur lögfræðingi, Náttúruvernd ríkisins, Þóru Ellen Þórhallsdóttur prófessor, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands, Byggðastofnun, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Skipulagsstofnun, Landmótun, Breiðdalshreppi, Eyþóri Einarssyni grasafræðingi, umhverfisráðuneyti, Guðmundi Sigvaldasyni verkefnastjóra, Rögnvaldi Þorleifssyni, Gíslunni Jóhannsdóttur og frá Önnu Margréti Bjarnadóttur. Þá hefur á annað hundrað bréfa borist nefndinni í tölvupósti.

Nefndinni bárust einnig undirskriftalistar frá íbúum Fjarðabyggðar og Búða- og Fáskrúðsfjarðarhrepps til stuðnings virkjunarframkvæmdum.

Fyrir iðnaðarnefnd liggur óafgreidd tillaga til þingsályktunar um sjálfbæra orkustefnu, þskj. 13, 13. mál, og fyrir umhverfisnefnd liggur óafgreidd tillaga til þingsályktunar um stofnun Snæfellsþjóðgarðs, þskj. 11, 11. mál. Báðar þessar tillögur eru þess eðlis að þær

bæri að afgreiða á undan tillögu til þingsályktunar um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

2. Lagaóvissa.

Iðnaðarráðherra segir í greinargerð með þingsályktunartillögu sinni að þáverandi iðnaðarráðherra, Jón Sigurðsson, hafi veitt leyfi fyrir framkvæmdum 24. apríl 1991, en lætur þess jafnframt getið að sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hafi ekki veitt leyfi fyrir öðrum framkvæmdum en þeim sem lúta að aðkomugöngum virkjunarinnar. Þar með segir ráðherrann að leyfi Fljótsdalshrepps hafi þurft fyrir áframhaldandi framkvæmdum 1991. Skilningur skipulagsstjóra ríkisins er annar hvað þetta atriði varðar. Í umsögn hans til umhverfisnefndar, dags. 3. desember 1999, kemur fram að engar beinar leyfisveitingar til framkvæmda hafi verið fyrir hendi samkvæmt skipulagslögum, nr. 19/1964, með síðari breytingum, sem í gildi voru þegar virkjunarleyfi þáverandi iðnaðarráðherra var gefið út. Að hans mati hafi leyfi þáverandi iðnaðarráðherra verið ígildi framkvæmdaleyfis. Hins vegar hafi ekki verið leyfi fyrir húsbyggingum vegna virkjunarinnar, t.d. stöðvarhúsi. Þannig virðast iðnaðarráðherra og skipulagsstjóri sammála um að leyfi hafi skort 1991 fyrir ákveðnum þáttum framkvæmdarinnar þótt ágreiningur sé um það hvers konar leyfi hafi skort. Svo komu til sögunnar ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, en skv. 27. gr. þeirra eru framkvæmdir á borð við stíflugerð, vegi, veitur og efnistökustaði háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Slíkt leyfi frá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps er ekki til og einnig skortir enn byggingarleyfi fyrir öllum húsbyggingum tengdum virkjuninni. Skipulagsstjóra og iðnaðarráðherra greinir á um þessa túlkun.

Umsögn skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisnefndar staðfestir einnig þann ágreining sem er um skipulagsþátt málsins. Samkvæmt áliti hans kalla fyrirhugaðar framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun á gerð deiliskipulags, annars vegar fyrir aðkomu- og stöðvarhússvæði og hins vegar fyrir stíflusvæði. Á grundvelli samþykkts svæðisskipulags miðhálendisins geta því sveitarstjórnir Fljótsdalshrepps og Norður-Héraðs auglýst deiliskipulagstillögu fyrir stíflusvæði virkjunarinnar og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps getur að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar auglýst deiliskipulagstillögu fyrir aðkomu- og stöðvarhússvæði. Ekki er vitað hversu langt vinna við deiliskipulagstillögur þessar er á veg komin. Þetta álit stangast hins vegar á við álit ráðherrans sem lýst er í greinargerð með tillögunni, en þar segir, með vísan til 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1977, að sveitarstjórn geti án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að vera sótt. Þannig er ráðherra þeirrar skoðunar að hægt sé að undanskilja framkvæmdirnar staðfestu og/eða auglýstu deiliskipulagi. Vegna ágreinings um skipulagsþátt málsins og leyfisveitingar til framkvæmdanna er umsögn skipulagsstjóra ríkisins, dags. 3. desember 1999, birt í fylgiskjali með nefndaráliti þessu.

Þá ber að huga að því hvort framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun stríði gegn tilskipun 85/337/EBE frá 27. júní 1985 sem EES-samningurinn leggur okkur á herðar og tilskipun 97/11/EC frá 3. mars 1997. Þá er einnig rétt að kanna dómafordæmi frá Evrópudómstólnum í skyldum málum, sbr. kæru Náttúruverndarsamtaka Íslands til Eftirlitsstofnunar EFTA og umsögn Aðalheiðar Jóhannsdóttur til umhverfisnefndar, dags. 1. desember 1999, sem fylgja áliti þessu.

3. Engar vistfræðirannsóknir framkvæmdar.

Mikill fjöldi vísindamanna og sérfræðinga sem komu á fund umhverfisnefndar taldi framsetningu og túlkun rannsóknargagna vilhalla framkvæmdunum og framkvæmdaraðila í hag. Þá hefur komið á daginn að skýrslan gerir meira en efni standa til úr gróðurfarsrannsóknum sem sagðar eru hafa verið gerðar á svæðinu sl. 25–30 ár. Engar vistfræðirannsóknir hafa farið fram á svæðinu og þær gróðurfarsrannsóknir sem skýrslan vísar til eru lítið annað en tegundatalningar. Þar að auki virðast rannsóknir þær sem gerðar hafa verið komnar það til ára sinna að öðrum aðferðum væri beitt við sams konar rannsóknir færu þær fram um þessar mundir. Þá er skýrslan greinilega ekki skrifuð af líffræðingum, náttúrufræðingum eða vistfræðingum, sem hlýtur að teljast galli með tilliti til mats á áhrifum á náttúru svæðisins. Eyjabakkar eru að öllum líkindum „flæðiengi" en engar rannsóknir hafa farið fram til að skilgreina það vistkerfi gróðurs og dýra sem þarna er að finna og gera höfundar skýrslunnar enga tilraun til að varpa ljósi á vistfræði svæðisins. Ekki er reynt að meta verndargildi þess, en þegar gögn þau er bárust umhverfisnefnd við afgreiðslu málsins eru skoðuð má draga þá ályktun að hér sé um einstakt landsvæði að ræða og í alla staði óbætanlegt. Einungis séu til fimm eiginlegar gróðurvinjar á miðhálendi Íslands, Eyjabakkar séu sú stærsta, sú sem er í mestri hæð yfir sjávarmáli og sú eina sem er hluti af samfelldri gróðurþekju frá fjöru til jökla. Fari fram sem horfir með framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun sé unninn óafturkræfur skaði á lífríki sem að öllum líkindum er einstakt í sinni röð.

4. Ófullnægjandi mótvægisaðgerðir.

Skýrsla Landsvirkjunar gerir fremur lítið úr náttúruverndargildi svæðisins og gerir ekki grein fyrir því að land sem þarna tapast verður ekki endurheimt, þrátt fyrir vilja til mótvægisaðgerða. Þær aðgerðir sem skýrslan gerir ráð fyrir eru að mati margra gesta umhverfisnefndar ófullnægjandi. Áætlanir um endurheimt votlendis í stað þess er tapaðist færu allar fram á láglendi, fjarri Eyjabökkum. Þá er bent á að ekki liggja fyrir nægilegar rannsóknir á votlendi sem hér hefur verið endurheimt síðustu ár svo að ekki er hægt að draga neina ályktun á grundvelli þeirra tilrauna. Í sumum tilfellum er ekki getið um neinar mótvægisaðgerðir. Til dæmis er ekki getið um frágang haugstæða með tilliti til landmótunar og annarra þátta þar að lútandi.

Rannsóknir á öldurofi og foki virðast ófullnægjandi að mati gesta umhverfisnefndar. Ekki er hægt að fallast á að líkan sem skýrsluhöfundar notast við frá Iowa State University gagnist við íslenskar aðstæður, auk þess sem landhalli við lónið (bæði austan og vestan megin) yrði á stórum svæðum meiri en 7%. Ekki er vitnað í íslenskar rannsóknir sem þó eru til hjá Landsvirkjun um strandrof við Blöndulón, en þær sýna fram á mikil merki um fok (50 × 55 m tunga sem huldi gróður 1998). Þá eru skýrsluhöfundar gagnrýndir fyrir að miða við meðalvatnshæð þegar mögulegt fok úr lónsbotninum er metið, nauðsynlegt er að ganga út frá hæstu/lægstu vatnsstöðu. Á það er bent að í þurru árferði standi 20–30 km² af lónsbotni ofan vatnsborðs og fráleitt sé að telja að ekki rjúki leir úr því svæði. Þá liggja ekki fyrir nægilega miklar rannsóknir á grunnvatnsstöðu til þess að hægt sé að fullyrða að grunnvatnsborð hækki eftir að lónið verður tekið í notkun. Einnig er bent á að þurru áttirnar á svæðinu eru suðlægar og kemur leirinn þar af leiðandi til með að rjúka til norðurs yfir gróið land með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Um þetta er ekki getið í skýrslu Landsvirkjunar.

5. Áhrif á dýralíf.

Dýralífsþætti skýrslunnar virðist í fjölmörgum atriðum áfátt. Mat færustu sérfræðinga á sviði hreindýrarannsókna er að ekki liggi fyrir nægilegar rannsóknir á fari og hegðun hrein-

dýra á svæðinu til að hægt sé að draga þær ályktanir sem skýrsluhöfundar gera. Til marks um það er skýrsla sem lögð var fyrir umhverfisnefnd: Environmental impacts of the Fljótsdalur and Kárahnjúkar hydro-electric power supply to aluminium smelter by Norsk Hydro in Iceland – preliminary asessment of impacts on reindeer. Í henni kemur meðal annars fram að möguleg áhrif virkjunarinnar á íslenska hreindýrastofninn geti orðið mjög alvarleg. Hreindýrin hafi áður verið dreifð um landið en svæðið umhverfis Snæfell sé eini staðurinn þar sem þau hafa þraukað. Það bendi til þess að náttúruleg skilyrði þess henti heindýrum umfram önnur svæði. Afleiðingar þess að svipta dýrin þeim gróðri sem Eyjabakkasvæðið gefur síðsumars geti leitt til þess að kýrnar nái ekki að fita sig nægilega mikið fyrir veturinn til að þær geti alið heilbrigða kálfa. Þannig kann kálfadauði að aukast til muna og á endanum kann það að hafa umtalsverð áhrif á viðkomu stofnsins. Ýmislegt sem kemur fram í þessari skýrslu þarfnast nánari athugunar áður en ákveðið er að svipta hreindýrin því landsvæði sem hefur veitt þeim lífsbjörg hingað til.

Mikils misræmis gætir víða í skýrslu Landsvirkjunar milli meginmáls og samantektar í köflum. Dæmi um slíkt misræmi er að finna í kafla um áhrif virkjunar á smádýralíf. Á bls. 79 er þess getið að þrátt fyrir erfiðar aðstæður sumarið 1979, þegar voraði óvenju seint, hafi kannanir á smádýralífi í gróðurlendi Eyjabakkasvæðisins leitt í ljós að furðumargar tegundir lifi á svæðinu, 120 tegundir skordýra, níu tegundir áttfætla og þrjár tegundir lindýra, þrjár tegundir liðorma auk nokkurra þráðorma. Í samantekt kaflans (bls. 80) segir hins vegar að smádýralíf sé fábreytt og á engan hátt einstætt.

6. Aðrir kostir ekki metnir.

Nokkrar af alvarlegustu aðfinnslunum varðandi skýrslu Landsvirkjunar lúta að virkjunarmöguleikum sem þar er getið. Þeir valkostir sem skýrslan getur um eru settir fram á þann hátt að erfitt er að átta sig á ólíku gildi þeirra, kostnaði eða umhverfisáhrifum. Skýrsluhöfundar virðast afgreiða þá alla sem óframkvæmanlega, eða verri en þann sem útheimtir 43 km² miðlunarlón á Eyjabökkum.

Þegar framkvæmd á borð við þessa stendur fyrir dyrum hlýtur að teljast skynsamlegt að vega og meta kostina á eins vandaðan hátt og framast er unnt svo að um raunverulegt val milli ólíkra kosta geti verið að ræða. Varðandi þá staðreynd að fyrsti áfangi álvers í Reyðarfirði útheimtir meiri orku (40 MW) en Fljótsdalsvirkjun getur látið í té, eins og hún er hönnuð í þeim tillögum sem liggja fyrir, hefði verið skynsamlegt að meta kosti Hraunaveitu betur áður en framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun hefjast. Sú virkjunartilhögun hefði ekki í för með sér miklu meiri umhverfisskaða en hlýst af þeirri tilhögun sem nú er til umræðu en gæti aukið afl virkjunarinnar umtalsvert. Með því móti væri hægt að komast hjá virkjun í Bjarnarflagi sem nú er gert ráð fyrir að afli þeirrar viðbótarorku sem þörf er á til að uppfylla orkuþörf fyrsta áfanga álversins.

7. Skammsýni í nýtingu náttúruauðlinda.

Markmið með mati á umhverfisáhrifum er meðal annars að meta líkleg áhrif framkvæmda á náttúruauðlindir. Helstu orkulindir Íslendinga eru takmarkaðar. Talið hefur verið að fjárhagslega geti verið hagkvæmt að virkja og framleiða sem svarar 30.000 GWst./ári (30 teravattstundir) af raforku úr vatnsaflinu og um 20.000 GWst./ári með virkjun jarðvarma eða samtals um 50.000 GWst./ári (50 teravattstundir). Frá þessum virkjunarkostum er skynsamlegt að draga að minnsta kosti helming orkunnar, þ.e. um 25.000 GWst./ári, vegna verndarsjónarmiða. Nú þegar eru framleiddar um 6.500 GWst./ári eða um fjórðungur af því sem gæti verið til ráðstöfunar í heild. Sú tala á eftir að hækka í um 9.000 GWst./ári á næstu árum

vegna fyrri skuldbindinga um orkusölu til stóriðju (Ísal, Norðurál og Íslenska járnblendifélagið). Miðað við framangreindar forsendur standa þá eftir um 16.000 GWst./ári (25.000 – 9.000 = 16.000 GWst./ári). Orkuspárnefnd gerir ráð fyrir 2% aukningu almennrar raforkunotkunar fram til 2050 en það svarar til viðbótar sem nemur um 5.500 GWst./ári frá aldamótum talið. Eftir eru þá aðeins 10.500 GWst./ári sem nægja tæpast til að framleiða vetni eða annað vistvænt eldsneyti sem komið gæti í stað innflutts jarðefnaeldsneytis miðað við núverandi notkun olíuafurða. Mun ekki veita af talsverðri beislun vinds að auki til raforkuframleiðslu til að ná því markmiði að gera vetnissamfélag hérlendis að veruleika á komandi öld, sbr. minnisblað frá Orkustofnun (Eldsneytisnotkun Íslendinga 1996) með þingsályktunartillögu um sjálfbæra orkustefnu, 13. mál á 125. löggjafarþingi.

Af þessu sést hversu andstætt það væri sjálfbærri orkustefnu að ráðstafa meiri orku til hefðbundinnar stóriðju en þegar er orðið, hvað þá skammti upp á 6.700 GWst./ári sem þyrfti fyrir 480 þús. tonna álverksmiðju.

Til skammsýnnar notkunar náttúruauðlinda verður einnig í mörgum tilvikum að telja ráðstöfun lands undir miðlunarlón og raforkumannvirki sem setja vaxandi mark sitt á lítt snortin svæði á hálendinu. Ekki síst á það við um fyrirhugaðar virkjanir norðan Vatnajökuls í þágu þeirrar álverksmiðju sem hér um ræðir.

8. Áhrif á byggð og samfélag.

Þegar litið er til íbúafjölda á Mið-Austurlandi sætir furðu að mönnum skuli detta í hug að setja þar niður slíkt stóriðjuver. Fullbyggt kallar það á 720 ársverk í sjálfri verksmiðjunni að því er fram kemur í frummatsskýrslu um álver á Reyðarfirði (október 1999). Jafnvel fyrsti áfangi verksmiðjunnar, sem talað er um að skapi 270 heilsársstörf, er meira en æskilegt er að safna á einn vinnustað í svo fámennu samfélagi. Draga verður í efa að svæðið rísi undir því að veita fyrirtæki sem þessu viðunandi þjónustu sem þá yrði í miklum mæli aðkeypt. Yrði það með öðru íþyngjandi fyrir samkeppnisstöðu verksmiðjunnar.

Þau gögn sem fylgja frummatsskýrslu um þessi efni eru ótrúlega rýr og virðast fyrst og fremst tekin saman með það í huga að sannfæra höfunda og stjórnmálamenn um að óhætt sé að staðsetja fyrirtækið í landshlutanum. Er þá viðamesta plaggið, skýrsla Nýsis hf. o.fl., Athugun á samfélagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði (fskj. A15), ekki undanskilið. Athyglisvert er það sem segir í fylgiskjalinu: „Skýrsla þessi var að mestu unnin í lok ársins 1997 og ársbyrjun 1998, miðað við aðrar forsendur um stærð álversins og framkvæmdatíma en nú eru uppi. Skýrslan var endurskoðuð seinni hluta sumars 1999 miðað við breyttar forsendur. Ekki reyndust á reiðum höndum nýjar upplýsingar nema um vissa efnisþætti og hefði það kostað mikla vinnu og seinkað verkinu verulega ef ákveðið hefði verið að endurvinna allan upplýsingagrunn verksins“ (bls. 8).

Eftirtektarverð eru viðhorf og ábendingar sem fram koma í greinargerð frá þróunarsviði Byggðastofnunar, dags. 26. júlí 1999 (fskj. B2). Hafði stofnunin nánast með engum fyrirvara verið beðin um ábendingar varðandi byggðaþætti umhverfismats. Í umsögninni koma þó fram margar ábendingar um þýðingarmikla þætti þar sem ósvarað er mikilvægum spurningum. Einnig er þar bent á mörg tilefni til rannsókna vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem varða meðal annars áhrif á atvinnugreinar sem fyrir eru og þætti sem geta varðað samkeppnisstöðu álverksmiðju miklu.

Til dæmis má vitna til eftirfarandi ummæla í greinargerð Byggðastofnunar: „Í heild má segja að búsetuþættirnir séu ekki hagstæðir álverinu, en há laun geti þar vegið á móti. Þar þarf meðal annars að meta samsetningu starfa, þ.e. fjölda fólks í ýmsum sérfræðistörfum, fagstörfum og ófaglærðum störfum.“ Þótt gert sé ráð fyrir því í umsögn Byggðastofnunar að

áhrif álversins geti orðið góð fyrir atvinnulíf á svæðinu telur stofnunin erfitt að segja til um heildaráhrifin. Ekki verður séð af frummatsskýrslu nokkur viðbrögð við þeirri umsögn stofnunarinnar. Er það ámælisvert í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem hér geta verið í húfi.

Í skýrslu Nýsis kemur fram að þrátt fyrir að tekjur í útgerðarbæjum eins og Eskifirði og Neskaupstað séu töluvert yfir landsmeðaltali og þar sé góð afkoma, ekkert atvinnuleysi og þurft hafi að flytja að vinnuafl hefur fólki fækkað þar síðustu fimm árin. „Á árunum 1998 og 1999 hefur í auknum mæli farið að bera á vinnuaflsskorti á Mið-Austurlandi. Í september 1999 er talið að það vanti fólk í 100–200 störf.“

Í skýrslu Nýsis kemur fram að „á vinnumarkaði á Mið-Austurlandi [sé] munur á fjölda karla og kvenna í öllum aldurshópum. Konur á aldrinum 15–69 ára voru 2.688 1. janúar 1999 en karlar á sama aldri 3.021 eða 12% fleiri“ (bls. 21). Einnig segir: „Ungar konur virðast sjá enn færri náms- og starfsmöguleika í sinni heimabyggð og flytja á brott í enn meiri mæli en ungir karlmenn“ (bls. 36). Augljóst er að álverksmiðja mun ekki bæta úr þessari kynbundnu misskiptingu nema síður sé, enda hafa höfundar skýrslunnar af því nokkrar áhyggjur og tala um að huga þurfi að því „hvernig hægt [sé] að laða ungar konur af svæðinu til starfa í álverinu“.

Staðhæfingar í frummatsskýrslunni og fylgigögnum með henni um að með tilkomu álverksmiðjunnar muni fólki á Mið-Austurlandi fjölga um 2.500 umfram það sem yrði „að óbreyttri þróun“ eru fjarstæðukenndar og ekki studdar nægum rökum. Þjóðhagsstofnun gefur sér í minnisblaði um staðbundin áhrif af fyrsta áfanga verksmiðjunnar (fskj. A11) að engar breytingar verði á „mannaflaþörf þess atvinnulífs sem fyrir [sé]“ og að reiknað sé með „að staðbundin áhrif verði hrein viðbót á svæðinu. Því [muni 120 þús. tonna] álver leiða af sér um 440 ný störf samtals og er ekki reiknað með því að álverið ryðji burt öðrum atvinnugreinum.“ Í langri skýrslu Nýsis er sáralítið að finna um áhrif álverksmiðjunnar og byggingarframkvæmda við verksmiðju og virkjanir á það atvinnulíf sem fyrir er, hvað þá að reynt sé að fjalla um aðra þróunarkosti. Er þetta stór galli á frummatsskýrslunni.

Ein aðaláhættan með stóriðjuframkvæmdum og rekstri álverksmiðju er áhrifin á samfélagið á Mið-Austurlandi, atvinnulíf sem þar er fyrir og á mögulega þróunarkosti sem þar væru til staðar án risaálverksmiðju. Að mati 1. minni hluta eru líkur á að vinnuafl við stóriðjuframkvæmdirnar komi einna helst úr fyrirtækjum á svæðinu sem lent gætu í miklum erfiðleikum af þeim sökum. Fráleitt er að reikna vinnuaflsþörf álbræðslunnar sem hreina viðbót við fjölda starfandi fólks. Svo gæti farið að stóriðjuframkvæmdirnar drægju úr atvinnustarfsemi sem fyrir er og að nettófólksfjöldaáhrif yrðu langtum minni en skýrsluhöfundar gefa sér. Hafa ber í huga að eftir að rekstur fyrsta áfanga álverksmiðju hæfist er gert ráð fyrir byggingarframkvæmdum við síðari áfanga verksmiðjunnar og tilheyrandi raforkumannvirki. Það mundi leiða til viðvarandi spennuástands á vinnumarkaði meðan á þeim framkvæmdum stæði, þ.e. í einn til tvo áratugi, og yrðu áhrifin vafalítið slæm á marga þætti hefðbundins atvinnurekstrar á svæðinu og gætu gert nýsköpunarviðleitni í öðrum greinum erfitt um vik. Í þessu sambandi má benda á áhrif virkjunarframkvæmda á Suðurlandi fyrr á árum sem ekki skiluðu landshlutanum miklu.

Í skýrslu Nýsis er aðaláherslan lögð á að sýna fram á að unnt verði að manna álverksmiðjuna. Lítið er vikið að öðrum atvinnugreinum en þó talið líklegt að ýmsir sem nú starfa í sjávarútvegi, svo og bændur og starfsfólk í ferðaþjónustu, muni leita eftir vinnu í verksmiðjunni eða afleiddum störfum. Hins vegar er lítið rætt um þessi áhrif og erfiðleika sem af gætu hlotist fyrir atvinnulíf sem fyrir er og er sú umfjöllun allsendis ófullnægjandi í slíkri skýrslu.

Ekki eru síður brotalamir í hugleiðingum skýrsluhöfunda um hverjir sæktust eftir að starfa í verksmiðjunni. Staðhæft er að þess megi vænta að ungt fólk leiti þar eftir störfum, þar á meðal ungt fólk sem hefur aflað sér góðrar menntunar. Fyrir slíkum fullyrðingum eru ekki færð nein haldbær rök. Álverksmiðjur eru einhæfir og lítt aðlaðandi vinnustaðir ef frá eru kannski talin skrifstofu- og stjórnunarstörf. Allt tal um slíkar verksmiðjur sem hátækniiðnað er fjarstæðukennt. Skýrsluhöfundar gera því líka skóna að „heimafólk" sem leita muni starfa í verksmiðjunni sé öðru fremur „fólk á svæðinu sem hefur stopula vinnu og/eða lágar tekjur." Þar segir enn fremur: „Álverið mun því draga til sín starfsfólk sem nú er með stopula vinnu en gæti hugsanlega haldið áfram með núverandi starfsemi í aukavinnu ef vinnufyrirkomulag hentar" (bls. 47). Allsendis er óvíst að ungt og vel menntað fólk leiti starfa í verksmiðjunni að einhverju marki. Samanburður við fyrirtæki eins og Ísal á fyrstu áratugum þeirrar verksmiðju er ekki marktækur. Samfélagsaðstæður voru þá allt aðrar, fyrir utan að aðsóknarsvæði þess fyrirtækis er ósambærilegt við Mið-Austurland. Á hinn bóginn hefur skortur á hæfu starfsfólki verið vaxandi vandamál hjá Ísal síðustu ár.

Ekki er líklegt að skýrsluhöfundar hafi hitt naglann á höfuðið þegar þeir gera því skóna að hátt í 200 „brottfluttir Austfirðingar, einkum fólk á aldrinum 18–30 ára" muni snúa „heim" og ráðast til starfa í verksmiðjunni. Síðar segir: „Ungar konur frá svæðinu sem giftar eru mönnum annars staðar frá og eiga ef til vill lítil börn mundu hafa áhuga á að snúa til baka ef starf við hæfi býðst fyrir eiginmanninn og aðrir í fjölskyldunni eru búsettir á svæðinu." Þetta er sýnishorn af kynlegum hugarburði sem virðist fram reiddur til þess eins að dæmið gangi upp. Sama er uppi á teningnum þegar leiddar eru líkur að því „að einhverjir Íslendingar sem búsettir eru erlendis hafi áhuga á að snúa til fósturjarðarinnar einkum þeir sem hafa menntun og starfsreynslu sem nýtist í starfi í álveri" (bls. 50). Hitt er líklegra að fylla þurfi upp í störf í álverksmiðjunni, ef byggð verður, með innfluttu vinnuafli ekki ósvipað því sem gerst hefur í fiskvinnslu víða á landsbyggðinni að undanförnu.

Veikleikar frummatsskýrslunnar í flestu er varðar samfélagsleg áhrif stóriðjuframkvæmdanna eru slíkir að lítið sem ekkert er hægt að byggja á þeim hluta skýrslunnar. Nánast engin viðleitni er til að bera saman og greina aðstæður á Mið-Austurlandi annars vegar og á Faxaflóasvæðinu hins vegar með tilliti til áliðnaðar.

Látið er að því liggja að skýrsluhöfundar hafi skyggnst um erlendis en ekki er að finna lýsingu og lærdóma af því í framlögðum gögnum. Má þó víða finna dæmi um dapra reynslu af fámennum stóriðjusamfélögum, sbr. skýrslu staðarvalsnefndar iðnaðarráðuneytis um iðnrekstur: Staðarval fyrir orkufrekan iðnað. Forval. (Mars 1983, bls. 9–10 og 16–17.) Þar er rakin reynsla Norðmanna. Einnig kemur fram í þessari skýrslu að Reyðarfjarðarsvæðið geti hentað fyrir minni háttar og miðlungsstórt iðjuver en ekki stóriðjuver (sjá töflu 14, heildaryfirlit).

Ekki verður fallist á það sem segir um skýrslu Nýsis í frummatsskýrslu: „Úttektin sýnir að tiltölulega auðvelt verður að manna álverið með því að nýta framkvæmdatímabilið til undirbúnings." Slíkt er þvert á móti líklegt til að verða þung þraut og stefna rekstri fyrirtækisins í mikla tvísýnu frá byrjun.

Niðurstaða 1. minni hluta er því að umfjöllun um samfélagsleg áhrif í skýrslu Nýsis hf. sé lítt marktæk og allsendis ófullnægjandi.

9. Veðurfarsathuganir og loftdreifingarspá.

Í frummatsskýrslu er fjallað um staðarval fyrir verksmiðjuna í Reyðarfirði en einnig er rætt um Keilisnes sem valkost (bls. 25–27). Sú umfjöllun er hvorki ítarleg né sannfærandi. Ljóst er að ráðandi þáttur í staðarvalinu er að nýta vatnsafl jökulánna norðan Vatnajökuls

í þágu verksmiðjunnar. Látið er að því liggja að ekki þurfi að koma á nýrri tengingu við raforkukerfi landsins með raflínu „í fyrsta áfanga". Ekkert er frekar um það efni fjallað með tilliti til síðari áfanga og þarf að upplýsa hvort gert er ráð fyrir lagningu raflínu yfir hálendið í tengslum við síðari áfanga verksmiðjunnar.

Svæðið við Hraun er valið undir verksmiðjulóð og hafnargerð. Gerður er lítils háttar samanburður á því svæði og svæðinu á Leirum inn af fjarðarbotni. Hugmyndin frá 1990 um að reisa álverksmiðju þar var frá upphafi hrein fjarstæða. Því má segja að samanburðurinn á þessum svæðum sé ástæðulaus. Í frummatsskýrslu segir: „Sýnt hefur verið fram á það með veðurmælingum að loftdreifingarskilyrði við Hraun eru allt önnur og betri en í botni Reyðarfjarðar. Kauptúnið verður langt utan við þynningarsvæði álversins." Vegalengdin frá verksmiðjunni að kauptúni er ekki nema um 5 km og ríkjandi vindáttir eru sagðar vera inn og út fjörðinn þegar ekki er staðviðri.

Fyrirliggjandi veðurfarsathuganir gefa til kynna að hægviðri eða mjög hægur vindur sé ríkjandi, „undir 3 m/sek. í rúmlega helmingi tilvika á árunum 1983–1998, en í tæplega þremur fjórðu tilvika undir 5 m/sek." (bls. 36–37). Er ekki að undra að Veðurstofa Íslands bendi í bréfi frá 6. ágúst 1999 (fskj. B22) á „veðurfarslega sérstöðu Austfjarða þar sem kaldur Austur-Íslandsstraumur kælir oft neðsta hluta austlægra og suðaustlægra vinda sem af hafi [berist]." Þar segir og: „Veldur þetta tíðum hitahvörfum við jörð eða lágt í lofti og miklum stöðugleika loftsins. Eins hefur Veðurstofan oft bent á hina landfræðilegu staðreynd að Reyðarfjörður er umluktur um 1.000 m háum fjöllum sem móta loftstreymi og auka líkur á hægviðri. Allar mælingar okkar staðfesta þessa sérstöðu og þær mælingar á stöðugleika lofts sem gerðar hafa verið fyrst með mælingum á Mjóeyri í Eskifirði upp undir Oddsskarð og nú síðast mælingar í mastrinu að Sómastaðagerði sýna mikla tíðni jarðlægra hitahvarfa. Þar sem mastrið er aðeins tæplega 40 m hátt nægir það ekki til að mæla hitahvörf hærra uppi, en leiða má að því líkur að tíðni hærri hitahvarfa sé talsverð, samanber mælingarnar upp frá Eskifirði. Tíðni hægviðris er einnig mjög mikil samkvæmt mælingum að Kollaleiru, en þar reyndist vindhraði í 2 m hæð vera undir 3 m/sek. í rúmlega helmingi tilvika á árunum 1983–1998, en í tæplega þremur fjórðu tilvika undir 5 m/sek. Þetta tíða hægviðri er einnig staðfest með öðrum mælingum. Í 11 m hæð á Leirum mældist vindhraði t.d. 5 m/sek. í 59% tilvika."

Af þessu yfirliti Veðurstofunnar má ályktа að öllu óhagstæðari staðsetningu mengandi iðnaðar sé vart að finna hérlendis en einmitt á Reyðarfirði. Þá vekur athygli hvað veðurathuganir á iðnaðarlóðinni ná yfir stuttan tíma eða aðeins í eitt ár, sem er auðvitað allt of stuttur tími til að fá marktækar niðurstöður sem loftdreifingarspá má byggja á. Kemur óvissan berlega í ljós þegar niðurstöður stöðugleikamælinga á þessum tíma (1998–99) eru bornar saman við mælingar annars staðar í um 200 m fjarlægð á tímabilinu 1982–84. „Mælingar nú sýna minni stöðugleika lofts og því eru dreifingarskilyrði útblástursefna betri en áður var talið" stendur í frummatsskýrslu (bls. 62). Loftdreifingarspá sem víðtækar ályktanir eru dregnar af í frummatsskýrslu er byggð á allsendis ófullnægjandi forsendum og geta ekki talist marktækar.

Athygli vekur að aðeins eru gerðir útreikningar fyrir loftdreifingu svifryks frá 480 þús. tonna álveri með vothreinsun. Eru niðurstöður sagðar langt undir viðmiðunarmörkum. „Því má gera ráð fyrir að svifryk sé ekki vandamál fyrir fyrri áfanga" (bls. 66). Rétt er að benda á að ekki er gert ráð fyrir vothreinsun í fyrsta áfanga verksmiðjunnar og því hefði verið nauðsynlegt að gera útreikninga fyrir dreifingu svifryks frá honum sérstaklega. Þá kemur einnig fram að reglur Evrópusambandsins sem taka gildi 1. janúar 2000 gera ráð fyrir helmingi strangari kröfum um loftgæði en hér er miðað við. Sýnist full þörf á að athuga þetta misræmi sérstaklega og miða við loftgæðakröfur samkvæmt ESB-reglum. Undirritaður hefur

margoft bent á að löngu sé tímabært að endurskoða íslensku mengunarvarnarreglugerðina frá 1994. Í tilskipun Evrópusambandsins, 1999/30/EC, eru hertar kröfur um styrk brennisteinsdíoxíðs í lofti. Munu ákvæði hennar væntanlega verða innleidd hérlendis á næstunni.

10. Ímynd Austurlands.

Ekki fer hjá því að tilkoma risaálverksmiðju við Reyðarfjörð og virkjarnir sem henni mundu fylgja hefði afar slæm áhrif á ímynd Austurlands, bæði fyrir komandi kynslóðir og ferðamenn sem þangað leggja leið sína. Í stað friðsælla sjávarbyggða og sveita með hefðbundnum búskap mun Mið-Austurland óhjákvæmilega fá á sig stimpil stóriðju sem í augum flestra mun rýra upplifun af náttúru svæðisins og dvöl þar og mun verða til þess að beina ferðamönnum annað. Virkjanir í þágu verksmiðjunnar reistar á lítt snortnum víðernum norðan Vatnajökuls bæta síðan gráu ofan á svart.

Stóriðjuáform þau sem hér um ræðir munu hafa mjög slæm áhrif á þróun ferðaþjónustu allt frá upphafi og til framtíðar. Álverksmiðja við Reyðarfjörð jafngildir gengisfalli alls Mið-Austurlands þar sem að óbreyttu eru góðir möguleikar á að efla ferðaþjónustu sem atvinnugrein. Sama gildir um ímynd matvælaiðnaðar á svæðinu.

Niðurstaðan er sú að heildstætt mat skuli fara fram um alla framkvæmdina: allar virkjanir, þrjá áfanga álvers, allar línulagnir, allar vegaframkvæmdir, brýr, hafnir o.s.frv. Nú er tækifærið, fyrst álverið hefur verið úrskurðað í frekara mat.

11. Efnahagsleg áhrif.

Vitnað er til greinar Sigurðar Jóhannessonar hagfræðings í Frjálsri verslun, 9. tbl. 1999:

„Í öllu talinu um náttúruspjöll á Eyjabökkum kemur stöku sinnum fyrir að spurt sé hvort virkjunin borgi sig — þó að flestir gangi að því sem vísu. Ólafur Hannibalsson bar þessa spurningu upp á Alþingi í fyrravetur. Hann lagði til að nýjar virkjanir færu ekki einungis í umhverfismat (eins og skylt er um þær sem ekki höfðu leyfi 1994) heldur yrði arðsemi þeirra einnig könnuð. Sumir furða sig kannski á því að yfirleitt þurfi að flytja þetta mál. Virkjanir eru dýrar og mikilvægt að vel sé að þeim staðið. En einhverra hluta vegna virðast vangaveltur um arðsemi þeirra ekki halda vöku fyrir Íslendingum. Skammt er síðan iðnaðarráðuneytið kynnti tölur um gróða af fyrirhuguðu álveri á Reyðarfirði. Ekki var vikið orði að því hvort hagnaður yrði af virkjun fyrir það. Mætti þó halda að þær upplýsingar ættu meira erindi við almenning, sem mun eiga virkjunina, en ekki álverið. Ekki vantar að margir þykist vita útkomuna á arðsemismatinu en þeir hafa yfirleitt ekki átt við tölur heldur eru þeir að taka pólitíska afstöðu. Það er í huga margra einn af hornsteinum sjálfstæðisstefnunnar að virkjanir og álver færi landsmönnum auð. Umhverfisverndarmenn segja lítið um arðsemi virkjana, enda kannski hafnir yfir slíkan hégóma. Oftast má þó skilja á málflutningi þeirra að í virkjanamálunum togist á spjöll á náttúrunni og peningalegur gróði. Hið viðtekna viðhorf er að ekki þurfi að skoða arðsemishliðina: „Við vitum þetta.“ Frumvarpi um arðsemismat var stungið undir stól án umræðna. Flutningsmaður hlaut sömu örlög nokkrum mánuðum síðar.

Virkjanir og pýramídar.

Í fyrra fékk Landsvirkjun dr. Pál Harðarson hagfræðing til þess að meta þjóðhagslegt hagræði af stóriðju frá upphafi. Í skýrslu hans má sjá ýmislegt sem greinir þjóðhagsmat frá venjulegu arðsemismati. Samkvæmt henni eru auknar tekjur í efnahagslægðum meginávinningur landsmanna af stóriðju. Talsvert atvinnuleysi var í landinu þegar Búrfellsvirkjun var reist og óvíst að önnur vinna fengist. Skattar af stóriðju eru taldir henni til tekna vegna þess að í hana var lagt erlent fjármagn, sem ella hefði ekki komið til landsins. Laun eru hærri í

stóriðju en gengur og gerist. Skýrsluhöfundur núvirðir ávinning og útgjöld miðað við 3,5% og 4% vexti. Ávöxtunarkrafan ræðst af meðalvöxtum á lánum Landsvirkjunar á árunum 1966–1997, en þeir voru 3,9%. Út kemur að stóriðja hafi fært Landsvirkjun 6 milljarða kr. hagnað — miðað við 4% vexti — en alls hafi Íslendingar grætt 92 milljarða kr. á henni. Stóriðjufyrirtækin borguðu aðeins 68 milljarða kr. fyrir rafmagnið á þessum tíma. Samkvæmt skýrslunni hefðu Íslendingar því haft hag af stóriðju þó að þeir hefðu borgað með orkunni til hennar. Rök eru fyrir öllu sem tínt er til í skýrslu Landsvirkjunar, en á hinn bóginn má segja að æði margar fjárfestingar, sem ekki væru taldar góðar að öðrum kosti, mundu borga sig ef reiknað væri svona. Eftir að Keynes kom fram með hugmyndir sínar um eftirspurnarstjórn fann einn spekingurinn út að smíði pýramídanna í Egyptalandi hefði verið þjóðhagslega hagkvæm á krepputímum þar í landi. Þetta kann að þykja öfgakennt dæmi, en það sýnir að stutt er í ógöngur þegar ein tegund fjárfestinga er tekin öðrum tökum en almennt tíðkast. Hvers vegna ætti að gera fjárfestingum ríkisins hærra undir höfði en framkvæmdum við Kringluna? Ríkið getur ýtt undir fjárfestingar með almennum aðgerðum — til dæmis með því að lækka skatta — og látið ráðast hver nýtir þau færi sem þannig bjóðast. Eftir nokkur ár þarf Landsvirkjun að keppa við önnur fyrirtæki í rafmagnssölu. Af þeirri ástæðu verður að telja sérlega hæpið að hún slái af þeim arðsemiskröfum sem gerðar eru á frjálsum markaði.

Hjá venjulegum fyrirtækjum lítur dæmið allt öðru vísi út en í þjóðhagsmatinu hér að framan. Þau borga laun fyrir verk sem unnin eru og greiða skatta án þess að sérstök umbun komi á móti. Þau njóta ekki heldur ábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga á lánum (eigendaábyrgð á lánum Landsvirkjunar er í raun styrkur við fyrirtækið þó að lánin falli ekki á eigendurna).[1] Þá er á frjálsum markaði krafist meiri vaxta fyrir áhættufé en lánsfé.

Í grein sem birtist í Vísbendingu 7. ágúst 1998 komst ég að því, að miðað við 6% vexti næmi tap á orkusölu Landsvirkjunar til stóriðju 15–20 milljörðum kr. (og er þá reynt að halda öðrum forsendum í Landsvirkjunarskýrslunni). Í Morgunblaðsgrein 4. september 1999 fær Þorsteinn Siglaugsson út tæplega 26 milljarða kr. tap miðað við 7,2% vexti. Til þess að sjá heildartap hins opinbera af stóriðju verður að bæta við þessar tölur að minnsta kosti 10 milljarða kr. ríkisframlagi til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

Í þessum tölum er ekki reiknað með afgjaldi af landi. Söluverð á hálendisjörðum í nágrenni Reykjavíkur undanfarin ár bendir til þess að land undir virkjanir fyrir stóriðju hefði kostað á annan milljarð króna ef þurft hefði að kaupa það.[2] En verðmæti óspilltrar náttúru er meira. Ásýnd landsins breytist þegar virkjað er, og fyrir slíkt er yfirleitt ekki greitt á fasteignamarkaði. Oft er erfitt að taka það aftur sem gert er. Það mætti til dæmis hugsa sér að hver landsmaður fyrir sig segði hvers virði Eyjabakkasvæðið væri honum og tölurnar væru síðan lagðar saman. Gallinn við þá aðferð er að ekki er víst að allir vilji í alvöru reiða fram þá fjárhæð sem þeir nefna. En landið er að minnsta kosti ekki verðlaust. Jarðrask þarf að meta til fjár og bæta því við orkureikning stóriðju og annarra rafmagnsnotenda.

Í tölunum hér að framan er ekki heldur tekið inn tjón af flúor, koltvíildi eða annarri mengun af stóriðju. Kyoto-samkomulagið, sem gerir ráð fyrir að hvert land beri ábyrgð á þeim gróðurhúsaáhrifum sem þaðan stafa, hafði ekki litið dagsins ljós þegar Íslendingar byrjuðu

---

[1] Landsvirkjun hefur greitt í ábyrgðargjald 0,15–0,25% af skuldbindingum ríkisins vegna hennar. Þetta er aðeins brot af verðmæti ábyrgðarinnar sem lækkar vexti fyrirtækisins um eitt eða fleiri prósent.

[2] Sjá til dæmis Frjálsa verslun, 9. tölublað 1998: Garðyrkjumaður græðir á landsölu.

að reisa virkjanir fyrir álver. Ef Íslendingar tækju á sig tjón af koltvísýringsmengun fyrri ára væru þeir að gera það af frjálsum vilja. Hins vegar eru allar líkur á að landsmenn beri á næstu árum kostnað af gróðurhúsaáhrifum héðan. Þau stafa auðvitað ekki aðeins af stóriðju heldur einnig öðrum verksmiðjurekstri, bílum, olíukyndingu og fleira.

Óspillt náttúra verður meira virði.

Harðir virkjanasinnar taka fram að þeir vilji ekki virkja á Þingvöllum. Ætli þeir átti sig á að í því felst breyting frá því viðhorfi sem ríkti fyrir nokkrum áratugum? Björn Th. Björnsson segir um Sogsvirkjun í Þingvallabók sinni: „Hins vegar urðu Þingvellir að gjalda æði dýrt fyrir rafmagnið sem öðrum var ætlað, því að með byggingu orkuversins við Efrafall var yfirborð vatnsins hækkað svo, eða um 80 sm, að veruleg röskun hefur orðið á lífríki þess, en hólmar, leirur og tangar í þjóðgarðinum sjálfum farið undir vatn. Glöggt má merkja þetta af rennsli Öxarár. Áður rann hún allstríð fram Þingvöllinn og milli harðbakka, en nú breiðir hún úr sér móti fyrirstöðu vatnsins og myndar svakka á bæði borð, inn undir búðastæðin að vestan og inn undir kirkjugarð og túnið að austan.“[3] Ekki er þetta einsdæmi, því að elsti þingstaður landsins, þar sem Reykvíkingar og nágrannar þeirra gerðu út um mál sín á fyrstu öldum byggðar, fór að hluta á kaf þegar reist var stífla við útfall Elliðavatns fyrir 1930. Ef marka má viðbrögð við ráðgerðri virkjun á Eyjabökkum má telja ólíklegt að slíkt rask yrði látið óátalið nú. Forgangsröðin breytist þegar efni vaxa, menn kunna ekki aðeins að meta fæði, ljós og hita, heldur líka „munað“ á borð við óspillta náttúru. Ef að líkum lætur heldur vegur hennar áfram að vaxa á komandi áratugum og öldum.

Arðsemi Fljótsdalsvirkjunar er torfundin.

Hér eru tekin nokkur dæmi um það hvernig arðsemismat fyrir Fljótsdalsvirkjun gæti litið út. Aðalálitaefnið er hvaða ávöxtunarkröfu eigi að nota. Opinberar framkvæmdir í Bretlandi hafa verið núvirtar með 6% ávöxtunarkröfu, en Alþjóðabankinn gerði lengi kröfu um 7% arð til framkvæmda sem hann lánaði til. Einnig sést stundum 5% ávöxtunarkrafa. Krafan er vegið meðaltal af vöxtum af lánum sem í boði eru og óskum um ávöxtun eigin fjár. Óvissa um rafmagnssölu á seinni endingarárum Fljótsdalsvirkjunar, sem lesa má úr yfirlýsingum iðnaðarráðherra, ýtir ávöxtunarkröfunni upp á við. Engin ástæða er til að gera lítið úr þessari óvissu. Minna má á að árið 1991 var Blönduvirkjun fullbúin en enginn vissi hvað átti að gera við hana. Þá má nefna að Landsvirkjun tekur á sig töluverða áhættu með því að láta orkuverð sveiflast með verði á áli. Ef ríki og sveitarfélög taka ábyrgð á lánum fyrirtækisins verður að bæta við kostnaði þeirra af því.

Hér er gert ráð fyrir að stofnkostnaður Fljótsdalsvirkjunar, spennistöðva, lína og annars sem henni fylgir sé 25 milljarðar kr. Í tölunni eru vextir á virkjunartíma. Hins vegar eru ekki taldir með 3 milljarðar kr. sem þegar hafa farið í rannsóknir og annan undirbúning. Þar sem búið er að eyða þessum peningum hafa þeir ekki áhrif á það hvort virkjað verður.[4] Landsvirkjun telur rekstrarkostnað 0,7% af stofnkostnaði vatnsaflsvirkjana á ári, en hærra hlutfall af línum og öðrum búnaði. Í dæmunum hér á eftir er rekstrarkostnaður 0,8% af heildarfjárfestingunni. Landsvirkjun afskrifar stíflur, veitur og önnur mannvirki á 60 árum en vélbúnað

---

[3] Björn Th. Björnsson (1987): Þingvellir staðir og leiðir, 2. útgáfa, bls. 126, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
[4] Samtal við Þorstein Hilmarsson, upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar, 17. október.

og spennistöðvar á 30 árum. Í dæmunum er miðað við 45 ára meðalafskriftatíma. Orkugeta Fljótsdalsvirkjunar er 1.250 GWst. á ári. Í fyrsta dæminu er miðað við 6% ávöxtunarkröfu og meðalverð á rafmagni til stóriðju árið 1998, en það var 88 aurar á kWst. Útkoman er að 10 milljarða kr. tap verði af fjárfestingunni, um 240 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í Reykjavík (að ótöldum 3 milljörðum kr. sem þegar hefur verið varið í undirbúningskostnað). Rafmagnsverð til stóriðju þarf að hækka um tæp 60% frá meðalverði ársins 1998 ef virkjunin á að bera sig. Orkuverðið yrði þá 140 aurar á kWst. Ef undirbúningskostnaður er talinn með fer tapið í 13 milljarða kr. Orkuverð þarf að fara yfir 150 aura á kWst., til þess að fá inn fyrir honum líka.

Til samanburðar er dæmið reiknað miðað við aðrar forsendur:

- Þegar miðað er við 5% ávöxtunarkröfu þarf rafmagnsverð að hækka um meira en 40% frá meðalverði 1998 — fara í 125 aura kWst. — til þess að koma fjárfestingunni upp í núll (og fara í tæplega 140 aura til að fá fyrir undirbúningskostnaði).
- Í þriðja dæminu er reiknað með aðeins 4% vöxtum, sem telja verður mjög lágt. Enn þarf verðið að hækka um tæpan fjórðung til þess að fjárfestingin komi út á sléttu. Verðið yrði þá 109 aurar á kWst. (og það þarf að fara yfir 120 aura til þess að fá fyrir undirbúningskostnaði).

Ekkert mat hefur hér verið lagt á þann missi sem yrði að Eyjabökkum, fágætum gróðurreit í 650 m hæð. Hann er bónus ofan á peningaleg útgjöld af virkjuninni. Einnig verður að bæta við kostnaði af gróðurhúsaáhrifum af álverinu sem landsmenn munu bera. Miðað við að hvert tonn koltvísýrings sé metið á um þúsund krónur[5] er kostnaður af menguninni 4 milljarðar kr. við 4% vexti og 3 milljarðar kr. við 6% vexti (hugsanlegt er auðvitað að álverið sjálft greiði mengunargjald).

Hér er alls ekki reynt að mála Fljótsdalsvirkjun dekkri litum en ástæða er til, heldur er gefin eins góð mynd og hægt er út frá þeim tölum sem fyrir liggja frá Landsvirkjun. Ef Fljótsdalsvirkjun er góður fjárfestingarkostur verður að gera ráð fyrir mun hærra raforkuverði frá stóriðju en fékkst á liðnu ári.

Landsvirkjun hefur bent á það í auglýsingum að gróðurhúsaáhrif séu níu sinnum minni þegar ál er búið til með rafmagni úr vatnsaflsvirkjun en þegar kol eru notuð. Af þessum sökum er það hagsmunamál Íslendinga — og ekki síst Landsvirkjunar — að Kyoto-samkomulagið nái fram að ganga. Ef það gerist mun mengunargjald bætast ofan á verð á rafmagni úr kyndistöðvum. Búast má við að einhvers konar auðlindagjald leggist á íslenskt rafmagnsverð á næstu árum, en líkast til verður það miklu lægra en mengunargjaldið sem erlendir rafmagnsframleiðendur munu borga. Þetta styrkir samkeppnisstöðu íslenskrar raforku og ætti að vera landsmönnum hvatning til að flana ekki að neinu í rafmagnssölumálum, tíminn vinnur með þeim.

Mældu rétt ...

Þó að opinber arðsemisathugun hafi ekki verið gerð á Fljótsdalsvirkjun hafa Þjóðhagsstofnun og fleiri látið frá sér tölur um áhrif framkvæmdanna á hagvöxt. Í grein í Morgunblaðinu 24. nóvember 1998 gerði Tryggvi Felixson hagfræðingur og aðstoðarskátahöfðingi nokkrar kurteislegar athugasemdir við tölur sem Finnur Ingólfsson iðnaðarráðherra nefndi

---

[5] Sjá Pearce, D.W. (1994): The Environment í Layard og Glaister (ritstj.): Cost-Benefit Analysis, 2. útg., Cambridge University Press.

á fundi. Daginn eftir birtist í blaðinu bráðskemmtilegt svar ráðherrans sem sagði meðal annars: „Enn ber þó nokkuð á óvandaðri umfjöllun um orkufrekan iðnað. Ein slík grein birtist í Morgunblaðinu í gær þegar Tryggvi Felixson, *embættismaður í þjónustu ríkisstjórnarinnar* (leturbreyting mín), reynir að gera tölur mínar um þjóðhagsleg áhrif frekari stóriðjuframkvæmda tortryggilegar ...“ Þetta var í fyrsta skipti af þremur í greininni sem Finnur minnti Tryggva á hjá hverjum hann starfaði. Tryggvi vann um þessar mundir í fjármálaráðuneytinu. Þetta lýsir þeim vanda sem þeim hagfræðingum er á höndum sem efast um hag af stóriðju- og virkjanaframkvæmdum. Ekki er nóg með að Þjóðhagsstofnun og ráðuneyti vinni hörðum höndum að því að koma upp stóriðju hér á landi. Bankarnir, þar sem helst er að finna hagfræðinga utan ríkisstofnana, eru nú komnir á kaf í undirbúning álvers á Reyðarfirði.

„... hver orkuveita ... fór í framkvæmdir ... í trausti þess að hún ætti viðkomandi markað og gæti alltaf velt kostnaðinum á neytendur.“

Samkvæmt lögum má orkusala til stóriðju ekki leiða til hærra rafmagnsverðs til almenningsveitna en ella mundi verða. Ýmis rök eru fyrir því að selja rafmagn til stóriðju við lægra verði en til almenningsveitna. Orkunotkun stóriðju er jöfn og krefst því tiltölulega minna afls en sala til almennings. Stóriðjan kemur líka inn í heilu lagi þannig að virkjanir eru ekki illa nýttar í mörg ár. Fyrir tíu árum taldi Landsvirkjun að langtímakostnaður á kWst. væri 25–30% lægri þegar virkjað væri fyrir stóriðju en fyrir almenning. Þá var gert ráð fyrir að þessi hlutföll myndu endurspeglast í orkuverði hér á landi fljótlega upp úr aldamótum. Árið 1998 var mjög langt í land. Þá kostaði rafmagn til stóriðju að meðaltali 88 aura á kWst., sem fyrr segir, en til almenningsrafveitna 2 kr. og 80 aura á kWst. — meira en þrefalt meira. Þetta bendir til að almennir rafmagnsnotendur niðurgreiði rafmagnskostnað stóriðju hér á landi. Í þessu sambandi er fróðlegt að lesa ávarp Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, stjórnarformanns Landsvirkjunar, á samráðsfundi 23. apríl 1999. Þar ræðir hann ástæður þess að sala á rafmagni var gefin frjáls í Noregi: „Í viðræðum okkar Landsvirkjunarmanna við þarlenda forráðamenn í raforkugeiranum kom fram að helsta forsendan fyrir þeim breytingum sem þeir fóru í fyrir um áratug síðan var hið svæðis- og sveitarfélagabundna skipulag sem þar var á framleiðslunni. Slíkt skipulag gerði það að verkum að hver orkuveita fyrir sig fór í framkvæmdir út frá sínum forsendum og í trausti þess að hún ætti viðkomandi markað og gæti alltaf velt kostnaðinum á neytendur á sínu svæði.“ Skyldi vera kominn tími til þess að gefa rafmagnssölu frjálsa á Íslandi líka?“

12. Niðurstöður frumathugunar skipulagsstjóra.

Hinn 10. desember 1999 sendi Skipulagsstofnun ríkisins frá sér niðurstöður frumathugunar og úrskurð skipulagsstjóra um 480 þús. tonna álver í Reyðarfirði. Niðurstaða stofnunarinnar er:

„Við frumathugun hafa komið fram veigamiklar athugasemdir við marga þætti málsins, meðal annars varðandi framkvæmdatilhögun, grunnupplýsingar um náttúrufar og staðhætti sem mat grundvalli á, við aðferðir sem beitt er við mat, viðmiðunargildi mengunar og við niðurstöður mats. Í kjölfar þessara athugasemda hefur framkvæmdaraðili lagt fram þónokkrar viðbótarupplýsingar sem eingöngu hafa hlotið kynningu fyrir sérfræðistofnunum á þeim sviðum sem efni viðbótargagna fjallar helst um.

Á grundvelli framlagðra gagna við frumathugun er það mat skipulagsstjóra ríkisins að ekki hafi verið lagðar fram nægar upplýsingar um framkvæmd og umhverfisáhrif framkvæmdarinnar til að unnt sé að taka afstöðu til þess hvort hún muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hvorki varðandi fyrsta né síðari áfanga framkvæmdarinnar. Því er

niðurstaða skipulagsstjóra ríkisins sú að ráðist skuli í frekara mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði, sbr. 8. gr. laga og 12. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Í frekara mati verði gerð frekari grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, eins og nánar er tilgreint í 6. kafla þessa úrskurðar."

13. Tengdar framkvæmdir.

Á öðrum stað í skýrslu skipulagsstjóra segir:

„Við frumathugun hafa komið fram fjölmargar athugasemdir við að ekki skuli vera lagt heildarmat á umhverfisáhrif álvers í Reyðarfirði og fyrirhugaðra framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, lagningu háspennulína, hafnargerð, Bjarnarflagsvirkjun, Kárahnjúkavirkjun og fleira.

Í svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum kemur fram að eðlilegt verði að telja að framkvæmdaraðili álvers beri einungis ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum þeirra tilteknu framkvæmda sem hann hyggst hefja. Framkvæmdaraðili álvers verði annar en t.d. framkvæmdaraðili vatnsaflsvirkjana.

Að mati skipulagsstjóra ríkisins er ekki stoð fyrir því í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, að krefjast þess að tengdar framkvæmdir séu metnar í einu heildarmati. Skipulagsstjóri bendir í þessu sambandi á úrskurð umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga. Slíkt heildarmat mundi stuðla að markvissari vinnubrögðum og umræðu um fyrirhugaðar framkvæmdir af þeirri stærðargráðu sem álver við Reyðarfjörð, virkjunarframkvæmdir og lagning háspennulína eru. Skipulagsstofnun beindi í september 1999 þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að mat á umhverfisáhrifum nýrrar hafnar við fyrirhugað álver og háspennulínu að álverinu yrði auglýst samtímis. Jafnframt að auglýst yrði á sama tíma mat á umhverfisáhrifum jarðgufuvirkjunar við Bjarnarflag sem talin var nauðsynleg forsenda fyrir fyrsta áfanga álversins. Við þessu var ekki orðið og bent á að um aðra framkvæmdaraðila væri að ræða. Þá er rétt að benda á að vegna mikillar óvissu um áhrif 480 þús. tonna álvers á samfélag og atvinnulíf á Austurlandi og óvissu um orkuöflun vegna þess lagði Skipulagsstofnun til við framkvæmdaraðila að tilkynnt yrði til stofnunarinnar frummat á umhverfisáhrifum 120 þús. tonna álvers og kynnt áform um fyrirhugaða stækkun. Á þetta sjónarmið var ekki fallist.

Orkuþörf 480 þús. tonna álvers ein og sér kallar á umfangsmiklar framkvæmdir við orkuframleiðslu sem fyrirsjáanlegt er að kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif að mati skipulagsstjóra ríkisins. Vert er að minna á að starfsemi 480 þús. tonna álvers krefst 6.640 GWst. af raforku á ári, sem er meira en heildarframleiðsla Landsvirkjunar árið 1998. Einnig að ekki hafa verið lagðar fram upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að afla orku til 480 þús. tonna álvers, utan hvað fyrir liggur að til fyrsta áfanga álvers sé fyrirhugað að virkja Jökulsá í Fljótsdal og í Bjarnarflagi, auk þess sem Kárahnjúkavirkjun, sem samkvæmt svæðisskipulagi miðhálendisins ætti að framleiða 3.200 GWst., er tilgreind í Noral-samkomulaginu frá 29. júní 1999 til orkuöflunar fyrir álverið. Af þessum ástæðum verður að gera kröfu um að ítarleg grein sé gerð fyrir jákvæðum áhrifum 480 þús. tonna álvers sem vega kunni upp þau hugsanlegu umtalsverðu umhverfisáhrif sem framkvæmd hennar kynni beint og óbeint að hafa í för með sér. Þar er átt við áhrif á byggð, samfélag og atvinnulíf á Austurlandi og landinu í heild."

14. Úrskurðarorð skipulagsstjóra.

„Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir frummatsskýrslu framkvæmdaraðila ásamt umsögnum, athugasemdum, sérfræðiáliti um samfélagsleg áhrif og viðbótargögnum framkvæmdaraðila.

Með vísan til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar skal ráðast í frekara mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði. Þar komi fram:

1. Frekari gögn um veðurfar til grundvallar útreikningum á loftmengun. Jafnframt verði skýrt hversu einkennandi viðmiðunartímabil eru fyrir veðurfar á svæðinu.
2. Endurskoðaðir útreikningar á loftmengun á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um veðurfar. Í nýjum gögnum um dreifingu loftmengunar verði gerð grein fyrir loftmengun miðað við viðmiðunargildi í tilskipun Evrópusambandsins nr. 99/30/EC þar sem þau ganga lengra en núgildandi reglugerðarákvæði og 0,2 $\mu g/m^3$ langtímagildi fyrir flúoríð, nema að fram komi kröfur frá Hollustuvernd ríkisins um önnur viðmiðunargildi.
3. Hvaða hámarksmörk framkvæmdaraðili er reiðubúinn að miða við varðandi útblástur mengunarefna með tilliti til afmörkunar þynningarsvæðis.
4. Samanburður á vot- og þurrhreinsun útblásturs frá fyrsta áfanga álvers með tilliti til jákvæðra og neikvæðra umhverfisáhrifa.
5. Tillögur að þynningarsvæðum fyrir mismunandi framkvæmdakosti og framkvæmdaáfanga. Tillögur að þynningarsvæðum skulu hafa verið bornar undir Hollustuvernd ríkisins áður en þær eru lagðar fram til annarrar athugunar.
6. Ítarlegri upplýsingar um strauma í Reyðarfirði, hugsanlega lagskiptingu sjávar og líkindi á því að hún myndist.
7. Varðandi förgun kerbrota verði gerð nánari grein fyrir lífríki í fjörunni og mögulegu streymi efna úr kerbrotagryfjum og samanburður gerður við aðra kosti við förgun kerbrota.
8. Varðandi útstreymi PAH-efna verði gerð mun ítarlegri grein fyrir hugsanlegri mengun PAH-efna á landi og í sjó.
9. Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar efnistöku og samanburður á umhverfisáhrifum mismunandi kosta, ef fleiri en einn staður kemur til greina.
10. Mat á aurskriðuhættu á byggingarlóð álvers.
11. Mat á áhrifum framkvæmdarinnar á þróun og skipulag landnotkunar í Reyðarfirði og Fjarðabyggð.
12. Frekara mat á jákvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á byggð, áhrifum á byggðir á Austurlandi utan Mið-Austurlands, varanleika áhrifa á fólksfjöldaþróun og áhrifa á vinnuafl í atvinnuvegum sem fyrir eru á svæðinu.
13. Áætlun um umhverfisvöktun.“

Af framangreindu er ljóst að heildstæðu mati á framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun og mati á afleiddum framkvæmdum er verulega ábótavant. 1. minni hluti leggur því til að tillaga til þingsályktunar um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun verði **felld** og fram fari lögformlegt umhverfismat á öllum þáttum fyrirhugaðra framkvæmda. Vísað er til tillögu til þingsályktunar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram á 125. löggjafarþingi, þskj. 7, 7. mál, um mat á lögformlegum umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar.

Alþingi, 15. des. 1999.

Árni Steinar Jóhannsson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Álit 1. minni hluta umhverfisnefndar um till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun (6. desember 1999).
II. Álit 2. minni hluta umhverfisnefndar um till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun (6. desember 1999).
III. Umsögn 3. minni hluta umhverfisnefndar (6. desember 1999).
IV. Umsögn Aðalheiðar Jóhannsdóttur lögfræðings (1. desember 1999).
V. Umsögn Náttúruverndar ríkisins (1. desember 1999).
VI. Umsögn Þóru Ellenar Þórhallsdóttur prófessors (3. desember 1999).
VII. Umsögn Skipulagsstofnunar (3. desember 1999).
VIII. Greinargerð Náttúruverndarsamtaka Íslands við skýrslu Landsvirkjunar (3. desember 1999).
IX. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands (2. desember 1999).
X. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands.
XI. Umsögn Gísla Gíslasonar landslagsarkitekts (2. desember 1999).
XII. Umsögn Eyþórs Einarssonar grasafræðings (3. desember 1999).
XIII. Umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands (30. nóvember 1999).
XIV. Umsögn Geirs Oddssonar, fiski- og auðlindafræðings (30. nóvember 1999).
XV. Kæra Náttúruverndarsamtaka Íslands til Eftirlitsstofnunar EFTA (20. október 1999).

Fylgiskjöl I–III eru samhljóða fylgiskjölum I–III í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar, þskj. 371, sjá bls. 2450–2462.

428. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Gunnari Inga Gunnarssyni, Jóni Bjarnasyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.600,0	881,0	7.481,0
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.480,0	310,0	2.790,0
2. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.55 Sjúkradagpeningar	245,0	430,0	675,0

429. Frumvarp til laga [285. mál]

um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fasteignaskrá stofnunarinnar“ í lokamálslið 1. mgr. kemur: Landskrá fasteigna.
b. Í stað orðanna „fasteignaskrám stofnunarinnar“ í 2. málsl. 10. mgr. kemur: Landskrá fasteigna.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að uppfæra og halda Landskrá fasteigna skulu húseigendur greiða sérstakt gjald til Fasteignamats ríkisins, umsýslugjald. Gjald þetta skal nema 0,1‰ (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar og skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila umsýslugjaldi til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994 og tveimur öðrum frumvörpum sem lögð eru fram samhliða, frumvarpi um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, og frumvarpi um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, eru lagðar til nauðsynlegar breytingar vegna myndunar samhæfðs gagna- og upplýsingakerfis um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Heitir það Landskrá fasteigna og er nánar um það fjallað í fyrrnefndu frumvarpi til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna. Fasteignamat ríkisins heldur Landskrá fasteigna en auk Fasteignamatsins munu sýslumenn og byggingarfulltrúar sveitarfélaga, í umboði Fasteignamatsins, færa upplýsingar um þinglýsingar í skrána.

Breytingar þær sem lagðar eru til á lögum um brunatryggingar eru tvenns konar. Annars vegar kemur hugtakið Landskrá fasteigna í stað tilvísunar í fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins. Hins vegar er lögð til breyting á svonefndu umsýslugjaldi skv. 6. gr. laganna er nú rennur til Fasteignamats ríkisins til að standa straum af kostnaði við að uppfæra og halda skrá yfir brunabótamat húseigna. Lögð er til hækkun á umsýslugjaldinu úr 0,025‰ (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar í 0,1‰ (prómill) af brunabótamati hverrar húseignar til að standa straum af kostnaði við að uppfæra og halda Landskrá fasteigna. Áætlað er að umsýslugjaldið gefi 200 millj. kr. á ári í stað 50 millj. kr.

Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að með tilkomu Landskrár fasteigna verður sú breyting á að Fasteignamat ríkisins hættir að halda sérstaka fasteignaskrá fyrir brunabótamat. Í þess stað verður til eitt samhæft gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast, Landskrá fasteigna, og stór hluti hennar eru upplýsingar um byggingarfræðileg atriði er máli skipta við mat á endurstofnverði húseigna sem aftur er grunnur að ákvörðun

um brunabótamat þeirra og aðrar viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar brunabótamats ásamt upplýsingum um þinglýsta eigendur. Skilvirk söfnun, viðhald og framsetning grunnupplýsinga þeirra sem verða í Landskrá fasteigna er mikilvæg forsenda þess að unnt verði að ákvarða brunabótamat með áreiðanlegum hætti.

Brunabótamat fasteigna er notað sem árlegur gjaldstofn í ýmsum tilgangi, viðlagatryggingariðgjald er 0,025% af brunabótamati, ofanflóðasjóðsgjald 0,03%, brunavarnagjald 0,0045% og umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins 0,0025%. Þessi gjöld nema 1.100–1.200 millj. kr. árlega. Brunabótaiðgjöld nema 500–600 millj. kr. árlega. Alls nema þessi gjöld 1.600–1.800 millj. kr. og er þá ekki tekið tillit til skipulagsgjalds, 0,3%, sem leggst einu sinni á nýbyggingar. Hækkun á umsýslugjaldi Fasteignamats ríkisins úr 50 millj. kr. í 200 millj. kr. er 8–9% heildarhækkun á gjöldum húseigenda sem grundvallast á brunabótamati en hækkun á einstakar eignir getur numið lægra eða hærra hlutfalli eftir áhættuflokkun tryggingafélags vegna brunabótaiðgjalds.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd þrjú dæmi af íbúðarhúsnæði í steinsteyptum húsum í Reykjavík og hvaða breyting verður á heildargjöldum húseigenda við framangreinda breytingu á umsýslugjaldi:

Brunabótamat	Heildargjöld fyrir breytingu umsýslugjalds	Heildargjöld eftir breytingu umsýslugjalds	Umsýslugjald fyrir breytingu	Umsýslugjald eftir breytingu	Hækkun umsýslugjalds
7.000.000	5.320	5.845	175	700	525
13.000.000	9.880	10.855	325	1.300	975
20.000.000	15.200	16.700	500	2.000	1.500

Frekari upplýsingar um Landskrá fasteigna má finna í greinargerð með frumvarpi um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a- og b-lið 1. gr. er lögð til sú breyting að í stað tilvísunar til fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins komi Landskrá fasteigna. Er þessi breyting í samræmi við breytingar sem lagðar eru til í tveimur frumvörpum sem lögð eru fram samhliða frumvarpi þessu, um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum, og þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um hækkun á svonefndu umsýslugjaldi sem rennur til Fasteignamats ríkisins til að standa straum af kostnaði við að uppfæra og halda skrá yfir brunabótamat húseigna. Með áðurgreindum frumvörpum um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum, og þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum, tekur Landskrá fasteigna við hlutverki fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi til að sem fyrst megi hefja nauðsynlegan undirbúning að gerð Landskrár fasteigna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvörpum til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum og frumvarpi til laga um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39/1978. Með frumvörpunum er stefnt að myndun samhæfðs gagna- og upplýsingakerfis um fasteignir og réttindi er tengjast þeim sem beri heitið Landskrá fasteigna. Hér er fjallað um áætluð áhrif allra frumvarpanna á útgjöld ríkissjóðs og eru umsagnir fjárlagaskrifstofu með þeim samhljóða.

Samkvæmt frumvörpunum mun Landskrá fasteigna skiptast í stofnhluta fyrir skilgreiningar og upplýsingar um afmörkun fasteigna, mannvirkjahluta fyrir byggingafræðilegar upplýsingar, fasteignamatshluta fyrir upplýsingar um matsforsendur og niðurstöður og þinglýsingahluta fyrir upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og önnur atriði sem þinglýsingabók inniheldur.

Samkvæmt áætlun sem unnin er af vinnuhópi, sem hefur unnið að stofnun Landskrár fasteigna, er áætlaður kostnaður við stofnun Landskrár 615 m.kr. sem skiptist á árin 2000–2004, u.þ.b. 150 m.kr. á hverju ári.

Samtals áætlaður rekstrar- og stofnkostnaður 2000–2004	**M.kr.**
Rekstrarkostnaður Fasteignamats ríkisins	232,0
Stofnkostnaður Fasteignamats ríkisins	176,7
Stofnkostnaður hjá sýslumannsembættum	155,6
Annað og ófyrirséð	51,0
Samtals	**615,3**

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, er áformað að hækka umsýslugjald sem rennur til Fasteignamats ríkisins úr 0,025‰ (prómillum) í 0,1‰ (prómill). Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við stofnun Landskrár fasteigna. Miðað við framangreindar áætlanir og fjármögnun Landskrár fasteigna með hækkun umsýslugjalds hækka tekjur og gjöld ríkissjóðs um 150 m.kr. á ári.

430. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Gunnari Inga Gunnarssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við 7. gr. Nýr liður:
8.14 Að gera sérhverju ráðuneyti að lækka útgjöld sín um 0,5%.

431. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um vitamál.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Jóhannesson og Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti, Hermann Guðjónsson og Sigurberg Björnsson frá Siglingastofnun Íslands, Hafstein Hafsteinsson frá Landhelgisgæslu Íslands, Ólaf J. Briem frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda. Umsagnir um málið bárust frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda og Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

Með frumvarpinu er lagt til að lagagrunni fyrir vitagjald verði breytt, en því er ætlað að standa straum af stofn- og rekstrarkostnaði Siglingastofnunar Íslands á leiðsögukerfi fyrir skip. Er lagt til að lagagrunnurinn verði styrktur á þann veg að hann uppfylli skilyrði stjórnarskárinnar um lagagrunn skattlagningarheimilda. Verði því fjárhæð gjaldsins tilgreind í lögunum sjálfum.

Til að mæta auknum kostnaði við rekstur vita er lagt til í frumvarpinu að vitagjaldið verði látið ná til allra báta á skipaskrá. Gert er ráð fyrir að lágmarksgjald verði 64,70 kr. af hverju brúttótonni skips, en þó skuli þetta gjald aldrei vera lægra en 5.000 kr. Meiri hlutinn leggur til að lágmarksgjaldið verði lækkað í 3.000 kr. en á móti verði gjald fyrir hvert brúttótonn hækkað í 68,60 kr. Með því næst sama heildarhækkun vitagjalds.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 7. gr. Í stað fjárhæðanna „64,70 kr.“ og „5.000 kr.“ í 2. mgr. komi: 68,60 kr., og: 3.000 kr.

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1999.

Árni Johnsen, form., frsm. Guðmundur Hallvarðsson. Hjálmar Árnason.

Helga Guðrún Jónasdóttir. Arnbjörg Sveinsdóttir.

432. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um fjarskipti.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Einar Hannesson frá samgönguráðuneyti, Gústav Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun, Jakob Fal Garðarsson, aðstoðarmann samgönguráðherra, Þórarin V. Þórarinsson, Pál Ásgrímsson, Bergþór Halldórsson og Kristján Indriðason frá Landssíma Íslands hf., Eyþór Arnalds og Ágúst Sindra Karlsson frá Íslandssíma hf., Ragnar Aðalsteinsson, Ragnar Tómas Árnason og Þórólf Árnason frá TAL hf., Guðmund Sigurðsson og Ásgeir Einarsson frá Samkeppnisstofnun, Björn Davíðsson frá Snerpu ehf., Svavar Kristinsson frá Íslenskri miðlun, Guðjón Rúnarsson og Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands og Stefán Hrafnkelsson frá Margmiðlun hf. Umsagnir um málið bárust frá Snerpu ehf., Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Verslunarráði Íslands, Póst- og fjarskiptastofnun, TAL hf., Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Ríkisútvarpinu, Samkeppnisstofnun, Landssíma Íslands hf., Bændasamtökum Íslands og Íslandssíma hf.

Með frumvarpinu er stefnt að því að mæta auknum umsvifum fjarskipta- og upplýsingatækni og nýjum skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Má skipta frumvarpinu í tvo hluta, annars vegar ákvæði sem ætlað er að örva samkeppni en hins vegar ákvæði sem eiga að tryggja aðgang allra landsmanna að alþjónustu. Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

- Ákveðin tegund gagnaflutningsþjónustu verður skilgreind sem alþjónusta.
- Númeraflutningur sem gerir notendum síma mögulegt að halda símanúmeri sínu án tillits til þess hjá hvaða símafyrirtæki viðskiptin eru.
- Innlendir reikisamningar, en í þeim felst að farsímafyrirtæki eigi aðgang að farsímanetum annarra fyrirtækja þegar uppbygging eigin aðstöðu er talin óraunhæf.
- Aðgangur að heimtaug, en samkvæmt frumvarpinu eiga fjarskiptafyrirtæki lögvarinn rétt til að leigja aðgang að heimtaug af markaðsráðandi fyrirtæki.
- Dregið er úr ríkisafskiptum og nýjum aðilum auðvelduð leið inn á markaðinn.
- Mælt er fyrir um opinn aðgang að fjarskiptanetum auk samtengingar.

Við meðferð málsins í nefndinni var 23. gr. frumvarpsins sem fjallar um samtengingu neta og þjónustu skoðuð sérstaklega. Er það skilningur meiri hlutans að svokölluð ATM-þjónusta sé samtengingarskyld á grundvelli hennar. Hins vegar telur meiri hlutinn að ATM-þjónusta falli ekki undir ákvæði 26. og 27. gr. frumvarpsins um að gjöld fyrir samtengingu skuli byggjast á kostnaði.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til smávægileg breyting á orðalagi 13. gr. frumvarpsins. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.
2. Lögð er til breyting á orðalagi 2. mgr. 15. gr. sem gerir hana skýrari og markvissari.
3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins. Sú helsta er að lagt er til að skylda til að senda nýja eða breytta gjaldskrá til umsagnar til Póst- og fjarskiptastofnunar hvíli eingöngu á rekstrarleyfishöfum með umtalsverða markaðshlutdeild. Þá eru lagðar til nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar á málsgreininni.
4. Lögð er til sú breyting á 4. mgr. 30. gr. að skylda til að geta þess í upphafi símtals að yfirgjald sé heimt af símtali hvíli á þjónustuaðila en ekki fjarskiptafyrirtæki.

5. Lögð er til breyting á 39. gr. sem felur það í sér að óheimilt verði að setja á markað annan notendabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur skv. 37. gr. og ber CE-merkingu því til staðfestingar. Hins vegar er lagt til að nýtt bráðabirgðaákvæði bætist við frumvarpið sem felur í sér að heimilt verði að setja á markað notendabúnað sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur framkvæmt prófun á og viðurkennt í samræmi við staðla, þrátt fyrir að hann beri ekki CE-merkingu, þar til tilskipun ráðsins og þingsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999, um þráðlausan fjarskiptabúnað og notendabúnað og gagnkvæma viðurkenningu á gerðarsamþykktum, hefur tekið gildi. Frumvarpið var samið með það í huga að taka mið af væntanlegum breytingum sem leiðir af tilskipuninni en nokkur tími mun líða þar til hún tekur gildi.
6. Lagt er til að kveðið verði á um það í 39. gr. að framleiðanda eða umboðsmanni hans hér á landi verði skylt að tryggja að búnaði sem settur er á markað hér á landi fylgi upplýsingar um notkun hans á íslensku.
7. Lagt er til að bætt verði við ákvæði 43. gr. um þagnarskyldu að ekki megi án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá annála um sendingar sem fara um fjarskiptavirki. Kom fram við meðferð málsins í nefndinni að slíkir annálar geti haft að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og því sé full þörf á að vernda þá með þessum hætti.
8. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 44. gr. að þeim aðila að símtali sem vill hljóðrita símtalið beri að tilkynna viðmælanda sínum um þá fyrirætlan. Hvíli sú skylda því ekki aðeins á viðtakanda símtals eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.
9. Lögð er til breyting á tilvísun í 3. mgr. 57. gr.

Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1999.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Helga Guðrún Jónasdóttir.		Arnbjörg Sveinsdóttir.

433. Breytingartillögur [122. mál]

við frv. til l. um fjarskipti.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁJ, HjÁ, GHall, HGJ, ArnbS).

1. Við 13. gr. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Til alþjónustu teljast m.a. talsímaþjónusta, þjónusta við fatlaða eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu sem notendur tengjast um heimtaugar almenna talsímanetsins.

2. Við 15. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Skal jöfnunargjaldið lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn farsímanet og/eða almenna talsímaþjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi.
3. Við 29. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild skulu eigi síðar en fjórum virkum dögum fyrir gildistöku nýrra eða breyttra skilmála og/eða gjaldskrár senda Póst- og fjarskiptastofnun skilmála og/eða gjaldskrá til umsagnar. Stofnuninni er leyfilegt að krefjast lagfæringa á skilmálum eða uppsetningu gjaldskrár leyfishafa ef efni þeirra þykir brjóta í bága við lög og reglur eða leyfisbréf leyfishafa. Ef umfang málsins er slíkt að ekki verði greitt úr því á fjórum dögum getur stofnunin frestað gildistöku nýrra eða breyttra skilmála, en þó ekki um meira en sjö daga.
4. Við 30. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Ef símtöl bera yfirgjald skal þjónustuaðili ávallt geta þess í upphafi símtals hver fjárhæð gjaldsins sé eða á hvaða forsendum það verði ákvarðað. Áskrifandi skal eiga þess kost að læsa fyrir símtöl í númer þar sem tekið er yfirgjald. Nánar skal kveðið á um símtöl með yfirgjaldi í reglugerð.
5. Við 39. gr.
   Í stað 1. og 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Óheimilt er að setja á markað annan notendabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur skv. 37. gr. og ber CE-merkingu því til staðfestingar.
   Á eftir orðunum „fyrir notendur“ í 3. mgr. komi: á íslensku.
6. Við 43. gr. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti, önnur skjöl eða annála um sendingar sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau.
7. Við 44. gr. Í stað orðanna „Viðtakandi símtals“ í 3. mgr. komi: Sá aðili að símtali.
8. Við 57. gr. Í stað orðanna „X. kafla“ í 3. mgr. komi: XI. kafla.
9. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þar til tilskipun ráðsins og þingsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999, um þráðlausan fjarskiptabúnað og notendabúnað og gagnkvæma viðurkenningu á gerðarsamþykktum, hefur tekið gildi á Evrópska efnahagssvæðinu er heimilt að setja á markað notendabúnað sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur framkvæmt prófun á og viðurkennt í samræmi við staðla þrátt fyrir að hann beri ekki CE-merkingu.

434. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Einar Hannesson frá samgönguráðuneyti, Gústav Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun, Jakob Fal Garðarsson, aðstoðarmann samgönguráðherra, Þórarin V. Þórarinsson, Pál Ásgrímsson, Bergþór Halldórsson og Kristján Indriðason frá Landssíma Íslands hf., Eyþór Arnalds og Ágúst Sindra Karlsson frá Íslandssíma hf., Ragnar Aðalsteinsson, Ragnar Tómas Árnason og Þórólf Árnason frá TAL hf., Guðmund Sigurðsson og Ásgeir Einarsson frá Samkeppnis-

stofnun, Björn Davíðsson frá Snerpu ehf., Svavar Kristinsson frá Íslenskri miðlun, Guðjón Rúnarsson og Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands og Stefán Hrafnkelsson frá Margmiðlun hf.

Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga sem lagt var fram samhliða.

Í frumvarpinu er leitast við að skerpa á úrræðum stofnunarinnar til að afla upplýsinga frá einstökum póst- og fjarskiptafyrirtækjum á markaðinum og gera stofnuninni þannig kleift að rækja hlutverk sitt samkvæmt frumvarpi til fjarskiptalaga. Er stofnuninni m.a. ætlað veigamikið hlutverk við framkvæmd reglna um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu.

Þá er gert ráð fyrir því nýmæli í frumvarpinu að stofnuninni verði veitt heimild til að taka ákvörðun til bráðabirgða þegar aðstæður krefjast þess að mati hennar og dráttur á niðurstöðu máls er til þess fallinn að valda verulega tjóni.

Í frumvarpinu eru ákvæði um að skýra skuli valdmörk Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar.

Einnig er gert ráð fyrir að tekið verði sérstakt gjald fyrir úthlutun símanúmera til rekstrarleyfishafa og úthlutun einstakra stuttnúmera. Verði gjald fyrir þriggja stafa númer 1.000.000 kr. og 200.000 kr. fyrir fjögurra stafa númer. Er tilgangurinn m.a. að draga úr eftirspurn þar sem um fá númer er að ræða og því erfitt, þegar til lengri tíma er litið, að anna eftirspurn.

Þá er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur og rekstrarleyfishafar skuli árlega greiða Póst- og fjarskiptastofnun rekstrargjald sem nemi 0,25% af bókfærðri veltu. Vegna ákvæða 77. gr. stjórnarskrárinnar um skipan skattamála er nauðsynlegt að heimild til skattlagningar sé skýr í lögum og er því mælt fyrir um að gjaldið sé fast hlutfall af bókfærðri veltu.

Meiri hlutinn leggur til breytingu á tilvísun í 6. mgr. 5. gr. en þar er vísað í 7. mgr. greinarinnar í stað 9. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „sbr. 7. mgr.“ í 6. mgr. 5. gr. komi: sbr. 9. gr.

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1999.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Helga Guðrún Jónasdóttir.		Arnbjörg Sveinsdóttir.

435. Frumvarp til laga [286. mál]

um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Halda skal ársfund Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir 31. maí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.

Viðskiptaráðherra skipar á ársfundi fimm menn í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til eins árs í senn. Stjórnin skal þannig skipuð: einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins situr fram að fyrsta ársfundi sem halda skal eigi síðar en 31. maí 2000, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins varð til við það að fjárfestingarsjóðir í iðnaði og sjávarútvegi voru sameinaðir. Tilgangur stofnunar sjóðsins var að tryggja atvinnulífinu betri aðgang að fjármagni til nýsköpunar og þróunar en verið hafði.

Nýsköpunarsjóðurinn hefur á starfstíma sínum lagt áherslu á að stuðla að arðbærri uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar með áhættufjármagni og styðja við þróunar- og kynningarverkefni auk þess að sinna tryggingum vegna útflutningslána.

Á þeim tíma sem sjóðurinn hefur starfað hefur komið í ljós að þörf er á því að haldnir verði ársfundir reglulega eins og almennt tíðkast í atvinnulífinu. Þörf fyrir miðlun upplýsinga er tengjast starfsemi Nýsköpunarsjóðs og annarra stofnana sem ráðstafa opinberu fé er síst minni en almennt gildir í atvinnulífinu. Á grundvelli þess er í frumvarpi þessu lagt til að ársfundir Nýsköpunarsjóðs verði festir í sessi. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði um dagskrá og fyrirkomulag funda í reglugerð en við það miðað að dagskrá ársfunda Nýsköpunarsjóðs verði með hefðbundnu sniði.

Vegna þess að starfsemi sjóðsins hverfist öðru fremur um nýsköpunar- og atvinnuþróunarmál þar sem sveigjanleiki þarf að vera í fyrirrúmi er lögð á það áhersla að ársreikningar liggi fyrir snemma árs og að stefnumörkun og ákvörðunartaka verði markviss. Til samræmis við það á að vera unnt að halda ársfundi tiltölulega snemma árs og er því lagt til að lögfesta að þeir verði ekki haldnir síðar en 31. maí ár hvert.

Gert er ráð fyrir að fjöldi stjórnarmanna verði óbreyttur og að stjórnin verði skipuð fulltrúum sömu aðila og verið hefur. Með tilkomu ársfunda er þó eðlilegt að skipunartími stjórnar miðist við þá og að skipunartíminn verði á sama hátt eitt ár.

Til að skapa ekki óþarfa röskun á starfsemi Nýsköpunarsjóðs er lagt til að núverandi stjórn sitji fram að fyrsta ársfundi sjóðsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um aðalfund og skipan stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

436. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Vilborgu Hauksdóttur, Hrafn Pálsson og Símon Steingrímsson og Vilborgu Ingólfsdóttur frá landlæknisembættinu. Þá komu á fundinn frá Aðgerðahópi aldraðra Halldór Þorsteinsson, Árni Brynjólfsson, Páll Gíslason og Guðmundur Jóhannsson, Hrefna Sigurðardóttir frá Félagi stjórnenda í öldrunarþjónustu, Jón Helgason frá samstarfsnefnd um málefni aldraðra, Þórður Skúlason og Sigurður Óli Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Eyjólfur Jónsson og Sigurbjörn Björnsson frá Félagi íslenskra öldrunarlækna, Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi formaður stjórnar Sunnuhlíðarsamtakanna og fyrrverandi formaður samstarfsnefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um málefni aldraðra, Ólafur Ólafsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík og Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara.

Mál þetta var fyrst flutt á 123. löggjafarþingi og þá bárust nefndinni umsagnir frá Aðgerðahópi aldraðra, Grund – elli- og hjúkrunarheimili, Hrafnistu – dvalarheimili aldraðra, Landssambandi eldri borgara, Reykjavíkurborg – félagsþjónustu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skjóli – Eir – hjúkrunarheimili og Sunnuhlíð – hjúkrunarheimili. Málið er nú endurflutt með fáeinum breytingum og borist hafa umsagnir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Félagi íslenskra öldrunarlækna og ný umsögn frá Aðgerðahópi aldraðra.

Helsta markmið frumvarpsins er að gera lögin einfaldari og skýrari og þá eru tiltekin hugtök skilgreind. Sú veigamikla breyting er jafnframt gerð að aldraðir koma að ákvörðunartöku um eigin mál í auknum mæli. Helstu breytingar aðrar eru þær að fulltrúum í samstarfsnefnd

um málefni aldraðra er fjölgað um tvo í samræmi við mikilvægi nefndarinnar. Þjónustuhópur aldraðra tekur við hlutverki öldrunarnefnda og öldrunarmálaráða sem verða lögð niður. Sveitarstjórnir skipa fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í stað öldrunarnefnda og verður hópurinn skipaður fimm fulltrúum í stað fjögurra og Framkvæmdasjóður aldraðra skal nú samhliða öðrum störfum sínum styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er fellt niður það ákvæði að samstarfsnefnd um málefni aldraðra úrskurði um kærumál. Nefndin telur rétt að benda á að samstarfsnefndin hefur aldrei kveðið upp úrskurð um ágreiningsmál á gildistíma laganna. Einnig bendir nefndin á að samstarfsnefndin hefði þurft að vera skipuð með öðrum hætti, þ.e. að vera sjálfstæð og óháð til þess að vera úrskurðaraðili.

Þá vill nefndin benda á að sá skilningur hefur verið lagður í 6. gr. frumvarpsins að í hverju sveitarfélagi skuli starfa að minnsta kosti einn þjónustuhópur aldraðra. Sveitarfélög geta þannig fjölgað þjónustuhópum í stórum heilsugæsluumdæmum en ábyrgð á þeirri ákvörðun liggur hjá viðkomandi sveitarstjórn sem greiðir kostnað af starfi hópanna.

Vegna ákvæða 13. og 16. gr. frumvarpsins um að afla beri framkvæmdaleyfis hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst tekur nefndin fram að hér er ekki vegið að skipulags- og byggingarmálum sem sveitarstjórnir sjá um, enda er ákvæðið óbreytt frá núgildandi lögum. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að ráðuneytið tryggi að samræmis sé gætt við byggingu þjónustuíbúða og það sé jafnframt eftirlitsaðili með þeirri þjónustu sem í boði er.

Að lokum leggur nefndin áherslu á að samkvæmt lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, er það skilyrði að fagleg ábyrgð sé á stjórnun heilbrigðisstofnana. Sama á við um stofnanir samkvæmt þessu frumvarpi sem falla jafnframt undir lög um heilbrigðisþjónustu og nefndin ítrekar mikilvægi þess að faglegur háttur sé þar í heiðri hafður.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 2. gr. verði bætt við skilgreiningu á vistmannaráði sem getið er um í 18. gr.
2. Lögð er til sú breyting á fyrri málslið 1. mgr. 7. gr. að nota orðið heilsugæsluumdæmi og þannig sé gætt samræmis í orðnotkun frumvarpsins, sbr. einnig lög um heilbrigðisþjónustu.
3. Lagt er til að fallið verði frá þeirri kröfu í síðari málslið 1. mgr. 7. gr. að annar fulltrúinn sem skipaður er án tilnefningar í þjónustuhópinn skuli vera félagsráðgjafi ef unnt er. Réttara þykir að miða við þekkingu í öldrunarmálum fremur en að binda valið við ákveðna menntun í þessum málaflokki.
4. Lögð er til sú breyting á 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. að þjónustuhópurinn skuli gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu. Þannig fer ekki á milli mála hvert tillögurnar eiga að fara.
5. Þá er lögð til sú breyting á 2. mgr. 8. gr. að í stað þess að endurtaka eitt af markmiðum laganna sé eðlilegra að vísa til 1. gr. frumvarpsins þar sem markmiðin koma skýrt fram.
6. Sú breyting sem lögð er til á 10. gr. lýtur einungis að orðalagi.
7. Lagt er til að í 12. gr. verði kveðið á um að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setji Framkvæmdasjóði aldraðra starfsreglur. Er þetta lagt til í samræmi við góðar stjórnsýslureglur.
8. Lagt er til að orðið „árangursmarkmið“ í niðurlagi 1. tölul. 13. gr. falli brott þar sem það þykir óþarft og ekki nógu skýrt.

9. Lagt er til að orðin „þjónustuhópur aldraðra“ verði felld brott úr 3. mgr. 15. gr. Skv. 8. gr. frumvarpsins er eitt af verkefnum þjónustuhóps aldraðra að meta vistunarþörf aldraðra, sbr. 14. og 15. gr. frumvarpsins. Samkvæmt síðari málslið 2. mgr. 15. gr. skal mat á vistunarþörf að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra. Tilvísun í 3. mgr. um þjónustuhópinn þykir því óþörf. Ljóst er að þjónustuhópurinn sér um þetta mat á vistunarþörf eða öðrum úrræðum nema sérgreindir hópar, og er þá sérstaklega vísað til stóru sjúkrahúsanna, taki þetta að sér.
10. Að lokum er lagt til að fjárhæðin sem tilgreind er í 1. og 2. mgr. 22. gr. hækki í 30.386 kr. í samræmi við reglugerð nr. 612/1999 sem hækkaði tekjumörkin og birt var í Stjórnartíðindum 20. september sl. en gilti frá 1. september sl.

Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Þuríður Backman skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja þeim eftir.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Jón Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Ásta Möller.
Katrín Fjeldsted.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
	Þuríður Backman, með fyrirvara.	

437. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Vistmannaráð:* Kjörnir fulltrúar íbúa stofnunar mynda vistmannaráð.
2. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „umdæmi heilsugæslustöðvar“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: heilsugæsluumdæmi.
   b. Orðin „og skal annar þeirra síðasttöldu vera félagsráðgjafi ef unnt er“ í niðurlagi síðari málsliðar 1. mgr. falli brott.
3. Við 8. gr.
   a. 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laganna, sbr. 1. gr.

4. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru tekjur“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur.
   b. Á eftir orðinu „lægri“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: upphæð.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra og setur honum jafnframt starfsreglur.
6. Við 13. gr. Orðin „og árangursmarkmið“ í niðurlagi 1. tölul. falli brott.
7. Við 15. gr. Orðin „þjónustuhópur aldraðra“ í 3. mgr. falli brott.
8. Við 22. gr. Í stað fjárhæðarinnar „29.217 kr.“ í 1. og 2. mgr. komi: 30.386 kr.

438. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu, o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999, að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands, skipan ráðuneyta og verkefni þeirra á kjörtímabilinu. Með frumvarpinu er yfirstjórn Seðlabanka Íslands flutt frá viðskiptaráðuneyti til forsætisráðuneytis sem ráðuneytis efnahagsmála.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Ásta Möller.	Lúðvík Bergvinsson.
Katrín Fjeldsted.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	Gunnar Ingi Gunnarsson.
Helga Guðrún Jónasdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Ólafur Örn Haraldsson.

439. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Malmquist og Bjarka Bragason frá Byggðastofnun og Ólaf Sveinsson frá Atvinnuráðgjöf Vesturlands.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þá stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands, skipan ráðuneyta og verkefni þeirra á kjörtímabilinu en þáttur í því er að færa Byggðastofnun frá forsætisráðuneyti til iðnaðarráðuneytis. Einnig eru lagðar til ýmsar breytingar frá gildandi lögum um stofnunina. Meðal þeirra er áherslubreyting á hlutverki stofnunarinnar, skipun stjórnar, stjórn verði falið að hafa frumkvæði að verkefnum á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar og stjórn verði heimilt að fela forstjóra að ákvarða lánveitingar stofnunarinnar að hluta eða öllu. Lagt er til að haldinn verði ársfundur Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Einnig er lagt til að byggðaáætlun verði endurskoðuð á tveggja ára fresti en áfram er gert ráð fyrir að hún verði gerð fyrir fjögurra ára tímabil. Að mati nefndarinnar er hér um jákvæðar breytingar að ræða og eru nefndarmenn á einu máli um að margt af því sem lagt er til í frumvarpinu sé til bóta.

Við meðferð málsins hjá nefndinni var rætt nokkuð um 3. mgr. 9. gr. þar sem lagt er til að Byggðastofnun geti gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Nefndarmenn telja að hér geti hugsanlega verið um of opna heimild að ræða. Ákvæðið geti orðið til þess að ráðgjöfin verði afmörkuð við of þröng svið eða svæði í stað þess að atvinnugreinar styðjist hver við aðra og t.d. gæti þróunin orðið sú að komið yrði á stofn atvinnuþróunarmiðstöðvum. Nefndin sér þó ekki ástæðu til að flytja breytingartillögu um þetta atriði en leggur áherslu á að ákvæðinu sé beitt á samræmdan hátt.

Gunnar Ingi Gunnarsson gerir þann fyrirvara að ef sú ákvörðun að flytja Byggðastofnun frá forsætisráðuneyti til iðnaðarráðuneyti er liður í því að setja öll atvinnumál undir eitt ráðuneyti þá geti hann fallist á það skref.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1999.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Ásta Möller.	Lúðvík Bergvinsson.
Katrín Fjeldsted.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	Gunnar Ingi Gunnarsson, með fyrirvara.
Helga Guðrún Jónasdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	Pétur H. Blöndal.

440. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elínu Blöndal og Hermann Sæmundsson frá félagsmálaráðuneyti og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá bárust umsagnir um málið frá Reykjavíkurborg, Fjarðabyggð, Akureyrarbæ, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjanesbæ og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími laga um reynslusveitarfélög verði framlengdur til 1. janúar 2002 þar sem hluti þeirra tilraunaverkefna sem standa yfir hófst seinna en ráð var fyrir gert og fyrirsjáanlegt er að ekki verði fengin af þeim nægileg reynsla áður en gildistíminn rennur út. Einnig verða væntanlega viðamikil verkefni framlengd ef vilji reynslusveitarfélags og ráðherra er fyrir hendi.

Í frumvarpinu er lagt til að ákveðnar greinar um heimildir ráðherra til að víkja frá ákvæðum einstakra laga verði felldar brott. Í 5. gr. er lagt til að heimild umhverfisráðherra til að víkja frá ákvæðum byggingarlaga, nr. 54/1978, verði felld brott. Í greinargerð með frumvarpinu segir að gert sé ráð fyrir að umhverfisráðherra leggi samhliða frumvarpi þessu fram frumvarp til breytinga á skipulags- og byggingarlögum þar sem mælt verði fyrir um þær heimildir sem tilraunaverkefni reynslusveitarfélaga byggjast á. Nokkur bið varð á því að frumvarp þetta kæmi fram og hefur nefndin því beðið með afgreiðslu málsins. Þar sem umhverfisnefnd Alþingis hefur nú lagt fram frumvarp til laga um breytingar á skipulags- og byggingarlögum sem ætlað er að taka á þessu máli telur nefndin að málið sé leyst á viðunandi hátt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1999.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.	Kristján L. Möller.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.		Kristján Pálsson.

441. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**			
1.03 Stuðningur við sauðfjárbændur	0,0	250,0	250,0
2. Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	81,0	200,0	281,0

442. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Við 6. gr. 2.–4. tölul. falli brott.

443. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-207 Íbúðalánasjóður, varasjóður			
6.01 Byggingarsjóður verkamanna skv. X. kafla og ákv. til brb. VIII í lögum nr. 44/1998	0,0	300,0	300,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*300,0*	*300,0*
2. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.21 Vistun geðfatlaðra barna og ungmenna	0,0	50,0	50,0
3. Við **07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra**			
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	235,0	340,0	575,0
4. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.35 Tannlækningar	950,0	230,0	1.180
5. Við **08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra**			
a. 1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	300,0	-250	50,0
b. 6.01 Stofnkostnaður og endurbætur	250,0	250	500,0

444. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Dóru Líndal Hjartardóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.600,0	665,0	7.265,0
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	2.480,0	248,0	2.728,0
c. 1.26 Afnám tekjutengingar tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega við tekjur maka	0,0	360,0	360,0
2. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
1.55 Sjúkradagpeningar	245,0	190,0	435,0

445. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Frá Einari Má Sigurðarsyni, Össuri Skarphéðinssyni, Dóru Líndal Hjartardóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	36.990,0	250,0	37.240,0
2. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	9.555,0	250,0	9.805,0
3. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	66.220,0	350,0	66.570,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
4. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	50,0	50,0
5. Við 7. gr. Nýir liðir:			
8.14 Að lækka önnur gjöld ráðuneyta um 800 m.kr.			
8.15 Að fela ráðuneytum að skera niður ferða- og risnukostnað um 400 m.kr.			

Greinargerð.

Gert er ráð fyrir að tekjur ríkisins hækki um 850 m.kr. í kjölfar herts skatteftirlits, þ.e. tekjur einstaklinga og lögaðila um 500 m.kr. og tekjur af virðisaukaskatti um 350 m.kr.

446. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigmar B. Hauksson frá Skotvís.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að gjald fyrir veiðikort verði hækkað í 1.900 kr. og hins vegar að þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum skuli hafa tekið próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Nefndarmenn leggja þann skilning í síðari liðinn að þeir sem stunda veiðarnar og hafa áður fengið útgefið veiðikort þurfi ekki að fara á námskeið.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Gunnar Birgisson, Ólafur Örn Haraldsson og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 1999.

Kristján Pálsson, frsm.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Katrín Fjeldsted.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Ásta Möller.	Kolbrún Halldórsdóttir. með fyrirvara.

447. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni, Kristjáni L. Möller, Sigríði Jóhannesdóttur og Einari Má Sigurðarsyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna „Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: Alþingi kýs sjö menn í stjórn.

448. Frumvarp til laga [287. mál]

um breytingu á lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands segir að fjármálaráðuneytið fari með eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar vegna þeirra, m.a. að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis.

Það orkar tvímælis að sami aðili fari með æðsta vald í fyrirtæki og setji jafnframt almennar leikreglur fyrir öll fyrirtæki sem starfa í viðkomandi grein. Þannig háttar nú með samgönguráðherra sem fer með hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. og hefur jafnframt reglugerðarvald á þessu sviði og setur leikreglur fyrir markaðinn og fyrirtæki sem á honum starfa.

Þó að umsvif hins opinbera í samkeppnisrekstri hafi minnkað eru þau enn umtalsverð. Því er full ástæða fyrir löggjafann að huga að því hvaða breytingar er eðlilegt að gera í ljósi breyttra aðstæðna.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri einstakra fyrirtækja nær ekki að jafna þann mun sem er á aðstöðu opinbers fyrirtækis og einkafyrirtækis á markaði, einkum ef sami ráðherra hefur með höndum yfirstjórn fyrirtækis og setur jafnframt almennar reglur fyrir fyrirtæki á markaði.

Brýnt er að þeirri meginreglu sem mörkuð er í reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands sé fylgt og fjármálaráðuneytið fari með eignarhlut ríkisins í samkeppnisfyrirtækjum. Fagráðherra á hverju sviði verður þá fagráðherra allra fyrirtækja á viðkomandi sviði en ekki sérstakur ráðherra einstakra fyrirtækja. Slíkt hefur vakið tortryggni og hafa fyrirtæki á markaðinum haldið því fram að það leiddi til samkeppnisforskots að hafa undir höndum upplýsingar um að stjórnvaldsreglur af tilteknu tagi séu í undirbúningi.

Undanfarið hefur þeirrar tilhneigingar gætt að þegar opinberum fyrirtækjum er breytt í hlutafélög fari viðkomandi fagráðherra áfram með hlut ríkisins í fyrirtækinu. Ef til stendur að selja hlut ríkisins getur komið upp afar erfið staða fyrir viðkomandi ráðherra sem getur bitnað á fyrirtækinu sjálfu og starfsumhverfi fyrirtækja í viðkomandi grein. Samkvæmt lögum er samgönguráðherra yfirmaður fjarskiptamála í landinu. Hann fer jafnframt með eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. og á samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að vinna að sölu fyrirtækisins. Hann verður því að gæta þess að viðhalda virði fyritækisins hvað sem líður tæknibreytingum eða breytingum á markaðinum. Slíkt hlýtur að leiða til tortryggni og í einhverjum tilfellum til kæra á grundvelli samkeppnislaga.

Betra er fyrir opinberu fyrirtækin og markaðinn að leikreglur séu skýrar og að opinber fyrirtæki í samkeppnisgreinum séu ekki gagnrýnd fyrir að njóta þess sérstaklega að æðsti

yfirmaður þeirra fari með stjórn og eignarráð í þeim og setji jafnframt leikreglur fyrir markaðinn almennt.

449. Frumvarp til laga [288. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Í stað orðsins „Viðskiptaráðherra“ í 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands segir að fjármálaráðuneytið fari með eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar vegna þeirra, m.a. að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis.

Undanfarið hefur þeirrar tilhneigingar hins vegar gætt þegar opinberum fyrirtækjum er breytt í hlutafélög að fagráðherra fari áfram með hlut ríkisins í fyrirtækinu. Það getur leitt til þess að þegar selja skal hlut ríkisins komi upp afar erfið staða fyrir viðkomandi ráðherra sem getur bitnað á fyrirtækinu sjálfu og starfsumhverfi fyrirtækja í viðkomandi grein.

Undir viðskiptaráðherra heyra m.a. bankamál, samkeppnismál og mál er varða óréttmæta viðskiptahætti. Hann fer jafnframt með eignarhlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og verður því að viðhalda virði þeirra.

Brýnt er að þeirri meginreglu sem mörkuð er í reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands sé fylgt og fjármálaráðuneytið fari með eignarhlut ríkisins í samkeppnisfyrirtækjum. Fagráðherra á hverju sviði verði þá fagráðherra allra fyrirtækja á viðkomndi sviði en ekki sérstakur ráðherra einstakra fyrirtækja. Slíkt hefur vakið tortryggni og hafa fyrirtæki á markaðinum haldið því fram að það leiddi til samkeppnisforskots að hafa undir höndum upplýsingar um að stjórnvaldsreglur af tilteknu tagi séu í undirbúningi.

Það er betra bæði fyrir opinberu fyrirtækin og markaðinn að leikreglur séu skýrar og opinber fyrirtæki í samkeppnisgreinum sæti ekki þeirri gagnrýni að þau njóti þess að æðsti yfirmaður þeirra fari með stjórn og eignarráð í þeim og setji að auki leikreglur fyrir markaðinn almennt.

450. Nefndarálit [186. mál]

um till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta sem venju samkvæmt eru taldir upp í áliti meiri hluta nefndarinnar. Þá barst nefndinni fjöldi umsagna og erinda, auk þess sem á annað hundrað bréf hafa borist nefndinni í tölvupósti sem ekki var unnið með, hvorki í umhverfisnefnd né iðnaðarnefnd.

1. Inngangur.

Afstaða 2. minni hluta, fulltrúa Samfylkingarinnar, til málsins er skýr. Gerð er krafa um að fram fari lögformlegt umhverfismat áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar enda ekki fallist á að svo gömul leyfi sem raun ber vitni liggi til grundvallar svo umdeildum framkvæmdum.

Í samræmi við afstöðu Samfylkingarinnar til málsins lögðu þingmenn hennar fram breytingartillögu um að virkjunin færi í mat á umhverfisáhrifum. Í tillögunni, á þskj. 228, segir að á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugunar á samfélagslegum áhrifum þess lýsi Alþingi yfir stuðningi við áform um gerð Fljótsdalsvirkjunar, sbr. lög um raforkuver, nr. 60/1981, samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, og lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, enda hefjist framkvæmdir ekki nema að fengnu jákvæðu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 63/1993.

Með hliðsjón af framangreindu lögðu þingmenn Samfylkingarinnar einnig fram frumvarp um að öll virkjanaleyfi skuli háð umhverfismati. Í frumvarpinu, sem er um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 197. mál, þskj. 230, er lögð til sú breyting á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum að taldar verði upp þær virkjanir sem skuli háðar mati á umhverfisáhrifum, enda falli þær undir skilyrði 5. gr. laganna um skyldu til umhverfismats. Þá segir í frumvarpinu að aðrar virkjunarheimildir sem veittar hafa verið með lögum fyrir gildistöku laganna um mat á umhverfisáhrifum en eru ekki komnar til fullra framkvæmda árið 1999 skuli með sömu skilyrðum háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að málið sé flutt í framhaldi af svari iðnaðarráðherra á þskj. 141 við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar um virkjunarleyfi og umhverfismat, 62. mál, en þar benti iðnaðarráðherra á að þó nokkur fjöldi virkjunarheimilda væri í lögum, sérstaklega lögum um raforkuver, nr. 60/1981, sem taldar væru undanþegnar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, þótt framkvæmdir væru ekki hafnar. Þessar lagaheimildir ná til ársins 1947, en á árunum 1947–56 setti Alþingi fjórum sinnum lög um ný orkuver Rafmagnsveitna ríkisins. Þessi lög væru enn í gildi og þar væri að finna ónýttar heimildir, en um litlar virkjanir væri að ræða.

Þá kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að öllu alvarlegra sé að í lögum um raforkuver sé að finna virkjunarheimildir stórra raforkuvera eða heimildir til verulegra stækkana á eldri raforkuverum sem stjórnvöld telja undanþegin mati á umhverfisáhrifum um ókominn tíma. Einnig er þar bent á að undanfarin ár hafi orðið gífurleg viðhorfsbreyting meðal almennings til umhverfismála og náttúruverndar. Það er í hæsta máta óeðlilegt að jafnvel áratuga gömul leyfi til virkjunar sem ekki hafa komið til framkvæmda skuli standa óhögguð

þrátt fyrir breyttar kröfur samfélagsins. Slíkar framkvæmdir eigi og verði að vera metnar út frá umhverfissjónarmiðum sem gilda þegar framkvæmdir fara fram en ekki þegar leyfi var veitt, ef til vill mörgum árum áður, ef leyfisveiting og framkvæmdir haldast ekki í hendur.

Með þessum þingmálum áréttar Samfylkingin að farið sé að lögum í stað þess að skýla sér bak við umdeilt bráðabirgðaákvæði í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

2. Málsmeðferð.

Samfylkingin gagnrýnir harðlega þá málsmeðferð sem málið hefur fengið á Alþingi. Umfangsmesta þætti málsins, umhverfisþætti þess, var vísað til umhverfisnefndar en önnur atriði voru rædd í iðnaðarnefnd og fékk umhverfisnefnd innan við tveggja vikna frest til að skila iðnaðarnefnd áliti sínu. Í áliti 2. minni hluta umhverfisnefndar, sem fulltrúar Samfylkingarinnar í umhverfisnefnd styðja, kemur fram að vegna tímaskorts hafi ekki verið hægt að kalla til fleiri aðila eða leita eftir umsögnum sem skýrt hefðu betur ýmsa grundvallarþætti málsins. Megi þar m.a. nefna lagaleg atriði, gróðurfar, dýralíf, mat á arðsemi, m.a. með tilliti til verðmætis lands, náttúru og auðlinda, mat á öðrum nýtingarmöguleikum svæðisins o.fl. Meðal þeirra aðila sem leita hefði þurft álits hjá og umsagna eru óháðir lögfróðir aðilar, m.a. frá Háskóla Íslands, aðilar með sérþekkingu á útreikningum arðsemismats, m.a. frá Þjóðhagsstofnun, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands o.fl., og náttúrufræðingar sem rannsakað hafa dýralíf og gróðurfar svæðisins. Þá hefði einnig þurft að kalla til aðila sem hefðu afgerandi áhrif á málsmeðferð umhverfisþáttarins.

Meiri hluti iðnaðarnefndar synjaði beiðnum um að umhverfisþætti málsins yrði fylgt eftir í iðnaðarnefnd, sem og því að leita álits sérfræðinga á gagnrýni Landsvirkjunar á álit umhverfisnefndar. Ekki var heldur orðið við erindum þeirra aðila sem með tölvupósti óskuðu eftir að koma á fund nefndarinnar.

3. Rök fyrir umhverfismati.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum segir m.a. í 1. gr. að markmið laganna sé að tryggja að mat á umhverfisáhrifum fari fram áður en tekin sé ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag.

Í 7. og 8. gr. laganna segir að áður en hafist sé handa um framkvæmdir sem lögin eða reglugerð sett samkvæmt þeim taki til skuli framkvæmdaraðili senda skipulagsstjóra tilkynningu um fyrirhugaða framkvæmd þar sem fram komi lýsing á framkvæmdinni, ráðgerðri hönnun og hugsanlegri umhverfisröskun og fyrirhuguðum ráðstöfunum til að draga úr henni og aðrar upplýsingar sem skipulagsstjóri telur nauðsynlegar. Skipulagsstjóri skuli síðan innan tveggja vikna birta tilkynningu framkvæmdaraðila ásamt meðfylgjandi gögnum með opinberri auglýsingu. Athugasemdum skuli skilað til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar. Innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt tilkynningu framkvæmdaraðila skuli hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það hvort fallist sé á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða, eða hvort ráðist skuli í frekara mat á umhverfisáhrifum. Þegar ákvörðun skipulagsstjóra liggur fyrir skuli hún kynnt framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli. Jafnframt skuli birta hana opinberlega.

Í 10. og 11. gr. laganna kemur fram að í mati á umhverfisáhrifum skuli tilgreina á viðeigandi hátt áhrif sem framkvæmdir og fyrirhuguð starfsemi kunni að hafa á menn, samfélag og menningu, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar og landslag og á samverkan þessara þátta. Þar skuli gera sérstaka grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu. Innan tveggja vikna frá því að skipulagsstjóri hafi tekið á móti niður-

stöðum mats á umhverfisáhrifum skuli hann birta þær með opinberri auglýsingu. Athugasemdum skuli skilað til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá auglýsingu og innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri birti niðurstöður mats á umhverfisáhrifum skuli hann kveða upp rökstuddan úrskurð á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Í úrskurði felist að fallist sé á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða, krafa sé gerð um frekari könnun einstakra þátta eða lagst gegn viðkomandi framkvæmd. Þegar úrskurður skipulagsstjóra liggur fyrir skuli hann kynntur framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli. Jafnframt skuli birta úrskurðinn eða útdrátt úr honum opinberlega. Almenningur skuli eiga greiðan aðgang að úrskurði skipulagsstjóra, svo og niðurstöðum matsins.

Með því að tryggja að umdeild framkvæmd eins og virkjun í Fljótsdal fari í lögformlegt umhverfismat er verið að fylgja reglum sem tryggja aðkomu og andmælarétt borgaranna.

4. Skortur á rannsóknum á gróðurfari og dýralífi.

Fullyrðingar í skýrslu Landsvirkjunar um að ítarlegar rannsóknir á gróðurfari á lónstæði Eyjabakkalóns hafi staðið yfir með hléum frá 1975 (bls. 66) standast ekki. Engar rannsóknir hafa verið birtar frá þessu svæði sem gerðar hafa verið eftir 1978. Skýrsla Ágústs H. Bjarnasonar grasafræðings, sem unnin var fyrir Landsvirkjun og fjallaði m.a. á gagnrýninn hátt um fyrri gróðurrannsóknir á Eyjabökkum, var ekki birt í fylgiskjölum með skýrslu Landsvirkjunar, þrátt fyrir að vera ein helsta heimild skýrsluhöfunda um gróðurfar á svæðinu. Fullyrðingar Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, prófessors í grasafræði, um að skýrsla Landsvirkjunar endurspegli stöðu grasafræðilegrar þekkingar á Íslandi fyrir 20 árum og hún endurspegli hvorki nútímaþekkingu í plöntuvistfræði né verndunarlíffræði eru í fullu gildi. Í greinargerð sinni til iðnaðarnefndar víkur Landsvirkjun sér undan því að svara málefnalega þeirri gagnrýni að nauðsynlegt sé að gera úttekt og rannsóknir á Eyjabakkasvæðinu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til slíkra rannsókna í dag.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir í greinargerð sinni til umhverfisnefndar á að mjög takmarkaðar rannsóknir hafi verið gerðar á dýralífi á Eyjabökkum. Um sé að ræða rannsóknir sem gerðar voru sumrin 1979–81 auk einnar viku vinnu sumarið 1975. Að öðru leyti sé um að ræða talningar á gæsum og hreindýrum á Eyjabökkum dagpart á sumri hverju.

Sérfræðingar á sviði hreindýrarannsókna hafa látið í ljós það mat að ekki liggi fyrir nægilegar rannsóknir á fari og hegðun hreindýra á svæðinu til að hægt sé að meta með öryggi áhrif Eyjabakkkalóns á hreindýrastofninn. Nýleg samantekt íslenskra og norskra sérfræðinga leiðir hins vegar líkur að því að áhrif virkjana norðan Vatnajökuls geti haft veruleg áhrif á stofninn.

5. Mótvægisaðgerðir.

Hugmyndir Landsvirkjunar um mótvægisaðgerðir á Eyjabakkasvæðinu til að bæta tap á gróðurlendum og búsvæðum fugla sem tíundaðar eru í greinargerð fyrirtækisins við álit 1. minni hluta umhverfisnefndar eru óljóst og almennt orðaðar þannig að mjög erfitt er að meta raunhæfni þeirra. Sama gildir um umfjöllun um slíkar aðgerðir í skýrslu Landsvirkjunar, Fljótsdalsvirkjun, umhverfi og umhverfisáhrif. Þær hugmyndir sem Landsvirkjun greinir frá og gagnast eiga fuglalífi á Eyjabakkasvæðinu, þ.e. að búa til eyju eða eyjar í lóninu, sem og að styrkja náttúrulegan gróður með fram strönd lónsins og að rækta gróður á jökulgörðum syðst í lóninu, eru samkvæmt erlendum rannsóknarniðurstöðum á sambærilegum aðgerðum ólíklegar til árangurs. Þetta kemur m.a. fram í riti Þóru Ellenar Þórhallsdóttur prófessors: Áhrif miðlunarlóns á gróður og jarðveg í Þjórsárverum (Líffræðistofnun Háskólans, 1994)

sem er ítarlegasta greinargerð sem ráðist hefur verið í hér á landi um umhverfisáhrif af völdum miðlunarlóna.

Tilbúnar eyjar munu að öllum líkindum lítið sem ekkert gagnast heiðagæs. Vandamál heiðagæsanna verður ekki skortur á eyjum, heldur skortur á próteinríkri fæðu sem er þeim nauðsynleg til að komast af og ljúka fjaðrafelli. Allt helsta beitiland heiðagæsanna á Eyjabakkasvæðinu mun hverfa undir fyrirhugað miðlunarlón og eyðileggjast, liðlega 15 km² af próteinríkum votlendisgróðri. Vegna breytilegrar vatnshæðar í miðlunarlóninu má staðhæfa að nær ófært sé að skapa aðstæður fyrir votlendisgróður á eyjunum og skiptir engu hversu margar eða stórar þær yrðu. Vegna öldurofs má jafnframt búast við að eyjarnar rýrni og hverfi fyrr en seinna.

Gera má ráð fyrir umtalsverðu rofi á mestallri strandlengju lónsins á tímabilinu júlí – október þegar vatnsborðsstaða er hæst í lóninu, bæði vegna vinds og ölduróts. Á nýja strandsvæðinu er núna ríkjandi þurrlendisgróður sem þolir ekki að blotna og þorna á víxl og því mun hann drepast og hverfa og gróðurvana belti myndast. Jarðvegurinn undir er víðast hvar leirkenndur framburður sem er einnig auðrofinn. Hér skiptir ekki meginmáli hversu bratt er upp frá ströndinni eins og gefið er í skyn í skýrslu Landsvirkjunar, en þar er notaður 7% halli sem þröskuldsgildi fyrir lítið eða mikið rof. Stór gróðurvana belti munu einmitt myndast þar sem land er flatt og hallar lítið. Engin reynsla er hér á landi af ræktunaraðgerðum til að sporna við strandrofi. Landsvirkjun hefur gert eina tilraun í þessa veru, þ.e. við Stóraversvatn í Þjórsárverum, en hún mistókst þar sem svæðið var ekki girt af og gæsir átu upp alla hnausana sem var plantað, sbr. áðurnefnt rit Þóru Ellenar, bls. 120. Samkvæmt samantekt Þóru, sem tvímælalaust er helsti plöntuvistfræðingur hér á landi og með hvað mesta reynslu á umræddu sviði, er ljóst að uppgræðsluaðgerðir af hvaða toga sem er verða ávallt mjög erfiðar á strandsvæðum í miðlunarlónum hér á landi, sér í lagi þó í mikilli hæð þar sem sumur eru stutt og köld eins og á Eyjabakkasvæðinu.

Landsvirkjun hefur haft nægan tíma til að semja skýra og ítarlega áætlun um mótvægisaðgerðir, en í stað þess ber fyrirtækið á borð ómótaðar hugmyndir þar sem fátt er fast í hendi. Krafa um slíka áætlun er ekki aðeins í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum heldur eðlileg í ljósi þess að aldrei áður hefur verið ráðist í jafn umfangsmikla framkvæmd sem raskar og eyðileggur eins víðáttumikið og fágætt votlendi í einu vetfangi á Íslandi. Vísbendingar sem byggjast á erlendri reynslu og á kringumstæðum hér á landi benda til þess að hugmyndir Landsvirkjunar og 1. minni hluta umhverfisnefndar um mótvægisaðgerðir á Eyjabakkasvæðinu séu ekki líklegar til að leiða til raunhæfs árangurs.

6. Skipulagsmál.

Samfylkingin vekur athygli á athugasemdum skipulagsstjóra en hann bendir á að ekki liggi fyrir deiliskipulag af þeim svæðum sem framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun eru fyrirhugaðar á. Hann telur að þær kalli á gerð deiliskipulags, annars vegar fyrir aðkomu- og stöðvarhússvæði og hins vegar fyrir stíflustæði. Þar sem aðal- eða svæðisskipulag er ekki fyrir hendi er unnt að auglýsa deiliskipulagstillögu og ganga frá deiliskipulagi á grundvelli 3. tölul. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun verður að samþykkja að auglýsa tillögu að deiliskipulagi og að fengnu samþykki hennar fer með auglýsingu og afgreiðslu deiliskipulagsins skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Liggi staðfest svæðisskipulag fyrir getur sveitarstjórn auglýst tillögu að deiliskipulagi skv. 25. gr. sömu laga án meðmæla Skipulagsstofnunar. Telur skipulagsstjóri samkvæmt þessu að Fljótsdalshreppur þurfi að leita meðmæla stofnunarinnar vegna auglýsingar deiliskipulagstillögu fyrir aðkomu-

og stöðvarhússvæði en Fljótsdalshreppur og Norður-Hérað geti auglýst deiliskipulagstillögu fyrir stíflusvæði á grundvelli svæðisskipulags miðhálendis.

Þá vekur Samfylkingin athygli á því að skipulagsstjóri telur að skv. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga þyrfti byggingarleyfi fyrir varanlegum húsbyggingum í tengslum við virkjanir, en það ætti m.a. við um stöðvarhús, íbúðarhús, mötuneyti og verkstæði. Þá upplýsti hann að byggingarleyfi væri ekki fyrir húsbyggingum vegna Fljótsdalsvirkjunar. Enn fremur greindi hann frá því að framkvæmdaleyfi fyrir byggingu virkjunarinnar frá sveitarstjórn, samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum, væru ekki til staðar, að undanskildu leyfi fyrir aðkomugöngum virkjunarinnar. Hjá skipulagsstjóra kom fram að hann teldi að aðrar framkvæmdir við virkjunina sem ekki væru byggingarleyfisskyldar, þar á meðal stíflugerð, vegir, veitur og efnistökustaðir, væru háðar framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, að mati Skipulagsstofnunar. Iðnaðarráðherra hefur staðfest að ekki séu öll leyfi fyrir hendi.

7. Lagaóvissa.

Í umsögn Aðalheiðar Jóhannsdóttur lögfræðings um málið kemur fram að hún telur að tengsl ESB-réttar og EES-réttar annars vegar og EES-réttar og íslenskra laga hins vegar séu vanmetin í athugasemdum við þingsályktunartillöguna. Lögin um mat á umhverfisáhrifum hafi m.a. verið sett til þess að uppfylla tilteknar skuldbindingar í EES-samningnum. Þessar skuldbindingar sé að finna í tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Í tilskipuninni sé hins vegar ekki ákvæði um það hvernig fara skuli með leyfi sem gefin voru út áður en hún kom til framkvæmda innan ESB 3. júlí 1988. Meðal annars vegna þessa hefur tugur dóma gengið þar sem ýmis ákvæði tilskipunarinnar hafa verið skýrð. Hefur dómstóll ESB í nokkrum dómum slegið því föstu að hafi formlega verið sótt um heimild til að hefja framkvæmdir eftir að tilskipunin kom til framkvæmda beri að meta umhverfisáhrif þeirra samkvæmt ákvæðum hennar. Í umsögn Aðalheiðar kemur hins vegar fram að ekkert þeirra mála sem dómstóllinn hefur dæmt í hafi að fullu verið sambærilegt við stöðuna í íslenskum rétti.

Þá bendir Aðalheiður á að samkvæmt íslenskum rétti sé ekki sjálfgefið hvaða leyfi sé endanlegt leyfi til framkvæmda, sbr. orðalag 2. gr. laga nr. 63/1993, þar sem framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun og rekstur hennar séu háð nokkrum leyfum, m.a. virkjunarleyfi sem var gefið út árið 1991 og framkvæmdaleyfi í samræmi við 27. gr. skipulags- og byggingalaga, nr. 73/1997. Hún dregur í efa að rétt sé að líta svo á að virkjunarleyfið sé endanlegt leyfi. Jafnframt telur hún það eðlilegri lögskýringu, og frekar í samræmi við fyrirliggjandi dómafordæmi dómstóls ESB, að miða við framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga og að lögin um mat á umhverfisáhrifum eigi að gilda um framkvæmdina þar sem þetta framkvæmdaleyfi hafi ekki verið gefið út.

Í grein um efni Ríó-sáttmálans sem Einar B. Pálsson prófessor skrifaði í Morgunblaðið 14. október sl. víkur hann m.a. að hinni svokölluðu varúðarreglu. Hún er ein af meginreglum umhverfisréttarins og ein af þeim grunnreglum sem samþykktar voru af öllum þátttökuríkjum Ríó-ráðstefnunnar um umhverfismál 1992. Hér er um að ræða reglu um varúð við undirbúning framkvæmda vegna hættu á skaðlegum umhverfisáhrifum sem felur það í sér að ef óttast er að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi valdi skaðlegum umhverfisáhrifum skuli ekki ráðist í þær fyrr en sýnt er að svo sé ekki. Niðurstaða Einars er sú að í því máli sem hér er til umfjöllunar sé skylt að beita varúðarreglu Ríó-sáttmálans. Ekki eigi að ráðast í virkjunar-

framkvæmdir nema önnur lausn finnist sem ekki yrði talin hafa alvarleg eða óbætanleg umhverfisáhrif í för með sér.

Í sama streng tóku fulltrúar Umhverfisverndarsamtaka Íslands sem komu á fund umhverfisnefndar en þeir bentu á að þrátt fyrir að Ríó-yfirlýsingin væri ekki lagalega bindandi samningur væru öll þátttökuríki siðferðilega bundin af henni. Hins vegar hefði Ísland tekið upp í íslenska löggjöf varúðarregluna með aðild sinni að EES. Þá kom fram að tilskipun ESB gerði ekki ráð fyrir undanþágu sambærilegri og er að finna í ákvæði til bráðabirgða við lögin um mat á umhverfisáhrifum. Þeir töldu því að ákvæðið stangaðist algerlega á við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands, ekki síst þar sem framkvæmdaleyfi hefði ekki verið gefið út, og yrði að teljast ógilt samkvæmt EES-rétti og skuldbindingum Íslands.

8. Aðrir virkjunarkostir.

Fleiri möguleikar en núverandi virkjunaráform eru fyrir hendi ef á annað borð á að virkja Jökulsá í Fljótsdal. Þeim hefur hins vegar verið lítill gaumur gefinn.

Sameining Fljótsdals- og Hraunavirkjunar.

Í greinargerð Orkustofnunar frá 2. des. 1999, sem send var umhverfisnefnd, er gerð grein fyrir virkjun Hraunavatns og hugmyndum um sameiningu Fljótsdals- og Hraunavirkjunar í eina virkjun, Hraunavirkjun meiri, með stöðvarhúsi í Suðurdal í stað stöðvarhúss í Norðurdal eins og fyrirhugað er með Fljótsdalsvirkjun. Ánni væri þá veitt austur fyrir Suðurdal og fram með honum og virkjað í mynni hans. Aðalmiðlun þessarar virkjunar væri á Eyjabökkum. Hraunavirkjun væri reiknuð sem áfangaskipt virkjun sem ekki væri þörf á að byggja í fullri stærð strax heldur væri hægt að laga hana að vexti markaðar, þótt fyrsti áfanginn þyrfti orkukrefjandi viðskiptavini. Vatninu væri veitt í ámóta löng göng og í Fljótsdalsvirkjun en kostir Hraunavirkjunar umfram Fljótsdalsvirkjun fælust í meira virkjuðu rennsli við svipaðan tilkostnað ef eingöngu væri tekið vatn á gangaleiðinni. Hagkvæmt væri að auka vatnsrennsli til virkjunarinnar með tveimur öðrum veitum. Hafa kostnaðaráætlanir tekið mið af því og er hún talin ódýr virkjunarkostur. Niðurstöður benda til þess að orkuverð frá Hraunavirkjun yrði 15–20% lægra en frá Fljótsdalsvirkjun og að mun dýrara yrði að nýta vatn af Hrauna-, Suðurfjarða- og Líkárvatnssvæðum ef það yrði nokkurn tíma gert. Í stuttu máli má segja að ýmis rök hnígi að því að hagkvæmara sé að virkja rennsli Jökulsár í Fljótsdal í Suðurdal en sá kostur hefur ekki verið kannaður til hlítar þrátt fyrir að hann hafi legið fyrir frá árinu 1991.

Hálslón – Kárahnjúkavirkjun með veitu úr Jökulsá í Fljótsdal.

Til er áætlun um Kárahnjúkavirkjun með Hálslóni sem aðalmiðlunarlóni en með veitu Jökulsár í Fljótsdal úr litlu inntakslóni og þá án miðlunar á Eyjabökkum sem yrði hlíft. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins hefur mælst til þess í greinargerð með svæðisskipulaginu að þessi kostur yrði athugaður nánar. Miðlunarvirki við Kárahnjúka yrðu að mestu leyti eins og frumhönnun Kárahnjúkavirkunar gerir ráð fyrir en aðalstífla yrði 4 m hærri eða 189 m. Inntakslón Jökulsár í Fljótsdal yrði 2 km fyrir neðan Eyjabakkafoss og gert er ráð fyrir veitum bæði vestan og austan við ána. Jarðgöng frá Hálslóni og Jökulsá í Fljótsdal tengdust norðan Laugarár og þaðan yrðu aðrennslisgöng norður að Teigsbjargi. Áætlað er að afl þessarar virkjunar verði um 700 MW og unnt væri að skipta verkinu í áfanga. Fyrst yrði Jökulsá á Brú virkjuð með Kárahnjúkavirkjun með 500 MW afli en síðar yrði rennsli Jökulsár í Fljótsdal tengt inn á aðrennslisgöngin og aflið aukið um 200 MW. Þessi kostur væri óhagkvæmari en fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun og Kárahnjúkavirkjun, hvor í sínu lagi,

með tilliti til orkunýtingar því að um 2,0–4,5% meiri orka fengist úr virkjununum hvorri fyrir sig. Kostnaður á orkueiningu yrði svipaður í báðum tilvikum. Kostur þessarar tilhögunar er að unnt væri að hlífa Eyjabökkum en óvíst er hvort vandamál verða vegna aurburðar í inntakslón við Jökulsá í Fljótsdal. Þessi leið er ekki talin henta þeim orkunýtingaráformum sem nú eru uppi þar sem uppsett afl í fyrri áfanga virkjunarinnar er mjög mikið. Þá er talið að ýmsar rannsóknir séu nauðsynlegar áður en endanlegt fyrirkomulag til verkhönnunar liggur fyrir. Með öðrum orðum, þessi kostur hefur ekki verið kannaður til hlítar þrátt fyrir að kostnaður á orkueiningu sé svipaður og miðað er við í núverandi virkjunaráformum.

Fljótsdalsvirkjun með Hraunaveitu meiri.

Unnt er að ná meira vatni af Hraunum til Fljótsdalsvirkjunar með breyttri tilhögun Hraunaveitu en með Sauðárveitu. Þetta kallar á meiri miðlun í Eyjabakkalóni vegna aukins aðrennslis til virkjunarinnar. Athuganir benda til þess að hagkvæmt verði að hækka stífluna við Eyjabakkalón um 3 m en við það stækkar yfirborð lónsins um 4 km², verður mest 48 km², og miðlunin verður 625 Gl í stað 500 Gl. Með þessari útfærslu yrði hægt að framleiða næga orku fyrir fyrsta áfanga álvers í Reyðarfirði en orkuframleiðsla fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar nægir ekki til þess. Fram hefur komið að þennan valkost ætlar Landsvirkjun að skoða á sumri komanda. Augljóst er að ákvörðun á þessari stundu um þennan kost mundi skylda framkvæmdaraðilann til að óska mats á umhverfisáhrifum í samræmi við gildandi lög. Þess vegna mun þessi kostur fyrst koma til eftir samþykkt málsins. Dæmi eru um að aðalstífla virkjunar hafi verið hækkuð eftir að framkvæmdir hófust. Ætla má að Landsvirkjun leiti allra leiða til að fá sem mesta orku út úr fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun. Ástæða er til að ætla að stjórnvöld séu hér enn einu sinni að fara í kringum lög og reglugerðir í stað þess að meta þennan kost á eðlilegan hátt með lögformlegu umhverfismati.

9. Heildarmat allra framkvæmda.

Skipulagsstofun hefur lokið athugun á frummati á umhverfisáhrifum 480.000 tonna álvers í Reyðarfirði. Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að ekki sé stoð fyrir því í lögum um mat á umhverfisáhrifum að krefjast þess að tengdar framkvæmdir séu metnar í einu heildarmati. Hann telur þó að slíkt heildarmat mundi stuðla að markvissari vinnubrögðum og umræðu um fyrirhugaðar framkvæmdir af þeirri stærðargráðu sem hér er um að ræða. Orkuþörf 480.000 tonna álvers ein og sér kallar á umfangsmiklar framkvæmdir við orkuframleiðslu sem fyrirsjáanlegt er að kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Óvíst er hvernig orku til annarra áfanga en þess fyrsta verður aflað. Skipulagsstjóri gerir vegna þessa kröfu um að ítarleg grein sé gerð fyrir jákvæðum áhrifum 480.000 tonna álvers. Er þá átt við áhrif á byggð, samfélag og atvinnulíf á Austurlandi og landinu í heild. Einungis heildarmat á umhverfisáhrifum nátengdra stórframkvæmda gefur nauðsynlega sýn yfir alla þá þætti sem taka verður með í reikninginn þegar ákvörðun er tekin.

10. Byggðamál.

Upp úr 1980 fór sú umræða í gang á Austfjörðum að reist skyldi stóriðja á Reyðarfirði, kísilmálmvinnsla. Ekkert varð hins vegar af framkvæmdum þótt málinu væri haldið gangandi og ýmsum aðgerðum lofað af hálfu stjórnvalda. Nokkru seinna hófst umræða um álver, síðan væntingar um slípiefnavinnslu og svo álver aftur núna. Austfirðingar eru eðlilega orðnir þreyttir á loforðum stjórnvalda um stóriðju sem ekkert hefur orðið af. Þeir hafa viljað trúa því að stórrekstur af slíku tagi hefði víðtæk jákvæð áhrif fyrir byggðaþróun á Austfjörðum. Sú mikla byggðaröskun sem orðið hefur á undanförnum árum hefur ekki síður komið við

Austfirði en aðra landshluta. Það er þess vegna þeim mun alvarlegra að stjórnvöld skyldu fara af stað með hugmyndir um virkjun og álver á Austurlandi og vekja þannig enn upp vonir um atvinnuuppbyggingu og að snúa mætti byggðaþróuninni við á þann hátt án þess að allir þættir málsins væru tryggðir. Í stað þess að undirbúa málið af kostgæfni og reyna þannig að koma til móts við mismunandi sjónarmið og koma í veg fyrir illvígar deilur hefur málinu nú verið teflt í algera tvísýnu vegna þess að stjórnvöld hafa þverskallast við að fara með Fljótsdalsvirkjun í umhverfimat. Þannig hafa stjórnvöld hugsanlega enn á ný klúðrað möguleikum Austfirðinga til uppbyggingar stóriðju með vinnubrögðum sínum. Ef farið hefði verið að tillögu fyrrverandi umhverfisráðherra og virkjunin sett í umhverfismat lægi það nú fyrir og menn hefðu fastara land undir fótum, bæði hvað varðar möguleika á Fljótsdalsvirkjun og öðrum virkjanakostum.

Málið er nú rekið af hálfu stjórnvalda sem byggðamál og reyna þau að réttlæta það að virkjunin fari ekki í umhverfimat á þeim forsendum. Sú niðurstaða hefur hins vegar valdið miklum deilum í samfélaginu sem ekki sér fyrir endann á. Miðað við ummæli talsmanna Norsk Hydro má allt eins ætla að ef deilurnar um umhverfisþátt málsins verða enn harðari kippi þeir að sér hendinni. Þá er málið allt í uppnámi því að fyrirtæki sem annt er um orðspor sitt, ekki síst þau sem þurfa á góðu orðspori að halda í umhverfimálum, munu ekki koma að máli sem komið er í slíkan hnút. Það er því mjög ámælisvert að stjórnarflokkarnir skyldu vanrækja undirbúning málsins svo sem raun ber vitni og þeim ekki til málsbóta að réttlæta það klúður sitt á byggðaforsendum. Ef raunverulegur vilji var til að koma til móts við væntingar Austfirðinga áttu stjórnvöld að vanda undirbúninginn, ekki að tefla málinu í tvísýnu eins og orðið er. Það er ámælisvert.

11. Umdeilt arðsemismat.

Ef tekið er mið af þeim forsendum sem stjórnarmeirihlutinn hefur gefið sér í málinu er rétt að benda á að fram hafa komið alvarlegar athugasemdir við arðsemismat virkjunarinnar. Í grein Sigurðar Jóhannessonar hagfræðings í tímaritinu Frjáls verslun kom m.a. fram að allt að 13 milljarða kr. tap gæti orðið af Fljótsdalsvirkjun miðað við tilteknar forsendur. Þá hafa fleiri sérfræðingar fært rök fyrir því með útreikningum að virkjun sem þessi geti aldrei orðið arðbær. Þar sem forsendur eru ekki allar þekktar stærðir hlýtur þetta að vekja menn til umhugsunar um hvort málið hafi fengið nægilega skoðun.

12. Afstaða Norsk Hydro.

Eins og fram kemur í áliti 2. minni hluta umhverfisnefndar telja íslensk stjórnvöld ekki á það hættandi að vinna málið lengur eða betur, hvað þá að setja virkjunina í lögformlegt umhverfismat.

Í allri umræðunni hefur stjórnarmeirihlutinn hafnað lögformlegu umhverfismati, m.a. vegna þess að standa þurfi við allar dagsetningar gangvart Norsk Hydro. Yfirlýsingar Norsk Hydro síðustu vikur hafa hins vegar verið afar misvísandi. Upplýsingafulltrúi fyrirtækisins lýsti því efnislega yfir á fundi á dögunum með fulltrúum World Wide Fund for Nature að fyrirtækið vildi að tímaáætlunin sem gerð hefði verið stæðist. Það mundi hins vegar ekki þýða að fyrirtækið missti áhugann á að reisa álver ef Alþingi ákvæði að fram skyldi fara lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Daginn eftir kom hins vegar önnur yfirlýsing frá fyrirtækinu þar sem sagði að tafir á byggingu fyrirhugaðrar álverksmiðju á Reyðarfirði mundu, hvort sem þær stöfuðu af aðstæðum á alþjóðaálmarkaði eða einhverju öðru, auka hættuna á að ekkert yrði úr verkefninu. Nokkrum dögum síðar sagði aðalforstjóri Norsk Hydro, Egil Miklebust, m.a. í viðtali við dagblaðið Dagens Næringsliv að fyrirtækið ætlaði sjálft að meta

umhverfisþættina og það yrði gert á fyrri helmingi næsta árs. Vegna þessa er afar nauðsynlegt að fá fram afstöðu Norsk Hydro.

Í bæði umhverfisnefnd og iðnaðarnefnd voru lagðar fram formlegar óskir um að fá fulltrúa Norsk Hydro til fundar en því var hafnað í umhverfisnefnd sökum tímaskorts en í iðnaðarnefnd var ekki talin ástæða til að kalla þessa aðila á fund.

13. Lokaorð.

Í áliti Samfylkingarinnar hafa rök fyrir umhverfismati verið reifuð og bent hefur verið á að verulega skorti á rannsóknir á gróðurfari og dýralífi á Eyjabakkasvæðinu. Engin skýr áætlun um mótvægisaðgerðir á svæðinu liggur fyrir, aðeins ómótaðar hugmyndir. Þá hefur sérstaklega verið bent á að skipulagsþáttur málsins sé umdeildur og óviss og það sama er að segja um lagalega hlið málsins almennt. Nefnt hefur verið að aðrir virkjunarmöguleikar hafi ekki verið kannaðir til hlítar og einnig hefur verið bent á að arðsemismat sé umdeilt og ekki talið að nægilega hafi verið farið ofan í saumana á því. Jafnframt hafa byggðasjónarmið verið reifuð. Samfylkingin gagnrýnir málsmeðferðina hér á Alþingi sérstaklega, ekki síst að á það var ekki fallist að fulltrúar Norsk Hydro kæmu til fundar við umhverfisnefnd og iðnaðarnefnd þrátt fyrir ítekaðar óskir þar að lútandi.

Krafa Samfylkingarinnar er að fram fari lögformlegt mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar og lýtur breytingartillaga hennar að því.

Alþingi, 15. des. 1999.

Rannveig Guðmundsdóttir, frsm. Ásta R. Jóhannesdóttir.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn 3. minni hluta umhverfisnefndar (6. desember 1999).

II. Álit 2. minni hluta umhverfisnefndar.

Sjá samhljóða fylgiskjöl (III og II) í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar, þskj. 371.

451. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um vitamál.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Í frumvarpi til laga um vitamál er að finna margt sem telja má til bóta í lagasetningu á þessu sviði. Hins vegar er 1. minni hluti algerlega andvígur 7. gr. frumvarpsins um vitagjald en þar er gert ráð fyrir að vitagjald verði innheimt af 1.600 bátum undir 10 tonnum sem áður voru undanþegnir gjaldinu. Það er álit 1. minni hluta að ríkissjóði sé skylt að veita grunnþjónustu í vitamálum, óháð tekjum, þar eð rekstur vita er nauðsynlegur til að tryggja öryggi

sjófarenda. Þó að hér sé ekki um háar fjárhæðir að ræða lýsir 1. minni hluti sig algerlega andvígan lagasetningu um sérstakar álögur á þá sem stunda smábátaútgerð í landinu.

Alþingi, 16. des. 1999.

Jón Bjarnason.

452. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um fjarskipti.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Með frumvarpi til laga um fjarskipti er að nokkru leyti verið að bregðast við breyttum aðstæðum og ýmsum skyldum sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á herðar með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þrátt fyrir það er mjög athugavert hversu mikið skortir á stefnumótun og skýra framtíðarsýn í fjarskiptamálum í frumvarpinu. Þá eru óljós ýmis atriði sem snerta veigamikla þætti í fjarskiptum landsmanna til framtíðar.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að íslenska ríkið skuli tryggja „eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu". Í 13. gr. segir orðrétt: „Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum getur Póst- og fjarskiptastofnun við útgáfu rekstrarleyfa mælt svo fyrir að rekstrarleyfishafi eða rekstrarleyfishafar skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu." Alþjónustan er ekki að fullu skilgreind í frumvarpinu en skv. 13. gr. á samgönguráðherra að setja um hana reglugerð. Að mati 1. minni hluta er engan veginn nógu skýrt að orði kveðið um skyldur væntanlegra rekstrarleyfishafa við landsmenn.

Í athugasemdum sem frumvarpinu fylgja er tilgreint að meginbreytingar frumvarpsins miði að því að örva samkeppni og tryggja aðgang allra landsmanna að talsíma- og gagnaflutningsþjónustu. Á sama tíma ráðgerir ríkisstjórnin einkavæðingu Landssíma Íslands hf. en hann gegnir lykilhlutverki í fjarskiptaþjónustu á Íslandi. Allt bendir því til þess að með Landssíma Íslands hf. verði grunnnetið svokallaða selt einkaaðilum. 1. minni hluti leggst gegn því. Mun vænlegra hefði verið að hafa áfram eitt öflugt fyrirtæki á þessu sviði í eigu hins opinbera til að tryggja jafnan aðgang allra landsmanna að þjónustunni. Þetta á sérstaklega við um grunnnet Landssímans sem 1. minni hluti telur nauðsynlegt að verði rekið af ríkinu eða að minnsta kosti á ábyrgð þess í áðurnefndum tilgangi.

Í ljósi þessa mun 1. minni hluti sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1999.

Jón Bjarnason.

453. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um fjarskipti í þskj. 143 og taka breytingartillögur í því mið af frumvarpi til fjarskiptalaga. Með vísan til nefndarálits 1. minni hluta samgöngunefndar um frumvarp til laga um fjarskipti mun 1. minni hluti sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1999.

Jón Bjarnason.

454. Breytingartillögur [109. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað ártalsins „2001“ í lokamálslið 6. gr. laganna kemur: 2004.
2. Við 7. gr. Í stað ártalsins „2002“ komi: 2003.

455. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2000.

(Afgreidd frá Alþingi 16. des.)

Samhljóða þskj. 372 (sbr. þskj. 1) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Árið 2000 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**189.200,0**	**182.896,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	41.120,0	39.595,0
Skattar á tekjur lögaðila	10.140,0	9.350,0
Tryggingagjöld	18.221,0	17.772,0
Eignarskattar	9.320,0	9.225,0
Virðisaukaskattur	69.020,0	66.680,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	39.737,0	38.668,0
Skattar ótaldir annars staðar	1.642,0	1.606,0
Aðrar rekstrartekjur	**15.638,3**	**12.792,3**
Arðgreiðslur	2.948,0	2.948,0
Vaxtatekjur	7.995,0	5.155,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	4.695,3	4.689,3
Sala eigna	4.216,0	4.216,0
Fjármagnstilfærslur	50,0	50,0
Fjárframlög	795,7	795,7
Tekjur samtals	**209.900,0**	**200.750,0**
Æðsta stjórn ríkisins	1.996,8	1.996,8
Forsætisráðuneyti	1.223,2	1.223,2
Menntamálaráðuneyti	21.699,2	21.699,2
Utanríkisráðuneyti	3.778,0	3.778,0
Landbúnaðarráðuneyti	8.971,4	8.971,4
Sjávarútvegsráðuneyti	2.453,2	2.453,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	10.891,5	10.891,5
Félagsmálaráðuneyti	11.201,8	11.225,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	73.667,1	73.642,1
Fjármálaráðuneyti	24.533,4	17.063,4

Samgönguráðuneyti	12.513,4	12.743,6
Iðnaðarráðuneyti	2.465,9	2.465,9
Viðskiptaráðuneyti	1.259,5	1.242,2
Hagstofa Íslands	336,7	336,7
Umhverfisráðuneyti	2.767,6	2.767,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs	13.400,0	10.000,0
Gjöld samtals	**193.158,7**	**182.500,6**
Tekjujöfnuður	**16.741,3**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Árið 2000 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	16.741,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-376,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur (breyting)	-2.120,0
Viðskiptaskuldir (breyting)	-211,9
Handbært fé frá rekstri	**14.033,4**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-385,0
Veitt löng lán	-6.015,0
Afborganir veittra lána	6.900,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-300,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	6.750,0
Fjármunahreyfingar samtals	**6.950,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**20.983,4**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	5.000,0
Afborganir lána	-27.500,0
Fjármögnun samtals	**-22.500,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.516,6**

B-hluti.
Fjárreiður ríkisfyrirtækja.

3. gr. hljóðar svo:

Árið 2000 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

	Hagnaður tap m.kr.	Arður til ríkissj. m.kr.	Fjár-festing m.kr.	Lán-tökur m.kr.
Happdrætti Háskóla Íslands	324,0	0	10,0	0
Ríkisútvarpið	50,0	0	200,0	0
Þjóðleikhúsið	-25,0	0	0	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-46,0	0	0	0
Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli	330,0	410,0	10,0	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	286,0	0	2.553,0	2.400,0
Ratsjárstofnun	0	0	6,0	0
Umsýslustofnun varnarmála	1,0	1,0	0	0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3.018,0	3.120,0	60,0	0
Alþjóðaflugþjónustan	0	0	30,0	65,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-230,0	202,0	967,0	550,0
Samtals	**3.708,0**	**3.733,0**	**3.836,0**	**3.015,0**

C-hluti.
Fjárreiður lánastofnana.

4. gr. hljóðar svo:

Árið 2000 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

	Hagnaður tap m.kr.	Veitt lán m.kr.	Fjár-festing m.kr.	Lán-tökur m.kr.
Lánasjóður íslenskra námsmanna	729,0	3.215,0	23,0	3.000,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-43,0	0	0	0
Lánasjóður landbúnaðarins	5,0	1.600,0	0	1.500,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	522,0	0	0	0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.383,0	30.367,0	20,0	29.264,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	404,0	2.364,0	0	1.461,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	39,0	1.960,0	0	2.373,0
Íbúðalánasj., byggingarsj. ríkis og verkam.	-1.348,0	0	10,0	6.500,0
Hafnabótasjóður	-64,0	20,0	0	0
Ferðamálasjóður	6,0	150,0	0	100,0
Orkusjóður	-2,0	30,0	0	0
Byggðastofnun	290,0	1.600,0	0	1.800,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	635,0	150,0	10,0	0
Samtals	**2.556,0**	**41.456,0**	**63,0**	**45.998,0**

Ýmis ákvæði.

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

5. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 5.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 6.015 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.000 m.kr.
   2.2 Rafmagnsveitna ríkisins allt að 550 m.kr.
   2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 65 m.kr.
   2.4 Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar allt að 2.400 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2000 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í lið 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:

   3.1 Landsvirkjun, allt að 11.800 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 29.264 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 1.461 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.4 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum og eftirstöðva framkvæmdalána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 6.500 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.5 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 2.373 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   3.6 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.500 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   3.7 Byggðastofnun, allt að 1.800 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
   3.8 Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum

4. Ýmis ákvæði.
   4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs, sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.
   4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði.

Skerðingarákvæði.

6. gr. hljóðar svo:

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 490 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 2000 umfram 235 m.kr. renna í ríkissjóð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2000 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

4. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, skulu tekjur af brunavarnargjaldi umfram 87 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000.

Ýmis ákvæði.

Heimildir.

7. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknartækjum sem eru gefin vísindastofnunum eða keypt fyrir styrki.

1.2 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sæsímastreng. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

1.3 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og virðisaukaskatt af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdirnar og skal við ákvörðun um endurgreiðslu gjalda af vinnuvélunum höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við framkvæmdirnar.

1.4 Að endurgreiða Listahátíð í Reykjavík skatta og önnur opinber gjöld sem lögð eru á Listahátíð og renna í ríkissjóð eða til stofnana á vegum ríkisins.

1.5 Að endurgreiða sveitarfélögum allt að 20 m.kr. vegna kaupa þeirra á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða á árinu 2000, í samræmi við yfirlýsingu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 1996.

1.6 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af flotkví og öðrum búnaði sem þegar hefur verið fluttur til landsins eða verður fluttur til landsins vegna rannsókna á háhyrningi í Klettsvík, Vestmannaeyjum.

1.7 Að fella niður stimpilgjöld vegna veðsetningar Flugfélagsins Atlanta ehf. á flugvél sem ber einkennisstafina TF-ABT.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.

2.2 Að selja fasteignina Drekavog 16, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

2.3 Að selja kennsluhús Kennaraháskóla Íslands að Háuhlíð 9, Reykjavík, og verja andvirðinu til öflunar á öðru húsnæði fyrir skólann.

2.4 Að selja fasteignina Fáfnisnes 14, Reykjavík.

Á undanförnum árum hafa átt sér stað grundvallarbreytingar á rekstrar- og fjármálaumhverfi íslensks sjávarútvegs. Afdrifaríkustu breytingarnar eru annars vegar þær að aflaheimildir eru verðlagðar sem eignir og ganga kaupum og sölum innan sjávarútvegsins. Hins vegar hófst víðtæk markaðsvæðing sjávarútvegsfyrirtækja árið 1992. Nú eru alls 20 sjávarútvegsfyrirtæki skráð á Verðbréfaþingi Íslands og um 10 fyrirtæki eru á óformlegum hlutabréfamarkaði. Má ætla að markaðsvirði þeirra sjávarútvegsfyrirtækja sem nú eru skráð á hlutabréfamarkaði sé um 73 milljarðar kr. Til samanburðar má geta þess að árið 1995 voru átta sjávarútvegsfyrirtæki skráð með samanlagt markaðsvirði að fjárhæð 11,5 milljarðar kr. Jafnframt hefur verið hagrætt í sjávarútveginum með stórfelldum samruna og uppkaupum fyrir-

tækja. Sjávarútvegsfyrirtæki starfa því í gerbreyttu rekstrar- og fjármálaumhverfi frá því sem var í byrjun þessa áratugar. Þessar breytingar hafa annars vegar haft áhrif inn á við á rekstur og efnahag sjávarútvegsfyrirtækja og út á við á allt efnhagslífið og þar með á fjármála- og peningakerfið.

Við markaðsvæðingu kvóta og sjávarútvegsfyrirtækja hafa orðið til nýjar eignir og aðrar orðið til muna söluhæfari en áður. Heildareignir fyrirtækjanna hafa hækkað við þessar breytingar og orðið hafa til markaðshæfar eignir sem myndað geta andlag við ný lán úr lánakerfinu. Lánastofnanir hafa veitt lán til kaupa á kvóta og kaupa á hlutabréfum í sjávarútvegsfyrirtækjum. Fé sem hefur verið greitt fyrir þessar eignir hefur síðan farið í aðra ráðstöfun innan og utan íslenska hagkerfisins. Lánastofnanir hafa talið sig hafa góð veð fyrir þessum lánveitingum og góðar vonir um arð og endurheimtur. Lánastofanir eru þó alltaf bundar af innri og ytri útlánahömlum sem eiginfjárreglur (CAD-reglur), lausafjárreglur og eigin útlánamatsreglur setja, ásamt reglum um lánveitingar til og eign í einstökum fyrirtækjum.

Því má velta fyrir sér hvort verðmæti í aflaheimildum og markaðsvæðing sjávarútvegsfyrirtækja hafi orðið lánastofnunum hvatning til að auka útlán. Svo hefði ekki þurft að vera ef eigendur hinna nýju kvótaverðmæta hefðu alfarið haldið í eignarhluti sína í sjávarútvegsfyrirtækjum. Ýmsir þeirra hafa hins vegar kosið að selja eignir sínar í sjávarútvegi, ýmist sem hluti í fyrirtækjum eða með því að selja eignir út úr fyrirtækjum sínum. Sú staðreynd blasir við að skuldir sjávarútvegsfyrirtækja hafa aukist þrátt fyrir að fjárfesting í rekstrarfé virðist vera svipuð eða heldur minni en afskriftir og hagnaður. Skuldaaukningin verður því einungis skýrð með því að sjávarútvegsfyrirtæki hafa keypt aflaheimildir og önnur sjávarútvegsfyrirtæki, heil eða að hluta, og að stofnanir lánakerfisins hafi fjármagnað þessi kaup að verulegu leyti. Það er í fullu samræmi við eðlileg markmið og starfsreglur þessara stofnana. Hinar nýju eignir sjávarútvegsfyrirtækjanna eru fullnægjandi andlag lánveitinganna, enda hefur raunverulegt eigið fé sjávarútvegsfyrirtækjanna aukist með tilkomu kvótaeignar og markaðsvæðingar sjávarútvegsfyrirtækja. Myndast hefur tilefni fyrir lánastofnanir að lána sjávarútvegsfyrirtækjum til að kaupa aflaheimildir og hlutabréf annarra sjávarútvegsfyrirtækja.

Hugsanlegt er að lánastofnanir hefðu nýtt eiginfjársvigrúm og fjáröflunarfæri sín til annarra lánveitinga ef útlánafærin í sjávarútvegi hefðu ekki verið fyrir hendi. Á móti hefðu sjávarútvegsfyrirtækin getað fullnægt fjárþörf sinni með öðrum hætti, hlutafjárútboðum eða beinum lántökum erlendis frá. Niðurstaðan hlýtur því að vera sú að heildarfjármögnun lánakerfisins — lánastofnana og erlendra lánveitenda — hafi orðið meiri en ella vegna þeirra færa á sameiningu og eignasölu sem til hafa orðið í sjávarútvegi.

Á það er vert að benda að þessar breytingar eru einungis eitt af fjölmörgum dæmum um að sífellt fleiri eignir koma í umferð á fjármálamörkuðum vegna markaðsvæðingar. Hugsanlega er sú mynd sem nú blasir við aðeins upphafið á langtímaþróun.

Hvað segja gögnin?

Frá árinu 1994 og fram á mitt ár 1999 hafa skuldir sjávarútvegsins hækkað um rúma 43 milljarða kr. á föstu verði júníloka 1999, eða í 154 milljarða kr. Eru þá talin saman öll lán innan og utan lánakerfisins. Skuldir sjávarútvegsins við lánakerfið (banka, fjárfestingarlánasjóði, eignarleigur og fleiri stofnanir, sem og útlönd) hafa á sama tíma hækkað um 32 milljarða kr. á verði júníloka 1999. Á þessu tímabili hefur verg fjármunamyndun í sjávarútvegi að meðtöldum birgðabreytingum numið um 46 milljörðum kr. á sambærilegu verðlagi. Við þessa upphæð verður að bæta hlutdeild sjávarútvegs í óflokkaðri fjármunamyndun, bifreiðum til atvinnurekstrar og tölvubúnaði. Má meta hana framreiknaða samtals á um 8 milljarða kr.

á árunum 1994–99. Heildarfjármunamyndun í sjávarútvegi á þessu tímabili er því um 54 milljarðar kr. á verði í júnílok 1999 eða 11 milljörðum kr. hærri en skuldaaukningin.

Ráðstöfunarfé sjávarútvegs til fjárfestinga í rekstrarfé, aflaheimildum, eignarhlutum og langtímafjáreignum er þó mun hærra en skuldaaukningunni nemur. Við fjármögnun með lántökum þarf að bæta afskriftum, hagnaði og aukningu hlutafjár. Hlutafjársala í opnum útboðum hefur á þessum tíma skilað sjávarútvegsfyrirtækjum 14 milljörðum kr., framreiknað með framangreindum hætti. Lauslegt mat bendir til að framreiknaðar afskriftir sjávarútvegs hafi numið um 61 milljarði kr. og hagnaður um 8 milljörðum kr. á þessu tímabili. Þar sem ætla verður að hluti hagnaðar hafi verið greiddur út sem arður verður hér einungis gert ráð fyrir að afskriftir, skuldaaukning og opin hlutafjárútboð hafi verið sjávarútveginum tiltæk til fjárfestingar. Með því virðast sjávarútvegsfyrirtæki hafa haft hartnær 120 milljörðum kr. til ráðstöfunar til fjárfestinga og hafa þar af nýtt nær 55 milljarða kr. til kaupa á rekstrarfé. Þeim á að giska 65 milljörðum kr. sem eftir standa virðist því hafa verið ráðstafað með öðrum hætti innan sjávarútvegsins.

Samkvæmt lauslegu mati sem gert hefur verið á óafskrifaðri eign sjávarútvegsfyrirtækja á keyptum aflaheimildum er verðmæti þeirra um 26 milljarðar kr. á miðju ári 1999. Kaup þeirra hafa að langmestu leyti farið fram á allra síðustu árum en samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar á keyptum veiðiheimildum árið 1996 var verðmæti þeirra þá um 12 milljarðar kr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve sjávarútvegsfyrirtækin eiga mikið áhættufé en upplýsingar eru til um bókfært verðmæti áhættufjár í eigu sjávarútvegsfyrirtækja á Verðbréfaþingi. Það nam um 9,7 milljörðum kr. á miðju ári 1999 og hafði hækkað úr 4,2 milljörðum kr. frá árslokum 1996. Nú eru 20 sjávarútvegsfyrirtæki skráð á formlegum hlutabréfamarkaði og framleiðsla þeirra er um 58% af útflutningsframleiðslu í sjávarútvegi. Ætla má að það séu einkum stærri fyrirtækin sem fjárfesta í áhættufé, þ.e. fyrst og fremst þau fyrirtæki sem skráð eru á hlutabréfamarkaði.

Af þessu má álykta að á móti þeim 65 milljörðum kr. sem sjávarútvegurinn virðist hafa haft til ráðstöfunar umfram kaup á rekstrarfé á hálfu fimmta ári frá ársbyrjun 1994 megi telja fram kaup á aflaheimildum og áhættufé sem nema a.m.k. 35–40 milljörðum kr. Um þennan mismun er það að segja annars vegar að erfitt er að fá nákvæmar niðurstöður úr þeim ófullkomnu gögnum sem fyrir liggja og hins vegar að skýringar kunna að liggja í samruna keyptra fyrirtækja við fyrirtækin sem þau keyptu, auk þess sem viðskipti með rekstrarfé milli fyrirtækja sjást hvorki í fjárfestingartölum Þjóðhagsstofnunar né sem áhættufé í reikningum fyrirtækjanna.

Seðlabanki Íslands hefur lauslega kannað útlán lánastofnana með veðum í aflaheimildum. Helstu niðurstöður voru þær að gætt hefur vaxandi varkárni lánastofnana við útlánamat þar sem veð hefur verið tekið í verðmæti aflahlutdeilda. Helstu lánastofnanir hafa mótað það verklag að meta lánshæfi fyrirtækja út frá tekju- og rekstrargrunni og arðsemi og tekjustreymi fjárfestingaráætlana. Almennt er ekki lánað einhliða út á verðmæti aflaheimilda og eru aflahlutdeildir ekki sjálfstætt tilefni til eða nægjanleg forsenda fyrir nýjum lánum hjá þremur af fjórum helstu lánastofnunum.

Hafa lánaumsvif vegna kvótaviðskipta valdið þenslu?

Með tilkomu núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis varð veruleg eignaaukning í hagkerfinu þegar aflaheimildir urðu verðmætar. Þetta hefur valdið því að heildarverðmæti eigna hefur vaxið og eigendur veiðiheimilda efnast sem því nemur. Það ætti í sjálfu sér að leiða til þess að einkaneysla þessara eigenda og eftirspurn eftir öðrum eignum aukist. Margt bendir þó til þess að það hafi gerst hægt þar sem mikil óvissa var í upphafi um hversu verðmæt réttindi

í fiskveiðistjórnunarkerfinu væru og hvorki eigendur þessara réttinda né lánastofnanir töldu þau ein og sér réttmætt andlag lántöku. Í þeim tilvikum þegar eigendur nýju verðmætanna kusu að eiga þau áfram leiddi eignaaukningin því ekki til marktækrar aukningar eftirspurnar eftir öðrum eignum, vörum eða þjónustu til að byrja með. Til lengdar má gera ráð fyrir að þeir sem hafa efnast verulega kjósi að verja einhverjum hluta eignaaukans til neyslu. Þegar neysluviljanum er mætt með innlendri vöru og þjónustu felst í honum eftirspurnarauki sem getur leitt til þrýstings á verðlag. Talið er að hliðstæðra áhrifa gæti t.d. í Bandaríkjunum vegna hækkunar hlutabréfaverðs á undanförnum árum. Afar erfitt er hins vegar að meta hve mikil slík áhrif eru.

Sumir eigendur sjávarútvegsfyrirtækja hafa trúlega kosið að losa um eignir eða koma þeim í annað form og aðrir hafa þá keypt á móti. Ef um væri að ræða bein eða óbein eignaskipti væru eftirspurnaráhrifin vísast engin enda hyrfi þá ekkert fé úr greininni. Ef fé er tekið út úr sjávarútvegsfyrirtæki og fest erlendis og kaupin fjármögnuð með erlendu láni er heldur ekki að vænta áhrifa á innlendum mörkuðum. Innlend eftirspurnaráhrif verða einungis ef eigið fé er tekið út úr sjávarútvegsfyrirtæki og notað til eignakaupa eða neyslu innan lands og einungis ef lánakerfið fjármagnar eiginfjárúttektina með lánsfé sem ekki hefði annars farið í umferð innan lands.

Í því sambandi skiptir höfuðmáli hvort þær lánveitingar sem fara til sjávarútvegsins hefðu hvort sem er farið til annarra geira hagkerfisins. Það er líklegt nema eitthvað af eftirfarandi komi til:

a. að takmarkanir séu á leyfilegri útlánaaukningu hjá fjármálakerfinu, t.d. vegna eiginfjárkrafna eða lausafjárkrafna,
b. að lánakerfið skorti fé til útlána,
c. að skortur sé á arðvænlegum tækifærum til lánveitinga.

Ljóst er að skilyrði a- og b-liðar hafa ekki hamlað lánakerfinu síðustu missirin þótt það gæti bráðlega breyst. Hitt er umdeilanlegra og afdrifaríkara hvort lánakerfið hefur þegar fullnýtt skynsamleg útlánafæri utan sjávarútvegs. Sé svo er líklegt að nýju útlánafærin í sjávarútvegi hafi aukið útlán til og að einhverju leyti eftirspurn eftir innlendum eignum, vörum og þjónustu og haft þannig áhrif á verðlag. Hins vegar er rétt að taka fram að hér er ekki um neitt viðbótartilefni að ræða sem ekki hefur komið fram t.d. í greiningu og umfjöllun Seðlabankans. Bankinn hefur varað við mikilli útlánaþenslu og hugsanlegt er að þessi þáttur sé með mörgum öðrum hluti af skýringu hennar þótt ekki sé líklegt að hann skipti sköpum. Þessi þáttur getur heldur ekki verið viðvarandi verðbólguvaldur þar sem hagstjórn, einkum stefnan í peningamálum, hlýtur að þurfa að mynda mótvægi gegn margvíslegum atriðum sem hafa áhrif á verðlag í því skyni að verðbólga haldist innan viðunandi marka.

463. Svar [221. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Bergljótar Halldórsdóttur um verðmæti seldra veiðiheimilda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver voru heildarverðmæti seldra veiðiheimilda síðustu fimm fiskveiðiár sundurliðað eftir árum, aflamarki og aflahlutdeild, fisktegundum og landshlutum?*
2. *Hver er þróun einingaverðs aflamarks og aflahlutdeildar síðustu fimm fiskveiðiár og það sem af er þessu fiskveiðiári? Einingaverð óskast sundurliðað eftir fisktegundum.*

Fiskistofa sér um að flytja aflahlutdeildir og aflamark á milli skipa. Nákvæmar upplýsingar um það magn sem flutt er hverju sinni milli skipa eru því til og á það bæði við um aflamark og aflahlutdeild. Spurt er um verðmæti þeirra aflaheimilda sem seldar eru hverju sinni. Hjá hinu opinbera liggja ekki fyrir skráðar upplýsingar um heildarverðmæti seldra veiðiheimilda. Í þessu sambandi eru þó undanskilin viðskipti með aflamark sem hafa átt sér stað fyrir milligöngu Kvótaþings eftir að það hóf starfsemi 1. september 1998. Hlutverk Kvótaþings er eins og kunnugt er að annast tilboðsmarkað fyrir aflamark. Flutningur aflamarks milli skipa er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi. Þó er heimilt að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi í eftirfarandi tilfellum:

a. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila. Sama á við sé aflamark flutt milli skipa sömu útgerðar ef þau hafa verið tekin á leigu eða kaupleigu og þeir samningar verið gerðir fyrir 1. september 1998.
b. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðalviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótaþingi í síðastliðinni viku.
c. Þegar um er að ræða flutning aflamarks sem sjávarútvegsráðherra hefur með reglugerð heimilað viðskipti með utan Kvótaþings.

Af eftirfarandi töflum má lesa upplýsingar um viðskipti á Kvótaþingi með aflamark fyrir síld, skrápflúru, úthafskarfa, úthafsrækju, grálúðu, karfa, skarkola steinbít, ufsa, ýsu, þorsk og sandkola fiskveiðiárið 1998/1999 eftir mánuðum, magni í kg, meðalverði, fjölda tilboða og fjölda viðskipta. Af nokkrum línuritum sem fylgja töflunum má enn fremur lesa verð á afla sem seldur er á fiskmarkaði annars vegar og hins vegar í beinni sölu.

Þorskur							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	43.913.000	505.000	86,96	71	63	16	3
okt. 1998	250.051.744	2.835.663	88,18	134	193	34	16
nóv. 1998	184.376.329	1.991.053	92,60	123	117	16	15
des. 1998	329.647.265	3.530.580	93,37	170	154	26	28
jan. 1999	207.439.653	2.166.854	95,73	187	162	26	13
febr. 1999	331.846.412	3.236.099	102,55	247	231	44	26
mars 1999	285.884.008	2.686.308	106,42	240	236	27	17
apríl 1999	161.276.904	1.535.089	105,06	149	157	12	8
maí 1999	176.652.552	1.648.597	107,15	205	200	12	21
júní 1999	196.269.897	1.807.849	108,57	237	237	18	23
júlí 1999	149.037.646	1.389.616	107,25	252	236	42	30
ágúst 1999	150.503.654	1.532.287	98,22	377	338	49	35



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Ýsa							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	143.987	4.571	31,50	31	2	12	0
okt. 1998	7.312.930	182.300	40,11	51	83	19	6
nóv. 1998	24.965.646	620.942	40,21	45	70	9	3
des. 1998	10.897.785	264.287	41,23	20	26	3	2
jan. 1999	14.604.737	366.289	39,87	46	57	4	2
febr. 1999	21.934.559	515.285	42,57	64	60	11	10
mars 1999	20.060.999	390.252	51,41	67	72	14	1
apríl 1999	17.177.779	348.901	49,23	60	74	11	3
maí 1999	29.536.874	601.941	49,07	86	99	4	9
júní 1999	22.591.024	465.611	48,52	106	103	14	18
júlí 1999	22.927.097	384.225	59,67	139	137	27	12
ágúst 1999	33.950.269	741.194	45,80	282	237	39	38



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Ufsi							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	18.043	891	20,25	6	2	2	0
okt. 1998	4.044.617	163.004	24,81	25	18	11	3
nóv. 1998	8.862.026	326.250	27,16	22	30	5	0
des. 1998	465.956	16.658	27,97	10	7	5	1
jan. 1999	4.537.017	149.949	30,26	29	37	5	0
febr. 1999	15.655.851	483.658	32,37	36	44	5	5
mars 1999	8.321.615	278.264	29,91	55	54	11	9
apríl 1999	3.036.320	104.784	28,98	27	27	5	1
maí 1999	8.410.364	323.267	26,02	70	79	7	7
júní 1999	13.640.791	464.656	29,36	98	84	27	12
júlí 1999	14.978.688	429.924	34,84	112	126	15	6
ágúst 1999	19.055.056	658.577	28,93	249	241	27	25



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Steinbítur							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	140.000	7.000	20,00	9	7	1	0
okt. 1998	232.121	12.000	19,34	14	14	3	2
nóv. 1998	672.102	51.524	13,04	12	13	6	1
des. 1998	1.182.210	81.496	14,51	15	15	4	3
jan. 1999	2.783.166	170.497	16,32	26	32	2	2
febr. 1999	8.170.324	456.852	17,88	46	54	6	2
mars 1999	4.445.343	259.940	17,10	43	58	12	3
apríl 1999	3.719.643	210.077	17,71	30	41	4	1
maí 1999	4.793.559	272.999	17,56	63	74	8	2
júní 1999	2.469.429	99.805	24,74	75	47	30	18
júlí 1999	7.719.048	212.561	36,31	93	103	17	5
ágúst 1999	13.096.512	405.249	32,32	192	185	25	10



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Skarkoli							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	790.050	26.335	30,00	34	8	10	4
okt. 1998	5.748.988	141.276	40,69	36	54	20	2
nóv. 1998	2.879.755	74.000	38,92	27	18	7	4
des. 1998	3.214.926	104.500	30,76	23	24	16	2
jan. 1999	1.522.201	47.698	31,91	17	19	5	1
febr. 1999	5.324.842	164.400	32,39	39	45	10	3
mars 1999	9.697.990	255.937	37,89	63	59	11	6
apríl 1999	10.104.508	251.100	40,24	48	69	4	0
maí 1999	11.778.937	286.028	41,18	86	87	9	6
júní 1999	11.753.421	213.970	54,93	115	90	45	13
júlí 1999	9.053.185	137.387	65,90	100	107	19	4
ágúst 1999	22.438.634	416.126	53,92	226	220	42	11



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Karfi							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	0	0	0,00	4	0	1	0
okt. 1998	11.118.710	277.924	40,01	18	15	6	2
nóv. 1998	4.351.914	103.345	42,11	15	19	3	0
des. 1998	20.616.548	472.902	43,60	15	22	4	2
jan. 1999	2.216.434	54.300	40,82	14	14	2	1
febr. 1999	18.226.905	439.505	41,47	27	35	7	0
mars 1999	7.381.794	172.507	42,79	26	35	3	2
apríl 1999	16.854.626	412.278	40,88	27	28	5	3
maí 1999	19.154.672	464.955	41,20	53	50	4	10
júní 1999	35.131.271	855.889	41,05	55	81	6	1
júlí 1999	14.923.015	351.476	42,46	64	76	7	6
ágúst 1999	26.654.340	745.521	35,75	149	125	25	18



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Grálúða							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	70	1	70,00	4	2	1	0
okt. 1998	15.160.485	167.969	90,26	16	11	7	1
nóv. 1998	9.319.409	102.328	91,07	7	7	3	0
des. 1998	133.040	1.663	80,00	6	4	1	3
jan. 1999	7.652.674	83.242	91,93	14	14	2	1
febr. 1999	765.783	8.496	90,13	20	21	6	1
mars 1999	1.763.937	19.281	91,49	14	15	3	0
apríl 1999	332.787	3.657	91,00	9	13	1	1
maí 1999	22.075.869	239.151	92,31	27	33	2	2
júní 1999	4.994.895	50.074	99,75	21	25	8	2
júlí 1999	6.127.379	60.529	101,23	20	23	4	1
ágúst 1999	4.161.764	41.625	99,98	80	81	12	3



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Úthafsrækja							
Mánuður	***Viðskipti*** **kr.**	***Magn*** **kg**	***Meðalverð*** **kr./kg**	***Tilboð*** **fjöldi**	***Viðskipti*** **fjöldi**	***Útr. tilb.*** **fjöldi**	***Afturk. tilb.*** **fjöldi**
sept. 1998	3.500.000	175.000	20,00	10	4	2	2
okt. 1998	2.698.840	147.000	18,36	13	9	8	0
nóv. 1998	1.045.000	154.000	6,79	15	11	3	5
des. 1998	286.000	237.000	1,21	4	4	7	0
jan. 1999	99.250	19.850	5,00	4	6	1	0
febr. 1999	2.751.220	646.244	4,26	14	17	2	1
mars 1999	3.516.959	733.702	4,79	28	28	8	3
apríl 1999	702.185	107.120	6,56	11	8	3	1
maí 1999	1.236.968	259.317	4,77	25	22	2	3
júní 1999	1.487.382	793.569	1,87	40	40	10	6
júlí 1999	880.839	806.740	1,09	49	64	3	2
ágúst 1999	721.949	1.191.738	0,61	73	78	18	2



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Úthafskarfi							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	0	0	0,00	1	0	0	0
okt. 1998	3.100	124	25,00	2	2	1	0
nóv. 1998	49	49	1,00	2	2	0	0
des. 1998	497.425	16.309	30,50	8	8	0	3
jan. 1999	0	0	0,00	1	0	0	0
febr. 1999	105.000	5.000	21,00	3	2	1	1
mars 1999	0	0	0,00	1	0	1	0
apríl 1999	150.000	5.000	30,00	3	2	1	0
maí 1999	9.476.608	296.144	32,00	2	2	0	1
júní 1999	0	0	0,00	1	0	0	1
júlí 1999	0	0	0,00	1	0	1	0



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Skrápflúra							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	0	0	0,00	1	0	0	0
okt. 1998	822.598	57.090	14,41	11	13	2	2
nóv. 1998	0	0	0,00	2	0	2	0
des. 1998	0	0	0,00	1	0	1	1
jan. 1999	66.432	5.536	12,00	4	2	0	0
febr. 1999	1.411.578	124.264	11,36	14	12	5	2
mars 1999	3.035.180	274.553	11,05	29	41	7	3
apríl 1999	1.213.930	107.659	11,28	12	11	2	0
maí 1999	631.610	53.971	11,70	12	12	3	1
júní 1999	154.372	10.818	14,27	20	8	11	5
júlí 1999	1.532.284	71.019	21,58	26	24	7	4
ágúst 1999	6.757.885	323.961	20,86	68	65	15	4



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Síld							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	1.000.000	100.000	10,00	8	3	4	0
okt. 1998	0	0	0,00	6	0	4	4
nóv. 1998	21.823.000	4.148.000	5,26	25	20	1	7
des. 1998	1.930.000	380.000	5,08	4	4	3	1
jan. 1999	0	0	0,00	2	0	0	0
febr. 1999	393.600	96.000	4,10	2	2	2	0
mars 1999	0	0	0,00	0	0	1	0
júní 1999	390.000	78.000	5,00	3	2	1	0
ágúst 1999	0	0	0,00	2	0	2	0



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Sandkoli							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	30.930	2.062	15,00	3	2	1	0
okt. 1998	667.000	38.000	17,55	9	7	3	0
nóv. 1998	0	0	0,00	5	0	3	0
des. 1998	0	0	0,00	2	0	6	0
jan. 1999	150.000	10.000	15,00	3	2	0	0
febr. 1999	302.720	20.981	14,43	7	5	2	1
mars 1999	2.356.508	196.383	12,00	14	20	5	0
apríl 1999	413.396	32.799	12,60	14	16	1	1
maí 1999	2.121.785	158.950	13,35	19	28	3	1
júní 1999	858.360	50.396	17,03	26	9	16	5
júlí 1999	2.364.459	95.153	24,85	28	22	12	3
ágúst 1999	8.815.669	392.825	22,44	73	78	11	4



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Langlúra							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	0	0	0,00	1	0	1	0
okt. 1998	58.678	3.679	15,95	16	12	5	1
nóv. 1998	1.095.823	31.000	35,35	16	15	3	1
des. 1998	0	0	0,00	2	0	6	1
jan. 1999	300.962	8.148	36,94	11	9	3	0
febr. 1999	125.210	3.436	36,44	7	9	3	0
mars 1999	149.877	4.043	37,07	16	25	2	0
apríl 1999	980.480	26.500	37,00	9	12	1	0
maí 1999	474.300	13.000	36,48	17	17	2	3
júní 1999	1.227.273	31.392	39,10	20	27	3	3
júlí 1999	959.497	22.574	42,50	23	23	9	1
ágúst 1999	1.858.031	39.962	46,49	62	63	13	4



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Humar							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
sept. 1998	0	0	0,00	1	0	0	0
okt. 1998	741.935	2.469	300,50	2	2	1	0
nóv. 1998	1.481.600	4.630	320,00	2	2	0	0
jan. 1999	0	0	0,00	1	0	1	0
febr. 1999	3.827.600	9.569	400,00	7	4	1	2
mars 1999	790.000	1.975	400,00	2	2	1	1
maí 1999	6.257.502	14.677	426,35	8	7	1	0
júní 1999	1.175.700	2.680	438,69	4	4	2	1
ágúst 1999	1.265.528	2.991	423,11	15	16	3	0



Heimildir: Kvótaþing Íslands, Verðlagsstofa skiptaverðs, skýrsla auðlindanefndar.

Rækja á Flæmingjagrunni							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilboð* fjöldi	*Afturk. tilboð* fjöldi
febr. 1999	14.426.299	497.469	29,00	9	7	5	0
apríl 1999	10.280.400	312.000	32,95	6	4	3	1
maí 1999	2.530.000	115.000	22,00	5	2	3	2
júní 1999	14.351.000	480.000	29,90	8	6	2	1
júlí 1999	4.355.000	130.000	33,50	3	2	2	1
ágúst 1999	11.999.995	342.857	35,00	2	3	1	1

Loðna							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
jan. 1999	95.000	50.000	1,90	2	2	0	0
mars 1999	3.901.400	6.540.000	0,60	11	16	2	2
apríl 1999	0	0	0,00	1	0	0	0
maí 1999	2.936.500	25.815.000	0,11	18	22	2	2
júní 1999	439.100	4.391.000	0,10	4	7	2	0
júlí 1999	9.064.000	4.900.000	1,85	4	4	1	0
ágúst 1999	39.300	393.000	0,10	2	2	1	0

Þorskur (norsk lögsaga)							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
ágúst 1999	2.075.000	55.000	37,73	7	5	0	3

Þorskur (Rússland)							
Mánuður	*Viðskipti* kr.	*Magn* kg	*Meðalverð* kr./kg	*Tilboð* fjöldi	*Viðskipti* fjöldi	*Útr. tilb.* fjöldi	*Afturk. tilb.* fjöldi
ágúst 1999	0	0	0,00	3	0	0	1

464. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Örlyg Geirsson skrifstofustjóra í menntamálaráðuneyti og Leif Eysteinsson viðskiptafræðing frá fjármálaráðuneyti.

Frumvarp þetta er lagt fram í tengslum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000. Í frumvarpinu eru lagðar til tímabundnar skerðingar á ráðstöfun hins sérstaka eignarskatts sem kveðið er á um í lögum nr. 83/1989.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til breytingu á frumvarpinu í samræmi við þá ákvörðun Alþingis, sem samþykkt var við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga, að minnka skerðingu

á tekjum endurbótasjóðs menningarstofnana um 10 m.kr. þannig að í hann renni 490 m.kr. í stað 480 m.kr.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað fjárhæðarinnar „480 m.kr.“ í 1. mgr. 1. gr. komi: 490 m.kr.

Alþingi, 16. des. 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Tómas Ingi Olrich. Helga Guðrún Jónasdóttir.

Ásta Möller. Kristinn H. Gunnarsson.

465. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur, sem lagður er á samkvæmt lögunum, í sérstakan sjóð sem skal varið til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. og hefur sjóður þessi nýst afar vel til endurbóta á slíkum húsakosti bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Samkvæmt frumvarpinu verður þessi lögbundni tekjustofn skertur á næsta ári um 146 millj. kr. og sú upphæð látin renna í ríkissjóð í stað fyrrgreinds endurbótasjóðs.

Mat minni hlutans er að rökin sem notuð eru til að styðja skerðingu þessa séu haldlítil, þar sem ekki er gert ráð fyrir lækkun skattheimtunnar heldur er upphæðin nýtt til almennra útgjalda úr ríkissjóði í stað þess að ganga til verkefna endurbótasjóðsins. Þar að auki er ekki um slíka upphæð að ræða að hún sé þess megnug að slá á þensluna í samfélaginu svo nokkru nemi. Hafa ber í huga að gnægð verkefna er á þessu sviði og sé það vilji stjórnvalda að slá á þenslu á höfuðborgarsvæðinu hefði vel mátt hugsa sér að setja fjármagn þetta til endurbóta menningarhúsnæðis á landsbyggðinni.

Alþingi, 16. des. 1999.

Kolbrún Halldórsdóttir, frsm. Sigríður Jóhannesdóttir. Svanfríður Jónasdóttir.

466. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til l. um málefni aldraðra.

Frá Þuríði Backman, Bryndísi Hlöðversdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Við 9. gr. Við 4. tölul. 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Slíkar greiðslur skulu þó aldrei nema hærra hlutfalli en 25% af úthlutunum úr sjóðnum árlega.

Greinargerð.

Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum nr.49/1981 og var markmiðið með sjóðnum að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Með lögum nr. 12/1991 var hlutverki sjóðsins breytt á þann veg að heimilað var að nýta hluta af fjármagni sjóðsins til reksturs stofnana fyrir aldraða. Frá þeim tíma hefur allt að 55% af fjármagni sjóðsins verið notað árlega til reksturs stofnana.

Í frumvarpinu er lagt til að fjármagni úr sjóðnum skuli áfram varið til að styrkja rekstur stofnana fyrir aldraða í sérstökum tilvikum. Í umsögnum um málið komu fram áhyggjur af því að engin takmörk séu fyrir því hversu miklu megi verja úr sjóðnum til reksturs stofnana fyrir aldraða, en með slíku opnu ákvæði er hætt við að unnið sé gegn því markmiði sjóðsins að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á 4. tölul. 2. mgr. 9. gr. er verið að koma til móts við þessi sjónarmið og leitast þannig við að varðveita upphafleg markmið með stofnun Framkvæmdasjóðs aldraðra.

467. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, Sturlaug Tómasson og Björn Arnar Magnússon frá félagsmálaráðuneyti, Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp og Helga Seljan og Garðar Sverrisson frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í samræmi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2000 en í 1. gr. þessa frumvarps er kveðið á um að tekjur af erfðafjárskatti umfram 235 millj. kr. skuli renna í ríkissjóð.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1999.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	

468. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, Sturlaug Tómasson og Björn Arnar Magnússon frá félagsmálaráðuneyti, Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp og Helga Seljan og Garðar Sverrisson frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í samræmi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2000 en í 1. gr. þessa frumvarps er kveðið á um að kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. greiðist á næsta ári af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1999.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Pétur H. Blöndal.

Drífa Hjartardóttir. Ólafur Örn Haraldsson.

469. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um fjarskipti.

Frá 2. minni hluta samgöngunefndar.

Í frumvarpi til laga um fjarskipti og frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, 240. máli, birtast leikreglur fyrir fyrstu skrefin frá lögbundinni einokun sem var á rekstri fjarskiptaneta hér á landi frá árinu 1906 til ársins 1998. Þrátt fyrir að gildandi fjarskiptalög séu aðeins þriggja ára gömul hafa orðið svo miklar breytingar á fjarskiptatækni og þjónustu og alþjóðlegu umhverfi að við þau verður ekki unað. Annars er hætta á að Íslendingar dragist aftur úr öðrum þjóðum hvað varðar þróun á sviði fjarskipta.

Í frumvarpi til laga um fjarskipti er markmiðum þess lýst þannig að ætlunin sé að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Það sé hlutverk íslenska ríkisins að tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Óhætt er að fullyrða að með lögfestingu frumvarpsins sé líklegt að náist í það minnsta eitt þeirra markmiða sem að er stefnt, þ.e. að tryggja örugg fjarskipti hér á landi. Enn fremur tekur 2. minni hluti undir það markmið sem að er stefnt í 13. gr. frumvarpsins, að tryggja öllum notendum fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum sem felst í því að allir rekstrarleyfishafar tryggi að notendur fjarskiptaþjónustunnar fái svokallaða alþjónustu, m.a. talsímaþjónustu, gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu og þjónustu við fatlaða og aðra notendur með sérþarfir. Auk þess er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að heimilt sé að niðurgreiða þjónustu rekstrarleyfis-

fyrirtækja á þeim svæðum þar sem fjarskiptaþjónusta er rekin með tapi eða er óarðbær sem tryggir að íbúar dreifbýlisins fá einnig þá þjónustu sem um er rætt.

Á hinn bóginn er ekki lagt mikið upp úr því að ná markmiðum um hagkvæmni og samkeppni á þessum markaði í frumvarpinu. Það er augljóst að meiri hluti Alþingis stefnir að hægfara breytingu í átt til opnunar á fjarskiptamarkaði. Þrátt fyrir að sagan hafi kennt okkur að öflug og heilbrigð samkeppni, á grundvelli gegnsærra og skýrra leikreglna, sé vísasti vegur til að tryggja neytendum sem besta þjónustu og lágmarksverð er augljóst að frumvarpið tekur fyrst og fremst mið af hagsmunum Landssíma Íslands hf.

Eins og áður greinir eru aðeins þrjú ár frá því að samþykkt voru lög um fjarskipti og Póst- og fjarskiptastofnun. Frá árinu 1906 til ársins 1998 ríkti hér á landi lögbundinn einkaréttur ríkisins á rekstri fjarskiptaneta sem var fyrst og fremst á hendi Pósts og síma, undanfara Landssímans. Í skjóli þeirrar einokunar byggði stofnunin upp öflug fjarskiptakerfi sem gera það að verkum að Landssíminn hefur yfirburðastöðu á íslenskum fjarskiptamarkaði. Má fullyrða að markaðshlutdeild Landssímans sé u.þ.b. 97–98%. Því er ljóst að ef takast á að ná því markmiði að efla samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði verður það ekki gert öðruvísi en með því að kvaðir verði lagðar á Landssímann svo að skapa megi pláss fyrir önnur fyrirtæki á þessum markaði. Samkeppni verður ekki komið á eftir öðrum leiðum, slíkir eru yfirburðir fyrirtækisins.

Þær kvaðir sem verða lagðar á Landssímann eru því mælikvarði á raunverulegan vilja stjórnvalda til að koma á samkeppni á þessum markaði. Því verður ekki á móti mælt að í veigamiklum atriðum er frumvarpið óhagstætt nýjum rekstraraðilum á fjarskiptamarkaði og að sama skapi hagstætt Landssíma Íslands hf. Fullyrða má að í grundvallaratriðum eins og í möguleikum á samtengingum við heimtaug og gildistökuákvæði um reikisamninga er ekki gengið lengra en óhjákvæmilegt er vegna lögfestingar reglna sem leiðir af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, jafnvel skemur. Þegar á allt er litið má segja að þau framfaraspor sem tekin eru vegna ákvæða sem leiðir af EES-aðildinni séu í mikilvægum atriðum takmörkuð í frumvarpinu.

Það eru einkanlega þrjú atriði í frumvarpinu sem gera að verkum að það markmið þess að efla samkeppni og auka hagkvæmni á íslenskum fjarskiptamarkaði virðist hjóm eitt og þegar markmið um hagkvæmni og samkeppni rekast á hagsmuni Landssímans eru hagsmunir ríkisfyrirtækisins látnir hafa forgang.

Í fyrsta lagi er það sú staðreynd að þrátt fyrir að samgönguráðherra hafi forræði á eignarhaldi ríkissjóðs að Landssíma Íslands er honum samkvæmt frumvarpinu ætlað að hafa íhlutunarvald í fyrirtæki á markaði, auk þess að hafa með höndum reglugerðarvaldið á þessu sviði. 2. minni hluti telur að slík tilhögun muni leiða til hagsmunaárekstra. Að mati 2. minni hluta er hættan á slíkum árekstrum sérlega mikil nú þegar fyrir liggur að ríkisstjórnin hyggst selja allan eignarhlut sinn í Landssímanum eða hluta. Meðan það ástand ríkir er líklegt að samgönguráðherra muni reyna að tryggja verðmæti eignarhlutar ríkissjóðs á kostnað samkeppnisaðila. Þessi staða ein og sér er líkleg til að valda tortryggni sem er líkleg til að standa í vegi fyrir trú manna á fjarskiptamarkaðinum og er staðan því í eðli sínu líkleg til að hamla gegn virkri samkeppni. Má í þessu sambandi vitna til ummæla samgögnuráðherra í ræðu við setningu Samvinnuháskólans á Bifröst 29. ágúst 1999 þar sem hann sagði að úrskurðir Samkeppnisstofnunar væru til þess fallnir að lækka verðgildi Landssímans.

Í öðru lagi eru það reglurnar um aðgang að heimtaug í 20. gr. frumvarpsins. Skilyrðislaus réttur til aðgangs að heimtaug er forsenda þess að virk samkeppni geti orðið að veruleika á íslenskum fjarskiptamarkaði. 2. minni hluti tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu varðandi þýðingu þess að tryggja fjarskiptafyrirtækjum aðgang að heimtaug. Slíkur

aðgangur er til þess fallinn að auka virka samkeppni á því mikilvæga sviði sem fjarskipti eru. Hins vegar telur 2. minni hluti að orða verði ákvæðið skýrar til þess að tryggja að markmið þess náist. Áður en fjallað er nánar um þetta atriði, sbr. og athugasemdir sem fram koma í umsögn Samkeppnisstofnunar, er rétt að fara um það nokkrum almennum orðum. Í því sambandi er nauðsynlegt að hafa m.a. hliðsjón af stöðu Landssíma Íslands hf. á fjarskiptamarkaðnum og erlendri þróun.

Yfirráð Landssímans yfir grunnfjarskiptakerfinu skipta miklu þegar yfirburðastaða fyrirtækisins er metin. Landssíminn hefur á grundvelli tæplega hundrað ára einkaréttar komið sér upp fullkomnu fjarskiptakerfi. Fyrirtækið á lagnir sem tengdar eru nánast öllum heimilum og fyrirtækjum í landinu. Eftir að einkarétturinn var felldur niður gerir þessi staða Landssímans það að verkum að nýir keppinautar eiga erfitt með að ná fótfestu á markaðnum, sérstaklega í almennri talsímaþjónustu. Ein af aðferðunum sem koma til greina til þess að auðvelda aðgang keppinauta að fjarskiptamarkaðnum er að tryggja fullan og ótakmarkaðan aðgang að heimtaug Landssímans. Nauðsynlegt er að útskýra þetta nánar.

Heimtaugin (local loop) er tengingin, snúinn koparvír, milli notandans og hverfissímstöðvar. Nýr keppinautur getur fræðilega séð komið sér upp eigin fjarskiptakerfi og lagt heimtaug til allra viðskiptavina sinna. Hins vegar er það ekki raunhæft vegna mikils kostnaðar og þess langa tíma sem tekur að framkvæma slíkt. Aðgangur að heimtaug gerir nýjum keppinaut kleift að komast inn á markaðinn með minni tilkostnaði og gerir fyrirtækinu kleift að bjóða upp á þá tegund fjarskiptaþjónustu sem það telur henta markaðnum hverju sinni. Ella er nýr keppinautur háður ákvörðunum Landssímans. Aðgangur að heimtaug gerir t.d. nýjum keppinaut fært að bjóða viðskiptavinum sínum upp á háhraðanetaðgang með því að uppfæra koparvírinn í heimtauginni með svonefndri xDSL tækni (Digital Subscriber line).[6]

Með aðgangi að heimtaug er átt við að hinn nýi keppinautur leigi heimtaugina af Landssímanum. Til þess að þetta úrræði skili árangri verður að tryggja í lögum að keppinautar sem uppfylla almenn skilyrði eigi skilyrðislausan rétt á þessum aðgangi. Einnig verður að tryggja að keppinautarnir hafi rétt til að koma fyrir sínum búnaði í hverfissímstöðvum Landssímans (co-location). Jafnframt verður að sjá til þess að Landssíminn geti ekki með verðlagningarstefnu sinni gert þetta úrræði að engu.

Að mati 2. minni hluta er ákvæði 20. gr. frumvarpsins ekki nógu skýrt og gengur of skammt til að tryggja fullan aðgang að heimtaug. Ákvæðið veitir fjarskiptafyrirtækjum ekki sjálfstæðan rétt til þessa aðgangs heldur er það lagt í hendur Póst- og fjaskiptastofnunar að meta í hvert skipti hvort veita skuli aðgang. Ber ákvæðið með sér að Póst- og fjaskiptastofnun verði að meta hvort viðkomandi fjarskiptafyrirtæki sem óskar aðgangs sé fært um að koma sér upp eigin heimtaug til notenda eða hvort eðli og umfang þeirrar fjárfestingar leiði til þess að slíkt sé ekki hagkvæmt. Er augljóst að slíkt mat hlýtur að vera vandasamt og fyrirséð að deilur komi upp um túlkun ákvæðisins milli Landssímans og þeirra keppinauta sem óska aðgangs að heimtaug fyrirtækisins. Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að draga úr virkni ákvæðisins og hindra þá auknu samkeppni sem aðgangur að heimtaug felur í sér. Óvissa um túlkun ákvæðisins og hugsanlegur ágreiningur varðandi beitingu þess getur torveldað nýjum keppinautum að koma inn á markaðinn. Jafnframt er þetta fyrirkomulag ekki í samræmi við hvernig þetta atriði er framkvæmt erlendis.

Ljóst er að í fyrirsjáanlegri framtíð verða það keppinautar Landssímans sem óska eftir aðgangi að heimtaug fyrirtækisins. Í ljósi þess að Landssíminn hefur á grundvelli lögbundins

---

[6] Ýmsar tegundir eru til af DSL tækni, t.d. ADSL, HDSL og VDSL. Samheiti þeirra er xDSL.

einkaréttar getað byggt upp sitt fjarskiptakerfi er ekki óeðlilegt að nýjum keppinautum sé að lögum tryggður þessi aðgangur. Jafnframt er nauðsynlegt að taka fram í ákvæðinu að aðgangsinn skuli veita á grundvelli hlutlægra og málefnalegra skilmála og kjara þar sem jafnræðis sé gætt og að verðlagning skuli vera í samræmi við tilkostnað. Er slíkt einnig í samræmi við erlendar fyrirmyndir.

Sem dæmi má nefna að heimtaugar eða notendalínur eru u.þ.b. 180.000 í landinu. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að Landssími Íslands innheimti 300 kr. á mánuði með virðisaukaskatti fyrir notendalínu. Það hefur einnig komið fram að Landssíminn hyggst hækka þessi gjöld í 1.000–2.000 kr. Þetta þýðir tekjuaukningu fyrirtækisins upp á 120–300 millj. kr. á mánuði eftir því hvaða tala er notuð. Það má öllum vera ljóst að fyrirtæki sem getur hækkað tekjur sínar með þessum hætti er í lófa lagið að taka þátt í samkeppni á símamarkaði með því að lækka skrefagjöld þar sem samkeppni er þegar komin af stað. Það sem vekur sérstaka eftirtekt við þessa umræðu er að hækkunin er að sögn byggð á kostnaðargreiningu fyrirtækisins við rekstur þessara notendalína (koparlína) sem eru að meðaltali 15–25 ára gamlar. Samkvæmt tölunum er rekstrarkostnaður á þessum línum rúmlega 4 milljarðar á ári. Ef haldið er áfram með þetta dæmi er afskriftarverð línanna, ef miðað er við 40 ár, 80–160 milljarðar, án þess að þær tölur séu vaxtareiknaðar frekar. Þó skal tekið fram að í nefndaráliti þessu er vitnað til talna sem fram hafa komið í fjölmiðlum og Póst- og fjarskiptastofnun á eftir að fara yfir og samþykkja. Þá er aftur komið að þeirri staðreynd að Póst- og fjarskiptastofnun heyrir undir samgönguráðherra sem fer með eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf.

2. minni hluti telur nauðsynlegt í ljósi þessara talna, ef mögulegt er að reikna kostnað við rekstur notendalína og hann er talinn jafnhár og áður nefndar tölur bera með sér, að skoða þann möguleika að bjóða rekstur þessara lína út svo lækka megi kostnað.

Í þriðja lagi er það gildistaka ákvæðis um reikisamninga á farsímamarkaði, 21. gr. frumvarpsins, sem gerir það að verkum að markmið þess virðast ekki nást. Í ákvæði til bráðabirgða III er gert ráð fyrir að greinin öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2001. Í 21. gr. segir m.a.: „Þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðvar, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar eða rekstrar farsímastöðvar eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja.“ Að baki þessu hvílir sú hugsun að nýta eins og kostur er þau fjarskiptanet sem þegar hafa verið sett upp og eru ekki fullnýtt. Enn fremur er það í samræmi við viðhorf í umhverfismálum að náttúrunni sé ekki raskað að óþörfu. Að baki þessari hugsun búa hagkvæmnis- og náttúruverndarsjónarmið.

Í umræðum í nefndinni kom fram að engar tæknilegar hindranir standa í vegi fyrir því að ákvæði um reikisamninga taki gildi strax. Innlendur reikisamningur þýðir að farsímafyrirtæki eiga aðgang að farsímanetum annarra fyrirtækja þegar uppbygging eigin aðstöðu er talin óraunhæf. Hér eiga við svipuð eða sambærileg viðhorf og áður hafa verið rakin í umfjöllun um heimtaugina að breyttu breytanda. Í umræðu í nefndinni kom fram að fresturinn á gildistöku þessa ákvæðis, sem þó gengur ekki lengra en raun ber vitni, er tilkominn til að tryggja að Landssíminn fái enn frekara forskot á fjarskiptamarkaði en hann nú hefur.

Til viðbótar þeim atriðum sem vtinað hefur verið vitnað til hér að framan má nefna nokkur smærri atriði sem eru til þess fallin að tryggja stöðu hins markaðsráðandi fyrirtækis:

- Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að innheimta gjald hjá notanda vilji hann halda símanúmeri sínu við flutning viðskipta frá einu fyrirtæki til annars.
- Í frumvarpinu er samgönguráðherra heimilað að setja reglugerð um nánara fyrirkomulag

bókhaldslegrar og fjárhagslegrar aðgreiningar fjarskiptafyrirtækja þrátt fyrir að fara með eignarhald ríkisins í einu þeirra.

– Í frumvarpinu er kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna fjarskiptaþjónustu og sem uppfylla ákveðinn skilyrði, skuli eiga rétt og bera skyldu til að semja um samtengingu sín á milli. Þessu ákvæði ber að fagna sérstaklega en vakin er athygli á því að ef ekki tekst vel til í framkvæmd er hætta á að markaðsráðandi aðili geti tafið mál og þannig gert þetta ákvæði marklítið.

2. minni hluti mun við afgreiðslu málsins greiða atkvæði með einstökum greinum en mun sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins í heild á þeim forsendum sem að framan eru raktar.

Alþingi, 16. des. 1999.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Kristján L. Möller.

470. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá 2. minni hluta samgöngunefndar.

Í frumvarpi til laga um Póst og fjarskiptastofnun og frumvarpi til laga um fjarskipti birtast leikreglur fyrir fyrstu skrefin frá lögbundinni einokun sem var á rekstri fjarskiptaneta hér á landi frá árinu 1906 til ársins 1998. Ítarlega er gerð grein fyrir málinu í nefndaráliti 2. minni hluta um frumvarp til laga um fjarskipti, 122. mál, enda um nátengd mál að ræða. Af ástæðum sem þar eru greindar, sérstaklega þar sem samgönguráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf., jafnframt því að fara með yfirstjórn Póst- og fjarskiptastofnunar, mun 2. minni hluti sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1999.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Kristján L. Möller.

471. Frumvarp til laga [289. mál]

um breytingu á lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Greiða skal 0,5% stimpilgjald af fjárhæð hlutabréfa sem gefin hafa verið út í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. Um gjaldið fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. Ekki skal greiða stimpilgjaldsálag vegna þeirra hlutabréfa sem þegar hafa verið gefin út í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf., enda verði gjaldið greitt innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að afnumin verði undanþága frá greiðslu stimpilgjalds af útgefnum hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. Þessi tilhögun er eðlileg í ljósi þess að starfsemi þessara félaga er nú að hluta eða öllu leyti á samkeppnismarkaði. Hlutafé í Landssímanum hf. er 7.059 millj. kr. en 1.447 millj. kr. í Íslandspósti hf. Stimpilgjald af hlutabréfum í félögunum yrði því samtals um 42,5 millj. kr. eða 35,3 millj. kr. vegna Landssímans hf. og 7,2 millj. kr. vegna Íslandspósts hf.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Tilgangur frumvarpsins er að setja á 0,5% stimpilgjald af fjárhæð hlutabréfa sem hafa verið gefin út í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. Um gjaldið fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að afnema ákvæði um undanþágu frá greiðslu stimpilgjalds af útgefnum hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. Þessi tillhögun er eðlileg í ljósi þess að starfsemi þessara félaga er nú að hluta eða öllu leyti á samkeppnismarkaði. Hlutafé í Landssímanum hf. er 7.059 m.kr. en 1.447 m.kr. í Íslandspósti hf. Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi af hlutabréfum í félögunum yrðu samtals um 42,5 m.kr, eða 35,3 m.kr. frá Landssíma hf. og 7,2 m.kr. frá Íslandspósti hf.

472. Frumvarp til laga [290. mál]

um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fasteignamat ríkisins annast fasteignaskráningu samkvæmt lögum þessum og rekstur gagna- og upplýsingakerfis er nefnist Landskrá fasteigna sem er á tölvutæku formi.

Í Landskrá fasteigna skal skrá allar fasteignir í landinu og er hún grundvöllur skráningar fasteigna, þinglýsingabókar fasteigna, mats fasteigna og húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár, og þannig úr garði gerð að hún nýtist sem stoðgagn í landupplýsingakerfum.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr., sem orðast svo:

Hverja fasteign skal meta til verðs eftir því sem næst verður komist á hverjum tíma og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

3. gr.

2. gr. laganna, er verður 3. gr., sem orðast svo:

Fasteign samkvæmt lögum þessum er afmarkaður hluti lands, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt.

Fasteignir, hluta þeirra og einstök mannvirki skal skrá sem sérstakar eindir í Landskrá fasteigna svo sem hér segir.

a. land, þ.e. hver sá skiki lands sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamerkja getur talist sjálfstæð eind,
b. mannvirki sem gert hefur verið í landi eða á eða verið við það tengt,
c. séreignarhlutar í fjöleignarhúsum samkvæmt lögum um fjöleignarhús,
d. hlutar mannvirkja ef um sérstaka notkun þeirra er að ræða,
e. ræktun,
f. hlunnindi,
g. önnur réttindi tengd fasteignum.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið nánari skráningu samkvæmt framansögðu og að skrá skuli fleiri eindir fasteigna en þær sem taldar eru í 2. mgr.

4. gr.

Í stað orðanna „2. gr.“ í 3. gr. laganna, er verður 4. gr., kemur: 3. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna, er verður 5. gr.:

a. Í stað orðanna „3. gr.“ í 1. mgr. kemur: 4. gr.
b. Í stað orðanna „12. gr.“ í 2. mgr. kemur: 21. gr.

6. gr.

Í stað orðanna „19. gr.“ og „9. gr.“ í 3. mgr. 6. gr. laganna, er verður 7. gr., kemur: 28. gr., og 18. gr.

7. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Landskrá fasteigna,** með níu nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (10. gr.)

Landskrá fasteigna skal mynduð af stofnhluta, mannvirkjahluta, fasteignamatshluta og þinglýsingarhluta er geyma eftirfarandi:

1. Í stofnhluta eru heiti, auðkenni og afmörkun fasteigna.
2. Í mannvirkjahluta eru byggingarfræðileg atriði um fasteignir og notkun þeirra eða einstaka hluta þeirra eftir því sem við á.
3. Í fasteignamatshluta eru matsgögn ásamt fasteigna- og brunabótamati.
4. Í þinglýsingarhluta eru þinglýstir eigendur og eignarhlutur þeirra skráður ásamt þinglýstum veðböndum, kvöðum og öðru er þinglýsingabók heldur.

Um þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna og upplýsingar er hann geymir fer eftir ákvæðum þinglýsingalaga.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari fyrirmæli um gerð og efni Landskrár fasteigna.

b. (11. gr.)

Fasteignamat ríkisins forskráir grunnupplýsingar í stofnhluta Landskrár fasteigna. Með forskráningu er átt við skráningu upplýsinga í biðskrá. Þessar upplýsingar færast í stofnhluta Landskrár fasteigna við þinglýsingu eða staðfestingu þinglýsingarstjóra og telst það þá fullnaðarskráning. Fullnaðarskráning eða breyting grunnupplýsinga í stofnhluta Landskrár fasteigna verður aðeins með þinglýsingu í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

c. (12. gr.)

Allt sérgreint og afmarkað land skal bera fast númer, landnúmer, sem er auðkenni landskika í Landskrá fasteigna. Númerið er hlaupandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar.

Ef fasteign er mynduð af fleiri en einum landskika skal hver skiki auðkenndur með sérstöku landnúmeri. Slík fasteign skal bera eitt heiti. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að einstakir skikar hafi undirheiti við aðalheitið.

Í þéttbýli skulu opin svæði og götur utan afmarkaðra lóða og landsvæða auðkennd með einu eða fleiri landnúmerum eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

Í hverju sveitarfélagi skulu þjóðlendur og afréttarlönd sem liggja utan marka lögbýla bera landnúmer.

Fasteignamat ríkisins úthlutar landnúmeri við forskráningu.

d. (13. gr.)

Allar fasteignir skulu bera fast auðkenni, fastanúmer. Númerið er hlaupandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar. Auk fastanúmers ber hver fasteign heiti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl.

Fasteignamat ríkisins úthlutar fastanúmeri við forskráningu.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um heiti fasteigna, annarra en þeirra sem falla undir lög um bæjanöfn, o.fl.

e. (14. gr.)

Eigandi skal gefa út stofnskjal fyrir hverja lóð eða heildarsafn lóða sem myndaðar eru í Landskrá fasteigna. Í stofnskjali skal koma fram:

a. heiti landeignar samkvæmt ákvörðun sveitarfélags eða lögum um bæjanöfn, eftir því sem við á,
b. landnúmer lóðar, eitt eða fleiri,
c. landnúmer þess lands sem lóð er tekin úr,
d. afmörkun lóðar á uppdrætti sem staðfestur hefur verið af skipulagsyfirvöldum,
e. fastanúmer hverrar lóðar eða jarðar sem hefur beina tilvísun í þá skika sem henni tilheyra,
f. nafn og kennitölu eiganda lands.

f. (15. gr.)

Við myndun fasteignar í fjöleignarhúsi skal Fasteignamat ríkisins forskrá auðkenni hvers séreignarhluta í húsinu, fastanúmer og skilgreiningu og auðkenni þess rýmis í húsinu sem tilheyrir hverjum séreignarhluta.

Fasteignir í fjöleignarhúsum skulu afmarkaðar á grunnteikningum. Um skráningu fasteigna í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignarhús.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skráningu fasteigna.

g. (16. gr.)

Sveitarstjórn skal tilkynna Fasteignamati ríkisins um breytingar á heiti fasteignar. Fasteignamat ríkisins skal framsenda viðkomandi þinglýsingarstjóra tilkynningu sveitarfélags.

Breyting skv. 1. mgr. tekur gildi í Landskrá fasteigna við staðfestingu þinglýsingarstjóra og skal Fasteignamat ríkisins tilkynna hana til Hagstofu Íslands, þjóðskrár, að staðfestingu lokinni.

Í Landskrá fasteigna skal halda ferilskrá yfir breytingar á fasteignum þar sem fyrri heiti og auðkenni og tengsl þeirra við gildandi heiti og auðkenni eru varðveitt.

h. (17. gr.)

Landeiganda er skylt að þinglýsa stofnskjali er ný fasteign verður til við skiptingu lands.

Áður en heimild er veitt til veðsetningar eða mannvirkjagerðar á leigulóð eða landi í eigu sveitarfélags skal sveitarstjórn hlutast til um að fasteign verði skráð með þinglýsingu stofnskjals.

Áður en heimild er veitt til mannvirkjagerðar á eignarlóð skal sveitarstjórn hlutast til um að fasteign verði skráð með þinglýsingu stofnskjals.

i. (18. gr.)

Að gerð Landskrár fasteigna skal starfa samráðsnefnd fimm manna sem ráðherra skipar. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af fjármálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn af dómsmálaráðherra, einn af Hagstofu Íslands, einn af umhverfisráðherra og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk nefndarinnar er að samræma skráningu fasteigna og vera viðkomandi aðilum til ráðgjafar um myndun og þróun Landskrár fasteigna og framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Í stað orðsins „fasteignaskrá“ í 2. og 4. mgr. 11. gr. laganna, er verður 21. gr., kemur: Landskrá fasteigna.

9. gr.

Í stað orðsins „fasteignaskrá“ í 1. mgr. 12. gr. laganna, er verður 22. gr., kemur: Landskrá fasteigna.

10. gr.

Í stað orðsins „fasteignaskrárinnar“ í 15. gr. laganna, er verður 24. gr., kemur: Landskrá fasteigna.

11. gr.

Í stað orðanna „17. gr.“ í 1. mgr. 18. gr. laganna, er verður 27. gr., kemur: 26. gr.

12. gr.

Í stað orðanna „9. gr.“ í 1. mgr. 20. gr. laganna, er verður 29. gr., kemur: 18. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna, er verður 30. gr.:

a. Í stað orðanna „19. og 20. gr.“ í 1. mgr. kemur: 28. og 29. gr.
b. Í stað orðsins „fasteignaskrá“ í 2. mgr. kemur: Landskrá fasteigna.
c. Í stað orðanna „22. gr.“ í 2. mgr. kemur: 31. gr.

14. gr.

Í stað orðanna „21. gr.“ í 22. gr. laganna, er verður 31. gr., kemur: 30. gr.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna er verður 33. gr.:

a. Í stað orðanna „21. gr.“ í 1. mgr. kemur: 30. gr.
b. Í stað orðsins „fasteignaskrá“ í 2. mgr. kemur: Landskrá fasteigna.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna, er verður 35. gr.:

a. Í stað orðanna „13. gr.“ í 1. mgr. kemur: 22. gr.
b. Í stað orðsins „fasteignaskrá“ í 3. mgr. kemur: Landskrá fasteigna.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum, og gefa þau út með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, sem flutt er samhliða frumvarpi um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978 og frumvarpi til laga um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, er stigið þýðingarmikið skref

í átt að því að sameina helstu skrár um fasteignir í landinu, fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins og þinglýsingabækur sýslumanna.

Fyrsta skrefið í samræmingunni er myndun samhæfðs gagna- og upplýsingakerfis um allar fasteignir í landinu er nefnist Landskrá fasteigna. Það skal vera sameiginleg skrá um fasteignir, þinglýsingar fasteigna, mat fasteigna og húsaskrá Hagstofu Íslands, þjóðskrár.

Jafnframt gerð Landskrár fasteigna er tilgangur frumvarpsins að samræma verklag skráningaraðila við skráningu fasteigna í samhæfðri tölvuvinnslu. Í þessu tilliti er samræming réttindaskráningar sýslumanna og fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins mikilvægust. Í þriðja lagi er tilgangur frumvarpsins að leggja fyrsta grunn að skráningu eignamarka lands á tölvutæku formi sem nýtist m.a. til rekstrar landupplýsingakerfa.

Með myndun Landskrár fasteigna verður til samhæft gagna- og upplýsingakerfi um allar fasteignir sem nýtast mun öllum sem nú halda sérstakar fasteignaskrár. Hagræðið af þessu fyrir notendur Landskrár er margvíslegt. Skráin skal þannig úr garði gerð að hagkvæmt verði fyrir notendur hennar að leggja af sjálfstætt skráarhald. Með því að hvert upplýsingaatriði er aðeins fært einu sinni í Landskrána sparast sú margskráning sem nú fer fram hjá ýmsum skráarhöldurum. Það leiðir af sér meiri áreiðanleika upplýsinga og eykur þar með öryggi í viðskiptum. Fasteignamat allra fasteigna í landinu nemur nú um 1.000 milljörðum kr. og má því fullyrða að fasteignir séu mikilvægasta stoðin undir efnahagskerfi þjóðarinnar. Samhæfð, áreiðanleg og markviss skráning fasteigna og réttinda er þeim tengjast er því ein af meginstoðum efnahagslífsins og undirstaða frjálsra viðskipta og hagvaxtar í þjóðfélaginu.

Grunnurinn að frumvarpi þessu er samstarfsverkefnið Landskrá fasteigna sem á rætur sínar að rekja til endurnýjunar kerfishugbúnaðar hjá Fasteignamati ríkisins árið 1992. Athugun samfara endurgerð tölvukerfis Fasteignamatsins leiddi þá í ljós að sjálfstæðir skráarhaldarar fasteignaupplýsinga voru auk Fasteignamatsins, þinglýsingarstjórar, byggingarfulltrúar, álagningardeildir sveitarfélaga, Hagstofa Íslands, þjóðskrá, tryggingafélög og fleiri aðilar.

Byggingarfulltrúar, Fasteignamat ríkisins og þinglýsingarstjórar skrá upplýsingar um fasteignir eftir mismunandi lögum sem ekki hafa að geyma samræmd ákvæði um skráningu fasteigna og hefur það leitt til misræmis í skráningu sömu fasteigna í einstökum skrám. Sérstaklega hefur skort samræmdar reglur um hvernig ný fasteign verði stofnuð í einstökum skrám. Misræmi í þeim upplýsingum sem skrárnar geyma hefur valdið því að ekki er unnt að tengja þær saman og þannig hefur verið viðhaldið tvíverknaði sem fylgir skráarhaldi margra aðila um sömu upplýsingaatriði. Auk mismunandi skráningarreglna má skýra misræmi í fasteignaskráningu með því að skráarhaldarar safna fasteignaupplýsingum hver með sínum hætti og í misjöfnum tilgangi. Fasteignamat ríkisins heldur fasteignaskrá sem geymir upplýsingar um fasteignir, eigendur þeirra og matsverð, auk númerakerfis um fasteignir sem gerir myndun Landskrár fasteigna samkvæmt frumvörpunum mögulega. Þinglýsingabók geymir þinglýstar upplýsingar um fasteignir, eigendur þeirra og áhvílandi veðskuldir. Byggingarfulltrúar sem hafa tölvuvæðst, skrá upplýsingar um fasteignir og eigendur þeirra, auk ýmissa tæknilegra upplýsinga um mannvirki. Í álagningarskrá sveitarfélaga eru upplýsingar um fasteignir, eigendur og álagningarforsendur. Þjóðskrá Hagstofu Íslands geymir upplýsingar um heiti húsa og númer.

Vart þarf að rökstyðja það hagræði sem leiða mun af samræmingu skránna í eitt gagna- og upplýsingakerfi, en auk hagræðis af einskráningu upplýsinga í samhæfðum grunni leiðir sameiginleg gagnavinnsla til betri miðlunar upplýsinga milli einstakra skráningaraðila.

Innan Stjórnarráðsins var myndaður svokallaður stýrihópur um verkefnið Landskrá fasteigna. Í honum eiga sæti ráðuneytisstjórar fjármálaráðuneytis, Hagstofu Íslands, dómsmála-

ráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis auk formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa Reykjavíkurborgar. Á fyrsta fundi hópsins 4. nóvember 1992 voru sett þau markmið að með gerð Landskrár fasteigna yrði komið á laggirnar einskráningu upplýsinga í skilvirku skráningarferli með skýra hlutverkaskiptingu skráningaraðila og hagkvæmni heildarinnar að leiðarljósi. Meginmarkmiðið með gerð Landskrár fasteigna væri að uppfylla þörf fyrir einhlíta og varanlega skrá um lönd, lóðir og fasteignir þeim tengdar, sem komi að almennum notum fyrir þá sem þurfa á henni að halda, hliðstætt og þjóðskrá Hagstofu Íslands.

Á vegum verkefnahóps um Landskrá fasteigna hefur nú í fjögur ár staðið yfir tilraunaverkefni hjá sýslumannsembættinu í Kópavogi með það að markmiði að koma á samtengdri gagnavinnslu byggingarfulltrúa, Fasteignamats ríkisins og þinglýsingarstjóra. Hefur þessi tilraun farið saman við yfirfærslu þinglýsingabóka hjá sýslumannsembættinu í nýtt tölvukerfi þinglýsinga sem er hluti af gagna- og upplýsingakerfi Landskrár fasteigna. Þróun nýs tölvukerfis fyrir þinglýsingar hefur reynst nauðsynleg vegna annmarka á eldra kerfi sem hannað var fyrir ríflega tíu árum af Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar (Skýrr) til þinglýsinga við embætti borgarfógeta í Reykjavík. Skýrr-kerfið var síðar einnig tekið í notkun í Hafnarfirði og á Ísafirði. Þrátt fyrir að skráning í þetta tölvukerfi hafi í upphafi verið byggð á upplýsingum úr fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins þróuðust mál svo að misræmi fór vaxandi milli skránna. Tvær ástæður lágu til þess. Önnur var sú að við hönnun þess var í sparnaðarskyni sleppt tveimur tölusætum úr tilvísun til númerakerfis Fasteignamats ríkisins. Jafnframt láðist að gera ráð fyrir skráningu lóða og tengingu fasteigna í húsum við þær. Afleiðingin varð sú að tilvísun til númerakerfis Fasteignamats ríkisins nýttist ekki sem skyldi við skráningu eigna í þinglýsingarkerfið og samræming milli kerfanna varð sífellt erfiðari. Aðalforsendan við hönnun nýs þinglýsingarkerfis hefur af þessum sökum verið sú að skrá Fasteignamats ríkisins og þinglýsingabók notuðu sömu auðkenni fasteigna því aðeins að þannig væri tryggt að skrárnar væru einhlítar og tryggðu þau réttindi borgaranna sem þær lýsa. Nokkur hluti af vinnu við landskrárverkefnið hefur farið í að skilgreina að nýju verkaskiptingu milli skráningaraðila til að tryggja að hvert atriði verði aðeins skráð einu sinni, að hver aðili sé ábyrgur fyrir áreiðanleika skráningar sinnar og að aðrir skráningaraðilar breyti henni ekki. Reynsla hefur þegar fengist af samanburði og samræmingu skráa í tilraunaverkefni Landskrár fasteigna í Kópavogi og er efni frumvarpsins að nokkru byggt á henni.

Landskrá fasteigna er skilgreind sem gagna- og upplýsingakerfi sem samsett er af einstökum skráarhlutum, eftir eðli þeirra upplýsinga sem við á. Meginatriðið er að skráningaraðilum hafa verið sett skýr hlutverk í sameiginlegri gagnavinnslu þar sem stefnt er að því að hvert atriði sé aðeins skráð einu sinni og gagnkvæmt flæði upplýsinga milli skráningaraðila skapi hagræði og veiti yfirsýn. Gagnvart notendum mynda skrárhlutarnir þó eina skrá. Mismunandi reglur kunna að gilda um aðgengi almennings að upplýsingum úr einstökum skráarhlutum vegna lagareglna um vernd persónuupplýsinga.

Undir stofnhluta Landskrár falla allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að skilgreina og afmarka fasteignir. Aðrir skráarhlutar munu sækja í stofnhluta grunnupplýsingar um heiti, auðkenni og afmörkun fasteigna. Að þessu leyti má bera stofnhluta saman við kennitöluskrá þjóðskrár Hagstofu Íslands.

Í mannvirkjahluta Landskrár eru ýmsar byggingafræðilegar upplýsingar, svo sem um byggingarefni og fleira er viðkemur tæknilegri lýsingu fasteigna. Fasteignamatshluti landskrár geymir matsforsendur og matsverð. Þinglýsingahluti Landskrár hefur í þessu tilliti nokkra sérstöðu þar sem um hann gilda sérstök lög, þinglýsingalög. Þinglýsingabók er réttindaskrá þar sem eru m.a. upplýsingar um heiti, auðkenni og afmörkun fasteigna, auk eig-

enda- og veðhafaskrár fasteigna. Því er mikilvægt að tengja núverandi þinglýsingabók við Landskrá til að tryggja að stofnhluti hennar hvíli ávallt á þinglýstum heimildum.

Gert er ráð fyrir að myndun Landskrár fasteigna taki nokkurn tíma. Verkefni þessu má skipta í tvennt. Annars vegar er um að ræða undirbúningsvinnu og yfirfærslu núverandi skráningarupplýsinga í gagnasafnið og hins vegar endurgerð ófullkominna upplýsinga. Áður en yfirfærsla skráningarupplýsinga getur farið fram verður að tölvufæra allar handfærðar þinglýsingabækur og uppfæra gögn úr núverandi þinglýsingarkerfi sem notað er við sýslumannsembættin í Reykjavík, á Ísafirði og í Hafnarfirði. Dómsmálaráðuneytið mun annast yfirfærslu þinglýsingabóka fasteigna í Landskrá fasteigna í samvinnu við Fasteignamat ríkisins og er stefnt að því að henni ljúki fyrir árslok 2003. Vegna þessa þarf jafnframt að undirbúa sveitarfélög sem öðlast munu forskráningarhlutverk í Landskrá fasteigna. Þau þurfa að tengjast tölvukerfi Landskrár á sama hátt og þinglýsingarstjórar. Að þessum undirbúningi loknum þarf að yfirfæra upplýsingar, leiðrétta misræmi í skráningu og leggja mat á núverandi skráningarupplýsingar. Í frumvarpi um breytingar á þinglýsingalögum sem lagt er fram samhliða þessu, er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglur um hvernig bregðast skuli við misræmi í skráningu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Fasteignamat ríkisins verði skráarhaldari gagna- og upplýsingakerfisins Landskrá fasteigna. Í því hlutverki felst rekstur á tölvukerfum Landskrár, auk nauðsynlegrar þjónustu við allt að 100 skráningaraðila hjá sveitarfélögum og sýslumannsembættum. Jafnframt er gert ráð fyrir auknum verkefnum á sviði gagnavinnslu og upplýsingagjafar til notenda Landskrár fasteigna. Væntanlegir notendur Landskrár verða fjölmargir. Þar á meðal má nefna atvinnulífið svo sem fjármálastofnanir, tryggingafyrirtæki, byggingafyrirtæki og fasteignasölur og opinbera aðila, svo sem ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög, auk þess sem allur almenningur mun geta haft aðgang að Landskrá fasteigna t.d. í gegnum vefútgáfu. Efla þarf tölvudeild Fasteignamats ríkisins til að halda Landskrá fasteigna. Ætlunin er að þessi starfsemi verði á umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri. Um er að ræða 10–12 störf sem hafa það verkefni að reka tölvukerfi sem heldur Landskrá fasteigna, þjónusta notendur skrárinnar og annast almenna þjónustu Fasteignamats ríkisins á Norðurlandi en þar starfa nú fimm menn. Grundvöllur þess að Landskrá fasteigna sé haldin á Akureyri er að gagnaflutningur til og frá umdæmisskrifstofunni sé hraðvirkur og öruggur.

Stofnun eins gagna- og upplýsingakerfis, Landskrár fasteigna, er stórt skref í átt að framtíðarskipulagi fasteignaskráningar í landinu. Næsta skref felst m.a. í hnitasetningu eignamarka á landi sem er nauðsynleg forsenda fyrir gerð eignamarkakorts, öðru nafni landeignaskrár, fyrir landið allt, en nú er engin slík skrá fyrir hendi. Brýn þörf er á myndun slíkrar skrár á næstu árum til að eyða óvissu um eignamörk á landi og auðvelda gerð korta af landi með eignamörkum á stafrænu formi. Upplýsingar í landeignaskrá munu jafnframt nýtast sem stoðgögn í landupplýsingakerfum.

Frumvörp til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna og frumvarp til laga um breyting á þinglýsingarlögum þinglýsingalögum voru fyrst lögð fram á Alþingi á 123. löggjafarþingi en hlutu þá ekki afgreiðslu. Frumvörpin eru nú lögð fram að nýju að lokinni endurskoðun á efni þeirra, ásamt frumvarpi um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994. Á milli þinga hefur verið leitað umsagnar um efni framangreindra tveggja frumvarpa hjá hagsmunaaðilum eins og Sýslumannafélagi Íslands, Félagi fasteignasala og Húseigendafélaginu. Frá þessum aðilum hafa komið gagnlegar ábendingar sem tekið hefur verið tillit til við endurskoðun frumvarpanna. Frumvarp um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, tryggir nauðsynlega fjármögnun við framkvæmd framangreindra lagafrumvarpa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni kemur fram að Fasteignamat ríkisins annast fasteignaskráningu og rekstur gagna- og upplýsingakerfis þar að lútandi er nefnist Landskrá fasteigna. Áskilið er að gagnasafnið skuli vera á tölvutæku formi sem gerir mögulega frekari úrvinnslu þeirra upplýsinga sem þar eru geymdar. Meginbreytingin frá gildandi lögum er að jafnframt er tekið fram að skráin skuli vera grundvöllur annarra opinberra skráa um fasteignir, þ.e. þinglýsingabókar, matsskrár fasteigna og húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár. Loks er þess getið að Landskrá fasteigna skuli nýtast sem stoðgagn í landupplýsingakerfum.

Með því er átt við að stafræn kort um eignamörk lands og önnur atriði skuli hafa tilvísun í eignarréttarlega afmörkun fasteigna samkvæmt Landskrá fasteigna.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta var áður í 2. málsl. 1. gr. laganna. Hér er því ekki um nýmæli að ræða heldur er með breytingunni lögð aukin áhersla á skráningarhlutverk Fasteignamats ríkisins þar sem mat fasteigna er fremur úrvinnsla upplýsinga sem áður hafa verið skráðar.

Um 3. gr.

Hér er lögð til breyting frá gildandi lögum á skilgreiningu hugtaksins fasteign. Fyrri skilgreining var í ósamræmi við hefðbundna skilgreiningu á fasteign samkvæmt eignarrétti og auðkenningar á einstökum skikum jarða með landnúmerum. Skilgreiningin fylgir nú hefðbundinni skilgreiningu í eignarrétti, þ.e. að fasteign sé afmarkaður hluti lands, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og mannvirkjum sem varanlega er við landið skeytt.

Jafnframt eru hér skilgreindar svonefndar skráningareindir í Landskrá fasteigna sem mynda eina fasteign eða mannvirki. Slíkar skráningareindir eru land, mannvirki, séreignarhlutar fjöleignarhúsa, hlutar mannvirkja, ræktun, hlunnindi og önnur réttindi. Heimilt er með reglugerð að bæta við fleiri skráningareindum fyrir einstaka hluta fasteigna.

Um 4.–6. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa þar sem hér er einungis um tilfærslur á númerum greina að ræða.

Um 7. gr.

Meginbreyting á efni laganna felst í því að á eftir II. kafla er bætt við nýjum kafla sem skiptist í níu greinar um Landskrá fasteigna.

Í a-lið er mælt fyrir um skipan gagna- og upplýsingakerfisins Landskrá fasteigna. Skipting Landskrárinnar í einstaka hluta þjónar þeim tilgangi að greina á milli þeirra upplýsinga sem eru eignarréttarlegs eðlis og annarra er varða tæknileg atriði og myndun skattstofna fyrir álagningu fasteignagjalda. Gagnvart notendum mun Landskrá birtast sem ein upplýsingaheild er geymir allar skráðar upplýsingar er varða fasteignir.

Í stofnhluta Landskrár verða fyrst um sinn grunnupplýsingar er varða heiti og auðkenni fasteigna. Þegar nægilega góðar upplýsingar liggja á stafrænu formi er gert ráð fyrir að afmörkun fasteigna bætist við. Með afmörkun er átt við eignarréttarlega afmörkun fasteignar með hnitum annars vegar og afmörkun séreignarhluta í fjöleignarhúsi á grunnteikningu hins vegar. Þessi hluti Landskrárinnar er sameiginlegur kjarni hennar þar sem fasteignir eru skilgreindar. Aðrir hlutar Landskrár sækja grunnupplýsingar um fasteignir í stofnhlutann. Að þessu leyti má líkja stofnhlutanum við fyrirtækjaskrá og þjóðskrá Hagstofu Íslands sem

skilgreina lögpersónur og einstaklinga. Við upplýsingum í stofnhluta verður einungis hreyft með þinglýsingu nýrra upplýsinga. Í þessu felst helsta nýmæli Landskrár fasteigna fyrir fasteignaskráningu, þ.e. að grunnupplýsingum er ekki unnt að breyta nema með lögformlegum hætti. Einstakir skráningaraðilar hafa því ekki sjálfdæmi um þær upplýsingar sem geymdar eru í stofnhluta. Undir stofnhluta Landskrár fellur einnig væntanleg landeignaskrá sem fjallað er um í 29. og 30. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, þar sem mörk landa og lóða verða skilgreind með hnitum. Hugtakið landeignaskrá er hér notað yfir skrá yfir framsetningu eignamarka lands með hnitum. Slík skrá skal grundvölluð á afmörkun landa og lóða samkvæmt upplýsingum úr þinglýstum heimildarskjölum þar sem þess er kostur. Ekki er í þessu frumvarpi tekin afstaða til þess hvernig staðið skuli að gerð landeignaskrár. Hins vegar er ljóst að mikilvæg forsenda fyrir gerð hennar er myndun Landskrár fasteigna með samruna skrár Fasteignamats ríkisins og þinglýsingabóka. Önnur forsenda fyrir gerð landeignaskrár er að til sé nægilega þéttriðið net grunnmælipunkta í samræmdu landshnitakerfi svo að mæla megi mörk jarða með nauðsynlegri nákvæmni. Þriðja forsendan fyrir gerð landeignaskrár er að til verði stétt landmælingamanna sem hafi til að bera nauðsynlega þekkingu. Þetta er ekki síst nauðsynlegt þar sem hnitasetning jarða- og lóðamarka felur í sér ákvörðun um eignarréttarlega afmörkun fasteignar í stofnhluta Landskrár fasteigna. Þess ber að geta að landeignaskrá kemur til með að leysa af hólmi landamerkjaskrár jarða samkvæmt lögum nr. 41/1919, um landamerki. Með afmörkun landa og lóða með hnitum í viðurkenndu hnitakerfi er átt við þau hnitakerfi sem nú eru notuð hjá þéttbýlissveitarfélögum, þ.e. sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, og stærri bæjarfélögum úti um land, eða hið nýja landshnitakerfi, ISN-93 (Íslandsnet 1993).

Til mannvirkjahluta heyra ýmsar byggingarfræðilegar upplýsingar um fasteignir, svo sem skráningartöflur, flatarmál og stærðir ýmiss konar, byggingarefni og síðar bygginganefndarteikningar, þegar farið verður að geyma þær á stafrænu formi. Um skráningartöflur mannvirkja er nánar fjallað í reglugerð nr. 406/1978, um fasteignaskráningu og fasteignamat, sem breytt var með reglugerð nr. 458/1998 og reglugerð nr. 471/1997, um eignaskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum.

Fasteignamatshluti geymir ýmsar forsendur fyrir virðingu fasteigna ásamt upplýsingum um matsverð. Undir þinglýsingahluta falla áður taldar upplýsingar úr stofnhluta auk annarra upplýsinga úr þinglýsingabók. Um þinglýsingarhluta Landskrár fer að öðru leyti eftir ákvæðum þinglýsingalaga.

Í b-lið er mælt fyrir um að Fasteignamat ríkisins forskrái grunnupplýsingar í stofnhluta Landskrár fasteigna. Megin hagræðið af sameiginlegri gagnavinnslu skráningaraðila, er að stefnt er að því að hvert atriði verði aðeins fært einu sinni í gagnasafnið. Í þessu skyni verða upplýsingar um myndun eða breytingu fasteignar fyrst forskráðar hjá Fasteignamati ríkisins, eða eftir atvikum, byggingarfulltrúa og að lokum staðfestar með þinglýsingu. Með forskráningu er átt við að efni skjals sé fært til bráðabirgða á svokallaða biðskrá. Þýðingarmikið atriði er að forskráning er einungis til bráðabirgða og eru réttaráhrif skráningarinnar því bundin við þá staðfestingu sem felst í þinglýsingunni eftir ákvæðum þinglýsingalaga.

Í c-lið er fjallað um landnúmer sem er auðkenni við skráningu landskika í Landskrá fasteigna. Sé fasteign, t.d. jörð, mynduð af fleiri en einum landskika fær hver skiki sérstakt landnúmer. Slíkt auðkenni ásamt afmörkun lands er ein meginforsenda þess að halda megi upplýsingar um eignamörk lands. Til þess að fullgera megi væntanlega landeignaskrá er gert ráð fyrir að opin svæði og götur í þéttbýli sem falla utan afmarkaðra lóða og landsvæði fái sérstakt landnúmer. Slík svæði má færa undir einu landnúmeri eða fleiri í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Á sama hátt er gert ráð fyrir að þjóðlendur og afréttarlönd sem liggja utan marka

lögbýla beri landnúmer. Gert er ráð fyrir að þörfin fyrir útgáfu landnúmera fyrir opin svæði og götur í þéttbýli annars vegar, og þjóðlendur og afréttarlönd í dreifbýli hins vegar verði ekki að fullu ljós fyrr en hafist verður handa við gerð landeignaskrár. Úthlutun landnúmera er á vegum Fasteignamats ríkisins. Í framkvæmd verður það tölvukerfi Landskrár fasteigna sem úthlutar númerum þegar landskiki er skráður, en gert er ráð fyrir að grunnkortagerð Landmælinga Íslands og hið nýja landshnitakerfi, ISN-93 (Íslandsnet 1993), séu forsendur fyrir gerð landeignaskrár.

Í d-lið er lagt til að allar fasteignir beri skráningarlegt auðkenni, fastanúmer. Í tölvukerfi Fasteignamats ríkisins hafa þessi númer þegar verið tekin upp sem auðkenni fasteignar. Auk fastanúmers skal hver fasteign bera heiti samkvæmt ákvörðun sveitarfélags eða samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. Með heiti er hér átt við götuheiti, húsnúmer og heiti séreignarhluta í fjöleignarhúsi. Fasteignamat ríkisins úthlutar fastanúmerum við forskráningu fasteignar. Hér er veitt heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um heiti fasteigna annarra en þeirra sem falla undir lög um bæjanöfn o.fl. Í 29. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, er gert ráð fyrir að öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélagi verði gefin nöfn og númer sem skuli þinglýsa. Rétt þykir að ráðherra setji um þetta reglur og hafi um það samráð við umhverfisráðherra vegna áðurnefndrar 29. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í e-lið eru í fyrsta sinn sett ákvæði í lög um það hvernig fasteign verði stofnuð í opinberum skrám. Nýmæli er að til grundvallar myndun nýrrar fasteignar skuli liggja svonefnt stofnskjal. Í stofnskjali sem landeigandi gefur út skal tilgreina heiti landeignar samkvæmt ákvörðun sveitarfélags, landnúmer lands sem lóð er tekin úr og landnúmer þeirrar lóðar sem mynduð er, afmörkun lands og lóðar á uppdrætti sem skipulagsyfirvöld hafa staðfest, fastanúmer hverrar fasteignar sem mynduð er og nafn og kennitölu eiganda fasteignar. Fasteignamat ríkisins forskráir stofnskjal fasteignar í Landskrá fasteigna. Við þinglýsingu stofnskjals færist efni þess í stofnhluta Landskrár fasteigna og telst þá ný fasteign mynduð í skránni.

Í f-lið er fjallað um skráningu mannvirkja. Ekki er hér um nýmæli að ræða. Um myndun séreignarhluta í fjöleignarhúsi gilda sérstakar reglur samkvæmt lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Á grundvelli þeirra hafa verið settar reglur sem fjalla um skráningarskyld atriði fjöleignarhúsa og annarra mannvirkja. Hér segir að ráðherra megi mæla nánar fyrir um skráningarreglur mannvirkja og skyldur hönnuða í því sambandi. Um skráningu mannvirkja gildir nú reglugerð nr. 458/1998, um breytingu á reglugerð nr. 406/1978, um fasteignaskráningu og fasteignamat, að því er varðar skráningu annarra fasteigna en fjöleignarhúsa. Með reglugerðarheimildinni er því skotið styrkari stoðum undir áðurnefndar skráningarreglur.

Í g-lið er mælt fyrir um hvernig fara skuli með skráningu þegar breytingar verða á fasteign, heiti hennar eða auðkenni að öðru leyti. Lögð er sú skylda á herðar sveitarstjórnar að tilkynna Fasteignamati ríkisins verði breytingar á heiti fasteignar, götuheiti eða húsnúmeri. Á þetta jafnt við um breytingar á heitum fasteigna sem falla undir ákvæði laga um bæjanöfn. Fasteignamat ríkisins tilkynnir svo viðkomandi þinglýsingarstjóra um ráðgerða breytingu sem öðlast gildi við staðfestingu þinglýsingarstjóra. Jafnframt er kveðið á um að Fasteignamat ríkisins skuli tilkynna breytinguna til Hagstofu Íslands, þjóðskrár. Í gagna- og upplýsingakerfi Landskrár fasteigna skal vera mögulegt að fletta upp fasteign eftir fyrra auðkenni hennar.

Í h-lið er fjallað um skyldu landeiganda og sveitarfélags til að hlutast til um að ný fasteign í landi verði formlega stofnuð í Landskrá fasteigna áður en til mannvirkjagerðar eða veðsetningar hennar kemur. Rökin fyrir að taka upp þessa skyldu eru þau helst að brýnt er að allar fasteignir verði skráðar í samhæft gagnasafn, Landskrá fasteigna, enda er það forsenda fyrir

frekari þinglýsingu skjala á nýja fasteign. Jafnframt er brýnt vegna gerðar landeignaskrár að haldnar verði upplýsingar um eignarhald á landi. Í mörgum tilvikum er landeigandi og sveitarfélag einn og sami aðili. Stendur þá sveitarfélagi sem skipulagsyfirvaldi næst að tryggja að ný lóð verði mynduð í Landskrá fasteigna með þinglýsingu stofnskjals. Þegar um eignarlönd annarra er að ræða er hér veitt heimild til að binda leyfi til mannvirkjagerðar á lóð því skilyrði að fasteign hafi áður verið mynduð með þinglýsingu stofnskjals.

Í i-lið er lagt til að sérstök samráðsnefnd um myndun Landskrár fasteigna verði aðilum til ráðgjafar um fasteignaskráningu. Lagt er til að í nefndinni sitji fimm menn sem fjármálaráðherra skipar. Einn nefndarmaður verði tilnefndur af fjármálaráðherra sem verði formaður nefndarinnar, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn af umhverfisráðherra, einn af Hagstofu Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Eðlilegt þykir að nefndin leiti sem víðtækastrar samstöðu meðal helstu hagsmunaaðila, svo sem. samtaka fasteignasala, fjármálastofnana og hagsmunasamtaka fasteignaeigenda og hafi samráði við framkvæmd laganna.

Um 8.–17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa þar sem hér er einungis um leiðréttingar á tilvísununum í númer greina að ræða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvörpum til laga um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994. Með frumvörpunum er stefnt að myndun samhæfðs gagna- og upplýsingakerfis um fasteignir og réttindi er tengjast þeim sem beri heitið Landskrá fasteigna. Hér er fjallað um áætluð áhrif allra frumvarpanna á útgjöld ríkissjóðs og eru umsagnir fjárlagaskrifstofu með þeim samhljóða.

Samkvæmt frumvörpunum mun Landskrá fasteigna skiptast í stofnhluta fyrir skilgreiningar og upplýsingar um afmörkun fasteigna, mannvirkjahluta fyrir byggingafræðilegar upplýsingar, fasteignamatshluta fyrir upplýsingar um matsforsendur og niðurstöður og þinglýsingahluta fyrir upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og önnur atriði sem þinglýsingabók inniheldur.

Samkvæmt áætlun sem unnin er af vinnuhópi, sem hefur unnið að stofnun Landskrár fasteigna, er áætlaður kostnaður við stofnun Landskrár 615 m.kr. sem skiptist á árin 2000–2004, u.þ.b. 150 m.kr. á hverju ári.

Samtals áætlaður rekstrar- og stofnkostnaður 2000–2004	M.kr.
Rekstrarkostnaður Fasteignamats ríkisins	232,0
Stofnkostnaður Fasteignamats ríkisins	176,7
Stofnkostnaður hjá sýslumannsembættum	155,6
Annað og ófyrirséð	51,0
Samtals	**615,3**

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, er áformað að hækka umsýslugjald sem rennur til Fasteignamats ríkisins úr 0,025‰ (prómillum) í 0,1‰ (prómill). Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við stofnun Landskrár fasteigna. Miðað við framangreindar áætlanir og fjármögnun Landskrár fasteigna með hækkun umsýslugjalds hækka tekjur og gjöld ríkissjóðs um 150 m.kr. á ári.

473. Breytingartillaga [205. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

Við 27. gr. Við síðari málslið bætist: þó þannig að peningalegar eignir þess við tilgreind tímamörk renni til Lífeyrissjóðs bænda.

474. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Frumvarpið er lagt fram í samræmi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2000 en í 1. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að tekjur af brunavarnagjaldi umfram 87 millj. kr. skuli renna í ríkissjóð á næsta ári.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1999.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm. Kristján Pálsson. Ásta Möller.

Sigríður A. Þórðardóttir. Katrín Fjeldsted.

475. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur þeirri harkalegu skerðingu á mörkuðum tekjustofni Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Standist áætlanir um tekjur af erfðafjárskatti og erfðafé og verði 575 millj. kr. fær Framkvæmdasjóður aðeins um 40% af tekjunum í sinn hlut, þ.e. 235 millj. kr., sem er sama fjárhæð og á síðasta ári. Niðurskurður á lögbundnu fé sjóðsins er því um 700 millj. kr. á þessu og næsta ári.

Þess ber að geta að undanfarin ár hafa tekjurnar nánast án undantekninga verið vanáætlaðar og reynst meiri en ráð var fyrir gert. T.d. var gert ráð fyrir um 480 millj. kr. tekjum á yfirstandandi ári, en þær stefna í svipaða upphæð og gert er ráð fyrir í fjárlögum næsta árs. Þannig má telja líklegt að tekjurnar verði meiri en áðurnefndar 575 millj. kr., hlutfallið sem sjóðurinn fær fer þá undir 40% og ríkissjóður hirðir viðbótina.

Þessi harkalega skerðing á lögbundnum tekjustofni til margvíslegra verkefna á sviði málefna fatlaðra er í engu samræmi við aðstæður og þarfir. Í því sambandi er rétt að minna á eftirfarandi:

1. Mikil þörf er á að koma upp sérhæfðu húsnæði fyrir sambýli til að höggva í biðlista eftir húsnæði. Nálægt 330 fatlaðir einstaklingar eru nú á lista yfir fólk sem vantar húsnæði. Takmarkað framboð er af húsnæði á leigumarkaði og alls ekkert af sérhæfðu húsnæði sem hentar þeim hluta hluta hópsins sem er í mestri þörf. Auk þess hefur húsaleiga hækkað til mikilla muna einkum á suðvesturhorninu en þar er einmitt ástandið langverst. Algjör óvissa ríkir líka um hvort hentugt leiguhúsnæði fáist vegna þeirra fimm sambýla sem áformað er að taka í notkun á næsta ári.
2. Sérstök nefnd um biðlista eftir búsetu og annarri þjónustu hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra skilaði tillögum til félagsmálaráðuneytisins í desembermánuði 1998 og var þar m.a. lagt til að koma upp tíu sambýlum á þessu ári og hinu næsta til að mæta brýnustu þörfinni í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmi. Viðurkennt er að gert er ráð fyrir auknu fjármagni í fjárlagafrumvarpinu til rekstrar í samræmi við tillögur nefndarinnar, en Framkvæmdasjóði fatlaðra er á hinn bóginn ókleift að leggja fram fé til stofnkostnaðar húsnæðis eins og þurft hefði. Mikilvægt er að starfshópur sá sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar taki til starfa til þess að fylgjast með rekstrar- og framkvæmdaáætlunum.
3. Framkvæmdasjóði fatlaðra er ætlað að sinna fjölmörgum öðrum verkefnum. Má þar nefna viðhald húsnæðis, framlög til að bæta aðgengi fatlaðra, styrki (10%) til félagslegra íbúða, styrki til tækjakaupa, til atvinnusköpunar o.fl.
4. Þessi mikla skerðing á tekjum sjóðsins mun valda því að sjóðurinn lendir í erfiðleikum við að standa við þátttöku sína og skuldbindingar í þegar frágengnum verkefnum.
5. Framkvæmdasjóður fatlaðra mun að óbreyttu ekkert geta sinnt þeirri lögbundnu skyldu sinni að styrkja frjáls félagasamtök sem sinna fjölmörgum og mjög mikilvægum verkefnum á þessu sviði.

Í ljósi langra biðlista fatlaðra eftir húsnæði og þeirra fjölmörgu og mikilvægu verkefna sem Framkvæmdasjóður fatlaðra á að sinna en getur vegna fyrirhugaðrar skerðingar ýmist lítt eða ekkert sinnt væri það lágmarkskrafa að verulega væri dregið úr skerðingunni nú.

Erfitt er að sjá hvaða nauðsyn ber til að hafa þetta skerðingarhlutfall nú í hinu margrómaða góðæri hærra en nokkru sinni fyrr í sögunni. Þar sem nú er unnið að því að málefni fatlaðra verði flutt til sveitarfélaga hlýtur þessi skerðing að torvelda þann flutning.

Minni hluti félagsmálanefndar leggur til að frumvarpið verði **fellt.**

Alþingi, 16. des. 1999.

Guðrún Ögmundsdóttir, frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Kristján L. Möller.

476. Frumvarp til laga [291. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi verið gerður samningur um skiptingu ellilífeyrisgreiðslna á grundvelli 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, telst ellilífeyrir til tekna hjá þeim sem fær hann greiddan.

2. gr.

3. mgr. 57. gr. B laganna orðast svo:

Við samsköttun skal tekjuskattur af sameiginlegum tekjuskattsstofni og eignarskattur af sameiginlegum eignarskattsstofni allra hlutafélaga sem taka þátt í samsköttuninni lagður á móðurfélagið en öll hlutafélögin bera sameiginlega ábyrgð á skattgreiðslum. Þó er skattstjóra heimilt að leggja tekjuskatt og eignarskatt á hvert og eitt félag óski hlutafélögin í samsköttun sérstaklega eftir því.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í bönkum og sparisjóðum, innlánsdeildum og á stofnsjóðsreikningum samvinnufélaga, póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum, svo og verðbréf, sem hlíðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvíxla, ríkisbréf, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sbr. lög um verðbréfasjóði, þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, og hlutabréfaeign í hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., að því marki sem eignir þessar eru umfram skuldir, enda séu eignirnar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.
b. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2000 vegna tekna og eigna ársins 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 78. gr. laganna er mönnum heimilt við álagningu ársins 2000 vegna eigna í árslok 1999 og við álagningu ársins 2001 vegna eigna í árslok 2000 að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvíxla, ríkisbréf, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sbr. lög um verðbréfasjóði, þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, alls að verðmæti 2.000.000 kr. hjá einstaklingi og 4.000.000 kr. hjá hjónum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Um eignir samkvæmt þessu ákvæði umfram framangreind eignamörk fer eftir ákvæðum 78. gr.

Greinargerð.

Efnahags- og viðskiptanefnd stendur að flutningi þessa máls, en í því eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Nefndarmennirnir Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Pétur H. Blöndal gera þó fyrirvara við frumvarpið.

Pétur H. Blöndal telur að frumvarpið sé flutt of seint ársins og kunni það að leiða til deilna um afturvirkni vegna breytingar á skattleysi ríkisverðbréfa í 3. gr. frumvarpsins.

Fyrirvari Jóhönnu Sigurðardóttur og Margrétar Frímannsdóttur lýtur að þeirri reglu sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða að tiltekið frímark í eignarskatti sé tímabundið. Vísa þær til þess að í nefndinni kom fram að helmingur þeirra sem eiga eignarskattsfrjáls verðbréf við álagningu 1999, eða um 10.000 manns, er með reglubundinn sparnað í áskrift. Er þessi sparnaður þeirra að meðaltali um 10.000 kr. á mánuði. Telja þær að þessir áskrifendur ríkisverðbréfa sem velja slíkt form mánaðarlegs sparnaðar tilheyri ekki þeim hópi einstaklinga sem er tilefni frumvarpsins hvað þetta varðar. Það geri hins vegar þeir sem taka lán til að kaupa ríkisverðbréf til skamms tíma um áramót í því skyni að lækka eignarskatt sinn. Mat þeirra er að réttara sé að hafa frímarkið í eignarskatti ótímabundið en skoða málið í tengslum við heildarendurskoðun á eignarskatti, enda muni frítekjumarkið stuðla að nauðsynlegum sparnaði í þjóðfélaginu.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að ellilífeyrisgreiðslur skuli skattleggja hjá þeim sem njóta greiðslnanna í þeim tilvikum sem samið hefur verið um skiptingu þeirra á grundvelli 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hefur ríkisskattsjóri komist að þeirri niðurstöðu að á grundvelli núgildandi laga verði sjóðfélagi skattskyldur af öllum lífeyrisgreiðslum, þótt um sé að ræða skiptingu á greiðslum milli hans og maka eða fyrrverandi maka. Telur nefndin að það sé óeðlilegt og leggur því til fyrrgreinda breytingu.

Í öðru lagi er lögð til breyting varðandi samsköttun móður- og dótturfélaga. Á síðasta þingi voru samþykkt á Alþingi lög um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem meðal annars fólu í sér heimild til samsköttunar móður- og dótturfélaga, að vissum skilyrðum uppfylltum. Taka þau aðeins til samsköttunar tekjuskatts umræddra félaga en ekki sams konar heimildar varðandi eignarskatt. Verður að telja eðlilegt að heimildin nái til bæði tekjuskatts og eignarskatts og er það lagt til í frumvarpi þessu.

Í þriðja lagi er lögð til breyting varðandi skattfrelsi ríkisverðbréfa. Skv. 2. mgr. 78. gr. laganna eru eignir í þeim frádráttarbærar frá skattskyldum eignum. Skattfrelsi þessara eigna er að því leyti frábrugðið skattfrelsi innstæðna í bönkum að ekki er gert að skilyrði að eignir þessar séu umfram skuldir eins og gert er í 1. mgr. greinarinnar. Skortur á því skilyrði hefur það í för með sér að unnt er að stofna til skulda og kaupa ríkisverðbréf án þess að þau sæti eignarskattlagningu. Með ráðstöfununum mynda menn í raun eins konar tvöfalt eignarskattsfrelsi þar sem skuld vegna kaupa á ríkisbréfum er frádráttarbær frá öðrum eignum um leið og ríkisbréfin eru eignarskattsfrjáls óháð skuldum. Þegar skoðaðar eru þær forsendur sem lágu til grundvallar ákvæði 2. mgr. 78. gr., en það var lögfest með lögum nr. 117/1989, kemur í ljós að tilgangurinn var að örva eðlileg viðskipti með verðbréf ríkissjóðs. Markmiðið var að stuðla að „enn frekari styrkingu markaðarins fyrir spariskírteini ríkissjóðs og ríkisvíxla og aðra ríkispappíra sem nokkuð kom til umræðu hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum síðan“ (framsöguræða fjármálaráðherra í Alþt. 1989, B-deild, dlk. 1884).

Ríkisverðbréf hafa nú styrka stöðu á markaði og eru almennt talin góður og öruggur sparnaðarkostur til lengri tíma. Á síðustu missirum hefur hins vegar borið á því að einstaklingar taki fé að láni til að kaupa ríkisverðbréf til skamms tíma um áramót í því skyni að lækka eignarskatt sinn. Þjónusta í tengslum við slíka gerninga er beinlínis auglýst í fjölmiðlum og þykir því nauðsynlegt að taka afdráttarlaust á því í löggjöf að slík viðskipti með ríkisbréf geti aldrei orðið grundvöllur fyrir lækkun eignarskattsstofns.

Með hliðsjón af þessu er í frumvarpinu lagt til að ákvæði 1. og 2. mgr. 78. gr. verði sameinuð í eina málsgrein og almennt gert að skilyrði fyrir eignarskattsfrelsi ríkisverðbréfa að eingöngu verðmæti þeirra, að því marki sem það er umfram skuldir, myndi rétt til frádráttar frá öðrum eignum líkt og gildir um þær innstæður og verðbréf sem talin eru upp í 1. mgr. núgildandi laga. Með tillögunni eru tekin af öll tvímæli um að einstaklingar geti ekki í lok árs tekið fjármagn að láni til að kaupa ríkisverðbréf og selt í upphafi nýs árs og greitt upp lánið til þess eins að komast hjá greiðslu eignarskatts.

Nefndin tók til sérstakrar skoðunar það sjónarmið að sú breyting sem lögð er til á 78. gr. laganna væri afturvirk með ólögmætum hætti og fékk greinargerð frá fjármálaráðuneyti um það efni. Er niðurstaða nefndarinnar að ekki sé um ólögmæta afturvirkni að ræða. Byggist sú niðurstaða m.a. á greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem varð að lögum 28. júní 1995. Þar er tekið sérstaklega fram í umfjöllun um 15. gr., sem varðaði breytingu á 77. gr. stjórnarskrárinnar, að meðan gengið sé út frá því að eignarskattur sé lagður á miðað við þær eignir sem tilheyrðu gjaldanda við áramót sé hægt gagnvart því ákvæði að breyta stofni eða hlutfalli þess skatts allt til síðasta dags ársins.

Til að koma í veg fyrir að frumvarpið bitni á skattfrelsi þeirra ríkisverðbréfa sem keypt hafa verið í smáum stíl og almennu sparnaðarskyni á undanförnum árum er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að tiltekin fjárhæð ríkisbréfa, 2 millj. kr. hjá einstaklingi og 4 millj. kr. hjá hjónum, verði frádráttarbær, óháð skuldum, við álagningu áranna 2000 og 2001. Þær eignir sem fara fram úr þeim eignarmörkum koma þá aðeins til frádráttar ef þær eru umfram skuldir. Leggur nefndin áherslu á að fram til þess tíma fari fram heildarendurskoðun á lögum sem varða eignarskatta.

477. Breytingartillaga [205. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Við 9. gr. Efnismálsgrein b-liðar orðist svo:
Afurðastöð er skylt að halda verðskerðingargjaldi skv. 20. gr. eftir við uppgjör við framleiðanda og standa Bændasamtökum Íslands skil á því.

478. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Brunamálastofnun sinnir brýnum verkefnum í almannaþágu og ber að tryggja henni lögbundnar tekjur. Minni hluti nefndarinnar leggst gegn því að tekjur Brunamálastofnunar af brunavarnagjaldi séu skertar um að minnsta kosti 13 millj. kr. árið 2000 eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Alþingi, 16. des. 1999.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, frsm. Kolbrún Halldórsdóttir. Össur Skarphéðinsson.

479. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2000. Gerð er grein fyrir málinu í nefndaráliti minni hlutans um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum, 273. mál. Þar kemur fram að minni hlutinn er andvígur fyrirhugaðri skerðingu á mörkuðum tekjum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Minni hlutinn gerir á hinn bóginn ekki sérstakar athugasemdir við að greitt sé úr sjóðnum til þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir eins og verið hefur að undanförnu enda ekki um stórfelld fjárútlát að ræða, eða væri í öllu falli ekki ef sjóðurinn væri óskertur.
Minni hlutinn mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 1999.

Guðrún Ögmundsdóttir, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Kristján L. Möller.

480. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, o.fl.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Alþingi getur með almennum lögum ákveðið hvar ríkisstofnun skal hafa aðsetur sé ekki á annan veg mælt í stjórnarskrá. Ákvæði stjórnarskrár setja þessum valdheimildum Alþingis einvörðungu skorður um aðsetur forseta Íslands, ráðuneyta og Alþingis, sbr. 12., 13. og 37. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig skal forsetinn hafa aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. Ráðuneyti skulu á hinn á bóginn hafa aðsetur í Reykjavík og þar skal samkomustaður Alþingis jafnaðarlega einnig vera. Þegar þessum takmörkunum sleppir getur Alþingi ákveðið hvar ríkisstofnanir skulu hafa aðsetur með almennum lögum. Ákveði Alþingi á hinn bóginn að taka ekki afstöðu til staðsetningar stofnunar í lögum var talið að það félli í hlut þess ráðherra sem stofnunin heyrði undir, allt þar til Hæstiréttur kvað upp þann dóm 18. desember 1998 að ákvörðun umhverfisráðherra um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness væri ólögmæt.

Ef dómsmálaráðherra ákveður að veita leyfi til ættleiðingar þótt samþykki skv. 7. gr. liggi ekki fyrir eða samþykki hafi verið afturkallað, sbr. 10. gr., skal með sannanlegum hætti tilkynna þeim sem fer með forsjá barns eða sérstökum lögráðamanni það með rökstuddri ákvörðun. Þar skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaðan byggist á, og önnur atriði er máli skipta. Enn fremur skal þar greina heimild til að bera ákvörðunina undir dómstóla og málshöfðunarfrest.

20. gr.

Synjun umsóknar um ættleiðingu.

Ef synjað er um ættleiðingu skal það gert með úrskurði. Í úrskurði skal greina úrlausnarefni, helstu gögn málsins, niðurstöðu og rökstuðning fyrir henni, þar á meðal lagaatriði er niðurstaða byggist á, og önnur atriði er máli skipta.

21. gr.

Staðfesting ættleiðingarleyfis þrátt fyrir ágalla.

Dómsmálaráðherra getur að ósk þeirra sem málið varðar staðfest með afturvirkum réttaráhrifum ættleiðingarleyfi sem veitt hefur verið án þess að lögmæltra skilyrða hafi verið gætt.

Þegar sérstaklega stendur á getur staðfesting átt sér stað eftir andlát kjörbarns eða kjörforeldris.

III. KAFLI

Dómsmál vegna ættleiðingar.

22. gr.

Dómsmál vegna ákvörðunar um veitingu ættleiðingarleyfis.

Þeim sem fer með forsjá barns eða sérstaklega skipuðum lögráðamanni er heimilt að bera ákvörðun dómsmálaráðherra um veitingu ættleiðingarleyfis skv. 19. gr. undir héraðsdóm innan 30 daga frá því að þeim barst ákvörðunin.

Nú er ákvörðun skv. 19. gr. staðfest með úrskurði héraðsdóms og verður þá leyfi til ættleiðingar ekki veitt fyrr en að liðnum fresti til kæru úrskurðar til Hæstaréttar.

Dómsúrskurður um ógildingu ákvörðunar dómsmálaráðherra skv. 19. gr. er ekki því til fyrirstöðu að hann taki málið upp að nýju að ósk aðila ef aðstæður hafa breyst til muna eða nýjar upplýsingar er skipta verulegu máli hafa komið fram.

23. gr.

Málskostnaður.

Stefnandi skal hafa gjafsókn í héraði og Hæstarétti í dómsmáli vegna ættleiðingar skv. 22. gr.

24. gr.

Málsmeðferð o.fl.

Dómsmál skv. 22. gr. sæta almennri meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem gerst hefur í slíkum málum en úrskurðinn eða dóminn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

Nú er úrskurður eða dómur í slíku máli birtur, þar á meðal að tilstuðlan dómsins, og skal þá gæta leyndar á nöfnum og upplýsingum sem bent geti til þess hverjir séu aðilar máls eða hvaða barn úrskurðurinn eða dómurinn varði.

IV. KAFLI

Réttaráhrif ættleiðingar.

25. gr.

Réttaráhrif.

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenni og þá sem eru í kjörsifjum við þá, nema lög kveði öðruvísi á.

Nú ættleiðir annað hjóna barn hins eða kjörbarn og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það eigið barn þeirra hjóna. Sama er ef sá sem er í óvígðri sambúð ættleiðir barn hins.

V. KAFLI

Upplýsingaskylda kjörforeldra og aðgangur kjörbarns að upplýsingum.

26. gr.

Upplýsingaskylda kjörforeldra.

Kjörforeldrar skulu skýra kjörbarni sínu frá því jafnskjótt og það hefur þroska til að það sé ættleitt. Skal það að jafnaði gert eigi síðar en er barn nær sex ára aldri.

Kjörforeldrar eiga rétt á ráðgjöf viðkomandi barnaverndarnefndar við upplýsingagjöf skv. 1. mgr.

27. gr.

Aðgangur kjörbarns að upplýsingum.

Þegar kjörbarn hefur náð 18 ára aldri á það rétt á að fá tiltækar upplýsingar um það frá dómsmálaráðuneytinu hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar.

VI. KAFLI
Ættleiðingar barna erlendis.

28. gr.

Framkvæmd Haag-samnings frá 29. maí 1993 um ættleiðingar.

Dómsmálaráðherra hefur yfirumsjón með framkvæmd Haag-samnings frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa. Tekst ráðherra á hendur vegna íslenska ríkisins þau verkefni og skuldbindingar sem hvíla á svonefndu miðstjórnvaldi samkvæmt samningnum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglugerð sem kveður á um framkvæmd samningsins hér á landi.

29. gr.

Ættleiðingar erlendis.

Þeim sem búsettir eru hér á landi er óheimilt að ættleiða barn erlendis, nema dómsmálaráðherra samþykki það með útgáfu forsamþykkis til ættleiðingarinnar.

30. gr.

Umsókn um forsamþykki.

Umsókn um forsamþykki til ættleiðingar barns erlendis skal beint til dómsmálaráðuneytis. Umsókn skal rituð á eyðublað sem dómsmálaráðuneytið lætur í té.

Dómsmálaráðherra getur mælt fyrir um að með umsókn skv. 1. mgr., eða áður en forsamþykki er gefið út, skuli umsækjendur leggja fram staðfestingu á að þeir hafi sótt námskeið um ættleiðingar erlendra barna. Ráðherra getur sett nánari reglur um inntak þess, skipulagningu og gjaldtöku.

31. gr.

Umsögn varðandi umsókn um forsamþykki.

Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar varðandi umsókn um forsamþykki í umdæmi þar sem umsækjendur búa.

Enn fremur má leita umsagnar ættleiðingarnefndar til viðbótar umsögn barnaverndarnefndar ef ástæða þykir til, sbr. 17. gr.

32. gr.

Útgáfa forsamþykkis.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar og ættleiðingarnefndar, ef því er að skipta, og að uppfylltum öðrum lögmæltum skilyrðum tekur dómsmálaráðherra afstöðu til umsóknar um forsamþykki svo fljótt sem föng eru á.

Í forsamþykki skal m.a. koma fram að væntanlegir kjörforeldrar teljist hæfir til að ættleiða barn frá tilteknu erlendu ríki, að væntanlegt kjörbarn fái landvist hér á landi til fram-

búðar og að íslensk stjórnvöld taki ábyrgð á barninu frá þeim tíma sem það yfirgefur heimaland sitt eins og væri það íslenskur ríkisborgari.

Forsamþykki skal ekki gilda lengur en í tvö ár frá útgáfudegi.

Ráðherra er heimilt að afturkalla forsamþykki, enda telji hann að aðstæður umsækjenda hafi breyst verulega frá útgáfu þess eða upplýsingar er máli skipta hafi reynst rangar.

33. gr.

Synjun um forsamþykki.

Ef synjað er um forsamþykki skal það gert með úrskurði á sama hátt og greinir í 20. gr.

34. gr.

Ættleiðingarfélög.

Dómsmálaráðherra löggildir félög til að hafa milligöngu um ættleiðingar barna erlendis.

Löggilding skal vera tímabundin og skal í löggildingarskjali greint til hvaða erlendra ríkja hún taki.

Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði fyrir löggildingu ættleiðingarfélaga og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Ráðherra getur afturkallað löggildingu ef félag fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir henni.

35. gr.

Milliganga um ættleiðingar.

Löggilt ættleiðingarfélög ein mega hafa milligöngu um ættleiðingar. Með milligöngu um ættleiðingar er átt við starfsemi sem hefur þann megintilgang að koma á sambandi milli þeirra sem óska eftir að ættleiða erlent barn og stjórnvalda og annarra opinberra aðila og löggiltra ættleiðingarfélaga í heimalandi barns og að öðru leyti að láta í té það liðsinni sem nauðsynlegt er til þess að af lögmætri ættleiðingu geti orðið.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að þeim sem óska eftir að ættleiða erlent barn sé skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem hefur löggildingu skv. 34. gr.

Starfsemi er varðar ættleiðingar erlendra barna skal ávallt hafa að leiðarljósi það sem telja verður að sé barni til gagns og má ekki verða neinum fjárhagslega eða á annan hátt til óhæfilegs ávinnings.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum.

VII. KAFLI
Lögsögureglur o.fl.

36. gr.

Lögsaga í ættleiðingarmálum.

Manni sem búsettur er hér á landi er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum þessara laga.

37. gr.

Umsókn manns er býr erlendis um leyfi til ættleiðingar.

Manni sem búsettur er erlendis er einungis heimilt að ættleiða barn samkvæmt ákvæðum laga þessara ef hann eða maki hans eru íslenskir ríkisborgarar og geta sökum þess ekki fengið leyfi til ættleiðingar í landi þar sem hann býr, enda megi ætla að íslenskt ættleiðingarleyfi verði metið gilt þar sem hann er búsettur.

Dómsmálaráðherra getur einnig heimilað að umsókn um ættleiðingarleyfi verði tekin til meðferðar hér á landi vegna sérstakra tengsla umsækjenda við landið.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki um ættleiðingar sem fram fara samkvæmt Haag-samningi frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa.

38. gr.

Réttaráhrif ættleiðinga barna erlendis.

Ef forsamþykki hefur verið gefið út samkvæmt ákvæðum þessara laga gildir ættleiðing sem veitt hefur verið erlendis á grundvelli þess hér á landi.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að réttaráhrif ættleiðingar barns sem veitt hefur verið erlendis verði þau sömu og ættleiðingar sem heimiluð hefur verið hér á landi.

39. gr.

Erlend ættleiðing sem andstæð er grunnreglum íslenskra laga.

Ættleiðing sem fram fer erlendis er ekki gild hér á landi ef hún gengur í berhögg við grunnreglur íslensks réttar (allsherjarreglu).

40. gr.

Frávik vegna þjóðréttarsamninga.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að víkja megi frá einstökum ákvæðum laga þessara ef það er talið nauðsynlegt til að fullnægja skyldum sem Ísland hefur bundist eða kann að bindast með þjóðréttarsamningum.

VIII. KAFLI
Stjórnvaldsreglur, gildistaka, brottfall laga og lagaskil.

41. gr.

Stjórnvaldsreglur.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

42. gr.

Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi taka gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá birtingu þeirra.

Frá sama tíma falla úr gildi ættleiðingarlög, nr. 15/1978.

43. gr.

Lagaskil.

Úr ættleiðingarumsóknum og umsóknum um forsamþykki sem borist hafa dómsmálaráðuneytinu fyrir gildistöku laga þessara skal leysa samkvæmt lögum nr. 15/1978. Ef umsækjendur óska þess er þó heimilt að beita reglum þessara laga.

488. Frumvarp til laga [69. mál]

um skráð trúfélög.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði um trúfélög.

1. gr.
Trúfrelsi.

Rétt eiga menn á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Eigi má þó fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Á sama hátt eiga menn rétt á að stofna félög um hvers konar kenningar og lífsskoðanir, þ.m.t. um trúleysi.

Eigi er skylt að tilkynna stjórnvöldum um stofnun eða starfsemi trúfélaga eða annarra félaga um lífsskoðanir.

Óheimilt er að taka upp nafn á trúfélag sem er svo líkt nafni annars trúfélags að misskilningi geti valdið.

II. KAFLI
Skráð trúfélög.

2. gr.
Skráning trúfélags.

Heimilt er að skrá trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Með skráningunni fær trúfélag réttindi og skyldur sem lög ákveða. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast skráningu trúfélaga. Þegar trúfélag hefur verið skráð skal ráðuneytið láta því í té vottorð um skráninguna og auglýsa hana í Lögbirtingablaði. Réttaráhrif skráningar teljast frá birtingu tilkynningar í Lögbirtingablaði.

3. gr.
Almennt skilyrði skráningar.

Skilyrði fyrir skráningu trúfélags er að um sé að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur.

Enn fremur er það skilyrði skráningar að félag hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug og að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulega iðka trú sína í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um og eiga til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld.

4. gr.
Umsókn um skráningu.

Trúfélag sem óskar skráningar skal senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu umsókn um skráningu. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um:

1. nafn trúfélags og heimilisfang,
2. nákvæmt félagatal, þar sem fram koma nöfn, kennitölur og heimili félagsmanna,
3. trúarkenningar þess og tengsl þeirra við önnur trúarbrögð eða trúarhreyfingar,
4. lög félagsins og allar aðrar reglur sem kunna að gilda um ráðstöfun fjármuna félagsins,
5. nöfn stjórnarmanna og forstöðumanns,

6. starfsemi félagsins, svo sem reglulegt samkomuhald eða annað sem gefur til kynna að starfsemi þess sé stöðug og virk.

Ráðuneytið getur enn fremur, ef tilefni er til, óskað nánari upplýsinga um skipulag trúfélags, starfshætti, félagssvæði, skiptingu í söfnuði eða deildir ef því er að skipta.

Áður en trúfélag er skráð skal félagið tilnefna forstöðumann sem er ábyrgur gagnvart dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir því að farið sé að ákvæðum laga þessara. Um hæfi forstöðumanns gilda ákvæði 7. gr.

Áður en leyfi er veitt til skráningar trúfélags skal leita álits nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands og sá þriðji tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands.

5. gr.

Eftirlit með skráðu trúfélagi.

Skráð trúfélag skal árlega fyrir lok marsmánaðar senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skýrslu um starfsemi sína á næstliðnu ári og jafnframt gera grein fyrir breytingum sem orðið hafa á þeim atriðum sem upplýsingar ber að veita um í umsókn um skráningu. Sérstaklega skal gera grein fyrir breytingum á félagatali og ráðstöfun fjármuna félagsins.

Tilkynna skal ráðuneytinu þegar í stað um skipun, flutning og starfslok forstöðumanns og um tilnefningu nýs forstöðumanns.

6. gr.

Skráning felld úr gildi.

Ef skilyrði skráningar eru ekki lengur fyrir hendi eða trúfélag vanrækir skyldur sínar samkvæmt lögum skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita félaginu skriflega viðvörun og setja því frest til að bæta úr því sem áfátt er. Skal fresturinn ekki vera skemmri en einn mánuður. Ef ekki er bætt úr því innan frestsins getur ráðherra ákveðið að fella skráningu trúfélags úr gildi. Áður en skráning er felld úr gildi skal gefa stjórn félags kost á að tjá sig um málið.

Þegar skráð trúfélag er lagt niður eða starfar af öðrum ástæðum ekki lengur sem skráð trúfélag er þeim sem annast vörslu embættisbóka, sem því er falið að færa, skylt að afhenda þær dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Embættisbækurnar skulu afhentar Þjóðskjalasafni til varðveislu eftir sömu reglum og gilda um önnur opinber gögn.

Ráðuneytið skal auglýsa niðurfellingu skráningar í Lögbirtingablaði og miðast réttaráhrif hennar við það.

7. gr.

Forstöðumenn skráðra trúfélaga.

Forstöðumaður skráðs trúfélags skal ekki vera yngri en 25 ára. Hann skal að öðru leyti fullnægja almennum hæfisskilyrðum til að gegna störfum á vegum hins opinbera, öðrum en þeim sem varða ríkisfang. Enn fremur er skilyrði að forstöðumaður eigi til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld.

Áður en forstöðumaður trúfélags tekur til starfa skal hann senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skriflega yfirlýsingu um að hann muni vinna af samviskusemi þau störf sem honum eru í því starfi falin samkvæmt lögum.

Forstöðumaður skal færa þær embættisbækur sem ráðuneytið fyrirskipar. Hann gefur jafnframt út fullgild embættisvottorð um það efni sem í embættisbækurnar er skráð og um þau embættisverk sem hann hefur unnið.

Forstöðumaður skráðs trúfélags er háður ábyrgð opinbers starfsmanns í framkvæmd þeirra starfa sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga. Vanræki hann skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga eða reglugerða settra samkvæmt þeim skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita honum skriflega viðvörun og tilkynna það stjórn trúfélagsins. Ef ekki er bætt úr eða ef um mjög alvarlegt brot er að ræða getur ráðuneytið svipt hann rétti til að framkvæma þau störf sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga. Sama á við ef hann á annan hátt missir skilyrði til að gegna starfi forstöðumanns.

8. gr.

Aðild að skráðu trúfélagi.

Þeir sem eru orðnir 16 ára að aldri geta tekið ákvörðun um inngöngu í skráð trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi.

Barn skal frá fæðingu talið heyra til sama skráða trúfélagi og móðir þess.

Það foreldri sem fer með forsjá barns tekur ákvörðun um inngöngu þess í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi. Ef foreldrar fara saman með forsjá barns taka þeir ákvörðun sameiginlega. Hafi barn náð 12 ára aldri skal leita álits þess um slíka ákvörðun.

Hafi forsjá barns verið falin öðrum en foreldrum á grundvelli laga tekur forsjáraðili ákvörðun um inngöngu þess í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi.

Enginn má samtímis heyra til þjóðkirkjunni og skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar eða fleiri en einu skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Innganga og úrsögn úr skráðu trúfélagi og úrsögn úr þjóðkirkjunni.

Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði sem lög og samþykktir þeirra mæla fyrir um. Forstöðumaður sem í hlut á skal gæta þess að skilyrðum laga sé fullnægt og að sá sem leitar inngöngu heyri ekki samtímis til öðru skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni.

Úrsögn úr skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni skal beint skriflega eða með persónulegri tilkynningu til forstöðumanns sem í hlut á en hann skal gæta þess að skilyrðum laganna sé fullnægt.

Forstöðumaður skal skrá inngöngu í eða úrsögn úr trúfélagi og láta í té vottorð því til staðfestu.

Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að félagi, svo sem álagningar opinberra gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögmætri tilkynningu til þjóðskrár. Geta þeir sem hlut eiga að máli annast slíka tilkynningu með framvísun vottorðs skv. 3. mgr.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um starfsemi skráðra trúfélaga sem fengið hafa skráningu fyrir gildistöku þeirra.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá sama tíma falla úr gildi lög um trúfélög, nr. 18 30. apríl 1975.

489. Viðaukatillaga [186. mál]

við till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Frá Gunnari Inga Gunnarssyni, Árna Steinari Jóhannssyni,
og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við tillögugreinina bætist: enda samþykki meiri hluti kjósenda framkvæmdina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

490. Breytingartillaga [22. mál]

við frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Við 5. gr. Síðari málsliður orðist svo: Samtímis fellur úr gildi 3. málsl. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

491. Frumvarp til laga [292. mál]

um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Flm.: Gunnar Birgisson, Kristinn H. Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Ásta Möller, Valgerður Sverrisdóttir,
Einar Már Sigurðarson, Einar Oddur Kristjánsson.

1. gr.

Heimil er keppni og sýning á ólympískum hnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna ólympíska hnefaleika.

2. gr.

Heimil er sala og notkun hnefaleiksglófa og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar í ólympískum hnefaleikum.

3. gr.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um ólympíska hnefaleika.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá árinu 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Með frumvarpi þessu er lagt til að ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir

og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Rétt er að taka fram að ólympískir hnefaleikar eru keppnisgrein á Ólympíuleikum og hafa verið það lengi. Algjört einsdæmi er að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf. Aðild að Ólympíuleikum felur í sér viðurkenningu á þeim greinum sem keppt er í á leikunum hverju sinni.

Gera verður skýran greinarmun á annars vegar ólympískum hnefaleikum, með öðrum orðum áhugamannahnefaleikum, og hins vegar atvinnumannahnefaleikum sem m.a. eru stundaðir í Bandaríkjunum, Bretlandi, Rússlandi og víðar. Reglur og öryggiskröfur greinanna eru afar ólíkar. Þannig er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Alvarleg slys eru þekkt í atvinnumannahnefaleikum en þannig slys hafa ekki orðið í áhugamannahnefaleikum vegna hinna ólíku reglna sem um þá gilda. Samkvæmt sænskri rannsókn frá árinu 1990 sem Yvonne Haglund læknir gerði á því hvort varanlegur skaði gæti orðið á heila af völdum áhugamannahnefaleika virðist svo ekki vera, sé fylgt ströngum áhugamannareglum eins og í Svíþjóð.

Lögð er áhersla á að það á að vera á valdi hvers einstaklings að ákveða hvaða íþrótt hann kýs að stunda. Að öðru leyti standa óbreytt lög nr. 92/1956, sem banna hnefaleika í atvinnuskyni.

492. Skýrsla [293. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd flugmálaáætlunar 1998.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD

1.1. Flugmálaáætlun.

Samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árið 1998 eru áætlaðar heildartekjur vegna flugmálaáætlunar ársins 582 millj. kr. sem skiptast þannig:

Flugvallagjald	540 millj. kr.
Eldsneytisgjald	20 millj. kr.
Umframtekjur frá fyrra ári	22 millj. kr.
Samtals	582 millj. kr.

Sú breyting varð á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun, að frá og með júní 1998 var eldsneytisgjald af flugvélaeldsneyti fellt niður.

Gjöld samkvæmt flugmálaáætlun ársins 1998 eru jafnframt 582 millj. kr. og skiptast á eftirfarandi hátt:

Til rekstrar flugvalla	167 millj. kr.
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42 millj. kr.
Reykjavíkurflugvöllur	29 millj. kr.
Aðrir flugvellir o.fl.	344 millj. kr.
Samtals	582 millj. kr.

Tekjur. Heildartekjur ársins 1998 urðu í raun 582 millj. kr., sama upphæð og áætlunin gerði ráð fyrir, en í áætluninni voru umframtekjur frá fyrra ári 22 millj. kr. þannig að í reynd eru tekjur umfram áætlun ársins 22 millj. kr.

Þegar borin er saman áætlun og rauntekjur ársins 1998 af þeim tveimur tekjustofnum sem flugmálaáætlun hefur kemur fram eftirfarandi:

Tafla 1. Samanburður á áætlun og tekjum (millj. kr.).

	Áætlun	Rauntekjur	Breyting
Flugvallagjald	540	565	4,6%
Eldsneytisgjald	20	17	-15,0%
Samtals	560	582	3,9%

Samkvæmt framanskráðu varð 3,9% raunaukning á tekjum flugmálaáætlunar árið 1998. Eftirfarandi tafla og mynd sýna þróun tekna flugmálaáætlunar milli áranna 1995 og 1998:

Tafla 2. Þróun tekna flugmálaáætlunar 1995–98 (þús. kr.).

	1995	1996	1997	1998
Flugvallagjald, utanlandsflug	353.044	439.759	435.991	495.370
Flugvallagjald, innanlandsflug	54.904	60.443	62.332	69.515
Eldsneytisskattur	42.978	52.792	51.793	16.927
Samtals	450.926	552.994	550.116	581.812

Mynd 1. Tekjur flugmálaáætlunarinnar 1995–98 (þús.kr.).



Þegar skoðuð er dreifing tekna af flugvallagjaldi ársins 1998 eftir mánuðum í innanlandsflugi annars vegar og utanlandsflugi hins vegar kemur fram eftirfarandi:

Mynd 2. Dreifing tekna af flugvallagjaldi eftir mánuðum (þús. kr.).



	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Innanlandsflug	4.310	4.199	5.142	5.633	5.787	7.366	7.933	7.422	5.082	5.734	5.294	5.610
Utanlandsflug	22910	21699	28836	36363	37364	53047	70341	77143	47175	39124	38968	21930

Flugfarþegar greiða flugvallagjöldin og má því einnig sjá dreifingu farþega af þessu súluriti. Eins og fram kemur voru farþegar í innanlandsflugi flestir í júlí, en utanlandsflugi í ágúst.

Súluritið sýnir einnig glöggt hve lítill hluti tekna af flugvallagjaldi kemur frá innanlandsfluginu.

Eins og áður er getið var eldsneytisgjald af flugvélaeldsneyti fellt niður frá og með 1. júní 1998, sbr. lög nr. 56/1998, um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, til þess að jafna samkeppnisskilyrði í flugi.

Mynd 3. Tekjur flugmálaáætlunar af eldsneytisgjaldi 1995–98 (þús. kr.).



	1995	1996	1997	1998
Eldsneytisgjald	42.978	52.792	51.793	16.927

Gjöld. Útgjöld vegna flugmálaáætlunar ársins 1998 voru eftirfarandi:

Tafla 3. Útgjöld flugmálaáætlunar 1998 (millj. kr.).

	Áætlun	Útgjöld	Breyting
Til rekstrar	167	167	0,0%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42	42	0,0%
Reykjavík, framkvæmdakostnaður	29	14	-51,7%
Aðrir flugvellir o.fl.	344	338	-1,7%
Samtals	582	561	-3,6%

Skýringar á útgjöldum koma fram í næsta kafla um skiptingu útgjalda.

2. SKIPTING ÚTGJALDA

Á árinu 1998 urðu útgjöld vegna flugmálaáætlunarinnar þannig að til framkvæmda á innanlandsflugvöllum var varið 204 millj. kr., eða um 36%. Til reksturs flugvalla fóru 167 millj. kr., eða tæp 30%. Flugstöð Leifs Eiríkssonar fékk 42 millj. kr. af flugmálaáætluninni, eða 7,5%. Til flugumferðar- og flugleiðsögubúnaðar var varið 93 millj. kr., eða 16,6%, og í tækjakaup fóru 36 millj. kr., eða 6,5%. 19 millj. kr. var svo varið í ýmis önnur verkefni, svo sem til annarra flugvalla og lendingarstaða og í stjórnunarkostnað.

Eftirfarandi töflur sýna útgjöld flugmálaáætlunar eftir verkefnaflokkum annars vegar og umdæmum hins vegar:

Tafla 4. Skipting útgjalda 1998 eftir verkefnaflokkum (millj. kr.).

Verkefnaflokkar	Til framkvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Hlutfall
Flugbrautir og hlöð	67,3	53,8	9,6%
Byggingar	92,2	86,0	15,3%
Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	66,0	64,0	11,4%
Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	120,7	93,0	16,6%
Annar kostnaður	73,3	55,3	9,8%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42,0	42,0	7,5%
Til reksturs flugvalla	167,0	167,0	29,8%
Samtals	628,5	561,1	100,0%

Tafla 5. Skipting útgjalda 1998 eftir umdæmum (millj. kr.).

Umdæmi og verkefni	Til framkvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Hlutfall
Umdæmi 1, Suður- og Vesturland	24,4	12,2	2,2%
Umdæmi 2, Vestfirðir	78,0	79,3	14,1%
Umdæmi 3, Norðurland	64,3	69,4	12,4%
Umdæmi 4, Austurland	28,7	29,1	5,2%
Reykjavík	30,1	13,8	2,4%
Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	120,7	93,0	16,6%
Annar kostnaður	73,3	55,3	9,8%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42,0	42,0	7,5%

Umdæmi og verkefni	Til framkvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Hlutfall
Til reksturs flugvalla	167,0	167,0	29,8%
Samtals	628,5	561,1	100,0%

3. FLOKKUN FLUGVALLA OG ÞRÓUN FLUTNINGA

Samkvæmt núgildandi þingsályktun um flugmálaáætlun eru áætlunarflugvellir flokkaðir eftir því hve miklir flutningar eru um flugvellina, þ.e. samanlagður meðalþungi farþega og farangurs ásamt vörum og pósti. Áætlunarflugvellirnir eru flokkaðir á eftirfarandi hátt:

Tafla 6. Flokkun áætlunarflugvalla.

Áætlunarflugvellir I	Áætlunarflugvellir II	Áætlunarflugvellir III
Reykjavík	Bíldudalur	Mývatn
Akureyri	Siglufjörður	Hólmavík
Vestmannaeyjar	Patreksfjörður	Raufarhöfn
Egilsstaðir	Vopnafjörður	Gjögur
Ísafjörður	Grímsey	Kópasker
Hornafjörður		Þingeyri
Húsavík		Þórshöfn
Sauðárkrókur		

Á undanförnum árum hefur áætlunarflugvöllum fækkað verulega. Frá því að núgildandi þingsályktun um flugmálaáætlun var samþykkt hefur áætlunarflugi til Hólmavíkur, Raufarhafnar og Kópaskers verið hætt. Við endurskoðun á flugmálaáætlun hefur sú regla gilt að þeir flugvellir sem hætt hefur verið áætlunarflugi til flokkist undir þjónustuflugvelli.

Þingeyrarflugvöllur er varaþjónustuflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll og er því ekki beinlínis skilgreindur sem áætlunarflugvöllur.

Nú eru áætlunarflugvellir í innanlandsflugi 16 talsins en fyrir níu árum voru þeir 31. Þeim hefur því fækkað um tæp 50% samhliða því sem farþegum sem fara um áætlunarflugvellina hefur fjölgað um 31,5%, sjá eftirfarandi töflu og súlurit:

Tafla 7. Áætlunarflugvellir, farþegaflutningar.

Flugvellir	1990	Hlutfall	1998	Hlutfall	Breyting
Áætlunarflugvellir I	641.097	92,0%	890.101	97,1%	38,8%
Áætlunarflugvellir II	24.296	3,5%	19.372	2,1%	-20,3%
Áætlunarflugvellir III	9.786	1,4%	7.423	0,8%	-24,1%
Fyrrverandi áætlunarflugvellir	21.820	3,1%	0	0,0%	
Samtals	696.999	100,0%	916.896	100,0%	31,5%

Eins og taflan sýnir fóru 97,1% af farþegaflutningum á árinu 1998 um áætlunarflugvelli í flokki I. Þegar skoðaðir eru farþegaflutningar sem fóru um fimm stærstu innanlandsflugvellina á árinu 1998, þ.e. Reykjavíkur-, Akureyrar-, Vestmannaeyja-, Egilsstaða- og Ísafjarðarflugvelli, kemur í ljós að 834.432 farþegar fóru um þessa flugvelli, eða 91% af heildarfarþegaflutningunum.

Mynd 4. Flugleiðir innan lands.



Mynd 5. Heildarfarþegaflutningur 1990–98.
(Keflavíkurflugvöllur ekki meðtalinn, Bakkaflugvöllur meðtalinn árið 1998.)



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	348.499	339.808	367.634	337.906	379.717	394.172	405.966	434.254	467.209

Flutningarnir hafa því flust frá minni flugvöllum yfir á þá stærri þar sem hærri tíðni hefur haft afgerandi áhrif. Hvort þessi þróun heldur áfram er mjög erfitt að spá um, en þó má ætla að eftir því sem vegakerfið batnar innan ákveðinna svæða aukist áfram farþegaflutningar um þá flugvelli sem hafa hærri tíðni flugs og áreiðanleika á kostnað hinna. Sem dæmi má nefna Akureyrarflugvöll/Húsavíkurflugvöll, Sauðárkróksflugvöll/Siglufjarðaflugvöll og Bíldudals-flugvöll/Patreksfjarðarflugvöll.

Þeir flugvellir sem ekki er stundað áætlunarflug til falla undir flokkinn Aðrir flugvellir og lendingarstaðir sem síðan skiptast í fimm undirflokka:

Undirflokkar		Fjöldi
A.	Þjónustuflugvellir	13
B.	Aðrir flugvellir	15
C.	Sportflugvellir	5
D.	Lendingarstaðir	20
E.	Lendingarstaðir í eigu og umsjá annarra en FMS	8
	Samtals	61

Tafla 8. Sundurliðun á fjármagni og farþegaflutningi milli flugvallaflokka 1998 (millj. kr.).

Flugvallaflokkur	Til fram-kvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Hlutfall	Farþega-flutningar	Hlutfall
Áætlunarflugvellir 1	163,4	145,5	69,9%	890.101	95,3%
Áætlunarflugvellir 2	24,7	19,8	9,5%	19.372	2,1%
Áætlunarflugvellir 3	37,4	38,5	18,5%	7.749	0,8%
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	10,0	4,4	2,1%	17.197	1,8%
Samtals	235,5	208,2	100,0%	934.419	100,0%

Ekki má draga of sterkar ályktanir af hlutfallstölum þessarar töflu þar sem flugvellir innan hvers flokks eru komnir misjafnlega langt í uppbyggingunni. Flugvöllur með litla farþega-flutninga þarf samt sem áður að uppfylla mjög strangar öryggiskröfur í samræmi við staðla og tilmæli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Eftirfarandi töflur sýna breytingu sem orðið hefur á farþegaflutningum milli áranna 1990 og 1998:

Tafla 9. Áætlunarflugvellir I, farþegaflutningar.

Flugvellir	1990	Hlutfall	1998	Hlutfall	Breyting
Reykjavík	306.627	47,8%	440.585	49,5%	43,7%
Akureyri	120.877	18,9%	181.234	20,4%	49,9%
Vestmannaeyjar	71.962	11,2%	83.660	9,4%	16,3%
Egilsstaðir	50.900	7,9%	72.652	8,2%	42,7%
Ísafjörður	41.407	6,5%	56.301	6,3%	36,0%
Hornafjörður	16.188	2,5%	20.499	2,3%	26,6%
Húsavík	18.510	2,9%	18.449	2,1%	-0,3%
Sauðárkrókur	14.626	2,3%	16.721	1,9%	14,3%
Samtals	641.097	100,0%	890.101	100,0%	38,8%

Tafla 10. Áætlunarflugvellir II, farþegaflutningar.

Flugvellir	1990	Hlutfall	1998	Hlutfall	Breyting
Bíldudalur	5.080	13,4%	8.304	42,9%	63,5%
Siglufjörður	5.574	14,7%	3.487	18,0%	-37,4%
Patreksfjörður	6.182	16,3%	1.817	9,4%	-70,6%
Vopnafjörður	3.822	10,1%	2.789	14,4%	-27,0%
Grímsey	3.638	9,6%	2.975	15,4%	-18,2%
Fyrrverandi áætlunarflugvellir	13.682	36,0%	0	0,0%	
Samtals	37.978	100,0%	19.372	100,0%	-49,0%

Tafla 11. Áætlunarflugvellir III, farþegaflutningar.

Flugvellir	1990	Hlutfall	1998	Hlutfall	Breyting
Mývatn	1.318	7,4%	2.977	40,1%	125,9%
Gjögur	765	4,3%	587	7,9%	-23,3%
Þingeyri	5.867	32,7%	1.843	24,8%	-68,6%
Þórshöfn	1.836	10,2%	2.016	27,2%	9,8%
Fyrrverandi áætlunarflugvellir	8.138	45,4%	0	0,0%	
Samtals	17.924	100,0%	7.423	100,0%	-58,6%

Eftirfarandi tafla sýnir farþegaflutninga sem fóru um áætlunarflugvellina eftir landshlutum árið 1990 annars vegar og 1998 hins vegar og þær breytingar sem hafa orðið á farþegaflutningunum á umræddu tímabili (Bakkaflugvöllur meðtalinn 1998):

Tafla 12. Farþegaflutningar eftir landshlutum.

Landshluti	1990	Hlutfall	1998	Hlutfall	Breyting
Vesturland	3.785	0,5%	0	0,0%	
Vestfirðir	64.471	9,2%	68.923	7,4%	6,9%
Norðurland	173.590	24,9%	228.114	24,4%	31,4%
Austurland	76.564	11,0%	96.088	10,3%	25,5%
Suðurland	71.962	10,3%	100.709	10,8%	39,9%
Reykjavík	306.627	44,0%	440.585	47,2%	43,7%
Samtals	696.999	100,0%	934.419	100,0%	34,1%

4. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

Framkvæmdir á flugvöllunum skiptast í þrjá verkefnaflokka sem eru 1) flugbrautir og hlöð, 2) byggingar, 3) aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Einstök verkefni falla svo undir hvern flokk á eftirfarandi hátt:

1. Flugbrautir og hlöð: Uppbygging flugbrauta, bundið slitlag, öryggissvæði, flughlað, bílastæði og lóð.
2. Byggingar: Flugstöð, farþegaskýli, tækjageymsla og sandgeymsla.
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður: Flugvallarlýsing og raforkukerfi.

Í flestum stærri verkefnum skiptist fjárveiting til einstakra verkefna á fleiri en eitt ár og þar af leiðandi verður framkvæmdatíminn í flestum tilfellum lengri en eitt ár. Í skýringum hér á eftir er gerð grein fyrir verkstöðu í árslok, hvort verkinu sé lokið eða áfram í framkvæmd. Þá er einnig gerð grein fyrir í töflum greiðslustöðu í árslok og í skýringum á þeim verkum sem lokið var við á árinu, hvort um er að ræða inneign eða skuld.

Á árinu 1998 var unnið að 44 framkvæmdaverkefnum auk tækjakaupa, eins og fram kemur í skýringum hér á eftir. Lokið var við 25 verkefni á árinu 1998.

Uppbygging áætlunarflugvallanna er mjög misjafnlega langt á veg kominn. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að setja bundið slitlag á flugbrautirnar og þá notast við klæðningu sem dugar í sjö til átta ár en þá þarf að setja nýtt yfirlag. Af sextán áætlunarflugvöllum eru aðeins tveir eftir með malarslitlagi, þ.e. Grímseyjar- og Gjögurflugvellir.

Þá hefur á undanförnum árum einnig verið unnið að gagngerum endurbótum, stækkunum og skipulagsbreytingum í flugstöðvunum á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Einnig hafa verið byggðar nýjar tækjageymslur í Vestmannaeyjum, á Húsavík, Sauðárkróki, Hornafirði og Gjögri. Enn fremur voru tækjageymslurnar á Egilsstöðum og Ísafirði stækkaðar.

Á næstu árum má búast við að aukin áhersla verði lögð á uppbyggingu hvers konar aðflugs- og flugöryggisbúnaðar. Birtustyrkur flugbrautalýsingar verður aukinn, akbrautalýsing verður aukin og bætt við aðflugsljósum. Einnig verða aðflugsstefnu- og aðflugshallasendar endurnýjaðir auk fjarskiptabúnaðar.

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu hvers verkefnaflokks innan flugvallanna á árinu 1998. Í fremsta dálki er flugmálaáætlun ársins 1998 samkvæmt þingsályktun. Í öðrum dálki eru þær breytingar sem orðið hafa frá fyrra ári, inneign eða skuld á viðkomandi verkefni eða aðrar tilfærslur. Í þriðja dálkinum kemur fram það fjármagn sem er til ráðstöfunar í einstakar framkvæmdir á árinu 1998. Fjórði dálkurinn sýnir framkvæmdakostnað ársins samkvæmt bókhaldi í árslok. Í fimmta dálki kemur svo fram greiðslustaða hvers verkefnaflokks í árslok 1998. Það ber að hafa í huga að verkefnum er oft ekki lokið í árslok og færast því fjármunir

yfir á næsta ár og einnig að gerðar eru ýmsar skuldbindingar sem koma ekki til greiðslu fyrr en árið eftir.

Tafla 13. Sundurliðun framkvæmda 1998 (millj. kr.).

Staður Verkefnaflokkur	Flugmála-áætlun	Breyting	Til fram-kvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Greiðslustaða í árslok
4.1 Reykjavík					
1. Flugbrautir og hlöð	29	1,1	30,1	13,8	16,3
4.2 Akureyri					
1. Flugbrautir og hlöð	5	-5,0	0,0	0,8	-0,8
2. Byggingar	9	-2,4	6,6	1,3	5,3
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	14	-7,0	7,0	8,4	-1,4
4.3 Vestmannaeyjar					
2. Byggingar	20	-0,8	19,2	8,4	10,8
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0	5,2	5,2	3,8	1,4
4.4 Egilsstaðir					
1. Flugbrautir og hlöð	18		18,0	23,9	-5,9
2. Byggingar	0		0,0	0,1	-0,1
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0		0,0	0,1	-0,1
4.5 Ísafjörður					
2. Byggingar	40	-4,8	35,2	49,2	-14,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0	7,8	7,8	6,1	1,7
4.6 Hornafjörður					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	0,5	-0,5
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	10		10,0	4,2	5,8
4.7 Húsavík					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	0,1	-0,1
2. Byggingar	20	0,3	20,3	22,4	-2,1
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2		2,0	1,2	0,8
4.8 Sauðárkrókur					
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2		2,0	1,2	0,8
4.9 Bíldudalur					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	0,1	-0,1
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	9	8,0	17,0	18,7	-1,7
4.10 Grímsey					
2. Byggingar	7		7,0	0,3	6,7
4.11 Siglufjörður					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	0,4	-0,4
4.12 Þórshöfn					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	8,2	-8,2
2. Byggingar	0	0,1	0,1	0,3	-0,2
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	8	7,0	15,0	20,3	-5,3
4.13 Vopnafjörður					
1. Flugbrautir og hlöð	0	0,7	0,7	0,3	0,4
4.14 Hólmavík	0		0,0	0,0	
4.15 Þingeyri					
1. Flugbrautir og hlöð	15		15,0	0,1	14,9
4.16 Gjögur					
1. Flugbrautir og hlöð	3		3,0	5,1	-2,1
4.17 Mývatn					
1. Flugbrautir og hlöð	0	0,5	0,5	0,5	
2. Byggingar	4	-0,2	3,8	4,0	-0,2

Staður Verkefnaflokkur	Flugmála-áætlun	Breyting	Til fram-kvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Greiðslustaða í árslok
4.18 Flugumferðar- og flugleiðsögubún-aður	69	51,7	120,7	93,0	27,7
4.19 Annar kostnaður	89	-15,7	73,3	55,3	18,0
4.20 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	42		42,0	42,0	
4.21 Til reksturs flugvalla	167		167,0	167,0	
Samtals	582		628,5	561,1	67,4

4.1 Reykjavík.

4.1.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut. Á árinu 1998 var haldið áfram undirbúningi endurbóta á flugbrautum og hlöðum á Reykjavíkurflugvelli, þ.e. hönnun, gerð útboðsgagna og frummatskýrslu. Almenna verkfræðistofan hf. hefur séð um hönnun og gerð útboðsgagna fyrir jarðvegsframkvæmdir, þ.e. uppbyggingu flugbrauta og slitlags. Verkfræðistofan hefur notið ráðgjafar sérfræðings í flugbrautarslitlögum frá AB Swedavia í Svíþjóð. Verkfræðistofan Rafhönnun hf., í samvinnu við starfsmenn Flugmálastjórnar, hefur séð um hönnun flugvallarlýsingar og annarra raforkukerfa. Þá hefur Verkfræðistofan Hönnun hf. haft yfirumsjón með gerð frummatsskýrslu.

Á flugmálaáætlun árið 1998 voru 29,0 millj. kr. til ráðstöfunar í þetta verkefni en unnið var fyrir 12,4 millj. kr. á árinu og flyst mismunurinn til næsta árs en þá er fyrirhugað að hefja framkvæmdir við endurbæturnar.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Girðing. Á árinu var einnig unnið áfram að endurbótum á girðingum.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.2 Akureyri.

4.2.1 Flugbrautir og hlöð.

Flughlað. Árið 1997 var hafist handa við stækkun flughlaðsins á Akureyrarflugvelli um 5.000 m^2, nýju malbiksyfirlagi bætt á eldra hlað og breikkun snúningsenda á flugbraut. Áætlaður kostnaður var 28,5 millj. kr. Verkinu lauk á árinu 1997, en á árinu 1998 er 5,0 millj. kr. fjárveiting til að greiða eftirstöðvar kostnaðar við verkið.

Malbiksútlögn var boðin út og bárust tvö tilboð. Tilboði lægstbjóðanda, Loftorku hf., var tekið, en malbikið var keypt frá Malbikunarstöð Akureyrarbæjar. Guðmundur Hjálmarsson, verktaki á Akureyri, sá um burðarlög og undirvinnu fyrir malbiksútlögn. Hönnun verksins sá Verkfræðistofa Norðurlands um, en Flugmálastjórn hafði eftirlit með höndum.

Verkstaða: Lokið.

Bílastæði og lóð. Á árinu 1997 var hafist handa við lokafrágang bílastæða og lóðar og lauk því verkefni á árinu 1998.

Verkstaða: Lokið.

4.2.2 Byggingar.

Flugstöð. Á árinu 1998 er 9,0 millj. kr. fjárveiting til endurbóta á flugstöðinni. Til að greiða eftirstöðvar skuldar frá árinu 1997 voru nýttar 2,4 millj. kr. Til framkvæmda voru því 6,6 millj. kr., en þess ber að geta að fjárveitingar til þessa verkefnis eru einnig á árunum 1999 og 2000. Á árinu var unnið að hönnun og öðrum undirbúningi fyrir 1,3 millj. kr. Þá voru 0,8 millj. kr. notaðar til að greiða skuld af verkefninu við bílastæði og lóð. Eftirstöðvarnar, 4,5 millj. kr., voru fluttar til framkvæmda árið 1999.

Arkitektastofan Grófargili og Verkfræðistofa Norðurlands sjá um hönnun verksins.
Verkstaða: Í framkvæmd.

4.2.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.
Brautarljós, endurnýjun. Þessu verkefni lauk ekki á árinu 1998. Á flugmálaáætlun voru 14,0 millj. kr. til þessa verkefnis. Á árinu var unnið fyrir 7,7 millj. kr. Unnið hefur verið að eftirfarandi verkþáttum: uppsetningu eltiljósa frá enda aðflugsljósa til Hvamms, uppsetningu ljósa á akstursbraut, endurnýjun reglna í flugbrautaljósum og hlaðlýsingu.
Á árinu 1998 voru 7,0 millj. kr. lánaðar á verkefnið 4.12.3 af fjárveitingunni sem greidd verður til baka, 5,0 millj. kr. árið 1999 og 2,0 millj. kr. árið 2000.
Verkstaða: Í framkvæmd.
Leiðarljós. Þessu verkefni lauk á árinu. Í árslok var 0,1 millj. kr. skuld á verkefninu. Skuldin verður greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.
Verkstaða: Lokið.
Veðurmælibúnaður. Hér er um að ræða skýjahæðar- og skyggnismæli og lauk verkefninu árið 1998. Í árslok var 0,5 millj. kr. skuld á verkefninu sem er greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.
Verkstaða: Lokið.

4.3 Vestmannaeyjar.
4.3.2 Byggingar.
Flugstöð. Á árinu 1998 var unnið að hönnun og undirbúningi vegna stækkunar og endurbóta á flugstöðinni. Fjárveiting samkvæmt flugmálaáætlun var 20,0 millj. kr. sama ár. Verkið felur í sér u.þ.b. 200 m2 viðbyggingu þar sem verður nýr komusalur og verulegar skipulagsbreytingar í brottfararsal, ásamt endurbótum á þaki. Verkið var boðið út í nóvember síðastliðnum og voru tilboð opnuð í desember. Tvö tilboð bárust og var tilboði lægstbjóðanda, Steina og Olla ehf., tekið. Hönnun verksins er í höndum Teiknistofunnar Ármúla 6 í Reykjavík og Teiknistofu Páls Zóphóníassonar, Vestmannaeyjum.
Framkvæmdakostnaður var 8,2 millj. kr. á árinu og fólst í ýmsum undirbúnings- og hönnunarkostnaði og byggingarleyfisgjöldum. Ljóst er að kostnaður vegna þessa verkefnis verður mun hærri en gert var ráð fyrir í fjárveitingum á flugmálaáætlun árin 1998 og 1999, enda lá ekki fyrir endanleg kostnaðaráætlun vegna verkefnisins þegar áætlunin var í vinnslu.
Verkstaða: Í framkvæmd.
Tækjageymsla. Lokið var á árinu byggingu tækjageymslu á Vestmannaeyjaflugvelli. Í árslok var 0,2 millj. kr. skuld á verkinu sem greiðist af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.
Verkstaða: Lokið.

4.4 Egilsstaðir.
4.4.1 Flugbrautir og hlöð.
Bílastæði og lóð. Þetta verk var boðið út í maí 1998 og lauk í október sama ár. Verkið var skorið nokkuð niður frá upphaflegri hönnun þar sem fyrirséð var að fjárveiting af flugmálaáætlun ársins, 18,0 millj kr., mundi ekki duga. Raunkostnaður við þennan fyrsta áfanga varð 22,6 millj. kr. og greiðist mismunurinn af fjárveitingunni til varnargarða á árinu 1999 og af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna. Þess ber að geta að framkvæmdum við varnargarða er að mestu lokið.
Verktakar voru Vökvavélar ehf. og Malarvinnslan Egilsstöðum. Skipulagsuppdrátt vann

Benjamín Magnússon arkitekt en um hönnun, eftirlit og útboðsgögn sá Verkfræðistofa Austurlands.

Verkstaða: Lokið.

Flugbraut. Hér er um að ræða ræktun og uppgræðslu á gömlu flugbrautinni samkvæmt samningi við Egilsstaðabændur um land undir nýja flugbraut. Engin fjárveiting var til verksins og greiðist kostnaðurinn, 1,3 millj. kr., af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.5 Ísafjörður.

4.5.2 Byggingar.

Flugstöð. Á árinu 1997 var hafist handa við stækkun og endurbætur á flugstöðinni. Við framkvæmd verksins kom í ljós að gera þurfti mun meiri endurbætur en upphaflega var ráðgert. Þetta gerði verkið töluvert dýrara en áætlað hafði verið. Verkinu lauk í desember sl. en uppgjöri við verktaka var ekki lokið í árslok, m.a. vegna ágreinings um frágang á einstökum verkþáttum.

Teiknistofan Ármúla 6 Reykjavík sá um arkitektateikningar en útibú Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen sá um burðarþolsteikningar og aðrar verkfræðiteikningar. Verktaki var Naglinn ehf., Ísafirði sem átti lægsta tilboð. Eftirlit var í höndum Flugmálastjórnar með aðstoð hönnuða.

Kostnaður í árslok var 49,2 millj. kr. Mismunur, 14 millj. kr., var greiddur af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.5.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Hindranalýsing. Hafist var handa við gerð hindranalýsingar í Kirkjubólshlíð og annarra framkvæmda vegna næturbrottflugs sumarið 1996. Þar sem hér er um að ræða nokkuð flókið verkefni sökum landslags, sem þarna eru mjög brattar hlíðar, hefur verkefnið tekið nokkuð langan tíma sem farið hefur í tilraunir og þróun. Verkinu var að mestu lokið í árslok 1998, en ljóst er að kostnaður verður mun lægri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Verkstaða: Lokið.

Veðurmælitæki. Hér er um að ræða sjálfvirka veðurstöð á Arnarnesi. Þessu verkefni lauk á árinu 1998. Í árslokauppgjöri er 0,3 millj. kr. skuld á verkefninu. Þessi skuld er greidd af inneign á verkefninu Ísafjörður, hindranalýsing.

Verkstaða: Lokið.

4.6 Hornafjörður.

4.6.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut. Á árinu voru gerðar nokkrar nauðsynlegar lagfæringar á flugbrautinni sem kostuðu 0,5 millj. kr. Þar sem fjárveiting fékkst ekki er gert ráð fyrir að þessi skuld verði tekin af liðnum Flugbrautir og hlöð árið 1999.

Verkstaða: Lokið.

4.6.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Aðflugsljós, norðurendi. Fjárveiting til þessa verkefnis var 10,0 millj. kr. á árinu. Hönnun er lokið og búið er að kaupa ljósin. Unnið var fyrir 3,9 millj. kr. á árinu og lýkur uppsetningu væntanlega á árinu 1999. Ljósin voru keypt frá fyrirtækinu OCEM á Ítalíu eftir að verð hafði verið kannað.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Brautarljós. Þessu verkefni lauk á árinu. Í árslok var 0,2 millj. kr. skuld á verkefninu sem greiðist af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

Aðflugsljós úr suðri. Þessu verkefni lauk árið 1998. Skuld í árslok, 0,1 millj. kr., er greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.7 Húsavík.

4.7.1 Flugbrautir og hlöð.

Öryggissvæði. Þessu verki lauk á árinu og er 0,1 millj. kr. skuld greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.7.2 Byggingar.

Tækjageymsla. Á árinu 1998 var hafist handa við byggingu 436 m2 tækjageymslu á Húsavíkurflugvelli. Verkið var boðið út sumarið 1998. Lægstbjóðandi féll frá tilboði sínu og var því næstlægsta boði tekið að upphæð 31,5 millj. kr. Fjárveiting ársins var 20,0 millj. kr. Ákveðið var að nýta hluta tækjageymslunnar fyrir sand til hálkuvarna, og var því sett upphitun í gólfið þar sem hitaveita er að koma á flugvallarsvæðið. Þetta hefur í för með sér nokkurn kostnaðarauka. Í árslok var húsið rúmlega fokhelt og hafði þá verið unnið fyrir 22,4 millj. kr. Ráðgert er að framkvæmdum ljúki í júní 1999. Verktaki er Norðurvík ehf., en hönnun var í höndum Benjamíns Magnússonar arkitekts og Teiknistofu Páls Zóphóníssonar, Vestmannaeyjum, enda unnið eftir sömu teikningu og á Vestmannaeyjaflugvelli. Eftirlit var í höndum Tækniþjónustunnar ehf., Húsavík.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.7.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Upptökubúnaður. Þessu verkefni lauk á árinu 1998. Í verkuppgjöri var 0,8 millj. kr. inneign sem er nýtt til leiðréttingar við verkefnauppgjör á árinu 1998.

Verkstaða: Lokið.

4.8 Sauðárkrókur.

4.8.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Upptökubúnaður. Þessu verkefni lauk á árinu 1998. Í árslokauppgjöri var 0,8 millj. kr. inneign á þessu verkefni. Þessi inneign er nýtt til leiðréttingar við verkefnauppgjör á sama ári.

Verkstaða: Lokið.

4.9 Bíldudalur.

4.9.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut, málun. Þessu verkefni lauk á árinu. Í árslok var 0,1 millj. kr. skuld sem greiðist af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.9.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Flugbrautarljós. Framkvæmdum við þetta verkefni lauk á árinu 1998. Fjárveiting af flugmálaáætlun 1998 var 9,0 millj. kr. Eins og áður er getið varð verkefnið Hindranalýsing á Ísa-

fjarðarflugvelli mun ódýrara en ráðgert var og var því ákveðið að færa af áætlun þess verkefnis 8,0 millj. kr. yfir á verkefnið Flugbrautarljós á Bíldudalsflugvelli og voru því alls 17,0 millj. kr. til ráðstöfunar.

Jarðvinna var boðin út og samið við lægstbjóðanda, Hrein Bjarnason, verktaka á Bíldudal. Tengi- og lagnavinna var unnin af starfsmönnum Flugmálastjórnar. Raftæknideild Flugmálastjórnar sá um hönnun verksins og eftirlit ásamt umdæmisskrifstofu Flugmálastjórnar á Ísafirði. Við lokauppgjör ársins 1998 var 1,7 millj. kr. skuld á verkefninu. Þessi skuld greiðist af 2,0 millj. kr. framlagi flugmálaáætlunar 1999.

Verkstaða: Lokið.

Varaafl, Selárdal. Þessu verkefni lauk á árinu. Við lokauppgjör var 1,0 millj. kr. inneign sem nýtt var í leiðréttingar við uppgjör verkefna á árinu 1998.

Verkstaða: Lokið.

4.10 Grímsey.

4.10.2 Byggingar.

Flugstöð. Fjárveiting á flugmálaáætlun fyrir árið 1998 var 7,0 millj. kr. til byggingar nýrrar flugstöðvar í Grímsey. Á árinu var unnið fyrir 0,3 millj. kr. vegna undirbúnings fyrir og hönnunar á lítilli flugstöð með flugturni, byggðri úr timbri. Framkvæmdir töfðust, meðal annars vegna hugmynda um að færa flughlaðið nær byggðinni og einnig vegna samninga við Íslandspóst um aðstöðu í flugstöðinni. Byggingarframkvæmdir hefjast því ekki fyrr en á árinu 1999.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.11 Siglufjörður.

4.11.1 Flugbrautir og hlöð.

Bundið slitlag. Þessu verkefni lauk árið 1994. Þá var ólokið samningum milli Siglufjarðarbæjar, Vegagerðarinnar og Flugmálastjórnar um námufrágang í Hólslandi. Því verkefni, ásamt samningum, lauk ekki fyrr en á árinu 1998. Hlutur Flugmálastjórnar varð 0,4 millj. kr. og þar sem engin fjárveiting fékkst á árinu í þessu skyni var skuldin greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.12 Þórshöfn.

4.12.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut. Á Þórshafnarflugvelli komu fram frostlyftingar á flugbrautinni sem nauðsynlegt var að lagfæra. Unnið var að þessu verkefni á árinu 1998 og þau jarðefni sem skipt var út notuð í gerð öryggissvæða. Unnið var fyrir 8,2 millj. kr. sem greiddar eru af flugmálaáætlun fyrir árið 1999 af liðnum Flugbrautir og hlöð. Óvíst er á þessari stundu hvort gera þurfi meiri lagfæringar.

Verkstaða: Lokið.

4.12.3 Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.

Flugbrautarljós. Þessu verkefni lauk árið 1998 að öðru leyti en því að brautarreglar eru til bráðabirða. Ráðgert er að setja nýja regla og ljúka verkefninu árið 2000. Á sama ári voru fengnar að láni 7,0 millj. kr. af verkinu Flugbrautarljós á Akureyri. Í árslok var að auki 5,3 millj. kr. skuld á þessu verki. Skuldin var greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna árið 1998. Á árinu 1999 eru 5,0 millj. kr. á flugmálaáætlun sem nýttar verða til að

greiða upp skuldina við Akureyrarflugvöll. Þær 2,0 millj. kr. sem þá verða ógreiddar, verða teknar af 6,0 millj. kr. framlagi árið 2000. Eftirstöðvarnar 4,0 millj. kr., verða nýttar til uppsetningar á nýjum brautarreglum og til að ljúka verkinu.

Ljósin voru tekin í notkun á árinu. Raftæknideild Flugmálastjórnar sá um hönnun og eftirlit. Jarðvinna var boðin út en lægstbjóðandi féll frá tilboði sínu og var því samið við þann sem bauð næstlægst, Þóri Jónsson, sem er verktaki á Þórshöfn. Umdæmisskrifstofa Flugmálastjórnar á Akureyri hafði eftirlit með jarðvegsframkvæmdunum. Starfsmenn Flugmálastjórnar sáu um lagna- og tengivinnu. Ljósabúnaðurinn var einnig boðinn út og keyptur af lægstbjóðanda sem er fyrirtækið ADB í Belgíu.

Verkstaða: Lokið.

4.13 Vopnafjörður.

4.13.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut, málun. Þessu verkefni lauk ekki á árinu 1998 og færist því inneign 0,4 millj. kr. til næsta árs.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.14 Hólmavík.

Engar fjárveitingar né framkvæmdir voru á árinu 1998.

4.15 Þingeyri.

4.15.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut. Á árinu 1998 var 15,0 millj. kr. framlag á flugmálaáætlun til endurbóta á flugbrautinni á Þingeyri sem er varaþjónustuflugvöllur fyrir Ísafjörð. Þá er einnig 15,0 millj. kr. framlag á árinu 1999, samtals 30,0 millj. kr., til þessa verkefnis. Þar sem 15,0 millj. kr. framlag nýtist illa eitt og sér til útboðs á hluta af verkinu var ákveðið að fresta framkvæmdum til ársins 1999, en undirbúningur hófst á árinu 1998.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.16 Gjögur.

4.16.1 Flugbrautir og hlöð.

Flugbraut. Á árinu 1998 var 3,0 millj. kr. framlag á flugmálaáætlun til endurnýjunar malarslitlags á flugbrautinni. Þessu verkefni lauk á árinu. Þá var einnig ákveðið að rétta af halla sem á brautinni var og hafði það í för með sér nokkurn kostnaðarauka. Heildarkostnaður varð 5,1 millj. kr. og verður skuldin greidd af liðnum Til leiðréttinga og brýnna verkefna.

Verkstaða: Lokið.

4.17 Mývatn.

4.17.2 Byggingar.

Farþegaskýli. Á flugmálaáætlun fyrir árið 1998 var 4,0 millj. kr. framlag til endurbóta á farþegaaðstöðu á flugvellinum. Ákveðið var að vinna þetta verkefni í samvinnu við Mýflug sem hefur skrifstofu og aðra aðstöðu í húsinu. Keypt var tilbúið einingahús og flutt á staðinn. Heildarkostnaður í árslok liggur ekki fyrir, en framlag og eignarhluti Flugmálastjórnar verður 4,0 millj. kr. Eftirstöðvar kostnaðar kemur í hlut Mýflugs og verður þeirra eignarhluti.

Verkstaða: Lokið.

4.18 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun framlags á flugmálaáætlun, framkvæmdastöðu og greiðslustöðu í árslok:

Tafla 14. Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður 1998, sundurliðun.

Verkefni	Flugmála-áætlun	Breyting	Til fram-kvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Greiðslustaða í árslok
Flugstjórnarmiðstöð	20	20,0	40,0	55,0	-15,0
Upplýsingakerfi	5	10,4	15,4	0,2	15,2
GPS/WAAS/NAAN/ADS/aðflugs-búnaður	15	19,3	34,3	12,4	21,9
Veðurupplýsingakerfi	10		10,0	0,0	10,0
Veðurboði	0	1,2	1,2	1,6	-0,4
Flugprófunarbúnaður	2	-0,6	1,4	0,2	1,2
Rannsóknarverkefni	7		7,0	4,1	2,9
Flugturn í Reykjavík	0			10,0	-10,0
Ýmis verkefni	10	1,4	11,4	9,5	1,9
Samtals	69	51,7	120,7	93,0	27,7

Flugstjórnarmiðstöð. Hér er um að ræða hlutdeild íslenska ríksins í og framlag til ýmissa framkvæmda og tækjabúnaðar í nýju flugstjórnarmiðstöðinni.

Upplýsingakerfi. Til verkefnisins voru 15,4 millj. kr. til ráðstöfunar á árinu 1998. Ráðgert er að nýta þessa fjármuni til kaupa á hug- og vélbúnaði, til útgáfu á handbók flugmanna og til gerðar aðflugskorta og hönnunar aðflugs. Á árinu 1998 var ráðstafað 0,2 millj. kr., aðallega til skoðunar á þeim kerfum sem í boði voru. Búið er að ákveða að ganga til samninga við Serco í Englandi vegna búnaðar til útgáfu handbókar flugmanna.

Verkstaða: Í framkvæmd.

GPS/WAAS/NAAN/ADS/aðflugsbúnaður. Á árinu 1998 voru 34,3 millj. kr. til ráðstöfunar í þessi verkefni. Í árslok var búið að nýta 12,4 millj. kr. Á þennan lið er færður allur beinn kostnaður við GPS-verkefni á Íslandi, nema vegna víðáttustoðkerfis (WAAS).

Á árinu 1998 hefur aðallega verið lögð áhersla á hönnun og flugprófun GPS-aðflugs. Lokið er við braut 18 á Hornarfjarðarflugvelli. Þá er hönnun lokið í Reykjavík, á Bíldudal, Þórshöfn, Vopnafirði, Sauðárkróki, í Grímsey og Vestmannaeyjum. Flugprófanir á þessum stöðum standa yfir.

Þá er í undirbúningi athugun á notagildi grenndarstoðkerfis (DGPS) til nákvæmnisaðflugs að Akureyrarflugvelli. Kostnaður við kaup á slíkum búnaði er áætlaður 45 millj. kr.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Veðurupplýsingakerfi. Til ráðstöfunar voru 10,0 millj. kr. á árinu 1998 í veðurupplýsingakerfi. Þessir fjármunir eru ætlaðir til endurnýjunar á hugbúnaði svonefnds veðurboða sem er nýttur til að senda veðurupplýsingar frá flugvöllum. Ekki hefur farið af stað nein vinna við slíkt, en í gangi er athugun á búnaði frá fyrirtækinu Vaisala í Finnlandi sem safnar saman gögnum frá öllum skynjurum á einum flugvelli. Síðan má dreifa þessum upplýsingum um flugvöllinn og einnig senda veðurathuganir sjálfvirkt.

Búnaðurinn er nú til skoðunar hjá flugumferðarþjónustunni og Veðurstofunni. Ef búnaðurinn kemur vel út er ráðgert að setja slíkan búnað upp til prófunar á Akureyrarflugvelli á árinu 1999.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Veðurboði. Frá fyrri árum voru 1,2 millj. kr. til ráðstöfunar í þetta verkefni. Nú hefur verið varið 1,6 millj. kr. til endurnýjunar tölvubúnaðar veðurboða á Akureyrarflugvelli, Vestmannaeyjaflugvelli og Egilsstaðaflugvelli.

Verkstaða: Lokið.

Flugprófunarbúnaður. Á þessum lið er til ráðstöfunar á árinu 1,4 millj. kr. Þá eru enn fremur framlög til verksins á flugmálaáætlun áranna 1999 og 2000 að upphæð 15,0 millj. kr.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Rannsóknarverkefni. Til ráðstöfunar af flugmálaáætlun árið 1998 voru 7,0 millj. kr. Ráðstafað hefur verið á árinu til ýmissa verkefna 4,1 millj. kr., en þó aðallega til hávaðamælinga í kringum Reykjavíkurflugvöll. Framkvæmdaraðili var Verkfræðistofnun Háskólans. Eftirstöðvar, 2,9 millj. kr., færast til ársins 1999 en þá er 8,0 millj. kr. framlag á flugmálaáætlun til rannsóknarverkefna.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Ýmis verkefni. Þessum verkefnum, m.a. uppsetningu á vindmælum á Sauðárkróks- og Siglufjarðarflugvöllum, lauk á árinu 1998. Árslokauppgjör sýnir 1,9 millj. kr. inneign. Þessi inneign var notuð til leiðréttinga á verkefnum sem lokið var á árinu 1998.

Verkstaða: Í framkvæmd.

4.19 Annar kostnaður.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig annar kostnaður sundurliðast:

Tafla 15. Annar kostnaður 1998, sundurliðun.

Verkefni	Flugmála-áætlun	Breyting	Til fram-kvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Greiðslustaða í árslok
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	12	-2,0	10,0	4,4	5,6
Slökkvibúnaður	10		10,0	0,0	10,0
Ýmis búnaður	5		5,0	0,0	5,0
Tækjasjóður	27	3,8	30,8	36,1	-5,3
Til leiðréttinga og brýnna vekefna	20	-20,0	0,0	0,0	0,0
Stjórnunarkostnaður	15	2,5	17,5	14,0	3,5
Ýmis verkefni	0		0,0	0,8	-0,8
Samtals	89	-15,7	73,3	55,3	18,0

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir. Á þennan lið er færður kostnaður við uppbyggingu og meira viðhalds annarra flugvalla en áætlunarflugvalla. Þessar flugbrautir og lendingarstaðir eru í misgóðu ástandi.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað veruleg uppbygging á flugvöllunum á Selfossi og Bakka í Austur-Landeyjum, enda eru umtalsverðir farþegaflutningar um þessa flugvelli, sérstaklega til og frá Vestmannaeyjum. Á árinu voru stærstu framkvæmdirnar þær að endurnýjað var malarslitlag á flugbrautunum á Stóra-Kroppi og Húsafelli, en það verk annaðist verktakafyrirtækið Borgarverk í Borgarnesi. Að öðru leyti dreifðist fjármagn af þessum lið á

ýmsa flugvelli og lendingarstaði. Í upphafi árs voru 10,0 millj. kr. til ráðstöfunar en unnið var fyrir 4,4 millj. kr. Inneign, 5,6 millj. kr., færist til ársins 1999.

Verkstaða: Lokið.

Slökkvibúnaður. Á árinu 1998 voru 10,0 millj. kr. til ráðstöfunar í kaup á slökkvibúnaði. Sama upphæð er einnig á flugmálaáætlun ársins 1999 og verða þá 20,0 millj. kr. til ráðstöfunar. Slökkviþjónusta á Reykjavíkur- og Akureyrarflugvöllum hefur verið í endurskoðun undanfarið og þá með tilliti til aukinnar samvinnu eða samruna við slökkvilið viðkomandi sveitarfélaga. Þegar þeirri vinnu lýkur verður tekin ákvörðun um hvernig þessu fjármagni verður best varið.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Ýmis búnaður. Til ráðstöfunar á þessum lið voru 5,0 millj. kr. sem lánað var í reynd í tækjasjóð og hefur verið lagt til að þessi fjárveiting, ásamt 5,0 millj. kr. framlagi á flugmálaáætlun ársins 1999, verði sameinuð tækjasjóði.

Verkstaða: Í framkvæmd.

Tækjasjóður. Á árinu 1998 var í fyrsta sinn sérstök fjárveiting í tækjasjóð flugvallanna en áður höfðu tækjakaup og fjárveitingar til þeirra verið færðar á viðkomandi flugvöll. Á árinu 1998 voru til ráðstöfunar 30,8 millj. kr. til ýmissa tækjakaupa. Eftir að metið hafði verið hvar þörfin væri mest voru ákveðin eftirfarandi tækjakaup á árinu og þeim ráðstafað til eftirtalinna flugvalla:

Tafla 16. Tækjakaup, sundurliðun.

Staður	Tæki	Kaupverð
Reykjavík	Vörubifreið	5.353
Akureyri	Vörubifreið	5.353
Akureyri	Snjóblásari	16.758
Akureyri	Bremsumælingarbifreið	75
Egilsstaðir	Vörubifreið	5.229
Bíldudalur	Sanddreifari	600
Gjögur	Sanddreifari	600
		33.968

Þær þrjár vörubifreiðar sem keyptar voru eftir útboð eru notaðar, en þó nýlegar og tiltölulega lítið keyrðar. Snjóblásari fyrir Akureyrarflugvöll var einnig keyptur notaður frá Bandaríkjunum eftir að útboð hafði farið fram, enda að miklu leyti nýlega endurbyggður. Þá var keypt notuð Saab-bremsumælingabifreið fyrir Akureyrarflugvöll af Sölu varnarliðseigna, en bifreiðin hafði áður verið á Keflavíkurflugvelli.

Verkstæði Flugmálastjórnar í Reykjavík sá síðan um gagngerar endurbætur á bifreiðinni og bremsumælingabúnaðinum. Kostnaður á árinu 1998 vegna tækjakaupa var 36,1 millj. kr. og er þá innifalinn kostnaður við endurbætur á bremsumælingabifreiðinni og ýmis kostnaður vegna útboða og skoðunar á tækjunum.

Verkstaða: Lokið.

Til leiðréttinga og brýnna verkefna. Þessi liður er notaður til að stemma af uppgjör verkefna ársins 1998. Til ráðstöfunar voru 20 millj. kr.

Fylgiskjal I.

Eftirfarandi tafla og súlurit sýna fjárveitingar til flugmálaframkvæmda frá því að fyrsta þingsályktun um flugmálaáætlun tók gildi árið 1988.

Fjárveitingar til flugmálaframkvæmda 1988–98.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (mars 1999), í þús. kr.

Ár	Fjárhæð	Núvirði
1988	281.500	591.170
1989	272.000	451.834
1990	325.000	448.810
1991	349.000	447.349
1992	374.000	466.645
1993	393.000	486.984
1994	395.000	473.320
1995	355.000	409.487
1996	332.000	372.148
1997	400.000	420.751
1998	415.000	422.728
Samtals	3.891.500	4.991.226



Fylgiskjal II.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig fjárveitingar til einstakra flugvalla skiptast á árunum 1988–1998. Eins og fram kemur hafa fjárveitingar til Egilsstaðaflugvallar verið mestar á þessum árum, eða sem svarar 29,5% af heildarfjárveitingunum.

Fjárveitingar til flugvallaframkvæmda 1988–98.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (mars 1999), í þús. kr.

Staður	1988–91	1992–95	1996	1997	1998	Samtals	Hlutfall
Reykjavík	212.777	59.046	20.179	38.919	29.540	3 60.461	8,8%
Akureyri	113.250	120.206	73.990	74.683	28.521	410.650	10,1%
Vestmannaeyjar	114.993	82.281	19.058	7.363	20.372	244.067	6,0%
Egilsstaðir	522.384	608.790	48.206	6.311	18.335	1.204.026	29,5%
Ísafjörður	87.883	50.156	36.995	32.608	40.745	248.387	6,1%
Hornafjörður	40.844	64.926	11.210	31.556	10.186	158.722	3,9%
Húsavík	42.452	121.752	16.815	10.519	22.409	213.947	5,2%
Sauðárkrókur	61.072	110.766	22.422	6.311	2.037	202.608	5,0%
Patreksfjörður	22.641	46.764	22.422	6.311	0	98.138	2,4%
Bíldudalur	20.406	58.359	0	8.415	9.168	96.348	2,4%
Grímsey	42.005	16.611	3.363	1.052	7.130	70.161	1,7%
Norðfjörður	41.559	8.431	0	0	0	49.990	1,2%
Vopnafjörður	22.194	0	0	31.556	0	53.750	1,3%
Siglufjörður	2.383	42.018	0	0	0	44.401	1,1%
Þórshöfn	79.393	71.101	3.363	7.363	8.149	169.369	4,2%
Hólmavík	52.730	14.121	0	0	0	66.851	1,6%
Gjögur	20.407	19.052	0	0	3.056	42.515	1,0%
Þingeyri	7.596	6.337	0	0	15.279	29.212	0,7%
Raufarhöfn	13.555	4.585	0	0	0	18.140	0,4%
Kópasker	22.640	1.247	0	0	0	23.887	0,6%
Flateyri	19.365	0	0	0	0	19.365	0,5%
Mývatn	0	6.966	16.815	0	4.074	27.855	0,7%
Bakkafjörður	1.191	0	0	0	0	1.191	0,0%
Borgarfjörður eystri	23.684	0	0	0	0	23.684	0,6%
Ólafsfjörður	2.682	0	0	0	0	2.682	0,1%
Breiðdalsvík	14.449	0	0	0	0	14.449	0,4%
Blönduós	14.746	0	0	0	0	14.746	0,4%
Stykkishólmur	5.362	1.247	0	0	0	6.609	0,2%
Rif	34.855	4.991	0	0	0	39.846	1,0%
Aðrir flugvellir	64.200	24.151	6.726	12.622	12.223	119.922	2,9%
Samtals	1.723.698	1.543.904	301.564	275.589	231.224	4.075.979	100,0%

Fylgiskjal III.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjárveitingar til einstakra flugvalla á árunum 1988–98 ásamt heildarfarþegaflutningum um flugvellina á sama tíma:

Framkvæmdir á flugvöllum 1988–98 og fjöldi farþega sem fóru um flugvellina sömu ár. Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (mars 1999).

Staður	Fjárhæð	Farþegar	Fjárfesting á farþega
Reykjavík	360.461.000	3.715.628	97
Akureyri	410.650.000	1.470.569	279
Vestmannaeyjar	244.067.000	831.836	293
Egilsstaðir	1.204.026.000	594.529	2.025
Ísafjörður	248.387.000	557.682	445
Hornafjörður	158.722.000	183.033	867
Húsavík	213.947.000	159.034	1.345
Sauðárkrókur	202.608.000	136.239	1.487
Patreksfjörður	98.138.000	56.824	1.727
Bíldudalur	96.348.000	65.828	1.464
Grímsey	70.161.000	38.983	1.800
Norðfjörður	49.990.000	31.087	1.608
Vopnafjörður	53.750.000	38.959	1.380
Siglufjörður	44.401.000	39.611	1.121
Þórshöfn	169.369.000	21.783	7.775
Hólmavík	66.851.000	10.042	6.657
Gjögur	42.515.000	7.905	5.378
Þingeyri	29.212.000	26.031	1.122
Raufarhöfn	18.140.000	9.124	1.988
Kópasker	23.887.000	4.466	5.349
Flateyri	19.365.000	30.741	630
Mývatn	27.855.000	26.127	1.066
Suðureyri	150.000	2.363	63
Bakkafjörður	1.191.000	776	1.535
Borgarfjörður eystri	23.684.000	1.491	15.885
Ólafsfjörður	2.682.000	6.012	446
Breiðdalsvík	14.449.000	3.068	4.710
Fáskrúðsfjörður	150.000	217	691
Blönduós	14.746.000	11.247	1.311
Stykkishólmur	6.609.000	6.647	994
Rif	39.846.000	14.024	2.841
Samtals	3.956.357.000	8.101.906	488

Fylgiskjal IV.

Farþegaflutningar 1990–98.

Eftirfarandi línurit sýna farþega sem hafa farið um áætlunarflugvellina á árunum 1990–98 (viðkomufarþegar meðtaldir). Eins og sjá má á línuritunum er mjög mikil aukning farþegaflutninga um stærri flugvellina á kostnað hinna minni. Þannig fóru á árinu 1998 91% af heildarfarþegaflutningunum um fimm stærstu áætlunarflugvellina, þ.e. Reykjavíkur-, Akureyrar-, Vestmannaeyja-, Egilsstaða-, og Ísafjarðarflugvelli.

Reykjavík



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	306.627	293.864	326.033	288.970	342.962	356.129	372.243	415.353	440.585

Akureyri



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	120.877	115.804	130.158	115.827	133.276	144.274	142.602	156.109	181.234

Vestmannaeyjar.



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	71.962	81.588	82.845	78.599	85.950	75.536	79.406	70.080	83.660

Egilsstaðir.



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	50.900	48.180	52.261	53.648	54.839	56.865	57.921	69.912	72.652

Ísafjörður.



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	41.407	43.506	50.019	44.535	52.262	55.465	58.876	60.480	56.301

Hornafjörður.



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	16.188	18.050	19.670	20.457	17.946	20.664	23.640	23.486	20.499

Húsavík.



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	18.510	18.941	17.782	16.366	16.732	17.376	17.077	17.733	18.449

Sauðárkrókur.



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	14.626	14.879	14.417	15.508	14.908	15.963	15.105	18.954	16.721

Bíldudalur



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	5.080	5.489	5.017	5.099	5.490	8.451	11.080	10.684	8.304

Siglufjörður



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	5.574	3.505	3.272	2.673	2.298	2.747	2.635	3.055	3.487

Grímsey



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	3.638	3.608	3.327	3.606	3.668	3.788	3.694	3.651	2.975

Mývatn



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	1.318	2.524	2.769	2.121	3.603	3.622	3.554	3.639	2.977

Vopnafjörður



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	3.822	3.740	3.252	3.342	3.653	3.516	3.187	3.257	2.789

Þórshöfn



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	1.836	1.972	1.783	1.692	1.834	1.984	1.987	2.018	2.016

Patreksfjörður



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	6.182	4.983	7.172	5.858	5.719	5.098	5.096	2.274	1.817

Þingeyri



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	5.867	3.090	3.102	2.951	2.754	3.521	3.108	1.175	1.843

Gjögur



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Farþegar	765	818	699	740	786	793	646	697	587

493. Breytingartillaga [214. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu, o.fl.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni og Svanfríði Jónasdóttur.

Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (5. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna, sbr. 158. gr. laga nr. 83/1997 og 7. gr. laga nr. 88/1998:
a. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
Bankastjóri Seðlabankans stýrir daglegum rekstri bankans. Ráðherra skipar bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjóri skal skipaður til fimm ára í senn, en þó skal gæta reglna um hámarksaldur starfsmanna ríkisins.

b. (6. gr.)
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þar til skipunartíma annars af tveimur núverandi bankastjórum lýkur skulu bankastjórar vera tveir og þeir skipa bankastjórn. Skulu þeir koma sér saman um formennsku í bankastjórninni.

494. Fyrirspurn [294. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu verkmenntunar á framhaldsskólastigi.

Frá Sturlu D. Þorsteinssyni.

1. Hefur verið unnið samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að efla skuli verkmenntun á framhaldsskólastigi?
2. Eru áform um að efla verkmenntun almennt eða tilteknar verkmenntunargreinar?
3. Hefur verið unnið að því að auka veg verkmenntunar?
4. Hver verður hlutur verkmenntunar á almennri námsbraut við framhaldsskóla?

Skriflegt svar óskast.

495. Skýrsla [18. mál]

landbúnaðarráðherra um stöðu garðyrkjubænda og þróun á verði og neyslu grænmetis, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Með beiðni (á þskj. 18) frá Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að landbúnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu garðyrkjubænda og þróun á verði og neyslu grænmetis.

1. Þróun grænmetisverðs á innlendu grænmeti og innfluttu frá árinu 1995.

Upplýsingarnar sem Hagstofan hefur um verð á grænmeti eru fengnar úr verðkönnunum sem gerðar eru í mánuði hverjum til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Niðurstöðurnar eru vegið meðalverð úr smásöluverslunum á höfuðborgarsvæðinu fram til mars 1997, en eftir það úr verslunum af landinu öllu.

Miðað er við það einingaverð sem lægst er á hverjum tíma, en Hagstofan hefur engar upplýsingar um það hvað af grænmetinu er innlent eða innflutt. Nánari upplýsingar um verð á einstökum tegundum er að finna í fylgiskjali I.

2. Skipting útsöluverðs á innlendu grænmeti.

Ekki liggja fyrir opinberar upplýsingar um skiptingu útsöluverðs á innlendu grænmeti milli framleiðenda, dreifingaraðila og opinberra aðila. Hins vegar hefur Samband garðyrkjubænda tekið saman upplýsingar þessa efnis varðandi eina grænmetistegund, þ.e. tómata, frá maí 1995 til september 1999. Þar kemur m.a. fram að verð til framleiðenda hefur hækkað úr 169 kr./kg í 172 kr./kg á umræddu tímabili, eða innan við 2%. Á sama tíma hefur verð til neytenda hækkað úr 329 kr./kg í 384 kr./kg, eða um tæp 17%. Svo virðist sem á umræddu tímabili hafi álagning smásöluverslunar hækkað úr 68 kr./kg í 113 kr./kg. Eins og fyrr segir eru ekki til upplýsingar um aðrar tegundir grænmetis. (Sjá nánari upplýsingar í fylgiskjali II.)

3. Skipting kostnaðarverðs á innfluttu grænmeti.

Hagstofan safnar ekki upplýsingum um skiptingu kostnaðarverðs, þ.e. um innkaupsverð, innflutningstolla, magntolla, smálsöluálagningu, heilsöluálagningu, virðisaukaskatt og flutningsgjöld. Upplýsingar sem eru fyrirliggjandi um grænmetisverð sýna verð sem neytandinn greiðir fyrir grænmetið í smásöluverslunum.

Á hinn bóginn liggja fyrir upplýsingar um fob- og cif-verð eftir einstökum tollskrárnúmerum. Mismunur þeirra sýnir hver flutnings- og vátryggingarkostnaður hefur verið. Upplýsingar um þessi atriði er að finna í fylgiskjali III og fylgiskjali IV.

Innflutningstollur, eða verðtollur eins og hann er nefndur, er yfirleitt 30% á grænmeti, en á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. mars er enginn tollur á tómötum, gúrkum, paprikum og ýmsum gerðum af salati.

Magntollur er mishá krónutala á hvert kíló einstakra grænmetistegunda og er hann jafnframt mjög mismunandi frá einum tíma til annars. Hæstur er hann þegar innlend framleiðsla er á boðstólnum, en lægri eða enginn þegar hún er ekki til. Heimilt er að beita verð- og magntolli í þrepum, þ.e. að ¼, ½ og ¾ af leyfilegri heildarinnflutningsvernd. Þetta er t.d. gert við innflutning á sveppum, en þar hefur einungis verið beitt fjórðungstollvernd undanfarin ár.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um heildsölu- og smásöluálagningu aðrar en þær sem fram koma í 2. kafla.

4. Þróun verðs á grænmeti samanborið við aðrar neysluvörur.

Í fylgiskjali V eru settar fram undirvísitölur grænmetis sem Hagstofan reiknar í hverjum mánuði. Miðað er við flokkunarkerfi sem hefur verið notað í vísitölu neysluverðs frá mars 1997 og niðurstöðurnar reiknaðar aftur til ársins 1995. Flokkarnir eru eftirfarandi:

- Kál, þ.e. hvítkál, blómkál, kínakál og spergilkál.
- Grænmeti ræktað vegna ávaxtar, þ.e. tómatar, agúrkur og paprika.
- Sveppir, rótarhnýði og laukar, þ.e. sveppir, gulrætur, gulrófur, laukur og blaðlaukur.
- Kartöflur, verð á kartöflum eingöngu.

Meðaltal vísitölunnar fyrir grænmeti er reiknað fyrir flokkana samtals. Þetta er ekki sama vísitala og sú sem kölluð er „grænmeti, kartöflur o.fl." sem reiknuð er mánaðarlega og birt í tengslum við útreikning á neysluvísitölu, en í henni eru einnig teknar með afurðir úr grænmeti og kartöflum.

Gert er ráð fyrir að með „aðrar neysluvörur" sé átt við neysluverðsvísitöluna í heild án grænmetis og sú talnaröð sýnd fyrir tímabilið.

5. Innflutningur grænmetis frá gildistöku GATT-samningsins 1995.

Heildarinnflutningur á fersku grænmeti hefur samtals verið sem hér segir í tonnum talið:

Júlí–desember 1995	1996	1997	1998	Janúar–júní 1999
2.224	5.209	4.698	5.815	2.514

Í fylgiskjali VI koma fram nánari upplýsingar um það hvernig innflutningurinn skiptist eftir tegundum.

6. Verndar- og magntollar á innfluttu grænmeti í ljósi manneldis- og neyslustefnu.

Í manneldis- og neyslustefnu stjórnvalda frá árinu 1989 segir m.a. að stefnt skuli að aukinni neyslu grænmetis í samræmi við manneldismarkmið. Þar segir einnig:

„Með eftirfarandi aðgerðum verði leitast við að ná ofangreindum markmiðum og hollustu í lífsháttum:

a. Að innlend matvælaframleiðsla falli að settum manneldismarkmiðum.
b. Að tekið sé mið af settum manneldismarkmiðum við ákvörðun tolla og skatta og hvers konar annarra opinberra aðgerða sem hafa áhrif á verðlag matvara, svo sem við ákvörðun niðurgreiðslna."

Í framangreindri stefnu stjórnvalda er ekki gefið uppæskilegt magn grænmetis. Manneldisráð hefur hins vegar nýlega sett fram tilmæli um ákjósanlegt neyslumagn grænmetis, kartaflna og ávaxta og er það í samræmi við markmið fjölmargra annarra þjóða, svo og viðmiðanir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar og byggist á niðurstöðum rannsókna á áhrifum grænmetis og ávaxta til að minnka líkur á krabbameinum, hjartasjúkdómum og offitu. Í stefnu manneldisráðs er mælt með 500 g af grænmeti, kartöflum og ávöxtum á mann á dag.

Samkvæmt síðustu landskönnun manneldisráðs á mataræði Íslendinga sem fram fór árið 1990 var heildarneysla þessara vara þá 275 grömm á mann á dag, þar af grænmeti 71 gramm. Ef neyslan er framreiknuð miðað við framboðstölur er ljóst að hún þarf að aukast umtalsvert til að ná 500 g á dag, ekki síst í ljósi þess að neysla á kartöflum er að minnka, en kartöflur vega þungt í ofangreindri tölu. Að mati manneldisráðs væri rétt að minnka tolla á grænmeti

til að hvetja til aukinnar neyslu, sbr. b-lið í manneldis- og neyslustefnu stjórnvalda sem vitnað er til hér að framan.

7. Heildarneysla á fersku grænmeti og þróun grænmetisverðs, samanburður milli landa.

Upplýsingar um heildarneyslu grænmetis á Íslandi frá 1995–98 eru fengnar úr fæðuframboðstölum sem manneldisráð tekur saman og birtir m.a. í *Árbók um norræna tölfræði*. Þær eru reiknaðar sem innflutningur + innlend framleiðsla - útflutningur í kg/íbúa/ár. Fram til þessa hefur verið erfiðleikum bundið að fá áreiðanlegar upplýsingar um innlenda framleiðslu grænmetis þar sem dreifingaraðilar hafa ekki verið fúsir til að gefa upp selt magn. Bændasamtökin hafa hins vegar áætlað tölur um innlenda framleiðslu og byggt þær á skilum sjóðagjalda til Framleiðsluráðs og forðagæslu. Að öllum líkindum hafa tölurnar því eitthvað verið vanáætlaðar. Nú hafa sjóðagjöld verið aflögð og m.a. af þeim sökum hafa dreifingaraðilar í fyrsta sinn látið frá sér tölur um selt magn grænmetis. Tölurnar fengust 11. október og eru svipaðar tölum Bændasamtakanna fyrir árin 1995 og 1997, nokkru hærri fyrir 1996 og umtalsvert hærri fyrir árið 1998. Þegar þróun neyslu er fylgt milli ára er mikilvægt að bera eingöngu saman tölur sem fengnar eru á sambærilegan hátt, þ.e. ekki bera saman tölur sem eru byggðar á sjóðagjaldaskilum og forðagæslu við sölutölur frá dreifingaraðilum grænmetis.

Í fylgiskjali VII er birt heildarneysla grænmetis á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum frá 1995–98. Efst, merkt *Ísland a*, eru tölur sem byggjast á upplýsingum frá Bændasamtökunum um innlenda framleiðslu og innflutningsskýrslum um innflutt grænmeti og grænmetisvörur. Þar kemur fram að neyslan hefur nánast staðið í stað frá árinu 1995, jókst þó úr 44,4 kg/mann/ár í 46 kg/mann/ár. Ef byggt er á nýfengnum tölum dreifingaraðila, merkt *Ísland b*, er aukningin mun meiri, úr 45 í 49,8 kg/mann/ár.

Hvort sem miðað er við eldri eða nýrri tölur er ljóst að grænmetisneysla er minnst á Íslandi. Eins og fram kemur í fylgiskjali VII er neyslan um og yfir 60 kg/mann/ár annars staðar á Norðurlöndum. Ef litið er á grænmetisneyslu í öðrum Evrópulöndum samkvæmt tölum frá FAO (sjá fylgiskjal VIII) kemur í ljós að hvergi er neyslan minni en á Íslandi.

Ekki eru tiltækar upplýsingar um hvernig þróun grænmetisverðs hefur verið hjá hinum Norðurlandaþjóðunum á sama tímabili.

8. Skilaverð til garðyrkjubænda í verðmerkingum grænmetis í verslunum?

Ráðherra er ekki tilbúinn að beita sér fyrir því að á verðmiða grænmetis í verslunum verði skylda að skrá skilaverð til garðyrkjubænda. Ef það væri gert yrði það afar flókið og ruglingslegt kerfi, t.d. er oft bæði innlent og erlent grænmeti á markaðinum á sama tíma. Þá eru dreifileiðir grænmetis mismunandi, stundum verslar smásölufyrirtæki beint við framleiðendur og stundum við heildsölu og/eða dreifingarfyrirtæki. Af þessu má ljóst vera að ekki er einfalt mál að skrá skilaverð til garðyrkjubænda og það gert hefði umtalsverðan kostnað í för með sér, bæði fyrir framleiðendur og neytendur.

9. Afkoma garðyrkjubænda og gróðurhúsaeigenda.

Hagþjónusta landbúnaðarins vann eftirfarandi samantekt að beiðni ráðuneytisins. Hún er byggð á meðalafkomu árin 1995–97 14 grænmetisbúa þar sem stunduð er ræktun í gróðurhúsum. Ekki reyndist unnt að birta upplýsingar um afkomu ársins 1998 þar sem vinnsla þess árs stendur yfir. Gerð er sú krafa við vinnslu úrtaksins að búin hafi yfir 70% af rekstrartekjum af grænmeti. Þannig er afkoman metin út frá samstæðum og sérhæfðum búum sem voru

í rekstri árin 1995, 1996 og 1997. Til viðmiðunar má nefna að 78 grænmetisbú voru í landinu[7] árin 1995 og 1996 og 77 bú árið 1997. Könnunin náði því til um 18% allra grænmetisbúa á umræddu tímabili og ætti því að gefa nokkuð góða vísbendingu um afkomuþróun í atvinnugreininni á þeim tíma. Búin sem um ræðir rækta einkum tómata, gúrkur, paprikur og gulrætur.

Þróun afkomu grænmetisbúa árin 1995–97.

Til að sjá afkomuþróun þessi þrjú ár voru allar fjárhæðir reiknaðar á verðlag ársins 1997 til að auðvelda samanburð. Eins og sjá má í töflu 1 voru gróðurhús að jafnaði um 1.835 m^2 árið 1997 og höfðu húsin stækkað um 38,4% frá 1995. Rekstrartekjur ársins 1997 voru um 10.441 þús. kr. að jafnaði og höfðu aukist um 14,2% frá 1995. Þar af nam sala grænmetis um 10.086 þús. kr. og hafði aukist um 12,2% á sama tíma.

Tafla 1. Rekstraryfirlit 14 grænmetisbúa fyrir árin 1995–97.
Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi ársins 1997.

	1995	1996	1997	Breyting 1995–97
Stærð gróðurhúsa, m^2	1.326	1.737	1.835	38,4%
Rekstrartekjur	**9.144**	**9.691**	**10.441**	**14,2%**
— þar af sala grænmetis	8.986	9.519	10.086	12,2%
Rekstrargjöld	**7.984**	**8.946**	**9.294**	**16,4%**
— þar af greidd laun og launatengd gjöld	1.091	1.370	1.585	45,3%
— þar af reiknuð laun	1.221	1.168	1.172	-4,0%
— þar af rafmagn, hiti	358	422	665	85,8%
— þar af önnur aðkeypt þjónusta	1.899	2.093	1.862	-1,9%
— þar af afskriftir	760	905	1.125	48,0%
Hrein hlutdeild fjármagns	**1.160**	**745**	**1.147**	**-1,2%**
Fjármagnsliðir	**-499**	**-490**	**-849**	**70,2%**
— þar af vaxtagjöld	-711	-708	-948	33,4%
Hagnaður af reglulegri starfsemi	661	255	298	-55,0%
Óreglulegar tekjur og gjöld	51	-38	51	0,7%
Hagnaður fyrir skatta	712	217	349	-51,0%

Rekstrargjöld námu um 9.294 þús. kr. árið 1997 og höfðu aukist um 16,4% frá 1995. Af rekstrargjöldum hækkuðu útgjöld vegna rafmagns og hita hlutfallslega mest, eða um 85,8%, sem stafar af meiri notkun vegna stærri gróðurhúsa og hærra orkuverði. Mesta aukning í krónum talið er í greiddum launum og launatengdum gjöldum sem hækka um 494 þús. kr. að jafnaði frá 1995 til 1997. Með aukinni fjárfestingu búanna aukast afskriftir um 48% á umræddu tímabili og nema um 1.862 þús. kr. á árinu 1997. Hrein hlutdeild fjármagns minnkar um 1,2% frá 1995 til 1997 sem er aðallega tilkomið af aukinni fjárfestingu búanna í stækkun gróðurhúsa og hærri launakostnaði. Fjármagnskostnaður eykst úr 499 þús. kr. á árið 1995 í 849 þús. kr. á árinu 1997 sem gerir um 70,2% að jafnaði. Af heildarfjármagnskostnaði aukast vaxtagjöld um 33,4% og nema að meðaltali um 948 þús. kr. á árinu 1997. Hagnaður fyrir skatta er um 349 þús. kr. að meðaltali árið 1997 og hefur minnkað um 51% frá 1995.

[7] Samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands. Grænmetisbú hvort heldur þar er stunduð úti- og/eða inniræktun grænmetis.

Eignastaða grænmetisbúa árin 1995–97.

Tafla 2 sýnir efnahagsyfirlit búanna. Eignir námu að jafnaði um 13.015 þús. kr. árið 1997 og hafa aukist um 69,4% frá 1995. Af heildareignum eru veltufjármunir að meðaltali um 1.161 þús. kr. árið 1997 og fastafjármunir um 11.854 þús. kr. Skuldir eru að jafnaði um 13.751 þús. kr. og hafa aukist um 5.480 þús. kr. að jafnaði frá 1995. Eiginfjárstaða búanna er að meðaltali neikvæð sem nemur 736 þús. kr. og hefur versnað um 149 þús. kr. frá árinu 1995. Veltufjárhlutfallið er 0,38% árið 1997 en var 0,58% árið 1995. Þá hækkar eiginfjárhlutfallið um 25,9% að meðaltali 1997 frá 1995 en reynist hins vegar neikvætt sem nemur 0,06% í árslok 1997.

Tafla 2. Efnahagsyfirlit 14 grænmetisbúa fyrir árin 1995–97.
Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi ársins 1997.

	1995	1996	1997	Breyting 1995–97
Stærð gróðurhúsa, m^2	1.326	1.737	1.835	38,4%
Eignir	7.685	7.856	13.015	69,4%
— þar af veltufjármunir	1.048	920	1.161	11,8%
Skuldir	8.271	9.673	13.751	66,3%
— þar af skammtímaskuldir	1.805	1.267	3.028	67,8%
Eigið fé	-587	-1.817	-736	-25,5%
Veltufjárhlutfall	0,58	0,73	0,38	-34,0%
Eiginfjárhlutfall	-0,08	-0,23	-0,06	25,9%

Þróun vergra þáttatekna grænmetisbúa árin 1995–97.

Til frekari glöggvunar má athuga vergar þáttatekjur búanna. Vergar þáttatekjur eru samtala launa og tengdra gjalda, afskrifta og rekstrarafgangs. Til rekstrarafgangs telst hrein hlutdeild fjármagns að viðbættum eigendalaunum (reiknuð laun) og óreglulegum tekjum og gjöldum. Vergar þáttatekjur nýtast sem mælikvarði á hvað er til skiptanna milli framleiðsluþáttanna vinnuafls og fjármagns.

Tafla 3. Vergar þáttatekjur 14 grænmetisbúa fyrir árin 1995–97.
Fjárhæðir í þús. kr. á verðlagi ársins 1997.

	1995	1996	1997	Breyting 1995–97
Rekstrarafgangur	2.432	1.874	2.370	-2,5%
Laun og launatengd gjöld	1.091	1.370	1.585	45,3%
Afskriftir	760	905	1.125	48,0%
Vergar þáttatekjur	4.283	4.149	5.081	18,6%

Rekstrarafgangur sýnir afgang sem reksturinn skilar til eigenda upp í ávöxtun fjármagns sem bundið er í framleiðslunni. Árið 1997 nam rekstrarafgangur um 2.432 þús. kr. og hefur minnkað um 2,5% frá 1995. Greidd laun og launatengd gjöld til launþega eru að jafnaði um 1.585 þús. kr. árið 1997 og hafa aukist um 494 þús. kr. á sama tíma. Stækkun gróðurhúsa er ef til vill hluti skýringarinnar á að greidd laun og tengd gjöld hafa aukist um 45,3% að jafnaði frá árinu 1995. Þá hafa afskriftir aukist að meðaltali um 48% og eru um 1.125 þús. kr. að meðaltali árið 1997. Með auknu umfangi búanna sem fylgir aukinni stækkun hafa vergar þáttatekjur aukist um 18,6% að jafnaði og námu um 5.081 þús. kr. á árinu 1997.

Afleiðingu aukinna fjárfestinga er helst að merkja í auknum launakostnaði, stækkun gróðurhúsa krefst aukins vinnuafls hjá búunum. Hins vegar hafa grænmetisbændur fjármagnað fjárfestingar að mestu með lánsfé þar sem skuldir aukast um 5.480 þús. kr. að jafnaði og fjármagnskostnaður um 350 þús. kr. á sama tíma.

10. Raforkuverð til ylræktar á Íslandi samanborið við önnur lönd.

Vorið 1998 gerði landbúnaðarráðuneytið í samvinnu við Samband garðyrkjubænda allítarlegan samanburð á raforkuverði til lýsingar í Noregi og Kanada og á Íslandi. Niðurstaðan var sú að í Noregi greiddu garðyrkjubændur um 2 kr./kWst., í Kanada 1,28 kr./kWst. og á Íslandi 3,06 kr./kWst.

Í Noregi byggðist samanburðurinn í fyrsta lagi á „breytilegu verðlagi" miðað við 10. viku, árin 1996, 1997 og 1998. Verðið er sveiflukennt og breytilegt frá ári til árs. Í öðru lagi byggðist samanburðurinn á rafmagnsreikningi eins framleiðanda á Óslóarsvæðinu, en þar var um að ræða rafmagnsnotkun fyrir janúarmánuð 1998, samkvæmt samningi um kaup á „breytilegu verði". Í þriðja lagi voru skoðuð „framvirk kaup" fyrir árin 1999 og 2000.

Í Kanada var lagður til grundvallar rafmagnsreikningur lítillar garðyrkjustöðvar í Quebec-fylki, einnig í janúarmánuði 1998. Í þeirri stöð var rafmagnskostnaðurinn 1,28 kr./kWst.

Á Íslandi var byggt á áætlun yfir heildarnotkun garðyrkjunnar fyrir árið 1998. Sú áætlun byggðist á rauntölum um skiptingu á milli vetrartaxta annars vegar og sumartaxta hins vegar. Þegar vegið meðaltal var reiknað út reyndist raforkuverð ársins vera 3,06 kr./kWst. (Sjá fylgiskjal IX.)

Verðskrá orkusölufyrirtækja hækkaði 1. júlí sl. um 3%, en núna er verð á ótryggri orku sama og vetrargjald (október–apríl), þ.e. orkugjald 3,22 kr./kWst. Með fastagjaldi, sem er um 0,20 aurar, er vetrarverð nú um 3,42 kr./kWst samkvæmt taxta Rafmagnsveitna ríkisins.

Ekki liggja fyrir aðrar athuganir á raforkuverði til ylræktar hér á landi í samanburði við önnur lönd.

11. Eignaraðild garðyrkjubænda í innflutnings- og dreifingarfyrirtækjum grænmetis.

Hjá hlutafélagaskrá eru ekki tiltækar upplýsingar um eigendur hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Stofnendur slíkra félaga eru tilgreindir í stofnsamningi og kemur þar fram hvernig stofnfé skiptist milli þeirra við skráningu. Breytingar á eignaraðild eru ekki tilkynningarskyldar til hlutafélagaskrár. Á grundvelli laga um einkahlutafélög og laga um hlutafélög var ákveðið að skrifa sjö fyrirtækjum er annast dreifingu grænmetis og óska eftir upplýsingum um hvernig eignaraðild garðyrkjubænda í þessum fyrirtækjum væri háttað. Svör fyrirtækjanna eru eftirfarandi:

- *Ágæti hf.* Hluthafar í Ágæti hf. eru 51, þar af eru framleiðendur 49. Grænmeti hf. á liðlega 95% hlutafjár í félaginu en það fyrirtæki er í eigu Þórhalls Bjarnasonar, bónda á Laugarlandi í Borgarfirði.
- *Ávaxtahúsið, Nýtt og ferskt* er einkahlutafélag í jafnri eigu Baugs hf. og Bananasölunnar hf. Um beina eignaraðild garðyrkjubænda að fyrirtækinu er því ekki að ræða.
- *Bananar ehf.* er alfarið í eigu Bananasölunnar hf.
- *Bananasalan hf.* er hlutafélag í eigu rúmlega fimmtíu hluthafa. Enginn hluthafi á meira en 10%í félaginu. Stærstu hluthafar eru Ólafur Atlason, Hveravöllum, Ragnar Kristinn Kristjánsson, Flúðum, Pálmi Haraldsson, Kópavogi, Kristinn Guðjónsson, Reykjavík, og Jóhannes Kristinsson, Lúxemborg.
- *Dreifing ehf.* Engin eignaraðild að né tengsl garðyrkjubænda eru við fyrirtækið.
- *Sölufélag garðyrkjumanna svf.* er samvinnufélag stofnað af garðyrkjubændum árið

1940. Inngöngu í samvinnufélagið getur aðeins fengið sá er ræktar grænmeti og uppfyllir aðrar skyldur sem félagið setur hverju sinni. Þeir fjölmörgu garðyrkjubændur sem eru félagsmenn eiga Sölufélag garðyrkjubænda svf.

– *Mata ehf.* gaf ekki umbeðnar upplýsingar.

12. Samkeppnishæfni íslensks grænmetis.

Styrkur íslensks grænmetis felst í gæðum þess. Notkun umhverfisvænna aðfanga, þ.e. heitt vatn til upphitunar gróðurhúsa og útigarða, fallvatna til raforkuframleiðslu, notkun kolsýru sem unnin er úr jarðgufu, ferskt kalt vatn til vökvunar og notkun lífrænna varna í stað varnarefna til að halda niðri sjúkdómum og meindýrum, veita íslenskri framleiðslu sérstöðu í umhverfislegu tilliti. Erlendis er gas, kol eða olía notuð til upphitunar og framleiðslu á kolsýru auk þess sem notkun eiturefna er algeng. Val neytenda á íslensku grænmeti byggist því ekki eingöngu á bragði og útliti vörunnar, heldur einnig á því hve umhverfisvæn íslenska framleiðslan er.

Verðmyndun á íslensku grænmeti og erlendu er afar ólík og því verður allur samanburður á verði mjög erfiður. Rekstrar- og stofnkostnaður íslenskra garðyrkjustöðva er mun hærri en gerist í suðlægum löndum auk þess sem markaðsaðstæður er gjörólíkar. Smæð markaðarins og lega landsins skiptir hér miklu máli.

Gróðurhús hérlendis þurfa að vera mun sterkbyggðari en hjá garðyrkjubændum víðast hvar annars staðar í Evrópu einfaldlega vegna erfiðara veðurfars, þ.e. vind- og snjóálags. Lega landsins skapar önnur birtuskilyrði en sunnar gerist og ræktunartímabilið er því styttra. Slíkt þýðir lakari nýtingu fjárfestinga og mannafla sem kemur niður á föstum útgjöldum stöðvanna. Notkun raflýsingar hefur þó hjálpað til við að nýta fjárfestingarnar betur.

Takmarkanir við lánveitingar Lánasjóðs landbúnaðarins (áður Stofnlánadeild landbúnaðarins) hafa verið miðaðar við að stærð garðyrkjustöðva fari ekki yfir 2.100 m^2 undir gleri. Þetta kann að hafa haft í för með sér að garðyrkjustöðvarnar eru of margar og litlar til að sérhæfing og hagkvæmni stærðarinnar náist. Leiða má líkur að því að til þess að standast betur erlenda samkeppni þurfi einingarnar að vera stærri og þannig lækkað kostnað.

Þegar rætt er um samkeppnishæfni þarf einnig að skoða stærð þeirra eininga sem verið er að bera saman. Stærsta íslenska garðyrkjustöðin er um 5.000 m^2 undir gleri. Hollendingar byggja ekki smærri stöðvar en 20.000 m^2 ef reksturinn á að geta staðið undir sér. Þess má geta að síðla árs 1997 skoðuðu nokkrir hagsmunaaðilar í garðyrkjunni tómatastöð í Kanada sem var 90.000 m^2 að stærð.

Stjórnvöld hafa ekki uppi áform um að styrkja samkeppnisstöðu garðyrkjubænda beint.

13. Hagræðing og framleiðsluaukning.

Tafla 4 sýnir hvernig uppskera í ylræktuðum tegundum hefur þróast frá 1995, en tölur fyrir árið 1999 eru áætlaðar.

Tafla 4. Uppskera í ylrækt frá 1995.

	1995	1996	1997	1998	1999*
Tómatar, kg	781.967	839.417	853.357	903.260	992.000
Stærð, m^2	41.500	42.000	44.245	44.009	42.849
kg/m^2	18,8	20,0	19,3	20,5	23,2
Agúrkur, kg	587.875	718.461	804.507	903.985	1.005.333
Stærð, m^2	20.500	20.800	23.110	21.643	22.743
kg/m^2	28,7	34,5	34,8	41,8	44,2
Paprika	187.409	184.207	182.185	185.728	184.000
Stærð, m^2	20.500	30.800	23.105	21.713	21.713
kg/m^2	9,1	8,9	7,9	8,6	8,5

*Áætlun.

Mælieiningin kg/m^2 er notuð til að meta ræktunarárangur í gróðurhúsum en svo sem taflan sýnir hefur náðst mjög góður árangur í ræktun agúrkna og á aukin raflýsing þar stærstan þátt. Raforkunotkun til garðyrkju hefur aukist úr 7,1 GWst. árið 1992 í 18,7 GWst. árið 1997 sem er nær þreföldun á fimm árum. Gert er ráð fyrir að notkunin verði komin í 30,2 GWst. árið 2002, en verð á raforku ræður vissulega miklu um hvernig þessi mál munu þróast.

Einnig hefur náðst betri árangur í ræktun tómata, þrátt fyrir að raflýsing sé ekki komin til nema að mjög litlu leyti.

Heildarmagn grænmetis sem selt var á árunum 1995–98 sést í eftirfarandi töflu, svo og áætlun um sölu þessa árs.

Tafla 5. Grænmetissala frá 1995, kg.

	1995	1996	1997	1998	1999*
Ylrækt	1.557.251	1.742.085	1.840.049	1.992.973	2.181.333
Útirækt	1.905.223	1.985.128	1.593.650	1.846.051	1.959.963
Sveppir	251.000	259.000	287.000	442.000	442.000
Alls	3.713.474	3.986.213	3.720.700	4.281.025	4.583.297

*Áætlun.

Í töflunni sést að mikil framleiðsluaukning hefur orðið í ylrækt og munar þar mest um agúrkur, líkt og kemur fram í töflu 4. Útiræktin hefur hins vegar staðið í stað, enda hvað mest háð veðráttu, en það er líklegasta skýringin á slakri uppskeru árið 1997. Í ylrækt hafa bændur tæknivætt reksturinn með notkun loftslagsstýribúnaðar og raflýsingar sem hefur skilað betri uppskeru, auk þess sem þeir hafa náð betri tökum á ræktuninni. Einnig hefur notkun steinullar og vikurs í rótarbeðum bætt árangur, enda auðveldara að stjórna vökvun og næringargjöf með slíkum beðum. Notkun kolsýru hefur einnig aukist umtalsvert frá árinu 1995 en sé plöntunum gefin kolsýra skila þær meiri afurðum.

Sameining garðyrkjustöðva.

Frá árinu 1995 hefur nokkuð verið um sameiningu garðyrkjustöðva. Heildarfermetrafjöldi undir gleri er nú um 190 þús. m^2, en var t.d. árið 1990 163 þús. m^2. Stöðvarnar hafa stækkað hver um sig fremur en að þær hafi verið sameinaðar.

14. Samkeppni.

Ráðuneytið fór þess á leit við Samkeppnisstofnun að hún tæki saman upplýsingar um hvort eðlileg samkeppni ríkti meðal dreifingarfyrirtækja grænmetis, hvernig eignarhaldi þar

væri háttað og um hvort ætla mætti að skortur á samkeppni hefði leitt til verðstýringar á markaði. Eftirfarandi svar barst frá stofnuninni:

„Hjá Samkeppnisstofnun eru að svo stöddu ekki tiltækar upplýsingar við umræddum spurningum. Stofnunin vinnur nú að athugun á samkeppnisháttum við dreifingu á grænmeti og ávöxtum. Athuguninni er m.a. ætlað að varpa ljósi á þau atriði sem spurningarnar í bréfi yðar lúta að. Þess er vænst að athugun samkeppnisyfirvalda ljúki fyrir lok nóvembermánaðar nk. Stofnunin hefur því ekki tök á að veita svör við þeim spurningum sem ráðuneytið beinir til hennar fyrr en niðurstöður áðurnefndar athugunar liggja fyrir."

15. Tekjur ríkissjóðs af tollum á innflutt grænmeti.

Heildartekjur ríkissjóðs af tollum af innfluttu grænmeti hafa verið sem hér segir í þús. kr.

Júlí–desember 1995	1996	1997	1998	Janúar–júní 1999
63.590	141.114	130.655	153.759	58.625

Fylgiskjal I.

Einingarverð á grænmeti samkvæmt verðkönnunum Hagstofunnar frá janúar 1995 til nóvember 1999, kr./ kg.

	Hvítkál	Blómkál	Kínakál	Tómatar	Agúrkur	Paprika	Sveppir	Gulrætur	Gulrófur	Kartöflur
1995										
janúar	86	148	263	202	179	205	596	242	61	47
febrúar	146	145	171	176	370	247	582	213	51	70
mars	170	148	129	169	332	354	528	254	34	72
apríl	102	199	182	407	352	394	581	96	66	75
maí	70	203	251	565	294	692	592	85	85	79
júní	88	150	151	300	188	560	592	110	87	86
júlí	83	242	185	216	291	387	588	108	87	104
ágúst	124	338	267	295	316	430	598	363	180	104
september	125	151	169	293	315	501	586	431	158	159
október	125	249	181	389	386	485	588	291	139	126
nóvember	157	206	241	239	230	385	586	302	153	43
desember	141	181	233	125	137	185	526	352	149	102
1996										
janúar	143	178	229	297	234	262	588	270	152	112
febrúar	151	175	248	217	413	288	575	344	154	110
mars	153	291	217	260	275	287	603	208	160	113
apríl	185	366	512	415	200	475	588	131	198	115
maí	123	201	227	499	369	593	586	141	165	117
júní	91	178	181	287	154	550	565	143	248	122
júlí	97	204	209	153	153	378	554	154	335	117
ágúst	119	286	97	183	184	564	543	393	244	178
september	103	182	175	190	185	562	594	356	109	144
október	115	282	265	274	374	663	583	361	93	117
október	115	282	265	274	374	663	583	361	93	117
nóvember	182	224	292	370	388	373	585	285	110	111

	Hvítkál	Blómkál	Kínakál	Tómatar	Agúrkur	Paprika	Sveppir	Gulrætur	Gulrófur	Kartöflur
desember	174	155	247	200	256	178	588	237	76	115
1997										
janúar	181	195	267	219	305	216	537	298	107	113
febrúar	186	324	222	229	389	392	597	303	82	99
mars	177	214	191	218	434	461	586	327	97	97
Í mars 1997 varð breyting á útreikningi á meðalverðs og það reiknað sem margfeldismeðaltal.										
mars	168	208	185	225	416	439	560	294	89	85
apríl	183	347	302	448	375	765	590	270	112	91
maí	119	382	279	581	277	783	588	157	113	91
júní	111	327	249	390	97	797	532	208	114	98
júlí	111	312	264	230	154	620	590	207	111	88
ágúst	179	312	302	284	254	557	620	244	161	93
september	108	282	255	280	280	650	548	334	89	121
október	183	276	285	377	360	669	614	316	157	114
nóvember	183	279	281	323	300	542	562	295	172	113
desember	190	322	270	268	302	306	585	308	148	113
1998										
janúar	189	307	249	286	292	387	609	308	177	111
febrúar	191	326	259	274	345	349	545	345	153	110
mars	176	285	261	289	367	423	604	284	162	101
apríl	148	334	255	392	388	564	622	270	172	111
maí	118	189	187	570	266	631	624	350	182	112
júní	107	217	260	385	267	678	609	328	175	109
júlí	101	286	307	262	360	509	622	231	145	101
ágúst	184	341	240	283	146	678	617	313	220	117
september	172	282	285	319	317	714	574	285	220	111
október	199	333	247	368	372	694	625	309	190	109
nóvember	197	256	200	354	369	618	589	351	185	104
desember	184	275	250	326	311	389	595	270	148	114
1999										
janúar	187	312	254	257	261	440	595	304	182	119
febrúar	188	280	223	265	319	443	605	330	161	116
mars	189	290	165	272	339	443	600	295	170	115
apríl	159	219	243	335	370	524	596	276	175	106
maí	126	277	238	607	284	613	617	258	169	107
júní	122	244	169	415	351	613	613	316	164	103
júlí	113	291	223	236	355	628	565	278	155	102
ágúst	278	383	365	379	384	665	604	400	313	103
september	191	284	275	365	376	658	602	407	245	123
október	177	288	283	368	367	654	612	442	280	129
nóvember	176	244	273	366	367	401	617	345	197	129

Fylgiskjal II.

Skipting neytendaverðs á tómötum á milli framleiðanda, heildsala og smásala maí - sept. 1995-1999



	1995	1996	1997	1998	1999
Neytendaverð	329	267	343	346	384
■ Virðisaukaskattur	40	33	42	42	47
■ Smásali	68	52	109	97	113
□ Heildsölukostnaður, umbúðir og flutningur	46	38	40	43	47
■ Sjóðagjöld	6	5	5	4	5
■ Framleiðandi	169	139	147	159	172

Fylgiskjal III.

Fob-verð og flutningskostnaður eftir grænmetistegundum.

Tollskrár-númer	Tegund	Fob-verð á kg					Flutningskostnaður á kg				
						Jan.–okt.					Jan.–okt.
		1995	1996	1997	1998	1999	1995	1996	1997	1998	1999
7019000	Nýjar kartöflur	26	20	13	20	25	7	7	5	6	8
7020001	Nýir tómatar, fluttir inn 1. nóv.–15. mars	70	87	75	79	88	17	27	25	27	36
7020002	Nýir tómatar, fluttir inn 16. mars–31. okt.	113	110	105	98	94	23	36	41	41	34
7031001	Nýr laukur	29	18	22	31	21	7	5	6	7	5
7031009	Nýr skalottlaukur	109	58	90	133	196	25	14	24	38	46
7032000	Nýr hvítlaukur	190	196	190	196	199	42	49	48	48	41
7039001	Nýr blaðlaukur	67	88	81	75	83	15	17	24	16	17
7039009	Annar nýr laukur	76	173	184	170	130	24	56	98	94	65
7041000	Nýtt blómkál og hnappað spergilkál	66	62	71	73	70	17	19	28	22	22
7042000	Nýtt rósakál	59	64	72	95	110	26	16	39	49	70
7051111	Jöklasalat, flutt inn 1. nóv.–15. mars	71	85	65	68	66	7	43	57	59	56
7051112	Jöklasalat, flutt inn 16. mars–31. okt.	62	58	61	66	58	9	36	46	55	52
7051191	Annað nýtt salat, flutt inn 1. nóv.–15. mars	270	283	175	181	214	28	125	76	108	97
7051199	Annað nýtt salat, flutt inn 16. mars–31. okt.	258	221	101	159	106	31	89	52	76	79
7051900	Annað nýtt salat	126	412	419	374	388	29	253	326	266	269
7061000	Nýjar gulrætur og næpur	29	41	43	54	68	118	11	24	29	35
7069000	Aðrir nýir rótarávextir	64	46	59	34	65	54	14	17	10	21
7070011	Gúrkur, fluttar inn 1. nóv.–15. mars	97	98	87	87	88	37	29	31	34	41
7070021	Gúrkur, fluttar inn 16. mars–31. okt.	49	107	75	80	63	7	44	28	18	35
7092000	Nýr spergill	209	206	183	242	342	74	100	107	130	179
7093000	Ný eggaldin	140	151	150	127	138	223	52	49	45	46
7094000	Ný selja, þó ekki seljurót	94	71	65	91	52	31	17	21	34	22
7095100	Nýir sveppir	186	199	185	169	183	101	57	55	52	64
7096002	Ný paprika, flutt inn 1. nóv.–15. mars	116	128	140	142	131	24	34	42	39	41
7096003	Ný paprika, flutt inn 16. mars–31. okt.	180	187	213	203	202	68	37	61	53	50

Fylgiskjal IV.

Cif-verð eftir grænmetistegundum.

Tollskrár-númer	Tegund	Cif-verð á kg					Meðaltal 1995 = 100				
		1995	1996	1997	1998	Jan.–okt. 1999	1995	1996	1997	1998	Jan.–okt. 1999
7019000	Nýjar kartöflur	33	27	18	26	32	100,0	81,8	54,5	79,1	99,2
7020001	Nýir tómatar, fluttir inn 1. nóv.–15. mars	87	113	100	106	124	100,0	130,2	114,9	121,6	142,1
7020002	Nýir tómatar, fluttir inn 16. mars–31. okt.	137	147	145	139	128	100,0	107,3	106,4	101,7	93,3
7031001	Nýr laukur	36	23	28	39	26	100,0	64,5	77,8	108,1	72,9
7031009	Nýr skalottlaukur	134	72	114	171	242	100,0	53,9	84,9	127,3	180,2
7032000	Nýr hvítlaukur	233	245	238	244	240	100,0	105,5	102,4	105,1	103,3
7039001	Nýr blaðlaukur	82	105	105	91	100	100,0	128,8	128,8	111,3	122,1
7039009	Annar nýr laukur	100	229	282	264	194	100,0	229,9	282,9	264,9	195,0
7041000	Nýtt blómkál og hnappað spergilkál	82	80	99	95	92	100,0	97,3	120,1	114,6	111,2
7042000	Nýtt rósakál	85	81	111	144	181	100,0	94,7	130,7	169,1	212,0
7051111	Jöklasalat, flutt inn 1. nóv.–15. mars	71	129	122	127	122	100,0	181,3	171,6	179,0	171,2
7051112	Jöklasalat, flutt inn 16. mars–31. okt.	62	93	106	121	110	100,0	150,6	171,6	195,7	177,7
7051191	Annað nýtt salat, flutt inn 1. nóv.–15. mars	270	408	251	289	311	100,0	151,2	92,8	107,0	115,2
7051199	Annað nýtt salat, flutt inn 16. mars–31. okt.	258	311	153	235	185	100,0	120,4	59,1	91,3	71,7
7051900	Annað nýtt salat	126	664	745	640	658	100,0	527,3	591,4	507,9	521,9
7061000	Nýjar gulrætur og næpur	29	52	67	83	103	100,0	180,4	230,7	285,9	356,0
7069000	Aðrir nýir rótarávextir	64	61	76	44	86	100,0	95,0	119,5	69,2	134,4
7070011	Gúrkur, fluttar inn 1. nóv.–15. mars	97	127	118	121	130	100,0	130,6	121,9	124,7	133,8
7070021	Gúrkur, fluttar inn 16. mars–31. okt.	49	152	102	98	98	100,0	309,2	208,5	199,8	200,1
7082000	Ný belgaldin	151	237	407	302	345	100,0	156,8	269,5	200,2	228,7
7092000	Nýr spergill	209	305	291	371	520	100,0	146,1	139,1	177,7	248,9
7093000	Ný eggaldin	140	203	198	172	184	100,0	144,7	141,7	123,0	131,5
7094000	Ný selja, þó ekki seljurót	94	88	85	125	74	100,0	93,8	90,9	132,9	78,4
7095100	Nýir sveppir	186	256	240	220	248	100,0	137,5	128,9	118,5	133,1
7096002	Ný paprika, flutt inn 1. nóv.–15. mars	116	161	182	181	173	100,0	138,8	157,1	156,1	148,7
7096003	Ný paprika, flutt inn 16. mars–31. okt.	180	225	275	257	252	100,0	124,8	152,6	142,6	139,8

Fylgiskjal V.

Grænmeti í vísitölu neysluverðs og vísitalan í heild án grænmetis frá janúar 1995 til nóvember 1999.

Flokkað eftir sama flokkunarkerfi allt tímabilið.
Grunnar frá nóvember 1992, mars 1997, mars 1998 og mars 1999.

	Kál	Grænmeti ræktað vegna ávaxtar	Sveppir, rótarhnýði og laukar	Kartöflur	Grænmeti alls	Vísitala neysluverðs án grænmetis
1995						
janúar	94,1	49,1	84,9	49,1	60,8	96,9
febrúar	80,5	78,5	79,4	72,5	77,3	96,8
mars	74,6	77,0	81,6	74,9	77,0	96,6
apríl	85,9	99,6	67,5	77,4	86,1	96,4
maí	97,9	111,7	69,9	81,4	94,3	96,5
júní	69,2	75,7	72,9	89,4	78,1	96,8
júlí	91,2	75,7	72,2	107,7	85,4	97,0
ágúst	130,1	87,3	124,7	108,0	104,6	97,2
september	78,4	93,1	130,3	164,6	117,5	97,4
október	96,7	108,4	108,4	130,6	113,0	97,9
nóvember	107,4	70,1	113,1	44,3	75,4	98,0
desember	99,6	38,0	109,9	105,1	76,3	97,9
janúar	98,4	66,9	104,9	116,0	90,7	98,1
1996						
febrúar	103,3	88,9	114,4	114,0	102,0	98,2
mars	115,0	73,1	94,6	117,0	93,6	98,5
apríl	197,8	82,7	89,7	119,4	106,8	98,5
maí	99,1	117,7	87,3	121,4	110,9	99,0
júní	80,9	71,4	97,4	126,0	91,9	99,2
júlí	92,2	52,8	111,3	120,9	86,3	99,3
ágúst	82,7	67,4	128,9	183,9	111,7	99,7
september	81,8	68,4	105,2	149,5	98,5	100,1
október	119,5	106,3	104,2	121,2	111,4	100,0
nóvember	125,0	103,6	97,1	114,4	107,7	100,0
desember	102,8	61,2	85,5	118,6	85,8	99,8
1997						
janúar	114,8	70,7	97,3	116,6	92,9	100,1
febrúar	125,8	92,6	95,8	102,3	99,5	100,1
mars	*100,0*	*100,0*	*100,0*	*100,0*	*100,0*	*100,0*
apríl	137,9	147,2	108,6	106,3	122,7	100,5
maí	127,3	156,2	89,6	106,8	119,0	100,4
júní	118,7	114,6	92,5	114,6	108,0	100,7
júlí	114,5	87,3	95,5	103,6	96,7	101,0
ágúst	144,6	99,7	112,1	108,6	109,8	101,2
september	116,9	108,1	107,2	142,4	116,4	101,5
október	138,1	129,9	121,5	134,1	127,0	101,7
nóvember	127,4	108,3	118,3	132,4	117,1	101,7

	Kál	Grænmeti ræktað vegna ávaxtar	Sveppir, rótarhnýði og laukar	Kartöflur	Grænmeti alls	Vísitala neysluverðs án grænmetis
desember	134,6	85,2	116,7	131,6	113,0	101,6
1998						
janúar	130,8	92,1	121,5	130,0	113,1	102,1
febrúar	138,4	93,1	119,0	128,4	113,5	101,9
mars	126,8	102,3	116,2	118,3	112,3	102,3
apríl	131,0	127,3	116,9	129,4	121,7	102,4
maí	93,2	143,1	129,4	130,5	125,3	102,7
júní	104,4	122,7	124,4	127,6	119,4	103,0
júlí	125,5	104,1	107,1	118,2	110,1	102,8
ágúst	139,5	97,3	128,5	137,0	119,7	102,2
september	135,0	121,2	120,0	130,1	121,9	102,3
október	139,0	131,5	124,2	126,9	126,8	102,7
nóvember	117,9	124,3	127,6	121,8	121,4	103,0
desember	124,8	99,3	111,3	133,3	114,0	102,8
1999						
janúar	130,8	88,8	121,4	139,0	114,8	103,4
febrúar	124,7	95,8	122,6	135,2	116,1	103,3
mars	113,9	98,7	119,1	134,9	114,4	103,8
apríl	112,5	115,3	116,7	123,1	115,1	104,4
maí	108,0	148,4	112,6	124,2	122,6	104,9
júní	94,1	129,9	114,7	120,3	115,2	105,7
júlí	107,0	108,2	108,8	119,2	109,1	106,1
ágúst	178,0	132,0	152,6	120,4	136,3	106,5
september	137,8	129,0	138,4	142,9	132,6	107,2
október	136,4	128,2	154,3	149,9	138,2	108,1
nóvember	127,2	110,7	128,9	150,5	125,9	108,1

Fylgiskjal VI.

Innflutningur í tonnum, skipt eftir tegundum.

Vöruliður	Vörulýsing	júlí–des. 1995	1996	1997	1998	jan.–júní 1999	Samtals
0701	Kartöflur, nýjar eða kældar	497	1.227	488	1.204	172	3.588
0702	Tómatar, nýir eða kældir	89	379	401	411	288	1.569
0703	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar	618	1.108	1.233	1.292	580	3.019
0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt	426	952	1.018	1.118	561	2.495
0705	Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt	234	499	560	679	359	1.411
0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar	128	354	243	364	140	845
0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar	73	194	192	167	94	434
0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar	161	496	562	579	319	1.236
	Samtals	2.224	5.209	4.698	5.815	2.514	14.598

Fylgiskjal VII.

Heildarneysla grænmetis á Norðurlöndum, kg.

Fæðutegund	1995	1996	1997	1998
Ísland a				
Grænmeti, nýtt[1]	31,2	30,9	31,0	31,0
Grænmetisvörur, framleiðsluþyngd	13,2	13,6	13,5	15,0
Grænmeti samtals	44,4	44,5	44,5	46,0
Ísland b				
Grænmeti, nýtt[2]	31,8	33,0	30,8	34,8
Grænmetisvörur	13,2	13,6	13,5	15,0
Grænmeti samtals	45,0	46,6	44,3	49,8
Danmörk				
Grænmeti, samtals	nd.	63,6	nd.	nd.
Finnland				
Grænmeti, nýtt	51,7	52,7	54,3	47,1
Grænmetisvörur, framleiðsluþyngd	10,0	11,5	11,9	12,2
Grænmeti, samtals	61,7	64,2	66,2	59,3
Noregur				
Grænmeti, ferskt	43,9	43,1	43,7	44,7
Grænmetisvörur, framleiðsluþyngd	15,1	17,4	16,5	16,0
Grænmeti, samtals	59,0	60,5	60,2	60,7
Svíþjóð				
Grænmeti, ferskt	45,5	47,3	48,6	51,2
Grænmetisvörur, framleiðsluþyngd	11,8	11,4	11,2	11,5
Grænmeti, samtals	57,3	58,7	59,8	62,7

[1] Upplýsingar um innlenda framleiðslu: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

[2] Upplýsingar um innlenda framleiðslu: Dreifingaraðilar grænmetis.

Fylgiskjal VIII.

Upplýsingar frá FAO fyrir 1992–94, meðaltal.

Land	Grænmeti samtals, kg/íb/ár
Eistland	62,2
Króatía	65,8
Rússland	69,3
Holland	73,1
Austurríki	77,8
Írland	86,2
Slóvakía	86,6
Sviss	89,6
Ungverjaland	90,0
Þýskaland	90,0
Bretland	96,2
Búlgaría	99,9
Kýpur	104,0
Frakkland	120,2
Belgía og Lúxemborg	120,6
Pólland	121,4
Malta	140,5
Portúgal	149,7
Ítalía	168,2
Tyrkland	177,9
Grikkland	229,8

Fylgiskjal IX.

Samanburður á raforkuverði til lýsingar í Noregi og Kanada og á Íslandi.

Noregur.

		Verð	Flutningur og fastagjald	Samtals		Gengi	Ísl. kr./ kWst.	
Á breytilegu verði								
10. vika	1996	0,221	0,07	0,291	x	9,575	2,79	Samkvæmt skýrslu RARIK
10. vika	1997	0,126	0,07	0,196	x	9,575	1,88	
10. vika	1998	0,143	0,07	0,213	x	9,575	2,04	
Reynd samkvæmt reikningum eins framleiðanda								
Janúar	1998	0,164	0,0396	0,2036	x	9,575	1,95	[1] 252,932 kWst.
		0,166	0,05	0,216	x	9,575	2,07	[2] 132.806 kWst.
		0,1646	0,066	0,2306	x	9,575	2,21	[3] 15.371 kWst.
		0,1648	0,0442	0,2090	x	9,575	2,00	Vegið meðaltal, samkvæmt reikningum
Framvirk kaup								
1.–12. vika	1999	16,38	7	23,38	x	9,575	2,24	
1.–12. vika	2000	18,08	7	25,08	x	9,575	2,40	

Athugasemdir: Garðykjubændur í Noregi geta valið um að kaupa á breytilegu verði eða samið um framvirk kaup. Kostnaður við flutning raforku í Noregi er breytilegur eftir svæðum, hann er t.d. 5 aurar í Lier, 4,5–5 aurar í Rogeland og 3–6 aurar í Vestfold. Allar tölur í töflu eru án vsk.

[1] Orkusölufyrirtæki getur skipt út þessum taxta með 1 klst. fyrirvara ef styrjöld brýst út eða náttúruhamfarir.

[2] Þessum taxta er hægt að skipta út með 4 klst. fyrirvara vegna svipaðra ástæðna.

[3] Enginn fyrirvari er vegna kaupa á þessum taxta.

Kanada.

Reynd	Verð	Flutningur og fastagjald	Samtals		Gengi	Ísl. kr./ kWst.	
Janúar 1998	0,024525	0,000378	0,0249033	x	51,38	1,28	Samkvæmt reikningum frá Kanada

Ísland.

	Verð	Fastagjald	Stýring	Samtals
Vegið meðaltal 1998				
– án stýringar	2,86	0,20	0,00	3,06
– með stýringu	2,86	0,20	0,58	3,63

496. Breytingartillögur [240. mál]

við frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁJ, HGJ, ArnbS, HjÁ, GHall).

1. Við 3. gr.
   a. Fyrri málsliður 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Að veita rekstrarleyfi fyrir almenna fjarskiptaþjónustu og -net og setja skilyrði um almennar heimildir til að veita fjarskiptaþjónustu, hvort tveggja sundurliðað eftir þjónustu, í samræmi við lög um fjarskipti.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar sem framkvæmd er með heimild í lögum þessum.
2. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðunum „lögum um póstþjónustu“ í fyrri málslið 4. mgr. komi: eða.
   b. Í stað orðanna „framkvæmd þessara aðgerða“ í síðari málslið 4. mgr. komi: þessar aðgerðir.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „framkvæmd eftirlits“ í 2. mgr. komi: eftirlit.
   b. Í stað orðsins „Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar“ í 4. mgr. komi: Alþjóðaviðskiptastofnuninni.
4. Við 10. gr. Í stað orðsins orðsins „nefndinni“ í 2. mgr. komi: henni.
5. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „maí“ og „september“ í 9. mgr. komi: júní, og: október.
   b. Í stað orðanna „gagnvart tilteknum aðilum“ í 13. mgr. komi: fyrir tiltekna aðila.
6. Við 14. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Jafnframt falla úr gildi lög um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 147 27. desember 1996.

497. Tillaga til þingsályktunar [295. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 18. desember eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 25. janúar 2000.

498. Svar [192. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Nauðsynlegt er að geta þess að 1.–3. liður fyrirspurnarinnar varða ekki starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði samkvæmt lögum nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur aflað upplýsinga varðandi 1.–3. lið fyrirspurnarinnar en þeir samningar sem spurt er um í 1. lið og aðrir hliðstæðir samningar annarra líftæknifyrirtækja og/eða rannsóknaraðila um einstök vísindaverkefni hafa ekki verið sendir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti formlega til umsagnar eða kynningar.

Ráðuneytið leitaði til forstjóra sjúkrahúsanna í Reykjavík og Íslenskrar erfðagreiningar ehf. um svör við fyrirspurninni Svör við 1. og 2. lið eru byggð á upplýsingum frá þessum aðilum. Ráðuneytið telur rétt að undirstrika að leyfi vísindasiðanefndar og tölvunefndar eru forsenda fyrir vinnslu þeirra rannsókna sem hér um ræðir. Ekki vannst svigrúm til að afla gagna frá þessum nefndum en ítarlegar upplýsingar um einstök rannsóknarverkefni liggja væntanlega fyrir hjá tölvunefnd og vísindasiðanefnd.

1. *Hvaða samninga hafa einstakir læknar eða hópar lækna á stofnunum, sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið, gert við Íslenska erfðagreiningu um heilsufarsupplýsingar? Hvernig háttar greiðslum og birtingu niðurstaðna úr rannsóknum? Hvernig er samningum háttað í þeim tilvikum þegar samstarfslæknar hafa stofnað sérstök fyrirtæki sem gera samningana? Hvaða breytingum hafa samningar, sem gerðir hafa verið við viðkomandi einstaklinga, hópa eða fyrirtæki, tekið frá því fyrstu samningar af þessu tagi voru gerðir?*

Samningar samstarfsaðila við Íslenska erfðagreiningu ehf. (ÍE) eru gerðir um rannsóknir á tilgreindum sjúkdómum. Árið 1998 voru gerðir rammasamningar milli Sjúkrahúss Reykjavíkur og ÍE og einnig milli Ríkisspítala og ÍE. Læknar hafa síðan gert rannsóknarsamninga við ÍE sem grundvallast á rammasamningunum en forsenda þess að slíkir rannsóknarsamningar öðlist gildi er að þeir hafi verið staðfestir af sjúkrahúsinu. Læknar sem starfa á Ríkisspítölunum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur eiga nú aðild að átta rannsóknarsamningum við ÍE. Þá eru þrír aðrir samningar langt komnir og fleiri samningar eru í undirbúningi. Samningar þessir hafa ýmist verið gerðir af einstökum læknum sjúkrahúsanna eða í samstarfi við aðra lækna. Í einu tilviki hefur starfsmaður Ríkisspítala gert rannsóknarsamning fyrir hönd fyrirtækis í hans eigu við ÍE. Samningsaðilar hafa staðfest gagnvart Ríkisspítölum að umræddur samningur sé að efni til sambærilegur öðrum rannsóknarsamningum. Tekið skal fram að umræddur læknir hefur starfað að rannsóknarverkefni í rúmlega 15 ár og á þeim tíma átt samstarf við fleiri aðila. 7. október sl. var undirritaður rammasamningur við Fjóðungssjúkrahúsið á Akureyri hliðstæður fyrrnefndum samningum við Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur.

Framangreindir rammasamningar setja skilyrði fyrir verkefnasamningum um einstök rannsóknarverkefni þar sem stuðst er við efnivið viðkomandi stofnana. Þar er m.a. kveðið á um eftirlit stofnananna með samningagerð einstakra lækna, fyrirkomulag greiðslna í rannsóknarsjóði, eftirlit með framvindu rannsókna og nýtingu fjármuna sem renna til rannsóknarsjóðanna. Stofnanirnar þurfa að staðfesta samninga sem starfsmenn þeirra gera til þess að þeir öðlist gildi. Á undanförnum mánuðum hafa því þróast samræmd staðfestingarferli stofnananna sem einstakir samningar fylgja.

Greiðslur skiptast á milli almennrar rannsóknarstarfsemi hjá viðkomandi stofnun og rannsóknarsjóða á forræði þeirra sem verkefnasamningana gera eftir nánara samkomulagi þeirra og stofnana þeirra. Samið er um að ÍE greiði allan rannsóknarkostnað, en auk þess svonefndar fastar greiðslur fyrir þau verkefni sem fjármögnunarsamningar hafa náðst um við þriðja aðila og skilyrtar árangurstengdar greiðslur sem alfarið ráðast af vísindalegum og hagnýtum árangri verkefnisins. Þegar um er að ræða verkefni sem ekki eru fjármögnuð af þriðja aðila greiðir ÍE rannsóknarkostnað en engar aðrar greiðslur koma til. Um sum þessara verkefna hafa þegar verið gerðir formlegir verkefnasamningar en aðrir eru í vinnslu samkvæmt staðfestingarferli stofnananna. Stofnanirnar hafa upplýsingar um hvaða verkefni eru í undirbúningi. Allar greiðslur frá ÍE renna til vísindarannsókna með þeim hætti að greiðslur umfram rannsóknarkostnað sem ÍE greiðir vegna tiltekinnar rannsóknar eru skilyrtar á þann hátt að þeim skal verja til frekari rannsókna á umræddum sjúkdómi eða skyldum sjúkdómum. Að því er varðar Ríkisspítala eru umræddir fjármunir varðveittir hjá Ríkisspítölum eða hjá vísindasjóðum samkvæmt skipulagsskrá sem staðfest hefur verið af dómsmálaráðherra samkvæmt lögum nr. 19/1988.

Um birtingu á rannsóknarniðurstöðum segir í rammasamningunum: „Niðurstöður rannsóknarverkefnis skulu gefnar út um leið og þær uppfylla fræðilegar kröfur og eru hæfar til útgáfu. ÍE getur þó látið fresta útgáfu um 90 daga að hámarki til að tryggt sé að nægur tími gefist til að tryggja eignarréttindi tengd uppfinningu sem rannsókn hefur í för með sér. Fari svo að þriðji aðili geri kröfu um það við ÍE að niðurstöður verði ekki gefnar út þegar þær eru tilbúnar samkvæmt framansögðu má fresta útgáfu þeirra, þó aldrei lengur en í 90 daga."

Samstarf milli ÍE og einstakra lækna er með þeim hætti að vísindamenn ÍE og samstarfslæknar gera með sér samkomulag um ákveðna rannsókn. Þeir semja síðan í sameiningu rannsóknaráætlun. Á henni byggist umsókn til tölvunefndar og vísindasiðanefndar sem ábyrgðarmenn undirrita sameiginlega. Með samþykkt nefndanna er komið á vísindasamstarf. Þegar um er að ræða verkefni þar sem til koma fastar greiðslur eins og að framan greinir hefur verið gengið frá sérstökum samningum samkvæmt því ferli sem lýst hefur verið. Þetta á við um verkefni svo sem slitgigt, útæðasjúkdóma, beinþynningu, lungnateppu, Alzheimer, heilablóðfall, þunglyndi og geðklofasýki. Þá er unnið að víðtæku rannsóknarsamstarfi við Hjartavernd sem ýmist stendur ein að rannsóknum með ÍE eða starfar með rannsóknaraðila frá öðrum stofnunum.

Ekki hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á samningum sem læknar eða hópar lækna hafa gert við ÍE. Samningar þessir eru allir mjög áþekkir og byggðir á sama grunni. Frávik stafa fyrst og fremst af sérstöðu verkefnanna.

2. *Hvað hefur Íslensk erfðagreining fengið upplýsingar um marga sjúklinga frá læknum á stofnunum sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið?*

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið aflaði sér frá ÍE og sjúkrahúsunum í Reykjavík hefur fyrirtækið ekki fengið neinar upplýsingar um einstaka sjúklinga auðkenndar með nafni og kennitölum. Öll persónuauðkenni eru fjarlægð og kennitala er dulkóðuð af tilsjónarmönnum tölvunefndar áður en gögn eru send til notkunar við rannsóknir hjá ÍE. Framkvæmd samkvæmt framangreindu byggist á verkskipulagi og vinnuferli sem tölvunefnd hefur mótað. Rannsóknargögn sem unnið er með eru sjúkdómsgreiningarkóðar sem tengdir eru dulkóðaðri kennitölu og blóðsýni með sérstakri strikamerkingu. Í sérstökum tilfellum safna samstarfslæknar frekari upplýsingum með viðtölum við viðkomandi einstaklinga eða úr sjúkraskrám þeirra, einkum til þess að sannreyna sjúkdómsgreiningar eða til þess að skipta sjúkdómum í undirflokka. Ef slíkar upplýsingar berast til ÍE, svo sem eins og blóðþrýstings-

mæling eða röntgengreining, eru þær dulkóðaðar af tilsjónarmönnum tölvunefndar. Öll þátttaka í framangreindum rannsóknum er háð þeirri forsendu að fyrir liggi upplýst samþykki þátttakenda. Ekki tókst í tæka tíð að afla tæmandi upplýsinga um hve heilsufarsupplýsingar sem ÍE og samstarfslæknar á stofnunum sem heyra undir ráðuneytið hafa aflað varða marga einstaklinga.

3. *Hver ber ábyrgð á rannsóknargögnum (heilsufarsupplýsingum og blóðsýnum) sem aflað er í þessum rannsóknum?*

Allar rannsóknir á vegum ÍE hafa hlotið umfjöllun og samþykkt tölvunefndar og vísindasiðanefndar. Um ábyrgð á rannsóknargögnum fer samkvæmt leyfum og skilmálum þessara nefnda. Samstarfslæknar bera ÍE ábyrgð á gögnum sem bera bein persónuauðkenni. Þegar unnið er að rannsóknarverkefni byggðu á rannsóknargögnum frá Ríkisspítölum bera hlutaðeigandi læknar ábyrgð á meðferð þeirra. Engin persónuauðkennd gögn berast til ÍE og öll persónuauðkenni eru afmáð af tilsjónarmanni tölvunefndar og kennitala þátttakenda dulkóðuð. Tilsjónarmaðurinn hefur einn aðgang að dulkóðunarlykli. ÍE ber ásamt samstarfsaðilum ábyrgð á varðveislu sýna og rannsóknargagna eftir að þau hafa borist fyrirtækinu. Leyfi vísindasiðanefndar og tölvunefndar heimila notkun þessara gagna einungis til þeirra rannsókna sem sótt hefur verið um leyfi fyrir og tilteknar eru í umsóknum og útgefnum leyfum nefndanna. Af framansögðu er ljóst að umræddir aðilar setja rannsóknaraðilum ströng skilyrði í hvívetna varðandi meðferð heilsufarsupplýsinga í tengslum við framkvæmd vísindarannsókna.

4. *Hvaða tryggingar eru fyrir því að þessar heilsufarsupplýsingar — m.a. upplýsingar um þá sem hafa sagt sig úr gagnagrunninum en hafa tekið þátt í rannsóknum samstarfslækna — verði ekki notaðar í fyrirhugaðan gagnagrunn á heilbrigðissviði?*

Nauðsynlegt er að ítreka að þær vísindarannsóknir sem spurt er um í 1.–3. lið fyrirspurnarinnar eru hvorki framkvæmdar á grundvelli laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, né tengdar starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði á grundvelli rekstrarleyfis sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út. Annars vegar er um að ræða afmarkaðar vísindarannsóknir með persónuupplýsingum þar sem leitað er samþykkis sjúklinga. Hins vegar byggist starfræksla gagnagrunns á heilbrigðissviði á þeirri grundvallarforsendu að unnið sé með tölulegar ópersónugreinanlegar upplýsingar. Sjúklingar geta skv. 8. gr. laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, óskað eftir því með tilkynningu til landlæknis að upplýsingar um þá verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Í fyrirhuguðum gagnagrunni á heilbrigðissviði verða engin persónuauðkennd gögn heldur verða öll persónuauðkenni dulkóðuð með þremur mismunandi aðferðum auk þess sem strangar reglur verða um aðgangshindranir. Á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum verða tölulegar kóðaðar upplýsingar úr heðbundnum heilsufarsupplýsingum unnar til flutnings í fyrirhugaðan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Ítreka ber að engin gögn verða flutt í gagnagrunn á heilbrigðissviði nema hafa farið eftir umræddu þrepaskiptu dulkóðunarkerfi. Þar er því um að ræða annars konar og víðtækari dulkóðun en notuð er nú við einstök rannsóknarverkefni ÍE og ekki verður notaður sami dulkóðunarlykill. Það verður því ekki á valdi ÍE að færa gögn í miðlægan gagnagrunn á þann hátt sem spurt er um. Listi landlæknis yfir einstaklinga sem hafa sagt sig úr gagnagrunninum verður samkeyrður af sérstakri dulkóðunarstofu við allar heilsufarsupplýsingar sem ætlað er að verði fluttar í gagnagrunninn. Það tryggir að ekki verða fluttar í fyrirhugaðan gagnagrunn á heilbrigðissviði neinar upplýsingar um þá sem hafa sagt sig úr honum. Það er á verksviði landlæknis og eftir atvikum tölvu-

nefndar að ábyrgjast að upplýsingar um þá sem hafa ákveðið að standa utan við miðlægan á gagnagrunn á heilbrigðissviði fari ekki inn í grunninn.

499. Frumvarp til laga [57. mál]

um vitamál.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

I. KAFLI
Yfirstjórn og verkefni Siglingastofnunar Íslands.

1. gr.

Um yfirstjórn vitamála fer eftir lögum um Siglingastofnun Íslands.

2. gr.

Siglingastofnun Íslands ber að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið með þeim undantekningum sem síðar getur.

Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki, radíómerki til staðarákvörðunar og upplýsingar um veður og sjólag.

Siglingastofnun Íslands skal einnig hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi sem fyrir hendi eru á áðurnefndu svæði og stuðla að útgáfu korta sem innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sjófarendur geti notað áðurnefnd hjálpartæki. Siglingastofnun Íslands skal hafa eftirlit af hálfu ríkisins með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja sem einstök sveitarfélög eða einstaklingar setja upp. Siglingastofnun skal, að beiðni Veðurstofu Íslands, annast veðurathuganir á vitastöðum. Þá fer Siglingastofnun með leiðsögumál, svo sem nánar er tilgreint í lögum um leiðsögu skipa.

II. KAFLI
Landsvitar og hafnarvitar.

3. gr.

Vitakerfi Íslands greinist í tvo meginþætti, landsvita og hafnarvita.

Til landsvitakerfisins heyra í meginatriðum allir þeir vitar og önnur leiðarmerki sem telja má að þjóni almennum siglingum við ströndina ásamt fiskveiðum.

Hafnarvitar teljast þeir vitar og önnur leiðarmerki sem eingöngu eru reist til að leiðbeina skipum inn á hafnarsvæði eða um tilteknar hafnir. Með hafnarsvæði er hér átt við það svæði sem lögsaga hafnarinnar nær yfir.

Við ákvörðun um hvaða leiðarmerki skulu tilheyra landsvitakerfinu skal leita álits siglingaráðs.

Ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Siglingastofnun Íslands sem leitar umsagnar siglingaráðs um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Siglingastofnunar Íslands sem þá sér um að merkið verði auglýst svo sem nánar er greint í lögum þessum.

Siglingastofnun Íslands skal sjá um að landsvitakerfið starfi svo sem til er ætlast og því er lýst í vitaskrá. Siglingastofnun skal jafnframt hafa eftirlit með hafnarvitum.

Hafnarstjórn eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi og sett upp leiðarmerki, er skuldbundinn til að halda merkinu við og tilkynna Siglingastofnun Íslands tafarlaust um allar breytingar sem á því verða. Ef merki er ekki haldið nægilega við að dómi Siglingastofnunar er henni heimilt að annast nauðsynlegar lagfæringar á kostnað eiganda. Óski hafnarstjórn eða einstaklingur að leggja niður eða breyta leiðarmerki skal sótt um það til Siglingastofnunar Íslands.

Siglingastofnun Íslands getur, að fenginni umsögn siglingaráðs, krafist þess að hafnarstjórn láti gera á eigin kostnað þá vita og önnur leiðarmerki sem Siglingastofnun Íslands telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði. Til eigin kostnaðar telst einnig viðhald og rekstur slíkra vita og leiðarmerkja.

4. gr.

Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur Siglingastofnun Íslands látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess ef brotið er á móti þessu.

Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

5. gr.

Hverjum landeiganda ber skylda til að láta af hendi mannvirki og land sem þarf til vitabygginga samkvæmt lögum þessum, svo og til íveruhúsa handa vitagæslumönnum. Enn fremur til þess að gera brautir og vegi í því sambandi, til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem vitabyggingin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir.

Um ákvörðun bóta skal farið eftir lögum nr. 11 frá 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

III. KAFLI

Vitagjald.

6. gr.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur Siglingastofnunar Íslands skal greitt vitagjald af skipum þeim sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Gjald þetta skal aðeins heimilt að nota í verkefni skv. 2. gr. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

7. gr.

Við ákvörðun vitagjalda samkvæmt stærð skipa skal miðað við brúttótonnatölu skips samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi sem gefið er út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

Vitagjald, 68,60 kr. af hverju brúttótonni skips, skal greiða af skipum sem taka höfn hér á landi og skal hálft tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Þó skal þetta gjald aldrei vera lægra en 3.000 kr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd vegna áreksturs, sjóskemmda, veikinda, farmskekkju eða ófriðar.

Skip sem eigi er notað við Íslandsstrendur á gjaldárinu eða er án haffæris allt gjaldárið er þó ekki gjaldskylt á því gjaldári.

8. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða fjórðung vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó ekki oftar en fjórum sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til samgönguráðuneytisins.

IV. KAFLI
Upplýsingaskylda.

9. gr.

Siglingastofnun Íslands skal sjá um að allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis í siglingum verði tilkynntar sjófarendum. Auglýsingar skulu birtar minnst mánaðarlega í Tilkynningum til sjófarenda sem Sjómælingar Íslands gefa út.

Upplýsingar, sem varða öryggi sjófarenda og ekki verða auglýstar með nægum fyrirvara í Tilkynningum til sjófarenda, skulu tilkynntar um strandstöðvar og í útvarpi þegar þörf krefur.

Sérhverjum sem annast rekstur leiðarmerkis er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Siglingastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má, en stofnunin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum sem verða varir við bilanir í vitakerfi landsins að senda tilkynningar um þær til Siglingastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má. Enn fremur skal Siglingastofnun Íslands tilkynnt um alla farartálma sem verða á almennri siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda.

V. KAFLI
Farartálmar.

10. gr.

Ef skip eða annað fljótandi far ferst eða strandar á siglingaleið ber eiganda þess að tilkynna um atburðinn tafarlaust til Siglingastofnunar Íslands sem síðan merkir staðinn ef ástæða er talin til.

Eiganda farsins skal skylt að fyrirmælum Siglingastofnunar Íslands að gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til öryggis fyrir siglingar og fiskveiðar.

Að liðnum gefnum fresti getur Siglingastofnun Íslands á kostnað eiganda fjarlægt hverja þá farartálma eða flök sem hér um ræðir.

Kostnaður við merkingu farartálma skal greiddur af eiganda hans.

VI. KAFLI
Vitavarsla.

11. gr.

Sérhver viti eða annað leiðarmerki skal vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns. Leiðarmerki, sem eru í eign hafnarsjóða, skulu talin í ábyrgð hafnarstjóra eða hafnarvarðar og er

hafnarstjórn skylt að senda Siglingastofnun Íslands tilkynningu um hver sé ábyrgðarmaður merkisins.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1981, um vitamál, með síðari breytingum.

500. Frumvarp til laga [122. mál]

um fjarskipti.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

I. KAFLI
Skipulag fjarskipta.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Lög þessi gilda um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet.

Markmið laganna er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Fjarskipti, sem eingöngu eru boð eða sendingar með þræði innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyra ekki undir lög þessi.

Lög þessi eru samin með hliðsjón af tilskipunum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um fjarskiptamál.

2. gr.

Stjórn fjarskiptamála.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fjarskipta.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

II. KAFLI
Orðskýringar.
3. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Almenningssími:* Sími sem er opinn almenningi til notkunar gegn greiðslu peninga og/eða með greiðslu- og/eða fríkortum.
2. *Almennt farsímanet:* Almennt símanet þar sem nettengipunktar eru ekki fastsettir.
3. *Almennt fastasímanet:* Almennt skiptinet sem flytur tal milli nettengipunkta á föstum stöðum.
4. *Almennt fjarskiptanet:* Fjarskiptanet notað að öllu eða einhverju leyti til framboðs á almennt fáanlegri fjarskiptaþjónustu.
5. *Almenn fjarskiptaþjónusta:* Fjarskiptaþjónusta sem er almennt fáanleg fyrir notendur.
6. *Alþjónusta:* Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
7. *Áskrifandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptaþjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu.
8. *Fjarskiptafyrirtæki:* Einstaklingur eða lögaðili sem hefur almenna heimild eða rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til að reka fjarskiptaþjónustu og/eða fjarskiptanet.
9. *Fjarskiptanet:* Sendikerfi og þar sem við á skiptistöðvar og önnur úrræði sem gera kleift að beina merkjum milli skilgreindra nettengipunkta eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum eða með öðrum rafsegulaðferðum.
10. *Fjarskiptavirki:* Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað að koma á fjarskiptum eða reka þau hvort heldur er til sendingar eða móttöku.
11. *Fjarskiptaþjónusta:* Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi.
12. *Fjarskipti:* Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.
13. *Forskeyti:* Númer sem notandi verður að velja á undan venjulegu símanúmeri til að fá aðgang að ákveðnum þjónustuaðila.
14. *Grunnkröfur:* Aðstæður í almannaþágu aðrar en fjárhagslegar sem geta valdið því að sett eru skilyrði um uppsetningu og/eða starfrækslu fjarskiptaneta eða framboð fjarskiptaþjónustu. Þessar aðstæður geta varðað rekstraröryggi netsins, viðhald á heildstæði neta og, þar sem réttlætanlegt er, samtvinnun þjónustu, gagnavernd, umhverfisvernd og skipulagsmarkmið ríkis og sveitarfélaga, einnig hagkvæma nýtingu tíðnirófsins og að fyrirbyggja skaðlegar truflanir milli þráðlausra fjarskiptakerfa og annarra tæknikerfa í geimnum eða á jörðu. Í gagnavernd getur falist vernd persónuupplýsinga, trúnaðarskylda vegna upplýsinga sem sendar eru eða geymdar og verndun einkalífs.
15. *Heimtaug:* Tenging frá tengigrind símstöðvar í almennu fjarskiptaneti að þeim búnaði sem gefur aðgang að innanhússlögn áskrifanda.
16. *Kapalkerfi:* Fjarskiptanet sem ætlað er til dreifingar á útvarpsmerkjum til almennings.
17. *Nettengipunktur:* Efnislegur tengipunktur þar sem notanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti. Staðsetning nettengipunkta skal vera ákvörðuð af Póst- og fjarskiptastofnun og skal marka umfang almennra fjarskiptaneta.
18. *Notendur:* Einstaklingar eða lögaðilar sem nota eða krefjast nota á almennt fáanlegri fjarskiptaþjónustu.

19. *Númer og vistföng:* Röð tákna sem notuð eru til að auðkenna einstaka notendur í fjarskiptavirkjum.
20. *Rekstrarleyfi*: Heimild veitt af Póst- og fjarskiptastofnun sem veitir fyrirtæki sérstök réttindi eða leggur starfsemi fyrirtækisins á herðar, þar sem við á, sérstakar skyldur til viðbótar ákvæðum almennrar heimildar.
21. *Rekstrarleyfishafi með umtalsverða markaðshlutdeild:* Rekstrarleyfishafi sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilgreint með umtalsverða markaðshlutdeild.
22. *Samtenging:* Efnisleg og rökrétt tenging fjarskiptaneta sem gerir notendum kleift að eiga samskipti við aðra notendur eða fá aðgang að þjónustu sem veitt er af öðrum aðila. Ekki skiptir máli hvort þjónustan er veitt af eigendum netsins eða öðrum aðilum sem kunna að hafa aðgang að fjarskiptanetinu.
23. *Skeyti:* Skriflegt efni sem á að senda með ritsíma til afhendingar móttakanda.
24. *Talsímaþjónusta:* Þjónusta opin almenningi sem felst í markaðsframboði á beinum rauntímaflutningi á tali um almennt skiptinet þannig að notandi getur notað búnað tengdan föstum nettengipunkti til þess að hafa samband við annan notanda búnaðar sem tengdur er öðrum nettengipunkti.
25. *Virðisaukandi þjónusta:* Þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.
26. *Yfirgjald:* Gjald fyrir virðisaukandi þjónustu sem er hærra en almennt símtalagjald.

III. KAFLI
Heimild til fjarskiptastarfsemi.

4. gr.
Skilgreining.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimild til reksturs almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. kapalkerfa. Heimildir geta verið tvenns konar: almennar heimildir og rekstrarleyfi. Í öllum heimildum skal tilgreina til hvaða þjónustu leyfið nær og til hvaða almennra fjarskiptaneta. Heimildir eru veittar einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð.

Ekki þarf heimild til að veita virðisaukandi fjarskiptaþjónustu.

5. gr.
Almenn heimild.

Einstaklingar og lögaðilar sem uppfylla skilyrði laga þessara skulu hafa almenna heimild til að veita fjarskiptaþjónustu. Fjarskiptafyrirtæki sem hyggst starfa í samræmi við almenna heimild skal tilkynna það Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. fjórum vikum áður en starfsemi hefst og veita upplýsingar um starfsemi sína. Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna fjarskiptafyrirtækinu eigi síðar en fjórum vikum eftir móttöku fullnægjandi tilkynningar hvort fyrirtækinu verði sett sérstök skilyrði, sbr. 7. og 8. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir öll fjarskiptafyrirtæki sem hafa tilkynnt að þau muni starfa samkvæmt almennri heimild.

6. gr.
Skilyrði almennrar heimildar.

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja skilyrði sem gilda um almennar heimildir. Skilyrði skulu vera hlutlæg, skýr og þannig að jafnræðis sé gætt.

Skilyrði geta verið eitt eða fleiri af eftirtöldum:

a. að fylgt sé viðeigandi grunnkröfum,
b. að veittar séu upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir settum skilyrðum og til söfnunar á tölfræðilegum upplýsingum,
c. að komið sé í veg fyrir samkeppnishamlandi aðgerðir á fjarskiptamarkaðinum, þ.m.t. skilyrði sem tryggja að gjaldskrá mismuni ekki aðilum og raski ekki samkeppni,
d. að notkun númera sé til þess fallin að þau verði nýtt sem best.

Að auki geta skilyrði sem gilda um almennar heimildir til framboðs á almennri fjarskiptaþjónustu og fyrir almenn fjarskiptanet sem þarf til að geta boðið slíka þjónustu verið eitt eða fleiri, þ.m.t.:

a. að tryggður sé réttur notenda og áskrifenda einkum að því er varðar,
   1. fyrir fram samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á samningum við áskrifendur,
   2. nákvæma og sundurliðaða reikningagerð,
   3. gerð vinnureglna um úrvinnslu kvartana,
   4. birtingu á fullnægjandi tilkynningu um allar breytingar á skilyrðum um aðgang, þ.m.t. gjaldskrá, gæðum og fáanlegri þjónustu,
b. að lagt sé fé til alþjónustu samkvæmt reglum sem gilda hverju sinni,
c. að nauðsynlegar símaskráruppplýsingar úr gagnagrunni um viðskiptavini skuli látnar í té,
d. um framboð neyðarþjónustu,
e. um sérstaka tilhögun fyrir fatlaða,
f. um samtengingu fjarskiptaneta og gagnkvæma starfrækslu þjónustu milli neta,
g. um almannaheill, allsherjarreglu og rannsókn opinberra mála.

7. gr.

Rekstrarleyfi.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast þess að einstaklingar eða lögaðilar sæki um rekstrarleyfi í eftirfarandi tilvikum:

a. þegar óskað er afnota af tíðnum eða númerum,
b. þegar óskað er sérstakra réttinda að því er varðar aðgang að almenningum, afréttum og eignarlöndum,
c. þegar á eru lagðar skyldur til að veita almenna fjarskiptaþjónustu og reka almenn fjarskiptanet, þar á meðal skylda til að veita alþjónustu og aðrar skyldur samkvæmt reglum um opinn aðgang að netum,
d. þegar leggja þarf á sérstakar skyldur vegna almennra samkeppnisreglna og leyfishafi hefur umtalsverða markaðshlutdeild að því er varðar almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu.

Að auki er það skilyrði þess að veita almenna talsímaþjónustu og reka almenn fjarskiptanet og önnur net sem byggjast á notkun tíðnirófsins að einstaklingar og lögaðilar hafi til þess rekstrarleyfi.

8. gr.

Skilyrði rekstrarleyfis.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett eftirfarandi sérstök skilyrði fyrir rekstrarleyfi, eitt eða fleiri, til viðbótar skilyrðum sem fylgja almennum heimildum, sbr. 6. gr.:

a. um úthlutun númera,
b. um hagnýta notkun og stjórnun tíðna,

c. um sérstakar kröfur í sambandi við umhverfismál og skipulag þéttbýlis og strjálbýlis, þ.m.t. skilyrði um aðgang að almenningum, afréttum og eignarlöndum og skilyrði um samnýtingu staðsetningar og aðstöðu,
d. um hámarksgildistíma leyfis, sem skal vera sanngjarn, einkum til að tryggja góða nýtingu tíðna og númera og aðgang að landi í opinberri eign eða einkaeign,
e. um alþjónustuskyldur,
f. um kröfur til rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild sem tryggja eiga samtengingu eða takmörkun á umtalsverðri markaðsstöðu,
g. um eignaraðild,
h. um kröfur til gæða, fáanleika og viðhalds þjónustu og neta, þ.m.t. fjárhagslega, stjórnunarlega og tæknilega hæfni umsækjanda og skilyrði um lágmarksstarfstíma og að auki, þegar við á, skylduframboð almennrar fjarskiptaþjónustu og almennra fjarskiptaneta,
i. um framboð á leigulínum í samræmi við kvaðir um opinn aðgang að netum,
j. um að rekstrarleyfishafi skuli halda einstökum þáttum í rekstri sínum bókhaldslega eða fjárhagslega aðskildum,
k. um að gjöld fyrir samtengingu, opinn netaðgang og alþjónustu miðist við tilkostnað að teknu tilliti til hæfilegs arðs af fjárfestingu.

9. gr.

Málsmeðferð við veitingu rekstrarleyfis.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist af umsækjendum um rekstrarleyfi að þeir leggi fram fullnægjandi upplýsingar um eignaraðild, fjárhagsstöðu og fyrirhugaða starfsemi, svo og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að leggja mat á umsóknina. Málsmeðferð stofnunarinnar skal lokið innan sex vikna frá því að fullnægjandi umsókn barst. Stofnuninni er heimilt að framlengja þennan frest um allt að fjóra mánuði til viðbótar í sérstökum tilvikum þegar leita þarf ákvörðunar eða umsagnar annarra aðila, svo sem þegar:

a. sótt er um leyfi vegna fjarskiptaneta og/eða -þjónustu sem þarf að samræma á alþjóðavísu,
b. ekki er hægt að veita leyfi nema að undangenginni málsmeðferð um tíðnimál hjá viðurkenndum alþjóðasamtökum.

Póst- og fjarskiptastofnun er enn fremur heimilt að fresta ákvörðun um fjóra mánuði til viðbótar fresti skv. 1. mgr. þegar sótt er um leyfi sem felur í sér úthlutun í tíðnisviði sem er takmarkað að umfangi og stjórnvöld ákveða að viðhafa útboð um úthlutun eða gefa með auglýsingu öðrum kost á að sækja um sama tíðnisvið.

10. gr.

Takmörkun á fjölda rekstrarleyfishafa.

Einungis má takmarka fjölda rekstrarleyfa fyrir sérhverja tegund þjónustu og til uppsetningar og/eða starfrækslu fjarskiptaneta að því leyti sem nauðsynlegt er til að tryggja hagkvæma nýtingu tíðnirófsins eða tímabundið meðan gerðar eru ráðstafanir til að fjölga númerum.

Við ákvörðun um takmörkun á fjölda rekstrarleyfa skal leggja viðeigandi áherslu á hagsmuni notenda og örvun samkeppni. Póst- og fjarskiptastofnun skal birta ákvörðun sína um takmörkun á fjölda rekstrarleyfa ásamt forsendum hennar og endurskoða takmarkanir með hæfilegu millibili. Auglýsa skal eftir umsóknum þegar fjöldi leyfa er takmarkaður. Komi upp sú staða að frumkvæði Póst- og fjarskiptastofnunar, eða að beiðni félags, að hægt sé að fjölga leyfum skal það kynnt og auglýst eftir umsóknum um viðbótarleyfi.

11. gr.

Útboð.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að rekstrarleyfi skv. 10. gr., rekstur alþjónustu skv. 13. gr. og rekstur óarðbærrar þjónustu annarrar en alþjónustu skv. 16. gr. skuli boðin út.

Útboð skal að jafnaði vera opið. Póst- og fjarskiptastofnun semur útboðsskilmála þar sem m.a. skal mælt fyrir um þá þjónustu eða rekstur sem boðinn er út og um lágmarksboð.

Póst- og fjarskiptastofnun annast eða hefur umsjón með útboðum þessum.

12. gr.

Breytingar á leyfisbréfi.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að breyta skilyrðum í almennum heimildum og leyfisbréfum þegar það er óhjákvæmilegt vegna nýrrar löggjafar og lögfestingar reglna sem leiðir af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Breytingar skulu kynntar með hæfilegum fyrirvara sem þó skal ekki vera minni en einn mánuður.

IV. KAFLI
Um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu.

13. gr.

Skylda til að veita alþjónustu.

Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum getur Póst- og fjarskiptastofnun við útgáfu rekstrarleyfa mælt svo fyrir að rekstrarleyfishafi eða rekstrarleyfishafar skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu. Til alþjónustu teljast m.a. talsímaþjónusta, þjónusta við fatlaða eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu sem notendur tengjast um heimtaugar almenna talsímanetsins.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið hámarksverð og lágmarksgæði alþjónustu.

Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur um synjun borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar.

Samgönguráðherra setur reglugerð um alþjónustu.

14. gr.

Umsóknir um fjárframlög og greiðslur þeirra.

Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta, sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 13. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær getur hann krafist þess að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Skal slík beiðni send Póst- og fjarskiptastofnun.

Við mat á kostnaði við alþjónustu skal beita sömu reglum og um samtengingu skv. 1. tölul. 1. mgr. 26. gr.

Nú berst Póst- og fjarskiptastofnun beiðni um fjárframlög skv. 1. mgr., og ekki verður talið að þjónustan verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti en jafnframt talið að þjónustan sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð, og skal stofnunin þá með fjárframlögum tryggja rekstrarleyfishafa eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem veitt er.

Skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að rekstrarleyfishafi upplýsi nákvæmlega hvert rekstrartapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við mat á fjárframlögum krafist skýrslna löggiltra endur-

skoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirlit með þeim.

Rekstrarleyfishafi skal gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir ráðstöfun fjárframlagsins í lok hvers árs.

Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Nú telur annar hvor aðili að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega, og getur hvor um sig þá krafist endurskoðunar á framlaginu.

Nú er hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu, og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

15. gr.

Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn farsímanet og/eða almenna talsímaþjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi. Sá þáttur rekstrarleyfishafa hér á landi sem er leyfisbundinn skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi hans.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega með lögum.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptaþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita fjarskiptaþjónustu, og um útreikning rekstrartaps.

16. gr.

Samningar og greiðslur fyrir sértæka fjarskiptaþjónustu, aðra en alþjónustu.

Nú óskar samgönguráðherra eftir því að lagt sé í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða, og skal Póst- og fjarskiptastofnun þá falið að gera um slíkt samning við fjarskiptafyrirtæki í kjölfar útboðs skv. 11. gr.

Kostnaður, sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr., skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

V. KAFLI

Opinn aðgangur að netum og þjónustu.

17. gr.

Almenn ákvæði.

Með það að markmiði að auðvelda framboð almennra fjarskiptaneta og/eða almennrar fjarskiptaþjónustu á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu skal öllum sem þess óska heim-

ill aðgangur að almennum fjarskiptanetum og almennri fjarskiptaþjónustu með ákveðnum skilmálum.

Skilmálar um opinn aðgang að netum mega ekki hindra:

a. möguleika allra á lágmarksþjónustu,
b. aðgang að og samtengingu við almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu,
c. framboð á samræmdri þjónustu notendum til hagsbóta með notkun samræmdra staðla og tæknieiginleika fyrir opinn og hagkvæman aðgang og samtengingu,
d. framboð á alþjónustu, m.a. með tilliti til framtíðarþróunar í fjarskiptum.

18. gr.

Skilmálar um opinn aðgang.

Skilmálar um opinn aðgang mega ekki hafa í för með sér takmörkun á aðgangi að almennum fjarskiptanetum eða fjarskiptaþjónustu nema takmörkunin varði:

a. rekstraröryggi neta,
b. tryggingu á samstæði neta,
c. rekstrarsamhæfi mismunandi þjónustu, í rökstuddum tilvikum,
d. verndun gagna,
e. verndun umhverfisins og markmið skipulags ríkis og sveitarfélaga,
f. hagkvæma notkun tíðnirófsins.

Til viðbótar gilda skilmálar sem almennt eiga við um tengingu notendabúnaðar við netin. Fyrirtæki sem veita fjarskiptaþjónustu skulu geta tengst almennum fjarskiptanetum í annars konar nettengipunktum en venjulegir notendur. Þegar þjónusta sem fyrirtækin óska eftir er önnur en lýst er í gjaldskrá rekstraraðila almenna fjarskiptanetsins skulu aðilar semja sín á milli um gjöld og skilmála. Náist ekki samkomulag innan tveggja mánaða geta aðilar óskað eftir íhlutun Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 22. gr.

19. gr.

Opinn aðgangur að leigulínum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að a.m.k. eitt fyrirtæki sem heimild hefur fengið til reksturs almenns fjarskiptanets og/eða þjónustu bjóði fram leigulínur þeirra tegunda sem stofnunin telur að þörf sé fyrir á fjarskiptamarkaði. Að jafnaði skal velja fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á hinum almenna fastanetsmarkaði. Fyrirtækið sem um ræðir skal birta skilmála fyrir línuleigu og gjaldskrá sem tekur mið af tilkostnaði og hæfilegum arði af fjárfestingu. Skal þetta gilda á meðan fyrirtækið hefur umtalsverða hlutdeild á leigulínumarkaði. Fyrirtæki með slíka hlutdeild skal leggja leigulínugjaldskrá sína fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykktar. Gjaldskrá og skilmálar skulu gefa aðilum sem leigja línur kost á aðgreindum þáttum leigulína.

20. gr.

Aðgangur að heimtaug.

Þegar fjarskiptafyrirtæki geta ekki tengst einstökum notendum sem eru tengdir fjarskiptaneti rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar í heimtaug sem er forsenda viðskiptasambands, getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að fjarskiptafyrirtæki fái beinan aðgang að einstökum notendum.

Um aðgang að heimtaug gilda ákvæði 17., 18. og 23. gr. eftir því sem við getur átt.

21. gr.

Innlendir reikisamningar.

Þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðvar, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðvar eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu leitast við að semja sín á milli um skilmála aðgangs.

Náist ekki samkomulag skal Póst- og fjarskiptastofnun ákveða hvort reikisamningur skuli gerður og skilmála hans á milli þess aðila er ræður farsímanetinu skv. 1. mgr. og annarra fjarskiptafyrirtækja, enda hafi þau þegar yfir að ráða eigin almennum farsímanetum þar sem þeim verður við komið að mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

Nokkur samdráttur var í innflutningi bifreiða á árunum 1992–1994. Árlegur innflutningur var þá á bilinu 6 til 8 þúsund bifreiðar og minnkaði bifreiðaeign landsmanna verulega á þessum árum. Frá og með árinu 1995 jókst innflutningur að nýju. Innflutningur bifreiða hefur enn aukist og voru nýskráðar alls 13.170 bifreiðar árið 1997 og 16.726 bifreiðir á árinu 1998. Í ársbyrjun 1999 áttu landsmenn 158.466 bifreiðir.

Ársbyrjun	Fólks-bílar	Fólksbílar á 1000 íbúa	Alm-bílar	Vöru-bílar	Bifreiðar alls
1960	14.228	89	325	5.703	20.256
1970	37.304	183	555	5.727	43.586
1980	81.025	357	1.117	7.873	90.015
1988	120.153	488	1.238	11.757	133.148
1989	125.226	499	1.298	12.078	138.602
1990	124.273	490	1.328	12.177	137.778
1991	119.731	468	1.328	13.122	134.181
1992	120.862	466	1.389	14.623	136.874
1993	120.146	459	1.157	14.845	136.148
1994	116.195	439	1.193	14.451	131.839
1995	116.243	435	1.249	14.348	131.840
1996	119.232	445	1.295	14.757	135.284
1997	124.909	463	1.363	15.260	141.532
1998	132.468	487	1.483	16.027	149.978
1999	140.372	510	1.544	16.550	158.466

1.1.1. Tekjur af bensíni.

Bensínsala jókst um 2,7% milli áranna 1997 og 1998. Bensínsalan nam 188,1 milljónum lítra á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 1998. Bensínsala ársins 1999 stefnir í tæpar 194 milljónir lítra sem er um 3% aukning frá 1998. Áætluð bensínsala árið 2000 er 197 milljónir lítra.

Bensíngjald var hækkað um 3,5% 15. júní 1998 og um 3,89% 1. júní 1999 og er bensíngjald nú 28,60 kr./l af blýlausu bensíni. Slaki í bensíngjaldi er nú 8,5%. Reiknað er með að bensíngjald hækki miðað við verðlagsþróun á vegáætlunartímabilinu.

1.1.2.–3. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er innheimtur af dísilbifreiðum. Um er að ræða tvenns konar þungaskatt. Annars vegar árgjald, sem innheimt er af flestum smærri dísilbifreiðum og hins vegar km-gjald, en þá er greitt af akstri samkvæmt ökumæli. Allar stærri dísilbifreiðir greiða km-gjaldið, en eigendur smærri dísilbifreiða geta greitt km-gjald í stað árgjalds ef þeir óska.

Þegar síðasta tillaga til þingsályktunar um vegáætlun var lögð fyrir Alþingi haustið 1997 stóð til að taka upp olíugjald í stað þungaskatts og hafði Alþingi samþykkt lög þess efnis. Þar sem ýmsir annmarkar voru á því að koma olíugjaldinu í framkvæmd hafði gildistöku laganna verið frestað í tvígang. Um svipað leyti kom úrskurður Samkeppnisstofnunar um að afsláttur sá, sem gefinn var af kílómetragjaldi þungaskatts af akstri vöruflutningabifreiða umfram 25.000 km samræmdist ekki samkeppnislögum.

Vinnuhópur á vegum fjármálaráðuneytisins lagði fram tillögur um breytingar; olíugjald skyldi framkvæma með litun, kílómetragjald (lægra) yrði áfram á bifreiðir yfir 10 tn að heildarþunga og að afslátturinn yrði jafnaður út á alla gjaldskrána þannig að afnám hans yki ekki tekjur Vegagerðarinnar. Þessum tillögum var hafnað, lög um olíugjald voru felld brott og breytingar gerðar á lögum um fjáröflun til vegagerðar með lögum nr. 83/1998 í þá veru að afslátturinn var tekinn út, 100 þ.kr. fast gjald tekið upp á bifreiðir 14 tn og yfir, en km-gjaldið lækkað á móti. Frekari breytingar voru gerðar með lögum nr. 151/1998 og var þá m.a. tekið inn ákvæði sem leyfði að greitt væri fast gjald m.v. 95.000 km akstur óháð raunverulegum akstri.

Miðað við innheimtu km-gjalds þungaskatts á árinu 1999 er ljóst að þessar breytingar hafa skert tekjur vegasjóðs. Ekki eru til nákvæmar tölur um það en líkur benda til þess að upphæðin sé á bilinu 150–200 m.kr.

Breytingarnar á þungaskattskerfinu, bæði 100 þ.kr. fasta gjaldið og 95.000 km reglan voru kærðar til Samkeppnisstofnunar og var úrskurður hennar samhljóða fyrri úrskurði um afsláttinn. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjáröflun til vegagerðar þar sem þessir liðir eru teknir út og eftir verður einfalt km-gjald þar sem upphaflega afslættinum hefur verið jafnað á alla gjaldskrána.

Aukning á innheimtu þungaskatts hefur verið mikil undanfarin ár og má hana rekja annars vegar til fjölgunar dísilbifreiða, einkum á jeppum, og hins vegar til bætts eftirlits og innheimtu á þungaskatti.

Dísilbifreiðaeign landsmanna, einkum jeppaeign, hefur aukist um 30% frá 1994–1998 og hefur því innheimta á árgjaldi þungaskatts aukist hvað mest og stefnir hún í 25–30% milli áranna 1998 og 1999. Innheimta á km-gjaldi þungaskatts stendur hins vegar í stað á sama tíma og er það afleiðing á breytingum á km-gjaldinu í þungaskattskerfinu.

Frá því í ársbyrjun 1994 hefur Vegagerðin séð um eftirlit með þungaskatti og í kjölfarið hefur eftirlitið stóraukist. Með lagabreytingu snemma á árinu 1996 voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi álagningar og innheimtu þungaskattsins, m.a. var álagningin færð yfir til ríkisskattstjóra. Einnig voru viðurlög við brotum hert. Auk þessa hafa reglulega verið gerð átök í innheimtumálum. Árangurinn hefur orðið töluverður.

Gjaldskrár þungaskatts voru síðast hækkaðar 1. janúar 1999 um 3,5% og um 2% 1. júní 1999. Reiknað er með að þungaskattur verði hækkaður í takt við verðlagsþróun á vegáætlunartímabilinu.

1.2. Umsýslugjald.

Umsýslugjald er 0,5% af mörkuðum tekjum eins og verið hefur og rennur það í ríkissjóð.

1.3. Viðbótarfé.

Framkvæmdaátak í vegagerð var ákveðið vorið 1999 af ríkisstjórn og skyldi verja 500 m.kr. árlega árin 1999–2002 til nýbyggingar vega. Á fyrsta árinum komu 500 m.kr. sem lánsfé en þær skulu endurgreiðast af mörkuðum tekjum síðar eða eftir árið 2006. Árin 2000–2002 koma 500 m.kr. á ári sem sérstakt framlag við markaðar tekjur sem eiga ekki að endurgreiðast.

1.4. Lánsfé.

Á árunum 2000 til 2008 er gert ráð fyrir að endurgreiða lán sem tekið var vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga og er sú greiðsla 40 m.kr. á ári.

1.5. Frestun framkvæmda.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fresta nýframkvæmdum í vegagerð fyrir 585 m.kr. á árinu 2000. Er þetta gert til að draga úr þenslu í efnahagslífinu. Upphæðin kemur inn aftur á árinu 2001, þannig að frestunin er einungis til eins árs. Miðað er við að meginþungi frestunarinnar komi fram á höfuðborgarsvæðinu þar sem þenslan er mest.

1.6. Geymt í ríkissjóði.

Á árinu 2000 er reiknað með að geyma 126 m.kr. í ríkissjóði. Ekki er gerð tillaga um ráðstöfun þessa fjár heldur verður það geymt til síðari nota. Þessi ráðstöfun er einnig til þess fallin að draga úr þenslu.

II. SKIPTING ÚTGJALDA 2000–2004

Útgjaldahlið áætlunarinnar miðast við gildandi vegáætlun fyrir árin 1998–2002 og langtímaáætlun fyrir árin 1999–2010 með nokkrum frávikum sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Nokkrar breytingar eru gerðar á uppsetningu áætlunarinnar og eru þessar helstar:

Liður 2.1. er sundurliðaður meira en í fyrri áætlun, við er bætt liðnum Umferðareftirlit og þjónusta, sem áður var að verulegu leyti innifalinn í liðnum Tæknilegur undirbúningur. Umfang og kostnaður við þennan lið hefur aukist mikið á síðustu árum. Í gildandi áætlun eru innifaldar í liðnum skrifstofukostnaður (2.1.1.), til sérleyfishafa. Þessir styrkir eru nú færðar undir 2.11. Til flóabáta og sérleyfa. Nokkrar breytingar eru einnig gerðar á uppsetningu þjónustu og viðhaldsliða áætlunarinnar (2.2.–2.4.), m.a. er liðnum Þéttbýlisvegir í gildandi áætlun skipt upp í lið með sama nafni undir Þjónustu (liður 2.2.5.) og á liðina Endurnýjun bundinna slitlaga (2.4.1.) og Styrkingar og endurbætur (2.4.3.). Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum liðum áætlunarinnar.

2.1. Stjórn og undirbúningur.

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdir þær sem ráðist er í eru stöðugt stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en áður var. Má í því dæmi nefna reglur um mat á umhverfis-

áhrifum. Undirbúningur verkanna verður því tímafrekari og dýrari en áður var. Þá er stöðugt vaxandi þörf fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlit með þeim. Loks má nefna að auknar kröfur um upplýsingagjöf og þjónustu til vegfarenda leiða til vaxandi kostnaðar. Sundurliðun þessa liðar hefur verið aukin frá fyrri þingsályktunum um vegáætlun og er nú umferðareftirlit og þjónusta tekin út úr liðnum tæknilegum undirbúningi og áælað sérstaklega fyrir fram.

Breyting á reglum um endurgreiðslu þungaskatts til sérleyfishafa af akstri á sérleyfisleiðum leiddi til þess að endurgreiðslurnar voru afnumdar. Í stað þeirra er Vegagerðinni gert að greiða samsvarandi styrk til sérleyfishafanna af vegáætlun. Þessir styrkir voru fyrst settir undir liðinn „Stjórn og undirbúningur", en hafa nú verið færðir undir lið 2.11 sem framvegis heitir „Til flóabáta og sérleyfa".

2.1.1. Yfirstjórn og skrifstofa.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, en undir það heyrir fjárreiðudeild sem sér um fjármál stofnunarinnar, bókhald og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, hagdeild sem sér m.a. um fjárhags- og rekstraráætlanagerð auk kostnaðareftirlits og lögfræði- og starfsmannadeild, en undir hana heyrir, auk lögfræði og starfsmannamála, bókasafn og útgáfustarfsemi.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegagerðarstarfsmanna, sem hafa engan eða mjög lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda, var áður sérstakur liður í vegáætlun, en þar sem þeim aðilum sem þiggja þessar greiðslur hefur fækkað mikið og kostnaður þar af leiðandi minnkað eru eftirlaunagreiðslur nú felldar undir liðinn yfirstjórn og skrifstofa. Lagt er til að fjárveiting verði 146 m.kr. á árinu 2000, 147 m.kr. árið 2001, 148 m.kr. árið 2002 og 150 m.kr. árið 2003 og árið 2004.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verka, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim auk ýmiss konar þróunar- og rannsóknarstarfa. Ef unnið er við verk, sem hefur fjárveitingu samkvæmt vegáætlun færist kostnaðurinn á það. Verkefni, sem kostuð eru af þessum lið eru auk stjórnunarstarfa einkum hönnun verka, sem enn hafa ekki fjárveitingu samkvæmt vegáætlun svo og áætlanagerð svo sem gerð yfirlitsáætlana, setning staðla og ýmsar rannsóknir.

Umferðareftirlit og þjónusta falla ekki lengur undir þennan lið og koma inn hér á eftir sem sérstakur liður. Breytast því fjárveitingar til tæknilegs undirbúnings í samræmi við það.

Lagt er til að fjárveiting til tæknilegs undirbúnings árið 2000 verði 110 m.kr., vaxi í 117 m.kr. árið 2001, í 124 m.kr. árið 2002 og í 128 m.kr. á ári árin 2003 og 2004.

2.1.3. Umferðareftirlit og þjónusta.

Umferðareftirlit og umferðartalning falla undir þennan lið. Frá ársbyrjun 1994 hefur umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með þungaskatti, sem áður var í höndum fjármálaráðuneytisins. Þetta hefur leitt til aukins kostnaðar hjá umferðareftirlitinu, en árangur þessa aukna eftirlits er umtalsverður. Auk þess má geta að frá og með árinu 1996 annast umferðareftirlitð einnig eftirlit með ökuritum og að reglum um hvíldartíma ökumanna sé fylgt.

Eftirlit með vegakerfinu og ástandi þess hefur einnig aukist mikið. Samhliða hefur upplýsingaöflun og upplýsingagjöf til vegfarenda vaxið hröðum skrefum.

Lagt er til að fjárveiting til umferðareftirlits og þjónustu árið 2000 verði 104 m.kr., vaxi í 106 m.kr. árið 2001, í 108 m.kr. árið 2002 og í 112 m.kr. árlega árin 2003 og 2004.

2.2. Almenn þjónusta.

Áætlað hefur verið að fjárþörf til þjónustu vegakerfisins sé um 1.400–1.500 m.kr. á ári. Lagt er til að fjárveiting verði 1.303 m.kr. á árinu 2000, 1.329 m. kr. á árinu 2001, 1.356 m.kr. á árinu 2002, 1.388 m. kr á árinu 2003 og 1.420 m.kr. árinu 2004.

Almenn þjónusta tekur til þeirrar viðhalds- og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem gera þarf til að viðhalda því ástandi sem fyrir er og vera þarf til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Verkefnum þessum er skipt í fimm megin flokka, þ.e. til þjónustusvæða, til vega og vegyfirborðs, til þjónustu brúa og vegganga, til merkinga og vegbúnaðar og til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis.

2.2.1. Þjónustusvæði.

Lagt er til að fjárveiting 2000 verði 283 m.kr. og verði varið til þess að greiða kostnað í umdæmum við stjórnun, upplýsingamiðlun og eftirlit með vegum auk margs annars sem hefur að markmiði að umferðin komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt. Ýmis sameiginleg og ófyrirséð verkefni verða einnig greidd af þessum lið.

Lagt er til að fjárveiting þessi hækki lítillega með vaxandi umferð og verði 290 m.kr. 2001, 293 m.kr. 2002, 299 m.kr. 2003 og 306 m.kr. árið 2004.

2.2.2. Vegir og vegyfirborð.

Lagt er til að fjárveiting verði 374 m.kr. árið 2000 en helstu kostnaðarliðir eru viðgerðir á bundnum slitlögum og malarvegum, vegheflun, rykbinding, lagfæring á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðrir þættir sem tengdir eru þjónustu á vegum.

Reiknað er með að fjárveiting þessi verði 373 m.kr. á árinu 2001 og 371 m.kr. árin 2002–2004.

2.2.3. Brýr og veggöng.

Lagt er til að fjárveiting verði 56 m.kr. árið 2000 og verði varið til þess að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, ristarhliðum og undirgöngum, stærri vegræsum og jarðgöngum, svo og vegskálum og öðrum hrun- og snjóflóðavörnum.

Fjárþörf til þessa liðar fer vaxandi og er lagt til að fjárveiting hækki í 59 m.kr. 2001, 62 m.kr. 2002, 65m.kr. 2003 og verði 69 m.kr. árið 2004.

2.2.4. Vegmerkingar og vegbúnaður.

Lagt er til að fjárveiting verði 339 m.kr. á árinu 2000 og verði varið til þess að greiða kostnað við lýsingu fram með vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum, yfirborðsmerkingar á vegum og gerð og viðhald áningarstaða. Fjárþörf til þessara verkefna hefur vaxið verulega á undanförnum árum m.a. vegna aukinnar lýsingar og vaxandi krafna um yfirborðsmerkingar. Lagt er til að fjárveiting þessi hækki í 351 m.kr. á árinu 2001, 374 m.kr. árið 2002, 395 m.kr. árið 2003 og 414 m.kr. árið 2004.

2.2.5. Þéttbýlisvegir.

Eins og áður kom fram er fjárveitingum til þéttbýlisvega nú skipt upp á milli almennrar þjónustu og viðhalds.

Þetta er eðlilegra þar eð þjónusta og viðhald á þessum vegum er í eðli sínu á engan hátt frábrugðin því sem er á öðrum hlutum vegakerfisins. Í flestum tilfellum hefur Vegagerðin samið við viðkomandi sveitarfélag um að annast þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis.

Lagt er til að fjárveiting verði 251 m.kr. árið 2000, 256 m.kr. árin 2001 og 2002, 258 m.kr. 2003 og 260 m.kr. 2004.

Þetta eru lítillega hækkandi fjárveitingar frá því sem varið var til þjónustuhluta þéttbýlisvega í gildandi áætlun.

2.3. Vetrarþjónusta.

Lagt er til að fjárveiting til vetrarþjónustu verði 765 m.kr. á árinu 2000.

Vetrarþjónusta tekur auk snjómoksturs og hálkuvarnar til kostnaðar í umdæmum við eftirlit og upplýsingarþjónustu við vegfarendur, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum, svo og viðhalds á snjóstikum, merkinga og öðru því er varðar öryggi vegfarandans að vetrarlagi. Kröfur til þessarar þjónustu fara ört vaxandi.

Lagt er til að fjárveiting verði 775 m.kr. á árinu 2001, 787 m.kr. 2002, 830 m.kr. 2003 og 850 m.kr. á árinu 2004. Ljóst er að teflt er á tæpasta vað með þessum fjárveitingum og má lítið útaf bregða til þess að fjárþörf verði mun meiri.

2.4. Viðhald þjóðvega.

Viðhald vega miðar að því að varðveita verðmæti þeirra, og hæfni til að bera þann umferðarþunga, sem þeim er ætlaður.

Viðhald vega tekur til endurnýjunar bundinna slitlaga, endurnýjunar malarslitlaga, styrkinga og endurbóta vega með bundnu slitlagi og vega með malarslitlagi, viðhalds brúa og varnargarða, öryggisaðgerða og vatnaskemmda.. Viðhald og þjónusta stofn- og tengivega innan þéttbýlis hefur hingað til verið sérstakur liður í vegáætlun. Hér er lagt til að viðhaldshluti þess fjármagns sé felldur inn í fjárveitingar til bundinna slitlaga og styrkinga og endurbóta og er það í samræmi við þá breytingu á vegalögum sem gerð var 1994.

Á síðastliðnum 20 árum eða frá 1979 hafa vegir með bundnu slitlagi lengst úr 270 km í 3.649 km í árslok 1999. eða að meðaltali um 169 km á ári. Aukningin var mest á árunum 1985–1988 eða 266 km á ári. Gera má ráð fyrir að meðal endingartími efra burðarlags þessara vega sé um 20 ár. Lengd stofn- og tengivega með bundnu slitlagi var um áramótin 1998–99 um 42% af heildarlengd stofn- og tengivega, en umferðin á þeim var um 92% af heildarumferðinni. Með hliðsjón af þeim miklu verðmætum sem liggja bundin í vegum með bundnu slitlagi, aukinni þungaumferð og kröfum vegfarenda um betra vegyfirborð, er nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á styrkingu vega með bundnu slitlagi Slík verkefni verða því að falla undir viðhald meðan ekki fæst nýbyggingafjármagn til þeirra endurbóta.

Þörf fyrir fé til viðhalds hefur verið áætluð um 2.400–2.500 m.kr. og vaxandi með aukinni umferð. Hér er lagt til að fjárveitingar fari hækkandi frá 1.789 m.kr. árið 2000 í 2.047 m.kr. árið 2004 og verði um 75% af áætlaðri þörf.

2.4.1. Endurnýjun bundinna slitlaga.

Viðhald bundinna slitlaga er mjög þýðingarmikið vegna varðveislu þeirra miklu verðmæta sem liggja í bundnu slitlögunum. Frestun á yfirlögn getur á mjög skömmum tíma valdið eyðileggingu á öllu slitlaginu. Þar sem á hverju ári bætist við bundnu slitlögin á vegakerfinu er þörf fyrir fé til viðhalds vaxandi. Hér þarf því að ná mestum hluta af áætlaðri þörf. Lagt er til að fjárveiting verði 790 m.kr. árið 2000, 820 m.kr.2001, 835 m.kr. 2002, 840 m.kr. 2003 og verði 850 m.kr. árið 2004. Er þá gert ráð fyrir að viðhald bundinna slitlaga á stofn- og tengivegum í þéttbýli sé innifalið í þessum lið.

2.4.2. Endurnýjun malarslitlaga.

Stofn- og tengivegir með malarslitlagi eru nú um 4.700 km, en á þeim er einungis um 8% af umferð á stofn- og tengivegum. Stór hluti malarvega er án raunverulegs slitlags þar sem fjármagn til endurnýjunar þeirra hefur einungis verið um 60% af áætlaðri þörf, en þar sem malarvegir styttast í takt við lengingu vega með bundnu slitlagi ætti þessi fjárþörf að fara minnkandi.

Hér er því lagt til að fjárveiting verði 230 m.kr. á ári og haldist óbreytt út áætlunartímabilið.

2.4.3. Styrkingar og endurbætur.

Þessum lið er ætlað að kosta styrkingar og endurbætur á stofn- og tengivegum með bundnu slitlagi og á malarvegum eða á um 8.200 km. Fyrst og fremst er um að ræða styrking á efra burðarlagi veganna sem brotnar niður undan aukinni og sífellt þyngri umferð en einnig er um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot. Fyrir um 20 árum hófst að verulegu marki uppbygging vega með bundnu slitlagi, en 20 ár eru talin eðlilegur endingartími burðarlaga. Nú þegar er komin fram veruleg þörf fyrir endurbætur á þessum vegum og mun hún fara vaxandi á næstu árum, sérstaklega þegar horft er til þeirrar miklu lengingar á vegum með bundnu slitlagi sem varð á 9. áratugnum. Þörf fyrir fjármagn til styrkinga vega með bundnu slitlagi er metin á um 450 m. kr. á ári og malarvega um 150 m.kr. og er þá ekki tekið tillit til annarra endurbóta. Gera má ráð fyrir að fjárþörf til styrkinga vega með bundnu slitlagi muni vaxa um 50 m.kr. á ári á næstu árum, en fjárþörf malarveganna standa nokkuð í stað. Hér er lagt til að fjárveitingar verði 408 m.kr. á árinu 2000 og vaxi í 562 m.kr. á árinu 2004. Styrking stofn- og tengivega í þéttbýli er hér innifalin.

2.4.4. Brýr, varnargarðar og veggöng.

Verðmæti brúa á er metið á um 22.000 m.kr. og eðlileg viðhaldsþörf um 1% á ári eða 220 m.kr. Rúmlega helmingur brúa á þjóðvegakerfinu er byggður á árunum 1950–1970. Þessar brýr voru ekki byggðar fyrir þann umferðarhraða sem er í dag né heldur þann þunga sem fer eftir vegakerfinu. Endurbyggingu þeirra miðar hægt og hafa fjárveitingar til viðhalds brúa ekki náð að halda í horfinu. Auk þessa er að koma að eðlilegu viðhaldi á nokkrum stórum mannvirkjum sem byggð voru eftir 1970 og viðhald jarðganga fer vaxandi. Lagt er til að fjárveitingar til þessa liðar verði 165 m.kr. á árinu 2000 og aukist í 185 m.kr. á árinu 2004.

2.4.5. Öryggisaðgerðir.

Fjárveitingum samkvæmt þessum lið er varið til að auka öryggi umferðarinnar. Að undanförnu hefur verið unnið að endurbótum á hættulegum stöðum með sérstaka áherslu á breikkun einbreiðra brúa. Unnið er að sérstakri úttekt slysastöðum og framkvæmdaáætlun um endurbætur á þeim. Lagt til að fjárveiting verði 79 m.kr. á árinu 2000 en aukist í 90 m.kr. á árinu 2001 og 100 m.kr. árin 2002–2004.

2.4.6. Vatnaskemmdir.

Fjárþörf þessa liðar er eðlilega breytileg. Lagt er til að fjárveiting verði 117 m.kr. árið 2000 og 120 m.kr. árin 2001–2004.

Til nýrra framkvæmda.

Útgjöldum er skipt niður á vegflokka í samræmi við gildandi vegalög.

2.5. Til nýrra þjóðvega.

Sundurliðun verkefnaflokka er í samræmi við gildandi vegáætlun fyrir árin 2000–2002 með þeirri undantekningu að lagt er til að við bætist nýr liður, Viðbótarfé, í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á s.l. vori.

Gert er ráð fyrir að á árinu 2000 verði frestað framkvæmdum fyrir 585 m.kr. sem komi til framkvæmda árið eftir.

Gert er ráð fyrir að útfærsla frestunarinnar verði nánar ákvörðuð við meðhöndlun tillögunnar á Alþingi og eru upphæðir til einstakra liða beggja áranna settar fram án tillits til frestunarinnar. Fjármagn til endurgreiðslu láns vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga er innifalið í liðnum stórverkefni.

2.5.1. Til stofnvega.

Lagt er til að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka verði eins og sýnt er á eftirfarandi töflu.

		2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
1.	Almenn verkefni	479	479	479	479	479
2.	Höfuðborgarsvæðið	1.116	1.137	1.137	1.137	1.137
3.	Stórverkefni	1.759	1.796	1.796	1.796	1.796
4.	Viðbótarfé	500	500	500	0	0
5.	Þingvallahátíð	106	0	0	0	0

1. Almenn verkefni.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 479 m.kr. á ári sem er í samræmi við gildandi vegáætlun og langtímaáætlun. Lagt er til að fjárveitingum verði skipt jafnt á milli kjördæmanna, annarra en höfuðborgarsvæðisins.

2. Höfuðborgarsvæðið.

Hér er miðað við að höfuðborgarsvæðið nái frá Hafnarfirði (vegamót Krýsuvíkurvegar) í suðri og til Mosfellsbæjar (vegamót Þingvallavegar) í norðri. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og ýmsar kostnaðarsamar aðgerðir aðkallandi. Á þessu svæði er einnig unnt að fækka umferðarslysum mest. Fjárveitingar til þessa liðar eru í samræmi við gildandi vegáætlun og langtímaáætlun.

3. Stórverkefni.

Fjárveitingar eru í samræmi við gildandi vegáætlun og langtímaáætlun. Gert er ráð fyrir því að skipting fjármagns til einstakra verkefna verði ákveðin við meðferð málsins á Alþingi með hliðsjón af langtímaáætlun.

4. Viðbótarfé.

Ríkisstjórnin ákvað vorið 1999 að veita 500 m.kr. viðbótarframlag á ári til nýframkvæmda 1999–2002. Viðbótarféð á að nýta til að flýta hluta þeirra stórverkefna, sem tilgreind eru í langtímaáætlun.

5. Þingvallahátíð.

Að undanförnu hefur starfað nefnd til undirbúnings kristnihátíðar á Þingvöllum árið 2000. Nefndin hefur skilað tillögum um ýmsar endurbætur sem gera þarf á samgöngukerfinu fyrir hátíðina ef ekki eigi að koma til vandræða fyrir umferð að og frá hátíðahöldunum.

Framkvæmdir í samræmi við tillögurnar hafa staðið yfir á þessu ári og á að ljúka vorið 2000. Fjárveiting 106 m.kr. árið 2000 er til að ljúka þessum framkvæmdum. Mest af umræddum endurbótum er nauðsynlegt vegna hefðbundinnar umferðar utan þjóðhátíða.

2.5.2. Tengivegir.

Lagt er til að fjárveiting til tengivega árið 2000 verði 436 m.kr. en hækki í 475 m.kr. árið 2004, en fjárveitingar til þessara vega hafa að undanförnu verið langt undir því sem vera þyrfti.

2.5.3. Til brúagerða.

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 234 m.kr. 2000, en 255 m.kr. árin 2001–2004. Þessu til viðbótar koma fjárveitingar til brúagerða af liðunum stórverkefni. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin skiptist eins og áður á milli brúa 10 m og lengri og til smábrúa. Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja hefur verið endurskoðuð til samræmis við reglur sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þegar ljóst að margar brýr á stofnvegum landsins þola ekki það álag sem þar um ræðir og hindra því samfellu í flutningakerfinu.

2.5.4. Ferðamannaleiðir

Við umfjöllun Alþingis á vegáætlun fyrir árin 1998–2002 var bætt við nýjum lið, Ferðamannaleiðum, og er hér gert ráð fyrir áframhaldandi fjárveitingum til hans á árunum 2003 og 2004. Lagt er til að fjárveiting verði 82 m.kr. á ári. Fjármagninu hefur verið skipt jafnt á milli kjördæma og er lagt til að svo verði gert áfram.

2.5.5. Girðingar

Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis verði 44 m.kr. árið 2000 og hækki í 55 m.kr. árið 2004. Mikið er enn af ógreiddum girðingakröfum.

2.6. Til safnvega.

Safnvegir nú svara að mestu til sýsluvega áður. Lagt er til að fjárveiting verði 223 m.kr. árið 2000, 260 m.kr. 2001 og 270 m.kr. árin 2002–2004. Veruleg þörf er á auknu fjármagni til þessa liðar.

2.7. Til landsvega.

Landsvegir svara til þeirra vega sem áður töldust aðalfjallvegir, nokkurra þeirra vega sem áður töldust til annarra fjallvega auk vega innan þjóðgarða og vega til nokkurra fjölsóttra ferðamannastaða.

Gert er ráð fyrir að viðhald og almenn þjónusta hluta þessara vega (þeirra vega sem opnir eru fyrir allri almennri umferð) verði greidd af liðum 2.2 og 2.4. Mikil þörf er á auknum fjárveitingum til þessa liðar vegna stóraukinnar umferðar ferðamanna.

Lagt er til að fjárveitingar verði 78 m.kr. árið 2000, 110 m.kr. árið 2001, 120 m.kr. árið 2002, 130 m.kr. árið 2003 og 140 m.kr. árið 2004.

2.8. Til styrkvega.

Hér er um ýmsa vegi að ræða sem áður gátu verið sýsluvegir eða aðrir fjallvegir, sbr. 16. gr. vegalaga.

Lagt er til að fjárveiting verði 32 m.kr. árið 2000, 52 m.kr. árin 2001 og 2002 og 55 m.kr. árin 2003 og 2004.

2.9. Til reiðvega.

Mikil þörf er á því að auka fjármagn til þessa liðar frá því sem verið hefur. Er lagt til að fjárveiting verði 32 m.kr. árið 2000 og hækki í 40 m.kr. árið 2004.

2.10. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveiting þessi er 1% af mörkuðum tekjum vegasjóðs í samræmi við 24. gr. vegalaga. Er áætlað að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili eins og verið hefur.

2.11. Til flóabáta og sérleyfa.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 542 m.kr. á árinu 2000, hækki í 550 m.kr. á ári 2001–2002 og í 570 m.kr. árið 2004.

Af þessum lið eru greiddir rekstrarstyrkir til ferjurekstraraðila á leiðum, sem falla undir ákvæði vegalaga svo og kostnaður, afborganir af lánum auk vaxta vegna nýsmíði eða kaupa á ferjunum og búnaði þeirra. Greiðslur rekstrarstyrkja eru áætlaðar um 220 m.kr. á ári en stofnkostnaður þ.m.t. afborganir og vextir af lánum er áætlaður 260–285 m.kr. á ári á tímabilinu.

Enn er rekstur á aðeins einni ferjuleið boðinn út, þ.e. rekstur Grímseyjarferjunnar, en nú er unnið að því að bjóða út rekstur á öðrum ferjuleiðum. Samkvæmt áætlun verður sá rekstur boðinn út m.v. ársbyrjun árið 2001.

Vegalög kveða á um að af vegáætlun sé heimilt að greiða hluta kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði, enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg a.m.k. hluta úr ári. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði mátti fram til ársins 1999 greiða hluta kostnaðar við ferjur þótt skilyrðum greinarinnar væri ekki fullnægt. Tvær ferjuleiðir hafa notið styrkja samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði, Akranesferjan og Ísafjarðardjúpsferjan. Akranesferjan hætti starfsemi með tilkomu Hvalfjarðarganga á miðju ári 1998 og frá og með árinu 2000 verður einungis um að ræða styrki vegna samgangna við þau byggðu ból við Ísafjarðardjúp, sem ekki eru í vegagasambandi allt árið.

Smíði nýrrar Hríseyjarferju var boðin út á árinu 1998. Áætlaður kostnaður við smíðina var um 150 m.kr. og átti henni að ljúka á árinu 1999. Ýmis vandamál hafa síðan komið upp og er enn ekki ljóst hvenær hægt verður að taka skipið í notkun.

Af þessum lið eru einnig greiddir styrkir til sérleyfishafa. Sérleyfishafar fengu áður endurgreiddan hluta þungaskatts af akstri á sérleyfisleiðum samkvæmt lögunum um fjáröflun til vegagerðar. Lögunum hefur nú verið breytt, endurgreiðslur þessar aflagðar en í staðinn skal greiða sérleyfishöfum samsvarandi styrk af vegáætlun.

Þessir styrkir voru fyrst settir undir liðinn stjórn og undirbúningur, en réttara þykir að hafa þá með þessum lið.

III. UM FLOKKUN VEGA

3.1. Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru vegir flokkaðir eftir 8. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem tengivegur endar við bæ er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst safnvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.5.01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir hinna ýmsu vegflokka.

3.2.1. Stofnvegir.

Lagt er til að stofnvegir verði óbreyttir frá vegáætlun 1998–2002 að öðru leyti en því að [1] Hringvegur liggur nú um svokallaða Hárekssstaðaleið á Jökuldalsheiði en ekki yfir Möðrudalsfjallgarða.

3.2.2. Tengivegir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þeim vegum sem töldust tengivegir samkvæmt vegáætlun 1998–2002.

321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi á móts við Löngumýri að Skeiðháholti.
Vegurinn var lykkja af Skeiðavegi og á hann aftur. Kominn er nýr vegur, með nýja legu.

3270 Kálfhólsvegur: Af Skeiðháholtsvegi vestan Háholts að Kálfhóli II.
Nýtt númer og vegheiti. Afleiðing af breytingu Skeiðháholtsvegar.

3275 Blesastaðavegur: Af Skeiðavegi að Blesastöðum.
Nýtt númer og vegheiti. Afleiðing af breytingu Skeiðháholtsvegar.

3365 Búrfellsvegur: Af Þjórsárdalsvegi að Eiríksbúð.
Nýr sem þjóðvegur. Liggur að þéttbýlinu við Búrfellsvirkjun.

(4230 Naustakotsvegur: Af Vatnsleysustrandarvegi að Sætúni.)
Falli niður sem tengivegur, verður safnvegur.

4355 Hraðastaðavegur: Af Helgadalsvegi um Hraðastaði á Helgadalsveg hjá Túnfæti.
Vegurinn lengist, náði áður að Hraðastöðum.

54 Snæfellsnesvegur: Af Hringvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði, þaðan til austurs um norðanvert Snæfellsnes, um Grundarfjörð, Helgafellssveit, Skógarströnd og Hörðudal, á Vestfjarðaveg við Stóraskóg.
Á leiðinni frá Hringvegi við Borgarnes og norður fyrir Fróðárheiði er aðeins um nafnbreytingu að ræða, hét áður Ólafsvíkurvegur. Þaðan og austur á Vestfjarðaveg í Miðdölum er hins vegar einungis um númerabreytingu að ræða, hafði áður númerið [57].

(57) Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.)
Númerið [57] fellur niður, og veginum er lýst undir númerinu [54].

574 Útnesvegur; Af Snæfellsnesvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand, Rif og Ólafsvík, á Snæfellsnesveg norðan Fróðárheiðar.
Vegurinn lengist, náði áður til Ólafsvíkur.

575 Tunguvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Tunguóss að vegamótum að Hrísum.
Nýtt númer og vegheiti. Vegurinn tengir nokkra bæi vestan Búlandshöfða við Snæfellsnesveg, sem nú liggur um Mávahlíðarrif.

64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal um Hvilftarströnd og Hafnarstræti að Túngötu við höfn á Flateyri.
Nákvæmari lýsing á legu vegar en áður var.

690 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Brunnár í Saurbæ um Holtahlíð að Garpsdalsvegi skammt innan Gilsfjarðarbrekku. (Þaðan er hann landsvegur yfir heiðina). Einnig frá Steinadal á Djúpveg í Kollafirði.
Einungis breyting á *númeri*, var áður *númer* 69.

(642 Flugvallarvegur Hólmavík: Af Djúpvegi ofan Hólmavíkur að flugvelli.)
Vegur falli niður.

6020 Gautsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Geiradalsár að Tindum.
Nú tengivegur, var áður safnvegur.

(705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá sunnan Brekkulækjar, fram Vesturárdal, að Fosshóli.)
Falli niður sem tengivegur, verður safnvegur.

727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Syðri-Grund.
Vegur styttist, náði áður að Snæringsstöðum.

744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi sunnan við brú á Laxá, um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð um Eyrarveg og Strandveg á Sauðárkróki á Sauðárkróksbraut á Borgarsandi.
Lengist. Kaflinn um Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks var áður hluti af [745] Skagavegi.

745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal á Þverárfjallsveg hjá Skíðastöðum.
Styttist um kaflann um Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks, sem nú er hluti af [744] Þverárfjallsvegi.

7185 Nýpukotsvegur: Af Hringvegi að Þorkelshólsvegi.
Nú tengivegur, var áður safnvegur.

7681 Víðimýrarvegur: Af Hringvegi að Víðiholti í Skagafirði.
Nú tengivegur, var áður safnvegur.

(802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.)
Falli niður sem tengivegur, verður safnvegur.

(803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss með fram flugvelli að Sólheimum.)
Falli niður sem tengivegur, verður safnvegur.

807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan að Dæli. Vegur styttist, náði áður að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.

870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi að Kópaskeri.
Vegur styttist, náði áður að flugvelli.

(873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.)
Vegur falli niður.

8005 Grímseyjarvegur: Frá ferjubryggju að flugvelli.
Nú tengivegur, var áður safnvegur.

8210 Leifsstaðavegur: Af Knararbergsvegi að Leifsstöðum.
Vegur styttist, hluti hans er nú hluti af Knararbergsvegi.

8243 Þelamerkurvegur: Af Hringvegi við Bægisá á Hringveg við Fossá.
Nú tengivegur, var eitt sinn hluti af Hringvegi.

8490 Knararbergsvegur: Af Veigastaðavegi um Leifsstaði, á Eyjafjarðarbraut eystri.
Nú tengivegur, hluti hans var áður hluti af Leifsstaðavegi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Víðidal og Langadal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
Hringvegurinn liggur nú um Langadal og Hárekssstaði í stað Möðrudalsfjallgarða.

85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal á Hringveg við Gestreiðarstaðaaxlir.
Styttist um kaflann um Langadal, sem nú er hluti af Hringvegi.

(955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.)
Vegur falli niður.

(961 Flugvallarvegur Breiðdal: Af Hringvegi að flugvelli vestan kauptúns.)
Vegur falli niður.

3.3. Ferjuleiðir.

(Reykjavík – Akranes.)

Ferjuleiðin á milli Reykjavíkur og Akraness féll út af vegáætlun þegar Hvalfjarðargöng voru tekin í notkun, í júlí 1998.

Fskj. 2.5.01

Þjóðvegir 1. janúar 1999.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	618	990	510	955	3.073
Reykjanes	303	173	61	43	580
Vesturland	596	709	400	119	1.824
Vestfirðir	785	386	260	119	1.550
Norðurland vestra	409	631	359	148	1.547
Norðurland eystra	674	528	357	291	1.850
Austurland	919	481	362	495	2.257
Samtals	4.304	3.898	2.309	2.170	12.681

Fskj. 2.5.3.01

Brýr á stofnvegum,
10 m og lengri.
Breidd brúa flokkuð eftir umferð.*
(Fjöldi brúa.)

Meðalumferð á dag (ÁDU)	6 m breiðar og breiðari	Mjórri en 6 m	Alls
0–100	2	68	70
101–500	45	156	201
501–1000	29	15	44
1001–2000	14	2	16
> 2000	43	1	44
Samtals	133	242	375

* Heimild: brúaskrá Vegagerðarinnar 1999.

510. Breytingartillaga [186. mál]

við till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram mat samkvæmt lögum nr. 63/1993 á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt.

511. Svar [247. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um útlán hjá tryggingafélögum og eignarleigum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvernig hafa útlán og fjöldi lánþega þróast hjá tryggingafélögum og eignarleigum árlega sl. fimm ár:

a. bílalán,

b. önnur lán?

Óskað er eftir að í svari verði greint á milli tryggingafélaga annars vegar og eignarleigna hins vegar.

Viðskiptaráðuneytið fór þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það legði til upplýsingar í svar við fyrirspurninni og byggir ráðuneytið á þeim svörum sem komu frá eftirlitinu.

Útlán vátryggingafélaga í millj. kr. á verðlagi hvers árs.

	1996	1997	1998
Veðlán	9.124	10.985	12.611
Þar af lán með veði í bílum	5.969	8.023	10.044
Önnur útlán	1.905	1.853	1.787

Hjá Fjármálaeftirlitinu eru til upplýsingar um útlán íslenskra vátryggingafélaga sem byggjast á ársreikningum félaganna og sundurliðunum sem eftirlitið fær vegna eftirlitsstarfseminnar. Veðlán og önnur útlán eru tilgreind í ársreikningum, upplýsingar um lán með veði í bílum eru úr sérstökum skýrslum. Ný reglugerð um ársreikninga vátryggingafélaga gilti í fyrsta skipti um reikningsárið 1996, en fyrir þann tíma voru útlán ekki tilgreind sérstaklega í ársreikningum.

Upplýsingar um fjölda lánþega liggja ekki fyrir og heldur ekki skipting þeirra í einstaklinga og lögaðila.

Útlán og eignarleigusamningar eignarleigufyrirtækja í millj. kr. á verðlagi hvers árs.

	1995	1996	1997	1998
Útlán og eignarleigusamningar	9.934	13.503	19.648	27.106
þar af útlán til viðskiptavina	3.124	4.142	6.432	8.985
þar af eignarleigusamningar	6.810	9.361	13.216	18.121
Útlán og eignarleigusamningar	9.934	13.503	19.648	27.106
þar af vegna fyrirtækja	7.738	10.073	13.695	17.483
þar af vegna einstaklinga	1.997	3.106	5.600	9.297

Upplýsingar um útlán sundurliðuð í bílalán og önnur lán liggja ekki fyrir hjá Fjármálaeftirlitinu né heldur upplýsingar um fjölda lánþega. Árið 1995 tóku gildi nýjar reglur um gerð ársreikninga lánastofnana og eru tölur frá árinu 1994 og fyrr því ekki að fullu sambærilegar við tölur frá árinu 1995 og síðar.

512. Breytingartillögur [122. mál]

við frv. til l. um fjarskipti.

Frá Árna Johnsen.

1. Við 15. gr. Í stað orðsins „farsímanet“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: fjarskiptanet.
2. Við 39. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Framleiðandi eða umboðsmaður hans sem hyggst setja á markað þráðlausan búnað í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þessa fyrirætlun með minnst fjögurra vikna fyrirvara.

513. Frumvarp til lokafjárlaga [297. mál]

til staðfestingar á ríkisreikningi 1998, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 1998 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	0,1	0,1
Menntamálaráðuneyti	-40,9	-29,0
Utanríkisráðuneyti	7,0	-5,0
Landbúnaðarráðuneyti	26,4	-178,2
Sjávarútvegsráðuneyti	-21,6	56,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-3,7	-3,7
Félagsmálaráðuneyti	-422,2	-426,2
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	34,0	-27,0
Fjármálaráðuneyti	15,3	15,3
Samgönguráðuneyti	-92,8	-123,8
Iðnaðarráðuneyti	52,0	41,4
Viðskiptaráðuneyti	52,5	25,9
Hagstofa Íslands	39,8	39,8
Umhverfisráðuneyti	-49,7	-86,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**-403,8**	**-700,0**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 1998 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	-12,8	-12,8
Forsætisráðuneyti	-3,0	-3,0
Menntamálaráðuneyti	9,9	9,9
Utanríkisráðuneyti	27,7	27,7
Landbúnaðarráðuneyti	50,5	50,5
Sjávarútvegsráðuneyti	18,8	18,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-34,8	-34,8
Félagsmálaráðuneyti	90,8	-371,7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	367,4	406,1
Fjármálaráðuneyti	-10.018,7	-10.018,7
Samgönguráðuneyti	-49,2	-49,2
Iðnaðarráðuneyti	-92,2	-92,2
Viðskiptaráðuneyti	0,7	-2,3
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	34,0	-92,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-164,0	-164,0
Samtals	**-9.774,9**	**-10.328,3**

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. tölul. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

Í stað orðanna "allt að 16.500 m.kr.„ í lið 3.3 kemur: allt að 19.500 m.kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 1998 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

m.kr.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.42 Grænlandssjóður	-2,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,0

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðhagsstofnun	2,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	2,1

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**0,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,1**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.05 Aðrar stofnanir og verkefni ..... -1,4

Stofnkostnaður:
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup ..... -61,2

Gjöld samtals ..... **-62,6**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -62,6

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum ..... -2,8

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -2,8

02-236 Vísindasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Vísindasjóður 11,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 11,4

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.11 Sáttmálasjóður 3,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 3,7

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.15 Prófkostnaður ..... -0,4

m.kr.

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -0,4

02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.02 Annað en kennsla 7,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 7,5

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun ..... -1,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -1,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana ..... -30,9

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -30,9

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 38,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 38,2

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands ..... -3,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 5,2
Viðskiptahreyfingar ..... -8,7

m.kr.

02-975 Menningarsjóður útvarpsstöðva

Almennur rekstur:
1.10 Menningarsjóður útvarpsstöðva ..... -17,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -17,0

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 ..... -5,6

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,6

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.51 Höfundaréttarsjóður 39,8
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald ..... -2,2
1.76 Menningarsjóður félagsheimila ..... -15,5
Almennur rekstur samtals 22,1

Gjöld samtals **22,1**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 25,3
Viðskiptahreyfingar ..... -3,2

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-40,9**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-29,0**
Viðskiptahreyfingar ..... **-11,9**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.02 Varnarmálaskrifstofa	9,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	9,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	-1,3
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	8,3
Almennur rekstur samtals	7,0
Gjöld samtals	**7,0**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	7,0

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	-11,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-11,4

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	2,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-9,6
Viðskiptahreyfingar	12,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**7,0**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-5,0**
Viðskiptahreyfingar	**12,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Mat á búvörum	-2,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,0

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-0,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-4,9
Viðskiptahreyfingar	4,8

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	-1,4
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	-11,9
Almennur rekstur samtals	-13,3
Gjöld samtals	**-13,3**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-13,3

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins	0,6
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-0,6
Viðskiptahreyfingar	1,2

m.kr.

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 90,6

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 90,6

04-813 Framleiðsluráð landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðsluráð landbúnaðarins ..... -59,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -112,0
Viðskiptahreyfingar 52,8

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður ..... -1,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -43,7
Viðskiptahreyfingar 42,2

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 27,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -32,3
Viðskiptahreyfingar 59,5

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara ..... -3,1

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -37,8
Viðskiptahreyfingar 34,7

m.kr.

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár ..... -1,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -1,7

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður ..... -41,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -52,4
Viðskiptahreyfingar 11,1

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross ..... -7,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,7
Viðskiptahreyfingar ..... -1,7

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 36,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 36,3

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 1,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 1,3

05 Sjávarútvegsráðuneyti

	m.kr.
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**26,4**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-178,2**
Viðskiptahreyfingar	**204,6**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	21,9
1.10 Landamærastöðvar	-4,0
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	-20,4
Almennur rekstur samtals	-2,5
Gjöld samtals	**-2,5**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	17,1
Viðskiptahreyfingar	-19,6

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	-7,8
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-7,8

05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:	
1.01 Kvótaþing	-2,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,5

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-5,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	53,7
Viðskiptahreyfingar	-58,8

m.kr.

05-818 Síldarútvegsnefnd

Almennur rekstur:
1.10 Síldarútvegsnefnd ..... -3,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -3,7

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-21,6**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum **56,8**
Viðskiptahreyfingar ..... **-78,4**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:	
1.01 Lögbirtingablað	-4,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-4,1

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	-0,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-0,1

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	3,8
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	3,8

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	1,5
1.10 Ökunám	-4,8
Almennur rekstur samtals	-3,3
Gjöld samtals	**-3,3**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-3,3

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-3,7**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-3,7**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-273 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla

Stofnkostnaður:
6.21 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla ..... -24,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -24,3

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 43,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 39,4
Viðskiptahreyfingar 4,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... -100,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -100,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 43,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 43,7

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -370,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -370,0

m.kr.

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..... -15,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -15,0

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-422,2**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-426,2**
Viðskiptahreyfingar **4,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.15 Bætur til framfærslu	170,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	94,4
Viðskiptahreyfingar	75,7

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	1,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	1,1

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur	-100,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-100,0

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Stofnkostnaður:	
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur	-23,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-23,4

08-395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjaeftirlit ríkisins	0,6
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-1,2
Viðskiptahreyfingar	1,8

m.kr.

08-396 Lyfjanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjanefnd ..... -8,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -7,5
Viðskiptahreyfingar ..... -0,5

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.90 Forvarnasjóður ..... -6,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 9,6
Viðskiptahreyfingar ..... -16,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **34,0**
731-1.01	Heilsugæslusvið	-3,6				-3,6
731-1.11	Sjúkrasvið	3,9				3,9
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-2,4**				**-2,4**
735-1.01	Heilsugæslusvið	4,7				4,7
735-1.11	Sjúkrasvið	-7,1				-7,1
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-20,2**				**-20,2**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-12,1				-12,1
741-1.11	Sjúkrasvið	-8,1				-8,1
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**-21,5**				**-21,5**
745-1.01	Heilsugæslusvið	-8,5				-8,5
745-1.11	Sjúkrasvið	-13,0				-13,0
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**6,2**			**1,2**	**7,4**
751-1.01	Heilsugæslusvið	-2,6				-2,6
751-1.11	Sjúkrasvið	8,8				8,8
751-6.01	Tæki og búnaður				1,2	1,2
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**-4,8**				**-4,8**
755-1.01	Heilsugæslusvið	-5,4				-5,4
755-1.11	Sjúkrasvið	0,6				0,6
08-761	**Heilbrigðisstofnunin Húsavík**	**-25,3**				**-25,3**
761-1.01	Heilsugæslusvið	-15,8				-15,8
761-1.11	Sjúkrasvið	-9,5				-9,5
08-765	**Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum**	**-11,5**	**-0,6**			**-12,1**
765-1.01	Heilsugæslusvið	-10,6	-0,6			-11,2
765-1.11	Sjúkrasvið	-0,9				-0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-771	**Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði**	**-16,7**				**-16,7**
771-1.01	Heilsugæslusvið	-5,2				-5,2
771-1.11	Sjúkrasvið	-11,5				-11,5
08-775	**Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað**	**-89,8**				**-89,8**
775-1.01	Heilsugæslusvið	-15,4				-15,4
775-1.11	Sjúkrasvið	-74,4				-74,4
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-40,0**				**-40,0**
781-1.01	Heilsugæslusvið	-17,1				-17,1
781-1.11	Sjúkrasvið	-22,9				-22,9
08-785	**Heilbrigðisstofnunin Selfossi**	**-46,2**				**-46,2**
785-1.01	Heilsugæslusvið	-10,4				-10,4
785-1.11	Sjúkrasvið	-35,8				-35,8
08-791	**Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**	**-75,6**				**-75,6**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-12,7				-12,7
791-1.11	Sjúkrasvið	-62,9				-62,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09	*Fjármálaráðuneyti*	*438,2*	*124,3*	*-102,1*	*239,9*	*700,3*
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**6,5**	**-0,2**		**-8,2**	**-1,9**
101-1.01	Yfirstjórn	6,5	-0,2			6,3
101-6.01	Tæki og búnaður				-8,2	-8,2
09-103	**Ríkisbókhald**	**11,9**			**-1,8**	**10,1**
103-1.01	Ríkisbókhald	11,9				11,9
103-6.01	Tæki og búnaður				-1,8	-1,8
09-104	**Ríkisfjárhirsla**	**4,9**			**3,0**	**7,9**
104-1.01	Ríkisfjárhirsla	4,9				4,9
104-6.01	Tæki og búnaður				3,0	3,0
09-105	**Ríkislögmaður**	**0,1**			**1,3**	**1,4**
105-1.01	Ríkislögmaður	0,1				0,1
105-6.01	Tæki og búnaður				1,3	1,3
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**-45,5**	**-0,4**		**24,6**	**-21,3**
201-1.01	Yfirstjórn	-32,6	-0,4			-33,0
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	-13,6				-13,6
201-1.20	Skatteftirlit	0,7				0,7
201-6.01	Tæki og búnaður				24,6	24,6
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**2,6**	**-0,2**		**12,7**	**15,1**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	2,6	-0,2			2,4
202-6.01	Tæki og búnaður				12,7	12,7
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**-2,7**				**-2,7**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-2,7				-2,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**-0,7**				**-0,7**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	-0,7				-0,7
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**5,2**	**-0,1**			**5,1**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	5,2	-0,1			5,1
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**2,9**				**2,9**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	2,9				2,9
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**-0,3**			**5,0**	**4,7**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	-0,3				-0,3
208-6.21	Fasteignir				5,0	5,0
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**1,0**				**1,0**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	1,0				1,0
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**4,8**	**-0,2**			**4,6**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	4,8	-0,2			4,6
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**	**18,7**			**9,7**	**28,4**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	-1,1	-0,2			-1,3
212-1.03	Forúrskurðir í skattamálum	5,3				5,3
212-1.04	Útgáfa úrskurða í skattamálum	9,5				9,5
212-1.10	Skatteftirlit	4,2				4,2
212-1.15	Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli		0,2			0,2
212-1.40	Fjármagnstekjuskattur	0,8				0,8
212-6.01	Tæki og búnaður				9,7	9,7
09-214	**Yfirskattanefnd**	**6,3**			**0,9**	**7,2**
214-1.01	Yfirskattanefnd	6,3				6,3
214-6.01	Tæki og búnaður				0,9	0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**-1,0**	**-0,1**		**0,7**	**-0,4**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-1,0	-0,1			-1,1
215-6.01	Tæki og búnaður				0,7	0,7
09-261	**Ríkistollstjóri**	**4,8**			**4,1**	**8,9**
261-1.01	Ríkistollstjóri	4,8				4,8
261-6.01	Tæki og búnaður				4,1	4,1
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**81,0**	**-0,5**		**-17,7**	**62,8**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	81,0	-0,5			80,5
262-6.01	Tæki og búnaður				-17,7	-17,7
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**69,3**			**-6,0**	**63,3**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	70,7				70,7
402-1.05	Yfirfasteignamatsnefnd	-1,4				-1,4
402-6.01	Tæki og búnaður				-6,0	-6,0
09-901	**Framkvæmdasýslan**	**23,0**				**23,0**
901-1.01	Framkvæmdasýslan	23,0				23,0
09-905	**Ríkiskaup**	**7,9**	**-0,1**			**7,8**
905-1.01	Ríkiskaup	7,9	-0,1			7,8
09-950	**Rekstrarhagræðing**	**22,1**				**22,1**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	22,1				22,1
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól**	**18,7**			**-15,4**	**3,3**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	24,2				24,2
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-5,5				-5,5
980-6.21	Húsnæði				-21,4	-21,4
980-6.41	Tölvubúnaður				6,0	6,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**				**112,5**	**112,5**
981-6.05	Stjórnarráðsbyggingar				11,8	11,8
981-6.23	Skattstofa Suðurlands				-6,5	-6,5
981-6.24	Tryggingastofnun ríkisins				50,0	50,0
981-6.40	Tollhúsið við Tryggvagötu				18,2	18,2
981-6.60	Sölvhóll				6,5	6,5
981-6.80	Listaskóli				30,0	30,0
981-6.90	Aðrar húseignir				2,5	2,5
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**218,1**		**-102,1**		**116,0**
984-1.01	Almennur rekstur	218,1				218,1
984-5.21	Fasteignir			-102,1		-102,1
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**		**45,6**			**45,6**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		45,6			45,6
09-995	**Skýrsluvélakostnaður**	**-46,3**			**114,5**	**68,2**
995-1.01	Launagreiðslukerfi	19,3				19,3
995-1.02	Tekjubókhaldskerfi	6,9				6,9
995-1.03	Skattvinnslukerfi	-85,1				-85,1
995-1.04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	-3,7				-3,7
995-1.05	Innheimtuskilakerfi	-1,0				-1,0
995-1.06	Forsendukerfi innheimtugagna	16,8				16,8
995-1.09	Fjárlagakerfi	0,5				0,5
995-6.01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi				38,6	38,6
995-6.02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi				2,7	2,7
995-6.03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi				5,2	5,2
995-6.04	Hugbúnaðargerð fyrir BÁR				28,0	28,0
995-6.08	Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal				26,8	26,8
995-6.09	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi				11,0	11,0
995-6.90	Tölvukerfi, óskipt				2,2	2,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-999	**Ýmislegt**	**24,9**	**80,5**			**105,4**
999-1.09	Rekstrarhagræðing	2,4				2,4
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á	0,4				0,4
999-1.13	Kjarasamningar	2,6	-0,1			2,5
999-1.17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	4,2				4,2
999-1.19	Ýmsar endurgreiðslur	-0,2	3,8			3,6
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga		50,0			50,0
999-1.21	Breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings	4,5				4,5
999-1.70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	9,2	7,7			16,9
999-1.90	Óviss útgjöld	1,8	19,1			20,9
10	***Samgönguráðuneyti***	***225,2***	***181,0***	***-87,1***	***368,1***	***687,2***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-5,6**	**0,9**			**-4,7**
101-1.01	Yfirstjórn	-5,6	0,9			-4,7
10-190	**Ýmis verkefni**	**58,8**	**74,7**			**133,5**
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar		5,9			5,9
190-1.14	Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	8,0	10,1			18,1
190-1.16	Landflutningasjóður	0,1	4,0			4,1
190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa	-0,6				-0,6
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5	-0,9			0,6
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	-2,0	10,0			8,0
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	10,0	-6,6			3,4
190-1.25	GPS-staðsetningarkerfi	24,4				24,4
190-1.27	Slysavarnafélag Íslands		-2,8			-2,8
190-1.28	Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	-0,6	42,6			42,0
190-1.33	Flugeftirlitsnefnd	0,7				0,7
190-1.34	Flugskóli Íslands	-3,1	12,7			9,6
190-1.40	Stefnumótun í ferðamálum	-1,2				-1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.42	Ferðamál og markaðsstarf	18,5	-3,1			15,4
190-1.43	Heilsárshótel á landsbyggðinni		3,0			3,0
190-1.63	Ferðaskrifstofan CGI á Íslandi	1,0	-0,2			0,8
190-1.91	Athugun á öryggi fiskiskipa	2,1				2,1
10-211	**Vegagerðin**	**-40,0**	**-1,6**	**-87,1**	**44,3**	**-84,4**
211-1.01	Yfirstjórn	-60,0	14,4			-45,6
211-1.11	Styrkir til sérleyfishafa	20,0	-16,0			4,0
211-5.05	Þjónusta			-61,9		-61,9
211-5.10	Viðhald			-52,7		-52,7
211-5.52	Þéttbýlisvegir			27,5		27,5
211-6.10	Nýframkvæmdir				-320,7	-320,7
211-6.10	Nýframkvæmdir				-200,7	-200,7
211-6.11	Framkvæmdaátak				500,0	500,0
211-6.21	Landsvegir				-15,8	-15,8
211-6.40	Tilraunir				-6,9	-6,9
211-6.43	Safnvegir				-14,4	-14,4
211-6.45	Styrkvegir				4,5	4,5
211-6.47	Reiðvegir				3,1	3,1
211-6.55	Ferjur og flóabátar				191,2	191,2
211-6.55	Ferjur og flóabátar				-96,0	-96,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**1,8**	**-2,0**		**320,1**	**319,9**
335-1.01	Yfirstjórn	1,8	-2,0			-0,2
335-6.01	Tæki og búnaður				-8,3	-8,3
335-6.60	Vitabyggingar				11,5	11,5
335-6.70	Hafnamannvirki				128,2	128,2
335-6.70	Hafnamannvirki					
335-6.90	Hafnabótasjóður, framlag				-16,7	-16,7
335-6.99	Hafnarframkvæmdir breyting skuldbindinga				205,4	205,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-471	**Flugmálastjórn**	**262,4**	**43,1**			**305,5**
471-1.01	Flugmálastjórn	266,6	-9,7			256,9
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	38,6				38,6
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	-42,8	52,8			10,0
10-472	**Flugvellir**	**-45,3**			**3,7**	**-41,6**
472-1.01	Rekstur flugvalla	-45,3				-45,3
472-6.80	Flugvellir, framkvæmdir				3,7	3,7
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-3,2**				**-3,2**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-3,2				-3,2
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**54,7**	**0,3**			**55,0**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	54,7	0,3			55,0
10-651	**Ferðamálaráð**	**-58,4**	**65,6**			**7,2**
651-1.01	Ferðamálaráð	-0,3	1,5			1,2
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	10,1	-3,7			6,4
651-1.81	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	-68,2	67,8			-0,4
11 Iðnaðarráðuneyti		***146,9***	***10,1***		***-11,8***	***145,2***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-6,7**	**-0,1**		**-1,0**	**-7,8**
101-1.01	Yfirstjórn	-6,7	-0,1			-6,8
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,0	-1,0
11-102	**Einkaleyfastofan**	**52,0**			**-0,6**	**51,4**
102-1.01	Einkaleyfastofan	52,0				52,0
102-6.01	Tæki og búnaður				-0,6	-0,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**-2,1**			**9,4**	**7,3**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	-2,1				-2,1
201-6.01	Tæki og búnaður				9,4	9,4
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**20,2**	**-2,6**		**-2,1**	**15,5**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	20,2	-2,6			17,6
203-6.01	Tæki og búnaður				-2,1	-2,1
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**1,4**	**-0,6**			**0,8**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	1,4	-0,6			0,8
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**13,5**	**23,1**			**36,6**
299-1.19	Staðlaráð	-1,2	8,3			7,1
299-1.24	Alþjóðlegur fjárfestingarsáttmáli	-2,5				-2,5
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	3,2	-3,0			0,2
299-1.31	Starf hjá framkvæmdastjórn ESB	4,3				4,3
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	-4,1	10,6			6,5
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	13,4	7,2			20,6
299-1.70	Til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni	0,4				0,4
11-301	**Orkustofnun**	**68,3**	**-9,7**		**-17,5**	**41,1**
301-1.01	Yfirstjórn	-166,2	-9,7			-175,9
301-1.02	Orkumálasvið	74,2				74,2
301-1.03	Orkurannsóknir	163,6				163,6
301-1.04	Sala rannsókna	-3,3				-3,3
301-6.01	Tæki og búnaður				-25,5	-25,5
301-6.21	Fasteignir				8,0	8,0
11-399	**Ýmis orkumál**	**-2,7**				**-2,7**
399-1.14	Aðstoð við litlar hitaveitur	0,2				0,2
399-1.21	Orkunefnd	-2,9				-2,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-950	**Rekstrarhagræðing**	**3,0**				**3,0**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	3,0				3,0
12	***Viðskiptaráðuneyti***	***62,5***	***5,1***		***-2,8***	***64,8***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-8,0**	**-0,5**			**-8,5**
101-1.01	Yfirstjórn	-8,0	-0,5			-8,5
12-190	**Ýmis verkefni**	**-7,7**	**5,6**			**-2,1**
190-1.10	Neytendasamtökin		-1,7			-1,7
190-1.11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir		1,0			1,0
190-1.30	Endurskipulagning fjármagnsmarkaðar	-0,4	-0,2			-0,6
190-1.40	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	-0,9	-0,2			-1,1
190-1.46	Prófnefndir		-1,4			-1,4
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	-6,4	8,1			1,7
12-302	**Löggildingarstofa**	**72,5**			**-1,2**	**71,3**
302-1.01	Löggildingarstofa	72,5				72,5
302-6.01	Tæki og búnaður				-1,2	-1,2
12-902	**Samkeppnisstofnun**	**4,7**			**-1,6**	**3,1**
902-1.01	Samkeppnisstofnun	4,7				4,7
902-6.01	Tæki og búnaður				-1,6	-1,6
12-950	**Rekstrarhagræðing**	**1,0**				**1,0**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	1,0				1,0
13	***Hagstofa Íslands***	***7,3***	***8,8***		***-18,2***	***-2,1***
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**6,3**	**8,8**		**-18,2**	**-3,1**
101-1.01	Yfirstjórn	-16,7	8,8			-7,9
101-1.02	Sérstakar kannanir	9,3				9,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
101-1.50	Þjóðskráin	13,7				13,7
101-6.01	Tæki og búnaður				-18,2	-18,2
13-950	**Rekstrarhagræðing**	**1,0**				**1,0**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	1,0				1,0
14 Umhverfisráðuneyti		***97,4***	***-19,9***	***27,8***	***127,7***	***233,0***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-4,3**	**-1,6**		**-1,5**	**-7,4**
101-1.01	Yfirstjórn	-4,3	-1,6			-5,9
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,5	-1,5
14-190	**Ýmis verkefni**	**-4,7**	**3,5**			**-1,2**
190-1.22	Stefnumörkun í umhverfismálum	-0,7				-0,7
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	-15,1	-5,5			-20,6
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	4,0	-5,6			-1,6
190-1.35	Umhverfisvöktun	0,7	10,4			11,1
190-1.39	Mengunarslys	0,3				0,3
190-1.40	Alþjóðastofnanir		3,2			3,2
190-1.53	Undirbúningur náttúrustofa		0,1			0,1
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	3,1	4,0			7,1
190-1.55	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	1,5				1,5
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	3,3	-3,5			-0,2
190-1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	3,1				3,1
190-1.59	Náttúruverndarráð	-2,7	0,4			-2,3
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-2,2				-2,2
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-1,8**	**-0,3**			**-2,1**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-1,8	-0,3			-2,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-205	**Náttúruvernd ríkisins**	**-0,6**	**-0,9**	**5,9**	**-2,2**	**2,2**
205-1.01	Yfirstjórn	-9,6	-0,9			-10,5
205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	9,0				9,0
205-5.01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði			5,9		5,9
205-6.01	Tæki og búnaður				-2,2	-2,2
14-210	**Veiðistjóri**	**7,5**	**-5,9**			**1,6**
210-1.01	Veiðistjóri	7,5	-5,9			1,6
14-213	**Hreindýraráð**	**4,7**	**-5,0**			**-0,3**
213-1.10	Hreindýraráð	4,7	-5,0			-0,3
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	**-3,1**			**-5,7**	**-8,8**
221-1.01	Hollustuvernd ríkisins	-3,1				-3,1
221-6.01	Tæki og búnaður				-5,7	-5,7
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**				**46,1**	**46,1**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga				46,1	46,1
14-285	**Spilliefnasjóður**	**-4,0**				**-4,0**
285-1.01	Almennur rekstur	-4,0				-4,0
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-17,2**	**-10,9**			**-28,1**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-33,3	-10,9			-44,2
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	6,3				6,3
301-1.12	Skipulag miðhálendis	9,8				9,8
14-310	**Landmælingar Íslands**	**-6,7**			**1,1**	**-5,6**
310-1.01	Landmælingar Íslands	-6,7				-6,7
310-6.01	Tæki og búnaður				1,1	1,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**148,5**	**2,9**		**-7,0**	**144,4**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	146,1				146,1
321-1.10	Námssjóður	-0,1	2,9			2,8
321-1.20	Brunamálaskóli	2,5				2,5
321-6.01	Tæki og búnaður				-7,0	-7,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**				**105,3**	**105,3**
381-6.60	Ofanflóðasjóður				105,3	105,3
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-18,7**	**-0,1**	**1,9**	**-8,4**	**-25,3**
401-1.01	Yfirstjórn	6,2	-0,1			6,1
401-1.02	Setur í Reykjavík	-23,9				-23,9
401-1.03	Setur á Akureyri	-1,0				-1,0
401-5.21	Fasteignir			1,9		1,9
401-6.01	Tæki og búnaður				-8,4	-8,4
14-403	**Náttúrustofur**	**14,4**	**-1,5**			**12,9**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	7,7				7,7
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	-2,3	-1,5			-3,8
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi	6,9				6,9
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	2,1				2,1
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**5,1**				**5,1**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	5,1				5,1
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**-21,7**	**-0,1**	**20,0**		**-1,8**
410-1.01	Almenn starfsemi	-21,7	-0,1			-21,8
410-5.20	Viðhald fasteigna			20,0		20,0

514. Fyrirspurn [298. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslur frá Íslenskri erfðagreiningu.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvað hafa sjúkrastofnanir sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið og starfsmenn þeirra fengið mikla fjármuni frá Íslenskri erfðagreiningu fyrir upplýsingar úr sjúkraskrám og öflun lífssýna?
2. Hvað felst í rannsóknarkostnaði sem ráðherra hefur upplýst að Íslensk erfðagreining greiði læknum og sjúkrastofnunum? Hvernig er hann skilgreindur og sundurliðaður? Um hvaða greiðslur aðrar er að ræða? Hvernig eru þær skilgreindar og sundurliðaðar?

Skriflegt svar óskast.

515. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 3. gr., 11. tölul. 4. gr., 5. gr., 1. og 3. mgr. 7. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og ákvæði til bráðabirgða komi: félagsmálaráðherra.

516. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um flugmálaáætlun árin 2000–2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árin 2000–2003.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD

(Fjárhæðir í millj. kr.)

		2000	2001	2002	2003
1.1	**Flugmálaáætlun**				
	Tekjur				
	Flugvallagjald	654	687	721	757
	Frestun framkvæmda	-100	100		
	Lántaka	203	119	331	120
		757	**906**	**1.052**	**877**
	Gjöld				
	Til rekstrar	66	69	73	76
	Flugstöð Leifs Eiríkssonar	64	74	74	74
	Reykjavík	319	423	545	0
	Aðrir flugvellir og fleira	308	340	360	513
	Afborganir lána	0	0	0	214
		757	**906**	**1.052**	**877**
1.2	**Flugmálastjórn**				
	Tekjur				
	Ríkistekjur	152	152	152	152
	Sértekjur	210	210	210	210
	Frá flugmálaáætlun	66	69	73	76
	Framlag á fjárlögum	681	678	674	671
		1.109	**1.109**	**1.109**	**1.109**
	Gjöld				
	Rekstur flugvalla	386	386	386	386
	Annar rekstur	648	648	648	648
	Hlutdeild Flugmálastjórnar í Alþjóðaflugþjónustu	50	50	50	50
	Hlutdeild Landssíma Íslands í Alþjóðaflugþjónustu	19	19	19	19
	Hlutdeild Veðurstofu í Alþjóðaflugþjónustu	6	6	6	6
		1.109	**1.109**	**1.109**	**1.109**
1.3	**Alþjóðaflugþjónustan**				
	Tekjur				
	Yfirflugsgjöld Flugmálastjórnar	957	957	957	957
		957	**957**	**957**	**957**
	Gjöld				
	Rekstur Flugmálastjórnar	1.007	1.007	1.007	1.007
	Hlutdeild Flugmálastjórnar	-50	-50	-50	-50
		957	**957**	**957**	**957**

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

		2000	2001	2002	2003
2.1	**Rekstur**				
	1. Allar deildir	1.109,0	1.109,0	1.109,0	1.109,0
	2. Alþjóðaflugþjónustan	957,0	957,0	957,0	957,0
		2.066,0	**2.066,0**	**2.066,0**	**2.066,0**
2.2	**Flugvellir í flokki I**				
	1. Flugbrautir og hlöð	319,0	423,0	545,0	0,0
	2. Byggingar	60,5	53,0	37,0	72,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2,0	25,5	23,5	15,0
		381,5	**501,5**	**605,5**	**87,5**
2.3	**Flugvellir í flokki II**				
	1. Flugbrautir og hlöð	58,0	6,0	22,0	0,0
	2. Byggingar	11,5	0,0	0,0	15,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	14,0	31,0	55,0	58,5
		83,5	**37,0**	**77,0**	**73,5**
2.4	**Flugvellir í flokki III**				
	1. Flugbrautir og hlöð	4,0	14,0	40,0	10,0
	2. Byggingar	3,0	1,0	0,5	1,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2,0	0,0	0,0	0,0
		9,0	**15,0**	**40,5**	**11,5**
2.5	**Flugvellir í flokki IV**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
		0,0	**0,0**	**0,0**	**0,0**
2.6	**Flugvellir í flokki V**				
	1. Flugbrautir og hlöð	4,0	0,0	0,0	65,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	33,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	26,0
		4,0	**0,0**	**0,0**	**124,5**
2.7	**Flugvellir í flokki VI**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
		0,0	**0,0**	**0,0**	**0,0**
2.8	**Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta**	**37,0**	**57,0**	**51,0**	**51,0**
2.9	**Annar kostnaður**	**112,0**	**152,5**	**131,0**	**165,0**
2.10	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar**	**64,0**	**74,0**	**74,0**	**74,0**
	Samtals	**2.757,0**	**2.903,0**	**3.045,0**	**2.653,0**

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1 Flokkur I.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk I: Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur.

3.2 Flokkur II.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk II: Vestmannaeyja-, Ísafjarðar-, Hornafjarðar-, Húsavíkur-, Sauðárkróks-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

3.3 Flokkur III.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk III: Grímseyjar-, Siglufjarðar-, Vopnafjarðar-, Gjögur-, Þingeyrar-, Patreksfjarðar- og Bakkaflugvöllur.

3.4 Flokkur IV.

Eftirfarandi þjónustuflugvellir eru flokkaðir í flokk IV: Kópaskers-, Mývatns-, Norðfjarðar-, Raufarhafnar- og Rifsflugvöllur.

3.5 Flokkur V.

Eftirfarandi kennslu- og æfingaflugvellir eru flokkaðir í flokk V: Blönduós-, Borgarnes-, Dagverðarár-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps- og Stykkishólmsflugvöllur.

3.6 Flokkur VI.

Eftirfarandir flugvellir og lendingarstaðir eru flokkaðir í flokk VI: Arngerðareyri, Álftaver, Bakkafjörður, Breiðdalsvík, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Borgarfjörður Eystri, Breiðdalsvík, Búðardalur, Bær, Djúpivogur, Grundarfjörður, Herðubreiðarlindir, Holt, Hólmavík, Hrafnseyri, Hrauneyjafoss, Hrísey, Hvammstangi, Hveravellir, Hvolsvöllur, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Króksfjarðarnes, Melgerðismelar, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanes, Sandármelar, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Steinasandur, Stóra-Holt, Svínafell, Tálknafjörður, Vík, Þórisós og Þórsmörk.

IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

	Staður – verkefnaflokkur	2000	2001	2002	2003
4.1	**Reykjavíkurflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	319,0	423,0	545,0	0,0
	2. Byggingar	5,0	10,0	0,0	72,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	19,0	18,5	0,0
		324,0	**452,0**	**563,5**	**72,5**
4.2	**Akureyrarflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	51,5	43,0	35,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2,0	5,5	5,0	15,0
		53,5	**48,5**	**40,0**	**15,0**
4.3	**Vestmannaeyjaflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	35,0	6,0	22,0	0,0
	2. Byggingar	5,5	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	14,0	17,0	13,0	0,0
		54,5	**23,0**	**35,0**	**0,0**
4.4	**Egilsstaðaflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	4,0	0,0	2,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	1,0	0,0	0,0
		4,0	**1,0**	**2,0**	**0,0**
4.5	**Ísafjarðarflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	13,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	10,0	38,0	58,5
		13,0	**10,0**	**48,0**	**58,5**
4.6	**Hornafjarðarflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	6,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	2,0	4,0	0,0
		6,0	**2,0**	**4,0**	**0,0**
4.7	**Bíldudalsflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	10,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	15,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
		10,0	**0,0**	**0,0**	**15,0**
4.8	**Siglufjarðarflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	4,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	1,0	1,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
		1,0	**5,0**	**0,0**	**0,0**

	Staður – verkefnaflokkur	2000	2001	2002	2003
4.9	**Þórshafnarflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	2,0	0,0	0,0
		0,0	**2,0**	**0,0**	**0,0**
4.10	**Vopnafjarðarflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	10,0	10,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2,0	0,0	0,0	0,0
		2,0	**0,0**	**10,0**	**10,0**
4.11	**Gjögurflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	2,0	0,0	0,5	1,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
		2,0	**0,0**	**0,5**	**1,5**
4.12	**Bakkaflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	4,0	10,0	30,0	0,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
		4,0	**10,0**	**30,0**	**0,0**
4.13	**Stóri-Kroppur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	3,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar	1,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
		4,0	**0,0**	**0,0**	**0,0**
4.14	**Æfingaflugvöllur**				
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0	0,0	0,0	45,0
	2. Byggingar	0,0	0,0	0,0	33,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	26,0
		0,0	**0,0**	**0,0**	**124,5**
4.15	**Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta**	**37,0**	**57,0**	**51,0**	**51,0**
4.16	**Annar kostnaður**	**112,0**	**152,5**	**131,0**	**165,0**
4.17	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar**	**64,0**	**74,0**	**74,0**	**74,0**
4.18	**Til reksturs flugvalla**	**66,0**	**69,0**	**73,0**	**76,0**
	Flugmálaáætlun samtals	**757,0**	**906,0**	**1.052,0**	**663,0**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Inngangur.

Þessi greinargerð fjallar um endurskoðun og tillögur til nýframkvæmda á flugmálaáætlun á árunum frá og með 2000 til og með 2003. Sú flugmálaáætlun sem nú er í gildi nær til áranna frá og með 1998 til og með 2001. Því er í þessari greinargerð um endurskoðun að ræða á framkvæmdum á árunum 2000 og 2001, en nýjar framkvæmdir á árunum 2002 og 2003. Þeim framkvæmdum sem hér er fjallað um má skipta í tvo flokka, annars vegar viðhaldsframkvæmdir og hins vegar nýframkvæmdir. Til viðhaldsframkvæmda teljast aðeins meiri háttar framkvæmdir eins og slitlagsyfirlög á flugbrautir og hlöð, málun flugbrauta, endurbygging bygginga, endurnýjun tækjabúnaðar o.þ.h. Allur annar viðhaldskostnaður er færður á rekstur viðkomandi viðfangsefna. Sú nýbreytni er nú tekin upp að viðhaldsverkefni varðandi endurnýjun slitlags og málun flugbrauta eru ekki tilgreind á einstaka flugvelli, heldur er ráðgerð meðalnýting á malbiksslitlagi 18 ár, á klæðingarslitlagi 8 ár og málningu 3–4 ár. Síðan er ráðgert á hverju ári viðhald og endunýjun slitlags og málningar í hlutfalli við þessa nýtingu. Allir flugvellir með slitlagi eru metnir árlega og slitlag og málning endurnýjuð þar sem mest er þörfin. Auk framkvæmda sem eru tengdar einstökum flugvöllum eru einnig áætlaðar framkvæmdir sem tengjast fjarskiptum og flugleiðsögu yfir Íslandi.

Framkvæmdaverkefni flugvalla.

Til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna hefur flugvöllum verið skipt í sex flokka. Fyrir hvern flokk eru skilgreindar kröfur sem eftirfarandi þættir verða að uppfylla

— Flugbrautir.
— Öryggissvæði.
— Hlöð.
— Bílastæði.
— Flugturn.
— Flugstöð.
— Tækjageymsla.
— Sandgeymsla.
— Slökkvi- og björgunarbúnaður.
— Snjóhreinsibúnaður.
— Flugleiðsögubúnaður.
— Fjarskiptabúnaður.
— Veðurmælibúnaður.
— Flugbrautarljós.
— Hlaðlýsing.
— Raforkudreifikerfi.

Síðan er einstökum flugvöllum skipað í viðeigandi flokka og færð rök fyrir flokkuninni. Rökin eru m.a. byggð á umferð síðustu ár, umferðarspá næstu ár, byggðarlegri stöðu flugvallarins og landslagi umhverfis flugvöllinn.

Flokkur I.

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð á flugvélum af stærðunum Fokker 50 og ATR42 eða sambærilegum flugvélum. Einnig eiga flugvellir í þessum flokki að geta þjónað a.m.k sem varaflugvellir fyrir þotuflugumferð í stærðarflokkum Boeing 757 eða sambærilegum. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði o.þ.h.

eiga að geta þjónað a.m.k. einni fullhlaðinni þotu ofan á hefðbundna umferð. Tækjabúnaður skal þannig samsettur að bilun í einu tæki valdi ekki truflun á rekstri flugvallarins. Þetta á við um raforkukerfi, rafeindakerfi og tækjabúnað. Allur búnaður á flugvellinum, bæði aðflugstæki og ljósabúnaður, skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til flugvalla með CAT I nákvæmnisaðflug. Gerð er krafa til þess að hægt sé að opna flugbraut á innan við 30 mínútum miðað við 10 sm jafnfallna snjóþekju. Þá er miðað við að snjór sé ruddur og honum sópað í garða við brautarkanta. Gerð er krafa um að hægt sé að ryðja og blása öllum snjó út fyrir flugbrautarljós á innan við fjórum klukkustundum.

Flokkur II.

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð á flugvélum af stærðunum Fokker 50 og ATR42 eða sambærilegum. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði o.þ.h. eiga að geta annað a.m.k. tveimur flugvélum í þessum stæðarflokki samtímis. Búnaður flugvallarins skal þannig samsettur að allur búnaður sem er í notkun í aðflugi flugvélar skal uppfylla það skilyrði að bilun í einu tæki valdi ekki röskun á aðfluginu. Hins vegar er ekki gerð krafa til þess að allur búnaður sem er nauðsynlegur til að opna flugbraut uppfylli þetta skilyrði. Fyrir flugvelli í þessum flokki er gerð krafa um a.m.k. grunnaðflugsbúnað (Non Precision Approach). Slík aðflug geta byggst á hringvitum (NDB) eða GPS-leiðsögu.

Flokkur III.

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð á 19 farþega flugvélum, t.d. Dornier 228 eða sambærilegum flugvélum. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði o.þ.h. eiga að geta annað a.m.k. einni flugvél í þessum stæðarflokki. Búnaður flugvallarins skal þannig samsettur að allur búnaður sem er í notkun í aðflugi flugvélar skal uppfylla það skilyrði að bilun í einu tæki valdi ekki röskun á aðfluginu. Hins vegar er ekki gerð krafa til þess að allur búnaður sem er nauðsynlegur til að opna flugbraut uppfylli þetta skilyrði. Fyrir flugvelli í þessum flokki er gerð krafa um a.m.k. grunnaðflugsbúnað (Non Precision Approach). Slík aðflug geta byggst á hringvitum (NDB) eða GPS-leiðsögu.

Flokkur IV.

Í þessum flokki eru þjónustuflugvellir sem þjóna minnstu flugvélunum. Á þessa flugvelli er ekki flogið reglubundið áætlunarflug en þeir eiga að vera með flugvallarstjórn og mannaðir þegar þeir þjóna leigu- eða áætlunarflugi.

Flokkur V.

Í þessum flokki eru æfinga- og kennsluflugvellir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugvallarstjórnar en þá á að vera hægt að manna þegar á þarf að halda.

Flokkur VI.

Í þessum flokki eru sjúkraflugvellir og aðrir lendingarstaðir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugvallarstjórnar og ekki mannaðir.

Viðhaldsverkefni.

Stærstu þættir viðhaldsverkefna eru tengdir malbiki, klæðingu og málningu á flugbrautum. Gert er ráð fyrir að meðalendingartími malbiks sé 18 ár ef útlögn hefur tekist vel og undirbygging er góð. Á 18 ára fresti er lagt nýtt 4 sm yfirlag. Milli þess sem yfirlög eru lögð verð-

ur að fara fram eftirfarandi viðhald: Á þriggja ára fresti fer fram holufylling og sprunguviðgerð. Á sex ára fresti er yfirsprautað með bindiefni. Heildarmagn malbikaðs yfirborðs í lok árs 1999 er um 470.000 m^2. Gert er ráð fyrir að meðalendingartími klæðingar sé átta ár ef útlögn hefur tekist vel og undirbygging er í lagi. Ekki er gert ráð fyrir viðhaldi milli þess sem yfirlagnir fara fram. Axlir á snúningssvæðum brautarenda skal yfirleggja á fjögurra ára fresti. Í báðum tilvikum skal yfirleggja með einföldu slitlagi. Heildarmagn klæðingar í lok árs 1999 er um 518.000 m^2. Gert er ráð fyrir að mála skuli flugbrautir á þriggja ára fresti. Vegna yfirlagsviðhalds er lagt til að malbikaðar flugbrautir verði málaðar á þriggja ára fresti, en brautir með klæðingu á fjögurra ára fresti. Heildarmagn málaðra flata í lok árs 1999 eru um 71.000 m^2.

Framkvæmdir á einstökum flugvöllum.

Reykjavíkurflugvöllur.

Í núgildandi flugmálaáætlun er miðað við að framkvæmdir við endurbætur á Reykjavíkurflugvelli hefjist á árinu 1999. Undirbúningur verksins hefur staðið yfir síðustu 5–6 ár og var stór hluti verksins boðinn út vorið 1999. Tilboð voru opnuð 23. júní 1999. Framkvæmdir hófust í október 1999 og miðað er við að þeim ljúki árið 2002. Atriði sem boðin voru út eru: endurbætur á flugbrautum, ný akbraut og endurbætur á eldri akbrautum, endurbætur á flughlaði við skýli 1, endurbætur á öryggissvæðum flugbrauta, nýtt afvötnunarkerfi, endurnýjun á öllum flugbrautar- og aðflugshallaljósum ásamt rörakerfi fyrir alla rafstrengi, ný fjarlægðar- og leiðbeiningaskilti við allar brautir, ný málning á öllum brautum og víðtæk almenn fegrun flugvallarsvæðisins.

Flugbrautir.

Flugbrautir Reykjavíkurflugvallar eru þrjár: Braut 02-20 sem er 1.749 m x 45 m, braut 14-32 sem er 1.453 m x 45 m og braut 07-25 sem er 960 m x 30 m. Flugbrautir 02-20 og 14-32 lenda því í stærðarflokki 3 D. Brautir í þeim stærðarflokki skulu ekki vera mjórri en 45 m. Braut 07-25 lendir í stærðarflokki 2 C og skal brautin ekki vera mjórri en 30 m. Í fyrirhuguðum endurbótum á Reykjavíkurflugvelli felst m.a. endurbygging á tveimur aðalflugbrautum vallarins, þ.e. braut 02-20 og braut 14-32. Þá er ráðgert að aðlaga braut 07-25 að hinum tveimur brautunum þannig að hún verði nothæf áfram fyrir innanlandsflug. Hönnun á undirbyggingu brauta 02-20 og 14-32 er miðuð við að báðar þessar brautir geti þjónað sem varabrautir fyrir flugvélar upp í stærð Boeing 757-300 (123 tonn) eða sambærilegar vélar. Hins vegar er hönnun á slitlögum brautanna miðuð við að slíkar vélar lendi eingöngu á flugbraut 02-20, enda er flugbraut 14-32 ekki nægilega löng fyrir stórar vélar. Hins vegar er ekki útilokað að síðarnefnda brautin verði lengd til vesturs og því er undirbygging miðuð við að þar geti stórar flugvélar lent eftir lengingu og þykkingu slitlags. Engar áætlanir eru þó um að auka þotuumferð um Reykjavíkurflugvöll. Flugbraut 07-25 er hönnuð miðað við þær flugvélar sem nú eru notaðar í innanlandsflugi, þ.e. Fokker F50 og ATR42 eða sambærilegar vélar.

Öryggissvæði.

Í tengslum við endurbætur á flugbrautum vallarins verða gerðar verulagar lagfæringar á öryggissvæðum brautanna. Lagt verður nýtt afvötnunarkerfi þannig að vatn mun aldrei renna af öryggissvæðum og inn á og jafnvel yfir brautir eins og nú er. Öryggissvæði við suðurenda flugbrautar 02-20 verður breikkað verulega enda uppfyllir það að óbreyttu ekki kröfur. Þá verða öryggissvæði jöfnuð og grædd upp en þess jafnframt gætt í samráði við borgaryfirvöld og að tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands að raska ekki gróðri sem eftirsjá er að.

Hlað.

Núgildandi áætlanir um endurbætur á flugvellinum miða við að flughlað við skýli 1 verði endurbyggt á árinu 2002. Engar endurbætur eru að svo komnu máli ráðgerðar á flughlaði við skýli 4, enda hefur verið miðað við að fljótlega verði byggð ný flugstöð með tilheyrandi nýju flughlaði á austanverðu flugvallarsvæðinu.

Flugturn.

Innviðir og tækjabúnaður flugturnsins voru endurnýjaðir árið 1998. Flugturninn uppfyllir nú allar kröfur sem gerðar eru til flugturns í þessum flokki að öðru leyti en því að enn vantar bakhjarl á aðra raffæðilínuna. Ráðgert er að setja hann upp með endurnýjun á stjórnbúnaði flugbrautarljósa á árinu 2002.

Flugstöð.

Á árunum 2000 og 2001 eru ráðgerðar 15 millj. kr. til undirbúnings að byggingu flugstöðvar.

Tækjageymsla.

Samfara byggingu akbrautar ALFA verður að rífa nokkrar byggingar. Ein þessara bygginga er gamla slökkvistöðin sem notuð hefur verið til geymslu á snjóhreinsibúnaði. Því er gert ráð fyrir að á árunum 2003 og 2004 verði byggt 1.500 m^2 hús sem er sambyggð tækjageymsla og sandgeymsla. Auk geymslu á tækjum til snjóhreinsunar verður þarna geymsluaðstaða fyrir radíódeild, raftæknideild og trésmíðadeild. Geymslan mun uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til tækjageymslu fyrir flugvelli í þessum flokki. Samkvæmt kostnaðaráætlun þarf 105 millj. kr. til þessarar byggingar. Á árinu 2003 er ráðgert að verja 52,5 millj. kr. til fyrri áfanga byggingarinnar.

Sandgeymsla.

Sandgeymsla fyrir um 900 m^3 af sandi verður sambyggð tækjageymslu.

Flugskýli.

Rífa verður núverandi flugskýli flugmálastjórnar vegna fyrirhugaðrar vinnu við flugbrautir og gerð akbrautar austan við braut 02-20. Gert er ráð fyrir að á árunum 2003–2004 verði byggt nýtt flugskýli með aðstöðu fyrir flugprófunardeild. Skýlið verður samtals um 456 m^2 að grunnfleti. Kostnaður við bygginguna er áætlaður 35 millj. kr. Á árinu 2003 er ráðgert að ljúka fyrri áfanga með 20 millj. kr. fjárveitingu.

Flugleiðsögubúnaður.

Reykjavíkurflugvöllur er með aðflugsstefnu- og aðflugshallasendum (ILS) inn á braut 20. Inn á braut 14 er aðflugsstefnusendir (LLZ). Inn á aðrar brautir er aðflug byggt á hringvitum (NDB). Báðir aðflugsstefnusendarnir eru orðnir mjög gamlir. Aðflugsstefnusendirinn fyrir braut 20 er frá árinu 1978 og sendirinn á braut 14 er frá árinu 1981. Ráðgerð er endurnýjun á þessum búnaði. Árið 2002 er ráðgerð endurnýjun á aðflugsstefnusendi á braut 14. Árið 2001 er ráðgerð endurnýjun á aðflugsstefnusendi fyrir braut 20. Árið 1999 verður tekið í notkun GPS-grunnaðflug inn á allar aðrar brautir.

Fjarskiptabúnaður.

Árið 1998 var fjarskiptastjórnbúnaður flugturnsins endurnýjaður og tengdur inn á sama stjórnkerfi og þjónar úthafsflugsstjórninni. Í ljós hefur komið að óhentugt er að láta eitt fjarskiptastjórnkerfi þjóna báðum þessum stöðum. Á árinu 1999 er ráðgert að setja upp lítið fjarskiptastjórnkerfi fyrir flugturninn, ásamt endurnýjun senda- og móttakara. Nægilegur fjöldi símalína er inn í flugturninn nú.

Veðurmælibúnaður.

Á Reykjavíkurflugvelli vantar mikið á að veðurmælingar uppfylli skilyrði þessa flokks. Í fyrsta lagi er vindhraði og vindstefna aðeins mæld á einum stað við brautarkross. Nauðsynlegt er að mæla vindhraða og vindstefnu í snertipunkti á öllum flugbrautum. Tækjabúnaður til þessa er að stórum hluta til, en ekki hefur verið hægt að setja upp búnaðinn vegna þess að lagnaleiðir um flugvöllinn vantar. Með endurbyggingu flugvallarins leysast þau mál. Hiti í flugbrautum er ekki mældur, en það atriði verður lagfært með endurbyggingunni. Skýjahæð og brautarskyggni er mælt með nýjum mælum á braut 20. Árið 2001 er ráðgert að ljúka uppsetningu veðurmælitækja á braut 14-32, ásamt loftþýstingsskynjara og rakamæli. Á árinu 2002 verður sams konar búnaður settur upp á brautum 14-32 og 07-25. Í tengslum við þessar uppsetningar verður tekinn í notkun búnaður sem tengist öllum veðurskynjurum og sér um framsetningu, geymslu og sendingu veðurgagna. Í lok endurskoðunartímabilsins mun veðurmælibúnaður flugvallarins uppfylla skilyrði flokks I, nema hvað skýjahæðar- og brautarskyggnismæla vantar á braut 14 sem þá hefur aðflugstefnu- og aðflugshallasenda (ILS).

Flugbrautarljós.

Öll flugbrautarljós á Reykjavíkurflugvelli þarfnast endurnýjunar. Hluti af endurbyggingu flugvallarins er að endurnýja öll flugbrautarljós. Flugbrautir 02-20 og 14-32 verða byggðar upp samkvæmt CAT-I kröfum. Hliðarljós verða 200 W tengd tveimur fæðilögnum. Þröskuldsljós samanstanda af niðurfelldum ljósum þvert yfir brautir og ljósaleggjum þverstæðum á flugbraut. Þröskuldsljós eru tengd tveimur fæðilögnum. Endaljós verða 100 W og tengd á tvær sjálfstæðar fæðilagnir. Endaljós verða ýmist niðurfelld eða ekki eftir því hvort flugtak er leyft af öryggissvæði eða ekki. Aðflugshallaljós eru af PAPI-tegund og tengd tveimur fæðilögnum.

Braut 07-25 er byggð samkvæmt grunnaðflugskröfum með 200 W ljósum tengdum tveimur fæðilögnum. Þröskuldsljós og hliðarljós eru á sömu fæðilögn. Aðflugshallaljós eru af PAPI-tegund, tengd einni fæðilögn. Á öllum brautarendum verða leifturljós samkvæmt REIL-uppsetningu. Á öllum brautum verður komið fyrir fjarlægðar- og leiðbeiningarskiltum. Akbrautir og flughlað verða lýst með akbrautarlýsingu.

Aðflugsljós eru nú inn á braut 20. Þessi ljós eru orðin gömul og þarfnast endurnýjunar. Einnig mun flugbraut 02-20 styttast til norðurs við endurbygginguna. Ekki er svigrúm til endurnýjunar aðflugsljósa á tímabilinu.

Raforkudreifikerfi.

Það dreifikerfi sem nú er á Reykjavíkurflugvelli uppfyllir á engan hátt kröfur þessa flokks. Við endurbyggingu vallarins fara allar lagnir í rör. Sérstök rörakerfi verða fyrir flugbrautarljós, fyrir 240/415 Vac-dreifingu og fyrir merkjaflutning. Þetta kerfi mun uppfylla kröfur flokks I. Nú eru tvær 300 kVA rafstöðvar fyrir flugvöllinn og flugstjórnarbygginguna og nægir önnur rafstöðin til rekstrar miðað við núverandi álag. Hið nýja brautarljósakerfi verður tengt eftir tveimur fæðilögnum. Nú er ein fæðilögn í flugturninn en tvær fæðilagnir

innan flugturnsins. Aðeins önnur fæðilögnin er varin með rafbakhjarli (UPS). Í tengslum við stjórnbúnað brautarljósa í flugturni verða þessar lagnir tvöfaldaðar. Í lok endurbyggingarinnar mun flugvöllurinn uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til raforkudreifingar í flokki I.

Akureyrarflugvöllur.

Flugbrautir.

Flugbraut Akureyrarflugvallar er 1.940 m x 45 m og lendir brautin í stærðarflokki 4D. Skal hún ekki vera mjórri en 45 m. Flugbrautin uppfyllir þau skilyrði.

Flugbrautin á Akureyri var endurbætt árið 1996 en þá var bundna slitlagið breikkað úr 30 m í 45 m og lagt nýtt 4 sm þykkt yfirlag á eldra slitlag. Malbikið er nú um 15 sm þykkt í 30 m breidd en næst brautarjöðrunum eru 7,5 m breiðar ræmur með 5 sm þykku malbiki. Undir gamla malbikinu er 10–20 sm þykkur mulningur sem er fremur lélegur sem efra burðarlag en önnur undirbygging brautarinnar er nokkuð góð.

Við endurbætur brautarinnar 1996 var miðað við lendingu um 50 flugvéla á ári af gerðinni Boeing B737-400 (66 tonn) og var þá talið að yfirlagsmalbik þyrfti að vera 5 sm og lagþykkt í brautarjaðri 7,5 sm. Vegna fjárskorts var þó ákveðið að yfirlagið yrði 4 sm og malbiksþykkt á brautarjöðrum 5 sm. Búast má við að líftími malbiksins verði minni en ella vegna þessa að óbreyttri flugumferð.

Fyrirhugað er að yfirsprautun á malbiki fari fram árið 2000. Engar frekari framkvæmdir eru fyrirhugaðar við brautir Akureyrarflugvallar í þessar áætlun.

Flugturn.

Árið 1999 fór fram úttekt á vinnuaðstöðu og tækjum í flugstjórnarrými í flugturni. Fyrir liggja tillögur að breytingum á innviðum, tækjaborðum og tækjabúnaði. Ráðgert er að setja upp tölvugólf og niðurtekið loft til að auðvelda lagnaleiðir, tvær vinnustöður fyrir sjónflugsstjórnun og ratsjárþjónustu, setja upp fjarskiptastjórnkerfi og bæta raforkufæðilagnir. Vegna þess hversu brýnar þessar endurbætur eru er ráðgert að framkvæma þær árið 2000. Áætlaður heildarkostnaður er 13,5 millj. kr. Að þessum breytingum loknum uppfyllir flugturninn kröfur sem gerðar eru til flugturna í flokki I, nema þær að staðsetning turnsins er ákaflega óhentug. Flughlaðið er milli flugturns og flugbrautar. Uppljómað flughlaðið veldur því að erfitt er að greina flugvél í aðflugi og úti á flugbraut.

Flugstöð.

Flugstöðvarbyggingin hefur verið byggð í þremur áföngum. Fyrsti áfangi, 894 m^2, var byggður 1961, annar áfangi, 400 m^2, var byggður árið 1970 og þriðji áfangi, 415 m^2, var tekinn í notkun í maí 1996. Samtals er því flugstöðin ásamt flugturni um 1.709 m^2. Á árinu 1999 hefur verið unnið við ýmsan frágang og viðbætur á þessum síðasta byggingaráfanga og mun þeim lagfæringum ljúka árið 2000. Um er að ræða lagfæringar á brottfararsal og endurnýjun á kaffiteríu. Byggð verður 21 m^2 glerbygging út úr austurhlið brottfararsalar og aðkomugangur úr gleri að komusal. Einnig verða breytingar gerðar á norðurhluta flugstöðvarinnar. Þá verður líka sett upp nýtt færiband og skjáupplýsingakerfi fyrir farþega auk annara lagfæringa á eldri áföngum. Áætlaður kostnaður er um 60 millj. kr. Frá árinu 1999 eru 30 millj. kr. til ráðstöfunar og því til viðbótar er gert ráð fyrir 30 millj. kr. á árinu 2000.

Tækjageymsla.

Á Akureyrarflugvelli er engin formleg tækjageymsla. Á flugvellinum er 306 m^2 verkstæði sem þjónar tækjum á flugvöllum frá Sauðárkróki austur á Þórshöfn. Mjög brýnt er að koma

upp tækjageymslu á flugvellinum. Lagt er til að byggð verði 1.000 m^2 sambyggð tækja- og sandgeymsla í sömu útfærslu og gert er ráð fyrir á Reykjavíkurflugvelli. Í ljósi þess að nú stendur yfir endurnýjun snjóhreinsitækja og ný eða nýleg tæki liggja undir skemmdum vegna þess að þau standa úti er ráðgert að byggja tækjageymslu í áföngum á árunum 2001–2002. Áætlaður kostnaður er 70 millj. kr. og dreifist hann jafnt, 35 millj. kr. á hvort ár. Með þeirri byggingu uppfyllir flugvöllurinn kröfur til tækjageymslna í flokki I.

Sandgeymsla.

Núverandi sandgeymsla á Akureyrarflugvelli er orðin mjög léleg. Þak og hurðir eru nánast ónýt og er líklegt að einhverjar endurbætur verði að fara fram til að tryggja að geymslan verði nothæf næsta vetur. Lagt er til að sandgeymsla sem rúmi um 900 m^2 af sandi verði reist sambyggð við tækjageymslu.

Slökkvistöð.

Núverandi slökkvistöð er sambyggð tækjageymslu og er um 221 m^2 að grunnfleti auk 77 m^2 á efri hæð. Vegna fyrirhugaðrar fjölgunar starfsmanna í slökkviliði úr fjórum í sjö þarf að gera viðeigandi breytingar á aðstöðu starfsmanna. Stækka þarf vaktherbergi, kaffistofu og hvíldarherbergi. Gistiaðstaða sem verið hefur á efri hæð verður lögð niður. Ráðgert er að hefja framkvæmdir árið 2000 og ljúka þeim árið 2001. Kostnaðaráætlun þessa verks er 16 millj. kr., sem skiptist jafnt, 8 millj. kr. á hvort ár.

Flugleiðsögubúnaður.

Grunnaðflug að braut 19 byggist á hringvitum (NDB), en síðan tekur við nákvæmnisaðflug byggt á aðflugsstefnusendi (LLZ) og fjarlægðarmæli (DME). Einnig er veitt ratsjáraðflugsþjónusta inn á braut 01. Inn á braut 01 er aðeins grunnaðflug sem byggist á hringvitum (NDB). Ekki er talið að hringvitarnir þarfnist endurnýjunar á árunum 2000–2003. Hins vegar þarfnast aðflugsstefnusendirinn og fjarlægðarmælirinn endurnýjunar. Ekki er ráðrúm til endurnýjunar þessara tækja innan þessarar áætlunar.

Aðflugsratsjáin er staðsett á flugvellinum. Ratsjáin er orðin 27 ára gömul, en árið 1988 var úrvinnslubúnaður hennar endurnýjaður með breyttri skiparatsjá. Nokkur vandi er á að tryggja fullan rekstur ratsjárinnar, sérstaklega í mikilli úrkomu. Við slíkar aðstæður er erfitt að greina í sundur endurkast frá flugvél og endurkast frá úrkomuskýjum. Á undanförnum tveimur árum hafa verið kannaðir möguleikar á að endurnýja ratsjána með nýrri eða notaðri aðflugsratsjá. Kostnaður við slíka framkvæmd er 100–250 millj. kr. Auk þessa ykist rekstrarkostnaður verulega. Í ljósi þessa hafa verið athugaðir möguleikar á að koma upp staðbundnu GPS-leiðréttingarkerfi (LAAS) kringum Akureyrarflugvöll. Ljóst er að til þess að nýta slíkt kerfi verða flugvélar að vera með sérstakan búnað. Hins vegar mundi slíkur búnaður í fimm til sex flugvélum leysa yfir 95% af þeim tilvikum þegar óskað er eftir ratsjáraðflugi. Staðbundin GPS-leiðréttingarkerfi eru enn í þróun, en framleiðendur hafa staðfest að hægt er að kaupa kerfi fyrir ákveðna upphæð sem framleiðandi ábyrgist síðan að uppfæra að kostnaðarlausu í staðlað kerfi. Áætlaður kostnaður Flugmálastjórnar við slíkt kerfi er um 45 millj. kr. Lagt er til að á árunum 2000–2002 verði rannsakaðir möguleikar á notkun GPS-leiðréttingarkerfis á Akureyrarflugvelli með það markmið að koma upp CAT-I nákvæmnisaðflugi. Á árunum 2003 og 2004 er síðan gert ráð fyrir að ráðist verði í uppsetningu búnaðar, að því gefnu að niðurstöður rannsókna verði jákvæðar. Til fyrsta áfanga þessa verkefnis er gert ráð fyrir 15 millj. kr. árið 2003.

Fjarskiptabúnaður.

Samhliða endurbótum í flugturni á árinu 2000 er ráðgert að endurnýja fjarskiptastjórnbúnaðinn í flugturninum. Sendar og móttakar uppfylla ekki það ákvæði að hafa varaeiningar. Ekki er ráðgert að lagfæra það á árunum 2000–2003. Í flugturninum er neyðarfjarskiptabúnaður. Á árinu 1999 var símstöð flugvallarins endurnýjuð með símstöð sem verður beintengd símstöð Flugmálastjórnar í Reykjavík. Nýr upptökubúnaður verður tekinn í notkun í flugturninum árið 2000. Áætlaður kostnaður er 2 millj. kr.

Veðurmælibúnaður.

Vindhraði og vindstefna eru mæld við snertipunkta beggja brautarenda. Á braut 01 er nýr brautarskyggnismælir og í fráflugspunkti þeirrar brautar er nýr skýjahæðarmælir. Á árinu 1999 var ráðgert að setja upp loftþrýstimæli með stafrænum útgangi og rakamæli á flugvöllinn ásamt miðlægum búnaði sem tengist öllum skynjurum og sér um birtingu upplýsinga og söfnun og dreifingu gagna. Í lok árs 1999 mun veðurmælibúnaður á Akureyrarflugvelli uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til þessa búnaðar á flugvöllum í flokki I. Samhliða endurbótum í flugturni árið 2000 verður skjábúnaður vindmæla endurnýjaður.

Flugbrautarljós.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að uppbyggingu og endurbyggingu flugbrautarljósa á Akureyrarflugvelli. Uppsetningu aðflugsljósa inn á braut 19 lauk á árinu 1998. Ljósin eru byggð samkvæmt staðli fyrir brautir með grunnaðflugi. Því verður nauðsynlegt að breyta aðflugsljósunum fyrir nákvæmnisaðflug þegar staðbundna GPS-leiðréttingarkerfið hefur verið tekið í notkun. Breytingin felst í því að stytta bil milli ljósa úr 60 m í 30 m og lengja ljósalínuna úr 420 m í 900 m. Ekki er ráðgert að ráðast í þessar framkvæmdir á þessu endurskoðunartímabili.

Á árinu 1998 var lokið við akbrautarlýsingu og stjórnbúnaður flugbrautarljósa var endurnýjaður. Á árinu 1999 var ráðgert að endurnýja ljósin á flugbrautinni, þ.e. kantljós, þröskuldsljós, endaljós og aðflugshallaljós. Ekki verður hægt að koma fyrir niðurfelldum þröskulds- og endaljósum í þessum áfanga vegna þess að engar lagnir eru fyrir hendi. Lagt er til að þeim ljósum verði komið fyrir samhliða nýrri yfirlögn á brautina. Einnig er ráðgert að koma fyrir GARD-ljósum við stöðvunarlínu akbrautar. Árið 2001 er ráðgert að koma upp leiðbeiningaskiltum og fjarlægðarmerkjum. Áætlaður kostnaður er 5,5 millj. kr. Flugbrautarljós á Akureyrarflugvelli munu því í lok árs 2001 uppfylla kröfur flokks I að undanskildum frávikum vegna þröskulds- og endaljósa.

Egilsstaðaflugvöllur.

Flugbrautir.

Flugbraut Egilsstaðaflugvallar er nú 2.000 m x 45 m og lendir í stærðarflokki 4 D. Skal brautin ekki vera mjórri en 45 m. Flugbrautin uppfyllir þau skilyrði.

Framkvæmdum við flugbrautina sjálfa lauk árið 1992. Undirbygging og burðarlög flugbrautarinnar eru miðuð við að flugvél af gerðinni Boeing B747-400 (360 tonn) geti notað brautina. Hins vegar var lengd brautarinnar og þykkt slitlags miðuð við Boeing B757. Malbikið er 10 sm þykkt og undir því er 30 sm þykkt efra burðarlag úr sprengdu og möluðu bergi. Þar undir er malarfylling.

Á hlutum flugbrautar og flughlaðs hafa komið fram smávægilegar frostlyftingar sem virðist mega rekja til frostþenslu í sjálfu malbikinu. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir sem fyrst til að koma í veg fyrir að þessar þenslur skemmi út frá sér. Um er að ræða aðgerðir sem

miðað er við að framkvæma þurfi á sex ára millibili á malbiksslitlögum. Gert er ráð fyrir að fyrsta viðgerð fari fram árið 2000. Nauðsynlegt er að bæta girðingar umhverfis flugbrautina. Á árinu 2002 eru 2 millj. kr. ætlaðar til þessa verkefnis. Engar frekari framkvæmdir við flugbrautir á Egilsstaðaflugvelli eru ráðgerðar.

Tækjageymsla.

Heildarstærð tækjageymslu er 681 m^2 sem skiptist þannig:

Eldri hluti geymslu, 397 m^2, er frá 1980. Spennistöð, 36m^2, er frá 1989. Vaktherbergi, 20m^2, er frá 1996. Yngri hluti tækjageymslunnar, 228 m^2, er frá 1997. Í þann hluta vantar gólf, veggklæðningu og lýsingu. Ráðgert er að ljúka þessum áfanga árið 2000. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 4 millj. kr. Vinnuaðstaða tækjageymslu uppfyllir ekki kröfu Vinnueftirlitsins.

Til þess að tækjageymslan uppfylli skilyrði um lágmarks geymslu- og viðgerðarrými og gegnumakstur tækja þyrfti að byggja a.m.k. tvö bil til viðbótar sem væru hvort um sig um 10 x 28 m. Staðsetning slíkrar geymslu er ekki möguleg við núverandi geymslu vegna þrengsla. Ekki er fyrirhugðuð stækkun á tækjageymslu á þessu tímabili.

Veðurmælibúnaður.

Vindhraði og vindstefna eru mæld við snertipunkta beggja brautarenda. Á braut 04 er nýr brautarskyggnismælir og á aðflugslínu brautar 04 er nýr skýjahæðarmælir. Á árinu 2001 er ráðgert að setja upp loftþrýstimæli með stafrænum útgangi og rakamæli á flugvöllinn ásamt miðlægum búnaði sem tengist öllum skynjurum. Sá búnaður sér um birtingu upplýsinga og söfnun og dreifingu gagna. Í lok árs 2001 mun veðurmælibúnaður á Egilsstaðaflugvelli uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til þessa búnaðar á flugvöllum í flokki I. Áætlaður kostnaður við þennan búnað er 5 millj. kr. sem er fjármagnaður af liðnum veðurmælibúnaður.

Flugbrautarljós.

Við þau flugbrautarljós sem nú eru á Egilsstaðaflugvelli þarf að bæta nokkuð til að þau uppfylli kröfur flokks I. Kantljós og akbrautarljós uppfylla kröfur, en bæta þarf við niðurfelldum ljósum í þröskuld og gera birtuval þröskulds- og endaljósa óháð öðrum kerfum. Þá vantar að setja upp REIL-leifturljós á braut 22 og endurnýja REIL-búnað á braut 04. Einnig vantar aðflugsljós inn á braut 04. Ekki er ráðgert að hefja framkvæmdir á áætlunartímabilinu.

Raforkudreifikerfi.

Samhliða endurbyggingu vallarins var gengið frá rörakerfi um flugvöllinn. Lokið verður við tækjageymslu á árinu 2000 og í henni er aðstaða fyrir vararafstöð, en núverandi rafstöð er of lítil og staðsett í gámi við tækjageymslu. Árið 2002 er ráðgert að endurnýja rafstöðina með stærri rafstöð og endurbæta dreifikerfið þannig að tvær fæðilagnir verð í spennahús brautarljósa og í flugturn. Áætlaður kostnaður er 5 millj. kr. Að þeim breytingum loknum mun raforkudreifikerfið uppfylla kröfur flokks I.

Vestmannaeyjaflugvöllur.

Flugbrautir.

Flugbrautir Vestmannaeyjaflugvallar eru tvær: 13-31 sem er 1.205 m x 45 m og 04-22 sem er 1.160 m x 45 m. Lenda þær í tveimur stærðarflokkum. Braut 13-31 lendir í stærðarflokki 3 C og braut 04-22 í stærðarflokki 2 C. Brautirnar skulu ekki vera mjórri en 30 m. Flugbrautirnar uppfylla þau skilyrði. Flugbrautirnar eru hannaðar fyrir flugvélar af gerðinni

Fokker F50 og ATR42 eða sambærilegar flugvélar (um 25 tonn). Brautirnar eru með 45 m breiðu bundnu slitlagi, þar af er 30 m breið tvöföld klæðing og beggja vegna hennar er 7,5 m ræma með einfaldri klæðingu. Klæðingin var lögð árið 1990 og þá var jafnframt sett nýtt efra burðarlag á brautirnar. Klæðingin er orðin slitin og farið að marka fyrir hjólförum í henni. Einnig varð önnur brautin fyrir töluverðum skemmdum á síðasta sumri við flutning á Keiko, en þær skemmdir voru að mestu lagaðar þá. Brýnt er að lagt verði einfalt yfirlag á brautina. Fyrirhugað er að endurnýja slitlag á báðum brautum á árinu 2000. Áætlaður kostnaður er 35 millj. kr.

Hlað.

Flughlaðið sem er um 6.000 m^2 er orðið of lítið fyrir þá miklu flugumferð sem fer um flugvöllinn. Flughlaðið og akstursbraut inn á það eru með 7 sm þykku malbiksslitlagi. Í hlaðinu eru niðurföll og er afvötnun þess nokkuð góð. Í hluta af tengibraut hefur verið malbikað án þess að skipta um jarðveg undir og er malbikið þar sprungið og illa farið vegna frostlyftinga í undirlagi að vetri. Ráðgert er að stækka flughlaðið um tæpa 3.000 m^2 og endurbæta og breikka tengibraut árið 2002. Áætlaður kostnaður er 22 millj. kr.

Bílastæði.

Bílastæði með slitlagi eru nú fyrir 24 bíla og þrjár hópflutningabifreiðar. Anna þau engan veginn hefðbundinni umferð um völlinn og þarf að stækka þau hið fyrsta. Gert er ráð fyrir að malbika svæði við báða enda flugstöðvarbyggingarinnar árið 2001 og gera þar bílastæði fyrir um 32 bíla. Áætlaður kostnaður er 6 millj. kr.

Flugturn.

Flugturninn þarfnast endurnýjunar. Töluverður leki er á eftstu hæðinni og inn með gluggum á neðri hæðum. Efsta hæðin hefur burðargrind úr stáli sem er orðin mjög ryðguð og þarf að endurnýja hana. Turninn sjálfur er einangraður að innan í trégrind og klætt innan á með plötum. Fúkkalykt gefur til kynna að ástand grindar og einangrunar sé ekki sem best. Fyrirhugað er að byggja nýjan glerturn á húsið og endurnýja glugga og ytra byrði á árinu 1999. Endurnýjun á einangrun og innra byrði turns er ráðgerð árið 2000. Áætlaður kostnaður er 2 millj. kr.

Flugbrautarljós.

Árið 1999 voru flugbrautarljós á báðum flugbrautum flugvallarins endurnýjuð með 200 W lýsingu sem uppfyllir öll skilyrði brautarljósa í þessum flokki. Á árinu 2000 er ráðgert að endurnýja aðflugshallaljós og koma upp leifturljósum á báðum flugbrautum. Áætlaður kostnaður er 14 millj. kr. Árið 2001 verður komið fyrir akbrautarljósum á akbraut og flughlaði. Einnig verður komið upp leiðbeiningar- og fjarlægðarmerkjum meðfram flugbrautum. Áætlaður kostnaður er 10 millj. kr. Á árinu 2001 er ráðgert að hefja endurnýjun aðflugsljósa inn á flugbraut 13. Lagt er til að setja upp aðflugskross sem verður 420 m langur og frá honum um 300 m eltiljósalína. Þessi búnaður mun ná frá þröskuldi niður í flæðarmál. Markmiðið er að reyna að veita flugmanni upplýsingar um staðsetningu og stefnu allt út að fráflugspunkti sem er 2,5 Nm frá þröskuldi. Árið 2002 er ráðgert að ljúka þessu verkefni. Áætlaður heildarkostnaður er 20 millj. kr.

Hlaðlýsing.
Árið 2000 er ráðgert að endurnýja hlaðlýsingu í kjölfarið á stækkun flughlaðsins.

Raforkudreifikerfi.
Á árinu 1999 er unnið við að leggja stofnlagnakerfi um flugvöllinn. Því verki lýkur árið 2000. Í ár lýkur uppsetningu á vararafstöð fyrir flugvöllinn. Þessi rafstöð uppfyllir ekki allar kröfur sem gerðar eru til rafstöðva á flugvöllum í flokki II. Frávikin liggja í stærð rafstöðvarinnar sem getur aðeins sinnt brýnni álagsþörf, eins og flugbrautarljósum, flugturni og sendi- og mótttökuhúsum. Rafstöðin getur ekki sinnt hitatúpum og flugstöð. Þar sem Bæjarveitur Vestmannaeyja reka vararafstöðvar er þessi lausn talin ásættanleg út tímabilið 2000–2003.

Hornafjarðarflugvöllur.
Flugstöð.
Flugstöðin sem er um 390 m^2 var tekin í notkun árið 1983. Brýnt er að gera við lekaskemmdir í flugstöðinni. Áætlaður kostnaður er 6 millj. kr. Ráðgert er að hefja framkvæmdir árið 2000.

Raforkudreifikerfi.
Á Hornafjarðarflugvelli er lokið við lagningu stofnrörakerfis fyrir raforkudreifikerfi. Búið er að undirbúa uppsetningu vararafstöðvar sem ráðgert er að setja upp árin 2001–2002. Vararafstöðin verður staðsett í vélageymslu. Spennistöð flugvallarins hefur þegar verið sett upp í flugstöð og er flutningur hennar ekki ráðgerður. Áætlaður kostnaður er 6 millj. kr. sem skiptist í 2 millj. kr. árið 2001 og 4 millj. kr. árið 2002. Að uppsetningu vararafstöðvarinnar lokinni mun raforkudreifikerfið uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til slíks kerfis í flokki II, nema hvað staðsetning spennistöðvar er ekki rétt.

Þórshafnarflugvöllur (Syðralón).
Flugbrautarljós.
Flugbrautarljós á Þórshafnarflugvelli uppfylla skilyrði flokks II. Á flugvellinum eru ný 200 W brautarljós, aðflugshallaljós og leifturljós á þröskuldum, en gamlir reglar fyrir brautarljósin. Árið 2001 er ráðgert að endurnýja regla flugbrautarljósanna. Áætlaður kostnaður er 2 millj. kr.

Vopnafjarðarflugvöllur.
Flugbrautarljós.
Gert er ráð fyrir að endurnýja ljósastæðin í flugbrautarljósum á Vopnafjarðarflugvelli á árinu 2000, enda eru þau komin til ára sinna. Áætlaður kostnaður við þessa framkvæmd er 2 millj. kr.

Flugbraut.
Sett var bundið slitlag á flugbrautina á Vopnafirði fyrir tveimur árum og er það í góðu ástandi. Gert er ráð fyrir að endurbætur á flugbrautinni geti hafist árið 2002 og eru 10 millj. kr. ætlaðar til þessa verkefnis á því ári og aftur 10 millj. kr. árið 2003.

Ísafjarðarflugvöllur.

Flugbrautir.

Flugbraut Ísafjarðarflugvallar er 1.400 m x 45 m og lendir í stærðarflokki 3 C. Árið 1990 fóru fram umfangsmiklar endurbætur á brautinni og var þá skipt um jarðveg á öllu því svæði sem ekki var búið að malbika áður, þ.e. frá flughlaði að norðurenda brautarinnar. Tvöföld klæðing var lögð á 30 m breitt svæði en einföld klæðing á axlirnar um 6 m hvoru megin. Axlirnar eru orðnar ónýtar og brýn þörf er á að leggja nýtt yfirlag á brautina hið fyrsta áður en að hún eyðileggst líka. Hefla þarf upp axlirnar og leggja á þær tvöfalt lag af klæðingu. Leggja þarf einfalt lag af klæðingu á miðhluta brautarinnar. Þessi atriði voru framkvæmd árið 1999. Gert er ráð fyrir 6 millj. kr. til að ganga frá eftirstöðvum þessara framkvæmda og framkvæmda á Þingeyrarflugvelli.

Hlað og tengibraut.

Flughlaðið er of lítið og æskilegt er að ljúka við tengibraut að suðurenda brautar. Malbikið á núverandi hlaði er orðið yfir 20 ára gamalt og þarfnast yfirlagnar. Ráðgert er að þessi atriði verði framkvæmd árið 2000. Áætlaður kostnaður er 7 millj. kr.

Flugleiðsögubúnaður.

Flugleiðsaga inn til Ísafjarðarflugvallar er byggð á hringvita (NDB) í Reykjanesi, aðflugsstefnusendi (LLZ) og fjarlægðarmæli í Ögri og hringvita í Arnarnesi. Frá Arnarnesi byggist aðflugið á sjónflugi inn á Ísafjarðarflugvöll. Aðflugstefnusendinn og fjarlægðarmælinn er orðið nauðsynlegt að endurnýja og er endurnýjun ráðgerð árið 2003.

Flugbrautarljós.

Kant- og þröskuldsljós á flugbrautinni eru 45 W. Engin aðflugshallaljós eru til staðar. Vegna hindrana í umhverfinu eru lendingar aðeins leyfðar við sjónflugsskilyrði og því hefur ekki verið talin ástæða til uppsetningar á aðflugshallaljósum. Flugtak af flugbraut 09 er leyft í myrkri. Vegna þessa eru hindranaljós í Kirkjubólshlíð og leifturljós í Arnarnesi og í Hnífsdal. Á árunum 2000–2001 eru ráðgerðar athuganir á möguleikum til næturaðflugs til Ísafjarðar í samvinnu við flugrekendur. Ef þessar athuganir gefa jákvæða niðurstöðu er ráðgert að ráðast í framkvæmdir á árunum 2001, 2002 og 2003. Áætlaður kostnaður er 75 millj. kr. sem skiptist í 10 millj. kr. árið 2001, 38 millj. kr. árið 2002 og 27 millj. kr. árið 2003.

Bíldudalsflugvöllur.

Öryggissvæði.

Öryggissvæði Bíldudalsflugvallar er 35 m mælt frá miðlínu brautar eða að heildarbreidd 70 m og 60 m langt við hvorn enda. Samkvæmt staðli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skal öryggissvæði brautar í þessum stærðarflokki vera að heildarbreidd 80 m. Fyrir blindaðflug, hvort heldur er hefðbundið grunnaðflug eða CAT I, yrði öryggissvæðið að vera að heildarbreidd 150 m. Flugbrautin uppfyllir því ekki þessi skilyrði. Öryggissvæði við suðurenda nær ekki 60 m. Stækkun þess í 60 m er ráðgerð á árinu 2000. Áætlaður kostnaður er 10 millj. kr.

Tækjageymsla.

Á staðnum er nú 53 m^2 bifreiðageymsla fyrir slökkvibifreið. Lagt er til að byggð verði ný tækjageymsla um 240 m^2 að flatarmáli. Ráðgert er að fara í framkvæmdir árið 2003. Áætlaður kostnaður er 15 millj. kr.

Sandgeymsla.

Engin sandgeymsla er á staðnum en ætlunin er að hún verði í tækjageymslunni sem fyrirhugað er að byggja árið 2003.

Bakkaflugvöllur.

Flugbrautir.

Flugbrautir eru með grasyfirborði. Sandur og mold er í undirlagi. Brautin þolir aðeins léttar flugvélar. Brautin er mjög sporuð og skemmd eftir flugvélahjól. Á tímabilinu 2000–2002 er ráðgert að koma upp flugbrautum með malarslitlagi. Áætlaður kostnaður er 66 millj. kr. Áætlunin gerir ráð fyrir að burðarlagsefni sé sótt í námu í um 3 km fjarlægð. Nú er unnið að athugun á því að nota efni af staðnum sem mundi lækka kostnað verulega. Í þennan málaflokk og byggingu flugturns/flugstöðvar er gert ráð fyrir 44 millj. kr. Ljóst er að flugbrautirnar verða látnar hafa forgang.

Öryggissvæði og hindranafletir.

Öryggissvæði uppfylla ekki kröfur. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar aðrar en hugsanlega gætu tengst uppbyggingu flugbrautanna.

Flugstöð og flugturn.

Flugstöð og flugstjórnarherbergi eru sambyggð í einu húsi sem samtals er um 50 m^2. Húsið var sett upp á Bakka árið 1990 en er töluvert eldra og stóð áður á Hólmavík. Gluggar flugstjórnarherbergisins eru þannig staðsettir að ekki sést yfir nema hluta af flugbrautunum. Flugvélar í aðflugi og lendingu inn á braut 21 og 12 sjást ekki úr stjórnherbergi. Mikið er af gæs á brautunum en fugl á brautum sést ekki úr flugstjórnarherbergi vegna þess hve lágt það situr. Vegna þessa uppfyllir flugturn ekki skilyrði flokks III. Ráðgerðar eru framkvæmdir á árunum 2000–2003, en uppbygging flugbrauta hefur forgang.

Siglufjarðarflugvöllur.

Flugbraut.

Flugbrautin sem stendur í fjöruborði er með klæðingu. Varnargarður sem er meðfram brautinni er farinn að gisna og er hætta á að fínefni skolist úr brautinni. Ráðgert er að laga varnargarðinn árið 2001. Áætlaður kostnaður er 4 millj. kr. Engar frekari framkvæmdir eru ráðgerðar á tímabilinu.

Flugturn.

Flugturn og flugstöð á Siglufjarðarflugvelli eru sambyggð. Flugturninn er orðinn gamall og þarfnast viðhalds. Helsti ókostur turnsins er að gluggum hefur ekki verið hallað út þannig að veruleg speglun er í öllum gluggum. Ráðgert er minni háttar viðhald á árunum 2000 og 2001. Kostnaðaráætlun við flugturn, flugstöð og tækjaeymslu er 2 millj. kr., sem skiptast jafnt á árin 2000 og 2001.

Flugstöð.

Flugstöðin á Siglufjarðarflugvelli er nægilega stór og uppfyllir kröfur flokks III. Á árunum 2000 og 2001 eru ráðgerðar viðhaldsframkvæmdir á byggingunni.

Tækjageymsla.

Tækjageymslan á Siglufjarðarflugvelli uppfyllir skilyrði flokks III. Hins vegar er brýnt að sinna viðhaldsverkefnum á byggingunni. Slíkar framkvæmdir eru áætlaðar á árunum 2000 og 2001.

Gjögurflugvöllur.

Flugstöð.

Gert er ráð fyrir að klæða núverandi flugstöð að utan með nýrri klæðingu og einnig að byggð verði ný óupphituð vagnageymsla við suðurhlið hússins. Ráðgert er að framkvæmdir eigi sér stað árið 2000. Áætlaður kostnaður er 2 millj. kr.

Sandgeymsla.

Byggð verður ný 150 m^3 sandgeymsla úr ræsishólkum, gröfnum í jörðu. Ráðgert er að framkvæmdir eigi sér stað árin 2002 og 2003. Áætlaður kostnaður er 2 millj. kr. sem skiptist í 0,5 millj. kr. árið 2002 og 1,5 millj. kr. 2003.

Stóri-Kroppur.

Flugbraut.

Flugbrautin á Stóra-Kroppi er með malarslitlagi. Á nokkrum stöðum er malarstlitlagið of þunnt og þar kemur gróft burðarlagið upp úr. Árið 2000 er ráðgert að laga malarslitlag brautarinnar og koma henni upp í staðal góðrar malarbautar. Til framkvæmda á Stóra-Kroppi eru ráðgerðar 4 millj. kr. árið 2000.

Hlað.

Flughlað á Stóra-Kroppi er mjög lítið og akbrautin að flugbrautinni er nánast slóði. Ráðgert er að laga akbrautina árið 2000.

Flugturn.

Enginn flugturn er á flugvellinum, en árið 2000 er ráðgert að koma upp aðstöðu með síma fyrir flugmenn.

Æfingaflugvöllur.

Árið 2004 er ráðgert að ljúka fyrri áfanga við byggingu æfingaflugvallar í nágrenni Reykjavíkur. Flugvöllurinn verður með tveimur flugbrautum, flugturni og nauðsynlegum flugleiðsögubúnaði. Heildarkostnaður er áætlaður 220 millj. kr. Árið 2003 er ráðgert að verja 124,5 millj. kr. til þessa verkefnis.

Flugumferðar- og flugleiðsögukerfi.

Flugleiðsögukerfi að einstökum flugvöllum eru nú flokkuð með viðeigandi flugvelli, en leiðarflugsaga sem og þau kerfi sem eru sameiginleg öllum flugvöllum eru flokkuð hér. Þessi verkefni eru tengd gervihnattaleiðasögu, flugprófanabúnaði og veðurupplýsingakerfum. Einnig eru hér rannsóknarverkefni, kostnaður vegna hlutdeildar Íslands í verkefnum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar auk liðar til að koma til móts við aðkallandi verkefni sem upp geta komið. Heildarfjárhæð í þennan lið fyrir árin 2000–2003 er 206 millj. kr.

Leiðarflug.

Til leiðarflugs telst allur búnaður sem er nauðsynlegur til leiðsögu milli einstakra flugvalla. Þessi búnaður skiptist í vita (NDB, VOR, DME) og fjarskiptabúnað. Árið 2000 er ráðgert að endurnýja fjarskiptabúnað í Bláfjöllum og á Vaðlaheiði. Núverandi fjarskiptabúnaður er frá því um 1970 og varahlutir eru ófáanlegir. Heildarkostnaður er áætlaður 4 millj. kr. Á árinu 2001 er ráðgert að endurnýja fjarskiptabúnað á Þverfjalli og á Fjarðarheiði. Einnig er ráðgert að endurnýja fjarlægðarsendi (DME) á Vaðlaheiði. Heildarkostnaður við þennan búnað með uppsetningu er áætlaður 17 millj. kr.

Flugstjórnarmiðstöð.

Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í framkvæmdum Alþjóðaflugþjónustunnar. Samkvæmt þeim áætlunum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að hlutur Íslands verði 5 millj. kr. árin 2000 og 2001, 15 millj. kr. árið 2002 og 19 millj. kr. árið 2003.

Veðurupplýsingakerfi.

Á tímabilinu 2000–2003 er ráðgert að vinna að því að koma upp stöðluðum búnaði sem safnar saman veðurupplýsingum frá flugvöllum. Þetta er ákaflega mikilvægt til að tryggja auðvelda dreifingu þessara upplýsinga og einnig til að tryggja að þær séu geymdar til úrvinnslu síðar. Ráðgerðar eru 5 millj. kr. á ári til þessa. Áætlunin gerir ráð fyrir að slíkum búnaði verði komið fyrir á einum flugvelli á ári.

Flugprófanabúnaður.

Í Beechcraft King Air flugvél Flugmálastjórnar er komið fyrir flugprófanabúnaði sem notaður er til að prófa aðflugsbúnað á öllum flugvöllum á Íslandi. Þessi búnaður er nú kominn mjög til ára sinna. Móttakarar og úrvinnslubúnaður er orðinn úr sér genginn og ekki af nýjustu gerð. Áætlað er að endurnýjun búnaðarins muni kosta um 70 millj. kr. Ráðgert er að velja búnað á árinu 2000. Árið 2001 yrði búnaðurinn síðan keyptur með afborgunum sem greiddar yrðu af þessari og komandi flugmálaáætlunum. Heildarkostnaður á þessari flugmálaáætlun er 21 millj. kr.

GPS/WAAS/NAAN/ADS/LAAS.

Þessi liður greiðir kostnað Flugmálastjórnar við þátttöku í gervihnattaleiðsögu. Hönnun, flugprófanir og útgáfa GPS-aðflugs er rekin af þessum lið. Einnig er þáttur Íslands í samstarfsverkefni Bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAA), Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Íslands við víðáttustoðkerfið (WAAS) greiddur af þessum lið. Þá verður á árinu 2000 unnið að meistaraprófsverkefni við Háskóla Íslands um staðbundið leiðréttingakerfi fyrir nákvæmnisaðflug inn til Akureyrar. Hlutur Flugmálastjórnar í því verkefni er greiddur af þessum lið.

Rannsóknarverkefni.

Af þessum lið eru ýmis rannsóknarverkefni greidd. Þau verkefni sem þegar eru þekkt og unnið verður að á árunun 2000 og 2001 eru hávaðamælingar umhverfis Reykjavíkurflugvöll, veðurfarsmælingar vegna staðavals á nýjum æfingaflugvelli við Reykjavík og athuganir, m.a. í flughermi, vegna næturaðflugs inn til Ísafjarðarflugvallar. Heildarkostnaður við rannsóknir er metinn 10 millj. kr. á ári, öll árin 2000–2003.

Ýmis verkefni.

Undir þennan lið falla ýmis ófyrirséð verkefni sem upp koma á áætlanatímabilinu. Algengt er að búnaður sem ekki var ráðgert að endurnýja á tímabilinu bili þannig að viðgerð verði ekki komið við og endurnýjun sé nauðsynleg. Á undanförnum árum hefur reynslan sýnt að ekki er ráðlegt að áætla þennan lið undir 10 millj. kr. á ári.

Annar kostnaður.

Undir þennan lið falla ýmis framkvæmda- og viðhaldsverkefni sem ekki er hægt að tengja einstökum flugvöllum. Hér eru sjóðir sem safnað er í til að standa straum af viðhaldi malbiks, klæðingar og málningu flugbrauta, sameiginlegur sjóður til að viðhalda flugbrautum í flokkum IV, V og VI, listskreytingar flugstöðva, sjóður til leiðréttinga og stjórnunarkostnaður. Hér er einnig færður tækjasjóður allra flugvalla. Alls er ráðgert að veita 572,5 millj. kr. til þessa liðar á árunum 2000–2003.

Listskeytingar.

Þessi liður er nýr á flugmálaáætlun og er ætlaður til að gera flugstöðvar vistlegri. Á árunum 2001–2003 er áætluð 1 millj. kr. í þennan lið á hverju ári.

Leiðréttingar.

Allar kostnaðaráætlanir í flugmálaáætlun eru gerðar með +/-30% skekkjumörkum. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að ekki er ráðlegt að hafa undir 20 millj. kr. til leiðréttingar á ári. Þessi upphæð er aðeins 2–3% af ráðstöfunarfé til framkvæmda.

Stjórnunarkostnaður.

Undir stjórnunarkostnað fellur allur kostnaður við umsýslu verkefna, þ.m.t. áætlanagerð, bókhald og eftirlit. Reynsla undanfarinna ára sýnir að hæfilegt er að gera ráð fyrir 15 millj. kr. á ári til þessa verkliðar.

Tækjasjóður.

Þetta er í annað sinn sem flugmálaáætlun hefur tækjasjóð sem fjármagnar tæki til snjóruðnings og slökkvibúnað á flugvelli. Áætlað matsverð þess búnaðar sem nú er á flugvöllum er um 700 millj. kr. Eðlilegt er talið að gera ráð fyrir um 10% endurnýjun. Í ljósi þess hefur verið stefnt að því að hafa 70 millj. kr. á ári í tækjasjóði. Á árunum 2000–2003 er gert ráð fyrir 268,5 millj. kr. til þessa liðar.

Tekjur.

Flugmálastjórn hefur yfir að ráða spálíkani til að spá fyrir um tekjur flugmálaáætlunar, byggt á farþegatölum síðustu ára. Á árinu 2000 er lagt til að notað verði 95% af gildi spálíkansins, eða 654 millj. kr. Þessi tala er 6,7% hærri en tekjur flugmálaáætlunar árið 1999. Milli ára er síðan gert ráð fyrir 5% hækkun. Þess má geta að NAT-SPG spáir 6–7% aukningu flugumferðar á næstu árum. Auk tekna flugmálaáætlunar er ráðgerð lántaka á árunum 2000–2002 til Reykjavíkurflugvallar og árið 2003 til æfingaflugvallar í nágrenni Reykjavíkur. Eftirfarandi tafla sýnir heildarráðstöfunartekjur.

Tekjur	2000	2001	2002	2003
Tekjur flugmálaáætlunar	654	687	721	757
Gjöld vegna frestunar framkvæmda	100	0	0	0
Tekjur vegna frestunar framkvæmda	0	100	0	0
Lántaka	203	119	331	120
Afborganir lána	0	0	0	214
Samtals	**757**	**906**	**1.052**	**663**

Gjaldalið flugmálaáætlunar hefur verið skipt í fjóra flokka. Þessir flokkar eru til rekstrar, til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, til Reykjavíkurflugvallar og til annarra flugvalla. Eftirfarandi tafla sýnir dreifinguna.

Gjöld	2000	2001	2002	2003
Til reksturs	66	69	73	76
Til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar	64	74	74	74
Til Reykjavíkurflugvallar	319	423	545	0
Til annarra flugvalla	308	340	360	513
Samtals	**757**	**906**	**1.052**	**663**

Í tveimur næstu töflum er sýnt hvernig kostnaður skiptis milli nýrra framkvæmda og viðhalds framkvæmda. Seinni taflan sýnir sambærilega sundurliðun fyrir tækjasjóðinn.

Framkvæmdir	2000	2001	2002	2003
Nýframkvæmdir	92,5	164,5	211,5	330,5
Viðhaldsverkefni	465,5	528,0	624,5	112,5
Samtals	**558,0**	**692,5**	**836,0**	**443,0**

Tækjasjóður	2000	2001	2002	2003
Nýr búnaður	56,0	57,5	33,0	40,0
Endurnýjun eldri búnaðar	13,0	13,0	36,0	30,0
Samtals	**69,0**	**70,5**	**69,0**	**70,0**

Fylgiskjal.

Flugmálaáætlun árin 2000–2003.
Sundurliðun verkefna.

Flugleiðsögu- og fjarskiptabúnaður		Samtals	2000	2001	2002	2003
Reykjavíkurflugvöllur						
LLZ	RWY-20, endurn.	19.000.000		19.000.000		
LLZ	RWY-14, endurn.	18.500.000			18.500.000	
Samtals		37.500.000	0	19.000.000	18.500.000	0
Akureyrarflugvöllur						
TAPE	Endurnýjun	2.000.000	2.000.000			
LAAS	Nýtt	15.000.000				15.000.000
Samtals		17.000.000	2.000.000	0	0	15.000.000
Ísafjarðarflugvöllur						
DME	Ögur, endurn.	13.000.000				13.000.000
LLZ	Ögur, endurn.	18.500.000				18.500.000
Samtals		31.500.000	0	0	0	31.500.000
Leiðarflug						
DME	Vaðlaheiði, endurn.	13.000.000		13.000.000		
VHF	Bláfjöll, endurn.	2.000.000	2.000.000			
VHF	Þverfjall, endurn.	2.000.000		2.000.000		
VHF	Vaðlaheiði, endurn.	2.000.000	2.000.000			
VHF	Fjarðarheiði, endurn.	2.000.000		2.000.000		
Samtals		21.000.000	4.000.000	17.000.000	0	0
Samtals		**107.000.000**	**6.000.000**	**36.000.000**	**18.500.000**	**46.500.000**

Mannvirki		Samtals	2000	2001	2002	2003
Reykjavíkurflugvöllur						
Flugbraut	Endurbætur	1.287.000.000	319.000.000	423.000.000	545.000.000	
Flugstöð	Nýtt	15.000.000	5.000.000	10.000.000		
Tækja-/sandgeymsla	Nýtt	52.500.000				52.500.000
Flugskýli	Nýtt	20.000.000				20.000.000
Samtals		1.374.500.000	324.000.000	433.000.000	545.000.000	72.500.000
Akureyrarflugvöllur						
Turn	Endurbætur	13.500.000	13.500.000			
Tækja-/sandgeymsla	Stækkun	70.000.000		35.000.000	35.000.000	
Flugstöð	Endurbætur	30.000.000	30.000.000			
Slökkvistöð	Endurbætur	16.000.000	8.000.000	8.000.000		
Samtals		129.500.000	51.500.000	43.000.000	35.000.000	0
Siglufjarðarflugvöllur						
Flugstöð/tækjageymsla	Endurbætur	2.000.000	1.000.000	1.000.000		
Flugbraut	Varnargarður	4.000.000		4.000.000		
Samtals		6.000.000	1.000.000	5.000.000	0	0
Egilsstaðaflugvöllur						
Tækjageymsla	Lokafrágangur	4.000.000	4.000.000			
Girðing	Viðbót	2.000.000			2.000.000	
Samtals		6.000.000	4.000.000	0	2.000.000	0
Ísafjarðarflugvöllur						
Turn	Nýbygging	0		0		
Braut	Slitlag/eftirstöðvar	6.000.000	6.000.000			
Flughlað	Yfirlag	7.000.000	7.000.000			
Samtals		13.000.000	13.000.000	0	0	0
Vestmannaeyjaflugvöllur						
Flugstöð	Innanstokksmunir	3.500.000	3.500.000			
Turn	Endurbætur	2.000.000	2.000.000			
Braut	Slitlag	35.000.000	35.000.000			
Bílastæði	Viðbót	6.000.000		6.000.000		
Flughlöð/akbrautir	Lagfæring/stækkun	22.000.000			22.000.000	
Samtals		**68.500.000**	**40.500.000**	**6.000.000**	**22.000.000**	**0**

Mannvirki		Samtals	2000	2001	2002	2003
Hornafjarðarflugvöllur						
Flugstöð	Endurbætur	6.000.000	6.000.000			
Samtals		6.000.000	6.000.000	0	0	0
Bíldudalsflugvöllur						
Öryggissvæði	Nýtt	10.000.000	10.000.000			
Tækjageymsla	Nýtt	15.000.000				15.000.000
Samtals		25.000.000	10.000.000	0	0	15.000.000
Gjögurflugvöllur						
Sandgeymsla	Nýtt	2.000.000			500.000	1.500.000
Flugstöð	Lagfæring	2.000.000	2.000.000			
Samtals		4.000.000	2.000.000	0	500.000	1.500.000
Bakkaflugvöllur						
Flugbraut/flugstöð	Endurbætur	44.000.000	4.000.000	10.000.000	30.000.000	
Samtals		44.000.000	4.000.000	10.000.000	30.000.000	0
Stóri-Kroppur						
Flugbraut/aðstaða	Endurbætur	4.000.000	4.000.000			
Samtals		4.000.000	4.000.000	0	0	0
Æfingaflugvöllur						
Flugbrautir		58.700.000				58.700.000
Vatnsveita		7.500.000				7.500.000
Rafmagn		10.000.000				10.000.000
Vegur, fyrsti áfangi		6.300.000				6.300.000
Flugstöð		16.000.000				16.000.000
Brautarljós, fyrsti áfangi		10.000.000				10.000.000
Veðurmælitæki		4.000.000				4.000.000
Annað, fyrsti áfangi		12.000.000				12.000.000
Samtals		124.500.000	0	0	0	124.500.000
Samtals		**1.805.000.000**	**460.000.000**	**497.000.000**	**634.500.000**	**213.500.000**

Flugbrautarljós		Samtals	2000	2001	2002	2003
Akureyrarflugvöllur						
Skilti	Nýtt	5.500.000		5.500.000		
Samtals		5.500.000	0	5.500.000	0	0
Egilsstaðaflugvöllur						
OBS	Ljósastaurar, nýtt	1.000.000		1.000.000		
Samtals		1.000.000	0	1.000.000	0	0
Vestmannaeyjaflugvöllur						
REIL/PAPI	Nýtt/endurnýjun	14.000.000	14.000.000			
Taxi/hlað/skilti	Nýtt	10.000.000		10.000.000		
APCH	RWY-13, endurn.	20.000.000		7.000.000	13.000.000	
Samtals		44.000.000	14.000.000	17.000.000	13.000.000	0
Ísafjarðarflugvöllur						
Næturaðflug/lýsing	Nýtt	85.000.000		10.000.000	48.000.000	27.000.000
Samtals		85.000.000	0	10.000.000	38.000.000	27.000.000
Þórshafnarflugvöllur						
RWYE	Reglar	2.000.000		2.000.000		
Samtals		2.000.000	0	2.000.000	0	0
Samtals		**137.500.000**	**14.000.000**	**35.500.000**	**51.000.000**	**27.000.000**

Rafbúnaður		Samtals	2000	2001	2002	2003
Egilsstaðaflugvöllur						
Vararafstöð	Endurnýjun	5.000.000			5.000.000	
Samtals		5.000.000	0	0	5.000.000	0
Hornafjarðarflugvöllur						
Vararafstöð	Nýtt	6.000.000		2.000.000	4.000.000	
Samtals		6.000.000	0	2.000.000	4.000.000	0
Samtals		**11.000.000**	**0**	**2.000.000**	**9.000.000**	**0**

Annar búnaður		Samtals	2000	2001	2002	2003
Flugstjórnarmiðstöð		44.000.000	5.000.000	5.000.000	15.000.000	19.000.000
Veðurupplýsingakerfi	Nýtt	20.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Flugprófanabúnaður	Afborganir	21.000.000		5.000.000	6.000.000	10.000.000
GPS/WAAS/NAAN/ADS/aðflugs-búnaður	Nýtt	20.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Rannsóknarverkefni		40.000.000	10.000.000	10.000.000	10.000.000	10.000.000
Ýmis verkefni		40.000.000	10.000.000	10.000.000	10.000.000	10.000.000
Samtals		**185.000.000**	**35.000.000**	**40.000.000**	**51.000.000**	**59.000.000**

Annar kostnaður		Samtals	2000	2001	2002	2003
Slitlag/olíuföl	Endurnýjun	30.000.000		10.000.000	10.000.000	10.000.000
Slitlag/malbik	Endurnýjun	75.000.000		20.000.000	20.000.000	35.000.000
Flugbrautarmerkingar	Endurnýjun	24.000.000		8.000.000	8.000.000	8.000.000
Flugvellir IV, V, VI		32.000.000	8.000.000	8.000.000	8.000.000	8.000.000
Listskreytingar	Nýtt	3.000.000	0	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Leiðréttingar og brýn verkefni		80.000.000	20.000.000	20.000.000	20.000.000	20.000.000
Stjórnunarkostnaður		60.000.000	15.000.000	15.000.000	15.000.000	15.000.000
Samtals		**304.000.000**	**43.000.000**	**82.000.000**	**82.000.000**	**97.000.000**

Samtals	**2.549.500.000**	**558.000.000**	**692.500.000**	**846.000.000**	**443.000.000**
Framlag flugmálaáætlunar		**558.000.000**	**692.500.000**	**846.000.000**	**443.000.000**
Mismunur		**0**	**0**	**0**	**0**

Tækjasjóður	2000	2001	2002	2003
Samandregið yfirlit	69.000.000	70.500.000	59.000.000	70.000.000
Tekjur Flugmálaáætlunar	654.000.000	687.000.000	721.000.000	757.000.000
Gjöld vegna frestunar framkvæmda	100.000.000	0	0	0
Tekjur vegna frestunar framkvæmda	0	100.000.000	0	0
Lántaka	203.000.000	119.000.000	331.000.000	120.000.000
Afborganir lána vegna endurbyggingar Reykjavíkurflugvallar	0	0	0	214.000.000
Til ráðstöfunar	**757.000.000**	**906.000.000**	**1.052.000.000**	**663.000.000**
Til reksturs	66.000.000	69.000.000	73.000.000	76.000.000
Til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar	64.000.000	74.000.000	74.000.000	74.000.000
Til Reykjavíkurflugvallar	319.000.000	423.000.000	545.000.000	0
Aðrir flugvellir	308.000.000	340.000.000	360.000.000	513.000.000
Til ráðstöfunar	**757.000.000**	**906.000.000**	**1.052.000.000**	**663.000.000**

Framkvæmdir	2000	2001	2002	2003
Nýframkvæmdir	92.500.000	164.500.000	211.500.000	350.500.000
Viðhaldsverkefni	465.500.000	528.000.000	644.500.000	92.500.000
Samtals	**558.000.000**	**692.500.000**	**856.000.000**	**443.000.000**

517. Tillaga til þingsályktunar [300. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1999 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. febrúar 2000.

518. Fyrirspurn [301. mál]

til iðnaðarráðherra um starf nefndar um innlenda orkugjafa.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvenær var skipuð nefnd til viðræðna við Daimler-Benz um tilraunir með innlenda orkugjafa og hverjir hafa átt sæti í henni?
2. Hverjar eru helstu niðurstöður af starfi nefndarinnar til þessa?
3. Hver er heildarkostnaður af störfum nefndarinnar frá byrjun til ársloka 1999, greiddur af opinberu fé?
4. Hverjar hafa verið greiðslur til einstakra nefndarmanna, þ.m.t. þóknun og ferðakostnaður?
5. Hver hefur verið annar kostnaður af starfi nefndarinnar?
6. Hvernig hyggst ráðherra standa að áframhaldandi vinnu við tilraunir með innlenda orkugjafa?

Skriflegt svar óskast.

519. Fyrirspurn [302. mál]

til viðskiptaráðherra um banka- og póstafgreiðslur.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvað stendur í vegi fyrir því að bankar eða sparisjóðir taki yfir afgreiðslu Íslandspósts á stöðum þar sem það hentar báðum?
2. Eru fyrirhugaðar breytingar á lögum af hálfu ráðherra til að af slíku samstarfi megi verða?

520. Fyrirspurn [303. mál]

til samgönguráðherra um póstþjónustu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvar er Íslandspóstur kominn í samstarf um þjónustu og afgreiðslu við aðra? Hvernig er því samstarfi háttað og um hvaða aðila er að ræða á hverjum stað?

521. Þingsályktun [186. mál]

um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 216.

522. Lög [224. mál]

um Byggðastofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 267.

523. Lög [214. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 253.

524. Lög [57. mál]

um vitamál.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 499.

525. Lög [122. mál]

um fjarskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 500 með þessum breytingum:

15. gr. hljóðar svo:

Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna talsímaþjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi. Sá þáttur rekstrarleyfishafa hér á landi sem er leyfisbundinn skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi hans.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega með lögum.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptaþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita fjarskiptaþjónustu, og um útreikning rekstrartaps.

39. gr. hljóðar svo:

Viðurkenning búnaðar.

Óheimilt er að setja á markað annan notendabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur skv. 37. gr. og ber CE-merkingu því til staðfestingar.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans hér á landi skal tryggja að öllum búnaði sem settur er á markað hér á landi fylgi upplýsingar fyrir notendur á íslensku um tilætlaða notkun og helstu eiginleika búnaðarins.

Framleiðandi eða umboðsmaður hans sem hyggst setja á markað þráðlausan búnað í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þessa fyrirætlun með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Einnig skal senda stofnuninni upplýsingar um eiginleika búnaðarins, þ.m.t. tíðnisvið búnaðarins, bil milli rása, mótunaraðferð og hátíðniafl. Telji Póst- og fjarskiptastofnun hættu á því að búnaðurinn geti truflað aðra þjónustu í viðkomandi tíðnisviði getur stofnunin bannað sölu og notkun hans.

526. Lög [240. mál]

um Póst- og fjarskiptastofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

1. gr.
Yfirstjórn o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla.

Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.
Starfsmenn.

Samgönguráðherra skipar forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

3. gr.
Verkefni.

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru:

1. Að veita rekstrarleyfi fyrir almenna fjarskiptaþjónustu og -net og setja skilyrði um almennar heimildir til að veita fjarskiptaþjónustu, hvort tveggja sundurliðað eftir þjónustu, í samræmi við lög um fjarskipti. Stofnunin setur skilyrði í rekstrarleyfum eftir því sem við getur átt innan þeirra marka sem fjarskiptalög segja til um.
2. Að veita leyfi til póstþjónustu samkvæmt lögum um póstþjónustu. Stofnunin setur skilyrði í rekstrarleyfum eftir því sem við getur átt innan marka laga um póstþjónustu.
3. Að hafa eftirlit með því að rekstrarleyfishafar uppfylli og virði skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar og aðrar kvaðir sem almennum heimildum og rekstrarleyfum fylgja.
4. Að skilgreina rekstrarleyfishafa sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild á póst- og fjarskiptamarkaði.
5. Að hafa eftirlit með því að ákvæði laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, séu virt.
6. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði fjarskipta- og póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði fjarskipta- og póstmála. Skal Póst- og fjarskiptastofnun beina tilmælum um breytingar á lögum og reglugerðum til samgönguráðherra ef þess gerist þörf.
7. Að annast auglýsingar og útboð á leyfum og rekstri þegar lög um fjarskipti og póstþjónustu kveða á um slíkt.
8. Að gera áætlanir um notkun tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar reglur og úthluta tíðnum til einstakra aðila og fyrir mismunandi þjónustu, þar með talið útvarpsþjónustu.

9. Að setja reglur um tæknilega eiginleika kapalkerfa og hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt.
10. Að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum, gjaldskrám og bókhaldi fjarskiptafyrirtækja, póstrekenda og rekstrarleyfishafa, þar sem það á við.
11. Að skilgreina, hafa umsjón með og ákvarða fjárframlög til alþjónustu.
12. Að annast samningagerð fyrir hönd samgönguráðherra vegna sértækrar þjónustu, sbr. IV. kafla fjarskiptalaga.
13. Að hafa eftirlit með fjarskiptabúnaði.
14. Að setja reglur um númerakerfi fyrir fjarskiptaþjónustu, númeraflutning og réttindi notenda fjarskiptaþjónustu sem fengið hafa númer til afnota.
15. Að hafa eftir þörfum milligöngu um sættir og úrskurða um samtengingu fjarskiptaneta og fylgjast með að lögum og reglum um samtengingu og opinn aðgang að netum sé framfylgt, samkvæmt lögum um fjarskipti.
16. Að hafa eftirlit með þeim sem annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu við fjarskiptavirki.
17. Að hafa eftirlit með sölu notendabúnaðar og þráðlauss búnaðar, þar með talið markaðseftirlit.
18. Að taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála.
19. Að gefa út öryggisvottorð fyrir fjarskiptabúnað þar sem þess er krafist samkvæmt lögum og reglugerðum.
20. Að annast skráningu og halda skrá yfir póstrekendur og fjarskiptafyrirtæki.
21. Að veita fyrirtækjum sem annast innheimtu reikninga fyrir erlend fjarskiptafyrirtæki viðurkenningu á að þau uppfylli skilyrði stofnunarinnar um greiðsluhæfi og tryggingar, fyrirkomulag starfseminnar og annað sem Alþjóðafjarskiptasambandið fer fram á.
22. Annað sem lýtur að framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi.

Póst- og fjarskiptastofnun skal framfylgja lögum um fjarskipti og póstþjónustu og tryggja að markmið laganna náist. Skal það gert m.a. með því að stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti í póst- og fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta. Stofnunin skal taka til meðferðar mál sem upp koma vegna starfsemi fjarskiptafyrirtækja, póstrekenda og rekstrarleyfishafa. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun skulu setja sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga. Skulu reglur þessar birtar.

Forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar sem framkvæmd er með heimild í lögum þessum.

4. gr.

Eftirlit með leyfishöfum.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa, þar með talið fjárhagsstöðu, og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, leyfisbréf eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Með leyfishöfum í lögum þessum er átt við þá sem veita fjarskiptaþjónustu eða reka fjarskiptanet samkvæmt almennum heimildum eða hafa rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fjarskipti og þá sem rekstrarleyfi hafa eða eru skráningarskyldir samkvæmt lögum um póstþjónustu.

5. gr.

Eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafið þá sem stunda starfsemi sem fellur undir lög um fjarskipta- og póststarfsemi um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Í þessu sambandi er stofnuninni heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar láti henni í té ársreikninga, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður.

Póst- og fjarskiptastofnun getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun að fjárhagsstaða leyfishafa sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur þær sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi eða almennum heimildum getur stofnunin krafist þess að bætt verði úr innan tiltekins frests.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað rekstrarleyfishafa og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum, lögum um fjarskipti, lögum um póstþjónustu eða reglum eða ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Vanræki leyfishafar skyldur sínar eða uppfylli ekki kröfur sem Póst- og fjarskiptastofnun gerir um úrbætur innan hæfilegs frests getur stofnunin svipt viðkomandi leyfi til fjarskipta- eða póstþjónustu eða tilkynnt fjarskiptafyrirtæki að það njóti ekki lengur almennrar heimildar, að undangenginni skriflegri viðvörun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal gera ráðstafanir til að stöðva rekstur fjarskiptafyrirtækis eða póstrekanda sem starfar án heimildar eða uppfyllir ekki skilyrði laga og reglna um slíka starfsemi. Er heimilt að leggja á dagsektir í þessu skyni, sbr. 9. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar.

6. gr.

Þagnarskylda og samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um endurskoðendur og aðra sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. að því er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við eftirlit eða af öðrum ástæðum, skal fara sem trúnaðarmál.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að birta tölfræðilegar upplýsingar um magn fjarskipta og pósts og skulu leyfishafar láta stofnuninni í té slíkar upplýsingar.

Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má veita eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjum EES og Alþjóðaviðskiptastofnuninni upplýsingar sé það liður annaðhvort í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila eða við úrlausn einstakra mála og slík upplýsingagjöf er nauðsynleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um skipti á upplýsingum við eftirlitsstjórnvöld hér á landi. Póst- og fjarskiptastofnun er því aðeins heimilt að veita eftirlitsstjórnvöldum upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein að sá sem upplýsingarnar fær sé háður sams konar þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt lögum þessum skal ekki vera því til fyrirstöðu að Póst- og fjarskiptastofnun gefi fulltrúum eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem fjalla um póst- og fjarskiptamál allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar við framkvæmd samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að skiptast á upplýsingum við sambærilegar stofnanir innan EES og samningsríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að því marki að ekki sé um trúnaðarupplýsingar að ræða.

7. gr.

Kvartanir.

Telji notandi fjarskipta- eða póstþjónustu, rekstrarleyfishafi eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta að fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur eða rekstrarleyfishafar brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um póstþjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi, getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka.

Póst- og fjarskiptastofnun skal leita álits viðkomandi fjarskiptafyrirtækis, póstrekanda eða rekstrarleyfishafa á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila. Náist ekki samkomulag skal úr ágreiningi skorið með úrskurði.

8. gr.

Heimild til bráðabirgðaákvörðunar.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt að taka ákvörðun í einstökum málum án tafar, enda sé hætta á því að dráttur á úrskurði valdi aðilum máls fjártjóni, er stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal taka málið til umfjöllunar skv. 7. gr. innan sjö daga frá því að bráðabirgðaákvörðunin var tekin, ella fellur hún úr gildi.

9. gr.

Dagsektir og innheimta.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja á og innheimta dagsektir af leyfishöfum, uppfylli þeir ekki skilyrði sem þeim hafa verið sett eða aðrar kvaðir sem á þá hafa verið lagðar samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Dagsektir nemi 50.000 til 500.000 kr. á dag. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför. Málskot til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

10. gr.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Skal kæran berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun eða úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara, allir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir á stjórnsýslustigi. Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Ákvörðun, eða úrskurður, Póst- og fjarskiptastofnunar verður ekki borin undir dómstóla fyrr en niðurstaða úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála liggur fyrir.

Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð o.fl. skal mælt fyrir í reglugerð.

11. gr.

Gjaldtaka o.fl.

Fyrir útgáfu rekstrarleyfisbréfa og skráningu fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Við útgáfu rekstrarleyfa til fjarskiptaþjónustu eða reksturs fjarskiptaneta þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa, t.d. vegna takmarkaðs tíðnisviðs fyrir viðkomandi þjónustu og úthlutun tíðna fer fram eftir birtingu auglýsingar um fyrirhugaða úthlutun eða útboð, eða þegar tíðni er úthlutað á grundvelli útboðs til annarra nota en fjarskiptaþjónustu, skal innheimta sérstakt gjald fyrir tíðnirnar. Gjaldið ákvarðast af kostnaði við úthlutunina eða með útboði þegar það á við.

Fyrir úthlutun símanúmera til rekstrarleyfishafa skal fyrir hvert úthlutað símanúmer taka árlegt gjald sem standi undir kostnaði Póst- og fjarskiptastofnunar við umfjöllun um númeramál og afgreiðslu þeirra. Til viðbótar skal tekið 200.000 kr. gjald fyrir fjögurra stafa númer og 1.000.000 kr. fyrir þriggja stafa númer.

Fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur og rekstrarleyfishafar skulu árlega greiða Póst- og fjarskiptastofnun rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert fjarskiptafyrirtæki, póstrekanda eða rekstrarleyfishafa að greiða samkvæmt reikningi kostnað við sérstakar kannanir sem stofnunin telur nauðsynlegar vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum.

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar sem henni er falið að veita samkvæmt lögum þessum, fjarskiptalögum og lögum um póstþjónustu.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein, að undanteknu leyfisbréfagjaldi skv. 1. mgr., skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar sem annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein.

Álagning rekstrargjalds skv. 4. mgr. skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Póst- og fjarskiptastofnun skal gera eftirlitsskyldum aðilum grein fyrir álagningunni með bréfi.

Rekstrargjald greiðist ársþriðjungslega með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. júní og eindagi 15. júní og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. október og eindagi 15. október.

Hefji fjarskiptafyrirtæki, póstrekandi eða rekstrarleyfishafi starfsemi eftir að álagning fer fram skv. 8. mgr. skal leggja á hann rekstrargjald og miðast álagningin við næsta gjalddaga eftir útgáfu starfsleyfis. Skal fjárhæð gjaldsins taka mið af því hversu langur tími er eftir af rekstrarárinu, talið frá næsta gjalddaga. Greiðist gjaldið þá á þeim gjalddögum sem eftir eru. Séu allir gjalddagar liðnir skal ekki leggja á rekstrargjald vegna yfirstandandi rekstrarárs. Hætti fjarskiptafyrirtæki, póstrekandi eða rekstrarleyfishafi starfsemi áður en rekstrargjald er að fullu greitt fellur niður sá hluti gjaldsins sem ekki er kominn í gjalddaga þegar starfsleyfi fellur úr gildi.

Sé rekstrargjald greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við vaxtalög.

Vanræki fjarskiptafyrirtæki, póstrekandi eða rekstrarleyfishafi greiðslu rekstrargjalds er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að afturkalla starfsheimild fyrirtækisins.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að ákvarða álagningu rekstrargjalds að nýju fyrir tiltekna aðila reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar.

12. gr.

Skýrsla.

Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal m.a. greint frá útgefnum leyfum og birtur listi yfir fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur og rekstrarleyfishafa.

13. gr.

Reglugerðir.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Jafnframt falla úr gildi lög um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 147 27. desember 1996.

527. Lög [101. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 502.

528. Lög [173. mál]

um málefni aldraða.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 503 með þessari breytingu:

15. gr. hljóðar svo:

Vistunarmat.

Stjórn dagvistar, sbr. 3. tölul. 13. gr., tekur ákvörðun um dagvistun og ásamt stjórn stofnunar fyrir aldraða, sbr. 14. gr., um vistun fólks á viðkomandi stofnun enda hafi öðrum skilyrðum þessarar greinar verið fullnægt.

Engan má vista til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Mat á vistunarþörf skal að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra.

Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun eða fyrir önnur úrræði.

Í reglugerð skal setja ákvæði um vistunarmat og framkvæmd þess.

529. Lög [251. mál]

um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55 10. júní 1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 308

530. Lög [244. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 299.

531. Lög [274. mál]

um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 375.

532. Lög [273. mál]

um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 374.

533. Lög [270. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 504.

534. Lög [22. mál]

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 505 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi 3. málsl. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

535. Lög [161. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 481.

536. Lög [162. mál]

um breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 482.

537. Lög [200. mál]

um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 483.

538. Lög [209. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 243.

539. Lög [4. mál]

um skattfrelsi norrænna verðlauna.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 484.

540. Lög [5. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21.des.)

Samhljóða þskj. 485.

541. Lög [25. mál]

um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 486.

542. Lög [68. mál]

um ættleiðingar.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 487.

543. Lög [69. mál]

um skráð trúfélög.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 488.

544. Þingsályktun [112. mál]

um aðild að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 122.

545. Lög [276. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 390.

546. Lög [109. mál]

um breytingu á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 117.

547. Lög [291. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 476.

548. Lög [160. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 186.

549. Lög [228. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 273.

550. Þingsályktun [300. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 517.

551. Fyrirspurn [304. mál]

til umhverfisráðherra um gróðurvinjar á hálendinu.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að gróðurvinjum á hálendinu verði bætt við þær landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd?

552. Svar [294. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sturlu D. Þorsteinssonar um stöðu verkmenntunar á framhaldsskólastigi.

1. *Hefur verið unnið samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að efla skuli verkmenntun á framhaldsskólastigi?*

Skilyrði fyrir eflingu starfsmenntunar á framhaldsskólastigi sköpuðust með setningu laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Samkvæmt ákvæðum þeirra var sett á laggirnar samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi sem hefur unnið markvisst að mótun heildarstefnu um starfsnám á framhaldsskólastigi og gert tillögur um hvernig rétt sé að standa að starfsmenntun á komandi árum. Jafnframt voru skipuð 14 starfsgreinaráð, þar sem fulltrúar atvinnulífsins skipa meiri hluta, sem hafa það hlutverk að skilgreina þarfir atvinnuveganna fyrir hæfni og kunnáttu, gera tillögur um námskrá og veita ráðuneytinu ráðgjöf í málum er varða menntun á viðkomandi sviði. Starfsgreinaráðin hafa tekið til starfa af miklum krafti og munu á árinu 2000 fara umtalsverðir fjármunir til þess að efla námskrárgerð í starfsnámi sem er forsenda þess að unnt verði að styrkja stöðu starfsnámsgreina innan skólakerfisins.

2. *Eru áform um að efla verkmenntun almennt eða tilteknar verkmenntunargreinar?*

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að öllum starfsgreinum sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi sé sinnt jafnt, en að jafnframt verði hugað að því að efla veg þeirra greina sem ekki njóta fræðslu á framhaldsskólastigi með það fyrir augum að nýtt starfsnám verði til og fjölbreyttara námsframboð standi nemendum framhaldsskólanna til boða framvegis. Ekki eru uppi áform um sérstakt átak til þess að efla einstakar greinar á næstunni. Uppbygging starfsnáms er verk sem þarf að byggjast á traustum grunni og árangur næst aðeins ef gerðar eru áætlanir um slíkt til lengri tíma.

3. *Hefur verið unnið að því að auka veg verkmenntunar?*

Sé tekið mið af mannvirkjagerð hefur tvímælalaust verið unnið að því að auka veg verkmenntunar. Borgarholtsskóli, verknámsálma Menntaskólans í Kópavogi og Iðnskólinn í Hafnarfirði eru til marks um það á höfuðborgarsvæðinu. Aðstaða til verknáms hefur verið bætt í verkmenntaskólunum á Akureyri og í Neskaupstað og við einstaka fjölbrautaskóla.

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að efling starfsmenntunar haldist í hendur við aukið samstarf hins opinbera og aðila atvinnulífsins þannig að ábyrgð og áhrif séu í jafnvægi. Metnaður og frumkvæði til þess að efla veg verkmennta verður að koma frá þeim sem stunda tiltekin störf og hafa þar hagsmuna að gæta. Ráðuneytið hefur kappkostað að

hlúa að slíku frumkvæði og styrkja það og mun halda því áfram. Þannig hefur ráðuneytið leitast við að færa tiltekin starfsmenntaverkefni yfir til fræðslustofnana atvinnulífsins í þeim tilgangi að tryggja bætta framkvæmd mála og efla þátttöku atvinnulífsins í starfsnámi.

4. Hver verður hlutur verkmenntunar á almennri námsbraut við framhaldsskóla?

Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins kemur það í hlut hvers framhaldsskóla um sig að ákveða tegund þess náms sem skilgreint verður á almennri námsbraut í viðkomandi skóla. Skólum er því í sjálfsvald sett að taka mið af sérstökum aðstæðum eða sérstöku námsframboði þegar þeir leggja drög að almennri námsbraut. Starfsmenntaskólar gætu þannig boðið einstaka starfsnámsáfanga ásamt almennum bóknámsáföngum þegar almenn námsbraut er skipulögð. Ráðuneytið mun hins vegar ekki gefa út leiðbeiningar þar að lútandi.

553. Svar [279. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um afkomu Landsbanka Íslands 1988–97.

Svör við fyrirspurn þessari byggjast á upplýsingum sem ráðuneytinu bárust frá Landsbanka Íslands hf. og Fjármálaeftirlitinu. Hefur ráðuneytið leitað staðfestingar ríkisendurskoðanda á upplýsingunum, en hann er endurskoðandi bankanna og hafði auk þess með höndum yfirumsjón með lokauppgjöri ríkisviðskiptabankanna. Álit ríkisendurskoðanda er að fyrrgreindar upplýsingar séu áreiðanlegar og í samræmi við þær spurningar sem fram eru lagðar.

Sérstaklega skal tekið fram að Landsbanki Íslands hf. er sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins og þúsunda einkaaðila. Bankinn starfar á samkeppnisgrundvelli og lýtur almennum reglum fjármagnsmarkaðarins, t.d. varðandi þagnarskyldu. Ekki er því unnt að veita upplýsingar sem eru til þess fallnar að rýra samkeppnisstöðu bankans á fjármálamarkaði eða ganga gegn þagnarskylduákvæði 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Þá lítur bankinn svo á að honum beri ekki skylda til að leggja út í verulegan kostnað við að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir og veitir því eingöngu upplýsingar sem liggja fyrir með aðgengilegum hætti. Ber einnig að hafa í huga þau tímamörk sem sett eru varðandi skriflegar fyrirspurnir í 49. gr. laga um þingsköp Alþingis.

1. Hversu miklar voru afskriftir Landsbanka Íslands á árunum 1988–97, að báðum árum meðtöldum?

Í svari Landsbanka Íslands hf. til ráðuneytisins kemur fram að bankinn telji að hér sé átt við afskriftir útlána frekar en afskriftir á fasta- og lausafjármunum, en hvorutveggja liggi fyrir í ársskýrslu bankans fyrir árin 1988–97. Í töflu hér að neðan er yfirlit um afskrifuð útlán, innkomin áður afskrifuð útlán og nettó afskrifuð útlán. Allar fjárhæðir eru í millj. kr. og byggjast á ársreikningi samstæðu bankans.

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Afskrifuð lán	187	94	79	1.141	1.326	2.322	2.556	1.935	1.854	2.039
Innkomin áður afskrifuð útlán					-36	-22	-73	-134	-63	-541
Nettó afskrifuð útlán	187	94	79	1.141	1.290	2.300	2.483	1.801	1.791	1.497
Heildarútlán í árslok	54.626	66.541	74.843	78.795	80.938	84.136	84.029	83.749	84.837	93.723
Afskrift af hlutfalli af heildarútlánum í árslok	0,34%	0,14%	0,11%	1,45%	1,59%	2,73%	2,95%	2,15%	2,11%	1,60%

2. *Hver var heildarafkoma bankans á þeim árum?*

Af hálfu bankans er talið að hér sé átt við hagnað ársins samkvæmt rekstrarreikningi árin 1988–97. Í töflu er yfirlit um hagnað fyrrgreindra ára.

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Hagnaður ársins, millj. kr.	117	223	31	3	-2.733	43	22	177	262	326

3. *Hvenær var stofnað til lánveitinga sem leiddu til þess taps sem olli afskriftunum 1988–97, að báðum árum meðtöldum?*

Samkvæmt svari bankans til ráðuneytisins liggja þessar upplýsingar ekki fyrir með aðgengilegum hætti.

4. *Hvert var heildartap bankans af rekstri Lindar hf.?*

Í svari bankans til ráðuneytisins er vísað til þess að spurningunni hafi verið svarað á þskj. 1422 á 122. löggjafarþingi.

5. *Hvað fimm einstakar lánveitingar Lindar hf. leiddu til mesta taps bankans.*

Í svari bankans til ráðuneytisins kemur fram að vegna ákvæða um bankaleynd og þagnarskyldu sé ekki hægt að veita þessar upplýsingar.

554. Fyrirspurn [305. mál]

til fjármálaráðherra um afskrifaðar skattskuldir.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hve mikið hefur verið afskrifað af skattskuldum, annars vegar einstaklinga og hins vegar lögaðila, árlega frá árinu 1995, sundurliðað eftir tegundum skatta?

Skriflegt svar óskast.

555. Fyrirspurn [306. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfisstefnu í ríkisrekstri.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Til hvaða aðgerða verður gripið í ljósi niðurstöðu nýútkominnar skýrslu Ríkisendurskoðunar um umhverfisstefnu í ríkisrekstri?

556. Fyrirspurn [307. mál]

til utanríkisráðherra um áhrif stækkunar Evrópusambandsins á Evrópska efnahagssvæðið.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvaða áhrif telur ráðherra að fyrirhuguð stækkun Evrópusambandsins hafi á stöðu, framkvæmd og þróun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið?

557. Fyrirspurn [308. mál]

til fjármálaráðherra um framkvæmd skattskila.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað hefur ráðherra gert til að hrinda í framkvæmd tillögum nefndar um úrbætur við skattskil sem fram komu með skýrslu fjármálaráðherra á 120. löggjafarþingi um úttekt á afskrifuðum skattskuldum og snerta bókfærslu skattkrafna, áætlanir skattstjóra, reglur um afskriftir, skipulag innheimtumála, uppgjör gamalla skattskulda, gjaldþrot, búskipti og takmörkun atvinnuumsvifa vegna vanskila á sköttum?
   Sérstaklega er spurt um eftirfarandi tillögur:
   a. endurskoðun á verklagi við álagningu skatta samkvæmt áætlunum skattstjóra,
   b. að afskrifa skattskuldir á grundvelli árangurslauss fjárnáms í stað þess að krefjast gjaldþrota hjá einstaklingum,
   c. að takmarka atvinnuumsvif vegna vanskila á sköttum.
2. Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir breytingum á reglum um frádrátt af launum gjaldenda vegna ógreiddra skatta sem heimila að haldið sé eftir allt að 75% af heildarlaunagreiðslu vegna skattskulda, þannig að tekið sé tillit til aðstæðna gjaldenda, t.d. framfærslukostnaðar og greiðslubyrði?
3. Hversu oft á sl. fjórum árum hafa innheimtumenn sett fram árangurslausar gjaldþrotakröfur út af skattskuldum einstaklinga og hve hátt hlutfall eru þær af heildargjaldþrotakröfum einstaklinga?

Skriflegt svar óskast.

558. Fyrirspurn [309. mál]

til iðnaðarráðherra um nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig hefur verið unnið að því af hálfu ríkisstjórnarinnar að fylgja eftir skýrslu Iðntæknistofnunar um nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni frá því í september sl.?
2. Hefur verið tekin ákvörðun um flutning einstakra verkefna og ef svo er, hver eru þau og hvert verða þau flutt?

559. Fyrirspurn [310. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tóbaksvarnir.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hverjar voru tekjur tóbaksvarnanefndar, sbr. 15. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, með síðari breytingum, á árunum 1997 og 1998?
2. Hvernig hefur þessum tekjum verið varið?
3. Hvernig hefur verið staðið að fræðslustarfsemi, sbr. 14. gr. fyrrnefndra laga?

Skriflegt svar óskast.

560. Svar [262. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um undanþágur til að gegna stöðum yfirmanna á íslenskum fiskiskipum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða undanþágur hafa verið veittar af ráðuneytinu til þess að gegna eftirtöldum stöðum á íslenskum fiskiskipum frá 1. nóvember 1997 til 1. nóvember 1999,

a. stöðu skipstjóra,
b. stöðu stýrimanna,
c. stöðu fyrsta vélstjóra,
d. stöðu annars vélstjóra?

Er um aðrar undanþágur að ræða? Ef svo er, hverjar?

Óskað er eftir að nafn skips sem tengist undanþáguveitingu ásamt stærð þess og heimahöfn komi fram.

Undanþágur til að gegna stöðum skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum skipum eru veittar af undanþágunefnd sem starfar skv. 2. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum. Í þessum ákvæðum segir að ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi til skipstjórnar eða vélstjórnar sé undanþágunefnd heimilt að veita manni sem ekki fullnægir skilyrðum laganna undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en sex mánuði í senn.

Ákvarðanir undanþágunefndar eru samkvæmt almennum reglum stjórnsýsluréttar kæranlegar til samgönguráðuneytis. Það á sér hins vegar mjög sjaldan stað að synjunum undanþágunefndar sé skotið til ráðuneytisins. Á árinu 1999 hefur slíkt gerst einu sinni.

Meðfylgjandi eru upplýsingar um afgreiðslur undanþágunefndar.

Fjöldi umsókna árið 1998 um undanþágur til að gegna starfi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
1	10	Fróði	ÁR033	136,33	Stokkseyri
1	11	Freyr	GK157	185,48	Grindavík
2	13	Snætindur	ÁR088	102,46	Þorlákshöfn
6	46	Moby Dick	HF	133,61	Hafnarfjörður
2	51	Styrmir	KE011	190,4	Keflavík
6	72	Hrafnseyri	GK411	183,09	Grindavík
10	78	Vatneyri	BA238	227,24	Patreksfjörður
1	84	Guðjón	VE007	212,02	Vestmannaeyjar
1	93	Brynjólfur	ÁR003	199,37	Þorlákshöfn
1	102	Siggi Bjarna	GK005	102,01	Garður
1	120	Erling	KE140	179,38	Keflavík
8	130	Júpiter	ÞH061	746,55	Þórshöfn
5	133	Trausti	ÁR080	92,92	Þorlákshöfn
1	137	Jóhanna	ÁR206	104,6	Þorlákshöfn
2	151	María Júlía	BA036	108,42	Tálknafjörður
5	155	Jón Kjartansson	SU111	835,96	Eskifjörður
5	158	Oddgeir	ÞH222	164,16	Grenivík
1	162	Arnar	SH157	147,24	Stykkishólmur
9	163	Háhyrningur	BA233	95,93	Patreksfjörður
1	168	Jói Bjarna	SF016	234,38	Hornafjörður
6	177	Adólf Sigurjónsson	VE182	137,19	Vestmannaeyjar
1	185	Sigþór	ÞH100	169,07	Húsavík
1	219	Þorsteinn	SH145	131,53	Rif
7	220	Víkingur	AK100	950,47	Akranes
8	226	Beitir	NK123	755,98	Neskaupstaður
6	233	Júlli Dan	ÍS019	242,9	Ísafjörður
1	236	Mánatindur	SU359	142,18	Breiðdalsvík
1	237	Hrungnir	GK050	211,33	Grindavík
2	239	Örvar	SH777	196,14	Hellissandur
1	244	Sæfaxi	VE030	108,01	Vestmannaeyjar
4	245	Þórsnes	SH108	163,46	Stykkishólmur
1	249	Hafnarröst	ÁR250	217,52	Þorlákshöfn
1	250	Skinney	SF030	175,46	Hornafjörður
8	253	Hamar	SH224	234,6	Rif

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
3	256	Kristrún	RE177	199,76	Reykjavík
5	259	Valdimar Sveinsson	VE022	207,46	Vestmannaeyjar
2	262	Ágúst Guðmundsson	GK095	186,18	Vogar
3	264	Þórður Jónasson	EA350	324,19	Akureyri
1	288	Þorsteinn Gíslason	GK002	76,11	Grindavík
3	297	Gullfaxi	GK014	63,16	Grindavík
3	306	Knörrinn	ÞH	19,27	Húsavík
2	311	Baldur	GK097	39,98	Garður
1	357	Svavar Steinn	GK206	28,18	Sandgerði
2	363	Ósk	KE005	80,6	Keflavík
1	450	Eldey	GK074	73,67	Grindavík
1	462	Guðrún Björg	ÞH060	69,81	Húsavík
2	467	Sæljós	ÁR011	57,97	Þorlákshöfn
1	472	Haftindur	HF123	56,75	Hafnarfjörður
2	500	Gunnar	GK357	53,05	Garður
4	530	Hafrún	HU012	63,72	Skagaströnd
2	554	Sæbjörg	ST005	75,96	Hólmavík
2	582	Geir	ÞH150	75,23	Þórshöfn
2	586	Reistarnúpur	ÞH273	75,95	Húsavík
2	616	Stefán Rögnvaldsson	EA345	68,41	Dalvík
5	626	Sigurbjörg Þorsteins	BA165	34,87	Bíldudalur
3	711	Ólafur Magnússon	VE016	57,04	Vestmannaeyjar
1	714	Njörður	EA151	25,91	Árskógssandur
1	741	Grímsey	ST002	64,21	Drangsnes
4	892	Haförn	VE021	59,61	Vestmannaeyjar
1	923	Freyja	GK364	67,54	Garður
1	926	Þorsteinn	GK015	51,12	Grindavík
1	929	Svanur	KE090	38	Keflavík
4	936	Æskan	SH342	72,3	Ólafsvík
9	962	Votaberg	SU010	250,12	Eskifjörður
2	964	Gissur hvíti	HU035	165,59	Blönduós
2	968	Glófaxi	VE300	243,43	Vestmannaeyjar
3	971	Sævík	GK257	211,44	Grindavík
1	972	Garðey	SF022	224,47	Hornafjörður
4	973	Sigla	SI050	272,9	Siglufjörður
4	975	Sighvatur	GK057	260,54	Grindavík
7	978	Svanur	EA014	218,16	Hrísey
3	979	Sunnutindur	SU059	396,86	Djúpivogur
3	980	Stafnes	KE130	196,68	Keflavík
1	992	Jón forseti	ÍS108	29	Flateyri
2	993	Náttfari	ÞH	60,45	Húsavík
9	1002	Arnarnúpur	ÞH272	400,12	Raufarhöfn
4	1006	Háberg	GK299	366,45	Grindavík
1	1009	Röst	SK017	187,25	Sauðárkrókur
2	1012	Örn	KE013	566,1	Keflavík
2	1013	Sólrún	EA351	199,09	Árskógssandur
2	1014	Steinunn	SF010	196,91	Hornafjörður
4	1020	Guðmundur Ólafur	ÓF091	353,03	Ólafsfjörður
5	1023	Skarfur	GK666	234,29	Grindavík
2	1028	Sjöfn	EA142	253,75	Grenivík

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
2	1030	Goðatindur	SU057	316,02	Djúpivogur
4	1031	Bergur	VE044	483,87	Vestmannaeyjar
2	1035	Heimaey	VE001	271,55	Vestmannaeyjar
5	1037	Dagfari	GK070	298,95	Sandgerði
2	1039	Gjafar	VE600	246,52	Vestmannaeyjar
1	1042	Vörður	ÞH004	214,95	Grenivík
2	1043	Akurey	SF041	149,65	Hornafjörður
8	1046	Oddeyrin	EA210	334,85	Akureyri
2	1047	Elding	GK	125,17	Sandgerði
1	1048	Faxi II	RE241	330,95	Reykjavík
1	1052	Albatros	GK060	256,84	Grindavík
1	1053	Bára	ÍS364	36,57	Suðureyri
2	1054	Sæbjörg	ST007	101,01	Hólmavík
1	1056	Arnar	ÁR055	237,42	Þorlákshöfn
4	1061	Birtingur	NK119	370,32	Neskaupstaður
1	1062	Kap	VE004	401,5	Vestmannaeyjar
2	1070	Húnaröst	SF550	361,24	Hornafjörður
2	1075	Austurborg	SH095	46,9	Ólafsvík
7	1076	Guðrún	SU211	480,64	Eskifjörður
2	1084	Friðrik Sigurðsson	ÁR017	161,92	Þorlákshöfn
1	1091	Hafbjörg	ÁR015	15,02	Árborg
1	1100	Sigurbjörg Þorsteins	BA065	100,61	Bíldudalur
1	1125	Melavík	SF034	169,67	Hornafjörður
2	1134	Steinunn	SH167	152,95	Ólafsvík
4	1135	Fjölnir	GK007	154,45	Grindavík
7	1136	Rifsnes	SH044	226,48	Rif
1	1143	Sæberg	ÁR020	138,07	Þorlákshöfn
4	1156	Látraröst	ÍS100	149,16	Flateyri
4	1170	Óseyri	GK412	122,71	Grindavík
2	1173	Dagný	GK295	51,14	Vogar
1	1195	Hallgrímur Ottósson	BA039	22,64	Bíldudalur
4	1207	Una í Garði	GK100	138,22	Garður
1	1210	Seljavík	BA112	11,08	Patreksfjörður
4	1213	Sindri	GK042	111,54	Garður
4	1231	Þorkell Árnason	GK021	64,54	Garður
1	1244	Gunnar Bjarnason	SH122	102,62	Ólafsvík
1	1246	Egill	SH195	99,2	Ólafsvík
2	1264	Magnús	SH205	115,79	Hellissandur
13	1265	Skagfirðingur	SK004	859,98	Sauðárkrókur
1	1270	Mánaberg	ÓF042	1005,75	Ólafsfjörður
2	1272	Guðmundur	VE029	486	Vestmannaeyjum
11	1273	Vestmannaey	VE054	636,41	Vestmannaeyjar
5	1274	Páll Pálsson	ÍS102	582,96	Hnífsdalur
3	1275	Jón Vídalín	ÁR001	548,39	Þorlákshöfn
11	1276	Sólbakur	EA307	560	Akureyri
8	1277	Ljósafell	SU070	549,28	Fáskrúðsfjörður
11	1279	Brettingur	NS050	582,02	Vopnafjörður
14	1281	Múlaberg	ÓF032	550,17	Ólafsfjörður
5	1291	Sæþór	EA101	149,77	Árskógssandur
13	1293	Börkur	NK122	949,14	Neskaupstaður

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
1	1303	Örn	ÍS031	28,83	Ísafjörður
18	1307	Hríseyjan	EA410	461,56	Akureyri
2	1308	Venus	HF519	1156,11	Hafnarfjörður
2	1315	Eyrún	ÁR066	23,89	Þorlákshöfn
3	1318	Súgfirðingur	ÍS016	58,52	Suðureyri
9	1325	Jón V	ÁR111	451,3	Þorlákshöfn
5	1326	Stálvík	SI001	364,32	Siglufjörður
4	1327	Framnes	ÍS708	407,33	Ísafjörður
7	1337	Skafti	SK003	299,16	Sauðárkrókur
4	1342	Sveinn Jónsson	KE009	297,69	Keflavík
7	1343	Eyjaberg	VE062	141,92	Vestmannaeyjar
14	1346	Hólmanes	SU001	451,3	Eskifjörður
2	1348	Helga II	RE373	451,12	Reykjavík
5	1349	Sigluvík	SI002	450,21	Siglufjörður
2	1351	Sléttbakur	EA004	902,24	Akureyri
7	1352	Svalbarði	SI302	772,07	Siglufjörður
2	1354	Skálavík	SH208	35,7	Ólafsvík
6	1360	Kleifaberg	ÓF002	893,34	Ólafsfjörður
11	1369	Akureyrin	EA110	882,2	Akureyri
3	1371	Guðfinnur	KE019	77,89	Keflavík
12	1376	Víðir	EA910	865,2	Akureyri
15	1383	Skutull	ÍS180	912,87	Ísafjörður
2	1395	Kaldbakur	EA001	941,24	Akureyri
7	1397	Sólberg	ÓF012	499,61	Ólafsfjörður
2	1400	Karlsey	BA	178,97	Reykhólar
4	1403	Valur	ÍS420	40,91	Súðavík
14	1410	Ernir	BA029	499,06	Bíldudalur
3	1411	Huginn	VE055	427,07	Vestmannaeyjar
5	1412	Harðbakur	EA003	941,24	Akureyri
3	1414	Haförn	ÞH026	29,04	Húsavík
1	1415	Hafdís	SF075	142,89	Hornafjörður
6	1416	Arney	KE050	346,51	Keflavík
5	1420	Keilir	GK145	50,12	Sandgerði
2	1421	Týr	RE	923,18	Reykjavík
2	1424	Þórsnes II	SH109	145,59	Stykkishólmur
1	1426	Hvanney	SF051	115,32	Hornafjörður
3	1433	Dala Rafn	VE508	296,68	Vestmannaeyjar
1	1434	Ásdís	ST037	73,01	Hólmavík
2	1441	Mars	HF053	442,25	Seltjarnarnes
1	1445	Pétur Jacob	SH037	22,47	Ólafsvík
9	1451	Stefnir	ÍS028	430,71	Ísafjörður
2	1452	Guðrún Jónsdóttir	ÓF027	28,83	Ólafsfjörður
4	1459	Breki	VE061	599,18	Vestmannaeyjar
3	1462	Þórunn Havsteen	ÞH040	285,31	Húsavík
1	1468	Hrímnir	ÁR051	28,83	Eyrarbakki
13	1472	Klakkur	SH510	488,02	Grundarfjörður
4	1473	Hringur	SH535	488,02	Grundarfjörður
10	1476	Björgúlfur	EA312	424,45	Dalvík
3	1478	Bergey	VE544	338,87	Vestmannaeyjar
2	1479	Linda	BA	22,57	Patreksfjörður

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
16	1484	Margrét	EA710	450,46	Akureyri
6	1492	Hegranes	SK002	497,82	Sauðárkrókur
8	1497	Kambaröst	SU200	487,07	Stöðvarfjörður
3	1501	Þórshamar	GK075	512,98	Grindavík
4	1504	Neptúnus	ÞH361	556,32	Þórshöfn
3	1508	Björg Jónsdóttir	ÞH321	643,14	Húsavík
3	1512	Grindvíkingur	GK606	577,39	Grindavík
9	1525	Hólmaborg	SU011	1181,07	Eskifjörður
7	1530	Sigurbjörg	ÓF001	516,05	Ólafsfjörður
2	1536	Barði	NK120	507,82	Neskaupstaður
1	1547	Sveinn Sveinsson	BA325	24,3	Patreksfjörður
13	1556	Seley	SU210	404,48	Eskifjörður
7	1562	Jón á Hofi	ÁR062	276,35	Þorlákshöfn
4	1567	Hólmatindur	SU220	498,63	Eskifjörður
3	1576	Guðrún Hlín	BA122	430	Patreksfjörður
3	1579	Gnúpur	GK011	627,84	Grindavík
1	1585	Sturlaugur H	AK010	431,18	Akranes
4	1587	Hafborg	SF116	26,17	Hornafjörður
2	1591	Núpur	BA069	254,73	Patreksfjörður
1	1595	Frár	VE078	171,79	Vestmannaeyjar
1	1603	Baldur Árna	RE102	310,69	Reykjavík
6	1608	Geysir	BA025	295,05	Bíldudalur
11	1609	Stakfell	ÞH360	471,28	Þórshöfn
3	1610	Ísleifur	VE063	550,75	Vestmannaeyjar
1	1611	Ingibjörg	SH174	35,63	Ólafsvík
2	1612	Sturla	GK012	297,36	Grindavík
3	1628	Hrafn	GK111	680,34	Grindavík
1	1634	Hólmadrangur	ST070	497	Hólmavík
1	1636	Farsæll	GK162	59,99	Grindavík
3	1640	Gyllir	ÍS261	171,92	Flateyri
1	1642	Sigrún	GK380	16,11	Grindavík
1	1650	Þingey	ÞH051	11,92	Kópasker
2	1652	Álsey	VE502	221,97	Vestmannaeyjar
5	1661	Gullver	NS012	423,45	Seyðisfjörður
1	1664	Emma	VE219	113,69	Vestmannaeyjar
1	1666	Anna H	GK080	11,34	Grindavík
1	1674	Sóley	SH124	144,15	Grundarfjörður
4	1686	Gunnbjörn	ÍS302	115,76	Bolungarvík
1	1692	Gísli í Papey	SF	15,71	Hornafjörður
2	1738	Hafnarey	SF036	138,72	Hornafjörður
1	1742	Faxi	RE009	714,36	Reykjavík
1	1752	Gissur	ÁR006	315,04	Þorlákshöfn
4	1753	Guðmundur Péturs	ÍS045	231,08	Ísafjörður
3	1755	Aðalbjörg	RE005	59,3	Reykjavík
1	1757	Hamrasvanur	SH201	273,66	Stykkishólmur
2	1768	Nökkvi	HU015	283,22	Blönduós
4	1807	Hákon	ÞH250	820,83	Grenivík
1	1811	Mýrafell	ÍS123	26,5	Þingeyri
1	1812	Sandafell	HF082	89,51	Hafnarfjörður
2	1855	Sæfari	ÁR117	85,52	Þorlákshöfn

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
1	1856	Rifsari	SH070	80,63	Rif
7	1868	Helga María	AK016	882,81	Akranes
2	1880	Ýmir	HF343	540,84	Hafnarfjörður
1	1894	Sóley	RE	1448,28	Reykjavík
4	1900	Gullfaxi	ÓF011	21,86	Ólafsfjörður
1	1902	Höfrungur III	AK250	784,07	Akranes
9	1903	Þorsteinn	EA810	793,71	Akureyri
4	1916	Sigurfari	ÓF030	176	Ólafsfjörður
1	1944	Von	SF101	22,54	Hornafjörður
1	1972	Hrafn	GK255	390,32	Grindavík
3	1976	Snæfugl	SU020	598,72	Reyðarfjörður
17	1977	Júlíus Geirmundsson	ÍS270	771,58	Ísafjörður
7	1980	Andey	ÍS440	330,81	Súðavík
7	2013	Bessi	ÍS410	807,47	Súðavík
2	2017	Þór Pétursson	GK504	143,27	Sandgerði
1	2020	Þórunn Sveinsdóttir	VE401	277,18	Vestmannaeyjar
2	2025	Bylgja	VE075	277,44	Vestmannaeyjar
1	2030	Ófeigur	VE325	138,28	Vestmannaeyjar
16	2044	Baldur	SH	301,65	Stykkishólmur
2	2047	Máni	HF149	27,9	Hafnarfjörður
3	2061	Sunna	SI067	620,46	Siglufjörður
18	2067	Frosti	ÞH229	342,95	Grenivík
2	2101	Gulltoppur	ÁR321	34,38	Þorlákshöfn
1	2125	Fengur	ÞH207	7,28	Grenivík
2	2130	Fagranes	ÍS	286,04	Ísafjörður
2	2150	Rúna	RE150	51,41	Reykjavík
4	2154	Árbakur	EA005	445,37	Akureyri
4	2155	Brimir		224	Raufarhöfn
1	2158	Tjaldur	SH270	411,73	Rif
5	2164	Herjólfur	VE	2222,41	Vestmannaeyjar
1	2165	Baldvin Þorsteinsson	EA010	994,58	Akureyri
1	2190	Eyborg	EA059	304,61	Hrísey
8	2197	Blængur	NK117	736,37	Neskaupstaður
1	2204	Sveinn Rafn	SU050	271,86	Fáskrúðsfjörður
1	2216	Húsvíkingur	ÞH001	1018	Húsavík
4	2218	Snæfell	SH740	846,14	Ólafsvík
2	2220	Svalbakur	ÞH006	1419,08	Raufarhöfn
6	2227	Brimrún	SH.	198,76	Stykkishólmur
4	2233	Jóna Eðvalds	SF020	441,33	Hornafjörður
1	2241	Andrea	KE	38,78	Keflavík
4	2242	Orri	ÍS020	1005,43	Ísafjörður
2	2253	Elliði	GK445	731	Sandgerði
3	2262	Rauðinúpur	ÞH160	428,28	Raufarhöfn
4	2266	Helga Björg	HU007	490	Skagaströnd
2	2267	Magni	RE	57,73	Reykjavík
4	2273	Lóðsinn	VE	147,6	Vestmannaeyjar
2	2274	Sandvík	SK188	29,17	Sauðárkrókur
3	2276	Hersir	ÁR002	605	Þorlákshöfn
3	2277	Antares	VE018	480	Vestmannaeyjar
11	2279	Lómur	HF177	370,51	Hafnarfjörður

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
7	2281	Sighvatur Bjarnason	VE081	666	Vestmannaeyjar
2	2285	Geiri Péturs	ÞH344	272,25	Húsavík
1	2286	Bliki	EA012	419,74	Dalvík
5	2287	Bjarni Ólafsson	AK070	984,19	Akranes
3	2288	Pétur Jónsson	RE069	1068,94	Reykjavík
17	2297	Skel	ÍS033	274,82	Flateyri
1	2299	Kristína Logos	KÓ002	424	Kópavogur
2	2323	Stapavík	AK132	47,98	Akranes
1	2325	Reykjaborg	RE025	57,01	Reykjavík
1	2332	Askur	ÁR004	605,36	Þorlákshöfn
2	2345	Hoffell	SU080	517,16	Fáskrúðsfjörður
1	6087	Hafdís	SK147	4,23	Hofsós
1	6585	Brimill	KÓ011	4,46	Kópavogur
1	7015	Hafborg	NS048	9,29	Vopnafjörður
1	7161	Bliki	RE011	5,99	Reykjavík
1	7449	Guðfinna	VE249	6,83	Vestmannaeyjar
1	7471	Hrappur	RE	372,88	Reykjavík
1	7476	Steinar	RE	42,77	Reykjavík

Fjöldi umsókna árið 1999 um undanþágur til að gegna starfi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
5	11	Freyr	GK157	185,48	Grindavík
2	13	Snætindur	ÁR088	102,46	Þorlákshöfn
5	46	Moby Dick	HF	133,61	Hafnarfjörður
2	51	Styrmir	KE011	190,4	Keflavík
1	72	Hrafnseyri	GK411	183,09	Grindavík
7	76	Kristján	ÓF051	236,09	Ólafsfjörður
4	78	Vatneyri	BA238	227,24	Patreksfjörður
1	84	Guðjón	VE007	212,02	Vestmannaeyjar
1	89	Happasæll	KE094	178,55	Keflavík
9	130	Júpiter	ÞH061	746,55	Þórshöfn
2	133	Trausti	ÁR080	92,92	Þorlákshöfn
3	137	Jóhanna	ÁR206	104,6	Þorlákshöfn
2	151	María Júlía	BA036	108,42	Tálknafjörður
5	155	Jón Kjartansson	SU111	835,96	Eskifjörður
2	158	Oddgeir	ÞH222	164,16	Grenivík
1	162	Arnar	SH157	147,24	Stykkishólmur
1	163	Háhyrningur	BA233	95,93	Patreksfjörður
5	177	Adólf	VE182	137,19	Vestmannaeyjar
2	183	Sigurður	VE015	913,87	Vestmannaeyjar
5	185	Sigþór	ÞH100	169,07	Húsavík
1	219	Þorsteinn	SH145	131,53	Rif
1	220	Víkingur	AK100	950,47	Akranes
5	226	Beitir	NK123	755,98	Neskaupstaður
3	233	Júlli Dan	ÍS019	242,9	Ísafjörður
3	239	Örvar	SH777	196,14	Hellissandur
1	243	Guðrún	VE122	194,52	Vestmannaeyjar
2	249	Hafnarröst	ÁR250	217,52	Þorlákshöfn
6	253	Hamar	SH224	234,6	Rif

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
3	256	Kristrún	RE177	199,76	Reykjavík
1	257	Faxaborg	SH207	192,34	Rif
2	262	Ágúst	GK095	186,18	Vogar
2	264	Þórður	EA350	324,19	Akureyri
7	297	Gullfaxi	GK014	63,16	Grindavík
1	306	Knörrinn	ÞH	19,27	Húsavík
1	311	Baldur	GK097	39,98	Garður
2	357	Svavar Steinn	GK206	28,18	Sandgerði
1	363	Ósk	KE005	80,6	Keflavík
1	399	Kári	GK146	36,39	Grindavík
2	450	Eldey	GK074	73,67	Grindavík
1	462	Guðrún Björg	ÞH060	69,81	Húsavík
2	464	Narfi	VE108	64	Vestmannaeyjar
3	467	Sæljós	ÁR011	57,97	Þorlákshöfn
1	500	Gunnar	GK357	53,05	Garður
2	530	Hafrún	HU012	63,72	Skagaströnd
1	573	Hólmsteinn	GK020	43,48	Garður
3	582	Geir	ÞH150	75,23	Þórshöfn
4	616	Stefán	EA345	68,41	Dalvík
5	626	Sigurbjörg	BA165	34,87	Bíldudalur
6	671	Máni	GK036	71,57	Grindavík
2	711	Ólafur	VE016	57,04	Vestmannaeyjar
1	741	Grímsey	ST002	64,21	Drangsnes
3	892	Haförn	VE021	59,61	Vestmannaeyjar
1	923	Freyja	GK364	67,54	Garður
1	929	Svanur	KE090	38	Keflavík
5	936	Æskan	SH342	72,3	Ólafsvík
5	962	Votaberg	SU010	250,12	Eskifjörður
11	971	Sævík	GK257	211,44	Grindavík
3	972	Garðey	SF022	224,47	Hornafjörður
2	973	Sigla	SI050	272,9	Siglufjörður
1	975	Sighvatur	GK057	260,54	Grindavík
3	978	Svanur	EA014	218,16	Hrísey
3	979	Sunnutindur	SU059	396,86	Djúpivogur
4	980	Stafnes	KE130	196,68	Keflavík
8	993	Náttfari	ÞH	60,45	Húsavík
5	1000	Eldhamar	GK013	229,46	Grindavík
6	1002	Arnarnúpur	ÞH272	400,12	Raufarhöfn
4	1006	Háberg	GK299	366,45	Grindavík
4	1009	Röst	SK017	187,25	Sauðárkrókur
6	1013	Sólrún	EA351	199,09	Árskógssandur
2	1019	Sigurborg	SH012	199,5	Grundarfjörður
6	1023	Skarfur	GK666	234,29	Grindavík
2	1028	Sjöfn	EA142	253,75	Grenivík
4	1031	Bergur	VE044	483,87	Vestmannaeyjar
1	1037	Dagfari	GK070	298,95	Sandgerði
1	1039	Gjafar	VE600	246,52	Vestmannaeyjar
3	1042	Vörður	ÞH004	214,95	Grenivík
1	1043	Akurey	SF041	149,65	Hornafjörður
1	1046	Oddeyrin	EA210	334,85	Akureyri

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
3	1047	Elding	GK	125,17	Sandgerði
2	1048	Faxi II	RE241	330,95	Reykjavík
4	1052	Albatros	GK060	256,84	Grindavík
1	1055	Árni Friðriksson	RE100	474,65	Reykjavík
1	1056	Arnar	ÁR055	237,42	Þorlákshöfn
2	1061	Birtingur	NK119	370,32	Neskaupstaður
2	1063	Kópur	GK175	252,56	Grindavík
2	1070	Húnaröst	SF550	361,24	Hornafjörður
5	1074	Saxhamar	SH050	127,58	Rif
2	1075	Austurborg	SH095	46,9	Ólafsvík
3	1081	Harpa	HU004	60,77	Hvammstangi
1	1084	Friðrik	ÁR017	161,92	Þorlákshöfn
1	1091	Hafbjörg	ÁR015	15,02	Árborg
4	1100	Sigurbjörg	BA065	100,61	Bíldudalur
2	1103	Bjarmi	VE066	57,66	Vestmsnnaeyjar
2	1105	Ólafur	GK033	50,91	Grindavík
2	1115	Geir goði	GK245	37,98	Grindavík
4	1125	Melavík	SF034	169,67	Hornafjörður
1	1134	Steinunn	SH167	152,95	Ólafsvík
5	1135	Fjölnir	GK007	154,45	Grindavík
10	1136	Rifsnes	SH044	226,48	Rif
3	1156	Látraröst	ÍS100	149,16	Flateyri
1	1159	Þorsteinn	GK016	138,25	Grindavík
1	1170	Óseyri	GK412	122,71	Grindavík
3	1173	Dagný	GK295	51,14	Vogar
1	1175	Sigurbjörg	ST055	25,01	Hólmavík
2	1178	Víðir Trausti	EA517	61,87	Hauganes
2	1179	Ingimundur	HU065	102,62	Blönduós
3	1192	Fjóla	BA150	27,96	Patreksfjörður
3	1207	Una í Garði	GK100	138,22	Garður
9	1213	Sindri	GK042	111,54	Garður
2	1231	Þorkell	GK021	64,54	Garður
1	1236	Ólafur	HU054	125,29	Skagaströnd
2	1244	Gunnar	SH122	102,62	Ólafsvík
2	1252	Hrönn	BA335	41,08	Brjánslækur
1	1258	Byr	VE373	294,06	Vestmannaeyjar
2	1264	Magnús	SH205	115,79	Hellissandur
12	1265	Skagfirðingur	SK004	859,98	Sauðárkrókur
1	1270	Mánaberg	ÓF042	1005,75	Ólafsfjörður
3	1272	Guðmundur	VE029	486	Vestmannaeyjum
5	1273	Vestmannaey	VE054	636,41	Vestmannaeyjar
2	1274	Páll Pálsson	ÍS102	582,96	Hnífsdalur
1	1275	Jón Vídalín	ÁR001	548,39	Þorlákshöfn
3	1277	Ljósafell	SU070	549,28	Fáskrúðsfjörður
7	1279	Brettingur	NS050	582,02	Vopnafjörður
16	1281	Múlaberg	ÓF032	550,17	Ólafsfjörður
1	1292	Haukur	ÞH	19	Húsavík
4	1293	Börkur	NK122	949,14	Neskaupstaður
1	1303	Örn	ÍS031	28,83	Ísafjörður
18	1307	Hríseyjan	EA410	461,56	Akureyri

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
1	1308	Venus	HF519	1156,11	Hafnarfjörður
1	1315	Eyrún	ÁR066	23,89	Þorlákshöfn
1	1317	Röst	SH134	29,64	Grundarfjörður
5	1318	Súgfirðingur	ÍS016	58,52	Suðureyri
1	1321	Bjarmi	BA326	161,66	Tálknafjörður
2	1326	Stálvík	SI001	364,32	Siglufjörður
13	1327	Framnes	ÍS708	407,33	Ísafjörður
14	1337	Skafti	SK003	299,16	Sauðárkrókur
2	1342	Sveinn Jónsson	KE009	297,69	Keflavík
2	1343	Eyjaberg	VE062	141,92	Vestmannaeyjar
9	1346	Hólmanes	SU001	451,3	Eskifjörður
5	1348	Helga II	RE373	451,12	Reykjavík
4	1349	Sigluvík	SI002	450,21	Siglufjörður
3	1351	Sléttbakur	EA004	902,24	Akureyri
6	1352	Svalbarði	SI302	772,07	Siglufjörður
1	1354	Skálavík	SH208	35,7	Ólafsvík
5	1360	Kleifaberg	ÓF002	893,34	Ólafsfjörður
8	1365	Sjóli	HF001	874,5	Hafnarfjörður
11	1369	Akureyrin	EA110	882,2	Akureyri
2	1371	Guðfinnur	KE019	77,89	Keflavík
13	1376	Víðir	EA910	865,2	Akureyri
2	1379	Haförn	EA955	142,19	Hrísey
5	1383	Skutull	ÍS180	912,87	Ísafjörður
12	1395	Kaldbakur	EA001	941,24	Akureyri
5	1397	Sólberg	ÓF012	499,61	Ólafsfjörður
4	1400	Karlsey	BA	178,97	Reykhólar
2	1401	Gullfaxi	VE192	446,46	Vestmannaeyjar
5	1403	Valur	ÍS420	40,91	Súðavík
8	1410	Ernir	BA029	499,06	Bíldudalur
3	1411	Huginn	VE055	427,07	Vestmannaeyjar
5	1412	Harðbakur	EA003	941,24	Akureyri
3	1413	Arnþór	EA016	445,17	Árskógssandur
1	1414	Haförn	ÞH026	29,04	Húsavík
2	1415	Hafdís	SF075	142,89	Hornafjörður
4	1416	Arney	KE050	346,51	Keflavík
1	1417	Ásrún	RE277	27,59	Reykjavík
5	1420	Keilir	GK145	50,12	Sandgerði
3	1421	Týr	RE	923,18	Reykjavík
2	1426	Hvanney	SF051	115,32	Hornafjörður
2	1433	Dala Rafn	VE508	296,68	Vestmannaeyjar
2	1434	Ásdís	ST037	73,01	Hólmavík
2	1435	Haraldur	AK012	299,08	Akranes
1	1438	Fiskir	HF051	35,51	Hafnarfjörður
10	1441	Mars	HF053	442,25	Seltjarnarnes
9	1451	Stefnir	ÍS028	430,71	Ísafjörður
3	1459	Breki	VE061	599,18	Vestmannaeyjar
1	1468	Hrímnir	ÁR051	28,83	Eyrarbakki
12	1472	Klakkur	SH510	488,02	Grundarfjörður
4	1473	Hringur	SH535	488,02	Grundarfjörður
1	1475	Eyvindur	KE037	40,08	Keflavík

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
15	1476	Björgúlfur	EA312	424,45	Dalvík
1	1478	Bergey	VE544	338,87	Vestmannaeyjar
9	1484	Margrét	EA710	450,46	Akureyri
4	1487	Alli Júl	ÞH005	50,28	Húsavík
1	1492	Hegranes	SK002	497,82	Sauðárkrókur
3	1497	Kambaröst	SU200	487,07	Stöðvarfjörður
2	1504	Neptúnus	ÞH361	556,32	Þórshöfn
4	1506	Heiðrún	GK505	293,77	Sandgerði
2	1508	Björg Jónsdóttir	ÞH321	643,14	Húsavík
5	1512	Grindvíkingur	GK606	577,39	Grindavík
4	1525	Hólmaborg	SU011	1181,07	Eskifjörður
4	1530	Sigurbjörg	ÓF001	516,05	Ólafsfjörður
2	1536	Barði	NK120	507,82	Neskaupstaður
1	1545	Stapafell	KE	1431,96	Keflavík
1	1547	Sveinn Sveinsson	BA325	24,3	Patreksfjörður
11	1556	Seley	SU210	404,48	Eskifjörður
4	1562	Jón á Hofi	ÁR062	276,35	Þorlákshöfn
9	1567	Hólmatindur	SU220	498,63	Eskifjörður
1	1576	Guðrún Hlín	BA122	430	Patreksfjörður
1	1587	Hafborg	SF116	26,17	Hornafjörður
2	1591	Núpur	BA069	254,73	Patreksfjörður
3	1603	Baldur Árna	RE102	310,69	Reykjavík
7	1608	Geysir	BA025	295,05	Bíldudalur
17	1609	Stakfell	ÞH360	471,28	Þórshöfn
4	1610	Ísleifur	VE063	550,75	Vestmannaeyjar
3	1611	Ingibjörg	SH174	35,63	Ólafsvík
1	1612	Sturla	GK012	297,36	Grindavík
1	1627	Sæbjörg	RE	998,6	Reykjavík
2	1634	Hólmadrangur	ST070	497	Hólmavík
1	1639	Dalaröst	ÞH040	104,12	Húsavík
3	1640	Gyllir	ÍS261	171,92	Flateyri
3	1661	Gullver	NS012	423,45	Seyðisfjörður
1	1674	Sóley	SH124	144,15	Grundarfjörður
5	1686	Gunnbjörn	ÍS302	115,76	Bolungarvík
1	1692	Gísli í Papey	SF	15,71	Hornafjörður
4	1742	Faxi	RE009	714,36	Reykjavík
2	1751	Hásteinn	ÁR008	113,45	Stokkseyri
1	1752	Gissur	ÁR006	315,04	Þorlákshöfn
4	1753	Guðmundur	ÍS045	231,08	Ísafjörður
1	1768	Nökkvi	HU015	283,22	Blönduós
2	1788	Dagur	ÍS400	11,77	Þingeyri
6	1807	Hákon	ÞH250	820,83	Grenivík
1	1811	Mýrafell	ÍS123	26,5	Þingeyri
3	1812	Sandafell	HF082	89,51	Hafnarfjörður
1	1833	Málmey	SK001	882,81	Sauðárkrókur
2	1846	Kristinn	SH003	103,97	Stykkishólmur
6	1855	Sæfari	ÁR117	85,52	Þorlákshöfn
4	1856	Rifsari	SH070	80,63	Rif
3	1868	Helga María	AK016	882,81	Akranes
6	1880	Ýmir	HF343	540,84	Hafnarfjörður

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
1	1894	Sóley	RE	1448,28	Reykjavík
2	1902	Höfrungur III	AK250	784,07	Akranes
4	1903	Þorsteinn	EA810	793,71	Akureyri
8	1916	Sigurfari	ÓF030	176	Ólafsfjörður
1	1951	Hugborg	SH087	36,54	Ólafsvík
1	1972	Hrafn	GK255	390,32	Grindavík
17	1977	Júlíus	ÍS270	771,58	Ísafjörður
7	1980	Andey	ÍS440	330,81	Súðavík
10	2013	Bessi	ÍS410	807,47	Súðavík
1	2033	Jón Pétur	RE411	10,42	Reykjavík
5	2044	Baldur	SH	301,65	Stykkishólmur
2	2061	Sunna	SI067	620,46	Siglufjörður
13	2067	Frosti	ÞH229	342,95	Grenivík
1	2074	Baldur	RE	51,37	Reykjavík
1	2101	Gulltoppur	ÁR321	34,38	Þorlákshöfn
1	2107	Haukur	GK025	479,35	Sandgerði
6	2130	Fagranes	ÍS	286,04	Ísafjörður
1	2150	Rúna	RE150	51,41	Reykjavík
2	2154	Árbakur	EA005	445,37	Akureyri
4	2155	Brimir		224	Raufarhöfn
5	2164	Herjólfur	VE	2222,41	Vestmannaeyjar
1	2165	Baldvin	EA010	994,58	Akureyri
1	2170	Örfirisey	RE004	940,17	Reykjavík
1	2182	Rán	HF042	598,02	Hafnarfjörður
1	2184	Vigri	RE071	1217,44	Reykjavík
3	2204	Sveinn Rafn	SU050	271,86	Fáskrúðsfjörður
5	2212	Guðbjörg	ÍS046	1225	Ísafjörður
2	2216	Húsvíkingur	ÞH001	1018	Húsavík
2	2220	Svalbakur	ÞH006	1419,08	Raufarhöfn
2	2227	Brimrún	SH	198,76	Stykkishólmur
2	2233	Jóna Eðvalds	SF020	441,33	Hornafjörður
8	2241	Andrea	KE	38,78	Keflavík
14	2242	Orri	ÍS020	1005,43	Ísafjörður
3	2249	Helga	RE049	1066	Reykjvík
1	2250	Sleipnir	EA	41,82	Akureyri
1	2253	Elliði	GK445	731	Sandgerði
5	2262	Rauðinúpur	ÞH160	428,28	Raufarhöfn
2	2266	Helga Björg	HU007	490	Skagaströnd
4	2276	Hersir	ÁR002	605	Þorlákshöfn
5	2277	Antares	VE018	480	Vestmannaeyjar
8	2281	Sighvatur	VE081	666	Vestmannaeyjar
2	2285	Geiri Péturs	ÞH344	272,25	Húsavík
4	2287	Bjarni Ólafsson	AK070	984,19	Akranes
3	2288	Pétur Jónsson	RE069	1068,94	Reykjavík
6	2297	Skel	ÍS033	274,82	Flateyri
1	2299	Kristína Logos	KÓ002	424	Kópavogur
1	2305	Laugarnes	RE	314,89	Reykjavík
7	2310	Oddur V	GK	42,89	Grindavík
1	2313	Örn	KE014	135,02	Keflavík
2	2323	Stapavík	AK132	47,98	Akranes

Fjöldi	Sknr.	Nafn	Umdnr.	Brl.	Heimahöfn
9	2329	Sveinn	SU077	700,93	Reyðarfjörður
4	2332	Askur	ÁR004	605,36	Þorlákshöfn
2	2333	Aron	ÞH105	126,77	Húsavík
1	2334	Óli í Sandgerði	AK014	547,29	Akranes
11	2336	Sunnuberg	NS070	935,66	Vopnafjörður
13	2345	Hoffell	SU080	517,16	Fáskrúðsfjörður
3	2354	Vesturborg	GK195	344,33	Vogar
1	2363	Gullberg	VE292	0	Vestmannaeyjar
3	6753	Áki	SU	7,89	Breiðdalsvík
1	7449	Guðfinna	VE249	6,83	Vestmannaeyjar
2	7471	Hrappur	RE	372,88	Reykjavík
5	7476	Steinar	RE	42,77	Reykjavík

Veittar undanþágur tímabilið 1987–1997.
Allar tölur miðast við fjölda manna.

Staða	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Skipstjóri	37	32	19	24	23	22	29	25	25	34	54
1. stýrimaður	170	138	106	78	81	74	70	59	75	83	49
2. stýrimaður	54	60	51	36	41	28	34	37	39	47	45
Yfirvélstjóri	90	113	119	76	75	53	76	71	113	105	106
1. vélstjóri	88	112	92	74	64	49	56	63	96	184	186
2. vélstjóri	22	22	16	12	19	22	21	23	36	68	64
Vélavörður	250	220	158	110	112	96	120	89	99	106	82
Vélgæslumaður										3	13
Alls	**711**	**697**	**561**	**410**	**415**	**344**	**406**	**367**	**483**	**641**	**599**

Undanþágur árið 1997.

Staða	Fjöldi umsókna	Veittar undanþágur	Fjöldi manna	Umsókn hafnað
Skipstjóri	72	57	54	15
Yfirstýrimaður	70	58	49	12
2. stýrimaður	74	66	45	8
Yfirvélstjóri	159	147	106	12
1. vélstjóri	342	314	186	28
2. vélstjóri	134	121	64	13
Vélavörður	117	95	82	22
Vélgæslumaður	28	23	13	5
Samtals	**996**	**881**	**599**	**114**

Undanþágur árið 1998.

Staða	Fjöldi umsókna	Veittar undanþágur	Takmörkuð undanþága	Undanþágu hafnað	Umsókn óþörf	Fjöldi skipa	Fjöldi manna
Skipstjóri	50	38	4	8	0	30	29
Yfirstýrimaður	129	108	6	15	0	84	92
2. stýrimaður	87	66	7	12	2	47	55
Samtals	**266**	**212**	**17**	**35**	**2**	**161**	**176**
Yfirvélstjóri	240	216	9	11	3	105	129
1. vélstjóri	413	369	17	28	2	106	205
2. vélstjóri	111	99	6	6	0	39	57

Vélavörður	127	84	22	20	1	79	88
Vélgæslumaður	22	17	1	2	0	15	17
Samtals	**913**	**785**	**55**	**67**	**6**	**344**	**496**

Veittar undanþágur: Umsókn um undanþágu samþykkt án skilyrða.
Takmökuð undanþága: Umsókn um undanþágu samþykkt með skilyrðum, gefur ekki möguleika á endurnýjun án breyttra forsendna.
Undanþágu hafnað: Umsókn um undanþágu hafnað.
Umsókn óþörf: Umsókn um undanþágu óþörf, umsækjandi með nægileg réttindi.

Undanþágur 1. janúar – 30. nóvember 1999.

Staða	Fjöldi umsókna	Veittar undanþágur	Takmörkuð undanþága	Undanþágu hafnað	Umsókn óþörf	Fjöldi skipa	Fjöldi manna
Skipstjóri	57	44	7	5	1	31	44
Yfirstýrimaður	112	95	8	9	0	79	86
2. stýrimaður	63	48	4	11	0	34	42
Samtals	**232**	**187**	**19**	**25**	**1**	**144**	**172**
Yfirvélstjóri	215	197	12	2	1	114	133
1. vélstjóri	334	286	28	10	4	110	199
2. vélstjóri	129	103	18	7	1	43	82
Vélavörður	143	84	41	18	0	80	99
Vélgæslumaður	13	11	2	0	0	11	13
Samtals	**834**	**681**	**101**	**37**	**6**	**358**	**526**

Veittar undanþágur: Umsókn um undanþágu samþykkt án skilyrða.
Takmökuð undanþága: Umsókn um undanþágu samþykkt með skilyrðum, gefur ekki möguleika á endurnýjun án breyttra forsendna.
Undanþágu hafnað: Umsókn um undanþágu hafnað.
Umsókn óþörf: Umsókn um undanþágu óþörf, umsækjandi með nægileg réttindi

561. Tillaga til þingsályktunar [311. mál]

um gerð neyslustaðals.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að vinna að gerð samræmds neyslustaðals um framfærslukostnað heimila eftir fjölskyldugerð sem verði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld við ýmsar ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja velferðarkerfisins. Þessi neysluviðmiðun verði einnig lögð til grundvallar greiðsluáætlun og greiðslumati hjá lánastofnunum, svo og innheimtu vangoldinna skattskulda og meðlagsgreiðslna einstaklinga.

Nefndin verði m.a. skipuð fulltrúum Hagstofu Íslands, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og Neytendasamtakanna. Niðurstaða nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi í ársbyrjun 2001.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að gerður verði samræmdur neyslustaðall sem verði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld sem viðmiðunargrundvöllur við ýmsar ákvarðanir sem tengjast rétti til bóta samkvæmt skatta- og almannatryggingalögum, sem og fjárhagsaðstoð hjá sveitarfé-

lögum. Ekki síður á þessi neyslustaðall að vera grundvöllur greiðsluáætlunar og greiðslumats hjá lánastofnunum, þ.m.t. Lánasjóði íslenskra námsmanna, og við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda, t.d. skattskulda og meðlagsgreiðslna.

Nú tekur hið opinbera mið af a.m.k. fimm mismunandi framfærslugrunnum við ákvörðun bóta, lána, fjárhagsaðstoðar og styrkveitinga, svo og við mat á greiðslugetu vegna fjárhagserfiðleika. Má þar nefna tryggingakerfið, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Íbúðalánasjóð og lánastofnanir. Hagstofan gerir síðan reglulega neyslukannanir. Að auki má nefna tekjutengdar bætur skattkerfisins. Allur gangur virðist vera á því að hve miklu leyti kannanir liggja að baki nauðsynlegum framfærslukostnaði hverrar fjölskyldugerðar. Mikilvægt er að þróaður verði einn samræmdur neyslustaðall sem opinberir aðilar byggi á við ákvarðanir sem tengjast framfærslu og tekjum. Annars staðar á Norðurlöndum og reyndar víða í Evrópu hefur verið farin sú leið að þróa einn ákveðinn neyslustaðal sem framfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð og stærð byggist á og notaður er við ýmsar stjórnvaldsákvarðanir.

Í skýrslu starfshóps um nýtt greiðslumat frá febrúar 1998 segir:

„Á Norðurlöndunum og víða í Evrópu er notuð „neysluviðmiðun“ til leiðbeiningar um mat á greiðslugetu fólks. Neysluviðmiðun á að gefa til kynna áætluð útgjöld fjölskyldu miðað við viðurkennda neyslu eða neyslumynstur fyrir ólíkar fjölskyldugerðir og stærðir. Að baki liggja rannsóknir og úttekt á því hvað heimili, með mismunandi samsetningu fjölskyldunnar eftir kyni og aldri, þurfa til framfærslu.

Í Svíþjóð og Noregi hefur verið lögð mikil vinna í þróun og vinnslu viðmiðunarneyslu á sl. 20 árum. Þar hefur verið tekið mið af neysluviðmiðun heimilanna, þegar ákvarðaðar eru bætur skattalaga, ákvæði réttarfarslega, svo sem lög um skuldaaðlögun og reglur um heimildir sýslumanna til að draga af tekjum manna vegna vanskila hjá lánastofnunum og opinberum aðilum, t.d. vegna skatta og meðlagsskulda. Þá er neysluviðmiðun grundvöllur greiðslumats hjá lánastofnunum og fjárhagsráðgjöfum banka og á vegum sveitarfélaganna auk áætlanagerðar hjá heimilunum sjálfum.“

Í framangreindri skýrslu kemur fram hvað mikill munur er á þeim framfærslukostnaði sem Hagstofa áætlar til framfærslu annars vegar og Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hins vegar. Hagstofan áætlar t.d. framfærsluþörf einstaklings 96 þús. kr. á mánuði en Ráðgjafarstofan 63 þús. kr.

Í nýlegum samanburði frá miðju síðasta ári á framfærslukostnaði samkvæmt lágmarksframfærslu Íbúðalánasjóðs, viðmiðunarneyslu Ráðgjafarstofu og Neyslukönnun Hagstofunnar, áætlar Íbúðalánsjóður framfærslukostnað hjóna með tvö börn 108 þús. kr., Ráðgjafarstofan tæpar 140 þús. kr. og Hagstofan rúmlega 242 þús. kr. Það rennir vissulega stoðum undir nauðsyn þess að sett verð samræmd neysluviðmiðun fyrir framfærslukostnað heimilanna eins og hér er lagt til.

Í 113. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 929/1999, um innheimtu þinggjalda á árinu 2000, er að finna heimildir fyrir innheimtumenn til að krefjast þess að launagreiðendur haldi eftir hluta af kaupi launþega til lúkningar á skattskuldum, þ.e. þeim gjöldum sem launþegar bera sjálfsskuldarábyrgð á og ber að innheimta skv. 110. og 113. gr. laga nr. 75/1981. Tekið er fram að aldrei megi halda eftir meira en 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni vegna tekjuskatts og útsvars. Jafnframt er tekið fram að afdráttur af launum til staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum eldri skattskulda og gjalda. Þetta ákvæði er mjög óréttlátt gagnvart fólki með lágar eða miðlungstekjur sem lent hefur í miklum fjárhagserfiðleikum og með því er oft komið í veg fyrir að fólk geti unnið sig út úr vandanum. Má í því sambandi nefna að forstöðumaður

Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna hefur einmitt bent á ósveigjanlega og harða innheimtu opinberra gjalda öfugt við sveigjanleika og samningsvilja lánastofnana gagnvart einstaklingum sem eru að vinna sig út úr vanskilum og miklum fjárhagserfiðleikum. Einnig má geta þess að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis lagði fyrir þingið skýrslu um úttekt Ríkisendurskoðunar á innheimtusviði tollstjórans í Reykjavík þar sem þetta ákvæði er eitt af því sem nefndin bendir á að þarfnist úrbóta. Í skýrslunni segir:

„Nefndin leggur til að reglur um frádrátt af launum gjaldenda vegna ógreiddra skatta verði endurskoðaðar. Nú mun alltaf vera krafist fulls afdráttar, þ.e. að launagreiðandi haldi eftir 75% af heildarlaunagreiðslu. Er ljóst að sú framkvæmd gengur ekki upp gagnvart fólki með lágar eða miðlungstekjur, enda hafa launagreiðendur í mörgum tilvikum ekki sinnt þessari skyldu sinni. Tekur nefndin undir hugmyndir sem tollstjóri kynnti á fundi nefndarinnar um að tekið verði tillit til aðstæðna gjaldenda, t.d. framfærslukostnaðar og greiðslubyrði.“

Í þessu sambandi má einnig benda á að í lögum nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, kemur fram að meðal hlutverka hennar sé að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra. Í 5. gr. laganna er að finna heimild til handa Innheimtustofnun sveitarfélaga til að krefjast þess að launagreiðendur haldi eftir hluta af launum vegna meðlagskrafna. Finna má ítarlegri ákvæði um innheimtu meðlags í reglugerð nr. 68/1996, um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Í 4. gr. reglugerðarinnar kemur fram að meðlagskröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga skuli ganga fyrir öðrum kröfum, þar á meðal kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs, að undanskilinni staðgreiðslu opinberra gjalda. Jafnframt kemur fram í 4. gr. að aldrei skuli launagreiðendur þó halda eftir meiru en nemur 50% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á meðlögum sem launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum viðkomandi.

Eins og sjá má er misræmi á milli laga um tekjuskatt og eignarskatt annars vegar og laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga hins vegar. Ef reglan um 50% innheimtu meðlags væri nýtt til hins ýtrasta gæti launþegi setið eftir með 10% af launum þar sem kveðið er á um að staðgreiðsla gangi fyrir meðlagskröfu.

Mikill launamunur og sívaxandi skuldir heimilanna eru einnig veigamikil rök fyrir því hve brýnt er orðið að settar verði raunhæfar reglur um neysluviðmiðun sem verði leiðbeinandi fyrir ýmsar stjórnvaldsákvarðanir sem snerta kjör og afkomu fólks í landinu.

562. Tillaga til þingsályktunar [312. mál]

um skipan nefndar til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Vilhjálmur Egilsson, Árni R. Árnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Gunnar Birgisson, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Greinargerð.

Ályktun sama efnis var samþykkt á Alþingi 13. apríl 1989. Þáverandi forsætisráðherra skipaði nefnd 22. apríl 1989 til framgangs málinu. Hún kom saman til fundar 13. júní 1991 og lagði á ráðin um gagnaöflun fyrir nefndarstarfið. Nokkrum gögnum var safnað en fundir nefndarinnar urðu ekki fleiri og engu áliti var skilað.

Flutningsmenn telja mikilvægi málsins ekki síðra nú en þá.

563. Fyrirspurn [313. mál]

til umhverfisráðherra um íslenska hrafninn.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að íslenska hrafninum verði bætt á válista?

564. Fyrirspurn [314. mál]

til forsætisráðherra um notkun íslenska skjaldarmerkisins.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hefur einstaklingum eða fyrirtækjum verið veitt heimild til notkunar skjaldarmerkis Íslands? Ef svo er, hver veitti leyfið, hvenær og á hvaða forsendum?

565. Fyrirspurn [315. mál]

til forsætisráðherra um notkun þjóðfánans.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hve margir einstaklingar eða fyrirtæki hafa sótt um leyfi til forsætisráðuneytisins um notkun þjóðfánans í vörumerki, á söluvarning eða umbúðir, með tilvísun til 12. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið eins og henni var breytt með lögum nr. 67/1998?

566. Fyrirspurn [316. mál]

til utanríkisráðherra um upplýsingamiðlun EFTA til væntanlegra ESB-landa.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvernig hefur EFTA reynt að kynna væntanlegum aðildarlöndum Evrópusambandsins EES-samninginn?

2. Er fyrirhugað að gera átak af hálfu EFTA til að efla þekkingu þeirra á samningnum?
3. Mun utanríkisráðuneytið reyna sérstaklega að auka þekkingu og skilning viðkomandi landa á mikilvægi EES-samningsins fyrir Ísland? Ef svo er, hvernig?

567. Fyrirspurn [317. mál]

til landbúnaðarráðherra um varðveislu sjaldgæfra hrossalita.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir að örsjaldgæfir litir, einkum litförótt, hverfi úr íslenska hrossastofninum?

568. Fyrirspurn [318. mál]

til viðskiptaráðherra um innherjaviðskipti.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða tilvik um innherjaviðskipti hafa verið til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu og bankaeftirliti Seðlabankans frá gildistöku laga um verðbréfaviðskipti á árinu 1996?
2. Hver var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins og bankaeftirlitsins í einstökum málum og til hvað aðgerða hefur verið gripið vegna þeirra?

Skriflegt svar óskast.

569. Fyrirspurn [319. mál]

til heilbrigðisráðherra um starfsemi öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hver er fjöldi vistrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimilum sem fá framlög úr ríkissjóði, skipt eftir stofnunum í hverju kjördæmi?
2. Hvert er daggjald fyrir dvalarrými, hjúkrunarrými og dagvist hjá hverri stofnun?
3. Hver er áætluð þörf fyrir dvalarrými og hjúkrunarrými, skipt eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

570. Tillaga til þingsályktunar [320. mál]

um hættu af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason,
Kristján Pálsson, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna hættu sem fylgir flutningum olíu og bensíns um Reykjanesbraut, einkum með hliðsjón af slysahættu á brautinni vegna álags á slitlag en ekki síður með tilliti til mengunarhættu, svo sem á vatnsbólum sveitarfélaga á Suðurnesjum, hættu á gróðurskemmdum og útblásturs flutningabifreiða.

Greinargerð.

Í skriflegu svari samgönguráðherra í þskj. 426 á 125. löggjafarþingi, við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns tillögu þessarar um eldsneytisflutninga eftir Reykjanesbraut af höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkurflugvallar, kemur fram að árlega er flutt gífurlegt magn jarðefnaeldsneytis um brautina frá tönkum olíufélaganna í Hafnarfirði og Reykjavík. Virðist magnið fara vaxandi:

Ár	1995	1996	1997	1998
Földi ferða	2.376	2.847	2.937	3.359
Lítrar	90.232.142	108.214.438	113.481.993	136.778.586

Flutningsmenn telja fulla ástæðu til að kannaðar verði ítarlega þær hættur sem fylgja svo umfangsmiklum olíuflutningum. Einkum skal bent á fjögur atriði:

Í fyrsta lagi leiða þungaflutningar þessir til verulegs slits á Reykjanesbraut. Vitað er að einn olíuflutningabíll með tengivagni eyðir slitlagi á við marga fólksbíla. Við bætist svo öll önnur umferð, enda sýnir reynslan að á hverju ári myndast djúpar rásir á brautinni þar sem safnast ýmist vatn eða snjór og skapar mikla slysahættu. Þekkt eru dæmi þess að bílar hreinlega „fljóti“ stjórnlaust í rásum þessum. Árlegur kostnaður samfélagsins af viðhaldi slitlagsins á Reykjanesbraut er verulegur, eða um 50 millj. kr. samkvæmt upplýsingum frá Vegagerð ríkisins. Drjúgur hluti þess kostnaðar á rætur sínar að rekja til umræddara olíuflutninga.

Í öðru lagi benda flutningsmenn á að slysahætta hlýtur að teljast nokkur af tíðum flutningum með eldfima orkugjafa á einni fjölförnustu akbraut landsins.

Í þriðja lagi fylgir mikil mengunarhætta viðamiklum olíuflutningum. Aðstæður á Suðurnesjum eru frá náttúrunnar hendi þannig að stór hluti svæðisins er gljúpt hraun þar sem vatn og annar vökvi á greiða leið í gegn. Allir olíuflutningarnir fara fram ofan við vatnsból Voga á Vatnsleysuströnd. Umferðaróhapp með olíuleka í kjölfarið mundi spilla vatnsbólum Vogamanna. Sama gildir um flutninga svartolíu til Grindavíkur en þar er ekið nærri vatnsbólum um 15.000 íbúa Suðurnesja. Telja má líklegt að þau vatnsból spilltust til lengri tíma ef fullhlaðinn olíubíll yrði fyrir svo alvarlegu óhappi að leiddi til leka úr tönkum hans. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hversu alvarlegt mengunarslys væri um að ræða.

Í fjórða lagi er bent á að yfir 3.000 ferðir þungaflutningabíla á ári hverju leiða af sér mikla og óþarfa losun koltvísýrings í útblæstri.

Með tillögunni mælast flutningsmenn til þess að sú mengunarhætta sem hér hefur verið bent á verði könnuð rækilega. Bent skal á að Orkustofnun ræður yfir nokkuð ítarlegum upplýsingum um grunnvatnsrennsli á Suðurnesjum og ættu þær að geta nýst vel t.d. Hollustu-

vernd ríkisins við mat á áhættu sem fylgir miklum olíuflutningum eftir Reykjanesbraut. Það hlýtur að teljast í alla staði eðlilegt að flytja jafnviðkvæman farm og olíu sem stysta vegalengd á landi. Fyrir því eru bæði umhverfis- og öryggisrök. Megnið af olíu sem flutt er eftir Reykjanesbraut fer á Keflavíkurflugvöll og er ætlað flugvélum. Þá er hluti fluttur til Grindavíkur, bæði til bensínstöðva en ekki síst fiskiskipa. Flutningsmenn benda á að í Helguvík er sérstök olíuhöfn og þaðan leiðslur til Keflavíkurflugvallar. Í Grindavík er jafnframt hafnaraðstaða. Mun öruggara og þjóðhagslega hagkvæmara í alla staði hlýtur að vera að skipa olíunni upp í þessum tveimur höfnum. Með því móti væri dregið úr slysahættu í umferð, umhverfissjónarmiða gætt og slit á vegum stórlega minnkað.

571. Frumvarp til laga [321. mál]

um breytingu á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Á eftir 6. mgr. 3. gr. laganna kemur ný málsgrein, 7. mgr., er hljóðar svo:

Þjóðlendur skulu undanþegnar öllum sköttum og gjöldum.

2. gr.

Í stað 5.–6. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, 5. mgr., er hljóðar svo:

Formaður óbyggðanefndar skal vera í fullu starfi sem framkvæmdastjóri nefndarinnar og hafa sömu lögkjör og dómstjórinn í Reykjavík. Óbyggðanefnd er að öðru leyti heimilt að ráða starfsfólk sér til aðstoðar og skapa sér skrifstofuaðstöðu í samráði við forsætisráðherra.

3. gr.

Í stað 2. málsl. 8. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir er hljóða svo: Skal hún ákveða hvaða landsvæði tekið er til meðferðar hverju sinni. Nefndin getur ákveðið síðar að minnka eða stækka það svæði. Nefndinni er heimilt að hafa til meðferðar fleiri en eitt svæði á sama tíma.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar nefndin hefur ákveðið að taka svæði til meðferðar skal hún tilkynna fjármálaráðherra, sbr. 1. mgr. 11. gr., ákvörðun sína og veita honum minnst þriggja en mest sex mánaða frest til að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á svæðinu.

Þegar kröfulýsing ríkisins liggur fyrir skal óbyggðanefnd gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan minnst þriggja en mest sex mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs sem tilkynningin er birt í. Jafnframt skal nefndin láta þinglýsa yfirlýsingu þessa efnis á þær eignir sem

skráðar eru í þinglýsingabók og eru á viðkomandi svæði. Þá skal útdráttur úr efni tilkynningar birtur með auglýsingu í dagblaði.

Óbyggðanefnd getur samþykkt að veita aðila sem þess óskar viðbótarfrest.

b. Í stað orðanna „1. og 3. mgr.“ í fyrri málslið 4. mgr., er verður 5. mgr., kemur: 1.–4. mgr.

5. gr.

12. gr. laganna verður svohljóðandi:

Að liðnum kröfulýsingafresti skv. 2. mgr. 10. gr. skal óbyggðanefnd gera yfirlit yfir lýstar kröfur á viðkomandi landsvæði og láta færa þær inn á uppdrátt. Skal yfirlit þetta ásamt uppdrætti (kröfulínukorti) liggja frammi á skrifstofu sýslumanns eða sýslumanna í því eða þeim umdæmum sem svæðið á undir í að minnsta kosti einn mánuð. Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd innan sjö daga frá þeim degi þegar kynningu lauk.

6. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

17. gr. laganna verður svohljóðandi:

Kostnaður vegna starfa óbyggðanefndar samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Auk kostnaðar við rekstur nefndarinnar fellur hér undir nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

Óbyggðanefnd úrskurðar um kröfur aðila vegna kostnaðar samkvæmt síðari málslið 1. mgr. Við mat á því hvort um nauðsynlegan kostnað hafi verið að ræða er nefndinni heimilt að líta til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eiga að gæta, hafi sameinast um að nýta sér aðstoð sömu lögmanna og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar skal enn fremur litið til þess hvað telja má sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í viðkomandi máli.

Nefndinni er heimilt að gera aðila að bera málskostnað sinn og gagnaðila að nokkru eða öllu leyti telji hún málatilbúnað hans gefa tilefni til slíks.

Fullnægja má ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar um málskostnað með aðför.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.

b. Í stað „1. mgr.“ í síðari málslið 3. mgr. kemur: 2. mgr.

9. gr.

Í stað „2. mgr.“ í fyrri málslið 19. gr. laganna kemur: 1. mgr.

10. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Forsætisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfshætti og málsmeðferð óbyggðanefndar, þ.m.t. frágang kröfulýsinga, uppdrátta og annarra gagna málsaðila, og tæknilega útfærslu á markalínum.

11. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Um kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd sem fellur til fyrir gildistöku laga þessara fer eftir ákvæðum 17. gr. laganna, eins og henni er breytt með 6. gr. laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, var ríkinu falið eignarhald á landi og hvers konar landsréttindum og hlunnindum á svæðum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti, þ.e. hinum svonefndu þjóðlendum. Með sömu lögum var sérstakri nefnd, óbyggðanefnd, falið að eiga frumkvæði að því að fara með skipulögðum hætti yfir hvaða svæði þetta eru og skera úr um mörk þeirra og eignarlanda og önnur réttindi innan þjóðlendna. Óbyggðanefnd er þannig ætlað að ráða til lykta álitaefnum sem hafa bæði mikla almenna þýðingu og varða mikilvæga hagsmuni einstaklinga og lögaðila. Gert er ráð fyrir að nefndin starfi innan ákveðins tímaramma og ljúki störfum fyrir árið 2007.

Óbyggðanefnd tók fyrsta landsvæðið til meðferðar með tilkynningu, dags. 1. mars 1999. Sú reynsla, sem fengist hefur í kjölfar þess, hefur leitt í ljós að þörf er á að gera ákveðnar breytingar á þeim lögum sem um nefndina gilda, einkum í því skyni að íþyngja ekki um of landeigendum og öðrum mögulegum rétthöfum á þeim svæðum sem nefndin hefur til meðferðar. Enda þótt lög um þjóðlendur o.fl. geri ekki ráð fyrir að raska réttarstöðu þessara aðila leggja þau ákveðnar kvaðir og kostnað á herðar þeim að frumkvæði stjórnvalda. Landeigendur og aðrir mögulegir rétthafar verða þannig að sæta því að óbyggðanefnd taki til meðferðar landsvæði sem þeir kunna að hafa talið eign sína um langt árabil. Þeir þurfa að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni og leggja fram gögn þeim til stuðnings. Til þess getur þurft kostnaðarsamar sérhæfðar heimildarannsóknir og lögfræðilega aðstoð, sem aðilar hafa misjafna burði til að mæta. Komi upp ágreiningur um einstök svæði getur jafnframt þurft að flytja mál munnlega fyrir nefndinni og undirbúa það með svipuðum hætti og um dómsmál væri að ræða, þar á meðal með atbeina lögmanns.

Að þessu virtu, svo og því að ríkisvaldið á hér frumkvæði að því að taka þessi mál til meðferðar og að því starfi er markaður ákveðinn tími, þykja sterk sanngirnisrök mæla með því að landeigendum og öðrum mögulegum rétthöfum verði gert auðveldara fyrir að reka mál sín fyrir óbyggðanefnd. Í því skyni er í frumvarpi þessu gerð tillaga um tvenns konar breytingar á gildandi lögum. Önnur felst í því að leggja á ríkissjóð nauðsynlegan kostnað annarra en ríkisins af hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd, en hin er breyting á málsmeðferð fyrir nefndinni, bæði til að draga úr kostnaði af henni en einnig til að færa þau ákvæði að því sem að fenginni reynslu þykir hentugra verklag. Aðrar breytingar lúta að ákvæðum laganna um starfslið óbyggðanefndar annars vegar og hins vegar að skattskyldu þeirra svæða sem nefndin úrskurðar að teljist þjóðlendur.

Til undirbúnings breytingum á verklagi óbyggðanefndar hafa fulltrúar hennar kynnt sér meðferð og úrlausn sambærilegra verkefna í Norður-Noregi, nánar tiltekið í fylkjunum Nordland og Troms. Þar er starfræktur sérdómstóllinn „Utmarkskommisjon for Nordland og Troms“ á grundvelli laga nr. 51 frá 7. júní 1985, sbr. lög nr. 61 frá 19. júní 1992 og lög nr. 8 frá 22. apríl 1994. Í stórum dráttum er um að ræða hliðstæðu við svokallaða „Høyfjellskommisjonen for Sør-Norge“ sem starfaði á árunum 1908–53. Ýmislegt í meðferð mála fyrir „Utmarkskommisjonen“ virðist geta orðið til eftirbreytni við starf óbyggðanefndar, enda búa Norðmenn yfir langri reynslu af úrlausn slíkra verkefna sem hér um ræðir.

Kostnaður af hagsmunagæslu aðila.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því sem meginreglu að aðilar beri sjálfir kostnað af hagsmunagæslu sinni fyrir óbyggðanefnd. Frávik frá þeirri meginreglu eru gjafsóknarmöguleikar laganna og ákvæði um að unnt sé að úrskurða aðila til að bera málskostnað gagnaðila. Skilyrði til að fá gjafsókn hafa hins vegar þótt tiltölulega þröng, enda sniðin eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála fyrir dómstólum. Þessi ákvæði leiða því óhjákvæmilega til þess að landeigendur og aðrir mögulegir rétthafar þyrftu í mörgum tilvikum að bera kostnað vegna meðferðar mála fyrir óbyggðanefnd sjálfir.

Af þessum sökum og með skírskotun til röksemda, sem raktar voru hér að framan, er í frumvarpi þessu lagt til að óbyggðanefnd verði heimilað að úrskurða málsaðilum, öðrum en ríkinu, kostnað af nauðsynlegri hagsmunagæslu fyrir nefndinni. Nánar er skýrt í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins hvaða kostnaðarliðir geta fallið hér undir og hvaða viðmiðanir nefndin getur lagt til grundvallar við mat á nauðsyn og fjárhæð endurgoldins kostnaðar. Með þeirri einföldun, sem lagt er til að gerð verði á málsmeðferð nefndarinnar og nánar er vikið að hér á eftir, ætti þó jafnframt að draga nokkuð úr þessum kostnaði af rekstri nefndarinnar. Þessum breytingum er fyrst og fremst ætlað að auðvelda landeigendum og öðrum mögulegum rétthöfum að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni eins og kostur er án þess að dregið verði úr réttaröryggi í meðferð og úrlausnum nefndarinnar.

Breytingar á málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd.

Samkvæmt núgildandi lögum gefur óbyggðanefnd út almenna tilkynningu þar sem lýst er eftir kröfum allra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta á tilteknu svæði. Í þessu skyni er veittur þriggja mánaða frestur. Nefndin getur þurft að ráða í mörk líklegra eða hugsanlegra ágreiningssvæða og haga tilkynningu í samræmi við það. Í kjölfarið hafa landeigendur og aðrir mögulegir rétthafar á umræddu svæði fyllstu ástæðu til að hefjast handa um gæslu hagsmuna sinna. Þegar kröfur ríkisins liggja fyrir getur hins vegar komið í ljós að einungis er ágreiningur um hluta svæðisins. Þetta er einmitt reynslan af meðferð mála fyrir nefndinni til þessa.

Lagt er til að þessu verklagi verði breytt á þann hátt að óbyggðanefnd beini því fyrst til ríkisins að lýsa kröfum um þjóðlendur á tilteknu svæði, ef einhverjar eru. Veittur er þriggja til sex mánaða frestur til verksins. Þegar kröfugerð ríkisins liggur fyrir birtir óbyggðanefnd tilkynningu í Lögbirtingablaði. Þar er landeigendum og öðrum mögulegum rétthöfum á því svæði sem ríkið gerir kröfu til veittur þriggja til sex mánaða frestur til að lýsa kröfum sínum. Jafnframt er yfirlýsingu þessa efnis þinglýst á eignir á svæðinu. Með þessu móti verður landeigendum og öðrum mögulegum rétthöfum ljóst frá upphafi hverjar kröfur ríkisins eru og geta þá hagað málatilbúnaði sínum í samræmi við það. Með því að minna þarf við að hafa vegna svæða, sem þá er ljóst að enginn ágreiningur er um, ætti það að auðvelda kröfulýsingar landeigenda til muna og þannig draga úr kostnaði við gerð þeirra. Af því leiðir að fresturinn nýtist betur og kostnaði er haldið í lágmarki.

Með þessu móti gefast almennt sex til tólf mánuðir til skjalarannsókna og annars undirbúnings í stað þriggja áður, þ.e. frá því að mál hefst með ákvörðun óbyggðanefndar um næsta svæði og þar til kröfulýsingafresti landeigenda og annarra mögulegra rétthafa lýkur. Samkvæmt reynslu nefndarinnar eru þrír mánuðir of skammur tími til gagnaöflunar og kröfulýsinga.

Gera má ráð fyrir að gagnaöflun á vegum óbyggðanefndar hefjist yfirleitt um leið og fjármálaráðuneytinu er tilkynnt um næsta svæði. Í því sambandi er fyrirhugað að óháðir sérfræðingar, t.d. á vegum Þjóðskjalasafns, vinni að skjalarannsóknum fyrir nefndina. Virðist vart hægt að tryggja betur að mál séu nægjanlega rannsökuð að því leyti. Hagræði og sparnaður

af slíku fyrirkomulagi er augljós og þörf aðila fyrir sjálfstæða gagnaöflun ætti jafnframt að minnka. Komið væri í veg fyrir ómarkvissa leit þeirra sem ekki búa yfir nauðsynlegri sérþekkingu og tvíverknað við gagnaöflun málsaðila hvers fyrir sig og óbyggðanefndar að auki. Sjálfstæð gagnaöflun á vegum aðila ætti því að geta beinst að öðrum þáttum en kannaðir eru að frumkvæði nefndarinnar.

Þegar kröfulýsingar landeigenda og annarra mögulegra rétthafa á svæðinu liggja fyrir birtir óbyggðanefnd yfirlit yfir fram komnar kröfur og uppdrátt af þeim. Þar sem nefndina hefur skort grundvöll til að gera ákveðnar kröfur um tölvutækt form og annan frágang á uppdráttum málsaðila hefur þurft að leggja í vinnu og kostnað við að samræma þá. Með því að í lagafrumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að setja ákvæði í reglugerð um frágang uppdrátta ætti slíkur tvíverknaður að vera úr sögunni. Kynning á þessum gögnum varir í einn mánuð og frestur til athugasemda er vika þar á eftir.

Leiði kröfulýsingar aðila í ljós að uppi er ágreiningur sem heyrir undir óbyggðanefnd er leyst úr honum með rekstri máls eða mála fyrir nefndinni.

Loks lýkur málsmeðferð nefndarinnar með úrskurði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að landsvæði, sem úrskurðuð verða þjóðlendur, verði undanþegin hvers kyns sköttum og gjöldum til hins opinbera. Þykir það eðlileg ráðstöfun þegar til þess er litið að hið opinbera hefur engar slíkar tekjur haft af þessum svæðum hingað til, hvorki ríki né sveitarfélög. Undanþágan tekur þó eingöngu til landsvæðanna sem slíkra, en ekki til mannvirkja sem þar kunna að vera eða réttinda sem þeim fylgja.

Um 2. gr.

Ákvæði 5. mgr. 6. gr. laganna er umorðað og þar kemur inn ákvæði um lögkjör formanns óbyggðanefndar.

Felld er brott 6. mgr. 6. gr. laganna en lagt til að efnislega samhljóða ákvæði verði í 1. mgr. 17. gr., sbr. 7. gr. þessa frumvarps.

Um 3. gr.

Í breytingartillögu við 1. mgr. 10. gr. laganna er ekki gert ráð fyrir opinberri tilkynningu á fyrri stigum málsins, sbr. 4. gr. þessa frumvarps. Orðalagið „tilkynna fyrir fram“ á því ekki við í 8. gr. og er fellt brott.

Ákvæði sem áður var efnislega í 2. mgr. 13. gr. laganna verður 3. málsl. 8. gr., þar sem það þykir samhengisins vegna fara betur.

Þá eru tekin af öll tvímæli um að starfssvið nefndarinnar nái til landsins alls og að nefndinni sé heimilt að hafa til meðferðar fleiri en eitt svæði á sama tíma, enda ætlað að ljúka verkefni sínu fyrir árið 2007.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að óbyggðanefnd beini því fyrst til ríkisins að lýsa kröfum um þjóðlendur á tilteknu svæði, ef einhverjar eru. Landeigendur og aðrir mögulegir rétthafar á svæðinu lýsa ekki kröfum fyrr en kröfugerð ríkisins liggur fyrir.

Gert er ráð fyrir lengri frestum en samkvæmt núgildandi lögum. Nánari ákvörðun fresta ræðst af eðli og umfangi svæðis.

Umfjöllun um endurupptöku skv. 19. gr. í lokamálslið 1. mgr. 10. gr. laganna er felld brott enda er ekki fjallað um það efni í 19. gr. né annars staðar í lögunum.

Aðrar breytingar á 1. mgr. 10. gr. eru samræmis og skýrleika vegna.

Ákvæði núverandi 2. mgr. 10. gr. laganna verður lokamálsliður nýrrar 2. mgr. en er að öðru leyti óbreytt.

Ný 3. mgr. 10. gr. er málsliður tekinn úr 1. mgr. 10. gr. gildandi laga. Lagt er til að hann verði gerður að sérstakri málsgrein til að ekki valdi vafa að heimild óbyggðanefndar til að veita viðbótabótarfresti getur hvort heldur átt við einkaaðila eða ríkið.

Í staflið b er tilvísun í aðrar málsgreinar 10. gr. færð til samræmis við aðrar breytingar sem lagt er til að gerðar verði á þeirri grein.

Sjá jafnframt almennar athugasemdir við frumvarp þetta.

Um 5. gr.

Efni 12. gr. laganna er fært til samræmis við efni 10. gr. eins og lagt er til að hún verði, sbr. 4. gr. þessa frumvarps. Yfirlit yfir lýstar kröfur og uppdráttur verður auðvitað ekki unninn fyrr en kröfur liggja fyrir. Þá er orðalagið „og kannað heimildir um viðkomandi landsvæði“ fellt brott þar sem það þykir nokkuð villandi. Rækileg könnun nefndarinnar á fram komnum gögnum er ekki tímabær á þessu stigi máls.

Skotið er inn orðinu „kröfulínukort“, til að auðkenna þetta tiltekna kort frá öðrum kortum nefndarinnar.

Frestur til athugasemda að lokinni opinberri kynningu er styttur, enda hafa frestir verið rýmkaðir mjög að öðru leyti, sbr. 4. gr. frumvarpsins og umfjöllun í almennum athugasemdum.

Um 6. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 13. gr. laganna verði felld brott, enda koma efnisatriði hennar fram í 8. gr. skv. 3. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Hér er lögð til sú breyting að auk rekstrarkostnaðar nefndarinnar greiði ríkið einnig nauðsynlegan kostnað annarra en ríkisins vegna hagsmunagæslu í málum sem óbyggðanefnd ákveður að taka til meðferðar á grundvelli 7. gr., sbr. 10. gr. laganna. Þetta gildir þó einungis um verkefni nefndarinnar á grundvelli laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Hér getur t.d. verið um að ræða kostnað vegna gagnaöflunar, kortavinnslu og þjónustu lögmanna og annarra sérfræðinga. Til að kostnaður við málarekstur fyrir nefndinni haldist innan eðlilegra marka er það skilyrði sett að um nauðsynlegan kostnað sé að ræða og óbyggðanefnd falið að hafa eftirlit með því. Við mat á nauðsyn kostnaðar er nefndinni heimilað að líta til þess hvort aðilar hafi sameinast um að nýta sér aðstoð sömu lögmanna og annarra sérfræðinga þegar hagsmunir þeirra rekast ekki á, enda þótt ekki þyki unnt að gera það að skilyrði. Við mat á fjárhæð kostnaðar er nefndinni enn fremur sett sú vísiregla að endurgjald teljist sanngjarnt og eðlilegt miðað við umfang viðkomandi máls.

Kjósi menn að skjóta máli sínu til dómstóla að fengnum úrskurði óbyggðanefndar og innan tilskilinna fresta gilda hins vegar almennar reglur einkamálalaga um málskostnað fyrir dómstólum.

Þá er lagt til að í 3. mgr. 17. gr. laganna verði rekinn sá varnagli að óbyggðanefnd sé heimilt að gera aðila að bera málskostnað sinn og gagnaðila að nokkru eða öllu leyti telji hún málatilbúnað hans gefa tilefni til slíks, til að mynda ef kröfur eru uppi hafðar algerlega að tilefnislausu.

Ákvæði 4. mgr. 17. gr., eins og lagt er til að hún verði, var áður í 1. mgr. 18. gr. en þykir fara betur hér samhengisins vegna.

Sjá jafnframt almennar athugasemdir við frumvarp þetta.

Um 8. gr.

Lagt er til að ákvæði 1. mgr. 18. gr. laganna falli brott en samhljóða ákvæði verði í 4. mgr. 17. gr., þar sem það þykir fara betur samhengisins vegna, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Tilvísun í 3. mgr. 18. gr. til ákvæðis 10. gr. breytist úr 1. mgr. í 2. mgr. í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á því ákvæði, sbr. 4. gr. þessa frumvarps.

Um 9. gr.

Tilvísun í fyrri málslið 19. gr. laganna til ákvæðis í 18. gr. breytist úr 2. mgr. í 1. mgr. í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á því ákvæði, sbr. 8. gr. þessa frumvarps.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum er ekki að finna reglugerðarheimild varðandi verkefni óbyggðanefndar. Við vinnu nefndarinnar vegna fyrsta svæðisins hefur hins vegar komið greinilega í ljós að þörf er á heimild til að setja bindandi reglur um vissa þætti í starfi nefndarinnar. Má í því sambandi sérstaklega nefna frágang málsaðila á kröfulýsingum og meðfylgjandi gögnum. Þannig væri t.d. mikið hagræði að því fyrir nefndina að fá uppdrætti afhenta á samræmdu, tölvutæku formi.

Um 11. gr.

Talið er eðlilegt að reglan, sem lögð er til í 7. gr. frumvarpsins, gildi einnig um kostnað vegna þess svæðis sem nefndin hefur þegar tekið til meðferðar. Að öðru leyti er vísað til athugasemda með 7. gr.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Í frumvarpinu er ákvæði um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd og ákvæðum um málskostnað breytt á þann veg að ríkið beri nauðsynlegan kostnað af hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 58/1998 er stefnt að því að nefndin ljúki störfum á árinu 2007.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000 er þegar gert ráð fyrir 20,4 m.kr. árlegum kostnaði við nefndina. Gert er ráð fyrir að óbyggðanefnd afgreiði 2–3 svæði á ári. Svæðin verða óhjákvæmilega misstór og óvíst hver fjöldi mála verður á hverju svæði. Áætlaður kostnaður við hvert svæði er 5–8 m.kr. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir 15–20 m.kr. árlegri hækkun á fjárlagaliðnum vegna kostnaðar við hagsmunagæslu landeigenda og annarra réttthafa, miðað við sanngjarnt og eðlilegt endurgjald, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Þegar hefur verið gert ráð fyrir öðrum kostnaði óbyggðanefndar í forsendum fjárlaga.

572. Frumvarp til laga [322. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Reiðvegir eru vegir sem einkum eru ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

2. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna almennra vega, einkavega og reiðvega, enda komi fullar bætur fyrir.

3. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Almennir vegir, einkavegir og reiðvegir.**

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu, sbr. þó 4. mgr.
b. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:
   Vegagerðin getur að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag ákveðið að annast og kosta viðhald girðinga með einstökum vegarköflum á þjóðvegum þar sem umferð er 500 bílar á dag eða meira að meðaltali yfir sumarmánuði (SDU), enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð. Áður en Vegagerðin ákveður að taka við viðhaldi girðinga samkvæmt þessari grein skal hún tilkynna það viðkomandi sveitarfélagi og hlutaðeigandi landeigendum.
c. 4. mgr. verður 5. mgr. og orðast svo:
   Viðkomandi sveitarfélag annast viðhald girðinga sem reistar eru skv. 2. mgr. 37. gr. Þó er heimilt að ákveða með samkomulagi að veghaldari annist viðhaldið. Viðhaldskostnaður þeirra girðinga greiðist að jöfnu af viðkomandi sveitarfélagi og veghaldara nema sérstaklega sé um annað samið.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er lagt fram á Alþingi til breytinga á vegalögum nr. 45/1994. Lögunum hefur tvívegis verið breytt síðan þau voru sett, annars vegar með lögum nr. 56/1995 en þá var breytt ákvæðum laganna um girðingar með vegum, sem síðar verður vikið að, og hins vegar með lögum nr. 83/1997 sem breyttu 4. gr. laganna. Að þessu sinni eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um reiðvegi og um viðhald og viðhaldskostnað girðinga.

Reiðvegir.

Með bréfi dags. 13. nóvember 1998 skipaði samgönguráðherra nefnd til að skýra og endurskoða reglur, sem gilda um reiðvegi, reiðveganefnd. Nefndina skipuðu Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóri, sem var formaður hennar, Baldvin Kr. Baldvinsson bóndi, Pétur Þór Jónasson framkvæmdastjóri, Ragnar Frank Kristjánsson landvörður, Sigurður Á. Þráinsson deildarstjóri, Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt og Þórður Skúlason framkvæmdastjóri. Ritari nefndarinnar var Stefán Erlendsson, forstöðumaður hjá Vegagerðinni. Nefndin skilaði niðurstöðu þar sem m.a. var lagt til að reiðvegir yrðu skilgreindir sem vegflokkur í vegalögum auk þess að tryggja sérstaka eignarnámsheimild vegna reiðvega. Í greinargerð sem fylgdi nefndarálitinu er gerð tillaga að lagabreytingu í þessa veru og er frumvarpið samhljóða tillögu nefndarinnar.

Í gildandi vegalögum er vegum skipt í þrjá meginflokka, þjóðvegi, almenna vegi og einkavegi. Auk þess eru svo vegir sem ekki teljast til neins flokks, sbr. 40. gr. laganna. Lagt er til í samræmi við álit reiðveganefndar að bætt verði skilgreiningu á fjórða vegflokknum, reiðvegum, í 9. gr. laganna. Í 11. gr. vegalaga er ráðherra gert kleift að heimila eignarnám lands til lagningar tiltekinna almennra vega og einkavega enda komi fullar bætur fyrir. Lagt er til að þarna verði reiðvegum bætt við til að taka af öll tvímæli um heimildina, enda er það forsenda þess að tryggja megi gerð reiðvega. Í samræmi við framangreint er svo lögð til breyting á fyrirsögn IV. kafla.

Í niðurstöðum reiðveganefndar var lagt til að reiðleiðir yrðu skráðar og flokkaðar eftir hlutverki þeirra. Gerð yrði áætlun í tengslum við samþykkt vegáætlunar hverju sinni þar sem fram kæmi flokkun reiðleiða í þrjá flokka, stofnleiðir, þéttbýlisleiðir og héraðsleiðir. Vegagerðin yrði veghaldari reiðvega samkvæmt þessari flokkun. Ekki náðist samstaða innan nefndarinnar um leiðir til fjármögnunar reiðleiða en settar voru fram nokkrar hugmyndir þar að lútandi.

Í september 1998 skipaði samgönguráðherra aðra nefnd til að gera tillögur um uppbyggingu áningastaða og skiptihólfa, safna og skrá upplýsingar um fornar og nýjar reiðleiðir o.fl. á miðhálendi Íslands. Formaður þessarar nefndar var Baldvin Kr. Baldvinsson bóndi, sem einnig átti sæti í reiðveganefndinni. Hálendisnefndin skilaði áliti nokkru síðar en hin og var sammála henni um lagabreytingar og veghald. Nefndin kortlagði reiðleiðir á miðhálendinu og mat líklegan kostnað við úrbætur. Niðurstaða hennar var sú að reiðleiðir á miðhálendinu væru nálægt 3.500 km og um 10% þeirra þyrftu lagfæringa við. Nefndin taldi að kostnaður við þær gæti verið um 350 millj. kr. Gera verður ráð fyrir að reiðleiðir í byggð séu mun lengri en á miðhálendinu og kostnaður við þær einnig mun meiri.

Með hliðsjón af framanrituðu er ljóst að brýnasta verkefnið er að skrá og flokka reiðleiðir og meta kostnað við að koma þeim í horf og halda þeim við. Meðan þeirri vinnu er ekki lokið er ekki tímabært að gera tillögur um fjármögnun reiðvega né viðhald þeirra. Samgönguráðuneytið hefur falið Vegagerðinni að hafa forgöngu um skráningu og flokkun reiðleiða í samráði við sveitarfélög og félög hestamanna.

Girðingar.

Við meðferð frumvarps til vegalaga á Alþingi, 117. löggjafarþingi, urðu miklar umræður á fundum samgöngunefndar um viðhaldskostnað girðinga í tengslum við 56. gr. frumvarpsins um bann við lausagöngu búfjár þar sem girt er báðum megin vegar. Frumvarpið var samþykkt sem vegalög, nr. 45/1994. Samgönguráðherra skipaði í kjölfarið nefnd sem í sátu fulltrúar ráðuneyta, hagsmunaaðila, sveitarfélaga og Vegagerðarinnar til að endurskoða ákvæði

VII. kafla vegalaga um girðingar með vegum. Nefndin skilaði niðurstöðum í formi frumvarps til breytinga á vegalögum og varð það að lögum nr. 56/1995.

Lög nr. 56/1995 voru byggð á þeirri meginreglu, sem gilt hefur hingað til, að landeigandi ætti að annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu. Hins vegar var gerð sú breyting að sveitarfélög skyldu hafa eftirlit með ástandi girðinga og fengu þau heimild til að bæta þar úr á kostnað landeiganda ef þörf krefði. Auk þess var það nýmæli að viðhaldskostnaður girðinga með stofn- og tengivegum skyldi borinn að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Hins vegar skyldi viðhaldskostnaður girðinga með vegum, sem girtir væru af veghaldara eingöngu til að auka öryggi með því að sporna gegn lausagöngu búfjár á vegsvæði, alfarið borinn af veghaldara. Þar var fyrst og fremst um að ræða vegi um afrétti og almenninga en sú tilhögun ekki talin geta átt við þar sem vegur lægi um afgirt heimalönd eða beitilönd einstakra jarða.

Undanfarin missiri hefur reglulega komið upp umræða um það vandamál sem lausaganga búfjár skapar á þjóðvegum landsins. 6. júlí 1998 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að fjalla um leiðir til að halda búfé frá helstu þjóðvegum landsins. Skilaði nefndin skýrslu í janúar 1999. Í henni kemur m.a. fram sú skoðun að girðingar meðfram vegum séu ótraustar og með takmarkað vörslugildi vegna þess að viðhaldi þeirra sé mjög víða ábótavant „enda á hendi margra aðila sem hafa mismikilla hagsmuna að gæta“ eins og það er orðað í skýrslunni. Í henni er lagt til að sveitarfélög og Vegagerðin kanni ástand girðinga með vegum og meti hvort girða eigi meðfram vegum eða fjarri þeim í því skyni að hindra lausagöngu búfjár á fjölförnustu vegum. Slíkar girðingar verði kostaðar af sérstakri fjárveitingu en uppsetning og viðhald þeirra verði á hendi Vegagerðarinnar.

Fallast má á að hluti af lausn þess vanda sem hér um ræðir gæti falist í bættu ástandi girðinga meðfram vegum þar sem á annað borð er talið nauðsynlegt að girða með tilliti til umferðaröryggis. Mikilvægt er að þar sem er girt séu girðingar traustar svo að búfé sleppi ekki inn á vegsvæðið. Telja verður að lausn vandans geti ekki síður falist í því að girða fjarri vegi og búa með því til lokuð beitarhólf fyrir búfé fjarri umferðinni. Víða háttar svo til að ekki er með góðu móti hægt að girða með vegum og verður því að gera ráð fyrir öðrum lausnum. Þá er ónefnd sú sjónmengun fyrir vegfarendur sem er af girðingum. Ennig má fallast á að nokkrum vandkvæðum hafi verið bundið að tryggja að allir landeigendur sinni lögbundinni skyldu sinni til að halda við girðingum meðfram vegum með þeim hætti að þær haldi vörslugildi sínu.

Í gildandi vegalögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 56/1995, er gert ráð fyrir að þar sem veghaldari girðir í því skyni að auka umferðaröryggi annist hann og kosti viðhald girðingarinnar. Þessi regla er ekki talin geta átt við þar sem vegur liggur um afgirt heimalönd eða beitilönd einstakra jarða, þar sé það landeigandi sem annist viðhald en beri viðhaldskostnað að jöfnu á móti veghaldara. Í ljósi hárrar tíðni óhappa þykir rétt að leggja til breytingar á þessu sem gera eiga Vegagerðinni kleift að taka að sér og kosta viðhald girðinga með vegum þegar það þykir nauðsynlegt vegna umferðaröryggis á vegum þar sem umferð er umtalsverð. Telja verður nauðsynlegt að veita Vegagerðinni skýra heimild til að grípa til aðgerða þar sem girðingar eru ekki traustar, endurbæta þær og e.t.v. girða að nýju þar sem þess er þörf.

Fram til setningar laga nr. 56/1995 voru í gildi ákvæði girðingalaga um að kostnaður af viðhaldi girðinga með vegum yrði borinn af landeiganda nema girðing væri eingöngu vegarins vegna. Nýmæli laganna um helmingshlutdeild veghaldara í viðhaldskostnaði girðinga með stofnvegum og tengivegum var ætlað að koma á framtíðarskipan þessarra mála og skera úr um það hver bera ætti viðhaldskostnaðinn. Eðlilegt er að þessi regla verði áfram megin-

regla laganna um viðhaldskostnað girðinga. Enn fremur verði það almenna reglan áfram að landeigandi haldi við girðingum sem reistar eru í þágu hans en ekki vegarins vegna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Sérstakt ákvæði er um fjárveitingar til reiðvega í 17. gr. vegalaga en þeir eru hins vegar ekki skilgreindir frekar í lögunum. Lagt er til að 9. gr. vegalaga verði breytt á þann hátt að reiðvegir verði skilgreindir sem sérstakur flokkur vega samkvæmt vegalögum.

Í 11. gr. vegalaga er samgönguráðherra heimilað að taka eignarnámi land til lagningar almennra vega og einkavega. Lagt er til að sama heimild verði fyrir hendi hvað snertir reiðvegi. Ef leggja á reiðvegi í auknum mæli er nauðsynlegt að eignarnámsheimild sé til staðar svo tryggja megi gerð reiðvega þegar nauðsyn krefur. Til að taka af allan vafa um heimild samgönguráðherra að þessu leyti er lagt til að reiðvegir verði taldir upp í 11. gr. ásamt almennum vegum og einkavegum, enda gert ráð fyrir að reiðvegir verði sérstakur vegflokkur.

Um 3. gr.

Um greinina vísast til athugasemda við 1. og 2. gr.

Um 4. gr.

Greininni er ætlað að tryggja að Vegagerðin geti ákveðið að taka að sér og kosta alfarið viðhald girðinga meðfram stofn- og tengivegum þar sem umferð er 500 bílar á dag eða meira yfir sumarmánuði ársins, svonefnd sumardagsumferð (SDU). Er hér átt við meðalumferð á dag í júní, júlí, ágúst og september. Þeir vegir sem hér um ræðir eru allir fjölförnustu stofnvegir, fjölfarnir tengivegir og aðrir vegir með talsverðri árstíðabundinni umferð.

Lengd vega sem hér um ræðir er alls um 1.630 km miðað við fyrirliggjandi niðurstöður umferðartalninga en þar eru einnig vegir í þéttbýli. Auk þess er nokkur hluti þeirra á Reykjanesi þar sem búfé er að miklu leyti í beitarhólfum og því að jafnaði ekki girt meðfram vegum. Að teknu tilliti til þess er hér um að ræða u.þ.b. 1.400 km. Aðeins hluti þessarra vega er girtur þannig að erfiðleikum er bundið að áætla lengd þeirra girðinga sem hér um ræðir. Ef gert er ráð fyrir að Vegagerðin taki að sér viðhald girðinga meðfram hringvegi, þjóðvegi eitt, og fjölförnustu vegum má ætla að kostnaður gæti numið allt að 20 millj. kr. á ári hverju.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að styrkja heimildir Vegagerðarinnar til lagningar reiðvega og eignarnáms vegna þeirra og heimild til að taka að sér og kosta alfarið viðhald

girðinga meðfram stofn- og tengivegum þar sem umferð er 500 bílar á dag eða meira yfir sumarmánuði ársins.

Samkvæmt lauslegri áætlun, byggðri á upplýsingum frá Vegagerðinni, yrði heildarkostnaður ríkissjóðs vegna þessara heimilda um 1 milljarður króna og skiptist niður á ótiltekinn fjölda ára ef heimildir eru nýttar til fulls. Þar af gæti aukinn kostnaður af viðhaldi girðinga verið á bilinu 15–20 m.kr. á ári. Í samþykktri vegáætlun er forgangsröðun verkefna ákveðin og ræðst framgangur framkvæmda af henni. Kostnaður við vegagerð er borinn af mörkuðum tekjustofnum og hefur frumvarpið því ekki áhrif á heildarútgjöld til vegamála.

573. Fyrirspurn [323. mál]

til dómsmálaráðherra um skýrslu um breytingu á áfengiskaupaaldri.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvers vegna hefur ráðherra ekki framfylgt lögum um að leggja fyrir Alþingi skýrslu um niðurstöðu nefndar sem hafði það verkefni samkvæmt áfengislögum, nr. 75/1998, að kanna hvort æskilegt væri að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi?
2. Var ekki ástæða til þess að óska eftir atbeina Alþingis til að fá framlengdan þann frest sem Alþingi gaf dómsmálaráðherra til að vinna verkið, þ.e. til október 1998, ef tímaskortur háði?
3. Hver er skoðun ráðherra á því þegar framkvæmdarvaldshafar framfylgja ekki lagafyrirmælum?

574. Fyrirspurn [324. mál]

til samgönguráðherra um póstburð.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvenær verður áætlun um póstburð alla virka daga til allra eða flestallra heimila í landinu komin til framkvæmda?

575. Frumvarp til laga [325. mál]

um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. taka til gagnagrunna að því er tekur til niðurröðunar og samsetningar þeirra að fullnægðum almennum skilyrðum fyrir höfundaréttarlegri vernd. Ekki raskar sá

réttur höfundarétti að verkum sem gagnagrunnurinn kann að geyma. Þá raskar hann eigi að heldur samhliða rétti framleiðenda skv. 50. gr.

Með gagnagrunni í skilningi laga þessara, sbr. 3. mgr. þessarar greinar og 50. gr., er átt við safn sjálfstæðra verka, upplýsinga eða annarra efnisatriða, sem komið er fyrir með skipulegum eða kerfisbundnum hætti og eru aðgengileg með rafrænum eða öðrum aðferðum. Tölvuforrit sem notað er við gerð eða rekstur gagnagrunns og aðgangur er veittur að með rafrænum hætti telst ekki til gagnagrunns í skilningi laga þessara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir 4. tölul. 2. mgr. kemur nýr töluliður, 5. tölul., og orðast svo: eftirgerðar véllæsilegra eintaka gagnagrunns.
b. 5. og 6. málsl. 3. mgr. orðast svo: Gjald af auðum hljóðböndum nemi 33,00 kr. en 98,00 kr. ef um auð myndbönd er að ræða. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjald þetta.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. a laganna orðast svo:

Þeim sem hefur rétt til að nota tölvuforrit, sem út hefur verið gefið, er heimil, þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 11. gr., gerð eintaka eftir forritinu, þar á meðal til gerðar vara- og öryggiseintaka sem honum eru nauðsynleg vegna nýtingar þess. Slík eintök má ekki nota á annan hátt og réttur til nýtingar þeirra fellur niður ef eigandi ráðstafar frumeintaki sínu til annarra.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „bókmenntaverks eða tónverks sem út hefur verið gefið og ekki er leiksviðsverk“ í 1. mgr. kemur: verks, sem út hefur verið gefið.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til leiksviðsverka eða kvikmyndaverka. Enn fremur taka ákvæði greinar þessarar ekki til gagnagrunna við fræðslu í hagnaðarskyni.

5. gr.

2. málsl. 3. mgr. 25. gr. b laganna orðast svo: Höfundaréttarsjóður myndlistarmanna eða annar sjóður sem kæmi í hans stað annast innheimtu gjalda skv. 1. mgr., svo og skil á þeim til höfunda að frádregnu hæfilegu endurgjaldi vegna innheimtunnar.

6. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein og orðast svo:

Hafi höfundur kvikmyndaverks framselt rétt sinn til útleigu kvikmyndaverks, sbr. 1. mgr., á hann ætíð rétt til hæfilegrar þóknunar fyrir útleiguna og verður ekki fallið frá rétti þessum með samningum.

7. gr.

1. mgr. 42. gr. a laganna orðast svo:

Sá sem hefur rétt til að nota tölvuforrit hefur heimild til að gera þær breytingar á forritinu sem nauðsyn ber til vegna nýtingar þeirrar sem heimil er.

8. gr.

Á eftir 42. gr. b laganna kemur ný grein, 42. gr. c, er orðast svo:

Sá sem hefur rétt til að nota gagnagrunn, sbr. 50. gr., hefur heimild til aðgerða sem nauðsynlegar eru til aðgangs að efni gagnagrunnsins og venjulegrar nýtingar hans.

9. gr.

3. mgr. 45. gr. laganna orðast svo:

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr. og 53. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

10. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Sá sem framleiðir skrár, töflur, eyðublöð, gagnagrunn eða svipuð verk sem hafa að geyma umtalsvert safn upplýsinga eða eru árangur verulegrar fjárfestingar hefur einkarétt til eintakagerðar eða birtingar verks í heild eða að verulegum hluta. Endurtekinn og kerfisbundinn útdráttur og/eða endurnýting óverulegs hluta af gagnagrunni er óheimil ef þær aðgerðir stríða gegn venjulegri nýtingu hans eða ganga með óeðlilegum hætti gegn réttmætum hagsmunum framleiðenda gagnagrunnsins.

Einkaréttur til þeirrar sérstöku verndar sem kveðið er á um í grein þessari helst í 15 ár frá næstu áramótum eftir að verkið varð til. Ef verkið er birt innan greinds verndartímabils skal verndin þó haldast í 15 ár frá næstu áramótum eftir að gagnagrunnurinn telst birtur almenningi.

Njóti verk eða verkshluti, sem fjallað er um í grein þessari, höfundaréttarverndar verður þeim rétti einnig beitt samhliða.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum II. kafla laga þessara.

11. gr.

3. tölul. 2. mgr. 54. gr. laganna orðast svo: Brot á 1. mgr. 45. gr. og 3. mgr. sömu greinar, sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. mgr. 28. gr. og fyrirmæli sem getur í 2. mgr. 31. gr.

12. gr.

1. málsl. 57. gr. laganna orðast svo: Takist ekki samningur um fjárhæð þóknunar skv. 14. gr., 15. gr. a, 16., 17., 20. og 21. gr., 23. gr. a, 25. gr., 45. gr. a og 47. gr. getur hvor aðili um sig lagt ágreiningsefnið undir úrskurð þriggja manna nefndar sem menntamálaráðherra skipar úr hópi fimm manna sem höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. tilnefnir.

13. gr.

Í stað orðanna „sbr. 2. mgr. 45. gr.“ í 2. mgr. 59. gr. laganna kemur: sbr. 3. mgr. 45. gr.

14. gr.

Á eftir 60. gr. laganna kemur ný grein, 60. gr. a, er orðast svo:

Ákvæði 50. gr. gilda um verk ríkisborgara eða manna búsettra í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

15. gr.

61. gr. laganna kemur í stað 63. gr. og við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vernd gagnagrunna skv. 50. gr. sem gerðir eru á tímabilinu frá 1. janúar 1983 til 1. janúar 2000 helst til 1. janúar 2015.

16. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 61. gr. og orðast svo:

Ákvæði 45. gr. taka til:

1. Listflutnings íslenskra ríkisborgara, hvar sem hann hefur fram farið.
2. Listflutnings erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna sem hér segir:
   a. Ef listflutningur hefur farið fram hér á landi.
   b. Ef listflutningur hefur verið tekinn upp á hljóðrit sem verndar nýtur eftir ákvæðum 2. tölul. 3. mgr.
   c. Ef listflutningi, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, er útvarpað af útvarpsstofnun sem verndar nýtur eftir ákvæðum í 4. mgr.

Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem gerðar eru hér á landi eða í ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

Ákvæði 47. gr. taka til:

1. Listflutnings íslenskra ríkisborgara sem tekinn hefur verið upp á hljóðrit.
2. Hljóðrita, svo og listflutnings þess er þau hafa að geyma, ef framleiðandi hljóðrits er íslenskur ríkisborgari eða fyrirtæki sem hefur aðsetur hér á landi.

Ákvæði 48. gr. taka til útvarpsstofnana ef þær fullnægja öðru hvoru því skilyrði sem hér segir:

1. Að aðalstöðvar stofnunarinnar séu hér á landi.
2. Að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu hér á landi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan menntamálaráðherra af sérstakri nefnd, sem fylgst hefur með þróun höfundaréttarmála á vegum ráðuneytisins á síðustu árum og unnið að endurskoðun höfundaréttarlöggjafarinnar. Í nefndinni eiga nú sæti Sigurður Reynir Pétursson hrl., formaður, Eiríkur Tómasson lagaprófessor, Erla S. Árnadóttir hdl., Gunnar Guðmundsson hdl., Knútur Bruun hrl., Ragnar Aðalsteinsson hrl., Tómas Þorvaldsson hdl. og Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri lögfræði- og stjórnsýslusviðs menntamálaráðuneytisins. Samdi nefndin m.a. tillögur til breytinga á höfundalögum sem samþykktar voru sem lög nr. 57/1992 og nr. 145/1996.

Markmið frumvarpsins.

Höfuðmarkmið þeirra breytinga á höfundalögum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu er að laga íslenska höfundalöggjöf að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9 um lögverndun gagnagrunna. Þá er með frumvarpi þessu gerð tillaga um að samræma íslensk höfundalög að ákvæði 4. gr. tilskipunar ráðsins 92/100/EBE um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarétti á sviði hugverkaréttar. Að síðustu er enn fremur í frumvarpi þessu gerð tillaga um breytingar á ákvæðum varðandi vernd tölvuforrita með hliðsjón af tilskipun ráðsins

91/250/EBE, um lögvernd fyrir tölvuforrit. Það skal tekið fram að með áðurgreindum lögum nr. 57/1992 og nr. 145/1996 voru íslensk höfundalög löguð að hinum tveimur síðastgreindu tilskipunum að verulegu leyti.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) skuldbatt Ísland sig til þess að aðlaga löggjöf landsins að hinu almenna verndarstigi hugverka í Evrópusambandslöndunum. Vísast um þetta efni til 65. gr. samningsins, sbr. viðauka XVII, bókun 28. Í 3. tölul. 1. gr. bókunar 28 segir: „... munu EFTA-ríkin samkvæmt beiðni og að höfðu samráði við samningsaðila aðlaga löggjöf sína um hugverk til þess að ná að minnsta kosti því almenna stigi í verndun hugverka sem er í Evrópubandalaginu við undirritun þessa samnings.“

Það skal tekið fram að endurskoðunarnefnd höfundalaga hefur fylgst með þróun alþjóðlegrar höfundaréttarverndar, þar á meðal vegna aukinna möguleika á nýtingu hugverka og listflutnings með stafrænni (digital) tækni. Er hér einkum átt við samninga Alþjóðahugverkastofnunarinnar frá árinu 1996, höfundaréttarsamning WIPO og grannréttindasamning WIPO. Þá hefur nefndin fylgst grannt með undirbúningi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að setningu nýrrar tilskipunar um höfundarétt og hliðstæð réttindi í upplýsingasamfélaginu. Fyrirsjáanlegt er að nokkrar breytingar mun þurfa að gera á íslenskri höfundalöggjöf þegar sú tilskipun hefur verið samþykkt innan Evrópusambandsins. Enn fremur er fyrirsjáanlegt að hið fyrsta þarf að breyta ákvæðum laganna varðandi gjöld fyrir upptöku verka til einkanota til samræmis við gjörbreytta upptökutækni.

Helstu nýmæli og breytingar.

Gagnagrunnar.

Svo sem að framan greinir er eitt helsta nýmæli sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir í fyrsta lagi að lögfest verði í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins ákvæði um lögvernd gagnagrunna.

Gagnagrunnur er í tilskipun Evrópusambandsins skilgreindur sem „safn sjálfstæðra verka, upplýsinga eða efnisatriða sem komið er fyrir með skipulegum og kerfisbundnum hætti og eru aðgengileg með rafrænum aðferðum eða á annan hátt“. Í frumvarpinu er byggt á þeirri skilgreiningu.

Lögvernd gagnagrunna samkvæmt frumvarpi þessu er tvíþætt.

Í fyrsta lagi lýtur lögvernd gagnagrunna að tímabundnum einkarétti framleiðenda gagnagrunna til eintakagerðar í því skyni að tryggja þeim hæfilegt endurgjald fyrir afnot annarra aðila að efni gagnagrunnanna á verndartímabilinu sem er 15 ár. Hinn sérstaki réttur framleiðenda tekur aðeins til nýtingar alls eða verulegs hluta gagnagrunns svo og til kerfisbundins útdráttar eða óverulegs hluta hans ef þær aðgerðir stríða gegn óeðlilegri nýtingu eða ganga með óeðlilegum hætti gegn réttmætum hagsmunum framleiðenda. Framleiðandi gagnagrunns er sá sem hefur frumkvæði að og tekur á sig áhættu sem fylgir fjárfestingu við gerð hans. Réttlæting þessarar verndar felst í vinnuframlagi og fjárfestingu þeirri sem framleiðendur leggja í við gerð slíkra heimildabanka og felur að sjálfsögðu jafnframt í sér hvatningu til gerðar þeirra. Hér er um að ræða svokallaðan „sui generis“ rétt, óháðan höfundarétti.

Í öðru lagi er jafnframt lagt til að lögfest verði skýr ákvæði um vernd höfunda gagnagrunna að fullnægðum almennum skilyrðum höfundaréttar um verkshæð, en í flestum tilvikum er talið að gagnagrunnar fullnægi ekki þessum skilyrðum. Til höfundaréttarverndar er krafist að fullnægt sé skilyrðum um frumleik og skapandi vinnu í vali og niðurröðun efnis í gagnagrunninn.

Gagnagrunnur kann að geyma höfundaréttarlega varið efni sem að sjálfsögðu er verndað samkvæmt almennum rétti höfundaréttar. Hvorugur rétturinn, þ.e. „sui generis“ réttur útgefenda eða réttur höfunda, útilokar hinn, þannig að framleiðandi gagnagrunns þarf að tryggja sér höfundaréttinn með framsali, ef til staðar er, til að tryggja sér algjöran umráðarétt yfir verkinu á verndartíma framleiðendaréttarins. Slíkt framsal kann þó að felast í vinnusambandi höfunda og framleiðenda við gerð gagnagrunnsins samkvæmt almennum sjónarmiðum höfundaréttar um framsal réttarins í vinnusambandi.

Ákvæði tilskipunar um gagnagrunna raska á engan hátt fyrri tilskipun Evrópuráðsins frá 24. október 1955, um vernd einstaklinga í sambandi við meðferð persónulegra upplýsinga, sem tekur mið af 8. gr. Evrópusáttmálans um friðhelgi einkalífs og grundvallarmannréttindi. Tilskipuninni er því ekki ætlað að hafa áhrif til breytinga á löggjöf aðildarlandanna um upplýsingavernd.

Þá er tilskipuninni ekki ætlað, hvorki beint né óbeint, að stuðla að yfirburðamarkaðsstöðu einstakra gagnagrunnsframleiðenda. Í því efni gilda áfram ákvæði samkeppnislaga hvers sambandslands.

Gjald fyrir útleigu kvikmyndaverka.

Í samræmi við 4. gr., sbr. 8. tölul. 13. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um leigu og útlánsrétt o.s.frv. frá 19. nóvember 1992 (Tilskipun ráðsins 92/100/EBE), er hér lagt til að lögfest verði óafsalanlegt gjald til rétthafa vegna útleigu verka. Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um hæfilegt gjald sem dómstólar ákveða náist ekki samkomulag milli aðila. Var í framangreindri tilskipun Evrópusambandsins veittur frestur til þess að mæla fyrir um gjald þetta í lögum.

Um ákvæði frumvarpsins varðandi vernd tölvuforrita er fjallað í athugasemdum við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að skilgreiningin á gagnarunni verði tekin upp í 6. gr. laganna. Í 6. og 50. gr. er fjallað um inntak þeirrar verndar sem gagnagrunnar njóta samkvæmt lögum þessum, þ.e. annars vegar er höfundaréttarleg vernd í 6. gr. og hins vegar hin sérstaka vernd í 50. gr. Skilgreining þessi byggir á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/9, sbr. 17. inngangsgrein tilskipunarinnar.

Samsetning gagnagrunns kann að njóta höfundaréttarlegrar verndar vegna vals og niðurröðunar efnis í hann, enda sé fullnægt lágmarkskröfum höfundaréttar um frumleik og skapandi vinnu við gerð hans. Talið er að þessum skilyrðum sé yfirleitt ekki fullnægt að því er gagnagrunna varðar og þeir njóti því að jafnaði ekki verndar samkvæmt höfundarétti. Sjálf hugmyndin að baki verki eða efniviður þess nýtur ekki höfundaréttarverndar heldur einungis framsetning þessara atriða. Höfundaréttarvernd gagnagrunna samkvæmt grein þessari tekur því ekki til efnisinnihalds þeirra heldur einungis til vals og niðurröðunar efnisins, þ.e. samsetningar þessa.

Um 2. gr.

Hér er í a-lið kveðið á um í samræmi við gagnagrunnstilskipun Evrópusambandsins að eftirgerð véllæsilegra eintaka gagnagrunns til einkanota sé óheimil á svipaðan hátt og undanþáguheimild 11. gr. núgildandi laga um eintakagerð til einkanota tekur ekki til tölvuforrita og annarra þeirra verka sem þar er fjallað um. Ákvæðið tekur einvörðungu til stafrænnar og

rafrænnar útgáfu gagnagrunns og felur m.a. í sér að stafræn eintakagerð af stafrænum gagnagrunni er óheimil. Bann við stafrænni eintakagerð gagnagrunna, sem ekki njóta höfundaverndar skv. 3. mgr. 6. gr., sbr. 1. gr. frumvarps þessa, er í 50. gr., sbr. 10. gr. frumvarps þessa.

Í b-lið er lagt til að heimild til að ákveða verðtryggingu höfundaréttargjalds með reglugerð falli brott í samræmi við almenna stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um afnám vísitölutengingar. Hinar lögfestu upphæðir gjaldsins taka mið af verðlagsþróun undanfarinna ára og eru óbreyttar frá því gjaldi sem nú er innheimt.

Um 3. gr.

Að athuguðu máli og með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins um tölvuforrit þykir rétt og eðlilegt að víkka heimildir þær sem eigendum tölvuforrita eru veittar til eftirgerðar þannig að þær nái einnig til þeirra sem hafa rétt til notkunar forritanna.

Við nánari skoðun sést að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um tölvuforrit er ákvæði 11. gr. núgildandi höfundalaga sem einvörðungu er bundið við eiganda tölvuforrits óþarflega þröngt, enda heimilar tilskipunin að allir þeir sem hafa rétt til nýtingar þess, þ.m.t. leigutaki að fullnægðum skilyrðum greinarinnar, hafi rétt til að gera eintök af forritinu.

Um 4. gr.

Ákvæði 21. gr. núgildandi höfundalaga heimilar opinberan flutning bókmenntaverka og tónverka í ýmsum tilvikum án samþykkis höfundar og án greiðslu til hans. Ákvæði greinarinnar eiga ekki við um öll vernduð verk heldur aðeins bókmenntaverk og tónverk. Leiksviðsverk eru undanskilin. Hér er lagt til að sú undantekningarheimild taki einnig til kvikmyndaverka. Að auki lagt til að við 21. gr. bætist ákvæði um að greinin taki ekki til gagnagrunna við fræðslu í hagnaðarskyni. Er hér leitast við að nýta undanþáguheimild b-liðar 2. tölul. 6. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um lögverndun gagnagrunna þar sem heimilað er að nota gagnagrunna við kennslu eða við vísindarannsóknir að því tilskildu að uppruna sé getið og að því marki sem tilgangurinn, sem má ekki vera viðskiptalegs eðlis, gerir ráð fyrir. Um viðskiptalegan tilgang fræðslu er að ræða í skilningi þessarar greinar ef fræðslan er skipulögð og rekin á grundvelli hagnaðarsjónarmiða. Ef greiðsla þess sem nýtur fræðslunnar tekur eingöngu mið af útlögðum kostnaði við hana er ekki um viðskiptalegan tilgang að ræða í skilningi þessarar greinar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að tekið verði fram í lögum um heimild Höfundaréttarsjóðs myndlistarmanna til að draga frá innheimtu fylgisréttargjaldi hæfilegt endurgjald vegna innheimtunnar. Í framkvæmd hefur þessu verið þannig varið að sjóðurinn hefur á grundvelli reglugerðarheimildar dregið 15% af innheimtu fylgisréttargjaldi til þess að standa undir kostnaði við innheimtuna. Hér er því ekki verið að leggja til breytingu á tilhögun innheimtunnar heldur eingöngu verið að styrkja lagalegan grundvöll fyrir töku endurgjalds fyrir innheimtu.

Um 6. gr.

Í samræmi við 4. gr., sbr. 8. tölul. 13. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um leigu og útlánsrétt o.s.frv. frá 19. nóvember 1992 (Tilskipun ráðsins 92/100/EBE), er hér lagt til að lögfest verði óafsalanlegt gjald til rétthafa vegna útleigu verka. Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um hæfilegt gjald sem dómstólar ákveða náist ekki samkomulag milli aðila.

Er í framangreindri tilskipun Evrópusambandsins veittur frestur til þess að mæla fyrir um gjald þetta í lögum.

Um 7. gr.

Hér er lögð til orðalagsbreyting á ákvæði 42. gr. a í því skyni að víkka heimildir þær sem eigendum tölvuforrita eru veittar til breytinga á þeim þannig að þær nái einnig til þeirra sem hafa rétt til notkunar forritanna. Vísast til athugasemda við 3. gr. frumvarps þessa.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að regla 42. gr. a gildandi laga um rétt notanda til nauðsynlegra breytinga á tölvuforritum gildi einnig um gagnagrunna. Þannig hafi notendur gagnagrunna heimildir til þess að gera aðgerðir á gagnagrunnum sem þeim eru nauðsynlegar til aðgangs að efni grunna og venjulegrar nýtingar þeirra.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða breytingar sem leiðir af 3. mgr. 41. gr., sbr. 6. gr. frumvarps þessa.

Um 10. gr.

Segja má að ákvæði þessarar frumvarpsgreinar um sérstaka (sui generis) vernd til handa framleiðendum gagnagrunna í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins sé eitt helsta nýmæli þessa frumvarps. Til reifunar þessa ákvæðis vísast aðallega til hinna almennu athugasemda við frumvarpið.

Í 1. mgr. er tekið fram að vernd einkaréttar framleiðenda taki til „eintakagerðar eða birtingar verks í heild eða að verulegum hluta“. Verndin nær einnig til endurtekins og kerfisbundins útdráttar eða endurnýtingar óverulegs hluta gagnagrunns ef gengið er óhæfilega gegn réttmætum hagsmunum framleiðenda.

Með „útdrætti“ er átt við tímabundna eða varanlega yfirfærslu alls eða umtalsverðs hluta efnis gagnagrunns á annan miðil með hvaða móti sem er og í hverju formi sem er. Með „endurnýtingu“ er átt við það þegar almenningi er veittur aðgangur í hvaða formi sem er að öllum eða umtalsverðum hluta efnis gagnagrunns með dreifingu afrita, leigu, beinlínutengingu eða öðrum flutningsaðferðum.

Um 11. gr.

Hér er sú breyting gerð á 3. tölul. 2. mgr. 54. gr. laganna að vísa til 3. mgr. 45. gr. í stað 2. mgr. til samræmis við breytingar sem gerðar voru á þeirri grein með breytingum á höfundalögunum árið 1996.

Um 12. gr.

Tilvísun í 23. gr. laganna er felld niður þar sem sú grein kveður á um hreinan einkarétt höfunda eða félagssamtaka fyrir þeirra hönd til samninga við útvarpsstofnanir, þar á meðal um fjárhæð þóknunar. Enn fremur er bætt inn í greinina tilvísun í 45. gr. a en með henni er kveðið á um að ágreiningi um þóknun megi vísa til úrskurðarnefndar.

Um 13. gr.

Í 2. mgr. 59. gr. eru tilgreind ýmis brot gegn höfundarétti sem tilnefndur tilsjónaraðili, eftirlifandi maki, niðjar eða eftirlifandi foreldrar geta krafist opinberrar ákæru eða höfðað mál út af. Þar er ranglega vísað til 2. mgr. 45. í stað 3. mgr. og er það hér með leiðrétt.

Um 14. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að hin nýja regla um 15 ára verndartíma til verndar framleiðendum gildi aðeins um verk sem framkvæmd eru af ríkisborgurum búsettum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sú takmörkun helgast af því að hér er um að ræða almennt lagaákvæði til verndar framleiðendum eingöngu (sui generis) þannig að hin almenna regla Bernarsáttmálans um þegnlega vernd (national treatment) er ekki skuldbindandi í þessu tilviki.

Um 15.–17. gr.

Hér er lagt til að 61. gr. verði færð í það horf sem hún var í fyrir gildistöku höfundalagabreytinganna frá 1996 og að núgildandi 61. gr. verði að 63. gr. Við þá grein bætist jafnframt ný málsgrein, 6. mgr., sem tryggja á að réttarvernd þeirra gagnagrunna sem gerðir hafa verið frá 1983 til 1. janúar 2000 haldist til ársins 2015.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til breytinga á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lögð til ýmis nýmæli og breytingar, m.a. varðandi lögfestingu ákvæða um lögvernd gagnagrunna og óafsalanlegs gjalds til rétthafa vegna útleigu kvikmyndaverka, afnám heimildar til að ákveða verðtryggingu höfundaréttargjalds með reglugerð, lögfestingu heimildar til að draga frá innheimtu fylgiréttargjaldi hæfilega upphæð fyrir innheimtu gjaldsins og útvíkkun heimilda til þeirra sem hafa rétt til að nota tölvuforrit til eftirgerðar þeirra, m.a. vegna öryggiseintaka.

Fyrirhugaðar breytingar eru taldar leiða til þess að notendur þurfi að greiða þóknun til rétthafa höfundaréttar vegna notkunar á gagnagrunnum og kvikmyndaverkum. Kostnaðurinn kemur fram í hærra sölu- og leiguverði. Engar upplýsingar liggja fyrir við gerð þessarar kostnaðarumsagnar um hvaða fjárhæðir gæti verið að ræða eða hver kostnaðarauki ríkisins sem notanda gagnagrunna og kvikmyndaverka yrði. Þá má gera ráð fyrir að úrskurðarnefnd fái fleiri mál til meðferðar. Kostnaður við störf nefndarinnar hefur verið breytilegur milli ára eftir því hve mörg og flókin mál eru tekin til úrskurðar og er talinn geta numið að hámarki nokkrum hundruðum þúsunda króna á einu ári.

576. Frumvarp til laga [326. mál]

um skylduskil til safna.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur þeirrar skilaskyldu sem á er lögð í lögum þessum er að tryggja:

1. að unnt sé að varðveita til frambúðar þann íslenska menningararf sem skilaskylda nær til;
2. að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;
3. að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna og fræðiiðkana eða annarra réttmætra þarfa.

2. gr.
Varðveislusöfn.

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Amtsbókasafninu á Akureyri og Kvikmyndasafni Íslands er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við tilgang þessara laga skv. 1. gr.

II. KAFLI
Skilaskylt efni.

3. gr.
Skilaskylda.

Af verkum sem birt eru hér á landi skal afhenda eintök til skylduskila samkvæmt því sem kveðið er á um í 4.–11. gr.

Verk telst birt í skilningi laga þessara þegar eintök af því hafa verið löglega gefin út eða þegar það er með réttri heimild gert aðgengilegt almenningi með öðrum hætti, svo sem ef það er flutt eða sýnt opinberlega eða er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet.

Verk telst birt hér á landi þótt það sé framleitt erlendis ef það er sérstaklega ætlað til dreifingar hér á landi.

4. gr.
Efni sem gefið er út á pappír.

Af efni sem gefið er út á pappír skal afhenda fjögur eintök.

Sé efni framleitt hér á landi hvílir skilaskyldan á framleiðsluaðila, þ.e. þeim sem skilar frá sér fullbúnu verki, prentsmiðju, fjölföldunarstofu eða bókbandsstofu. Sé ekki ljóst hver sá aðili er eða skil bregðast hjá honum getur móttökusafn farið fram á að útgefandi eða sá sem sér um dreifingu efnisins inni skilaskylduna af hendi.

Þegar um er að ræða efni sem framleitt er erlendis hvílir skilaskyldan á útgefanda þess.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn skal varðveita þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt eintak.

Séu afbrigði í texta, myndefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags af útgefnu verki

skal að auki afhenda eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó undanþegin þessu ákvæði. Landsbókasafn varðveitir þau eintök sem hér um ræðir.

Nýjar útgáfur af verkum eru einnig háðar skilaskyldu, enn fremur endurprentanir.

5. gr.

Örgögn og skyggnur.

Af verkum sem gefin eru út sem örgögn, á skyggnum eða á samsvarandi miðlum skal afhenda þrjú eintök, og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

6. gr.

Hljóðrit.

Af útgefnum hljóðritum, þ.e. hvers konar tal- og tónupptökum, þ.m.t. hljóðbókum, skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir hljóðritunum viðtöku og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

7. gr.

Gögn útgefin á rafrænu formi.

Af verkum sem gefin eru út á geisladiski, disklingi eða sambærilegu formi skal afhenda þrjú eintök, og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

8. gr.

Gögn á rafrænu formi á neti.

Sá sem birtir verk á rafrænu formi á neti skal veita móttökusafni aðgang að verkinu. Hann skal láta safninu í té aðgangsorð og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að stofnunin fái aðgang að efninu. Afhendingarskyldu telst fullnægt sé móttökusafni gert kleift að taka til sín eintak af verkinu.

Landsbókasafn skal varðveita verk sem birtast á rafrænu formi á neti. Safnið setur nánari reglur um afhendingu þessara gagna.

9. gr.

Samsettar útgáfur.

Af samsettum útgáfum, svo sem prentuðu efni, skyggnum, myndböndum, hljóðritum, geisladiskum, tölvudisklingum o.fl., skal afhenda fjögur eintök. Gildir einu hvort hið afhendingarskylda birtist á tvenns konar miðlum eða fleiri tegundum miðla.

Skilaskylda hvílir á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt.

10. gr.

Efni ljósvakamiðla.

Útsendar dagskrár Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps – skal afhenda í einu eintaki. Aðrar útvarps- og sjónvarpsstöðvar skulu láta í té eitt eintak af þeim hlutum dagskrár sem móttökusafn kallar eftir.

Skilaskylda efnis ljósvakamiðla hvílir á rekstraraðila.

Kvikmyndasafn Íslands skal varðveita efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er móttökusafni að fela Ríkisútvarpinu að varðveita dagskrár þess, bæði hljóðvarps og sjónvarps, samkvæmt nánara samkomulagi.

11. gr.

Kvikmyndir.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út eða sýndar opinberlega skulu afhent tvö eintök. Skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess. Ef kvikmynd er birt á fleiri en einu formi, til dæmis bæði á filmu og myndbandi, skal afhenda tvö eintök af hvorri/hverri gerð.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út á myndböndum, mynddiskum eða á öðru sambærilegu formi skal til viðbótar afhenda eitt sýningareintak.

Af erlendum kvikmyndum með íslenskum texta eða íslensku tali sem sýndar eru í kvikmyndahúsum skal afhenda eitt sýningareintak. Móttökusafni skal heimilt að varðveita einungis úrval þeirra mynda sem eru afhendingarskyldar samkvæmt þessari málsgrein.

Af erlendum kvikmyndum sem eru með íslenskum texta eða íslensku tali og dreift er til almennings á myndböndum, mynddiskum eða á öðru formi skal afhenda tvö ónotuð eintök.

Kynningarefni tengt kvikmyndum, svo sem veggspjöld, annað álíka prentefni og ljósmyndir, skal afhent í tveimur eintökum.

Skilaskylda íslenskrar kvikmyndar hvílir á framleiðanda hennar. Skilaskylda erlendrar kvikmyndar hvílir á dreifingaraðila hér á landi.

Kvikmyndasafn Íslands varðveitir efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum þess samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Þó skal eintak íslenskra kvikmynda sem kveðið er á um í 2. mgr. varðveitt í Landsbókasafni. Kvikmyndasafn Íslands varðveitir það kynningarefni sem um getur í 5. mgr.

Frumeintak af íslenskum kvikmyndum sem framleiddar eru á filmu skal afhent innan sjö ára frá frumsýningardegi. Sýningareintak af slíkum myndum skal afhenda innan tveggja ára frá frumsýningardegi. Móttökusafni skal einnig heimilt að láta gera nýtt sýningareintak á eigin kostnað.

Íslenskar kvikmyndir sem framleiddar eru á myndbandi eða á formi sem ekki krefst þess að þjónusta sé sótt til útlanda vegna framköllunar skulu afhentar innan árs frá frumsýningu eða útgáfu.

Sé íslensk kvikmynd samframleiðsla með erlendum aðila getur hinn íslenski framleiðandi mælt fyrir um að í stað afhendingar til Kvikmyndasafns Íslands verði frumeintak varðveitt á erlendu kvikmyndasafni sem á aðild að alþjóðasamtökum kvikmyndasafna, FIAF. Í slíku tilviki skal framleiðandi tilkynna Kvikmyndasafni Íslands hvaða erlent safn varðveitir frumeintakið.

III. KAFLI
Framkvæmd skylduskila.

12. gr.
Frágangur efnis.

Skilaskyld verk skal afhenda í endanlegri gerð og á því formi sem þau birtast notendum. Skyldueintök skulu vera heil og gallalaus. Með verkunum skal afhent það efni sem er framleitt til þess að fylgja þeim við dreifingu.

Móttökusafni er heimilt að semja við skilaskyldan aðila um sérstakan frágang á efni ef þurfa þykir.

13. gr.
Innsiglun.

Það efni sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota getur útgefandi ákveðið að móttökusafn geymi innsiglað tiltekinn tíma, og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu ef óskað er. Sá tími sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda má ekki fara fram úr gildistíma höfundaréttar. Útgefandi getur ákveðið að þann tíma sem prentað eða fjölfaldað efni er innsiglað séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni. Af efni sem opinber yfirvöld gera upptækt skulu lögregluyfirvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsiglun þeirra.

14. gr.
Tæknilegar upplýsingar.

Sé við notkun skilaskylds efnis þörf á búnaði sem er utan staðla ber hinum skilaskylda að verða við óskum um að afhenda þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að efnið komi að notum. Hinn skilaskyldi getur farið fram á að þessar tæknilegu upplýsingar verði ekki látnar óviðkomandi í té.

15. gr.
Meðferð efnis.

Skilaskylt efni er aðgengilegt notendum að því marki sem höfundalög heimila.

16. gr.
Skráning.

Safn skal gera skrár um það efni sem það varðveitir samkvæmt lögum þessum. Nánar skal mælt fyrir um skráninguna í reglugerð. Útgefanda er skylt að verða við ósk móttökusafns um að veita þær upplýsingar um útgefið verk sem eru nauðsynlegar vegna skráningarinnar.

17. gr.
Kostnaður af skylduskilum.

Skilaskyldur aðili ber kostnað af skylduskilum. Þó ber útgefandi kostnað af skilum efnis skv. 4. gr.

Setja má í reglugerð heimildarákvæði um að móttökusafn greiði í vissum tilvikum fyrir skilaskylt efni og afhendingu þess.

18. gr.
Lok reksturs hjá skilaskyldum aðila.

Falli skilaskyldur aðili frá eða verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta tekur dánar- eða þrotabúið við skyldum hans samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Undanþágur.

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki.

Í reglugerð er heimilt að mæla fyrir um frekari undanþágur frá skylduskilum.

20. gr.

Nánari ákvæði.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd skilaskyldu, svo sem um skilagrein er fylgja skuli efninu, hámarksfrest á skilum og þess háttar.

IV. KAFLI
Viðurlög.

21. gr.

Nú afhendir skilaskyldur aðili ekki efni innan þess frests sem ákveðinn er í lögum þessum eða reglugerð, og getur þá móttökusafnið að undangenginni aðvörun lagt á hann dagsektir. Kröfu um dagsektir má innheimta með aðför.

V. KAFLI
Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 43/1977, um skylduskil til safna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. ágúst 1997 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða gildandi lagaákvæði um skylduskil til safna. Var nefndinni falið að semja drög að frumvarpi til nýrra laga um þetta efni, ásamt greinargerð. Tillögur nefndarinnar áttu m.a. að taka til eftirtalinna atriða:

1. Hvaða efni skuli lúta skilaskyldu og á hverjum skyldan skuli hvíla. Í því sambandi átti sérstaklega að hafa hliðsjón af þróun sem orðið hefur frá því að núgildandi lög voru sett, að því er varðar framleiðslutækni, formbúning gagna og dreifingarhætti.
2. Hvaða stofnanir skuli vera móttöku- og varðveislustöðvar skilaskylds efnis og einstakra efnistegunda.
3. Hversu umfangsmikil skylduskilin skuli vera að því er varðar eintakafjölda.
4. Hvaða reglur skuli gilda um varðveislu og afnot skilaskylds efnis, m.a. í ljósi höfundalaga, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Nefndinni var ætlað að kanna hvernig þessum málum væri nú skipað í nágrannalöndum Íslands, í meginatriðum, og gera grein fyrir því í skýrslu sinni. Loks var henni falið að meta og gera grein fyrir kostnaði af þeirri tilhögun sem hún gerir tillögu um.

Í nefndinni áttu sæti: Einar Sigurðsson landsbókavörður, formaður nefndarinnar, Böðvar Bjarki Pétursson, forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands, Erla S. Árnadóttir hæstaréttarlögmaður og Þóra Óskarsdóttir bókasafnsfræðingur.

Tilgangur laga um skylduskil.

Tilgangur lagaákvæða um skylduskil er að tryggja að sá hluti þjóðararfsins og menningar okkar sem lögin ná til varðveitist fyrir komandi kynslóðir, verði skráður og sé aðgengilegur

til rannsókna og skoðunar. Tilgangur skilaskyldu er hins vegar ekki sá að afla móttökusöfnum eintaka til almennrar notkunar eða afþreyingar.

Söguleg þróun.

Fyrstu lög um skylduskil til íslenskra safna voru sett 1886. Samkvæmt þeim voru Landsbókasafni látin í té tvö eintök prentaðs efnis, en amtsbókasöfnin á Akureyri og í Stykkishólmi fengu eitt eintak hvort. Auk þess voru Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn afhent tvö eintök og háskólabókasafninu þar eitt eintak. Skilaskyldan nam því alls sjö eintökum.

Fyrir þennan tíma eða allt frá árinu 1662 hafði íslenskum prentsmiðjum verið gert skylt að senda Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn og síðar einnig bókasafni Hafnarháskóla eintök af öllu því sem prentað var hér á landi.

Árið 1909 bættust Amtsbókasafnið á Seyðisfirði og Bókasafn Ísafjarðar í hóp prentskilasafna, 1928 Amtsbókasafnið í Færeyjum og 1939 háskólabókasafnið í Winnipeg. Árið 1941 samþykkti Alþingi að hið nýstofnaða Háskólabókasafn fengi framvegis eitt eintak af öllu því efni sem Landsbókasafni bæri að fá tvö eintök af. Hafði þá Háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn helst úr lestinni. Samtals voru prentskilaeintökin ellefu þegar hér var komið.

Samkvæmt lögum um skylduskil frá 1949 var prentsmiðjum landsins gert að láta Landsbókasafni í té fjögur eintök af smáprenti, átta eintök af blöðum sem koma út einu sinni í viku eða oftar og tólf eintök af öllu öðru prentmáli. Skyldi Landsbókasafn varðveita tvö eintök, eitt var lagt til Háskólabókasafns og eitt til bókasafns Norðurlands á Akureyri. Öðrum skyldueintökum skyldi Landsbókasafn ráðstafa til bókasafna og vísindastofnana. Nánari skipting þeirra var ákveðin þannig í reglugerð að bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði og á Seyðisfirði skyldu hafa rétt til að velja úr þeim ritum sem væru ein örk eða stærri og úr tímaritum sem kæmu út mánaðarlega eða sjaldnar. Því sem afgangs yrði skyldi úthlutað til erlendra bókasafna og vísindastofnana og ættu þjóðbókasöfn Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar að sitja í fyrirrúmi, en vestan hafs háskólabókasafnið í Winnipeg.

Þegar kom til þess að setja ný lög um skylduskil, í stað laganna frá 1949, fól menntamálaráðuneytið Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði, Ólafi Pálmasyni, deildarstjóra í Landsbókasafni, og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra að semja frumvarp um efnið, og var það lagt fram á vorþinginu 1974 en dagaði uppi bæði þá og á næstu þingum, var loks samþykkt nokkuð breytt vorið 1977. Skyldueintökum var þá fækkað í fjögur en þau voru áður í sumum tilvikum tólf eins og áður segir. Heimilt skyldi þó landsbókaverði að óska afhendingar á allt að tíu eintökum af ríkisstyrktum ritum. Í reynd hefur þessu ákvæði ekki verið fylgt eftir nema að hluta til.

Af eintökunum fjórum skyldi Landsbókasafn varðveita tvö eintök, annað sem varaeintak en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafnið sitt hvort, og hefur síðarnefnda safnið að vissu marki haft rétt til að lána ritin út.

Nýmæli í lögunum frá 1977 er að afhenda skuli þrjú eintök af hljómplötum og öðrum útgefnum tón- og talupptökum. Landsbókasafnið skal varðveita tvö eintök en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

Alþjóðlegar viðmiðanir.

Það er hlutverk þjóðbókasafna að safna skráðri menningarsögu þjóðar sinnar. Þjóðbókasafnið ber ábyrgð á því að efnið sé vel skipulagt og ávallt til reiðu til rannsókna og skoðunar. Flest þjóðbókasöfn hafa byggt upp innlendan safnkost með skylduskilum. Skylduskil í flestum löndum hafa lengst af takmarkast við prentuð verk vegna þeirrar aldagömlu hefðar að öll

útgáfa hefur birst prentuð á pappír. Á undanförnum áratugum hefur önnur tækni rutt sér til rúms, og útgáfa á nýjum miðlum fer vaxandi með ári hverju. Því hafa þjóðir hver af annarri endurskoðað lög sín um skylduskil í því skyni að þau taki til þessara nýju útgáfumiðla.

Árið 1981 gaf UNESCO út í samvinnu við IFLA (International Federation of Library Associations and Institutions) tillögur að lögum um skylduskil (*Guidelines for Legal Deposit,* Jean Lunn, UNESCO 1981). Þar er mælt með því að hafa lögin rammalög svo að þau geti átt við sem flesta útgáfumiðla sem kynnu að verða til í framtíðinni en láta lögunum fylgja nánari ákvæði í reglugerð vegna þess að auðveldara er að breyta reglugerð en lögum. Áhersla er lögð á að tilgangur skylduskila sé vel greindur.

Í *Guidelines for Legislation for National Library Services* (Peter Johan Lor, UNESCO 1997) er einnig mælt með því að forðast nákvæmar skilgreiningar, heldur nota frekar almennt orðalag til þess að hægt sé að fella þar undir verk og miðla sem kunna að koma fram síðar.

Í *The Legal Deposit of Electronic Publications* (a Working Group of the Conference of Directors of National Libraries, UNESCO 1997), er mælt með því að lög séu eins víðtæk og mögulegt er. Þar er einnig ráðlagt að taka með frekar en útiloka efni sem einhver vafi leikur á að skuli vera skilaskylt. Varað er við því að gera greinarmun á rafrænum útgáfum í föstu formi og rafrænum útgáfum á neti (e. *off-line* og *on-line*) og mælt með því að taka með bæði útgáfuformin, sérstaklega þar sem horfur eru á hraðri þróun í átt að netútgáfum. Það er svo undir óskum þjóðbókasafnsins komið, svo og tæknilegum forsendum, hversu langt er gengið í innheimtunni, og má eftir atvikum mæla fyrir um slíkt í reglugerð.

Norræn lög um skilaskyldu.

Hinir nýju miðlunarhættir og fjölbreytileiki gagna gerir það að verkum að setning laga um skylduskil til safna er miklu flóknara viðfangsefni nú en áður. Gildir þá einu að kalla hvort hugað er að lagasetningu í litlu samfélagi eða stóru. Nefndin sem að málinu vann reyndi hins vegar að nýta sem best þá vinnu sem lögð hefur verið í málið með þeim þjóðum sem eru okkur menningarlega skyldastar, og hefur þá eðlilega öðru fremur verið litið til annarra Norðurlandaþjóða. Þær ýmist vinna nú að nýrri lagasetningu eða hafa endurnýjað löggjöf sína um skylduskil á síðustu árum.

Norsk lög um skylduskil tóku gildi 1. júlí 1990. Þau voru á þeim tíma einhver hin róttækustu í heiminum að því er tekur til nýrra miðla. Eigi að síður eru þau nú þegar í endurskoðun. Aðalatriði laganna eru þessi:

Skilaskylda nær til birtra verka, þ.e. verka sem hafa verið gerð aðgengileg almenningi.

Verkum á pappír og skyldum miðlum, örgögnum og ljósmyndum á að skila í sjö eintökum.

Hljóðrit, kvikmyndir, myndbönd, verk á tölvutæku formi og samsett verk á þessum miðlum á að afhenda í tveimur eintökum.

Útvarps- og sjónvarpssendingar á að afhenda í einu eintaki.

Gögn ber að afhenda án þess að greitt sé fyrir þau eða sendingu þeirra. Heimilt er þó móttökusafni að láta greiðslu koma fyrir mjög dýr verk að einhverju eða öllu leyti ef eftir er sótt.

Í reglugerð frá 25. maí 1990 er kveðið á um framkvæmd skylduskila, svo sem form og frágang efnis, upplýsingar er fylgi, skilafrest, móttökustofnanir, í hvaða tilvikum skyldan hvíli á útgefanda, framleiðanda eða innflytjanda, undanþágur o.fl.

Þá mælir reglugerðin fyrir um að móttökustofnun kvikmynda og myndbanda sé Norsk filminstitutt.

Óslóardeild þjóðbókasafnsins er móttökusafn fyrir hljóðrit, annað efni fer til þjóðbókasafnsdeildarinnar í Mo i Rana og deilist þaðan út til annarra móttökustofnana, nema tvö ein-

tök sem haldið er á staðnum. Er annað ætlað til millisafnalána og þess háttar, hitt er vara-eintak, varðveitt í traustri neðanjarðargeymslu.

Norsku skylduskilalögin setja eins og áður segir strangari reglur um skil rafrænna gagna en algengt var orðið á þeim tíma sem þau voru sett. Reglugerðarákvæði heimila þó þjóð-bókasafninu að taka ákvarðanir um hverju það vill safna af rafrænu efni. Framkvæmdin hefur reynst vandkvæðum bundin, einkum þegar gögnum í föstu formi (svo sem disklingum og CD-ROM) sleppir. Álitamálin varða m.a. skilgreiningu þess sem afhenda skal og hvernig varð-veita skuli, m.a. með tilliti til úreldingar á búnaði. Höfundaréttarmál eru líka nálæg, svo og hvernig standa skuli að skráningu. Starfshópur reifaði þennan vanda í skýrslu í desember 1995 (*Rapport fra arbeidsgruppe vedrørende problemer knyttet til pliktavlevering av elektronisk publiserte dokument*, Oslo/Mo i Rana). Þá hefur síðan 1. nóvember 1996 verið unnið að verkefni í Mo i Rana um tilhögun skila á tímaritum á rafrænu formi.

Sænsk lög um skylduskil tóku gildi 1. janúar 1994. Um svipað leyti var gefin út reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um útfærslu laganna.

Gagnstætt því sem er um norsku og dönsku lögin um skylduskil, svo og ráðleggingar UNESCO, eru sænsku lögin mjög ítarleg.

Aðalatriði laganna eru þessi:

Skilaskylda nær til verka sem birt hafa verið almenningi, þ.e. boðin til sölu, leigu, útláns eða á annan hátt dreift opinberlega, eða í fyrirtækjum til stórra lokaðra hópa.

Prentað mál er að jafnaði afhent í sjö eintökum. Móttökustofnanir eru Konunglega bóka-safnið og háskólabókasafnið í Lundi sem er eins konar varaþjóðbókasafn, svo og fimm önnur háskólabókasöfn, og er aðgengi að efninu í meginatriðum háð ákvörðun viðkomandi háskóla. Skylduskilaefni sem er varðveitt í Konunglega bókasafninu er ekki heimilt að lána út.

Efni á blindraletri er afhent í tveimur eintökum.

Kvikmyndir, myndbönd og hljóðrit eru afhent í einu eintaki, sömuleiðis dagskrár útvarps og sjónvarps. Móttökusafn er Arkivet för ljud och bild (ALB) sem er sjálfstæð stofnun.

Sænsku skylduskilalögin fela þannig í sér lagafyrirmæli um hvers kyns skilaskylt efni, óháð því hver varðveislustofnunin er.

Í reglugerð nr. 1439 frá 9. desember 1993 er m.a. mælt fyrir um varðveislu skylduskila-eintaka og notkun, svo og um gerð afrita í ALB og útlán þeirra.

Gildandi lög hafa ekki reynst fullnægjandi í öllum atriðum. Þau taka til að mynda aðeins til rafrænna gagna í föstu formi (svo sem disklinga og CD-ROM), en ekki rafrænna gagna á neti.

Svíar hafa stofnað til starfshóps sem vinnur að því að búa til forrit til að slæða upp sænskt efni á vefnum sem vera ætti skilaskylt. Verkefnið gengur undir nafninu Kulturarw³, og er fylgst af áhuga með framgangi þess bæði á öðrum Norðurlöndum og víðar.

Í september 1998 kom út skýrsla nefndar sem skipuð var til að endurskoða lögin með til-liti til rafrænna gagna, *E-plikt* (SOU 1998:111). Þar eru m.a. lagðar til eftirfarandi breyt-ingar:

Margmiðlunarverkum í föstu formi (t.d. CD-ROM) skal skilað í átta eintökum. Eitt eintak fer til ALB eins og áður, en bókasöfnunum eru tryggð sjö eintök eins og um prentað efni væri að ræða.

Verk sem birtast á rafrænu formi á neti eiga að afhendast í tveimur eintökum eftir beiðni, en einnig er hægt að afhenda verkin rafrænt um tölvunet. Taka skal tillit til tæknilegra og fjárhagslegra aðstæðna þess afhendingarskylda þegar ákveðið er á hvernig formi verkin eiga að afhendast. Skylda til að veita móttökusafni aðgang að rafrænu efni á neti hvílir á þeim er stofnar til gagnasafns.

Dönsk lög um skilaskyldu tóku gildi 1. janúar 1998. Þau eru mjög stuttorð, ekki síður en þau norsku, en jafnhliða gildistöku þeirra var gefin út reglugerð sem telja verður forsendu þess að hægt sé að starfa eftir lögunum, og er þar m.a. kveðið á um hvaða efni er afhendingarskylt og hvað ekki, hver á að afhenda og hvenær og hvaða stofnanir veita efninu viðtöku og varðveita það.

Aðalatriði laganna eru þessi:

Öll verk sem eru gefin út skal afhenda í tveimur eintökum, óháð þeim miðli sem notaður er við framleiðsluna.

Skilaskylda nær til útgefinna verka, þ.e. verka sem hafa verið sett á markað með samþykki höfundar eða dreift til almennings á annan hátt. Verk er einnig talið útgefið ef það er aðgengilegt í gagnabanka þannig að unnt sé að afrita það þegar notanda hentar. Með útgáfu er enn fremur átt við dreifingu verka til almennings með heimild í 2. kafla höfundalaga, nr. 395/1995.

Rafræn gögn í föstu formi eru skilaskyld (svo sem disklingar og CD-ROM), en rafræn gögn á neti því aðeins að þau birtist sem endanleg afmörkuð heild. Tölvuforrit eru eingöngu skilaskyld þegar þau eru hluti skilaskylds verks. Í tillögu nefndarinnar sem undirbjó drög að frumvarpinu var gert ráð fyrir að allt rafrænt efni yrði skilaskylt, en í reglugerð yrði kveðið á um framkvæmd eftir atvikum. Þetta var einnig skoðun forstöðumanna aðalmóttökusafnanna. Niðurstaðan varð þó sú sem að ofan greinir. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki sé tímabært að kveða á um skilaskyldu gagna sem séu uppfærð reglulega. Áður en ákvæði um slík gögn verði sett í lög þurfi að kanna nánar lagaleg og tæknileg atriði varðandi söfnun, varðveislu og not þessa efnis.

Um afnot af efni sem afhent er á grundvelli laganna segir að það skuli aðgengilegt notendum að því marki sem höfundalög heimili. Eintök á rafrænu formi megi þó aðeins vera aðgengileg í húsakynnum safnsins og rafræn eintakagerð sé ekki heimil.

Aðalmóttökusöfn þess efnis sem tilgreint er í lögunum eru Konunglega bókasafnið og Statsbiblioteket í Árósum.

Það var vilji margra, þar á meðal forráðamanna framangreindra safna, að um heildarlöggjöf yrði að ræða sem tæki til alls efnis, hver sem móttökustofnunin væri. Ráðuneytið vildi þó ekki stíga það skref í sambandi við þessa lagasetningu. Þannig gilda áfram ákvæði dönsku kvikmyndalaganna frá 27. febrúar 1997 um afhendingu á kvikmyndum til Filmmuseet (myndbönd eru þó afhent til Statsbiblioteket), og efni frá ljósvakamiðlum er áfram afhent samkvæmt frjálsu samkomulagi við Statsbiblioteket. Það er varðveitt þar í þeirri deild safnsins sem nefnist Statens Mediesamling.

Finnsk lög um skylduskil eru frá 1980. Þau mæla fyrir um skil á sex eintökum prentaðs efnis og hljóðrita, en árið 1984 voru sett lög um skil á kvikmyndum og myndböndum til finnska kvikmyndasafnsins.

Endurskoðun gildandi laga hefur verið til umræðu í nokkur ár. Menntamálaráðuneytið hafði lengi vel í hyggju að setja heildarlög sem tækju einnig til kvikmynda og efnis ljósvakamiðla. Með því þótti þó of mikið í fang færst, og var horfið að því að hraða frekar endurskoðun núgildandi laga með það að markmiði að tryggja heimtur og varðveislu rafrænna gagna. Ráðuneytið setti því á stofn vinnuhóp í september 1997 til að gera tillögu um lagasetningu er tæki til prentaðra og rafrænna gagna, og skilaði hann áliti ári síðar.

Í tillögum vinnuhópsins er ekki gert ráð fyrir að allar móttökustofnanirnar sex taki við öllu skilaskyldu efni, heldur verði einungis um tvö heildstæð eintök að ræða. Annað þeirra verði í þjóðbókasafninu (háskólabókasafninu í Helsingfors), þ.e. bæði prentað efni og raf-

rænt. Hitt eintakið fer til bókasafns finnska háskólans í Åbo að því er tekur til prentmáls, en háskólabókasafninu í Jyväskylä er falin ábyrgð á varðveislu rafræns efnis.

Tillaga vinnuhópsins er því að einungis verði afhent tvö eintök af öðru prentuðu efni en bókum og tímaritum sem áfram komi í sex eintökum. Óbreyttar endurútgáfur verða ekki skilaskyldar. Þar sem öll dagblöð eru sett á örfilmu verður einungis um eitt prentað eintak af þeim að ræða. Hið sama gildir um nýsigögn, svo sem hljóðrit, en myndbönd fara til kvikmyndasafnsins. Tilgangurinn með þessum takmörkunum er að minnka flæði skylduskilaefnis. Í starfshópnum var rætt um þörfina á heildareintaki finnskrar útgáfu vegna millisafnalána. Þetta náðist ekki fram þar sem ekki reyndist unnt að fjölga skylduskilaeintökum og ekkert núverandi móttökusafna vildi heldur gefa eftir sitt eintak.

Gert er ráð fyrir að rafræn gögn í föstu formi verði afhent í tveimur eintökum, en gögn á neti í einu eintaki. Einungis er skylt að afhenda það efni á netinu sem er raunverulegar útgáfur. Svokölluðu gráu efni sem öllum er opið á netinu mun þjóðbókasafnið safna með sjálfvirkum aðferðum og koma fyrir í gagnasafni. Stofnað hefur verið til sérstaks þróunarverkefnis, EVA, til að koma þessu í framkvæmd.

Margmiðlunarefni kallaði á miklar umræður í starfshópnum. Niðurstaðan varð sú að Kvikmyndasafnið sækist einungis eftir efni sem flokkast sem kvikmyndir, en margmiðlunarefni, svo sem alfræðibækur, gengur til þjóðbókasafnsins.

Starfshópurinn leggur á það áherslu að rafræn gögn séu aðgengileg notendum í móttökusafninu. Þau yrðu hins vegar ekki fjölfölduð né þeim dreift til annarra safna sem millisafnalán. Þetta kallar á þróaðar öryggisráðstafanir.

Gert er ráð fyrir að ný skylduskilalög taki gildi árið 2000. Kostnaður við þau er áætlaður í skýrslunni. Bent er á að með móttöku og varðveislu rafræns efnis sé létt af útgefendum verulegri fjárhagsábyrgð. Annar mikilvægur þáttur er trygging þess að efnið sé upprunalegt og ófalsað.

Gildandi lög hér á landi og framkvæmd þeirra.

Menningararfinum, að svo miklu leyti sem hann er áþreifanlegur, má skipta gróflega í þrennt:

— útgefin og birt hugverk,
— opinber skjöl,
— menningarminjar, nytjamuni og listgripi.

Útgefin hugverk eru í ríkum mæli geymd og skráð í bókasöfnum. Núgildandi lög um skylduskil til safna, nr. 43/1977, kveða á um skylduskil á prentuðum og fjölfölduðum texta og myndefni. Einnig eru hljómplötur og aðrar tón- og talupptökur skilaskyldar. Rit eru afhent í fjórum eintökum, og eru þrjú þeirra nú varðveitt í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, en Amtsbókasafnið á Akureyri varðveitir eitt eintak. Hljómplötur og aðrar tón- og talupptökur skulu afhentar í þremur eintökum. Eru tvö þeirra varðveitt í Landsbókasafni en eitt í Amtsbókasafninu. Eitt þeirra eintaka sem Landsbókasafni er gert að varðveita er vara-eintak sem er ekki til notkunar nema í undantekningartilvikum en er varðveitt í sérstökum þar til gerðum geymslum. Eitt eintak prentaðs efnis er geymt í þjóðdeild Landsbókasafns og er þar aðgengilegt til notkunar á lestrarsal. Þriðja eintakið er til almennari notkunar. Eintak Amtsbókasafnsins er einungis til notkunar á lestrarsal.

Skilaskylt efni er skráð í Gegni, tölvukerfi Landsbókasafns, og þannig gert aðgengilegt notendum. *Íslensk bókaskrá* og *Íslensk hljóðritaskrá* eru gefnar út á hverju ári með upplýsingum um íslenska bókaútgáfu og hljóðritaútgáfu.

Aðrar tegundir hugverka en hér hafa verið taldar eru ekki skilaskyldar samkvæmt gildandi lögum um skylduskil til safna. Samkvæmt lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal Kvikmyndasafn Íslands safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni. Í lögunum er heimild til setningar reglugerðar um skylduskil á kvikmyndum, en slík reglugerð hefur ekki verið sett.

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, taka til skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar. Með skjölum er í lögunum átt við gögn sem orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings. Lögin taka ekki til prentaðs og fjölfaldaðs efnis, en stofnun sem gefur slíkt efni út skal geyma eitt eintak í skjalasafni sínu. Í lögunum er kveðið á um skyldu opinberra aðila til að afhenda skjöl til Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna. Safninu er þó heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila og mun hafa tekið við gögnum einkaaðila í einhverjum mæli. Samkvæmt athugasemdum við 5. gr. frumvarps til laga um Þjóðskjalasafn er hér átt við einkaskjalasöfn merkra stjórnmálamanna eða listamanna, svo og skjöl atvinnufyrirtækja og félaga. Jafnframt er bent á að stefna þurfi að því að ákveðin verkaskipting komist á milli Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafna og handritadeildar Landsbókasafns um söfnun einkaskjala.

Haustið 1997 skipaði menntamálaráðherra nefnd er gera skyldi tillögur um tölvugögn er væru háð skilaskyldu til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafna. Í skýrslu nefndarinnar eru taldar upp tegundir tölvuskjala: „Tölvuskjöl geta verið hvers konar tölvutækar skrár, ritvinnslugögn, gagnagrunnar, rafræn skilaboð, myndir (einnig hreyfimyndir) og hljóð.“ Þessi tölvuskjöl falla undir skylduskilalög ef þau eru birt. Opinberar stofnanir hafa gert og munu í auknum mæli gera tölvuskjöl sín og gagnagrunna aðgengilega almenningi á netinu. Má hér nefna sem dæmi skjöl á vefsíðum opinberra stofnana. 8. gr. þessa frumvarps mælir fyrir um skilaskyldu verka sem birtast á rafrænu formi. Er því ljóst að skylda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns til varðveislu þessara gagna skarast að einhverju leyti. Ætlast verður til að Þjóðskjalasafn (og héraðsskjalasöfn) annars vegar og Landsbókasafn hins vegar móti sér í framkvæmd svipaða verkaskiptingu um varðveislu rafrænna gagna og þegar hefur verið við lýði um gögn á hefðbundna formi.

Samkvæmt 3. mgr. 3 gr. laga um Þjóðskjalasafn skal Ríkisútvarpið (hljóðvarp og sjónvarp) varðveita myndir, plötur og hljómbönd í samráði við þjóðskjalavörð. Skv. 17. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, ber Ríkisútvarpinu að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar. Í því skyni starfar nefnd skipuð fulltrúum frá Þjóðskjalasafni og Ríkisútvarpi sem ákveður hvaða efni Ríkisútvarpið geymir.

Samkvæmt 34. gr. útvarpslaganna er hverjum sem hefur heimild til rekstrar útvarps skylt að varðveita í a.m.k. 18 mánuði hljóðupptökur af öllu frumsömdu útsendu efni. Fréttir er þó heimilt að varðveita í handriti. Engin lagaákvæði skylda einkareknar útvarps- og sjónvarpsstöðvar til að varðveita útsent efni lengur en hér greinir.

Myndlist, nytjamunir, listgripir og margvíslegar menningarminjar er varðveitt í listasöfnum og minjasöfnum. Lög nr. 58/1988 gilda um Listasafn Íslands og þjóðminjalög, nr. 88/1989, um þjóðminjavörsluna í landinu. Með frumvarpi þessu eru ekki lagðar til neinar breytingar á varðveislu þessa efnis.

Fyrirhugaðar breytingar á löggjöf um skylduskil.

Miklar breytingar hafa orðið á listsköpun, útgáfuháttum og fjölmiðlun síðan lög um skylduskil til safna, nr. 43/1977, voru sett. Má nefna tilkomu íslensks kvikmyndaiðnaðar, einkarekinna útvarps- og sjónvarpsstöðva og útgáfu margs konar efnis á rafrænu formi. Tímabært er því orðið að endurskoða lögin til að tryggja að tilgangi þeirra um varðveislu

menningararfsins verði náð. Nauðsynlegt er að ákvæði um skylduskil nái til allra útgefinna og birtra verka án tillits til þess hvaða miðill er notaður við framleiðslu verkanna og dreifingu.

Nefndin hugaði sérstaklega að því á hvern hátt mundi hentugast að haga varðveislu kvikmynda og ljósvakaefnis. Í þessu skyni og til að afla upplýsinga um núverandi fyrirkomulag á varðveislu þessa efnis fékk nefndin á sinn fund Jón Þór Hannesson, formann Framleiðendafélagsins (aðild eiga fyrirtæki sem framleiða myndir fyrir sjónvarp), Björn Sigurðsson, formann Félags kvikmyndahúsaeigenda, Ara Kristinsson, formann Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Elínu S. Kristinsdóttur, deildarstjóra safnadeildar RÚV, og frá Stöð 2 Ástþrúði Sveinsdóttur safnvörð og Lovísu Óladóttur, dagskrárstjóra innlendrar dagskrárdeildar.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði um skylduskil kvikmynda og ljósvakaefnis ættu heima í heildarlögum um skylduskil frekar en í sérlögum.

Hér skulu nefndar nokkrar breytingar frá gildandi lögum sem felast í frumvarpinu:

— Efni, sem ekki hefur verið skilaskylt, verður það nú. Er þar um að ræða kvikmyndir, efni ljósvakamiðla, efni á rafrænum miðlum, þar á meðal tölvuforrit, auk örgagna og myndefnis á skyggnum.
— Birting verður notuð sem viðmiðun um skilaskyldu. Í gildandi lögum er hins vegar miðað við fjölföldun á texta og myndefni og útgáfu hljóðrita.
— Afnumið er ákvæði 13. gr. um ríkisstyrkta útgáfu.
— Ekki eru lagðar til breytingar á reglum um á hverjum skilaskylda hvílir en kveðið er á um hverjir beri kostnað af skilunum.
— Fjöldi eintaka sem skila ber er óbreyttur hvað varðar efni sem er háð skilaskyldu samkvæmt gildandi lögum, þ.e. fjögur eintök af efni sem gefið er út á pappír og þrjú eintök af hljóðritum. Hins vegar er lagt til að skilað verði þremur eintökum af örgögnum, skyggnum og gögnum sem gefin eru út á rafrænu formi, svo sem CD-ROM, en fjórum eintökum af samsettum útgáfum. Gert er ráð fyrir að myndbönd verði afhent í tveimur eintökum, nema íslenskar kvikmyndir á myndböndum sem verði afhentar í þremur eintökum. Af kvikmyndum framleiddum á filmu verði afhent tvö eintök og skal annað vera frumeintak eða ígildi þess.
— Lagt er til að frestir til afhendingar efnis verði ákveðnir í reglugerð. Þó er lagt til að lögfest verði regla um að frumeintak kvikmynda skuli afhent innan sjö ára frá frumsýningardegi. Er ástæða þess sú að framleiðanda kvikmyndar er þörf á því að hafa aðgang að frumeintaki meðan verkið er í dreifingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum, en þó er fellt brott ákvæði c-liðar um opinbera stjórnsýslu sem líta má svo á að geti fallið undir hugtakið „réttmætar þarfir". Undir það hugtak falla einnig þau tilvik þegar efni er ekki aðgengilegt annars staðar. Ákvæði þessarar greinar áréttar þann tilgang laganna að varðveita menningararfinn, skrá hann og veita aðgang að honum til afmarkaðra nota. Þau not sem heimiluð eru af skilaskyldu efni takmarkast einkum við rannsóknar- og fræðistörf, en ekki er ætlast til þess að almennur aðgangur sé að efninu til afþreyingar.

Um 2. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið var hinu nýstofnaða Háskólabókasafni aukið við sem skylduskilasafni árið 1941. Við sameiningu þess og Lands-

bókasafns árið 1994 færðist skilaskylda beggja safna til hinnar nýju stofnunar, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sbr. lög nr. 71/1994.

Gert er ráð fyrir að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn verði áfram aðalvarðveislusafn efnis sem þangað hefur verið skilað hingað til og taki við skylduskilaeintökum fyrir sig og Amtsbókasafnið á Akureyri. Ekki þykir ástæða til að hrófla við því að skylduskilin fari til Amtsbókasafnsins á Akureyri eins og verið hefur síðan fyrstu lög um skylduskil til íslenskra safna voru sett árið 1886.

Svo sem fram kemur í 4.–11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að eitt eintak af efni sem gefið er út á pappír og sem örgögn, hljóðrit og samsettar útgáfur, sem og eitt eintak af verkum á geisladiskum (CD-ROM) eða sambærilegu formi, verði geymt í Amtsbókasafninu. Kvikmyndasafn Íslands varðveitir allar mynduptökur, nema þriðja eintak af íslenskum kvikmyndum á myndböndum sem Landsbókasafn varðveitir, svo og efni frá ljósvakamiðlum, en Landsbókasafn varðveitir rafræn gögn af neti.

Um 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er hvers kyns fjölfaldaður texti og fjölfaldað myndefni skilaskylt, svo og útgefin hljóðrit. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að skilaskylda nái til verka sem birt hafa verið. Liggja til þess tvær ástæður. Nýir fjölföldunar- og útgáfuhættir hafa það í för með sér að óhægt er um vik að nota framleiðsluaðferð sem viðmiðun um skilaskyldu. Með frumvarpinu er lagt til að fleiri tegundir efnis verði gerðar skilaskyldar en nú er, þ.e. örgögn, skyggnur, gögn á rafrænu formi, efni ljósvakamiðla og kvikmyndir. Þykir rétt að nota sömu viðmiðun um allar tegundir af efni eftir því sem við á. Er þetta einnig til samræmis við löggjöf á öðrum Norðurlöndum.

Hugtakið birting er hér skilgreint að mestu á sama hátt og í höfundalögum, nr. 73/1972. Með birtingu er þannig bæði átt við verk sem eru flutt opinberlega, t.d. kvikmyndir sem sýndar eru í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og annars staðar, og verk sem eru gefin út og þannig dreift til almennings með sölu, láni, leigu eða á annan hátt. Samkvæmt höfundalögum eru verk einnig birt með því að sýna eintök af þeim opinberlega, sbr. sýningu myndlistarverka á opinberum listsýningum, en skilaskylda nær ekki til verka sem birt eru á þann hátt. Orðið „sýnt“ í 2. mgr. 3. gr. vísar til merkingar orðsins í daglegu máli, þ.e. sýningar myndefnis, t.d. í kvikmyndahúsum. Skilgreining frumvarpsins á hugtakinu birting víkur frá skilgreiningu höfundalaga að því leyti að samkvæmt frumvarpinu er ekki skilyrði að verki hafi verið dreift til almennings í álitsverðum fjölda eintaka eins og krafist er samkvæmt höfundalögum. Það að verk hafi verið löglega gefið út eða birt vísar til þess að birtingin eigi sér annaðhvort stað með samþykki höfundar eða á grundvelli II. kafla höfundalaga, en þar er að finna nokkur ákvæði sem heimila útgáfu eða flutning verks í tilteknum tilgangi án þess að leita þurfi samþykkis höfundar.

Í 2. mgr. eru tekin af tvímæli um að verk sem miðlað er til almennings rafrænt, þannig að hægt sé að nálgast það fyrir tilstuðlan tölvunets, teljist birt í skilningi laganna. Þetta á einnig við þegar eintök af verki eru til reiðu eftir pöntun (e. *on demand*).

Í 3. mgr. eru tekin af tvímæli um að undir verk birt hér á landi falli verk sem framleidd eru erlendis ef útgáfan er gerð með það sérstaklega fyrir augum að verkinu verði dreift hér á landi. Til marks um að verk sé framleitt með það sérstaklega fyrir augum að vera dreift hér á landi má t.d. hafa að verk sé á íslensku máli eða gefið út af íslenskum útgefanda. Verk sem íslenskir aðilar láta framleiða erlendis fyrir alþjóðlegan markað eru hins vegar ekki skilaskyld. Ekki er heldur lagt til að skilaskylda nái til efnis sem íslenskir aðilar framleiða hér á landi ef framleiðslan er fyrir erlenda útgefendur og ætluð til dreifingar erlendis. Er talið að

þetta efni falli utan tilgangs laganna þar sem fremur er um íslenskt handbragð að ræða en íslenskt efni.

Um 4. gr.

Með þessari grein er kveðið á um skilaskyldu efnis sem gefið er út á pappír. Hér er um að ræða m.a. bækur, dagblöð, tímarit, árbækur, ársskýrslur, ársreikninga og þess háttar, verðlista, vöruskrár, bæklinga, leikskrár og skylt efni, einblöðunga, nótur, kort og myndir, þar með talin plaköt, akstursáætlanir, framleiðslulýsingar, hnattlíkön, upphleypt kort, spil, auglýsingar, söluskrár og póstkort. Tegundir efnis sem falla undir þessa grein eru hinar sömu og samkvæmt gildandi lögum, en um útgáfuhugtakið vísast til 3. gr. og athugasemda við hana.

Samkvæmt gildandi lögum hvílir skilaskyldan á prentsmiðju eða fjölföldunaraðila. Frumvarpið gerir ráð fyrir því sem meginreglu að skilaskyldan hvíli á þeim sem skilar frá sér fullbúnu verki. Þegar svo stendur á að skilaskylt verk verður til á fleiri en einum stað skal sá aðili sem fullbýr verkið til dreifingar vera ábyrgur fyrir skilum þess í endanlegum búningi. Þetta getur í vissum tilvikum haft í för með sér að skilaskyldan flytjist frá prentsmiðjunum til bókbandsstofanna.

Í þeim tilvikum að afbrigði koma fyrir í útgáfu mæla núgildandi lög fyrir um að skila skuli þremur eintökum af algengustu gerð en einu eintaki af hverju afbrigði. Er lögð til sú breyting að skila skuli fjórum eintökum af algengustu gerð en auk þess skuli skila einu eintaki af afbrigðum. Tölusetning eintaka er þó undanskilin þessu ákvæði.

Nýjar útgáfur og endurprentanir af verkum eru skilaskyldar samkvæmt gildandi lögum, og er lagt til að það ákvæði haldist óbreytt.

Rétt er að vekja athygli á því að vegna nýrrar tækni verða mörk prentunar og ljósritunar ógleggri en áður var. Prentstofur og fjölföldunarstofur hafa tekið í notkun það sem kalla má stafrænar ljósritunarvélar sem gera stofunum kleift að verða við óskum viðskiptavina um fjölföldun gagna í mjög litlu upplagi í einu. Mætti kveða á um það í reglugerð að Landsbókasafni beri að setja viðmiðunarreglur um skil á slíku efni og semja um framkvæmdina við þau fyrirtæki sem í hlut eiga.

Um 5. gr.

Lagt er til að örgögn, þ.e. örfilmur og örfisjur, verði skilaskyld þó að þau séu jafnframt gefin út í öðru formi. Ekki eru þó skilaskyld örgögn sem eru framleidd í opinberum söfnum til þess að hlífa frumgögnunum þó að þeim sé dreift í nokkrum eintökum til annarra viðlíka stofnana. Efni á þessu formi hefur hingað til ekki fallið undir skilaskyldu.

Lagt er til að ljósmyndir sem eru fjölfaldaðar til útgáfu sem skyggnur verði skilaskyldar. Þetta efni hefur ekki verið skilaskylt hingað til.

Um 6. gr.

Með hljóðritum er átt við hvers kyns miðla sem eingöngu hýsa upptökur á tali og tónum. Um getur verið að ræða hljómplötur, hljóðsnældur eða geisladiska (CD). Hljóðútgáfur í formi hljóðbóka og hljóðblaða, þ.e. textar sem eru talaðir inn á hljómband, verða líka skilaskyldar. Hafi hljóðupptökur verið gefnar út á fleiri en einum miðli (plötur, diskar, snældur) eru allar gerðirnar skilaskyldar.

Hljóðrit hafa verið skilaskyld samkvæmt gildandi lögum.

Um 7. gr.

Undir þessa grein fellur margs konar efni, t.d. skrifaður texti, tal, tónlist og önnur hljóð, tölvugrafík, myndlist, ljósmyndir, kvikmyndir og margt fleira, einnig samsetningar af þessu efni, svokallað margmiðlunarefni. Greinin tekur þannig til allra rafrænna miðla í föstu formi, þar á meðal öðrum miðlum, en annað er einungis í tölvutæku formi, t.d. tölvuforrit, tölvuleikir og önnur gagnvirk verk.

Efni á þessu formi hefur ekki verið skilaskylt.

Um 8. gr.

Greinin tekur til efnis er birtist í rafrænu formi á neti, hvort heldur þar er um að ræða efni sem frumbirt er á netinu eða efni sem jafnframt er gefið út á prenti, ellegar endurútgáfu þar sem prentaðri útgáfu er snúið í rafrænt form til að betra sé að nálgast efnið eða geyma það.

Tölvueign verður sífellt algengari meðal almennings, og rafræn gagnasöfn gera höfundum auðvelt að líta fram hjá venjulegum útgáfuleiðum og birta verk sín á tölvunetum. Alls óvíst er í hve miklum mæli það verður í framtíðinni. Breytingar á útgáfuháttum fara mjög eftir þörfum og óskum notenda. Nú þegar virðist efni tímarita vera ákvarðandi um hvort betur hentar útgáfa á neti eða pappír. Til þess að leita að upplýsingum er yfirleitt auðveldara að nota rafræn gagnasöfn en prentað mál. Auðveldara er hins vegar að lesa prentað mál. Athyglisvert er að lög og reglugerðir og aðrar upplýsingar frá stjórnvöldum eru sífellt að verða algengari í netútgáfum.

Rafræn tækni er í auknum mæli notuð, ekki aðeins til þess að miðla efni sem áður var dreift á pappír heldur einnig efni sem vanalega er kennt við aðra miðla. Nú þegar er hægt að geyma hljóð og kvikmyndir og miðla þeim á rafrænan hátt. Vaxandi margmiðlunarútgáfa þar sem texti, hljóð og mynd fara saman sýnir möguleika hinnar nýju tækni.

Frumvarpið leggur þá skyldu á herðar þeim sem standa að rafrænni útgáfu að þeir láti varðveislusafni í té heimild til aðgengis að gagnasafninu um leið og efnið hefur verið birt. Jafnframt er gert ráð fyrir að móttökusafn safni, skrái og geri aðgengilegt það efni sem hér um ræðir. Í því sambandi kann að vera þörf á setningu ákvæðis í höfundalög er heimili safninu nauðsynlega afritun. Verður reynslan að leiða í ljós hvernig framkvæmd ákvæðisins verður í framtíðinni.

Um 9. gr.

Með samsettu efni er átt við útgáfur þar sem efni er gefið út á miðlum af ólíkri gerð en dreift í einu lagi. Algengast er að prentuðu máli fylgi efni á myndböndum, hljóðsnældum, skyggnum, tölvudiskum eða geisladiskum (t.d. CD-ROM).

Einnig getur verið um annars konar samsetningar efnis að ræða, svo sem skyggnuflokka með hljóði.

Samkvæmt gildandi lögum hefur fylgiefni með prentuðum útgáfum verið skilaskylt, en ekki hefur verið skylt að skila samsettum útgáfum á öðrum miðlum. Með frumvarpinu er lagt til að hvers kyns samsettar útgáfur verði háðar skilaskyldu.

Um 10. gr.

Hér er lögð til sú nýbreytni að dagskrár Ríkisútvarpsins verði varðveittar til frambúðar í heild sinni en ekki einungis valdir hlutar eins og verið hefur. Jafnframt eru lagðar þær skyldur á einkastöðvar að þær safni þeim hlutum dagskrár sem móttökusafn óskar eftir. Þannig mundi t.d. dagskrá Stöðvar 2 einnig verða varðveitt í heild sinni, en af dagskrám annarra stöðva sem minni dreifingu hafa yrði varðveitt að lágmarki svo sem ein vika af hverri árstíð.

Heildarsöfnun af þessum toga tíðkast í flestum nágrannalandanna, enda er litið svo á að dagskrár í heild sinni séu ómetanlegur mælikvarði á tíðarandann á hverjum tíma.

Útfærsla söfnunarinnar er mismunandi eftir löndum. Ýmist sjá stöðvarnar sjálfar um söfnun dagskránna og skila þeim svo til móttökusafns (t.d. í Svíþjóð og Danmörku) eða móttökusafn sér sjálft um söfnun í gegnum móttökubúnað (t.d. í Bretlandi). Þetta þarf að útfæra hér á landi.

Gert er ráð fyrir að Kvikmyndasafn Íslands sjái um varðveislu efnisins. Rétt þykir þó, þar sem Ríkisútvarpið er með safnadeild, að heimila því að sjá um varðveislu sinnar dagskrár, enda sé tryggt aðgengi að efninu, sbr. 1. gr.

Um 11. gr.

Skilaskylda á kvikmyndum er nýmæli. Með „kvikmynd" er í frumvarpinu átt við heildstætt verk sem framleitt er á faglegan hátt og ætlað er til birtingar á opinberum vettvangi. Hugtakið nær yfir allar tegundir „lifandi" mynda, óháð því á hvers kyns miðil tekið er upp eða hvaða útsendingarform er notað. Skyldan nær þannig jafnt til kvikmynda sem teknar eru upp á filmu, myndbönd eða á rafrænt form. Hér er t.d. um að ræða bíómyndir, heimildarmyndir, tilraunamyndir (e. *experimental films*) og auglýsingar. Margt af því efni sem framleitt er fyrir sjónvarp, svo sem fréttir, fréttaskýringar og ýmsir umræðu- og spurningaþættir, mundu hins vegar ekki teljast til heildstæðra kvikmyndaverka í skilningi frumvarpsins. Slíkt efni er skilaskylt skv. 10. gr. um ljósvakaefni.

Lagt er til að skilaskylda íslenskra kvikmynda hvíli á framleiðanda, þ.e. þeim aðila er ber fjárhagsábyrgð á gerð myndarinnar, en að hinn íslenski dreifingaraðili sé ábyrgur fyrir skilum erlendra kvikmynda.

Með íslenskri kvikmynd er átt við mynd sem er framleidd af íslenskum framleiðanda eða meðframleiðanda og er með íslensku tali. Kvikmynd með erlendu tali getur þó talist íslensk ef til hennar er lagt verulegt íslenskt framlag, listrænt eða tæknilegt, og myndin er hluti af íslenskri kvikmyndamenningu. Með íslenskum framleiðanda er átt við einstakling, fyrirtæki eða stofnun sem á lögheimili eða er skrásett á Íslandi.

Frumvarpið kveður á um að einungis skuli afhenda frumeintak af endanlegri gerð myndar en ekki fráklipp. Fráklipp hefur í sumum tilvikum verulegt heimildagildi. Verður afhending þess í slíkum tilvikum að vera samkomulagsatriði, en ekki þykir fært að setja reglur um afhendingu þess í lög.

Framköllun íslenskra kvikmynda fer að öllu leyti fram erlendis. Gert er ráð fyrir að framleiðandi geti dregið afhendingu frumeintaks eða ígildis þess í allt að sjö ár frá frumsýningardegi. Að liðnum þeim tíma hefur framleiðandi yfirleitt ekki þörf fyrir að búa til fleiri eintök af verkinu og ætti að geta afhent frumeintak eða ígildi þess til varðveislusafns.

Þegar íslenskar kvikmyndir eru samframleiddar með erlendum aðilum getur hinn íslenski framleiðandi þurft að skuldbinda sig til að sjá um að frumeintak sé varðveitt hjá tilteknum erlendum aðila. Þykir því rétt að heimila að frumeintak sé í slíkum tilvikum varðveitt hjá erlendu safni.

Að öðru leyti varðveitir Kvikmyndasafn Íslands efni samkvæmt þessari grein. Þó er gerð tillaga um að eitt sýningareintak af íslenskum kvikmyndum sem kveðið er á um í 2. mgr. verði varðveitt í Landsbókasafni, enda er góð aðstaða í tón- og myndadeild safnsins fyrir þá sem vilja kynna sér hvaðeina sem lýtur að íslenskri kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu. Notkun þess eintaks sem afhent yrði Landsbókasafni samkvæmt þessari grein yrði með sama hætti og í Kvikmyndasafni Íslands, þ.e. eintakið væri ekki lánað út, heldur yrði það eingöngu til skoðunar á staðnum.

Um 12. gr.

Í 12. gr. eru ítarlegri ákvæði en eru í gildandi lögum um frágang skilaskyldra eintaka. Er gert ráð fyrir að þau beri að afhenda í endanlegri gerð og í því formi og ástandi sem þau birtast notendum ásamt því efni sem er framleitt til þess að fylgja verkunum í sölu eða dreifingu, t.d. hlífðarkápum, kössum eða hylkjum, notkunarreglum og viðlíka efni.

Breytingin styðst við reynslu af gildandi lögum og tekur einnig mið af nýlegri löggjöf grannlandanna. Jafnframt þykir rétt að kveða á um að móttökusafni sé heimilt að semja við skilaskyldan aðila um sérstakan frágang á efni ef þurfa þykir. Þannig gæti t.d. verið heppilegt að fá í óskornum örkum prentað efni sem búið er í hendur notendum með því að skera arkirnar við kjöl, fræsa þær og líma þannig inn í kápu.

Prufuprent eða annars konar ófullgerð eintök útgefins verks eru ekki skilaskyld.

Um 13. gr.

Samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum. Var talið rétt að leggja til að taka ákvæðið upp í frumvarpið þó að þýðing þess muni væntanlega minnka frá því sem verið hefur.

Um 14. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Líklegt er að skilaskylt efni verði í sumum tilvikum aðeins nýtt með aðstoð sérstaks tæknibúnaðar. Þurfa söfnin því að koma upp slíkum búnaði og halda honum við, ellegar færa efnið á nýtt form sem gengur við þann búnað sem tiltækur er á hverjum tíma.

Þegar sá tæknibúnaður sem efnið krefst er í samræmi við staðla er oft nægilegt að veita upplýsingar um fyrir hvaða gerð búnaðar efnið er framleitt. Í vissum tilvikum er hægt að tryggja aðgengi að efninu og koma í veg fyrir að efnið glatist á forgengilegum miðlum með því að færa það í tíma yfir á nýjan miðil eða aðlaga það nýjum stöðlum sama miðils, t.d. færa efni af gömlum hljómplötum yfir á diska eða stafræna miðla. Samkvæmt höfundalögum er ráðherra heimilt að ákveðnu marki að setja reglur um slíka afritun.

Skylduskil efnis á tölvutæku formi eru gagnslaus þegar til lengdar lætur ef varðveislustofnuninni gefst ekki í tíma kostur á upplýsingum um hinar tæknilegu forsendur þess að efnið komi að gagni. Frumvarpið gerir því ráð fyrir heimild til að krefja skilaaðila um slíkar upplýsingar ef nauðsynlegt er.

Tæknilegar upplýsingar af því tagi sem hér er um að ræða geta verið háðar viðskiptaleynd. Skilaaðili getur því sett það skilyrði að þær verði ekki látnar óviðkomandi í té.

Um 15. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um takmörkun útlána á eintökum sem fengin eru með skylduskilum. Lagt er til að þessi takmörkun verði afnumin. Eðlilegt þykir að skylduskilaefnið sé að meginstefnu til aðgengilegt notendum að því marki sem höfundalög heimila. Eðli málsins samkvæmt ber þó móttökusafni ætíð að fara þannig með skylduskilaefni að varðveisluskyldu sé fullnægt. Mætti í reglugerð kveða nánar á um meðferð móttökusafns á skylduskilaefni.

Ekki er nú ljóst hvernig ákvæðum höfundalaga verður í framtíðinni háttað um aðgang almennings að efni á rafrænu formi. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt fram endurskoðað frumvarp að tilskipun um höfundarétt og skyld réttindi í upplýsingasamfélaginu (COM(1999)250final), en drögin eru enn til meðferðar innan sambandsins. Með hliðsjón af þessari stöðu mála þykir rétt að vísa hér til ákvæða höfundalaga.

Um 16. gr.

Landsbókasafni er samkvæmt gildandi lögum gert að gera skrár um það efni sem safnið fær í skylduskilum. Amtsbókasafninu á Akureyri hefur ekki verið skylt að gera sérstaka skrá yfir það efni sem það hefur fengið í skylduskilum. Eðlilegast er að sambærilegar reglur gildi um skráningu allra verka sem eru hluti af íslenskri menningarsögu og afhent samkvæmt ákvæðum laganna. Mætti hugsa sér að verkin yrðu skráð í sameiginlegan gagnagrunn sem yrði aðgengilegur öllum landsmönnum á netinu, en í frumvarpinu er lagt í vald ráðherra að mæla nánar fyrir um skráninguna í reglugerð.

Ákvæðið um að útgefanda sé skylt að gefa upplýsingar um verkin er nýmæli og styðst við lög um skilaskyldu á Norðurlöndum. Löng hefð er fyrir því að eintökum fylgi upplýsingar um útgefanda, útgáfustað, útgáfuár og höfunda þegar um er að ræða prentað mál. Alþjóðlegir staðlar mæla líka fyrir um það. Með því að samræma upplýsingarnar sem eiga að fylgja öllum skilaskyldum verkum er hægt að tryggja rétta skráningu á útgefnu eða birtu efni án tillits til miðilsins sem verkið birtist á.

Um 17. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því sem meginreglu að skyldueintök séu afhent endurgjaldslaust og að þeir sem skyldan beinist að greiði flutningskostnað. Í sumum tilvikum kann þessi skylda þó að verða þungbær, og er með þessu ákvæði veitt færi á að bregðast við slíku. Höfð eru m.a. í huga tilvik þegar um er að ræða efni sem er sérstaklega dýrt í framleiðslu, útgáfur í dýru bandi eða útgáfur sem gefnar eru út í litlu upplagi.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Eðli málsins samkvæmt getur skilaskylda aldrei náð til alls þess sem gefið er út eða birt. Eðlilegt er að ýmislegt smáprent, t.d. eyðublöð sem eru ætluð til útfyllingar, umbúðir, bréfsefni, nafnspjöld, umslög og dagatöl sem ekki eru ritstýrð (eru án texta) falli utan marka laganna.

Í gildandi lögum er sérstaklega tekið fram að undanþeginn skilaskyldu sé prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki. Er lagt til að sú regla gildi áfram.

Samkvæmt gildandi lögum er Landsbókasafni falið að setja reglur um hvaða tegundir smáprents aðrar skuli vera undanþegnar skilaskyldu. Eðlilegast þykir að ráðuneytið setji ákvæði um allar frekari undanþágur í reglugerð í samráði við móttökusöfnin.

Um 20. gr.

Ákvæðið er nýtt. Í gildandi lögum er að nokkru kveðið á um þessi atriði, en betur þykir hæfa að ákvæði um þau verði sett í reglugerð. Þó er lagt til að kveðið sé á um skilafrest á kvikmyndum í lögunum sjálfum, sbr. 11. gr.

Um 21. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skylduskil til safna.

Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar á skilaskyldun til safna, einkum til samræmis við þróun er varðar framleiðslutækni, formbúning gagna og dreifingarhætti frá því að gildandi lög, nr. 43/1977, voru sett.

Helstu breytingar sem hafa áhrif á kostnað ríkissjóð eru sem hér segir:

1. Íslenskar kvikmyndir, erlendar kvikmyndir með íslensku tali eða skýringartexta og kynningarefni tengt kvikmyndum verður skilaskylt. Einnig verður meira af efni íslenskra hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva skilaskylt en nú er. Kvikmyndasafni Íslands er ætlað að kalla inn efnið og varðveita það, en myndbönd og mynddiskar skulu einnig varðveittir á Landsbókasafni – Háskólabókasafni. Stofnkostnaður er áætlaður 25–30 m.kr. og liggur hann í auknu geymslu- og skrifstofuhúsnæði og innréttingum. Árlegur rekstrarkostnaður, m.a. vegna launa starfsmanna, húsnæðis, umbúða og skrifstofuþjónustu, er áætlaður 12–15 m.kr. Að auki má áætla lauslega að kostnaður Ríkisútvarpsins aukist um 6–10 m.kr. á ári, aðallega vegna húsnæðis og skráningar. Ekki er lagt mat á kostnað annarra skilaskyldra aðila.
2. Verk sem gefin eru út á rafrænum miðlum, svo sem geisladiskum, disklingum eða á tölvuneti, þar á meðal tölvuforrit, verði skilaskyld. Einnig verði hljóðbækur og efni á skyggnum skilaskylt. Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er ætlað að innkalla og varðveita efnið auk þess sem Amtsbókasafninu á Akureyri er ætlað að varðveita hluta þess. Stofnkostnaður vegna kaupa og þróunar á tölvubúnaði til að safna, varðveita og veita aðgang að gögnum er áætlaður um 8–9 m.kr. Árlegur launakostnaður starfsmanna, viðhald og afskriftir búnaðar, auk skrifstofuþjónustu og annars sem fellur til, er áætlaður 10–14 m.kr.
3. Í þeim tilvikum sem afbrigði koma fyrir í útgefnu riti er lagt til að því sé skilað í fjórum eintökum af algengustu gerð, í stað þriggja samkvæmt gildandi lögum, en einu eintaki af hverju afbrigði. Gert er ráð fyrir að þetta hafi óveruleg áhrif á fjölda skilaskyldra eintaka og þar með kostnað ríkisins.
4. Gert er ráð fyrir að ekki verði lengur ætlast til þess að aðilar sem njóta ríkisstyrks til útgáfu á ritum skili allt að tíu eintökum. Þrjú þessara eintaka hafa verið afhent bókasöfnunum í Stykkishólmi, á Ísafirði og Seyðisfirði. Gera má ráð fyrir að bókakaup þessara safna og Landsbókasafnsins aukist. Kostnaðarauki ríkisins vegna Landsbókasafnsins er áætlaður 1–3 m.kr. á ári.
5. Kostnaður við kynningarmál er áætlaður 2 m.kr. fyrsta árið en 0,5 m.kr. á ári eftir það.
6. Skilaskyldum aðilum og útgefendum er ætlað að bera kostnað af skylduskilum. Þó er gert ráð fyrir reglugerðarheimild í frumvarpinu um að móttökusafn greiði í vissum tilvikum fyrir skilaskylt efni og afhendingu þess. Það á fyrst og fremst við um efni sem er sérstaklega dýrt í framleiðslu, útgáfur í dýru bandi eða útgáfur í litlu upplagi. Kostnaður við þetta er afar óviss og er hér slegið á 2–4 m.kr. á ári.

Að öllu samanlögðu er áætlað, verði frumvarpið að lögum, að leggja þurfi að lágmarki út í 35–41 m.kr. stofnkostnað og 32–47 m.kr. árlegan rekstrarkostnað en hann getur hæglega orðið mun meiri.

577. Fyrirspurn [327. mál]

til viðskiptaráðherra um lánveitingar til sjávarútvegsfyrirtækja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver hefur verið þróun lánveitinga lánastofnana til sjávarútvegsfyrirtækja árlega síðustu fimm ár?
2. Í hve mörgum fiskiskipum með aflahlutdeild hefur verið tekið veð fyrir þessum lánveitingum árlega síðustu fimm ár og hvað liggur slík veðsetning að baki háum lánveitingum lánastofnana til sjávarútvegsins á þessu tímabili, sundurliðað eftir árum?
3. Hverjar voru eftirstöðvar lána hjá lánastofnunum sem tryggð voru með veði í fiskiskipum með aflahlutdeild um síðustu áramót?
4. Hefur eitthvað verið um að lánastofnanir hafi krafist veðsetningar í fiskiskipum með aflahlutdeild vegna skuldbreytinga lána sem tekin voru fyrir gildistöku laga um samningsveð frá maí 1997 í stað annarra ábyrgða? Ef svo er, í hve miklum mæli?

Skriflegt svar óskast.

578. Frumvarp til laga [328. mál]

um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Útlendingur sem kemur til landsins skal, nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur, hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki.

Útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur. Þetta gildir ekki um útlending með dvalarleyfi útgefið af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Sama á einnig við um útlending með bráðabirgðadvalarleyfi útgefið af þátttökuríki í samstarfinu, enda hafi hann einnig ferðaskilríki útgefið af sama ríki.

Vegabréfsáritun útgefin af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu hefur gildi hér á landi ef það kemur fram í árituninni.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun þegar farið er um flugvöll.

Samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur má gefa út sérstök ferðaskilríki handa útlendingi sem ekki getur með öðrum hætti aflað sér vegabréfs eða annars kennivottorðs.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Einnig skal hver sá sem fer af landi brott gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Þetta gildir þó ekki um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra hefur ákveðið með auglýsingu. Með leyfi hlutaðeigandi lögreglustjóra má víkja frá þessu. Einnig er heimilt að fara yfir innri landamæri Schengen-svæðisins utan viðurkenndra landamærastöðva.

Í reglum sem dómsmálaráðherra setur skal nánar kveðið á um landamæraeftirlit og heimild til að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldu stjórnanda loftfars sem kemur til landsins eða fer þaðan, svo og stjórnanda skips sem siglir yfir mörk landhelginnar á leið til eða frá íslenskri höfn, til að láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn.

4. gr.

Við 4. gr. laganna, sbr. lög nr. 133/1993, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að semja við önnur ríki sem taka þátt í Schengen-samstarfinu um að sendiráð þeirra eða ræðismenn gefi út vegabréfsáritun.

5. gr.

2. og 3. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Útlendingum með dvalarleyfi útgefið af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu er óheimilt án sérstaks leyfis að dvelja hér lengur en þrjá mánuði. Sama á við um útlending með bráðabirgðadvalarleyfi útgefið af þátttökuríki í samstarfinu, enda hafi hann einnig ferðaskilríki útgefið af sama ríki.

Öðrum útlendingum en greinir í 1. og 2. mgr. er óheimilt án sérstaks leyfis að dvelja hér lengur en þrjá mánuði á sex mánaða tímabili frá þeim degi þegar þeir komu fyrst til landsins eða ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingar megi dvelja hér lengur ef um það hefur verið samið við önnur ríki.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
   8. Ef hann getur ekki framvísað gögnum til staðfestingar á tilgangi dvalar og aðstæðum meðan á dvöl stendur.
   9. Ef hann er skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði meinuð landganga.
   10. Ef hann telst geta ógnað allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskiptum ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. að því er varðar útlending sem hefur dvalarleyfi eða vegabréfsáritun útgefna af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

7. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Útlendingur sem færður er úr landi samkvæmt lögunum skal greiða kostnað af brottför sinni. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað af gæslu eða fylgd með honum úr landi þegar þörf er á slíkum ráðstöfunum vegna þess að útlendingurinn fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Krafan er aðfararhæf og hún getur að auki verið grundvöllur þess að útlendingi verði síðar meinuð landganga. Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendings til notkunar við brottför.

Nú er útlendingi, sem komið hefur til landsins með skipi eða loftfari, meinuð landganga skv. 10. gr. og skal þá eigandi farsins eða leigutaki, og á þeirra vegum stjórnandi þess eða umboðsmaður hér á landi, annaðhvort taka útlendinginn um borð á ný eða flytja hann úr landi á annan hátt eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Á sama hátt er þeim skylt að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað af fylgd með útlendingnum úr landi ef lögreglan telur þess þörf.

Kostnaður við að færa útlending úr landi sem ekki fæst greiddur skv. 1. eða 2. mgr. greiðist úr ríkissjóði.

Ábyrgð skv. 2. mgr. og 2. mgr. 3. gr. gildir ekki þegar skip eða loftfar hefur komið frá ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað 4. og 5. tölul. 2. mgr. koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
4. Kemur til landsins eða fer úr landi utan landamærastöðva eða afgreiðslutíma þeirra.
5. Hjálpar útlendingi til að dvelja ólöglega hér á landi eða aðstoðar hann í hagnaðarskyni við að dvelja ólöglega í ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.
6. Hjálpar útlendingi við að koma ólöglega til landsins eða aðstoðar hann í hagnaðarskyni við að komast ólöglega til annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

b. 6. tölul. 2. mgr. verður 7. tölul.

c. Við bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svohljóðandi:
Nú er útlendingur fluttur til landsins án þess að hafa fullnægjandi ferðaskilríki og er þá heimilt að gera eiganda flutningsfars, leigutaka eða stjórnanda þess sekt. Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera honum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

9. gr.

Við 19. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að veita erlendum stjórnvöldum upplýsingar um útlendinga vegna beiðni um dvalarleyfi, vegabréfsáritun eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja skuldbindingum Íslands vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skulu veittar skv. 2. mgr. og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar.

10. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hvenær lög þessi öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, sem nauðsynlegar eru vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Frumvarpið var samið í dómsmálaráðuneytinu og er það eitt af fleiri lagafrumvörpum sem flutt eru af þessu tilefni.

Kjarni Schengen-samstarfsins felst í því að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri þátttökuríkjanna og fella niður persónueftirlit með einstaklingum á ferð á milli ríkjanna. Schengen-samstarfið tekur einnig til annarra málefna á sviði útlendingalöggjafar og má þar helst nefna samræmingu á persónueftirliti á ytri landamærum þátttökuríkjanna, samvinnu um vegabréfsáritanir, sem meðal annars felur í sér að samræmd áritun gildir á öllu Schengen-svæðinu, og sameiginlegar reglur um vissa þætti málsmeðferðar vegna beiðni um hæli. Frumvarp þetta miðar að því að samræma lög um eftirlit með útlendingum þessum þáttum samstarfsins að öðru leyti en varðar reglur um hælisumsóknir.

II. Sameiginlegar reglur Schengen-ríkjanna á sviði útlendingalöggjafar.

Í Schengen-samstarfinu gilda ítarlegar reglur um landamæraeftirlit og önnur málefni á sviði útlendingalöggjafar. Þessi ákvæði er einkum að finna í II. bálki (2.–38. gr.) samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 (hér eftir nefndur Schengen-samningurinn eða samningurinn), en sá bálkur ber heitið „Afnám eftirlits á innri landamærum og för fólks". Bálkurinn skiptist í sjö kafla og verður hér gerð grein fyrir efni hans í grófum dráttum. Þessi hluti samningsins er birtur sem fylgiskjal I með frumvarpinu að undanskildum 7. kafla bálksins sem gildir ekki gagnvart Íslandi. Auk Schengen-samningsins hafa ýmsar aðrar Schengen-gerðir þýðingu varðandi málefni á sviði útlendingalöggjafar og verður gerð grein fyrir þeim á viðeigandi stöðum í frumvarpinu.

Um 1. kafla – farið yfir innri landamæri.

Samkvæmt 2. gr. samningsins er heimilt að fara yfir innri landamæri ríkjanna hvar sem er án þess að persónueftirliti sé framfylgt. Þegar allsherjarregla og þjóðaröryggi krefst þess getur ríki þó ákveðið, að höfðu samráði við önnur þátttökuríki, að taka tímabundið upp landamæraeftirlit á innri landamærum í samræmi við tilefni. Ef bregðast þarf við af þessum sökum án tafar skal gripið til nauðsynlegra ráðstafana og öðrum þátttökuríkjum tilkynnt um þær svo fljótt sem unnt er.

Þótt fella beri niður persónueftirlit á innri landamærum hefur samningurinn hvorki áhrif á heimildir ríkja til löggæslu innan eigin landamæra né skyldu einstaklinga til að hafa meðferðis og framvísa leyfum og skilríkjum í samræmi við reglur hlutaðeigandi ríkis.

Um 2. kafla – farið yfir ytri landamæri.

Þegar farið er yfir ytri landamæri skal það gert á landamærastöðvum og á ákveðnum afgreiðslutímum. Skuldbinda þátttökuríkin sig til að taka upp viðurlög ef farið er í heimildarleysi yfir ytri landamæri utan landamærastöðva og afgreiðslutíma þeirra, sbr. 3. gr. samningsins.

Samkvæmt 4. gr. samningsins skulu flugfarþegar, sem koma til þátttökuríkis frá þriðja ríki, sæta persónueftirliti og eftirliti með handfarangri áður en þeir skipta yfir í innansvæðis-

flug. Einnig skulu farþegar, sem koma með flugi innan Schengen-svæðisins, sæta sama eftirliti við brottför úr flöghöfn þaðan sem flogið er til þriðja ríkis.

Í 1. mgr. 5. gr. samningsins er að finna heimild til að veita útlendingi leyfi til að koma inn og dvelja á Schengen-svæðinu í allt að þrjá mánuði ef hann hefur gilt skilríki sem veitir heimild til að fara yfir landamæri og gilda vegabréfsáritun ef þess er krafist. Einnig þarf útlendingur að geta lagt fram viðhlítandi gögn til staðfestingar á tilgangi dvalar og að hann hafi nægjanleg fjárráð til að geta séð fyrir sér meðan á dvöl stendur. Enn fremur þarf útlendingur að geta greitt fargjald til heimaríkis eða þriðja ríkis þar sem honum hefur verið tryggður aðgangur. Loks má útlendingur ekki koma inn á Schengen-svæðið ef hann er á skrá yfir þá sem synja á um komu eða af honum stafar ógnun við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti einhvers þátttökuríkjanna. Ef útlendingur fullnægir ekki þeim skilyrðum sem hér hafa verið rakin skal honum synjað um komu inn á Schengen-svæðið nema þátttökuríki telji nauðsynlegt að víkja frá þessum skilyrðum af mannúðarástæðum eða vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga. Í þeim tilvikum er heimild til komu inn á Schengen-svæðið bundin við hlutaðeigandi ríki og skal öðrum þátttökuríkjum tilkynnt um slíka ákvörðun, sbr. 2. mgr. 5. gr. Í 3. mgr. segir síðan að útlendingi, sem hefur dvalarleyfi eða vegabréfsáritun til endurkomu sem þátttökuríki hefur gefið út, eða hvort tveggja ef það á við, skuli heimilað að fara um annað þátttökuríki, sem komið er til frá þriðja ríki, nema það ríki hafi lýst viðkomandi útlending óæskilegan.

Á ytri landamærum skal persónueftirliti framfylgt af þar til bærum yfirvöldum samkvæmt samræmdum reglum og innlendri löggjöf með sameiginlega hagsmuni allra þátttökuríkjanna að leiðarljósi. Við eftirlitið skulu ekki aðeins ferðaskilríki sannprófuð heldur ber einnig að rannsaka atriði sem geta falið í sér ógnun við þjóðaröryggi og allsherjarreglu þátttökuríkjanna. Við komu skulu allir sæta eftirliti með ferðaskilríkjum, en eftirlit með útlendingum skal vera ítarlegra. Allir útlendingar skulu einnig sæta eftirliti við brottför. Þegar sérstakar aðstæður hamla eftirliti skal forgangsraðað og þá skal eftirlit með komu hafa forgang fram yfir eftirlit með brottför, sbr. 6. gr. samningsins.

Í 7. gr. samningsins segir að þátttökuríkin skuli aðstoða hvert annað og hafa nána og stöðuga samvinnu við að halda uppi öflugu eftirliti. Skulu þau meðal annars skiptast á mikilvægum upplýsingum um annað en nafngreinda einstaklinga, nema til þess standi heimild, og samræma fyrirmæli til þeirra yfirvalda sem sinna eftirliti og stuðla að samræmdri þjálfun eftirlitsmanna.

Um 3. kafla – vegabréfsáritanir.

Samkvæmt 9. gr. samningsins skuldbinda þátttökuríkin sig til að fylgja sameiginlegri stefnu í málefnum sem varða för fólks og þá sérstaklega með tilliti til reglna um vegabréfsáritanir.

Taka skal upp samræmda vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu og má gefa út slíka áritun til dvalar í allt að þrjá mánuði, sbr. 10. gr. samningsins. Vegabréfsáritun gildir fyrir eina eða fleiri komur inn á svæðið, en hvorki samanlagður né samfelldur dvalartími má vera lengri en þrír mánuðir á hálfs árs tímabili miðað við þann dag þegar fyrst er komið inn á svæðið. Einnig er heimilt að gefa út vegabréfsáritun vegna gegnumferðar sem veitir handhafa heimild til þess að fara einu sinni, tvisvar eða oftar í undantekningartilvikum um Schengen-svæðið til þriðja ríkis, enda taki gegnumferðin að hámarki fimm daga, sbr. 11. gr. samningsins.

Vegabréfsáritun skal gefin út af sendiráðum eða ræðisskrifstofum þátttökuríkjanna. Það ríki, sem för er heitið til, skal gefa út vegabréfsáritun. Þegar ákvörðunarstaður verður ekki

ákveðinn fyrir fram skal áritun gefin út af því þátttökuríki sem fyrst er komið til, sbr. 12. gr. samningsins.

Samkvæmt 13. gr. samningsins skal ekki setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem fallin eru úr gildi. Þau skulu einnig hafa lengri gildistíma en vegabréfsáritunin og skal tekið tillit til þess hve lengi má fresta því að nota áritunina. Enn fremur skal gildistími ferðaskilríkja vera nægilega langur til að útlendingur geti snúið aftur til heimaríkis eða þriðja ríkis. Þá skal ekki setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem ekki gilda hjá neinu þátttökuríki. Ef ferðaskilríki gildir aðeins hjá einu eða nokkrum þátttökuríkjum skal áritunin takmörkuð við það eða þau ríki, sbr. 14. gr. samningsins.

Vegabréfsáritun má að meginreglu ekki gefa út nema útlendingur fullnægi skilyrðum fyrir komu inn á Schengen-svæðið, sbr. 15. gr. samningsins. Þó getur þátttökuríki vikið frá þessu af mannúðarástæðum eða vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga, en þá takmarkast vegabréfsáritunin við yfirráðasvæði viðkomandi þátttökuríkis og skal það gera öðrum ríkjum grein fyrir þessari ákvörðun, sbr. 16. gr. samningsins.

Samkvæmt 18. gr. samningsins skulu vegabréfsáritanir til lengri dvalar en þriggja mánaða gefnar út í samræmi við löggjöf hvers þátttökuríkis. Slík vegabréfsáritun felur í sér heimild fyrir útlending til gegnumferðar um önnur þátttökuríki til þess ríkis sem gaf út áritunina nema hann fullnægi ekki skilyrðum fyrir komu inn á Schengen-svæðið eða sé á skrá yfir óæskilega útlendinga hjá því þátttökuríki sem farið er um.

Um 4. kafla – skilyrði fyrir för útlendinga.

Útlendingur, sem er handhafi samræmdrar vegabréfsáritunar á Schengen-svæðinu og hefur komið löglega inn á svæðið, getur ferðast frjálst um yfirráðavæði allra þátttökuríkjanna meðan vegabréfsáritunin er í gildi að því tilskildu að hann fullnægi komuskilyrðum, sbr. 19. gr. samningsins. Þeir útlendingar sem eru undanþegnir skyldu til að afla vegabréfsáritunar geta hins vegar ferðast frjálst um þátttökuríkin í allt að þrjá mánuði á sex mánaða tímabili frá því að þeir komu fyrst inn á svæðið ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir komu, sbr. 20. gr. samningsins. Þá er útlendingum með gild ferðaskilríki og dvalarleyfi, sem gefið er út af þátttökuríki, heimilt að ferðast um yfirráðasvæði annarra þátttökuríkja í þrjá mánuði, enda fullnægi þeir skilyrðum fyrir komu og séu ekki á innlendri skrá viðkomandi þátttökuríkis um óæskilega útlendinga, sbr. 21. gr. samningsins.

Samkvæmt 22. gr. samningsins er útlendingi, sem kemur löglega til Schengen-ríkis, skylt að tilkynna sig hjá þar til bærum yfirvöldum eftir þeim reglum sem gilda í viðkomandi ríki. Slík tilkynningarskylda getur verið við komu eða innan þriggja virkra daga frá komu. Þessi skylda tekur einnig til útlendinga sem búsettir eru í einu af þátttökuríkjunum og ferðast til annars þátttökuríkis. Undantekningar frá þessum reglum um tilkynningarskyldu ákveður hvert þátttökuríki fyrir sig.

Útlendingur, sem fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir stuttri dvöl í þátttökuríki, skal tafarlaust yfirgefa Schengen-svæðið. Hafi viðkomandi útlendingur dvalarleyfi eða bráðabirgðadvalarleyfi útgefið af öðru þátttökuríki skal hann tafarlaust fara til þess ef hann yfirgefur ekki svæðið. Ef útlendingur fer ekki sjálfviljugur úr landi eða ætla má að hann muni ekki fara úr landi, eða hann verður að yfirgefa landið tafarlaust vegna þjóðaröryggis eða allsherjarreglu, skal í samræmi við lög viðkomandi þátttökuríkis vísa honum úr landi til heimaríkis hans eða annars ríkis sem veitir honum viðtöku. Þetta hefur ekki áhrif á rétt þátttökuríkjanna til að beita eigin löggjöf um hæli eða reglum Genfarsamningsins um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, sbr. 23. gr. Schengen-samningsins.

Um 5. kafla – dvalarleyfi og skráning þegar synja á um komu.

Þegar til stendur að gefa út dvalarleyfi til útlendings sem er á skrá yfir þá sem meina á komu inn á Schengen-svæðið skal viðkomandi þátttökuríki fyrir fram hafa samráð við það þátttökuríki sem stendur að þeirri skráningu og taka tillit til hagsmuna þess. Í þessum tilvikum skal dvalarleyfi ekki veitt nema ríkar ástæður mæli með, svo sem mannúðarástæður eða ástæður sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum. Ef dvalarleyfi er gefið út skal það ríki, sem skráð hefur útlendinginn óæskilegan á Schengen-svæðinu, afturkalla þá skráningu en getur þess í stað fært hann á landsskrá yfir útlendinga sem meina ber landgöngu.

Ef útlendingur, sem hefur undir höndum gilt dvalarleyfi útgefið af þátttökuríki, er á skrá yfir þá sem meina á komu á svæðið skal það ríki sem skráð hefur viðkomandi útlending hafa samráð við það ríki sem gaf út dvalarleyfið um hvort fullnægjandi ástæður séu til að afturkalla dvalarleyfið. Verði leyfi ekki afturkallað skal ríki, sem skráði útlendinginn óæskilegan á Schengen-svæðinu, afturkalla skráninguna en getur fært hann á landsskrá yfir útlendinga sem meina ber landgöngu.

Um 6. kafla – viðbótarráðstafanir.

Með fyrirvara um þær skuldbindingar sem leiðir af Genfarsamningnum um réttarstöðu flóttamanna skuldbinda þátttökuríkin sig til að lögfesta reglur um að sá sem í atvinnuskyni flytur útlending sem synjað er um komu inn á Schengen-svæðið að ytri landamærum beri ábyrgð á honum og skuli flytja hann til baka ef þess er krafist. Einnig skuldbinda þátttökuríkin sig til að mæla fyrir um viðurlög á hendur þeim sem í atvinnuskyni flytur útlending til svæðisins frá þriðja ríki án þess að hann hafi viðhlítandi ferðaskilríki undir höndum, sbr. 26. gr. samningsins. Þá skuldbinda ríkin sig til að taka upp viðeigandi viðurlög gegn þeim sem í hagnaðarskyni aðstoðar eða reynir að aðstoða útlending við að komast til þátttökuríkis eða dvelja þar í andstöðu við lög hlutaðeigandi ríkis, sbr. 27. gr. samningsins.

Um 7. kafla – ábyrgð á meðferð beiðna um hæli.

Í þessum kafla er fjallað um hvaða þátttökuríki ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli sem lögð er fram á Schengen-svæðinu. Með samningi milli aðildarríkja Evrópusambandsins um sama efni, sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990, hefur þessi kafli Schengen-samningsins verið leystur af hólmi. Því er tekið fram í 1. hluta viðauka A við samstarfssamning milli Evrópusambandsins annars vegar og Noregs og Íslands hins vegar, sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999, að ákvæði kaflans gildi ekki gagnvart Íslandi og Noregi. Þess í stað er gert ráð fyrir því í 7. gr. Brussel-samningsins að sérstaklega verði samið milli Evrópusambandsins og landanna tveggja um ábyrgð á meðferð hælisbeiðna og er slíkt samkomulag forsenda fyrir þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu. Reiknað er með að slíkur samningur tengist Dyflinnarsamningnum eða fyrirhugaðri löggjöf Evrópusambandsins um sama efni. Meðan þetta málefni hefur ekki verið til lykta leitt þykir ekki rétt að leggja til að lögfestar verði reglur um málsmeðferð vegna umsókna um hæli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal útlendingur sem kemur til landsins hafa meðferðis vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur. Í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga er að finna heimild til að mæla fyrir um þessa skyldu með reglugerð, en rétt þykir að kveða á um hana í lögum.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sú meginregla að útlendingur þurfi að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur. Þetta er afdráttarlausara en ákvæði gildandi laga. Þar segir í 2. mgr. 1. gr. að dómsmálaráðherra geti kveðið á um hvort í vegabréfi skuli vera áritun um heimild til að koma til landsins. Áritunarskylda er því ekki fyrir hendi nema það hafi verið ákveðið sérstaklega. Lagt er til að þeir útlendingar sem hafa dvalarleyfi útgefið af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu verði undanþegnir áritunarskyldu. Þetta tekur mið af því að útlendingur með slíkt leyfi getur ferðast frjálst um Schengen-svæðið í allt að þrjá mánuði, sbr. 1. mgr. 21. gr. Schengen-samningsins. Í 1. gr. samningsins kemur fram að með dvalarleyfi sé átt við leyfi sem þátttökuríki gefur út og veitir rétt til dvalar á yfirráðasvæði þess. Með dvalarleyfi sé hins vegar ekki átt við bráðabirgðaleyfi til dvalar á yfirráðasvæði þátttökuríkis á meðan beiðni um hæli eða umsókn um dvalarleyfi er til meðferðar. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. samningsins hafa útlendingar með slíkt bráðabirgðaleyfi og ferðaskilríki útgefið af sama ríki sömu heimild til að ferðast um Schengen-svæðið og útlendingur með dvalarleyfi. Því er lagt til að útlendingar með þessi leyfi verði einnig undanþegnir áritunarskyldu.

Lagt er til í 3. mgr. að vegabréfsáritun útgefin af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu hafi gildi hér á landi. Með þessu verður fullnægt skuldbindingum skv. 9. og 10. gr. Schengen-samningsins um samræmda vegabréfsáritun og sameiginlega stefnu ríkjanna í þeim málum. Til að vegabréfsáritun útgefin af öðru ríki hafi gildi hér á landi verður það að koma fram í sjálfri árituninni. Í 16. gr. Schengen-samningsins er gert ráð fyrir að þátttökuríki geti gefið út vegabréfsáritun sem gildir eingöngu fyrir viðkomandi ríki. Áritun af því tagi hefði því ekki gildi hér á landi.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun þegar farið er um flugvöll. Slíkar reglur yrðu meðal annars að taka mið af b-lið 1. mgr. 11. gr. Schengen-samningsins þar sem fjallað er um þessar áritanir. Varðandi tilhögun við útgáfu vegabréfsáritana hafa verið gefin út sameiginleg fyrirmæli til sendiráða og ræðisskrifstofa, en þar kemur fram í lið 2.1.1 í I. hluta að vegabréfsáritun til farar um flugvöll heimili útlendingi, sem sætir slíkri áritunarskyldu, að fara um gegnumfararsvæði flughafnar vegna millilendingar eða þegar skipt er um vél á alþjóðlegri flugleið með viðkomu á tveimur stöðum. Áritunin er bundin við þetta svæði flughafnarinnar og því má viðkomandi ekki yfirgefa það og fara inn á landsvæði ríkisins.

Í 5. mgr. er að finna ákvæði samhljóða 3. mgr. 1. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Í 2. gr. gildandi laga eru ákvæði um landamæraeftirlit. Með frumvarpsgreininni eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á þeim reglum svo að eftirlitið verði í samræmi við kröfur Schengen-samstarfsins.

Samkvæmt 1. mgr. skal hver sá sem kemur til landsins þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Sama skylda hvílir einnig á þeim sem fer af landi brott. Þetta á jafnt við um útlendinga og íslenska ríkisborgara. Ákvæðið tekur mið af 6. gr. Schengen-samningsins sem gerir ráð fyrir landamæraeftirliti bæði við komu og brottför af Schengen-svæðinu. Landamæraeftirliti ber að haga í samræmi við þá grein samningsins en í grófum dráttum má segja að eftirlitið feli í sér athugun á því hvort fullnægt sé skilyrðum fyrir komu og brottför af Schengen-svæðinu. Þessi könnun á meðal annars að taka til þess hvort fyrir hendi sé eitthvert þeirra atriða sem leiða á til þess að útlendingi verði meinuð landganga, sbr. 10. gr. laganna. Landamæraeftirlit samkvæmt þessari grein á við um ytri landamæri Schengen-svæðisins og gildir því gagnvart þeim sem koma frá ríkjum sem ekki

taka þátt í því samstarfi. Í ákvæðinu er beinlínis tekið fram að þetta gildi ekki um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins og er hér fylgt ákvæðum 2. gr. samningsins um að persónueftirliti skuli ekki framfylgt við för yfir innri landamæri. Með innri landamærum er átt við sameiginleg landamæri þátttökuríkjanna á landi, svo og flughafnir fyrir innansvæðisflug og hafnir fyrir reglubundnar ferjusiglingar sem eru eingöngu á milli hafna á yfirráðasvæðum þátttökuríkjanna án viðkomu í höfnum sem eru utan þessara yfirráðasvæða, sbr. 1. gr. samningsins. Afnám persónueftirlits á innri landamærum hefur hins vegar engin áhrif á tollgæslu þar sem 4. mgr. 2. gr. samningsins um eftirlit með vörum gildir ekki gagnvart Íslandi og Noregi, sbr. 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn frá 18. maí 1999.

Í 2. mgr. segir að koma til landsins og för úr landi skuli fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra hefur ákveðið með auglýsingu. Þetta ákvæði er efnislega samhljóða 1. mgr. 3. gr. Schengen-samningsins. Í gildi er auglýsing um komu- og brottfararstaði, nr. 276/1987, sem gefin var út skv. 17. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum, nr. 148/1965, og 3. gr. reglugerðar um íslensk vegabréf, nr. 169/1987, sbr. nú 2. gr. reglugerðar nr. 270/1999. Með þessu ákvæði frumvarpsins verður traustari lagastoð skotið undir þá tilhögun. Lagt er til að víkja megi frá reglum um landamærastöðvar og afgreiðslutíma með leyfi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Einnig er gert ráð fyrir í samræmi við 1. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins að fara megi yfir innri landamæri svæðisins utan viðurkenndra landamærastöðva. Sú heimild breytir hins vegar engu um tollgæslu á landamærum svo sem áður er getið.

Samkvæmt 3. mgr. setur dómsmálaráðherra nánari reglur um landamæraeftirlit og um heimild til að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. Hér er meðal annars höfð hliðsjón af 2. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins, sem felur í sér heimild til að taka upp tímabundið persónueftirlit á innri landamærum vegna allsherjarreglu eða þjóðaröryggis.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að dómsmálaráðherra geti sett reglur um skyldu stjórnanda loftfars, sem kemur til landsins eða fer þaðan, svo og stjórnanda skips sem siglir yfir mörk landhelginnar á leið til eða frá íslenskri höfn, til að láta í té skrá um farþega og áhöfn. Um landhelgi er vísað til 1. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Þessi heimild er lögð til vegna fyrirmæla í sameiginlegri handbók sem gefin hefur verið út um landamæraeftirlit á Schengen-svæðinu.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að heimilt verði að semja við önnur ríki sem taka þátt í Schengen-samstarfinu um að sendiráð þeirra eða ræðismenn gefi út vegabréfsáritun fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Gert er ráð fyrir þessari tilhögun í Schengen-samstarfinu og er nánari reglur þar að lútandi að finna í lið 1.1.2 í II. hluta í sameiginlegum fyrirmælum til sendiráða og ræðisskrifstofa.

Samkvæmt Schengen-samstarfinu mega eingöngu sendiráð og útsendir ræðismenn gefa út vegabrérfsáritun. Því mun falla niður heimild kjörræðismanna til að gefa út áritun. Til að bæta þjónustu við þá sem hingað ætla er heppilegt að unnt verði að nýta sendiráð og ræðismenn annarra þátttökuríkja í samstarfinu.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. Schengen-samningsins hefur útlendingur með gilt dvalarleyfi, sem gefið er út af þátttökuríki, heimild til að ferðast frjálst um Schengen-svæðið í allt að þrjá

mánuði, enda fullnægi hann skilyrðum fyrir komu og sé ekki á innlendri skrá yfir þá sem synjað verður um komu. Sama á við um útlending með bráðabirgðadvalarleyfi og ferðaskilríki útgefið af sama ríki, sbr. 2. mgr. 21. gr. samningsins. Með fyrri efnismálsgreininni er lagt til að lögunum verði breytt til samræmis við þetta ákvæði samningsins.

Í 2. mgr. 5. gr. laganna er að finna heimild fyrir útlending, sem undanþeginn er skyldu til að afla sér vegabréfsáritunar, til að dvelja hér á landi í allt að þrjá mánuði frá því að komið er til Íslands eða annarra Norðurlanda. Til að fullnægja skuldbindingum skv. 1. mgr. 20. gr. Schengen-samningsins er með síðari efnismálsgreininni lagt til að lögunum verði breytt þannig að dvalartíminn reiknist frá komu inn á Schengen-svæðið. Einnig er lagt til í samræmi við samninginn að heimild til dvalar verði bundin við sex mánaða tímabil frá því að komið er fyrst inn á svæðið. Þá er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um að útlendingar megi dvelja hér lengur en þrjá mánuði ef um það hefur verið samið við önnur ríki. Þessi heimild tekur mið af 2. mgr. 20. gr. samningsins.

Um 6. gr.

Um a-lið.

Hér er lagt til að þrír nýir töluliðir bætist við 10. gr. laganna um það hverjum beri að meina landgöngu. Þetta er nauðsynlegt til að samræmi verði milli laganna og 5. gr. Schengen-samningsins. Í fyrsta lagi er lagt til að í 8. tölul. verði kveðið á um að útlendingi skuli meinuð landganga ef hann getur ekki framvísað gögnum til staðfestingar á tilgangi dvalar og aðstæðum meðan á dvöl stendur. Samhljóða áskilnaður er gerður í c-lið 5. gr. samningsins. Hvaða kröfur verða gerðar í þessum efnum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Við það mat ber að hafa hliðsjón af sameiginlegri handbók sem gefin hefur verið út um landamæraeftirlit á Schengen-svæðinu. Í öðru lagi er lagt til að í 9. tölul. verði ákvæði um að útlendingi skuli meinuð landganga ef hann hefur verið skráður í Schengen-upplýsingakerfið með það fyrir augum. Þennan áskilnað leiðir af d-lið 5. gr. samningsins. Loks er í þriðja lagi lagt til að í 10. tölul. verði mælt fyrir um að útlendingi verði synjað um landgöngu ef hann telst geta ógnað allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskiptum ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Þetta ákvæði er samhljóða e-lið 5. gr. samningsins.

Um b-lið.

Lagt er til að í nýri 7. mgr. 10. gr. laganna verði að finna heimild til að setja reglur sem víkja frá skilyrðum 1. mgr. þegar í hlut eiga útlendingar sem hafa dvalarleyfi eða vegabréfsáritun útgefna af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Á grundvelli þessarar heimildar verður unnt að fullnægja skuldbindingum skv. 3. mgr. 5. gr. og 18. gr. samningsins um heimild útlendinga til gegnumferðar á leið til annarra ríkja sem taka þátt í samstarfinu.

Um 7. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hver beri ábyrgð á kostnaði sem hlýst af því að útlendingur verður að fara úr landi. Ákvæðið kemur í stað 16. gr. gildandi laga.

Samkvæmt 1. mgr. skal útlendingur, sem færður er úr landi, greiða kostnað af brottför sinni. Útlendingur skal einnig greiða kostnað við gæslu eða fylgd með honum úr landi þegar þörf er á slíkum ráðstöfunum vegna þess að hann fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Lagt er til að slík krafa verði aðfararhæf og geti að auki verið grundvöllur þess að útlendingi verði síðar synjað um landgöngu. Þá er lögð til heimild fyrir lögreglu til að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendings til notkunar við brottför.

Í 2. mgr. eru ákvæði um ábyrgð eiganda skips eða loftfars eða leigutaka farsins, svo og stjórnanda fars eða umboðsmanns. Ef útlendingi sem komið hefur með fari er meinuð landganga ber flytjanda að taka útlendinginn aftur um borð, flytja hann úr landi með öðrum hætti eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Að auki er skylt að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað af fylgd með útlendingi úr landi ef lögreglan telur þess þörf. Viðkomandi útlendingi ber að greiða allan þennan kostnað skv. 1. mgr. en ábyrgð samkvæmt þessu ákvæði er til vara. Með þeirri ábyrgð sem hér er lögð á flytjanda er fullnægt skuldbindingu skv. 1. mgr. 26. gr. samningsins.

Þegar útlendingur greiðir ekki kostnað við að fara úr landi skv. 1. mgr. og ekki fæst greiðsla frá flytjanda skv. 2. mgr. verður ríkissjóður að standa straum af þessum kostnaði, sbr. 3. mgr.

Í 4. mgr. eru flytjendur undanþegnir ábyrgð skv. 2. mgr. greinarinnar og 2. mgr. 3. gr. þegar skip eða loftfar hefur komið frá ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Telja verður í ósamræmi við reglur Schengen-samstarfsins um afnám persónueftirlits á innri landamærum að leggja slíka ábyrgð á flytjendur við þessar aðstæður.

Um 8. gr.

Lagðar eru til nauðsynlegar breytingar á refsiákvæðum í 17. gr. laganna til samræmis við ákvæði Schengen-samningsins.

Um a-lið.

Lagt er til að 4. tölul. verði breytt þannig að kveðið verði á um refsinæmi þess að koma til landsins eða fara úr landi utan landamærastöðva eða afgreiðslutíma þeirra, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Hér er fylgt 2. mgr. 3. gr. samningsins um að tekin skuli upp viðurlög við slíku broti. Einnig eru lagðar til viðeigandi breytingar á 5. tölul. til samræmis við 1. mgr. 27. gr. samningsins. Samkvæmt greininni verður refsivert að hjálpa útlendingi til að dvelja hér á landi eða aðstoða hann við að dvelja ólöglega í ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Þegar útlendingur er aðstoðaður við að dvelja ólöglega í öðru ríki er þó áskilið að það sé gert í hagnaðarskyni en það á ekki við ef dvalist er ólöglega hér á landi. Þá er lagt til að í nýjum 6. tölul. verði sambærilegt ákvæði og í 5. tölul. þegar útlendingi er hjálpað við að koma ólöglega til landsins eða hann aðstoðaður í hagnaðarskyni við að komast ólöglega til annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Þetta ákvæði tekur einnig mið af 1. mgr. 27. gr. samningsins.

Um c-lið.

Hér er lögð til refsiheimild vegna þeirrar háttsemi að flytja útlending til landsins án þess að hann hafi fullnægjandi ferðaskilríki. Einnig verður lögaðila gerð refsing ef slíkt brot er framið í starfsemi hans. Í þessu felst að flytjandi verður að kanna og fullvissa sig um að útlendingur hafi ferðaskilríki áður en hann er fluttur hingað. Þetta ákvæði er í samræmi við 2. mgr. 26. gr. samningsins.

Um 9. gr.

Með greininni er lagt til að íslenskum sjórnvöldum verði heimilt að veita erlendum stjórnvöldum upplýsingar um útlendinga vegna beiðni um dvalarleyfi, vegabréfsáritun eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja skuldbindingum sem leiðir af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Einnig er lagt til að dómsmálaráðherra geti sett nánari reglur um miðlun þessara upplýsinga og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar. Það skal sérstaklega áréttað að þessi heimild er ekki víðtækari en leiðir af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem Ísland gengst undir með þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Í Schengen-samstarfinu er í ákveðnum tilvikum gert ráð fyrir upplýsingagjöf milli þátttökuríkjanna um málefni sem varða útlendinga. Skv. 16. gr. samningsins skal ríki, sem gefur út vegabréfsáritun til útlendings af mannúðarástæðum eða vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum fyrir komu inn á Schengen-svæðið, gera öðrum ríkjum grein fyrir þeirri ákvörðun. Í slíkri tilkynningu þarf að veita upplýsingar um viðkomandi útlending, svo sem nafn, fæðingardag, þjóðerni, útgáfudag og útgáfustað áritunar og ástæður fyrir útgáfu hennar. Nánari reglur um miðlun upplýsinga vegna vegabréfsáritana er að finna í 14. viðauka við sameiginleg fyrirmæli til sendiráða og ræðisskrifstofa. Þá er gert ráð fyrir að upplýsingum um útlendinga verði miðlað milli þátttökuríkjanna vegna útgáfu dvalarleyfis til útlendings sem er skráður í Schengen-upplýsingakerfið til að honum verði meinuð koma á svæðið, sbr. 25. gr. samningsins. Eftir því sem samstarf þátttökuríkjanna þróast má gera ráð fyrir að teknar verði ákvarðanir um frekari upplýsingagjöf milli ríkjanna um málefni sem varða útlendinga.

Um 10. gr.

Fyrirhugað er að Norðurlöndin hefji þátttöku í Schengen-samstarfinu haustið 2000. Eftir því hvernig undirbúningi miðar gæti þó verið nauðsynlegt að fresta þátttökunni. Því er lagt til að ráðherra ákveði hvenær lögin öðlist gildi.

Fylgiskjal I.

Úr samningi um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985.

II. BÁLKUR

Afnám eftirlits á innri landamærum og för fólks

1. KAFLI

Farið yfir innri landamæri

2. gr.

1. Fara má yfir innri landamærin hvar sem er án þess að persónueftirliti sé framfylgt.

2. Þegar allsherjarregla eða þjóðaröryggi krefst þess getur samningsaðili þó ákveðið, að höfðu samráði við aðra samningsaðila, að taka tímabundið upp landamæraeftirlit á innri landamærum í samræmi við tilefni. Ef allsherjarregla eða þjóðaröryggi krefst þess að brugðist verði við án tafar skal viðkomandi samningsaðili grípa til nauðsynlegra ráðstafana og tilkynna hinum samningsaðilunum um þær eins fljótt og unnt er.

3. Afnám persónueftirlits á innri landamærum skal hvorki hafa áhrif á beitingu ákvæða 22. gr. né framkvæmd lögregluvalds þar til bærra yfirvalda samkvæmt löggjöf hvers samningsaðila, á gervöllu yfirráðasvæði hans né þær skyldur, sem kveðið er á um í löggjöf hans, til að eiga, hafa meðferðis og framvísa leyfum og skilríkjum.

4. Eftirliti með vörum skal framfylgt í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa samnings.[1]

[1] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

2. KAFLI
Farið yfir ytri landamæri

3. gr.

1. Meginreglan er sú að aðeins má fara yfir ytri landamærin á landamærastöðvum og á ákveðnum afgreiðslutímum. Framkvæmdanefndin setur frekari ákvæði um þetta og einnig um undantekningar og reglur um staðbundna landamæraumferð, svo og reglur um sérstaka flokka skipasiglinga eins og skemmtisiglingar og strandveiðar.

2. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að taka upp viðurlög við því að fara í heimildarleysi yfir ytri landamærin utan landamærastöðvanna eða utan ákveðins afgreiðslutíma.

4. gr.[2]

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja að frá og með árinu 1993 þurfi farþegar, sem koma með flugi frá þriðja ríki, að sæta persónueftirliti og eftirliti með handfarangri við komu í flughöfn úr flugi frá viðkomandi þriðja ríki áður en þeir skipta yfir í innansvæðisflug. Farþegar, sem koma með innansvæðisflugi og skipta yfir í flug til þriðja ríkis, sæta persónueftirliti og eftirliti með handfarangri við brottför úr flughöfn þaðan sem flogið er til viðkomandi þriðja ríkis.

2. Samningsaðilarnir skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að eftirliti sé framfylgt í samræmi við ákvæði 1. mgr.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. hafa ekki áhrif á eftirlit með skráðum farangri; það fer annaðhvort fram í þeirri flughöfn, sem er lokaákvörðunarstaður, eða þeirri sem er upprunalegur brottfararstaður.

4. Fram að þeim tíma, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal litið á flughafnir fyrir innansvæðisflug sem ytri landamæri þrátt fyrir skilgreininguna á innri landamærum.

5. gr.

1. Útlendingur getur fengið leyfi til að koma inn og dvelja í allt að þrjá mánuði á yfirráðasvæði samningsaðilanna ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) hann þarf að hafa ein eða fleiri gild skilríki samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndarinnar sem veita heimild til að fara yfir landamærin;
b) hann þarf að hafa gilda vegabréfsáritun ef þess er krafist;
c) honum ber eftir atvikum að framvísa skjölum til staðfestingar á tilgangi dvalar og aðstæðum, meðan á dvölinni stendur, og að hann geti séð fyrir sér, meðan á fyrirhugaðri dvöl stendur, og greitt fyrir ferð til baka til upprunalandsins eða í gegnum þriðja ríki þar sem honum hefur verið tryggður aðgangur eða sýna fram á að hann sé í aðstöðu til að sjá fyrir sér á löglegan hátt;
d) hann má ekki vera á skrá yfir þá sem synja á um komu;
e) hann má ekki teljast geta verið ógnun við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti neins samningsaðilanna.

2. Útlendingi, sem uppfyllir ekki öll framangreind skilyrði, skal synja um komu inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna, nema samningsaðili telji nauðsynlegt að víkja frá þessari meginreglu af mannúðarástæðum, vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga. Í

---

[2] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg, að því er tekur til eftirlits með farangri.

þeim tilvikum verður aðgangur takmarkaður við yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila og skal hinum samningsaðilunum tilkynnt um þetta.

Þessar reglur hafa ekki áhrif á beitingu sérstakra ákvæða um rétt til hælis eða þeirra ákvæða sem mælt er fyrir um í 18. gr.

3. Útlendingi, sem hefur dvalarleyfi eða vegabréfsáritun fyrir ferð til baka, sem einn samningsaðilanna hefur gefið út, eða hvor tveggja skilríkin ef þess er krafist, skal heimilað að fara í gegn, nema hann sé á landsskrá yfir þá sem synja á um komu hjá þeim samningsaðila þar sem hann óskar að koma yfir ytri landamærin.

6. gr.

1. Ferðir yfir ytri landamærin skulu vera undir eftirliti þar til bærra yfirvalda. Því skal framfylgt eftir samræmdum meginreglum, innan valdsviðs hvers ríkis og í samræmi við innlenda löggjöf og með tilliti til hagsmuna allra samningsaðilanna á yfirráðasvæðum þeirra.

2. Hinar samræmdu meginreglur, sem um getur í 1. mgr., eru:

a) Til þess að önnur skilyrði fyrir komu, dvöl, vinnu og brottför séu uppfyllt skal persónueftirlit ekki aðeins taka til sannprófunar ferðaskilríkja heldur einnig til rannsóknar á og varna gegn ógnunum við þjóðaröryggi og allsherjarreglu samningsaðilanna. Eftirlitið skal einnig taka til ökutækja fólks, sem fer yfir landamærin, og þeirra hluta sem það hefur meðferðis. Eftirlitinu skal framfylgt í samræmi við innlenda löggjöf hvers samningsaðila, sérstaklega þau ákvæði sem varða leit.

b) Allir skulu að minnsta kosti einu sinni sæta eftirliti sem gerir kleift að staðfesta hverjir þeir eru á grundvelli ferðaskilríkja sem þeir framvísa.

c) Útlendingar skulu sæta ítarlegu eftirliti við komu samkvæmt a- lið.

d) Við brottför skal því eftirliti framfylgt sem er nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni allra samningsaðilanna samkvæmt lögum um útlendinga og er tilgangurinn með því rannsókn á og varnir gegn ógnunum við þjóðaröryggi og allsherjarreglu samningsaðilanna. Allir útlendingar skulu sæta slíku eftirliti.

e) Ef ekki er hægt að framfylgja slíku eftirliti af sérstökum ástæðum verður að raða í forgangsröð. Þá gildir sú meginregla að eftirlit við komu hefur forgang fram yfir eftirlit við brottför.

3. Þar til bær yfirvöld skulu halda uppi eftirliti með færanlegum einingum á ytri landamærunum á milli landamærastöðva; hið sama skal gilda um landamærastöðvar utan venjulegs afgreiðslutíma. Þetta eftirlit skal fara þannig fram að það hvetji ekki fólk til þess að komast hjá eftirliti á landamærastöðvunum. Framkvæmdanefndin kveður nánar á um tilhögun eftirlitsins ef svo ber undir.

4. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að hafa yfir að ráða nægilegum fjölda hæfra starfsmanna til að sinna eftirliti á ytri landamærunum.

5. Halda skal uppi sams konar eftirliti alls staðar á ytri landamærunum.

7. gr.

Samningsaðilarnir skulu aðstoða hver annan og hafa nána og stöðuga samvinnu við að halda uppi öflugu eftirliti. Þeir skulu einkum skiptast á öllum mikilvægum upplýsingum sem máli skipta, að undanskildum upplýsingum um nafngreinda einstaklinga, nema þessi samningur kveði á um annað, og á sama hátt skulu þeir samræma, eftir því sem unnt er, fyrirmæli til þeirra yfirvalda sem sinna eftirliti auk þess að stuðla að því að þjálfun eftirlitsmanna, þar með talin framhaldsþjálfun, verði samræmd. Slík samvinna getur falist í gagnkvæmum skiptum á tengifulltrúum.

8. gr.

Framkvæmdanefndin skal taka nauðsynlegar ákvarðanir um einstök hagnýt atriði er varða framkvæmd eftirlits á landamærunum.

3. KAFLI
Vegabréfsáritanir
1. þáttur
Vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar

9. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til þess að fylgja sameiginlegri stefnu í því sem varðar för fólks, sérstaklega með tilliti til reglna um vegabréfsáritanir. Með þetta í huga skulu þeir veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð. Samningsaðilarnir skuldbinda sig einhuga til að samræma enn frekar stefnuna í málum sem varða vegabréfsáritanir.

2. Sameiginlegum reglum samningsaðilanna um vegabréfsáritanir fyrir ríkisborgara frá þriðju ríkjum, sem gilda við undirritun þessa samnings eða verða teknar upp síðar, verður aðeins breytt með samþykki allra samningsaðilanna. Í undantekningartilvikum getur samningsaðili vikið frá sameiginlegum reglum um vegabréfsáritanir gagnvart þriðja ríki þegar brýn þörf er á skjótri ákvörðun með tilliti til innlendrar stefnu þess aðila. Sá aðili skal hafa samráð við hina samningsaðilana fyrir fram og taka tillit til hagsmuna þeirra þegar ákvörðun er tekin og taka tillit til þeirra afleiðinga sem hún hefur í för með sér.

10. gr.

1. Taka skal upp samræmda vegabréfsáritun sem gildir á yfirráðasvæði allra samningsaðilanna. Þessa vegabréfsáritun má gefa út til dvalar í allt að þrjá mánuði; sjá þó nánar ákvæði 11. gr. um gildistíma.

2. Þangað til vegabréfsáritun af þessu tagi hefur verið tekin upp skulu samningsaðilarnir viðurkenna vegabréfsáritanir hinna landanna svo framarlega sem þær eru gefnar út á grundvelli sameiginlegra skilyrða og viðmiðana samkvæmt viðkomandi ákvæðum þessa kafla.[3]

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. áskilur hver samningsaðili sér rétt til að takmarka gildissvæði vegabréfsáritunarinnar á grundvelli sameiginlegs fyrirkomulags samkvæmt viðkomandi ákvæðum þessa kafla.

11. gr.

1. Vegabréfsáritunin, sem kveðið er á um í 10. gr., getur verið:

a) vegabréfsáritun sem gildir fyrir eina eða fleiri komur inn á svæðið, en hvorki samfelldur né samanlagður dvalartími nokkurra heimsókna í röð má vera lengri en þrír mánuðir á hálfs árs tímabili miðað við þann dag sem fyrst er komið inn á svæðið;

b) vegabréfsáritun vegna gegnumferðar sem veitir handhafa heimild til þess að fara einu sinni, tvisvar eða oftar í undantekningartilvikum um yfirráðasvæði samningsaðilanna yfir á yfirráðasvæði þriðja ríkis, enda taki gegnumferðin að hámarki fimm daga.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að samningsaðili geti, ef með þarf, gefið út á framangreindu hálfs árs tímabili nýja vegabréfsáritun sem gildir eingöngu á yfirráðasvæði þess aðila.

---

[3] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

12. gr

1. Samræmda vegabréfsáritunin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr., skal gefin út af sendiráðum eða ræðisskrifstofum samningsaðilanna og, þar sem við á, af þeim yfirvöldum samningsaðilanna sem tilgreind eru í 17. gr.

2. Meginreglan er sú að þar til bær samningsaðili til útgáfu slíkrar vegabréfsáritunar er samningsaðilinn þar sem aðalákvörðunarstaður ferðarinnar er. Ef ekki er hægt að fastákveða þennan ákvörðunarstað er meginreglan sú að vegabréfsáritun er gefin út af sendiráði eða ræðisskrifstofu þess samningsaðila sem fyrst er komið inn til.

3. Framkvæmdanefndin kveður nánar á um framkvæmdina og einkum þær viðmiðanir sem verða notaðar við að úrskurða hver teljist aðalákvörðunarstaður ferðarinnar.

13. gr.

1. Ekki má setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem eru fallin úr gildi.

2. Ferðaskilríki skulu hafa lengri gildistíma en vegabréfsáritunin og þá skal tekið tillit til þess hve lengi má fresta því að nota vegabréfsáritunina. Vegabréfsáritun skal taka til ferðar útlendings til baka til upprunalands síns eða komu inn í þriðja ríki.

14. gr.

1. Ekki má setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem gilda ekki hjá neinum samningsaðila. Ef ferðaskilríkin gilda aðeins hjá einum samningsaðila eða nokkrum samningsaðilum skal vegabréfsáritunin, sem sett er í þau, takmörkuð við þann eða þá samningsaðila.

2. Ef ferðaskilríki eru ekki tekin gild hjá einum eða fleiri samningsaðilum má gefa út leyfi sem kemur í stað vegabréfsáritunar.

15. gr.

Meginreglan er sú að aðeins má gefa út vegabréfsáritanirnar, sem um getur í 10. gr., til handa útlendingi sem uppfyllir komuskilyrðin sem kveðið er á um í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.

16. gr.

Telji samningsaðili nauðsynlegt að víkja frá meginreglunni, sem mælt er fyrir um í 15. gr., af einhverri þeirra ástæðna sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr., og gefa út vegabréfsáritun til handa útlendingi sem uppfyllir ekki öll komuskilyrðin sem um getur í 1. mgr. 5. gr., gildir vegabréfsáritunin aðeins á yfirráðasvæði þess samningsaðila og skal hann gera hinum samningsaðilunum grein fyrir þessu.

17. gr.

1. Framkvæmdanefndin skal setja sameiginlegar reglur um meðferð umsókna um vegabréfsáritun, fylgjast með því að þær séu notaðar rétt og laga þær að nýjum aðstæðum og tilvikum.

2. Framkvæmdanefndin skal einnig ákveða í hvaða tilvikum útgáfa vegabréfsáritunar er háð samráði við miðlægt yfirvald þess samningsaðila, sem fékk umsóknina til meðferðar, og, ef við á, við miðlæg yfirvöld hinna samningsaðilanna.

3. Framkvæmdanefndin skal jafnframt taka nauðsynlegar ákvarðanir um eftirfarandi atriði:
a) ferðaskilríki sem mega bera vegabréfsáritun;
b) þá aðila sem eru þar til bærir að gefa út vegabréfsáritanir;
c) skilyrði fyrir útgáfu vegabréfsáritana á landamærum;
d) útlit, efni og gildistíma vegabréfsáritana og gjald sem skal innheimt fyrir útgáfu þeirra;
e) skilyrði fyrir framlengingu eða synjun um vegabréfsáritanirnar, sem um getur í c- og d-lið, með tilliti til hagsmuna allra samningsaðilanna;
f) takmarkanir á gildissvæði vegabréfsáritana;
g) meginreglur sem gilda um gerð sameiginlegrar skrár yfir þá sem synja á um komu, sbr. þó ákvæði 96. gr.

2. þáttur
Vegabréfsáritanir til langrar dvalar

18. gr.

Vegabréfsáritanir til lengri dvalar en þriggja mánaða eru áritanir viðkomandi lands sem einstakir samningsaðilar gefa út í samræmi við eigin löggjöf. Vegabréfsáritun af því tagi heimilar handhafa að fara í gegnum yfirráðasvæði hinna samningsaðilanna til þess að komast inn á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem gaf vegabréfsáritunina út, nema hann uppfylli ekki komuskilyrðin sem um getur í a-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr. eða sé á skrá yfir þá sem synja á um komu hjá þeim samningsaðila sem ræður yfirráðasvæðinu sem hann óskar að fara í gegnum.

4. KAFLI
Skilyrði fyrir för útlendinga

19. gr.

1. Útlendingar, sem eru handhafar samræmdrar vegabréfsáritunar og hafa komið löglega inn á yfirráðasvæði eins samningsaðila, hafa frelsi til að fara um yfirráðasvæði allra samningsaðilanna á meðan vegabréfsáritunin er í gildi, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin sem um getur í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.

2. Þangað til samræmd vegabréfsáritun verður tekin upp hafa útlendingar, sem eru handhafar vegabréfsáritunar sem er gefin út af einum samningsaðilanna og hafa komið löglega inn á yfirráðasvæði eins samningsaðila, frelsi til að fara um yfirráðasvæði allra samningsaðilanna á meðan vegabréfsáritunin er í gildi í allt að þrjá mánuði frá þeim degi sem þeir komu fyrst inn á svæðið, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin sem um getur í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.[4]

3. Ekki skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. um vegabréfsáritanir sem hafa takmarkað gildissvæði í samræmi við ákvæði 3. kafla þessa bálks.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um ákvæði 22. gr.

20. gr.

1. Útlendingar, sem falla ekki undir kvöð um vegabréfsáritun, hafa frelsi til að fara um yfirráðasvæði samningsaðilanna í allt að þrjá mánuði á sex mánaða tímabili frá þeim degi sem þeir komu fyrst inn á svæðið, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin sem um getur í a-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 5. gr.

---

[4] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir ákvæðið ekki fyrir Ísland og Noreg.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á rétt hvers samningsaðila um sig til að heimila á yfirráðasvæði sínu að útlendingur dvelji lengur en þrjá mánuði í undantekningartilvikum eða vegna framkvæmdar tvíhliða samkomulags sem gert hefur verið áður en þessi samningur öðlast gildi.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um ákvæði 22. gr.

21. gr.

1. Útlendingar, sem eru handhafar gilds dvalarleyfis, sem er gefið út af einum samningsaðilanna, og gildra ferðaskilríkja, hafa frelsi til að fara um yfirráðasvæði hinna samningsaðilanna í allt að þrjá mánuði, að því tilskildu að þeir uppfylli komuskilyrðin, sem um getur í a-, c- og e-lið 1. mgr. 5. gr., og séu ekki á innlendri skrá viðkomandi samningsaðila yfir þá sem synja á um komu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um útlendinga sem eru handhafar bráðabirgðadvalarleyfis, sem er gefið út af einum samningsaðilanna, og ferðaskilríkja sem eru gefin út af sama samningsaðila.

3. Samningsaðilarnir skulu senda framkvæmdanefndinni skrá yfir þau skjöl sem þeir gefa út sem dvalarleyfi eða bráðabirgðadvalarleyfi og sem ferðaskilríki í skilningi þessarar greinar.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um ákvæði 22. gr.

22. gr.

1. Útlendingum, sem hafa komið löglega inn á yfirráðasvæði eins samningsaðilanna, er skylt að tilkynna sig hjá þar til bærum yfirvöldum á yfirráðasvæði þess samningsaðila, sem komið er til, í samræmi við þau skilyrði sem hver samningsaðili um sig setur. Hver samningsaðili um sig getur valið um hvort tilkynningin á sér stað við komu eða innan þriggja virkra daga frá komudegi inn á yfirráðasvæði viðkomandi samningsaðila.

2. Útlendingar, sem eru búsettir á yfirráðasvæði eins samningsaðila og ferðast inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila, falla undir tilkynningarskyldu skv. 1. mgr.

3. Hver samningsaðili um sig skal ákveða undantekningar frá 1. og 2. mgr. og tilkynna framkvæmdanefndinni um þær.

23. gr.

1. Útlendingar, sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur þau skilyrði fyrir stuttri dvöl sem gilda á yfirráðasvæði eins samningsaðila, skulu fylgja þeirri meginreglu að yfirgefa tafarlaust yfirráðasvæði samningsaðilanna.

2. Ef útlendingur er handhafi gilds dvalarleyfis eða bráðabirgðadvalarleyfis sem annar samningsaðili hefur gefið út skal hann fara tafarlaust yfir á yfirráðasvæði þess samningsaðila.

3. Fari viðkomandi útlendingur ekki sjálfviljugur úr landi, eða ef ætla má að hann muni ekki fara úr landi, eða verði útlendingur að fara tafarlaust úr landi vegna þjóðaröryggis eða allsherjarreglu skal vísa honum brott af yfirráðasvæði samningsaðilans, þar sem hann var handtekinn, í samræmi við innlend lög þess samningsaðila. Ef brottvísun er óheimil samkvæmt þessum lögum má viðkomandi samningsaðili heimila útlendingnum dvöl á yfirráðasvæði sínu.

4. Viðkomandi útlendingi má vísa brott af yfirráðasvæði þess ríkis til upprunalands síns eða til einhvers annars lands sem hann má koma til, einkum samkvæmt viðeigandi ákvæðum samninga um endurviðtöku sem samningsaðilarnir hafa samþykkt.

5. Ákvæði 4. mgr. hafa ekki áhrif á innlend ákvæði um rétt til hælis, ákvæði Genfarsamningsins frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, né ákvæði 2. mgr. þessarar greinar né 1. mgr. 33. gr. þessa samnings.

24. gr.

Með fyrirvara um viðeigandi hagnýtar viðmiðanir og fyrirkomulag, sem framkvæmdanefndin ákveður, skulu samningsaðilarnir jafna sín á milli þann mismun á kostnaði sem getur leitt af brottvísunarskyldu eins og kveðið er á um í 23. gr. þegar viðkomandi útlendingur getur ekki staðið straum af kostnaði við brottvísunina.

5. KAFLI
Dvalarleyfi og skráning þegar synja á um komu

25. gr.

1. Hafi samningsaðili í hyggju að veita útlendingi, sem er á skrá yfir þá sem synja á um komu, dvalarleyfi er haft samráð fyrir fram við þann samningsaðila sem skráði hann og skal taka tillit til hagsmuna þess aðila; dvalarleyfi skal aðeins veitt þegar um þungvægar ástæður er að ræða, sérstaklega mannúðarástæður eða ástæður sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum.

Ef dvalarleyfi er gefið út skal samningsaðilinn, sem skráði viðkomandi útlending, afturkalla skráninguna en er þó heimilt að hafa hann á sinni landsskrá.

2. Komi í ljós að útlendingur, sem hefur undir höndum gilt dvalarleyfi útgefið af einum samningsaðilanna, hefur verið skráður sem einstaklingur sem synja á um komu skal samningsaðilinn, sem skráði hann, hafa samráð við samningsaðilann, sem gaf út dvalarleyfið, um það hvort fullnægjandi ástæður eru til þess að afturkalla dvalarleyfið.

Ef dvalarleyfið er ekki afturkallað skal samningsaðilinn, sem skráði hann, afturkalla skráninguna en er þó heimilt að hafa hann á sinni landsskrá.

6. KAFLI
Viðbótarráðstafanir

26. gr.

1. Með fyrirvara um þær skuldbindingar, sem leiðir af Genfarsamningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, skuldbinda samningsaðilarnir sig til að taka upp eftirfarandi reglur í innlenda löggjöf:

a) Ef útlendingi er synjað um komu inn á yfirráðasvæði eins samningsaðilanna skal flutningsaðilinn, sem flutti hann að ytri landamærunum, hvort sem það var loft-, sjó- eða landleiðis, taka tafarlaust á sig ábyrgð á viðkomandi. Að kröfu þeirra yfirvalda, sem annast landamæraeftirlit, skal flutningsaðilinn flytja útlendinginn til baka til þess þriðja ríkis, sem hann kom frá, til þess þriðja ríkis, sem gaf út ferðaskilríkin sem hann notaði á ferðalaginu, eða til einhvers annars þriðja ríkis sem tryggir honum aðgang.

b) Flutningsaðilanum ber skylda til að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að fullvissa sig um að útlendingur, sem er fluttur loft- eða sjóleiðis, hafi undir höndum nauðsynleg ferðaskilríki til komu inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna.

2. Með fyrirvara um þær skuldbindingar, sem leiðir af Genfarsamningnum frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna, eins og honum var breytt með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967, skuldbinda samningsaðilarnir sig til að taka upp viðurlög, hver í samræmi við

eigin stjórnskipunarlög, gagnvart þeim flutningsaðilum sem flytja útlendinga, sem hafa ekki nauðsynleg ferðaskilríki undir höndum, loft- eða sjóleiðis frá þriðja ríki inn á yfirráðasvæði samningsaðilanna.

3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. skulu einnig gilda um flutningsaðila sem annast alþjóðlega hópflutninga fólks í langferðabifreiðum, að undanskildum ferðum yfir landamæri.

27. gr.

1. Samningsaðilarnir skuldbinda sig til að taka upp viðeigandi viðurlög gagnvart öllum þeim sem í hagnaðarskyni hjálpa eða reyna að hjálpa útlendingi við að komast inn á yfirráðasvæði eins samningsaðila eða dvelja þar í andstöðu við lög þess aðila um komu og dvöl útlendinga.

2. Fái samningsaðili upplýsingar um málsatvik, eins og um getur í 1. mgr., sem stríða gegn löggjöf annars samningsaðila skal hann upplýsa þann síðarnefnda um málsatvik.

3. Hafi löggjöf eins samningsaðila verið brotin, og hann farið þess á leit við annan samningsaðila að hefja lögsókn vegna málsatvikanna sem um getur í 1. mgr., skulu þar til bær yfirvöld gefa út opinbera tilkynningu eða staðfestingu á því hvaða lagaákvæði hafa verið brotin.

7. KAFLI[5]

Ábyrgð á meðferð beiðna um hæli

...

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Ekki verður séð að frumvarpið muni hafa teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

[5] Samkvæmt 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn gildir kaflinn ekki fyrir Ísland og Noreg.

579. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til l. um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Guðmund Gunnarsson, fyrrverandi formann Arkitektafélags Íslands, Guðbjörgu Magnúsdóttur og Hall Kristvinsson frá Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Gísla Gíslason frá Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur og Valdísi Bjarnadóttur frá Arkitektafélagi Íslands, Hellen M. Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti, Þórð Kristinsson, framkvæmdastjóra kennslusviðs Háskóla Íslands, og Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Arkitektafélagi Íslands, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, Samtökum atvinnulífsins og Íslenskri málstöð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á starfsheiti landslagshönnuða þannig að þeir hljóti löggildingu undir starfsheitinu landslagsarkitektar. Nefndin leggur jafnframt til frekari breytingar þess efnis að starfsheiti húsgagna- og innanhússhönnuða verði breytt þannig að þeir hljóti löggildingu undir starfsheitinu húsgagna- og innanhússarkitektar. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að allir þessir aðilar hafi lokið námi á háskólastigi í viðkomandi grein til þess að þeir geti hlotið löggildingu undir starfsheitinu landslags-, húsgagna- og innanhússarkitektar, þ.e. að þeir hafi prófgráðu á háskólastigi í viðkomandi fagi. Nefndin bendir jafnframt á að heiti starfsgreinanna landslagsarkitekt, húsgagnaarkitekt og innanhússarkitekt séu í raun samsett úr tveimur orðum þar sem fyrri hluti hvers heitis gefur til kynna takmarkað sérsvið viðkomandi arkitekts. Ekki sýnist hætta á að misskilið verði við hverja af þessum stéttum er átt hverju sinni.

Við athugun á ákvæðum, stjórnvaldsfyrirmælum og viðmiðunum um löggildingu starfsstétta almennt kemur í ljós að tilviljun virðist oft ráða hvaða skilyrðum starfsstétt þarf að fullnægja til þess að hljóta löggildingu. Almennt virðist t.d. ekki gerð krafa um endurmenntun. Nefndin leggur áherslu á að almenna stefnumótun skorti í þessum málum og beinir því til ríkisstjórnar að móta slíka stefnu, bæði hvað varðar forsendur löggildingar og kröfur um endurmenntun.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Árni R. Árnason og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. febr. 2000.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Rannveig Guðmundsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

580. Fyrirspurn [329. mál]

til umhverfisráðherra um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hefur af Íslands hálfu verið staðið að framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni frá því að samningurinn tók gildi hér á landi, 11. desember 1994?
2. Hvaða áætlanir hafa íslensk stjórnvöld um viðbrögð, vinnu og rannsóknir hérlendis í samræmi við einstök ákvæði samningsins?
3. Hvernig hefur verið háttað starfi samstarfsnefndar um líffræðilegan fjölbreytileika sem skipuð var 18. febrúar 1998, hversu oft hefur hún komið saman og hvað hefur hún lagt til við umhverfisráðuneyti og/eða ríkisstjórn?
4. Hvað veldur því að Ísland, eitt fárra Evrópulanda, hefur ekki skilað skýrslu (National Report) til skrifstofu samningsaðila þrátt fyrir eindaga í janúar 1998?
5. Hvernig var háttað þátttöku Íslands í undirbúningi og afgreiðslu bókunar um verslun með erfðabreyttar lífverur og afurðir þeirra (Biosafety Protocol) sem samkomulag tókst um með 132 aðildarríkjum samningsins 29. janúar árið 2000?
6. Hvernig verður hagað þátttöku Íslands í næsta fundi vísinda- og tækninefndar samningsins og undirbúningi og þátttöku í 5. fundi samningsaðila (COP-5) í Nairobi í maí árið 2000?
7. Hversu miklu hefur árlega verið kostað til af Íslands hálfu vegna aðildar að samningnum árin 1995–99, sundurliðað eftir félagsgjöldum, kostnaði við þátttöku í fundum erlendis og eftir aðgerðum og verkefnum hér innan lands sem miða að því að hrinda í framkvæmd einstökum samningsákvæðum?
8. Hversu miklu fé verður varið í vinnu í samræmi við ákvæði samningsins um líffræðilega fjölbreytni hérlendis á þessu ári, sundurliðað eftir aðgerðum?

Skriflegt svar óskast.

581. Fyrirspurn [330. mál]

til samgönguráðherra um notkun tækjabúnaðar til að minnka koltvísýringsmengun frá skipum og ökutækjum.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hefur á vegum ráðherra verið athugaður tækjabúnaður frá fyrirtækinu Comtec og árangur tilrauna með notkun Comtec-búnaðar samhliða hvarfakút til að minnka koltvísýringsmengun af dísil- og bensínvélum í skipum og ökutækjum og ef ekki, hvers vegna ekki?
2. Hefur ráðherra kannað þann möguleika að styðja fyrirtæki sem vilja nota tækni til að minnka mengun, t.d. með lánum með lágum vöxtum eða skattaaðgerðum, eða telur ráðherra slíkan stuðning koma til greina?

582. Fyrirspurn [331. mál]

til iðnaðarráðherra um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvernig verður brugðist við því að lög nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, eru talin stangast á við jafnræðisreglur Evrópusambandsins?

583. Svar [298. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um greiðslur frá Íslenskri erfðagreiningu.

1. *Hvað hafa sjúkrastofnanir sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið og starfsmenn þeirra fengið mikla fjármuni frá Íslenskri erfðagreiningu fyrir upplýsingar úr sjúkraskrám og öflun lífssýna?*

Samkvæmt upplýsingum frá lækningaforstjórum Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og Íslenskri erfðagreiningu ehf. hafa stofnanir sem heyra undir ráðuneytið hvorki fengið fjármuni fyrir upplýsingar úr sjúkraskrám né fyrir lífsýni frá Íslenskri erfðagreiningu (ÍE). Nokkrir læknar sem starfa á þessum stofnunum hafa hins vegar sem einstaklingar gert samstarfssamning við ÍE um vísindarannsóknaverkefni að fengnum leyfum vísindasiðanefndar og tölvunefndar.

Samkvæmt upplýsingum frá ÍE felast greiðslur sem ÍE innir af hendi til einstakra samstarfsverkefna um erfðarannsóknir í því að greiddur er kostnaður við framkvæmd hvers verkefnis. Við skipulagningu rannsóknarverkefnis er gerð kostnaðaráætlun þar sem umfang og eðli þess er metið og hversu mikla vinnu sé nauðsynlegt að leggja fram til þess að endurmeta sjúkdómsgreiningar og flokka þær frekar (undirflokka), auk annarrar vinnu við verkefnið, svo sem að hafa samband við sjúklinga til þátttöku í rannsókninni. Eðli málsins samkvæmt sjá samstarfslæknar ÍE um þennan verkefnishluta þar eð þessi vinna er ekki hluti af hinum daglegu störfum þeirra á sjúkrahúsum og er hún unnin utan vinnutíma læknanna á viðkomandi sjúkrahúsi. Í sumum tilvikum hafa læknar ráðið sér aðstoðarfólk, svo sem unglækna, hjúkrunarfræðinga eða læknanema til þess hluta starfans sem þeir anna ekki sjálfir. Auk framangreinds kostnaðar greiðir ÍE fastar greiðslur og árangurstengdar greiðslur í þeim tilvikum þar sem náðst hafa samningar við þriðja aðila um fjármögnun verkefnis. (Föstum greiðslum og árangurstengdum greiðslum, svo og ráðstöfun þeirra til rannsókna, var lýst í svari við fyrri fyrispurn, á þskj. 498).

2. *Hvað felst í rannsóknarkostnaði sem ráðherra hefur upplýst að Íslensk erfðagreining greiði læknum og sjúkrastofnunum? Hvernig er hann skilgreindur og sundurliðaður? Um hvaða greiðslur aðrar er að ræða? Hvernig eru þær skilgreindar og sundurliðaðar?*

Í rannsóknarkostnaði felast aðallega eftirtaldir kostnaðarliðir: laun, m.a eins og lýst er að framan, annar sérfræðikostnaður, kostnaður við innköllun sjúklinga og ættingja, póst-

kostnaður, símakostnaður og rannsóknarvörur, svo og frekari kostnaður við greiningu, t.d. ítarlegri blóðrannsóknir og myndgreiningar.

Allt er þetta kostnaður sem fellur til vegna viðkomandi rannsóknar og er hann því greiddur af ÍE. Þar getur hvort tveggja verið um að ræða greiðslu staðlaðra þjónusturannsókna eða greiðslu fyrir sérstaka vinnu meinatækna eða líffræðinga. Um aðrar greiðslur er vísað til svars við 1. lið.

584. Fyrirspurn [332. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu slysabóta.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir voru krafðir um skatt af slysaörokugreiðslum vegna tímabundinnar örorku allt að sex ár aftur í tímann á undanförnum tveimur árum?
2. Hversu margir fengu skattinn felldan niður?
3. Hversu margir tjónþolar hafa þegar greitt skattinn og hve háar upphæðir er um að ræða?
4. Hefur einhverjum verið endurgreiddur skatturinn?
5. Hvaða rök eru fyrir því að ekki sitji allir við sama borð gagnvart þessari skattlagningu?

585. Fyrirspurn [333. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um samræmda slysaskráningu.

Frá Ástu Möller.

Hvað líður áformum um samræmda slysaskráningu hér á landi?

586. Fyrirspurn [334. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tíðni slysa af völdum skotelda.

Frá Ástu Möller.

1. Hve mörg slys hafa orðið af völdum skotelda sl. tíu ár, að síðustu áramótum meðtöldum?
2. Hvers eðlis hafa þessi slys verið og hvernig skiptast þau eftir aldursflokkum?
3. Hvaða tegundir skotelda hafa valdið slysunum?
4. Hver er tíðni slysa af völdum skotelda á Íslandi í samanburði við tíðni þeirra annars staðar á Norðurlöndum, í Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi?

Skriflegt svar óskast.

587. Fyrirspurn [335. mál]

til landbúnaðarráðherra um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig gengur vinna nefndar sem endurmeta á átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða?
2. Er ljóst hvort um framhald átaksverkefnisins verður að ræða?
3. Hvaða verkefni voru unnin og/eða stofnað til í nafni átaksverkefnisins árin 1997, 1998 og 1999 og hver var kostnaður við hvert verkefni?
4. Hve miklum fjármunum var í heild varið til reksturs átaksverksefnisins árin 1997, 1998 og 1999, sundurliðað, sbr. 8. lið í svari á þskj. 1132 frá 121. löggjafarþingi, og hver er fjárhagsstaða verkefnisins nú?
5. Hver var þátttaka Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eða annarra í átaksverkefninu árin 1997, 1998 og 1999?
6. Að hve miklu leyti hefur átakið snúist um aðrar afurðir en dilkakjöt?
7. Hefur einhver ályktun verið dregin af reynslunni af átaksverkefninu er varðar annars vegar vistvæna framleiðslu og hins vegar lífræna framleiðslu?
8. Að hvaða verkefnum er unnið á þessu ári í nafni átaksverkefnisins?

Skriflegt svar óskast.

588. Beiðni um skýrslu [336. mál]

frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um meðferðarstofnanir.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Gunnari Birgissyni, Lúðvík Bergvinssyni, Hjálmari Árnasyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Þuríði Backman, Kristjáni Pálssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Pétri H. Blöndal og Jóni Bjarnasyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um meðferðarstofnanir. Í skýrslunni komi meðal annars fram upplýsingar um eftirfarandi atriði.

Yfirlit yfir stofnanir.

1. Hvaða stofnanir, þ.m.t. sjúkrahús, njóta framlaga frá hinu opinbera til vímuvarna og bráða- og eftirmeðferðar vímuefnasjúklinga? Hvaða aðrar stofnanir sinna sambærilegum verkefnum án stuðnings hins opinbera?
2. Hvar eru þessar stofnanir, skipt eftir kjördæmum?
3. Hverjir eru eigendur eða rekstraraðilar þeirra og hvenær hófst starfsemi hverrar um sig?
4. Í hvaða tilfellum hefur ríkissjóður verið þátttakandi í rekstri frá upphafi?

5. Í hvaða tilfellum kom ríkissjóður inn í reksturinn síðar og hvaða röksemdir lágu að baki slíkri þátttöku?

Fjármál.

1. Hver voru rekstrarútgjöld einstakra stofnana frá árinu 1990, framreiknuð til núvirðis, skipt eftir:
   a. launum,
   b. öðrum rekstrargjöldum,
   c. stofnkostnaði?
2. Hverjar voru fjárveitingar hins opinbera til einstakra stofnana á þessu tímabili, framreiknaðar til núvirðis, skipt eftir:
   a. launum,
   b. öðrum rekstargjöldum,
   c. stofnkostnaði?
3. Hvernig skiptast, á sama tímabili, tekjur einstakra stofnana eftir:
   a. föstum fjárveitingum,
   b. daggjöldum,
   c. framlögum vistmanna,
   d. öðru?
4. Hver ákveður að einstakar stofnanir skuli teknar á fjárlög og hvaða reglur gilda þar um?
5. Hvernig er staðið að ákvörðunum um aukin umsvif þessara stofnana sem leiða til hærri fjárveitinga af fjárlögum?
6. Hver er fjöldi stöðugilda hjá einstökum stofnunum?
7. Hefur Tryggingastofnun ríkisins greitt kostnað við vímuefnameðferð erlendis síðustu fimm ár? Ef svo er:
   a. hvaða stofnanir er um að ræða og hvar eru þær,
   b. hversu margir hafa notið þessarar þjónustu, skipt eftir stofnunum,
   c. hve mikið hefur verið greitt til einstakra stofnana?

Meðferð.

1. Er um að ræða sérhæfingu einstakra stofnana, þ.e. sinna þær aðeins tilteknum aldurshópum, vímuefnaflokkum, meðferðastigi, t.d. eftirmeðferð, eða bjóða upp á mismunandi meðferðarúrræði?
2. Hvaða greining á sér stað áður en sjúklingur er lagður inn á stofnun og hver er verkferillinn innan heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins, þ.e. hvaða aðilar koma við sögu?
3. Hver er meðalmeðferðartími sjúklings, skipt eftir helstu vímuefnaflokkum og stofnunum?
4. Hver hefur árangur af meðferð verið síðustu fimm ár, skipt eftir helstu vímuefnaflokkum og stofnunum?

589. Breytingartillögur [21. mál]

við frv. til l. um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:
   a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta.
   b. 7. tölul. orðast svo: landslagsarkitekta (landslagshönnuða) og.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðanna „innanhússhönnuðir eða landslagshönnuðir“ í 2. mgr. 48. gr. laganna kemur: innanhússarkitektar eða landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).
3. Við bætist ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:
   Í stað orðanna „Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir“ í 4. mgr. 49. gr. laganna kemur: Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).

590. Beiðni um skýrslu [337. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um tilfærslu á aflamarki (kvóta).

Frá Sverri Hermannssyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Jóhanni Ársælssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur, Þuríði Backman, Ögmundi Jónassyni, Össuri Skarphéðinssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að sjávarútvegsráðherra afli upplýsinga um tilfærslu á aflamarki (kvóta) þar sem aðilaskipti hafa orðið á aflahlutdeild, svo sem vegna sölu á kvóta, vegna erfða eða annarra varanlegra breytinga á aflaheimildum, og flytji Alþingi skýrslu um efnið. Sérstaklega verði tilgreindir þeir aðilar sem ráða yfir 2% eða meira af aflaheimildum og skipting aflaheimilda á skip í eigu þeirra.

Beiðni þessari er ætlað að ná til gildistíma laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, nema tilefni gefist til annars.

Greinargerð.

Þar sem nú hafa orðið miklir atburðir um sölu á aflaheimildum ber nauðsyn til að Alþingi, og raunar allur almenningur, fái sem gleggstar upplýsingar um ráðstöfun og vegferð aflaheimilda á undanförnum árum, enda er hér um ráðstöfun sameignar þjóðarinnar að tefla, lögum samkvæmt.

Skýrslubeiðendur leyfa sér með vísan til 4. gr. laga um Fiskistofu, nr. 36/1992, að óska þess að óháðir dómkvaddir endurskoðendur sjái um úrvinnslu og útgáfu umræddra upplýsinga, svo að hæfi þeirra verði eigi í efa dregið, og verði þegar í stað hafist handa við skoðun gagna og úrvinnslu, m.a. vegna meðferðar mála sem tengjast lögum um stjórn fiskveiða fyrir dómstólum.

591. Tillaga til þingsályktunar [338. mál]

um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sverrir Hermannsson, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra í samráði við sjávarútvegsnefnd Alþingis að grípa þegar í stað til eftirfarandi ráðstafana:

1. Afla gagna og undirbúa tillögur um skiptingu fiskiskipaflotans í útgerðarflokka. Dagróðra- og strandveiðiflotinn verði sérstakur útgerðarflokkur með tiltekna hlutdeild í veiðum helstu nytjastofna.
2. Afla gagna og undirbúa tillögur um mögulega byggða- eða svæðatengingu veiðiréttinda með sérstakri hliðsjón af hlutdeild smábáta og strandveiðiflotans.
3. Afla gagna og móta reglur um skilyrði sem leggja eigi til grundvallar því að einstakar tegundir séu kvótasettar. Einnig reglur um hvernig tegundir skulu teknar út úr kvóta þegar forsendur kvótasetningar eru brostnar.
4. Skipa starfshóp um umhverfismál og sjávarútveg sem móti stefnu um hvernig stuðla megi að þróun íslensks sjávarútvegs í átt til vistvænna veiða og sjálfbærrar þróunar, m.a. með sérstakri hliðsjón af skuldbindingum Íslands samkvæmt Ríó-sáttmálanum.
5. Skipa 15 manna ráðgjafarnefnd samkvæmt tilnefningum með fulltrúum allra þingflokka, fulltrúum heildarsamtaka sjómanna, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands og Vélstjórafélags Íslands, fulltrúa frá Verkamannasambandi Íslands fyrir hönd fiskverkafólks, fulltrúa frá Landssambandi íslenskra útgerðarmanna, fulltrúa frá Landssambandi smábátaeigenda, fulltrúa frá Samtökum fiskvinnslustöðva, tveim fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, auk formanns sem sjávarútvegsráðherra skipar án tilnefningar. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar verði að vera samráðsvettvangur allra helstu hagsmunaaðila og vera Alþingi og ríkisstjórn til aðstoðar og ráðgjafar um vinnu og stefnumótun á þessu sviði. Ráðgjafarnefndin skal vera sjávarútvegsnefnd Alþingis og stjórnskipuðum nefndum, auðlindanefnd og nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða til aðstoðar og samráðs, með reglubundnum hætti.

Greinargerð.

Mikið óvissuástand ríkir nú í málefnum íslensks sjávarútvegs. Til viðbótar langvinnum deilum um stjórnkerfi fiskveiða og mikilli óánægju með ýmsa þætti þess hafa nú komið málaferli og dómar sem valda því að sjálfur grundvöllur fiskveiðistjórnunarkerfisins er í uppnámi. Nauðsynlegt er að Alþingi og ríkisstjórn bregðist þegar við þessu ástandi og því er tillaga þessi flutt. Hún felur í sér að Alþingi hlutist til um verkefni sem lúta að gagnasöfnun, tillögugerð og undirbúningi fyrir framtíðarstefnumótun sem sátt geti orðið um. Jafnframt þarf að tryggja að löggjöfin sé í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Fimmti töluliður tillögunnar kveður á um skipun 15 manna ráðgjafarnefndar. Eins og málin standa eiga margir mikilvægir hagsmunaaðilar enga aðild að þeirri vinnu sem fram fer. Nauðsynlegt er að aðilar eins og Sjómannasamtökin, fulltrúar fiskvinnslufólks og sveitarfélaganna séu með í ráðum. Því er lagt til að slík breið ráðgjafarnefnd verði skipuð.

Að tillögunni standa þingflokkar Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Markmið flokkanna fara saman í ýmsum veigamiklum atriðum hvað varðar sjávar-

útvegsmál en að öðru leyti er um mismunandi áherslur að ræða. Í fylgiskjölum eru því greinargerðir fyrir áherslum flokkanna hvors fyrir sig í sjávarútvegsmálum. Einnig verður flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem felur í sér aðgerðir sem þingmenn flokkanna telja nauðsynlegt að grípa til tafarlaust.

Fylgiskjal I.

Greinargerð um stefnu þingflokks Frjálslynda flokksins.

Tilgangur með flutningi þingsályktunartillögu.

Þingsályktunartillaga um nýjan grundvöll fiskveiðistjórnar á miðunum við Ísland, sem lögð er fram, hefur þann tilgang að koma á nýrri skipan fiskveiðistjórnar.

Brugðist er við þeirri réttaróvissu sem hæstaréttardómur í máli Valdimars Jóhannessonar í árslok 1998 og svo nýgenginn héraðsdómur í svonefndu Vatneyrarmáli hafa skapað. Telja þingmenn Frjálslynda flokksins það algert ábyrgðarleysi af hálfu Alþingis og raunar brot á þeim eiðstaf eða drengskaparheiti um verndun stjórnarskrárinnar sem hver þingmaður undirritar að láta eins og ekkert sé þegar veigamiklar efasemdir eru risnar um að lög, sem þingið hefur sett, fái staðist mikilvæg ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræði þegna lýðveldisins.

Jafnframt er gerð tillaga um skipulegt vinnuferli sem er tilraun til sáttagerðar um hvernig mætti feta sig út úr þeim ógöngum sem núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi með óheftum heimildum til framsals og leigu veiðiheimilda hefur leitt yfir þjóðina.

Hér fylgir greinargerð sem þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur unnið að undanförnu og er sett fram sem lýsing á því hvernig semja mætti nýja löggjöf um stjórn fiskveiða þannig að lögin uppfylltu jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar og léttu oki misréttis af þjóðinni.

Jafnframt skal tryggja í nýrri löggjöf forgang og hagsmuni fólks í sjávarbyggðunum og strandveiðiflotans til atvinnuréttar og fiskveiða á heimamiðum.

Upphafleg stefna Frjálslynda flokksins.

Í stefnumörkun sinni fyrir síðustu kosningar og síðan hefur Frjálslyndi flokkurinn viljað hverfa frá núgildandi úthlutun kvóta í einni svipan með því að hverfa aftur til þess tíma sem ríkti fyrir upphaf núgildandi fiskveiðistjórnar 1984, þ.e. með því að gefa allar veiðar eins frjálsar og kostur telst vera um tveggja eða þriggja ára skeið, með sóknarstýringu og árlegu hámarksaflamagni í mikilvægustu fisktegundum. Til að milda slíka ráðstöfun hefur Frjálslyndi flokkurinn lagt til að auka verulega veiði á þorski, m.a. með tilliti til mikils brottkasts af fiski í hafi sem núverandi kerfi hefur í för með sér, en hvergi sér stað í aflaskýrslum.

Um afleiðingar slíkrar stefnubreytingar.

Frjálslynda flokknum hefur frá upphafi verið ljóst að svo hratt fráhvarf frá gildandi braskkerfi muni valda ýmsum útgerðum erfiðleikum og hefur í því sambandi haft mestar áhyggjur af minni útgerðum sem hafa freistað þess að kaupa sér aflaheimildir á háu verði sem eru stórt hlutfall af því sem þær hafa fengið úthlutað gefins. Flokkurinn hefur haft minni áhyggjur af hinum stóru sem hafa keypt til sín aflaheimildir á háu verði, sem ræðst af því að þetta eru jaðarviðskipti, eða búið sér til stórfelldar pappírseignauppfærslur á kvótum með sameiningum fyrirtækja og öðrum slíkum ráðum. Þessa skilsmunar sér stað í greinargerð þessari.

Ljóst er að hvers konar skerðing, að ekki sé talað um afnám núgildandi kvótaúthlutunar, hefur áhrif til lækkunar á skráðri eign útgerða og þeim mun meiri sem þær hafa gengið harðar fram í kaupum á kvóta og eignauppfærslum í tengslum við sameiningar fyrirtækja. Sú breyting kann að leiða af sér lækkun markaðsverðs hlutabréfa í einstökum fyrirtækjum að því leyti sem það hefur endurspeglað hið óraunhæfa verðlag sem útgerðirnar hafa búið til í samkeppninni sín í milli. Breytingin ætti hins vegar ekki að hafa áhrif á rekstur og rekstrarafkomu fyrirtækja nema helst þeirra sem hafa byggt afkomu sína á leigutekjum fyrir kvóta. Skerðing á afkomu þeirra fyrirtækja og bætt kjör annarra verður að teljast sanngjörn leiðrétting á misnotkun gildandi kerfis.

Greining gildandi kerfis.

Það er grundvallaratriði til skilnings á vandanum sem hér er fengist við að menn hætti að tala um kvótakerfi sem er svo stórkostlegt að fram er haldið að heimsathygli veki. Þetta kerfi er samsett úr tvennu sem skoða verður hvort í sínu lagi ef menn eiga að geta rætt fyrirbærið með þeim skilningi á eðli þess sem nauðsynlegur er.

Annars vegar er kvótasetning, þ.e. ákvörðunin um það hversu mikið á að veiða af hverri fisktegund til að sú nýting stofnsins þyki innan öryggismarka fyrir viðgang hans og líkleg er til að gefa hámarksafrakstur af honum. Þessi hluti íslenska kvótakerfisins þykir hafa tekist nokkuð vel í samanburði við önnur lönd þótt um ýmis atriði í því efni megi deila.

Hins vegar er úthlutun hins leyfða kvóta sem er allt annað mál og höfuðatriði hins pólitíska ágreinings í þessu mikla deilumáli meðal þjóðarinnar. Fyrirsvarsmenn núgildandi úthlutunar, þ.e. gjafar veiðiréttarins til þeirra sem skip áttu á tilteknu tímabili endur fyrir löngu og afkomenda þeirra, telja þetta hina einu leið til hagfelldrar útgerðar á Íslandsmið. Er þá með öllu litið fram hjá ágöllum úthlutunarinnar, svo sem hróplegu samkeppnisforskoti stóru útgerðanna gagnvart hinum smærri, lokun kerfisins á nýliðun í útgerð, óöryggið sem aðferðin býr sjávarbyggðum, flæði fjármagns út úr greininni þegar útgerðarmenn eða erfingjar þeirra selja hlut „sinn“ í „sameign þjóðarinnar“, skefjalausu brottkasti fisks sem kerfið leiðir af sér og síðast en ekki síst þeirri taumlausu skuldsetningu sem útgerðin tekur á sig þegar sægreifarnir eru keyptir út úr greininni. Eru þá ótalin stjórnarskrárákvæðin sem fyrr var vitnað til.

Hin pólitíska varðstaða um kerfið.

Gríðarlegum fjármunum hefur verið varið til áróðurs fyrir þessum málstað undir stjórn öflugustu auglýsingamanna landsins. Sérhagsmunirnir, sem verið er að verja, eru líka gríðarlegir. Þjóðin hefur þó ekki látið blekkjast, en of stór hluti hennar hefur látið stjórnarflokkana komast upp með grímulausa varðstöðu um sérhagsmuni þá sem Alþingi hefur búið til með óskynsamlegri löggjöf sem ekki fær staðist neinar réttlætiskröfur og eykur stórlega á vanda sjávarbyggðanna.

Þeir sem best þekkja til erlendis vilja ekki svona kerfi.

Íbúum Nýfundnalands, Færeyingum eða Norðmönnum, sem allir þekkja til þess hvernig Íslendingar fóru að í þessu efni, kemur ekki til hugar að innleiða sömu aðferð. Þeir sjá hvernig hún drepur niður smærri rekstur og eyðir byggðum. Verið getur að einhverjar þjóðir, sem eru nógu langt í burtu og hafa fengið til sín trúboða íslenska sjávarútvegsráðuneytisins, láti sér koma til hugar að apa þetta eftir, enda eiga í hlut þjóðir sem hafa langa hefð fyrir að hygla gæðingum. Það kunna Íslendingar hins vegar ekki að meta.

Grunnvandinn.

Misræmið milli núgildandi kvótaúthlutunar og reglna stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræði er vandinn sem við er að fást. Hann snýst þess vegna ekki um kvótakerfið í heild sinni, heldur einungis um úthlutun kvótans að því leyti sem til kvótasetningar þarf að koma.

Hvenær þarf kvótasetningu?

Hér er að sjálfsögðu um að ræða grundvallaratriði, hvenær nauðsynlegt er að setja fisktegund undir aflatakmarkanir. Þegar sagan er skoðuð kemur í ljós að það er regla, fremur en undantekning, að útgerðin nái ekki að veiða að fullu þann afla sem sjávarútvegsráðuneytið hefur leyft og oftast er í námunda við þá ramma sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til.

Hin eðlilegu viðbrögð við þessari stöðu ættu að vera að taka þá tegund, sem ekki tekst að veiða, út úr kvótasetningu þar til ætla mætti að henni sé ofboðið. Svo mikil hefur verið þjónkun sjávarútvegsráðherra við hagsmuni einstakra útgerðarmanna að þetta hefur ekki verið gert. Þess í stað hefur verið leidd í lög röklaus og fáránleg heimild fyrir útgerðarmenn að breyta tegund sem ekki veiðist í aðra sem veiðist, þó ekki þorsk.

Undir þessum formerkjum hafa stofnarnir af karfa og grálúðu verið stórlega veiddir umfram tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar sem nemur þúsundum tonna um ótalin ár. Umhyggja LÍÚ og stjórnvalda fyrir fiskstofnunum nær ekki lengra en þetta þegar hún telst rekast á hagsmuni útgerðarmanna.

Meginefni tillagna um nýja fiskveiðistjórn.

Sú viðleitni Frjálslynda flokksins til sátta um fiskveiðistjórn við Ísland, sem í þingsályktunartillögunni og meðfylgjandi greinargerð er að finna, felur í sér fáein meginmarkmið og leiðir, auk hinnar almennu viðleitni til að láta löggjöf landsins ríma við stjórnarskrá lýðveldisins.

Nauðsynlegur undirbúningur.

Fiskiskipaflotanum verði skipt upp í þrjá útgerðarflokka:

Nauðsyn ber til að skilgreina aðgreinda útgerðarflokka fiskiskipa með sambærilega möguleika til fiskveiða og nálgast þannig jafnræði milli þeirra sem gera út álíka kraftmikil veiðiskip sem hafa mismunandi áhrif á náttúrulega viðkomu í lífríki sjávar.

Þar ber fyrst að nefna flokk frystitogara og nóta- og togveiðiskipa sem veiða nú þegar innan og utan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar, bæði botnfisktegundir og uppsjávarfisk eins og loðnu, síld, kolmunna og makríl. Þessi flokkur frysti- og nótaskipa verði sérgreindur frá öðrum hluta flotans og mörkuð afla- og veiðistýring sem hentar þeim í því alþjóðlega uppboðs- og samkeppniskerfi kvótaveiði, sóknar og alþjóða- eða milliríkjasamninga sem stórútgerðin starfar í.

Annar sérgreindur útgerðarflokkur væri stærri togveiðiskip sem landa ísvörðum fiski til landvinnslu. Þar þarf að taka tillit til eðlilegrar nýtingar á veiðislóð og fiskistofnum samfara takmörkuðum möguleikum til sóknar út fyrir lögsögu og eðlilegs aðgangs að öllum fisktegundum þar sem í togveiðarfæri kemur afli af mörgum fisktegundum. Tæknivædd línuveiðiskip með beitningarvélar veiða einnig fjölmargar fisktegundir, oftast innan 200 mílna fiskveiðilögsögu, og stórir netabátar geta einnig átt heima í þessum útgerðarflokki. Fyrir fram, að lítt rannsökuðu máli, er næsta víst að útfærslan hjá þessum þremur gerðum ísfisktogara, beitningarvélbátum og stórum netabátum þarf ekki að vera eins þrátt fyrir það að vegna stærðar, afkasta, útiverutíma og veiðisvæða falli þessi fiskiskip saman í útgerðarflokk.

Þriðji flokkurinn yrði síðan strandveiðiflotinn, skiptur í fyrstu í báta undir 6 tonnum (smábáta) og önnur dagróðraskip, t.d. undir 120–140 brúttótonnum. Minnstu bátum strandveiðiflotans yrði gefið eins mikið frelsi til fiskveiða og frekast er kostur. Eins og málum er nú komið víða í kvótalausum sjávarbyggðum verður að opna möguleika strandveiðanna til aukins frjálsræðis. Afgjald af veiðifrelsi strandveiðiflotans renni til útgerðarstaðanna til eflingar landsbyggðarinnar á nýjan leik.

1. Gera skal umhverfismat fyrir hvern flokk veiðarfæra. Tilgangur væri að láta meta faglega helstu áhættuþætti sem fylgja veiðum með tilteknum veiðarfærum við fiskveiðar.
2. Strandveiðiflotanum, sem enn er til í sjávarbyggðunum umhverfis landið, verði gert mögulegt að sækja sjóinn sinn með lágmarkshömlum og afla þannig bæði sjómönnunum og landverkafólki sjávarbyggðanna lífsviðurværis.
3. Kvótasetning verði afnumin af þeim tegundum nytjafiska sem ekki hefur tekist að veiða upp tvö fiskveiðiár í röð. Af slíkum afla verði greitt gjald, sem Alþingi ákveður með lögum, af hverju kílói eftir landaðri vigt.
4. Framsal og framleiga á veiðiheimildum verði þegar í stað bannað.
5. Hinum smærri, sem tilheyra munu strandveiðiflotanum og hafa tekið þátt í því fjárhættuspili sem framsalsheimildirnar frá 1990 hafa búið til, verði forðað frá stóráföllum með skattalegri afskrift kvótaandvirðis, sbr. 8. lið hér á eftir.
6. Úthlutun kvóta eftir núgildandi reglum á þeim fisktegundum, sem eftir væru undir kvótasetningu, verði fryst að því er tekur til magns, en jafnframt afnumin í fimm jafnstórum skrefum á næstu fimm árum þannig að fyrsti fimmtungurinn verði felldur niður við upphaf næsta fiskveiðiárs og síðan árlega koll af kolli.
7. Veiðiheimildum, sem losna undan kvótaúthlutun samkvæmt ofanrituðu, aukningu á leyfilegu veiðimagni samkvæmt nýrri kvótasetningu og nýjum tegundum, sem teknar yrðu undir kvótasetningu, yrði annars vegar úthlutað með því að bjóða veiðiheimildir upp á opnum tilboðsmarkaði á vegum ríkisins og hæstu boð látin ráða og hins vegar með greiðslu aflagjalds hjá strandveiðiflotanum. Fyrstu tvö ár hins nýja kerfis skal leyfilegt heildarmagn þorsks aukið um 100.000 tonn hvort ár umfram það sem nú gildir.
8. Öll framkvæmd umskiptanna frá gömlu kerfi yfir í hið nýja væri í höndum sjálfstæðrar þriggja manna stjórnarnefndar óvilhallra manna sem Hæstiréttur tilnefndi en sækti umboð sitt beint til Alþingis. Stjórnarnefndin hefði bæði víðtækt úrskurðarvald um ágreiningsefni og lagaskyldu til að ráðleggja sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum Alþingi um vandamál, sem ráðherra eða Alþingi þyrfti að taka á, í framkvæmd hinnar nýju stefnu. Stjórnarnefndin hefði enn fremur víðtækt ákvörðunarvald um ýmis atriði framkvæmdar hinnar nýju stefnu, sbr. það sem hér fer á eftir. Þá skal nefndin gera tillögu um hvernig þeim útgerðum, sem mestu hafa varið hlutfallslega til kaupa veiðiheimilda á undanförnum árum, verði forðað frá áföllum þegar kerfið er afnumið.
9. Uppboð á veiðiheimildum fer ekki einungis fram undir stjórn stjórnarnefndar hinnar nýju fiskveiðistjórnarstefnu, heldur hefði hún til þess heimildir að koma í veg fyrir að hóflausum yfirboðum stórútgerða yrði tekið, sem og heimildir til þess að einstakar sjávarbyggðir yrðu ekki útundan í slíkum útboðum þótt raunverulegt markaðsverð yrði að ráða í slíkum viðskiptum. Komi til þess í uppboðum á veiðiheimildum og í hinum frjálsu veiðum strandveiðiflotans að ójafnvægi myndist milli hinna þriggja hluta flotans verði heimild til að skipta aflamagninu milli strandveiðiflotans og hinna hlutanna tveggja. Æskileg skipting aflamagns verði í samræmi við þá fisktegund, sem mest er veidd hverju sinni af viðkomandi útgerðarflokki, eftir veiðarfærum, t.d. karfi og grálúða í troll.

10. Í mótun hins nýja fiskveiðistjórnkerfis verði hverjum áðurnefndra útgerðaflokka afmörkuð veiðislóð í sem bestu samræmi við það hverjum hluta flotans hentar best að nýta veiðislóðina með hagkvæmum og vistvænum hætti.

    Við endanlega röðun í strandveiðiflota dagróðrarbáta með kyrrstæð veiðarfæri, línu, handfæri og net, þarf að skilgreina hvar sá floti hefur forgang. Strandveiðiflotanum sem stundar veiðar með togveiðarfærum á grunnslóð, dragnót og botnvörpu (rækjuvörpu), þarf einnig að marka ramma líkt og gert er í dag með veiðisvæðaskiptingu.
11. Til að tryggja hagsmuni strandveiðiflotans og hinna dreifðu sjávarbyggða, sem og til að gera útboð veiðiheimilda viðráðanlegri með fækkun bjóðenda, er lagt til að strandveiðiflotinn taki ekki þátt í uppboðum veiðiheimilda, heldur hafi frjálsa sókn á þeim svæðum sem honum eru mörkuð, en greiði við löndun hverju sinni fjárhæð á hvert kíló kvótasetts fisks, að hámarki 15% af mánaðarlegu meðalverði á fiskmörkuðum. Stjórnarnefndinni væri þó heimilt að lækka þessa prósentu með hliðsjón af markaðsverði í útboði aflaheimilda. Aflagjald strandveiðiflotans renni til uppbyggingar í viðkomandi byggðarlögum. Landað magn strandveiðiflotans með þessum hætti drægist jafnharðan frá hinu leyfða aflamagni eins og það hafi verið selt á markaðnum.
12. Útboð fari fram á opnum tilboðsmarkaði allt árið og heimildir leigðar til eins árs í senn. Ef heimildir fiskveiðiárs samkvæmt kvótasetningu þess þrýtur geta fiskiskip einungis einbeitt sér að veiðum tegunda sem eru utan kvótasetningar. Kvótasettur afli, sem skip hefur ekki leigt rétt fyrir, skal fluttur að landi, seldur fyrir hæsta fáanlegt verð og aflaverðmætinu skipt eftir reglum um lágverðsafla, sbr. næstu málsgrein.
13. Gert er ráð fyrir skyldu til að allur afli, sem á skip kemur, verði fluttur í land. Til að tryggja þetta og búa til hvata fyrir sjómenn og útgerðir til að sinna þessari lagaskyldu, þvert ofan í það sem núgildandi kerfi gerir, er gert ráð fyrir að slíkur lágverðsafli verði seldur á hæsta fáanlegu verði og andvirðinu skipt til helminga milli sérstaks brottkastsjóðs annars vegar en skips og áhafnar hins vegar. Reglunni er ætlað að ná því jafnvægi í þessum skiptum að hvatningin sé næg til að komið sé með fiskinn í land, en ekki svo mikil að slíkur veiðiskapur verði stundaður sem viðvarandi útgerð.
14. Veiðar má hver sá stunda sem fullnægir skilyrðum til að veiða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og leyst hefur til sín skriflegt veiðileyfi fyrir tiltekið fiskiskip gegn árlegu gjaldi sem ákveðið er með lögunum.
15. Til framkvæmdar slíkrar fiskveiðistjórnar þyrfti að þróa gátkerfi Fiskistofu til að áreiðanleg sískráning náist á öllum þeim upplýsingum sem halda þarf utan um til reikningshalds og reikningagerðar. Lög þyrftu enn fremur að fela í sér hvöss ákvæði um viðurlög við brotum, hvort heldur er af hálfu áhafna, útgerða eða eftirlitsmanna. Þetta er því brýnna nú sem hið nýja fiskveiðistjórnarkerfi felur í sér sanngjarnt fyrirkomulag, en knýr menn ekki til að brjóta lögin eins og gildandi kerfi sannarlega gerir.

    Verði Vatneyrardómur hins vegar staðfestur af Hæstarétti óbreyttur er sú aðferð útilokuð sem lýst er í 6. lið hér að framan og því nauðsynlegt að finna aðferð sem fullnægir jafnræðisreglu stjórnarskrár. Sem viðbrögð við slíkum aðstæðum er rétt að benda á upphaflega stefnu Frjálslynda flokksins sem beinlínis gerði ráð fyrir afnámi kvótaúthlutunar. Þá væri nærtækast að byggja á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79 frá 1997. Þar eru nægar heimildir í 6.–9. gr. til þess að stjórna fiskveiðum og engin ástæða til að ætla að hér fari allt í forarpytt og vandræði ef ráherra á annað borð vill stjórna samkvæmt áðurnefndum lögum.

Við í Frjálslynda flokknum teljum að vænlegt sé að nálgast það vandasama verk að búa hér til nýtt og betra fiskveiðistjórnarkerfi, sem uppfylli jafnræðisákvæði stjórnarskrár og

tryggi jafnan atvinnurétt fólksins í þessu landi, eftir þeirri leiðarlýsingu sem við höfum gefið í þessari greinargerð. Það skal líka tekið fram að okkur er það kappsmál að vinna málið með öðrum stjórnmála- og hagsmunaaðilum, hafi þeir vilja til verksins. Við álítum sem sagt ekki að það sem við setjum fram sé heilagt og fáist ekki breytt í samstarfi við aðra. Öllum hlýtur hins vegar að vera orðið ljóst að núverandi braskkerfi sem grefur undan byggð í landinu og flýtir fyrir flótta fólks af landsbyggðinni er ekki leið sem við viljum byggja á, enda brýtur kvótabraskkerfið öll gildi sem Frjálslyndi flokkurinn heldur í heiðri. Við viljum að sátt ríki í landinu og að réttur fólksins sé í öndvegi.

Fylgiskjal II.

Kafli úr málefnabók Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs um áherslur í sjávarútvegsmálum.

Vinstri hreyfingin — grænt framboð telur brýnt að gera grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar og móta heildstæða sjávarútvegsstefnu. Í því samhengi er mikilvægt að aðgreina í umræðunni fyrirkomulagsatriði eins og leigu og sölu aflaheimilda í kvótakerfi annars vegar og hins vegar verndunaraðgerðir og fiskveiðistjórnarmarkmið byggð á áliti vísindamanna auk upplýsinga frá atvinnugreininni sjálfri. Mikilvægt er að landsmenn nái að sameinast um farsæl markmið í sjávarútvegsmálum og meginlínur sem þróun greinarinnar fylgi á komandi árum. Setja á tímamörk inn í gildistíma laga um stjórn fiskveiða og ljúka heildarendurskoðun þeirra innan tveggja ára. Meðal mikilvægustu markmiða í þessum efnum eru:

- Auðlindir sjávar verði raunveruleg sameign þjóðarinnar og einstökum byggðarlögum tryggður réttlátur skerfur veiðiheimilda og viðunandi öryggi.
- Sjávarútvegurinn aðlagi sig markmiðum sjálfbærrar þróunar og vinni markvisst að því að bæta umgengni um náttúruna og lífríkið, þ.e. einstaka nytjastofna, vistkerfi hafsbotnsins og hafsbotninn sjálfan.
- Sjávarútvegsstefnan treysti byggð og efli atvinnu í landinu öllu ásamt því að stuðla að aukinni fullvinnslu framleiðslunnar og þar með aukinni verðmætasköpun og hámarksafrakstri auðlindanna innan lands.
- Sjávarútvegsstefnan stuðli að réttlátri og jafnri skiptingu gæðanna ásamt jöfnum og góðum lífskjörum þeirra sem við greinina starfa og veita henni þjónustu. Markmiðið er að afraksturinn af nýtingu sameiginlegra auðlinda dreifist með réttlátum hætti til landsmanna allra.
- Sjávarútvegurinn, ekki síst fiskvinnslan, þróist og verði fær um að bjóða vel launuð og eftirsóknarverð störf og standa sig í samkeppni við aðrar atvinnugreinar hvað launakjör, starfsaðstæður, vinnuumhverfi og aðra slíka þætti snertir.

Til að ná fram markmiðum farsællar og réttlátrar sjávarútvegsstefnu telur Vinstri hreyfingin – grænt framboð að grípa þurfi m.a. til eftirfarandi aðgerða:

1. Efla smábáta- og bátaútgerð á nýjan leik. Láta slíka útgerð njóta aukins forgangs á grunnmiðum næst landinu og hvetja um leið til notkunar vistvænna veiðiaðferða, orkusparnaðar og umhverfisvænnar þróunar greinarinnar. Kostir þessarar útgerðar eru einnig þeir að oft er um að ræða einyrkja og fjölskyldufyrirtæki og þannig viðhelst fjölbreytni í greininni, nýliðun á sér frekar stað o.s.frv. Gera á tilraun með fyrirkomulag þar

sem mönnum gefst kostur á að sanna getu sína sem dugandi veiðimenn á smábátum yfir sumartímann og öðlast þannig smátt og smátt tiltekna reynslu innan fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Til að ná fram slíkri þróun er nauðsynlegt að skilgreina báta- og smábátaútgerðina og þann hluta flotans sem stundar dagróðra á grunnslóðinni sem sérstakan aðskilinn hluta innan sjávarútvegsins. Til álita kemur að setja girðingar inn í kerfið sem hindra eftirleiðis að veiðiréttur færist af smábátum og meðalstórum bátum upp á stærri skip. Tímabundið kæmi til greina að um væri að ræða eins konar einstefnuloka sem þýddi að minni bátar gætu fengið til sín veiðiheimildir af stærri skipum en þær gætu ekki færst í gagnstæða átt. Samhliða þessu þarf að stokka algerlega upp veiðistjórn þessa hluta flotans og koma á einföldum samræmdum reglum.

2. Til að ná fram markmiðum um að sjávarútvegsstefnan styrki byggð við sjávarsíðuna hringinn í kringum landið kemur til álita að byggðatengja að einhverju leyti réttindi til veiða a.m.k. rétt til nýtingar grunnmiðanna næst landinu. Byggð við sjávarsíðuna í sveitum landsins á að treysta með því að tengja við búsetu á jörðunum tiltekinn nýtingarrétt í samræmi við sögulegar nytjar af sjávarfangi. Efling bátaútgerðar almennt, sbr. tölul. 1 og efling fiskvinnslunnar væru jafnframt liður í að treysta stöðu byggðarlaganna.
3. Stórauka rannsóknir á staðbundnum stofnum og deilistofnum. Eðlilegt er að nýtingarréttur staðbundinna stofna sé, þegar eða ef forsendur hafa skapast til slíkrar aðgreiningar, tengdur viðkomandi byggðarlögum eins og fordæmi eru fyrir.
4. Þegar í stað verði tekið á öðrum þáttum sjávarútvegsmálanna sem óréttlæti valda. Má þar einkum nefna samþjöppun veiðiheimilda og auðsöfnun einstakra aðila:
   a. Veiðirétturinn verði hreinn afnotaréttur, háður m.a. þeim byggðapólitísku og umhverfislegu skilyrðum og takmörkunum sem stjórnvöld kjósa að setja.
   b. Meðan framseljanleg veiðiréttindi eru hluti af fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar, verði söluhagnaður veiðiheimilda gerður upptækur gegnum skattkerfið.
   c. Leiga veiðiheimilda eða fénýting án þess að viðkomandi nýti þær sjálfur verði bönnuð, en leyfð jöfn skipti, geymsla á ónýttum rétti innan vissra marka og undanþágur veittar fyrir leigu, ef um meiri háttar frátafir er að ræða vegna bilana eða endurnýjunar skipa.
   d. Reglur um frádrátt frá skattgreiðslum vegna taprekstrar frá liðinni tíð verði hertar og stuðlað að eðlilegum skattgreiðslum sjávarútvegsfyrirtækja af hagnaði.
   e. Settar verði reglur um að heimilt verði að landa tilteknum meðafla utan kvóta samfara því að stórhert verði viðurlög við því að henda fiski. Brýna nauðsyn ber til að grípa til slíkra aðgerða til að bæta umgengni um auðlindina og fyrirbyggja að fiski sé í miklum mæli hent í sjóinn.
   f. Vinnsluskip verði skylduð til að koma með allan nýtanlegan úrgang að landi.
5. Staða fiskvinnslunnar verði treyst og stuðlað að aukinni úrvinnslu og fullvinnslu sjávarafurða með markvissum aðgerðum. Skoðaður verði aðstöðumunur landvinnslu og sjóvinnslu og hann jafnaður. Einnig verði sett sú regla að allur fiskur, sem ekki er veiddur og unninn í beinu framhaldi af sama aðila, skuli settur á markað. Verð á þeim fiski sem landað er beint í hús skal taka mið af markaðsverði. Með því móti hafa allir fiskverkendur jafnari aðgang að hráefni og kaup og kjör sjómanna taka mið af raunverulegu markaðsverði.
6. Teknar verði til hliðar veiðiheimildir í sérstakan viðlagasjóð til að mæta áföllum í einstökum byggðarlögum og jafna út sveiflur.

7. Efla þarf samvinnu vísindamanna og annarra sem koma að fiskveiðum og vinnslu þegar kemur að ákvörðunum sem varða hámarksafla einstakra fisktegunda.
8. Efla þarf alhliða menntun sem snýr að sjósókn og fiskvinnslu og færa þá fræðslu meira inn í skólakerfið. Fagmenntun verði viðurkennd í ráðningasamningum sem liður í að efla framleiðni og vöruvöndun og auka gæði, sem aftur leiðir til bættra kjara sjómanna og landverkafólks.

592. Frumvarp til laga [339. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 32. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Áður en forsjá barns er skipað skv. 2. mgr., samningur um forsjá skv. 33. gr. hlýtur staðfestingu sýslumanns og áður en forsjármál er tekið til úrlausnar skv. 34. gr. skulu foreldrar sækja ráðgjöf á vegum dómsmálaráðuneytisins sér að kostnaðarlausu. Tilgangur ráðgjafar er fyrst og fremst að ná sáttum milli foreldra um forsjá, umgengnisrétt og fasta búsetu barns en jafnframt að upplýsa foreldra um sameiginleg réttindi þeirra og skyldur gagnvart börnunum eftir skilnað. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. um skipulag og efni ráðgjafartíma og um viðurkenningu aðila sem annast skulu ráðgjöfina. Þeir sem annast ráðgjöf samkvæmt þessari málsgrein eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, venju eða eðli máls.

Ákvæði 5. mgr. gilda þó ekki ef ógilda skal hjúskap á grundvelli 27. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, eða ef skilnaðar er krafist á grundvelli 40. gr. sömu laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 42. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, er að finna ákvæði um sáttaumleitan meðal hjóna sem hafa ákveðið að leita skilnaðar. Þar kemur m.a. fram að skylt sé að leita sátta milli hjóna sem fara með forsjá ósjálfráða barns. Sáttaumleitan felst í því að kanna áframhaldandi grundvöll hjúskapar. Hins vegar er ekkert ákvæði í lögunum sem skyldar fólk til þess að sækja sérstaka skilnaðarráðgjöf áður en gengið er frá hjónaskilnaði þar sem rætt sé um skyldur foreldra gagnvart börnum eftir að skilnaður er um garð genginn, umgengnisrétt og réttindi og skyldur forsjárlauss foreldris. Þá er ekki að finna slík ákvæði um fólk í óvígðri sambúð sem er að slíta samvistum.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði verði bætt við 32. gr. barnalaga, nr. 20/1992, um skyldu hjóna og sambýlisfólks til að sækja skilnaðarráðgjöf sem dómsmálaráðuneytið annist og fjármagni að öllu leyti. Ef þetta ákvæði verður sett í lög er það skilyrði fyrir staðfestingu sýslumanns á samningi um forsjá barna að fólk hafi sótt ráðgjafartíma. Þá er það einnig skilyrði fyrir úrlausn dómstóls eða dómsmálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um skipulag skilnaðarráðgjafar í reglugerð. Slík ráðgjöf gæti t.d. falið í sér viðtöl með fagfólki, svo sem félagsráðgjöfum, sálfræðingum og lögfræðingum, þar sem fólk fengi aðstoð við að ganga frá forsjár- og umgengnismálum þannig að sátt ríkti um þá skipan og reynt væri að leysa vandamálin áður en þau koma upp. Lögð er áhersla á að ráðgjöf af þessu tagi verður að vera endurgjaldslaus og aðgengileg fyrir foreldra hvar sem er á landinu. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra viðurkenni ákveðna aðila sem fullnægi skilyrðum dómsmálaráðuneytis til að taka að sér skilnaðarráðgjöf en þar getur verið um að ræða einstaklinga, félög eða stofnanir. Ákvæðið er hugsað sem hrein viðbót við þá vinnu sem sýslumenn og dómarar sinna skv. 43. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, en telja verður vænlegra til árangurs að fólk geti sótt tíma hjá sérfræðingum til að fara yfir þessi viðkvæmu mál í ró og næði, einkum hvað varðar forsjá og umgengnisrétt, áður en komið er að því að ganga frá samningum hjá sýslumanni eða dómara. Þrátt fyrir breytingu á barnalögum hvílir áfram sú skylda á sýslumanni eða héraðsdómara að reyna að koma á samningum um skilnaðarkjör samkvæmt hjúskaparlögum.

Í síðari efnismálsgrein 1. gr. er að finna tvær undantekningar frá skyldu til að sækja skilnaðarráðgjöf. Í fyrsta lagi er um að ræða ef hjúskap skal ógilda skv. 27. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, en þar er kveðið á um skyldu til að ógilda hjúskap ef brotið er gegn skyldleikaskilyrði 9. gr. eða tvíkvænisskilyrði 11. gr. laganna. Í öðru lagi er ekki skylt að sækja skilnaðarráðgjöf ef krafist er skilnaðar á grundvelli 40. gr. hjúskaparlaga þar sem telja verður grundvöll fyrir ráðgjöf brostinn með öllu í slíkum tilfellum. Í 40. gr. segir að ef annað hjóna hefur orðið uppvíst að líkamsárás eða kynferðisbroti er bitnar á hinu eða barni sem býr hjá þeim getur hitt krafist lögskilnaðar, enda sé verknaður framinn af ásettu ráði og valdi tjóni á líkama eða heilbrigði þess er fyrir verður. Sama máli gegnir ef maki hefur sýnt af sér atferli sem fallið er til að vekja alvarlegan ótta um að hann gerist sekur um framangreindan verknað.

Nauðsynlegt er að tryggja rétt barna til umgengni við báða foreldra sína og velferð þeirra við skilnað foreldra. Þessi lagabreyting er ein af þeim leiðum sem stuðlað gæti að því.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að koma upp hér á landi vandaðri skilnaðarráðgjöf í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit. Hægt væri að setja sem skilyrði fyrir útgáfu skilnaðarleyfis eða staðfestingu forsjárákvörðunar að foreldrar hafi sótt t.d. einn til fimm ráðgjafartíma þar sem lögfræðingar, félagsráðgjafar eða sálfræðingar aðstoða foreldra við að ganga frá forsjár- og umgengnismálum. Um fjölda ráðgjafartíma væri hægt að kveða nánar á í reglugerð.

Skilnaðarráðgjöf er fyrirbyggjandi úrræði sem hefur reynst vel annars staðar, m.a. í Noregi, og er talið að slíkt fyrirkomulag spari einstaklingum og samfélaginu bæði orku, tíma og fjármuni. Í niðurstöðum skýrslu félagsmálaráðuneytis um rannsókn á högum barnafjölskyldna kom fram að brýn þörf væri á endurgjaldslausri ráðgjöf fyrir fólk í skilnaðarhugleiðingum. Í umsögn Félags einstæðra foreldra um þingsályktun um bætta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína, 173. mál á 122. löggjafarþingi, kemur fram að eitt viðtal við báða foreldra geti verið árangursríkt í því skyni að eyða spennu milli þeirra. Þar kemur einnig fram að deilur foreldra snúast oftar um óuppgerðar tilfinningar en velferð barnanna. Í þessum málum er brýnt að réttur barnsins verði ávallt í fyrirrúmi.

593. Fyrirspurn [340. mál]

til umhverfisráðherra um framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Frá Helgu Halldórsdóttur.

1. Hvernig standa framkvæmdir við fráveitur hjá einstökum sveitarfélögum, sbr. lög nr. 53 8. mars 1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum?
2. Ætlar ráðuneytið að gera ráðstafanir til að hækka endurgreiðsluhlutfall til sveitarfélaga sem bera mestan kostnað á íbúa og ef svo er, verður það gert án þess að framlag til annarra sveitarfélaga skerðist?
3. Er mögulegt að hækka endurgreiðsluhlutfall ríkisins þau fimm ár sem eftir eru af framkvæmdatímanum sem miðað er við í lögunum?
4. Hefur ráðuneytið áætlanir um endurskoðun laganna?

Skriflegt svar óskast.

594. Fyrirspurn [341. mál]

til utanríkisráðherra um ferskt vatn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að notað verði ferskt vatn í stað klórblandaðs í Flugstöð Leifs Eiríkssonar?

595. Fyrirspurn [342. mál]

til utanríkisráðherra um skýrslu um aðgerðir NATO í Júgóslavíu 1999.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hver er afstaða ráðherra til áskorunar mannréttindasamtakanna Human Rights Watch á NATO og aðildarríki bandalagsins þar sem m.a. er farið fram á að:

a. sett verði á fót óháð og alþjóðleg rannsóknanefnd til að rannsaka þau tilfelli þar sem loftárásir NATO hafi brotið í bága við alþjóðlegan mannúðarrétt,
b. gerð verði óhlutdræg og sjálfstæð rannsókn á afleiðingum loftárásanna í níu tilvikum þar sem samtökin telja að um ólögmætar aðgerðir hafi verið að ræða,
c. gerð verði úttekt á því hvernig sálfræðilegur hernaður („pshychological warfare strategy"), sem felst í að áreita óbreytta borgara með loftárásum, fari saman við alþjóðlegan mannúðarrétt,
d. upplýst verði um öll þau tilvik þar sem óbreyttir borgarar féllu af völdum loftárása NATO,

e. aflétt verði leynd af öllum skýrslum sem gætu upplýst hvers konar vopn voru notuð í hverri árás um sig?

596. Fyrirspurn [343. mál]

til sjávarútvegsráðherra um eldi þorsks og annarra sjávardýra.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hver er stefna stjórnvalda varðandi eldi þorsks og annarra sjávardýra?
2. Hafa stjórnvöld gert áætlanir um rannsóknir á eldi einstakra tegunda í fjörðum við strendur Íslands?
3. Hver hefur verið árangur af eldi sjávardýra, þ.m.t. þorsks, hér á landi fram að þessu?

597. Fyrirspurn [344. mál]

til umhverfisráðherra um verndun votlendis.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvaða skyldur leggja ákvæði alþjóðlegra samninga á íslensk stjórnvöld um verndun og endurheimt votlendis?

Skriflegt svar óskast.

598. Fyrirspurn [345. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um rekstur nýs hjúkrunarheimilis við Sóltún.

Frá Þuríði Backman.

Hvers vegna var tilboði Securitas/Verkafls um að reisa og reka nýtt hjúkrunarheimili við Sóltún tekið í ljósi staðhæfinga um að aðrir hagkvæmari kostir kunni að hafa verið í boði?

599. Fyrirspurn [346. mál]

til samgönguráðherra um vegaframkvæmdir í Hvalfirði.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hver var heildarkostnaður við vegaframkvæmdir norðan Hvalfjarðar í tengslum við gerð Hvalfjarðarganga?
2. Hversu há voru þau tilboð sem samþykkt var að taka?
3. Hve háar fjárhæðir voru greiddar í heild fyrir aukaverk?
4. Hvaða endurbætur eru fyrirhugaðar á áðurnefndum vegum?
5. Hve mikið er áætlað að þessar endurbætur kosti?

Skriflegt svar óskast.

600. Fyrirspurn [347. mál]

til samgönguráðherra um styrki til sérleyfishafa.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve háan styrk veitti hið opinbera sérleyfishöfum árið 1999, hverjir fengu styrk og hve háa fjárhæð fékk hver?
2. Hve hár styrkur verður veittur sérleyfishöfum á þessu ári, hverjir fá styrk og hve háa fjárhæð fær hver?
3. Hverjir gera tillögu um úthlutun þessara fjármuna?

Skriflegt svar óskast.

601. Fyrirspurn [348. mál]

til iðnaðarráðherra um sölu Sementsverksmiðjunnar hf.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Eru enn uppi fyrirætlanir um að selja Sementsverksmiðjuna hf.? Ef svo er, hvenær er ætlunin að selja fyrirtækið?
2. Ætla stjórnvöld með einhverju móti að tryggja áframhaldandi framleiðslu sements á Íslandi við sölu fyrirtækisins? Ef svo er, með hvaða ráðum verður það gert?

602. Fyrirspurn [349. mál]

til umhverfisráðherra um gróðurvinjar á hálendinu.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvað telur ráðherra að stór hluti af gróðurvinjum hálendisins falli undir c-lið 1. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, um sérstaka vernd mýra og flóa?

Skriflegt svar óskast.

603. Fyrirspurn [350. mál]

til dómsmálaráðherra um dvalarleyfi háð takmörkunum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hve oft gaf Útlendingaeftirlitið út svokallað dvalarleyfi háð takmörkunum („Limited Residence Permit“) til útlendinga sem óskuðu dvalar hér á landi?
2. Á hvaða tímabili voru slík dvalarleyfi í notkun? Óskað er eftir upplýsingum um hvenær síðasta leyfið var gefið út.
3. Á grundvelli hvaða lagaákvæðis voru leyfin gefin út? Óskað er nákvæms rökstuðnings í svari.
4. Hvaða takmarkanir tengdust þessum leyfum umfram þær sem gilda um hefðbundin dvalarleyfi fyrir útlendinga?
5. Hvernig voru þeir sem slík leyfi fengu upplýstir um takmarkanirnar sem þeim fylgdu?
6. Hver var ástæða þess að hætt var að gefa út leyfi af þessu tagi?

Skriflegt svar óskast.

604. Fyrirspurn [351. mál]

til utanríkisráðherra um útgáfu diplómatískra vegabréfa.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvaða reglur gilda um útgáfu svonefndra diplómatískra vegabréfa? Fram komi m.a. hvaða störfum/embættum fylgi slík vegabréf, hver séu skilyrðin fyrir því að starfi/embætti geti fylgt slíkt vegabréf og til hve langs tíma þau séu gefin út.
2. Hver er munurinn á diplómatískum vegabréfum og öðrum vegabréfum sem gefin eru út hér á landi?

3. Hversu mörg diplómatísk vegabréf hafa verið gefin út árlega síðustu fimm ár og hve mörg eru nú í gildi?

Skriflegt svar óskast.

605. Tillaga til þingsályktunar [352. mál]

um rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfénað undir vegi þar sem girt er með fram vegum en bithagar beggja vegna.

Greinargerð.

Árlega berast fréttir af alvarlegum umferðarslysum sem orðið hafa vegna þess að búfé gengur laust á vegum úti. Eftirfarandi tafla sýnir slysatíðni af þeim sökum frá árinu 1994 samkvæmt nýjum tölum frá Umferðarráði:

Ár	Slys	Dauði	Mikið slasaðir	Lítið slasaðir	Óhöpp án slysa
1994	4	0	0	5	59
1995	3	0	0	4	91
1996	4	0	2	8	89
1997	5	0	1	4	117
1998	4	0	0	5	*

* Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Eins og hér kemur fram hefur fjöldi umferðaróhappa af völdum lausagöngu búfjár nærri því tvöfaldast á fjögurra ára bili og alls hafa 29 manns slasast í þessum umferðaróhöppum.

Umræðan um lausagöngu búfjár á vegum og hættuna sem af henni skapast verður sífellt háværari og hafa margir orðið til þess að hugleiða hvað væri til ráða. Ein þeirra lausna, sem litið hefur verið til, er að setja upp girðingar með fram öllum vegum. Viðhald slíkra girðinga þarf að vera viðvarandi ef tryggja á að þær haldi búfénaði frá umferðarleiðum vélknúinna ökutækja. Girðingar með fram vegum hafa hins vegar þann ókost að draga úr nýtingu túna og verða jafnvel einnig til þess að fjárrekstur fer um þjóðvegi.

Þá er þess að geta að víða háttar svo til að bithagar eru báðum megin vegar eða bithagar öðrum megin og vatnsból hinum megin. Við slíkar aðstæður hefur oft dregist að girða vegi vegna augljósra vandamála sem það hefði í för með sér. Sú lausn sem hér er gerð tillaga um yrði til þess að víkja þeim vandamálum úr sögunni.

Framtíðarlausn gæti verið að leggja göng úr ræsahólkum *undir* alla nýja vegi og vegi sem verið er að endurnýja og laga. Þannig má tryggja leið fyrir búfénað. Mikilvægt væri að nota tækifærið og gera slíkar rásir fyrir búfénað um leið og vegur er lagður eða endurbættur til

að draga sem mest úr viðbótarkostnaði. Ef tekin verður ákvörðun um að girða þjóðvegi á næstu árum má um leið gera ráð fyrir búfjárrásum eins og hér er lýst og hafa um staðsetningu þeirra samráð við staðkunnuga í hverju tilviki. Enginn verulegur aukakostnaður hlýst af þessu ef það er gert um leið og vegirnir eru lagðir. Í nánast öllum tilvikum er hægt að staðsetja búfjárrásir af þessu tagi þannig að þær nýttust einnig til að hleypa burt leysingarvatni á vorin en væru þurrar í annan tíma.

Reynsla af þessu fyrirkomulagi er fyrir hendi, t.d. á Austurlandi þar sem framsýnir bændur hafa fundið heppilega lausn á hættu sem stafar af lausagöngu búfjár. Sem dæmi má nefna bæinn Ásbrandsstaði í Vopnafirði, en þegar vegur þar var endurbyggður og lagt á hann bundið slitlag árið 1985 lét bóndinn þar leggja rörhólka undir veginn til þess að hægt væri að hleypa skepnum þar um án þess að þeim, eða akandi vegfarendum, stafaði hætta af. Fyrirkomulag þetta hefur reynst einstaklega vel.

Rás eins og hér hefur verið lýst sést á eftirfarandi teikningu.



606. Fyrirspurn [353. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga.

Frá Helgu A. Erlingsdóttur.

Hvað líður vinnu nefndar um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og hvenær er gert ráð fyrir að hún ljúki störfum og skili niðurstöðum?

607. Fyrirspurn [354. mál]

til félagsmálaráðherra um styrki til vatnsveitna í dreifbýli.

Frá Helgu A. Erlingsdóttur.

Hver er afstaða ráðherra til reglna um styrki til byggingar vatnsveitna úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga og er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir endurskoðun þeirra þannig að framkvæmdir á vegum einstakra býla geti notið slíkra styrkja?

608. Fyrirspurn [355. mál]

til iðnaðarráðherra um nefnd um þriggja fasa rafmagn.

Frá Helgu A. Erlingsdóttur.

Hvað líður vinnu nefndar um þriggja fasa rafmagn í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á 123. löggjafarþingi (þskj. 1128, 204. mál) þar sem Alþingi fól ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera úttekt á því hve mikið vantaði á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu, meta þörf atvinnulífs á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því?

609. Fyrirspurn [356. mál]

til iðnaðarráðherra um olíuleit við Ísland.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve miklu fé hefur verið varið til rannsókna sem gerð var tillaga um í skýrslu starfshóps iðnaðarráðuneytisins um olíuleit frá 15. júní 1998?
2. Að hvaða tillögum starfshópsins hefur verið unnið?
3. Hvernig verður unnið áfram að tillögum starfshópsins um leit að olíu?
4. Eru hafnar viðræður í framhaldi af erindum tveggja erlendra olíufélaga til stjórnvalda um áhuga þeirra á olíuleit innan íslenskrar lögsögu, sbr. orð þáverandi iðnaðarráðherra í Morgunblaðinu 31. október 1998? Ef svo er, hver er staða þeirra mála?
5. Hafa fleiri aðilar sýnt olíuleit áhuga?

610. Frumvarp til laga [357. mál]

um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson, Árni Steinar Jóhannsson, Guðjón A. Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason.

1. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, III. kafli, **Náttúrugripasöfn,** með tveimur nýjum greinum og breytist töluröð kafla og greina samkvæmt því:

a. (15. gr.)

Ráðherra er heimilt að styðja rekstur eins sýningarsafns um náttúrufræði í hverju kjördæmi, enda sé það í eigu héraðsnefnda, sveitarfélaga eða annarra heimaaðila. Safninu er heimilt að starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 8. gr., og náttúrustofu í kjördæminu, sbr. 11. gr. Leita skal umsagnar náttúrustofu kjördæmisins, sbr. 10. gr., áður en ákvörðun um fjárstuðning er tekin.

b. (16. gr.)

Styrkur ráðherra til sýningarsafns takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar sýningarsafn í leiguhúsnæði og fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær eignir sem teljast til stofnkostnaðar séu einvörðungu nýttar í þágu safnsins nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Megintilgangur þessa frumvarps er að veita heimild til þess að unnt sé að styðja fjárhagslega við uppbyggingu náttúrugripasafna á landsbyggðinni. Starfræksla slíkra safna getur haft margháttaðan tilgang og horfir til framfara og heilla, ekki síst fyrir starfsemi á landsbyggðinni.

Á nokkrum stöðum hefur verið unnið af myndarskap að slíkri uppbyggingu. Víðast hvar hefur hún farið fram án stuðnings ríkisvaldsins. Þó munu þess dæmi að náttúrugripasöfn hafi notið fjárhagslegs stuðnings ríkisins. Hér er lagt til að þessi stuðningur verði skipulegur og samræmdur. Með stuðningi ríkisvaldsins við uppbyggingu safna af þessum toga má vænta þess að betur verði staðið að málum og á metnaðarfyllri hátt en áður.

Á sínum tíma var uppbygging starfsemi náttúrustofa á landsbyggðinni lögfest. Sú stefnumótun hefur gefist ágætlega. Vel hefur verið að uppbyggingunni staðið, heimamenn komið myndarlega að verki og fræðilegur metnaður verið mikill. Í lögunum er gert ráð fyrir að starfssvið náttúrustofanna sé víðtækt sem er skynsamlegt í ljósi þess hversu samþætt starf þeirra er verkefnum sem unnið er að hverju sinni úti um landið.

Uppbygging náttúrugripasafna fellur einkar vel að þeirri grundvallarhugsun sem náttúrustofurnar eru byggðar á. Því er leitað fyrirmynda að frumvarpstextanum í lögunum um nátt-

úrustofur. Vel má líka hugsa sér að söfnin starfi í nánum tengslum við stofurnar þar sem það á við. Þar með má segja að komið sé á eins konar tengingu við þá starfsemi sem fram fer að einhverju leyti á náttúrustofunum.

Auðvelt ætti líka að vera að sérhæfa þessa starfsemi á ýmsum svæðum og tengja jafnvel vísinda- og rannsóknarstarfi sem fer fram í byggðunum. Þannig er unnt að tvinna saman á lifandi hátt vísindastarf og daglegt líf og efla um leið áhuga fólks á því merka þróunarstarfi.

611. Svar [305. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um afskrifaðar skattskuldir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið hefur verið afskrifað af skattskuldum, annars vegar einstaklinga og hins vegar lögaðila, árlega frá árinu 1995, sundurliðað eftir tegundum skatta?

Í meðfylgjandi töflum koma fram heildarafskriftir skattskulda, bæði beinar og óbeinar, skipt eftir helstu tegundum skatta fyrir árin 1995–98. Ekki liggur enn fyrir uppgjör fyrir árið 1999 en í fjárlögum ársins er áætlað að afskriftir ársins verði 3.900 millj. kr. Unnið er að frekari samantekt þessara upplýsinga með aðstoð ríkisbókhalds, m.a. um skiptingu milli einstaklinga og lögaðila.

Bókfært verðmæti krafna er jafnan leiðrétt í efnahagsreikningi ríkissjóðs og er það gert með því að afskrifa kröfur sem ekki er talið líklegt að innheimtist. Er það ýmist gert með beinni eða óbeinni afskrift eftir því sem talið er eiga við hverju sinni. Kröfur eru afskrifaðar beinni afskrift þegar þær eru taldar sannanlega tapaðar. Við mat á því hvort krafa telst töpuð er horft til innheimtutilrauna, hugsanlegra trygginga, aldurs kröfu með tilliti til fyrningar og fjárhagsstöðu viðkomandi gjaldanda. Almennt gildir að við beina afskrift er talið útilokað að innheimta kröfuna með þeim úrræðum sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa.

Beinar afskriftir einar sér nægja ekki til að tryggja að ríkisreikningur gefi rétta mynd af efnahag ríkissjóðs. Vitað er að ákveðinn hluti krafna á hverjum tíma mun ekki innheimtast þó að ekki sé tímabært að afskrifa þær með beinni afskrift. Því hefur verið beitt svonefndri óbeinni afskrift í samræmi við góðar reikningsskilavenjur. Óbein afskrift felur í sér að kröfur eru færðar niður í reikningshaldinu um þá fjárhæð sem talið er líklegt að tapist af þeim. Í þessum tilgangi eru teknar til sérstakrar skoðunar kröfur sem lýst hefur verið í þrotabú og kröfur sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám fyrir.

Við skoðun eftirfarandi fjárhæða þarf að hafa í huga að í bókhaldi ríkisins eru allar skattkröfur bókfærðar óháð því hvort þær eru lagðar á samkvæmt framtali gjaldandans eða áætlun skattstjóra. Í þessari aðferð felst ákveðin hætta á ofmati tekna hjá ríkissjóði því að skattstjórum ber samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að áætla á gjaldendur, sem ekki skila framtali, tekjur og eignir svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru.

Afskriftir á árinu 1995		
Beinar afskriftir	**Millj. kr.**	**Samtals**
Tekju- og eignarskattur	1.216	
Virðisaukaskattur	912	
Aðrar skatttekjur	256	
Dráttarvextir	2.023	
Aðrar rekstrartekjur	5	**4.412**
Óbeinar afskriftir		
Tekju- og eignarskattur	252	
Virðisaukaskattur	688	
Aðrar skatttekjur	-189	
Dráttarvextir	669	
Aðrar rekstrartekjur	60	**1.480**
		5.892

Við óbeinar afskriftir á tekjum ríkissjóðs á árinu 1995 var niðurfærslan byggð á því að skuldir þeirra aðila sem voru í gjaldþrotaskiptum í árslok voru færðar niður um 75%. Skuldir þeirra sem gjaldþrotaskiptum var lokið hjá voru færðar niður að fullu. Enn fremur voru færðar niður kröfur sem taldar voru óinnheimtanlegar enda þótt viðkomandi gjaldendur væru ekki komnir í gjaldþrotameðferð.

Afskriftir á árinu 1996		
Beinar afskriftir	**Millj. kr.**	**Samtals**
Tekju- og eignarskattur	967	
Virðisaukaskattur	747	
Aðrar skatttekjur	199	
Dráttarvextir	1.633	
Aðrar rekstrartekjur	3	**3.550**
Óbeinar afskriftir		
Tekju- og eignarskattur	-62	
Virðisaukaskattur	27	
Aðrar skatttekjur	15	
Dráttarvextir	269	
Aðrar rekstrartekjur	17	**265**
		3.815

Við niðurfærslu eftirstöðva í árslok 1996 voru skuldir þeirra sem voru í gjaldþrotaskiptum eða skiptum var lokið hjá færðar niður um 80%. Enn fremur voru færðar niður eins og árið áður kröfur sem taldar voru óinnheimtanlegar enda þótt viðkomandi gjaldendur væru ekki komnir í gjaldþrotameðferð.

Afskriftir á árinu 1997		
Beinar afskriftir	**Millj. kr.**	**Samtals**
Tekju- og eignarskattur	1.123	
Virðisaukaskattur	963	
Aðrar skatttekjur	200	
Dráttarvextir	2.246	
Aðrar rekstrartekjur	4	**4.536**
Óbeinar afskriftir		
Tekju- og eignarskattur	144	
Virðisaukaskattur	-92	
Aðrar skatttekjur	-146	
Dráttarvextir	31	
Aðrar rekstrartekjur	58	**-5**
		4.531

Við niðurfærslu eftirstöðva í árslok 1997 var hafður sami háttur á og árið á undan. Í fyrsta skipti voru færðar niður eftirstöðvar gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra og eftirstöðvar tekjuskatts hjá þeim sem reikna sér endurgjald.

Afskriftir á árinu 1998		
Beinar afskriftir	**Millj. kr.**	**Samtals**
Tekju- og eignarskattur	1.167	
Virðisaukaskattur	1.006	
Aðrar skatttekjur	109	
Dráttarvextir	2.261	
Aðrar rekstrartekjur	32	**4.575**
Óbeinar afskriftir		
Tekju- og eignarskattur	-160	
Virðisaukaskattur	97	
Aðrar skatttekjur	41	
Dráttarvextir	233	
Aðrar rekstrartekjur	-29	**181**
		4.757

Við niðurfærslu eftirstöðva í árslok 1998 var hafður sami háttur á og árið á undan.

612. Tillaga til þingsályktunar [358. mál]

um að efla og samræma aðgerðir til að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli.

Flm.: Helga A. Erlingsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa til eftirfarandi aðgerða til að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli:

1. Verja árlega næstu fimm árin 250 millj. kr. til eflingar atvinnulífs í dreifbýli í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuþróunarstarfi á viðkomandi svæðum.
2. Beita sér fyrir samræmingu á starfi allra þeirra sem sinna atvinnuþróun og ráðgjöf og veita lán eða styrki í sama skyni. Einum aðila verði falin yfirumsjón og samræming starfs á þessu sviði.
3. Gefa út handbók eða leiðbeiningar þar sem saman eru dregnar allar upplýsingar um hvert sé hægt að sækja aðstoð og ráðgjöf í þessu sambandi, svo og hvaða fjármunir, lán og styrkir eru í boði. Skal slík handbók uppfærð árlega.
4. Gefa Alþingi skýrslu með reglubundnu millibili um árangurinn af þessu starfi.

Greinargerð.

Í kjölfar stórfelldra búferlaflutninga af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið undanfarin missiri hafa þau sjónarmið að efla verði landsbyggðina mætt meiri skilningi hjá mörgum ráðamönnum en um langa hríð. Stjórnvöld hafi sýnt nokkra viðleitni í þá átt að færa verkefni frá höfuðborgarsvæðinu til þéttbýlisstaða á landsbyggðinni — en betur má ef duga skal.

Nauðsynlegt er að huga að hinum dreifðu byggðum hvað varðar úrbætur í atvinnumálum og afkomu fólksins. Ársstörfum hefur fækkað gífurlega undanfarið í sjávarplássum og sveitum í kjölfar sölu og/eða flutnings aflaheimilda og samdráttar í hefðbundnum búskap. Ekki eru allir á einu máli um hvaða leiðir séu bestar til úrbóta, en ljóst er að ef ekki verður gripið í taumana nú þegar eigum við á hættu að byggðir í heilu landshlutunum leggist smám saman af næstu árin. Nokkra þætti er brýnt að lagfæra víða um land til þess að eðlileg uppbygging atvinnulífs geti átt sér stað. Eitt af því mikilvægasta er að tryggja rafmagn til ýmiss konar reksturs því að oft hefur skortur á þriggja fasa rafmagni tálmað uppbyggingu á iðnaði þar sem tækjakostur krefst þess. Þá er einnig mikilvægt að tryggja eðlileg samskipti um tölvunet um allt land þannig að allir geti nýtt sér möguleika sem felast í góðum tölvukosti og netbúnaði.

Fyrir u.þ.b. átta til tíu árum var nokkuð hvatt til þess að efldur yrði svokallaður smáiðnaður og/eða handverk og það varð til þess að þessar greinar hófust til vegs og virðingar og urðu sýnilegri. Fólk eygði möguleika á að skapa sér auknar tekjur og um leið áframhaldandi búsetu á heimaslóðum.

Opinberir aðilar lögðu sitt af mörkum með því að ráða starfsfólk til stuðnings og ráðgjafar. Til að mynda var ráðinn verkefnisstjóri tímabundið að smáverkefnasjóði landbúnaðarins og stofnaður sérstakur sjóður á vegum félagsmálaráðuneytisins sem í daglegu tali var kallaður „Jóhönnusjóður“. Í upphafi var sjóðurinn einkum ætlaður konum á landsbyggðinni til að bæta atvinnumöguleika þeirra en nú er hann opinn konum alls staðar á landinu. Þá sinntu einstaka atvinnuþróunarfélög þessum málum sérstaklega. Til dæmis fékk Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar fé úr Jóhönnusjóðnum og réð sérstakan starfsmann til að aðstoða fólk við að koma á fót smáiðnaði og efla handverk. Það gaf góða raun.

Upp úr þessu urðu til nokkur smáfyrirtæki og vinnuhópar sem skapa tekjur og styðja þannig búsetu á landsbyggðinni. En uppbygging smáiðnaðar í dreifbýli er ekki hröð og hætta er á stöðnun ef hvatning er ekki fyrir hendi. Nú vinna mun færri að þessum verkefnum sérstaklega og um leið virðist grundvöllurinn fyrir frekari þróun og uppbyggingu veikjast. Atvinnuþróunarfélögin eru góðra gjalda verð en horfa frekar til stærri og sýnilegri verkefna. Þrátt fyrir að hið opinbera hafi lagt fram fé í formi styrkja og lána til þess að koma slíkum verkefnum af stað var um að ræða lágar fjárhæðir og í sumum tilfellum svo lágar að verkefnið náði ekki nægilega góðri fótfestu til að skipa sér varanlegan sess.

Stuðningur opinberra aðila varð þó til þess að sanna að margir möguleikar eru í smáiðnaði, möguleikar sem geta geta orðið til að treysta búsetu vítt um landið, auka fjölbreytni í atvinnulífi og bæta afkomu.

Það er því verðugt verkefni fyrir stjórnvöld að grípa til aðgerða sem hvetja til frekari dáða. Ef varið yrði umtalsverðu fé til eflingar atvinnulífs í dreifbýli í samstarfi við aðila sem sinna atvinnuþróunarstarfi mundi það styrkja atvinnulífið, bæta lífsafkomuna og efla byggðina. Þarna er vaxarbroddur sem getur skilað miklu ef vilji er fyrir hendi.

Samræma verður störf þeirra sem annast atvinnuþróun og ráðgjöf. Smáiðnaði þarf að sinna sérstaklega. Í því skyni er m.a. mikilvægt að safna öllum upplýsingum á einn stað í formi handbókar eða upplýsingabanka. Afar nauðsynlegt er að fólk eigi greiðan aðgang að upplýsingum sem snerta þessa atvinnugrein. Þær eru víða til en eru óaðgengilegar og ekki til að auðvelda áhugasömum einstaklingum frumkvæði eða efla áræði. Fólk þarf m.a. að eiga kost á fræðslu við hæfi til þess að geta staðið sem best að uppbyggingu og þróun smáfyrirtækja, svo sem fræðslu um gerð markaðs- og viðskiptaáætlana. Eyðublöð verða að vera til sem henta einstaklingum í atvinnurekstri og eru ekki eingöngu sniðin að stórfyrirtækjum.

Nauðsynlegt er að gera úttekt á því hversu mörg störf eru við einhvers konar smáiðnað og handverk. Víða er fólk að feta sig áfram en vantar herslumuninn til að verkefnið geti orðið að veruleika og skapað þeim sem að því vinna viðunandi lífsviðurværi.

Brýnt er að fela einum aðila yfirumsjón með verkefninu. Þekking og upplýsingar sem til eru þurfa að eiga sér samnefnara. Þá gefst einnig kostur á sameiginlegu átaki í markaðs- og sölumálum allra þeirra sem stunda smáiðnað eða handverk. Það sparar auk þess fjármagn en eykur möguleika á samvinnu og samstöðu.

Mikilvægt er að umræddur aðili hafi aðsetur úti á landi, það skapar meiri „nálægð“ við þá sem þjónustuna þurfa að sækja.

Smáiðnaður eða handverk af ýmsum toga á vel við í dreifbýli og á smærri stöðum. Þessi iðnaður er umhverfisvænn, mjög oft er hráefni til framleiðslunnar heimafengið, hráefni sem annars fer í súginn, er urðað eða brennt. Um er að ræða umhverfisvæna framleiðslu og endurvinnslu.

Mikilvægt er að stjórnvöld sinni þessum málum nú og ef þau sýna vilja sinn í verki mun það skapa ný sóknarfæri og auka bjartsýni og þrótt dreifbýlisbúa.

613. Frumvarp til laga [359. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (vitnavernd, barnaklám o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Á eftir orðinu „kjörbörn“ í 3. mgr. 25. gr. laganna kemur: barnabörn.

2. gr.

50. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1985, fellur brott.

3. gr.

Við 1. mgr. 70. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

9. Hvort hann hefur upplýst um aðild annarra að brotinu.

4. gr.

Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fyrningarfrestur vegna refsiábyrgðar lögaðila er 5 ár.

5. gr.

108. gr. laganna orðast svo:

Hver sem beitir annan mann eða nána vandamenn hans eða aðra honum tengda líkamlegu ofbeldi, nauðung skv. 225. gr. eða hótun skv. 233. gr. vegna skýrslugjafar hans hjá lögreglu eða fyrir dómi skal sæta fangelsi allt að 6 árum. Ef brot er smávægilegt eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi má beita sektum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 210. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing þó orðið fangelsi allt að 2 árum.
b. 4. mgr., sbr. 1. gr. laga nr. 126/1996, orðast svo:

Hver sem flytur inn eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að flytja inn eða hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

7. gr.

2. mgr. 256. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 42/1985, fellur brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Með því eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði fram í lögunum að við ákvörðun refsingar hafi áhrif hvort sakborningur hefur upplýst um aðild annarra að brotinu. Einnig er lagt til að bætt verði við lögin sérstöku ákvæði um refsinæmi brota sem beinast að vitnum. Þessar tillögur eru reistar á skýrslu nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði til að fjalla um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu, en nefndin skilaði ráðherra skýrslu sinni í apríl 1999. Enn fremur er með frumvarpinu lagt til að sektarhámark í hegningarlögum verði afnumið, en nánar verður gerð grein fyrir þeirri tillögu hér á eftir. Þá eru lagðar til ýmsar minni háttar breytingar á lögunum, svo sem nánar verður rakið í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

II.

Í 50. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sagði upphaflega að ekki mætti gera manni á hendur lægri sekt en 4 krónur og eigi hærri en 30.000 krónur, nema sérstök lagaheimild væri fyrir því að ákveða sekt hærri eða lægri. Þetta ákvæði fól í sér almennt sektarlágmark og sektarhámark og átti ekki aðeins við um brot gegn almennum hegningarlögum heldur einnig brot gegn öðrum lögum sem ekki höfðu að geyma sérstök ákvæði um lágmark eða hámark sektar. Með 5. gr. laga nr. 101/1976 var almennt sektarlágmark afnumið en sektarhámark hækkað í 5 milljónir króna nema heimild væri í lögum til að beita hærri sektum. Sektarhámark laganna var aftur hækkað með 1. gr. laga nr. 34/1980 í 30 milljónir króna. Næst var sektarhámarki laganna breytt í eina milljón króna með 1. gr. laga nr. 75/1982, en þá hafði verðgildi krónunnar hundraðfaldast í upphafi árs 1981. Loks var sektarhámarkið hækkað með 7. gr. laga nr. 42/1985 í 4 milljónir króna og hefur verið óbreytt síðan. Þær breytingar á sektarhámarki laganna, sem hér hafa verið raktar, hafa allar miðað að því að hækka fjárhæðina með hliðsjón af þróun verðlags á hverjum tíma.

Þegar þáverandi dómsmálaráðherra, Ólafur Jóhannesson, mælti fyrir frumvarpi, sem síðar varð að lögum nr. 101/1976, vék hann sérstaklega að sektarhámarki og mælti svo: „Það, sem leikmanni getur dottið í hug í þessu sambandi, er hvort það sé nauðsynlegt að ákveða hámark sektar í lögum, hvort það sé ekki hægt að láta það vera algjörlega á valdi dómstóla, þannig að þeir geti metið hæfilega sekt hverju sinni eftir því sem þeir telja við eiga. Frá því sjónarmiði hefði getað komið til greina að fella niður sektarhámarkið eins og sektarlágmarkið. Þetta mun hins vegar stangast á „teoríu“ refsiréttarfræðinga sem telja að það verði að vera tiltekið í lögum hámark fyrir þeirri refsingu sem dæma má. Ekki vil ég vefengja að það sé rétt, þó að mér sýnist að hitt gæti út af fyrir sig komið til greina, að fela dómstólum vald til þess að dæma þær sektir sem þeir teldu við eiga í hverju falli, án þess að þetta væri bundið við ákveðið hámark eða lágmark. ... Og sannleikurinn er sá að sum þeirra brota, sem framin eru í dag og varða fjárhagsmisferli, geta leikið á svo háum fjárhæðum að það gæti hugsanlega komið fyrir tilfelli þar sem ekki þætti óeðlilegt að hægt væri að dæma hærri sekt en þetta.“ (Sjá Alþt. 1975–76, B-deild, d. 2286–2287. Sjá einnig Alþt. 1976–77, B-deild, d. 55, en þá mælti ráðherra á sömu lund þegar frumvarpið var flutt á ný á næsta þingi.)

Í ritum íslenskra færðimanna á sviði refsiréttar hefur því ekki verið haldið fram að nauðsynlegt sé að lögbinda sektarhámark. Einnig bendir til hins gagnstæða sú afstaða löggjafanns sem ráðin verður af ýmsum refsiákvæðum skattalaga. Þar er gjarnan hafður sá háttur að sekt skuli ákveðin sem tiltekið margfeldi fjárhæðar án þess að sú fjárhæð sé bundin við tiltekið hámark. Ákvæði af þessu tagi fela því ekki í sér neitt ákveðið sektarhámark. Hér má nefna

1. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en þar segir að ef skattskyldur maður, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt sinn eða eignarskatt, skuli hann greiða fésekt allt að tífaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem undan var dreginn og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni. Hliðstæð refsiákvæði eru einnig í 18. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 126. gr. tollalaga og 40. og 41. gr. laga um virðisaukaskatt. Enn fremur má geta þess að með dönsku hegningarlögunum frá árinu 1930 var sektarhámark afnumið og verður ekki séð að sú tilhögun hafi þar verið dregin í efa. Dönsku hegningarlögin voru í öllum meginatriðum fyrirmynd almennra hegningarlaga frá 1940. Við setningu þeirra var hins vegar ekki vikið sérstaklega að ástæðum þess að þeim var hagað á annan veg að þessu leyti. Þannig var hvorki rætt hvort nauðsynlegt væri að lögbinda sektarhámark né hvort einhver rök mæltu gegn afnámi þess. Þá var sektarhámark og sektarlágmark afnumið úr norskum hegningarlögum árið 1946.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið verður ekki talið nauðsynlegt að almenn hegningarlög hafi að geyma ákvæði um sektarhámark. Virðast einnig haldbær rök mæla með afnámi þess og má í þeim efnum nefna að dómstólum er fyllilega treystandi til að meta sektarrefsingu án þess að lög hafi að geyma sektarhámark. Einnig er augljóst hagræði af því að þurfa ekki með reglulegu millibili að endurskoða sektarhámark laga í ljósi þróunar verðlags á hverjum tíma. Þá verður ekki séð að það geti dregið úr varnaðaráhrifum refsingar að almennt sektarhámark verði afnumið og má í raun halda hinu gagnstæða fram vegna alvarlegra brota, þar sem dómstólar munu geta ákvarðað sektir óbundnir af fyrir fram gefnu sektarhámarki. Þetta á ekki síst við um umfangsmikil efnahagsbrot og mál þar sem lögaðilum verður gerð fésekt, en gildandi sektarhámark er öldungis ófullnægjandi í slíkum tilvikum. Þyrfti sektarhámark laganna að hækka umtalsvert svo ætla mætti að refsing gæti haft tilætluð varnaðaráhrif og þá virðist sú niðurstaða nærtakari að afnema sektarhámarkið með öllu.

Að öllu þessu virtu er með frumvarpinu lagt til að almennt sektarhámark almennra hegningarlaga verði afnumið. Þrátt fyrir það er ekki gert ráð fyrir að frumvarpið hafi þau áhrif að sektir verði almennt ákvarðaðar hærri en til þessa nema í þeim tilvikum þar sem dómstólar telja viðeigandi sekt þurfa að vera hærri en nemur sektarhámarki gildandi laga. Ekki er ástæða til að ætla annað en að slík tilvik verði fágæt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. almennra hegningarlaga hafa eiginmaður eða eiginkona látins manns, foreldrar, börn, kjörbörn og systkin hans rétt til að höfða mál eða bera fram kröfu um opinbera málshöfðun ef misgert var við þann látna eða ef verknaður, sem beinist að dánum manni, er refsiverður. Þetta ákvæði hefur staðið óbreytt í hegningarlögum frá árinu 1940. Þegar litið verður til þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa frá þeim tíma þykir rétt að auka þessa vernd og heimila einnig barnabörnum að höfða mál ef misgert var við þann sem látinn er eða ef refsiverður verknaður beinist að dánum manni.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að almennt sektarhámark í 50. gr. almennra hegningarlaga verði afnumið. Um þá tillögu vísast til almennra athugasemda greinargerðarinnar.

Um 3. gr.

Í 70. gr. almennra hegningarlaga eru taldar upp svokallaðar refsiákvörðunarástæður sem ýmist leiða til málsbóta eða refsiþyngingar innan refsimarka laga. Ákvæðið hefur ekki að geyma tæmandi upptalningu á atriðum sem hafa áhrif á refsiákvörðun og getur málsbætur eða þyngingarástæður einnig leitt af öðrum lagareglum eða verið ólögmæltar.

Samkvæmt 8. tölul. 1. mgr. 70. gr. getur framferði geranda eftir að hann hefur unnið verkið haft áhrif við ákvörðun refsingar. Einnig er heimilt að færa refsingu niður úr því lágmarki sem við broti er ákveðið ef maður segir af sjálfsdáðum til brots síns og skýrir hreinskilnislega frá öllum atvikum að því, sbr. 9. tölul. 74. gr. Eftir þessum ákvæðum væri unnt að virða til málsbóta eða refsilækkunar ef gerandi hefur veitt upplýsingar um aðild annarra að broti. Þó þykir rétt að tilgreina þetta beinlínis sem refsiákvörðunarástæðu í lögunum eins og hér er lagt til þar sem gera má ráð fyrir að það geti verið mönnum hvatning til að upplýsa brot. Það skal áréttað sérstaklega að fyrir fram verður ekki samið um refsiívilnun og dómstólar meta vitanlega hvaða áhrif upplýsingar um aðild annarra að broti hafa á ákvörðun refsingar.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. tölul. 81. gr. almennra hegningarlaga fyrnist sök skemmst á tveimur árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú sem til er unnið fer ekki fram úr sektum. Þessi fyrningarfrestur á við um lögaðila, enda verður þeim ekki gert að sæta annarri refsingu en fésekt, sbr. 19. gr. a almennra hegningarlaga. Ekki þykir rétt að sami fyrningarfrestur sakar eigi við um lögaðila og gildir um persónubundna refsiábyrgð þegar vægust refsing liggur við broti. Brot í starfsemi lögaðila geta verið umfangsmikil og alvarleg og hætt er við að reynt sé að dylja slíka brotastarfsemi. Með hliðsjón af þessu er lagt til að sakarfyrningarfrestur vegna lögaðila verði fimm ár.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við lögin sérstöku ákvæði um refsinæmi tiltekinna brota sem rakin verða til skýrslugjafar vitnis og að þar verði refsimörk nokkuð hærri en á við um flest þau brot sem ákvæðið tekur til. Að baki þessu búa þau sjónarmið að slík brot beinast ekki eingöngu að eiginlegum brotaþola heldur einnig þeim almannahagsmunum sem felast í réttarvörslunni sem slíkri. Þetta er einnig liður í aðgerðum til að efla vitnavernd og eru hér höfð til hliðsjónar tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(97) 13 frá 10. september 1997, um ógnanir gagnvart vitnum.

Þau brot sem ákvæðið tekur til eru líkamsárás, nauðung skv. 225. gr. og hótun skv. 233. gr. Ákvæðið á ekki einvörðungu við þegar þessi brot beinast að vitninu sjálfu heldur einnig þegar brot beinist að vandamönnum þess eða öðrum sem standa í slíkum tengslum við vitnið að brot gegn þeim verði rakið til skýrslugjafar vitnisins. Verknaður er refsiverður hvort sem brot er framið áður en vitni gefur skýrslu til að hafa áhrif á framburð þess eða í hefndarskyni eftir skýrslugjöf vitnis.

Um 6. gr.

Um a-lið.

Samkvæmt 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt. Þetta ákvæði á jafnt við um barnaklám og klámefni sem sýnir fullorðna þátttakendur. Rétt þykir að leggja

þyngri refsingu við þessum brotum þegar klámefni beinist að börnum. Með því er reynt að veita börnum frekari vernd gegn þeirri misnotkun sem felst í framleiðslu og dreifingu barnakláms.

Um b-lið.

Í 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga er lögð refsing við því að hafa í vörslu sinni barnaklám. Lagt er til að refsivernd gegn barnaklámi verði aukin þannig að innflutningur verði einnig refsiverður án þess að klámefni hafi komist í vörslu viðkomandi. Í framkvæmd þekkjast þess dæmi að barnaklám hafi fundist í flutningi áður en það er afhent viðtakanda og hefur ekki verið talið unnt að sækja menn til sakar í slíkum tilvikum.

Um 7. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 256. gr. almennra hegningarlaga skal ekki höfða opinbert mál ef tjón af auðgunarbroti nemur ekki hærri fjárhæð en 7.000 krónum og engin sérstök atvik auka saknæmi brots og sökunautur hefur ekki áður reynst sekur um slíkt brot. Dómstólar eiga endanlegt mat um hvort fullnægt sé þessum skilyrðum málshöfðunar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 31. október 1996 í máli nr. 394/1996 (Hrd. 1996/3214).

Þegar tjón af auðgunarbroti nemur lægri fjárhæð en 7.000 krónum verður mál ekki höfðað nema við eigi þau atriði sem eru tilgreind í 2. mgr. 256. gr. Af sömu ástæðu verður máli almennt ekki lokið með lögreglustjórasátt eftir 115. gr. laga um meðferð opinberra mála eða ákæru frestað skv. 56. gr. almennra hegningarlaga. Af þessu leiðir ósamræmi við afgreiðslu smærri brota eftir því hvort um er að ræða auðgunarbrot eða önnur brot, þar sem unnt er að höfða mál eða ljúka því á annan veg eftir almennum reglum. Með hliðsjón af þessu er lagt til að fellt verði niður skilyrði um lágmarkstjón til að mál verði höfðað vegna auðgunarbrots. Þetta er ekki varhugavert í ljósi almennrar heimildar í a- og f-liðum 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála til að falla frá saksókn ef brot er mjög smávægilegt eða ef sérstaklega stendur á og telja verður að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (vitnavernd o.fl.).

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum af mismunandi toga, m.a. breytingar sem snúa að hámarki sektarákvarðana og vitnavernd. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

614. Frumvarp til laga [360. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1997, kemur: ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: stjórnarráðið.

4. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: Stjórnarráðið.

5. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 23. gr. laganna kemur: Ráðherra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að flytja mál er varða álagningu og innheimtu erfðafjárskatts frá félagsmálaráðuneyti til fjármálaráðuneytis. Núverandi yfirstjórn þessa málaflokks á sér þá sögulegu skýringu að tekjum af þessum skatti hefur löngum verið varið til uppbyggingar á sviði félagslegrar þjónustu, sbr. lög nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum, en tekjur erfðafjársjóðs skulu nú renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Enda þótt ráðstöfun þessa tekjustofns sé þannig bundin stofnunum, er heyra undir félagsmálaráðuneytið, er álagning skattsins og innheimta í eðli sínu ekki frábrugðin almennri tekjuöflun ríkissjóðs. Með auknum kröfum til nákvæmari skattlagningarheimilda og öryggis við beitingu þeirra þykir þeim þáttum málsins því betur fyrir komið undir yfirstjórn fjármálaráðuneytis. Í samræmi við framangreinda ákvörðun er leitað eftir viðeigandi breytingum á lögum nr. 83/1984, en 4. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu um staðfestingu hennar nr. 96/1969, og 8. gr. samnefndra laga nr. 73/1969, færa valdheimildir félagsmálaráðherra til fjármálaráðherra, verði frumvarpið að lögum. Að þessu athuguðu þarfnast einstakar greinar frumvarpsins ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákörðun erfðafjárskatts færist frá félagsmálaráðherra til fjármálaráðherra enda er álagning og innheimta skattsins ekki frábrugðin almennri tekjuöflun ríkissjóðs. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það að lögum.

615. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða.

(Eftir 2. umr., 16. febr.)

Breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta.
b. 7. tölul. orðast svo: landslagsarkitekta (landslagshönnuða) og.

Breyting á lögum nr. 73/1997, skipulags- og byggingarlögum.

2. gr.

Í stað orðanna „innanhússhönnuðir eða landslagshönnuðir“ í 2. mgr. 48. gr. laganna kemur: innanhússarkitektar eða landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).

3. gr.

Í stað orðanna „Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir“ í 4. mgr. 49. gr. laganna kemur: Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

616. Fyrirspurn [361. mál]

til sjávarútvegsráðherra um könnun á áhrifum laga nr. 12/1998 á íslenskan sjávarútveg.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Jóhanni Ársælssyni.

1. Hefur ráðherra látið kanna hvaða áhrif breytingar á lögum um stjórn fiskveiða frá árinu 1998 hafa haft „á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega á stöðu og möguleika einstaklingsútgerðar“, sbr. bráðabirgðaákvæði XIX í lögunum um stjórn fiskveiða?
2. Ef þeirri könnun er lokið, hverjar eru þá niðurstöður hennar?
3. Hvenær hyggst ráðherra leggja niðurstöður könnunarinnar fyrir Alþingi?

617. Fyrirspurn [362. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðbúnað þroskaheftra á Landspítala.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvenær er fyrirhugað að ráða bót á aðbúnaði þeirra þroskaheftu einstaklinga á endurhæfingar- og hæfingardeild Landspítala sem áður dvöldust á Kópavogshæli?
2. Er ekki tímabært að mati ráðherra að þetta fólk fái þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra?

618. Fyrirspurn [363. mál]

til félagsmálaráðherra um aðbúnað þroskaheftra og fatlaðra á Landspítala.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað kemur í veg fyrir að þeir þroskaheftu og fötluðu einstaklingar sem dvöldust á Kópavogshæli og dveljast enn í húsnæði Ríkisspítala fái þjónustu í samræmi við lög um málefni fatlaðra?

619. Fyrirspurn [364. mál]

til viðskiptaráðherra um áhættulán.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða sjóðir og lánastofnanir veita áhættulán fyrirtækjum eða þeim sem hyggja á stofnun fyrirtækis?

2. Hver er skilgreining lánveitendanna á áhættuláni?
3. Með hvaða skilmálum eru slík lán veitt?
4. Hversu margar lánveitingar hafa verið hjá hverjum sjóði eða stofnun fyrir sig á sl. fimm árum og um hve háar upphæðir hefur verið að ræða?

Skriflegt svar óskast.

620. Fyrirspurn [365. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stefnu í forvörnum gegn krabbameini og úrræðum í þjónustu við krabbameinssjúklinga.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mótað ákveðna stefnu varðandi forvarnir og meðferð krabbameins og stuðning við krabbameinssjúklinga?
2. Er hafinn undirbúningur í heilbrigðisþjónustunni að slíku starfi í ljósi þess að samkvæmt norrænum spám mun tíðni krabbameins hækka verulega á næstu árum?
3. Hefur verið hugað að hærri fjárveitingum til heilbrigðisstofnana til að bregðast við hærri tíðni krabbameins?
4. Hverjar eru áherslur ráðuneytisins í forvörnum gegn krabbameini?
5. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að krabbameinssjúklingar eigi kost á endurhæfingu að meðferð lokinni?

Skriflegt svar óskast.

621. Frumvarp til laga [366. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

6. tölul. 7. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1999, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að flytja mál er varða menntun leiðsögumanna ferðafólks frá samgönguráðuneyti til menntamálaráðuneytis.

Samkvæmt gildandi lögum er Ferðamálaráði falið að skipuleggja nám og þjálfun fyrir leiðsögumenn. Með reglugerð nr. 31/1981, um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks, var Ferðamálaráði þó heimilað að fela öðrum framkvæmd einstakra námskeiða í því skyni að hluta eða í heild. Á þeim grundvelli hefur Menntaskólinn í Kópavogi annast menntun leiðsögumanna frá árinu 1991, enda þótt Ferðamálaráð gefi sjálft út prófskírteini þeirra. Að fenginni þeirri reynslu þykir æskilegt að efla og tengja betur við almenna framhaldsmenntun í landinu það nám, sem starfsliði ferðaþjónustunnar stendur til boða. Í því skyni er lagt til að mál er varða menntun leiðsögumanna verði sameinuð annarri framhaldsmenntun undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Verði frumvarpið að lögum er litið svo til að starfsmenntun leiðsögumanna falli undir nýleg lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og menntamálaráðherra geti á grundvelli þeirra sett um hana námsskrá.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingu.

Tilgangur frumvarpsins er að sameina yfirstjórn starfsmenntunar leiðsögumanna yfirstjórn annarrar framhaldsmenntunar í landinu, en Menntaskólinn í Kópavogi hefur undanfarin ár annast kennslu í faginu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

622. Skýrsla [367. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1999.

1. Inngangur.

Aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu (IPU) eiga nú 139 þing, en aukaaðilar að sambandinu eru fimm svæðisbundin þingmannasamtök. Þátttaka Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins (Inter-Parliamentary Union, IPU) í starfi sambandsins árið 1999 var með hefðbundnum hætti. Að venju voru haldin tvö þing, það fyrra í Brussel í apríl (101. þing) og síðara þingið í Berlín í október (102. þing).

Ný Íslandsdeild var kjörin 16. júní að afstöðnum kosningum til Alþings 8. maí. Fram til 16. júní var hún þannig skipuð:

Einar K. Guðfinnsson, þingflokki sjálfstæðismanna, formaður, Magnús Stefánsson, þingflokki framsóknarmanna, Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Alþýðubandalags, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingarinnar, og Jóhanna Sigurðardóttir, þingflokki jafnaðarmanna, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingarinnar.

Áheyrnarfulltrúar voru Gísli S. Einarsson, þingflokki jafnaðarmanna, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingarinnar, og Kristín Halldórsdóttir, þingflokki óháðra.

Frá og með 16. júní voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Einar K. Guðfinnsson, þingflokki sjálfstæðismanna, formaður, Jóhanna Sigurðardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, kjörin varaformaður á 125. þingi, og Ásta Möller, þingflokki sjálfstæðismanna.

Varamenn deildarinnar voru frá 16. júní Guðjón Guðmundsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Drífa Hjartardóttir, þingflokki sjálfstæðismanna. Ritari Íslandsdeildarinnar er Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs.

2. 101. þingið í Brussel.

Dagana 11.–16. apríl var 101. þing Alþjóðaþingmannasambandsins haldið í Brussel. Þangað komu fulltrúar 125 þinga. Af hálfu Íslandsdeildar sambandsins sóttu þingið Ólafur G. Einarsson, forseti Alþingis, og Þorsteinn Magnússon, forstöðumaður almennrar skrifstofu Alþingis, starfandi ritari Íslandsdeildarinnar. Þingmenn sem sæti eiga í Íslandsdeildinni sáu sér ekki fært að sækja þingið vegna alþingiskosninganna.

2.1. Störf og ályktanir þingsins.

Fjallað var um þrjú málefni á þinginu og ályktað um þau. Málefnin voru:

a. aðgerðir til að hvetja þjóðir heims til að undirrita samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn,
b. vandamál stórborga og
c. aðgerðir til að afskrifa skuldir fátækustu þjóða heims.

Þessi mál voru rædd í nefndum þingsins, en almennar stjórnmálaumræður voru þá daga sem ekki var fundað í nefndum.

2.2. Störf og ályktanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipað er tveimur þingmönnum frá hverri sendinefnd og fer með æðsta vald í innri málefnum þess, kom tvívegis saman í Brussel. Þar var m.a. rætt um samskiptin við Bandaríkjaþing en forusta þingsins vill lækka fast framlag þess til Alþjóðaþingmannasambandsins verulega og segir það forsendu fyrir áframhaldandi aðild Bandaríkjaþings að sambandinu. Þá gerði mannréttindanefnd sambandsins grein fyrir málum 252 þingmanna í 15 löndum þar sem mannréttindi þingmannanna höfðu ekki verið virt. Einnig var fjallað um sívaxandi samvinnu sambandsins og Sameinuðu þjóðanna. Þá var fjallað um fjármál sambandsins, skýrslu forseta og framkvæmdastjóra og skýrslur ýmissa nefnda, auk fleiri mála.

2.3. Störf pólitískra svæðahópa.

Daglegir samráðsfundir voru haldnir í Vesturlandahópi innan þingmannasambandsins (Tólfplús-hópnum). Hópurinn fundaði fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf, þátttöku í nefndastarfi og fjallað um innri málefni hópsins. Þar skýrði Miguel Martínez, forseti sambandsins, m.a. frá því að hann hygðist bjóða sig fram til Evrópuþingsins í kosningunum í júní nk. Næði hann kjöri yrði hann að segja af sér sem forseti Alþjóðaþingmannasambandsins þar eð hann mundi missa rétt sinn til setu á spænska þinginu, sem er forsenda fyrir því að hann geti gegnt forsetastörfum.

3. 102. þingið í Berlín.

102. þing Alþjóðaþingmannasambandsins fór fram í Berlín 9.–15. október. Af hálfu Íslandsdeildar sambandsins sóttu þingið alþingismennirnir Einar K. Guðfinnsson, formaður deildarinnar, Jóhanna Sigurðardóttir og Ásta Möller, auk Belindu Theriault, ritara deildarinnar.

3.1. Störf og ályktanir þingsins.

Við setningu þingsins fluttu eftirtaldir ávörp: Wolfgang Thierse, forseti neðri deildar þýska þingsins, Vladimir Petrovsky, aðstoðaraðalritari Sameinuðu þjóðanna, Najima Heptulla, starfandi forseti IPU-ráðsins, og dr. Johannes Rau, forseti Þýskalands.

Að venju voru á þingfundinum almennar umræður um stjórnmálalegt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum. Hver sendinefnd fékk allt að átta mínútna ræðutíma undir þessum lið. Einar K. Guðfinnsson ræddi m.a. ástandið á Austur-Tímor og hlutverk IPU í að stuðla að lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Ávörp fluttu forsætisráðherra Þýskalands, Gerhard Schröder, forseti alþjóðaráðs Rauða krossins, M.C. Sommaruga, og Mary Robinson, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna.

Þingið ályktaði um þrjú mál að undangenginni umræðu í nefndum. Tvö málefni höfðu að venju verið undirbúin til umræðu á þinginu, annars vegar var fjallað um framlag þjóðþinga til að tryggja virðingu fyrir mannúðarlögum í tilefni af því að 50 ár eru liðin frá samþykkt Genfarsáttmálanna og hins vegar um breytingar á alþjóðahagkerfinu. Í fyrri ályktuninni voru þjóðþingin m.a. hvött til að stuðla að undirritun og staðfestingu Rómarsamþykktar um stofnun alþjóðlegs sakadómstóls. Í seinni ályktuninni var lögð áhersla á aðgerðir til aðstoðar fátækustu ríkja heims.

Þriðja málið sem ályktað var um, hlutverk löggjafarvaldsins gagnvart minnihlutahópum, staða þeirra og mannréttindi, var rætt utan dagskrár. Eitt aðalágreiningsefnið varðandi þá ályktun var tillaga sendinefndar Kanada um að bæta við nokkrum málsgreinum um fordóma í garð samkynhneigðra. Töldu margar sendinefndir að Vesturlönd væru með þessu að reyna að þröngva sínum skoðunum upp á aðra. Tillaga Kanadamanna var felld með miklum mun.

Forseti pakistanska þingsins var staddur á IPU-þinginu þegar valdarán var framið í heimalandi hans. Forseti neðri deildar þýska þingsins, sem gegndi starfi forseta þessa IPU-þings, fordæmdi valdaránið og hvatti til að lýðræði yrði komið sem fyrst á aftur. Pakistanski þingforsetinn hét að berjast fyrir sjálfstæði þingsins.

Þess má jafnframt geta að IPU hefur gefið út bækling um mannúðarlög fyrir þingmenn og hefur Íslandsdeildin óskað eftir því að fá eintök til að dreifa til allra alþingismanna.

3.2. Störf og ályktanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins kom tvívegis saman í Berlín. Öll íslenska sendinefndin sat fundi ráðsins. Ákveðið var að veita nígeríska þinginu aftur aðild að IPU, en því var vikið úr ráðinu fyrir þremur árum. Aðildarumsókn Úkraníu var samþykkt, en ráðið féllst einnig á að víkja Níger úr ráðinu þar sem ekkert þing starfar þar frá því að valdarán var framið fyrri hluta árs 1999. Mikið var um það rætt, og reyndar á vettvangi Tólfplús-hópsins líka, hversu bagalegt væri að Bandaríkjaþing hefði ekki tekið virkan þátt í störfum IPU um nokkurt skeið og ekki greitt ársgjald sitt síðastliðin þrjú ár. Það hefði slæm áhrif á starfsemi IPU og dregi úr breidd í umræðum, en jafnframt kæmi þetta niður á fjárhag sambandsins. Ráðinu var ljóst að ef ekki tækist að semja við Bandaríkjamenn fljótlega yrði að endurskoða fjárhagsáætlun og starfsemi IPU. Farið var yfir verkefni IPU á næstu mánuðum. Þar á meðal

var rætt um fund þingforseta aðildarríkja IPU sem haldinn verður í lok ágúst 2000. Fundurinn er haldinn í tengslum við árþúsundafund Sameinuðu þjóðanna.

Nefnd um mannréttindi þingmanna sem starfar innan IPU kynnti skýrslur um mál sem hún hefur skoðað þar sem mannréttindi þingmanna höfðu verið vanvirt og samþykkti ráðið fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Löndin sem í hlut áttu voru Argentína, Hvíta-Rússland, Bútan, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Kongó, Djíbútí, Ekvador, Gambía, Gínea, Hondúras, Malasía, Burma, Nígería, Moldavía og Tyrkland.

Najima Heptulla, þingmaður frá Indlandi, var kjörin forseti IPU-ráðsins til þriggja ára og er hún fyrsta konan til að gegna því embætti.

3.3. Störf pólitískra svæðahópa.

Daginn fyrir upphaf þingsins fundaði svokallaður Tólfplús-hópur, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Haldinn var sérstakur hátíðarfundur til að fagna tuttugu og fimm ára afmæli hópsins og ræða framtíðarverkefni hans. Hópurinn fundaði síðan á hverjum morgni meðan á þinginu stóð, áður en þingstarf dagsins hófst. Einar K. Guðfinnsson velti því upp innan hópsins hvort fyrirhugað IPU-þing gæti farið fram á Indónesíu árið 2000 miðað við núverandi aðstæður á Austur-Tímor og var það mikið rætt. Málið kom jafnframt upp í framkvæmdastjórn IPU og var ákveðið að fylgjast með framvindu mála fram á næsta vor, en gera jafnframt aðrar ráðstafanir til að halda þingið í Genf ef hætta yrði við að halda þingið á Indónesíu. Þingmönnum frá lýðræðislega kjörnu þingi Hvíta-Rússlands, sem Lukashenko leysti upp á sínum tíma, var boðið að ávarpa Tólfplús-hópinn og skýra frá ástandinu í heimalandi sínu. Ósk barst frá sendinefnd Hvíta-Rússlands á IPU-þinginu, sem skipuð var þingmönnum í Lukashenko-þinginu svokallaða, um að fá tækifæri til að hitta hópinn. Óskinni var hafnað þegar Einar K. Guðfinnsson og þingmaður frá Litháen höfðu mælt gegn henni. Tólfplús-hópurinn samþykkti harðorða ályktun um ástandið í Hvíta-Rússlandi.

3.4. Kvennafundur.

Haldinn var sérstakur kvennafundur þar sem rætt var um stöðu kvenna í þjóðþingum og framlag þeirra til lýðræðis. Slíkir fundir eru orðnir formlegur hluti af IPU-þingum. Fram kom að í 27 sendinefndum á þessu IPU-þingi var engin kona. Hlutfall kvenkyns þingmanna á þinginu var rúmlega 20%, sem er hæsta hlutfallið til þessa. Lagðar voru fram upplýsingar um þátttöku kvenna í þingstarfi og ríkisstjórnum aðildarríkja IPU. Ásta Möller sagði frá ráðstefnunni „Konur og lýðræði“ sem þá stóð yfir á Íslandi.

4. Næstu þing.

Næstu þing sambandsins verða í Amman í Jórdaníu (maí 2000) og Jakarta á Indónesíu (október 2000).

Alþingi, 1. febr. 2000.

Einar K. Guðfinnsson, form.	Jóhanna Sigurðardóttir, varaform.	Ásta Möller.

Fylgiskjal.

Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins árið 1999.

1. Ályktun um aðgerðir til að hvetja þjóðir heims til að undirrita samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.
2. Ályktun um vandamál stórborga.
3. Ályktun um aðgerðir til að afskrifa skuldir fátækustu þjóða heims.
4. Ályktun um framlag þjóðþinga til að tryggja virðingu fyrir mannúðarlögum í tilefni af því að 50 ár eru liðin frá samþykkt Genfarsáttmálanna.
5. Ályktun um breytingar á alþjóðahagkerfinu.
6. Ályktun um hlutverk löggjafarvaldsins gagnvart minnihlutahópum, stöðu þeirra og mannréttindi.

623. Lög [21. mál]

um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða.

(Afgreidd frá Alþingi 17. febr.)

Samhljóða þskj. 615.

624. Tillaga til þingsályktunar [368. mál]

um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu.

Flm.: Þuríður Backman, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jón Kristjánsson, Margrét K. Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að í heilbrigðisreglugerð verði ákvæði um sérstakt skilyrt leyfi til að selja tóbak.

Greinargerð.

Skaðsemi tóbaks er óumdeild. Þrátt fyrir að nokkuð hafi dregið úr tóbaksnotkun á undanförnum áratugum, ekki síst vegna mikils og markviss áróðurs, eru reykingar engu síður algengar eins og fram hefur komið í fjölda kannana. Kannanir hafa einnig sýnt að reykingar barna og unglinga færast í aukana og færast neðar í aldurshópa, einkum hjá ungum stúlkum.

Samkvæmt nýjum upplýsingum Tóbaksvarnanefndar má ætla að íslenskir grunnskólanemendur hafi varið liðlega 110 millj. kr. til tóbakskaupa árið 1999. Öll sú tóbakssala er ólögleg, enda er bannað samkvæmt lögum nr. 74/1984, sbr. 8. gr. laga nr. 101/1996, að selja fólki undir 18 ára aldri tóbak. Af þessum 110 millj. kr. má ætla að nemendur í 8. bekk, 13 ára, hafi keypt sígarettur fyrir rúmlega 12 millj. kr. Því yngri sem unglingar byrja að reykja, þeim mun háðari verða þeir tóbaki og því líklegra er að þeir reyki sem fullorðnir. Því yngri

sem einstaklingur er þegar hann byrjar að reykja, þeim mun líklegra er einnig að hann hljóti af alvarlegan heilsufarslegan skaða. Yfir 80% allra reykingamanna byrja að reykja áður en þeir ná 18 ára aldri.

Þá er þess einnig að geta að talin er sterk fylgni milli tóbaksreykinga ungmenna og hættu á að þeir leiðist út í neyslu annarra og enn hættulegri vímuefna. Því hefur verið haldið fram að takist að koma í veg fyrir að unglingar reyki eða neyti áfengis eru nánast engar líkur til þess að þau ánetjist sterkari fíkniefnum. Samkvæmt ársskýrslu frá SÁÁ reykja yfir 95% þeirra sem leita sér aðstoðar vegna áfengisvandamála og er næsta fátítt að sá sem verður eiturlyfjum að bráð reyki ekki. Því er ljóst að mikils er um vert að allra leiða sé leitað til þess að draga úr reykingum almennt og þó sérstaklega reykingum barna og unglinga.

Í upplýsingum frá Tóbaksvarnanefnd, sem birtar voru í janúar árið 2000, kemur fram að u.þ.b. 26,6% Íslendinga á aldrinum 18–69 ára reyki daglega, en það er um fjórðungur Íslendinga á þessum aldri. Notkun vindlinga er langalgengust, eða 74,6% í hópi þeirra karla sem reykja og 96,6% í hópi kvenna sem reykja.

Af því sem hér hefur verið rakið má ráða að með því að draga úr möguleikum — einkum unglinga — til að nálgast tóbak væri stórt skref stigið í þá átt að draga úr reykingum barna og unglinga. Af *könnunum sem gerðar hafa verið m.a. í Reykjavík og nágrenni má ráða að* í u.þ.b. 70% tilvika geti unglingar undir 18 ára aldri keypt sígarettur í verslunun og söluturnum. Víða vantar því mikið á að verslanir sem selja tóbak framfylgi lagaákvæðum um bann við sölu þess til þeirra sem eru yngri en 18 ára. Leiða má líkur að því að ef sölustöðum tóbaks fækkaði yrði mikil vægt skref stigið til þess að draga úr reykingum unglinga. Samhliða leyfisskyldu á smásölu tóbaks þyrfti að auka eftirlit til muna, en það er tæplega nokkurt eins og málum er háttað nú.

Í skoðanakönnun sem Hagvangur gerði fyrir Tóbaksvarnanefnd árið 1999 kom fram að meiri hluti fólks (56%) er mjög hlynntur eða frekar hlynntur því að fækka sölustöðum tóbaks. Athyglisvert er að sjá að rúmlega 43% þeirra sem reykja daglega eru hlynntir því að sölustöðum verði fækkað.

Þingsályktunartillögur um sama efni og hér er fjallað um hafa verið fluttar á undanförnum þingum. Þær hafa ekki hlotið brautargengi þrátt fyrir að augsýnilega sé þörf róttækra úrræða til að stula að því að lagaákvæðum um sölu tóbaks verði framfylgt.

Hér er farin sú leið að leggja til að í heilbrigðisreglugerð, sem nú er unnið að, verði sett ákvæði um að til þess að selja tóbak þurfi sérstakt leyfi. Lagt er til að leyfi til tóbakssölu verði tímabundið, t.d. til þriggja ára í senn, en skilgreind ákveðin viðurlög ef um brot á reglunum er að ræða. Þá sé einnig skýrt að leyfi til tóbakssölu verði ekki endurnýjað ef sannað er að brotið hafi verið verulega eða ítrekað gegn lagaákvæðum um sölu tóbaks.

625. Fyrirspurn [369. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu á umferð.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Er unnið að því á vegum fjármálaráðuneytisins að endurskoða skattlagningu á umferð, t.d. tolla, bifreiðagjöld, vörugjöld, bensíngjald eða þungaskatt, og aðra skattheimtu á þessu sviði, með tilliti til umhverfissjónarmiða?

2. Hefur ráðuneytið kannað möguleika á því að sameina gjaldtöku fyrir skyldutryggingu ökutækja innheimtu á bensíngjaldi og þungaskatti?

626. Frumvarp til laga [370. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem orðast svo:

Umsækjendur og eigendur skráninga, sem hafa ekki lögheimili hér á landi, teljast hafa varnarþing í Reykjavík í málum sem rekin eru samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

4. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Í stað orðanna „gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit o.fl.“ í 65. gr. laganna kemur: gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit, áfrýjanir o.fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki, ber eigendum vörumerkja, sem hafa ekki lögheimili hér á landi, að hafa umboðsmann búsettan hérlendis. Í eldri lögum um vörumerki, nr. 47/1968, var að finna sambærilegt ákvæði í 31. gr. Samkvæmt þessum greinum skal umboðsmaður hafa heimild eiganda vörumerkisins til að taka við stefnu fyrir hans hönd, svo og öðrum tilkynningum þannig að bindi eigandann.

Í lögum nr. 47/1968 var einnig að finna ákvæði í 4. mgr. 37. gr. sem sagði að mál, sem höfðuð væru samkvæmt þeim lögum, skyldu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Slíkt ákvæði er ekki að finna í lögum nr. 45/1997.

Hinn 25. nóvember 1999 var kveðinn upp úrskurður í Héraðsdómi Reykjavíkur (mál E-1566/1999) sem varðar túlkun á þessum ákvæðum vörumerkjalaga. Þar kemur fram að þar sem ekkert segi um varnarþing eiganda vörumerkis, sem á lögheimili erlendis, í lögum nr. 45/1997 skorti lagaheimild til að reka mál gegn slíkum aðilum fyrir íslenskum dómstóli. Ekki var talið að höfða mætti mál á hendur eiganda vörumerkis, sem er búsettur erlendis, á varnarþingi umboðsmanns skv. 35. gr. laga nr. 45/1997.

Samkvæmt fyrrgreindri niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur er ekki unnt að ógilda skráningu erlends vörumerkis hér á landi. Til að bæta úr því réttarástandi er lagt til að ný málsgrein bætist við 35. gr. laganna

Í 35. gr. laganna kemur fram að eigandi vörumerkis, sem hefur ekki lögheimili hér á landi, þurfi að hafa umboðsmann búsettan hérlendis. Umboðsmaðurinn skal hafa heimild til að taka

við stefnu fyrir hans hönd. Ljóst er því að stefnu vegna vörumerkis í eigu aðila, sem hefur lögheimili erlendis, ber að beina að umboðsmanni eigandans hér á landi.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að umsækjendur og eigendur skráninga, sem hafa ekki lögheimili hér á landi, hafi varnarþing í Reykjavík í málum sem rekin eru samkvæmt vörumerkjalögum.

Við þessa endurskoðun vörumerkjalaganna kom í ljós að nokkur galli er á 42. gr. þeirra. Í 1. mgr. greinarinnar segir svo: „Notkun vörumerkis, sem er andstæð ákvæðum laga þessara, má banna með dómi.“ Í 4. mgr. segir síðan svo: „Mál samkvæmt þessari grein skulu rekin í samræmi við reglur um meðferð opinberra mála.“ Samkvæmt þessu þarf að gefa út ákæru til að banna notkun vörumerkis sem andstæð er vörumerkjalögunum. Af þessu er nokkurt óhagræði. Engin ástæða virðist til að gefa út ákæru í þessum tilvikum og miklu eðlilegra að mál skv. 1. mgr. fari eftir lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Í því skyni að lagfæra þetta er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að 4. mgr. 42. gr. laganna verði felld brott. Það leiðir af sjálfu sér að mál, þar sem mæla á fyrir um viðurlög vegna brota á íslenskum lögum, fari eftir reglum um meðferð opinberra mála. Sérstakt ákvæði þar að lútandi er óþarft, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Leiðir það aðeins til vafa um rétta beitingu 1. mgr. ákvæðisins.

Þótt litið sé svo á að í 65. gr. laganna felist lagaheimild fyrir ráðherra til að ákveða gjald vegna áfrýjunar til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum þykir rétt með tilliti til efasemda, sem fram hafa komið, að nota tækifærið með 3. gr. frumvarpsins til að gera gjaldtökuheimildina ótvíræðari.

Fylgiskjal.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að veita eigendum vörumerkja sem búsettir eru erlendis lagaheimild til að reka mál fyrir íslenskum dómstólum.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

627. Frumvarp til laga [371. mál]

um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 826.444 þús. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 30 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1999 (236,6 stig).

b. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr lokamálsliður sem orðast svo: Fasteignaskattur skv. 2. málsl. skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugetan er komin í 90 þús. lesta álframleiðslu á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 62/1997 var iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um álver á Grundartanga. Í 2. gr. laganna segir að álverið skuli í upphafi hannað til framleiðslu á um það bil 60.000 tonnum af áli á ári með möguleikum á aukinni framleiðslugetu. Nýverið tók Norðurál hf. ákvörðun um að stækka álverið úr 60.000 í 90.000 lestir.

Í tengslum við ákvörðun um stækkun hóf félagið viðræður við stjórnvöld, sveitarstjórnir Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps o.fl. um nauðsynlegar breytingar á núgildandi samningum.

Þann 29. október sl. undirrituðu Norðurál hf. og Landsvirkjun orkusölusamning vegna stækkunarinnar. Viðræður standa yfir milli ríkisstjórnar Íslands, Columbia Ventures Corporation og Norðuráls hf. um fyrsta viðauka við fjárfestingarsamning aðilanna vegna stækkunarinnar. Þá standa yfir viðræður um breytingar á samkomulagi Hvalfjarðarstrandarhrepps, Skilmannahrepps og íslenska ríkisins um stofnun og rekstur álvers á Grundartanga. Í samkomulaginu verður m.a. kveðið á um greiðslu byggingarleyfisgjalds, gatnagerðargjalds og fasteignaskatts. Samhljóða ákvæði er að finna í fjárfestingarsamningnum. Þessi samningsákvæði byggjast á heimild í 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. núgildandi heimildarlaga, þar sem kveðið er á um sérstakt fyrirkomulag á greiðslu fasteignaskatts vegna 60.000 lesta álframleiðslu á ári.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við lagatextann heimild til ákvörðunar fasteignaskatts vegna stækkunar mannvirkja í tengslum við aukningu á framleiðslugetu úr 60.000 í 90.000 lestir. Ekki er nauðsynlegt að breyta öðrum ákvæðum laganna. Fyrir liggur samkomulag sveitarstjórna og Norðuráls hf. um fasteignaskatt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um álbræðslu á Grundartanga.

Í frumvarpinu er lagt til að Hvalfjarðarstrandarhreppur og Skilmannahreppur skuli fá hærri fasteignaskatt samfara stækkun álversins úr 60.000 í 90.000 lestir.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

628. Fyrirspurn [372. mál]

til viðskiptaráðherra um innflutning á skordýraeitri.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Liggja fyrir einhverjar upplýsingar um innflutning á DDT eða öðrum tegundum skordýraeiturs sem innihalda lífræn þrávirk efni á árabilinu 1950–60?
2. Ef svo er, hve mikið magn var flutt inn á tímabilinu og til hvaða verkefna?

Skriflegt svar óskast.

629. Fyrirspurn [373. mál]

til umhverfisráðherra um stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 1994 og ef svo er, hvenær koma þær fyrirætlanir til framkvæmda?
2. Hve margir samningar hafa náðst við landeigendur á svæði fyrirhugaðs þjóðgarðs?
3. Hve marga samninga er gert ráð fyrir að gera við landeigendur um kaup á jörðum á svæðinu?

630. Fyrirspurn [374. mál]

til umhverfisráðherra um umbúðaúrgang.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Til hvaða aðgerða hefur ráðherra gripið til að tryggja að Íslendingar nái þeim markmiðum sem sett eru í tilskipun Evrópusambandsins um umbúðir og umbúðaúrgang?

631. Fyrirspurn [375. mál]

til landbúnaðarráðherra um niðurstöður starfshóps um vinnslu kaplamjólkur.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvenær og með hvaða hætti skilaði starfshópur sem ráðherra skipaði 12. janúar 1996 til að kanna möguleika á vinnslu og nýtingu kaplamjólkur niðurstöðum sínum?
2. Hvað hélt hópurinn marga fundi?
3. Hver var heildarkostnaðurinn af störfum hans?
4. Hverjar voru helstu niðurstöður starfshópsins?

Skriflegt svar óskast.

632. Fyrirspurn [376. mál]

til menntamálaráðherra um aðstöðu til að sækja framhaldsskólanám.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Í hvaða byggðarlögum háttar þannig til að fólk á aldrinum 16–20 ára á þess ekki kost að sækja framhaldsskóla daglega heiman frá sér?
2. Hve margir á þessum aldri eru búsettir í þessum byggðarlögum?
3. Hver er áætlaður árlegur kostnaður fyrir nemanda við framhaldsskólanám fjarri heimabyggð, svo sem við húsnæði, fæði, ferðalög, námsgögn, skólagjöld og önnur útgjöld sem námsdvölin hefur í för með sér?

Skriflegt svar óskast.

633. Tillaga til þingsályktunar [377. mál]

um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Margrét K. Sverrisdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að viðskiptabanninu á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt fimm sinnum áður, en aldrei orðið útrædd og reyndar aldrei afgreidd frá nefnd. Ástandið í Írak hefur síst skánað og tala látinna hækkar jafnt og þétt. Nú nýverið sagði Hans von Sponeck, yfirmaður hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna í Írak, af sér eftir að hafa árangurslaust hvatt til þess að viðskiptabanninu yrði aflétt. Von Sponeck telur tekjur Íraka af takmarkaðri olíusölu engan veginn duga fyrir nauðþurftum þessarar 22 milljóna þjóðar. Í skýrslu Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til 51. fundar allsherjarþings þeirra kom fram að um 4 milljónir Íraka, aðallega börn undir fimm ára aldri, væru hrjáðar af vannæringu. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í Morgunblaðsgrein eftir framkvæmdastjóra Rauða kross Íslands (19. mars 1998), var þá áætlað að um 80% þjóðarinnar hefði litlar sem engar tekjur. Læknisþjónusta og starfsemi sjúkrahúsa er í lágmarki og heilsufari þjóðarinnar hrakar að sama skapi. Írakar hafa nú búið við þetta viðskiptabann í áratug. Um 1,5–1,7 milljónir manna hafa látist í kjölfar bannsins, meiri hlutinn börn. Þessar mannfórnir eru með því mesta sem orðið hefur hjá einni þjóð frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

Samkomulag um takmarkaða olíusölu til að kaupa matvæli og lyf breytir litlu um hörmulegar aðstæður alls almennings, enda er um mjög takmarkað magn að ræða og verulegur hluti tekna af olíusölunni er gerður upptækur í stríðsskaðabætur. Tillagan er því endurflutt í von um að Alþingi taki nú afstöðu í málinu. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Það er óumdeilt að aðgerðir viðskiptalegs eðlis ásamt stjórnmálalegum aðgerðum hafa iðulega skilað árangri í alþjóðamálum og er þar nærtækast að nefna þátt viðskiptahindrana og pólitískrar einangrunar í því að ráða niðurlögum hinnar illræmdu aðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku. Í alþjóðasamskiptum er að sjálfsögðu nauðsynlegt að kappkosta að beita friðsamlegum aðferðum, þ.e. öðrum en vopnavaldi, við lausn deilumála. Aðgerðir á viðskiptasviðinu, svo sem vopnasölubann, ákvarðanir um viðskiptakjör eða jafnvel viðskiptabann, geta reynst áhrifaríkar en aukin umræða hefur orðið um nauðsyn þess að beiting slíkra aðgerða verði þó ávallt að samræmast viðurkenndum mannúðarsjónarmiðum.

Hörmulegar afleiðingar viðskiptabannsins á Írak og sú staðreynd að Saddam Hussein er þar enn við völd sýna að þörf er á að taka meðferð slíkra „aðgerða“ eða „ráðstafana“ í alþjóðasamskiptum til gagngerrar endurskoðunar.

Undanfarið, eða síðan fljótlega eftir að Flóastríðinu lauk, hafa verið að koma fram skelfilegar upplýsingar um ástand mála í Írak. Ljóst er að lífskjör þar eru afar bágborin og aðstæður alls þorra almennings hörmulegar. Fer þar allt saman, langvarandi vígbúnaðarkapphlaup, harðstjórn og styrjaldarrekstur og síðan alþjóðlegt viðskiptabann sem leitt hefur til vöruskorts og efnahagshruns.

Fórnarlömb þessa ástands eru ekki valdhafar, því að harðstjórn landsins virðist fastari í sessi en nokkru sinni, heldur almenningur, ekki síst börn. Viðskiptabannið er því ekki að skila neinum sýnilegum árangri varðandi það að knésetja harðstjórn Saddams Hussein eða knýja írösk stjórnvöld til að bæta framferði sitt. Írakar þverskallast enn við að veita fullnægjandi upplýsingar um kjarnorku- og eiturefnaumsvif sín. Afleiðingar viðskiptabannsins eru enn sem komið er ólýsanlegar hörmungar almennings, vöruskortur og hungursneyð, skortur á lyfjum og læknishjálp o.s.frv. Hið alþjóðlega samfélag getur ekki horft upp á slíkt ástand og enn síður borið ábyrgð á því með viðskiptabanni.

Hvað Íslendinga varðar var ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um viðskiptabann fullgilt með auglýsingu frá utanríkisráðuneytinu. Sú sem nú er í gildi er dagsett 28. apríl 1992. Við berum því ábyrgð á þessu ástandi til jafns við aðra.

Íslendingar eiga samkvæmt hefð sinni sem óvopnuð smáþjóð að leggja áherslu á friðsamlegar aðgerðir og mannúðarstefnu í alþjóðastjórnmálum. Endurskoðun viðskiptabannsins á Írak og þessara mála í heild á alþjóðavettvangi er slíkt verkefni.“

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Auglýsing nr. 160 1992, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt. (Lögbirtingablaðið, 29. júní 1994.)
II. Ósýnilega stríðið. Þórdís B. Sigurþórsdóttir (Morgunblaðið, 7. júlí 1999).
III. Hjálparstarf Rauða krossins í Írak. Sigrún Árnadóttir (Morgunblaðið, 19. mars 1998).

634. Viðbótarsvar [305. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um afskrifaðar skattskuldir.

Með bréfi dags. 14. febrúar sl. svaraði ráðherra fyrirspurninni (þskj. 611) og vitnaði til þess að unnið væri að frekari samantekt upplýsinga með aðstoð Ríkisbókhalds, meðal annars um skiptingu milli einstaklinga og lögaðila. Þær upplýsingar hafa nú borist ráðuneytinu og fara þær hér á eftir.

AFSKRIFTIR RÍKISSJÓÐSTEKNA, BEINAR OG ÓBEINAR

Í þús. kr.

	Afskriftir á árinu 1994			Afskriftir á árinu 1995			Afskriftir á árinu 1996			Afskriftir á árinu 1997			Afskriftir á árinu 1998		
	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals
Eignarskattar	64.373	187.446	251.819	95.631	-14.444	81.187	25.273	-54.941	-29.668	60.270	-113.147	-52.876	59.113	18.382	77.494
Eignarskattur, einstaklingar	12.997	118.855	131.852	12.841	60.851	73.692	9.573	-46.526	-36.953	12.700	20.841	33.541	32.030	-14.507	17.523
Eignarskattsauki, einstaklingar	34	-16	18	25	-9	16	55	-8	47	6	-6	-	136	-14	123
Sérstakur eignarskattur 1987-'89, einstakl.	836	-635	201	263	-559	-296	203	-962	-759	54	-453	-399	588	-647	-59
Sérstakur eignarskattur 1990-'98, einstakl.	1.201	11.208	12.409	1.145	6.847	7.992	1.086	-3.779	-2.693	1.704	2.268	3.972	3.734	-418	3.316
Sk. á skráningar- og verðbréfaviðsk., einstakl.	2.801	-5.961	-3.160	6.497	-6.043	454	3.798	-7.113	-3.315	2.082	-2.984	-902	4.878	-3.889	989
Eignarskattur, lögaðilar	26.379	67.300	93.679	50.566	-34.536	16.030	2.381	12.065	14.446	22.067	-88.662	-66.594	13.503	31.621	45.124
Eignarskattsauki, lögaðilar	178	-112	66	36	-186	-150	6	-48	-42	1	-141	-140	0	-103	-102
Sérstakur eignarskattur 1987-'89, lögaðilar	1.981	-845	1.136	1.429	-2.024	-595	681	-1.096	-415	1.092	-1.767	-675	348	-24	324
Sérstakur eignarskattur 1990-'98, lögaðilar	3.579	14.994	18.573	9.135	-4.820	4.315	-181	3.668	3.487	3.534	-15.746	-12.212	2.501	6.548	9.049
Sk. á skráningar- og verðbréfaviðsk., lögaðilar	14.387	-17.342	-2.955	13.694	-33.965	-20.271	7.670	-11.141	-3.471	17.031	-26.497	-9.467	1.254	-187	1.067
Skipulagsgjald	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	140	-	140
Tekjuskattar	848.693	562.420	1.411.113	1.118.342	266.737	1.385.079	939.565	-7.389	932.177	1.059.440	230.275	1.289.715	1.099.321	-181.164	918.157
Sérstakur tekjuskattur	3.344	-	3.344	737	-	737	1.481	120.207	121.688	3.377	42.123	45.500	9.812	18.648	28.461
Tekjuskattur og staðgreiðsla, einstaklingar	422.747	393.063	815.810	677.042	176.019	853.061	425.447	-48.697	376.751	539.991	280.354	820.345	818.841	-378.676	440.165
Tekjuskattur á fjármagnstekjur, einstakl.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	205	-	205
Tekjuskattur, lögaðilar	421.181	169.947	591.128	440.099	90.846	530.945	512.322	-78.773	433.550	515.905	-92.163	423.741	270.456	178.918	449.375
Sjúkratryggingagjald	1.421	-590	831	464	-128	336	315	-126	188	167	-38	129	6	-54	-48
Þunnámuskattur	3.065	-240	2.825	2.335	-81	2.254	2.293	-116	2.177	2.937	26.557	29.494	8.540	2.476	11.016
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 1990-'98	2.375	-	2.375	2.253	-	2.253	2.365	-	2.365	2.955		2.955	8.514	-	8.514
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 1981-'89	690	-240	450	82	-81	1	-72	-116	-188	-18	26.557	26.539	26	2.476	2.502
Aðflutningsgjöld	0	0	0	0	0	0	2.180	0	2.180	0	0	0	0	0	0
Aðflutningsgjöld	-	-	-	-	-	-	2.180	-	2.180	-	-	-	-	-	-
Vörugjöld	42.911	22.222	65.133	9.213	-33.081	-23.868	6.483	-3.909	2.494	7.069	-4.985	2.084	444	-106	338
Vörugjald af innfluttum vörum	-	-	-	-	-	-	62	-	62	-	-	-	-	-	-
Vörugjald af innlendri framleiðslu	42.911	22.222	65.133	9.213	-33.081	-23.868	6.342	-3.909	2.433	6.972	-4.985	1.987	40	-106	-66
Vörugjald af tóbaksjum 30%	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	387	-	387
Viðbótarvörugjald af tóbaksjum	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	17	-	17
Vörugjald af innlendri framleiðslu	-	-	-	-	-	-	-	-	-	96	-	96	-	-	-

AFSKRIFTIR RÍKISSJÓÐSTEKNA, BEINAR OG ÓBEINAR

Í þús. kr.

	Afskriftir á árinu 1994			Afskriftir á árinu 1995			Afskriftir á árinu 1996			Afskriftir á árinu 1997			Afskriftir á árinu 1998		
	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals
Virðisaukaskattur	725.131	1.106.233	1.831.364	772.509	778.410	1.550.919	693.665	55.646	749.311	876.796	-27.199	849.597	987.537	106.371	1.093.908
Virðisaukaskattur af innfluttum vörum	-	-	-	-	-	-	2.899		2.899	183.962	-	183.962	210.241	-	210.241
Virðisaukaskattur	725.131	1.106.233	1.831.364	772.509	778.410	1.550.919	690.766	55.646	746.412	692.834	-27.199	665.635	777.296	106.371	883.667
Söluskattur	78.327	-3.862	74.465	139.546	-90.448	49.098	53.488	-29.054	24.434	86.358	-64.714	21.644	18.873	-9.491	9.382
Sölueskattur af vörustöðu og þjónustu	78.327	-3.862	74.465	139.546	-90.448	49.098	53.488	-29.054	24.434	86.358	-64.714	21.644	18.873	-9.491	9.382
Tryggingagjöld og skattar af launum	206.218	25.518	231.736	182.293	-50.682	131.611	166.979	-1.123	165.856	150.752	-93.908	56.852	88.068	-26.000	62.068
Tryggingagjald	67.204	93.761	160.965	100.065	19.333	119.398	97.379	36.492	133.870	103.403	-46.709	56.693	71.195	-20.947	50.248
Slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa	51	3.388	3.439	24	1.476	1.500	42	-629	-587	39	206	245	-	-	-
Launaskattur, eftirstöðvar	65.487	-20.856	44.631	30.449	-14.846	15.603	21.298	-7.426	13.872	17.513	-16.703	809	7.096	-1.531	5.565
Lífeyristryggingagjald, einstaklingar	7.487	-3.860	3.627	5.660	-3.081	2.579	3.726	-3.396	330	1.785	-1.483	302	1.968	-1.283	686
Lífeyristryggingagjald, lögaðilar	48.672	-28.498	20.174	32.000	-41.397	-9.397	31.909	-19.209	12.701	20.359	-23.306	-2.947	5.454	-1.352	4.102
Slysatryggingagjald, einstaklingar	1.810	-1.599	211	1.397	-1.266	131	832	-1.172	-340	514	-561	-47	570	-440	130
Slysatryggingagjald, lögaðilar	5.702	-3.843	1.859	4.512	-6.287	-1.775	4.940	-2.874	2.065	2.984	-3.517	-533	804	-174	630
Slysatryggingagjald utan þiggjalda	522	-8.400	-7.878	1.501	-	1.501	300	-	300	134	-	134	1	-	1
Atvinnuleysistryggingagjald, einstaklingar	* 1.695	-740	955	1.207	-588	619	902	-658	243	458	-309	149	329	-234	95
Atvinnuleysistryggingagjald, lögaðilar	7.588	-3.835	3.753	5.478	-4.026	1.452	5.651	-2.250	3.400	3.563	-1.517	2.046	651	-39	612
Neyslu- og leyfisskattar	23.941	-11.154	12.787	65.569	-105.785	-40.216	24.445	19.267	43.713	41.317	-47.084	-5.767	16.080	67.668	83.802
Bifreiðagjald	12.795	12.085	24.880	24.614	-55.852	-31.238	8.023	28.091	36.113	17.403	-38.346	-20.942	5.571	5.090	10.660
Þungaskattur af dísilknúðum skv. ökumælum	6.317	-11.438	-5.121	31.154	-39.608	-8.454	13.601	-3.545	10.057	14.492	-6.104	8.388	7.911	56.112	64.023
Þungaskattur af dísilknúðum, fast árgjald	2.541	-11.801	-9.260	8.777	-10.325	-1.548	4.861	-5.279	-418	8.957	-2.634	6.323	2.284	6.466	8.750
Vitagjald	154	-	154	11	-	11	52	-	52	-	-	-	1	-	1
Skipagjald	1.528	-	1.528	818	-	818	678	-	678	271	-	271	259	-	259
Ankatekjur	606	-	606	195	-	195	-2.770	-	-2.770	193	-	193	54	-	54
Leyfi fyrir atvinnustarfsemi	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	50	-	50
Lögskráning sjómanna	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	4	-	4
Eftirlitsgjöld	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3.415	0	3.415
Veiðieftirlitsgjöld	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	3.415	-	3.415
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	1.754.582	819.217	2.573.719	2.022.522	669.024	2.691.546	1.632.828	269.417	1.902.245	2.246.243	30.939	2.277.181	2.260.973	232.912	2.493.885
Álag vanskilaskila	-	-	0	-	-	0	-	-	-	-	-	-	3.437	-	3.437
Dráttarvextir af þiggjöldum einstaklinga	265.481	90.613	356.094	255.196	171.450	426.646	233.667	-40.442	193.225	233.476	251.388	484.864	715.815	-268.150	447.665
Dráttarvextir af þiggjöldum lögaðila	541.804	34.414	576.218	427.292	85.031	512.323	546.355	-88.770	457.586	529.003	-254.409	274.594	190.267	182.279	372.547
Dráttarvextir af staðgreiðslu	141.322	44.562	185.884	300.468	-9.973	290.495	133.992	-29.671	104.321	215.594	-48.679	166.915	195.891	-71.709	124.182
Dráttarvextir af gjaldi í Framkv.sjóð aldraðra	4.541	-	4.541	12.817	-	12.817	8.393	-	8.393	22.462	9.762	32.224	6.549	478	7.027

AFSKRIFTIR RÍKISSJÓÐSTEKNA, BEINAR OG ÓBEINAR

Í þús. kr.

	Afskriftir á árinu 1994			Afskriftir á árinu 1995			Afskriftir á árinu 1996			Afskriftir á árinu 1997			Afskriftir á árinu 1998		
	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals	Beinar	Óbeinar	Samtals
Dráttarvextir og ógr. tek. af reikn. endurgj.													41.851	3.055	44.906
Dráttarvextir og álag af ógreiddri skilagrein	1.997	-	1.997	1.994	-	1.994	3.451	-	3.451	3.793	76.545	80.338	9.334	-	9.334
Dráttarvextir af ofgr. barnab.auka	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	5.872	5.872	5.769	421	6.190
Dráttarvextir af tryggingagjaldi	26.300	43.595	69.895	46.696	11.561	58.257	43.009	27.268	70.277	60.386	-5.775	54.611	37.537	1.764	39.300
Dráttarvextir af launaskatti	139.817	-26.759	113.058	82.294	-17.862	64.432	78.601	-1.481	77.120	49.493	-31.652	17.840	28.446	7.362	35.808
Dráttarvextir af vörugjaldi af insl. framleiðslu	37.096	-4.322	32.774	6.247	-1.107	5.140	8.848	-3.170	5.679	5.547	-2.691	2.856	219	873	1.093
Dráttarvextir af vörugjaldi af ökutækjum	-	-	-	750	-	750	-	-	-	2	-	2	263	-	263
Dráttarvextir af virðisaukaskatti	377.359	669.533	1.046.892	415.466	633.985	1.049.451	429.133	442.732	871.865	807.722	223.655	1.031.377	943.984	376.644	1.320.628
Dráttarvextir af greiðslufresti í tolli	616	-	616	2.971	-	2.971	2.066	-	2.066	6.909	-	6.909	5.934	-	5.934
Dráttarvextir af olíugjaldi	191.772	43.549	235.321	416.449	-210.521	205.928	130.844	-11.081	119.763	282.690	-181.595	101.095	60.649	-12.898	47.751
Dráttarvextir af bifreiðagjaldi	11.002	-34.198	-23.196	14.656	-9.069	5.587	4.606	2.557	7.163	10.787	-9.110	1.677	4.776	2.709	7.485
Dráttarvextir af þungaskatti skv. ökumælum	7.143	-27.225	-20.082	19.515	-9.936	9.579	5.644	-3.358	2.286	9.765	-715	9.050	7.397	8.844	16.241
Dráttarvextir af þungaskatti, fast árgjald	2.101	-14.545	-12.444	2.549	-970	1.579	3.546	-2.733	813	6.594	-1.657	4.937	2.544	1.240	3.784
Dráttarvextir af skipagjaldi	644	-	644	386	-	386	356	-	356	144	-	144	144	-	144
Dráttarvextir af sektarfjárm	-	-	-	-	-	-	7	-	7	36	-	36	7	-	7
Dráttarvextir af skipulagsgjaldi	1.023	-	1.023	109	-	109	137	-	137	333	-	333	70	-	70
Dráttarvextir af jarðasjóðsgjaldi	4	-	4	-	-	-	28	-	28	571	-	571	-	-	-
Dráttarvextir af viðnámsiðnaðargjaldi	381	-	381	370	-	370	146	-	146	936	-	936	89	-	89
Dráttarvextir af skilagj. á einnota umbúðir	4.099	-	4.099	127	-	127	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Vextir af veittum lánum	-	-	-	16.170	26.435	42.605	-	-22.435	-22.435	-	-	-	-	-	-
Neyslu og leyfisgjöld fyrir þjóðsetu	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	602	-174	428
Sjóðsnes-, smálaga- og eftirlitsgjöld	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	599	-174	425
Vottorðsgjöld	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	3	-	3
Sektir	42.881	-30.687	12.194	5.243	59.524	64.767	3.396	16.904	20.300	4.167	58.000	62.167	32.218	-29.000	3.218
Lögreglustjórasektir	36.821	-23.963	12.858	761	-30	731	2.626	-78	2.548	1.723	-	1.723	3.912	-	3.912
Dómsektir	6.060	-6.724	-664	4.482	59.554	64.036	770	16.982	17.752	2.294	58.000	60.294	198	-29.000	-28.802
Skattsektir	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	3	-	3
Sektir í Landhelgissjóð	-	-	-	-	-	-	-	-	-	150	-	150	-	-	-
Sekt í gjaldþrotasjóð dögmanns sjávarafla	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	28.104	-	28.104
Samtals	3.790.842	2.677.113	6.467.155	4.413.203	1.479.174	5.892.377	3.550.515	164.703	3.815.219	4.535.347	-5.258	4.530.090	4.575.184	181.874	4.757.112

635. Tillaga til þingsályktunar [378. mál]

um endurskoðun mælistuðla í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Sighvatur Björgvinsson, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins endurskoða mælistuðla sem nú eru notaðir við mat á þyngd sjávarafla og ígildi fiska af einni tegund í annarri í fiskveiðum íslenskra skipa og slægingu og vinnslu sjávarafla.

Greinargerð.

Mælistuðlar sem notaðir hafa verið við mat á þyngd sjávarafla og þorskígildisstuðlar sem notaðir eru við mat á gildi þorsks og annarra tegunda vegna meðferðar kvóta hafa oft verið gagnrýndir harkalega á opinberum vettvangi. Þessar viðmiðanir eru afar mikilvægar fyrir útgerðarmenn og fiskverkendur og mælistuðlarnir geta skipt sköpum hvað varðar samkeppni milli fiskvinnslu í landi og fiskvinnslu í fullvinnsluskipum. Þeir ráða miklu um það hvort afla er landað slægðum eða óslægðum og skipta miklu þegar útgerðaraðilar og fiskverkendur taka ákvarðanir um í hvaða vinnslu eða sölumeðferð fiskurinn fer hverju sinni. Þeir ákvarða gildi aflaheimilda sem útgerðir skiptast á.

Það gefur auga leið að þegar reglur af þessu tagi eru settar er mjög mikilvægt að besta fáanleg þekking á áhrifum mismunandi meðferðar aflans sé til staðar. Slík þekking er ótvírætt til staðar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þess vegna er hér lagt til að stofnuninni verði falið þetta mikilvæga verkefni.

Komi í ljós að núgildandi reglur hafi mismunað aðilum í útgerð og fiskvinnslu skapast þannig tækifæri til að leiðrétta mismunun. Verði það hins vegar niðurstaðan að núgildandi stuðlar séu réttir ætti endurskoðunin að draga verulega úr tortryggni gagnvart gildandi reglum.

636. Frumvarp til laga [379. mál]

um breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson,
Svanfríður Jónasdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Karl V. Matthíasson.

1. gr.

Við 1. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr stafliður er verður a-liður og orðast svo: gróðurvinjar á hálendinu, 1 hektari að stærð eða stærri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til að gróðurvinjum á hálendi Íslands verði bætt við þær landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Ástæðan er sú að gróðurvinjar hálendisins eru sérstök landslagsgerð sem ekki einasta eru einstæðar á Íslandi heldur á heimsvísu. Það gildir bæði um ólík samfélög plantna og dýra sem á þeim dafna og um sérstaka blöndu lífræns jarðvegs og gosefna sem er undirstaða þeirra. Þær eru því ákaflega mikilsverðar frá vistfræðilegum sjónarhóli. Sömuleiðis má færa rök að því að vinjarnar séu ein af burðarstoðum ferðaþjónustu á hálendinu. Því miður eru dæmi um illa meðferð hálendisvinja. Þar má sem dæmi nefna Orravatnsrústir á Hofsafrétti, en þeim var til skamms tíma ógnað af ofbeit hrossa. Því er rík ástæða til að vernda þær, ekki síður en aðrar landslagsgerðir.

Þær landslagsgerðir sem þegar njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögunum eru: a) eldvörp, gervigígar og eldhraun, b) stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri, c) mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, d) fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri, og e) sjávarfitjar og leirur. Á 10. náttúruverndarþingi, 28.–29. janúar 2000, var samþykkt áskorun um að gróðurvinjum á hálendinu yrði bætt við upptalningu landslagsgerða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Þingið skilgreindi jafnframt gróðurvin sem einangrað svæði með samfelldum gróðri, og þeirri skilgreiningu er haldið í þessu frumvarpi. Þá er gengið út frá þeim mörkum miðhálendisins sem dregin eru á staðfestu skipulagi fyrir það.

Dýrmæti gróðurvinjanna.

Helsta sérkenni miðhálendis Íslands eru hinar kröftugu andstæður sem birtast þar sem gróskuríkar vinjar rjúfa gráa og þurra auðn hálendisins. Víðast hvar teygir gróður sig upp af láglendinu og upp á hálendisbrúnina, en rofnar og verður slitróttur eftir því sem lengra dregur inn á hásléttuna. Að lokum tekur auðnin við og gróin lönd finnast aðeins á einangruðum blettum sem gróðurvinjar. Flestar vinjarnar eru síðustu leifar miklu víðfeðmara gróðurlendis sem við landnám var að líkindum að finna víða á hálendinu, en ofbeit, eldgos og mikil kuldaskeið unnu sameiginlega á. Nú er því miðhálendið að mestu auðnir þar sem gróður þekur einungis 1–2% af yfirborði landsins. Þessar séríslensku andstæður sem hvergi eiga sinn líka, grænn gróður við uppsprettulindir í auðninni miðri, skapa hið segulmagnaða aðdráttarafl sem í vaxandi mæli laðar að sér innlenda og erlenda ferðalanga. Af þeim sjónarhóli eru gróðurvinjarnar ómetanleg auðlind, eiga snaran þátt í að skapa þjóðinni ómældar tekjur af ferðamennsku sem á næstu öld er talin líkleg til að verða helsta tekjulind þjóðarinnar. Það eitt undirstrikar nauðsyn þess að varðveita gróðurvinjar hálendisins eins og kostur er.

Dýrmæti gróðurvinjanna helgast þó miklu fremur af því að í vistfræðilegu tilliti njóta þær algerrar sérstöðu. Þær eiga sér enga hliðstæðu í öðrum löndum, og helst að þær megi bera saman við vinjar í þurrum og heitum eyðimörkum þótt loftslag og lífríki sé augljóslega gjörólíkt. Í lífríki hálendisins gegna gróðurvinjarnar í senn margbrotnum og mikilvægum hlutverkum. Þær eru eina athvarf fjölmargra tegunda plantna og dýra sem ekki dafna í auðninni umhverfis. Það gildir ekki síst um fugla, enda hafa sumar gróðurvinjarnar alþjóðlegt gildi sökum mikilvægis síns fyrir ýmsar tegundir þeirra. Jafnframt eru þær nær einu verksmiðjur lífræns efnis á hálendinu en frumframleiðni gróðurvinjanna er margfalt meiri en á gróðurleysunum umhverfis. Lífríki þeirra endurspeglar ljóslega mishæðir í landinu og þar með mismunandi snjóalög og rakastig í jarðvegi. Í skjóli þeirra dafnar gjarnan smágert mynstur

ólíkra plöntusamfélaga sem innan lítils svæðis geta skapa fjölbreytt búsvæði fyrir margvísleg dýr. Lífríki gróðurvinjanna á hálendinu eru því ótrúlega margbrotin.

Mikilvægir fræbankar.

Staðsetning gróðurvinjanna á hálendinu skiptir einnig miklu fyrir lífríkið sem innan þeirra dafnar. Gróðurvinjarnar geta því verið ákaflega ólíkar. Tegundaauðgi vinjanna á suðurhálendinu ber þannig sterkan keim af hafrænu og úrkomusömu loftslagi sem einkennir svæðið meðan landrænt loftslag norðan Vatnajökuls setur allt annan svip á gróðurvinjarnar þar. Fjölbreytni lífríkisins er að sjálfsögðu margfalt meiri innan vinjanna en á auðnunum umhverfis. Þær skipta því gífurlegu máli þegar líffræðileg fjölbreytni vistkerfa á miðhálendinu er metin. Í alþjóðlega samningnum um líffræðilega fjölbreytni, sem Íslendingar undirrituðu í Rio de Janeiro í júní 1992, segir að eitt af þremur höfuðmarkmiðum samningsins sé að vernda líffræðilega fjölbreytni. Samþykkt tillögunnar er því eindregið í anda samningsins.

Gróðurvinjar hálendisins eru eins og áður segir dreifðar leifar gróðurlendis sem forðum teygði sig yfir miklu víðfeðmari hluta miðhálendisins. Gríðarleg gróðureyðing hefur átt sér stað frá landnámi. Orsakanna má leita til samspils náttúrulegra þátta eins og eldgosa og langvarandi og endurtekinna kuldaskeiða eftir miðja þrettándu öldina, þegar mesta hlýindaskeiði Íslandssögunnar slotaði, en ekki síst til ofbeitar búsmala mannsins. Um aldir hefur hálendið verið beitt. Þegar kuldaskeið hafa þrengt að kvikfénaði hefur ágangurinn á köflum efalítið gengið nærri náttúrulegri framleiðslu. Til marks um það má vísa til orða Páls Vídalíns, sýslumanns og höfundar Jarðabókanna ásamt Árna Magnússyni, sem lét svo um mælt snemma á átjándu öldinni „að ei skuli þarflaus hrossa fjöldi uppeta kjarna landkostanna, og spilla málnytunni ...“ (Skýringar yfir fornyrði lögbókar, Reykjavík, 1854). Á þessari öld keyrði svo um þverbak með hreinni rányrkju á stórum flæmum hálendisins. Þetta hefur án nokkurs vafa haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir fræmyndun og dregið úr möguleikum plantna á endurnýjun og dreifingu. Gróðurvinjarnar eru hins vegar ómetanleg uppspretta fræja. Þegar umhverfið breytist og verður hagstæðara gróðri á hálendinu í grennd við slíkar vinjar, t.d. vegna breytinga á lofthita eða minnkandi beitarálags, verða fræbankar gróðurvinja hálendisins ómetanlegir við uppgræðslu þess. Í þessu framtíðarhlutverki hálendisvinjanna felst ekki síst röksemdin fyrir því að vernda þær sérstaklega.

637. Tillaga til þingsályktunar [380. mál]

um tólf ára samfellt grunnnám.

Flm.: Jón Bjarnason, Helga A. Erlingsdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að tryggja um allt land framboð á samfelldu námi til átján ára aldurs. Námið verði skipulagt þannig að ungt fólk innan sjálfræðisaldurs alls staðar á landinu geti stundað nám daglega frá heimili sínu. Hluti þess verði starfstengdur og þá jafnframt höfð hliðsjón af umhverfi og atvinnu- og menningarlífi viðkomandi byggðarlags. Náminu ljúki formlega með námsgráðu, en endurskoðað verði skipulag annars framhaldsnáms, tækninám og sérnáms auk háskólanáms með

tilliti til þessara breytinga grunnnámsins þannig að tryggð verði eðlileg samfella og tenging við framhaldsnámið í heild.

Greinargerð.

Megintilgangur þessarar tillögu er að laga skólakerfið að nútímakröfum um rétt til fjölskyldulífs og fjölskylduábyrgðar. Fólk lítur í auknum mæli og með réttu á samverumöguleika fjölskyldna sem hluta af lífskjörum sínum og þar af leiðandi væri breytt fyrirkomulag þessara mála beint innlegg í jöfnun lífskjara. Viðurkennt er að á aldrinum 15–18 ára taka unglingar út mikinn þroska. Ytra álag er töluvert á þessu aldursskeiði og þá ræðst mjög framtíðargengi unglinga í námi og starfi. Því er mikilvægt að fjölskyldan geti verið sem mest samvistum þennan tíma og unglingarnir þannig fengið nauðsynlegan stuðning. Þessar staðreyndir eru í raun áréttaðar með nýjum sjálfræðislögum, en með þeim hefur heimili og fjölskylda axlað ábyrgð á unglingum að átján ára aldri og því er eðlilegt að skipulag menntunar í landinu taki mið af því.

Jafnframt er ljóst að mikill námskostnaður þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína er vaxandi vandamál á landsbyggðinni. Þegar einn vetur í framhaldsskóla kostar á bilinu 300–500 þús. kr. fyrir einstakling sem verður að kaupa fæði og húsnæði fullu verði hlýtur það að leiða til þess að unglingar sem koma frá tekjulágum heimilum lendi í verulegum vandræðum með að kosta nám sitt. Slíkt ástand skerðir augljóslega jafnrétti til náms.

Í nokkrum byggðarlögum hafa verið gerðar tilraunir til að koma á framhaldsdeildum, sem hafa verið útibú frá næsta framhaldsskóla, þar sem nemendum hefur gefist kostur á að taka eitt til tvö ár af námi til stúdentsprófs í heimabyggð. Því miður hafa slíkar framhaldsdeildir átt erfitt uppdráttar og flestar þeirra ef ekki allar verið lagðar niður. Þær hafa því ekki reynst raunhæfur valkostur.

Af svari menntamálaráðherra á þskj. 237 á þessu löggjafarþingi er ljóst að hlutfall nemenda í hverjum árgangi sem hefur framhaldsnám er talsvert misjafnt eftir landshlutum. Fyrir því eru vafalaust nokkrar samverkandi ástæður en telja verður líklegt að áðurnefndur kostnaður og leyst fjölskyldubönd eigi þar hlut að máli. Samkvæmt nýrri skýrslu Rauða kross Íslands um fátækt á Íslandi er talið að um 45% íslenskra framhaldsskólanema ljúki ekki skilgreindu framhaldsskólanámi.

Því er ljóst að ýmislegt bendir til þess að brýnt sé að endurskoða skipulag og framkvæmd menntamála í landinu í nýju ljósi. Að því miðar þessi þingsályktunartillaga. Hér er lagt til að boðið verði upp á tólf ára samfellt nám í öllum byggðarlögum landsins, þ.e. tveimur árum lengra nám en nú er. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að þau tvö ár sem þar með bætast við byggist að hluta á starfstengdu námi með öflugri tengingu við atvinnulíf, sögu, menningu og náttúrufar viðkomandi byggðarlags. Með því að auka vægi þessara þátta í námi má efla sjálfsvitund unglinga og samábyrgð þeirra gagnvart fólki og umhverfi. Rannsóknir benda til að góð þekking nemenda á heimabyggð sinni auki líkurnar á því að þeir kjósi að búa þar á fullorðinsárunum. Dæmi um þetta er norska Lófót-verkefnið sem þykir hafa heppnast með miklum ágætum.

Á þennan hátt eykst jöfnuður í aðgengi til náms óháð búsetu. Ungu fólki er auðveldað að sækja sér meiri almenna menntun jafnframt því sem verkmenntun er efld í landinu, en það er ekki síður brýnt. Þessar breytingar þurfa ekki sjálfkrafa að kalla á breytingar á skólaskyldualdri þótt ýmislegt gefi tilefni til að ætla að hann beri að endurskoða. Fyrst og fremst er verið að skylda stjórnvöld til að sjá til þess að slíkt nám standi til boða. Hér er því um fræðsluskyldu að ræða en ekki endilega skólaskyldu. Að sjálfsögðu munu núverandi fram-

haldsskólar að stærstum hluta geta séð fyrir námsframboði á tveimur síðustu árum í samfelldu tólf ára námi, en þar sem framhaldskólar eru ekki til staðar er eðlilegt að þetta nám verði byggt upp í þeim grunnskólum sem fyrir eru. Þá er rétt að minna á þá miklu möguleika sem eru til að styrkja nám á heimaslóðum með fjarnámi.

Í framhaldi af þessu endurskipulagða samfellda grunnámi kæmi skemmra eða lengra starfsnám, tækninám og annað sérnám, auk frekari undirbúnings fyrir almennt háskólanám sem gæti hafist fyrr en nú er. Mikilvægt er að koma á slíku framhaldsnámi sem víðast á landinu og að atvinnulífið á hverjum stað taki virkan þátt í menntuninni.

Undirbúningsvinnan mun taka nokkurn tíma, svo og að koma nýju skipulagi til framkvæmda. Því er lögð áhersla á að nú þegar verði leitað allra leiða til að koma á víðtækara framhaldskólanámi heima í byggðunum svo víða sem þess er nokkur kostur.

Annar megintilgangur þess fyrirkomulags náms sem hér er lagt til er að efla og styrkja almenna menntun í landinu öllu og hækka þar með grunnmenntunarstig þjóðarinnar og aðlaga allt skipulag grunnnámsins breyttum þjóðfélagsaðstæðum og auknum framtíðarkröfum sem gerðar eru til starfsmenntunar og tækni- og háskólanáms. Jafnframt er áréttað að gott aðgengi ungs fólks að menntun sem það getur sótt frá heimili sínu er grundvallaratriði við mat á lífsgæðum og lífskjörum. Þá verður að telja líklegt að með þeirri skipan náms sem hér er lögð til hækki hlutfall þeirra sem á þessum aldri ljúka skilgreindu námi. Það unga fólk mun fá sterkari sjálfsmynd og aukið sjálfstraust og vera þá betur í stakk búið til frekara náms og starfa í síbreytilegu þjóðfélagi.

638. Svar [310. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um tóbaksvarnir.

1. *Hverjar voru tekjur tóbaksvarnanefndar, sbr. 15. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, með síðari breytingum, á árunum 1997 og 1998?*

Samkvæmt 15. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, er skylt að verja a.m.k. 0,7% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs. Samkvæmt fjárlögum hafði tóbaksvarnanefnd 31.000.000 kr. til ráðstöfunar árið 1997 og fékk 3.481.000 kr. á fjáraukalögum vegna aukinnar tóbakssölu það ár.

Samkvæmt fjárlögum árið 1998 hafði tóbaksvarnanefnd 35.000.000 kr. til ráðstöfunar og fékk 4.800.000 kr. á fjáraukalögum.

Samkvæmt fjárlögum árið 1999 hafði tóbaksvarnanefnd 36.100.000 kr. til ráðstöfunar en mun sækja um 4.859.000 kr. á fjáraukalögum.

2. *Hvernig hefur þessum tekjum verið varið?*

Tekjum tóbaksvarnanefndar hefur verið varið á eftirfarandi hátt (upphæðir í millj. kr.):

Viðfang	1997	1998	1999
Rekstur skrifstofu	1,6	1,6	1,4
Framkvæmdastjóri, önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta	5,2	6,2	7,5
Prentun, dreifing o.fl.	1,2	1,5	1,7
Birtingar í fjölmiðlum, hönnun og kostnaður	9,0	7,5	8,3
Almennur áróður og fræðsla	4,0	3,1	1,2
Fjölbreytt samstarfsverkefni	5,0	4,5	3,5
Styrkir til tóbaksvarnarannsókna o.fl.	2,5	8,5	1,5
Kannanir Hagvangs, héraðslækna o.fl.	0,6	0,7	1,1
Skólafræðslan, nýtt kennsluefni	7,4	10,2	8,2
Ráðstefnur, fundir, ferðir og dagpeningar	2,0	1,5	1,1
Reyklaus dagur	2,1	1,0	4,8

3. Hvernig hefur verið staðið að fræðslustarfsemi, sbr. 14. gr. fyrrnefndra laga?

Í ársbyrjun 1997 ákvað tóbaksvarnanefnd, í samráði við Krabbameinsfélag Reykjavíkur, að umbylta tóbaksvarnafræðslu í grunnskólum sem hafði fram til þess tíma verið í formi einnar heimsóknar fræðslufulltrúa Krabbameinsfélagsins í hvern bekk — svo fremi sem áhugi skóla væri fyrir hendi. Ráðist var í útgáfu á náms- og fræðsluefninu „Sköpum reyklausa kynslóð" en um er að ræða kennsluefni frá Noregi og Svíþjóð ætlað nemendum í 6.–10. bekk. Námsefnið, sem spannar 5–7 kennslustundir í fyrrgreindum árgöngum, er eftirfarandi: *Tóbakið og þú,* námsefni 6. bekkjar, *Reyklaus – að sjálfsögðu,* námsefni 7. bekkjar, *Vertu frjáls – reyklaus,* námsefni 8. bekkjar, *Vertu frjáls – reyklaus, á þinn hátt,* námsefni 9. bekkjar og *Vertu frjáls – reyklaus, sendu skýr skilaboð,* námsefni 10. bekkjar.

Í hverjum einasta grunnskóla landsins eru fræðslu- og kennslugögnin því fyrirliggjandi en því miður getur verið misbrestur á því að þau séu notuð. Veturinn 1997–1998 var námsefnið tekið fyrir í rúmlega 70% grunnskólanna en í rúmlega 50% skólanna veturinn 1998–1999. Kennurum hefur staðið til boða að sækja námskeið, þeim alfarið að kostnaðarlausu, til að vera betur í stakk búnir til að kenna námsefnið.

Tóbaksvarnanefnd hefur lagt rúmlega 10 millj. kr. í þetta námsefni á hverju ári og Krabbameinsfélagið um 5 millj. kr. að auki.

Tóbaksvarnanefnd hefur leitað eftir áliti menntamálaráðuneytis á ákvæði í 14. gr. tóbaksvarnalaga sem fjallar um tóbaksvarnafræðslu í skólum landsins. Í síðasta bréfi frá menntamálaráðuneytinu til nefndarinnar vísaði ráðuneytið í námsefni í lífsleikni sem er að finna í nýrri aðalnámskrá grunnskólanna. Það er álit nefndarinnar að námsefni í lífsleikni sé brýnt m.a. fyrir tóbaksvarnafræðslu en rúmi ekki fræðsluna nema að takmörkuðu leyti. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að börn og unglingar hefji reykingar og full ástæða til að fastir tímar til tóbaksvarna fari sérstaklega inn í aðalnámskrá.

Námsefnið sem tilheyrir lífsleikni er mjög fjölbreytilegt og er skólunum í sjálfsvald sett hvaða námsefni í lífsleikni þeir kjósa að kenna svo fremi að þeir telji að þau nái fram markmiðum aðalnámskrár. Það virðist því háð ákvörðun hvers skóla hvort tóbaksvarnakennsla fer fram eða ekki og því spurning hvort grunnskólanemendum sé ekki mismunað. Börn geta hæglega lokið grunnskólaprófi án þess að hafa fengið nokkra fræðslu um skaðsemi tóbaks. Reykingar eru mesta heilbrigðisvandamál þjóðarinnar. Í ljósi þess að rúmlega 80% reykingamanna ánetjast tóbaki fyrir 18 ára aldur er mjög mikilvægt að fræðsla um skaðsemina berist öllum ungmennum fyrir þann aldur.

Auk framangreinds námsefnis fá reyklausir 8., 9. og 10. bekkir viðurkenningarskjal og liðlega 500 reyklausir nemendur í þeim bekkjum fá armbandsúr í viðurkenningarskyni.

Þess má einnig geta að síðastliðið haust tók Ísland í fyrsta skipti, fyrir tilstuðlan tóbaksvarnanefndar og Krabbameinsfélags Reykjavíkur, þátt í Evrópusamkeppni meðal reyklausra 7. og 8. bekkja en alls taka 14 Evrópuþjóðir þátt í samkeppninni. Rúmlega 320 reyklausir bekkir skráðu sig til þátttöku á Íslandi og þurfa þeir mánaðarlega að senda inn staðfestingu á reykleysi nemenda. Bekkirnir þurfa að skila verkefni í anda tóbaksvarna til að eiga möguleika á að vinna til verðlauna vorið 2000. Heill bekkur auk kennara vinnur ferð til Berlínar en auk þess verður helgarferð fyrir heilan bekk í verðlaun, dagsferðir fyrir tíu bekki, geislaspilarar og fleira. Mikil ánægja er með þessa keppni. Tóbaksvarnanefnd ákvað að hrinda keppninni af stað á Íslandi í von um að skólarnir mundu sjá sér leik á borði og kenna námsefnið samhliða því að virkja nemendur í tóbaksvörnum.

Aukinheldur er mjög brýnt að leggja áherslu á tóbaksvarnafræðslu í skólum sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum. Það mundi spara mikla fyrirhöfn ef kennaranemar fengju kennslu í námsefninu í Kennaraháskólanum og sömuleiðis nemendur í heilbrigðisfræðum.

Auk þessarar miklu áherslu á fræðslu í skólum hefur heilbrigðisráðuneytið og tóbaksvarnanefnd styrkt námskeið fyrir heilbrigðisstarfsmenn í öllum landsfjórðungum. Einnig var Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands styrkt á árinu 1998 til að koma á fót meðferð fyrir þá sem vilja hætta reykingum.

639. Fyrirspurn [381. mál]

til samgönguráðherra um eftirlit með þungaflutningabifreiðum.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hvað kostar eftirlit með þungaflutningabifreiðum á ári, aðgreint eftir kjördæmum?
2. Hversu margir vinna við eftirlit með ökuritum og vigtun vörubifreiða?
3. Hvers konar tæki eru notuð við eftirlitið?
4. Hver er hagrænn ávinningur ríkisins af eftirlitinu?
5. Er fyrirhugað að halda áfram slíku eftirliti og sé svo, er þá áætlað að það verði óbreytt eða aukið?

Skriflegt svar óskast.

640. Fyrirspurn [382. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjúkrahótel.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Er fyrirhugað að koma upp sjúkrahótelum með hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu (svonefndum „sub-acut“-deildum) í tengslum við hátæknisjúkrahúsin í Reykjavík til þess að stytta biðlista og lækka kostnað við sjúkralegu sjúklinga sem eru að jafna sig eftir bráð veikindi eða aðgerð?

641. Fyrirspurn [383. mál]

til umhverfisráðherra um áhrif framræslu á fuglalíf.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða fuglategundir hafa horfið úr röðum íslenskra varpfugla við framræslu votlendis?
2. Hverjar eiga nú í vök að verjast af þeim sökum?
3. Hefur röskun á votlendi breytt útbreiðslu og stofnstærð þeirra hérlendis að öðru leyti?

Skriflegt svar óskast.

642. Fyrirspurn [384. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um rekstur meðferðarheimilis að Gunnarsholti.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Eru fyrirhugaðar breytingar á rekstri meðferðarheimilisins að Gunnarsholti? Ef svo er, hverjar eru þær?
2. Telur ráðherra að til greina komi að gera meðferðarheimilið að Gunnarsholti að sjálfstæðri stofnun sem falli undir rekstur heilsugæslunnar í Rangárvallasýslu?
3. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir viðræðum hlutaðeigandi aðila sem miði að slíkum breytingum og tryggi rekstrargrundvöll heimilisins?

643. Frumvarp til laga [385. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vörugjald af bifreiðum sem eru gjaldskyldar skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu skal vera 120.000 kr. lægra en ella væri samkvæmt greininni.

Heimild til lækkunar skv. 1. mgr. gildir til 31. desember 2003.

Ráðherra getur sett nánari reglur um lækkun vörugjalds samkvæmt þessu ákvæði, svo sem um tæknilegan búnað bifreiðar, hvað teljist vera „að verulegu leyti“ skv. 1. mgr. og þau gögn sem leggja þarf fram með umsókn um lækkun vörugjalds á grundvelli þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Sé þess óskað skal endurgreiða vörugjald af þeim bifreiðum sem uppfylla skilyrði 1. gr. þessara laga og tollafgreiddar eru milli 10. febrúar 2000 og gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði tímabundin heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu, svokölluðum tvíorkubifreiðum. Innflutningsverð tvíorkubifreiða er alla jafna nokkru hærra en hefðbundinna ökutækja og er heimildinni ætlað að gera þær samkeppnisfærari á almennum markaði. Markmiðið með breytingunni er að styðja við öra þróun í hönnun og framleiðslu ökutækja sem geta nýtt rafmagn og metangas, enda eru skaðleg áhrif þeirra orkugjafa á umhverfið mun minni en eldsneytis úr olíum. Einnig hefur verið bent á að notkun tvíorkubifreiða sé nauðsynlegt skref í frekari þróun í framleiðslu bifreiða sem eingöngu verða knúnar öðrum orkugjöfum en bensíni eða dísilolíu. Það byggist meðal annars á því að dreifikerfi fyrir aðra orkugjafa er enn svo gisið að ekki er unnt að reikna með almennri notkun slíkra bifreiða strax. Enn fremur eru ýmsar aðrar tæknilegar hindranir því til fyrirstöðu. Síðast en ekki síst er aukin notkun tvíorkubifreiða í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og þá stefnu stjórnvalda að auka hlut innlendra orkugjafa. Samráð hefur verið haft við umhverfisráðuneytið um þessa stefnumörkun.

Örðugt er að áætla með sæmilegri vissu áhrif framangreindrar lagabreytingar á tekjur ríkissjóðs. Sem fyrr segir eru tvíorkubifreiðar almennt dýrari en venjulegar bifreiðar og því líklegt að hreint tekjutap ríkissjóðs verði óverulegt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða um að vörugjald af bifreiðum með búnaði sem gerir þeim kleift að nýta metangas eða rafmagn í stað bensíns eða dísilolíu verði allt að 120.000 kr. lægra en ella. Þessi lækkun svarar til vörugjalds af 300.000 kr. toll-

verði bifreiðar sem ber 40% vörugjald. Þannig yrði greidd sama krónutala í vörugjald af bifreið sem fellur undir lækkunarheimildina og kostar 1.000.000 kr. í innkaupum (þ.e. af tollverði) og af venjulegri bifreið sem kostar 700.000 kr. í innkaupum (þ.e. af tollverði). Aukakostnaður við hverja bifreið sem hefur búnað til að nýta metangas eða rafmagn er nokkuð breytilegur en þó lætur nærri að hann nemi í mörgum tilvikum um það bil 300.000 kr. af tollverði bifreiðar. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildistöku laganna og þarfnast hún ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að lækka tímabundið til loka ársins 2000 vörugjald af bifreiðum sem nýta að verulegu leyti metangas eða rafmagn sem orkugjafa. Frumvarpið beinist því einkum að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki talið að það hafi áhrif á útgjöld hans svo nokkru nemi verði það að lögum.

644. Frumvarp til laga [386. mál]

um mat á umhverfisáhrifum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar,
b. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta til þess að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar á umhverfið,
c. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í landhelgi eða í mengunarlögsögu Íslands.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

a. *Athugun Skipulagsstofnunar:* Formleg kynning matsskýrslu, umfjöllun stofnunarinnar og álitsumleitan. Athugun lýkur með úrskurði Skipulagsstofnunar.
b. *Framkvæmdaraðili:* Ríki, sveitarfélag, stofnun og aðrir lögaðilar eða einstaklingar er hyggjast hefja framkvæmd sem lög þessi taka til.
c. *Framkvæmd:* Hvers konar nýframkvæmd eða veruleg breyting á eldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir.
d. *Leyfi til framkvæmda:* Endanlegt leyfi til framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir.
e. *Leyfisveitandi:* Lögbært yfirvald sem veitir leyfi til framkvæmda.
f. *Matsáætlun:* Áætlun Skipulagsstofnunar byggð á tillögu framkvæmdaraðila um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis leggja skuli áherslu í matsskýrslu, um kynningu og samráð við gerð matsskýrslu og kröfur um lágmarksgögn.
g. *Matsskyld framkvæmd:* Framkvæmd sem háð er ákvæðum laga þessara ásamt þeirri starfsemi sem henni fylgir.
h. *Matsskýrsla:* Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matsskýrslu.
i. *Mótvægisaðgerðir:* Aðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.
j. *Umhverfi:* Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.
k. *Umhverfisáhrif:* Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á náttúrulegt umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag.
l. *Umtalsverð umhverfisáhrif:* Veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisaðgerðum.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.

Yfirstjórn og framkvæmd.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

Skipulagsstofnun er ráðherra til ráðgjafar og annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og veitir leiðbeiningar og ráðgjöf samkvæmt þeim. Skipulagsstofnun úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, og starfsemi sem henni fylgir, sem háð er mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI
Matsskylda.

5. gr.
Matsskyldar framkvæmdir.

Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í þeim tilvikum er fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.

Heimilt er ráðherra, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákveða að tilteknar framkvæmdir séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra ákveða hvort fara skuli fram annars konar mat á umhverfisáhrifum og hvaða aðgang almenningur skuli hafa að þeim upplýsingum sem safnað er. Einnig getur ráðherra heimilað að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt þessari grein og 6. gr. fari fram með öðrum hætti en fyrirskipað er í lögum þessum. Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. kafla. Ráðherra ber að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendu undanþága er veitt samkvæmt þessari málsgrein og það áður en hún er veitt og einnig að láta sameiginlegu EES-nefndinni í té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að.

Ekki ber að tilkynna forsendu fyrir undanþágu vegna framkvæmdar skv. 3. mgr. til sameiginlegu EES-nefndarinnar ef framkvæmdin er umfram þær kröfur sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

6. gr.
Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Nú er fyrirhuguð framkvæmd meðal þeirra sem taldar eru í 2. viðauka við lög þessi og ber framkvæmdaraðila þá að að tilkynna Skipulagsstofnun um hana. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hvaða gögn skuli lögð fram til Skipulagsstofnunar. Innan fjögurra vikna frá því að gögn um framkvæmdina berast skal stofnunin tilkynna hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 3. viðauka við lög þessi. Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni.

Almenningi skal heimilt að tilkynna framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda sem taldar eru upp í 2. viðauka til Skipulagsstofnunar og skal stofnunin þá leita upplýsinga um framkvæmdina hjá framkvæmdaraðila og leyfisveitanda.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. og 3. mgr. má kæra til umhverfisráðherra. Kærufrestur er fjórar vikur frá því að niðurstaða stofnunarinnar er kynnt hlutaðeigandi.

7. gr.
Aðrar framkvæmdir sem hugsanlega eru matsskyldar.

Umhverfisráðherra getur ákveðið að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum ef sýnt þykir að hún kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmdir sem

getið er í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Við ákvörðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitenda og framkvæmdaraðila.

IV. KAFLI
Málsmeðferð vegna matsskyldra framkvæmda.

8. gr.
Matsáætlun.

Nú er fyrirhuguð framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og skal framkvæmdaraðili þá gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma og gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis lögð verði áhersla, hvaða gögn liggi fyrir og áætlun um kynningu og samráð. Framkvæmdaraðili skal kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun skal taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna frá því að tillaga barst, að fenginni umsögn leyfisveitenda og eftir atvikum annarra aðila, um tillögu framkvæmdaraðila. Fallist Skipulagsstofnun ekki á tillögu að matsáætlun skal stofnunin rökstyðja ákvörðun sína, gera grein fyrir því sem hún telur ábótavant og í samráði við framkvæmdaraðila leiðbeina honum um frekari vinnslu tillögu að matsáætlun.

Matsáætlun skal kynnt leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum.

Ef sérstakar ástæður mæla með getur Skipulagsstofnun á síðari stigum farið fram á að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn, enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega.

9. gr.
Matsskýrsla.

Nú hyggur framkvæmdaraðili á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum og ber honum þá að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. að gera skýrslu um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr.

Í matsskýrslu skal tilgreina þau áhrif, bein og óbein, sem hin fyrirhugaða framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kann að hafa á menn, samfélag, menningu og menningararf, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, jarðmyndanir og landslag, efnisleg verðmæti og samverkun þessara þátta. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu. Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir og fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum. Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Loks skal gera stutta og skýra samantekt um matsskýrsluna og niðurstöðu hennar.

10. gr.
Athugun Skipulagsstofnunar.

Þegar framkvæmdaraðili hefur sent Skipulagsstofnun matsskýrslu skal stofnunin innan tveggja vikna meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

Skipulagsstofnun kynnir hina fyrirhuguðu framkvæmd og matsskýrslu. Skal það gert með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, dagblaði sem gefið er út á landsvísu og eftir því sem við á í fjölmiðli sem ætla má að nái til þeirra sem búa nærri framkvæmdasvæði.

Framkvæmdaraðili skal kynna framkvæmd og matsskýrslu í samráði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst. Skipulagsstofnun getur vikið frá þeirri kröfu ef sýnt þykir að framkvæmd og matsskýrsla hafi hlotið fullnægjandi kynningu.

Matsskýrslan skal liggja frammi á aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði og hjá Skipulagsstofnun í sex vikur sem jafnframt er sá frestur sem gefst til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun. Öllum er heimilt að gera athugasemdir við framlagða matsskýrslu.

Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu gefa álit á því hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt í matsskýrslu um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt hvort fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir séu fullnægjandi. Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisaðgerðir.

Umsagnir og athugasemdir sem Skipulagsstofnun berast við athugun stofnunarinnar skulu kynntar framkvæmdaraðila og honum gefinn kostur á að svara þeim eða skýra þau atriði sem þar eru tilgreind. Framkvæmdaraðila skal gefinn a.m.k. viku frestur til að fara yfir fram komnar umsagnir og athugasemdir.

11. gr.

Úrskurður Skipulagsstofnunar.

Innan fjögurra vikna frá því að frestur til athugasemda skv. 4. mgr. 10. gr. rennur út skal Skipulagsstofnun kveða upp rökstuddan úrskurð um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal taka ákvörðun um hvort:

a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða,
b. krafist er ítarlegra mats á framkvæmdinni í heild eða einstökum hlutum hennar eða
c. lagst er gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa.

Þegar krafist er ítarlegra mats skv. b-lið 2. mgr. skal auglýsa það á sama hátt og matsskýrslu, sbr. 2. mgr. 10. gr., og skal auglýsingin eingöngu taka til þess sem krafist er ítarlegra mats á. Ekki þarf að gera matsáætlun skv. 8. gr. fyrir ítarlegra mat. Frestur Skipulagsstofnunar til að úrskurða er sá sami og skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum, niðurstöðu og hvaða skilyrðum hún er bundin ásamt lýsingu á helstu mótvægisaðgerðum þegar það á við.

Skipulagsstofnun er heimilt að setja skilyrði um að framkvæmdaraðili gangist fyrir frekari rannsóknum á tilteknum atriðum fyrir og eftir hina fyrirhuguðu framkvæmd í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að ganga úr skugga um hvaða afleiðingar framkvæmdin hafi í för með sér.

Þegar úrskurður Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal hann kynntur framkvæmdaraðila, leyfisveitendum, umsagnaraðilum og þeim sem gert hafa athugasemdir við matsskýrslu á kynningartíma. Úrskurðurinn skal kynntur á sama hátt og matsskýrsla skv. 2. mgr. 10. gr. innan tveggja vikna frá því að hann var kveðinn upp. Almenningur skal eiga greiðan aðgang að úrskurði Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun skal í úrskurði sínum sérstaklega geta um málskotsrétt hlutaðeigandi og almennings, sbr. 12. gr.

Hafi forsendur breyst vegna nýrra upplýsinga er Skipulagsstofnun heimilt að gera minni háttar breytingar á úrskurði sínum um mat á umhverfisáhrifum eftir birtingu hans hafi þær

breytingar ekki verið fyrirsjáanlegar þegar úrskurður var birtur eða þær séu taldar til bóta og í samræmi við tilgang laganna. Skal breyting kynnt á sama hátt og úrskurður skv. 6. mgr. Ákvörðun Skipulagsstofnunar samkvæmt þessari málsgrein er kæranleg til ráðherra. Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögunum.

12. gr.

Málskot.

Ágreiningi um framkvæmd laga þessara má skjóta til úrskurðar umhverfisráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sbr. 6. gr. laganna, sé matsskyld má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 11. gr. má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann var birtur og fer um kæruna samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, og skal hún vera skrifleg.

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr.

13. gr.

Úrskurður ráðherra.

Umhverfisráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð vegna kæru skv. 2. mgr. 12. gr. innan fjögurra vikna frá því að kærufrestur rann út.

Umhverfisráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð vegna kæru skv. 3. mgr. 12. gr. innan átta vikna frá því að kærufrestur rann út. Um úrskurð ráðherra gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á. Áður en ráðherra kveður upp úrskurð vegna kæru skv. 3. mgr. 12. gr. skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar, framkvæmdaraðila, leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á.

Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ábyrgð framkvæmdaraðila og kostnaður við mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili er ábyrgur fyrir mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Framkvæmdaraðili ber kostnað af mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og af auglýsingum og kynningu á henni.

Umhverfisráðherra setur að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar gjaldskrá vegna kostnaðar stofnunarinnar við framkvæmd laganna varðandi mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda.

15. gr.

Skipulagsáætlanir og starfsleyfi.

Um umfjöllun í skipulagsáætlun um mat á umhverfisáhrifum og matsskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð.

Þegar um starfsleyfisskylda framkvæmd er að ræða samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem jafnframt er matsskyld samkvæmt lögum þessum er framkvæmdaraðila heimilt að fengnu samþykki Skipulagsstofnunar að vinna matsáætlun í samráði við starfsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að matsskýrslu og starfsleyfi.

16. gr.

Leyfi til framkvæmda.

Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir matskyldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir og skal leyfisveitandi taka tillit til hans.

17. gr.

Eftirlit með framkvæmd.

Leyfisveitendur hafa eftirlit með því að framkvæmd sé í samræmi við leyfi og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum.

18. gr.

Mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri.

Ef líklegt þykir að framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ber Skipulagsstofnun að senda því ríki lýsingu á framkvæmdinni ásamt tiltækum upplýsingum um hugsanleg áhrif hennar yfir landamæri. Skipulagsstofnun getur krafist þess að framkvæmdaraðili taki saman upplýsingar um hugsanleg áhrif í viðkomandi ríki á tungumáli þess.

Þegar líklegt þykir að framkvæmd hér á landi muni hafa umtalsverð áhrif á umhverfi annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gefa því tækifæri til að fjalla um málið.

19. gr.

Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisráðherra setur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, reglugerð á grundvelli laga þessara.

20. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63 21. maí 1993, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum séu þær hafnar fyrir árslok 2002.

Ágreiningur um hvort framkvæmd sé hafin samkvæmt þessu ákvæði til bráðabirgða á undir úrskurð umhverfisráðherra.

II.

Mati á umhverfisáhrifum sem hafið er við gildistöku laga þessara skal lokið samkvæmt eldri lögum.

III.

Umhverfisráðherra skal skipa nefnd sem kannar hvort ástæða sé til að sameina og samræma ákvörðunarferli mats, sbr. 11.–13. gr. laganna, við leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir. Skal athugun þessari lokið innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

1. viðauki.

Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

1. Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolíur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.
2. i. Jarðvarmavirkjanir með varmaafl 25 MW eða meira að hráorku, þar með taldar vinnsluholur á háhitasvæðum og rannsóknarholur á háhitasvæðum sem hannaðar eru eins og vinnsluholur, eða 10 MW uppsett varmaafl eða meira.
   ii. Önnur varmaorkuver með 10 MW uppsett rafafl eða meira.
   iii. Vatnsorkuvirkjanir með uppsett rafafl 10 MW eða meira.
3. Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar (kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki lengur til slíkra stöðva þegar öll kjarnakleyf efni og önnur geislamenguð efni hafa verið endanlega fjarlægð af staðnum) eru rifin niður eða tekin úr notkun (nema rannsóknarstöðvar með yfir 1 kW heildarhitaafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarnakleyfum efnum og tímgunarefnum).
4. Stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunnin. Stöðvar til framleiðslu eða auðgunar kjarnakleyfra efna, til vinnslu geislaðra kjarnakleyfra efna eða mjög geislavirks úrgangs, til endanlegrar geymslu á geisluðum kjarnakleyfum efnum, eingöngu til endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi eða eingöngu til geymslu (til meira en tíu ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.
5. Verksmiðjur þar sem fram fer frumframleiðsla eða endurbræðsla á málmum.
6. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu úr asbesti og vörum sem innihalda asbest: fyrir vörur úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn af fullunnum vörum, fyrir núningsþolin efni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullunnum vörum, og fyrir aðra notkun asbests, ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.
7. Efnaverksmiðjur sem framleiða:
   i. lífrænt hráefni,
   ii. ólífrænt hráefni,
   iii. áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur),
   iv. grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lífeyða,
   v. grunnlyfjavörur með efnafræðilegum og líffræðilegum aðferðum,
   vi. sprengiefni.
8. Lagning járnbrauta.
9. Flugvellir með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.
10. i. Stofnbrautir í þéttbýli.
    ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum nær yfir a.m.k. 10 km svæði.
11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
12. Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður.

13. Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir m^3 eða meira.
14. Veita vatnsforða milli vatnasvæða ef flutningurinn er yfir 30 milljónir m^3 á ári. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn.
15. Skolphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.
16. Vinnsla í viðskiptaskyni á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 m^3 af jarðgasi á dag.
17. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km^2 lands eða meira fara undir vatn.
18. Leiðslur sem eru 1 km eða lengri til flutnings á gasi eða vökvum sem eru eldfimir eða hættulegir umhverfi.
19. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:
    i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur,
    ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
    iii. 900 stæði fyrir gyltur eða fleiri.
20. Verksmiðjur:
    i. sem framleiða pappírsdeig úr timbri eða svipuðum trefjaefnum,
    ii. sem framleiða pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.
21. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m^2 svæði eða stærra eða er 150.000 m^3 eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 m^2 svæði eða stærra eða þar sem vinnslutími er áætlaður tíu ár eða lengri.
22. Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.
23. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur með 50.000 m^3 geymslugetu eða meira.
24. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

2. viðauki.

Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:
    a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 10 ha.
    b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýtinn landbúnað.
    c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.
    d. Nýræktun skóga á 40 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi sem til samans nær yfir 10 ha svæði eða stærra eða er á verndarsvæðum.
    e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.
    f. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi búfjár á verndarsvæðum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
    g. Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.

h. Endurheimt lands frá hafi.

2. Námuiðnaður:
   a. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m^2 svæði eða stærra eða er 50.000 m^3 eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 25.000 m^2 svæði eða stærra eða þar sem vinnslutími er tíu ár eða lengri. Efnistaka á verndarsvæðum. (Framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka.)
   b. Neðanjarðarnámur.
   c. Djúpborun, einkum:
      i. borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði,
      ii. borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,
      iii. borun eftir neysluvatni miðað við 5 milljóna m^3 ársnotkun eða meiri (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka),
      iv. að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs.
   d. Iðjuver ofan jarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir.

3. Orkuiðnaður:
   a. Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafl 100 kW eða meira og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráorku eða meira (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
   b. Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stokk; flutningur á raforku með loftlínum á verndarsvæðum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
   c. Geymsla jarðgass ofan jarðar á verndarsvæðum.
   d. Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi á verndarsvæðum.
   e. Geymsla jarðefnaeldsneytis ofan jarðar á verndarsvæðum.
   f. Gerð taflna úr kolum og brúnkolum.
   g. Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
   h. Stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú) með 500 kW uppsett rafafl eða meira.

4. Framleiðsla og vinnsla málma (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka):
   a. Stöðvar til framleiðslu á steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.
   b. Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málmum:
      i. heitvölsunarstöðvar,
      ii. smiðjur með hömrun,
      iii. varnarhúðun með bræddum málmum.
   c. Málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma.
   d. Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málmum öðrum en góðmálmum, einnig endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.).
   e. Stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofan jarðar með rafgreiningar- og efnaaðferð.
   f. Framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.
   g. Stálskipasmíðastöðvar.
   h. Stöðvar sem eru 1 ha að stærð eða meira til smíða og viðgerða á loftförum.

i. Framleiðsla á járnbrautabúnaði.
j. Málmmótun með sprengiefnum.
k. Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.

5. Steinefnaiðnaður:
   a. Koxofnar (þurreiming kola).
   b. Sementsverksmiðjur.
   c. Stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
   d. Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni.
   e. Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar.
   f. Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum eða postulíni.
6. Efnaiðnaður (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka):
   a. Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemískra efna.
   b. Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmílíki og peroxíðum.
   c. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu og önnur kemísk efni á verndarsvæðum.
7. Matvælaiðnaður:
   a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.
   b. Pökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum.
   c. Framleiðsla á mjólkurvörum.
   d. Öl- og maltgerð.
   e. Framleiðsla á sætindum og sírópi.
   f. Sláturhús.
   g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu.
   h. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
   i. Sykurverksmiðjur.
8. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsiðnaður:
   a. Iðnver til framleiðslu á pappír og pappa (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
   b. Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefna.
   c. Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinnum.
   d. Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á beðmi.
9. Gúmmíiðnaður, framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmílíki.
10. Framkvæmdir á grunnvirkjum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka):
    a. Flugvellir á verndarsvæðum.
    b. Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Hafnir utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
    c. Byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir og gerð skipaskurða og fráveituskurða.
    d. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum.
    e. Sporvagnar, lestir í lofti og neðan jarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.

f. Leiðslur til flutnings á olíu og gasi á verndarsvæðum.
g. Vatnsleiðslur utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
h. Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, til dæmis með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri.
i. Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns á verndarsvæðum.
j. Mannvirki á verndarsvæðum til að færa vatnslindir milli vatnasvæða.

11. Aðrar framkvæmdir:
a. Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki.
b. Stöðvar til úrgangslosunar á verndarsvæðum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
c. Skolphreinsistöðvar á verndarsvæðum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
d. Förgunarstöðvar fyrir seyru á verndarsvæðum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
e. Geymsla brotajárns, þar með taldir bílar, sem er að magni 1.500 tonn á ári eða meira.
f. Prófunarbekkir fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.
g. Stöðvar sem framleiða steinullartrefjar.
h. Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.
i. Förgun sláturúrgangs.
j. Endurvinnslustöðvar.
k. Snjóflóðavarnargarðar.

12. Ferðalög og tómstundir:
a. Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum.
b. Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.
c. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglendi.
d. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi.
e. Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.
f. Skemmtigarðar.

13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sbr. 1. og 2. viðauka.
a. Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.
b. Framkvæmdir skv. 1. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.

3. viðauki.

Viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í 2. viðauka.

1. Eðli framkvæmdar.
Athuga þarf eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til:
i. stærðar og umfangs framkvæmdar,
ii. sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum,
iii. nýtingar náttúruauðlinda,
iv. úrgangsmyndunar,
v. mengunar og ónæðis,
vi. slysahættu, einkum með tilliti til efna eða aðferða sem notaðar eru.
2. Staðsetning framkvæmdar.

Athuga þarf hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum með tilliti til:

i. landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun,
ii. magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda,
iii. verndarsvæða:
   (a) friðlýstra náttúruminja og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd,
   (b) svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem Þingvalla, Mývatns- og Laxársvæða og Breiðafjarðar,
   (c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum,
   (d) svæða, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð, sem njóta verndar í samræmi við mengunarvarnareglugerð og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum,
   (e) svæða sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla hér undir enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum,
   (f) hverfisverndarsvæða samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. gr. 4.22 í skipulagsreglugerð,
iv. álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til:
   (a) votlendissvæða,
   (b) strandsvæða,
   (c) sérstæðra jarðmyndana, svo sem hverasvæða, vatnsfalla, jökulminja, eldstöðva og bergmyndana,
   (d) náttúruverndarsvæða, þar með talið svæða á náttúruminjaskrá,
   (e) landslagsheilda, ósnortinna víðerna, hálendissvæða og jökla,
   (f) upprunalegs gróðurlendis, svo sem skóglendis,
   (g) fuglabjarga og annarra kjörlenda dýra,
   (h) svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi,
   (i) svæða þar sem mengun er yfir viðmiðunargildum í lögum og reglugerðum.

3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar.
Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér á undan, einkum með tilliti til:

i. umfangs umhverfisáhrifa, þ.e. þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum,
ii. stærðar og fjölbreytileika áhrifa,
iii. þess hverjar líkur eru á áhrifum,
iv. tímalengdar, tíðni og óafturkræfi áhrifa,
v. sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði,
vi. áhrifa yfir landamæri.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Skipun og störf stjórnskipaðrar nefndar.

Frumvarp þetta til laga um mat á umhverfisáhrifum er samið að meginstefnu til af nefnd sem umhverfisráðherra, Guðmundur Bjarnason, skipaði 30. október 1997. Hlutverk nefndar-

innar var að endurskoða lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

Í nefndinni áttu sæti Ingimar Sigurðsson skrifstofustjóri, formaður, Ísólfur Gylfi Pálmason alþingismaður, Tómas Ingi Olrich alþingismaður, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir sviðsstjóri, tilnefnd af skipulagsstjóra ríkisins, Hjörleifur Kvaran borgarlögmaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Gísli Már Gíslason prófessor, tilnefndur af Náttúruverndarráði. Ritari og starfsmaður nefndarinnar var Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir deildarstjóri. Auk þess starfaði með nefndinni Kristín L. Árnadóttir lögfræðingur.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að hlutverk nefndarinnar sé að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum með hliðsjón af fenginni reynslu frá því að lögin öðluðust gildi 21. maí 1993 og að vinna út frá gögnum sem ráðuneytið og skipulagsstjóri ríkisins höfðu tekið saman. Auk þess var nefndinni ætlað að fella inn í lögin tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB um breytingu á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið, en tilskipunin tók gildi 14. mars 1999 hjá Evrópusambandinu. Hér á landi átti hún að öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún hefði verið samþykkt í sameiginlegu EES-nefndinni en það var gert 26. febrúar 1999 þannig að lögin hefðu átt að öðlast gildi frá og með 26. ágúst 1999. Var nefndinni einnig falið að leggja mat á hvort fella ætti lögin um mat á umhverfisáhrifum inn í ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, eða halda þeim sem sérstökum lögum á sama hátt og verið hefur.

Hinn 22. júlí 1998 sendi nefndin í samráði við umhverfisráðherra til umsagnar drög að frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum til Rafmagnsveitna ríkisins, Landgræðslunnar, Skógræktar ríkisins, Reykjavíkurborgar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Vegagerðarinnar, Landsvirkjunar, Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands, embættis veiðimálastjóra, Siglingastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Ferðamálaráðs Íslands, Umhverfisstofnunar Háskóla Íslands, Landverndar, Félags ráðgjafarverkfræðinga og Náttúruverndarsamtaka Íslands. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Rafmagnsveitum ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Reykjavíkurborg, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, embætti veiðimálastjóra, Orkustofnun, Ferðamálaráði Íslands, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands, Félagi ráðgjafarverkfræðinga og Náttúruverndarsamtökum Íslands.

Núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum eru um margt sérstæð. Þau voru fyrsta löggjöf sinnar tegundar hér á landi. Með setningu þeirra var verið að uppfylla bæði þær skuldbindingar sem ríkið undirgekkst með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum alþjóðasamningum og yfirlýsingum, einkum þeim sem er að finna í Ríóyfirlýsingunni. Á þeim sex árum sem liðin eru frá því að þau öðluðust gildi hafa þau slitið barnsskónum. Reynslan hefur sýnt að þau eru ekki gallalaus og var endurskoðun þeirra því orðin tímabær. Almennt hefur framkvæmd laganna gengið nokkuð vel fyrir sig og flestir ef ekki allir orðið sammála um nauðsyn þess að meta umhverfisáhrif framkvæmda þar sem hætta er á óbætanlegu tjóni eða verulegum skaða á umhverfinu. Í tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB er byggt á þeim meginreglum sem mótast hafa á síðustu árum og áratugum jafnt á alþjóðavettvangi sem í framkvæmd ríkja, þ.e. varúðarreglunni, mengunarbótareglunni, reglunni um verndarsjónarmið og reglunni um að mengun sé upprætt við upptök. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að leggja til að meginreglur þessar yrðu ekki settar inn í frumvarpið sjálft þar sem efni reglnanna og orðalag þeirra er um margt óljóst og enn í mótun. Hins vegar er fjallað um meginreglur þessar í 73. gr. EES-samningsins og ber því að hafa þær í huga við framkvæmd laganna. Meginreglurnar byggjast öðru fremur á því að umhverfisvernd snertir alla og því skulu hagsmunir komandi kynslóða hafðir að leiðarljósi.

Að mati nefndarinnar sem falið var að endurskoða lögin var ekki talin ástæða til að fella lögin um mat á umhverfisáhrifum inn í ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Lög um mat á umhverfisáhrifum eru nokkuð viðamikil og hafa sjálfstæðan sess í þjóðfélaginu. Framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum er auk þess alfarið á ábyrgð ríkisins, þ.e. Skipulagsstofnunar sem úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir. Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, eru hins vegar að mestu leyti á verksviði sveitarstjórna en sveitarstjórnir eru hér aðeins sem umsagnaraðilar. Slík löggjöf verður og aðgengilegri almenningi sé hún í sérstökum lagabálki.

B. Alþjóðasamningar og þróun löggjafar.

Íslendingar hafa með aðild að ýmsum alþjóðasamningum skuldbundið sig til að meta umhverfisáhrif tiltekinna framkvæmda sem líklegar eru til að hafa veruleg, skaðleg áhrif á umhverfið en á liðnum árum hefur mat á umhverfisáhrifum orðið veigamikill hluti af umhverfisrétti bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi. Bandaríkin voru fyrst til að setja löggjöf um mat á umhverfisáhrifum en það var fyrir tæpum þremur áratugum. Nú er viðurkennt að mat á umhverfisáhrifum er mikilvæg leið til að ná fram þeim markmiðum að láta þá sem taka ákvarðanir er snerta umhverfið vera upplýsta um þau umhverfisáhrif sem ákvörðun þeirra hefur og að tryggja að tillit sé tekið til umhverfisins þegar teknar eru slíkar ákvarðanir. Einnig er mat á umhverfisáhrifum tæki stjórnvalda til að upplýsa almenning um framkvæmdir og gefa honum kost á að koma að athugasemdum.

Kveðið hefur verið á um skyldur aðildarríkja til að setja reglur um mat á umhverfisáhrifum í nokkrum alþjóðasamningum. Til að mynda hefur verið gerður sérstakur alþjóðasamningur um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri og er venjulega kallaður ESPOO-samningurinn frá 25. febrúar 1991. Íslensk stjórnvöld undirrituðu samninginn 26. febrúar 1991 en hann hefur ekki enn verið fullgiltur. Eins og nafn samningsins ber með sér gildir hann einungis um mat á umhverfisáhrifum sem ná yfir landamæri en ólíklegt er að framkvæmdir hér á landi valdi umhverfisáhrifum í öðru landi vegna einangrunar þess.

Á Ríóráðstefnunni sem haldin var í Ríó de Janeiro í Brasilíu árið 1992 var mörkuð stefna í alþjóðlegum umhverfisrétti næstu áratuga. Gerð var sérstök yfirlýsing, Ríóyfirlýsingin sem hefur að geyma 27 meginreglur en í 17. reglu er fjallað um mat á umhverfisáhrifum. Þar segir: „Ríki skulu láta fara fram mat á umhverfisáhrifum þegar um er að ræða fyrirhugaða starfsemi sem líkleg er til að hafa veruleg, skaðleg áhrif á umhverfið og háð er úrskurði viðkomandi stjórnvalds.“ Sú meginregla sem olli hvað mestum heilabrotum að koma saman í Ríóyfirlýsingunni var varúðarreglan en segja má að með tilkomu hennar hafi verið mótuð sú meginstefna sem er grundvöllur löggjafar um umhverfismál um heim allan, að umhverfið og náttúran skuli njóta vafans en ekki eins og áður tíðkaðist að framkvæmdir skyldu njóta hans.

Í framhaldi af ráðstefnunni voru gerðir tveir alþjóðasamningar, rammasamningar Sameinuðu þjóðanna, annars vegar um loftslagsbreytingar frá 1992 og hins vegar um líffræðilega fjölbreytni frá 1992. Í samningi um líffræðilega fjölbreytni er meðal annars fjallað um skyldu aðildarríkja til að krefjast mats á umhverfisáhrifum framkvæmda sem líklegar eru til að hafa veruleg, skaðleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Aðrir alþjóðlegir samningar sem Ísland á aðild að og skipta máli varðandi mat á umhverfisáhrifum eru eftirfarandi:

1. Ramsarsamningurinn um verndun votlendis eða „samþykkt um votlendi, sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf“ frá 1971. Markmið sáttmálans er verndun votlendissvæða jarðarinnar og nær verndunin til allra dýra og plantna á vernduðum svæðum. Aðildarríkjum sáttmálans er skylt að stuðla að verndun votlendissvæða og að þau verði nýtt á skyn-

samlegan hátt. Ber hverju aðildarríki að tilnefna a.m.k. eitt mikilvægt votlendissvæði og hafa nú um sex hundruð votlendissvæði í 65 löndum verið skráð hjá skrifstofunni. Þrjú íslensk svæði eru vernduð samkvæmt Ramsarsamningnum en þau eru Þjórsárver, Mývatns- og Laxársvæðið og Grunnafjörður.

2. Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna, dýra og náttúrulegra búsetusvæða þeirra í Evrópu er svæðisbundinn samningur sem gerður var á vettvangi Evrópuráðsins árið 1979. Tilgangur samningsins er að koma á samstarfi ríkja er stuðlar að verndun villtra dýra og jurta í Evrópu og lífsvæða þeirra. Aðildarríkin taka m.a. á sig þá skuldbindingu að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda eða koma fjölda villtra plantna og dýra á það stig sem samsvarar einkum vistfræðilegum, vísindalegum og menningarlegum þörfum o.fl. Einnig er sú skylda lögð á samningsaðila að stuðla að stefnumótun til verndar villtum dýrum og plöntum og lífsvæðum, með sérstöku tilliti til tegunda sem hætt eru komnar eða eru viðkvæmar. Í samningnum er m.a. mælt fyrir um skyldu aðildarríkjanna til að efla verndun villtra planta og dýra og lífsvæða þeirra.

3. Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins frá 1972 kveður á sama hátt og Ramsarsamningurinn á um að aðildarríkin geri skrá yfir svæði sem mikilvæg teljast fyrir arfleifð jarðar. Eru um sex tugir ríkja aðilar að samningnum og hafa hátt í fjögur hundruð svæði verið skráð þannig. Þar af er um fjórðungur svæðanna skráður vegna einstakrar náttúrulegrar arfleifðar. Aðildarríkjum sáttmálans er þjóðréttarlega skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að vernda þau svæði þar sem einstæða náttúrulega arfleifð er að finna og skila þeim til komandi kynslóða. Ekkert svæði á Íslandi er á skrá enn sem komið er en sótt hefur verið um að Þingvellir falli hér undir. Þessi samningur fellur undir menntamálaráðuneytið en þeir sem áður eru taldir undir umhverfisráðuneytið.

C. *Tilskipanir Evrópusambandsins 85/337/EBE og 97/11/EB.*

Markmið þessa frumvarps er m.a. að uppfylla þær skyldur sem íslenska ríkið tók á sig með aðild að EES-samningnum. Meginmarkmið þess samnings er stofnun Evrópska efnahagssvæðisins sem tekur til allra aðildarríkja Evrópusambandsins auk EFTA-ríkjanna að Sviss undanteknu. Með þeim samningi tóku EFTA-ríkin sem aðild eiga að honum á sig þær skyldur að lögleiða ákveðinn hluta af réttarreglum Evrópusambandsins og stefna með því að einsleitni á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 73. gr. EES-samningsins er fjallað um umhverfismál og eru þar sett fram þau markmið sem aðgerðir samingsaðila skulu byggjast á, þ.e. að varðveita, vernda og bæta umhverfið, stuðla að heilbrigði manna og tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Í 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins er fjallað um þær meginreglur sem framangreind markmið samningsaðila skulu byggjast á, að girða skuli fyrir umhverfisspjöll, leggja áherslu á að bæta það tjón sem þegar hefur orðið og leggja greiðsluskyldu á þann sem mengun veldur. Í 73. gr. EES-samningsins er síðan vísað til XX. viðauka sem hefur að geyma lista yfir þær gerðir Evrópusambandsins sem EFTA-ríkin samþykktu að innleiða í landsrétt sinn. Í I. undirflokki XX. viðauka er m.a. að finna tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið.

Tilskipun ráðsins 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið var tekin upp í núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum. Tilskipun ráðsins 97/11/EB um breytingu á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðilar kunna að hafa á umhverfið felur í sér umtalsverðar breytingar á tilskipun 85/337/EBE, það miklar að nauðsynlegt er að taka núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, til endurskoðunar.

Frumvarp þetta byggist á framangreindum tveimur tilskipunum, þ.e. 85/337/EBE og 97/11/EB. Fyrri tilskipunin 85/337/EBE var sett með tilvísun til 100. og 235. gr. Rómarsamningsins. Þessum greinum Rómarsamningsins var ekki ætlað að vera stoð fyrir afleidda löggjöf um umhverfismál en var nýtt sem slík þar til einingarlögin svokölluðu tóku gildi 1. júlí 1997 en enska heitið þeirra er „The Single European Act". Með þeim var í fyrsta sinn sett ákvæði um umhverfisrétt í Rómarsamninginn en það eru 130. gr. r, s, og t, svo og 100. gr. a. Eins og áður sagði höfðu gerðir sem fjölluðu um umhverfismál verið gefnar út með vísun til 100. og 235. gr. Rómarsamningsins fyrir tilkomu einingarlaganna. Í 100. gr. er fjallað um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum og 235. gr. felur í sér heimild til að setja reglur til þess að ná markmiðum bandalagsins varðandi starfsemi hins sameiginlega markaðar. Er 73. gr. EES-samningsins því sem næst samhljóða 130. gr. r í Rómarsamningnum.

Tilskipun ráðsins 97/11/EB um breytingu á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið er sett með hliðsjón af 1. mgr. 130. gr. s Rómarsamningsins og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í Rómarsamningnum. Í markmiðskafla tilskipunarinnar segir að framkvæmd mats á umhverfisáhrifum sé grundvallaratriði stefnu í umhverfismálum eins og hún er skilgreind í 130. gr. r í sáttmálanum. Í inngangi tilskipunarinnar kemur einnig fram að tilurð seinni tilskipunarinnar byggist á skýrslu um framkvæmd tilskipunar 85/337/EBE sem framkvæmdastjórnin samþykkti 2. apríl 1993 en hún sýndi að nauðsynlegt var að setja nánari ákvæði til að skýra, auka við og bæta reglur um framkvæmd mats á umhverfisáhrifum til þess að tryggja að tilskipuninni verði beitt með æ samhæfðari og skilvirkari hætti.

Miklu skiptir varðandi aðlögun tilskipunar í íslenskan rétt hvort hún er byggð á 100. gr. eða 130. gr. r, s, eða t þar sem aðildarríkjum EES-samningsins er ekki heimilt að setja strangari reglur en þær sem koma fram í tilskipunum Evrópusambandsins séu þær byggðar á 100. gr. a Rómarsamningsins. Hins vegar er aðildarríkjum heimilt að gera strangari kröfur en koma fram í tilskipuninni ef byggt er á 130. gr. r, s eða t. Tilskipun 97/11/EBE sem byggt er á við gerð frumvarpsins mælir fyrir um lágmarkskröfur þær sem ríki verða að uppfylla en þeim er í sjálfsvald sett hvort þau vilja gera ríkari kröfur en þær sem settar eru fram í tilskipuninni.

Skýrsla umhverfisráðherra um mótun stefnu í umhverfismálum var lögð fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1993 en skýrslan ber heitið: „Á leið til sjálfbærrar þróunar, stefna og framkvæmdir ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum." Í skýrslunni kemur m.a. fram að stefna ríkisstjórnarinnar sé að leggja grunn að þróun sem fái staðist til frambúðar með því að efla aðgerðir sem koma í veg fyrir óæskileg áhrif manna og dýra á náttúrulegt umhverfi eða draga úr þeim, bæta umhverfið og eftir megni að koma í veg fyrir, draga úr eða tefja óæskilegar breytingar á umhverfi okkar af völdum náttúrurafla. Jafnframt er vísað til nokkurra þeirra meginreglna sem hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar byggist á, m.a. reglunnar um að hver einstaklingur eigi rétt á umhverfi sem stuðlar að heilbrigði og farsæld, réttar sérhvers einstaklings varðandi ákvarðanir er snerta nánasta umhverfi hans og til mengungarbótareglunnar (Polluter Pays Principle). Í frumvarpinu er byggt á nefndum meginreglum.

D. Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins.

1. Markmið laganna eru nánar útfærð í 1. gr.
2. Í 2. gr. er lagt til að frumvarpið gildi um allar framkvæmdir hvort heldur er á landi eða sjó innan íslenskrar mengunarlögsögu en ekki einungis á landi að stórstraumsfjöruborði eins og nú er.

3. Í 3. gr. er að finna mun ítarlegri skilgreiningar orða og hugtaka en í lögum nr. 63/1993.
4. Samkvæmt 4. gr. verður það hlutverk Skipulagsstofnunar en ekki skipulagsstjóra ríkisins að annast eftirlit með framkvæmd laganna og úrskurða um mat á umhverfisáhrifum og er það í samræmi við ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997.
5. Í 5. gr. er skírskotað til 1. viðauka við frumvarp þetta en þar eru taldar upp allar þær framkvæmdir sem matsskyldar eru samkvæmt frumvarpi þessu í stað þess að tilgreina þær sérstaklega í lögunum eins og gert er í núgildandi lögum.
6. Í 5. gr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða að þegar fleiri en ein framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði verði umhverfisáhrif þeirra metin sameiginlega. Þess háttar ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.
7. Í 5. gr. er ráðherra veitt heimild til að undanskilja ákveðnar framkvæmdir ákvæðum laganna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þetta er gert í samræmi við ákvæði tilskipunar 97/11/EB.
8. Sú breyting verður frá 6. gr. laga nr. 63/1993 að nú ber að tilkynna allar framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka tilskipunar 97/11/EB til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum, en samkvæmt lögunum var ekki um slíka tilkynningarskyldu að ræða heldur var hún í reglugerð nr. 179/1994.
9. Í 6. gr er gerð sú breyting að Skipulagsstofnun ákvarðar um matsskyldu framkvæmda í stað ráðherra, þ.e. um þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka tilskipunar 97/11/EB og er ákvörðun Skipulagsstofnunar kæranleg til ráðherra.
10. Í 2. viðauka frumvarpsins eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. Listinn er sá sami og í 2. viðauka tilskipunar 97/11/ESB nema hvað gerðar hafa verið lítils háttar breytingar við aðlögun hans að íslenskum aðstæðum.
11. Í þriðja viðauka frumvarpsins eru tilgreindar þær viðmiðanir sem hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun um matsskyldu framkvæmda skv. 6. gr. Listinn er sá sami og í 3. viðauka tilskipunar 97/11/ESB nema hvað gerðar hafa verið lítils háttar breytingar við aðlögun hans að íslenskum aðstæðum.
12. Samkvæmt 8., 9. og 10. gr. er matsferlið einfaldað. Gert er í fyrsta lagi ráð fyrir að framkvæmdaraðili leggi fram tillögu að matsáætlun fyrir Skipulagsstofnun, í öðru lagi matsskýrslu framkvæmdaraðila sem skal vera í samræmi við matsáætlun Skipulagsstofnunar og í þriðja lagi úrskurð Skipulagsstofnunar sem byggist á matsskýrslu, umsögnum, athugasemdum og áliti framkvæmdaraðila á fram komnum umsögnum og athugasemdum.
13. Samkvæmt 10. gr. er öllum heimilt að gera athugasemdir við framlagða matsskýrslu sem er til samræmis við þá framkvæmd sem verið hefur.
14. Lagt er til í 10. gr. að Skipulagsstofnun og framkvæmdaraðili sjái um sameiginlega kynningu á framkvæmd og matsskýrslu í upphafi kynningartíma.
15. Lagt er til eitt heildstætt matsferli sem m.a. getur leitt til að fram fari ítarlegra mat á framkvæmd í heild eða að hluta í stað þess að fram fari frummat og frekara mat.
16. Í 11. gr. er Skipulagsstofnun heimilað að leggjast gegn viðkomandi framkvæmd án þess að krefjast ítarlegra mats vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa sem framkvæmdin muni hafa í för með sér.
17. Í 11. gr. er reynt að auka aðgengi almennings að matsskýrslu og úrskurði Skipulagsstofnunar og að tryggja sem best að almenningur geti haft áhrif á niðurstöðu úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.
18. Í 11. gr. er lagt til að Skipulagsstofnun meti hvort framkvæmd sem ekki hefur hafist innan tíu ára frá því að mat á umhverfisáhrifum hennar fór fram skuli fara að nýju í mat.

19. Í 11. gr. er lagt til að Skipulagsstofnun sé heimilt að gera minni háttar breytingar við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum eftir birtingu hans að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
20. Til að taka af öll tvímæli er lagt til í 12. gr. að allir geti kært ákvarðanir og úrskurði Skipulagsstofnunar.
21. Í 15. gr. er lagt til að heimilt verði að vinna saman að matsáætlun á vegum Skipulagsstofnunar og útgáfu starfsleyfis á vegum starfsleyfisveitanda, en samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að þessir þættir séu unnir hvor í sínu lagi.
22. Lagt er til í 17. gr. að um eftirlit fari samkvæmt þeim lögum sem leyfi er gefið út samkvæmt enda skuli í leyfi tekið fullt tillit til úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum.
23. Í 18. gr. er lagt til að Skipulagsstofnun beri að tilkynna viðkomandi ríki á Evrópska efnahagssvæðinu um framkvæmdir sem muni geta haft umtalsverð umhverfisáhrif í því ríki.
24. Þær framkvæmdir, sem undanþegnar eru núgildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum, sbr. ákvæði til bráðabirgða I, verða að hefjast fyrir árslok 2002 eigi þær að vera undanþegnar matsskyldu.
25. Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I er lagt til að ágreiningur um hvort framkvæmd sé hafin eigi undir úrskurð ráðherra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla laganna eru ákvæði um markmið og gildissvið auk skilgreininga á ýmsum hugtökum sem er að finna í lögunum til skýringar. Lagalegar skýringar hugtaka verða að vera eins nákvæmar og kostur er því framkvæmd laganna er órjúfanlega tengd þeim.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Í greininni er fjallað um markmið laganna og eru þau í meginatriðum þríþætt;

Í fyrsta lagi að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum. Litið er á mat á umhverfisáhrifum sem mikilvægt tæki stjórnvalda til að ná fram markmiðum í umhverfismálum og stuðla að sjálfbærri þróun. Eitt af markmiðum laganna er að tryggja að Skipulagsstofnun fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið ákvörðun um tiltekið verkefni með fulla vitneskju um hvaða líkur eru á því að verkefnið hafi veruleg áhrif á umhverfið.

Í öðru lagi að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuni að gæta til þess að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á umhverfið.

Í þriðja lagi að tryggja aðkomu almennings að mati á hinni fyrirhuguðu framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með því að kynna umhverfisáhrif framkvæmdanna og stuðla að því að koma megi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurðað er um matið. Einn helsti tilgangur áðurnefndar tilskipunar 97/11/EB er að tryggja sem best aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna. Lagt er til að lögin gildi um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í landhelgi, eða í mengunarlögsögu Íslands og er það breyting frá gildandi lögum en þau ná ekki yfir framkvæmdir utan stórstraumsfjöru.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem koma fram í frumvarpinu. Í gildandi lögum er einungis að finna skilgreiningar á hugtakinu „framkvæmdaraðili“ og „leyfisveitandi“ og eru þær óbreyttar hér. Við skilgreiningu á þeim hugtökum sem koma fram í frumvarpinu hefur verið stuðst við skýringar í tilskipun 85/337/EBE og 97/11/EB.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um yfirstjórn þeirra mála sem lögin taka til. 1. mgr. er samhljóða 1. málsl. 3. gr. gildandi laga. Eftirlitshlutverk Skipulagsstofnunar með framkvæmd laganna er hins vegar áréttað og að stofnunin skuli veita leiðbeiningar og ráðgjöf, úrskurða um mat á umhverfisáhrifum matsskyldra framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir ásamt því að taka ákvörðun um hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Frá því að núgildandi lög öðluðust gildi hefur stofnunin ekki einungis haft með úrskurði um mat á umhverfisáhrifum að gera eins og lögin mæla fyrir um heldur hefur hún haft mikilvægu hlutverki að gegna við aðra framkvæmd laganna, svo sem við að veita leiðbeiningar og ráðgjöf.

Um III. kafla.

Í kaflanum er fjallað um þær framkvæmdir sem matsskyldar eru og er hér að langmestu leyti tekið mið af tilskipun 97/11/EB og viðaukum við hana. Í fyrsta lagi er um að ræða framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum og eru þær taldar í 1. viðauka við frumvarpið. Í öðru lagi er um að ræða framkvæmdir sem taldar eru í 2. viðauka við frumvarpið og eru þær matsskyldar samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar en skylt er að tilkynna stofnuninni um slíkar framkvæmdir. Loks getur ráðherra ákveðið að tilteknar framkvæmdir sem ekki eru taldar í 1. og 2. viðauka skuli matsskyldar.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni skulu þær framkvæmdir sem taldar eru í 1. viðauka ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum, oft nefndar framkvæmdir á skyldulista. Í tilskipun 97/11/EB eru gerðar lágmarkskröfur til aðildarríkjanna og skulu þær framkvæmdir sem taldar eru í 1. viðauka við tilskipunina ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. viðauka.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra geti að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila ákveðið í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði að þær verð metnar sameiginlega. Þess háttar ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. Varðandi stærri framkvæmdir getur verið um að ræða nokkrar matsskyldar framkvæmdir sem eru háðar hver annarri en á vegum ólíkra aðila, svo sem verksmiðja, höfn, vegur og veitur. Æskilegt getur verið að kynna og fjalla um þessar framkvæmdir samtímis.

Í 3. mgr. er að finna heimild til handa ráðherra til að undanskilja vissar framkvæmdir skv. 5. og 6. gr. matsskyldu. Í slíkum tilvikum skal ráðherra ákveða hvort fara skuli fram annars konar mat á umhverfisáhrifum og hvaða aðgang almenningur skuli hafa að þeim upplýsingum sem safnað er. Einnig er lagt til það nýmæli að ráðherra geti heimilað að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar skuli fara fram með öðrum hætti en fyrirskipað er í lögum þessum. Þessi tillaga er sett fram í ljósi reynslunnar en sú málsmeðferð að framkvæmd skuli vera ákveðin löngu áður en hún hefst, t.d. um staðsetningu eða umfang, á ekki við um allar framkvæmdir. Dæmi um slíkt er framkvæmd sem er þess eðlis að hún verði ekki metin í heild sinni á þeim tíma sem þarf til að vinna áfram að undirbúningi framkvæmdar eða ekki sé hægt að ákveða fyrir fram nákvæmlega staðsetningu hennar, t.d. borholu. Með þessari undanþágu-

heimild er ekki verið að leggja til lakari málsmeðferð en kveðið er á um í IV. kafla, enda segir að framkvæmdin skuli vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í honum. Framkvæmdaraðili sem sækir um slíka undanþágu til ráðherra skal leggja fram tillögur að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar á annan hátt en kveðið er á um í lögum þessum og rökstyðja beiðni sína ítarlega. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitanda og annarra aðila eftir því sem við á, enda ekki síður þörf á vandaðri málsmeðferð þegar veitt er undanþága frá almennum reglum laganna. Ráðherra skal síðan tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendum undanþágan sé veitt samkvæmt málsgreininni og láta sameiginlegu EES-nefndinni í té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að. Þessi undanþága 3. mgr. er til samræmis við 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 97/11/EB þar sem aðildarríkjunum er veitt heimild í sérstökum tilvikum til að undanskilja sérstakar framkvæmdir ákvæðum tilskipunarinnar með öllu eða að hluta með þeim skilyrðum sem greinir hér að framan.

Um 6. gr.

Samkvæmt greininni er lagt til breytt fyrirkomulag frá gildandi lögum, sbr. almennar athugasemdir með frumvarpinu. Er lagt til að það fyrirkomulag verði tekið upp sem tilskipun 97/11/EB gerir ráð fyrir, þ.e. að ákvarðanir um hvort þær framkvæmdir sem taldar eru í 2. viðauka við frumvarpið, sem samsvarar II. viðauka við tilskipunina, séu teknar með því að skoða annars vegar hvert tilvik um sig (case by case) eða með því að taka mið af þeim mörkum eða viðmiðunum sem hafa verið sett (thresholds criteria). Hér beri fyrst og fremst að taka tillit til þeirra viðmiðana sem kveðið er á um í 3. viðauka við frumvarpið sem að mestu samsvarar III. viðauka við tilskipun 97/11/EB.

Í 1. mgr. er því lagt til að þær framkvæmdir sem taldar eru í 2. viðauka við frumvarpið skuli háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs og eðlis, staðsetningar eða væntanlegra umhverfisáhrifa framkvæmdar. Sé hin fyrirhugaða framkvæmd meðal þeirra sem taldar eru í 2. viðauka beri framkvæmdaraðila skv. 2. mgr. að tilkynna Skipulagsstofnun um hana sem skal taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé matsskyld og skal stofnunin við ákvörðunina fara eftir viðmiðunum í 3. viðauka. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 2. og 3. viðauka. Í síðasta málslið 2. mgr. og 3. mgr. er svo kveðið á um að Skipulagsstofnun skuli gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni. Enn fremur er lagt til að almenningur geti tilkynnt framkvæmd til stofnunarinnar eða borið fram fyrirspurn um þær sem taldar eru upp í 2. viðauka. Markmiðið með ákvæði þessu er að auðvelda aðkomu almennings og stuðla að því að þær framkvæmdir sem kunna að vera matsskyldar samkvæmt frumvarpinu verði tilkynntar stofnuninni. Hafa ber í huga að almenningur getur kært ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. og 3. mgr. til ráðherra.

Um 7. gr.

Í greininni er að finna ákvæði sem er að mestu samhljóða 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Lagt er til að ráðherra geti ákveðið að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka skuli háð mati á umhverfisáhrifum ef sýnt þykir að hún kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmdir og viðmiðanir sem getið er í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og ekki eru tilteknar í viðaukum 1 og 2. Við ákvörðunina skuli ráðherra fylgja viðmiðunum í 3. viðauka og leita umsagnar Skipulagsstofnunar og leyfisveitenda. Það gefur ráðherra nauðsynlegt svigrúm til að ákveða hvort framkvæmd skuli matsskyld þótt hún sé ekki talin upp meðal þeirra sem greinir í 1. og 2. viðauka. Óvíst er hvort

upp kunna að koma framkvæmdir í framtíðinni sem hafa umtalsverð umhverfisáhrif en eru ekki meðal matsskyldra framkvæmda samkvæmt frumvarpinu.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er lögð til breytt málsmeðferð frá núgildandi lögum vegna matsskyldra framkvæmda. Er lagt til að matsferillinn hefjist með því að framkvæmdaraðili geri tillögu til Skipulagsstofnunar að matsáætlun. Skipulagsstofnun ber að taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna. Framkvæmdaraðili skal síðan gera matsskýrslu sem byggist á matsáætlun og senda hana til úrskurðar Skipulagsstofnunar. Stofnunin tekur skýrsluna til athugunar og ef sérstakar ástæður mæla með er óskað eftir frekari upplýsingum áður en hún úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega. Með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til einfaldast málsmeðferðin frá því sem nú er. Markmiðið er og að framkvæmdaraðili leggi fram á viðhlítandi hátt þær upplýsingar sem krafist er í IV. viðauka við tilskipun 97/11/EB og að Skipulagsstofnun segi til um hvaða upplýsingar framkvæmdaraðili skuli veita. Er hér einkum höfð hliðsjón af 7. mgr. 1. gr. tilskipunar 97/11/EB og verið að uppfylla þær skyldur sem þar er kveðið á um.

Loks er fjallað um réttinn til að skjóta ákvörðunum og úrskurðum Skipulagsstofnunar til úrskurðar ráðherra.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að sé fyrirhuguð framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum skuli framkvæmdaraðili gera tillögu til Skipulagsstofnunar að matsáætlun eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Þar skuli lýsa framkvæmdinni, framkvæmdasvæði og helstu möguleikum sem til greina koma, svo sem á tilhögun og staðsetningu og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skuli og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis lögð verði áhersla, hvaða gögn liggi fyrir og áætlun um kynningu og samráð. Framkvæmdaraðila ber að kynna tillögu að matsáætlun fyrir umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun.

Í 2. mgr. er lagt til að Skipulagsstofnun skuli taka ákvörðun um tillögu að matsáætlun framkvæmdaraðila, hvort fallist sé á tillöguna eða stofnunin telji hana ófullnægjandi. Fallist Skipulagsstofnun ekki á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ber stofnuninni að rökstyðja ákvörðun sína, gera grein fyrir því sem hún telur ábótavant og leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu tillögu að matsáætlun. Mikið er lagt upp úr samráði milli Skipulagsstofnunar og framkvæmdaraðila um gerð matsáætlunar til að hún verði sem best úr garði gerð. Skal matsáætlunin taka mið af umfangi og eðli framkvæmda, staðsetningu og hugsanlegum umhverfisáhrifum og skal þar koma fram á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis áhersla verði lögð við matið og hvaða gagna skuli að lágmarki aflað auk þess sem þar skulu koma fram þær kröfur sem gerðar eru til kynningar og samráðs.

Markmiðið með þessari grein er að matsáætlun framkvæmdaraðila skv. 2. mgr. verði grunnur að matsskýrslu hans. Þannig verði sem best komið í veg fyrir að upplýsingar skorti í matsskýrslu sem kynni að tefja matsferlið. Um leið er sá varnagli sleginn í 4. mgr. að lagt er til að stofnunin geti á síðari stigum óskað eftir frekari gögnum ef sérstakar ástæður mæla með enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um matsskýrslu vegna matsskyldra framkvæmda. Skv. 1. mgr. skal framkvæmdaraðili sem hyggur á framkvæmd sem er háð mati á umhverfisáhrifum gera skýrslu um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. Skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr. og er það til samræmis við það sem áður segir um 8. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. eru nefndir helstu þættir sem sérstaklega ber að taka tillit til við mat á umhverfisáhrifum. Er við þá upptalningu tekið mið af IV. viðauka við tilskipun 97/11/EB en lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið. Helstu breytingar frá gildandi lögum felast í því að lagt er til í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar að framkvæmdaraðili geri grein fyrir helstu möguleikum sem hann hefur kannað og til greina koma, svo sem varðandi tilhögun og staðsetningu. Nýmæli þetta hefur mikla þýðingu því að samanburður á helstu möguleikum er ein helsta forsendan fyrir því að raunveruleg umhverfisáhrif hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar séu metin. Enn fremur er það nýmæli að lýsa skuli fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum og að gera skuli stutta og skýra samantekt um matsskýrsluna og niðurstöðu hennar. Þýðing slíkrar samantektar er að hún gerir skýrsluna mun aðgengilegri almenningi.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er fjallað um athugun og úrskurð Skipulagsstofnunar. Líkt og samkvæmt gildandi lögum úrskurðar Skipulagsstofnun um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin skal innan tveggja vikna meta hvort skýrsla framkvæmdaraðila uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. samkvæmt matsáætlun. Í 4. mgr. 8. gr. er kveðið á um heimildir stofnunarinnar til að fara fram á það við framkvæmdaraðila að hann leggi fram frekari gögn.

Í 2. mgr. er fjallað um kynningu á matsskýrslu. Markmiðið með slíkri kynningu er fyrst og fremst að gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum vegna hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar og kynna framkvæmdina fyrir honum. Samkvæmt frumvarpinu skal skýrslan kynnt hið minnsta í Lögbirtingablaði, einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í þeim fjölmiðli sem ætla má að nái til sem flestra nærri framkvæmdasvæði hverju sinni eftir því sem við á. Með því er stefnt að því að kynningin nái sem mestri útbreiðslu. Ráðherra getur og gert frekari kröfur til kynningar í reglugerð telji hann þörf á því, t.d. að fenginni reynslu.

Í 4. mgr. er fjallað um kynningu á skýrslunni og hvar hún skuli liggja frammi. Þar er sem fyrr miðað við sex vikna frest til að skila athugasemdum og er lagt til að öllum sé heimilt að gera athugasemdir. Þótt í gildandi lögum sé ekki sérstaklega fjallað um hverjir geti gert athugasemdir hafa þau verið skýrð svo að um almenna athugasemdaheimild sé að ræða og almenna kæruheimild einnig, sbr. og 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Þykir ástæða til að færa þennan rétt almennings í lög (actio popularis) svo að ekkert fari á milli mála enda verður þeim sjónarmiðum sem fram koma í tilskipun 97/11/EB um aðild almennings ekki náð með öðru móti. Það er um leið forsenda þess að nauðsynlegar upplýsingar liggi til grundvallar ákvörðun um tiltekna framkvæmd sem jafnframt er eitt af markmiðum tilskipunar 97/11/EB.

Í 5. mgr. er leiðbeint um þau atriði sem umsagnaraðilar skulu fjalla um en skv. 8. mgr. 1. gr. tilskipunar 97/11/EB skal tryggja að yfirvöld, sem líklegt er að framkvæmdirnar varði sökum þess að umhverfismál heyra að einhverju leyti undir þau, fái tækifæri til að láta í ljós álit sitt á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili leggur fram og á umsókn hans um framkvæmdaleyfi. Lagt er til að Skipulagsstofnun leiti að lágmarki umsagnar leyfisveitenda og annarra sem málið varðar. Ekki er hins vegar tekið af skarið um það til hverra stofnunin skuli leita en hér er fyrst og fremst átt við fagstofnanir á viðkomandi sviði, svo sem Náttúruvernd

ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Siglingastofnun Íslands, skipulags- og byggingaryfirvöld sveitarfélaganna og hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Nauðsynlegt er að stofnunin hafi nokkurt svigrúm til að ákveða það en framkvæmdin hefur verið sú að Skipulagsstofnun hefur leitað umsagnar viðkomandi fagstofnana og þeirra samtaka og einstaklinga sem hagsmuna eiga að gæta og málið varðar hverju sinni.

Í 6. mgr. er framkvæmdaraðila veittur réttur til andmæla og gefinn kostur á að svara þeim athugasemdum sem fram koma og skýra þau atriði sem tilgreind eru í umsögnum og athugasemdum sem stofnuninni berast vegna matsskýrslu í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Gefa skal framkvæmdaraðila a.m.k. viku frest til að fara yfir fram komnar umsagnir og athugasemdir en ef framkvæmdaraðili óskar eftir lengri fresti er Skipulagsstofnun heimilt að veita hann og þá jafnframt lengja þann frest sem stofnunin hefur til að úrskurða sem þeim tíma nemur.

Um 11. gr.

Greinin samsvarar efnislega 11. gr. gildandi laga, sbr. nefndarálit umhverfisnefndar um frumvarp til laga um umhverfismat sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi, þskj. 1139. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir frummati, sbr. 8. gr. gildandi laga, og frekara mati, sbr. 11. gr., þar sem ekki er fallist á framkvæmd, heldur einu matsferli þannig að ítarlegra mat yrði hluti alls ferlisins en ekki sjálfstætt mat. Einnig er hægt að synja framkvæmd án þess að krefjast áður frekara mats eins og í gildandi lögum. Þar sem frumvarp þetta kveður á um breytta tilhögun matsferlis er lagt til að Skipulagsstofnun kveði upp úrskurð innan fjögurra vikna frá því að frestur til athugasemda rennur út í stað þriggja vikna eins og gert er í gildandi lögum. Lagt er til í 3. mgr. að þegar krafist er ítarlegra mats skv. b-lið 2. mgr. skuli auglýsa það með sama hætti og matsskýrslu skv. 2. mgr. 10. gr. Það mat sem krafist er skv. b-lið kann að vera umfangsmikið og því ekki óeðlilegt að um kynningu á því fari líkt og kynningu á matsskýrslu skv. 10. gr. Samkvæmt c-lið getur Skipulagsstofnun lagst gegn framkvæmd telji stofnunin að um sé að ræða umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. skilgreiningu í 3. gr. á umtalsverðum umhverfisáhrifum. Dæmi um umtalsverð umhverfisáhrif er staðsetning framkvæmdar á viðkvæmu svæði eða vegna mengunarviðmiðana í lögum eða alþjóðlegum samningum. Í 4. mgr. er svo að finna leiðbeiningar um hvernig úrskurður Skipulagsstofnunar skuli úr garði gerður.

Í 5. mgr. er það nýmæli lagt til að Skipulagsstofnun verði heimilt að binda framkvæmd því skilyrði að framkvæmdaraðili gangist fyrir frekari rannsóknum á tilteknum atriðum fyrir og eftir hina fyrirhuguðu framkvæmd í þeim tilgangi meðal annars að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að ganga úr skugga um hvaða afleiðingar framkvæmdin hafi í för með sér. Slíkar aðgerðir til verndar umhverfinu eru mjög mikilvægar, ekki síst í ljósi þess að líklegt er að framkvæmdir sem eru matsskyldar samkvæmt frumvarpinu hafi umtalsverð áhrif á umhverfið. Skipulagsstofnun ber að gæta meðalhófsreglu stjórnsýslulaga við framangreindar ákvarðanir.

Loks er í 6. mgr. fjallað um kynningu á úrskurði Skipulagsstofnunar og um greiðan aðgang almennings að honum og að stofnuninni beri að vekja athygli á málskotsrétti til ráðherra.

Í 7. mgr. er það nýmæli að finna að mat á umhverfisáhrifum gildi aðeins í tiltekinn tíma, þ.e. hafi framkvæmd ekki hafist innan tíu ára frá úrskurði geti Skipulagsstofnun ákvarðað hvort framkvæmdina skuli meta að nýju að þeim tíma liðnum. Forsendur sem fyrra mat byggist á kunna að breytast með tímanum og því er ákvæði þetta lagt til.

Um 12. gr.

Samkvæmt greininni má í fyrsta lagi skjóta ágreiningi um framkvæmd laganna til úrskurðar umhverfisráðherra. Í annan stað má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 6. gr. um hvort fyrirhuguð framkvæmd sé matsskyld sem er nýmæli og loks má kæra úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 11. gr. til ráðherra. Skv. 4. mgr. hafa allir rétt til að kæra.

Frestur til að kæra úrskurð Skipulagsstofnunar er óbreyttur frá gildandi lögum.

Að öðru leyti er lagt til í frumvarpinu að um kæruna fari samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 14. gr. núgildandi laga, nema í stað þess að miða við átta vikur frá því að beiðni berst ráðherra er lagt til að hann kveði upp úrskurð innan átta vikna frá því að kærufrestur á úrskurði Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 12. gr. rennur út. Þannig skiptir ekki máli hvenær innan fjögurra vikna frestsins úrskurður Skipulagsstofnunar er kærður eins og ráða má af gildandi lögum þótt í framkvæmdinni hafi í reynd verið miðað við lok frestsins. Þá er lagt til að ráðherra hafi fjórar vikur til að kveða upp úrskurð vegna kæru á ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort fyrirhuguð framkvæmd sé matsskyld skv. 6. gr., þ.e. 2. viðauka. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í greininni er lögfest með ótvíræðum hætti ábyrgð framkvæmdaraðila á mati á umhverfisáhrifum. Greinin er að öðru leyti efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga. Þó er áréttað að framkvæmdaraðili beri einnig kostnað af auglýsingum og kynningu á hinni fyrirhuguðu framkvæmd. Sá kostnaður, sem fellur á Skipulagsstofnun, er fólginn í vinnu tengdri almennri stjórnsýslu, þar á meðal leiðbeiningum og ráðgjöf til almennings. Allur annar kostnaður fellur á framkvæmdaraðila í samræmi við mengunarbótarregluna. Áður en vinna hefst við matsáætlun er rétt að fyrir liggi áætlun um kostnað af vinnu Skipulagsstofnunar við matsáætlun og matsskýrslu auk kostnaðar af auglýsingum o.fl.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um skipulagsáætlanir samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfisskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í mörgum tilvikum er hin fyrirhugaða framkvæmd matsskyld og jafnframt starfsleyfisskyld samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 7/1998. Því er lagt til í 2. mgr. að þegar um starfsleyfisskyldar framkvæmdir er að ræða sé framkvæmdaraðila heimilt að vinna tillögu að matsáætlun í samráði við starfsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að matsáætlun og starfsleyfi. Slík tillaga þarf að hljóta samþykki Skipulagsstofnunar, sbr. 8. gr. Er þetta í samræmi við heimild í tilskipun 97/11/EB. Ætti þetta að flýta fyrir meðferð mála ef á heildina er litið en af gildandi lögum má ráða að vinnsla starfsleyfis fari fyrst af stað þegar úrskurður liggur fyrir, sbr. 13. gr. laganna, og hefur verið svo í reynd. Hvað skipulagsáætlanir varðar vísast að öðru leyti til greinargerðar með 4. gr. núgildandi laga, sbr. ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Um 16. gr.

Í greininni er lagt til að haldið verði í þá skýru reglu að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir matsskylda framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Að öðru leyti er ákvæðið efnislega samhljóða 13. gr. núgildandi laga.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlitshlutverk leyfisveitanda. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum og hefur gætt óvissu um það í framkvæmd hver fari með eftirlit með framkvæmdum þegar leyfi hefur verið gefið út sem m.a. byggist á mati á umhverfisáhrifum. Ljóst er að leyfisveitendur hafa eftirlitshlutverki að gegna samkvæmt öðrum lögum. Af þeim sökum er jafnframt lagt til að hið sama gildi um þvingunarúrræði og aðrar ráðstafanir sem sá sem eftirlitinu gegnir grípur til. Því er lagt til að ákvæði 16. gr. gildandi laga um refsingu verði fellt niður og fer þá um slíkt samkvæmt sérlögum, svo sem skipulags- og byggingarlögum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, enda er þá brotið gegn þeim eða reglugerðum gefnum út samkvæmt þeim.

Um 18. gr.

Í greininni er að finna ákvæði sem er efnislega sambærilegt við 9. mgr. 1. gr. tilskipunar 97/11/EB um mat á umhverfisáhrifum þegar líklegt þykir að framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í öðru ríki. Hér er um þjóðréttarlega skyldu að ræða sem þarfnast lögfestingar auk þess sem slík tilkynningarskylda er sjálfsögð milli ríkja. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 15. gr. núgildandi laga nema lagt er til að ráðherra leiti umsagnar Skipulagsstofnunar áður en hann setur reglugerð á grundvelli laganna. Gildandi reglugerð á þessu sviði er nr. 179/1994, um mat á umhverfisáhrifum.

Um 20. gr.

Tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB öðlast gildi 14. mars 1999 í Evrópusambandinu, sbr. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Ísland hefur skuldbundið sig til þess að leiða þær breytingar sem fram koma í tilskipuninni í lög fyrir 26. ágúst 1999 eða sex mánuðum eftir að samþykkt var í sameiginlegu EES-nefndinni að hún væri tæk. Sá frestur er liðinn en mikilvægt er að Ísland uppfylli skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum sem fyrst og er því lagt til að lögin taki þegar gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæði til bráðabirgða I er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða í gildandi lögum þess efnis að leyfi sem gefin eru út fyrir 1. maí 1994 falli úr gildi hefjist framkvæmdir ekki fyrir árslok 2002. Samkvæmt gildandi ákvæði er enginn frestur á því hvenær framkvæmdir með leyfi útgefnu fyrir 1. maí 1994 rennur út. Það er óásættanlegt og nauðsynlegt að kveða skýrt á um það vegna þess að sex ár eru liðin frá því að lögin tóku til framkvæmdanna. Þykir hæfilegt að frestinum ljúki 31. desember 2002 og hefur þá fengist rúmlega sjö og hálfs árs aðlögunarfrestur. Verði ágreiningur um það hvort framkvæmdir hafi hafist má skjóta þeim ágreiningi til úrskurðar ráðherra. Vafi hefur þótt leika á því hvenær framkvæmdir teljist hafnar og er úrskurður um það hér eftir ótvírætt í höndum ráðherra.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er fjallað um lagaskil við núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum. Mat telst hafið þegar erindi hefur borist Skipulagsstofnun.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Samkvæmt íslenskum lögum er úrskurður um mat á umhverfisáhrifum sérstakt ferli og ótengt löggjöf um leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir, svo sem lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem kveðið er á um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi. Við útgáfu leyfa er hins vegar skv. 13. gr. gildandi laga, sbr. 16. gr. frumvarpsins, gert ráð fyrir að leyfisveitandi skuli taka tillit til úrskurðarins við útgáfu leyfis. Eftir því sem best er vitað er Ísland eina landið á EES-svæðinu sem skilur á milli mats á umhverfisáhrifum og útgáfu framkvæmda með þessum hætti. Annars staðar á Norðurlöndunum er um eitt ferli að ræða sem endar með útgáfu framkvæmdaleyfis/starfsleyfis og er þar lögð áhersla á aðkomu almennings í upphafi málsmeðferðar. Leyfisveitingar eru mismunandi á Norðurlöndunum og er útgáfa framkvæmdaleyfis ýmist í höndum Alþingis, ríkisstjórnar eða einstakra stofnana eftir eðli og umfangi framkvæmdar. Æskilegt er að löggjöf á þessu sviði sé sem mest samræmd á EES-svæðinu með hliðsjón af samkeppnisstöðu. Það er hins vegar ljóst að kanna þarf ýmsa þætti löggjafar áður en hægt er að taka afstöðu til samræmds ferils og kveða á um leyfisveitingar til framkvæmdar. Gefa verður stjórnvöldum tíma til þessa verks og má ætla að til þess þurfi tvö ár. Því er lagt til að umhverfisráðherra beiti sér fyrir athugun á málinu og yrði hún unnin í samráði við önnur hlutaðeigandi ráðuneyti, fagstofnanir og hagsmunaaðila, jafnt framkvæmdaraðila og náttúruverndarsamtök. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 97/11 og frumvarpinu er gert ráð fyrir að vinna megi saman mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfi. Hefur því á vissan hátt verið mörkuð stefna í átt að samræmingu mats á umhverfisáhrifum og leyfisveitingar.

Athugasemdir við 1., 2. og 3. viðauka.

Um 1. viðauka.

Ákvæði 97/11/EB eru lágmarksákvæði og er sérstaklega tilgreint í tilskipuninni að aðildarlöndunum sé heimilt að setja strangari reglur.

1. Óbreytt frá 97/11/EB og lögum nr. 63/1993.

2. Komið hafa upp vandamál við túlkun 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 63/1993. Til að taka af vafa um túlkun er lagt til að ákvæðið sé útfært nánar. Þannig er lagt til að tiltekið sé að vinnsluholur á háhitasvæðum falli undir ákvæðið, enda megi gera ráð fyrir að þær gefi orku til jarðvarmavirkjunar yfir stærðarmörkum matsskyldra framkvæmda. Einnig verði tilgreindar rannsóknarholur á háhitasvæðum þegar þær eru hannaðar eins og vinnsluholur. Tillaga þessi byggist m.a. á áliti frá Hitaveitu Reykjavíkur til Skipulags ríkisins frá 7. nóvember 1994.

3. Óbreytt frá 97/11/EB.

4. Óbreytt frá 97/11/EB.

5. Krafa 97/11/EB nær til verksmiðja þar sem frumbræðsla á steypujárni og stáli fer fram, einnig til stöðva sem framleiða hrámálma sem innihalda ekki járn, úr grýti, kirni eða endurframleiddu hráefni. Ákvæði núgildandi laga ná til frum- og endurbræðslu á steypujárni, stáli og áli. Til einföldunar, og með hliðsjón af tillögu Náttúruverndar ríkisins í umsögn um drög að frumvarpi, er gerð tillaga um að verksmiðjur þar sem fram fer frumframleiðsla eða endurbræðsla á málmum séu háðar mati á umhverfisáhrifum. Fallið er frá orðalagi í núgildandi lögum þar sem segir frumendurbræðsla og notað orðið frumframleiðsla til að ná yfir allar þær aðferðir sem notaðar eru til framleiðslu málma, til að mynda efnafræðilegar aðferðir.

6. Óbreytt frá 97/11/EB og lögum nr. 63/1993.

7. Óbreytt frá 97/11/EB og efnislega óbreytt frá lögum nr. 63/1993.

8. Óbreytt frá lögum nr. 63/1993.

9. Lögð er til sú breyting frá núgildandi lögum að í stað þess að allir flugvellir séu háðir mati á umhverfisáhrifum verði miðað við stærðarmörk í 97/11/EB, þ.e. 2.100 m langar flugbrautir. Þannig sé tryggt að stórir flugvellir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif fari í mat á umhverfisáhrifum.

10. Lögð er til sú breyting frá núgildandi lögum að í stað þess að allir vegir séu háðir mati nái matsskylda til stofnbrauta í þéttbýli, til nýlagningar vega utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og enduruppbyggingar vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlun nær yfir a.m.k. 10. km svæði. Með nýlagningu er átt við gerð nýs vegar utan vegasvæðis eldri vega. Með stofnbrautum í þéttbýli er m.a. átt við breikkun úr tveimur akreinum í fjórar og gerð mislægra gatnamóta. Með þessu er tekið fyrir óvissu sem ríkt hefur um matsskyldu vega, sérstaklega utan þéttbýlis.

11. Samhljóða lögum nr. 63/1993.

12. Efnislega samhljóða 97/11/EB og lögum nr. 63/1993.

13. Óbreytt frá 97/11/EB.

14. Ákvæði 12. tölul. a og b í 97/11/EB eru sameinuð. Jafnframt er gerð tillaga um að í stað þess að miða við 100 milljónir rúmmetra á ári sé viðmiðunin 30 milljónir rúmmetra á ári.

Ákvæðið nær aðalega til stórra hitaveitna. Í ljósi þess að flutningsmannvirki stórra hitaveitna geta haft í för með sér talsverð umhverfisáhrif vegna sjónrænna áhrifa stórrar pípu á yfirborði og tilheyrandi vegar, sem og hugsanlegrar röskunar á ósnortnu landi, er hér lögð til stærðarviðmiðun sem miðar við að allra stærstu flutningsmannvirki hitaveitna hér á landi yrðu háð mati á umhverfisáhrifum.

15. Ákvæði 13. tölul. 97/11/EB er tekið upp en lagt til að stærðarmörk séu lækkuð úr 150.000 persónueiningum (samkvæmt upprunalegum texta tilskipunarinnar er miðað við persónueiningar en ekki íbúa) í 50.000 persónueiningar vegna aðstæðna hér á landi, svo sem óraskaðra eða lítt raskaðra strandsvæða og tiltölulega lítilla þéttbýlisstaða þar sem ein eða fleiri verksmiðjur geta aukið skólpmagn verulega. Um skilgreiningu á persónueiningum vísast í mengunarvarnareglugerð.

16. Óbreytt frá 97/11/EB.

17. Efnislega samhljóða lögum nr. 63/1993.

18. Efnislega samhljóða 16. tölul. 97/11/EB nema hvað lagt er til að miðað sé við 1 km langar leiðslur í stað leiðslna sem eru meira en 800 mm í þvermál og meira en 40 km langar, enda geti slíkar leiðslur haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif þótt þær liggi yfir styttri vegalengdir. Í núgildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum í Danmörku er miðað við 1 km langar leiðslur, en í Noregi 10 bara þrýsting í leiðslum eða 10 km langar leiðslur.

19. Óbreytt frá 97/11/EB.

20. Óbreytt frá 97/11/EB.

21. Efnislega samhljóða lögum nr. 63/1993 en ákvæðið er útfært frekar þar sem ríkt hefur óvissa um túlkun 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 3/1993. Hér er átt við efnistöku jafnt á sjó og landi.

22. Efnislega samhljóða lögum nr. 63/1993 varðandi loftlínur, nema hvað lagt er til að stærðarmörk verði hækkuð úr 33 kv í 66 kv, enda eiga línur með lægri spennu almennt ekki að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, m.a. þar sem þær eru í flestum tilfellum lagðar í jarðstreng sem plægður er niður. Einnig er lagt til að sérstaklega sé tilgreind matsskylda sæstrengja til flutnings á raforku og er þar miðað við 132 kv og 20 km lengd. Það er í samræmi við núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum í Noregi.

23. Samhljóða 97/11/EB nema hvað lagt er til að miðað sé við 50.000 rúmmetra geymslugetu í stað 200.000 tonna. Í ljósi þess að stórar olíubirgðastöðvar kunna að hafa í för með sér talsverð umhverfisáhrif, t.d. vegna mengunar, ekki síst sjávar, umferðar, sjónrænna áhrifa og hugsanlegrar röskunar á ósnortnu landi, er hér lögð til viðmiðun sem leiddi til þess að stærstu olíubirgðastöðvar hér á landi yrðu háðar mati á umhverfisáhrifum.

24. Lagt er til að fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri verði háðar mati á umhverfisáhrifum. Frá því að lög nr. 63/1993 komu til framkvæmda hafa slíkar verksmiðjur í tvígang verið tilkynntar til umhverfisráðherra skv. 6. gr. laganna. Frá slíkum verksmiðjum getur m.a. stafað veruleg lyktarmengun.

Um 2. viðauka.

Í 2. viðauka eru taldar upp þær framkvæmdir sem ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. Í hverju tilviki metur Skipulagsstofnun, á grundvelli viðmiðana í 3. viðauka, hvort viðkomandi framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

2. viðauki byggist á II. viðauka tilskipunar 97/11/EB. Í II. viðauka tilskipunarinnar eru eingöngu taldar upp framkvæmdir án þess að tilgreind séu stærðarmörk eða önnur viðmið, svo sem varðandi staðsetningu. Ef II. viðauki tilskipunarinnar væri tekinn upp óbreyttur í frumvarpinu hefði það í för með sér að framkvæmdaraðila allra framkvæmda tilgreindra í viðaukanum bæri að tilkynna þær til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. til ákvörðunar um hvort þær séu háðar mati. Þetta bæri að gera óháð stærð eða staðsetningu framkvæmdanna. Í 2. viðauka frumvarpsins er hins vegar gerð tillaga um stærðarmörk og viðmiðanir varðandi staðsetningu sem takmarka hvaða framkvæmdir skuli tilkynna til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. Þannig verði efnistökustaðir eingöngu tilkynntir til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. þegar þeir eru yfir þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í viðaukanum, auk þess sem tilkynna ber alla efnistökustaði á skilgreindum verndarsvæðum. Skilgreind verndarsvæði eru:

1. Friðlýstar náttúruminjar og svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.
2. Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem Þingvellir, Mývatns- og Laxársvæðið og Breiðafjörður.
3. Svæði innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum.
4. Svæði, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð, sem njóta verndar í samræmi við mengunarvarnareglugerð og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.
5. Svæði sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla hér undir enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum.
6. Hverfisverndarsvæði samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. gr. 4.22 í skipulagsreglugerð.

Þar sem sett hafa verið stærðarmörk á framkvæmdir í 2. viðauka hefur verið gengið út frá því að almennt megi gera ráð fyrir að viðkomandi tegundir framkvæmda neðan stærðarmarkanna hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Í tilfelli fiskeldisstöðva eru stærðarmörk og viðmiðanir í samræmi við mörk skilgreind í mengunarvarnareglugerð.

Í tveimur tilfellum eru tilgreindar framkvæmdir í 2. viðauka sem ekki koma fyrir í II. viðauka tilskipunar 97/11/EB, þ.e. uppgræðsla lands og endurvinnslustöðvar. Hvort tveggja er tilgreint í viðauka II með núgildandi reglugerð um mat á umhverfisáhrifum, nr. 179/1994.

Þrjú ákvæði II. viðauka tilskipunar 97/11/EB eru ekki tekin upp í 2. viðauka frumvarpsins, en það eru a–c-liðir 10. tölul., þar sem þær framkvæmdir eru taldar falla undir skipulags- og byggingarlög en í 9. gr. þeirra er sérstaklega fjallað um að gera skuli grein fyrir umhverfisáhrifum skipulagstillagna og þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru samkvæmt þeim.

Um 3. viðauka.

Í 3. viðauka, sem byggir að meginstofni til á III. viðauki tilskipunar 97/11/EB, koma fram viðmiðanir sem hafa ber í heiðri við mat á framkvæmdum sem tilgreindar eru í 2. viðauka. Þar kemur fram hvað athuga þarf vegna eðlis framkvæmda, staðsetningar og hugsanlegra áhrifa þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Frumvarpið er samið af nefnd sem umhverfisráðherra skipaði til að endurskoða lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum, m.a. með hliðsjón af þeim skyldum sem íslenska ríkið tók á sig með aðild að EES-samningnum. Matsferlið hefur verið einfaldað frá núgildandi lögum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili geri tillögu að matsáætlun sem lögð er fyrir Skipulagsstofnun, í öðru lagi matsskýrslu framkvæmdaraðila og í þriðja lagi úrskurði Skipulagsstofnunar sem byggður er á matsskýrslu, umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila. Gert er ráð fyrir að lögfest verði með ótvíræðum hætti ábyrgð framkvæmdaraðila á mati á umhverfisáhrifum og jafnframt skal hann bera allan kostnað af matinu, þar með talinn kostnað af auglýsingum og kynningum á hinni fyrirhuguðu framkvæmd.

Í frumvarpinu er kveðið á um að tilteknar framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif skuli tilkynna Skipulagsstofnun og skal það vera háð ákvörðun hennar hvort framkvæmdirnar verði háðar mati. Enn fremur er almenningi heimilt að tilkynna framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar og skal Skipulagsstofnun þá leita upplýsinga hjá framkvæmdaraðila og leyfisveitendum. Gera má ráð fyrir að vinna stofnunarinnar aukist nokkuð við frumathuganir á matsskyldu framkvæmda svo og kostnaður sem er tengdur almennri stjórnsýslu þar með talin almenn ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð matsskýrslna.

Það er mat fjármálaráðuneytis að aukin verkefni geti leitt til 5 m.kr. útgjaldaauka hjá Skipulagsstofnun verði frumvarpið óbreytt að lögum. Á móti kemur að sértekjur hækka um 3 m.kr. þar sem miðað er við sama sértekjuhlutfall og í fjárlögum fyrir árið 1999. Heildarhækkun á ári hjá Skipulagsstofnun er því um 2 m.kr. Auk þess má búast við auknum kostnaði annarra aðila vegna umsagna um matsskýrslur, þótt ekki sé hægt að segja fyrir um hve mikill hann verður.

645. Skýrsla [387. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 1999.

1. Inngangur.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Eftir stofnun Atlantshafsbandalagsins (NATO) árið 1949 lá VES nánast í dvala í rúma fjóra áratugi eða þar til árið 1991 er sambandinu var falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB) með Maastricht-sáttmálanum. Síðan þá hefur VES eflst verulega og gegnt æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu. Auk þess sem sambandinu hefur verið ætlað að annast framkvæmd fyrirhugaðs varnarmálahluta ESB á það að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO. Af þessum sökum hefur verið litið á VES sem hlekkinn milli NATO og utanríkis- og varnarmála ESB. Á VES-þinginu koma saman þingmenn frá aðildarríkjum sambandsins. Árið 1999 var framtíð sambandsins sjálfs og stofnanatengsl VES við ESB og NATO efst á baugi í umræðum þingsins auk stöðu mála á Balkanskaga.

Þróun sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB var meira áberandi árið 1999 en áður. Á leiðtogafundi sambandsins í Köln 3.–4. júní var m.a. ákveðið að stefna að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið 2000 og á fundi leiðtoganna í Helsinki 10.–11. desember komu leiðtogarnir sér saman um að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt að nauðsynlegt væri að koma á fót nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópulöndunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þyrfti við alþjóðlegum vanda. Stefnt er að því að samþykkja sáttmála um skipan varnar- og öryggismála sambandsins í formennskutíð Frakka á síðari hluta ársins 2000. Javier Solana, fyrrverandi framkvæmdastjóri NATO, var skipaður í nýtt embætti æðsta talsmanns ESB á sviði utanríkis- og öryggismála og var hann jafnframt skipaður framkvæmdastjóri VES. Framtíðarstaða evrópskra NATO-ríkja sem ekki eiga aðild að ESB er eitt þeirra atriða sem ekki hafa verið útkljáð, en í Helsinki var enn fremur samþykkt að setja á fót „viðeigandi stofnanir“ til samstarfs við önnur evrópsk bandalagsríki. Íslandsdeildin hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að núverandi aukaaðildarríki VES geti tekið þátt í þessari þróun, sem og framkvæmd þeirrar stefnu sem á endanum verður mótuð. Þá hefur Íslandsdeildin lagt áherslu á mikilvægi lýðræðislegs eftirlits þingmannasamkundu eins og VES-þingsins.

2. Markmið og skipulag VES-þingsins.

VES-þingið kom fyrst saman árið 1954 þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Aðildarríki þingsins eru nú tíu talsins og eru þau öll aðildarríki ESB og NATO. Aukaaðild að þinginu eiga þau evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum auk Danmerkur. Loks hafa sjö ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES.

Eftirfarandi ríki eiga aðild að þinginu: Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland.

Aukaaðild eiga Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland.

Áheyrnaraðild eiga Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð.

Samstarfsríki VES-þingsins eru Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðsins og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, níu varaforsetar þess (einn frá hverju hinna aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna fjóra til fimm fundi á ári utan þingfundanna.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (grein 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið mikinn þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæðis- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa heldur ekki rétt til að tala sitt eigið tungumál á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum, gera breytingartillögur og taka þátt í nefndarstarfi á annan hátt. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

3. Stofnun Íslandsdeildar VES-þingsins.

Þar sem Ísland er aðili að NATO stóð Alþingi lengi til boða að senda áheyrnarfulltrúa á fundi VES-þingsins. Alþingi þekktist boðið fyrst árið 1993, en árið áður hafði Ísland fengið aukaaðild að VES sem tók þó ekki formlega gildi fyrr en 6. mars 1995. Í umboði forsætisnefndar Alþingis tilnefndu Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins og síðar Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins áheyrnarfulltrúa á desemberfundi VES-þingsins árin 1994 og 1995. Þegar Ísland hafði hlotið formlega aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu samþykkti forsætisnefnd á fundi í maí 1995 að stofna Íslandsdeild VES-þingsins.

4. Skipan Íslandsdeildar VES-þingsins árið 1999.

Hinn 16. júní var ný Íslandsdeild kjörin að afloknum kosningum til Alþings 8. maí. Fram til 16. júní voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Össur Skarphéðinsson, varaformaður, þingflokki Alþýðuflokks (þingflokki Samfylkingarinnar frá 19. febrúar), og Siv Friðleifsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Kristján Pálsson og Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálf-

stæðisflokks, og Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Alþýðuflokks (þingflokki Samfylkingarinnar frá 19. febrúar).

Frá og með 16. júní voru aðalmenn Íslandsdeildar VES-þingsins Kristján Pálsson, formaður og Katrín Fjeldsted, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Hjálmar Jónsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Ritari Íslandsdeildar VES-þingsins er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 1999 var eftirfarandi:

	Fram til 16. júní	**Frá og með 16. júní**
Forsætisnefnd	Lára Margrét Ragnarsdóttir	Kristján Pálsson
Til vara	Össur Skarphéðinsson	Katrín Fjeldsted
Stjórnarnefnd	Lára Margrét Ragnarsdóttir	Kristján Pálsson
Til vara	Össur Skarphéðinsson	Katrín Fjeldsted
Stjórnmálanefnd	Lára Margrét Ragnarsdóttir	Kristján Pálsson
Til vara	Össur Skarphéðinsson	Einar Oddur Kristjánsson
Varnarmálanefnd	Össur Skarphéðinsson	Katrín Fjeldsted
Til vara	Kristján Pálsson	Hjálmar Jónsson
Nefnd um almannatengsl	Össur Skarphéðinsson	Lúðvík Bergvinsson
Til vara		Þórunn Sveinbjarnardóttir
Tækni- og geimvísindanefnd	Siv Friðleifsdóttir	Lúðvík Bergvinsson
Til vara		Þórunn Sveinbjarnard
Fjármála- og stjórnsýslunefnd	Siv Friðleifsdóttir	Katrín Fjeldsted
Til vara		Hjálmar Jónsson
Þingskapanefnd	Siv Friðleifsdóttir	Katrín Fjeldsted
Til vara		Hjálmar Jónsson

5. Starfsemi á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum hlutum þingfundarins.

a. Fyrri hluti 45. fundar VES-þingsins.

Dagana 14.–17. júní var fyrri hluti 45. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu að þessu sinni Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður fráfarandi Íslandsdeildar, og Lúðvík Bergvinsson, sem 16. júní var kjörinn til setu í nýrri Íslandsdeild, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Helsta málefni fundarins var niðurstaða fundar leiðtogaráðs ESB í Köln 3.–4. júní, en þar var m.a. ákveðið að stefna að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið 2000.

Á fundinum voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirfarandi mál: breyttar starfsreglur eftir að Pólland, Tékkland og Ungverjaland hlutu aukaaðild að VES í kjölfar inngöngu í NATO, VES að loknum leiðtogafundum NATO og ESB, friðargæslu og öryggismál Afríku, evrópska gervihnetti, VES sem framkvæmdaraðila aðgerða til að hafa stjórn á hættuástandi, hreyfanleika evrópsks herafla, fjárlög VES og VES-þingsins, friðargæslu á Balkanskaga, stöðu mála í Kosovo og álit almennings á framlagi VES til stöðugleika í Albaníu.

Eftirtaldir ávörpuðu fundinn og svöruðu spurningum þingmanna: Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Walther Stützle, aðstoðarvarnarmálaráðherra Þýskalands, Philip Gordon, deildarstjóri Evrópudeildar þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna, Günter Verheugen, aðstoðarutanríkisráðherra Þýskalands, Jacques Poos, utanríkisráðherra Lúxemborgar, og Tom Spencer, fráfarandi formaður utanríkismálanefndar Evrópuþingsins.

Í umræðunni um VES að loknum leiðtogafundum NATO og ESB lagði Lára Margrét Ragnarsdóttir áherslu á að Íslendingar styddu eflingu Evrópusamstarfs um öryggis- og varnarmál, innan NATO. Íslendingar skildu vel og virtu starf ESB-ríkja í þá átt að efla sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu sambandsins, sem m.a. ætti að þróast yfir í sameiginlega varnarmálastefnu. Hún minnti hins vegar á að slík þróun hefði bein áhrif á evrópsk NATO-ríki utan ESB, þar á meðal Ísland. Því lýsti hún ánægju með að á leiðtogafundi NATO í Washington í apríl hefðu meðal annarra leiðtogar ellefu ESB-ríkja lýst yfir mikilvægi þess að tryggja sem mesta og öflugasta þátttöku evrópskra NATO-ríkja utan ESB í hugsanlegum aðgerðum vegna hættuástands undir stjórn ESB. Hún sagði mikilvægt að nýtt fyrirkomulag evrópsks samstarfs í öryggismálum yrði sem líkast þáverandi fyrirkomulagi fyrir aukaaðildarríki VES. Því fyrr sem það lægi fyrir, þeim mun betra fyrir samstarf NATO, ESB og VES, og fyrir evrópskt samstarf í öryggis- og varnarmálum, sagði Lára Margrét.

b. Síðari hluti 45. fundar VES-þingsins.

Dagana 29. nóvember til 2. desember var síðari hluti 45. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson formaður, Katrín Fjeldsted varaformaður og Lúðvík Bergvinsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar ritara. Framtíðarskipan Evrópusamsarfs í öryggis- og varnarmálum var í brennidepli á fundinum, en hún var einnig til umfjöllunar á leiðtogafundi ESB í Helsinki viku síðar. Meðal þess sem helst var rætt í þessu sambandi var staða evrópsku NATO-ríkjanna sem standa utan ESB (aukaaðildarríkja VES) annars vegar og skipan evrópsks þingmannasamstarfs á sviði öryggis- og varnarmála hins vegar. Þá var Klaus Bühler, þingmaður kristilegra demókrata í Þýskalandi, kjörinn nýr forseti VES-þingsins og tók hann við af spænska jafnaðarmanninum Lluis María de Puig um áramót.

Á fundinum voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirtalin málefni: framtíð evrópskra varnarmála og lýðræðislegs eftirlits, eflingu samstarfs milli VES-þingsins og þjóðþinganna við mótun evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu, samstarfsríkin og nýja skipan í öryggismálum Evrópu, með sérstakri áherslu á sveðisbundin öryggisvandamál, þróunina í átt til atvinnuhermennsku í Evrópu, evrópskan herafla, almenningsálitið og evrópsk öryggis- og varnarmál eftir leiðtogafund ESB í Köln, evrópskt samstarf í vopnaframleiðslu, framtíð gervitunglamiðstöðvar VES, Kína á tímamótum, nýjustu þróun í Suðaustur-Evrópu, stöðu mála í Kosovo, endurskoðaða reikninga þingsins fyrir fjárlagaárið 1998 og fjárlög þingsins fyrir árið 2000.

Auk ávarpa fráfarandi og verðandi forseta þingsins ávörpuðu eftirtaldir fundinn og svöruðu spurningum þingmanna: Jan-Erik Enestam, varnarmálaráðherra Finnlands, formennskuríkis ESB síðari hluta ársins 1999, José Matos da Gama, utanríkisráðherra Portúgals, formennskuríkis ESB og VES fyrri helming ársins 2000, Javier Solana, framkvæmdastjóri VES og æðsti talsmaður ESB í utanríkis- og öryggismálum, og Charles Goerens, varnarmálaráðherra Lúxemborgar, formennskuríkis VES síðari helming ársins 1999.

Kristján Pálsson tók þátt í umræðum um framtíð evrópskra varnarmála og lýðræðislegs eftirlits. Kristján lýsti ánægju sinni með skýrsluna og ályktunardrögin, þar sem m.a. var lögð

áhersla á að við framtíðarþróun í evrópskum öryggis- og varnarmálum yrði að tryggja áframhaldandi og óskerta þátttöku aukaaðildarríkja VES. Kristján sagði Ísland styðja og hafa mikinn skilning á viðleitni evrópskra bandalagsríkja sinna við að efla mátt sinn í öryggismálum, en lagði áherslu á að slík þróun yrði til að efla NATO, sem áfram yrði grundvallarstofnun öryggis og friðar í Evrópu. Hann sagði Ísland og önnur aukaaðildarríki VES eiga grundvallarrétt á að taka þátt í mótun jafnt sem framkvæmd nýrrar skipanar í evrópskum öryggismálum. Þá vísaði Kristján til þess hvernig VES-þingið hefði ítrekað ályktað um nauðsyn þess að varðveita eða efla hlut aukaaðildarríkjanna í evrópskum öryggismálum og sagði algerlega nauðsynlegt að stofnun á borð við VES-þingið hefði uppi lýðræðislegt eftirlit með þeim. Hann sagðist eiga erfitt með að sjá Evrópuþingið taka við hlutverki VES-þingsins og þjóðþinganna í þessum efnum og hvatti þingmenn aðildarríkja ESB til að standa vörð um VES-þingið.

Kristján beindi jafnframt þeirri spurningu til Javiers Solana hvert hann mæti mikilvægi slíkrar þingmannasamkundu sem VES-þingsins með hliðsjón af reynslu sinni af samskiptum við NATO-þingið í tíð sinni sem framkvæmdastjóri NATO og jafnframt hvaða stöðu hann sæi aukaaðildarríki VES hafa í nýrri skipan í evrópskum öryggismálum. Í svari sínu vísaði Solana að hluta til í ræðu sína og fyrri svör þar sem hann hafði lýst þeirri skoðun sinni að framlag þingsins væri mikilvægt og að hann mundi halda því á lofti í því mótunarstarfi sem fram undan væri. Hann sagði nauðsynlegt að nýta það millibilsástand sem mundi skapast til að starfa saman að mótun endanlegrar niðurstöðu og vísaði þar til sjálfs sín, ríkisstjórnanna, VES-þingsins og þjóðþinganna. Síðari hluta spurningar Kristjáns, um framtíðarstöðu aukaaðildarríkjanna, svaraði Solana þannig að nauðsynlegt væri að þau kæmu að mótun jafnt sem framkvæmd nýrrar stefnu „eins og hægt væri“. Hann lagði hins vegar áherslu á að fimmtán aðildarríki ESB tækju á endanum ákvarðanir í þessum málum.

Hvað varðar þessi tvö atriði, framtíð aukaaðildarríkjanna annars vegar og þingmannastarfsins hins vegar, er fróðlegt að vitna til ræðu sem breski þingmaðurinn Jim Marshall, framsögumaður skýrslu um framtíðarskipan evrópskra varnarmála og lýðræðislegs eftirlits, flutti í lok umræðunnar um skýrsluna (og reyndar að loknum ávörpum framantalinna gesta). Þar dró hann saman umræðuna á þinginu og sagði tvennt standa upp úr. Í fyrsta lagi hefðu þingmenn almennt lagt áherslu á mikilvægi áframhaldandi þingmannasamstarfs á borð við VES-þingið. Í öðru lagi hefðu þingmenn almennt lagt áherslu á að breytt skipan í evrópskum öryggis- og varnarmálum mætti alls ekki ganga gegn hagsmunum aukaaðildarríkjanna og samstarfsríkjanna. Hann sagði skýrslu sína leggja áherslu á það og greindi jafnframt frá því að hann hefði sjálfur lagt fram nokkrar breytingartillögur við ályktunardrög sín til þess að efla þau skilaboð. Tryggja yrði að staða viðkomandi ríkja yrði ekki lakari í nýrri skipan. Tillögur Marshalls hlutu allar samþykki þingsins.

Alþingi, 21. jan. 2000.

Kristján Pálsson, form.	Katrín Fjeldsted, varaform.	Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli til ráðherraráðs VES samþykkt af VES-þinginu árið 1999.

Fyrri hluti 45. þingfundar, 14.–17. júní.

1. Álit nr. 35 um endurskoðuð fjárlög VES-þingsins fyrir árið 1999.
2. Tilmæli nr. 642 um VES og evrópsk varnarmál eftir ríkjaráðstefnu ESB í Amsterdam.
3. Tilmæli nr. 643 um leiðtogafund NATO og þýðingu hans fyrir Evrópu.
4. Tilmæli nr. 644 um VES að loknum leiðtogafundum NATO og ESB.
5. Tilmæli nr. 645 um friðargæslu og öryggismál Afríku.
6. Tilmæli nr. 646 um evrópska gervihnetti.
7. Tilmæli nr. 647 um VES sem framkvæmdaraðila aðgerða til að hafa stjórn á hættuástandi.
8. Tilmæli nr. 648 um hreyfanleika evrópsks herafla.
9. Tilmæli nr. 649 um fjárlög VES fyrir árið 1999.
10. Tilmæli nr. 650 um friðargæslu á Balkanskaga.
11. Tilmæli nr. 651 um stöðu mála í Kosovo.
12. Tilmæli nr. 652 um álit almennings á framlagi VES til stöðugleika í Albaníu.

Síðari hluti 45. þingfundar, 29. nóvember til 2. desember.

1. Ályktun nr. 101 um eflingu samstarfs milli VES-þingsins og þjóðþinganna við mótun evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu.
2. Tilmæli nr. 653 um áskorunina í evrópskum öryggismálum eftir leiðtogafund ESB í Köln.
3. Tilmæli nr. 654 um framtíð evrópskra varnarmála og lýðræðislegs eftirlits.
4. Tilmæli nr. 655 um Kína á tímamótum.
5. Tilmæli nr. 656 um þróunina í átt til atvinnuhermennsku í Evrópu.
6. Tilmæli nr. 657 um evrópskan herafla.
7. Tilmæli nr. 658 um almenningsálitið og evrópsk öryggis- og varnarmál eftir leiðtogafund ESB í Köln.
8. Tilmæli nr. 659 um evrópskt samstarf í vopnaframleiðslu.
9. Tilmæli nr. 660 um framtíð gervitunglamiðstöðvar VES.
10. Tilmæli nr. 661 um samstarfsríkin og nýja skipan í öryggismálum Evrópu með sérstakri áherslu á svæðisbundin öryggisvandamál.
11. Tilmæli nr. 662 um nýjustu þróun í Suðaustur-Evrópu.
12. Tilmæli nr. 663 um stöðu mála í Kosovo.

646. Skýrsla [388. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 1999.

1. Inngangur.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi 24. september 1985 sem samstarfsvettvang þinganna þriggja. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Markmið ráðsins eru að starfa saman að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna Vestur-Norðurlanda, auka samstarfið á vettvangi norrænnar samvinnu og vera þingræðislegur tengiliður milli samvinnuaðila í þessum löndum og annarra fjölþjóðlegra hagsmunahópa og ríkjasamtaka. Vestnorræna ráðið hefur í gegnum tíðina ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfis- og auðlindamál, aukið menningarsamstarf landanna og skóla- og íþróttasamvinnu, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð þingmanni frá hverju aðildarríki, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið getur einnig skipað sérstakar vinnunefndir um einstök mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna, með virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samstarfi við aðra aðila innan vestnorræns samstarfs, samvinnu við norðurheimsskautsstofnanir og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

2. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í byrjun árs 1999 sátu eftirtaldir þingmenn í Vestnorræna ráðinu: Ísólfur Gylfi Pálmason formaður, þingflokki framsóknarmanna, Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður, þingflokki jafnaðarmanna, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingarinnar, Árni Johnsen, þingflokki sjálfstæðismanna, Guðný Guðbjörnsdóttir, þingflokki Kvennalista, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingarinnar, Ólafur G. Einarsson, þingflokki sjálfstæðismanna, og Svavar Gestsson, þingflokki Alþýðubandalagsins, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingarinnar til 6. mars 1999 er hann lét af þingmennsku. Varamenn voru Svanfríður Jónasdóttir, þingflokki jafnaðarmanna, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingarinnar, Stefán Guðmundsson, þingflokki framsóknarmanna, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki framsóknarmanna, og Kristín Ástgeirsdóttir, þingflokki óháðra.

Ný Íslandsdeild var kjörin til setu 16. júní og hana skipa eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen formaður, þingflokki sjálfstæðismanna, Hjálmar Árnason varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Svanfríður Jónasdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki sjálfstæðismanna. Varamenn eru Einar K. Guðfinnsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Gunnar Birgisson, þingflokki sjálfstæðismanna, Ólafur Örn Haraldsson, þingflokki framsóknarmanna, Guðjón A. Kristjánsson, þingflokki frjálslyndra, og Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki

sjálfstæðismanna. Ritari Íslandsdeildarinnar var til 1. september Auðunn Atlason. Gústaf Adolf Skúlason var ritari frá þeim tíma til 1. desember er Jóhanna Helga Halldórsdóttir tók við starfinu.

3. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt fjóra fundi á árinu. Þar var m.a. fjallað um dagskrá ársfundarins sem fram fór á Brjánsstöðum á Skeiðum 9.–12. ágúst, undirbúning kvennaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Færeyjum 4.–7. júní, lífsgildakönnun sem Vestnorræna ráðið fól Félagsvísindastofnun HÍ að gera í aðildarlöndunum, kynningarbækling Vestnorræna ráðsins sem kom út í mars og heimasíðu ráðsins sem opnuð var í apríl.

Þá ræddi Íslandsdeildin möguleika á að tengja starf ráðsins betur vestnorrænu samstarfi framkvæmdarvaldsins. Það mál var einnig til umræðu á fundi ritara með framkvæmdastjóra ráðsins og tveimur starfsmönnum frá Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins, Snjólaugu Ólafsdóttur og Ingibjörgu Jónsdóttur, og Skarphéðni Steinarssyni, skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu, þann 12. mars. Tengsl Vestnorræna ráðsins og framkvæmdarvaldsins var svo enn rætt á fundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins 18. mars, en í tengslum við hann heimsótti nefndin Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina og sat kynningarfund um starfsemi þeirra.

Formaður Íslandsdeildar átti fund með Gunn Helsvik, forseta Norðurlandaráðs, í tilefni heimsóknar hennar hingað til lands í lok mars. Formaðurinn sótti einnig aðalfund samtakanna Northern Forum sem haldinn var Rovaniemi í Finnlandi 1.–2. júní. Í tengslum við fund forsætisnefndar 9. nóvember fundaði nefndin með vestnorrænum samstarfsráðherrum Norðurlanda sem og menntamálaráðherrum landanna. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins styrkti „ráðstefnu um vestnorræn þjóðfélög á tímum hraðfara breytinga" sem Háskólinn á Akureyri og stofnun Vilhjálms Stefánssonar stóðu að á Akureyri 7.–8. október. Svanfríður Jónasdóttir sótti ráðstefnuna fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Ritari deildarinnar sótti einnig ráðstefnu á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um samvinnu á Norður-Atlantshafi sem haldin var í Norræna húsinu í Reykjavík 6.–7. desember.

4. 15. ársfundur Vestnorræna ráðsins 1999.

Dagana 9.–12. ágúst var haldinn á Brjánsstöðum á Skeiðum 15. ársfundur ráðsins. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen, Hjálmar Árnason, Svanfríður Jónasdóttir, Gísli S. Einarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Pétur H. Blöndal. Alls sóttu fimmtán vestnorrænir þingmenn frá aðildarlöndunum ársfundinn.

Árni Johnsen flutti skýrslu formanns. Í máli sínu rakti hann störf ráðsins árið 1998 og gerði grein fyrir helstu verkefnum þess. Aðrir sem ávörpuðu ársfundinn voru Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra, Svein Ludvigsen, varaforseti norska Stórþingsins og fulltrúi Norðurlandaráðs, Þórunn Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Reykjavíkur – menningarborgar Evrópu árið 2000, og Karítas Gunnarsdóttir frá menntamálaráðuneytinu. Umræður voru líflegar og snerust einkum um stöðu vestnorrænnar samvinnu á vettvangi Norðurlandaráðs, um fiskveiðimál og byggðaþróun, og einnig um vestnorræna menningarárið 2000. Þá ávarpaði nýkjörinn formaður ráðsins, Jógvan Durhuus, fundinn. Jafnframt voru lagðar fram niðurstöður úr lífsgildakönnun sem Vestnorræna ráðið lét gera.

Þá var samþykktur fjöldi tillagna um jafnréttis- og menntamál á ársfundinum. Þar skorar Vestnorræna ráðið á ríkis- og landsstjórnir að beita sér fyrir aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, styrkja kvennarannsóknir og rannsóknir um jafnréttismál á Vestur-Norðurlöndum, vinna að og útfæra löggjöf um fæðingarorlof, beita sér gegn ofbeldi gagnvart

konum og til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Enn fremur samþykkti ráðið að skora á þjóðþingin þrjú að halda ráðstefnu vestnorrænna þingkvenna með þátttöku fleiri sem vinna að jafnréttismálum. Ráðstefnuna skuli halda annað hvert ár til skiptis í löndunum þremur. Þá samþykkti ráðið ályktun þess efnis að menntamálaráðherrar aðildarlandanna setji á fót vinnuhóp sem á að koma með tillögur til að bæta aðgengi grænlenskra, íslenskra og færeyskra stúdenta að háskólamenntun á Vestur-Norðurlöndum.

Í tilefni þess að árið 2000 er vestnorrænt menningarár samþykkti ráðið að stofna til vestnorrænna barnabókaverðlauna sem stefnt er að því að veita í fyrsta sinn á þessu ári. Eins ákvað ráðið að halda ráðstefnu um menningarmál og fer hún fram á Grænlandi í sumar í tengslum við vígslu Þjóðhildarkirkju og bæjar Eiríks rauða í Brattahlíð. Ársfundurinn ákvað einnig að starfsárið 2001 hjá Vestnorræna ráðinu yrði helgað veiðum og veiðiskap. Í því samhengi hyggst ráðið standa fyrir ráðstefnu um veiðar í löndunum þar sem m.a. verða ræddir möguleikar á því að koma á fót vestnorrænni fiskveiðirannsóknarstöð og samvinnu í menntun sjómanna. Einnig er vonast til þess að haldin verði sameiginleg sýning um veiðimenningu í löndunum þremur.

Á fundinum var kosin ný forsætisnefnd ráðsins en hana skipa Jógvan Durhuus þingmaður frá Færeyjum, formaður ráðsins, Johan Lund Olsen, forseti grænlenska þingsins, fyrsti varaformaður, og Árni Johnsen alþingismaður sem er annar varaformaður.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2000 var samþykkt. Hún hljóðar upp á 800 þús. danskar krónur, þar af greiða Íslendingar 400 þús., Færeyingar 200 þús. og Grænlendingar 200 þús. danskar krónur.

5. Kvennaráðstefna Vestnorræna ráðsins.

Kvennaráðstefna Vestnorræna ráðsins var haldin í Færeyjum 4.–7. júní. Færeyska deildin skipulagði ráðstefnuna í samráði við Kvenréttindafélag Íslands, Kvenfélag Færeyja og jafnréttisráð Grænlands. Meginviðfangsefni ráðstefnunar voru fjölskyldumál, atvinnumál, ofbeldi gegn konum, jafnréttismál, þátttaka kvenna í stjórnmálum og upplýsingaflæði um kvennarannsóknir (Kvinfo). Þessi málefni voru rædd í sex vinnuhópum. Markmiðið með ráðstefnunni var annars vegar að styrkja vestnorræna samvinnu og hins vegar að nota niðurstöður ráðstefnunnar við tillögugerð fyrir ársfund Vestnorræna ráðsins. Um 50 menn og konur sátu ráðstefnuna, auk þorra þingmanna Vestnorræna ráðsins og embættismanna.

Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni voru Svanfríður Jónasdóttir alþingismaður, Marita Petersen, fyrrverandi lögmaður Færeyja, Brynhildur Flóvenz frá Jafnréttisráði og Margrét Gunnarsdóttir, deildarsérfræðingur hjá Vinnumálastofnun.

6. Önnur verkefni Vestnorræna ráðsins 1999.

Nú er verið að undirbúa menningarráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Qaqartorq á Grænlandi 13.–15. júlí nk. og vígslu Þjóðhildarkirkju og bæjar Eiríks rauða í Brattahlíð 15.–17. júlí. Tilefni byggingana er að 1000 ár eru liðin frá því að Leifur heppni sigldi frá Brattahlíð og uppgötvaði Ameríku og rúm 1000 ár eru liðin frá byggingu Þjóðhildarkirkju, fyrstu kristnu kirkju í Ameríku. Byggingarnar eru samstarfsverkefni grænlensku landsstjórnarinnar og Vestnorræna ráðsins og er Árni Johnsen formaður Brattahlíðarnefndar sem hefur veg og vanda af undirbúningnum. Byggingarnar voru smíðaðar af Ístaki hf. hér á landi og síðan fluttar til Grænlands. Brattahlíðarverkefnið er án efa stærsta verkefnið sem Vestnorræna ráðið hefur tekið þátt í.

Skýrsla um svokallaða lífsgildakönnun Vestnorræna ráðsins mun verða birt á fyrstu mánuðum ársins 2000.

Alþingi, 10. febr. 2000.

Árni Johnsen, form.	Hjálmar Árnason, varaform.	Gísli S. Einarsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Ályktanir og ákvarðanir um innri málefni sem Vestnorræna ráðið samþykkti 1999.

(Brjánsstöðum á Skeiðum, 9.–12. ágúst 1999.)

1. Ályktun um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum í Færeyjum og á Grænlandi.
2. Ályktun um ráðstefnu vestnorrænna þingkvenna.
3. Ályktun um kvennarannsóknir.
4. Ályktun um vestnorræna verkefnaáætlun um jafnrétti kynjanna.
5. Ályktun um aðgerðir til að stöðva ofbeldi gegn konum.
6. Ályktun um stöðu kvenna á vinnumarkaði.
7. Ályktun um löggjöf um fæðingarorlof.
8. Ályktun um aðgengi að háskólamenntun á Vestur-Norðurlöndum.
9. Ákveðið að stofna til vestnorrænna bókmenntaverðlauna fyrir barna- og unglingabækur.
10. Ákveðið að árið 2001 verði helgað veiðum og veiðiskap.

647. Tillaga til þingsályktunar [389. mál]

um vernd votlendis.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Karl V. Matthíasson, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera vistfræðilega úttekt og skráningu votlendis á Íslandi í þeim tilgangi meðal annars að meta verndargildi og verndarþörf einstakra svæða og votlendisgerða. Í framhaldi af því skal ráðherra leggja fyrir Alþingi ítarlega áætlun sem miði að vernd þess votlendis sem er í hættu.

Greinargerð.

Mikilvægi votlendis.

Mikill fjöldi lífvera, sérstaklega plantna, skordýra og fugla, á heimkynni sín í votlendi. Til marks um mikilvægi þess fyrir íslenskt fuglalíf má nefna að nær 80% íslenskra varpfuglategunda nýtir votlendi af einhverju tagi yfir varptímann, ýmist til varps eða fæðuöflunar. Búsvæði í votlendi býður í senn upp á fjölbreytt umhverfi, fæðuauðgi og skjól fyrir afræningjum. Tegundaauðgi jarðarinnar stafar því ekki síst af því margbrotna lífríki sem þrífst í votlendi. Verndun þess miðar beinlínis að því að viðhalda sem mestum líffræðilegum fjölbreytileika á jarðarkringlunni. Votlendi hefur ákaflega margháttuðu hlutverki að gegna í náttúrunni. Það býr alla jafna yfir mjög mikilli framleiðni, og raunar eru gróskumestu votlendissvæðin með hærri framleiðni en þekkist í nokkru öðru vistkerfi. Oft eru votlendissvæði stakar gróðurvinjar í eyðimörkum eða á gróðursnauðum hálendissvæðum eins og finna má á Íslandi og gegna þau þar mikilvægu hlutverki fræbanka. Þegar aðstæður verða hagstæðari og umhverfið breytist á gróðurvana landi í grennd við slíkar vinjar, t.d. vegna breytinga á lofthita eða minnkandi beitarálags, eru fræbankar votlendisvinja ómetanlegir við uppgræðslu þess.

Við strendur er votlendi oft klaksvæði fyrir ungviði fisks og skeldýra og vinnur auk þess beinlínis gegn landrofi við sjálfa strandlengjuna. Það dregur einnig úr flóðum og þurrkum, og mýrar, sem eru útbreidd votlendisgerð, gegna víða mikilvægu hlutverki við að hreinsa mengað vatn. Bæði sest set til í mýrunum, þær draga úr mengun af völdum áburðar (köfnunarefni og fosfór) og loks binda mýrar eiturefni og hættulega þungmálma. Í hægrotnandi plöntuleifum, sem eru í gríðarlegu magni í votlendi, binst einnig mikið af kolefni. Slík votlendissvæði, þar sem mór myndast, gegna því líklega meginhlutverki í kolefnisbúskap jarðarinnar og hljóta að geta átt verulegan þátt í að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Vernd votlendis, og sér í lagi endurheimt slíkra landgæða, gæti því í framtíðinni auðveldað Íslendingum að standast skilyrði Kyoto-bókunarinnar um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Þetta mikilvæga hlutverk votlendis hefur ekki farið hátt í umræðunni en er nauðsynlegt að draga fram sem þunga röksemd fyrir aukinni vernd þess hér á landi.

Votlendi og eyðing þess.

Votlendi, ekki síst mýrar, eru áberandi þáttur í landslagi Íslands. Mýrar myndast aðallega þar sem saman fer mikil úrkoma, tiltölulega rakt loft og lágur lofthiti. Ísland er því kjörlendi mýra enda er íslenska votlendið hluti af víðáttumiklu mýrlendisbelti sem umlykur norðurskaut jarðarinnar. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur nýlega lokið gerð stafræns gróðurkorts af Íslandi í hlutföllunum 1:500.000 sem í reynd hefur að geyma einu heildstæðu úttektina á votlendi hér á landi. Það var ekki fyrr en með því korti að unnt var að áætla í fyrsta skipti heildarflatarmál votlendis á Íslandi með viðunandi nákvæmni. Ætla má að það hafi numið 8–10.000 ferkílómetrum. Það jafngildir 10% af flatarmáli landsins eða 30–40% af flatarmáli gróins lands. Enn skortir þó nákvæma vitneskju um hversu háu hlutfalli votlendis hefur verið raskað með framræslu í einstökum landshlutum og á landinu öllu. Það er meðal þess sem kanna verður til hlítar verði tillaga þessi samþykkt.

Frá ómunatíð hefur votlendi víðast hvar verið nýtt til beitar og sláttar, mór verið skorinn og hrís rifið. Í fornum lögum og sögum er skurðagerð nefnd þótt hvergi sé beinlínis getið landþurrkunar. Fyrstu tilraunir til að ræsa fram mýrlendi voru að líkindum þær sem Stefán Þórarinsson amtmaður gerði árin 1780 og 1781 með fjárstyrk frá dönsku stjórninni. Stefán gaf í kjölfarið út eins konar leiðbeiningar um framræslu mýra, „Um vatnsveitingar af mýrum“ sem birtist í 2. árgangi Rits Lærdómslistafélagsins 1781. Á fyrrgreindri nýtingu vot-

lendis varð þó líklega ekki teljandi breyting fyrr en á seinni hluta 19. aldar. Þá hófst skeið engjaræktar og áveitna sem stóð allt fram undir 1940. Ekki skorti bændur hvatningu hinna bestu manna. Jón Sigurðsson forseti hafði þannig eftirfarandi að segja árið 1874 um framræslu íslensku mýranna: „Mér þykir vænt um það, ef þið getið drifið upp gufuskip, eða samskot til þess, en vænna hefði mér þótt um, ef þið *hefðið strengt þess heit að skera fram og rækta allar mýrar á landinu* og drífa upp nóg ket, smjer og osta, etc. — Þá kæmu gufuskipin sjálfkrafa á eftir að sækja vörurnar til ykkar.“ (Sjá Árna G. Eylands 1967.)

Tilkoma stórvirkra vinnuvéla og sívaxandi framlög hins opinbera til skurðgraftar leiddi til stórfelldrar framræslu upp úr 1940 sem gjöreyddi mýrum og votlendi í heilum fjórðungum. Dapurlegt dæmi um það er af Suðurlandi þar sem voru áður stærstu votlendi landsins. Víðlendir flóar og mýrar einkenndu syðri part landshlutans en í uppsveitum var votlendi einnig útbreitt. Rannsóknir dr. Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, prófessors í grasafræði, hafa leitt í ljós að nú er búið að raska hvorki meira né minna en 97,5% af votlendi Suðurlands, þar með töldum fjölda vatna og tjarna. Af hinu víðáttumikla sunnlenska votlendi eru því aðeins eftir litlar og dreifðar leifar. Til marks um fyrirhyggjuleysið má nefna að merkilegri gerð votlendis, hallamýrum, hefur nánast verið gereytt í fjórðungnum. Líklega er aðeins ein óröskuð sunnlensk hallamýri eftir á Höfðaflötum vestan undir Vörðufelli. Það er því í síðustu lög að grípa til verndaraðgerða til að koma í veg fyrir óbætanleg spjöll á sunnlensku votlendi. Enn er þó verið að ræsa fram mýrar á Suðurlandi.

Eyðing votlendis af völdum framræslu var gríðarleg. Velsældarárið 1968 þegar mestu síldveiðar Íslandssögunnar færðu gnótt fjár inn í samfélagið náði skurðgrófturinn hámarki þegar 1.633 kílómetrar voru grafnir á einu ári. Upphaflega var land einkum ræst fram til túngerðar. Miklir og vaxandi styrkir hins opinbera ýttu þó undir áframhaldandi framræslu þegar nóg lands til túnræktar var aflað og mýrar þá ræstar fram til að nota sem beitiland fyrir búsmala. Ekki dró úr framræslunni fyrr en á níunda áratugnum. Mestu skipti þegar hið opinbera hætti að styrkja eyðingu mýra. Offors Íslendinga við framræslu leiddi til þess að hvergi er hægt að finna hærra hlutfall lands sem ræst var fram án þess að það væri í kjölfarið nýtt til túnræktar.

Votlendi í hættu.

Í ritinu „Votlendi“ sem Landvernd gaf út árið 1975 birtist skrá eftir Arnþór Garðarson prófessor yfir votlendi á Íslandi sem höfundurinn taldi brýnt að vernda sérstaklega, ekki síst sem búsvæði fyrir fugla. Verkið markaði kaflaskil. Á þeim tíma náði skilningur á gildi votlendis sem búsvæðis fyrir fugla, plöntur og smádýr ekki langt út fyrir raðir náttúrufræðinga. Votlendisskráin opnaði hins vegar augu margra leikmanna fyrir því hversu hér var illa komið fyrir mikilvægum votlendissvæðum og skelfilegum afleiðingum þess fyrir dýralíf, fyrst og fremst fyrir útbreiðslu sjaldgæfra og viðkvæmra fuglategunda. Skránni var einnig ætlað að vera stjórnvöldum eins konar leiðarvísir um votlendisvernd og opna augu þeirra fyrir nauðsyn þess að vernda votlendi almennt fyrir frekari árásum mannsins og friðlýsa mikilvæg votlendissvæði. Það hefur þó reynst torsótt þó nú sé farið að miða í rétta átt.

Arnþór skipti votlendissvæðum í þrjá flokki á grundvelli verndargildis. Af 127 svæðum sem talin voru upp í hinum þremur verndarflokkum er nú aðeins búið að friðlýsa 16, eða rétt um 13%. Af þeim voru 9 af 28 svæðum í fyrsta flokki (forgangsfriðun), 3 af 28 í öðrum flokki (svæði þar sem ber að stefna að friðun) og 4 svæði af 71 í þriðja flokki, sem hafði lægst verndargildi. Að sönnu eru flest hinna 111 svæða sem tilgreind voru í votlendisskránni frá 1975 og ekki hafa verið friðlýst komin á náttúruminjaskrá. Hún hefur hins vegar til skamms tíma haft óvissa stöðu í stjórnsýslunni og ekki falið í sér haldbæra vernd fyrir minjar

sem þar eru skráðar. Vorið 1999 var það nýmæli þó bundið í lög að ekki má raska landslagi eða minjum sem eru á náttúruminjaskrá nema áður sé leitað umsagnar Náttúruverndar ríkisins. Nú er talið að aðeins 4% af votlendi Íslands sé friðað eða einungis 6% af flatarmáli allra friðlýstra svæða. Eins og áður sagði eru þó ekki til skýlaus gögn um það.

Í reynd er staðan þó verri en framangreindar upplýsingar gefa til kynna. Mörgum svæðanna sem var skipað í fyrstu tvo verndarflokkana í votlendisskránni frá 1975 hefur verið raskað verulega síðan skráin kom út. Þetta kemur til dæmis fram í ritinu Íslensk votlendi — verndun og nýting sem kom út árið 1999 og hafði að geyma erindi af ráðstefnu um votlendi sem haldin var árið 1994. Í greinum þeirra dr. Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, prófessors í grasafræði, og dr. Hlyns Óskarssonar eru dapurleg örlög votlendis á Suðurlandi og Vesturlandi rakin ítarlega og þar kemur þessi þróun skýrt fram. Það er því heldur ekki ólíklegt að mörg önnur votlendissvæði sem ekki komust í skrána 1975 séu einnig í bráðri hættu. Þegar horft er til baka er því miður óhætt að fullyrða að árangurinn varðandi vernd og friðlýsingar votlendis hafi verið allt of rýr þann aldarfjórðung sem liðinn er frá því að Landvernd gaf út votlendisskrá Arnþórs Garðarssonar.

Aukinn skilningur.

Vatnaskil urðu efalítið í skilningi almennings á gildi votlendis með frægri grein sem Halldór Laxness skrifaði á gamlársdag 1970 í Morgunblaðið. Greinin fjallaði um eyðingu votlendis á Íslandi og bar réttnefnið „Hernaðurinn gegn landinu“. Þar lagði Nóbelshöfundurinn fyrstur Íslendinga til að þeir menn yrðu verðlaunaðir sem mokuðu ofan í skurði! Aldarfjórðungi síðar var hrundið af stað fyrstu tilraunaverkefnum í anda skáldsins frá Gljúfrasteini. Enn skortir þó framlög til að hægt verði að ráðast af krafti í nauðsynlega endurheimt votlendis.

Tuttugu árum eftir að Halldór Laxness birti grein sína, árið 1990, lagði Náttúruverndarráð til við umhverfisráðuneytið, sem þá var nýstofnað, að öll framræsla mýrlendis yrði stöðvuð og ekki heimiluð að nýju fyrr en áætlun um vernd og nýtingu mýrlendis lægi fyrir. Þessi róttæka tillaga hlaut ekki brautargengi. Nú, þegar bjarmar af 21. öldinni, skortir enn útfærða stefnu stjórnvalda um vernd og endurheimt votlendis. Þó ber síður en svo að lasta jákvæð viðhorf til málaflokksins sem birst hafa á síðustu árum. Raunar má segja að á allra síðustu árum hafi skilningur stjórnvalda á verndun votlendis glæðst nokkuð. Gildir þá einu hvort horft er til löggjafar- eða framkvæmdarvaldsins.

Breytt viðhorf löggjafans birtast til dæmis skýrt í þrennum lögum sem Alþingi samþykkti á síðustu árum. Árið 1997 voru þannig samþykkt ný skipulagslög og þó að þar sé ekki fjallað sérstaklega um votlendi voru í lögunum ákvæði sem gátu stuðlað að vernd þess. Í þeim var mælt fyrir um að leita þyrfti framkvæmdaleyfis fyrir öllum framkvæmdum sem hefðu í för með sér umtalsverðar breytingar. Þetta þýddi að ekki var hægt að farga votlendi án þess að fá sérstakt leyfi. Á þessu var þó sá galli að mat á umfangi breytinganna var samkvæmt lögunum lagt í hendur sveitarstjórna en ekki stjórnvalda á sviði náttúruverndar.

Stærra og miklu mikilvægara skref var þó reynt að stíga þegar Alþingi samþykkti vorið 1999 ný lög um náttúruvernd. Í 37. gr. þeirra er sérstaklega kveðið á um vernd tiltekinna landslagsgerða og sérstaklega tekið fram að ekki megi raska ákveðnum gerðum votlendis nema á undan fari mat á afleiðingum þess. Votlendissvæðin sem tiltekin eru í lagagreininni eru stöðuvötn og tjarnir sem ná hið minnsta yfir 1.000 m^2, mýrar og flóar sem eru 3 hektarar að stærð eða stærri, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður sem eru 100 m^2 að stærð eða stærri, og loks sjávarfitjar og leirur. Því miður eru þessi ákvæði um vernd landslagsgerða alls ekki nógu sterk, sbr. orðalagið um að forðast skuli

„eins og kostur er“ að raska mýrum eða flóum sem eru 3 hektarar að stærð eða stærri. Afleiðingin er sú að enn er verið að raska mýrum, meðal annars á Suðurlandi, eins og áður er lýst. Í upptalningu landslagsgerða sem vernda ber vantar einnig mikilvæga landslagsgerð eins og gróðurvinjar á hálendinu en í mörgum tilvikum teljast þær til votlendis. Á náttúruverndarþingi árið 2000 var einmitt samþykkt einróma áskorun til umhverfisráðherra um að beita sér fyrir að gróðurvinjum á hálendinu væri bætt við upptalninguna. Framangreind ákvæði nýju náttúruverndarlaganna fólu eigi að síður í sér framfaraspor og með þeim var Alþingi vonum seinna að standa við skuldbindingar sem Íslendingar öxluðu með aðild sinni að Ramsar-samþykktinni. En þar er mælt svo fyrir að aðildarríkin skuli láta framkvæma mat á umhverfisáhrifum áður en votlendi er breytt eða það eyðilagt.

Ári fyrr, eða vorið 1998, samþykkti Alþingi jafnframt búnaðarlög þar sem merkilegt nýmæli var að finna um jarðabætur. Í lögunum sagði meðal annars að jarðabætur skyldu ekki aðeins stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa heldur einnig „taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparhátta“. Athygli vekur að í greinargerð með frumvarpinu var sérstaklega tekið fram að þar væri meðal annars átt við verndun og friðun votlendis.

Hjá framkvæmdarvaldinu hefur einnig ýmislegt áunnist um verndun votlendis, einkum fyrir tilstilli Guðmundar Bjarnasonar, fyrrverandi umhverfis- og landbúnaðarráðherra. Að tillögu Fuglaverndarfélags Íslands skipaði Guðmundur nefnd árið 1996 til að vinna að endurheimt votlendis. Nær engu fé hefur þó verið varið til beinna verkefna á þessu sviði síðustu árin þó nefndin hafi sjálf unnið þarft verk og meðal annars nýlega opnað ákaflega góða og fræðandi heimasíðu (www.rala.is/votlendi). Umhverfisráðuneytið sendi árið 1997 frá sér stefnuskrá um sjálfbæra þróun sem lýsti stefnu núverandi ríkisstjórnar. Þar er að finna eftirfarandi yfirlýsingu: „Stuðla skal að verndun og endurheimt votlendis og koma í veg fyrir frekari framræslu lands nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.“ Þessi yfirlýsing var að nokkru leyti staðfest í verki þegar umhverfisráðherra kvað árið 1997 upp þann úrskurð að í stað votlendis sem raskað yrði við sorpurðun í Fíflholtum á Mýrum skyldi endurheimta jafnmikið votlendi annars staðar. Í tilefni vegar um Jökuldalsheiði kvað umhverfisráðherra upp hliðstæðan úrskurð árið 1998. Flutningsmenn telja einkar brýnt að þessari stefnu verði fylgt eftir af krafti gagnvart öllum framkvæmdum í framtíðinni.

Skyldur Íslands.

Förgun votlendis á Vesturlöndum er umhverfisslys sem að vissu marki má jafna við eyðingu regnskóganna í Suður-Ameríku og Asíu. Votlendi gegnir miklu stórbrotnara hlutverki í vistkerfi jarðarinnar en almenningur og jafnvel sérfræðingar hafa til skamms tíma gert sér grein fyrir. Þá gildir einu hvort horft er til fjölbreytileika búsvæðanna sem finnast í votlendi og halda uppi tegundaauðgi jarðarkringlunnar eða mikilvægis þeirra sem kolefnageymslu sem vegur á móti gróðurhúsaáhrifum sem stafa af uppsöfnun kolefnis í andrúmsloftinu.

Af þessum sökum hafa þjóðir heimsins mælt fyrir um vernd votlendis í mörgum alþjóðlegum samningum. Hinn mikilvægasti þeirra er Ramsar-samþykktin, sem Ísland er aðili að. Hún leggur Íslendingum margvíslegar skyldur á herðar sem tengjast vernd votlendis, þar á meðal mótun stefnu um varðveislu, meðferð og nýtingu votlendis. Grundvöllur vinnunnar að baki slíkri stefnumótun eru rannsóknir og skráning á votlendi, enda er í samþykktinni sérstakt ákvæði um að aðildarríki skuli skrá votlendissvæði, meta ástand þeirra og gera áætlun um vernd þeirra og skynsamlega nýtingu („wise use“). Hér á landi hefur slík skráning aldrei ver-

ið gerð. Samþykkt tillögunnar felur því í sér að loks mundi Ísland uppfylla þetta mikilvæga ákvæði Ramsar-samþykktarinnar.

Með tillögunni var fylgiskjal: Hernaðurinn gegn landinu. Halldór Laxness, Yfirskygðir staðir. Ýmsar athuganir. Helgafell 1971.

648. Tillaga til þingsályktunar [390. mál]

um Suðurnesjaskóga, landshlutabundið verkefni um landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum.

Flm.: Kristján Pálsson, Árni Johnsen, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason, Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að beina því til landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp til að undirbúa stofnun landshlutabundins verkefnis til landgræðslu og skógræktar á Suðurnesjum.

Starfshópurinn skili tillögum sínum nógu tímanlega til að framkvæmd verkefnisins geti hafist eigi síðar en árið 2001.

Greinargerð.

Endurheimt gróðurs sem þakti Ísland við landnám er markmið sem stefnt hefur verið að síðustu áratugi. Ráðist hefur verið í mörg verkefni til að ná því og er árangur víða góður. Þekktust þeirra eru Hallormsstaðarskógur og nú á síðari árum landshlutabundin skógræktarverkefni eins og Suðurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Vesturlandsskógar, Skjólskógar o.fl. Uppgræðsla Landgræðslu ríkisins hefur einnig verið mjög árangursrík eins og sést á Suðurlandi og víðar. Með öflugu starfi stofnana og einstakra skógræktarfélaga víðs vegar um landið hefur verið sýnt fram á að mögulegt er að græða landið og rækta skóga við mjög erfiðar aðstæður nánast hvar sem er.

Vantrú á möguleika okkar að þessu leyti heyrir því sögunni til, enda er ekki aðeins stefnt að ræktun hávaxinna trjáa heldur miðað við aðstæður á hverjum stað. Á Suðurnesjum hefur gróðureyðing verið mikil frá landnámi, sérstaklega síðustu tvöhundruð árin. Heimildir segja frá því að kotbændur á Suðurnesjum voru látnir greiða hrístoll til Bessastaða. Sú staðreynd sýnir að hrís (trjágróður) þreifst á Suðurnesjum. Vindar þar geta orðið sterkir og þar sem úthafsaldan brotnar á ströndinni verður oft sjórok sem leggur yfir stóran hluta skagans. Aðstæður af þessu tagi samfara litlu skjóli leiða til þess að uppblástur jarðvegs verður hraður og uppgræðsla erfið. Fá láglendissvæði á landinu eru jafnilla leikin og Suðurnesin, þrátt fyrir friðun síðustu ár. Gríðarleg jarðvegsrýrnun háir verulega landgræðslu og skógrækt sem gengur hægt þrátt fyrir öflugt starf Suðurnesjamanna. Mikill berangur skýrir einnig erfiðleika á þessu sviði. Aðstæðurnar kalla því á sérstakt átak.

Skógrækt, landgræðsla og áburður.

Verkefnið sem hér er lagt til að unnið verði er sambærilegt við landshlutabundin verkefni eins og Suðurlandsskóga, Skjólskóga o.fl. að öðru leyti en því að stefnt er að meiri landgræðslu. Til að viðunandi árangur náist á þessu sviði á Suðurnesjum þarf átak af svipuðu

umfangi og fyrrnefnd verkefni. Landsvæðið sem græða þarf upp til að ná þeirri gróðurþekju sem áður var á Suðurnesjum nemur tugum þúsunda hektara að stærð. Jafnframt yrðu ræktuð skjólbelti, kjarrgróður og nytjaskógar, allt eftir aðstæðum.

Undanfari skógræktar er landgræðsla á örfoka svæðum. Að áliti sérfræðinga eru margar tegundir vel fallnar til uppgræðslu á Suðurnesjum, t.d. gæti melgresi dugað vel á foksandinum vestast á Reykjanesi. Aðrar tegundir, svo sem beringspuntur, snarrót, túnvingull og vallarsveifgras, eru taldar duga vel á mela, með áburðargjöf.

Nokkur skógarbelti eru nú þegar á Suðurnesjum og má þar nefna helst Sólbrekkuskóg, reit við Háabjalla og Selskóg ásamt tilraunareitum við Rósaselsvötn, Voga og víðar. Mikil reynsla hefur fengist síðustu ár í skógrækt á Suðurnesjum og því er nokkuð vitað um hvaða trjátegundir duga þar best. Vestast er helst litið til ræktunar loðvíðis, alaskavíðis, jörfavíðis, tröllavíðis og sitkagrenis. Af lauftrjám kemur íslenskt birki þar helst til greina, enda mjög harðgert. Austar á skaganum koma margar tegundir til greina, einkum stafafura, blágreni og alaskaösp.

Ef uppgræðsla og skógrækt á að skila skjótum og varanlegum árangri er lífrænn áburður nauðsynlegur. Á Suðurnesjum eru einhver stærstu svínabú landsins og einnig mjög stór kjúklingabú. Þaðan falla árlega til um 8.000 tonn af skít sem dygði á um 250 hektara. Slíkan áburð er þó aðeins hægt að nota fjarri mannabyggð. Nú er skítnum dælt í sjóinn að mestu og er sjávarmengunin sem það veldur eins og frá um sex þúsund manna byggð. Nýting þessa áburðar væri því ekki aðeins kærkomin fyrir gróðurinn heldur mætti með henni koma í veg fyrir alvarlega sjávarmengun. Aðgerðir sem þessar hefðu því margvíslegt gildi.

Binding koltvísýrings.

Loftslagssamningurinn sem samþykktur var í Kyoto í Japan árið 1997 er af Íslands hálfu enn óundirritaður. Andrés Arnalds og Úlfur Óskarsson hjá Landgræðslu ríkisins hafa komið með áhugaverðar ábendingar þar sem þeir fullyrða að með meiri landgræðslu og skógrækt væri auðvelt að uppfylla þau skilyrði sem Íslendingum eru sett samkvæmt samningnum fyrir árið 2010. Þeir segja þetta ódýra leið til að uppfylla skuldbindingar okkar. Jafnframt færir það okkur nær því markmiði að endurheimta horfin landgæði.

Frá bílum berast um 30% koltvísýrings sem við losum út í andrúmsloftið. Uppgræðsla eins hektara lands nægir til að binda koltvísýring frá einum fólksbíl í um 40 ár.

Á Suðurnesjunum einum má græða upp land sem nemur tugum þúsunda hektara. Því er augljóst að auðvelt verður að rækta upp nægjanlegt land þar til að binda kolvetni úr öllum bílum Suðurnesjamanna, um 10.000 talsins. Í loftslagssáttmálanum eru ekki settar takmarkanir á leiðir til að binda koltvísýring í lífræn efni. Landgræðsla og skógrækt gætu nýst okkur í þessum tilgangi, ef samningar um það næst, og dygðu til að binda allan koltvísýring frá bílum og bátaflota landsmanna ef vel væri á málum haldið. Það gæti jafnvel orðið til þess að við gætum leigt öðrum losunarkvóta. Hagsmunir Íslendinga eru því augljósir á þessu sviði. Vitneskja okkar og reynsla af slíkum verkefnum er einnig svo mikil að hægt væri að fjölga landgræðslu- og skógræktarverkefnum verulega á skömmum tíma. Að mati flutningsmanna eru slík verkefni með arðbærustu sóknarfærum sem völ er á.

Drög að áætlun fyrir Suðurnesjaskóga eru birt í fylgiskjali. Gróðurkorti af Suðurnesjum er dreift með tillögunni. Kortið og áætlunin eru unnin af Landgræðslu ríkisins o.fl.

Fylgiskjal.

Drög að áætlun fyrir Suðurnesjaskóga. Landshlutaverkefni í landgræðslu og skógrækt.

Skýringar á hugtökum.

Þar sem enn hefur ekki skapast skýr hefð í íslenskri tungu, fyrir hugtakanotkun í skógrækt, þykir rétt að skýra þau hugtök sem hér eru notuð:

— *Landgræðsla.* Samheiti yfir aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg, svo sem dreifing lífræns og ólífræns áburðar, sáning, gróðursetning og stjórnun á beit.

— *Nytjaskógrækt. Timburskógrækt.* Þetta mega teljast samheiti. Öll skógrækt hefur notagildi. Því hefur í þessari skýrslu verið gripið til orðsins timburskógrækt fyrir þá ræktun sem hefur hvers kyns viðarframleiðslu að höfuðmarkmiði.

— *Landbótaskógrækt.* Skógrækt sem hefur ekki timburframleiðslu að höfuðmarkmiði heldur landbætur af ýmsu tagi, svo sem jarðvegsvernd, aukið beitarþol lands og skjól fyrir búpening, sem og aukið útivistargildi (m.a. vegna betra skjóls). Skógrækt til landbóta getur einnig gefið af sér viðarnytjar. Landbótaskógur getur verið hvort tveggja, ræktaður eða sjálfsprottinn skógur sem stuðlað er að með beitarstjórnun.

— *Skjólbeltarækt.* Ræktun tiltölulega mjórra trjábelta, þar sem leitast er við að skapa skjól á skemmri tíma en gert er með hefðbundinni skógrækt. Í þessu skyni er jörðin að jafnaði þaulunnin, leitast við að halda illgresi í skefjum og valdar hraðvaxta tegundir.

— *Sjálfbær nýting.* Nýting sem hagað er á þann veg að ekki gangi á auðlindina til lengri tíma litið.

— *Algjör friðun.* Friðun gagnvart hvers kyns inngripi manna og húsdýra, nema hugsanlegri stígagerð.

— *Skógræktaráætlun. Ræktunaráætlun.* Um er að ræða samheiti, sé átt við áætlun, sem tekur til einnar eða fárra jarða. Hún felur í sér kort af áætluðu ræktunarsvæði þar sem sýndir eru fyrirhugaðir vegarslóðar, girðingar o.fl. þess háttar, auk þess sem landinu er skipt upp í reiti á grundvelli gróðurfars, jarðvegsskilyrða, landhalla o.fl. þátta í náttúrufari sem fagmenn telja skipta máli við ákvarðanir um skógræktarframkvæmdir. Einnig geta fylgt kort af fyrirhugaðri tegundasamsetningu skógarins, jarðvinnsluaðferðum o.fl. sem tengist sjálfum framkvæmdunum. Kortunum fylgja ítarlegar skýringar og aðrar nauðsynlegar leiðbeiningar fyrir bóndann. Við gerð skógræktaráætlana er leitast við að laga skóginn að landinu, tekið tillit til þjóðminja og lagt mat á verndargildi sérkenna í náttúrufari.

— *Landgræðsluáætlun.* Felur í megindráttum í sér sama feril og skógræktaráætlun, þ.e. að skilgreina markmið, leiðir og vinnubrögð við áformuð verkefni.

— *Héraðsáætlun. Landshlutaáætlun.* Áætlun um umfang ríkisstyrktrar landgræðslu og skógræktar í heilum landshluta. Þar eru settar reglur um tilhögun við ólíkar aðstæður.

Tilgangur og markmið.

Í skýrslu þessari er lagt til að á grundvelli laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, og fyrirhugaða landgræðsluáætlun fyrir árin 2000–2012, verði stofnað til landshlutaverkefnis í skógrækt á Suðurnesjum. Verkefnið hljóti heitið *Suðurnesjaskógar.*

Megintilgangur Suðurnesjaskóga verður að stuðla að aukinni landgræðslu og skóg- og skjólbeltarækt á Suðurnesjum. Gert er ráð fyrir að flestir sem umráð hafa yfir landi, og hafa áhuga, geti orðið þátttakendur í verkefninu.

Stóraukin landgræðsla og skógrækt í landshlutanum mun stuðla að betra umhverfi fyrir alla íbúa svæðisins.

Suðurnesjaskógar munu hafa jákvæð áhrif á
— umhverfisskilyrði fyrir alla íbúa Suðurnesja,
— byggðaþróun,
— auðlindasköpun,
— bindingu kolefnis,
— landgæði,
— landnýtingu,
— atvinnulíf,
— veðurfar,
— ferðaþjónustu.

Undirbúningur Suðurnesjaskóga.

Hugmyndin að Suðurnesjaskógum hefur þróast að undanförnu í kjölfar landshlutabundinna skógræktarverkefna í flestum kjördæmum landsins. Þekkingu á leiðum til að bæta landkosti á þessum slóðum hefur einnig fleygt fram. Umræða um mikilvægi landgræðslu og skógræktar við bindingu koltvísýrings hefur vakið vonir um að unnt verði að fá fjármagn til slíks átaks á Suðurnesjum. En málið á sér lengri aðdraganda.

Núverandi staða.

Á síðustu tíu árum hefur skógrækt aukist hraðar á Íslandi en áður eru dæmi um. Sama gildir um landgræðslustarfið. Sú aukning hefur ekki orðið sem skyldi á Suðurnesjum. Árið 1991 voru lög um Héraðsskóga samþykkt. Héraðsskógaverkefnið er gott dæmi um vel heppnað skógræktar- og byggðaþróunarverkefni. Með setningu laga um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997, opnuðust nýir möguleikar þar sem viðurkennt var að skógrækt mætti stunda í fleirum en einum tilgangi, þ.e. með fleira en timburframleiðslu að markmiði. Því munu fleiri fá aðgang að verkefninu en þeir einir sem búa á allra bestu skógræktarsvæðunum.

Landgræðsla á sér langa sögu á Suðurnesjum og reynslan sýnir að skilyrði til uppgræðslu eru þar víða góð.

Starfshópur til að vinna að undirbúningi Suðurnesjaskóga.

Æskilegt er að skipaður verði starfshópur til að vinna að undirbúningi Suðurnesjaskóga og við skipan hans veiti landbúnaðarráðherra 500 þús. kr. til þessarar vinnu. Sú upphæð er ætluð til að kosta störf nefndarinnar og dugar hvergi nærri til að gera fullburða áætlun um Suðurnesjaskóga heldur til skýrslu sem verði minni í sniðum. Henni væri ætlað að stofnsetja verkefnið og er hugmyndin sú að hluti þess fjár sem veitt verður til verkefnisins fyrstu árin verði notaður til að fullgera áætlun um Suðurnesjaskóga.

Stjórnskipulag.

Suðurnesjaskógar verða sjálfstætt landgræðslu- og skógræktarverkefni með eigin stjórn, sem landbúnaðarráðherra mun skipa til tveggja ára í senn. Skipurit fyrir Suðurnesjaskóga er sýnt hér á eftir. Stjórnin verður fimm manna, einn tilnefndur af Landgræðslu ríkisins, einn af Skógrækt ríkisins, einn af Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS), einn af skóg-

ræktarfélögum á verkefnissvæðinu og einn án tilnefningar. Tímasetning ráðningar starfsmanna og skipulag starfseminnar fer eftir því hver framvinda verkefnisins verður. Æskilegt er að gerðir verði þjónustusamningar við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins um faglega ráðgjöf og skipulagsvinnu. Gera þarf ráð fyrir framkvæmdastjóra og hugsanlega svæðisstjórum vegna verkefnisins, með aðsetur á Suðurnesjum.



Flokkun lands á Suðurnesjum.

Land á á Suðurnesjum verður flokkað eftir loftmyndum eins og lagt er til hér á eftir. Land verður einnig flokkað eftir skilyrðum til uppgræðslu og fyrir ýmsar tegundir runna og trjáa sem helst kemur til greina að rækta á Suðurnesjum.

Láglendi á Suðurnesjum skiptist þannig eftir landflokkum:

— Mólendi, graslendi og ræktað land.
— Votlendi.
— Bersvæðisgróður, hálfgróið eða minna.
— Birkiskógur og kjarr.
— Mosagróður.
— Vötn.
— Ár.

Framkvæmdaþættir.

Verkefni Suðurnesjaskóga er skipt í fimm meginflokka. Flokkunum og helstu hugtökum þeim tengdum er lýst stuttlega. Í héraðsáætlunum verða hugtökin og aðferðarfræðin skýrð betur, en byggt verður á sama grunni og gert er í áætlunum um Héraðsskóga, Norðurlandsskóga, Skjólskóga og Vesturlandsskóga.

Verkefni Suðurnesjaskóga.



Ræktun nýrra skóga.

Í 3. gr. laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, er fjölnytjaskógrækt skipt í tvo flokka eftir markmiðum skógræktarinnar. Hér er þeirri skiptingu haldið. Í lögunum er héraðsáætlunum sett það markmið að rækta skóg á að minnsta kosti 5% láglendis undir 400 metra hæð yfir sjávarmáli.

Landbótaskógrækt hefur viðarframleiðslu ekki að meginmarkmiði heldur aðrar skógarnytjar, svo sem skjól, jarðvegsvernd, útivist og yndi. Þó mun skógurinn í flestum tilvikum bjóða upp á einhverjar viðarnytjar í framtíðinni.

Landbótaskógræktinni er skipt í tvo meginþætti:

Sjálfgræðsluskógur er land sem friðað er fyrir beit a.m.k. uns nýliðun birkis og annarra tegunda hefur átt sér stað. Þetta tekur vitaskuld langan tíma, en mögulegt er að flýta þróuninni með takmörkuðum aðgerðum.

Ræktaður landbótaskógur er skógur sem ræktaður er með önnur meginmarkmið en timburframleiðslu. Ræktunaraðferðir, og þar af leiðandi kostnaður, ráðast af markmiðum.

Skjólbeltarækt.

Skjólbeltarækt verður eitt af verkefnum Suðurnesjaskóga.

Í lögunum er skjólbeltum skip í tvo flokka. Annars vegar belti sem ræktuð eru í því skyni að skýla ræktun, búfé og mannvirkjum. Hins vegar belti sem eru undanfari skógræktar. Stefnt er að verulegri ræktun skjólbelta á fyrstu 25 árum verkefnisins.

Önnur verkefni.

Undir þessum lið eru þau verkefni Suðurnesjaskóga sem ekki miða beinlínis að aukinni skógarþekju. Meðal markmiða laga um landshlutabundin skógræktarverkefni er að stuðla að „verndun og umhirðu þess skóglendis sem fyrir er“ (1. gr.). Þessum markmiðum á að ná ýmist með stýrðri sjálfbærri nýtingu náttúrulegra skóga eða með algjörri friðun þeirra.

Mikilvægt er að það sé ljóst að þótt talsverð reynsla sé komin á ræktun skóga við margvíslegar aðstæður vantar enn mikið á að bestu aðferðir og réttur efniviður séu fundin. Hér er því

lagt til að Suðurnesjaskógar hafi fjárhagslegt svigrúm til að styrkja rannsóknir á því sviði eða kaupa þær af hæfum aðilum.

Sjálfbær nýting birkiskóga.

Birkiskógar eru auðlind. Ágóði af hvers konar nýtingu, sem ekki gengur á gæði skógarins, er besta trygging þess að skógurinn verði ekki eyðilagður.

Þróun nýrra aðferða við ræktun.

Suðurnesjaskógar munu leggja fjármuni í þróun aðferða við landgræðslu og ræktun og nýtingu skóga og skjóbelta sem sérstaklega henta aðstæðum á svæðinu. Þeir peningar verða aðallega notaðir til að styrkja eða kaupa hagnýtar rannsóknir sem líklegt er að nýtist verkefninu.

Fræðsla.

Suðurnesjaskógar munu, ásamt skógræktarfélögum og fleiri aðilum á svæðinu, standa fyrir námskeiðum og fræðslu um ýmislegt tengt skógrækt og landgræðslu. Þessi námskeið verða haldin í samvinnu við þá aðila sem hafa kunnáttu að miðla á þessu sviði, svo sem Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins o.fl.

Girðingar.

Á nokkrum svæðum, sem fjölnytjaskógrækt verður stunduð á, er jafnframt einhver búfjárrækt. Er því nauðsynlegt að friða verðandi skógarsvæði fyrir beit. Reynt verði að haga girðingaframkvæmdum þannig að af hljótist sem minnstur kostnaður.

Áætlanagerð.

Vanda skal áætlanagerð fyrir allar framkvæmdir á vegum Suðurnesjaskóga. Ef rétt er á málum haldið muni landgræðsla, skógrækt og skjólbeltarækt bæta umhverfisskilyrði fyrir íbúa svæðisins og auka verðgildi lands.

Skógræktaráætlanir.

Fyrir aðila sem þátt tekur í verkefninu verður gerð skógræktaráætlun (ræktunaráætlun) áður en framkvæmdir hefjast. Markmið hennar er að tryggja að ræktunin sé hagkvæm og í sátt við umhverfið.

Skjólbeltaáætlanir.

Markmið skjólbeltaáætlana er að tryggja að skjólbelti falli vel að umhverfinu og geri fullt gagn með sem minnstum tilkostnaði. Gera skal skjólbeltaáætlun fyrir allt land þar sem Suðurnesjaskógar styrkir skjólbeltarækt.

Auðlindasköpun og kolefnisbinding.

Þegar ógrónu landi er breytt í frjósamt vistkerfi eða skóglaust land breytist í skóg myndast ný auðlind. Hún mun leggja grunn að fjölbreyttara mannlífi, bæði í sveitum og í þéttbýli. Eins er einboðið að skógi vaxið land býður upp á aukna útivistarmöguleika og lengir verulega þann tíma sem hægt er að stunda útivist án óþæginda vegna veðurfars.

Ljóst er að binding CO_2 með ræktun skóga er viðurkennd leið til að standa við skuldbindingar sem felast í undirritun Kyoto-bókunarinnar. Þótt Íslendingar hafi ekki undirritað og staðfest Kyoto-bókunina enn þá hefur ríkisstjórnin kynnt þá stefnu sína að slíkt verði gert.

Því er ljóst að öll landgræðsla og skógrækt eftir 1990 verður í framtíðinni talin okkur til tekna í þessu sambandi. Binding CO_2 er því raunveruleg verðmæti. Það er svo ríkisvaldsins að ákveða hvort, og þá hvernig, innheimt verði losunargjald af jarðefnaeldsneyti og annarri losun gróðurhúsalofttegunda. Búast má við um 7,9 tonna bindingu CO_2 á hektara á ári í íslenskum timburskógi (Arnór Snorrason, munnleg heimild). Samsvarandi tala fyrir uppgræðslu er um 4,5 tn CO_2 á hektara. Ljóst má vera að hér er á ferðinni afar hagkvæmur kostur fyrir ríkisvaldið þegar ákvörðun er tekin um fjárframlög í því skyni að draga úr fólksflótta úr dreifbýli.

Framkvæmdaáætlun.

Gerð er tillaga um eftirfarandi framkvæmdaáætlun landshlutaverkefnis í landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum:

1. Suðurnesjaskógar verði formlega stofnaðir haustið 2000. Stjórn verkefnisins taki þá til starfa og annist nauðsynlegan undirbúning, svo sem að tryggja fjármagn og ráða framkvæmdastjóra.
2. Unnið verði að áætlun í þremur áföngum.
3. Samhliða gerð áætlana verði hafist handa við landgræðslu og skógrækt og skjólbeltagerð, jafnóðum og áætlanirnar verða tilbúnar. Stefnt verði að því að verkefnið verði komið á fullan skrið árið 2008 og verður fjárþörf þess þá um 34 millj. kr. á ári.

Röðun framkvæmda.

Árið 2001.

— Verkefnið hefst.
— Unnið að gerð áætlana.
— Landgræðsla, skógrækt og skjólbeltagerð hafin.

Árið 2002.

— Áætlanagerð haldið áfram.
— Verkefnum framhaldið og unnið að fjölgun þátttakenda.

Árin 2002 og 2003.

— Starfið enn aukið.
— Mikil áhersla á gerð áætlana.

Árið 2004.

— Áætlun um Suðurnesjaskóga endurskoðuð.
— Ræktunin aukin.

Árin 2005–2007.

— Unnið eftir endurskoðaðri áætlun.

Árin 2007–2039.

— Verkefnið er að fullu komið til framkvæmda.
— Áætlanir endurskoðaðar reglulega.

Sundurliðuð fjárþörf 2001–2005.

Árið 2001

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn (⅓)	750.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	2.400.000 kr.
Þróun og fræðsla	500.000 kr.
Hönnun framkvæmda	1.850.000 kr.
Framkvæmdir	8.000.000 kr.
Samtals:	**17.000.000 kr.**

Árið 2002

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn	1.000.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	4.000.000 kr.
Þróun og fræðsla	2.000.000 kr.
Framkvæmdir	10.000.000 kr.
Samtals:	**20.500.000 kr.**

Árið 2003

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn	2.700.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	3.000.000 kr.
Þróun og fræðsla	2.000.000 kr.
Framkvæmdir	14.900.000 kr.
Samtals:	**26.100.000 kr.**

Árið 2004

Framkvæmdastjórn	3.500.000 kr.
Aðrir starfsmenn	3.900.000 kr.
Rekstur og fjárfestingar	3.000.000 kr.
Þróun og fræðsla	3.000.000 kr.
Framkvæmdir	20.500.000 kr.
Samtals:	**33.900.000 kr.**

Árið 2005 og áfram:	**35.000.000 kr.**

649. Tillaga til þingsályktunar [391. mál]

um rannsókn á mengun í jarðvegi og grunnvatni við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gangast fyrir rannsókn á umfangi mengunar í jarðvegi og grunnvatni frá „varnarsvæðinu“ við Keflavíkurflugvöll.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga hliðstæð þessari hefur verið flutt áður á Alþingi og ekki náð fram að ganga. Í tengslum við tillöguna er lögð fram önnur þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu á Íslandi verði rannsökuð. Steingrímur J. Sigfússon er fyrsti flutningsmaður hennar en flutningsmaður þessarar tillögu er þar meðflutningsmaður.

Á undanförnum árum hafa verið dregin fram í dagsljósið fjölmörg mengunarslys sem orðið hafa í nágrenni herstöðva víða um heim frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Vegna fákunnáttu voru menn lengi vel ekki á varðbergi og með ýmsu móti, jafnvel af ásetningi, fóru niður í jarðveg efni eins og afísingarefni, ýmiss konar hreinsiefni svo sem hið stórhættulega leysiefni tríklóretýlen, TCE, hið baneitraða PCE, úrgangsolíur, slökkviefni, rafgeymaleifar (blý og sýra), spennaolía, sem stundum innihélt PCB, málningarleifar, málmhúðunarleifar, þotueldsneyti og ýmislegt annað miður geðslegt. Áður fyrr vildu menn umfram allt skjótvirk efni en voru ekki alltaf meðvitaðir um skaðsemi þeirra.

Nú er brýn nauðsyn á að safnað verði allri fáanlegri vitneskju um þá staði sem kunna að vera hættusvæði meðan enn eru á lífi menn sem hafa unnið við herstöðina frá upphafi og búa yfir vitneskju um hvar slík eiturefni hafa verið urðuð eða farið niður fyrir slysni eða gáleysi. Í framhaldi af því verði svo kortlögð sú vitneskja sem fæst og nákvæm efnagreining gerð á þeim jarðvegi sem óttast er að sé mengaður.

Meðan niðurstaða slíkrar könnunar liggur ekki fyrir getum við aðeins borið aðstæður hér saman við þær sem nú eru þekktar frá öðrum herstöðvum þar sem slíkar rannsóknir hafa verið gerðar, t.d. í Þýskalandi, á Guam og Filippseyjum, en þar hafa víða komið fram alvarleg mengunartilfelli og þurft hefur að leggja í mikinn kostnað við hreinsun jarðvegs.

Þess má geta að í sýnum sem tekin hafa verið á Heiðarfjalli, þar sem ratsjárstöð var þó aðeins rekin í 15 ár, hefur greinst töluvert af baneitruðum þungmálmum, t.d. kadmíum, krómi, blýi og nikkel.

Árið 1989 lét bandarískí herinn gera mælingar á grunnvatnssýnum sem tekin voru á svæðum sem á kortum í fylgiskjali eru merkt með svörtum punktum. Rannsóknin tók aðeins til tveggja hættulegra efna, TCE, eða tríklóretýlen, og PCE, eða perklóretýlen. Rannsóknin leiddi í ljós að efnið tríklóretýlen fannst þá á útbreiddu svæði við flugvöllinn og víða yfir hættumörkum, m.a. við þáverandi vatnsból Njarðvíkinga og hersins, eins og marka má af korti 1. Efnið TCE er talið geta valdið ýmsum alvarlegum sjúkdómum, svo sem hjartagöllum, og vera krabbameinsvaldandi. Hitt efnið sem rannsakað var, perklóretýlen (PCE), sem er baneitrað, fannst einnig í nokkrum mæli í grunnvatnssýnum. Efni sem þessi eyðast ekki. Það verður að hreinsa jarðveginn, annars breiðast þau sífellt meira út.

Það má ljóst vera að leiði niðurstaða jarðvegs- og grunnvatnsrannsókna í ljós að á svæðinu fyrirfinnist eiturefni í einhverjum mæli verður að gera þá kröfu að herinn hreinsi

upp eftir sig áður en lengra er haldið. Þessi krafa á í raun ekki aðeins við um Suðurnes heldur og aðra staði á Íslandi þar sem herinn hefur haft umsvif.

Þess má geta að á undanförnum árum hafa þýsk yfirvöld gert 1.595 skaðabótakröfur á hendur Bandaríkjaher vegna mengunar frá herstöðvum í Þýskalandi og þegar hafa verið greiddar skaðabætur vegna 1.072 þessara mála.

Nýlega hefur það gerst að bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ treystu sér ekki til að taka við svæði sem herinn vildi skila, þ.e. svokölluðu Nickel-svæði sem liggur að Keflavík, vegna gruns um mikla mengun á svæðinu. Herinn neitaði að fjármagna rannsókn á svæðinu svo að utanríkisráðuneytið tók að sér að tryggja fjármögnun á rannsókn á jarðvegssýnum sem tekin voru á umræddu svæði. Í ljós kom að sýnin voru mikið menguð af olíu hvers konar og einnig var nokkur blýmengun á afmörkuðum svæðum. Mikilvægt er að samningar takist um að herinn hreinsi þarna upp eftir sig áður en tekið verður við þessu landi. Engar rannsóknir voru gerðar nú á grunnvatni á þessu svæði en víst er að það er mengað eins og rannsóknin frá 1989 benti til.

Í bandarískum lögum er kveðið á um að Bandaríkjamenn fari að kröfum viðkomandi þjóðar í umhverfismálum. Okkur ber því að gæta hagsmuna þegna okkar, krefjast þess að þessi mál verði rannsökuð og viðeigandi ráðstafanir gerðar til úrbóta svo að landið verði aftur nýtanlegt.

Í fylgiskjali eru kort gerð á vegum Bandaríkjahers árið 1989 yfir útbreiðslu eiturefnanna TCE og PCE í grunnvatni á Keflavíkurflugvallarsvæðinu.

Fylgiskjal.

Kort 1. Keflavíkurflugvöllur, TCE-mengun í grunnvatni.



Kort 2. Keflavíkurflugvöllur, PCE-mengun í grunnvatni.



650. Tillaga til þingsályktunar [392. mál]

um rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta fara fram rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu og hernaðarumsvifa á Íslandi og hættum sem eru núverandi hernaðarumsvifum samfara. Einnig verði gerð úttekt á lagalegum álitaefnum þessu tengdum.

Rannsókn beinist sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

1. grunnvatnsmengun,
2. jarðvegsmengun,
3. frágangi spilliefna og sorphauga,
4. umhverfishættu sem stafar af núverandi hernaðarumsvifum,
5. réttarfarslegum hliðum málsins varðandi skaðabótaskyldu erlendra og/eða íslenskra stjórnvalda gagnvart landeigendum í þeim tilfellum sem mengun hefur orðið og skyldu þeirra til að hreinsa menguð svæði.

Jafnframt verði reynt að áætla kostnað við hreinsun þeirra svæða sem hafa orðið fyrir mengun.

Greinargerð.

Brýnt er að fram fari almenn úttekt á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu á Íslandi. Allt frá árinu 1985 hefur það legið fyrir með óyggjandi hætti að mikil grunnvatnsmengun hefur orðið á Miðnesheiði og náð til bæði Keflavíkur og Njarðvíkur. Á þessum slóðum er berggrunnurinn úr grágrýti sem gleypir auðveldlega í sig vatn og aðra vökva. Mengunin stafar aðallega af þrenns konar efnum: klórkolvetnissamböndum, olíum og nítrötum. Rannsóknir leiddu á sínum tíma í ljós víðtæka mengun á þessu svæði, m.a. í vatni af völdum TCE (tríklóretýlen) og PCE (tetraklóretýlen). Vitneskja um þessa mengun varð til þess að ráðist var í gerð nýs vatnsbóls fyrir Keflavík, Njarðvík og flugvallarsvæðið svo fljótt sem auðið varð. Þá hafa af og til orðið olíuslys á Nickel-svæðinu svokallaða og hreinsunaraðgerðir ekki borið tilætlaðan árangur. Þessu til viðbótar má nefna að um ríflega 20 ára skeið var efnasambandið urea notað til afísingar á Keflavíkurflugvelli. Alls munu um 10–15 þúsund tonn af því hafa sigið niður í grunnvatnið og valdið þar nítratmengun, m.a. í tveimur vatnsbólum á vallarsvæðinu.

Árið 1991 var staðfest mikil mengun frá ratsjárstöðinni á Heiðarfjalli í landi Eiðis. Kröfum landeigenda á hendur bandaríska hernum var vísað frá af sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi á grundvelli samnings frá 30. júní 1970, sem gerður var af ríkisstjórn Íslands og Bandaríkjahers, svokallaðs *Memorandum of understanding*. Sama gerði þáverandi flotaforingi á Keflavíkurflugvelli, Thomas F. Hall.

Á Straumnesfjalli standa mikil mannvirki auð og hafa verið í niðurníðslu frá því að þar var starfrækt ratsjárstöð. Við ratsjárstöðina á Bolafjalli sem tók við hlutverki stöðvarinnar á Straumnesfjalli hafa orðið mengunarslys, sbr. alvarlegan olíuleka sem varð haustið 1989. Þá er ljóst að frágangur sorphauga á svæði ratstjárstöðvarinnar á Stokksnesi er algjörlega ófullnægjandi og ekki liggur fyrir hverjum ber að fjarlægja þau mannvirki sem þar hafa verið yfirgefin. Loks má nefna að ratsjárstöðin á Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi stendur upp af vatnsbóli Þórshafnar og kom til deilna milli heilbrigðisyfirvalda og forsvarsmanna stöðvarinnar um það mál á sínum tíma.

Víða erlendis hefur Bandaríkjaher ráðist í umfangsmiklar aðgerðir til að hreinsa athafnasvæði sín með ærnum tilkostnaði. Svo dæmi sé tekið var u.þ.b. 90 milljörðum íslenskra króna varið til slíkra verkefna árið 1992 á verðlagi þess árs. Mengun af því tagi sem orðið hefur hér á landi hefur einnig verið staðfest í Þýskalandi, Suður-Kóreu, á Filippseyjum og eyjunni Guam.

Fyrir liggur að hreinsunaraðgerðir á þeim svæðum sem vitað er að hafa orðið fyrir mengun hér á landi yrðu gríðarlega kostnaðarsamar. Af þeim sökum er brýnt að fá úr því skorið hvaða aðili beri ábyrgð á slíku hreinsunarstarfi og kostnaðinum við það. Sama máli gegnir um ábyrgð og skaðabótaskyldu vegna hugsanlegra mengunarslysa í tengslum við hernaðarumsvif í framtíðinni.

Þessum málum var fyrst hreyft af Sigríði Jóhannesdóttur alþingismanni með þingsályktunartillögu um „rannsókn á jarðvegi og grunnvatni við „varnarsvæðin“ á Suðurnesjum“ sem flutt var á 115. löggjafarþingi (þskj. 738) og endurflutt á 121. löggjafarþingi (þskj. 909). Hún er nú endurflutt samhliða þessari tillögu og er fyrsti flutningsmaður hennar meðflutningsmaður þessarar tillögu. Hér er lagt til að gerð verði heildarúttekt á þessum málaflokki á öllum þeim svæðum sem hafa verið og eru athafnasvæði erlendra herja á Íslandi.

651. Fyrirspurn [393. mál]

til félagsmálaráðherra um hlutföll kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum opinberra aðila.

Frá Helgu A. Erlingsdóttur.

1. Hver voru hlutföll milli kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins í upphafi þessa árs?
2. Hverjir tilnefna í stjórnir, nefndir og ráð þegar um slíkt er að ræða? Hve margar konur og hve margir karlar eru tilnefnd eða skipuð og hversu margar eru nefndirnar? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og því hvort um tilnefningar er að ræða eða ekki.
3. Hve margar nefndir eru á vegum ríkis og sveitarfélaga sameiginlega, hverjir tilnefna í hverja þeirra og hver eru hlutföllin milli kynja?

Til samanburðar óskast sambærilegar upplýsingar frá því fyrir tíu árum eftir því sem völ er á.

Skriflegt svar óskast.

652. Fyrirspurn [394. mál]

til forsætisráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins voru flutt út á land á árinu 1999, sundurliðað eftir ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til?

Skriflegt svar óskast.

653. Fyrirspurn [395. mál]

til samgönguráðherra um verð leigulína til gagnaflutninga.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Telur ráðherra að jafna þurfi aðstöðu þeirra sem þurfa, eða vilja, nýta sér möguleika nýrrar samskiptatækni til fjarkennslu, fjölmiðlunar eða fjarvinnslu hvað varðar verð leigulína til gagnaflutninga?
2. Hvaða færar leiðir sér ráðherra til slíks aðstöðujöfnuðar?

654. Frumvarp til laga [396. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sýslumanni er skylt að skipa barni talsmann meðan ágreiningsmál um umgengni þess við forsjárlaust foreldri eða nána vandamenn, sbr. 5. mgr., er til meðferðar hjá sýslumanni. Einnig er sýslumanni skylt að skipa barni talsmann ef foreldri sinnir ekki umgengnisskyldu við barn sitt og ósk þar að lútandi kemur fram. Þóknun talsmanns skal greiðast úr ríkissjóði. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þóknun talsmanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að tryggja betur rétt barns eða barna til umgengni við báða foreldra sína. Til þess að tryggja hagsmuni barnsins sem best er mikilvægt að barni sé skipaður talsmaður um leið og ágreiningur verður um umgengni. Talsmaður getur þá verið milligöngumaður annars vegar á milli foreldranna og hins vegar milli foreldra og barns. Hlutverk hans yrði fyrst og fremst að gæta hagsmuna barnsins og tryggja því umgengni við forsjárlaust foreldri eða forsjárforeldri sem það býr ekki hjá. Gert er ráð fyrir að þóknun talsmanns verði greidd úr ríkissjóði og dómsmálaráðherra setji nánari reglur um hana.

Hlutverk talsmanns er að gæta hagsmuna barnsins í hvívetna í umgengnisdeilu foreldra. Á þetta jafnt við þegar ágreiningsmál um umgengnina sjálfa er til meðferðar hjá sýslumanni og þegar dagsektarmál er til meðferðar hjá honum. Skylt er að skipa talsmann ef forsjárlaust foreldri sinnir ekki lögbundinni umgengnisskyldu sinni ef krafa þar að lútandi berst sýslumanni. Dæmi eru um að áhugaleysi foreldris stafi af óuppgerðum tilfinningum gagnvart barnsmóður eða barnsföður. Skipaður talsmaður, sem hefur aðeins það hlutverk að standa vörð um hagsmuni barns, gæti hugsanlega komið á sambandi milli foreldra þegar svo háttar. Hér er um að ræða nýtt úrræði sem ekki felur í sér þvingun eða refsingu heldur miðar gagngert að því að styrkja fjölskyldutengsl. Reynsla og rannsóknir sýna að aðgerðir til stuðnings barnafjölskyldum geta beinlínis komið í veg fyrir að börn bíði skaða af óhjákvæmilegum skilnaði.

Mikill fjöldi barna er fæddur utan hjónabands og er oft erfitt fyrir þau að ná fram grundvallarrétti sínum til umgengni við það foreldri sem það býr ekki hjá, jafnvel að kynnast því foreldri. Í slíkum tilvikum er hægt að óska eftir því við sýslumann að barni sé skipaður talsmaður sem sinni því verkefni að koma á kynnum, samskiptum og umgengni milli barnsins og föður þess eða móður eftir atvikum.

Flutningsmenn telja að við úrlausn á því vandamáli sem hér er til meðferðar skuli réttur barnsins ávallt lagður til grundvallar. Heimild til að skipa barni sérstakan talsmann við úrlausn barnaverndarmála er til staðar í barnaverndarlögum, nr. 58/1992. Einnig er skv. 5. mgr. 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, heimilt að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls. Eðlilegt væri að skylt yrði að skipa barni talsmann um leið og umgengnismál er komið í hnút. Það úrræði ásamt vandaðri ráðgjöf sem nauðsynlegt er að koma hér á í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit miðar að því að laða fram hæfni foreldra til að rækja hlutverk sitt og skila hamingjusamari einstaklingum út í þjóðfélagið.

655. Frumvarp til laga [397. mál]

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Árni Stefánsson,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.

2. gr.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

3. gr.

Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.

„Eiturefnavopn“ merkir vopn sem byggist á notkun skaðlegra efna eða efnasambanda, þar með talið lífefnaeitur, skaðlegar örverur eða líffræðilegir orsakavaldar.

Í heiti laganna, og annars staðar þar sem annað kemur ekki fram, merkir „Ísland“ íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum, þjóðarétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofan sjávar og í lofti.

Hið „friðlýsta svæði“ merkir í lögum þessum allt íslenskt yfirráðasvæði sem lýst er í þessari grein þar sem geymsla, framleiðsla, tilraunir og hvers kyns meðhöndlun eða flutningur kjarnorku- og eiturefnavopna er bannaður, sbr. þó ákvæði 12. gr.

4. gr.

Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis má

1. búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi, afla sér slíks vopns eða hafa það undir höndum;
2. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða hafi undir höndum kjarnorkuvopn af neinu tagi.

5. gr.

Bannað er innan hins friðlýsta svæðis að koma fyrir kjarnorkuvopnum af neinu tagi, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn annan hátt.

6. gr.

Bannað er að flytja kjarnorkuvopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

7. gr.

Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Bannað er að búa til eiturefnavopn af nokkru tagi innan hins friðlýsta svæðis, koma fyrir, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn hátt.

9. gr.

Bannað er að flytja eiturefnavopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

10. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

11. gr.

Öll umferð farartækja, sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang, er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis, sbr. þó ákvæði 12. gr.

Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6., 9., 10. og fyrri málsgreinar 11. gr. þessara laga er heimilt að veita undanþágu fyrir friðsamlega umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar undanþágur geta þó aldrei tekið til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp af.

13. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila, sem völ er á, til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

14. gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

15. gr.

Hver sá, sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta fangelsisvist allt að tíu árum.

16. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð utanríkisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1991. Heimilt er utanríkisráðherra að fela samgönguráðherra, umhverfisráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt á Alþingi í sjöunda sinn. Það var síðast flutt á 123. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt. Síðustu atburðir á alþjóðavettvangi sem snerta þessi mál verða því miður að teljast neikvæðir fyrir þá þróun í átt til afvopnunar sem átt hefur sér stað að undanförnu. Þannig hafa bæði Indland og Pakistan gert tilraunir með kjarnorkuvopn og það hefur magnað spennu á milli ríkjanna. Jafnframt hefur fulltrúadeild Bandaríkjaþings fellt tillögu forseta landsins þess efnis að skrifa undir alþjóðlegan samning um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Þar að auki hafa rússnesk stjórnvöld aftur farið að minna á landið sem kjarnorkuveldi á alþjóðavettvangi og hótað að hætta samvinnu við Bandaríkin um niðurskurð á kjarnorkuherafla stórveldanna.

Að öðru leyti vísast til eldri greinargerða sem fara hér á eftir:

„Frumvarp þetta hefur fjórum sinnum áður verið flutt á Alþingi, síðast á 120. löggjafarþingi, en ekki orðið útrætt. Efni þess er í fullu gildi og þróun í alþjóðamálum er með þeim hætti að auðvelda ætti framgang þess. Má þar nefna framlengingu samningsins um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna (NPT) og niðurstöðu Genfarviðræðna um algert bann við tilraunum með kjarnorkuvopn.

Með þeim samningum og þróun í afvopnunarmálum eykst gildi friðlýstra svæða jafnframt. Þannig er t.d. friðlýsing Afríku nú komin á dagskrá. Frakkar lofa bót og betrun í Kyrrahafinu, hafa hætt kjarnorkutilraunum á svæðinu og hyggjast staðfesta og virða Rarotonga-samninginn. Sú mikla mótmælaalda sem reis um allan heim í kjölfar þess að Frakkar hófu að nýju tilraunasprengingar er til marks um vaxandi andúð almennings víða um heim á öllum kjarnorkuvígbúnaði. Ríkur vilji er til þess að banna alla frekari þróun kjarnorkuvígbúnaðar og stöðva allar tilraunir á því sviði. En jafnvel þótt þróunin sé í rétta átt hvað kjarnorkuvígbúnaðinn snertir stafar áfram mikil hætta af nýtingu kjarnorku á öðrum sviðum. Á það bæði við um nýtingu kjarnorku til raforkuframleiðslu, geymslu eða endurvinnslu kjarnorkuúrgangs og alla flutninga geislavirkra efna í því sambandi, og síðast en ekki síst umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Það er því engu minni ástæða nú en verið hefur fyrir Íslendinga sem eiga allt sitt undir nýtingu lífrænna auðlinda hafsins að taka af skarið og friðlýsa land sitt.

Rétt er að geta þess að lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á tveimur greinum frumvarpsins frá upprunalegri gerð. Er þar annars vegar um að ræða orðalag 12. gr. og hins vegar efni 16. gr. þar sem nú er valin sú leið að láta málið heyra undir utanríkisráðherra, enda mun ábyrgðin á að afla slíkri friðlýsingu viðurkenningar fyrst og fremst hvíla á hans herðum. Að öðru leyti vísast til eldri greinargerða:

Um framhald greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar vísast til þskj. 8 (8. mál 122. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1997–98, bls. 513–521.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Frumvarp til laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar (David Lange).
II. Auglýsing um fullgildingu samnings um að dreifa ekki kjarnavopnum. (Sjá einnig C-deild Stjtíð. 1969, bls. 65–73.)
III. Samþykkt samráðsfundar friðarhreyfinga á Norðurlöndum 23.–24. apríl 1983.
IV. Samningur um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningurinn árið 1967).
V. Samanburður á skuldbindingum um takmörkun vopna í Rarotonga-samningnum og Tlatelolco-samningnum (Jozef Goldblat og Sverre Lodgaard).
VI. Úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 182 (168. mál 115. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1991–92, bls. 1576–1610.

656. Frumvarp til laga [398. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 123. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Sérstaklega á þetta við hvað varðar meðferðarheimili fyrir börn og ungmenni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa ítrekað bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Ekki er aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar

til vandamálið verður ljóst og síðan getur biðtími orðið langur þar til pláss fæst á meðferðarheimili. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda sem þurfa á stöðugri umönnun og eftirfylgni að halda ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut á lífinu. Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn urðu viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þeim sjúkdómi. Mikið vantar þó á að nægjanlega vel sé að verki staðið, sérstaklega hvað varðar úrræði fyrir yngstu sjúklingana. Því þarf oft að annast þá í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi. Ráðherra setji í reglugerð nánari útfærslu á framkvæmd þessa ákvæðis.

657. Frumvarp til laga [399. mál]

um breytingu á lögum um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, nr. 27/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:
Ríkissjóður leggur átaksverkefninu til 25 millj. kr. á ári á fjárlögum árin 2000–2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 27/1995 var stofnað til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Stjórn verkefnisins skal stuðla að verkefnum á sviði fræðslu um vistvæna og lífræna framleiðslu, gæðastjórnunar, áætlanagerðar, vöruþróunar og markaðssetningar íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að ríkissjóður leggi átaksverkefninu til 25 millj. kr. á fjárlögum árin 1995–99. Á fjárlögum fyrir árið 2000 fékkst 25 millj. kr. framlag til áframhaldandi starfs að verkefninu á þessu ári. Þetta frumvarp er flutt í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að tryggja einnig fjármagn til verkefnisins árin 2001 og 2002.

Á tæplega fimm ára starfstíma verkefnisins hefur stjórn þess lagt áherslu á kynningu meðal bænda, söluaðila og almennings á gildi vistvænnar og lífrænnar gæðastýringar í landbúnaði. Veittir hafa verið fjölmargir styrkir til rannsókna á þessu sviði, einkum rannsókna sem eru fallnar til þess að draga fram sérstöðu íslenskra afurða hvað gæði og hreinleika snertir, svo og styrkir til rannsókna á lífrænni ræktun við íslenskar aðstæður. Þá hafa verið veittir styrkir til markaðskannana hér heima og erlendis fyrir íslenskar afurðir undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða og hafinn er útflutningur á vistvænum og lífrænum afurðum.

Af hálfu landbúnaðarráðuneytisins hefur jafnframt verið lögð áhersla á að treysta lagalega umgjörð lífrænnar framleiðslu og samræma hana stöðlum Evrópusambandsins og alþjóðlegum stöðlum IFOAM — Alþjóðasamtaka lífrænna ræktenda. Sama á við um lagalegan grunn vistvænnar framleiðslu. Reglugerð um lífræna framleiðslu og reglugerð um vistvæna framleiðslu komu báðar út í endurskoðaðri gerð á síðasta ári.

Árangur af því starfi sem að framan er lýst kemur m.a. fram í því:

— að Alþingi samþykkti í mars sl. ályktun um að stefna bæri að því að öll hefðbundin matvælaframleiðsla á Íslandi skyldi vottuð á forsendum sjálfbærrar þróunar; jafnframt skyldi stefnt að því að auka hlut landbúnaðarafurða sem vottaðar eru sem lífrænar,
— að í nýjum samningi milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998, er í fyrsta sinn gert ráð fyrir framlögum til aðlögunar að lífrænni og vistvænni framleiðslu,
— að starfshópur á vegum landbúnaðarráðherra leggur til að stefnt verði að því að allar íslenskar búvörur verði vottaðar vistrænar eða lífrænar,
— að landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að unnið skuli að framgangi þessara tillagna starfshópsins á næstu fimm árum,
— að búnaðarþing 1999 fól stjórn Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir því að gerð verði framkvæmdaáætlun með markvissri stefnu um stuðning við lífrænan búskap og aðlögun að honum,
— að í ályktun aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda 1998 er hvatt til þess að sem flestir sauðfjárbændur og sláturleyfishafar útvegi sér vistvæna vottun á framleiðslu sína hið fyrsta og að þeir bændur sem hafi aðstöðu til hefji lífræna framleiðslu og
— að umræður eru hafnar um vottun íslenskra sjávarafurða sem vistvænna á grundvelli þeirrar verndarstefnu sem fólgin er í íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu.

Þess má geta að í nóvember 1998 hófst í Noregi á vegum landbúnaðarráðuneytisins, bændasamtakanna, samtaka afurðastöðva o.fl. átak sem miðar að því að allur norskur landbúnaður verði undir gæðastjórn fyrir árslok 2000.

Þrátt fyrir það sem áunnist hefur er mikið verk fram undan við að fylgja þeim árangri eftir sem þegar hefur náðst. Þar sem magn innlendra lífrænna og vistvænna afurða er enn mjög takmarkað hefur til þessa ekki verið hægt að greina viðbrögð markaðarins nægilega vel, enda þótt erlend markaðsreynsla gefi mikilvægar vísbendingar í jákvæða átt. Meðal bænda hefur því af eðlilegum ástæðum gætt nokkurrar varfærni gagnvart þessum hugmyndum og er nauðsynlegt að hefja markvisst kynningarstarf meðal bænda og innan afurðastöðvanna. Á hinn bóginn eru vaxtarmöguleikar íslenskrar búvöruframleiðslu (matvælaframleiðslu) að flestra dómi bundnir því að takast megi að vinna þeim markað erlendis sem vottaðri hágæðavöru. Jafnframt eru gæði innlendra búvara helsta vörn bænda gagnvart innfluttum vörum í baráttunni um innlenda markaðinn. Á grundvelli þeirra rannsóknarniðurstaðna sem fengist hafa er nú lag að hefja markvisst kynningar- og sölustarf á erlendum og innlendum markaði.

Að óbreyttum lögum lýkur starfi *Áforms — átaksverkefnis* um næstu áramót. Ekki verður séð að neinn á vegum hins opinbera eða innan landbúnaðarins hafi til þess fjármuni né sé að

öðru leyti í stakk búinn að fylgja eftir því frumkvöðulsstarfi sem unnið hefur verið á vegum verkefnisins og því hætt við að verulegur afturkippur komi í alla þróun á þessu sviði. Því er lagt til að ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1995, þar sem kveðið er á um framlög til átaksverkefnisins á fjárlögum, verði framlengt og að fé verði veitt til verkefnisins á fjárlögum árin 2000–2003.

Fylgiskjal I.

Verkefni sem Áform — átaksverkefni hefur hvatt til og styrkt árin 1995–1999.

Rannsóknir á íslenskum lækningajurtum.
Kynbætur á alaskalúpínu sem beitarjurt.
Tilraun með áburðarnotkun í lífrænni ylrækt.
Setning reglugerða fyrir lífræna og vistvæna framleiðslu.
Tilraun með lífræna framleiðsla á mjólk og dilkakjöti hjá þremur bændum í Mýrdal.
Framleiðsla á lífrænni AB-mjólk.
Könnun á möguleikum fyrir lífræna sauðfjárrækt á Vestfjörðum.
Framleiðsla á hráefni í lífrænan barnamat.
Kynning kokkalandsliðsins á lífrænum afurðum á Ólympíuleikum matreiðslumanna.
Úttekt á stöðu nokkurra þéttbýliskjarna með tilliti til sjálfbærrar þróunar.
Stuðningur við Sólheima í Grímsnesi vegna vottunar sem sjálfbær byggðarkjarni.
Rannsókn á íslensku byggi til fóðurs fyrir mjólkurkýr.
Gerð námsefnis í lífrænni ræktun á vegum Bændaskólans á Hvanneyri.
Endurvinnsla lífræns úrgangs til áburðarframleiðslu á vegum Bændaskólans á Hvanneyri.
Kynning á handverki og fleiri afurðum úr íslenskum sveitum.
Framleiðsla ófitusprengdrar lífrænnar mjólkur.
Kynnisferð íslenskra bænda til lífrænna bænda í Þýskalandi og á BIO-fach sýninguna í Frankfurt.
Rannsókn á snefilefnum í íslenskum matvælum.
Rannsókn Líffræðistofnunar Háskóla Íslands á fitusýrum í dilkakjöti.
Ferð íslenskra sérfræðinga á alþjóðlega ráðstefnu um lífræna framleiðslu í Danmörku.
Rannsókn á íslensku grænmeti í samanburði við innflutt.
Gerð kynningarefnis á vegum vottunarstofa.
Gerð fræðsluefnis um sjálfbæra byggðarkjarna.
Heimsókn stjórnar Alþjóðasamtaka lífrænna bænda til Íslands og ráðstefna um lífræna ræktun.
Útgáfa á bæklingi um íslenskt kjöt fyrir innkaupastjóra verslana (bæklingurinn var fyrst prentaður í 1.000 eintökum og síðan endurprentaður í sama upplagi).
Könnun á fyrirkomulagi aðlögunarstyrkja til lífrænna bænda innan ESB.
Stefnumörkun fyrir íslenskan landbúnað með tilliti til upprunavottunar matvæla.
Gerð lífræns vottunarkerfis fyrir sjávarafurðir í samráði við IFOAM, IFOMA (International Fishmeal- and Oilmanufacturers Association) og Fiskifélag Íslands.
Könnun John Hopkins háskólans á framleiðslu lífræns grænmetis.

Kynning á íslenskum matvælum, fatnaði og ferðaþjónustu á BIO-fach sýningunni í Frankfurt.
Þátttaka í ráðstefnu um markaðssetningu vottaðra afurða í Oxford.
Kynning á gæðastjórnunarkerfinu Origen fyrir kjötvinnslur.
Gerð merkis fyrir lífrænar og vistvænar afurðir.
Gerð vottunarkerfis fyrir ull.
Stofnun samtakanna „Small island organic communities".
Myndun viðskiptasambanda við kjötkaupmenn í Danmörku og Belgíu og stuðningur við markaðsstarf þar.
Markaðsstarf í Bandaríkjunum með áherslu á sérverslanir sem einungis selja vottuð matvæli.
Könnun á möguleikum á sölu lambakjöts í verslunum á austurströnd Bandaríkjanna.
Kynning á íslensku dilkakjöti í verslunum á Manhattan í New York.
Rannsókn á fitusýrum í lambakjöti (omega 6 og omega 3).
Tilraunir með nýja tækni við niðurfellingu á húsdýraáburði.
Markaðssetning á lífrænu grænmeti.
Markaðssetning á lífrænu dilkakjöti innan lands.
Markaðssetning á lífrænu dilkakjöti í Englandi og Danmörku.
Undirbúningur að vottunarkerfi fyrir lífrænan eldisfisk.
Markaðssetning á lífrænum snyrtivörum erlendis.
Tilraunir með lífræna berjarækt.
Umhverfisátak á vegum „Græna hersins" o.fl.
Stuðningur við áform Hríseyinga við að fá eyjuna vottaða sem lífræna.
Stuðningur við framkvæmd „Global Action Plan" á Íslandi.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, nr. 27/1995.

Lögin nr. 27/1995 kváðu á um 100 m.kr. opinberan stuðningi við framleiðslu og markaðssetningu á vistvænun og lífrænum afurðum árin 1996–1999. Lögð er fram breytingartillaga sem framlengir framlag ríkisins í þrjú ár til viðbótar.

Beinn kostnaður ríkisins er 75 m.kr. ef frumvarpið verður óbreytt að lögum. Framlagið greiðist með þremur jöfnum 25 m.kr. greiðslum árin 2000–2002.

658. Skýrsla [400. mál]

sjávarútvegsráðherra um Kvótaþing, Verðlagsstofu skiptaverðs og takmörkun á flutningi aflamarks.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 11 27. mars 1998, um Kvótaþing, ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 13 27. mars 1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, og ákvæði til bráðabirgða XIX í lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, fól sjávarútvegsráðherra dr. Birgi Þór Runólfssyni, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, að kanna hvaða áhrif lögin hafa haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Dr. Birgir Þór Runólfsson hefur nú skilað niðurstöðum sínum til sjávarútvegsráðherra og er skýrslan lögð fyrir Alþingi.

Formáli

Tilboðsmarkaður með aflamark hefur verið starfræktur frá 1. september 1998. Tilboðsmarkaðurinn var settur á fót með lögum nr. 11/1998 um Kvótaþing. Samkvæmt þeim er meginreglan sú að útvegsmenn geta aðeins flutt aflamark á milli skipa að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi. Einnig hefur verið starfandi síðan í júní 1998 skv. lögum nr. 13/1998 Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Hlutverk Verðlagsstofu er að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Með lögum nr. 12/1998 um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, var 12. gr. síðarnefndu laganna, um færslu aflamarks breytt á tvo vegu. Annars vegar til samræmis við lög um Kvótaþing, en hins vegar að takmarka flutning aflamarks af skipi, umfram aflamark sem flutt er til skips, við 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess.

Sjávarútvegsráðherra fól undirrituðum, í samræmi við bráðabirgðaákvæði I með lögum um Kvótaþing og lögum um Verðlagsstofu og bráðabirgðaákvæði XIX með lögum um stjórn fiskveiða, að hefja könnun á því hvaða áhrif lögin hafa haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skyldi undirritaður taka saman skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar yrðu birtar og sjávarútvegsráðherra gæti lagt fyrir Alþingi.

Undirritaður hefur undanfarna mánuði kynnt sér starfsemi þeirra stofnana sem hér eru til umfjöllunar. Heimsótti undirritaður Verðlagsstofu skiptaverðs, átti viðtöl við forstöðumann og sat fund úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Undirritaður kynnti sér starfsemi Kvótaþings og átti viðtöl við þá aðila hjá Fiskistofu sem daglega umsjón hafa með tilboðsmarkaðnum. Þessir aðilar veittu undirrituðum fullan aðgang að öllum nauðsynlegum gögnum til að framkvæma könnunina. Kann undirritaður þeim bestu þakkir fyrir alla aðstoð sem þeir og aðrir starfmenn þessara stofnanna veittu.

Undirritaður sótti einnig heim samtök útvegsmanna, smábátaeigenda, sjómanna, vélstjóra og farmanna og fiskimanna og átti þar viðtöl við helstu forustmenn þessara samtaka. Þá átti undirritaður einnig viðtöl við fjölda annarra sem þekkingu hafa á eða hagsmuni af sjávarútvegi.

Auk ofannefndra heimsókna og viðtala, hefur undirritaður safnað saman miklu gagnasafni frá Verðlagsstofu, Fiskistofu, Fiskifélagi Íslands, o.fl. og unnið úr þeim gögnum. Það sem hér fer á eftir byggir að öllu leyti á þessum heimildum, en túlkanir og ályktanir eru á ábyrgð skýrsluhöfundar.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum þeirra laga, sem nefnd eru hér að ofan, átti gerð könnunar þessarar að vera lokið fyrir árslok 1999. Því miður tókst ekki að ljúka allri þeirri vinnu er undirrituðum þótti nauðsynlegt að klára við gerð könnunarinnar og var því óskað eftir fresti til að skila endanlegri skýrslu.

Reykjavík 14. febrúar, 2000.

Dr. Birgir Þór Runólfsson, dósent.
Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands.

0. Samantekt

Megintilgangur þess að setja Verðlagsstofu skiptaverðs og Kvótaþing á fót, ásamt nýjum takmörkunum á flutningi aflamarks, var að gera viðskipti með aflamark sýnilegri og minnka möguleiga á að hægt væri að blanda saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla. Að baki lá einnig sú afstaða sjómanna að þeir væru með einum eða öðrum hætti að fjármagna kaup útgerða á aflamarki.

Allgóð sátt virðist ríkja meðal hagsmunaðila með starf Verðlagsstofu. Stofan aflar gagna um verð á afla og afurðum og vinnur úr þeim gögnum, og kemur þeim á framfæri, m.a. á vefsíðu stofunnar. Stofan innkallar einnig fiskverðssamninga milli sjómanna og útgerða, gerir reglulegar úrtakskannanir og sendir fyrirspurnir til útgerða þegar svo ber við. Sá gagnagrunnur sem Verðlagsstofa hefur byggt upp nýtist síðan úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna við það starf hennar að leysa úr ágreiningi um fiskverð.

Innköllun samninga og fyrirspurnir Verðlagsstofu leiða stundum til þess að fiskverð hækkar hjá útgerð í kjölfarið og með því leysast sum mál, sem annars hefðu mögulega lent á borði úrskurðarnefndar. Málum sem vísað er til úrskurðarnefndarinnar hefur ekki fjölgað með tilkomu Verðlagsstofu. Á hinn bóginn virðist þessi gagnaöflun og gagnavinnsla stofunnar ekki hafa stuðlað að auknu samkomulagi hagsmunaaðila um álitamál.

Það sem er helst er gagnrýnt er að upplýsingar um fiskverð í beinni sölu eru oft gamlar þegar þær berast Verðlagsstofu. Einhverjar útgerðir geta hugsanlega notfært sér tafir í upplýsingastreymi og komast þá upp með að greiða verð utan viðmiðunarmarka stofunnar. Ef Verðlagsstofa á að sinna hlutverki sínu á sem bestan hátt verður að bæta þennan þátt upplýsingastreymis til stofunnar.

Erfitt er að fullyrða um hvort starf Verðlagsstofu og úrskurðarnefndar hafi víðtæk áhrif, þ.e. utan þeirra fyrirtækja sem afskipti eru höfð af. Svo virðist sem munur á milli fiskverðs í beinni sölu til fiskverkenda og fiskverðs á innlendum fiskmörkuðunum hafi ekki minnkað eftir tilkomu Verðlagsstofu.

Verulega dró úr flutningi aflamarks á fiskveiðiárinu 1998/99, bæði innan útgerða og milli útgerða. Vergur flutningur á þorskaflamarki milli óskyldra aðila minnkaði um rúm 60%, úr 69 þús. tonnum í 25 þús. Hreinn flutningur á þorskaflamarki dróst einnig saman, eða um nær 45%. Einnig dró mikið úr flutningi aflamarks annarra tegunda.

Stærri útgerðir flytja meira aflamark frá sér en til sín. Skuttogarar, sem flestir eru í eigu stærri útgerða, flytja mest aflamarks frá sér. Smábátar á aflamarki flytja einnig hlutfallslega mikið frá sér. Flutningur á þorskaflamarki til einstaklingsútgerða fiskveiðiárið 1998/99 nam rúmlega 4.500 tonnum, en var um 11.800 tonn árið áður.

Suðurnesjamenn flytja til sín mest þorskaflamark, ríflega 8.500 tonn, en það er álíka magn og Norðlendingar flytja frá sér. Hreinn flutningur á þorskaflamarki á milli landshluta minnkaði úr rúmum 14 þús. tonnum í tæp 9 þús. tonn milli ára.

Fjöldi kvótalítilla og kvótalausra báta átti viðskipti á Kvótaþingi, og voru nokkrir þeirra í hópi stærri kaupenda. Þau fyrirtæki sem mest versluðu á Kvótaþingi teljast öll til 50 stærstu útgerða landisins og keyptu þau t.a.m. um 20% af því að þorskaflamarki sem um þingið fór. Lítill eða enginn munur er á meðalverði í aflamarkskaupum kvótalítilla útgerða og þeirra kvótameiri.

Frá því að starfsemi Kvótaþings hófst hefur verð á þorskaflamarki hækkað um meira en 20%. Sambærileg og jafnvel meiri hækkun hefur orðið á aflamarki nokkurra annarra tegunda. Hefur af þessari ástæðu verið fullyrt að þessar verðhækkanir séu afleiðingar af tilkomu og starfsemi tilboðsþingsins. Ef verðhækkun þorskaflamarks er hins vegar borin saman við fiskverðshækkanir og afurðaverðshækkanir virðist sem þær séu álíka. Þannig hækkar vísitala saltfiskafurða þorsks frá ágústmánuði 1997 til ágústmánaðar 1998 um 15% og 25% til sama mánaðar 1999. Verðvísitala þorskaflamarks hækkar nokkru minna á báðum tímabilum. Langtímasamband virðist vera milli afurðaverðs, fiskverðs og verðs á aflamarki, en ekkert skammtímasamband virðist þó á milli þessara stærða. Ýmsar skýringar geta átt hér við, m.a. sú að verð á aflamarki flestra fisktegunda sveiflast mikið innan ársins, m.a. vegna þess að gæftir eru misjafnar eftir árstíðum.

Þá verður einnig að hafa í huga að aðrir þættir hafa breyst samhliða stofnun Kvótaþings. Þar má t.a.m. nefna að framsal á aflamarki var takmarkað við 50% af úthlutuðu aflamarki skips. Sú breyting hefði, ein og sér, getað valdið því að verð á aflamarki hækkaði. Það er því a.m.k. hugsanlegt að áhrif þessara tveggja samtíma breytinga vinni hvor á móti öðru. Um það er þó ekkert hægt að fullyrða. Þá ber einnig að nefna að úthafsveiðar hafa minnkað og hluti fiskveiðiflotans stundar nú meiri veiðar í lögsögunni.

Megintilgangur þess að setja Kvótaþing á fót, var að gera viðskipti með aflamark sýnilegri og koma í veg fyrir að hægt væri að blanda saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla. Tilkoma Kvótaþings átti m.ö.o. að gera útgerðum erfiðara við að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. Þrátt fyrir það virðist margt benda til að þátttaka sjómanna í kvótakaupum sé enn til staðar. Um það vitna bæði fiskverð og aflamarksviðskipti einstakra skipa og ummæli forustumanna hagsmunasamtaka. Þátttaka fiskverkenda í kvótakaupum virðist staðreynd og eru fiskverðsmál flækt af þeim ástæðum. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að fiskverkendur greiði sjálfir kvóta skipa sem hjá þeim landa. Þetta vekur upp spurningar um gagnsemi Kvótaþings í núverandi mynd.

Það verður ekki séð að sú takmörkun á framsali aflamarks, að einungis sé heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark sem nemur 50% af því aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs, hafi dregið svo úr þátttöku sjómanna í aflamarkskaupum að það réttlæti áframhald hennar. Aflamarksviðskipti hafa dregist saman af ýmsum öðrum og fleiri ástæðum en þeirri að löggjöfinni var breytt. Lagabreytingin dró hins vegar ennþá meira úr flutningi aflamarks, bæði á milli útgerða og innan útgerða. Að þessu leyti leiðir takmörkunin til minni sveigjanleika hjá útgerðum og minni hagkvæmni.

Tilkoma Kvótaþings hefur leitt til þess að opinberar upplýsingar liggja fyrir um viðskipti og verð aflamarks. Fyrirkomulag Kvótaþings leiðir þó til þess að ekki liggur fyrir milli hverra viðskipti eiga sér stað. Má segja að það fyrirkomulag dragi úr sýnileika viðskiptanna. Eðlilegra væri að fyrirkomulag Kvótaþings væri með svipuðu sniði og fyrirkomulag Verðbréfaþings, en þó með þeirri kvöð að öll aflamarksviðskipti milli óskyldra aðila verði að tilkynna til þingsins og þau síðan birt þar.

Þær stofnanir sem líklegast eru best til þess fallnar að hafa áhrif á þátttöku sjómanna í aflamarksviðskiptum eru Verðlagsstofa og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Verðlagsstofa getur með gagnaöflun og gagnavinnslu sinni kortlagt afla- og aflamarksviðskipti einstakra útgerða og fiskverkenda. Stofan hefur á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun hennar verið að þróa gagnavinnslu sína og byggja upp gagnagrunn. Sá grunnur gagnast síðan eftirlitsstarfi stofunnar og, þegar það á við, úrskurðarnefndinni til að taka á þeim álitamálum sem til hennar er vísað.

1. Kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna

Deilur um skiptaverð afla til sjómanna hafa oftast sett svip sinn á kjaradeilur þeirra og útvegsmanna. Fram til ársins 1993 var starfandi Verðlagsráð sjávarútvegsins og ákvað það fiskverð á sjávarafla. Frá 1985, og kannski sérstaklega með tilkomu uppboðsmarkaða árið 1987, hafði þó hlutverk þess breyst að því leyti að ráðið gat ákveðið að verð á einstökum fisktegundum væri að hluta eða öllu leyti frjálst. Ein af ástæðum þess að Verðlagsráðið var lagt niður og fiskverð gefið frjálst í árslok 1992 var sú að framleiðsla sjávarafurða er margbreytileg og eitt verð leysti ekki úr ágreiningi, jafnvel þótt tekið væri tillit til stærðar og gæða fisksins. Að auki hafði reynslan verið sú að oft var greitt álag á Verðlagsráðsverðið í samræmi við ráðstöfun aflans. Þá voru einnig talin brögð að því að sjómenn tækju þátt í útgerðarkostnaði, öðrum kostnaði en þeim sem sjómönnum bar samkvæmt kjarasamningum og lögum um skiptaverðmæti.

Samtök sjómanna höfðu á sínum tíma bundið nokkrar vonir við að verðmyndun á innlendum fiskmörkuðum yrði til þess að leysa þessa togstreitu um fiskverð. Reyndin hafði þó orðið sú að einungis um fjórðungur botnfiskafla fór um fiskmarkaði. Meginástæðan fyrir lágri hlutdeild fiskmarkaða er að finna í nánum tengslum á milli veiða og vinnslu hér á landi. Flest stærri fiskvinnslufyrirtæki eiga fiskiskip og hafa jafnan unnið aflann frá þeim. Fiskmarkaðir hafa ekki náð þeim sessi að verð á þeim sé almennt viðurkennt sem markaðsverð, enda hefur lunginn úr aflanum farið fram hjá þeim og sá afli sem seldur hefur verið á þeim hefur oftast verið keyptur af fyrirtækjum sem þurfa að fylla upp í framleiðslu sína eða fyrirtækjum sem framleiða sérhæfðar afurðir. Þessum minni og sérhæfðari fiskverkunarfyrirtækjum hefur fjölgað á undanförnum árum. Þá hefur nýting ýmissa vannýttra tegunda stóraukist og betri markaðir fundist fyrir þær. Tilkoma sjófrystingar hefur enn flækt málin því að þá er aflinn fullunninn um borð og einungis seldur í endanlegum neytendaumbúðum sem gerir skilin milli veiða og vinnslu enn óljósari.

Hugmyndir um að ákveðið yrði lágmarksverð á fiski og óheimilt væri að selja fisk á lægra verði hafa því stundum skotið upp kollinum. Menn hafa þó séð ýmsa annmarka á þeirri hugmynd. Ef lágmarksverðið yrði svipað og verð á fiskmörkuðum þótti sennilegt að framboð á mörkuðum myndi minnka. Lágmarksverð gæti einnig truflað eðlilega verðmyndun því að þeir tímar kynnu að koma að eftirspurn væri í lágmarki sem leiddi til þess að verðið leitaði undir lágmarksverð en rækist þá í þetta gólf. Eftir því sem lágmarksverð færist fjær verði á fiskmörkuðum dregur úr skaðlegum afleiðingum þess á markaðina en um leið missir það marks

sem tæki til að verja sjómenn fyrir óeðlilegu skiptaverði. Lágmarksverð myndi einnig leiða til þess að opinbert verðákvörðunarkerfi yrði tekið upp á ný með öllum þeim göllum sem leiddu til þess að Verðlagsráð sjávarútvegsins var lagt niður.

Verkfall sjómanna 1998

Þann 3. febrúar 1998 hófst verkfall á fiskskipaflotanum, en samningar sjómanna og útvegsmanna höfðu verið lausir frá því í árslok 1996. Var þetta í þriðja sinn á fjórum árum sem kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna leiddu til þess að stærsti hluti fiskiskipaflotans stöðvaðist. Fyrri deilur, í byrjun árs 1994 og vorið 1995, höfðu líkt og deilan 1998, fyrst og fremst snúist um tengsl viðskipta með aflamark og viðskipta með afla. Sjómenn töldu að í mörgum tilvikum hafi þessi tengsl haft óeðlileg áhrif á skiptakjör og ákvörðun fiskverðs til hlutaskipta í viðskiptum utan fiskmarkaða. Þann 9. febrúar 1998 var lagt fram frumvarp á Alþingi um stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum. Samkvæmt frumvarpinu var m.a. gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skipaði þriggja manna nefnd til að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem áhrif hafa á hana. Þá átti nefndin að gera tillögur sem beindust að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hefðu óeðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna og undirbúa löggjöf í þeim efnum. Þann 10. febrúar rituðu fulltrúar samninganefnda Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða ríkissáttasemjara bréf þar sem óskað var eftir að verkfalli aðila yrði frestað til 15. mars. Sagði í bréfinu að óskin um frestun verkfalls væri sett fram á þeirri forsendu að skipuð yrði nefnd í samræmi við fyrrnefnt frumvarp er hefði það verkefni að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem hafa áhrif á hana. Nefndin átti að skila tillögum er beindust að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hefðu áhrif á skiptakjör sjómanna.

Nefndin skilaði tillögum sínum þann 4. mars 1998. Tillögur nefndarinnar voru þríþættar. Í fyrsta lagði lagði nefndin til að sett yrði á stofn Verðlagsstofa skiptaverðs. Í öðru lagi lagði nefndin til að komið yrði á fót opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark, Kvótaþingi. Í þriðja lagi að veiðiskylda fiskiskipa yrði aukin frá því sem þá var.

Tillögur nefndarinnar voru kynntar deiluaðilum og í framhaldi hófust viðræður milli aðila um nýja kjarasamninga sem m.a. byggðu á þeirri forsendu að tillögur nefndarinnar yrðu lögfestar. Skiluðu þær viðræður engum árangri og fór svo að verkfall á fiskiskipaflotanum hófst að nýju 15. mars. Í framhaldi af því lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu 16. mars. Miðlunartillagan byggði á þeirri forsendu að frumvarpsdrög nefndarinnar yrðu að lögum. Tillagan var borin undir atkvæði í félögum sjómanna og útvegsmanna og niðurstaðan varð sú að sjómenn samþykktu miðlunartillöguna en útvegsmenn felldu.

Ljóst þótti að almenn stöðvun veiða og vinnslu um lengri tíma hefði mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið. Þau áhrif yrðu þó mun meiri og alvarlegri fyrir einstaklinga sem starfa við fiskvinnslu og fyrirtæki og bæjarfélög sem byggja á sjávarútvegi. Þótti hér um mikla almannahagsmuni að tefla og nauðsynlegt að bregðast við til að koma í veg fyrir þann mikla efnahagsskaða sem stöðvun fiskiskipaflotans um lengri tíma mundi ella valda. Sjávarútvegsráðherra lagði fram frumvörp um að efnisákvæði miðlunartillögu ríkissáttasemjara yrðu lögfest.

Frumvarp um Kvótaþing

Samkvæmt einu frumvarpinu var lagt til að komið yrði á opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark, Kvótaþingi. Frumvarpið var samhljóða þeim drögum að sem samin voru af nefndinni

sem skipuð var til að fjalla um kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Samkvæmt greinargerð sem Þjóðhagsstofnun vann um starfsemi kvótaþings var talið líklegt að áhrifin af starfsemi þingsins yrðu tvíþætt. Annars vegar yrði ekki eins auðvelt og áður að draga kostnað við öflun aflamarks frá aflaverðmæti fyrir útreikning á hlut áhafnar fiskiskips með óbeinum hætti, eins og gerist t.d. í tonn á móti tonni viðskiptum, því viðskiptin yrðu sýnileg og gerðust með peningalegum greiðslum. Hins vegar ætti kostnaður vegna viðskiptanna að breytast. Með þessu var átt við kostnað í víðum skilningi, þ.e. ekki einvörðungu umboðslaun og þess háttar heldur einnig öflun upplýsinga og áhættu í viðskiptum. Hvað fyrrnefndu áhrifin varðar var líklegt, að mati Þjóðhagsstofnunar, að laun sjómanna hjá þeim útgerðum sem höfðu stundað tonn á móti tonni viðskipti mundu að jafnaði hækka með tilkomu kvótaþings. Ekki yrði eins fýsilegt og áður fyrir útgerðir að kaupa kvóta, eftirspurn eftir aflamarki minnkaði og kvótaverð lækkaði. Þetta yrðu áhrifin til skemmri tíma. Áhrifin til lengri tíma voru óvissari og myndu ráðast m.a. af samningum sjómanna og útvegsmanna. Hvað síðari áhrifin varðar var talið líklegt að viðskiptakostnaður lækkaði með því að koma á einu skipulögðu þingi sem væri óháð og nyti trausts markaðsaðila. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar sagði einnig að reynslan sýndi að stofnun formlegra markaða eins og kvótaþings leiddi oftast til aukinna viðskipta. Áhrifin á kvótaverðið voru hins vegar óviss, því þau kæmu bæði fram í auknu framboði og eftirspurn. Líklegt þótti að nokkrar verðsveiflur yrðu á kvótaþingi.

Viðskipti með tonn á móti tonni höfðu hvatt vinnslufyrirtæki til að framselja aflamark sitt til útgerða sem réðu yfir litlum aflaheimildum. Afnám þessa möguleika myndi væntanlega leiða til þess að vinnslan nýtti aflaheimildir sjálf. Staða kvótalítilla útgerða átti þó ekki að versna svo mjög þar sem verð á aflamarki mundi, að öllum líkindum, lækka í kjölfarið og minni fyrirhöfn og viðskiptakostnaður yrði við að afla veiðiheimilda en áður. kvótaþing gæti því skapað hvata til aukinnar sérhæfingar og hagkvæmni.

Samkvæmt frumvarpinu um Kvótaþing var gert ráð fyrir að meginreglan yrði að viðskipti á Kvótaþingi væru forsenda flutnings aflamarks milli skipa sem ekki væru í eigu sömu útgerðar. Í frumvarpinu var kveðið á um að flutningur aflamarks milli skipa í eigu sömu útgerðar og jöfn skipti á aflamarki gætu eftir sem áður farið fram utan Kvótaþings. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila eiga sér ekki stað viðskipti og þótti því ekki ástæða til að láta þann flutning fara um Kvótaþing. Hugtakið „sami aðili“ bar að skýra þröngt. Það tekur aðeins til sama einstaklings eða sömu lögpersónu. Móður- og dótturfyrirtæki teljast ekki sami aðili. Þá þurfa skip að vera í „eigu“ sama aðila. Með þessu var átt við að aðilinn yrði að hafa beinan eignarrétt bæði að því skipi sem flutt er frá og því sem flutt er til og dugði ekki að hann hafi skip á leigu eða kaupleigu í þessu sambandi. Varðandi jöfn skipti á aflamarki var lagt til að miða skyldi verðmætahlutföll við meðaltalsviðskiptaverð á Kvótaþingi í undanliðinni viku. Þar sem viðskipti með aflamark af ákveðnum tegundum voru svo lítil vitist óraunhæft að gera viðskipti með þær tegundir á Kvótaþingi að skyldu.

Samkvæmt eldri lögum var gerður munur á flutningi aflamarks milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð og öðrum flutningi og var krafist umsagnar sveitarstjórnar og sjómannafélags í viðkomandi verstöð í síðarnefnda tilvikinu. Á Kvótaþingi vita kaupendur og seljendur ekki hvor af öðrum og því var ekki hægt að setja skilyrði fyrir flutningi aflamarks eftir því hver kaupandinn væri. Því var lagt til að þetta ákvæði yrði fellt niður.

Ljóst þótti að með stofnun Kvótaþings yrðu talsverðar breytingar á starfsumhverfi þeirra sem stunda útgerð frá því sem þá var. Útgerðarfyrirtæki þyrftu að sjálfsögðu að laga sig að breyttu fyrirkomulagi og skipuleggja flutning aflamarks með meiri fyrirvara en áður. Margt

benti til þess að meiri hagkvæmni í sjávarútvegi gæti náðst með tilkomu Kvótaþings og að auki stuðlað að bættum samskiptum útgerða og sjómanna til framtíðar.

Úr kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna:

1.26. Um sölu aflans.

I. Almennt.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986, sbr 10. gr. laga nr. 79/1994 um breytingu á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun með síðari breytingum.

Eftirfarandi ákvæði eiga ekki við í þeim tilvikum, þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmarkaði.

Útgerðarmaður skal hafa samráð við fulltrúa, sem kjörinn er af áhöfn í einfaldri kosningu, um áformaða sölu aflans fyrir a.m.k. mánuð í senn, og gera honum grein fyrir fyrirliggjandi upplýsingum um sölu og fiskverð.

Útgerðarmaður og áhöfn skulu gera sín í milli samning um fiskverð, þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila. Til að slíkur samningur öðlist gildi, skal hann staðfestur í leynilegri atkvæðagreiðslu áhafnar og að því loknu undirritaður af fulltrúum áhafnar og útgerðar. Samningurinn skal vera í stöðluðu formi, þar sem fram komi m.a. verð einstakra fisktegunda, gildistími, uppsagnarákvæði o.s.frv.

Telji meirihluti áhafnar sig ekki eiga kost á samningi um sanngjarnt fiskverð samkvæmt framanskráðu, skal leita úrskurðar nefndar, sem samtök sjómanna og útvegsmanna koma sér saman um að skipuð verði. Með skyldum aðilum er átt við að útgerð og vinnsla séu í ráðandi eigu sömu aðila.

II. Úrskurðarnefnd.

Úrskurðarnefndin skal skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila og oddamanni sem skipaður er af sjávarútvegsráðherra að höfðu samráði við samningsaðila. Nefndin skal láta í té rökstutt álit á því hvort tillaga að fiskverði víki frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun aflans. Skal þá taka tillit til fiskverðs í nærliggjandi byggðalögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum svo og horfa um þróun afurðaverðs og þá m.a. styðjast við tiltækar upplýsingar um fiskverð sem unnar eru fyrir samningsaðila (verðskrár Samstarfsnefndar sjómanna og útvegsmanna).

Náist ekki samkomulag milli fulltrúa samtaka sjómanna og útvegsmanna í úrskurðarnefndinni innan 14 daga frá því mál er lagt fyrir hana, skal kveðinn upp úrskurður innan 7 daga og gildir hann þá frá því nefndinni barst málið til úrlausnar. Samkomulag eða úrskurður nefndarinnar skal gilda í allt að 3 mánuði eftir nánari ákvörðun hennar. Samkomulag eða úrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir aðila á gildistímanum og skal lúta almennum réttarfarsreglum um samningsbundna gerðardóma, sbr. lög nr. 53/1989.

III. Um ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila.

Þegar afli er seldur milli óskyldra aðila, skal skipt úr því verði sem fyrir aflann fæst hverju sinni, sbr. 1 mgr. I. kafla. Ef afli er seldur beint milli óskyldra aðila án milligöngu innlendra eða erlendra fiskmarkaða, getur áhöfn krafist samnings um uppgjörsverð fyrir þann afla.

Kjósi áhöfn að kalla eftir slíkum samningi, skal það gert með minnst fimm sólarhringa fyrirvara og skal samningstími ekki vera lengri en þrír mánuðir. Náist ekki samkomulag um uppgjörsverð milli meirihluta áhafnar og útgerðar, skal vísa málinu til úrskurðar nefndar, skv. II. kafla, og skal þá taka tillit til heildarráðstöfunar aflans. Nefndin skal flýta störfum eins og kostur er og náist ekki samkomulag innan sjö sólarhringa skal kveðinn upp úrskurður innan fjögurra sólarhringa. Fiskverð skv. þessu skal gilda frá því úrskurður fellur, nema samkomulag sé um annað.

Frumvarp um Verðlagsstofu skiptaverðs

Með öðru frumvarpi var lagt til að lögfest yrðu ákvæði um Verðlagsstofu skiptaverðs og að ákvæðum eldri laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna yrði breytt til samræmis. Frumvarpið var samhljóða drögum sem nefndin til að fjalla um atriði tengd kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna hafði samið. Verðlagsstofa skiptaverðs skyldi starfa í nánum tengslum við úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Hlutverk stofunnar er að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Stofunni var falið að afla ítarlegra gagna um fiskverð og vinna úr þeim upplýsingum. Útvegsmönnum var gert skylt að senda Verðlagsstofunni alla fiskverðssamninga milli áhafna og útvegsmanna og Fiskistofu að láta stofunni í té allar nauðsynlegar upplýsingar. Nokkurrar tortryggni hafði gætt hjá forustumönnum samtaka sjómanna varðandi það hvort raunverulegt söluverð afla hafi í öllum tilvikum lagt til grundvallar hlutaskiptum á þann hátt sem lög og kjarasamningar kveða á um. Verðlagsstofu átti að fylgjast með þessu, m.a. með úrtakskönnunum. Meginhlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs skyldi vera að fjalla um skiptaverð í einstökum tilvikum. Viki fiskverð við uppgjör á aflahlut sjómanna í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði, að teknu tilliti til stærðar og gæða, skyldi Verðlagsstofa skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefndina var í meginatriðum samkvæmt ákvæðum fyrri laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, sem höfðu verið sett árið 1995. Nefndinni var ætlað að úrskurða í fiskverðsdeilum milli þeirra. Í upphafi voru forustumenn sjómanna ánægðir með störf hennar en síðar kom í ljós að það hamlaði starfseminni að sjómenn áttu oft bágt með að leita eftir úrskurði vegna ótta um að það kæmi niður á atvinnumöguleikum þeirra. Þetta var talin meginskýringin á því að tiltölulega fá mál komu til úrskurðar í nefndinni. Nefndin sem vann að lausn kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna árið 1998 lagði því til að á fót yrði komið Verðlagsstofu skiptaverðs. Stofan skyldi hafa yfirsýn yfir það hvort almennum leikreglum væri fylgt og hafa frumkvæði að því að afla gagna og leita eftir úrskurði um réttmæti aðgerða ef þörf þætti á því. Var nefnt að slíkt eftirlit tíðkaðist á vegum hins opinbera og sérstaklega vitnað til samkeppnislaga.

Frumvarp um aukna veiðiskyldu

Þriðja frumvarpið lagði til að gerðar yrðu breytingar á 12. gr. fiskveiðistjórnarlaga um framsal aflamarks til samræmis við tillögur í frumvarpi til laga um Kvótaþing. Jafnframt var lagt til að veiðiskylda yrði aukin þannig að skip þyrfti að veiða 50% af samanlögðu aflamarki sínu á hverju fiskveiðiári en missi ella leyfi til veiða í atvinnuskyni og aflahlutdeild. Frumvarpið var samhljóða þeim drögum sem samin var af nefndinni til að fjalla um atriði tengd kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna.

Samkvæmt eldri lögum um stjórn fiskveiða var almennt skilyrði fyrir flutningi aflamarks að það skip sem flutt var til hefði aflahlutdeild af þeirri tegund sem flutt er. Fiskistofa hafði heimild til að víkja frá þessu skilyrði og voru frávikin í reynd svo mörg að reglan var aðeins virk varðandi tiltölulega fáar tegundir. Var því lagt til að hið almenna skilyrði yrði í ljósi þessarar framkvæmdar fellt niður en ráðherra þess í stað heimilt að ákveða með reglugerð um hvaða tilteknar tegundir þetta skyldi gilda.

Í frumvarpinu var lagt til að leyfi skips til veiða í atvinnuskyni og aflahlutdeild þess falli niður ef það veiðir ekki a.m.k. 50% af samanlögðu aflamarki sínu á hverju fiskveiðiári. Samkvæmt eldra ákvæði þurfti að veiða a.m.k. 50% aflamarks annað hvert ár. Þá var lagt til að óheimilt yrði að veita skipi sem ekki veiðir 50% af aflamarki sínu eitthvert fiskveiðiár veiði-

leyfi á næstu þremur fiskveiðiárum þótt skilyrðum væri að öðru leyti fullnægt. Var þetta gert til að koma í veg fyrir að unnt væri að komast hjá ákvæðinu með því að flytja veiðileyfi af skipi í lok fiskveiðiárs og síðan til baka í upphafi þess næsta.

Aukin veiðiskylda átti að stuðla að því að aflahlutdeild yrði eingöngu á skipum sem stunduðu reglubundnar fiskveiðar. Breytingin var talin myndu stuðla að því að aflahlutdeild yrði færð til þeirra skipa sem veiðarnar stunda og því draga úr umfangi óeðlilegra aflamarksflutninga, en tengsl þeirra við fiskverð til uppgjörs á aflahlut sjómanna höfðu verið í brennidepli í kjaradeilum sjómanna og útvegsmanna. Mikilvægt var talið að aukin veiðiskylda drægi ekki úr sveigjanleika fiskveiðistjórnarkerfisins, t.d. með því að draga úr möguleikum einstakra útgerða til að hagræða í rekstri. Þá mátti það ekki draga úr möguleikum nýrra aðila til að hasla sér völl í útgerð, en talið var að margir byrjuðu á að festa kaup á skipum með litlar aflaheimildir og þurftu því að reiða sig á nægjanlegt framboð aflamarks. Með tillögunni um 50% veiðiskyldu á hverju ári var talið að jafnræði væri tryggt milli þessara sjónarmiða.

Í meðferð sjávarútvegsnefndar Alþingis á frumvarpinu um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða (aukna veiðiskyldu) komu fram tillögur til breytinga. Lagt var til að breytt yrði ákvæðum um veiðiskyldu þannig að væri óbreytt frá fyrri lögum um stjórn fiskveiða. Á móti var hins vegar lagt til að sett yrði inn ákvæði í lögin sem takmörkuðu framsalsheimild eiganda fiskiskips við það að einungis væri heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess. Var talið að þannig mætti ná fram sömu markmiðum og stefnt var að með tillögunni um aukna veiðiskyldu. Þessi aðferð var talin gera þeim sem við skerðingarnar ættu að búa auðveldara fyrir.

Einnig var lagt til að bætt yrði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem tryggði aðilum heimild til að flytja aflamark milli skipa innan sömu útgerðar ef um kaupleigu eða leigu var að ræða, þrátt fyrir sérstök eignarréttarákvæði þeirrar tegundar samninga án þess að þurfa að fara í gegnum Kvótaþingið. Sá fyrirvari var þó á slíku að leigusamningur varð að hafa verið gerður fyrir gildistöku laganna.

Þá lagði sjávarútvegsnefnd til að bætt yrði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða sem gerði sjávarútvegsráðherra skylt að leggja fyrir Alþingi skýrslu fyrir árslok 1999 þar sem gerð væri grein fyrir áhrifum þeirra breytinga sem frumvarpið fól í sér á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega hvað varðar stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Lagði nefndin til að sambærileg bráðabirgðaákvæði yrðu einnig í lögum um Kvótaþing og Verðlagsstofu skiptaverðs.

Í afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu var í ofannefndu farið að áliti meirihluta sjávarútvegsnefndar.

2. Verðlagsstofa skiptaverðs

Með lögum nr. 13 frá 27. mars 1998, lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, er Verðlagsstofu skiptaverðs komið á fót. Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hafði hins vegar orðið til í framhaldi af lausn kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna árið 1995 og hafði starfað síðan. Verðlagsstofa skiptaverðs tók svo til starfa 1. júní 1998.

Hlutverk stofunnar er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á honum. Verðlagsstofan á að afla ítarlegra gagna um fiskverð og vinna sundurliðuð yfirlit um það þar sem miðað er við einstök landsvæði, tiltekna við-

skiptahætti og stærðar- og gæðaflokka úr upplýsingunum. Verðlagsstofan á síðan að birta upplýsingar um fiskverð reglulega.

Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna upplýsingum um ráðstöfun afla og fiskverð er skylt að veita Verðlagsstofunni upplýsingar. Útgerð skipa er skylt að senda henni alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafna. Verðlagsstofan getur einnig krafið sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umboðsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla um allar nauðsynlegar upplýsingar. Verðlagsstofan getur krafist upplýsinga frá stjórnvöldum, þ.m.t. skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, og bönkum og sparisjóðum óháð þagnarskyldu þeirra. Verðlagsstofunni er þó skylt að gæta meðalhófsreglu og þess að kröfur um upplýsingar séu í samræmi við tilefni.

Lagalegt hlutverk

Í lögum nr. 13/1998 segir um hlutverk úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna:

> Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa svo sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

Og um um hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs segir:

> Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna 1995 var kveðið á um að útgerðarmaður og áhöfn skuli gera sín á milli samninga um fiskverð þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e. í viðskiptum skyldra aðila. Jafnframt eru ákvæði um að sé afli seldur milli óskyldra aðila geti áhöfn krafist að gerður verði samningur um uppgjörsverð fyrir þann afla. Loks er ákvæði um að sett skuli á fót sérstök úrskurðarnefnd sem fjalla skuli um þau tilvik þegar ekki næst samkomulag um fiskverð milli áhafnar og útgerðar.

Með lögum nr. 84/1995 var, að sameiginlegri beiðni samtaka sjómanna og útvegsmanna, sett á fót úrskurðaarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Samkvæmt þeim skyldi úrskurðarnefndin í ákvörðunum sínum taka mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla miðað við verð í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Allmörgum málum var skotið til nefndarinnar og lauk þeim ýmist með samkomulagi fulltrúa hagsmunaaðila í nefndinni eða úrskurði fullskipaðrar nefndar, en oddmaður var tilnefndur af sjávarútvegsráðherra.

Nokkuð skiptar skoðanir voru um ágæti þessa fyrirkomulags og hvort úrskurðarnefndin hefði gegnt hlutverki sínu á fullnægjandi hátt. Töldu samtök sjómanna að ekki hefði tekist til sem skyldi með störf nefndarinnar og að tilraunin til að leysa fiskverðsákvarðanir með samningum áhafna einstakra skipa og útgerðar hefði mistekist. Af þessum sökum var með lögum nr. 13/1998 gerð tilraun til að leysa fiskverðsákvarðanir með almennari hætti. Var með lögunum reynt að treysta grundvöll áhafnabundinna fiskverðssamninga þannig að komist yrði hjá því að sjómenn þurfi að þola óeðlileg frávik frá því fiskverði sem venjulegt er vegna þess að fiskvinnsla er í eigu sömu aðila og útgerð eða af öðrum ástæðum. Ekki var talið fært að leiða í lög almenn ákvæði um opinbera ákvörðun fiskverðs, né var það ósk deiluaðila.

Þó að nokkurrar óánægju hafi gætt með úrskurðarnefndina virtist sú óánægja ekki beinast að einstökum úrskurðum hennar, þótt það leiði af eðli máls að þeir hlytu jafnan að vera umdeilanlegir. Óánægjan hafði fyrst og fremst beinst að því að fáum málum var skotið til nefnd-

arinnar. Á það var bent að aðstaða áhafna til að afla upplýsinga um verð á fiski var talin örðug og var talið að ráða mætti á þessu bót með einföldum hætti.

Með lögum nr. 13/1998 var lögfest ákvæði um Verðlagsstofu skiptaverðs og ákvæðum fyrri laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna breytt til samræmis við það. Hin nýja Verðlagsstofa skiptaverðs skyldi starfa í nánum tengslum við úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, með það hlutverk að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Stofunni var falið að afla ítarlegra gagna um fiskverð og vinna úr þeim upplýsingum, en þetta hlutverk var áður í höndum úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna sem ekki hafði bolmagn til að sinna því sem skyldi. Í lögunum er kveðið á um að útgerð skips sé skylt að senda Verðlagsstofu án tafar alla fiskverðssamninga. Eftirlit óháðs aðila með því að raunverulegt söluverðmæti væri lagt til grundvallar uppgjöri á aflahlut átti að uppræta þá tortryggni sem gætt hafði af hálfu samtaka sjómanna varðandi þetta atriði. Þá var það einnig ætlunin að styrkja með þessu grundvöll áhafnabundinna fiskverðssamninga.

Kjarninn í störfum Verðlagsstofu skiptaverðs skyldi vera umfjöllun um skiptaverð í einstökum tilvikum. Ef fiskverð við uppgjör á aflahlut sjómanna viki í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði, að teknu tilliti til stærðar og gæða, skyldi Verðlagsstofu rétt og skylt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna.

Starfstilhögun og málsmeðferð

Verðlagsstofa skiptaverðs á að kanna, m.a. með úrtakskönnun, að rétt verðmæti afla sé lagt til grundvallar við uppgjör á aflahlut sjómanna. Með þessu eftirliti ætti að vera tryggð sú vissa áhafna að uppgjör byggist jafnan á réttum forsendum og tortryggni því eytt. Ef Verðlagsstofa telur að misræmi sé milli gagna um söluverðmæti afla og þess verðs sem lagt er til grundvallar hlutaskipta og að ekki séu fram komnar fullnægjandi skýringar, tilkynnir hún útgerð og áhöfn þá niðurstöðu sína með rökstuddu áliti og nauðsynlegum gögnum.

Samkvæmt kjarasamningum útgerðarmanna og sjómanna skulu gerðir samningar um fiskverð milli útgerðar og áhafnar hvers skips ef afli er seldur aðila skyldum útgerðinni. Þá getur áhöfn kallað eftir slíkum samningi ef afli er seldur óskyldum aðila. Ef samningar takast ekki má skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna sem úrskurðar þá um fiskverð.

Verðlagsstofa skiptaverðs getur sem óháður aðili skotið málum að eigin frumkvæði til úrskurðarnefndar ef hún telur fiskverð við uppgjör á aflahlut víkja í verulegum atriðum frá því sem algengast er í sambærilegum tilvikum. Aðdragandi að könnun Verðlagsstofu á einstöku máli getur hvort sem er verið ábending utan frá eða vísbendingar um óeðlileg frávik í fiskverði úr gögnum sem safnað er. Áhöfn eða einstakir skipverjar þurfa á engan hátt að vera bendlaðir við málið. Telji stofan ástæðu til málskots leggur hún málið fullbúið til ákvörðunar ásamt öllum upplýsingum fyrir úrskurðarnefndina. Telji Verðlagsstofa ekki ástæðu til málskots fær úrskurðarnefndin aldrei vitneskju um frumathugunina. Mál sem skotið er til nefndarinnar fer fyrst fyrir fulltrúa heildarsamtaka hagsmunaaðila, en náist ekki samkomulag fer málið til fullskipaðrar nefndar. Úrskurðarnefndin getur einnig fjallað um mál sem heildarsamtök hagsmunaaðila skjóta til hennar vegna þess að ekki næst samkomulag um fiskverðssamning milli áhafnar og útgerðar.

Úrskurðir nefndarinnar eru framvirkir. Komist nefndin að því að lágmarksverðsreglan hafi verið brotin kveður hún upp úrskurð um að um tiltekinn tíma, allt að þremur mánuðum, skuli fylgt verði sem algengast er í hliðstæðum viðskiptum að teknu tilliti til aðstæðna allra.

Starfsemi Verðlagsstofu skiptverðs

Frá því að Verðlagsstofa tók til starfa í júní 1998 hafa starfshættir hennar verið í mótun. Lögin um Verðlagsstofu kveða á um hlutverk hennar, en stjórnandi og starfsmenn stofunnar hafa síðan þurft að ákveða nánar markmið og áhersluþætti í störfum hennar. Forstöðumaður stofunnar hefur skilgreint starfsemi hennar á þann hátt, að Verðlagsstofan eigi að vinna með útvegsmönnum og sjómönnum, en ekki til höfuðs þeim. Verðlagsstofan er ekki héfðbundin ríkisstofnun og tilvist hennar, a.m.k. í umsjón ríkisvaldsins, hlýtur að vera bráðabirgðalausn í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Stofan hefur í eigin athugunum reynt að feta hinn vandratað meðalveg, til þess að skapa víðtæka samstöðu um starfsemi hennar.

Til að sinna hlutverki sínu þarf Verðlagsstofa að safna saman upplýsingum um fiskverð og afurðaverð. Stofan fær því til sín upplýsingar frá þeim opinberu stofnunum sem halda utan um slíkar upplýsingar, s.s. Þjóðhagsstofnun, Fiskistofu og Fiskifélaginu. Helsti gallinn við þessi gögn sem Verðlagsstofa fær er að þau eru yfirleitt orðin 4–10 vikna gömul og því jafnvel orðin úrelt. Auk þess fær stofan til sín fiskverðssamninga útgerða og áhafna. Verðlagsstofan vinnur síðan úr þessum upplýsingum og birtir m.a. upplýsingar um fiskverð og afurðaverð á vefsíðu sinni (http://verdlagsstofa.is).

Á vefsíðum Verðlagsstofu má fá upplýsingar um verð og verðþróun helstu fisktegunda frá árinu 1997. Upplýsingar þessar eru mjög ítarlegar, m.a. má sjá verð í beinum samningum og á fiskmörkuðum, miðað við slægðan og óslægðan fisk, eftir veiðarfærum og landsvæðum. Þá er einnig hægt að biðja um upplýsingarnar á töfluformi og á myndrænu formi. Einnig er þar að finna upplýsingar um afurðaverð helstu tegunda og að auki má sjá afurðaverð eftir vinnsluaðferðum. Þá hefur vefsíðan einnig að geyma upplýsingar um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, m.a. úrskurði nefndarinnar.

Þegar Verðlagsstofa hefur unnið úr þeim gögnum sem henni berast frá hinum ýmsu aðilum getur hún rannsakað þau tilvik þar sem ætla má að fiskverð víki frá því sem algengast getur talist. Til að sinna þessu hlutverki sínu þarf stofan að ákveða viðmiðunarverð einstakra fisktegunda út frá meðalverði á því svæði sem um ræðir. Fiskverðssamningarnir gefa henni upplýsingar um þessi verð og er þá einnig tekið mið af veiðarfærum, meðalþyngd afla o.fl. Loks verður stofan að ákveða hvað telst verulegt frávik.

Við rannsókn tekur Verðlagsstofa tillit til ýmissa þátta og má þar nefna:

- Að samningur segir til um hærra verð heldur en raunverulega greitt verð, og aflahlutir fara eftir samningi en ekki greiddu fiskverði.
- Að viðkomandi bátur er með afbrigðilega samninga, t.d. lágt verð en hagstæðari hlutaskipti en gengur og gerist.
- Að afli með lágu verði er í óverulegu magni.

Verðlagsstofa tekur hins vegar ekki tillit til eftirfarandi þátta:

- Að hluti af afla er seldur á hagstæðara verði en gengur og gerist í beinum viðskiptum, t.d. gámaútflutningur eða sala á fiskmarkaði.
- Að meirihluti áhafnar er samþykkur greiddu fiskverði og samningi.
- Að heildarkvóti skips er mikill eða lítill (árslaun sjómanna).
- Að lágt fiskverð stafi af kvótakaupum, slæmri rekstrarlegri stöðu, fjárfestingum, eða öðrum ástæðum.
- Að kvótakaup og lægra fiskverð gætu hugsanlega fært sjómönnum betri ársafkomu en þeir hefðu ella.

Verðlagsstofa verður þannig að meta hverja einstaka athugun á eigin forsendum og taka síðan ákvörðun um hvort til málskots komi eða ekki. Fiskverðsmál hvers báts eru einnig skoðuð í heild sinni m.v. ofantalin atriði. Fiskverðssamningar sjómanna og hinna ýmsu útgerða eru oft nokkuð ólíkir. Í mörgum samningum er kveðið á um fast verð, stundum miðað við stærð og gæði, á þeirri fisktegund sem ætluð er að verði uppistaða í afla, en verð á öðrum afla er oft markaðstengt að hluta eða öllu leyti. Í öðrum samningum er verð á öllum afla markaðstengt að hluta eða öllu leyti. Í nokkrum tilvikum er samningsverð annað en það verð sem afli er seldur á og stundum er skiptahlutfall sjómanna hærra. Loks má nefna samkomulag sjómanna og útgerða um að hluti ársafla skips sé seldur erlendis, t.d. settur í gáma.

Þegar Verðlagsstofa hefur eitthvað að athuga við tiltekna fiskverðssamninga er fyrirspurn gerð til viðkomandi útgerða. Í nokkrum tilvikum þar sem fyrirspurn hefur verið send hefur nýr samningur með hærra fiskverði verið gerður. Fyrirspurn getur því virkað eins og óbein íhlutun eða áminning, um að hækka fiskverð. Fyrirspurn frá Verðlagsstofu er þó ekki alltaf nægileg til að nýr samningur líti dagsins ljós og er þá málum vísað til úrskurðarnefndar. Viðmiðunarmörk stofunnar verða með þessu smám saman ljós og væntanlega notuð sem lágmarksverð þar sem þurfa þykir. Segja má að Verðlagsstofa hafi ákveðna tregðu í því að brjóta upp samninga sem sæmileg sátt virðist um, þó hún reyni að gæta að því að ekki skapist fordæmi fyrir óeðlilega lágt verð.

Þegar Verðlagsstofa var sótt heim (október 1999) vegna vinnslu skýrslu þessarar hafði stofan skráð 33 mál til athugunar, það sem af var árinu, og vörðuðu 7. gr. laganna, þ.e. fiskverð. Hér á eftir er stutt yfirlit um niðurstöður Verðlagsstofu:

Af málunum 33 höfðu 3 þeirra borist frá sjómönnum eða samtökum þeirra. Hin 30 málin, er vörðuðu 41 fiskiskip voru tekin upp að frumkvæði Verðlagsstofu, öll vegna verðs á þorski. Engu þessara mála hafði verið vísað til úrskurðarnefndarinnar. Ástæður voru margvíslegar, en samandregið helst þessar:

Verð hjá 7 bátum var á „mörkunum", þ.e. mat stofunnar á þeim tíma sem málin voru afgreidd var að mjög vafasamt væri að úrskurður nefndarinnar hefði breytt fiskverði. Auk þess komu engar undirtektir frá sjómönnum, en í allflestum tilvikum hafði fyrirspurn verið send samhljóða til útgerðar og áhafnar. Málslok voru jafnframt send öllum skráðum skipverjum og útgerð.

Hjá öðrum 7 bátum voru sendir inn nýir samningar í kjölfar fyrirspurnar Verðlagsstofu, eða að þeir höfðu ekki verið sendir inn áður. Í þremur samninganna var nýlegur úrskurður úrskurðarnefndar notaður sem viðmið.

Hjá öðrum 5 bátum fengu skipverjar greitt miðað við samning en ekki greitt fiskverð. Greitt fiskverð í öllum þessara tilvika vék langt frá því sem eðlilegt gat talist, en skv. 7. gr. laga um stofuna segir að það fiskverð skipti máli sem notað er við uppgjör og það var hærra, en þó á „mörkunum".

Hjá 3 bátum höfðu orðið eigendaskipti eða bátarnir hættir í bili á viðkomandi veiðiskap og því hefði ekki verið hægt að breyta neinu, enda eru úrskurðir framvirkir.

Hjá 6 bátum var einstaka verð í samningum lægra en almennt gat talist, en meðalverð þessara báta var vel yfir viðmiðunarmörkum og í sumum tilvikum yfir almennu meðalverði. Hjá öðrum 5 bátum var óverulegt magn selt á lægsta verði samnings.

Hjá 2 bátum var málum ekki vísað til úrskurðarnefndar, þrátt fyrir lág verð, þar sem afbrigðilegir samningar kváðu á um hærri hlutaskipti (aukahluti) til áhafna en kjarasamningar kveða á um. Hjá 1 bát stóð meirihluti áhafnar, 3 af 4, að útgerð bátsins, 2 bátar voru undir 12 brl. og hjá 3 bátum var um misskilning að ræða, óskýran samning og annað.

Þegar Verðlagsstofa var sótt heim (október 1999) vegna vinnslu skýrslu þessarar hafði stofan skráð 7 mál til athugunar, það sem af var árinu, og vörðuðu 6. gr. laganna, þ.e. misræmismál. Hér á eftir er stutt yfirlit um niðurstöðu stofunnar:

Af þessum 7 málum hafði Verðlagsstofa afgreitt 6 mál, þ.e. sent áhöfn og útgerð upplýsingar um misræmið. Í einu máli kom í ljós við rannsókn að ekki var um misræmi að ræða. Í öðru

máli var um framhald af máli frá fyrra ári að ræða, en nú voru fleiri tímabil tekin til athugunar. Allt stefndi hins vegar í að 4 mál væru á leið eða farin til lögfræðinga.

Þegar Verðlagsstofa var sótt heim (október 1999) vegna vinnslu skýrslu þessarar hafði stofan skráð 42 mál til athugunar, það sem af var árinu. Hér á eftir eru dregnar ályktanir af þeim, ásamt ýmsum gögnum stofunnar og viðtölum:

- Ísfisktogarar, jafnvel þeir sem mikinn kvóta hafa, eru með verð á mörkum þess að það teljist ekki verulegt frávik. Nokkrir ísfisktogarar leigja til sín kvóta og eru þeirra verð yfirleitt lægst í þessum skipaflokki.
- Kvótakaup fiskverkenda eru staðreynd og fiskverðsmál flækt af þeim ástæðum.
- Ekkert virðist því til fyrirstöðu að fiskverkendur greiði sjálfir kvóta skipa sem hjá þeim landa.
- Þetta vekur upp spurningar um gagnsemi Kvótaþings.

Verðlagsstofa hefur frá stofnun tekið 82 mál til athugunar er varða 136 skip. Af þeim voru árið 1998 tekin 26 mál til athugunar er vörðuðu 70 skip og árið 1999 voru 56 mál tekin til athugunar er vörðuðu 66 skip. Í 66 málum var fiskverð kannað, í 13 málum var meint misræmi rannsakað, en 3 mál voru af öðrum ástæðum. Athuganirnar hafa verið framkvæmdar vegna ábendinga, formlegra og óformlegra, og einnig að frumkvæði stofunnar sjálfrar.

Úrskurðanefnd hefur á þessum tíma (til ársloka 1999) úrskurðað í 12 málum, samkomulag hefur orðið í 6 málum, 2 málum hefur verið vísað frá og eitt dregið til baka. Málsskot frá samtökum sjómanna voru 15 og vörðuðu 20 skip, en málsskot frá Verðlagsstofu voru 4 og vörðuðu 7 skip. Í töflu 2.1 má sjá yfirlit mála hjá úrskurðarnefnd frá upphafi.

Mynd 2.1. Vinnuferli Verðlagsstofu



Tafla 2.1. Yfirlit yfir mál úrskurðarnefndar frá upphafi

Til úrskurðarnefndar bárust 16 mál árið 1995
- Samkomulag varð í sjö málum, þremur málum lauk með beinu samkomulagi milli aðila og úrskurðað var í sex málum.
- Fimm mál voru vegna rækju og ellefu vegna ísfisks.
- Í öllum tilvikum óskuðu áhafnir eftir að málið færi fyrir nefndina.
- Í þremur málum mynduðu fulltrúar sjómanna ásamt formanni meirihluta og í þremur málum fulltrúar útvegsmanna ásamt formanni.

Til úrskurðarnefndar bárust 14 mál árið 1996
- Samkomulag varð í fjórum málum, tveimur málum lauk með beinu samkomulagi milli aðila og úrskurðað var í átta málum.
  Átta mál voru vegna rækju, tvö vegna ísfisks og fjögur vegna loðnu og síldar.
- Í tólf málum óskuðu áhafnir eftir að málið færi fyrir nefndina og útvegsmenn í tveimur málum.
- Í fimm málum mynduðu fulltrúar sjómanna ásamt formanni meirihluta og í þremur málum fulltrúar útvegsmanna ásamt formanni.

Til úrskurðarnefndar bárust 4 mál árið 1997
- Samkomulag varð í tveimur málum, einu máli lauk með beinu samkomulagi milli aðila og úrskurðað var í einu máli.
- Tvö mál voru vegna rækju og tvö vegna loðnu og síldar.
- Í öllum tilvikum óskuðu áhafnir eftir að málið færi fyrir nefndina.
- Í einu máli mynduðu fulltrúar sjómanna ásamt formanni meirihluta.

Til úrskurðarnefndar bárust 11 mál árið 1998 er vörðuðu 14 skip
- Samkomulag varð í tveimur málum, einu máli lauk með beinu samkomulagi milli aðila, úrskurðað var um fiskverð í sjö málum og einu máli var vísað frá.
- Fjögur mál voru vegna rækju, tvö vegna ísfisks, þrjú vegna síldar, eitt vegna skelfisks og eitt mál vegna samningaumboðs.
- Í sjö málum óskuðu áhafnir eftir að málið færi fyrir nefndina og Verðlagsstofa í fjórum málum.
- Í fjórum málum mynduðu fulltrúar sjómanna ásamt formanni meirihluta og í þremur málum fulltrúar útvegsmanna ásamt formanni.

Frá úrskurðarnefnd hafa verið afgreidd 10 mál árið 1999 er vörðuðu 14 skip
- Samkomulag varð í tveimur málum, einu máli lauk með beinu samkomulagi milli aðila, úrskurðað var um fiskverð í fimm malum, einu máli var vísað frá og eitt mál var dregið til baka.
- Sjö mál voru vegna ísfisks, eitt vegna ísrækju og tvö vegna síldar.
- Í öllum tilvikum óskuðu áhafnir eftir að málið færi fyrir nefndina.
- Í þremur málum mynduðu fulltrúar útvegsmanna ásamt formanni meirihluta og fulltrúar sjómanna í tveimur málum ásamt formanni.

Áhrif af starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs

Það er nokkrum vandkvæðum bundið að meta áhrifin af starfsemi Verðlagsstofu. Hennar hlutverk er í raun tvenns konar. Annars vegar að safna og vinna úr upplýsingum um fiskverð og afurðaverð fyrir úrskurðarnefndina. Hins vegar er það einnig hlutverk hennar að fylgjast með því að sjómenn fái hlut sinn rétt upp gerðann og á eðlilegu gangverði fisks, að teknu tilliti til gæða og stærðar afla.

Að því er fyrra hlutverkið varðar, virðist sem hagsmunaðilar séu sáttir við störf stofunnar og að hún vinni vel úr þeim gögnum sem henni berast. Þessi vinna stofunnar hefur auðveldað störf úrskurðarnefndar að hluta, þ.e. að því leyti er verð á afla og afurðum skiptir máli fyrir

úrskurði nefndarinnar. Á hinn bóginn virðist þessi gagnaöflun og gagnavinnsla ekki hafa leitt til þess að hagmunaaðilar komist frekar að samkomulagi í einstökum málum.

Almennt virðist líka vera ánægja með það hvernig stofan kemur upplýsingum á framfæri, en til þess hefur stofan opnað vefsíðu með gagnagrunni upplýsinga um fisk- og afurðaverð.

Hvað seinna hlutverk stofunnar varðar, virðast hagsmunaðilar einnig tiltölulega sáttir með störf hennar. Stofan virðist starfa á jafnan en skilvirkan hátt. Hún innkallar fiskverðssamninga, vinnur vel úr þeim upplýsingum sem henni berast um verð, gerir reglulegar úrtakskannanir og sendir fyrirspurnir til útgerða þegar hún telur það eiga við. Fyrirspurn til útgerðar, ein og sér, leiðir stundum til þess að fiskverð hækkar hjá henni í kjölfarið, þ.e. nýr fiskverðssamningur er gerður. Með þessu leysast einhver mál og þurfa þá ekki að koma til kasta úrskurðarnefndar.

Það sem helst er gagnrýnt er að upplýsingar um verð í beinum viðskiptum eru orðin frekar gamlar þegar þau koma til Verðlagsstofu, allt að 10 vikna gömul verð. Þá vinnur stofan úr þessum gögnum og sendir fyrirspurn til útgerðar, ef tilefni er. Útgerðin þarf að sjálfsögðu einhvern tímafrest til að svara fyrirspurninni. Þetta leiðir til þess að ef stofan telur að fiskverð einhvers aðila sé óeðlilega lágt og vísar málinu til úrskurðarnefndar, líða 3 mánuðir hið minnsta frá því fiskurinn er seldur og þar til úrskurðað er. Ef úrskurðað er um hækkun fiskverðs, þá gildir sá úrskurður aðeins framvirkt. Þannig geta útgerðir hugsanlega notfært sér þessa töf á upplýsingastreymi og ástundað þá hegðun að hækka fiskverð lítillega í hvert sinn sem fyrirspurn berst. Með því móti kaupa þær sér frest þar til þær lenda aftur í úrtaki. M.a. af þessum sökum telur Verðlagsstofa nauðsynlegt sé að upplýsingar um fiskverð í beinni sölu berist henni fyrr.

Annað gagnrýnisatriði beinist að viðmiðunarverði Verðlagsstofu. Gagnrýnin virðist annars vegar beinast að því að stofan gefur ekki út verðgólf eða lágmarksverð, en hins vegar að túlkun á því hvað teljist sambærileg ráðstöfun afla. Fyrri gagnrýnin á stofuna byggist, að því er virðist, á nokkrum misskilningi. Samkvæmt lögum um stofuna er það ekki hlutverk hennar að ákveða fiskverð. Hennar hlutverk er að kanna verðdreifingu og finna þannig eðlileg viðmiðunarmörk, sem þó geta verið mjög breytileg enda tillit tekið til veiðarfæra, gæða, stærðar og verðs í viðeigandi landshluta. Í raun setur því stofan mörg verð fyrir sumar fisktegundir, en jafnvel aðeins eitt verð fyrir aðrar. Verðlagsstofa gefur hins vegar ekki út þessi verð, enda telur stofan það hvorki hlutverk sitt né hafi hún heimild til þess samkvæmt lögunum.

Seinni gagnrýnin beinist að túlkun Verðlagsstofu á „sambærilegri ráðstöfun afla". Útvegsmenn og sjómenn greinir hér á um túlkun þessara orða í lagatextanum. Útvegsmenn telja að hér sé átt við afla sem seldur er í beinni sölu, en fulltrúar sjómanna telja hins vegar að orðin eigi ekki við gerð sölunnar heldur vinnsluaðferð. Bæði Verðlagsstofa og úrskurðarnefndin virðast framan af hafa túlkað ákvæði laganna eins og þau ættu við gerð sölunnar, en undanfarið virðist þó hafa orðið einhver breyting á túlkun þeirra. Í nýjasta úrskurði nefndarinnar er komist að niðurstöðu um fiskverð sem byggir á vegnu meðaltali verðs í beinni sölu og markaðssölu. Ætla má að Verðlagsstofa muni því fara að þessu fordæmi úrskurðarnefndarinnar.

Eðlileg spurning í framhaldi af ofansögðu, er hvort starf Verðlagsstofu hafi skilað sér í breyttri verðdreifingu og hærra meðalverði afla (sjá einnig viðauka B1 og B2).

Mynd 2.2. Verðdreifing á slægðum þorskafla, allt landið og öll veiðarfæri



Á mynd 2.2 má sjá verðdrefingu slægðs þorsks í beinni sölu, miðað við allt landið og öll veiðarfæri, í nóvembermánuði 1998 og 1999. Nokkur breyting virðist hafa orðið á verðdreifingu og meðalverð hefur einnig hækkað. Erfitt er þó að fullyrða um hvort störf Verðlagsstofu og úrskurðarnefndar hafi hér haft áhrif.

Mynd 2.3. Meðalverð á slægðum þorski í beinni sölu eftir veiðarfærum



Á mynd 2.3. má sjá meðalverð á slægðum þorskafla í beinni sölu eftir veiðarfærum á tímabilinu janúar 1997 til nóvember 1999. Meðalverð þorskafla allra veiðarfæra hefur hækkað á þessu tímabili, en mest þó hefur meðalverð á netaþorski hækkað eða um rúmlega 50%. Frá ágúst 1998 hefur verð á netaþorski líka hækkað heldur meira en verð á þorski veiddum á línu og í botnvörpu. Verðlagsstofa skiptaverðs gerði viðamikla úttekt á verði þorskafla netabáta um og eftir áramótin 1998/1999. Þetta gerði stofan bæði af eigin frumkvæði en einnig vegna athugasemda frá öðrum aðilum. Í kjölfarið sendi stofan fyrirspurnir til nokkurra útgerða og leiddi það stundum til nýrra fiskverðssamninga. Mynd 2.3 virðist gefa til kynna að þessi störf Verðlagsstofu hafi skilað sér í hærra meðalverði netaþorsks og vel má vera að svo sé. Varlega verður þó að fara í að draga ályktanir sem þessa, enda varð mikil verðhækkun á söltuðum þorskafurðum á haustmánuðum 1998 sem hæglega getur útskýrt verðhækkun á netaþorski (sjá kafla 3).

Mynd 2.4. Verðdreifing á ferskri rækju í beinni sölu, allt landið



Á mynd 2.4 má sjá verðdreifingu á ferskri rækju, en hún er öll seld í beinni sölu. Hér hefur verðdreifingin breyst og meðalverð hækkað. Vera má að Verðlagsstofa og úrskurðarnefnd hafi hér haft áhrif á meðalverðið, en úrskurðað hefur verið hjá sumum stærstu rækjuútgerðar- og vinnslufyrirtækjum landsins á milli þeirra tímapunkta sem sýndir eru á myndinni.

Mynd 2.5. Verð á slægðum þorski í beinni sölu og á fiskmörkuðum (kr./kg)



Á mynd 2.5 má sjá verðþróun á slægðum þorski í beinni sölu og á innlendum fiskmörkuðum. Miklar verðsveiflur eru á fiskmörkuðunum, mun meiri en í beinni sölu. Á myndinni má sjá að bilið á milli verðs í beinni sölu og verðs á mörkuðunum hefur ekki minnkað.

Í töflu 2.2 má sjá meðalverð á þorskafla eftir veiðarfærum og sölugerð í nóvember 1999. Verðmunur milli beinnar sölu og markaðssölu er, eins og sjá má, allt frá 3% og upp í 113% eftir veiðarfærum.

Tafla 2.2. Þorskur — nóvember 1999

			Magn Tonn	Meðalverð kr./kg	Hlutfallslegur verðmunur
Lína	Óslægður	Bein sala	1.399,8	84,90	53%
		Innlendir markaðir	1.146,3	129,68	
	Slægður	Bein sala	2.615,1	87,38	46%
		Innlendir markaðir	337,8	127,66	
Net	Óslægður	Bein sala	274,7	97,31	52%
		Innlendir markaðir	217,8	147,58	
	Slægður	Bein sala	1.032,0	101,03	75%
		Innlendir markaðir	391,5	177,17	
Handfæri	Óslægður	Bein sala	87,9	86,06	37%
		Innlendir markaðir	31,0	117,80	
	Slægður	Bein sala	0,8	116,07	3%
		Innlendir markaðir	3,2	119,57	
Dragnót	Óslægður	Bein sala	307,1	69,82	113%
		Innlendir markaðir	380,6	148,77	
	Slægður	Bein sala	143,1	85,17	95%
		Innlendir markaðir	67,6	166,25	
Botnvarpa	Slægður	Bein sala	4.992,0	83,18	71%
		Innlendir markaðir	398,2	142,30	

Verðlagsstofa birti nýverið upplýsingar um verð á þorskafla sem landað var til vinnslu innanlands á tímabilinu nóvember 1998 til októberloka 1999. Á þessu tímabili var 18% af slægðum þorskafla landað á innlenda markaði, en 50% af óslægðum þorskafla. Ef óslægðum afla er breytt í slægðan þá er heildarmagn þorskaflans 153 þús. tonn, en þ.a. voru 111 þús. tonn (73%) seld í beinni sölu og 42 þús. tonn (27%) á mörkuðum. Í tölum Verðlagsstofu kemur m.a. fram að á tímabilinu er verð á slægðum þorski að meðaltali 60% hærra á mörkuðum en í beinni sölu, en 37% hærra á óslægðum þorski. Einnig kemur fram að verðmunur á milli beinnar sölu og markaðssölu er mismunandi eftir veiðarfærum. Verð á slægðum þorski veiddum í botnvörpu er 72% hærri á mörkuðum en í beinni sölu, en verðmunur á slægðum þorski veiddum á handfæri er 16%.

Athuganir Verðlagsstofu á fiskverði benda einnig til tengsla á milli lágs fiskverðs og aflamarkskaupa. Í einni slíkri athugun sem Verðlagsstofa gerði, en þar voru skoðuð aflamarksviðskipti skipa sem voru í sept. og okt. 1999 með lægstu meðalverð á þorskafla, m.v. veiðarfæraflokk, kom fram að stór hluti skipanna stundaði umtalsverð aflamarkskaup á sl. fiskveiðiári. Í þessum hópi reyndust þó einnig vera skip með lítil eða engin aflamarkskaup, en þau voru færri. Í heild var hér um 51 fiskiskip að ræða og námu hrein viðskipti þeirra á Kvótaþingi rúmlega 700 milljónum kr. fiskveiðiárið 1998/99, sem er rúmlega 20% af heildarviðskiptum á þinginu á því ári. Þá voru líka skoðuð aflamarkskaup skipa sem voru með hæstu meðalverð á þorskafla, m.v. veiðarfæraflokk skipsins. Stærri hluti þeirra skipa stundaði lítil eða engin aflamarkskaup, þ.e. hrein aflamarkskaup. Samtals var hér um 30 fiskiskip að ræða og námu hrein viðskipti þeirra á Kvótaþingi um 100 milljónum kr. fiskveiðiárið 1998/99. Höfundur skýrslunnar hér skoðaði ofangreind gögn Verðlagsstofu (ásamt gögnum frá Fiskistofu og Fiskifélagi Íslands) nánar og virðist sem tengsl lágs meðalverðs og afla-

markskaupa séu mest hjá skipum sem í upphafi fiskveiðiárs má flokka til kvótalítilla skipa. Sjaldgæfara er að kvótamikil skip stundi aflamarksviðskipti, en engu að síður eru nokkur kvótamikil skip með lág meðalverð.

3. Kvótaþing

Með lögum nr. 11 frá 27. mars 1998, lög um Kvótaþing, var tilboðsmarkaði fyrir aflamark komið á fót. Þann 1. september 1998 hóf síðan Kvótaþing Íslands formlega starfsemi sína. Meginmarkmið laganna um Kvótaþing var að gera viðskipti með aflamark sýnileg og auka skilvirkni í viðskiptum. Að baki lá einnig sú afstaða sjómanna að þeir væru með einum eða öðrum hætti að fjármagna kaup útgerða á aflamarki.

Hugmyndir um stofnun tilboðsmarkaðar fyrir aflamark komu fram í skýrslu nefndar sem unnin var í tengslum við kjaradeilur árið 1994. Í skýrslunni eru talin upp fjögur atriði sem sjómenn töldu hafa áhrif á skiptakjör:

1. Að fyrirtæki sem stunduðu fiskvinnslu og hefðu jafnframt yfir aflaheimildum að ráða framseldu aflamark til kvótalítilla skipa gegn löndun á aflanum. Töldu sjómenn að í sumum tilvikum væri andvirði aflaheimildanna dregið frá andvirði aflans áður en til skipta kæmi.
2. Að fiskvinnslufyrirtæki eða fyrirtæki tengd fiskmörkuðum semdu við útgerðir um að framselja tiltekið aflamark til skipa í þeirra eigu með því skilyrði að skip útgerðarfyrirtækisins lönduðu helmingi meira aflamagni hjá fiskvinnslunni á verði undir markaðsverði sem næmi verðmæti aflaheimildanna.
3. Að sjómenn legðu í sérstaka sjóði til að taka þátt í kaupum útgerðarfyrirtækja á aflamarki.
4. Að við sölu afla væri andvirði keyptra aflaheimilda dregið frá aflaverðmæti áður en kæmi til skipta.

Ein af niðurstöðum nefndarinnar 1994 var að starfsemi tilboðsmarkaðar myndi gera viðskipti með aflamark sýnilegri en fyrr og gæti komið í veg fyrir að hægt væri að blanda saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla, eins og nefnt er í tveim fyrstu atriðunum hér að ofan. Ekki var þó talið að starfsemi Kvótaþings myndi leysa úr tveim seinni atriðunum. Í báðum þessum tilvikum ættu hins vegar þær fjárhæðir, sem um ræðir, að vera sýnilegar öllum þeim er málið varðar. Ekkert varð úr framkvæmd tillagnanna árið 1994.

Miðað við umræður, sem urðu í tengslum við kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna 1998, hafði ekki orðið breyting á afstöðu sjómanna í þessum efnum. Þvert á móti töldu þeir að það hefði færst í vöxt að sjómenn tækju með einum eða öðrum hætti í því að fjármagna kaup útgerðarfyrirtækja á aflamarki. Voru tvö fyrri tilvikin sem nefnd voru í skýrslu nefndarinnar frá 1994 oftast nefnd í þessu sambandi, þ.e. framsal aflaheimilda frá fiskvinnslufyrirtæki til útgerðar gegn löndun á afla á verði þar sem tekið hefur verið tillit til andvirði aflaheimildanna. Tillögur nefndarinnar frá 1994 voru endurvaktar lítt breyttar af sambærilegri nefnd sem skipuð var af sjávarútvegsráðherra í því skyni að liðka fyrir kjarasamningum í upphafi árs 1998.

Lagalegt hlutverk

Í lögum nr. 11/1998 segir um Kvótaþing:

> Kvótaþing Íslands hefur það hlutverk að annast tilboðsmarkað fyrir aflamark. Óskyld starfsemi er Kvótaþingi óheimil.
>
> Allur flutningur aflamarks milli skipa, annar en sá sem um getur í 3. mgr., er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi.
>
> Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi í eftirtöldum tilvikum:
>
> 1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
> 2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótaþingi í síðastliðinni viku.
> 3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótaþingi. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótaþings, enda séu viðskipti með aflamark af viðkomandi tegund svo lítil að ekki séu að mati stjórnarinnar forsendur til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði.

Kvótaþing á að annast öll viðskipti með aflamark milli skipa. Er flutningur aflamarks milli skipa óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi. Frá þessari meginreglu eru gerðar þrjár undantekningar:

Í fyrsta lagi er flutningur aflamarks milli skipa í eigu sama aðila heimill án milligöngu Kvótaþings. Í þessum tilvikum eiga sér engin viðskipti stað. Hugtakið sami aðili ber að skýra þröngt. Það tekur aðeins til sama einstaklings eða sömu lögpersónu. Móður- og dótturfyrirtæki teljast því ekki sami aðili. Ekki nægir að skip sé í leigu eða í kaupleigu sama aðila til að falla undir undanþáguna heldur þarf aðilinn að eiga bæði það skip sem flutt er frá og flutt er til.

Í öðru lagi geta jöfn skipti á aflamarki átt sér stað utan Kvótaþings, enda séu skiptin á jafnverðmætum aflaheimildum miðað við meðalviðskiptaverð viðkomandi tegunda í síðastliðinni viku. Ef tryggt er að um raunverulega jafnverðmætar aflaheimildir sé að ræða er ekki að sjá að viðskipti með þær utan Kvótaþings geti haft bein áhrif á fiskverð til hlutaskipta og því engin þörf á að skyldubinda slík viðskipti á Kvótaþingi.

Í þriðja lagi er heimild til að undanþiggja viðskipti á Kvótaþingi með aflamark tegunda sem svo lítil viðskipti eru með að engar forsendur eru til myndunar markaðsverðs á tilboðsmarkaði. Forsenda slíkrar undanþágu er að fyrir liggi tillaga stjórnar Kvótaþings. Á fiskveiðiárinu 1998/99 voru innfjarðarrækja og hörpuskel undanþegin viðskiptum á Kvótaþingi og á núverandi fiskveiðiári bættist Norðuríshafsþorskur við.

Kvótaþing annast skráningu kaup- og sölutilboða á aflamarki og er vettvangur slíkra viðskipta. Kvótaþing annast greiðslumiðlun og miðlun upplýsinga um viðskipti á Kvótaþingi. Í orðalaginu að „annast" felst að Kvótaþing ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með starfsemi þingsins, hvort sem það sér um daglegan rekstur sjálft eða felur hann óháðum þriðja aðila að hluta eða öllu leyti.

Í viðskiptum á Kvótaþingi vita kaupandi og seljandi ekki hvor af öðrum. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að tryggt sé að kaupandi standi við greiðsluloforð sitt. Viðskiptum á Kvótaþingi lýkur því ekki fyrr en fyrir liggur að greiðsla hefur verið innt af hendi og þess vegna annast Kvótaþing greiðslumiðlunina.

Sjávarútvegsráðherra skipar þrjá menn í stjórn Kvótaþings og skulu þeir hafa góða þekkingu á þeirri starfsemi sem það ber ábyrgð á, þ.e. sérfræðiþekkingu á sviði viðskipta með aflamark og viðskipta á tilboðsmarkaði. Stjórn Kvótaþings ber ábyrgð á allri starfsemi þess.

Reglur um starfsemi þingsins lúta m.a. að skráningu kaup- og sölutilboða, útreikningi viðskiptaverðs, greiðslumiðlun, miðlun upplýsinga og trúnaðarskyldu. Þær eiga að tryggja að

viðskipti fari fram á sem skemmstum tíma, að ekki sé unnt að fá vitneskju um tilboðsgjafa, að óeðlileg tilboð hafi ekki áhrif á viðskiptaverð, að tilboðsgjafar standi við tilboð sín, að Fiskistofa fái nauðsynlegar upplýsingar og að aðilar á markaði fái upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hagkvæmni kaupa og sölu aflamarks á tilteknum tíma.

Fjármálaeftirlitið er sá opinberi aðili sem eftirlit hefur með að Kvótaþing fari að lögum, reglugerðum og reglum.

Starfstilhögun Kvótaþings

Eftir tilkomu Kvótaþings þurfa þeir sem hyggjast kaupa eða selja aflamark að verða sér úti um eyðublað sem stjórn Kvótaþings hefur látið útbúa. Með tilboði skal fylgja staðfesting um bankatryggingu. Tilboðið er sent til Fiskistofu og þar er athugað hvort aflamarkið sé til staðar og hvort heimilt sé að flytja aflamarkið. Fiskistofa er milliliður tilboðsgjafa og Kvótaþings.

Hlutverk Fiskistofu er tvíþætt. Hún er annars vegar milliliður tilboðsgjafa og Kvótaþings og hins vegar sá aðili sem gengur úr skugga um að tilboðsgjafi fullnægi skilyrðum laga til kaupa og sölu aflamarks. Bein samskipti tilboðsgjafa og Kvótaþings eru talin óæskileg vegna áhrifa sem tilboðsgjafi gæti haft á viðskipti á þinginu. Fiskistofa hefur einnig daglega umsjón með Kvótaþingi, f.h. stjórnar Kvótaþings. Fiskistofa varð fyrir valinu m.a. vegna þess að hún er óhjákvæmilegur milliliður í viðskiptunum aflamark, enda eru allar upplýsingar um aflamark skráðar hjá Fiskistofu. Fiskistofa hefur því upplýsingar um aflaheimildir skips og þar með hvort aðili megi eiga viðskipti með aflamark. Aflamark er flutt á biðreikning á þeim tíma er tilboð er skráð á Kvótaþingi og þar til viðskipti eiga sér stað. Væri slíkt ekki gert gæti seljandi aflamarks veitt upp í þær heimildir sem tilboð hans nær til og skráð hefur verið á Kvótaþingi.

Fiskistofa gengur þannig úr skugga um að skilyrðum fyrir tilboði sé fullnægt og skráir síðan tilboðið í viðskiptakerfi Kvótaþings. Þau tilboð sem berast fyrir klukkan 12.00 eru notuð við útreikning á viðskiptaverði sem fer fram klukkan 15.00. Tilboð sem berast eftir klukkan 12.00 færast yfir á næsta viðskiptadag. Viðskiptaverð er reiknað út einu sinni á dag og fer fram með uppboði í tölvu. Uppboðið er blint, þ.e. tilboðsgjafar vita ekki hvaða tilboð eru í pottinum („svarta kassanum“) þegar þeir leggja tilboð sín fram. Reiknað er út eitt viðskiptaverð fyrir hverja fisktegund. Aðferðin við útreikninginn er þannig uppbyggð að tilboðsgjafar fá aldrei lakara verð en þeir buðu og líkur eru á að verðið verði hagstæðara. Vegna þess að hægt er að setja skilyrði um lágmarksmagn er þó hugsanlegt að engin viðskipti verði þótt tilboðsverð gæti gefið tilefni til annars. Þegar viðskipti hafa farið fram og fyrir liggur að kaupandi hefur innt af hendi greiðslu vegna viðskipta sinna, sendir þingið Fiskistofu upplýsingar um viðskiptin sem þá annast flutning aflamarks af biðreikningi og milli skipa.

Rekstur Kvótaþings á að vera borinn uppi af þjónustugjaldi sem nægja á til greiðslu kostnaðar af starfsemi þingsins. Kvótaþing leggur á fast gjald vegna skráningar og greiðslumiðlunar, nú kr. 700, og einnig af umfangi þjónustu við hvern aðila, þ.e. hlutfallslegt gjald sem nú er 0,13%.

Upplýsingar um verð á aflamarki og viðskiptamagn á Kvótaþingi frá stofnun þess er að finna á heimasíðu þingsins (http://www.kvotathing.is).

Viðskipti og verðþróun á Kvótaþingi

Kvótaþing Íslands tók formlega til starfa þann 1. september 1998. Lög um tilboðsmarkaðinn höfðu verið samþykkt á Alþingi í marsmánuði og hafði tíminn fram til opnunar verið not-

aður í að undirbúa starfsemina, m.a. að móta starfsreglur fyrir þingið og aðlaga starfsfólk Fiskistofu að þessum nýja þætti í umsjón hennar. Þann 11. september áttu fyrstu viðskipti sér stað á Kvótaþinginu, en þann dag voru seld 6 tonn af þorski á 85 kr. kg. Rúmri viku síðar fóru síðan útgerðir að taka við sér og urðu nokkur viðskipti með helstu tegundir.

Þrátt fyrir rólega byrjun í viðskiptum, má segja að í októbermánuði hafi starfsemin verið komin á fullan skrið. Í þeim mánuði áttu sér stað viðskipti með rúm 2.800 tonn af þorski og um 1.200 tonn af öðrum botn- og skelfisktegundum. Þó engin meiriháttar vandamál hafi komið upp í starfsemi Kvótaþings, þá var ljóst að nýjung af þessum toga þurfti aðlögunar við og að kynna þurfti og leiðbeina væntanlegum viðskiptaaðilum.

Á fyrsta starfsári Kvótaþings fóru tæp 100 þús. tonn af aflamarki um þingið og var heildarviðskiptaverðmæti tæpir 3,4 milljarðar kr. Tafla 3.1 sýnir umfang viðskipta á Kvótaþingi á fyrsta starfsári þess.

Tafla 3.1. Heildarviðskipti á Kvótaþingi fiskveiðiárið 1998/99.

Magn miðast við slægðan fisk			
Fisktegund	**Magn lestir**	**Meðalverð**	**Verðmæti kr.**
Þorskur	24.865	99,21	2.466.899.062
Ýsa	4.886	46,28	226.103.682
Ufsi	3.420	30,10	102.946.341
Karfi	4.351	40,60	176.630.226
Steinbítur	2.240	22,06	49.423.453
Úthafskarfi	323	31,72	10.232.182
Grálúða	778	83,80	65.199.951
Skarkoli	2.149	44,67	95.987.436
Langlúra	184	39,35	7.230.129
Sandkoli	998	18,13	18.080.825
Skrápflúra	1.029	15,19	15.625.868
Síld	4.802	5,32	25.536.600
Loðna	42.089	0,39	16.414.710
Humar	39	398,55	15.539.865
Úthafsrækja	5.271	3,59	18.926.591
Flæmingjarækja	1.877	30,86	57.942.694
Þorskur – Noregur	55	37,73	2.075.000
Samtals	**99.354**		**3.370.855.205**

Að magni til voru mestu viðskiptin með loðnu, eða 42 þús. tonn, en verðmæti hennar var þó aðeins 16,4 milljónir kr. Næst mest viðskipti að magni til voru með þorsk, eða tæp 25 þús. tonn. Verðmæti þorksins voru tæpir 2,5 milljarðar, eða nær þrírfjórðu af heildarverðmæti viðskipta á þinginu. Ýsa, ufsi og karfi koma þar á eftir, ef miðað er við verðmæti, með um hálfan milljarð króna.

Fyrstu viðskipti á Kvótaþingi áttu sér stað, eins og áður segir, þann 11. september 1998. Þann dag seldust 6 tonn af þorski á 85 kr. kg. Þann 31. ágúst 1999, við fiskveiðiáramót, seldust rúm 143 tonn af þorski á 96,75 kr. kg. Þann dag áttu sér einnig stað viðskipti með nokkur hundruð tonn af öðrum tegundum.

Mynd 3.1. Verðþróun á aflamarki þorsks á Kvótaþingi.



Á fiskveiðiárinu 1998/99 fór meðalverð á þorski í einum mánuði hæst í júní, eða í 108,57 kr. kg. Meðalverð í maí og júlí voru lítillega lægri, bæði yfir 107 kr. kg. Hæsta einstaka meðalverð á einum degi var þann 5. júlí, en þá fór verðið í 120 kr. kg. og viðskipti áttu sér stað með rúm 157 tonn. Á mynd 3.1 má sjá þróun meðalverðs og viðskiptamagns fyrir þorsk frá september 1998. Eins og sú mynd sýnir, þá var um nokkuð stöðuga hækkun verðs að ræða fram til júnímánaðar 1999, en eftir það lækkaði verð aftur. Svipuð þróun virðist ætla að eiga sér stað á nýju fiskveiðiári. Meðalverð á aflamarki í þorski fór úr 99,24 kr. kg. nú í september 1999 og í 117,20 í desember. Á mynd 3.1 má einnig sjá að lítil tengsl eru á milli viðskiptamagns og meðalverðs á Kvótaþingi, en vikið verður nánar að verðmyndun síðar í skýrslunni.

Mynd 3.2. Verð á aflamarki þorsks á Kvótaþingi.



Mynd 3.1 sýnir ekki þær sveiflur í verði sem verða oft með stuttu millibili, enda um meðalverð mánaðar að ræða. Á mynd 3.2 má sjá þessar sveiflur, en myndin sýnir dagleg viðskiptaverð á aflamarki í þorski. Greina má sérstaklega þá skyndilegu verðhækkun sem varð á fyrstu dögum júlímánaðar, en þá rauk verð upp í 120 kr. Fimm viðskiptadögum síðar var verð komið í 110 kr. og viku þar á eftir undir 100 kr. Þessi verðuppsveifla kallaði líka á viðbrögð markaðsaðila. Kauptilboðum fækkaði og 7. júlí barst ekkert nýtt kauptilboð til Kvótaþings. Viðskipti urðu aðeins með 2 tonn af þorski, en meðalviðskipti höfðu verið um 75 tonn

á dag undanliðnar tvær vikur. Sölutilboðum, með há lágmarksverð, fjölgaði hins vegar nokkuð, en flest þeirra féllu úr gildi eða voru afturkölluð enda lækkaði viðskiptaverð.

Mynd 3.3. Verðþróun á aflamarki ýsu á Kvótaþingi.



Tæp 5 þús. tonn af ýsuaflamarki skiptu um hendur á Kvótaþingi á fiskveiðiárinu 1998/99. Svipuð þróun varð á mánaðarlegu meðalverði ýsu eins og á þorski. Verð hækkar smátt og smátt, nær hámarki í júlí, en lækkar svo í lok ársins. Meðalverð í september 1998 var 31,50 kr., en í júlí fór það í 59,67 kr. Hæsta einstaka viðskiptaverðið var þann 12. júlí, þá fór ýsan í 67,50 kr. Lítið samband er á milli verðs og viðskiptamagns ýsu. Nú á nýju fiskveiðiári hefur meðalverð á aflamarki í ýsu hækkað mikið, eða úr 48,21 kr. í september í 82,78 kr. kg. í desember.

Mynd 3.4. Verðþróun á aflamarki ufsa á Kvótaþingi.



Mynd 3.4 sýnir verðþróun á aflamarki í ufsa. Um 3.500 tonn af ufsa fóru um þingið á sl. fiskveiðiári. Meiri sveiflur voru á verði ufsans en þorksins og ýsunnar, og ekkert samhengi virðist milli verðsins og viðskiptamagnsins. Verð á aflamarki ufsa hefur hækkað um meira en 20% á nýju fiskveiðiári, en viðskiptamagn er lítið.

Mynd 3.5. Verðþróun á aflamarki karfa á Kvótaþingi.



Á fimmta þúsund tonn af aflamarki í karfa fóru um Kvótaþing á fiskveiðiárinu 1998/99. Miklar sveiflur voru í viðskiptamagni, eins og sjá má á mynd 3.5. Meðalverð á karfa fór hæst í 43,60 kr. kg. í desember 1998, en lækkaði síðan og fór í 35,75 kr. í ágúst. Verð á aflamarki í karfa hélst þó tiltölulega stöðugt í samanburði við verðsveiflur annarra fisktegunda.

Mynd 3.6. Verðþróun á aflamarki skarkola á Kvótaþingi.



Viðskipti með aflamark í skarkola voru um 2.100 tonn á Kvótaþingi á sl. fiskveiðiári. Þó sú tala virki e.t.v. lág, þá var þetta um þriðjungur úthlutaðs aflamarks tegundarinnar. Miklar sveiflur voru á viðskiptamagni skarkolans milli mánaða, en verð hafði verið nokkuð stöðugt framan af árinu. Frá ágúst 1999 hefur verð á aflamarki í skarkola hins vegar hækkað um 100%, eða í 109,90 kr. kg.

Rúm 2.200 tonn af steinbít fóru um Kvótaþing fiskveiðiárið 1998/99. Verð á aflamarki í steinbít lækkaði framan af fiskveiðiárinu, en hækkaði síðan á sumarmánuðum. Hæst fór meðalverð á steinbít í 36,31 kr. kg. í júlí, en í desember 1999 var meðalverðið 33,47 kr.

Mynd 3.7. Verðþróun á aflamarki steinbíts á Kvótaþingi.



Tæp 6 þús. tonn af aflamarki í úthafsrækju fóru um Kvótaþing á sl. fiskveiðiári. Í upphafi þess fiskveiðiárs kom í ljós að ástand stofnsins var slæmt og tilkynnt var um þriðjungs niðurskurð á leyfilegu aflamarki úthafsrækjunnar í desember 1998. Úthafsrækjuveiðin gekk einnig illa og hurfu skip frá veiðum. Þegar upp var staðið í lok fiskveiðiárs hafði veiðin aðeins gefið um 30 þús. tonna afla. Allt þetta leiddi til mikils framboðs á aflamarki í úthafsrækju og urðu allmikil viðskipti, eins og áður segir. Það sem er eftirtektarverðast við þau viðskipti er að meðalverð á fiskveiðiárinu var aðeins 3,89 kr. kg., sem er rétt um tíund af meðalverði rækjuaflamarks á Flæmingjagrunni (sjá töfluviðauka). Þá er einnig athyglisvert við viðskipti með úthafsrækjuna, að rúmlega 10% aflamarksins sem um Kvótaþing fór var keyptur af smábátum með aflamark.

Mynd 3.8. Verðþróun á aflamarki úthafsrækju á Kvótaþingi.



Varðandi verðþróun á öðrum tegundum vísast í töfluviðauka, en þar má sjá verð á aflamarki allra helstu tegunda á frá janúar 1997 til desember 1999.

Nokkur aukning hefur orðið á umfangi aflamarksviðskipta fyrstu fjóra mánuði fiskveiðiársins 1999/2000 miðað við sama tímabili fiskveiðiársins 1998/1999, eins og sjá má í töflu 3.2.

Tafla 3.2. Heildarviðskipti á Kvótaþingi sept.–des. 1998 og 1999.

Magn miðast við slægðan fisk	1998		1999	
Fisktegund	**Magn lestir**	**Meðalverð**	**Magn lestir**	**Meðalverð**
Þorskur	8.862	91,17	9.464	107,95
Ýsa	1.072	40,41	910	68,33
Ufsi	507	26,42	462	36,63
Karfi	854	42,25	862	41,11
Steinbítur	152	14,65	63	29,96
Úthafskarfi	16	30,37	55	5,00
Grálúða	272	63,70	157	103,45
Skarkoli	346	36,50	211	106,90
Þykkvalúra			11	90,38
Langlúra	35	33,29	24	40,81
Sandkoli	50	16,94	228	21,10
Skrápflúra	57	14,41	153	19,94
Síld	5.328	5,44	8.454	5,05
Loðna	0		0	
Humar	7	313,22	5	392,93
Úthafsrækja	713	10,56	239	21,50
Flæmingjarækja	0		623	30,77
Samtals	**18.271**		**21.920**	

Heildarviðskiptamagn þessa fyrstu mánuði fiskveiðiársins hefur aukist úr rúmum 18 þús. tonnum í tæp 22 þús. tonn. Aukninguna má að mestu skýra með auknum viðskiptum með síld, eða rúm 3 þús. tonn. Þá hafa viðskipti með þorskaflamark aukist um 600 tonn.

Verðmyndun á kvóta

Verð á kvóta (aflahlutdeild og aflamarki) ræðst af framboði og eftirspurn, eins og önnur verð gæða á markaði. En hvernig má skilgreina framboð og spurn eftir kvótum? Varðandi framboðið, þá má segja að verðmyndun á aflahlutdeild, annars vegar, og aflamarki, hins vegar, myndist á ólíkan en þó nátengdan hátt. Reyndar gildir það sama einnig um eftirspurnina, en í stuttu máli má segja að verð á aflamarki byggi á samspili framboðs og eftirspurnar við skammtímasjónarmið, en aflahlutdeildarverð á langtímasjónarmiðum. Horfum fyrst til framboðsins.

Ef fiskstofn er nýttur þannig að aflinn sé jafn hreinum vexti stofnsins þá breytist stærð stofnsins ekki, þ.e. stofninn er í jafnstöðu. Nýting stofnsins gefur þá sama arð á hverju ári, þ.e. miðað við sömu eftirspurn. Við slíkar aðstæður ætti hlutfallið á milli verðs á aflamarki og verðs á aflahlutdeild að vera jafnt og langtímavextir að viðbættu álagi vegna áhættu, enda er sjaldnast hægt að tryggja að stofninn haldist í jafnstöðu né heldur að jafnstöðuveiðimagn sé ætíð það sama. Ef stofninn er ekki í varanlegri jafnstöðu þá hljóta væntingar eða framtíðarhorfur varðandi vaxtarmöguleika stofnsins og afla úr stofninum í framtíðinni að hafa áhrif á verð á aflahlutdeildunum, auk vaxtanna.

Eftirspurn aflahlutdeilda byggir hins vegar á spurn eftir afurðum úr stofninum (fiskverð, afurðaverð) og kostnaði við að veiða úr stofninum (bæði kostnaði við sjósókn og veiðanleika stofnsins). Ef að væntingar eru um að spurn eftir afurðum úr stofninum aukist í framtíðinni,

leiðir það til verðhækkunar á aflahlutdeildum (miðað við óbreytt framboð) og aukins munar á verði aflamarks og aflahlutdeildar. Væntingar um minnkandi eftirspurn (eða hærri kostnað) leiða því til verðlækkunar á aflahlutdeild og lækkandi hlutfalls aflamarks og aflahlutdeilda.

Verðið á aflamarki ársins ræðst aftur móti af væntum hagnaði af veiðum úr stofninum á yfirstandandi fiskveiðiári, enda er framboðið stöðugt (þ.e. væntingar útgerða í upphafi fiskveiðitímabils um heildarafla á tímabilinu, en leyfilegur heildarafli eru þó efri mörk hans). Ef stofn er í erfiðri stöðu, afli á sóknareiningu er lítill og útgerðarkostnaður mikill, þá ætti verðið á aflamarki ársins að vera lágt. Verðið á aflahlutdeildum getur aftur á móti verið mjög hátt ef framtíðarmöguleikar stofnsins eru metnir miklir og væntingar eru um að sóknin verði þannig að stofninn verði stærri og gjöfulli í framtíðinni. Ef stofn er í góðri stöðu, afli á sóknareiningu er mikill og útgerðarkostnaður lítill, þá ætti verð á aflamarki að vera hátt. Verð á aflahlutdeildum getur aftur á móti verið lágt vegna þess að horfur eru á því að stofninn minnki í framtíðinni.

Til lengri tíma geta bæði framboð og eftirspurn verið ráðandi um verð á aflahlutdeildum. Til skemmri tíma, eftir að ljóst er hvert heildaraflamagnið verður, er hins vegar eftirspurnin ráðandi um verð aflamarks. Þetta þýðir að verð á aflamarki ætti að vera mjög næmt fyrir breytingum á útgerðarkostnaði (aðföngum og veiðanleika) og spurninni eftir afurðum úr stofninum (afurðaverð, fiskverð).

Hér gefst ekki tækifæri á að útskýra verðmyndun á kvóta frekar, enda er tilgangurinn með framsögðu aðeins að gefa smá innsýn á þá þætti sem áhrif geta haft á verð á aflamarki einstakra fisktegunda.

Í framhaldi er áhugavert að líta á þróun á verði aflamarks einstakra aflamarkstegunda hérlendis. Í heild eru 30 flokkar aflamarks í íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu. Fisktegundirnar innan þessara 30 flokka aflamarks eru þó færri, enda er greint á milli sumra tegunda eftir svæðum. Ástæða þessa er að sumar tegundir geta verið af fleiri en einum stofni. T.a.m. eru nokkrir sjálfstæðir innfjarðarrækjustofnar við strendur landsins, en að auki er svokölluð úthafsrækja (djúpsjávarrækja) innan lögsögunnar og úthafsrækja á Flæmingjagrunni. Þá er hörpuskel á nokkrum fjörðum og flóum og er aðgreint á milli þeirra. Heildarlista yfir aflamarkstegundir er að finna í töfluviðauka A1.

Mynd 3.9. Meðalverð á aflamarki í þorski í kr./kg í jan. 1995–des. 1999.



Ef verð á aflamarki þorsks er skoðað, eins og gert er á mynd 3.9, má sjá að nokkuð miklar sveiflur eru í verði þess. Á tímabilinu jan. 1995 til des. 1999, sem sýnt er á myndinni, hefur verðið farið lægst í 76 kr. í október 1996 og hæst í desember 1999 í 117,20 kr. Sveiflur í verði skýrast að sumu leyti af því að afli og eftirspurn er árstíðarbundin. Þá hafa fiskveiðiáramótin líka áhrif, en þá skiptir heilaraflamarksstaða (framboð) miklu máli. Þrátt fyrir sveiflur náði verðið aldrei að komast hærra en í um 96 kr. fyrr en í febrúar 1999, en þá fór það yfir 100 kr. markið.

Mynd 3.10. Verðvístölur (ágúst 1997=100) saltaðra þorskafurða og kvótaleigu.



Á mynd 3.10 eru vísitölur saltaðra þorskafurða og kvótaleigu (verð á aflamarki) sýndar fyrir tímabilið jan. 1997 til des. 1999. Þó öruggt sé að verð á söltuðum þorskafurðum hafi áhrif á verð aflamarks er erfitt að greina slíkt samband á myndinni hér, a.m.k. ef horft er á skammtímabreytingar. Líklegra er því að um lengri tíma samhengi sé að ræða, enda má sjá að línurnar víkja aldrei langt frá hvorri annarri. Út frá myndinni má lesa verðbreytingar á ákveðnum tímabilum. T.a.m. hækkar vísitala afurðanna frá ágúst 1997 um 15% til ágúst 1998 og 25% til ágúst 1999. Á sama tímabili hækkar vísitala aflamarks um 11% til 1998 og 24% til ágúst 1999. Á sama hátt má lesa úr myndinni að kvótaverð hafi hækkað um 13% á fyrsta starfsári Kvótaþings (sept. 1998–sept. 1999) á meðan söltuðu afurðirnar hækkuðu aðeins um 5%. Þá má einnig sjá að verð á söltuðum þorskafurðum hefur lækkað um tæp 2% síðan í desember 1998, en á sama tíma hefur verð á þorskaflamarki hækkað um 25%.

Mynd 3.11 sýnir sýnir verðvísitölu þorskaflamarks sem hlutfall af verðvísitölu saltaðra þorskafurða. Á myndinni má sjá, að þrátt fyrir sveiflur í verði þá fylgjast vístitölurnar að þegar tímabilið er skoðað í heild.

Mynd 3.11. Verðvísitala þorskaflamarks sem hlutfall af verðvísitölu saltaðra þorskafurða.



Á mynd 3.12 má sjá verðvístölur landfrystra þorskafurða og kvótaleigu. Þrátt fyrir að minna samhengi sýnist vera á milli þessara vísitalna, þá eru breytingar mjög álíka yfir lengri tíma séð. Frá ágúst 1997 til sama mánaðar 1998 hækkar verðvísitala afurðanna um 11%, sem er sama hækkun og á vísitölu kvótaleigu. Til ágústmánaðar 1999 hækkar afurðavísitalan um 22%, en kvótaleigan um 24%, eins og áður kom fram. Með því að velja aðra grunnpunkta má finna annað samhengi, alveg eins og rakið var hér á undan í umfjöllun um verðvísitölu saltaðra afurða.

Mynd 3.12. Verðvísitölur (ágúst 1997=100) landfrystra þorskafurða og kvótaleigu.



Á mynd 3.13 eru sýndar verðvísitölur fyrir slægðan þorskafla, í beinni sölu til fiskverkenda og í sölu á innlendum fiskmörkuðum, og verð á aflamarki þorsks. Af myndinni má ætla að langtímasamband sé milli verðs í beinni sölu og kvótaleigu, að því leyti að línurnar liggja nokkuð samhliða ef horft er á allt tímabilið. Skammtímasveiflur eru hins vegar í verði beggja og ekki alltaf í sömu átt. Sveiflur í verði þorsks á fiskmörkuðum eru mun meiri en sveiflur í verði aflamarks.

Mynd 3.13. Verðvísitölur (ágúst 1997=100) slægðs þorsks og kvótaleigu.



Myndir 3.14 og 3.15 sýna verðvísitölu þorskaflamarks sem hlutfall af verðvísitölu slægðs þorsks í beinni sölu, annars vegar, og í sölu á innlendum fiskmörkuðum, hins vegar.

Mynd 3.14. Verðvísitala þorskaflamarks sem hlutfall af verðvístitölu slægðs þorks í beinni sölu.



Á myndunum sést að verðvísitalan fyrir beina sölu fylgir vísitölu þorskaflamarks nokkuð vel, ef tímabilið í heild er skoðað, en vísitala fiskmarkaðsverðs fylgir verðvísitölu þorskaflamarks mun minna.

Mynd 3.15. Verðvísitala þorskaflamarks sem hlutfall af verðvísitölu slægðs þorsks á innlendum fiskmörkuðum.



Þegar gögn um aflamark, fiskverð og afurðaverð annarra fiskteguna eru skoðuð koma lítil eða engin tengsl í ljós. Ýmsar skýringar geta verið á því. Verð á aflamarki flestra annarra tegunda sveiflast mun meira en leiguverð á þorski, t.d. vegna þess að leyfilegur heildarafli tegundarinnar er ekki í samræmi við veiðanleika úr stofninum þannig að úthlutaður kvóti næst ekki. Þessi skýring getur vel átt við ýsu, ufsa, langlúru og úthafsrækju, á mismunandi tímum þó. Önnur skýring er fundin í að gögn um fiskverð og afurðaverð henta ekki nægilega vel til slíkrar skoðunar, t.d. vegna þess að verðvísitala tiltekinnar vinnsluaðferðar er ekki til. Til frekari fróðleiks um þetta eru myndir fyrir verðvísitölur ýsu og ufsa birtar hér að neðan (myndir 3.16–3.18).

Mynd 3.16. Verð á ýsu í kr.: Selt beint, innlendir markaðir og kvótaleiga.



Mynd 3.17. Verðvísitölur ýsu:
Landfryst, innlendir markaðir og kvótaleiga.



Mynd 3.18. Verðvísitölur ufsa (jan 99=100):
Landfrystar og saltaðar afurðir, og kvótaleiga.



Sundurliðun viðskipta á Kvótaþingi og samanburður við fyrri ár

Viðskiptamagn á Kvótaþingi fiskveiðiárið 1998/99 var tæplega 100 þús. tonn. Af því voru tæp 25 þús. tonn þorskur, en umfang þorskaflamarks var þó mun hærra í verðmætum mælt, eða um 3/4 (sjá töflu 3.1).

Tafla 3.2. Flutningur á aflamarki 1995/96–1998/99, B og D færslur.
Miðað er við slægðan fisk í tonnum.

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Úthafs-rækja
1995/96	47.918	21.199	25.548	16.233		11.040	7.509	34.665
1996/97	58.577	19.124	19.213	15.042	4.002	5.989	7.773	30.744
1997/98	68.710	14.197	13.220	13.406	7.157	2.895	5.590	35.576
1998/99	24.865	4.886	3.420	4.351	2.240	778	2.149	5.271

Sá flutningur á aflamarki sem lögum samkvæmt verður að fara um Kvótaþing eru svokallaðar B og D færslur. Báðir færsluflokkar eiga við flutning á aflamarki milli óskyldra aðila. Fyrrnefndi flokkurinn á við um flutning á aflamarki milli óskyldra aðila í sömu verstöð, en sá síðarnefndi um flutning milli aðila í sitt hvorri verstöðinni.

Í töflu 3.2 má sjá tölur um flutning aflamarks helstu tegunda frá fiskveiðiárinu 1995/96 til 1998/99. Í töflunni má sjá að nokkrar sveiflur eru í tölum um flutning einstakra tegunda. Á heildina litið eru tölurnar þó nokkuð háar, nema á sl. fiskveiðiári en þá lækka þær til muna. Ýmsar ástæður geta verið fyrir sveiflum í flutningi aflamarks milli óskyldra aðila. T.a.m. gæti aflamark tegundar hafa breyst milli ára. Einnig gæti verið um að ræða að veiðin á tegundinni hafi gengið illa, en þá var oft brugðið á það ráð að fá að vista á öðrum báti þann hluta óveidds aflamarks sem skip gat ekki sjálft flutt yfir á næsta fiskveiðiár. Af þessum, og öðrum ástæðum, er heppilegra að skoða tölur um flutning einnig í hlutfallsformi. Það er gert í töflu 3.3.

Tafla 3.3. Flutningur á aflamarki 1995/96–1998/99, B og D færslur. Slægður fiskur, hlutfall af úthlutuðu aflamarki og jöfnun hvers árs.

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Úthafsrækja
1995/96	50,0%	48,3%	46,6%	25,0%		60,0%	62,8%	55,0%
1996/97	45,7%	55,9%	49,9%	23,1%	29,0%	54,3%	82,3%	51,2%
1997/98	43,6%	39,5%	55,2%	20,6%	77,8%	35,0%	59,2%	47,4%
1998/99	13,7%	16,6%	14,5%	6,7%	24,3%	12,1%	22,7%	13,2%

Í töflunni má sjá að flutningur aflamarks milli óskyldra aðila hefur minnkað mjög mikið í öllum tegundunum. Reyndar minnkar einnig flutningur annarra tegunda, en þó ekki allra. Nánar má sjá þá þróun, ásamt flutningi A (innan sömu útgerðar) og C (jöfn skipti) færslna í töfluviðaukum A3.1–A3.4.

Athyglisvert er að skoða viðskipti með nokkrar tegundir eftir skipaflokkum. Í töflu 3.4 eru viðskipti með þorskaflamark á Kvótaþingi á sl. fiskveiðiári skoðuð. Hér sést að það eru hin svokölluðu aflamarksskip sem kaupa til sín þorskaflamark og er það eini skipaflokkurinn sem kaupir (leigir til sín) meira en hann selur, um 70% meira. Togararnir selja hins vegar frá sér meira en tvöfalt það magn sem þeir kaupa. Þá er einnig áberandi hversu mikið smábátar með aflamark selja frá sér af þorskaflamarki (sjá nánari sundurliðun í töfluviðaukum A5.1–A5.7).

Tafla 3.4. Viðskipti á Kvótaþingi með þorskaflamark 1998/99, eftir skipaflokki.

Miðað við slægðan þorsk í tonnum

	Kaupmagn	Sölumagn	Mismunur
Togarar	3.242	7.979	**-4.738**
Skip með aflamark	17.673	10.198	**7.476**
Smábátar með aflamark	3.947	6.687	**-2.740**
Þorskaflahámarksbátar	2	0	**2**
Grásleppuleyfi	1	1	**0**
Samtals	**24.865**	**24.865**	

Í töflu 3.5 má sjá viðskipti með aflamark ýsu á Kvótaþingi eftir skipaflokkum. Hér koma álíka hreyfingar fram, þ.e. togarar og smábátar selja meira frá sér en þeir kaupa, en hlutfallslega minna en hvað þorskinn varðar. Samtals áttu 685 fiskiskip viðskipti á Kvótaþingi fiskveiðiárið 1998/99.

Tafla 3.5. Viðskipti á Kvótaþingi með aflamark ýsu 1998/99, eftir skipaflokki.

Miðað við slægða ýsu í tonnum

	Kaupmagn	Sölumagn	Mismunur
Togarar	1.368	1.673	**-305**
Skip með aflamark	2.891	2.444	**447**
Smábátar með aflamark	627	769	**-142**
Samtals	**4.886**	**4.886**	

Loks má sjá í töflu 3.6 viðskipti með aflamark í úthafsrækju, en ástand stofnsins og léleg veiði höfðu veruleg áhrif á þessi viðskipti. Það sem mesta athygli vekur í töflunni eru kaup smábáta á úthafsrækju. Það er reyndar ekki nýtt að fluttur sé úthafsrækjukvóti til og frá smábátum, en nær undantekningarlaust hefur það verið gert í þeim tilgangi að geyma kvóta (aflamark og jafnvel hlutdeild). Á fiskveiðiárinu 1998/99 varð hins vegar breyting á. Nú varð tilhneiging til að kaupa til sín aflamark í úthafsrækju, enda fór verð á aflamarki hennar í og undir 1 kr. kg. Með því að kaupa til sín rækjukvóta gátu sumir minni bátanna (bæði smábátar og aflamarksskip) selt þorsk í staðinn.

Tafla 3. 6. Viðskipti á Kvótaþingi með aflamark úthafsrækju 1998/99, eftir skipaflokki.

Miðað við tonn

	Kaupmagn	Sölumagn	Mismunur
Togarar	1.529	2.615	**-1.086**
Skip með aflamark	2.974	2.638	**336**
Smábátar með aflamark	768	18	**750**
Samtals	**5.271**	**5.271**	

Í töflu 3.7 má sjá hvernig viðskipti með 5 helstu botnfisktegunir skiptast eftir stærðum útgerða (töflur yfir allar tegundir á Kvótaþingi eru í töfluviðaukum A6.1–A6.2). Útgerðunum er skipt í tvo flokka, annars vegar stærstu 50 útgerðarsamsteypurnar og hins vegar aðrar útgerðir. Stærstu útgerðirnar selja meira frá sér en þær kaupa af aflamarki þorks, ýsu, ufsa og karfa, en þessu er öfugt farið með grálúðu. Samtals áttu 572 aðilar viðskipti á Kvótaþingi fiskveiðiárið 1998/99. Þeir 10 kaupendur sem mest keyptu versluðu fyrir um 1 milljarð króna og 40 stærstu versluðu fyrir um 1,8 milljarð króna, eða liðlega helming þess sem verslað var fyrir á árinu. Þeir 10 seljendur sem mest versluðu seldu fyrir tæpan 1 milljarð króna og stærstu 40 fyrir rúman 1,6 milljarð króna.

Stærstu útgerðirnar selja frá sér rúmlega 4 þús. tonnum meira af aflamarki í þorski en þær kaupa til sín. Þetta eru tæp 17% af þorskaflamarksviðskiptum sem fóru um Kvótaþing. Í heild fóru þar um tæp 25 þús. tonn af þorski, en ef tillit er tekið til þess að sumar útgerðir keyptu bæði og seldu, þá má segja að hrein viðskipti hafi verið tæp 21 þús. tonn. Til samanburðar voru B og D færslur þorsks fiskveiðiárið 1997/98 samtals tæp 69 þús. tonn, en eftir

að tillit er tekið til þeirra útgerða sem bæði fluttu þorsk til sín og frá standa eftir um 37 þús. tonn. Hrein minnkun á viðskiptum með þorskaflamark milli ára er því 16 þús. tonn, eða nær 45%. Gögn Fiskistofu sýna að stærri hluti þessa magns var fluttur frá stóru útgerðunum til þeirra minni.

Tafla 3.7. Viðskipti á Kvótaþingi 1998/99 eftir fisktegundum og stærðum útgerða.

Miðað við slægðan fisk í tonnum

Þorskur	**Kaup**	**Sala**	**Mismunur**		**Kaup**	**Sala**	**Mismunur**
Stærstu útgerðir	7.581	11.724	-4.143	Stærstu útgerðir	30,5%	47,2%	-16,7%
Aðrar útgerðir	17.284	13.141	4.143	Aðrar útgerðir	69,5%	52,8%	16,7%
	24.865	24.865			100,0%	100,0%	
Ýsa	**Kaup**	**Sala**	**Mismunur**		**Kaup**	**Sala**	**Mismunur**
Stærstu útgerðir	2.448	3.070	-622	Stærstu útgerðir	50,8%	63,7%	-12,9%
Aðrar útgerðir	2.374	1.752	622	Aðrar útgerðir	49,2%	36,3%	12,9%
	4.822	4.822			100,0%	100,0%	
Ufsi	**Kaup**	**Sala**	**Mismunur**		**Kaup**	**Sala**	**Mismunur**
Stærstu útgerðir	1.731	2.063	-332	Stærstu útgerðir	51,2%	61,0%	-9,8%
Aðrar útgerðir	1.649	1.317	332	Aðrar útgerðir	48,8%	39,0%	9,8%
	3.380	3.380			100,0%	100,0%	
Karfi	**Kaup**	**Sala**	**Mismunur**		**Kaup**	**Sala**	**Mismunur**
Stærstu útgerðir	3.085	3.476	-391	Stærstu útgerðir	72,3%	81,5%	-9,2%
Aðrar útgerðir	1.182	791	391	Aðrar útgerðir	27,7%	18,5%	9,2%
	4.267	4.267			100,0%	100,0%	
Grálúða	**Kaup**	**Sala**	**Mismunur**		**Kaup**	**Sala**	**Mismunur**
Stærstu útgerðir	757	551	206	Stærstu útgerðir	97,4%	70,9%	26,5%
Aðrar útgerðir	21	227	-206	Aðrar útgerðir	2,6%	29,1%	-26,5%
	778	778			100,0%	100,0%	

Hugmyndin að baki því að skoða viðskipti á Kvótaþingi eftir stærðum útgerða byggir á bráðabigðaákvæði þeirra laga sem sett voru árið 1998 til lausnar kjaradeildu sjómanna og útvegsmanna. Hugtakið einstaklingsútgerð er ekki skilgreint í lögunum, né í umræðum á Alþingi, og því er notast við þá skilgreiningu hér að telja til þeirra allar útgerðir sem fengu úthlutað minna en 2.000 þorskígildistonnum í upphafi fiskveiðiársins 1998/99, utan þeirra er sannarega eru almenningshlutafélög eða í eigu slíkra fyrirtækja. Vegna ársins 1997/98, sem notað er hér til samanburðar, eru til viðbótaðar flokkaðar frá þær útgerðir sem þá fengu meira en 2.000 þorskígildistonnum úthlutað.

Í töflu 3.8 má sjá tölur um flutning þorskaflamarks milli einstaklingsútgerða og annarra. Þegar taflan er skoðuð, sést að flutningur á þorskaflamarki til einstaklingsútgerða fiskveiðiárið 1998/99 nam rúmlega 4.500 tonnum. Þá sést líka í töflunni að flutningur til þeirra á þorskaflamarki fiskveiðiárið 1997/98 var mun meiri, eða um 11.800 tonn.

Tafla 3.8. Flutningur á þorskaflamarki til einstaklingsútgerða 1997/98 og 1998/99.

Miðað við slægðan fisk í tonnum

			Allar útgerðir	Einstaklingsútgerðir	Stærri útgerðir
1997/98	**A**	**Til**	38.191	3.716	34.475
		Frá	-38.191	-3.517	-34.674
	C	**Til**	6.171	1.234	4.937
		Frá	-6.171	-1.283	-4.889
	B og	**Til**	68.710	39.160	29.551
	D	**Frá**	-68.710	-27.348	-41.362
Samtals til			**113.073**	**44.109**	**68.964**
Samtals frá			**-113.073**	**-32.148**	**-80.925**
1998/99	**A**	**Til**	38.032	7.884	30.148
		Frá	-38.032	-7.742	-30.291
	C	**Til**	5.883	983	4.900
		Frá	-5.883	-1.214	-4.669
	B og	**Til**	24.865	16.811	8.054
	D	**Frá**	-24.865	-12.280	-12.585
Samtals til			**68.781**	**25.679**	**43.102**
Samtals frá			**-68.781**	**-21.236**	**-47.545**

Í töflu 3.9 eru viðskipti með aflamark á Kvótaþingi fiskveiðiárið 1998/99 skoðuð eftir landshlutum (sjá einnig frekari sundurliðun eftir tegundum í töfluviðaukum A7.1–A7. 8). Tafla 3.9 sýnir að Reyknesingar, eða reyndar Suðurnesjamenn, kaupa til sín mest af aflamarki í þorski á árinu, eða ríflega 8.700 tonn. Vestlendingar kaupa lítilræði og Reykjavík stendur á jöfnu í kaupum og sölu. Allir aðrir landshlutar lata meira frá sér af aflamarki í þorski heldur en þeir fá til sín. Mestur er munurinn á Norðurlandi eystra, ríflega 4 þús. tonn, en næst mestur er munurinn á Austurlandi, eða um 2 þús tonn.

Tafla 3.9. Viðskipti með aflamark í þorski á Kvótaþingi 1998/99 eftir landshlutum.

Miðað við slægðan þorsk í tonnum

	Kaupmagn	Sölumagn	Mismunur
Suðurland	1.692	2.700	**-1.008**
Reykjanes*	10.770	2.195	**8.575**
Reykjavík	2.550	2.553	**-3**
Vesturland	2.431	2.238	**193**
Vestfirðir	3.434	3.795	**-361**
Norðuland vestra	545	1.786	**-1.241**
Norðurland eystra	1.525	5.633	**-4.108**
Austurland	1.918	3.965	**-2.047**
Samtals	**24.865**	**24.865**	**0**
**þar af Suðurnes*	*10.226*	*1.533*	*8.693*

Mikill munur er á magni í B og D færslum á fiskveiðiárinu 1998/99, annars vegar, og fiskveiðiárinu 1997/98, hins vegar. Í töflu 3.10 eru viðskiptin á síðarnefnda tímabilinu sýnd. Við samanburð sést að hreinn flutningur á aflamarki milli landshluta hefur minnkað úr rúmum 14 þús. tonnum í tæp 9 þús. tonn milli ára.

Ef litið er til einstakra landshluta, sést að munurinn milli ára er mestur á Suðurlandi, eða tæplega 4 þús. tonn. Næst mesti munur er á Reykjanesi og á Norðurlandi. Flutningur til Reykjaness minnkar um 2.500 tonn, en flutningur frá kjördæmunum Norðurlands minnkar um álíka magn hjá hvoru um sig. Minnsta breytingin er í Reykjavík, eða innan við 500 tonn.

Tafla 3.10. Viðskipti með þorksaflamark á Kvótaþingi 1997/98 eftir landshlutum.

Miðað við slægðan þorsk í tonnum

	Kaupmagn	Sölumagn	Mismunur
Suðurland	7.394	4.537	**2.857**
Reykjanes*	26.754	15.649	**11.105**
Reykjavík	3.379	2.909	**470**
Vesturland	4.562	5.728	**-1.166**
Vestfirðir	8.961	10.958	**-1.997**
Norðuland vestra	705	4.327	**-3.622**
Norðurland eystra	8.313	15.173	**-6.860**
Austurland	8.643	9.430	**-787**
Samtals	**68.711**	**68.711**	**0**
**þar af Suðurnes*	*25.245*	*14.591*	*10.654*

Í töflu 3.11 má sjá heildarflutning á aflamarki (B og D færslur) fiskveiðiárin 1997/98 og 1998/99 í þorskígildum. Taflan sýnir allan flutning tegunda sem um Kvótaþing verða að fara.

Tafla 3.11. Heildarflutningur, B og D færslur, aflamarks í þorskígildum fiskveiðiársins 1998/99.

Miðað við tegundir sem háðar eru Kvótaþingi

	1998/99	1997/98
Verg viðskipti	56.138	151.856
Lyfjamálastofnun er heimilt að synja umsókn um markaðsleyfi bóluefnis, sermis eða ónæmisvaka sem ætlað er dýrum (immunological veterinary medical product) ef skráning þess fer í bága við lög eða nota á það til varnar gegn sjúkdómi sem óþekktur er í dýrum hér á landi.

Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um veitingu markaðsleyfa fyrir sérlyf, smáskammtalyf og náttúrulyf, vítamín og steinefni. Einnig skal kveða á um meðferð umsókna, viðurkenningu á grundvelli markaðsleyfis frá öðru aðildarríki EES-samningsins, breytingu á skilmálum markaðsleyfis, afturköllun og niðurfellingu markaðsleyfis og undanþágur vegna lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skráningu lyfs“ í 1. mgr. kemur: veitingu markaðsleyfis lyfs.
b. 2. mgr. fellur brott.

8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Klínísk lyfjaprófun er kerfisbundin prófun á lyfi í þeim tilgangi að finna eða staðfesta áhrif þess og/eða finna aukaverkanir lyfsins og/eða rannsaka frásog, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfsins í þeim tilgangi að kanna öryggi og virkni þess.

Ráðherra skal setja reglugerð með nánari ákvæðum um skilgreiningu klínískra lyfjaprófana, veitingu leyfa til þeirra og eftirlit með þeim og framkvæmd þeirra í samræmi við reglur um góða starfshætti í klínískum prófunum (GCP; Good Clinical Practice), Helsinki-sáttmálann, siðareglur og lög um réttindi sjúklinga.

9. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Lyfjamálastofnun hefur umsjón með útgáfu sérlyfjaskrár er greinir sérlyf sem hafa markaðsleyfi á Íslandi eftir lyfjaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum, helstu aukaverkunum og hámarksverði lyfja, sbr. 40. gr.

10. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Markaðsleyfi lyfja. Mat á lyfjum. Klíniskar lyfjaprófanir.**

11. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Lyfjamálastofnun skal ákveða hvort lyf skuli vera lyfseðilsskylt, hve mikið magn megi afhenda gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli. Einnig ákveður stofnunin hvenær megi veita undanþágu frá lyfseðilsskyldu.

12. gr.

3. tölul. 12. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Einnig er bannað að auglýsa með texta eða myndum, beint eða óbeint, að vara sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf hafi fyrirbyggjandi áhrif, lækni eða lini sjúkdóma, sjúk-

dómseinkenni eða verki eða hafi áhrif á líkamsstarfsemi. Í sérstökum tilvikum er Lyfjamálastofnun heimilt að veita undanþágu frá þessari málsgrein.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „lyf, sem skráð eru hér á landi“ í 1. mgr. kemur: lyf, sem markaðsleyfi hafa hér á landi.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í auglýsingu er heimilt að aðeins komi fram nafn lyfsins ef markmiðið með auglýsingunni er einungis að vekja athygli á nafninu. Ákvæðið gildir aðeins um auglýsingar lausasölulyfja.

15. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Handhöfum markaðsleyfa, eða umboðsmönnum þeirra, er heimilt að miðla til sjúklinga með bæklingum upplýsingum almenns eðlis um sjúkdóma og notkun tiltekinna lyfja. Allar upplýsingar í slíkum bæklingum skulu vera í samræmi við viðurkennda samantekt á eiginleikum lyfs (SPC; Summary of Product Characteristics) og skulu Lyfjamálastofnun send eintök af þeim.

16. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Lyfjamálastofnun hefur eftirlit með lyfjaauglýsingum. Stofnunin getur bannað og/eða látið afturkalla tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Stofnunin getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar á sambærilegan hátt. Þetta á einnig við um efni sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf, sbr. 2. mgr. 13. gr. Lyfjamálastofnun vísar umfjöllun um lyfjaauglýsingar til Samkeppnisstofnunar í þeim tilvikum er ætla má að lyfjaauglýsing fari í bága við ákvæði samkeppnislaga. Auglýsendur skulu halda skrá yfir allar auglýsingar þar sem fram kemur hvar og hvenær þær voru birtar. Skrána skal geyma í tvö ár og skal hún vera aðgengileg Lyfjamálastofnun.

17. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Skráning aukaverkana og tilkynningarskylda er í höndum Lyfjamálastofnunar í samvinnu við landlækni og í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur.

Markaðsleyfishafi skal hafa í sinni þjónustu aðila með fullnægjandi þekkingu til að bera ábyrgð á lyfjagát innan fyrirtækisins. Hann skal skrá allar ætlaðar aukaverkanir lyfs sem honum er tilkynnt um. Einnig ber honum að tilkynna þar til bærum aðilum um þær aukaverkanir í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur.

18. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Auglýsing og kynning lyfja. Skráning aukaverkana og tilkynningarskylda (lyfjagát).**

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 3. tölul. 2. mgr. fellur brott.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Umsóknir um lyfjaútibú skal með sama hætti senda sveitarstjórn til umsagnar.
c. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 4. og 6. mgr. kemur: Lyfjamálastofnunar.

20. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Hvert lyfsöluleyfi takmarkast við rekstur einnar lyfjabúðar og ber lyfsöluleyfishafi sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Lyfjafræðingi má einungis veita eitt lyfsöluleyfi í senn, en leyfishafi getur sótt um leyfi til að reka útibú frá lyfjabúð sinni í byggðarlagi þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð. Í fjarveru leyfishafa skal fela lyfjafræðingi daglega stjórn lyfjabúðarinnar í samráði við Lyfjamálastofnun. Lyfjaútibú skal flokka eftir eðli og umfangi þeirrar þjónustu sem þeim er heimilt að veita. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um flokkun lyfjaútibúa. Sé lyfjaútibú til staðar í byggðarlagi þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð skal ekki veita leyfi til reksturs annars lyfjaútibús á lægra þjónustustigi. Póstverslun með lyf er óheimil. Um póstsendingar lyfja skal kveða á í reglugerð um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir.

Starfandi læknar, tannlæknar og dýralæknar mega ekki vera eigendur að svo stórum hluta í lyfsölu, lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu að það hafi teljandi áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra. Sama gildir um maka þeirra, svo og börn undir 18 ára aldri. Um lyfsölu dýralækna gildir 6. mgr. 30. gr. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa málsgrein.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Orðin „eða verslunarleyfi“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. og 4. tölul. 1. mgr. kemur: Lyfjamálastofnunar.

22. gr.

Við 2. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lyfsölum er jafnframt skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænar upplýsingar um afgreiðslu lyfja er almannatryggingar taka þátt í að greiða, að fengnu samþykki tölvunefndar, sbr. lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í lyfjabúð skulu á almennum afgreiðslutíma og á álagstímum utan almenns afgreiðslutíma að jafnaði vera að störfum eigi færri en tveir lyfjafræðingar við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt, að fenginni umsókn þar um að leyfa að í lyfjabúð starfi einungis einn lyfjafræðingur enda sé umfang starfsemi lítið og lyfjatæknar eða annað þjálfað starfsfólk sé lyfjafræðingnum til aðstoðar.
b. Í stað orðanna „Lyfjaeftirliti ríkisins“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Lyfjamálastofnun.

c. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: Lyfjamálastofnunar.

24. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Til að fá lyfjaheildsöluleyfi hér á landi verður lyfjaheildsala að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi og ekki er handhafi lyfsöluleyfis eða annar sá sem að mati Lyfjamálastofnunar uppfyllir eigi minni menntunarkröfur. Hann skal bera faglega ábyrgð á lyfjaheildsölunni.
2. Hún sé þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði, að mati Lyfjamálastofnunar, að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem að meðferð lyfja lýtur eða brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara skal veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun getur ráðherra svipt hann leyfinu. Sé um alvarlegt brot að ræða getur ráðherra svipt hann leyfi án undanfarandi aðvörunar og frests til úrbóta.

Skylt er lyfjaheildsölu að eiga nægar birgðir, að mati heilbrigðisyfirvalda, af tilteknum nauðsynlegum lyfjum (Essential Drug List) sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir hér á landi og lyfjaheildsalan annast dreifingu á.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjaumbúðir eða breyta útliti þeirra nema þær hafi einnig leyfi til framleiðslu lyfja. Breytingar sem gerðar eru á umbúðum lyfs verða að vera í samræmi við skilyrði markaðsleyfis þess. Lyfjamálastofnun getur með samþykki markaðsleyfishafa veitt heimild til annarra breytinga á umbúðum lyfs ef sérstakar ástæður mæla með því.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum og tannlæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir reksturskostnað.

Lyfjaheildsölum er jafnframt heimilt að selja dýralæknum dýralyf til notkunar á eigin stofum eða í vitjunum og til sölu frá starfsstofu sinni. Ráðherra skal, í samráði við yfirdýralækni, setja reglugerð þar sem kveðið er á um leyfi til dýralyfjasölu, hvaða lyf dýralæknar mega selja og hvaða lyf þeir mega eingöngu sjálfir gefa dýrum. Jafnframt skal þar kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja lyfjum sem gefin eru dýrum séu afurðir þeirra ætlaðar til manneldis og hvaða skýrslur ber að halda um sölu dýralyfja, sbr. 24. gr.

Lyfjaheildsölum er skylt að tölvuskrá söluupplýsingar á formi sem samþykkt er af Lyfjamálastofnun og jafnframt veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „sem hefur starfsleyfi hér á landi“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: og ekki er handhafi lyfsöluleyfis.
b. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: hann skal bera faglega ábyrgð á framleiðslunni.
c. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: Lyfjamálastofnunar.

d. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 2. mgr. kemur: Lyfjamálastofnun.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eða sjúkrahússapótek.
b. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: Lyfjamálastofnunar.

27. gr.

Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 38. gr. laganna kemur: Lyfjamálastofnunar.

28. gr.

Við 40. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvörðun lyfjaverðsnefndar um lyfjaverð skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að umsókn hefur borist. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal nefndin án tafar láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjaverðsnefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust nefndinni. Ef ákvörðun liggur ekki fyrir innan þessara tímamarka er umsækjanda heimilt að markaðssetja lyfið á því verði sem sótt er um.

Ákvörðun lyfjaverðsnefndar um hækkun lyfjaverðs skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að umsókn hefur borist. Umsækjandi skal láta nefndinni í té fullnægjandi upplýsingar, þar á meðal ítarlegar upplýsingar um þau atriði sem hann telur réttlæta hækkun á áður ákveðnu verði. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal lyfjaverðsnefnd láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjaverðsnefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust henni. Ef óvenjulega margar umsóknir hafa borist nefndinni getur hún til viðbótar framlengt frestinn einu sinni um 60 daga. Skal tilkynna umsækjanda um slíka framlengingu áður en fresturinn sem lyfjaverðsnefnd hefur til ákvarðanatöku er liðinn. Ef ákvörðun liggur ekki fyrir innan þessara tímamarka er umsækjanda heimilt að hækka verðið samkvæmt umsókninni. Ef lyfjaverðsnefnd fellst ekki á umbeðna verðhækkun að hluta eða öllu leyti skal hún rökstyðja ákvörðun sína og benda umsækjanda á kæruleiðir og kærufresti.

Lyfjaverðsnefnd er heimilt að beita verðstöðvun. Ef verðstöðvun er beitt á öll lyf eða lyf í sérstökum flokki skal endurskoða ákvörðunina a.m.k. einu sinni á ári. Heimilt er að veita undanþágu frá verðstöðvun samkvæmt umsókn í sérstökum tilvikum. Óski umsækjandi eftir undanþágu skal hann láta í té fullnægjandi upplýsingar um ástæður beiðninnar. Rökstudd ákvörðun lyfjaverðsnefndar skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda innan 90 daga. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal nefndin láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjaverðsnefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust henni. Ef óvenjulega margar umsóknir um undanþágur hafa borist nefndinni getur hún til viðbótar framlengt frestinn einu sinni um 60 daga. Skal tilkynna umsækjanda um slíka framlengingu áður en fresturinn sem nefndin hefur til ákvarðanatöku er liðinn.

Lyfsölum, dýralæknum, lyfjaheildsölum og lyfjaframleiðendum er skylt að afhenda lyfjaverðsnefnd allar þær skýrslur og gögn sem varða verðlagningu lyfja og veita aðrar upplýsingar sem hún telur sig þurfa til að rækja starfa sinn.

29. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar fimm manna nefnd til fjögurra ára í senn sem ákveða skal greiðsluþátttöku sjúkratrygginga skv. 36. gr. laga um almannatryggingar í greiðslu á nýjum lyfjum, þ.e. lyfjum sem veitt hefur verið markaðsleyfi og innihalda virkt efni sem ekki er á markaði hér á landi. Jafnframt skal nefndin ákveða greiðsluþátttöku í lyfjum sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 3. mgr. 7. gr. Ákvarðanir nefndarinnar skulu byggðar á mati á annars vegar gagnsemi lyfs og hins vegar kostnaði við greiðsluþátttöku. Ráðherra skal setja nánari reglur um störf nefndarinnar með reglugerð. Ákvarðanir nefndarinnar verða ekki kærðar til ráðherra.

Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytis, landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands. Formaður skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ákvörðun um þátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra skal kynnt innan 180 daga frá móttöku umsóknar um ákvörðun lyfjaverðs. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust. Slík ákvörðun skal þó ekki tekin fyrr en ákvörðun um lyfjaverð liggur fyrir.

30. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Eftirlit samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjamálastofnunar. Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar getur Lyfjamálastofnun beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun, m.a. lagt hald á vörur og fyrirskipað förgun þeirra.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að Lyfjamálastofnun telji svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið eða brot eru ítrekuð og aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slík brot að ræða getur Lyfjamálastofnun lagt til við ráðherra að leyfi viðkomandi reksturs verði afturkallað.

Þar sem innsigli er notað við stöðvun starfsemi skal nota sérstök innsigli með auðkenni Lyfjamálastofnunar.

31. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um framkvæmd laga þessara, t.d. um skömmtun í lyfjaöskjur og um takmörkun og eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem hægt er að nota við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum.

Heimilt er að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um Lyfjamálastofnun Evrópu.

Ákvarðanir Lyfjamálastofnunar má kæra til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

II. KAFLI
Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

32. gr.

4. málsl. c-liðar 36. gr. laganna orðast svo: Eftir að nýtt lyf hefur fengið markaðsleyfi hér á landi skal nefnd skv. 41. gr. lyfjalaga ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Áformað er að sameina starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins í eina stofnun, Lyfjamálastofnun. Hinni nýju stofnun eru auk þess ætluð ný verkefni við umsjón með skráningu og eftirlit með verkunum og aukaverkunum lyfja (Pharmacovigilance). Þessi þáttur er nú þegar farinn að verða fyrirferðarmikill og stjórnvöldum ber að sinna honum í samræmi við EES-samninginn. Lyfjamálastofnun verður undirstofnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Frá setningu lyfjalaga, nr. 93/1994, hafa komið fram ábendingar um atriði sem kveða þarf á um í lyfjalögum, m.a. vegna gildistöku tilskipana Evrópusambandsins sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn. Um er að ræða tilskipanir 65/65/EBE, 75/319/EBE, 83/570/ EBE, 87/21/EBE, 89/105/EBE, 89/341/EBE, 92/25/EBE, 92/28/EBE, 92/73/EBE og 93/39/ EBE. Þar er aðallega um að ræða breytingar á skilgreiningu lyfjahugtaksins og flokkun lyfja, brottfellingu heimildar til að skrá lyf tímabundið og breytingu á ákvæðum um lyfjaauglýsingar og lyfjaheildsölur og málsmeðferðarreglur vegna umsókna. Þá er ekki lengur talað um skráningu lyfs, skráð eða óskráð lyf, heldur veitingu markaðsleyfis lyfs og lyf með eða án markaðsleyfis og eru þær breytingar gerðar í frumvarpinu þar sem við á. Einnig er tekið tillit til reglugerða og tilskipana Evrópusambandsins sem fjalla um Lyfjamálastofnun Evrópu, en Íslendingar fengu aðild að henni með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 28. maí 1999. Um er að ræða reglugerðir 93/2309/EBE, 95/297/EB, 95/540/EB, 95/541/EB, 95/542/ EB, 96/2141/ EB og tilskipanir 93/39/EBE, 93/40/EBE, 93/41/EBE. Jafnframt þykir, að fenginni reynslu af framkvæmd laganna, nauðsynlegt að gera nokkrar aðrar breytingar. M.a. er lagt til að sérstök nefnd taki ákvörðun um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna nýrra lyfja. Samráð var haft við Lyfjaeftirlit ríkisins, lyfjanefnd ríkisins og fjármálaráðuneytið við samningu frumvarpsins. Meginbreytingarnar eru eftirfarandi:

— Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefnd eru sameinuð í eina stofnun, Lyfjamálastofnun.
— Reglum um álagningu lyfjaeftirlitsgjalds er breytt frá því sem nú er og er gert ráð fyrir að hún verði í formi skattlagningar en ekki þjónustugjalda.
— Gert er ráð fyrir að sérstök nefnd taki ákvörðun um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna nýrra lyfja.
— Kveðið er á um að eignarhlutdeild starfandi lækna, tannlækna og dýralækna, svo og maka þeirra og barna undir 18 ára aldri, í lyfsölu, lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu megi ekki vera svo stór að það hafi teljandi áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra.
— Kveðið er skýrar á um meðferð umsókna hjá lyfjaverðsnefnd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Lagt er til að Lyfjamálastofnun taki við starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins. Sameining þessara stofnana er til hagræðis og er tekið mið af þeirri þróun sem orðið hefur í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig má samnýta í einni stofnun þá krafta og sérþekkingu sem þessar stofnanir búa yfir. Þá er í ákvæðinu að finna matskennda hæfisreglu ef persónulegir hagsmunir forstjóra eða annarra starfsmanna skarast við starfsemi stofnunarinnar. Reglan tekur mið af hæfisreglum stjórnsýslulaga.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að verkefni Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins færist til hinnar nýju stofnunar. Þá er lagt til að lögfest verði heimild Lyfjamálastofnunar til að afturkalla markaðsleyfi. Um afturköllun markaðsleyfa sérlyfja er nú fjallað í reglugerð nr. 465/1995 um skráningu og útgáfu markaðsleyfa sérlyfja í samræmi við tilskipun 65/65/EBE með síðari breytingum.

Kveðið er skýrar á um gjaldtöku en gert er í núgildandi lyfjalögum. Í fyrsta lagi er kveðið skýrar á um að svokölluð þjónustugjöld vegna skráningar lyfja, útgáfu markaðsleyfa o.fl. skuli standa undir þeim kostnaði sem af hlýst við þjónustu og framkvæmd þeirra verkefna stofnunarinnar. Í öðru lagi er kveðið skýrar á um heimild til töku eftirlitsgjalds vegna lyfjaeftirlits en gert er í núgildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu er innheimta lyfjaeftirlitsgjalds í formi skattlagningar en ekki í formi þjónustugjalda eins og er samkvæmt núgildandi lyfjalögum og er gjaldið ákvarðað með hliðsjón af umfangi starfsemi en þó er ákveðið lágmarksgjald. Nýlegur dómur Hæstaréttar taldi gjaldtökuna ekki fullnægja kröfum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnnar, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, og dæmdi hana ólögmæta. Því þykir nauðsynlegt að gera umræddar breytingar. Eðlilegt verður að telja að lyfjaiðnaðurinn greiði gjald vegna eftirlitsskyldrar starfsemi sinnar, en eftirlit með lyfjadreifingu er ein mikilvægasta forsenda þess að mega starfa. Þeir þættir er lúta að öryggi og gæðum í lyfjadreifingu eru þar mikilvægastir.

Í núgildandi lögum kemur fram að leggja skuli árlegt eftirlitsgjald á þau fyrirtæki og stofnanir sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með. Hér er lagt til að eftirlitsskyldir aðilar verði taldir upp í lögunum.

Í 10. mgr. er ákvæði um upplýsingaskyldu Tryggingastofnunar ríkisins og eftirlitsskyldra aðila.

Þá er kveðið á um aðfararhæfi gjalda er Lyfjamálastofnun innheimtir, en slíka heimild hefur skort í lögin.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að lyfjanefnd starfi áfram og verði skipuð með sama hætti og samkvæmt núgildandi lögum og að hún verði Lyfjamálastofnun til ráðgjafar um lyfjamál.

Um 5. gr.

Skilgreiningu á lyfjahugtakinu er breytt í samræmi við tilskipun 65/65/EBE, með síðari breytingum, og með hliðsjón af löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Fellt er brott ákvæði

sem talið er óþarft um að svæfingarlyf og staðdeyfilyf teljist til lyfja. Þá er bætt inn ákvæði um úrskurðarvald Lyfjamálastofnunar um hvort efni eða efnasamband teljist lyf. Ákvæði um hjúkrunar- og lækningahluti (medical devices) eru felld út, en gert er ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp til laga um lækningatæki er taka mun yfir þetta ákvæði núgildandi lyfjalaga.

Ákvæði um flokkun lyfja í 7. gr. núgildandi laga er breytt til samræmis við tilskipun 65/65/EBE, með síðari breytingum, og með hliðsjón af löggjöf annars staðar á Norðurlöndum og eru breytingarnar felldar inn í 5. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 7. gr. er m.a. kveðið á um heimild Lyfjamálastofnunar til að nota markaðsleyfi útgefið af öðru aðildarríki EES-samningsins sem grundvöll viðurkenningar lyfs sem sótt er um markaðsleyfi fyrir. Þá eru ákvæði um breytingu, afturköllun og niðurfellingu markaðsleyfis og er einnig kveðið skýrar á um heimild Lyfjamálastofnunar til að veita lækni á hans ábyrgð undanþágu frá 1. mgr. vegna lyfja sem ekki hafa fengið markaðsleyfi á Íslandi. Nauðsynlegt er að opinber eftirlitsaðili geti heimilað notkun lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi á Íslandi svo að flytja megi þau til landsins í sérstökum tilfellum til notkunar fyrir sjúklinga er á því þurfa að halda. Ákvæði þetta er í samræmi við tilskipun 65/65/EBE. Þá er kveðið á um heimild Lyfjamálastofnunar til að synja umsókn um markaðsleyfi bóluefnis, sermis eða ónæmisvaka sem ætlað er dýrum ef skráning þess fer í bága við lög eða nota á það til varnar sjúkdómi sem óþekktur er í dýrum hér á landi. Nauðsynlegt þykir að hafa ákvæði þessa efnis í lögunum og er það sett að tillögu yfirdýralæknis.

Um 7. gr.

Heimild til að skrá lyf og veita markaðsleyfi tímabundið er felld brott til samræmis við tilskipun 65/65/EBE, með síðari breytingum.

Um 8. gr.

Núgildandi ákvæði 9. gr. laganna eru felld brott. Þau atriði sem talin eru upp í 1. mgr. núgildandi 9. gr. eiga fremur heima í reglugerð um skráningu lyfja. Þá er ekki eðlilegt að Lyfjamálastofnun kanni markaðsleyfi á fimm ára fresti heldur gildi markaðsleyfi í fimm ár.

Lagt er til að í 9. gr. verði fjallað um klíníska lyfjaprófanir en í núgildandi lyfjalögum er hvergi að finna skilgreiningu á klínískri lyfjaprófun heldur einungis kveðið á um að lyfjanefnd veiti leyfi til slíkra tilrauna. Nauðsynlegt er talið að kveða skýrt á um þetta atriði í lögum og að ráðherra setji reglugerð með nánari ákvæðum í samræmi við reglur um góða klíníska starfshætti (GCP; Good Clinical Practice) við framkvæmd lyfjaprófana. Einnig skal taka mið af Helsinki-sáttmálanum, siðareglum og lögum um réttindi sjúklinga. Þá er væntanleg tilskipun Evrópusambandsins á þessu sviði sem vænta má að verði hluti af EES-samningnum.

Um 9. gr.

Umsjón með útgáfu sérlyfjaskrár er færð frá ráðuneytinu til Lyfjamálastofnunar, enda verða flestar upplýsingar í skránni til hjá stofnuninni. Í ákvæðinu felst að stofnunin getur falið öðrum útgáfu skrárinnar undir sinni umsjón og á sína ábyrgð.

Um 10. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna er breytt, en flokkun lyfja flyst samkvæmt frumvarpinu í II. kafla í 5. gr. Að auki hefur ákvæði um klíníska prófanir verið bætt í kaflann.

Um 11. gr.

Lagt er til að það verði í höndum Lyfjamálastofnunar að ákveða hvort lyf skuli vera lyfseðilsskylt, hve mikið magn megi afhenda gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli, svo og hvenær veita megi undanþágu frá lyfseðilsskyldu. Skv. 3. tölul. 12. gr. núgildandi laga er það ráðherra sem tekur slíka ákvörðun, en talið er eðlilegt að ákvörðunarvald um þessi atriði flytjist til Lyfjamálastofnunar.

Um 12. gr.

3. tölul. 12. gr. laganna er felldur brott í samræmi við 11. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Lagt er til að bannað verði að auglýsa að vörur sem ekki hafa hlotið viðurkenningu sem lyf hafi fyrirbyggjandi áhrif, lækni eða lini sjúkdóma, sjúkdómseinkenni eða verki eða hafi áhrif á líkamsstarfsemi. Ákvæði þetta er sett af öryggisástæðum og er tilgangur þess að vernda almenning fyrir röngum og villandi auglýsingum.

Um 14. gr.

Hér er gerð breyting í samræmi við tilskipun 92/28/EBE um lyfjaauglýsingar.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um að handhöfum markaðsleyfa eða umboðsmönnum þeirra sé heimilt að afhenda sjúklingum fræðslubæklinga um sjúkdóma og notkun tiltekinna lyfja. Mikilvægt er að lyfjafyrirtæki geti þannig komið á framfæri við sjúklinga leiðbeiningum um lyfjagjöf og helstu vandamál. Slíkir bæklingar mundu ekki teljast lyfjaauglýsingar, enda einungis afhentir þeim sem fá lyfin afhent en ekki beint að ótilteknum fjölda manna. Gert er ráð fyrir að læknir sem ávísar lyfinu geti afhent sjúklingi sínum bækling og að bæklingurinn geti fylgt lyfi þegar það er afgreitt í lyfjabúð.

Um 16. gr.

Lyfjamálastofnun tekur við eftirlitshlutverki Lyfjaeftirlits ríkisins með lyfjaauglýsingum. Í ákvæðinu er kveðið á um heimild stofnunarinnar til að krefjast afturköllunar á tilteknum auglýsingum sem gefa rangar og ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Þá er kveðið skýrar á um það að Lyfjamálastofnun vísi málum til Samkeppnisstofnunar í tilvikum þar sem ætla má að brotið hafi verið gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Um 17. gr.

Lyfjamálastofnun tekur við auknu og breyttu hlutverki lyfjanefndar ríkisins, þar á meðal umsjón með skráningu og eftirliti með verkunum og aukaverkunum lyfja (Pharmacovigilance) í samráði við landlækni. Sá þáttur, sem hér um ræðir og nefndur hefur verið á íslensku „lyfjagát“, er mikilvægur í samskiptum stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins. Með fyrirhugaðri aðild Íslands að Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA) mun Lyfjamálastofnun verða betur í stakk búin að sinna þessu hlutverki.

Þá er kveðið á um ábyrgð á lyfjagát innan fyrirtækis markaðsleyfishafa og skráningu og tilkynningarskyldu vegna aukaverkana lyfs.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Í samræmi við 4. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998, er sú breyting gerð á 20. gr. að fellt er niður það skilyrði fyrir veitingu lyfsöluleyfis að umsækjandi hafi verslunarleyfi eða hafi gert samning við aðila með verslunarleyfi.

Þá er sú breyting gerð að sveitarstjórnir skulu nú einnig fá umsóknir um lyfjaútibú til umsagnar með sama hætti og gildir um ný lyfsöluleyfi. Ákvæðinu er aðallega ætlað að ná til umsókna um lyfjaútibú á hærra þjónustustigi. Gert er ráð fyrir að ekki þyki ástæða til sérstakrar umsagnar um útibú á lægra þjónustustigi, en ákvæðið girðir þó ekki fyrir þann möguleika.

Um 20. gr.

Rétt þykir að árétta að hver lyfjafræðingur getur einungis öðlast eitt lyfsöluleyfi. Lagt er til að rekstur lyfjaútibúa miðist við byggðarlög þar sem ekki eru starfræktar lyfjabúðir í stað sveitarfélaga þar sem orðalagið þykir heppilegra með tilliti til afskekktari byggðarlaga. Þá eru lögfestar reglur um skipan lyfjaútibúa í flokka eftir þjónustustigi. Einnig er lagt til að samkeppnisstöðu lyfjaútibúa verði ekki raskað með því að lyfjaútibú á lægra þjónustustigi verði ekki opnað ef fyrir er lyfjaútibú er hefur hærra þjónustustig. Þá er gert ráð fyrir að póstverslun með lyf verði bönnuð.

Samkvæmt núgildandi lögum er starfandi læknum, tannlæknum og dýralæknum bannað að vera eigendur að lyfjabúðum. Vegna breyttra aðstæðna, svo sem stofnunar hlutafélaga um rekstur lyfjabúða og starfrækslu verðbréfasjóða, þykir óeðlilegt að banna fyrrgreindum aðilum með öllu að eiga hlut í lyfjabúð. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að þessir aðilar geti verið eigendur að óverulegum hlut í lyfjabúð. Sá hlutur má þó ekki vera svo stór að hætta sé á hagsmunaárekstri. Eðlilegt þykir að sama gildi um lyfjaframleiðslu og lyfjaheildsölu sem núgildandi lög hafa ekki að geyma ákvæði um. Samkvæmt frumvarpinu eiga þessar reglur einnig við um eignaraðild maka framangreindra aðila, svo og barna undir 18 ára aldri, en ekki er skýrt ákvæði um það atriði í núgildandi lögum. Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði samkvæmt þessari málsgrein. Þar má m.a. kveða á um eignarhlut í lyfjabúð.

Um 21. gr.

Orðin „eða verslunarleyfi“ eru felld brott til samræmis við 4. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998.

Um 22. gr.

Kveðið er á um að Tryggingastofnun ríkisins verði tryggður aðgangur að gögnum frá lyfsölum í tölvutæku formi. Slík gögn mundu nýtast stofnuninni og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu við hvers kyns ákvarðanir og stefnumótun á sviði lyfjadreifingar. Nauðsynlegt er að Tryggingastofnun ríkisins hafi slíkan aðgang við mat á endurgreiðslum til sjúklinga vegna lyfjakostnaðar og útgáfu lyfjakorta og mat á endurgreiðslum til lyfjabúða. Nauðsynlegt er talið að kveða skýrt á um í lögum að slík gagnaöflun hafi hlotið samþykki tölvunefndar, sbr. lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Um 23. gr.

Hér er gerð sú krafa að almennt skuli vera tveir lyfjafræðingar samtímis að störfum í lyfjabúð. Þannig er gert ráð fyrir að nauðsynlegt kunni að vera að fleiri en tveir séu að störfum samtímis, en slíkt ræðst m.a. af umfangi starfsemi, fjölda afgreiddra lyfseðla og opnunartíma. Kröfum um lágmarksfjölda lyfjafræðinga í lyfjabúð er m.a. ætlað að fyrirbyggja mistök við afgreiðslu lyfseðla. Einnig er þeim ætlað að tryggja faglega þætti, gæði og öryggi við hvers kyns afgreiðslu og afhendingu lyfja til sjúklinga, þ.m.t. nauðsynlega lyfjaþjónustu og ráðgjöf. Því verður vart við komið nema fjöldi lyfjafræðinga endurspegli umfang starfseminnar og fjölda afgreiddra lyfjaávísana.

Um 24. gr.

Lagt er til að gerðar verði nokkrar breytingar á 30. gr. laganna, sem fjallar um lyfjaheildsölur.

Gerð er breyting á hæfisskilyrðum forstöðumanns lyfjaheildsala í samræmi við tilskipun 92/25/EBE og skilgreiningu á „Qualified Person“ í tilskipun 75/319/EBE þannig að þeir geti auk lyfjafræðinga verið aðrir þeir sem að mati Lyfjamálastofnunar uppfylla eigi minni menntunarkröfur. Átt er við menntun sem telja má hliðstæða lyfjafræðimenntun. Þá er tekið af skarið um faglega ábyrgð þessa aðila á lyfjaheildsölunni.

Ákvæði eldri lyfjalaga um birgðaskyldu lyfjaheildsala er ekki að finna í núgildandi lyfjalögum en slíkt ákvæði er talið nauðsynlegt og byggist á heimild í tilskipun 92/25/EBE. Birgðaskyldan skal miðast við nauðsynleg lyf að mati heilbrigðisyfirvalda, svokallaðan „Essential Drug List“. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur mælst til þess að öll lönd hafi slíkan lista sem unninn er úr þeim lyfjum er markaðsleyfi hafa í hverju landi.

Kveðið er á um að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skuli í samráði við yfirdýralækni setja reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um leyfi til dýralyfjasölu. Þetta er nýmæli í lögunum, en nauðsynlegt er talið að dýralæknar þurfi sérstök leyfi vegna sölu dýralyfja, m.a. til að gæta fyllsta jafnræðis milli þeirra er selja lyf, en sífellt auknar kröfur eru gerðar til seljenda lyfja og annarra er dreifa lyfjum eða afhenda lyf.

Um 25. gr.

Breytingar eru gerðar til samræmis við þær kröfur sem eru gerðar til lyfjaheildsala í 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. núgildandi laga þess efnis að sá er veitir lyfjaframleiðslufyrirtæki forstöðu sé ekki jafnframt lyfsöluleyfishafi. Vegna samkeppnissjónarmiða þykir nauðsynlegt að lögfesta slíkt ákvæði. Þá er kveðið sérstaklega á um ábyrgð forstöðumanns sem ekki er minni en ábyrgð þess er veitir lyfjaheildsölu faglega forstöðu, sbr. 30. gr. núgildandi laga.

Um 26. gr.

Rétt þykir að árétta að heilbrigðisstofnunum er einnig heimilt að semja við sjúkrahússapótek um lyfjafræðilega þjónustu.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Kveðið er skýrar á um meðferð umsókna hjá lyfjaverðsnefnd en samkvæmt núgildandi lögum. Er ákvæðið í samræmi við tilskipun 89/105/EBE. Í ákvæðinu er m.a. kveðið á um að

lyfjaverðsnefnd hafi aðgang að þeim gögnum sem hún telur sig þurfa til verðákvörðunar, bæði að því er varðar umsóknir um ákvörðun lyfjaverðs og umsóknir um hækkun lyfjaverðs. Einnig er mælt fyrir um heimild lyfjaverðsnefndar til að beita verðstöðvun á lyf, svo og til að veita undanþágur frá verðstöðvun samkvæmt umsókn í sérstökum tilvikum. Þá er fjallað um meðferð slíkra umsókna hjá lyfjaverðsnefnd. Þá er mælt fyrir um ákveðna tímafresti sem lyfjaverðsnefnd hefur til afgreiðslu umsókna um ákvörðun lyfjaverðs, hækkun lyfjaverðs og undanþágu frá verðstöðvun.

Um 29. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á ákvæðum sem varða ákvörðun um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í nýjum lyfjum, þ.e. lyfjum sem ekki eru á markaði hér á landi við gildistöku laganna. Ákvæði um þetta efni er nú að finna í síðasta málslið c-liðar 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, en þar segir: „Eftir að lyf hefur verið skráð hér á landi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.“ Lagt er til að þetta hlutverk verði fengið nefnd sem ráðherra skipar samkvæmt tilnefningum Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytis, landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands. Formaður skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Ráðherra skal setja nánari reglur um störf nefndarinnar með reglugerð. Gert er ráð fyrir að nefndin verði sjálfstæð og óháð og að ákvarðanir hennar verði ekki kæranlegar til ráðherra. Tekið er fram að ákvarðanir nefndarinnar skuli byggja annars vegar á mati á gagnsemi lyfs og hins vegar kostnaði við greiðsluþátttöku. Eðlilegt þykir að slíkar ákvarðanir séu teknar af sjálfstæðri nefnd sem skipuð er fagmönnum á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála. Slíkt ætti að tryggja að fagleg og fjárhagsleg sjónarmið ráði ferðinni og að samræmis sé gætt í ákvörðunum um greiðsluþátttöku.

Þá eru í 3. mgr. ákvæði um málsmeðferð umsókna um ákvörðun lyfjaverðs og eru þau í samræmi við tilskipun 89/105/EBE.

Um 30. gr.

Nauðsynlegt þykir að kveða skýrar á um valdheimildir og þvingunarúrræði Lyfjamálastofnunar.

Um 31. gr.

Í ákvæðinu er heimilað að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um Lyfjamálastofnun Evrópu, en Íslendingar fengu aðild að henni með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 28. maí 1999.

Um 32. gr.

Breyting þessi er gerð í samræmi við breytingu á 41. gr. lyfjalaga. Vísað er til athugasemdar við 25. gr. frumvarpsins.

Um 33. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefnd ríkisins verði sameinuð í eina stofnun, Lyfjamálastofnun. Henni er einnig ætlað að sinna nokkrum nýjum verkefnum, þar á meðal umsjón með skráningu og eftirliti með verkunum og aukaverkunum lyfja. Í frumvarpinu eru gerðar nauðsynlegar breytingar í samræmi við tilskipanir ESB, svo sem á skilgreiningu og flokkun lyfja. Frumvarpið gerir ráð fyrir að greint verði á milli lyfja sem veitt hefur verið markaðsleyfi og lyfja án markaðsleyfis í stað þess að greina á milli skráðra og óskráðra lyfja. Með frumvarpinu er gert er ráð fyrir að Lyfjamálastofnun verði heimilt að nota markaðsleyfi útgefið í öðru aðildarríki EES-samningsins sem grundvöll viðurkenningar lyfs sem sótt er um markaðsleyfi fyrir. Þá er gert ráð fyrir að lyfjanefnd Lyfjamálastofnunar verði stofnuninni til ráðgjafar um lyfjamál. Enn fremur kveður frumvarpið á um að skipuð skuli fimm manna nefnd til fjögurra ára í senn til að ákveða m.a. greiðsluþátttöku sjúkratrygginga skv. 36. gr. laga um almannatryggingar í nýjum lyfjum með markaðsleyfi sem innihalda þó virk efni sem ekki eru á markaði hér á landi. Gert er ráð fyrir að helstu kostnaðaráhrif frumvarpsins felist í ráðningu forstjóra fyrir stofnunina og auknum kostnaði af umsjón með útgáfu markaðsleyfa, skráningu aukaverkana lyfja og nauðsynlegri samvinnu við erlendar stofnanir. Þá má gera ráð fyrir auknum kostnaði við sérfræðilega ráðgjöf. Beinan kostnað við frumvarpið vegna framangreindra atriða má áætla um 10 m.kr. á ári. Í fjárlögum fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir að kostnaður við Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefnd sé 68 m.kr.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að kostnaður Lyfjamálastofnunar af mati á lyfjum, afgreiðslu og útgáfu markaðsleyfa, viðhaldi lyfjaskráa, skráningu aukaverkana lyfja, samvinnu við erlendar stofnanir, klínískum prófunum o.fl. verði borinn uppi af þjónustugjöldum. Hins vegar er gert ráð fyrir að lagt verði á eftirlitsgjald sem nemur 0,3% af heildarlyfjaveltu eftirlitsskyldra aðila sem standi undir kostnaði stofnunarinnar við lyfjaeftirlit. Gert er ráð fyrir að þjónustu- og eftirlitsgjöld standi undir öllum kostnaði Lyfjamálastofnunar, þar með töldum lífeyrisskuldbindingum og húsnæðis- og fjárbindingarkostnaði. Undanskilinn er þó kostnaður nefndar og starfsmanns í hlutastarfi til að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratrygginga sem má ætla að verði um 0,7 m.kr. á ári. Að öðru leyti nemur kostnaður ríkissjóðs því sem svarar til áhrifa gjalda vegna markaðsleyfis og eftirlits á verð lyfja sem ríkissjóður kaupir eða tekur þátt í að niðurgreiða.

660. Tillaga til þingsályktunar [402. mál]

um úttekt á aðstöðu til hestamennsku.

Flm.: Jónas Hallgrímsson, Jón Kristjánsson, Árni Johnsen,
Ísólfur Gylfi Pálmason, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og leggi fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar. Nefndin skili áliti fyrir 1. október næstkomandi.

Greinargerð.

Undanfarin missiri hafa einstaklingar, félög og hið opinbera sem kunnugt er sameinast um að auka kynningu og sölu á íslenska hestinum, bæði innan lands og utan. Samhliða þessu viðamikla átaki hafa verið byggðar nútímalegar reiðhallir sem jafnframt þjóna víða sem félagsmiðstöðvar hestamanna. Á þetta einkum við um suðvestanvert landið og Norðvesturland. Landbúnaðarráðuneyti og Reykjavíkurborg hafa stutt þetta málefni með myndarlegum fjárframlögum. Meðal annars hefur verið gerður samningur um miðstöð íslenska hestsins í Skagafirði. Einnig hafa einstaklingar í greininni byggt upp slík mannvirki og hafa í sumum tilfellum notið aðstoðar fyrirtækja í ferðaþjónustu. Landsvæði sem eru fjarri höfuðborgarsvæðinu, frá Eyjafirði norður og austur um land, allt til Hellu á Rangárvöllum, virðast eiga erfiðara uppdráttar hvað sölu- og markaðsmál áhrærir og er þá ekki alltaf lélegum hrossum um að kenna, nema síður væri. Frekar má nefna fjarlægð frá aðalkomustað erlendra ferðamanna til landsins ásamt aðstöðuleysi þeirra sem hlut eiga að máli. Er nú svo komið að höfuðborgarsvæðið og nærsveitir austan fjalls ásamt afmörkuðum hluta Norðurlands hafa yfirburðastöðu vegna hagstæðrar staðsetningar og framúrskarandi möguleika til þjálfunar, sýninga og sölu á hrossum. Af byggðaástæðum er því tímabært að spyrna við fótum og leita leiða til úrbóta fyrir þau landsvæði sem fjærst liggja markaðinum.

Stefna stjórnvalda hefur verið að æska þessa lands skuli eiga jafnan rétt til náms og þar með félagslífs, óháð búsetu. Ungt fólk víða um land hefur í auknum mæli haslað sér völl í hestamennsku, bæði í leik og starfi. Vitað er að nýjar og glæstar reiðhallir ásamt keppnisvöllum utan dyra skapa mikinn aðstöðumun milli unglinga sem annars vegar eiga greiða leið að góðu og heilbrigðu félagsstarfi þar sem aðstaða er fyrir hendi til tamningar og þjálfunar hesta og þeirra sem búa í dreifbýli og enga aðstöðu hafa.

Eðlilegt er að móta stuðning ríkisvaldsins við uppbyggingu í greininni og gengur þingsályktunartillagan út á að hestamennskan verði nýtt sem sóknarfæri fyrir dreifðar byggðir landsins.

661. Frumvarp til laga [403. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Við 130. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Látist maður sem dæmdur hefur verið til greiðslu málskostnaðar eða hafi hann verið úrskurðaður gjaldþrota eftir að dómur gengur í máli hans og eignir dánar- eða þrotabúsins duga ekki til greiðslu málskostnaðar skal málskostnaður eða það sem eftir stendur af honum greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af grundvallaratriðum íslenskrar stjórnskipunar er að einstaklingar og lögaðilar geta leitað réttar síns með því að bera álitaefni undir dómstóla og fá niðurstöður. Eitt af því sem kemur í veg fyrir að einstaklingar leita réttar síns er sú staðreynd að jafnvel þótt dómur falli viðkomandi í hag getur hann þurft að greiða málskostnað, vegna þess að sá sem er sóttur ýmist er eða lýsir sig gjaldþrota áður en til greiðslu málskostnaðar kemur og því fellur það á þann sem sækir rétt sinn að greiða kostnaðinn.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að koma í veg fyrir að þessi staðreynd hindri fólk í að leita réttar síns og því er þetta frumvarp lagt fram. Samfélagið á að sjá til þess að óprúttnir aðilar geti ekki komist hjá því að standa skil á því sem þeim ber með því að lýsa sig gjaldþrota. Ríkissjóður verður að bera ábyrgð á slíkum mönnum. Því er lagt til að ríkissjóður ábyrgist greiðslur í tilvikum sem þessum og að sama regla eigi við þegar sá sem sóttur er fellur frá, og eignir dánarbús hans duga ekki til greiðslu málskostnaðar.

662. Fyrirspurn [404. mál]

til viðskiptaráðherra um kjör stjórnenda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða ákvarðanir voru teknar um laun og önnur kjör, þ.m.t. lífeyrisréttindi, stjórnenda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins meðan bankinn var í meirihlutaeign ríkisins?
2. Hverjar voru heildarlaunagreiðslur til stjórnar annars vegar og stjórnenda hins vegar 1997–99, sundurliðað eftir árum og tegundum greiðslna, sem og fjölda stjórnenda?
3. Átti ráðherra eða fulltrúar hans í stjórn bankans einhvern þátt í ákvörðun um afkomutengdan kaupauka til starfsmanna?
4. Hvaða ákvarðanir voru teknar um arðgreiðslur meðan bankinn var í meirihlutaeign ríkisins?
5. Hver er skoðun ráðherra á launakjörum stjórnenda bankans og fyrirkomulagi á afkomutengdum kaupauka?

663. Frumvarp til laga [405. mál]

um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Orðskýringar og almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

a. *Varnarsamningurinn:* Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og viðbætir við hann um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí 1951 sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951.
b. *Afleiddir samningar:* Samningar milli Íslands og Bandaríkjanna sem byggðir eru á varnarsamningnum samkvæmt orðanna hljóðan eða eðli máls.
c. *Varnarliðið:* Liðsmenn í varnarstöð Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurflugvelli úr herliði Bandaríkjanna og starfslið sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi heldur dveljist þar vegna framkvæmdar varnarsamningsins, og skyldulið þeirra. Til varnarliðsins teljast einnig liðsmenn herafla annarra aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins sem uppfylla sömu skilyrði. Þá teljast til varnarliðsins í skilningi laga þessara einstakar samningsstofnanir herliðs Bandaríkjanna, hvort heldur sjóhers, landhers eða flughers, og aðrir aðilar er fara með gerð samninga fyrir bandarísk stjórnvöld vegna varnarliðsins og starfsemi því tengdri, hvort sem þau eru staðsett hér á landi eða í öðrum löndum.
d. *Verksamningar:* Samningar íslenskra aðila við varnarliðið um framkvæmdir á Íslandi í þágu varna landsins sem unnar eru á kostnað Bandaríkjanna og/eða Atlantshafsbandalagsins.
e. *Samningar um kaup á vöru:* Samningar við varnarliðið um kaup á vöru af hendi íslenskra aðila.
f. *Samningar um kaup á þjónustu:* Samningar við varnarliðið um kaup á þjónustu af hendi íslenskra aðila.
g. *Starfssamningar:* Vinnuréttarsamningar íslenskra aðila við varnarliðið.
h. *Samningar samkvæmt lögum þessum:* Allir framangreindir samningar sem gerðir eru að hluta eða að öllu leyti á grundvelli varnarsamningsins eða afleiddra samninga.
i. *Forval:* Opið forval til vals hæfra bjóðenda eftir auglýsingu utanríkisráðuneytisins.
j. *Samningstilkynning:* Tilkynning varnarliðsins um lausa samninga á grundvelli varnarsamningsins eða afleiddra samninga.
k. *Íslensk fyrirtæki:* Fyrirtæki, óháð rekstrarfyrirkomulagi, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
   1. Eru skráð á Íslandi og starfrækja höfuðstöðvar sínar hér á landi.
   2. Eru landfræðilega staðsett á Íslandi og lúta íslenskri lögsögu.
   3. Fyrirsvarsmenn og lykilstarfsfólk fyrirtækjanna eru búsett á Íslandi.
   4. Önnur skilyrði sem leiðir af einstökum afleiddum samningum, eftir því sem við á.

   Heimilt er eftir eðli máls og í ljósi þeirra verkefna sem um ræðir í hverju tilviki að setja enn fremur skilyrði um að:

1. Meiri hluti stjórnarmanna fyrirtækjanna sé búsettur á Íslandi.
2. Allt að 50 af hundraði veltu fyrirtækjanna sé af starfsemi þeirra á Íslandi.
3. Allt að 80 af hundraði starfsliðs fyrirtækjanna sé búsett á Íslandi.

l. *Tengdir aðilar:* Fyrirtæki eða einstaklingar sem falla undir eftirfarandi skilgreiningu:
1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum, enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

m. *Íslenskir aðilar:* Íslensk fyrirtæki og einstaklingar.

n. *Tilnefning íslenskra aðila:* Tilkynning íslenskra stjórnvalda til varnarliðsins um þau íslensku fyrirtæki eða einstaklinga sem heimilt er að semja við skv. 2.–4. tölul. 6. gr. viðbætis við varnarsamninginn og ákvæðum afleiddra samninga.

o. *Varnarsvæði:* Landsvæði þau sem íslensk stjórnvöld hafa lagt til varna landsins og lýst hafa verið samningssvæði samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins og utanríkisráðherra fer með yfirstjórn á, sbr. ákvæði laga nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., og ákvæði 10. tölul. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Ekkert ákvæði laga þessara skal skýrt þannig að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenskum málefnum.

Ef brýnir öryggishagsmunir krefjast skal utanríkisráðherra heimilt að víkja frá málsmeðferðarreglum laga þessara.

3. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til allra samninga milli íslenskra aðila og varnarliðsins sem byggjast á ákvæðum varnarsamningsins og afleiddra samninga. Til samninga í þessum skilningi teljast allir samningar, hverju nafni sem nefnast, þar með taldir verksamningar, samningar um kaup á vöru, samningar um kaup á þjónustu og starfssamningar.

4. gr.

Meginreglur.

Utanríkisráðuneytið tekur á móti öllum samningstilkynningum varnarliðsins sem í felst beiðni um tilnefningu íslenskra aðila. Heimild íslenskra aðila til samninga við varnarliðið er bundin því skilyrði að þeir hljóti tilnefningu utanríkisráðuneytisins sem samningsaðilar, í samræmi við ákvæði gildandi milliríkjasamninga, sbr. nánar II. og III. kafla laga þessara. Utanríkisráðherra er þó heimilt í reglugerð að undanþiggja minni háttar samninga þessu skilyrði.

Samningar íslenskra aðila við varnarliðið, sem gerðir eru án undanfarandi tilnefningar, eru ógildir. Sama gildir ef forsendur tilnefningar bresta á samningstíma eða ef tilnefnd fyrirtæki brjóta gegn ákvæðum 3. mgr. 8. gr. Samningar íslenskra og erlendra aðila við varnarliðið sem stríða gegn ákvæðum varnarsamningsins eða afleiddra samninga eru enn fremur ógildir.

Utanríkisráðherra úrskurðar um gildi samninga skv. 2. mgr.

Óheimilt er að vinna verk, flytja inn eða selja vöru, eða selja þjónustu eða vinnu á grundvelli samninga sem utanríkisráðherra hefur úrskurðað ógilda skv. 3. mgr. Þá er óheimilt að tollafgreiða vöru eða hafa milligöngu um greiðslu til eða frá útlöndum fyrir vöru eða þjónustu sem innt er af hendi á grundvelli slíkra samninga.

II. KAFLI

Starfssamningar.

5. gr.

Starfsauglýsingar og mat umsókna.

Utanríkisráðuneytið auglýsir laus störf hjá varnarliðinu og tekur á móti umsóknum um þau, sbr. 4. tölul. 6. gr. viðbætis við varnarsamninginn. Ráðuneytið tilnefnir hæfa umsækjendur með hliðsjón af öryggishagsmunum.

6. gr.

Skipan og starfsemi kaupskrárnefndar.

Íslenskir starfsmenn varnarliðsins á Íslandi skulu búa við sambærileg starfskjör og aðrir íslenskir launamenn. Utanríkisráðherra skipar kaupskrárnefnd sem úrskurðar um ráðningarkjör, launakjör og vinnuskilyrði íslenskra starfsmanna varnarliðsins þar sem varnarliðið er ekki aðili að kjarasamningum.

Kaupskrárnefnd skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn. Einn skal skipaður að fenginni tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar að fenginni tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og formaður án tilnefningar. Úrskurðir kaupskrárnefndar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi, nema í þeim tilvikum þar sem utanríkisráðherra heimilar í reglugerð kæru til kærunefndar kaupskrárnefndar.

Utanríkisráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipan, starfshætti og viðmiðunarreglur kaupskrárnefndar og kærunefndar kaupskrárnefndar.

III. KAFLI

Verksamningar og samningar um kaup á vöru eða þjónustu.

7. gr.

Skipan og starfsemi forvalsnefndar.

Sérstök forvalsnefnd er utanríkisráðuneytinu til aðstoðar við meðferð annarra samninga en starfssamninga.

Forvalsnefnd skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fulltrúa utanríkisráðuneytisins sem formann nefndarinnar og tvo sérfróða menn á sviði útboða og samningsgerðar til viðbótar. Úrskurðum nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Utanríkisráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipan, starfshætti og viðmiðunarreglur forvalsnefndar.

8. gr.

Verklagsreglur við mat samninga.

Utanríkisráðuneytið metur samningstilkynningar varnarliðsins í samráði við forvalsnefnd með hliðsjón af öryggishagsmunum og tilgreinir þau skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til að teljast íslensk fyrirtæki, sbr. ákvæði k-liðar 1. gr., þar með talin sértæk skilyrði sem leiða kann af einstökum afleiddum samningum. Ráðuneytið auglýsir opið forval íslenskra viðskiptaaðila með hæfilegum fyrirvara og á áberandi hátt þar sem fram koma almenn og sértæk skilyrði, nema ákvæði 9. gr. eigi við.

Að loknum forvalsfresti skal forvalsnefnd leggja mat á þá aðila sem tekið hafa þátt í forvalinu og velja hæfa aðila. Þeir skulu vera íslensk fyrirtæki, hafa viðhlítandi verkreynslu á samningssviðinu og tæknilega getu, tækjabúnað og nægilega fjárhagslega burði til að efna þann samning sem í boði er. Við mat á fyrirtækjum ber enn fremur að taka mið af íslenskum öryggishagsmunum og almennum öryggissjónarmiðum. Einnig skal ganga úr skugga um að fyrirtæki uppfylli sérstakar kröfur sem kann að leiða af einstökum afleiddum samningum. Utanríkisráðuneytið tilnefnir hæfa aðila samkvæmt ákvörðun forvalsnefndar til varnarliðsins.

Tilnefndum fyrirtækjum er óheimilt að hafa samráð um tilboðsgerð við önnur fyrirtæki, sbr. ákvæði 10. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Tengdum aðilum er óheimilt að taka þátt í sama útboði vegna samninga við varnarliðið.

Við framkvæmd forvals skal að öðru leyti byggt á verklagsreglum laga og reglugerða um opinber innkaup, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Undantekningar frá forvalsskyldu.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er utanríkisráðuneytinu heimilt, að fenginni umsögn forvalsnefndar, að víkja frá skyldunni um opið forval og tilnefna viðskiptaaðila án forvals þegar um sérstakar gerðir samninga er að ræða. Þetta gildir um eftirfarandi tilvik:

1. Þegar ljóst er að aðeins einn aðili uppfyllir nauðsynleg skilyrði.
2. Þegar um er að ræða samninga sem stafa af þeim lagaskyldum sem á sveitarfélög eru lagðar að íslenskum rétti og varnarliðinu ber að sinna fyrir hönd íbúa á varnarsvæðunum.
3. Þegar um er að ræða samninga sem lúta að verkframkvæmd eða þjónustu sem felur í sér aðgang að trúnaðarupplýsingum í ríkum mæli og öryggishagsmunir mæla gegn forvali.

Heimilt er utanríkisráðherra í reglugerð að kveða á um frekari undanþágur frá forvalsskyldu ef sérstakar ástæður mæla með því.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.
Aðgangur og umferð um varnarsvæði.

Aðgangur að varnarsvæðunum er þeim einum heimill sem þangað eiga lögmæt erindi og hafa gilda aðgangsheimild, útgefna af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði loftferðalaga, nr. 60/1998. Heimilt er að takmarka eða synja um aðgangsheimild af öryggisástæðum eða ef almannaregla krefst þess.

Utanríkisráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um för manna inn og út af varnarsvæðunum og um dvöl manna á þeim. Brot á reglunum varða tímabundinni sviptingu aðgangsheimildar samkvæmt ákvörðun sýslumanns eða varanlegri við ítrekuð brot. Sérlega alvarleg brot varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

11. gr.
Undanþága varnarliðsins frá sköttum og gjöldum.

Varnarliðið skal undanþegið sköttum og gjöldum með þeim hætti sem greinir í 7. gr. viðbætis við varnarsamninginn, sbr. og 48. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Að fenginni staðfestingu utanríkisráðherra nær undanþága þessi einnig til erlendra fyrirtækja sem starfa einvörðungu innan varnarsvæðanna og reka þar starfsemi í þágu varnarliðsins. Þá skal starfsemi Ratsjárstofnunar undanþegin sköttum og gjöldum á sama hátt. Einstakir liðsmenn varnarliðsins og skyldulið njóta tekju- og eignarskattsfrelsis, sbr. 1. tölul. 7. gr. viðbætis við varnarsamninginn, en greiða óbeina skatta og gjöld eins og menn heimilisfastir á Íslandi, sbr. 1. tölul. 6. gr. viðbætisins, þó með þeim undanþágum sem leiðir af 8. gr. hans og endurgreiðsluheimild 43. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 60/1943, um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, og lög nr. 99/1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýst af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal utanríkisráðuneytinu heimilt að tilnefna verktaka til samninga við varnarliðið án forvals og með óbreyttum kjörum vegna verklegra framkvæmda sem greiddar eru af bandarískum stjórnvöldum, í samræmi við samninga Íslands og Bandaríkjanna þar að lútandi.

II.

Áður en samningar samkvæmt lögum þessum, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna og ekki hafa sætt forvalsmeðferð, koma til framlengingar er heimilt, að tillögu forvalsnefndar, að láta fara fram forval og tilnefna hæfa aðila samkvæmt III. kafla laganna. Framlenging slíkra samninga án undanfarandi tilnefningar er ógild og gilda ákvæði 3. og 4. mgr. 4. gr. um slík tilvik.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá gerð varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna árið 1951 hafa íslenskir ríkisborgarar starfað fyrir varnarliðið og íslensk fyrirtæki tekið að sér verk fyrir varnarliðið á einn eða annan hátt. Við komu varnarliðsins til Íslands var samfélagsgerðin öll einfaldari en nú er og atvinnuhættir fábreyttari. Þá gætti einnig eðlilegs ótta við áhrif erlendrar herverndar á íslenskt athafnalíf og þjóðlíf, enda voru landsmenn mun færri en nú er og herliðið nokkuð fjölmennt. Íslensk stjórnvöld lögðu því áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum herverndarinnar og þar með úr áhrifum af veru varnarliðsins á íslenskt efnahagslíf. Eftir því sem á leið jókst á hinn bóginn áhersla stjórnvalda beggja ríkjanna á að Bandaríkjamenn nýttu sér íslenskt vinnuafl þar sem því yrði við komið, enda var það beggja hagur að Íslendingar tækju beinni þátt í vörnum lands síns en áður og að Bandaríkjamenn gætu fækkað liðsmönnum sínum í landinu.

Af ýmsum ástæðum var frá upphafi gert ráð fyrir að íslensk stjórnvöld tilnefndu íslenska viðskiptaaðila til samninga við varnarliðið. Öryggishagsmunir réðu þar að sjálfsögðu mestu, enda óhugsandi fyrir fullvalda ríki að selja herliði erlends ríkis sjálfdæmi um viðskipti við innlenda aðila og skiptir þá engu þótt um vina- og bandalagsþjóð sé að ræða. Þá var íslenskur vinnumarkaður svo einhæfur og lokaður á sjötta áratugnum að hætta var á að varnarliðið gæti deilt og drottnað á þeim markaði ef hið opinbera hefði ekki hlutast til um ráðningarkjör og vinnuskilyrði. Að því er verksamninga varðaði komst snemma á sú skipan að einn stór verktaki og annar minni voru byggðir upp til að taka að sér framkvæmdir fyrir varnarliðið og fengu þeir fljótt sérleyfi til að vinna slík verk. Ef þessi leið hefði ekki verið farin er líklegt að varnarliðið hefði alfarið notast við bandaríska aðila til að sjá um allar stærri framkvæmdir. Þjónustusamningum var úthlutað á þann veg að einungis eitt fyrirtæki var tilnefnt sem samningsaðili til varnarliðsins fyrir hvern samning um sig.

Eftir því sem á leið jókst gagnrýni á þetta fyrirkomulag, en jafnframt reyndist torsótt að koma á nýrri skipan sem gerði hvort tveggja að tryggja öryggishagsmuni Íslands og koma í veg fyrir óábyrg undirboð sem skaðað gætu uppbyggingu varnaraðstöðunnar á Keflavíkurflugvelli. Árið 1984 var að frumkvæði þáverandi utanríkisráðherra hafist handa við könnun á því hvernig veita mætti fleiri aðilum möguleika á að vinna þau verk sem Íslenskum aðalverktökum og Keflavíkurverktökum var þá úthlutað, án þess þó að fjölgað væri þeim aðilum sem varnarliðið semdi beint við. Sakir mikillar uppbyggingar á hafnaraðstöðu í Helguvík og á íslenska ratsjárkerfinu á níunda áratugnum varð hins vegar ekki af breytingum í þá veru á þeim tíma.

Árið 1992 samdi Ísland við önnur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins um að verktaka vegna framkvæmda sem væru greiddar af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins skyldi gefin frjáls eigi síðar en 1. apríl 1995. Í kjölfarið var samið við Bandaríkin um framkvæmd þeirrar skuldbindingar og um fyrirkomulag opinna útboða síðla árs 1994. Í byrjun apríl 1995 ákvað þáverandi utanríkisráðherra að gefin skyldu frjáls kaup varnarliðsins á vöru og þjónustu til að tryggja öllum seljendum vöru og þjónustu jafnan aðgang að samningum við varnarliðið og skapa aðstæður fyrir eðlilega samkeppni til hagsbóta fyrir jafnt innlenda viðskiptaaðila og varnarliðið. Jafnframt var ákveðið að fram færi forval meðal íslenskra fyrirtækja vegna slíkra samninga þar sem öllum íslenskum fyrirtækjum sem áhuga hefðu á slíkum viðskiptum væri gefinn kostur á að spreyta sig á efnislegum forsendum. Settar voru vinnureglur sem hafa haft að markmiði að tryggja fullnægjandi eiginfjárstöðu og starfsreynslu þeirra fyrirtækja sem keppa um samninga af þessu tagi. Með reglugerð var sett á fót sérstök forvalsnefnd sem fékk það hlutverk að auglýsa forval viðskiptaaðila vegna verka sem unnin eru á kostnað Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins og vegna kaupa varnarliðsins á vöru

og þjónustu. Þá hefur varnarliðinu verið heimilað hin síðustu ár að semja beint við íslenska viðskiptaaðila í þeim tilvikum þegar samningsupphæð nemur lægri fjárhæð en 25.000 Bandaríkjadölum. Í tengslum við bókun Íslands og Bandaríkjanna frá 1996 um framkvæmd varnarsamningsins (e. „Agreed Minute") var svo ákveðið að sérleyfi Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka til almennrar verktöku fyrir varnarliðið yrði afnumið í áföngum fram til ársins 2004.

Ekki er óeðlilegt að spurt sé hvort tilnefning íslenskra aðila til viðskipta við varnarliðið sé tímaskekkja í ljósi þess sem hér hefur verið rakið. Svo er ekki, enda hvílir ótvíræð lagaskylda á íslenskum stjórnvöldum að tilnefna íslenska viðskiptaaðila til samninga við varnarliðið samkvæmt varnarsamningnum og afleiddum samningum. Vísast hér til 4. tölul. 6. gr. viðbætis við varnarsamninginn sem hefur lagagildi sbr. lög nr. 110/1951, dóms Hæstaréttar 1961/359 og álits umboðsmanns Alþingis í máli 630/1992. Fjölmargir samningar hafa verið gerðir milli Íslands og Bandaríkjanna þar sem sami skilningur er staðfestur og nægir þar að nefna samkomulag um skipulag framkvæmdar áætlunar um varnarframkvæmdir á Íslandi frá 25. mars 1954, samkomulag í formi orðsendingaskipta frá 24. júní 1986, samning til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna og samkomulag sem honum fylgir frá 24. september 1986, og samkomulag um kaup á íslensku kjöti og eggjum frá 11. febrúar 1987. Ljóst er samkvæmt þessu að íslensk stjórnvöld eru skuldbundin til að tilnefna hæfa viðskiptaaðila til samninga við varnarliðið.

Sú þróun sem hér hefur verið rakin og almenn þróun á sviði stjórnsýslu- og samkeppnisréttar hefur hins vegar leitt til þess að ný viðhorf og starfshættir hafa rutt sér til rúms. Sú meginregla að íslensk stjórnvöld tilnefni einungis einn aðila til samninga við varnarliðið hverju sinni án samkeppni heyrir brátt sögunni til, en þess í stað er nú byggt á meginreglunni um forval hæfra bjóðenda þar sem öll íslensk fyrirtæki sem standast hlutlæg viðmið fá tækifæri til að bjóða í viðkomandi samninga. Eftir sem áður er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld hafi forræði á því hvaða fyrirtæki fá heimild til samninga við varnarliðið á grundvelli samninga ríkjanna. Ekki má líta fram hjá því í þessu sambandi að þrátt fyrir að vægi viðskipta við varnarliðið í íslenskum þjóðarbúskap hafi minnkað hlutfallslega síðustu ár vega þau enn þungt í efnahagslífinu og námu á árinu 1998 yfir 10 milljörðum króna sem er um 4,7% útflutningstekna og 1,8% vergrar landsframleiðslu. Sérstaklega athyglisvert er að upphæð viðskiptanna á árinu 1998 nam næsthæstu krónutöluupphæð á þessum áratug og vægi viðskiptanna í efnahagslífinu hefur því einkanlega minnkað vegna aukningar annarra útflutningstekna og aukins almenns efnahagslegs uppgangs en ekki vegna samdráttar í tekjum af viðskiptunum við varnarliðið. Þá er rétt að minna á að staðbundið vægi þessara viðskipta á Suðurnesjunum er að sjálfsögðu mun meira en ætla má af umræddum hlutfallstölum.

Framkvæmd varnarsamningsins og afleiddra samninga snertir öryggishagsmuni íslenskra ríkisins, þó í misríkum mæli sé. Hafa ber í huga að þær heimildir sem íslenskum fyrirtækjum eru veittar til viðskipta við varnarliðið eða Atlantshafsbandalagið samkvæmt fyrrgreindum samningum eiga rætur að rekja til öryggissjónarmiða og eru þær því eðlisólíkar heimildum til milliríkjaviðskipta samkvæmt öðrum samningum. Þessar heimildir fela í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að bandarísk stjórnvöld semji einungis við bandarísk fyrirtæki, svo sem var áður en samningar milli ríkjanna um sjóflutninga voru gerðir árið 1986, eða hafi fullt sjálfdæmi um við hvern sé samið, svo sem var um verktöku fram til samkomulags ríkjanna um verkframkvæmd íslenskra aðila árið 1954 eða um kaup á búvörum fram að samkomulagi ríkjanna um kaup á íslenskum eggjum og kjöti frá 1987, svo fáein dæmi séu nefnd. Það er ósamrýmanlegt íslenskum öryggishagsmunum að íslensk stjórnvöld hafi ekkert um það að segja hvernig aðgangi íslenskra fyrirtækja að samningum við herlið erlends ríkis um

sölu vöru og þjónustu eða verkframkvæmd hér á landi sé háttað. Það væri enn fremur óásættanlegt ef íslensk stjórnvöld framseldu mat á því hvaða fyrirtæki teldust hæfir viðsemjendur til erlends ríkis, þar með talið mat á því hvort fyrirtæki eða einstaklingar stæðust öryggiskröfur. Að baki öllum fyrrgreindum samningum liggur sú grundvallarregla að íslensk stjórnvöld fari með mat eigin öryggishagsmuna og að þau meti sjálf íslensk fyrirtæki og íslenska ríkisborgara í þessu skyni.

Þá er ljóst að bandarískir samningsskilmálar og opinberar innkaupareglur eru framandi flestum íslenskum fyrirtækjum. Smærri fyrirtæki með takmarkaða reynslu af milliríkjaviðskiptum og einkanlega af viðskiptum við bandaríska aðila stæðu því höllum fæti ef varnarliðið hefði almenna heimild til samninga við íslensk fyrirtæki án milligöngu íslenskra stjórnvalda. Stærstu fyrirtækin og þau fyrirtæki sem lengst hafa setið að viðskiptum við varnarliðið nytu þá að sama skapi óeðlilegs forskots. Forval og tilnefningar stuðla því einnig að jafnræði milli fyrirtækja.

Enn fremur er nauðsynlegt að stjórn sé á tilnefningunum til að tryggja að pappírsfyrirtæki erlendra aðila nái ekki að misnota ákvæði milliríkjasamninga um úthlutun samninga til íslenskra aðila til að ná samningum við varnarliðið um framkvæmd verka sem íslenskum fyrirtækjum eru ætluð vegna öryggis- og efnahagssjónarmiða.

Að síðustu er mikilvægt að forval bjóðenda fari fram til að tryggja að þau fyrirtæki sem að endingu eru valin til verka hafi faglega burði og fjárhagslegan styrk til að efna gerða samninga. Áhættusamt er frá öryggissjónarmiðum að hætta á gjaldþrot verktaka á meðan á verki stendur.

Af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar hefur utanríkisráðuneytið fylgt þeirri stefnu á undanförnum árum að viðhafa samkeppni um samninga við varnarliðið, án þess þó að veita íslenskum fyrirtækjum óhindraðan aðgang að þeim samningum né heldur að veita varnarliðinu óhindraðan aðgang að íslenskum viðsemjendum. Lögð hefur verið áhersla á að skapa eins frjálsa umgjörð um verkútboð og kostur er þar sem byggt er á íslenskum leikreglum og reynt að örva ábyrga samkeppni um verkin. Forval bjóðenda fer fram eftir meginreglum íslensks réttar þar sem farið er yfir verkreynslu bjóðenda, fjárhagslega burði þeirra og aðra þætti sem máli skipta fyrir áfallalausa samningsframkvæmd. Með því móti hefur verið reynt að hámarka samkeppni ábyrgra fyrirtækja um slíka samninga án þess að fórna forræði íslenskra stjórnvalda yfir tilnefningu samningsaðila. Markmiðið var skýrt gagnvart varnarliðinu í bréfi þáverandi utanríkisráðherra til yfirmanns varnarliðsins, dags. 3. apríl 1995, með þeim hætti að í hinni nýju framkvæmd fælist vinnutilhögun sem mundi leiða til aukinnar hagkvæmni, bættrar samningsgerðar og jafnræðis um leið og gætt væri nauðsynlegs jafnvægis á vinnumarkaði á Suðurnesjum.

Framkvæmd þessara breytinga í frjálsræðisátt hefur, þegar á allt er litið, tekist vel. Fjölmörg fyrirtæki hafa tekið þátt í útboðum vegna framkvæmda á vegum Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins og vegna kaupa varnarliðsins á vöru og þjónustu þrátt fyrir að ströng efnisleg skilyrði hafi verið sett fyrir þátttöku. Forvalsnefnd hefur tekið á móti 235 umsóknum og valið 195 fyrirtæki til að taka þátt í útboðum fyrir varnarliðið eða Atlantshafsbandalagið. Markmiðið um öfluga samkeppni á efnislegum forsendum og jafnræði fyrirtækja hefur því náðst. Nú hefur einnig verið ákveðið að þetta fyrirkomulag viðskiptafrelsis muni ná til verkframkvæmda fyrir varnarliðið í auknum mæli á næstu árum.

Þetta nýja kerfi frjálsrar samkeppni leiðir hins vegar til þess að þörf er á að setja almennan lagaramma um þessa þætti og um hlutverk ríkisvaldsins við val fyrirtækja og tilnefningu þeirra til varnarliðsins. Hingað til hefur verið byggt á ákvæðum varnarsamningsins einum saman, auk fyrrnefnds dóms Hæstaréttar frá árinu 1961 sem skýrði viðauka við varnarsamn-

inginn. Telja verður mikilvægt að lagaheimildir verði treystar og færðar í heildstæðan búning til að auka réttaröryggi einstaklinga og lögaðila. Því er hér lagt til að grundvallarákvæði um starfsemi forvalsnefndar og málsmeðferðarreglur hennar verði sett í lög auk þess sem kveðið verði skýrt á um þær undanþágur sem áfram munu gilda frá meginreglunni um opið forval. Þá er gert ráð fyrir að kæruleiðir verði skýrðar og kveðið skýrar á um reglugerðarheimildir utanríkisráðherra á þessu sviði. Allt á þetta að stuðla að faglegri málsmeðferð í forvalsferlinu.

Aukið frjálsræði við stofnsetningu fyrirtækja hér á landi í kjölfar aðildar Íslands að EES-samningnum og bann þess samnings við mismunun á grundvelli þjóðernis kallar einnig á að lagaramminn verði skýrður. Þess hefur þegar orðið vart að evrópsk fyrirtæki nýti sér frjálsan staðfesturétt til að sækjast eftir samningum við varnarliðið. Þá má minna á að í tengslum við almenna frjálsræðisþróun í atvinnulífinu voru ákvæði hlutafélagalaga endurskoðuð og rýmkaðar mjög heimildir erlendra ríkisborgara til eignarhalds á fyrirtækjum skráðum í íslenska hlutafélagaskrá.

Viðskiptasamningar á sviði öryggis- og varnarmála eru hins vegar um margt sérstaks eðlis, enda liggja tiltekin öryggissjónarmið að baki gerð þeirra. Því er ekki einhlítt að sömu sjónarmið viðskiptafrelsis í milliríkjaviðskiptum eigi við þegar slíkir samningar eru annars vegar. Eins og kunnugt er hafa íslensk stjórnvöld átt í ágreiningi við bandarísk stjórnvöld um túlkun og framkvæmd á samningum til að auðvelda framkvæmd varnarsamstarfs ríkjanna frá 24. september 1986 (svonefndum sjóflutningasamningum) í kjölfar þess að bandarísk stjórnvöld úthlutuðu við síðasta útboð öllum flutningum fyrir varnarliðið til tveggja nátengdra fyrirtækja, annars bandarísks og hins skráðs á Íslandi, sem voru að stærstum hluta í eigu og undir stjórn sömu erlendu aðilanna. Úthlutun af þessum toga er til þess fallin að gera að engu þá öryggispólitísku þýðingu samninganna sem felst í að stuðla að öflugu framlagi íslenskra skipafélaga til flutninga yfir Atlantshafið. Ef ekki verður spornað við fæti má gera því skóna að síaukinn hluti viðskipta við varnarliðið, sem af öryggisástæðum er mikilvægt að sé í íslenskum höndum, falli pappírsfyrirtækjum erlendra aðila í skaut. Því er í frumvarpinu leitast við að tryggja að íslensk fyrirtæki í skilningi laganna hafi raunveruleg tengsl við landið, séu virkir þátttakendur í íslensku efnahagslífi og lúti íslenskri lögsögu.

Í frumvarpinu er einnig að finna skýr og ótvíræð ákvæði um starfsemi kaupskrárnefndar varnarsvæða. Þá er að finna í frumvarpinu ákvæði um heimildir utanríkisráðherra til að takmarka aðgang að varnarsvæðunum sem hingað til hafa einungis verið byggðar á ákvæðum loftferðalaga. Rétt þykir að skýrt verði kveðið á um þær í þessum almennu lögum um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfinu, jafnframt því að úrelt lög um sama efni frá árum seinni heimsstyrjaldar eru felld úr gildi. Þá er að finna ákvæði um undanþágu varnarliðsins frá skattskyldu sem ætlað er að skýra nokkuð óvissu sem verið hefur í framkvæmd. Varnarliðið nýtur skattfrelsis samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins, en mismunandi túlkanir hafa verið uppi um hverjir teljist til varnarliðsins í þeim skilningi. Horfa þessar breytingar sem aðrar fyrst og fremst til þess að einfalda lagarammann um starfsemi varnarliðsins og hlutverk utanríkisráðuneytisins í því sambandi, ásamt því að skýra réttarstöðu einstaklinga og lögaðila.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru skýrð helstu hugtök sem notast er við í lögunum. Nokkur blæbrigðamunur er á því í löggjöf og milliríkjasamningum Íslands og Bandaríkjanna hvernig einstök hugtök eru notuð og því mikilvægt að skýra merkingu þeirra í lögum þessum.

Hugtakið varnarlið er skilgreint í c-lið. Er þar byggt á hefðbundinni skilgreiningu varnarsamningsins en með þeirri viðbót að til varnarliðsins í skilningi laganna teljast einnig einstakar samningsstofnanir Bandaríkjahers og aðrir aðilar, óháð staðsetningu, sem fara með gerð samninga fyrir varnarliðið. Þannig falla undir ákvæði laganna samningar íslenskra aðila við aðila í öðrum ríkjum um verkframkvæmd eða sölu vöru, þjónustu eða vinnu á grundvelli varnarsamningsins eða afleiddra samninga.

Í k-lið er að finna skilgreiningu á því hvaða skilyrði fyrirtæki þarf að uppfylla til að geta talist íslenskt fyrirtæki í skilningi laganna. Af þeim ástæðum sem fyrr voru raktar hafa ávallt verið settar skorður við aðgangi erlendra fyrirtækja að samningum við varnarliðið. Standa til þess jafnt öryggissjónarmið, efnahagslegar ástæður og tillit til atvinnumarkaðarins á Suðurnesjum. Er því byggt á að fyrirtæki þurfi að uppfylla tiltekin efnisleg skilyrði sem tryggja eiga að það sé tengt Íslandi með þeim hætti að eðlilegt sé að álykta sem svo að það eigi rétt á þátttöku í samkeppni um þau viðskipti sem hér um ræðir. Sérstaklega er mikilvægt út frá öryggishagsmunum að fyrirtækið lúti íslenskri lögsögu og íslenskum yfirráðum, enda felur samningsframkvæmd oft í sér meðferð trúnaðarupplýsinga. Skilyrði þessi eru í samræmi við þá skilgreiningu sem byggt er á í reglum Atlantshafsbandalagsins um alþjóðleg útboð til að ákvarða ríkisfang fyrirtækja.

Einnig er gert ráð fyrir að heimilt verði, eftir eðli máls og í ljósi þeirra verkefna sem um ræðir í hverju tilviki, að gera kröfur um að meiri hluti stjórnarmanna sé búsettur á Íslandi, tiltekið hlutfall starfsliðs sé búsett á Íslandi og að tiltekið hlutfall veltu sé af starfsemi fyrirtækisins á Íslandi. Skilyrði þessi eiga það sammerkt að stuðla að því að þau fyrirtæki sem uppfylli þau hafi raunveruleg efnahagsleg tengsl við Ísland og geti því með réttu talist íslensk fyrirtæki.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna grundvallarákvæði um skilning á ákvæðum laganna. Áréttað er að ekkert ákvæði laganna skuli skýrt á þann veg að raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenskum málefnum. Samsvarandi ákvæði er að finna í 2. málsl. 5. gr. varnarsamningsins. Ákvæði þetta er mikilvægt þar sem í frumvarpinu eru tíðar vísanir til ákvæða milliríkjasamninga og hugtaka þeim tengdum.

Þá er tekið fram í greininni að utanríkisráðherra hafi heimild til að víkja frá málsmeðferðarreglum laganna ef brýnir öryggishagsmunir krefjast. Eðli máls samkvæmt er mikilvægt að stjórnvöld séu ekki fortakslaust bundin af ófrávíkjanlegum formreglum þegar svo stendur á.

Um 3. gr.

Í greininni er gildissvið laganna afmarkað, í samræmi við skilgreiningar d–h-liða 1. gr. Af afmörkun greinarinnar má gagnálykta að lögin taka ekki til samninga sem íslenskir aðilar gera við bandarísk stjórnvöld, Bandaríkjaher eða Atlantshafsbandalagið og lúta að verkframkvæmd, sölu vöru, þjónustu eða vinnu í öðrum löndum sem snerta ekki sérstaklega framkvæmd varnarskuldbindinga Íslands og byggjast ekki á varnarsamningnum, afleiddum samningum eða öðrum samningum Íslands við erlend ríki. Þannig er ljóst að samningur íslensks framleiðanda við Bandaríkjaher um kaup þess síðarnefnda á tiltekinni framleiðsluvöru til almennra nota fyrir Bandaríkjaher félli utan gildissviðs laganna. Öðru máli gegndi ef samningurinn snerti einvörðungu sölu vöru til nota í varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Um 4. gr.

Í greininni er staðfest sú meginregla varnarsamningsins að þeir einir íslenskir aðilar geti samið við varnarliðið sem hljóta tilnefningu utanríkisráðuneytisins. Hér er um að ræða staðfestingu á áratugalangri framkvæmd ákvæðis 4. tölul. 6. gr. viðbætis við varnarsamninginn, sbr. lög 110/1951, sbr. og dóm Hæstaréttar 1961/359. Þessi framkvæmd á enn fremur stoð í þeim samningum sem síðar hafa verið gerðir á grundvelli varnarsamningsins.

Nú háttar svo til að varnarliðinu hefur verið heimilað að semja beint við íslenska viðsemjendur ef samningsupphæð er undir 25.000 Bandaríkjadölum eða rétt rúmlega 1,8 milljónum króna. Talið hefur verið hæpið að forval vegna svo lágrar samningsupphæðar svaraði kostnaði. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þessu fyrirkomulagi með lögunum, en óráðlegt þótti að binda lágmarksupphæð í lög. Þá er ljóst að forræði á þessu sviði er eftir sem áður í höndum íslenskra stjórnvalda og á valdi þeirra hvort undanþága þessi sé veitt. Því þykir rétt að ráðherra sé veitt heimild til að gefa almenna undanþágu af þessum toga í reglugerð, en ekki kveðið afdráttarlaust á um beinan rétt varnarliðsins til samninga án íhlutunar íslenskra stjórnvalda í þessum tilvikum.

Ef samið hefur verið án undanfarandi tilnefningar leiðir af framansögðu að slíkir samningar eru ógildir. Sama á við ef forsendur tilnefningar bresta á samningstíma, svo sem ef félag flytur starfsemi og höfuðstöðvar sínar úr landi eða uppfyllir ekki lengur fjárhagsleg skilyrði forvals. Með samningstíma er átt við upphaflegan samningstíma sem og framlengingartíma samnings. Þá eru samningar íslenskra sem erlendra aðila við varnarliðið sem gerðir kunna að vera í blóra við ákvæði varnarsamningsins eða afleiddra samninga ógildir. Nefna má sem dæmi um slíka samninga ef upp kæmu tilvik þar sem varnarliðið viki einhliða til hliðar samningsákvæðum um kaup á vörum eða þjónustu af hendi íslenskra fyrirtækja og semdi þess í stað við erlend fyrirtæki.

Utanríkisráðherra fer með túlkun milliríkjasamninga að landslögum og á hann því mat á gildi samninga samkvæmt lögum þessum þar sem slíkir samningar byggjast á varnarsamningnum eða afleiddum samningum. Úrskurður ráðherra skv. 3. mgr. er stjórnvaldsákvörðun sem eðli máls samkvæmt sætir endurskoðun dómstóla.

Eins og fyrr var rakið lúta viðskipti við varnarliðið eðli málsins samkvæmt sérstökum reglum sem leiðir af séreðli varnarsamningsins og annarra samninga sem liggja þeim til grundvallar. Það leiðir af séreðli þessara samninga að nauðsynlegt er að utanríkisráðherra sé tækt að grípa til úrræða til að koma í veg fyrir að samningar, sem lýstir hafa verið ógildir þar sem þeir stríði gegn ákvæðum milliríkjasamninga og laga þessara, komi til framkvæmda. Því er í 4. mgr. lagt bann við framkvæmd slíkra samninga og er meðal annars mælt fyrir um að í þessu skyni verði tollstjóra óheimilt að afgreiða vörur samkvæmt samningum sem lýstir hafa verið ógildir. Rétt er í þessu sambandi að benda á ákvæði 1. gr. laga um innflutning, nr. 88/1992, þar sem kveðið er á um að innflutningur til landsins sé óheftur, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Þá er bann við tollafgreiðslu vöru eða milligöngu um greiðslur milli landa sem fara eiga fram á grunni samnings sem lýstur hefur verið ógildur hliðstætt ákvæði 3. gr. innflutningslaga.

Um 5. gr.

Lögfest er sú framkvæmd sem verið hefur um áratugaskeið. Í reynd hefur varnarliðinu verið heimilað að auglýsa í umboði utanríkisráðuneytisins, en varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur haft milligöngu um boðun umsækjenda í viðtöl og starfssamningur varnarliðsins við umsækjanda er háður tilnefningu utanríkisráðuneytisins samkvæmt viðbæti

við varnarsamninginn. Rétt þykir enn fremur að setja í greinina skýra tilvísun til þess að ráðuneytið tilnefni hæfa umsækjendur að teknu tilliti til öryggishagsmuna.

Um 6. gr.

Hér er leitast við að setja í lög skýrt ákvæði um rétt íslenskra starfsmanna varnarliðsins til sambærilegra kjara og aðrir íslenskir launamenn njóta. Ákvæði þessa efnis er að finna í viðbæti við varnarsamninginn. Þá er kveðið á um skyldu utanríkisráðherra til að skipa kaupskrárnefnd sem úrskurðar um starfskjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins, enda er varnarliðið ekki samningsaðili á íslenskum vinnumarkaði. Kaupskrárnefnd mun hér eftir sem hingað til leitast við í úrskurðum sínum að tryggja jafnræði í kjörum starfsmanna varnarliðsins og sambærilegra hópa á íslenskum vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir því að úrskurðir kaupskrárnefndar séu að jafnaði fullnaðarúrskurðir, en ef sérstaklega standi á verði unnt að kæra þá til kærunefndar kaupskrárnefndar. Utanríkisráðherra setur ákvæði um kæruheimildir í reglugerð, sem og ákvæði um skipan, starfshætti og viðmiðunarreglur kaupskrárnefndar og kærunefndar.

Um 7. gr.

Greinin kveður á um að sérstök forvalsnefnd verði utanríkisráðuneytinu til ráðuneytis við meðferð annarra samninga en starfssamninga. Með því móti er leitast við að tryggja að óháð úrskurðarnefnd fari með tilnefningarnar á faglegum forsendum. Gert er ráð fyrir að formaður nefndarinnar sé fulltrúi utanríkisráðuneytisins. Almennt yrði hann starfsmaður í utanríkisráðuneytinu, enda er þörf á að nefndarstarfið verði leitt af manni sem hafi sérþekkingu á öryggismálum, meðferð trúnaðarupplýsinga og samskiptum við varnarliðið. Aðrir nefndarmenn þurfa fyrst og fremst að hafa sérþekkingu á útboðum og samningagerð, en þekking á fyrrnefndum þáttum öryggismála og samskipta við varnarliðið er að sjálfsögðu æskileg.

Gert er ráð fyrir að úrskurðir nefndarinnar verði fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi og verði ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Um 8. gr.

Í upphafi greinarinnar er kveðið á um ferli samningstilkynninganna áður en þeim er vísað til forvalsnefndar. Gert er ráð fyrir að utanríkisráðuneytið meti tilkynningarnar í samráði við forvalsnefnd og tilgreini þau skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til að teljast íslensk fyrirtæki í skilningi laganna, þar með talin sértæk skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla ef einhver eru. Meginreglan er sú að ráðuneytið auglýsir opið forval þar sem fram koma almenn og sértæk skilyrði, nema sérstakar ástæður mæli þar í mót, sbr. frekar ákvæði 9. gr. Að loknum forvalsfresti felur utanríkisráðuneytið forvalsnefnd úrvinnslu innsendra gagna og tilnefnir að lokum hæfa aðila samkvæmt mati forvalsnefndar til varnarliðsins.

Þá er gerð grein fyrir því hvernig forvalsnefnd skal bera sig að við mat aðila eftir að forvalsfresturinn er úti. Lögfest eru þau almennu skilyrði sem hæfir bjóðendur þurfa að uppfylla. Skilyrði þessi eru að stofni til þau lykilskilyrði sem íslensk stjórnvöld lögðu áherslu á í samningum við Bandaríkin um framkvæmd innanlandsútboða á vegum Atlantshafsbandalagsins árið 1994 og byggt var á í ákvörðun um opið forval vegna kaupa varnarliðsins á vörum og þjónustu árið 1995. Meðal þessara skilyrða er að um íslenskt fyrirtæki sé að ræða og er það hugtak skilgreint í k-lið 1. gr. Þá er sérstaklega gert ráð fyrir að tekið sé tillit til öryggissjónarmiða, þar með talið til þess hvort og hvernig unnt sé að tryggja meðferð trúnaðarupplýsinga.

Einnig er í greininni gert ráð fyrir að nefndin meti hvort fyrirtæki uppfylli sértæk skilyrði sem sett kunna að vera við forval vegna einstakra sérsamninga eða kröfur sem leiða má af efni þeirra. Sem dæmi um sérstök sjónarmið, sem leitt geta til að sértæk skilyrði séu sett, má nefna að í sjóflutningasamningunum er lögð áhersla á sögulega þátttöku skipa sem starfa á vegum íslenskra skipafélaga í flutningi hervarnings milli Íslands og Bandaríkjanna í gegnum tíðina, áréttað framlag Íslands til lífsnauðsynlegra samgangna á sjó sem tengja aðildarríki Atlantshafsbandalagsins og í ljósi þess viðurkennt mikilvægi sanngjarnrar þátttöku skipa beggja landanna í vöruflutningum vegna varnarsamningsins sem muni bæta samvinnu landanna á sviði varnarmála. Einnig er í samningunum fallist á að það sé lífsnauðsynlegt að tryggja fullnægjandi þjónustu í vöruflutningum yfir hafið milli Íslands og Bandaríkjanna með skipum sem gerð eru út af íslenskum skipafélögum og skipum sem sigla undir bandarískum fána, svo lengi sem varnarsamningurinn sé í gildi. Þá má nefna í dæmaskyni að í samningi um kaup varnarliðsins á íslensku kjöti og eggjum er gerð krafa um sérstaka vottun framleiðanda eftir bandarískum heilbrigðisreglum.

Ítrekað er að tilnefndum fyrirtækjum er óheimilt að hafa samráð um tilboð við önnur fyrirtæki, sbr. bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Þá er lagt bann við að tengdir aðilar taki þátt í sama útboði vegna samninga við varnarliðið, enda væri slíkt til þess fallið að hindra virka samkeppni um viðkomandi verkefni.

Tilvísun 4. mgr. til þess að byggt skuli á verklagsreglum laga og reglugerða um opinber innkaup, eftir því sem við getur átt, stafar af því að samkvæmt þeim lögum og reglugerðum eru innkaup og framkvæmdir á grundvelli varnarsamningsins skýrt undanþegin ákvæðum þeirra. Forval samkvæmt lögum þessum lýtur því ekki sjálfkrafa verklagsreglum laga og reglugerða um forval við opinber innkaup. Engu síður sýnist eiga betur við að farið verði að þeim verklagsreglum við framkvæmd forvalsins, eftir því sem við getur átt, fremur en eftir verklagsreglum stjórnsýslulaga, enda á málsmeðferðin hér meira skylt við hina almennu málsmeðferð við opinber innkaup.

Um 9. gr.

Í greininni er að finna lögbundnar undanþágur frá meginreglunni um opið forval. Ekki er gert ráð fyrir að utanríkisráðuneytið hafi frjálsar hendur um að heimila frávik frá meginreglunni um forval og því bundið í frumvarpinu að einungis tilteknar gerðir samninga komi þar til álita. Ekki er í greininni fjallað um minni háttar samninga, en í 4. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð heimilað varnarliðinu að semja beint við íslensk fyrirtæki án undanfarandi tilnefningar þegar svo háttar, sbr. nánar athugasemdir við þá grein. Ef þörf er á að undanskilja fleiri gerðir samninga er slíkt kleift með stoð í reglugerðarheimild 3. mgr., en slík ákvörðun er einungis á valdi ráðherra.

Heimiluð er undanþága frá forvalsskyldu ef fyrir liggur að einungis einn aðili uppfyllir nauðsynleg skilyrði. Undanþága af þessum toga er alþekkt í verktakarétti, enda oft þörf sérhæfðs búnaðar, þekkingar eða reynslu við verkframkvæmd. Þegar svo háttar til er forval óþarft, kostnaðarsamt og tímafrekt.

Samningar sveitarfélaga við varnarliðið um skyldur sem á sveitarfélög eru lagðar að íslenskum rétti eru hér undanþegnir. Undanþágan tryggir að áfram er unnt að semja um framlög varnarliðsins til samfélagslegrar þjónustu án forvals og útboðs. Slíkir samningar fela oft í sér að varnarliðið kaupir tiltekna þjónustu auk þess að greiða hlutfall stofnkostnaðar. Sem dæmi má nefna samninga um fyrirkomulag vatnsveitu, fráveitu og sorpförgun.

Ákveðnir samningar, einkanlega á þjónustusviðinu, geta verið þess eðlis að öryggissjónarmið mæli gegn því að forval fari fram. Sem dæmi má nefna samninga sem lúta að mjög sér-

hæfðri verkframkvæmd sem krefst þess að viðsemjandinn vinni með mikilvægar trúnaðarupplýsingar. Ljóst er að í sumum tilvikum kann að vera um svo sérhæfða þekkingu að ræða að einungis eitt íslenskt fyrirtæki geti uppfyllt nauðsynlegar kröfur. Forval kynni í þeim tilvikum að hafa þau áhrif ein að koma slíkri þekkingu úr íslenskum höndum þrátt fyrir að sérstök öryggissjónarmið kynnu að mæla með því að íslenskir aðilar sinntu því verki sem um ræðir.

Um 10. gr.

Með greininni er leitast við að skýra réttarstöðu varnarsvæðanna og veita skýrari heimild en verið hefur til að takmarka för manna inn á og út af varnarsvæðunum, sem og um dvöl þeirra þar. Í gildi eru lög frá 1943 um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar sem leggja sektarrefsingu og fangelsi allt að tveimur árum við slíku athæfi. Gert er ráð fyrir afnámi laganna, enda hefur þeim ekki verið beitt, en aðgangur að varnarsvæðunum er takmarkaður í reglugerð settri með stoð í loftferðalögum.

Með greininni er sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli veitt heimild til útgáfu aðgangsheimilda að varnarsvæðunum, svo fremi að viðkomandi eigi þangað lögmæt erindi. Útgáfa aðgangsheimildar er því t.d. ekki kræf ef um er að ræða framkvæmd samnings sem utanríkisráðuneytið hefur lýst ógildan samkvæmt ákvæði 4. gr. Þá er kveðið á um almenna heimild til að takmarka aðgangsheimildir af öryggisástæðum eða ef almannaregla krefst. Utanríkisráðherra er jafnframt veitt heimild til setningar nánari ákvæða í reglugerð. Ákvæði fyrrgreindra laga frá 1943 gerðu sem fyrr segir einungis ráð fyrir sektar- eða fangelsisrefsingu (áður varðhaldi), en hér er gert ráð fyrir að hin almennu viðurlög felist í tímabundinni sviptingu aðgangsheimildar, eða varanlegri við ítrekuð brot. Rétt þykir þó að hafa í lögum ákvæði um sektir og fangelsisviðurlög ef brot er sérlega alvarlegt.

Um 11. gr.

Með greininni er ætlunin að skýra undanþágu varnarliðsins frá greiðslu skatta og gjalda sem það nýtur samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins. Hin almenna skattundanþága nær einvörðungu til varnarliðsins sjálfs, en gert er ráð fyrir að taka af tvímæli um að erlend fyrirtæki, sem starfa einvörðungu innan varnarsvæðanna og reka starfsemi í þágu varnarliðsins, njóti hennar einnig. Þá er ætlunin að setja með ákvæðinu traustari lagastoð fyrir skattfrelsi Ratsjárstofnunar. Skattfrelsi þessara aðila byggist á þeirri meginröksemd að starfsemi þeirra sé einungis í þágu varnarliðsins og skattálögur á þá hefðu því þau ein áhrif að auka kostnað varnarliðsins af öflun þeirrar vöru eða þjónustu sem þessir aðilar inna af hendi, þvert á ákvæði viðbætisins við varnarsamninginn um skattundanþágu varnarliðsins. Gert er ráð fyrir að söluaðilar vöru sem undanþegin er virðisaukaskatti samkvæmt þessari grein fái staðfestingu tollyfirvalda á varnarsvæðunum á flutningi vörunnar inn á varnarsvæðin.

Eftir sem áður njóta einstakir liðsmenn varnarliðsins undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatts, en ekki almennrar undanþágu frá greiðslu óbeinna skatta. Þeir njóta þó áfram undanþágu skv. 8. gr. viðbætisins við varnarsamninginn um tollfrjáls innkaup auk þess sem liðsmenn varnarliðsins og fjölskyldur þeirra teljast búsett erlendis í skilningi 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og njóta því heimildar til endurgreiðslu samkvæmt því ákvæði er þau fara úr landi.

Erlend fyrirtæki, sem starfa bæði fyrir varnarliðið og á almennum markaði á Íslandi, geta ekki notið skattundanþágu samkvæmt varnarsamningnum. Með því móti væri opnuð leið til undanskota sem engar efnislegar ástæður mæla með auk þess sem fyrirtækjum á almennum markaði væri þá mismunað eftir því hvort þau ættu viðskipti við varnarliðið eða ekki.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæði laga þessara taki þegar gildi. Samhliða gildistöku þeirra er gert ráð fyrir brottfalli tvennra laga sem sett voru á tímum síðari heimsstyrjaldar. Annars vegar er um að ræða lög nr. 60/1943, um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, enda kveður 10. gr. frumvarpsins á um slíkar hindranir með fullnægjandi hætti. Hins vegar er um að ræða lög nr. 99/1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýst af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Þessi lög eru án raunhæfrar þýðingar í ljósi 12. gr. viðbætisins við varnarsamninginn sem hefur lagagildi og hefur verið beitt frá 1951 um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni sem liðsmenn varnarliðsins valda hér á landi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með fyrra bráðabirgðaákvæðinu er utanríkisráðuneytinu heimilað að tilnefna áfram verktaka án forvals og með óbreyttum kjörum vegna verkframkvæmda sem greiddar eru af bandarískum stjórnvöldum, í samræmi við samninga milli Íslands og Bandaríkjanna þar um. Með samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna í formi orðsendingaskipta um skilning einstakra greina í bókun um framkvæmd varnarsamningsins frá 1996 er gert ráð fyrir tilteknu aðlögunarferli við innleiðingu samkeppni í almennum verkframkvæmdum fram til ársins 2004.

Síðara bráðabirgðaákvæðinu er ætlað að veita heimild til að láta fara fram forval áður en kemur til framlengingar samninga sem gerðir voru fyrir gildistöku laganna og sættu ekki forvalsmeðferð. Ákvæði 4. gr. frumvarpsins felur í sér þá meginreglu að forval þurfi ekki að fara fram áður en til framlengingar samninga kemur. Rétt þykir hins vegar að kveða á um þessa heimild í bráðabirgðaákvæði þar sem nokkrir þjónustusamningar eru í gildi án þess að forval hafi farið fram fyrir samningsgerðina og því ekki tryggt að þjónustuaðilar uppfylli nauðsynleg skilyrði tilnefningar samkvæmt varnarsamningnum og afleiddum samningum. Heimild þessi verður einungis nýtt að tillögu forvalsnefndar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að taka á heildstæðan hátt á ýmsum þáttum í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, einkum viðskiptum íslenskra aðila við varnarliðið. Markmiðið með frumvarpinu er að festa í sessi þróun sem hefur orðið á síðustu árum í verktöku fyrir varnarliðið og tryggja fullnægjandi lagaramma fyrir það. Í frumvarpinu eru einnig ákvæði um hlutverk forvalsnefndar og kaupskrárnefndar sem hingað til hafa ekki verið bundið í lög. Í frumvarpinu er kveðið á um að lög nr. 60 29. apríl 1943, um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, og lög nr. 99 16. desember 1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýst af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, falli úr gildi enda hafi þessi lög ekki raunhæfa þýðingu lengur. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

664. Frumvarp til laga [406. mál]

um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að synja útgáfu leyfis þegar umsækjandi skuldar skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð og samanlögð fjárhæð þessara skulda nemur hærri fjárhæð en 500.000 kr. eða ef umsækjandi hefur á undanförnum fimm árum verið dæmdur til refsivistar fyrir brot á almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni, lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda eða um tryggingagjald eða þessum lögum og ástæðurnar eiga við:

a. umsækjanda sem er lögaðili með takmarkaðri ábyrgð eða einhvern eigenda hans,
b. umsækjanda sem er lögaðili með takmarkaðri ábyrgð, meiri hluta eigenda hans, stjórnarmann eða framkvæmdastjóra,
c. umsækjanda sem er einstaklingur.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætast þrír nýir liðir, svohljóðandi:

f. Kaffihús.
Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar.
g. Krá.
Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og með takmarkaða þjónustu.
h. Næturklúbbur.
Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi fyrir gesti en sem getur ekki skilgreint sig sem kaffihús eða krá né heldur stað með fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í samgönguráðuneytinu í kjölfar starfs viðræðunefndar sem sett var á fót vorið 1999 sem hafði það hlutverk að sporna gegn starfsemi svonefndra „erótískra“ veitingastaða. Nefnd þessi var skipuð fulltrúa Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis. Niðurstaða nefndarinnar var meðal annars sú að nauðsynlegt væri að breyta lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, á þann veg að flokkum veitingastaða yrði fjölgað. Telur nefndin að með því móti væri sveitarstjórnum veitt úrræði til að geta haft áhrif á hvar slík starfsemi færi fram. Nefndin telur að í núgildandi lagaumhverfi skorti slík úrræði en með flokkun veitingastaða gætu sveitarfélög á grundvelli b-liðar 3. gr. laga nr. 36/1988, um lögreglusamþykktir, kveðið á um opnunar- og lokunartíma

nektardansstaða. Jafnframt telur nefndin að sveitarfélög gætu kveðið á um það í skilmálum aðal- eða deiliskipulags hvar heimilt sé að reka slíka staði og á grundvelli sömu heimildar sett einhver nánari skilyrði um það skemmtanahald sem fram fer á nektardansstöðum, umfram þau skilyrði sem gilda um skemmtanahald á öðrum veitingastöðum.

Frá því að lög um veitinga- og gististaði voru sett árið 1985 hefur orðið gjörbreyting á skemmtanavenjum landsmanna. Flokkun veitingastaða í löggjöfinni tekur mið af fyrri aðstæðum og er t.d. hvorki gert ráð fyrir krám né kaffihúsum í lögunum en ljóst er að slíkum stöðum hefur stórfjölgað hér. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir flokki næturklúbba eða staða sem nú kallaðir eru nektardansstaðir en slíkir staðir eru nú allnokkrir hér.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimilt verði að synja útgáfu leyfis þegar hlutaðeigandi skuldar skatta, opinber gjöld og fleira og upphæðin nemur hærri fjárhæð en 500 þús. kr. Þá er og gert ráð fyrir að synja megi um leyfisútgáfu ef viðkomandi hefur verið dæmdur til refsivistar vegna brota á lögum er varða atvinnustarfsemi þessa. Hér er um að ræða mjög svipað ákvæði og er að finna í áfengislögum. Atvinnustarfsemi þessi getur verið mjög umfangsmikil og mjög algengt er að sömu aðilarnir setji hvern veitingastaðinn á fætur öðrum á fót án þess að hafa burði til að standa undir rekstrinum. Rétt þykir að strax í upphafi séu úrræði til að reyna að koma í veg fyrir starfsemi þeirra aðila sem greinilega eru varla til þess hæfir að standa í rekstri af þessu tagi.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að flokkum veitingastaða verði fjölgað um þrjá, þ.e. að bætt verði við krám, kaffihúsum og næturklúbbum. Með næturklúbbi er átt við stað þar sem skemmtun hefst seint að kvöldi. Undir þennan flokk falla t.d. svokallaðir nektardansstaðir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er tvíþættur, annars vegar er ætlunin að fjölga flokkum veitinga- og gististaða um þrjá, þ.e. að bæta við flokkum fyrir krár, kaffihús og næturklúbba. Undir síðasttalda flokkinn falla t.d. svokallaðir nektardansstaðir. Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild til að synja útgáfu leyfis þegar hlutaðeigandi skuldar skatta, opinber gjöld og fleira og upphæðin nemur hærri fjárhæð en 500 þús. kr. Þá er og gert ráð fyrir að synja megi um leyfisútgáfu ef viðkomandi hefur verið dæmdur til refsivistar fyrir brot á lögum er varða atvinnustarfsemi þessa. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

665. Frumvarp til laga [407. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

C-liður 2. gr. laganna orðast svo: Aðeins er heimilt að færa milli skipa aflahámark sem úthlutað er samkvæmt reglum fyrri málsliðar b-liðar. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning aflahámarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, gilda um nýtingu síldarstofnsins árin 1998, 1999 og 2000. Í c-lið 2. gr. er sú takmörkun sett á flutning aflahámarks milli skipa að aldrei megi flytja meira af skipi en sem nemur 50% af sama hlutfalli skips úr árlegum heildarafla og sem nam hlutfalli þess af heildarveiði þriggja síðustu vertíða. Samkvæmt þessu ákvæði er mjög mismunandi hversu stóran hluta aflahámarks unnt er að flytja af einstökum skipum og jafnframt breytist heimild einstakra skipa til flutnings milli ára í hlutfalli við breytt hlutfall þess af heildarveiðinni. Í frumvarpi þessu er lagt til að takmörkun á heimild til flutnings aflahámarks verði aflétt gagnvart þeim skipum sem stunduðu síldveiðar á viðmiðunarárunum 1995, 1996 og 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað. Hins vegar verði óheimilt að flytja aflahámark af þeim skipum sem ekki hafa stundað síldveiðar á viðmiðunarárunum eða komið í stað slíkra skipa. Ástæða þess að hér eru dregin skil á milli áðurgreindra skipaflokka er sú að samkvæmt lögunum eiga öll skip kost á veiðileyfi og aflahámarki og verði heimilt að framselja aflahámark af þeim skipum sem nú fyrst sækja um leyfi til síldveiða má búast við að sótt verði um leyfi fyrir mörg skip í þeim tilgangi einum að flytja af þeim aflahámark.

Rökin fyrir því að þessi breyting á framsali er lögð til er sú að í lok tveggja síðustu vertíða hefur skapast mjög erfið staða. Gildandi lög kveða á um að til endurúthlutunar aflahámarks komi sé slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja nýtingu heildarveiðiheimildanna. Síldveiðar einstakra skipa hefjast ekki á sama tíma auk þess sem veiðarnar ganga misvel. Því kemur upp sú staða að þegar eitt skip hefur nýtt aflaheimildir sínar að fullu á annað skip hluta þeirra óveiddan eða hefur jafnvel ekki hafið veiðar. Þar sem aðilar búast við því að til endurúthlutunar komi, sem leiði til aukningar í veiðiheimildum þeirra sem lokið hafa veiðum og skerðingar hjá þeim sem minna eða ekkert hafa fiskað, liggur það skip sem veitt hefur aflaheimildir sínar aðgerðarlaust meðan beðið er eftir endurúthlutun, en mikill þrýstingur verður á aðra að veiða sem mest á sem stystum tíma. Hefur þetta leitt til mikillar keppni í upphafi síldarvertíðar og að dómi margra m.a. valdið því að afli úr norsk-íslenska síldarstofninum hefur ekki nýst til manneldisvinnslu. Með því að auka heimild til flutnings aflahámarks eins og hér er lagt til verður að telja að skynsamleg nýting síldarkvótans verði betur tryggð en með þeirri skipan sem verið hefur tvær síðustu vertíðir. Ef til endurúthlutunar kæmi mundi hún líklega aðeins taka til ónýttra aflaheimilda skipa sem leyfi fengju á grundvelli síðari málsliðar b-liðar, en á síðustu vertíð námu þær 2–3 þúsundum lesta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að aflétta takmörkun á heimild til flutnings aflahámarks milli skipa sem stunduðu síldveiðar á viðmiðunarárunum 1995, 1996 og 1997 og skipa sem komið hafa í þeirra stað. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

666. Frumvarp til laga [408. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

1. gr.

Á eftir g-lið 1. mgr. 36. gr. laganna kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Sérfræðiþjónustu við börn og unglinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar skv. 37. gr. a.

2. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir sérfræðiþjónustu við börn og unglinga, 18 ára og yngri, á sviði sálfræði og félagsráðgjafar sem veitt er utan sjúkrastofnana og skólakerfis greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Gjaldskráin gildir bæði um sérfræðiþjónustu sem veitt er af hinu opinbera og öðrum. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um þjónustuna.

Sérfræðiþjónusta barna og unglinga utan sjúkrastofnana og skólakerfis á sviði sálfræði og félagsráðgjafar er því aðeins greidd að fyrir liggi sérstök umsókn frá heilsugæslulækni eða sérfræðingi á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar sem starfar innan skólakerfisins.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd sérfræðiþjónustunnar, meðal annars mæla fyrir um hverjir eigi rétt á henni og hverjir veiti hana.

Reikningi fyrir sérfræðiþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreitt frá heilbrigðis- og tryggingaefnd. Nefndinni barst fjöldi umsagna og var frumvarpið lagt fram á

122. löggjafarþingi með nokkrum breytingum sem gerðar voru með hliðsjón af ábendingum sem þar komu fram. Það er nú lagt fram á ný, nær óbreytt.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á löggjöf um almannatryggingar að sérfræðiþjónusta fyrir börn og ungmenni utan sjúkrastofnana og skólakerfisins á sviði sálfræði og félagsráðgjafar verði að hluta greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Gert skal ráð fyrir því að þiggjendur þjónustunnar greiði fyrir ákveðinn hluta hennar, t.d. fasta upphæð fyrir hvert viðtal. Hér er einungis átt við viðurkennda sérfræðiþjónustu. Gert er ráð fyrir að einungis verði greitt fyrir þjónustu réttindafólks á sviði félagsráðgjafar og sálfræði, sbr. lög nr. 40/1976 og lög nr. 95/1990. Einnig verður að gera þá kröfu að einungis verði greitt fyrir þjónustu þeirra sem hafa ákveðna lágmarksreynslu á þessu sviði og má þá m.a. horfa til reglna um veitingu sérfræðileyfa í sálfræði og setja skilyrði um framhaldsmenntun.

Vaxandi þörf er fyrir slíka sérfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni. Hún er og á að vera fastur liður í starfsemi skólanna. Börn og ungmenni, sem dvelja á sjúkrastofnunum, geta átt kost á sérfræðiþjónustu án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Hins vegar skortir mikið á að nægjanlegur fjöldi sérfræðinga á sviði sálfræði- og félagsráðgjafar starfi á heilbrigðisstofnunum svo hægt sé að sinna þessari þjónustu eins og þyrfti. Við breytingu á grunnskólalögum varð breyting á þessari sérfræðiþjónustu innan skólanna. Hlutverk sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar við skóla er nú að mestu leyti greiningarstarf en börnum er síðan í mörgum tilvikum vísað annað til meðferðar. Því er staðreynd að fjöldi barna og ungmenna þarf á þessari sérfræðiþjónustu að halda utan skóla og sjúkrastofnana. Komið hafa fram ábendingar frá skólaskrifstofum víða um land um að við breytingu sem gerð var á grunnskólalögunum sé ekki lengur gert ráð fyrir að veita meðferðarþjónustu innan skólakerfisins á sama hátt og áður var. Með þessu er verið að færa hana í auknum mæli út fyrir skólakerfið og kostnaðinn yfir á foreldra. Þá er einnig ljóst að á landsbyggðinni er þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa ekki til staðar utan skólakerfisins eða sjúkrastofnana nema í undantekningartilvikum. Kostnaðurinn sem leggst á fjölskyldu getur því verið mjög mikill þegar við bætist ferðakostnaður. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að börnum, sem lengi hafa átt við erfiða líkamlega sjúkdóma að stríða, standi til boða sérfræðiþjónusta sem greidd verði að fullu eða að hluta úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Félagið hefur einnig bent á að ekki aðeins barnið eða unglingurinn, sem hefur átt við alvarleg veikindi að stríða, þurfi á sérfræðiþjónustu að halda heldur einnig og ekki síður fjölskylda barnsins. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna réð sálfræðing til þess að sinna þessari þjónustu og margar fjölskyldur krabbameinsveikra barna nýta sér hana. Félagið reyndi þannig að bregðast við vanda þessara fjölskyldna. Til lengri tíma litið getur félagið þó ekki staðið alfarið undir þjónustunni, enda verður ekki séð að þjóðfélagið geti velt þessu verkefni yfir á félagasamtök.

Börn og ungmenni, sem hafa mátt þola hvers konar ofbeldi, þurfa oft um langan tíma á þjónustu sérfræðinga að halda, sem og þau börn og ungmenni sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna. Fleiri ástæður mætti að sjálfsögðu nefna, þörfin fyrir sérfræðiþjónustu við börn og ungmenni eykst stöðugt.

Í reglugerð skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins skal eins og unnt er skilgreina þá sem rétt eiga á þessari þjónustu. Einnig skal í reglugerðinni kveða á um hvernig staðið verði að umsóknum um hana. Þjónusta sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa utan skóla eða heilbrigðisstofnana skal aðeins greidd af Tryggingastofnun ríkisins ef sjúklingur framvísar sérstakri umsókn heilsugæslulæknis eða sérfræðings á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar sem starfar innan skólakerfisins.

Sveitarfélög hafa í ákveðnum tilvikum tekið þátt í kostnaði við sérfræðiþjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni en fá sveitarfélög veita fullkomna þjónustu að þessu leyti. Mjög margar fjölskyldur búa við svo bágan efnahag að þær geta ekki mætt kostnaðinum sem fylgir því að fjölskyldumeðlimur þurfi í lengri eða skemmri tíma að ganga til sálfræðings eða félagsráðgjafa. Við slíkt verður ekki unað, sérstaklega ekki þegar um er að ræða börn eða ungmenni, og því er þetta frumvarp flutt.

667. Fyrirspurn [409. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úrbætur á húsnæði og aðstöðu öldrunardeildarinnar Ljósheima á Selfossi.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hafa farið fram endurbætur á húsnæði og aðstöðu sjúklinga og starfsfólks öldrunardeildarinnar Ljósheima á Selfossi í samræmi við niðurstöður í skýrslum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vinnueftirliti ríkisins og byggingarfulltrúa Selfoss sem birtar voru í árslok 1997?
2. Ef svo er ekki, hafa verið greiddar dagsektir vegna málsins, en frestur til að bæta úr þeim atriðum sem getið var um í skýrslunum rann út 1. júní 1998?

668. Fyrirspurn [410. mál]

til fjármálaráðherra um skatta, tolla og gjöld á barnavörur.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hvaða skattar, tollar og gjöld eru lögð af hálfu hins opinbera á eftirfarandi vörutegundir:
   a. ungbarnamat (mauk, grauta o.s.frv.),
   b. þurrmjólkurduft (t.d. SMA, sojamjólk og Nutramigen),
   c. bréfbleiur,
   d. barnabílstóla,
   e. barnavagna og kerrur,
   f. hluti til slysavarna barna á heimilum (öryggishlið, eldavélahlífar o.s.frv.)
   g. barnaföt,
   h. lyf, smyrsl og aðrar heilbrigðisvörur?
2. Hverjar voru tekjur ríkisins af þessum vörum sl. tíu ár, sundurliðað eftir vörutegundum?
3. Hvernig er álagningu á þessar vörur háttað í eftirfarandi löndum, sundurliðað eftir vörutegundum: Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Bretlandi og Írlandi?

Skriflegt svar óskast.

669. Fyrirspurn [411. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslu í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvaða áform eru um að efla grenndarlöggæslu og styrkja þjónustu lögreglunnar við íbúana í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi?

670. Fyrirspurn [412. mál]

til félagsmálaráðherra um undanþágur frá greiðslu fasteignaskatta og gatnagerðargjalda.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða opinberar stofnanir og fyrirtæki, að hluta eða að fullu í eigu ríkisins, eru undanþegin greiðslu fasteignaskatta og gatnagerðargjalda til sveitarfélaga og á hvaða lögum er það grundvallað?

671. Svar [301. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um starf nefndar um innlenda orkugjafa.

1. *Hvenær var skipuð nefnd til viðræðna við Daimler-Benz um tilraunir með innlenda orkugjafa og hverjir hafa átt sæti í henni?*

Þann 28. júlí 1997 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að kanna tæknilega og efnahagslega möguleika á aukinni nýtingu innlendra orkugjafa, svo sem rafmagns og vetnis. Þá var nefndinni falið að gera tillögur um leiðir til að nálgast það markmið að auka notkun innlendra orkugjafa. Nefndin lagði til að stofnað yrði sérstakt félag um vetnisrannsóknir á Íslandi og að starfsmanni á vegum ráðuneytisins yrði falið að fylgjast með þróun á öðrum sviðum. Í tengslum við starf nefndarinnar og í kjölfar tímaritsgreina um Ísland og vetni kom í ljós áhugi erlendra fyrirtækja á að gera tilraunir með notkun vetnis á Íslandi. Fyrst til að sýna þessu verulegan áhuga var þýska fyrirtækið Daimler-Benz (nú Daimler-Chrysler). Til að verða við óskum fyrirtækisins um fundi um þetta mál skipaði iðnaðarráðherra 8. maí 1998 nefnd til að annast viðræður um tilraunir með vetni sem orkugjafa á Íslandi og til að gera í framhaldi af því tillögur til ráðherra þar að lútandi. Í nefndina voru skipaðir Hjálmar Árnason alþingismaður, formaður, Ingimundur Sigfússon sendiherra, Þorsteinn I. Sigfússon prófessor, Bragi Árnason prófessor, Skúli Bjarnason lögfræðingur, Jóhann Már Maríusson aðstoðarforstjóri og Þorkell Helgason orkumálastjóri.

2. *Hverjar eru helstu niðurstöður af starfi nefndarinnar til þessa?*

Nefndin átti fundi með fulltrúum Daimler-Benz hér á landi í maí 1998. Niðurstaða fékkst ekki á þeim fundum. Hins vegar kom fljótlega í ljós áhugi fleiri erlendra fyrirtækja á samstarfi um rannsóknir á vetni hér á landi, m.a. Shell International og Norsk Hydro. Eftir viðræður við þessa aðila komst nefndin að þeirri niðurstöðu að heppilegast væri að reyna að koma á fót samstarfsvettvangi þessara þriggja fyrirtækja auk hóps innlendra aðila sem hefðu áhuga á slíku samstarfi.

Að tilstuðlan nefndarinnar var hlutafélagið Vistorka stofnað en hluthafar í því eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Áburðarverksmiðjan hf., Háskóli Íslands, Hitaveita Suðurnesja, Iðntæknistofnun Íslands, Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur.

Í febrúar 1999 var undirritaður samstarfssamningur milli Vistorku hf., Daimler-Chrysler, Norsk Hydro og Shell International. Í kjölfar undirritunarinnar stofnuðu sömu aðilar Íslenska NýOrku ehf. Tilgangur félagsins er að stunda vetnisrannsóknir á Íslandi. Með stofnun félagsins lauk starfi nefndarinnar.

3. *Hver er heildarkostnaður af störfum nefndarinnar frá byrjun til ársloka 1999, greiddur af opinberu fé?*

Heildarkostnaður á árunum 1998 og 1999 var 2.579.020 kr.

4. *Hverjar hafa verið greiðslur til einstakra nefndarmanna, þ.m.t. þóknun og ferðakostnaður?*

Upplýsingar um greiðslur til einstakra nefndarmanna kunna að vera háðar þagnarskyldu og þar með undanþegnar upplýsingarskyldu með tilliti til einkahagsmuna, nema sá samþykki sem í hlut á, sbr. ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996. Nefndarmenn heimiluðu birtingu umbeðinna upplýsinga.

Í ferðakostnaði eru bæðin talin fargjöld og dagpeningar.

	Þóknun.	**Ferða-kostnaður.**
Hjálmar Árnason	193.932	703.853
Bragi Árnason	129.287	48.520
Skúli Bjarnason	129.287	771.744
Jóhann Már Maríusson	43.096	0
Þorsteinn Sigfússon	43.096	0
Þorkell Helgason	0	0
Ingimundur Sigfússon	0	0

Viðræður við erlendu fyrirtækin voru fyrst og fremst í höndum tveggja nefndarmanna. Fundir fulltrúa viðræðunefndarinnar með Daimler-Benz, Norsk Hydro og Shell International voru haldnir á Íslandi, í Noregi, Hollandi, Þýskalandi og Bretlandi. Auk þess voru haldnir símafundir með þátttöku allra aðila.

5. *Hver hefur verið annar kostnaður af starfi nefndarinnar?*

Ferðakostnaður var 432.368 kr., móttaka erlendra gesta 125.632 kr. og launatengd gjöld 86.192 kr. Samtals eru þetta 645.492 kr.

6. Hvernig hyggst ráðherra standa að áframhaldandi vinnu við tilraunir með innlenda orkugjafa?

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá 28. maí 1999 segir að áfram verði unnið að þróun og rannsóknum á sviði umhverfisvænna orkugjafa, svo sem vetnis, metanóls o.fl. Í janúar sl. þekktist iðnaðarráðherra boð Daimler-Chrysler og Íslenskrar NýOrku ehf. um að skoða rannsókna- og þróunarstarfsemi Daimler-Chrysler vegna tilrauna með notkun vetnis í samgöngum í Þýskalandi. Í undirbúningi er rannsóknarverkefni á Íslandi með notkun vetnisknúinna strætisvagna og gengur verkefnið út á að þróa heildarlausnir fyrir rekstur á umhverfisvænu samgöngukerfi. Stjórnvöld eru að skoða möguleika á þátttöku í þessu verkefni. Þá er verið að undirbúa rannsóknarverkefni á vegum Íslenskrar NýOrku ehf. um notkun vetnistækninnar í skipum. Búast má við því að félagið standi fyrir fleiri verkefnum á næstu árum.

672. Svar [319. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um starfsemi öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila.

1. Hver er fjöldi vistrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimilum sem fá framlög úr ríkissjóði, skipt eftir stofnunum í hverju kjördæmi?

Áætlaður fjöldi vistrýma fyrir aldraða á árinu 2000 á landinu öllu er 1.030 dvalarrými og 2.142 hjúkrunarrými, þ.m.t. hjúkrunarrými á sjúkrahúsum. Að auki eru 425 dagvistarrými. Skipting á rýmum eftir kjördæmum er eftirfarandi:

	Dagvistarrými	Dvalarrými	Hjúkrunarrými	Hjúkrunarrými á sjúkrahúsum
Reykjavík	228	308	786	20
Reykjanes	54	139	391	31
Vesturland	23	104	95	39
Vestfirðir	16	13	23	46
Norðurland vestra	7	29	0	132
Norðurland eystra	66	188	140	70
Austurland	15	55	74	54
Suðurland	16	194	196	45

Nánari sundurliðun eftir stofnunum í kjördæmum má sjá í meðfylgjandi yfirliti.

2. Hvert er daggjald fyrir dvalarrými, hjúkrunarrými og dagvist hjá hverri stofnun?

Í fjárlögum ársins 2000 var í fyrsta sinn farið að greiða daggjöld til hjúkrunarheimila samkvæmt umönnunarþörf einstaklinganna og daggjaldataxtar fyrir hjúkrunarrými eru byggðir á mati í samræmi við RAI-hjúkrunarþyngdarstuðla. Sömu daggjaldataxtar gilda fyrir hjúkrunarheimili á föstum fjárlögum og hjúkrunarheimili á daggjöldum. Daggjaldataxtarnir fyrir hjúkrunarrými eru eftirfarandi:

Flokkur	Hjúkrunarþyngd samkvæmt RAI	Rekstrar-daggjald, kr.
I.	> 1,05	10.250
II.	1,02–1,04	9.750
III.	0,99–1,01	9.440
IV.	0,96–0,98	9.200
V.	0,90–0,95	8.925
VI.	0,85–0,89	8.580
VII.	< 0,84	8.428

Í fylgiskjali III er tafla sem sýnir skiptingu daggjaldataxta á hjúkrunarheimili eftir meðal-hjúkrunarþyngd heimilanna.

Daggjald fyrir dvalarrými er 3.579 kr. á sólarhring.

Gjald fyrir dagvistun aldraðra er 2.726 kr. á dag. Innifalið í því er flutningskostnaður ef með þarf. Daggjald dagvistunar Hlíðarbæjar, Flókagötu 53 og Lindargötu 59 í Reykjavík er 5.821 kr.

3. Hver er áætluð þörf fyrir dvalarrými og hjúkrunarrými, skipt eftir kjördæmum?

Áætluð þörf fyrir dvalarrými og hjúkrunarrými er eftirfarandi, sbr. vistunarmat aldraðra frá september 1999:

	Dvalarheimili	Hjúkrun
Reykjavík	221	178
Reykjanes	127	60
Vesturland	31	9
Vestfirðir	6	1
Norðurland vestra	16	7
Norðurland eystra	89	13
Austurland	5	6
Suðurland	18	7

Í fylgiskjali IV má sjá hversu mikil þörf er fyrir vistrými (þörf, brýn þörf og mjög brýn þörf), skipt eftir kjördæmum.

Fylgiskjal I.

Stofnanir með vistrými fyrir aldraða.

Stofnun	Föst fjárlög/ daggjöld	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr-unar-rými	Hjúkrun-arrými á sjúkrah.	Öldr-unar-lækn.	Fjöldi rýma alls
Reykjavík							
Dalbraut 25–27	D	40					40
Grund, Reykjavík	D		95	169			264
Hrafnista DAS, Reykjavík	D		134	183			317
Skógarbær	F			68			68
Droplaugarstaðir, Reykjavík	F			68			68
Seljahlíð, Reykjavík	D		55	28			83
Skjól	F			112			112
Eir	F			120			120
Víðines	F			38			38
Sjúkrahús Reykjavíkur	F	62			20	111	193
Landspítalinn, öldrunarlækningadeild	F					11	11
Fell	D		20				20
Dvalarheimili aldraðra heyrnarlausra, Hrafnistu, Reykjavík	D		4				4
MS-félag Íslands, Álandi 13*	D	40					40
Múlabær	D	48					48
Hlíðarbær	D	20					20
Lindargata 59	D	18					18
Samtals		228	308	786	20	122	1.464
Reykjanes							
Sólvangur, Hafnarfirði	F			96			96
Hrafnista, DAS, Hafnarfirði	D	26	79	146			251
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	F				1		1
Reykjalundur	F				20		20
Sunnuhlíð, Kópavogi	F	18		52			70
Garðvangur, Garði	F			41			41
Skjólbraut, Kópavogi	D		14				14
Gullsmári 13, Kópavogi	D		14				14
Dvalar- og hjúkrunarheimilið Holtsbúð	D			28			28
Sjúkrahús Suðurnesja	F				10		10
Hlévangur, Keflavík	D	10	32				42
Víðihlíð, Grindavík	F			28			28
Samtals		54	139	391	31	0	615
Vesturland							
Höfði, Akranesi	D	20	39	39			98
Sjúkrahúsið Akranesi	F				25		25
Dalabyggð	D	3					3
Fellsendi, Dalasýslu**	D			17			17

Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	D		34	20			54
Silfurtún, Búðardal	D		5				5
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	D		11	10			21
Jaðar, Ólafsvík	D		8	4			12
Fellaskjól, Grundarfirði	D		7	5			12
St. Franciskuspítali, Stykkishólmi	F				14		14
Samtals		23	104	95	39	0	261
Vestfirðir							
Barmahlíð, Reykhólum	D		2	12			14
Sjúkrahúsið Patreksfirði	F				10		10
Vesturbyggð Bíldudal	D	3					3
Sjúkrahúsið Hólmavík	F				11		11
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	F				14		14
Hlíf Ísafirði	D	8	11				19
Sjúkraskýlið Suðureyri	F	5					5
Sjúkraskýli Þingeyrar	F			4			4
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	F			7			7
Sjúkrahús Bolungarvíkur	F				11		11
Samtals		16	13	23	46	0	98
Norðurland vestra							
Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi	F		8		32		40
Sjúkrahús Hvammstanga	F				23		23
Sæborg, Skagaströnd	D		11				11
Sjúkrahús Sauðárkróks	F		10		49		59
Siglufjarðarkaupstaður	D	7					7
Sjúkrahús Siglufjarðar	F				28		28
Samtals		7	29	0	132	0	168
Norðurland eystra							
Hlíð, Bakkahlíð, Skjaldarvík, Skólastígur 5	R	24	90	90			204
Hornbrekka, Ólafsfirði	D	6	11	20			37
Naust, Þórshöfn	D	2	4	7			13
Dalbær, Dalvík	D	14	18	23			55
FSA, Akureyri, Sel, Kristnes	F				35	18	53
Grenivík	D		10				10
Sjúkrahúsið Húsavík	F				35		35
Hvammur, Húsavík	D	10	50				60
Mörk, Kópaskeri	D	5					5
Vík, Raufarhöfn	D	5	5				10
Samtals		66	188	140	70	18	482
Austurland							
Sundabúð, Vopnafirði	F			12			12
Hulduhlíð, Eskifirði	D	1	7	17			25
Lagarás, Egilsstöðum	D		8				8
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	F				25		25
Sjúkrahús Seyðisfjarðar	D	5			16		21

Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	F		11		13		24
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	D		13	13			26
Helgafell sf., Djúpavogi	D	4	6				10
Breiðdalsvík	D	5					5
Skjólgarður, Höfn	R		10	32			42
Samtals		15	55	74	54	0	198
Suðurland							
Ás/Ásbyrgði, Hveragerði	D		70	26			96
Ás/Ásbyrgði, Hveragerði, geðrými**	D			60			60
Hjallatún, Vík í Mýrdal	D		8	10			18
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	D	8	22	22			52
Kumbaravogur, Stokkseyri	D		22	40			62
Sjúkrahús Vestmannaeyja	F				13		13
Lundur, Hellu	D	2	8	22			32
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	D		31				31
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	D	1	4	16			21
Sólvellir, Eyrarbakka	D		17				17
Blesastaðir, Skeiðum	D		12				12
Egilsbraut 9 Þorlákshöfn	D	5					5
Sjúkrahús Suðurlands og Ljósheimar	F				32		32
Samtals		16	194	196	45	0	451
Öldrunarrými landið allt		*425*	*1.030*	*1.705*	*437*	*140*	*3.737*
Hjúkrunarrými samtals					*2.142*		

* Dagvistun fyrir MS-sjúklinga.

** Geðrými.

Hjúkrunarrými á öldrunarlækningadeildum innifalið í framangreindum tölum.

Tölur um dagvist eru rými sem ráðuneytið hefur heimilað.

Tölur um dvalarrými eru rými sem ráðuneytið hefur heimilað, nema annars sé getið.

Hjúkrunarrými á sjúkrahúsum er reiknað út frá legudagafjölda sjúklinga sem lágu 90 daga og lengur, miðað við 100% nýtingu.

F = föst fjárlög.

D = daggjöld.

R = reynslusveitarfélag.

Fylgiskjal II.

Fjöldi hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilum 1996–2000.

Að auki eru á sjúkrahúsum um 580 hjúkrunarrými. Áformað er að opna nýtt hjúkrunarheimili með 90 hjúkrunarrýmum í Reykjavík árið 2001. Auk þess er verið að byggja við Sunnuhlíð í Kópavogi. Þar bætast við tíu hjúkrunarrými.

Ár	1990	1992	1994	1996	1998	1999	2000
Fjöldi rýma	1.165	1.220	1.339	1.438	1.566	1.696	1.705



Fylgiskjal III.

Daggjöld til hjúkrunarheimila árið 2000.

Hjúkrunarheimilin fá greidd daggjöld í samræmi við hjúkrunarþyngd samkvæmt RAI-hjúkrunarþyngdarstuðli. Miðað er við árið 1998.

Flokkur	Hjúkrunarþyngd samkvæmt RAI	Daggjald, kr.	Hjúkrunarheimili
I.	> 1,05	10.250	
II.	1,02–1,04	9.750	Seljahlíð, Reykjavík
III.	0,99–1,01	9.440	
IV.	0,96–0,98	9.200	Kumbaravogur Hjúkrunarheimili Garðabæ
V.	0,90–0,95	8.925	Höfði, Akranesi Hrafnista, DAS, Hafnarfirði
VI.	0,85–0,89	8.580	Hrafnista, DAS, Reykjavík Grund, Reykjavík Ás/Ásbyrgi, Hveragerði
VII.	< 0,84	8.428	Dalbær, Dalvík Hjallatún, Vík í Mýrdal Hraunbúðir, Vestmannaeyjum Barmahlíð, Reykhólum Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi Fellaskjól, Grundarfirði Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi Jaðar, Ólafsvík Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri Hjúkrunarheimili Fáskrúðsfirði

Fylgiskjal IV.

Áætluð þörf fyrir vistrými samkvæmt vistunarmati frá september 1999.

	Vist	Hjúkrun	Alls
Reykjavík			
Þörf	52	8	60
Brýn þörf	47	10	57
Mjög brýn þörf	122	160	282
Samtals	221	178	399
Reykjanes			
Þörf	21	6	27
Brýn þörf	36	2	38
Mjög brýn þörf	70	52	122
Samtals	127	60	187
Vesturland			
Þörf	20	3	23
Brýn þörf	8	3	11
Mjög brýn þörf	3	3	6
Samtals	31	9	40
Vestfirðir			
Þörf	3	0	3
Brýn þörf	3	0	3
Mjög brýn þörf	0	1	1
Samtals	6	1	7
Norðurland vestra			
Þörf	11	1	12
Brýn þörf	3	2	5
Mjög brýn þörf	2	4	6
Samtals	16	7	23
Norðurland eystra			
Þörf	58	2	60
Brýn þörf	22	5	27
Mjög brýn þörf	9	6	15
Samtals	89	13	102
Austurland			
Þörf	4	1	5
Brýn þörf	0	2	2
Mjög brýn þörf	1	3	4
Samtals	5	6	11
Suðurland			
Þörf	10	3	13
Brýn þörf	3	2	5
Mjög brýn þörf	5	2	7
Samtals	18	7	25

673. Svar [351. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um útgáfu diplómatískra vegabréfa.

1. *Hvaða reglur gilda um útgáfu svonefndra diplómatískra vegabréfa? Fram komi m.a. hvaða störfum/embættum fylgi slík vegabréf, hver séu skilyrðin fyrir því að starfi/embætti geti fylgt slíkt vegabréf og til hve langs tíma þau séu gefin út.*

Um útgáfu diplómatískra vegabréfa gilda reglur nr. 299/1999, um diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf, útgefnar í utanríkisráðuneytinu 29. apríl 1999.

Í 2. gr. reglnanna er skrá yfir þá sem geta fengið diplómatísk vegabréf, en þeir eru:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrrverandi forsetar Íslands.
3. Forsetar Alþingis.
4. Hæstaréttardómarar.
5. Ráðherrar.
6. Biskupinn yfir Íslandi.
7. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.–5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og aðrir starfsmenn hennar og venslamenn sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
8. Ráðuneytisstjórar.
9. Umboðsmaður Alþingis.
10. Ríkisendurskoðandi.
11. Ríkissaksóknari.
12. Ríkissáttasemjari.
13. Ríkislögreglustjóri.
14. Ríkislögmaður.
15. Aðalbankastjórar Seðlabankans.
16. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands þegar þeir eru í fylgd með forseta.
17. Þeir sem gegna meiri háttar trúnaðarstörfum fyrir Ísland í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
18. Fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
19. Fyrrverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar úr 1. og 2. flokki, sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971, sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
20. Makar og börn þeirra sem taldir eru í 1.–19. tölul., börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

Í 3. gr. reglnanna er skrá yfir þá sem geta fengið þjónustuvegabréf, en þeir eru:

1. Alþingismenn.
2. Skrifstofustjóri Alþingis.
3. Hæstaréttarritari.
4. Skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands.
5. Aðstoðarmenn ráðherra.
6. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem ekki eru taldir upp í 7. tölul. 2. gr.
7. Kjörræðismenn Íslands erlendis.
8. Forstjórar helstu ríkisstofnana.
9. Forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.
10. Borgarstjórinn í Reykjavík.
11. Þeir sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar þegar sérstaklega stendur á og að því tilskildu að hlutaðeigandi ráðuneyti óski þess skriflega að vegabréf sé gefið út.

12. Fulltrúar Íslands í stjórn, á þingum eða í starfsliði fjölþjóðlegra ríkjasamtaka.
13. Þeir sem ferðast í erindum meiri háttar viðskiptasamtaka þegar sérstaklega stendur á.
14. Fyrrverandi hæstaréttardómarar.
15. Fyrrverandi ráðherrar.
16. Fyrrverandi ráðuneytisstjórar.
17. Fyrrverandi aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands.
18. Þeir sem gegnt hafa meiri háttar trúnaðarstörfum í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
19. Makar og börn þeirra sem taldir eru upp í 1.–18. tölul., börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri. Enn fremur er heimilt að gefa út þjónustuvegabréf til handa fyrrverandi starfsmönnum utanríkisþjónustunnar sem ekki falla undir 19. tölul. 2. gr., svo og þeim sem greinir í 2.–5. tölul., sbr. 19. tölul. þessarar greinar, þegar þessir starfsmenn hafa látið af starfi fyrir aldurs sakir.

Samkvæmt 5. gr. reglnanna skulu diplómatísk vegabréf eða þjónustuvegabréf látin gilda fyrir þann tíma er ætla má að ferð viðkomandi muni standa. Ella má láta vegabréfin gilda allt að fimm ár.

2. *Hver er munurinn á diplómatískum vegabréfum og öðrum vegabréfum sem gefin eru út hér á landi?*

Ríki gefa yfirleitt út tvenns konar vegabréf fyrir ríkisborgara sína, annars vegar almenn vegabréf og hins vegar „opinber vegabréf“. Hin síðarnefndu skipast í tvo flokka, diplómatísk vegabréf og þjónustuvegabréf, og er útgefandi þeirra yfirleitt utanríkisráðuneyti sendiríkisins.

Diplómatísk vegabréf fá diplómatískir fulltrúar utanríkisþjónustunnar (meðal þeirra eru yfirleitt sendiræðismenn) og aðrir sem sendiríkið óskar að njóti diplómatískra réttinda erlendis, m.a. þjóðhöfðingjar, ráðherrar, hæstaréttardómarar, þingforsetar og fulltrúar í mikilvægum sendinefndum. Sams konar vegabréf fá yfirleitt makar þessara aðila og börn innan ákveðins aldurs.

Þjónustuvegabréf eru gefin út til handa sendiráðsmönnum utanríkisþjónustunnar sem eru ekki diplómatískir fulltrúar, en einnig fá þau oft ýmsir hátt settir opinberir starfsmenn og þeir sem látið hafa af störfum sem réttur til diplómatísks vegabréfs fylgdi. Vegabréf þessi fá einnig makar þessara aðila og börn innan ákveðins aldurs.

Megintilgangur hinna „opinberu vegabréfa“ er að auðvelda fulltrúum Íslands erlendis að vinna störf sín í þágu landsins. Útgáfa þeirra er alþjóðleg venja sem á sér langa hefð. Útlitsmunur er á almennum vegabréfum og „opinberum vegabréfum“. Vegabréfin hafa aðallega þýðingu við komu og brottför til og frá erlendum ríkjum. Reynslan sýnir þó að ekki er óalgengt að „opinber vegabréf“ tefji fyrir frekar en auðveldi landgöngu.

Það er undir sérhverju ríki komið hvort handhafar slíkra vegabréfa njóti einhverrar sérstakrar þjónustu á landamærum þegar ferðast er í opinberum erindagjörðum.

Á Íslandi njóta íslenskir handhafar slíkra vegabréfa engra sérréttinda.

3. *Hversu mörg diplómatísk vegabréf hafa verið gefin út árlega síðustu fimm ár og hve mörg eru nú í gildi?*

Ár	Diplómatísk vegabréf gefin út	Í gildi	Ógild (útrunnin)
1999	118	110	8
1998	122	116	6
1997	97	79	18
1996	63	29	34
1995	107	58	49

674. Skýrsla [413. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 1999.

Saga ÖSE-þingsins.

Aðild að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE), eiga 55 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Einu þeirra, Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, hefur þó ekki staðið til boða að taka þátt í störfum þingsins síðan þátttaka þess í starfi ÖSE var felld niður árið 1992. Stofnunin starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar.

Í yfirlýsingu þjóðarleiðtoga RÖSE-ríkjanna í París 21. nóvember 1990 var hvatt til þess að þingmenn ríkjanna hittust á reglulegum fundum. Á fundi þjóðarleiðtoganna í Madrid í apríl 1991 var svo ákveðið að RÖSE-þing kæmi saman í júlí ár hvert. Þar var samþykkt svokölluð Madrid-yfirlýsing sem er grundvallarskjal ÖSE-þingmannasamstarfsins. Að loknum tveimur undirbúningsfundum árið 1992 var fyrsti fundur RÖSE-þingsins haldinn í júlí sama ár í Búdapest. Í ársbyrjun 1995 var nafni þingsins breytt og kallast það nú ÖSE-þingið.

Starf ÖSE-þingsins 1999.

Undanfarin ár hefur framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu verið langveigamesta verkefni ÖSE, en þar er stofnuninni falið að hafa umsjón með framkvæmd kosninga, fylgjast með mannréttindamálum og aðstoða við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar. Þá hefur ÖSE tekið virkan þátt í framkvæmd stöðugleikasáttmála fyrir Suðaustur-Evrópu sem tók gildi 10. júní 1999 og ÖSE er aðili að, einkum þess hluta sáttmálans sem snýr að mannréttindum og lýðræðisþróun en jafnframt í framkvæmd öryggismálahlutans. Ástand mála á Balkanskaga var fyrir vikið fyrirferðarmikið á dagskrá ÖSE-þingsins árið 1999, líkt og undanfarin ár. Af öðrum verkefnum bar kosningaeftirlit að venju hæst í starfi ÖSE-þingsins á árinu og var sameiginlegt öryggi og lýðræði á 21. öldinni þema ársfundarins í júlí.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Hinn 17. maí árið 1999 tóku gildi nýjar reglur fyrir alþjóðanefndir Alþingis. Fram til þess tíma hafði Íslandsdeild ÖSE-þingsins verið skipuð fimm þingmönnum, en þrír þeirra sóttu þingfund ÖSE-þingsins ár hvert. Ný Íslandsdeild var kjörin 16. júní til samræmis við breyttar reglur þar sem einungis er gert ráð fyrir þremur aðalmönnum og þremur varamönnum sem sækja þingfundi í forföllum aðalmanna.

Fram til 16. júní var Íslandsdeildin skipuð sem hér segir: Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Ragnar Arnalds varaformaður, þingflokki Alþýðubandalags (þingflokki Samfylkingarinnar frá 19. febrúar), Hjálmar Árnason, þingflokki Framsóknarflokks, Guðjón Guðmundsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Guðný Guðbjörnsdóttir, þingflokki Kvennalista (þingflokki Samfylkingarinnar frá 19. febrúar).

Frá og með 16. júní voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar og Valgerður Sverrisdóttir, þingflokki Framsóknarflokks.

Varamenn voru Guðjón Guðmundsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Ísólfur Gylfi Pálmason, þingflokki Framsóknarflokks.

Valgerður Sverrisdóttir tók við embætti iðnaðar- og viðskiptaráðherra 31. desember og hætti þá setu í Íslandsdeildinni.

Ritari Íslandsdeildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Starfsemi árið 1999.

a. Fundir stjórnarnefndar.

Dagana 14.–15. janúar kom stjórnarnefnd ÖSE-þingsins saman í Vín. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal formaður, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar ritara. Helsta málefni fundarins var hið umfangsmikla eftirlit sem ÖSE hafði þá með vopnahléi stríðandi fylkinga í Kosovo-héraði, en sem kunnugt er var vopnahléið ekki virt. Jafnframt var rætt um kosningaeftirlit, niðurstöðu fundar ráðherraráðs ÖSE í desember 1998, ástand mála í Bosníu-Hersegóvínu, Hvíta-Rússlandi, Tsjetsjeníu og Nagorno-Karabakh, stöðu minnihlutahópa o.fl. Loks ályktaði nefndin um ástandið í Kosovo.

Fimmtudaginn 14. janúar fluttu eftirtaldir framsögur og svöruðu spurningum fundarmanna: Knut Vollebæk, utanríkisráðherra Noregs og formaður ráðherraráðs ÖSE, Max van der Stoel, sérlegur erindreki um málefni minnihlutahópa, Freimut Duve, fulltrúi ÖSE um frelsi fjölmiðla, Gerard Stoudmann, yfirmaður þeirrar stofnunar ÖSE sem fer með mannréttindi og lýðræði (ODIHR), Thomas Price, sem fer með samræmingu á starfi ÖSE í efnahags- og umhverfismálum, dr. Monika Wohlfeld, jafnréttisfulltrúi ÖSE, Alison Jolly, jafnréttisfulltrúi ODIHR, og Giancarlo Aragona, framkvæmdastjóri ÖSE.

Knut Vollebæk tók við formennsku í ráðherraráði ÖSE í ársbyrjun 1999. Hann fjallaði nokkuð ítarlega um fyrrnefnt vopnahléseftirlit í Kosovo og um ástand mála í Bosníu-Hersegóvínu. Jafnframt fjallaði Vollebæk um ástand mála í Nagorno-Karabakh, Tsjetsjeníu, Hvíta-Rússlandi og víðar. Meðal þess sem fram kom í máli embættismanna má nefna að Gerard Stoudmann greindi frá og lýsti jafnframt ánægju sinni með sífellt nánara samstarf við aðrar fjölþjóðastofnanir við kosningaeftirlit. Nefndi hann sérstaklega sameiginlegar yfirlýsingar og stundum sameiginlegar eftirlitsnefndir ODIHR og ÖSE-þingsins með Evrópuráðsþinginu og Evrópuþinginu. Finnski þingmaðurinn Kimmo Kiljunen minnti í þessu sambandi á þá hugmynd sem áður hafði komið fram á fundi nefndarinnar að fulltrúum nýrra lýðræðisríkja Mið- og Austur-Evrópu yrði boðið að fylgjast með framkvæmd þingkosninga í Vestur-Evrópu til að að læra og hugsanlega koma með tillögur til úrbóta. Stoudmann greindi frá því að ODIHR væri einmitt að skipuleggja för slíkrar sendinefndar frá nokkrum Kákasusríkjum til að fylgjast með framkvæmd þingkosninga í Finnlandi í mars 1999.

Föstudaginn 20. febrúar ávörpuðu fundinn dr. Heinz Fischer, forseti austurríska þingsins, og dr. Viktor Klima, kanslari Austurríkis, auk dönsku þingkonunnar Helle Degn, forseta ÖSE-þingsins. Degn lagði til að í júlí 1999 yrði þema þingfundarins „sameiginlegt öryggi og lýðræði á 21. öld". Nokkrar umræður spunnust um tillöguna, einkum þar sem sumum þótti

efnið of opið. Degn svaraði því til að framkvæmdastjórn þingsins hefði á fundi sínum vísvitandi valið að stinga upp á svo víðtæku efni til þess að nefndirnar þrjár gætu nálgast það frá ólíkum sjónarhóli og þingfundurinn að lokum sent frá sér heildstæða ályktun. Spencer Oliver, framkvæmdastjóri þingsins, sagði mikilvægt að hafa svo víðtækt þema til þess að koma í veg fyrir að þingið sendi frá sér langa ályktun um alls kyns innbyrðis óskylda hluti, líkt og gerst hefði á fyrstu árum þess. Var tillaga Degn að lokum samþykkt.

Sir Peter Emery, gjaldkeri þingsins, greindi frá því að 24 ríki af 55 hefðu þegar greitt að fullu árgjöld sín til þingsins fyrir fjárlagaárið 1998–99. Þá fjallaði hann í stuttu máli um skýrslu endurskoðenda sem borist hafði daginn áður og sagði að nánar yrði greint frá henni á fundi nefndarinnar í júlí. Fjárlagaárið 1997–98 tókst að innheimta 98,4% árgjalda aðildarríkjanna sem hann sagði hljóta að teljast mjög gott. Í skýrslu framkvæmdastjóra þingsins kom m.a. fram að danska þingið hefur látið ÖSE-þinginu í té meira húsnæði sem m.a. nýttist til skjalavörslu og fólki sem dvelur hjá ÖSE-þinginu við starfsþjálfun. Þessu næst var fjallað um kosningaeftirlit á liðnu ári í Bosníu-Hersegóvínu, Slóvakíu og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu, og um eftirlit með framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar í Albaníu.

Þá voru tekin fyrir ályktunardrög um ástand mála í Kosovo. Samþykkt var harðorð ályktun þar sem lýst er yfir áhyggjum af stöðu mála í héraðinu, mannréttindabrot deiluaðila fordæmd, stuðningi lýst við eftirlitsstarf á vegum ÖSE og hvatt til friðsamlegrar lausnar á deilunni. Þá er sérstaklega fordæmt rof á ríkjandi vopnahléi í Kosovo og eftirlitssveitum ÖSE hrósað fyrir fórnfúst starf. Loks er sérstökum stuðningi lýst við þau öfl innan Serbíu sem berjast fyrir virðingu fyrir mannréttindum og þróun lýðræðislegra stofnana og almenns umburðarlyndis. Loks var samþykkt að fela forseta þingsins að setja á fót nefnd sem ætlað er að hafa samráð við aðrar stofnanir sem starfa að kosningaeftirliti, einkum Evrópuráðsþingið og Evrópuþingið, og vinna að tillögum um samræmingu vinnureglna þeirra og auknu samstarfi á sviði kosningaeftirlits. Ályktunardrögum sem lögð voru fram um stöðu mála í Írak var vísað frá þar sem Persaflói er utan svæðis ÖSE.

b. 8. ársfundur ÖSE-þingsins.

Áttundi árlegi fundur ÖSE-þingsins var haldinn dagana 6.–10. júlí 1999, að þessu sinni í Sankti Pétursborg. Fundinn sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður og Valgerður Sverrisdóttir, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar ritara. Samhliða þingfundum funduðu stjórnarnefnd og málefnanefndir þingsins. Þema þingsins var sameiginlegt öryggi og lýðræði á 21. öldinni. Þetta er býsna víðtækt efni og fjölluðu nefndirnar um ýmis málefni því tengd. Af einstökum öðrum málum sem bar á góma má nefna stöðu mála í Kosovo, réttarhöldin yfir Abdullah Öcalan, leiðtoga aðskilnaðarhreyfingar Kúrda í Tyrklandi, og fyrirhugaðar kosningar í Hvíta-Rússlandi. Danska þingkonan Helle Degn var einróma endurkjörin forseti ÖSE-þingsins. Konur á meðal þingmanna héldu að vanda sérstakan fund þar sem að þessu sinni var fjallað um stöðu kvenna í rússneskum stjórnmálum og hvernig auka mætti hlut kvenna í stjórnmálum og í starfi ÖSE.

Við setningu þingsins fluttu ávörp Helle Degn, forseti ÖSE-þingsins, Gennady Seleznev, forseti rússnesku Dúmunnar, Vladimir Yakovlev, borgarstjóri Sankti Pétursborgar, og Knut Vollebæk, utanríkisráðherra Noregs og formaður ráðherraráðs ÖSE, sem jafnframt svaraði spurningum þingmanna. Þá tóku við stutt ávörp nokkurra helstu embættismanna ÖSE sem sátu síðan fyrir svörum. Loks ávörpuðu þingið fulltrúar Evrópuráðsþingsins, Svartahafsþingsins, Evrópuþingsins, NATO-þingsins, VES-þingsins og Norðurlandaráðs. Blaðamannaverðlaun ÖSE-þingsins voru veitt í fjórða sinn, en þau eru veitt fyrir störf í þágu lýðræðis

og mannréttinda og er ætlað að efla grundvallarregluna um frjálsa fjölmiðlun. Verðlaunin hlaut að þessu sinni Christiane Amanpour fyrir fréttaflutning sinn af átökum og mannréttindabrotum á ÖSE-svæðinu í eftir lok kalda stríðsins, nú síðast í Kosovo, á bandarísku sjónvarpsstöðinni CNN. Verðlaunaféð nemur 20.000 Bandaríkjadölum og samkvæmt ákvörðun Amanpour verður því varið til að styrkja verkefni sem miða að uppbyggingu frjálsra fjölmiðla í Kosovo.

Pétur H. Blöndal sat fund stjórnarnefndarinnar fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Þar gerði Sir Peter Emery, gjaldkeri þingsins, grein fyrir fjármálum þess. Rekstur þingsins var að venju innan fjárlagaramma starfsárið 1998–99 og fjárlagadrögin fyrir starfsárið 1999–2000 gerðu ráð fyrir 3,98% hækkun frá árinu áður, til samræmis við verðbólguspár. Samþykkti nefndin að leggja þau óbreytt fyrir þingfund. Þá var rætt um afgreiðslu sjö ályktunardraga sem lögð höfðu verið fram með tilskildum fjölda meðflutningsmanna og þeim ýmist vísað til nefndar eða þingfundar. Ákveðið var að einu síðdegi yrði varið til sérstaks sameiginlegs fundar málefnanefndanna þriggja til að fjalla um ályktunardrögin um Kosovo og að sérstakur þingfundur yrði kallaður saman til að afgreiða ályktunina. Loks var samþykkt að þiggja boð Frakka um að 10. ársfundur ÖSE-þingsins, árið 2001, yrði haldinn í París og boð Þjóðverja um að 11. ársfundur ÖSE-þingsins, árið 2002, yrði haldinn í Berlín. Áður hafði verið samþykkt að 9. ársfundur ÖSE-þingsins, árið 2000, yrði haldinn í Búkarest.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Íslandsdeildin tók þátt í starfi þeirra sem hér segir:

1. nefnd um stjórnmál og öryggismál:	Pétur H. Blöndal,
2. nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál:	Valgerður Sverrisdóttir,
3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál:	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Lagðar voru fram skýrslur byggðar á fyrrnefndu þema í hverri nefnd en á grundvelli þeirra höfðu verið samin drög að ályktunum. Drögin voru rædd í nefndunum og afgreidd ásamt breytingartillögum. Öllum var ályktununum þremur síðan steypt saman í eina yfirlýsingu — Sankti Pétursborgar yfirlýsinguna — sem samþykkt var af þingfundi. Í yfirlýsingunni er jafnframt að finna sérstakar ályktanir um eftirtalin málefni:

— stöðu mála í Kosovo,
— aukið lýðræði innan ÖSE,
— hlutverk ÖSE við að koma í veg fyrir að átök brjótist út og við að hafa stjórn á hættuástandi,
— verslun með konur og börn sem neydd eru til að stunda vændi,
— morðið á rússnesku þingkonunni Galinu Starovoitovu,
— þróun réttarríkis og mannréttinda í Rússlandi og
— stjórnmálaástandið í Hvíta-Rússlandi.

Valgerður Sverrisdóttir var meðflutningsmaður að ályktuninni um þróun réttarríkis og mannréttinda í Rússlandi, en þar er sérstök athygli vakin á máli rússneska umhverfisverndarsinnans Alexanders Nikitins. Nikitin hafði verið í haldi árum saman sakaður um njósnir og landráð þar sem hann hafði tekið þátt í að semja skýrslu um hættu á geislavirkum úrgangi frá Norðurflota Rússlands. Sjö sinnum hafði verið réttað í máli Nikitins, en því hafði ávallt verið vísað aftur til ákæruvaldsins til frekari rannsóknar, enda hafi ekki verið grundvöllur til sakfellingar. Í ályktuninni er vakin athygli á að um sé að ræða brot á hvoru tveggja, rússnesku stjórnarskránni og mannréttindasáttmála Evrópu, og eru rússnesk stjórnvöld hvött til að tryggja eðlilega meðferð réttinda sem þar eiga að vera tryggð. Ályktunin var samþykkt

án breytinga. Þess má geta að Nikitin var sýknaður af ofannefndum ákærum fyrir rússneskum dómstóli 29. desember 1999.

Pétur H. Blöndal var meðflutningsmaður að tveimur breytingartillögum sem báðar voru samþykktar. Annars vegar var breytingartillaga við ályktunardrög fyrstu nefndar um stjórnmál og öryggismál þar sem lagt var til að eytt yrði málsgrein þar sem hvatt var til þess að komið yrði á fót sérstökum fjölþjóðlegum friðargæslusveitum á vegum ÖSE, sem hægt yrði að senda á vettvang með skömmum fyrirvara. Hins vegar var breytingartillaga við ályktunardrögin um stöðu mála í Kosovo þar sem minnt er á hlutverkið sem Sameinuðu þjóðirnar ætla ÖSE í uppbyggingarstarfinu í héraðinu. Á sérstökum fundi kvenna í hópi þingmanna var sem fyrr segir fjallað um stöðu kvenna í rússneskum stjórnmálum og hvernig auka mætti hlut kvenna í stjórnmálum og innan ÖSE-þingsins. Í umræðunum var m.a. fjallað um beitingu kvóta til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Ásta R. Jóhannesdóttir gerði fundinum grein fyrir þeim árangri sem náðst hefði í að auka hlut kvenna í íslenskum stjórnmálum án slíkra kvóta. Fundurinn sendi frá sér sérstaka yfirlýsingu þar sem hvatt er til aukins hlutar kvenna í starfi ÖSE.

Í sérstakri umræðu um stöðu mála í Kosovo fjallaði Pétur H. Blöndal um mikilvægi þess að Kosovo-Albanar, sem og aðrar þjóðir, hefðu hugfast að allur þorri Serba væri saklaus af voðaverkunum sem framin hefðu verin af litlum minni hluta þeirra. Einungis þannig væri hægt að veita nauðsynlega fyrirgefningu, einungis þannig gæti nauðsynleg uppbygging heppnast. Hann sagði íhlutun Atlantshafsbandalagsins í átökin í Kosovo hafa verið nauðsynlega í ljósi þess að mannréttindi væru og ættu að vera óháð landamærum. Glæpur væri glæpur og ekki væri hægt að horfa aðgerðalaus upp á voðaverk á borð við þau sem framin voru í Kosovo. Fullveldi ríkis væri engin afsökun fyrir að horfa aðgerðalaus upp á slík voðaverk innan landamæra þess.

Á lokadegi þingsins var fjallað um Sankti Pétursborgar yfirlýsinguna og hún afgreidd, sem og fjárlög starfsársins 1999–2000. Loks fór á þinginu fram kjör forseta ÖSE-þingsins, gjaldkera og fjögurra varaforseta af níu. Danska þingkonan Helle Degn var einróma endurkjörin forseti þingsins og kanadíski þingmaðurinn Bill Graham var einróma kjörinn í stöðu gjaldkera. Til embætta varaforseta voru kjörnir þeir Claude Estier frá Frakklandi, Bruce George frá Bretlandi, Ihor Ostach frá Úkraínu og Tiit Käbin frá Eistlandi.

c. Kosningaeftirlit.

ÖSE-þingið hefur frá upphafi tekið virkan þátt í kosningaeftirliti og lagt áherslu á mikilvægi þess í að efla lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur ÖSE hvatt þingið til þess að sinna þessu starfi af fullum krafti. Árið 1999 tók ÖSE-þingið þátt í kosningaeftirliti í Armeníu, Kasakstan, Georgíu og Rússlandi. Íslandsdeildin tók ekki þátt í kosningaeftirliti ÖSE-þingsins á árinu, en þingmenn sem taka þátt í því gera það á kostnað eigin þjóðþinga.

d. Annað.

Forseti ÖSE-þingsins hefur á árinu tekið þátt í fundum fyrrverandi, núverandi og verðandi formanna ráðherraráðsins, auk þess að heimsækja nokkur ríki á Kákasussvæðinu. Þá stóð ÖSE-þingið fyrir málþingi um svæðisbundna efnahagssamvinnu í Nantes dagana 13.–15.

október 1999 í samvinnu við franska þingið. Íslandsdeildin tók ekki þátt í framangreindu málþingi.

Alþingi, 4. febr. 2000.

Pétur H. Blöndal, form.	Ásta R. Jóhannesdóttir, varaform.	Jónína Bjartmarz.*

* 1. febrúar 2000 var Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks, kjörin til setu í Íslandsdeild ÖSE-þingsins sem aðalmaður í stað Valgerðar Sverrisdóttur sem tók við embætti iðnaðar- og viðskiptaráðherra 31. desember 1999.

Fylgiskjal I.

Markmið og skipulag ÖSE-þingsins.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins eru því ætluð eftirfarandi hlutverk:

1. Að meta árangurinn af ÖSE-samstarfinu.
2. Að ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra ÖSE-ríkjanna.
3. Að þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr átökum.
4. Að stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum.
5. Að leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana ÖSE.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er miðað við að ríki sem undirritað hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 eigi aðild að þinginu og að þau taki þátt í ÖSE-samstarfinu. Nú eiga 55 þing ÖSE-ríkjanna aðild að ÖSE-þinginu. Gert er ráð fyrir 317 fulltrúum á þinginu og þar af á Alþingi þrjá.

Starfsreglurnar gera ráð fyrir að ÖSE-þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Auk þingfunda er gert ráð fyrir að innan þingsins starfi þrjár fastanefndir sem fjalli um mál er falla undir svið þeirra. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok þingfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefnið sem tekið er fyrir í nefndinni það ár í samráði við formann og varaformann. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar þrjár eru nefnd um stjórn- og öryggismál (fyrsta nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál (önnur nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (þriðja nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er ætlað að undirbúa störf þingsins. Hún er skipuð forseta ÖSE-þingsins, varaforsetunum níu, gjaldkera, formönnum málefnanefndanna þriggja og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, eða alls 69 fulltrúum. Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, varaforsetum og gjaldkera. Henni er ætlað að fylgjast með að ákvörðunum þingsins sé framfylgt og ákvarða um málefni sem upp kunna að koma á milli funda stjórnarnefndar.

Þingsköp ÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið og framkvæmdastjórnin taki ákvarðanir sínar með meiri hluta atkvæða en ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skuli teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri „samstöðureglu“ (consensus rule) sem fylgt er á fundum fulltrúa rík-

isstjórna ÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins fylgir svokallaðri „consensus minus one"-reglu sem felur í sér að tvö eða fleiri ríki geta fellt einstök mál í nefndinni.

Fulltrúi ráðherraráðs ÖSE ávarpar þingið á ársfundi þess og gefur skýrslu um málefni ÖSE og verkefni sem verið er að vinna að á vettvangi stofnunarinnar. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til ráðherrans sem mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins. Opinber tungumál þingsins eru sex: enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska, og er túlkað jafnharðan.

Fylgiskjal II.

Skipan ÖSE-þingsins.

	Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta alls
A. Bandaríkin	17	17
B. Rússland	15	15
C. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D. Kanada og Spánn	10	20
E. Úkraína, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F. Rúmenía	7	7
G. Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkland, Sviss, Hvíta-Rússland, Úsbekistan og Kasakstan	6	78
H. Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I. Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J. Kýpur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litháen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldavía, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kirgisistan, Armenía, Aserbaídsjan og Bosnía og Hersegóvína og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldið Makedónía	3	54
K. Andorra, Liechtenstein, Mónakó og San Marínó	2	8
Samtals		**317**

Vatíkanið getur sent allt að tvo áheyrnarfulltrúa á fundi ÖSE-þingsins.

675. Skýrsla [414. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, fyrir árið 1999.

1. Inngangur.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 og hafði það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Umsvif og starfsemi nefndarinnar urðu meiri þegar samningar hófust um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1989 og mikilvægi hennar jókst enn þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994, en fulltrúar úr henni skipa EFTA-hluta sameiginlegu

þingmannanefndar EES. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefnd EFTA. Þar sem Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan EES varð þingmannanefnd EFTA með gildistöku EES-samningsins að formi til tvískipt, þ.e. annars vegar upphaflega nefndin, nú með fjórum fyrrgreindum aðildarríkjum, og hins vegar nefnd ríkjanna þriggja sem mynda EFTA-hluta EES. Nefndin fundar þó ávallt í einu lagi og sitja því Svisslendingar sem áheyrnarfulltrúar þegar verið er að taka fyrir málefni sem eingöngu varða EES-hluta nefndarinnar. Sviss á einnig áheyrnaraðild að fundum þingmannanefndar EES. Til einföldunar verður í frásögnum hér á eftir talað um fundi þingmannanefndar EFTA þótt í raun hafi þá bæði eldri EFTA-nefndin og EES-hluti þingmannanefndar EFTA setið saman á fundi.

Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári, en fundar jafnframt tvisvar á ári með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar um starfsemi EFTA, gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga, málefni EES og Evrópusambandsins (ESB) og efnahags- og viðskiptamál almennt. Alþingi á fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA eins og önnur aðildarríki. Þingmannanefnd EFTA á einnig samstarf við ríki sem EFTA hefur gert fríverslunareða samstarfssamninga við (t.d. ríki á Miðjarðarhafssvæðinu og í Mið- og Austur-Evrópu). Þessi þáttur í starfi EFTA eykst stöðugt og eru fríverslunarsamningar við fleiri lönd og svæði í bígerð.

Á milli funda hittist framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar en hún undirbýr starf nefndarinnar, hefur umsjón með verkefnum og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess sem hún fjallar um aðkallandi mál. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-landi, en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Í Íslandsdeildinni hefur, auk formanns, einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Þingmannanefnd EFTA vann ötullega að því í samvinnu við Evrópuþingið að í samningnum um EES yrði gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd (95. gr. samningsins). Í sameiginlegu þingmannanefnd EES eru nú tuttugu og fjórir þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá EES-aðildarríkjum EFTA. Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Sameiginlega þingmannanefndin á að fylgjast með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefa álit sitt á EES-málum. Nefndin fundar tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni milli ára. Þegar í upphafi hafði sameiginlega þingmannanefnd EES frumkvæði að því að semja skýrslur um málefni sem hún vildi skoða sérstaklega og hafa þær skýrslur svo verið ræddar á fundum nefndarinnar. Fyrir hverja skýrslugerð eru tilnefndir tveir framsögumenn (rapporteurs), einn úr hópi EFTA-þingmanna og einn úr hópi Evrópuþingmanna, og leggja þeir jafnframt fram drög að ályktunum. Þær eru bornar undir atkvæði, sem og einstakar málsgreinar eða breytingartillögur við þær, að því gefnu að a.m.k. fjórðungur hvorra tveggja þingmanna Evrópuþingsins og fulltrúa EFTA-ríkjanna séu viðstaddir. Einstakar málsgreinar eða breytingartillögur eru samþykktar með einföldum meiri hluta en atkvæði tveggja þriðju hluta viðstaddra þarf síðan til að samþykkja ályktunina í heild sinni. Ályktanir sem samþykktar eru á grundvelli þessara skýrslna eru síðan sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, þinga EFTA-EES-ríkja, Evrópuþingsins og utanríkisviðskiptanefndar þess, sem og Evrópunefnda þjóðþinga ESB. Bæði ráðherraráðið og sameiginlega EES-nefndin gera athugasemdir við ályktanir þingmannanefndarinnar á næsta fundi hennar og síðan eftir þörfum. Þingmannanefndin heldur skrá yfir allar tillögur sem fram koma í ályktunum hennar og er sú

skrá birt árlega sem fylgiskjal með skýrslu um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þannig getur þingmannanefndin fylgst með því hver þróun hefur orðið í þeim málum sem hún hefur tekið fyrir og tekið aftur upp mál þar sem hún telur að framþróunin sé ófullnægjandi. Með því að taka skipulega fyrir skýrt afmörkuð málefni hefur þingmannanefnd EES möguleika til áhrifa á þróun EES-samningsins. EFTA-hluti þingmannanefndar EES hefur líka fjallað um áhrif þjóðþinga EFTA-ríkjanna á samninginn og lagasetningu í tengslum við hann.

Á undanförnum árum hefur Íslandsdeildin fundað með Evrópunefnd (eða samsvarandi nefnd) þess ríkis sem næst tekur við forustu innan ESB, en skipt er um forusturíki á sex mánaða fresti.

2. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Fyrri hluta árs 1999 sátu í Íslandsdeildinni Vilhjálmur Egilsson, formaður, þingflokki sjálfstæðismanna, Gunnlaugur M. Sigmundsson, varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, Árni M. Mathiesen, þingflokki sjálfstæðismanna, Sighvatur Björgvinsson, þingflokki jafnaðarmanna, og Hjörleifur Guttormsson, þingflokki óháðra. Hjörleifur var varamaður í þingmannanefnd EES, en þar á Ísland einungis fjögur sæti. Svavar Gestsson, þingflokki Alþýðubandalagsins, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingarinnar, var áheyrnarfulltrúi til 6. mars 1999, er hann lét af þingmennsku. Fulltrúar Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA voru Vilhjálmur Egilsson og Sighvatur Björgvinsson. Fulltrúi Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES var Vilhjálmur Egilsson.

Frá 16. júní skipa Íslandsdeildina Vilhjálmur Egilsson, formaður, þingflokki sjálfstæðismanna, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, Össur Skarphéðinsson, þingflokki jafnaðarmanna, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingarinnar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki sjálfstæðismanna, og Ögmundur Jónasson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn eru Gunnar Birgisson, þingflokki sjálfstæðismanna, Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Alþýðubandalagsins, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingar, Katrín Fjeldsted, þingflokki sjálfstæðismanna, Jón Kristjánsson, þingflokki framsóknarmanna, og Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ritari Íslandsdeildarinnar árið 1999 var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs.

3. Starfsemi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu 1999.

Megináherslan í starfi nefndanna beggja undanfarin ár hefur jafnan verið lögð á að fylgjast sem best með framkvæmd EES-samningsins. Nefndirnar leita upplýsinga frá ráðherraráði EFTA og EES og embættismönnum stofnana EFTA og ESB og koma skoðunum og áherslum þingmanna á framfæri við þessa aðila.

Árið 1999 fylgdist þingmannanefnd EFTA grannt með framgangi nýgerðra tvíhliða samninga Sviss og ESB og ræddi sérstaklega áhrif þeirra á EFTA-samstarfið og þær breytingar sem gera þyrfti á Stokkhólmssáttmálanum til þess að EFTA-EES-ríkin væru ekki í lakari stöðu gagnvart Sviss en aðildarríki ESB. Nefndin ræddi einnig um ákvarðanir er varða fríverslunarsamninga EFTA við ýmis ríki en svo var komið að safnast höfðu upp ákvarðanir allt aftur til 1996 sem stjórnvöld höfðu ekki lagt fyrir þingin og átti það jafnt við um EFTA-ríkin og samstarfsríki þeirra. Landsdeildir þingmannanefndar EFTA tóku að sér að kanna ástæðurnar fyrir þessum töfum heima fyrir. Eftirgrennslan Íslandsdeildarinnar í utanríkisráðuneytinu leiddi í ljós að hér á landi stafaði töfin af tímaskorti og manneklu. Eftir að þingmannanefndin tók þetta mál til skoðunar tóku ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna sig á í þessu efni.

Þingmannanefndir EFTA og EES fylgdust einnig grannt með samningaviðræðum um áframhald þróunarsjóðs EFTA og þeim áhrifum sem málið hafði á EES-samstarfið. Þróun mála á afmörkuðum sviðum EES var rædd, sem og starfsemi COSAC (nefnd skipuð fulltrúum úr Evrópunefndum þjóðþinga ESB) og þróun þeirrar nefndar.

Sex skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES á árinu og samþykktar voru ályktanir á grundvelli þeirra. Skýrslurnar sem voru ræddar fjölluðu um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir 1998, einsleitni innan EES, neytendamál innan EES, stækkun ESB og áhrif hennar á EES, öryggi matvæla innan EES og starf þingmannanefndar EES síðustu fimm ár.

Íslandsdeildin var virk í starfi nefndanna á árinu. Hún átti þrjá framsögumenn af sex sem EFTA-hluti þingmannanefndar EES tilnefndi út af skýrslum ársins, þá Vilhjálm Egilsson, sem var annar höfundur skýrslu um stækkun ESB og áhrif hennar á EES, Össur Skarphéðinsson, sem var annar höfundur skýrslu um störf þingmannanefndar EES síðustu fimm ár, og Árna M. Mathiesen, sem var annar höfundur skýrslu um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir árið 1998. Íslandsdeildin var einnig gestgjafi á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar í Keflavík. Að lokum má geta þess að Vilhjálmur Egilsson, formaður Íslandsdeildarinnar, var kjörinn varaformaður þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2000.

Loks ber að geta funda sem Íslandsdeildin átti á árinu með fulltrúum þjóðþinga þeirra ríkja sem næst tóku við forsæti í ráðherraráði ESB, en ESB-ríkin skiptast á um formennsku á hálfs árs fresti. Íslandsdeildin hefur haldið slíka fundi í tengslum við fundi þingmannanefndar EFTA. Þar kynnir Íslandsdeildin málefni EFTA og EES og útskýrir hvernig ýmsar ákvarðanir ESB hafi bein og/eða óbein áhrif á EES, jafnframt því að fá upplýsingar um helstu áhersluatriði viðkomandi ríkja í forsætistíð þeirra. Nefndin fundaði með fulltrúum Evrópunefndar finnska þingsins í Helsinki 3. júní og með fulltrúum Evrópunefndar portúgalska þingsins í Lissabon 3. desember, en Finnland tók við forsæti í ráðherraráði ESB 1. júlí 1999 og Portúgal í ársbyrjun 2000.

18. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.
53./21. fundur þingmannanefndar EFTA.
20. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.

Fundirnir voru haldnir í Brussel dagana 25.–26. janúar. Fund þingmannanefndar EFTA sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson, auk ritara. Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES var fulltrúi Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson, auk ritara. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu Vilhjálmur Egilsson og Sighvatur Björgvinsson, auk ritara.

Á fundi þingmannanefndar EFTA ræddi nefndin við formann sameiginlegu EES-nefndarinnar, Einar Bull, sendiherra Noregs, um starfsemi EES og starfið fram undan. Meðal annars var rætt um þátttöku EFTA-ríkjanna í sérfræðinganefndum ESB, markmið um hraðari ákvörðunartöku í sameiginlegu EES-nefndinni, stöðu þróunarsjóðs EFTA, viðauka 2, 3 og 9 við EES-samninginn, reglur um heilbrigði dýra, Schengen-samstarfið, þýðingu á EES-gerðum í EFTA-ríkjunum og fríverslunarsamninga EFTA við ríki Mið- og Austur-Evrópu sem sótt hafa um aðild að ESB. Sendiherra Sviss kynnti nýgerðan tvíhliða samning Sviss og ESB, sem er í raun sjö samningar en tengdir saman. Hann sagði svissnesk stjórnvöld líta á samninginn nú sem bráðabirgðaúrræði og að stefnt væri að fullri aðild Sviss að ESB með tímanum. Starfsmaður framkvæmdastjórnar ESB (DG V) kynnti það sem er að gerast á sviði stefnumótunar í atvinnumálum hjá sambandinu. Starfsmaður EFTA fór yfir hvernig EFTA-

EES-ríkin koma að þessum málum. Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Brussel, fór yfir stöðu Schengen-samstarfsins. Björn Haug, forseti EFTA-dómstólsins, kynnti starfsemi dómstólsins og mál sem voru til umfjöllunar hjá dómstólnum. Bauð hann þingmönnum að koma til Lúxemborgar og kynna sér starfsemi dómstólsins betur. Nefndin ræddi einnig um ákvarðanir er varða fríverslunarsamninga EFTA við ýmis ríki. Slíkar ákvarðanir eru teknar af sameiginlegum nefndum þeirra ríkja sem eiga aðild að viðkomandi samningi og hafa það hlutverk að uppfæra og bæta samningana. Sumar þessar ákvarðanir þurfa að fara fyrir þjóðþing aðildarríkjanna til staðfestingar, en nú er svo komið að safnast hafa upp ákvarðanir allt frá 1996 sem stjórnvöld hafa ekki lagt fyrir þingin og á það jafnt við um EFTA-ríkin sem og samstarfsríki þeirra. Tóku landsdeildir þingmannanefndar EFTA að sér að kanna ástæðurnar fyrir þessum töfum heima fyrir. Aðeins Íslandsdeildin var búin að kanna þessi mál fyrir fundinn og upplýsti að eftirgrennslan í utanríkisráðuneytinu hefði leitt í ljós að hér á landi stafaði þetta af tímaskorti og manneklu, en til stæði að bæta úr.

Að loknum fundum á vegum þingmannanefndar EFTA fundaði Íslandsdeildin með sendiherra Íslands í Brussel. Rætt var m.a. um samskipti við þriðju ríki og áhrifin á EES-samninginn, skattamál í Evrópu, reglur um heilbrigði dýra, tilskipun ESB um sumartíma og þróunarsjóð EFTA. Þá komu nokkrir aðrir starfsmenn sendiráðsins á fundinn, þeir Grétar Már Sigurðsson sendiráðunautur, Gylfi Kristinsson, fulltrúi félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis, og Baldur Pétursson, fulltrúi iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis, og kynntu þeir helstu mál á sínum sviðum. Síðan var rætt almennt um upplýsingaflæði til Alþingis og þátttöku þingmanna í mótun ákvarðana og hvernig hægt væri að bæta hvort tveggja. Í því sambandi var m.a. rætt um gagnabanka EFTA, upplýsingar á netinu og hlutverk Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

21. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.
19. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.
12. fundur þingmannanefndar EES.

Fundirnir voru haldnir í Keflavík dagana 15.–16. mars. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður og Sighvatur Björgvinsson, auk ritara. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES sat Vilhjálmur Egilsson, auk ritara. Fulltrúar Íslandsdeildarinnar á fundi þingmannanefndar EES voru Vilhjálmur Egilsson, Gunnlaugur Sigmundsson, Árni Mathiesen og Hjörleifur Guttormsson, auk ritara.

Fund þingmannanefndar EES ávörpuðu dr. Reinhart Ehni, sendiherra Þýskalands, fyrir hönd ráðherraráðs EES, Fabrizio Barbaso, forseti sameiginlegu EES-nefndarinnar, Einar Bull sendiherra, sem jafnframt á sæti í nefndinni, og Knut Almestad, forseti ESA. Mikið var rætt um þróunarsjóð EFTA á fundinum en það mál var í uppnámi. Ehni og Barbaso sögðu báðir að EES-samstarfið hefði gengið vel á árinu 1998 og vísaði Barbaso m.a. til þess að EFTA-EES-ríkin tækju þátt í fjölda áætlana ESB í krafti EES-samningsins. Bull var líka jákvæður um starfsemi EES á síðasta ári og sagði að samstarf við framkvæmdastjórn ESB gengi vel. Eitt vandamál hefði hins vegar varpað skugga á samstarfið, þ.e. að eitt ríki skyldi geta tafið og hindrað framgang EES-mála í ráðinu. Hann tók sem dæmi að þátttaka EFTA-EES-ríkjanna í Lyfjastofnun Evrópu hefði verið hindruð þó að búið væri að samþykkja málið á öllum stigum, þ.m.t. í Evrópuþinginu. Hann taldi að samstarfsandinn innan EES væri ekki jafngóður og áður hefði verið. Krafa ESB um áframhaldandi greiðslur hefði komið EFTA-EES-ríkjunum í opna skjöldu, en þau hefðu brugðist skjótt við og gefið til kynna að þau væru reiðubúin að taka þátt í aðgerðum til að draga úr efnahagslegu misvægi svæða. Í umræðum

þingmanna kom í ljós að allir þingmenn Evrópuþingsins sem sátu fundinn voru sammála túlkun EFTA-EES-ríkjanna á ákvæðum EES-samningsins er varða þróunarsjóðinn.

Fimm skýrslur voru teknar til umfjöllunar og samþykktar voru ályktanir á grundvelli þeirra. Þær voru skýrsla um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir 1998, en í ályktuninni kemur fram fyrrgreind afstaða til þróunarsjóðsins og hvatt er m.a. til þess að ákvörðun um þátttöku EFTA-EES-ríkjanna í Lyfjastofnun Evrópu verði tekin án tafar, skýrsla um einsleitni innan EES, en í ályktuninni er m.a. hvatt til þess að EFTA-EES-ríkin tryggi nægilegt fjármagn til að þýðingar á gerðum ESB gangi hratt og örugglega, skýrsla um neytendamál innan EES þar sem EFTA-EES-ríkin eru m.a. hvött til að fara vel yfir tillögu um rafræn viðskipti sem nýlega var samþykkt innan ESB, skýrsla um stækkun ESB og áhrif hennar á EES þar sem m.a. fyrrgreind afstaða til þróunarsjóðsins kemur aftur fram en EFTA-EES-ríkin eru jafnframt hvött til að vera jákvæð gagnvart því, í tengslum við stækkunarferli ESB, að taka þátt í sameiginlegu átaki til að draga úr félagslegu og efnahagslegu misvægi milli þeirra ríkja sem sótt hafa um aðild að ESB og núverandi aðildarríkja EES, og skýrsla um öryggi matvæla innan EES þar sem m.a. er sagt að bjóða eigi EFTA-EES-ríkjunum að taka þátt í öllum vinnuhópum á þessu sviði.

22. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.
54./22. fundur þingmannanefndar EFTA.
20. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA.
Fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA með fulltrúum ráðgjafarnefndar EFTA.

Fundirnir voru haldnir 1.–2. júní í Lillehammer. Fundina sátu af hálfu Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður og Gísli S. Einarsson, auk ritara.

Á framkvæmdastjórnarfundunum var m.a. fjallað um samskipti EFTA við þriðju ríki og hugsanlegt samband þingmannanefndar EFTA við COSAC. Í framhaldi af fundinum skrifaði formaður þingmannanefndar EFTA til Evrópunefndar finnska þingsins, en Finnar tóku við formennsku í COSAC um mitt ár, og síðar tóku íslenskir og norskir þingmenn málið upp er þeir ræddu við finnska starfsbræður sína.

Fundur þingmannanefndar EFTA fjallaði m.a. um nýgerða tvíhliða samninga Sviss og ESB. Rætt var sérstaklega um áhrif samninganna á EFTA-samstarfið og breytingar sem gera þarf á Stokkhólmssáttmálanum til þess að hin EFTA-ríkin væru ekki í lakari stöðu gagnvart Sviss en aðildarríki ESB. Kjartan Jóhannsson, framkvæmdastjóri EFTA, og Anton Egger, fulltrúi svissnesku stjórnarinnar, ræddu einnig við nefndina um þetta mál. Alain Frank frá Heimsviðskiptastofnuninni (WTO) ræddi við nefndina um þróun heimsviðskipta og næstu samningalotu WTO. Julian Schütte, forstöðumaður lagadeildar skrifstofu ráðherraráðs ESB, ræddi um dóms- og innanríkismál (Justice and Home Affairs), sérstaklega Schengen-samstarfið. Nefndin hélt áfram umfjöllun sinni um ákvarðanir er varða fríverslunarsamninga EFTA við ýmis ríki. Safnast höfðu upp ákvarðanir allt frá 1996 sem stjórnvöld höfðu ekki staðfest. Fram kom að síðan þingmannanefndin tók þessi mál til skoðunar höfðu ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tekið sig á. Höfðu þær sent landsdeildum skýringar á þessum töfum og var búist við að þessar ákvarðanir yrðu staðfestar með haustinu. Ákveðið var að málstofa þingmannanefndar EFTA í október 1999 yrði opin fleiri þingmönnum en þeim sem sitja í þingmannanefndinni. Var það í samræmi við skipulag á fyrri málstofum nefndarinnar þar sem þingin höfðu tækifæri til að senda þingmenn sem voru að fást við þau mál sérstaklega sem tekin voru fyrir á málstofunni.

Á fundi þingmannanefndarinnar með ráðherraráði EFTA var rætt um málefni EES og niðurstöður síðasta fundar EES-ráðsins, samstarf við þriðju ríki, tvíhliða samninga Sviss við ESB og horfur í WTO.

Haldinn var í fyrsta sinn fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA með mönnum úr ráðgjafarnefnd EFTA sem skipuð er fulltrúum atvinnulífs og verkalýðsfélaga. Tilgangur fundarins var að skiptast á upplýsingum og kynna verkefni sem eru til umfjöllunar í nefndunum.

Fundur Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA með fulltrúum Evrópunefndar finnska þingsins.

Þar sem Finnland átti að taka við formennsku í ráðherraráði ESB 1. júlí, átti Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA fund með fulltrúum úr Evrópunefnd finnska þingsins 3. júní í Helsinki. Fyrir hönd Íslandsdeildar sátu fundinn Vilhjálmur Egilsson formaður og Gísli S. Einarsson, auk ritara. Tilgangurinn var að minna á EES-samstarfið og þau mál sem þar eru efst á baugi. Í þetta sinn ræddu þingmenn mikið um COSAC-samstarfið og möguleika Íslands, Noregs og Liechtensteins til að koma að því.

20. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.
23. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefnda EFTA.
55./23. fundur þingmannanefndar EFTA.

Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES, sem haldinn var í Strassborg 28. október, sat af hálfu Íslandsdeildarinnar Kristinn H. Gunnarsson varaformaður, auk ritara. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, sem haldinn var í Brussel 29. október, sóttu Vilhjálmur Egilsson formaður og Össur Skarphéðinsson, auk ritara, og fund þingmannanefndar EFTA sama dag sátu Gunnar Birgisson og Ögmundur Jónasson, auk allra framangreindra.

Á framkvæmdastjórnarfundi þingmannanefndar EES var m.a. kynnt ný sendinefnd Evrópuþingsins, sem kjörin var í kjölfar Evrópukosninga sl. sumar. Nýr formaður sendinefndarinnar er Edward McMillan-Scott, formaður breskra íhaldsmanna á Evrópuþinginu. Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var m.a. fjallað um starfsemi nefndarinnar næsta ár, og í heimsókn í þingið í Marokkó árið 2000 ef fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Marokkós gengur í gildi eins og til stendur.

Stærsti hluti fundar þingmannanefndar EFTA fór í árlega málstofu þar sem nokkur mál eru tekin fyrir hverju sinni. Þróun mála á afmörkuðum sviðum EES-samningsins var rædd, m.a. var fjallað um aukið frjálsræði á orkumörkuðum, mál er varða frjálsa fólksflutninga og lagaramma fyrir fjarskiptatækni. Þá var farið yfir starfsemi COSAC og þróun þeirrar nefndar. Síðast á dagskrá málstofunnar var erindi Johns Palmers, en hann er einn af yfirmönnum stofnunarinnar „European Policy Center“, og lýsti hann skoðunum sínum á framtíðarþróun ESB og áhrifum hennar á EES-samstarfið.

Fundur Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA með fulltrúum Evrópunefndar portúgalska þingsins.

Þar sem Portúgal átti að taka við formennsku í ráðherraráði ESB um áramótin átti Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA fund með fulltrúum Evrópunefndar portúgalska þingsins. Fundinn, sem fram fór 3. desember í Lissabon, sátu fyrir hönd Íslandsdeildarinnar Vilhjálmur Egilsson formaður, Kristinn H. Gunnarsson varaformaður, Ögmundur Jónasson og Guðmundur Árni Stefánsson (í forföllum fulltrúa Samfylkingarinnar og varamanns hans),

auk ritara. Fundurinn í Lissabon var hefðbundinn, enda tilgangur hans aðallega að minna á EES-samninginn og stöðu Íslands. Íslandsdeildin hitti formann Evrópunefndar portúgalska þingsins og níu aðra þingmenn úr nefndinni frá helstu flokkum. Farið var yfir EES-samninginn, þýðingu hans, helstu málefni á dagskrá EES-samstarfsins og stækkun ESB. Þá spurðu portúgölsku þingmennirnir nokkuð um umhverfismál á Íslandi. Þeir sýndu málstað Íslands í Evrópumálum skilning og tóku fram að þeir skildu vel að vegna EES-samningsins þyrftu EFTA-EES-ríkin að fá aðgang að upplýsingum um gang viðræðna um stækkun ESB.

24. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.
21. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.
13. fundur þingmannanefndar EES.

Fundirnir voru haldnir í Brussel dagana 6.–7. desember. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu Kristinn H. Gunnarsson varaformaður og Guðmundur Árni Stefánsson (í forföllum fulltrúa Samfylkingarinnar og varamanns hans), auk ritara. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES sat Kristinn H. Gunnarsson, auk ritara. Fund þingmannanefndar EES sátu Kristinn H. Gunnarsson, Guðmundur Árni Stefánsson og Gunnar Birgisson, auk ritara.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var farið yfir drög að fjárhagsáætlun ESA. Gert var ráð fyrir svipaðri starfsemi á næsta ári og var fjárhagsáætlun nánast óbreytt. Forseti ESA sagði að enn þá hrönnuðust upp mál hjá stofnuninni sem biðu afgreiðslu, og þá sérstaklega í einstökum deildum þar sem mannekla væri, og að ekki væri gert ráð fyrir að hægt yrði að stytta biðina. Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA samþykkti álit á fjárhagsáætluninni þar sem var lýst áhyggjum af biðinni sem orðið hefði á afgreiðslu mála hjá deildum ESA sem sinna frjálsum fólksflutningum, þjónustu og fjármagnsflutningum.

Á fundi þingmannanefndar EES var breski íhaldsmaðurinn McMillan-Scott kjörinn til formannsstarfa árið 2000, en varaformaður var kjörinn Büchel frá Liechtenstein. Skýrsla um starf nefndarinnar síðustu fimm ár var rædd á fundinum. Á grundvelli hennar var afgreidd ályktun þar sem m.a. var ákveðið að senda ályktanir nefndarinnar til Evrópunefnda þjóðþinga ESB og utanríkisviðskiptanefndar Evrópuþingsins, en þær eru einnig sendar til forseta Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA-EES-ríkjanna, EES-ráðsins og sameiginlegu EES-nefndarinnar. Jafnframt fór nefndin fram á að EES-ráðið hefði nánara samráð við nefndina um mál er yllu erfiðleikum innan EES, með tilliti til aukins vægis Evrópuþingsins í ákvörðunartökuferli ESB.

25. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.
56./24. fundur þingmannanefndar EFTA.
21. fundur þingmannanefndarinnar með ráðherraráði EFTA.

Fundirnir voru haldnir í Genf dagana 12.–13. desember. Fundi þingmannanefndar EFTA sátu Vilhjálmur Egilsson formaður, Kristinn H. Gunnarsson varaformaður, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson, auk ritara. Fund framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sátu Vilhjálmur Egilsson og Össur Skarphéðinsson, auk ritara.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var aðallega rætt um samskipti EFTA við þriðju ríki, þ.e. gerð fríverslunarsamninga og annarra samstarfssamninga. Aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA sagði frá því m.a. að vonast væri til að gerð fríverslunarsamnings við Makedóníu lyki á næsta ári. Á Miðjarðarhafssvæðinu hefði lítið gerst undanfarið ár, en vonast væri til að fríverslunarsamningur við Marokkó gengi í gildi á komandi ári. Hann sagði

jafnframt að annars staðar en í Evrópu kæmu upp vandamál í tengslum við upprunareglur sem gerðu frágang fríverslunarsamninga erfiða. Þetta hefði komið í ljós bæði í samningaviðræðum við ríki á Miðjarðarhafssvæðinu og við Kanada. Þá væri áhersla á tæknilega aðstoð og fjárhagsaðstoð mikil hjá Miðjarðarhafsríkjunum. Hann taldi afstöðu EFTA-ríkjanna mismunandi í slíkum tilfellum og taldi mikilvægt að samræma hana ef árangur ætti að nást. Mikils hefði verið vænst af fríverslunarsamningum við Kanada, en í ljós hefði komið að ekki yrði hægt að ganga eins langt og vonir stóðu til. Einungis yrði gerður hefðbundinn samningur um iðnaðarvörur. Þar hefði þó tekist að aðlaga upprunareglur þannig að samningurinn hefði meira gildi. Búast má við að samningagerð ljúki snemma á árinu, en þá taka við umfangsmiklar viðræður um tæknilegar útfærslur. Össur Skarphéðinsson lagði áherslu á að EFTA ætti að beina sjónum að Suður-Ameríku, þar yrði efnahagsþróun ör í upphafi næstu aldar. Hann lýsti jafnframt yfir vonbrigðum sínum með hvað samningurinn við Kanada yrði lítilfjörlegur.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var rætt um viðskipti og vinnustaðla annars vegar og nýja áætlun um innri markað ESB hins vegar. Jafnframt kynnti fulltrúi ráðgjafarnefndar EFTA starf þeirrar nefndar. Vilhjálmur Egilsson var kjörinn varaformaður þingmannanefndar EFTA, en kjöri formanna var frestað til næsta fundar.

Á fundi þingmannanefndarinnar með ráðherrum var rætt um EES-samstarfið og töldu ráðherrar að það gengi mjög vel. Vilhjálmur Egilsson lagði áherslu á að það yrði að ræða vandamál en ekki sópa þeim undir teppið. Þýðingar á gerðum væru nokkuð mikið vandamál hjá sumum EFTA-EES-ríkjum, ESA væri með langan hala af málum sem ekki væri hægt að afgreiða vegna tímaskorts o.s.frv., þannig að ástandið væri ekki alveg eins gott látið væri í ljós. Þó að menn teldu að að flestu leyti gengi vel að reka samninginn um EES yrði að lagfæra þessa hluti. Samskipti við þriðju ríki voru einnig til umræðu á fundinum og fannst Össuri Skarphéðinssyni ráðherrar draga upp heldur bjarta mynd þar sem engin vandamál væru dregin fram í dagsljósið. Hann nefndi t.d. að ekki hefði gengið að draga Möltu eða Kýpur að samningaborðinu og að samningurinn við Kanada yrði mun rýrari en vonir höfðu staðið til. Hann gerði líka samskipti við ríki Suður-Ameríku að umtalsefni og spurði sérstaklega hvort gerð fríverslunarsamninga við Brasilíu og MERCOSUR hefði verið rætt í ráðherraráðinu. Í svari til hans kom fram að áhugi væri á samningum við Mexíkó og Chile, en Brasilía og MERCOSUR-löndin flyttu aðallega út landbúnaðarvörur sem framleiddar væru í EFTA-ríkjunum og því væri áhugi á fríverslunarsamningum við þau takmarkaður.

Alþingi, 10. febr. 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Kristinn H. Gunnarsson, varaform.	Ögmundur Jónasson.
Össur Skarphéðinsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	

676. Skýrsla [415. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 1999.

1. Inngangur.

Árið 1999 fagnaði Evrópuráðið fimmtíu ára afmæli sínu. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra gegndi formennsku í ráðherranefnd ráðsins frá 7. maí–4. nóvember. Hérlendis var m.a. efnt til sérstaks Alþingis ungmenna dagana 29.–31. mars í tilefni af afmæli ráðsins. Þá fundaði stjórnmálanefnd Evrópuráðsþingsins á Íslandi mánudaginn 6. september og var fundurinn í tengslum við formennsku Íslands í ráðherranefndinni. Árið 1999 var því bæði sögulegt fyrir Evrópuráðið sjálft og fyrir þátttöku Íslands í starfi þess.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins sem snerta ýmis svið þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á fót lýðræði og réttarríki í löndum sínum. Þar ber að sjálfsögðu hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en slíkar mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Sem dæmi um það má nefna að í Amsterdamsáttmála Evrópusambandsins (ESB) er að finna málsgrein þar sem undirritun mannréttindasáttmála Evrópu er gerð að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir inngöngu í sambandið. Um þessar mundir gegnir Evrópuráðið m.a. því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis- og efnahagsuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með efnhagsaðstoð, lagaaðstoð, tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört. Árið 1989 voru þau tuttugu og tvö en eru nú fjörutíu og eitt talsins, auk þess sem fjöldi ríkja hefur sótt um aðild. Pólitískt vægi ráðsins hefur því aukist verulega undanfarin ár, en íbúar aðildarríkjanna eru um 750 milljónir.

2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Þann 17. maí 1999 tóku gildi nýjar reglur um alþjóðanefndir Alþingis. Með breytingunni er m.a. lögð meiri áhersla á að aðalmenn sinni starfi Íslandsdeildanna en varamenn í forföllum þeirra. Ný Íslandsdeild var kjörin 16. júní að afstöðnum alþingiskosningum 8. maí.

Fram til 16. júní voru aðalmenn í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Margrét Frímannsdóttir varaformaður, þingflokki Alþýðubandalags (þingflokki Samfylkingarinnar frá 19. febrúar), og Hjálmar Árnason, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Hjálmar Jónsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks.

Frá og með 16. júní voru aðalmenn deildarinnar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokksins, og Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Ritari Íslandsdeildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

3. Evrópuráðsþingið.

Evrópuráðsþingið gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi Evrópuráðsins, enda hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 527 fulltrúar sem skiptast til helminga í aðal- og varamenn. Öfugt við ráðherranefndina, þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði, fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í fjórtán málefnanefndum. Þá sitja formenn landsdeilda í stjórnarnefnd og í sameiginlegri nefnd með ráðherranefndinni, auk þess sem tuttugu þingmenn sitja í forsætisnefnd þingsins. Loks starfa á þinginu fimm flokkahópar, óháð þjóðerni. Þingið fundar fjórum sinnum á ári, í lok janúar, apríl, júní og september. Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

— eiga frumkvæði að aðgerðum og gera beinar tillögur til ráðherranefndarinnar,
— hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir og
— vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinga.

Á þingfundum eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og framkvæmir í samræmi við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningar- og menntamál, og eina alevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Þingfundir þar sem menn starfa saman, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum eru því mikilvægir, ekki síst fyrir nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Reynslan hefur sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta við að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi, og ekki síður möguleika, Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni.

4. Þingfundur Evrópuráðsþingsins 1999.

a. Fyrsti hluti þingfundar Evrópuráðsins 1999.

Dagana 25.–29. janúar var fyrsti hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 1999 haldinn í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Margrét Frímannsdóttir varaformaður og Hjálmar Jónsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara Íslandsdeildarinnar. Á fundinum bar það m.a. til tíðinda að kjörinn var nýr forseti þingsins og að samþykkt var að mæla með því við ráðherranefndina að Georgíu yrði veitt aðild að Evrópuráðinu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Á fundinum voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirfarandi mál: skýrslu „vitringanefndar“ ráðherraráðsins um þróun sameinaðrar Evrópu, framtíðarskipan milliríkjasamstarfs í Evrópu, pólitískan ramma fyrir samstarf Evrópuríkja á nýrri öld, umsókn Georgíu um aðild að Evrópuráðinu, skuldbindingar Úkraínu sem aðildarríkis Evrópuráðsins, trúarbrögð og lýðræði, ástand mála í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu og í Kosovo-héraði, drög að starfsreglum fyrir sérlegan fulltrúa Evrópuráðsins í mannréttindamálum, stöðu efnahagsmála í Rússlandi og Úkraínu, framlag Evrópuráðsþingsins til annarrar herferðar Evrópuráðsins gegn fátækt og félagslegri útskúfun, stöðu barna í Albaníu og líffæra- eða vefjaflutninga úr dýrum í menn eða á gervilíffærum og -vefjum.

Eftirtaldir ávörpuðu þingið og svöruðu spurningum þingmanna: Milan Kucan, forseti Slóveníu, Knut Vollebæk, utanríkisráðherra Noregs og formaður ráðherraráðs ÖSE, Valdas

Adamkus, forseti Litháens, János Martonyi, utanríkisráðherra Ungverjalands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, og Valentina Matvienko, aðstoðarforsætisráðherra Rússlands.

Mánudaginn 25. janúar var Russel-Johnston lávarður kjörinn í embætti forseta þingsins með miklum meiri hluta atkvæða. Hann hlaut 209 atkvæði en mótframbjóðandi hans, ítalski þingmaðurinn Flavio Rodeghiero, 31 atkvæði. Þá buðu 19 sig fram í allt að 19 embætti varaforseta. Til að ná kjöri varð hver og einn að hljóta meiri hluta atkvæða þingmanna, eða 143 atkvæði, og var þetta í fyrsta sinn sem kosið var samkvæmt þeirri reglu. Þá voru varaforsetarnir jafnframt í fyrsta sinn kjörnir í leynilegri atkvæðagreiðslu. Í fyrstu umferð náðu sex kjöri og hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir næstflest atkvæði, eða 156. Flest atkvæði hlaut breski þingmaðurinn Terry Davis, 163, en þess má geta að hann sóttist um þær mundir eftir embætti framkvæmdastjóra Evrópuráðsins sem kjörinn var á fundi Evrópuráðsþingsins í júní, líkt og síðar er greint frá. Sex frambjóðendur til viðbótar náðu kjöri til varaforseta í annarri umferð þriðjudaginn 26. janúar og loks náðu sjö kjöri í þriðju umferð miðvikudaginn 27. janúar Lára Margrét var jafnframt endurkjörin til varaformennsku í heilbrigðis- og félagsmálanefnd Evrópuráðsþingsins á fundi nefndarinnar mánudaginn 25. janúar.

Hjálmar Jónsson tók þátt í umræðu um skýrslu um pólitískan ramma fyrir samstarf Evrópuríkja á nýrri öld. Í máli sínu fagnaði Hjálmar gerð skýrslunnar og sagði vel til fundið að ræða hlutverk Evrópuráðsins við upphaf nýrrar aldar og í tengslum við fimmtíu ára afmæli þessarar merku stofnunar. Hins vegar gagnrýndi Hjálmar umfangsmikið hlutverk sem skýrsluhöfundur, belgíski þingmaðurinn Paul Staes, ætlaði Evrópuráðinu. Hjálmar sagði meginhlutverk Evrópuráðsins vera að standa vörð um mannréttindi og virðingu við lög og reglur og að hlúa að þróun lýðræðis. Þar hefði Evrópuráðið unnið mjög gott starf og náð frábærum árangri í gegnum tíðina. Þá gagnrýndi Hjálmar umfjöllun í skýrslunni um sameiginlega öryggisstefnu aðildarríkjanna sem hann sagði ekki eiga við þar sem Evópuráðið væri annars vegar. Enn fremur gagnrýndi Hjálmar ofuráherslu á mikilvægi evrópskrar vitundar umfram þjóðernisvitund. Hann sagði slíkt markmið hvorki æskilegt né framkvæmanlegt og að það væri alls ekki hlutverk Evrópuráðsins né nokkurrar annarrar stofnunar að vinna að slíku. Loks sagði Hjálmar ástæðu til að minna nokkra þingmenn frá aðildarríkjum Evrópusambandsins á að sum ríki Evrópu hvorki væru aðilar né sæktust þau eftir aðild að sambandinu, sem sumir þeirra virtust stundum rugla saman við Evrópuráðið. Yfirþjóðleg evrópsk valdastofnun væri ekki heillavænleg framtíðarsýn.

Lára Margrét Ragnarsdóttir lagði fram spurningu til Knuts Vollebæks, formanns ráðherraráðs ÖSE. Hún spurði Vollebæk hvort hann teldi líklegt til árangurs, jafnvel réttlætanlegt, að senda 1.200 óvopnaða eftirlitsmenn til Kosovo til að hafa eftirlit með vægast sagt óstöðugu vopnahléi. Hún spurði hvort ekki væri í raun verið að setja eftirlitsmennina í óþarfa hættu og jafnvel vekja falska öryggiskennd á meðal íbúa héraðsins, líkt og gerðist með stofnun svonefndra griðasvæða Sameinuðu þjóðanna í Bosníu-Hersegóvínu á sínum tíma. Vollebæk sagðist ítrekað hafa gert báðum aðilum deilunnar það ljóst að þeir yrðu sjálfir að sýna samnings- og sáttavilja, öðruvísi yrði aldrei hægt að tryggja öryggi íbúanna. Jafnframt sagði hann eftirlitsstarf ÖSE vissulega þegar hafa skilað árangri, nærvera eftirlitssveitanna hefði víða dregið úr spennu og gert flóttamönnum kleift að snúa aftur til heimkynna sinna. Hins vegar viðurkenndi Vollebæk að öryggi eftirlitssveitanna sjálfra væri áhyggjuefni og sagði grannt fylgst með stöðunni. Hann minnti á að hersveitir á vegum Atlantshafsbandalagsins væru í viðbragðsstöðu í fyrrverandi Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu.

Á fundi þingsins í september 1998 bar Lára Margrét Ragnarsdóttir fram spurningu til þáverandi formanns ráðherranefndar Evrópuráðsins um stöðu mannréttindamála sem verið

höfðu á borði ráðherranefndarinnar árum saman. Lára Margrét spurði hvers vegna fullnusta þeirra tæki jafnlangan tíma og raun bæri vitni. Fyrir fund þingsins í janúar hafði borist skriflegt svar frá ráðherranefndinni þar sem m.a. kemur fram að langan biðtíma eftir fullnustu mála megi t.d. skýra með vísan í réttarúrbætur í viðkomandi ríkjum eða með því að beðið sé eftir niðurstöðu úr öðrum sambærilegum málum sem hafa beri til hliðsjónar. Lára Margrét lagði aftur fram skriflega spurningu og spurði nú sérstaklega um framkvæmd eins máls sem snýr að tyrkneskum stjórnvöldum og annars máls sem snýr að frönskum stjórnvöldum. Ráðherrann svaraði því til að þegar hefði orðið jákvæð þróun í tyrkneska málinu, en enn hefði ekkert heyrst um málið sem sneri að frönskum stjórnvöldum.

b. Annar hluti þingfundar Evrópuráðsins 1999.

Dagana 26.–30. apríl var annar hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 1999 haldinn í Strassborg. Að þessu sinni sótti einungis einn þingmaður þingið fyrir hönd Íslandsdeildar, Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, og sat hún einungis fyrri helming fundarins, en hann fór fram skömmu fyrir alþingiskosningar. Fundinn sat jafnframt Gústaf Adolf Skúlason, ritari Íslandsdeildarinnar. Dagana 28.–30. apríl var enn fremur haldið Evrópuráðsþing ungmenna í tengslum við fimmtíu ára afmæli Evrópuráðsins. Evrópuráðsþing ungmenna sóttu fyrir Íslands hönd Sigrún Sigurðardóttir og Sigurður Jóhannsson, en þau voru tilnefnd af stjórn Æskulýðssambands Íslands.

Málefni Kosovo voru efst á dagskrá þingfundar Evrópuráðins, en jafnframt voru mál Bosníu-Hersegóvínu ofarlega á baugi. Þá hlaut Georgía formlega aðild að Evrópuráðinu og er 41. aðildarríki þess. Loks hófust formleg hátíðahöld í tilefni þess að Evrópuráðið fagnaði fimmtíu ára afmæli sínu þann 7. maí 1999.

Á fundinum voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirtalin mál: skýrslu framkvæmdastjórnar um starfsemi Evrópuráðsþingsins, eftirlit með starfsemi innanríkisöryggisstofnana í Evrópu, átök í Kosovo og stöðu mála í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, ástand flóttamanna frá Kosovo, þörfina á aukinni efnahagssamvinnu ríkja Suðaustur-Evrópu, skuldbindingar Króatíu sem aðildarríkis Evrópuráðsins, komu flóttamanna til heimila sinna í Króatíu, stefnu Evrópuríkja í samgöngumálum og fjölmiðla og lýðræðismenningu.

Eftirtaldir ávörpuðu þingið og svöruðu spurningum þingmanna: Milos Zeman, forsætisráðherra Tékklands, Carlos Westendorp, eftirlitsmaður vesturveldanna í Bosníu-Hersegóvínu, Zivko Radisic, Alija Isetbegovic og Ante Jelavic, forsetar Bosníu-Hersegóvínu, Eduard Shevardnadze, forseti Georgíu, János Martonyi, utanríkisráðherra Ungverjalands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, Gret Haller, mannréttindaumboðsmaður ÖSE í Bosníu-Hersegóvínu, Rexhep Mejdani, forseti Albaníu, og Tadeusz Syryjczyk, samgönguráðherra Póllands.

Lára Margrét Ragnarsdóttir beindi í þriðja sinn spurningu til formanns ráðherranefndarinnar um aðgerðir nefndarinnar í tveimur mannréttindamálum tengdum frönskum og tyrkneskum stjórnvöldum. Fram kom í svari ráðherrans að hvorki tyrknesk né frönsk stjórnvöld hefðu í viðkomandi tilfellum fullnægt dómum mannréttindadómstólsins, en jafnframt að ekki væri öll von úti enn og að í dómsmálaráðuneyti Frakklands væru viðkomandi lög til endurskoðunar.

Á Evrópuráðsþingi ungmenna voru ræddar skýrslur og ályktað um menntamál, þátttöku borgara í lýðræðisskipulaginu og um Kosovo.

c. Þriðji hluti þingfundar Evrópuráðsins 1999.

Dagana 21.–25. júní var þriðji hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 1999 haldinn í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu nýkjörinnar Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður og Ólafur Örn Haraldsson varaformaður, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar ritara. Þá sótti Tómas Ingi Olrich fundi vísinda- og tækninefndar þingsins þar sem hann er að vinna að skýrslu á vegum nefndarinnar um stefnu Evrópuríkja í orkumálum.

Meðal þess sem hæst bar á þinginu voru sérstakar umræður um stöðu mála í Kosovo og Júgóslavíu og um díoxínmengunarhneykslið í Belgíu. Ályktað var um bæði málin. Þá var austurríski þingmaðurinn Walter Schwimmer kjörinn nýr framkvæmdastjóri Evrópuráðsins og tók hann við af Svíanum Daniel Tarschys þann 1. september. Schwimmer hlaut 138 atkvæði í annarri umferð kosninganna en mótframbjóðandi hans, breski þingmaðurinn Terry Davis, hlaut 136 atkvæði. Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, ávarpaði þingið fyrir hönd ráðherranefndarinnar og svaraði jafnframt spurningum þingmanna.

Að auki voru ræddar skýrslur og ályktað um eftirtalin efni: samskipti Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna, ólöglegar athafnir sértrúarhópa, starfsemi Þróunarbanka Evrópu, sérstök skólakerfi fyrir fólk sem ekki hefur lokið grunnnámi, jöfnun á stöðu kynjanna í stjórnmálum, viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu um félagsleg grundvallarréttindi, díoxín og öryggi matvæla, skuldbindingar Úkraínu sem aðildarríkis Evrópuráðsins, átök í Kosovo og stöðu mála í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar fólks með ólæknandi sjúkdóma og fólks á dánarbeði og um félagslegt hlutverk samvinnufélaga í Evrópu.

Auk Halldórs Ásgrímssonar ávörpuðu eftirtaldir þingið og svöruðu flestir spurningum þingmanna: Helle Degn, forseti ÖSE-þingsins, Miguel Angel Martínez, forseti Alþjóðaþingmannasambandsins, Horst Köhler, forseti Þróunarbanka Evrópu, Viktor Tsjernómyrdín, sérlegur fulltrúi Rússlandsforseta vegna átakanna á Balkanskaga, og Petru Luchinschi, forseti Moldavíu.

Í ávarpi sínu gerði Halldór Ásgrímsson m.a. grein fyrir hlutverki Evrópuráðsins í uppbyggingarstarfi að loknum átökunum í Kosovo og heimsókn sinni til Bosníu-Hersegóvínu skömmu fyrir fundinn. Þá fjallaði hann um samskipti Evrópuráðsins við ÖSE og ESB, fjármál stofnunarinnar og innra skipulag hennar. Ráðherrann svaraði spurningum þingmanna að loknu ávarpi sínu. Lára Margrét Ragnarsdóttir beindi spurningu til hans um verkaskiptingu ÖSE og Evrópuráðsins við uppbyggingu lýðræðislegra stofnana í Kosovo og spurði hvort hann teldi ekki eðlilegra að Evrópuráðið, sem mesta reynslu hefði á þessu sviði, gegndi þar stærra hlutverki en raunin væri. Ráðherrann svaraði því til að vissulega væri ávallt reynt að nýta þá stofnun sem besta þekkingu hefði á viðkomandi málaflokkum og sagði miður ef það væri ekki gert. Stöðugleikasáttmálinn um Kosovo gerði ráð fyrir mjög nánu samstarfi Evrópuráðsins og ÖSE í uppbyggingarstarfinu í héraðinu. Hins vegar lagði ráðherrann í svari sínu áherslu á að fjölþjóðastofnanir ættu ekki að keppa innbyrðis, það sem máli skipti væri að árangur næðist í starfi að sameiginlegum markmiðum. Í umræðunni um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar fólks með ólæknandi sjúkdóma og fólks á dánarbeði talaði Lára Margrét Ragnarsdóttir fyrir hönd flokkahóps hægri manna. Í máli sínu lagði Lára Margrét megináherslu á vellíðan sjúklinganna og sagði mestu máli skipta að lina þjáningar þeirra. Hún sagði t.d. að lyfjameðferð sem linaði óbærilegar þjáningar en gæti jafnframt stytt ævi sjúklingsins væri réttlætanleg ef full vitneskja og samþykki sjúklingsins lægi fyrir. Lára Margrét lagði áherslu á að allir sjúklingar með ólæknandi sjúkdóma og fólk sem lægi á dán-

arbeði ætti rétt á þeirri umönnun og meðferð sem tryggði eins góða líðan þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra og völ væri á.

d. Fjórði hluti þingfundar Evrópuráðsins 1999.

Dagana 20.–25. september var fjórði hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins árið 1999 haldinn í Strassborg. Fyrir hönd Íslandsdeildar sátu fundinn þau Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður og Margrét Frímannsdóttir, auk Þórðar Bogasonar, forstöðumanns nefndasviðs skrifstofu Alþingis.

Málefni Kosovo voru efst á baugi en jafnframt var mikið rætt um Austur-Tímor, auk árlegrar umræðu um OECD og stöðu efnahagsmála í heiminum. Ræddar voru skýrslur og ályktað um eftirtalin mál: skýrslu framkvæmdastjórnar um starfsemi Evrópuráðsþingsins, líftækni og hugverkarétt, hvernig lýðræðisríki í Evrópu bregðast við hryðjuverkum, skuldbindingar Slóvakíu á vettvangi Evrópuráðsins, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), sjálfbæra þróun við Miðjarðarhaf og Svartahaf og sérstaklega um samstarf þjóðþinga á svæðinu í þessu sambandi, nauðsyn aukinnar efnahagssamvinnu Miðjarðarhafslanda, átök á Austur-Tímor, OECD og stöðu efnahagsmála í heiminum, Kosovo og stöðuna í Suðaustur-Evrópu, efnahagslega uppbyggingu Suðaustur-Evrópu í kjölfar átaka í Kosovo, mat á stöðu mála í Júgóslavíu, sérstaklega í Kosovo og Svartfjallalandi, út frá mannúðarsjónarmiðum, hvernig Evrópuríki virða alþjóðleg lög um mannúð, framtíðarstöðu eldri borgara, aðferðir aðildarríkja við að tilnefna frambjóðendur í kosningu til dómara við mannréttindadómstólinn í Strassborg og kosningu dómara við mannréttindadómstólinn í Strassborg.

Eftirtaldir ávörpuðu þingið og svöruðu spurningum þingmanna: Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra Íslands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, Milo Djukanovic, forseti Svartfjallalands, Donald Johnston, framkvæmdastjóri OECD, Cornelio Sommaruga, forseti alþjóðanefndar Rauða krossins, Walter Schwimmer, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Skender Gjinushi, forseti albanska þingsins, og Antonio de Almeida Santos, forseti portúgalska þingsins.

Lára Margrét Ragnarsdóttir spurði formann ráðherranefndarinnar hvort hann teldi hlutverkið sem Evrópuráðinu væri fengið í yfirlýsingu Sarajevo-fundarins um stöðugleikasáttmála í Evrópu fullnægjandi. Fram kom í svari formannsins að mikilvægt væri að halda á lofti merki Evrópuráðsins við framkvæmd stöðugleikasáttmálans. Aðkoma ráðsins að þeim málaflokkum sem það hefði sérþekkingu á væri tryggð en ráðherrann sagði hins vegar mikilvægt að aðildarríkin gerðu Evrópuráðinu kleift að sinna þessu starfi með nægum fjárframlögum. Íslenska sendinefndin tók að venju þátt í nefndarstörfum. Stýrði Lára Margrét Ragnarsdóttir fundi heilbrigðisnefndar þingsins í fjarveru formanns og tók þátt í umræðum um framtíðarstöðu eldri borgara fyrir hönd nefndarinnar. Loks var Lára Margrét kjörin til setu í stjórn Alþjóðalýðræðisstofnunar Evrópuráðsins (IID).

5. Nefndarstörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Á árinu sat Lára Margrét Ragnarsdóttir í forsætisnefnd Evrópuráðsþingsins en hún tekur ákvarðanir um stjórn þingsins, hvaða mál eru tekin á dagskrá o.s.frv. Sem varaforseti stýrði Lára Margrét þingfundum reglulega. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í nefndarstarfi skiptist svo:

	Fram til 16. júní	Frá og með 16. júní
Forsætisnefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Sameiginleg nefnd með ráðherra-nefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Margrét Frímannsdóttir	Ólafur Örn Haraldsson
Stjórnarnefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Margrét Frímannsdóttir	Ólafur Örn Haraldsson
Stjórnmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Margrét Frímannsdóttir	Tómas Ingi Olrich
Laga- og mannréttindanefnd:	Margrét Frímannsdóttir	Margrét Frímannsdóttir
Til vara:		Bryndís Hlöðversdóttir
Jafnréttisnefnd:	Margrét Frímannsdóttir	Margrét Frímannsdóttir
Til vara:		Bryndís Hlöðversdóttir
Efnahagsnefnd:	Margrét Frímannsdóttir	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Hjálmar Jónsson	Tómas Ingi Olrich
Umhverfis-, skipulags- og sveitar-stjórnarmálanefnd:	Ólafur Örn Haraldsson	Ólafur Örn Haraldsson
Til vara:	Hjálmar Árnason	Kristinn H. Gunnarsson
Þingskapanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:		Tómas Ingi Olrich
Fjárlaganefnd:	Hjálmar Jónsson	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:		Tómas Ingi Olrich
Landbúnaðarnefnd:	Ólafur Örn Haraldsson	Ólafur Örn Haraldsson
Til vara:	Hjálmar Jónsson	Kristinn H. Gunnarsson
Vísinda- og tæknínefnd:	Tómas Ingi Olrich	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Hjálmar Árnason	Tómas Ingi Olrich
Mennta- og menningarmálanefnd:	Hjálmar Árnason	Ólafur Örn Haraldsson
Til vara:	Tómas Ingi Olrich	Kristinn H. Gunnarsson
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:		Tómas Ingi Olrich
Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna:	Hjálmar Árnason	Margrét Frímannsdóttir
Til vara:		Bryndís Hlöðversdóttir
Nefnd um almannatengsl þingsins:	Hjálmar Jónsson	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:		Tómas Ingi Olrich

b. Þátttaka í nefndarfundum utan þingfunda.

Utan reglulegra þingfunda halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega, ýmist í Strassborg eða París eða í einhverju aðildarríkja ráðsins. Alls tók Íslandsdeildin þátt í sautján slíkum fundum árið 1999 og var fundur stjórnmálanefndar haldinn í Reykjavík 6. september. Þetta er einungis lítið brot af þeim fundum sem haldnir voru á árinu. Þó má segja að starf Íslandsdeildarinnar hafi verið kröftugt. Þess má m.a. geta að á fundi stjórnarnefndar (sem kemur fram fyrir hönd þingsins á milli þingfunda) þann 4. nóvember kynnti Lára Margrét Ragnarsdóttir skýrslu og ályktunardrög um óhefðbundnar lækningar sem hún vann á vegum heilbrigðis- og félagsmálanefndar þingsins. Stjórnarnefndin samþykkti ályktunina en þar er óhefðbundnum lækningum tekið með opnum hug þótt hvatt sé til ákveðinnar varúð-

ar, auk þess sem hvatt er til frekari rannsókna á sviði þeirra. Þá hefur Tómas Ingi Olrich haldið áfram vinnu við skýrslu vísinda- og tækninefndar um orkustefnu Evrópu sem rædd verður í þinginu árið 2000.

Alþingi, 21. jan. 2000.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Ólafur Örn Haraldsson, varaform.	Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins samþykkt á Evrópuráðsþinginu árið 1999.

Fyrsti hluti þingfundar, 25.–29. janúar.

1. Ályktun nr. 1177 um þróun sameinaðrar Evrópu.
2. Ályktun nr. 1178 um pólitíska ramma fyrir samstarf Evrópuríkja á nýrri öld.
3. Ályktun nr. 1179 um skuldbindingar Úkraínu sem aðildarríkis Evrópuráðsins.
4. Ályktun nr. 1180 um stöðu efnahagsmála í Rússlandi og Úkraínu.
5. Ályktun nr. 1181 um framlag Evrópuráðsþingsins til annarrar herferðar Evrópuráðsins gegn fátækt og félagslegri útskúfun.
6. Álit nr. 208 um skýrslu „vitringanefndar“ ráðherraráðsins um þróun sameinaðrar Evrópu.
7. Álit nr. 209 um umsókn Georgíu um aðild að Evrópuráðinu.
8. Álit nr. 210 um drög að starfsreglum fyrir sérlegan fulltrúa Evrópuráðsins í mannréttindamálum.
9. Tilmæli nr. 1394 um framtíðarskipan milliríkjasamstarfs í Evrópu.
10. Tilmæli nr. 1395 um skuldbindingar Úkraínu sem aðildarríkis Evrópuráðsins.
11. Tilmæli nr. 1396 um trúarbrögð og lýðræði.
12. Tilmæli nr. 1397 um ástand mála í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu og í Kosovo-héraði.
13. Tilmæli nr. 1398 um stöðu barna í Albaníu.
14. Tilmæli nr. 1399 um líffæra- eða vefjaflutninga úr dýrum í menn eða á gervilíffærum og -vefjum.

Annar hluti þingfundar, 26.–30. apríl.

1. Ályktun nr. 1184 um þörf aukinnar efnahagssamvinnu ríkja Suðaustur-Evrópu.
2. Ályktun nr. 1185 um skuldbindingar Króatíu sem aðildarríkis Evrópuráðsins.
3. Ályktun nr. 1186 um stefnu Evrópuríkja í samgöngumálum.
4. Tilmæli nr. 1402 um eftirlit með starfsemi innanríkisöryggisstofnana í Evrópu.
5. Tilmæli nr. 1403 um átök í Kosovo og stöðu mála í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu.
6. Tilmæli nr. 1404 um ástand flóttamanna frá Kosovo.
7. Tilmæli nr. 1405 um skuldbindingar Króatíu sem aðildarríkis Evrópuráðsins.
8. Tilmæli nr. 1406 um komu flóttamanna til heimila sinna í Króatíu.
9. Tilmæli nr. 1407 um fjölmiðla og lýðræðismenningu.

Þriðji hluti þingfundar, 21.–25. júní.

1. Ályktun nr. 1192 um starfsemi Þróunarbanka Evrópu í Mið- og Austur-Evrópu.
2. Ályktun nr. 1193 um sérstök skólakerfi fyrir fólk sem ekki hefur lokið grunnnámi.
3. Ályktun nr. 1194 um skuldbindingar Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins.
4. Ályktun nr. 1195 um félagslegt hlutverk samvinnufélaga í Evrópu.
5. Tilmæli nr. 1411 um samskipti Evrópuráðsins við Sameinuðu þjóðirnar.
6. Tilmæli nr. 1412 um ólöglegar athafnir sértrúarhópa.
7. Tilmæli nr. 1413 um jöfnun á stöðu kynjanna í stjórnmálum.
8. Tilmæli nr. 1414 um átök í Kosovo og stöðu mála í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu.
9. Tilmæli nr. 1415 um viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu um félagsleg grundvallarréttindi.
10. Tilmæli nr. 1417 um díoxín og öryggi matvæla.
11. Tilmæli nr. 1418 um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar fólks með ólæknandi sjúkdóma og fólks á dánarbeði.

Fjórði hluti þingfundar, 20.–25. september.

1. Ályktun nr. 1196 um skuldbindingar Slóvakíu á vettvangi Evrópuráðsins.
2. Ályktun nr. 1197 um frið, lýðræði og sjálfbæra þróun við Miðjarðarhaf og Svartahaf. með áherslu á samvinnu þjóðþinga á svæðinu í þessu sambandi.
3. Ályktun nr. 1198 um nauðsyn aukinnar efnahagssamvinnu Miðjarðarhafslanda.
4. Ályktun nr. 1199 um OECD og stöðu efnahagsmála í heiminum.
5. Ályktun nr. 1200 um kosningu dómara við mannréttindadómstólinn í Strassborg.
6. Tilmæli nr. 1419 um skuldbindingar Slóvakíu á vettvangi Evrópuráðsins.
7. Tilmæli nr. 1420 um Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.
8. Tilmæli nr. 1421 um stöðu mála á Austur-Tímor.
9. Tilmæli nr. 1422 um Kosovo og stöðu mála í Suðaustur-Evrópu.
10. Tilmæli nr. 1423 um efnahagslega uppbyggingu Suðaustur-Evrópu í kjölfar átaka í Kosovo.
11. Tilmæli nr. 1424 um mat á stöðu mála í Júgóslavíu, sérstaklega í Kosovo og Svartfjallalandi, út frá mannúðarsjónarmiðum.
12. Tilmæli nr. 1425 um líftækni og hugverkarétt.
13. Tilmæli nr. 1426 um hvernig lýðræðisríki í Evrópu bregðast við hryðjuverkum.
14. Tilmæli nr. 1427 um hvernig Evrópuríki virða alþjóðleg lög um mannúð.
15. Tilmæli nr. 1428 um framtíðarstöðu eldri borgara.
16. Tilmæli nr. 1429 um aðferðir aðildarríkja við að tilnefna frambjóðendur í kosningu til dómara við mannréttindadómstólinn í Strassborg.

Þá kemur stjórnarnefnd þingsins fram fyrir hönd þess á milli þingfunda og hefur hún á árinu afgreitt fjölda ályktana og tilmæla til ráðherranefndarinnar, m.a. ályktun nr. 1206 um óhefðbundnar lækningar, sem fjallað var um í kaflanum um nefndarstarf Íslandsdeildar. Lára Margrét Ragnarsdóttir var höfundur skýrslunnar fyrir hönd heilbrigðis- og félagsmálanefndar þingsins.

677. Skýrsla [416. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 1999.

1. Inngangur.

Árið 1999 var sannkallað tímamótaár í sögu Atlantshafsbandalagsins (NATO). Á leiðtogafundi í apríl fagnaði bandalagið fimmtíu ára afmæli sínu, aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands tók gildi og endurskoðuð öryggisstefna bandalagsins var samþykkt. Þar er brugðist við breyttum aðstæðum í öryggismálum Evrópu með því að leggja aukna áherslu á hreyfanleika og skjót viðbrögð. Síðasta árs verður þó trúlega helst minnst fyrir það að NATO efndi til mestu hernaðaraðgerða í sögu bandalagsins í tengslum við átökin í Kosovo, gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu. Þá hefur athygli beinst að Evrópusambandinu (ESB) sem hyggst í náinni framtíð hafa yfir að ráða sjálfstæðum hernaðarmætti til að bregðast við hættuástandi sem upp kann að koma í álfunni. Flest bendir til þess að Vestur-Evrópusambandið (VES) verði innlimað í ESB, en Ísland hefur ásamt öðrum evrópskum NATO-ríkjum utan ESB aukaaðild að VES og ekki er ljóst hvernig hagsmunir þeirra verða verndaðir í breyttu fyrirkomulagi. Átökin í Kosovo sönnuðu enn og aftur að Evrópa virðist þurfa jafnmikið á samvinnu við Bandaríkin á sviði varnar- og öryggismála að halda nú og við stofnun Atlantshafsbandalagsins fyrir rúmum fimmtíu árum.

Að sama skapi fór fram öflug starfsemi í NATO-þinginu, sem fram á síðasta ár var nefnt Norður-Atlantshafsþingið. Ástandið á Balkanskaga, endurskoðun öryggisstefnu bandalagsins, hlutverk þess í íhlutunum af mannúðarástæðum, stækkun bandalagsins til austurs og samskiptin við Rússland og Úkraínu voru efst á baugi í starfi þingsins á árinu. Þá hlutu Sviss og Georgía aukaaðild að þinginu, og Svíþjóð og Aserbaídjan fengu áheyrnaraðild. Á fundum þingsins hefur Íslandsdeildin að vanda lagt ríka áherslu á mikilvægi Norður-Atlantshafstengslanna í evrópskum öryggismálum. Hún hefur ítrekað minnt á að trúverðugleiki Atlantshafsbandalagsins liggi einmitt í samstarfi Evrópu og Norður-Ameríku og að ekki megi missa sjónar á því á þessum umbreytingatímum sem hafa valdið óstöðugleika í álfunni og vakið miklar umræður um aukið samstarf og sjálfstæði Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum.

2. Íslandsdeild NATO-þingsins.

Hinn 16. júní var ný Íslandsdeild kjörin að afstöðnum kosningum til Alþingis 8. maí. Fram til 16. júní voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar Sólveig Pétursdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Jón Kristjánsson, þingflokki Framsóknarflokks, varaformaður, og Guðmundur Árni Stefánsson, þingflokki Alþýðuflokks (þingflokki Samfylkingarinnar frá 19. febrúar). Varamenn voru Árni R. Árnason og Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Gunnlaugur M. Sigmundsson, þingflokki Framsóknarflokks.

Aðalmenn Íslandsdeildarinnar voru frá 16. júní Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformaður, og Jón Kristjánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn deildarinnar voru Árni R. Árnason, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Valgerður Sverrisdóttir, þingflokki Framsóknarflokksins.

Hinn 31. desember tók Valgerður Sverrisdóttir við embætti iðnaðar- og viðskiptaráðherra og hætti þá setu í Íslandsdeildinni sem varamaður.

Ritari Íslandsdeildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í starfi allra nefnda þess. Smæð Íslands takmarkar þó atkvæðisréttinn við þrjár nefndir, auk stjórnarnefndar.

Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 1999 var þannig:

	Fram til 16. júní	**Frá og með 16. júní**
Stjórnarnefnd	Sólveig Pétursdóttir	Tómas Ingi Olrich
Til vara	Jón Kristjánsson	Guðmundur Árni Stefánsson
Stjórnmálanefnd	Sólveig Pétursdóttir	Tómas Ingi Olrich
Til vara		Árni R. Árnason
Varnar- og öryggismálanefnd	Jón Kristjánsson	Jón Kristjánsson
Til vara	Gunnlaugur M. Sigmundsson	Valgerður Sverrisdóttir
Félagsmálanefnd	Einar Oddur Kristjánsson	Guðmundur Árni Stefánsson
Til vara	Guðmundur Árni Stefánsson	Ásta R. Jóhannesdóttir
Efnahagsnefnd	Árni R. Árnason	Jón Kristjánsson
Til vara		Valgerður Sverrisdóttir
Vísinda- og tæknínefnd	Guðmundur Árni Stefánsson	Guðmundur Árni Stefánsson
Til vara		Ásta R. Jóhannesdóttir

Loks tók Tómas Ingi Olrich sæti í sérstökum vinnuhópi um öryggismál við Miðjarðarhaf í október.

3. Fundir sem Íslandsdeildin tók þátt í á árinu.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, svokallaðan vorfund að vori og ársfund að hausti. Auk þess kemur stjórnarnefnd sérstaklega saman ár hvert, ýmist í mars eða apríl. Svokallaðir febrúarfundir eru annars vegar fundur stjórnarnefndar með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu og hins vegar fundur stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og varnar- og öryggismálanefndar. Nefndir og undirnefndir þingsins halda reglulega námsstefnur og fundi á milli þingfunda. Jafnframt stendur varnar- og öryggismálanefnd árlega fyrir kynnisferð til eins eða fleiri aðildarríkja bandalagsins til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Loks voru haldnar fjórar Rose-Roth námsstefnur á árinu (sjá fskj. I, b-lið). Árið 1999 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum, fundi stjórnarnefndar, vor- og haustfundum þingsins, auk þriggja nefndarfunda utan þingfunda.

a. Febrúarfundir.

Dagana 14.–15. febrúar voru svokallaðir febrúarfundir NATO-þingsins haldnir í Brussel. Þetta voru fundur stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og varnar- og öryggismálanefndar annars vegar og fundur stjórnarnefndar með Norður-Atlantshafsráðinu og framkvæmdastjóra NATO hins vegar. Aukaaðilar hafa ekki rétt til setu á fundunum. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sat Jón Kristjánsson varaformaður fundina, auk Belindu Theriault, forstöðumanns alþjóðasviðs skrifstofu Alþingis.

Helstu umræðuefni sameiginlegs fundar nefndanna þriggja voru ástand mála í Kosovo, fimmtíu ára afmæli bandalagsins og ýmis mál tengd fyrirhuguðum leiðtogafundi í apríl. Má þar helst nefna stækkun bandalagsins, samstarf þess við Rússland og þróun nýrrar öryggisstefnu bandalagsins, auk samskipta NATO-þingsins og NATO. Jafnframt var rætt um samskipti ESB og Bandaríkjanna á sviði efnahagsmála og áhrif myntbandalags Evrópu þar á, sem og hlutverk Evrópuríkjanna sjálfra í öryggismálum álfunnar. Fundinn ávörpuðu tveir aðstoðarframkvæmdastjórar NATO, þeir Klaus-Peter Klaiber sem fer fyrir stjórnmáladeildinni og Anthony J. Cragg sem fer fyrir deild varnarmála og herstjórnarskipulags. Þá ávörpuðu fundinn Klaus Naumann hershöfðingi, formaður hermálanefndar bandalagsins, og þeir Sir

Leon Brittan og Yves-Thibault de Silguy frá framkvæmdastjórn ESB. Fundur stjórnarnefndar með Norður-Atlantshafsráðinu hófst með ávarpi Javiers Solana, framkvæmdastjóra NATO, sem fjallaði um ástandið í Kosovo, undirbúning leiðtogafundar bandalagsins og samskipti NATO-þingsins og NATO. Að því loknu voru almennar umræður.

b. Fundur stjórnarnefndar.

Dagana 26.–28. mars var fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins haldinn í Dresden. Fundinn sátu í fyrsta sinn sem fullgildir meðlimir fulltrúar Póllands, Tékklands og Ungverjalands. Þar sem hvorki formaður né varaformaður Íslandsdeildarinnar átti heimangengt sat Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs skrifstofu Alþingis, fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Þingmenn frá Bandaríkjunum, Belgíu og Lúxemborg voru einnig fjarstaddir. Javier Ruperez, forseti NATO-þingsins, bauð fulltrúa nýrra aðildarríkja sérstaklega velkomna á fundinn og minnti á að þingið ætti sinn þátt í þessum tímamótum í sögu bandalagsins. Hann sagði að Spánn hefði verið nýjasta aðildarríki NATO í sautján ár og að það væri ánægjulegt að láta öðrum eftir þann titil nú, en hann væri þess jafnframt fullviss að skemmra væri nú þangað til önnur ríki fengju aðild.

Atburðir í Kosovo urðu að sjálfsögðu aðalmál fundarins. Langflestir lögðu áherslu á að þingmenn sýndu samstöðu og styddu stefnu NATO. Fram kom að Rússland hefði hætt öllum samskiptum við bandalagið í kjölfar loftárása þess á Sambandslýðveldið Júgóslavíu og urðu margir til að harma það, enda hefði samstarf við rússneska þingmenn virst skila árangri. Ruperez kynnti ályktunardrög um Kosovo-málið. Í kjölfar umræðnanna var ný útgáfa lögð fram og var ályktunin samþykkt samhljóða með einni breytingartillögu, þar sem lögð var áhersla á áframhaldandi samstarf NATO og Rússa. Í umræðum um samskipti NATO-þingsins og NATO kom fram ánægja með þróun mála. Sagt var frá því að samþykkt hefði verið að forseti þingsins ávarpaði leiðtogafundinn í Washington í apríl. Þá ætti að hefja kerfisbundnari þátttöku þingsins í starfi Friðarsamstarfs NATO og í Evró-Atlantshafssamstarfsráðinu. Aðildarríkin hefðu ekki samþykkt að þingið tæki reglulega þátt í fundum utanríkisráðherra NATO, en um einhvers konar „ad hoc þátttöku gæti orðið að ræða". Ruperez áleit að ekki yrði lengra komist að sinni en taldi niðurstöðuna vel viðunandi. Vonuðust fundarmenn til þess að í yfirlýsingu leiðtogafundarins yrði sérstök grein þar sem minnst yrði á hlutverk þingsins.

Rætt var um forgangsverkefni þingsins á árinu sem voru á sviði samstarfs við Rússland og Úkraínu, málefna Suðaustur-Evrópu, Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins, öryggismála á Miðjarðarhafssvæðinu og frekari stækkunar NATO. Auk þess hóf Ruperez vinnu við forsetaskýrslu um Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum og jafnframt var ákveðið að huga að því hvernig hægt væri að auka áhuga á NATO meðal yngri kynslóða stjórnmálamanna.

c. Vorfundur.

Dagana 27.–31. maí var vorfundur NATO-þingsins haldinn í Varsjá. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðmundur Árni Stefánsson og Einar Oddur Kristjánsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara deildarinnar.

Að vanda var vorfundurinn skipulagður sem eins konar undirbúningsfundur fyrir ársfund þingsins sem haldinn var í Amsterdam dagana 11.–15. nóvember. Í málefnanefndum voru til umræðu skýrslu- og ályktanadrög sem samþykkt skyldu í Amsterdam, auk þess sem ýmsir góðir gestir ávörpuðu fundi nefndanna og svöruðu spurningum fundarmanna. Að þessu sinni einkenndist vorfundurinn fyrst og fremst af umfjöllun um átökin í Kosovo og framtíðarhorfur í öryggismálum Suðaustur-Evrópu, en ályktað var um málefni Kosovo. Þá var Georgíu og

Sviss veitt aukaaðild að þinginu og Svíþjóð og Aserbaídjan veitt áheyrnaraðild. Í kjölfar þess að NATO hóf loftárásir á Sambandslýðveldið Júgóslavíu í mars sleit Dúman, neðri deild rússneska þingsins, öllu sambandi við NATO-þingið, um sinn a.m.k. Vorfundinn sótti hins vegar sendinefnd Sambandsráðsins, efri deildar rússneska þingsins, og setti hún nokkurn svip á umræðurnar, auk sendinefnda Albaníu og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu sem einnig eiga aukaaðild að NATO-þinginu.

Í stjórnmálanefnd voru til umræðu skýrslur um öryggismál í Norður-Afríku, um NATO á þröskuldi 21. aldar og nýja stefnu í átt að friði, öryggi og stöðugleika, um samskipti NATO og Rússlands og næstu skref stækkunar NATO, um leið Slóveníu í átt að NATO-aðild og um samstarf NATO og ÖSE í Evrópu. Fund nefndarinnar ávörpuðu Bronislav Geremek, utanríkisráðherra Póllands, Wolfgang Petrisch, sendiherra Austurríkis í Belgrad og einn fulltrúa ESB í friðarviðræðum vegna átakanna í Kosovo, og Tim Judah blaðamaður, höfundur bókarinnar *Serbar: sagan, goðsögnin og upplausn Júgóslavíu*.

Í varnar- og öryggismálanefnd voru til umræðu skýrslur um ný aðildarríki NATO, Tékkland, Pólland og Ungverjaland, um Úkraínu og úkraínska heraflann, um tengsl ESB, VES og NATO, um stefnu NATO í ljósi átakanna í Kosovo, um Kalíníngrad og um rúmenska heraflann. Fund nefndarinnar ávörpuðu Janusz Onyszkiewicz, varnarmálaráðherra Póllands, dr. Roland Wegener, aðstoðarframkvæmdastjóri VES, og rússneski undirhershöfðinginn Valery L. Manilov, varaformaður rússneska herráðsins.

Í félagsmálanefnd voru til umræðu skýrsla um Kosovo og átakastjórnun í Evrópu og skýrsla um fjölþjóðlegar aðgerðir af mannúðarástæðum, stjórnmál og alþjóðalög. Fund nefndarinnar ávörpuðu Freimut Duve, sérlegur fulltrúi ÖSE um frelsi fjölmiðla, Raymond Hall, fyrir hönd sérlegs fulltrúa Sameinuðu þjóðanna um málefni flóttamanna, auk þeirra Wolfgangs Petrischs sendiherra og Tims Judahs blaðamanns, sem einnig ávörpuðu fund stjórnmálanefndarinnar. Í máli Judahs kom m.a. fram sú fullyrðing að NATO hefði gengið út frá því nánast sem vísu að loftárásirnar mundu nægja til þess að Milosevic, forseti Júgóslavíu, gengist við friðarskilmálum innan tveggja til þriggja daga og því hefði bandalagið hafið árásir sínar á kolröngum forsendun. Hann sagði mikinn skort á marktækum upplýsingum um stöðu mála í Kosovo. Guðmundur Árni Stefánsson spurði Judah hverju þetta sætti og hvort Vesturlönd ættu e.t.v. að kappkosta að senda þangað fleiri fréttamenn. Judah svaraði því til að t.d. væri erfitt að fá vegabréfsáritanir og að öll aðstaða væri bág, auk þess sem einhvers konar ritskoðun væri ástunduð af júgóslavneskum yfirvöldum. Hann sagði að í það minnsta væri skortur á áreiðanlegum upplýsingum stórkostlegt vandamál í öllum aðgerðum NATO í Kosovo.

Í efnahagsnefnd voru til umræðu skýrslur um fjármála- og efnahagskreppu ársins 1998 í Asíu og í Rússlandi og um efnahagslega og stjórnmálalega hagsmuni á svæðinu við Kaspíahaf. Fund nefndarinnar ávörpuðu Krzysztof Ners, aðstoðarfjármálaráðherra Póllands, dr. Wolfgang Reinicke, yfirhagfræðingur hjá Þróunarbanka Evrópu, Jean-Francois Maquet, varaforseti Þróunarbanka Evrópu, og Tamás Novák frá Alþjóðahagfræðistofnuninni í Búdapest.

Á fundi vísinda- og tækninefndar voru ræddar skýrslur um upplýsingahernað og alþjóðleg öryggismál, um sýklavopn og um náttúruhamfarir. Fund nefndarinnar ávörpuðu Jan Szyszko, umhverfisráðherra Póllands, Jasjit Singh, forstöðumaður Varnarmálastofnunarinnar í Nýju-Delhí, og Didier Gambier frá Alþjóðlegri vísinda- og tæknimiðstöð ESB í Brussel.

Á fundi stjórnarnefndar var m.a. ákveðið að koma á fót sérstökum kynningarmálstofum um málefni NATO fyrir unga þingmenn og verða landsdeildir beðnar um að tilnefna þátttakendur í fyrstu málstofuna sem haldin verður í Brussel árið 2000. Þá var Georgíu og Sviss sem

fyrr segir veitt aukaaðild að þinginu en beiðni Aserbaídjans um aukaaðild var hafnað gegn atkvæðum Tyrklands, Ítalíu og Póllands. Mikill meiri hluti nefndarinnar taldi Aserbaídjan of skammt á leið komið í átt til lýðræðis til að hægt væri að veita því aukaaðild, en samþykkt var að bjóða ríkinu áheyrnaraðild að þinginu. Enn fremur var Svíþjóð veitt áheyrnaraðild, en sænska þingið hefur afþakkað boð stjórnarnefndar NATO-þingsins um aukaaðild að þinginu. Þá var samþykkt að óska eftir áheyrnaraðild NATO-þingsins að fundum Alþjóðaþingmannasambandsins og verður einhver þingmaður NATO-þingsins sem jafnframt sækir fundi Alþjóðaþingmannasambandsins fenginn til að vera fulltrúi NATO-þingsins en það mun ekki senda starfsfólk á fundi sambandsins. Rætt var um þátttöku fulltrúa NATO-þingsins í leiðtogafundi NATO í Washington í apríl þar sem Javier Ruperez, forseti NATO-þingsins, ávarpaði m.a. fundinn, en í yfirlýsingu fundarins er NATO-þingið m.a. sagt gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja stöðugleika í Evrópu. Þótti leiðtogafundurinn vera dæmi um vaxandi samskipti þingsins við NATO. Samþykkt var að vísa breyttum starfsreglum vegna nýrra aðildarríkja til þingfundar, en samkvæmt þeim fær Pólland tólf sæti á þinginu (líkt og Kanada, Spánn og Tyrkland), en Tékkland og Ungverjaland sjö sæti hvort ríki (líkt og Belgía, Grikkland, Holland og Portúgal). Ísland á þrjú sæti á þinginu. Á fundi stjórnarnefndar kynnti Sir Geoffrey Johnson-Smith, gjaldkeri þingsins, drög að fjárlögum fyrir árið 2000. Samkvæmt þeim hækka fjárlögin í fyrsta sinn í fjögur ár, um 1,83%. Loks samþykkti nefndin áskorun til Lúkashenkos, forseta Hvíta-Rússlands, þar sem hann er m.a. hvattur til að koma á lýðræði í landinu og virða lok kjörtímabils síns 20. júlí.

Þingfundinn ávörpuðu Javier Ruperez, forseti NATO-þingsins, Maciej Plazynski, forseti neðri deildar pólska þingsins, Alicja Grzeskowiak, forseti efri deildar pólska þingsins, og Jerzy Buzek, forsætisráðherra Póllands, sem jafnframt svaraði spurningum fundarmanna. Þá voru samþykktar fyrrnefndar ákvarðanir stjórnarnefndar um breyttar starfsreglur vegna stækkunar NATO og um auka- og áheyrnaraðild að þinginu. Loks voru ályktunardrög um Kosovo tekin til afgreiðslu, en áttatíu og sex breytingartillögur höfðu verið lagðar fram við drögin. Í ályktun þingsins eru mannréttindabrot stjórnvalda í Belgrad m.a. harðlega fordæmd, stuðningi lýst við hernaðaraðgerðir NATO og samúð sýnd með Kosovo-Albönum og serbnesku þjóðinni, auk þess sem mannfall saklausra borgara er harmað. Þá er stuðningi lýst við friðarumleitanir til lausnar deilunni og nágrannaríkjum Júgóslavíu þakkaður stuðningur þeirra við aðgerðir bandalagsins. Ríkisstjórnir aðildarríkja NATO eru sérstaklega hvattar til að auka stuðning sinn við viðkomandi ríki og til að taka við fleiri flóttamönnum frá Kosovo.

d. Ársfundur.

Dagana 11.–15. nóvember var 45. ársfundur NATO-þingsins haldinn í Amsterdam. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Tómas Ingi Olrich formaður, Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður og Jón Kristjánsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar ritara deildarinnar. Tómas Ingi sat fundi stjórnarnefndar, stjórnmálanefndar og sérstakrar nefndar stjórnarnefndar og formanna málefnanefnda sem samræmir ályktanir þingsins fyrir þingfund. Guðmundur Árni sat fundi félagsmálanefndar og Jón sat fundi varnar- og öryggismálanefndar.

Að þessu sinni einkenndist ársfundurinn fyrst og fremst af umfjöllun um íhlutanir bandalagsins í málefni ríkja af mannúðarástæðum og ályktaði þingfundur um málið. Þá var þróun Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum til umræðu í stjórnmálanefnd og í varnar- og öryggismálanefnd, þar sem íslensku þingmennirnir gerðu grein fyrir sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda. Í stjórnmálanefnd voru til umræðu skýrslur um NATO á þröskuldi 21. aldar og nýja stefnu í átt að friði, öryggi og stöðugleika, um samskipti NATO og Rússlands og næstu

skref stækkunar NATO, um leið Slóveníu í átt að NATO-aðild, og skýrsla um samstarf NATO og ÖSE í Evrópu. Þá ályktaði nefndin um samskiptin við Rússland annars vegar og um stöðu mála í Tsjetsjeníu hins vegar. Fund nefndarinnar ávörpuðu Bodo Hombach, sérlegur umsjónarmaður með framkvæmd stöðugleikasáttmála um Suðaustur-Evrópu, Veton Surroi, ritstjóri dagblaðsins Koha Ditore sem gefið er út í Kosovo á albönsku, Sergei Ivanovich Kislyak, fastafulltrúi Rússlands hjá NATO, og Alison Bailes, forstöðumaður stjórnmáladeildar VES. Í umræðum um skýrsluna um NATO á þröskuldi 21. aldar gerði Tómas Ingi Olrich athugasemdir við umfjöllun skýrslunnar um þróun Evrópusamstarfs á sviði öryggis- og varnarmála. Í skýrslunni er talað um að tryggt verði „nægilegt“ samráð við evrópsku NATO-ríkin sem standa utan við ESB við þróun þessa samstarfs, en jafnframt er fjallað um að „í framtíðinni“ þurfi að treysta frekar í sessi samskiptin yfir Atlantshafið. Tómas Ingi greindi m.a. frá því að í yfir fimmtíu ár hefði Ísland tekið fullan þátt í samstarfi um evrópsk öryggis- og varnarmál og hefði því allan rétt á áframhaldandi þátttöku. Hann sagði mikilvægt að frekari þróun Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum yrði til að efla NATO en ekki draga úr vægi þess. Þá sagði hann það óviðunandi fyrir Evrópuríkin sex, sem eru í NATO en standa utan ESB, að beðið yrði með að skilgreina stöðu þeirra gagnvart umræddu Evrópusamstarfi. Það yrði að ganga frá því og treysta samskiptin yfir Atlantshafið um leið og evrópska stoðin yrði skilgreind. Ýmsir urðu til að taka undir með Tómasi Inga í umræðunni, m.a. þingmenn frá Hollandi, Tékklandi, Kanada og Tyrklandi. Þá gerði Tómas Ingi athugasemd við að Íslands væri ekki getið í þeim kafla skýrslunnar þar sem fjallað er um stækkun bandalagsins, en þar voru Noregur, Danmörk og Þýskaland talin upp sem stuðningsríki aðildar Eystrasaltsríkjanna að bandalaginu. Tómas Ingi sagði Ísland hafa stutt aðild ríkjanna dyggilega og lofaði framsögumaður skýrslunnar, þýski þingmaðurinn Markus Meckel, að leiðrétta þetta.

Í varnar- og öryggismálanefnd voru til umræðu skýrslur um hin nýju aðildarríki NATO, Tékkland, Pólland og Ungverjaland, um Úkraínu og úkraínska heraflann, um tengsl ESB, VES og NATO, um stefnu NATO í ljósi átakanna í Kosovo, um Kalíníngrad og um rúmenska heraflann. Þá ályktaði nefndin um Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum annars vegar, og um alþjóðasamning um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn hins vegar. Fund nefndarinnar ávörpuðu Tamas Wachsler, varnarmálaráðherra Ungverjalands, Henk van Hoof, varnarmálaráðherra Hollands, og O.L. Kandborg, aðstoðarhershöfðingi og yfirmaður hernaðarstarfsfólks NATO. Jón Kristjánsson tók þátt í umræðum um skýrslu um tengsl ESB, VES og NATO og talaði á svipuðum nótum og Tómas Ingi Olrich í stjórnmálanefndinni. Undirtektir voru góðar og var Jón meðflutningsmaður að breytingartillögu við ályktun nefndarinnar um málið sem var samþykkt. Með breytingartillögunni var bætt við málsgrein þar sem aðildarríki NATO eru hvött til að koma á fyrirkomulagi sem geri evrópskum NATO-ríkjum utan ESB kleift að taka þátt í þróun og framkvæmd Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum til jafns við aðildarríki ESB. Í ályktunardrögum um alþjóðasamning um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn voru Ísland, Tyrkland og Portúgal sérstaklega hvött til að fullgilda samninginn fyrir áramót. Jón gerði grein fyrir því að á Íslandi væri unnið að þýðingu samningsins og að stefnt væri að því að þingsályktunartillaga um staðfestingu hans yrði lögð fram á yfirstandandi þingi, en sagði ekki hægt að lofa því fyrir áramót. Fulltrúar Tyrklands og Portúgals höfðu svipaða sögu að segja og var því orðalagi ályktunarinnar breytt á þá leið að umrædd þrjú ríki eru ekki nafngreind heldur eru NATO-ríki sem eftir eiga að fullgilda samninginn hvött til að gera það við fyrsta tækifæri. Þá er öldungadeild Bandaríkjaþings hvött til að endurskoða afstöðu sína, en hún hafnaði samningnum nýverið.

Í félagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur um framtíðarhorfur í Kosovo, um gildi Kosovo-málsins sem hugsanlegs fordæmis til breytinga á öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, og skýrsla um Kosovo og alþjóðalög. Þá ályktaði nefndin um virðingu við alþjóðalög á sviði mannúðarmála. Fund nefndarinnar ávörpuðu fyrrnefndur Veton Surroi, ritstjóri frá Kosovo, ítalski hershöfðinginn Sergio Siracusa, Franklin van Kappen hershöfðingi og fyrrverandi hermálaráðgjafi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Dick Benschop, Evrópumálaráðherra Hollands, Bernard Kouchner, yfirmaður sendinefndar Sameinuðu þjóðanna í Kosovo, Adam Roberts, prófessor í alþjóðastjórnmálum við Oxford-háskóla, og Yves Sandoz, lögfræðilegur ráðgjafi hjá Rauða krossinum.

Í efnahagsnefnd voru til umræðu skýrslur um fjármála- og efnahagskreppu ársins 1998 í Asíu og í Rússlandi, um efnahagslegar afleiðingar átakanna í Kosovo og kostnað við uppbyggingarstarfið þar og um efnahagslega og stjórnmálalega hagsmuni á svæðinu við Kaspíahaf. Nefndin ályktaði um uppbyggingu Kosovo og Suðaustur-Evrópu. Fund nefndarinnar ávörpuðu Klaas de Vries, félags- og atvinnumálaráðherra Hollands, Arnout H.E.M. Wellink, bankastjóri hollenska seðlabankans, og dr. Steve Hanke, prófessor í hagfræði við Johns Hopkins háskólann.

Á fundi vísinda- og tækninefndar voru ræddar skýrslur um upplýsingahernað og alþjóðleg öryggismál, um sýklavopn og um náttúruhamfarir í Austur-Evrópu. Nefndin ályktaði um sýklavopn. Fund nefndarinnar ávörpuðu dr. Graham S. Pearson frá háskólanum í Bradford, dr. Andrew Rathmell frá King's College í London, og Daey Ouwens frá hollensku rannsóknarstofnuninni í orkumálum.

Á fundi stjórnarnefndar var m.a. fjallað um skipulag starfa þingsins á grundvelli bréfs framkvæmdastjóra til formanna landsdeilda. Þar er m.a. rakið hvernig umfang starfseminnar hefur aukist á undanförnum árum, undirnefndum fjölgað og sérstakir vinnuhópar verið settir á fót um einstök málefni eða svæði. Ræddir voru möguleikar á endurskipulagningu og samþykkt að huga betur að verkaskiptingu nefndanna. Jafnframt var samþykkt að miða við að ekki væru fleiri en tvær undirnefndir starfandi á vegum hverrar málefnanefndar. Loks var ákveðið að fela framkvæmdastjóra að setja fram skriflegar hugmyndir um frekari breytingar sem nefndin mun ræða á næsta fundi sínum. Þá var fjallað um harðorða yfirlýsingu sem þingið sendi frá sér á vorfundinum í Varsjá um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi. Nefndin samþykkti að ítreka fyrri yfirlýsingu, enda hefði ástandið versnað síðan ef eitthvað væri. Stuttlega var fjallað um sérstakt verkefni til að stuðla að bættri þekkingu ungra þingmanna á störfum bandalagsins, og fram kom að fyrir lægi að tekið yrði vel á móti slíkum hópi í höfuðstöðvum NATO sumarið 2000 og að tvær Rose-Roth málstofur yrðu tileinkaðar verkefninu sama ár. Þá mættu endurskoðendur NATO á fund nefndarinnar og gerðu þeir engar athugasemdir við reikninga þingsins fyrir árið 1998. Sir Geoffrey Johnson-Smith, gjaldkeri þingsins, kynnti drög að fjárlögum fyrir árið 2000, en samkvæmt þeim hækka fjárlögin í fyrsta sinn í fjögur ár, um 1,83%. Hann greindi jafnframt frá því að allt benti til þess að starfsemi þingsins yrði innan fjárlagarammans árið 1999. Þá voru samskiptin við Evrópuþingið rædd, en ætla má að hlutverk þess á sviði öryggis- og varnarmála aukist á næstu missirum. Fyrirhugaðir eru fundir forseta og framkvæmdastjóra þinganna tveggja og verður þar m.a. rædd sú hugmynd að t.d. stjórnmálanefnd NATO-þingsins fundi árlega með þeirri nefnd Evrópuþingsins sem fjallar um öryggismál. Loks kom fram tillaga frá flokkahópi frjálslyndra þess efnis að varaforsetum þingsins yrði fjölgað úr fjórum í fimm og var samþykkt að skipa fulltrúa flokkahópanna og fulltrúa Bandaríkjanna (sem ekki taka þátt í starfi flokkahópanna) í vinnuhóp til að leggja grunn að frekari umfjöllun um málið á næsta þingi.

Þingfundinn ávörpuðu Wim Kok, forsætisráðherra Hollands, Robertson lávarður, framkvæmdastjóri NATO, og Javier Ruperez, forseti NATO-þingsins. Ályktanir málefnanefndanna voru ræddar og samþykktar, sem og fjárlagadrögin fyrir árið 2000 og yfirlýsing stjórnarnefndar um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi. Loks voru rædd og afgreidd ályktunardrög þingfundar um íhlutanir bandalagsins í málefni ríkja af mannúðarástæðum.

Alþingi, 31. jan. 2000.

Tómas Ingi Olrich, form.	Guðmundur Árni Stefánsson, varaform.	Jón Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsingar og ályktanir NATO-þingsins árið 1999.

Vorfundur, 27.–31. maí:

1. Yfirlýsing nr. 292 um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi.
2. Yfirlýsing nr. 293 um Kosovo.

Ársfundur 11.–15. nóvember:

1. Yfirlýsing nr. 294 um Kosovo.
2. Yfirlýsing nr. 295 um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi.
3. Ályktun nr. 286 um íhlutanir NATO í málefni ríkja af mannúðarástæðum.
4. Ályktun nr. 287 um virðingu við alþjóðalög á sviði mannúðarmála.
5. Ályktun nr. 288 um Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum.
6. Ályktun nr. 289 um alþjóðasamning um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn.
7. Ályktun nr. 290 um uppbyggingu Kosovo og Suðaustur-Evrópu.
8. Ályktun nr. 291 um samskiptin við Rússland.
9. Ályktun nr. 292 um stöðu mála í Tsjetsjeníu.
10. Ályktun nr. 293 um sýklavopn.

Fylgiskjal II.

Almennt um NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1955 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Undanfarin ár hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum fjölgað á þinginu og starfssvið þess verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Þrettán ný lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild og efnahagslegum og

pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Með Rose-Roth áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í þessum ríkjum (sjá nánar í b-lið).

a. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings Atlantshafsbandalaginu (NATO). Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að upplýsa þingmenn og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins, og nú einnig þingmönnum ríkja Mið- og Austur-Evrópu, kleift að koma á framfæri áhuga- og áhyggjuefnum ríkja sinna og fjalla um ráðandi viðhorf í ýmsum löndum og svæðum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum með aðferðum sem þjóðþingin ákveða. Þar endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar að vori og ársfundar að hausti. Fundir eru haldnir í aðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, félagsmálanefnd, efnahagsnefnd og vísinda- og tækninefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli getur hún kosið undirnefnd eða komið á fót vinnuhópi til að afla um það upplýsinga. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkja.

Þótt þingið sé óháð Atlantshafsbandalaginu hafa samskipti þingsins við bandalagið smám saman komist í fastari skorður og má þar m.a. nefna formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins, ávarp framkvæmdastjóra bandalagsins á haustfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúar ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn bandalagsins og SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe C, æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og loks fundi forustumanna í þinginu og Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

b. Samskiptin við ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantshafs er nauðsynlegt að aðlagast nýjum aðstæðum. Umfram allt kallar þetta á fyrirkomulag í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum. NATO-þingið (þá Norður-Atlantshafsþingið) hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987. Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundi í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékklands og Slóvakíu), Ungverjalands, Póllands og fyrrverandi Sovétríkjanna (nú Rússlands) fengu aukaaðild að þinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Georgíu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Moldavíu, Rúmeníu, Slóveníu, Sviss og Úkraínu fengið aukaaðild að þinginu. Mikilvægi aukaaðildarinnar felst í því að hún veitir löggjöfum nýju lýðræðisríkjanna tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þingsins.

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum er varða Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun sem sett var fram árið 1991 af tveimur bandarískum þingmönnum og nú fyrrverandi forsetum Norður-Atlantshafsþingsins, þeim Charlie Rose og William V. Roth Jr., beinir NATO-þingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið- og Austur-Evrópu. Meginþátturinn í Rose-Roth áætluninni er röð námsstefna og ráðstefna um sérstök vandamál Mið- og Austur-Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt mikið af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölþjóðlegur umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla upplýsingum og sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og taka ákvörðun um fjárveitingar til varnarmála og herafla. Frá upphafi áætlunarinnar og fram til ársloka 1999 höfðu verið haldnar 42 námsstefnur. NATO-þingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið- og Austur-Evrópu til stuttra rannsóknardvala (í þrjá til sex mánuði) á skrifstofu þingsins í Brussel. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til þess að starfslið þjóðþinganna geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana.

Af margvíslegri starfsemi NATO-þingsins sem að framan er lýst má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd við hefðbundið hlutverk sitt, sem er að hlúa að Atlantshafstengslunum.

c. Fulltrúar á NATO-þinginu og embættismenn þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 214 þingmenn. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandaríska þingsins. Sendinefndir Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands skipa 18 þingmenn hverja. Kanada, Pólland, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa hvert ríki. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi, Portúgal, Tékklandi og Ungverjalandi koma sjö frá hverju ríki. Danmörk og Noregur senda fimm fulltrúa hvort ríki og Ísland og Lúxemborg þrjá. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Aukaaðilar taka þátt í nefndarfundum og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt.

Embættismenn þingsins eru sex og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi (forseti og fjórir varaforsetar). Sjötti embættismaðurinn er gjaldkeri þingsins en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár af stjórnarnefndinni. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra sendinefndanna, forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndaformenn.

d. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til þess að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig framlag til þingsins ár hvert.

Fylgiskjal III.

<table>
<tr><td colspan="3">NATO-ÞINGIÐ
Kemur saman á þingfundi tvisvar á ári, á vorfundi og ársfundi</td></tr>
<tr><td colspan="2">Sendinefndir aðildarríkja

19 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
214 þingmenn

Fjöldi þingsæta er í hlutfalli
við fólksfjölda</td><td>Aukaaðilar

Frá Albaníu, Búlgaríu, Eistlandi, Georgíu, Hvíta-Rússlandi, Lettlandi, Litháen, Moldavíu, Rúmeníu, Rússlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Sviss og Úkraínu

Hafa ekki atkvæðisrétt</td></tr>
<tr><td>Framkvæmdastjórn

Kosin árlega

Forseti, fjórir varaforsetar, gjaldkeri, framkvæmdastjóri</td><td>Stjórnarnefnd

Formenn sendinefnda
Formenn nefnda

Hvert land hefur eitt atkvæði

Kemur saman þrisvar á ári</td><td></td></tr>
<tr><td>Nefndarfundir

Fimm nefndir:
Félagsmálanefnd
Varnar- og öryggismálanefnd
Efnahagsnefnd
Stjórnmálanefnd
Vísinda- og tækninefnd

Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir

Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga</td><td>Þingfundir

Greiða atkvæði um tillögur nefnd-anna fimm og um fjárhagsáætlun

Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi

Hlýða á ávörp gesta

Með þátttöku auka- og áheyrnaraðila</td><td>Önnur starfsemi

Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað

Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose-Roth áætlunarinnar</td></tr>
</table>

678. Tillaga til þingsályktunar [417. mál]

um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum.

Greinargerð.

Í þingsályktun um aðlögun að lífrænum landbúnaði, sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1998, skoraði Alþingi á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt yrði að veita bændum stuðning við aðlögun búskapar að lífrænum búskaparháttum. Í 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, sem einnig voru samþykkt á Alþingi 4. júní 1998, er m.a. lýst því markmiði að stuðla beri að framþróun lífrænna búskaparhátta. Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gerðu samning 5. mars 1999 um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög ríkisins til þeirra. Í samningnum er með tilvísun í 6. gr. búnaðarlaga Bændasamtökum Íslands heimilað að veita stuðning til lífrænnar ræktunar árin 1999–2003, nánar tiltekið til endurræktunar lands. Stuðningur mætti vera að hámarki 25.000 kr. á ha lands og 250 kr. á fermetra í gróðurhúsi. Um eingreiðslur er að ræða. Þá veitir ÁFORM — átaksverkefni, sem sem unnið er samkvæmt lögum nr. 27/1995, sauðfjárbændum stuðning til lífrænnar dilkakjötsframleiðslu, þ.e. 25.000 kr. til greiðslu kostnaðar við eftirlit og vottun á fyrsta ári aðlögunar (eingreiðsla). Auk þess eru greiddar 25 kr. á kg dilkakjöts sem er flutt út samkvæmt staðfestingu vottunarstofu. Þessi stuðningur var veittur haustin 1998 og 1999 og árið 1999 var farið að veita stuðning samkvæmt áðurnefndum búnaðarsamningi frá 5. mars 1999. Þótt þessar greiðslur stuðli að lífrænni ræktun og búskap eru þær ekki sambærilegar þeim stuðningi sem bændur sem eru að laga búskap sinn að lífrænum landbúnaði njóta annars staðar á Norðurlöndum. Hér er einkum um eingreiðslur að ræða en þar eru greiddir styrkir um nokkurra ára skeið. Hér á landi er eðlilegt að reikna með fimm til tíu ára aðlögunartíma og væri æskilegt að miða greiðslurnar við það.

Samkvæmt ályktun búnaðarþings frá 1996 starfaði vinnuhópur með fulltrúum frá VOR, — verndun og ræktun — félagi framleiðenda í lífrænum búskap, og Bændasamtökum Íslands. Hann skilaði áliti til Bændasamtaka Íslands í nóvember það ár. Þar voru gerðar tillögur um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap og tilgreint hvernig það yrði best gert að teknu tilliti til aðstæðna hérlendis. Þetta álit var haft til hliðsjónar við gerð áðurnefnds búnaðarsamnings og er birt í fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari þótt það sé orðið fjögurra ára gamalt.

Búnaðarþing ályktaði aftur um stuðning við lífrænan búskap árið 1999 og taldi að stefna beri að því að vaxandi hluti landbúnaðarframleiðslunnar verði vottaður lífrænn, m.a. vegna möguleika á útflutningi lífræns dilkakjöts. Svipaðar skoðanir komu fram í skýrslu nefndar um útflutning dilkakjöts sem landbúnaðarráðherra skipaði sumarið 1999. Í skýrslunni, sem er frá 8. nóvember 1999, er greint frá því að náðst hafi allt að 25% hærra skilaverð til bænda fyrir lífrænt vottaða framleiðslu í útflutningi árin 1998 og 1999. Leggur nefndin til að í sjö ár verði veittar allt að 20 millj. kr. í fjárlögum hvers árs til þróunar og aðlögunarverkefna hjá bændum sem hefja lífræna framleiðslu dilkakjöts, einkum til útflutnings.

Ljóst er að markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur eykst stöðugt. Í fyrstu var einkum um að ræða grænmeti, ávexti og kornmeti en á seinni árum búfjárafurðir á borð við mjólk, egg og kjöt af ýmsum skepnum. Framleiðslukostnaður er nokkuð hærri en í hefðbundinni framleiðslu en á móti vegur hæsta afurðaverð. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd enda slíkir búskaparhættir í góðu samræmi við sjálfbæra þróun og virðingu fyrir jarðvegi, gróðri og búfé. Með meiri hvatningu og stuðningi gæti lífrænn landbúnaður jafnframt stuðlað að eflingu sveitabyggðar í landinu og úrvinnsluiðnaði. Þessi valkostur getur hentað sumum bændum. Nú vantar meira lífrænt dilkakjöt til útflutnings og innan lands er markaður fyrir grænmeti og fleiri lífrænar vörur. Því verður að teljast eðlilegt

að aðlögunarstuðningur við þessa grein landbúnaðar verði a.m.k. jafnmikill og í öðrum norrænum ríkjum.

Fylgiskjal I.

Búnaðarþing 1999:

Ályktun.
Stuðningur við lífrænan búskap.

Búnaðarþing felur stjórn Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir því að gerð verði framkvæmdaáætlun með markvissri stefnumótun um stuðning við lífrænan búskap og aðlögun að honum.

Greinargerð.

Lífrænn búskapur er mjög að ryðja sér til rúms á Vesturlöndum um þessar mundir. Hér á landi er þróunin hægari, en þó virðist markaðsstaða þessara afurða með þeim hætti að þeir frumkvöðlar, sem nú stunda lífrænan búskap, geta afsett þær á innanlandsmarkaði. Einnig virðast í augsýn möguleikar á útflutningi á lífrænu dilkakjöti.

Þó að lífrænn búskapur sé, enn sem komið er, smár í sniðum hér á landi má búast við vaxandi eftirspurn eftir þessum afurðum.

Búnaðarþing lítur svo á að marka beri farveg fyrir stuðning við þennan búskap og telur nauðsynlegt að hann njóti virðingar og skilnings meðal forustumanna bænda. Bent er á álit vinnuhóps, sem Bændasamtök Íslands og samtökin VOR stóðu að, til aðstoðar í þessu máli.

Þingið styður það álit sem fram kemur í þingsályktunartillögu um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, um að stefna beri að því að vaxandi hluti landbúnaðarframleiðslunnar verði vottaður lífrænn.

Bjarni Guðráðsson. *Hilmar Össurarson.*
Jón Benediktsson. *Kjartan Ólafsson.*
Lárus Sigurðsson. *Sigþór Smári Borgarsson.*

Fylgiskjal II.

STUÐNINGUR VIÐ AÐLÖGUN AÐ LÍFRÆNUM BÚSKAP
Áliti skilað til Bændasamtaka Íslands í nóvember 1996.

I. Inngangur.

Grunnur að opinberri stefnumörkun fyrir lífrænan búskap hér á landi var lagður með lögum nr. 162/1994 og reglugerð nr. 219/1995, um lífræna landbúnaðarframleiðslu, svo og með lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistrænna og lífrænna afurða. Þá var skýrsla um faglega stöðu og horfur í lífrænum búskap lögð fram í landbúnaðarráðuneytinu 10. mars 1995, og að frumkvæði VOR – verndun og ræktun – félags

bænda í lífrænum búskap, fjallaði búnaðarþing 1996 um stefnumótun í lífrænni landbúnaðarframleiðslu. Afgreiðsla búnaðarþings (mál nr. 42, þingskjal nr. 81) var eftirfarandi:

„**Ályktun.**

Búnaðarþing 1996 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að hún beiti sér fyrir því að komið verði á fót vinnuhópi með fulltrúum VOR, verndun og ræktun, sem er félag bænda í lífrænum búskap, er hafi það hlutverk að leggja fram tillögur að stuðningi til aðlögunar að lífrænum búskap.

Greinargerð.

Fyrir dyrum stendur umræða um nýja löggjöf um búfjárrækt og jarðrækt og væri þá hægt að flétta þar inn í þeim atriðum er snúa að lífrænum búskap.“

II. Vinnuhópur.

Í samræmi við framangreinda ályktun komu Bændasamtök Íslands vinnuhópi á fót, nánar tiltekið með bréfi dags. 7. maí 1996. Eftirtaldir voru skipaðir í hópinn: Ólafur R. Dýrmundsson (formaður), tilnefndur af BÍ, Guðfinnur Jakobsson, Skaftholti, tilnefndur af VOR, og Kristján Oddsson, Neðra-Hálsi, tilnefndur af VOR.

Vinnuhópurinn tók strax til starfa og setti sér það markmið í upphafi að skila stjórn Bændasamtaka Íslands áliti haustið 1996 þar sem áhersla yrði lögð á tillögur að stuðningi til aðlögunar að lífrænum búskap, m.a. vegna endurskoðunar búfjár- og jarðræktarlaga. Haldnir voru fjórir fundir, einn í Skaftholti, einn á Neðra-Hálsi og tveir í Bændahöllinni en auk þess vann vinnuhópurinn að gagnasöfnun og athugun á ýmsum þáttum málsins á milli funda.

Á miðju sumri hafði vinnuhópurinn mótað ákveðnar hugmyndir. Með bréfi til Bændasamtaka Íslands dags. 31. júlí sl. lýsti hann sig reiðubúinn til að kynna þær hugmyndir fulltrúum BÍ í nefnd þeirri sem vinnur að endurskoðun búfjárræktar- og jarðræktarlaga. Í bréfinu var óskað eftir að kannaðar yrðu leiðir til að finna aðlögunarstyrkjum fyrir viðurkenndan lífrænan búskap stað í stuðningskerfi landbúnaðarins. Þá var bent á að í flestum nágrannalöndunum væru greiddir opinberir styrkir til aðlögunar að lífrænum landbúnaði sem skipta meginmáli við eflingu þessara búskaparhátta.

III. Gagnaöflun.

Við störf sín kannaði vinnuhópurinn ýmis gögn, bæði birt og óbirt, og er þeirra helstu getið í heimildaskrá. Ýmsar fyrirmyndir að aðlögunarstyrkjum fyrir lífrænan landbúnað er að finna í erlendum gögnum og einnig voru höfð til hliðsjónar innlend gögn sem málið varðar. Þá nýttust einnig ýmsar upplýsingar sem einstakir aðilar í hópnum höfðu aflað sér á ferðum erlendis. Má þar m.a. nefna upplýsingar sem formaður hópsins aflaði á fundi um lífræna landbúnaðarframleiðslu að Fokhol í Noregi 18.–19. janúar 1996 og á 11. vísindaráðstefnu og aðalfundi Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) í Kaupmannahöfn 10.–17. ágúst 1996.

IV. Niðurstöður.

a. Sérstaða lífrænnar framleiðslu.

Eflingu lífrænnar ræktunar á seinni árum má í grófum dráttum rekja til vaxandi áhuga á umhverfisvernd, búfjárvernd og hollustuvörum sem framleiddar eru án margvíslegra hjálparefna. Reyndar er þessi þróun í góðu samræmi við þá stefnu að efla beri sjálfbæra þróun í hví-

vetna. Nú er almennt viðurkennt að bændur sem stunda lífrænan búskap taki á sig mun stærri hluta umhverfiskostnaðar en þeir sem stunda hefðbundinn búskap. Þótt markaðsverð sé oftast nokkru hærra fyrir lífrænt vottaðar vörur nægir það ekki til að vega á móti hærri framleiðslukostnaði á aðlögunartímanum því að bóndi sem leggur út í lífræna aðlögun með bú sitt þarf m.a. að kosta töluverðu til endurræktunar, breytinga á gripahúsum, aðlögunar vélakosts og standa auk þess straum af eftirlits- og vottunarkostnaði. Þá þarf að taka tillit til minni uppskeru á flatareiningu ræktaðs lands og minni afurða eftir hvern grip en í hefðbundnum búskap. Í flestum nágrannalöndum okkar, sem einnig eru og verða væntanlega í ríkari mæli samkeppnisaðilar á matvælamarkaði, eiga bændur kost á sérstökum aðlögunarstyrkjum fyrir lífrænan búskap, auk ýmissa annarra umhverfis- og byggðatengdra styrkja. Þeir eru taldir koma þjóðfélaginu í heild til góða. Í Evrópusambandinu myndar reglugerð 2078/92 grundvöll undir stuðning við lífrænan búskap. Því má við bæta að þróun lífræns landbúnaðar er það skammt á veg komin hérlendis að bændur, sem eru að eða munu á næstu árum tileinka sér viðurkennda lífræna búskaparhætti, eru frumkvöðlar, og felur aðlögunin í sér öflun þekkingar og reynslu sem nýtist við rannsóknir, kennslu og leiðbeiningar á komandi árum. Með framangreindar röksemdir í huga telur vinnuhópurinn réttmætt og eðlilegt að sérstaða lífræns búskapar verði viðurkennd opinberlega með sérstökum *aðlögunarstuðningi* og jafnframt verði afurðirnar flokkaðar sem *sérvörur*, t.d. með tilliti til framleiðslustjórnunar fyrir kindakjöt og mjólk. Jafnframt er minnt á að í eflingu lífræns landbúnaðar felst nýsköpun, meiri atvinnusköpun en í hefðbundnum landbúnaði og þar með vænleg leið til að treysta byggð og búsetu í sveitum landsins. Vottaðir lífrænir búskaparhættir uppfylla þar að auki ströngustu kröfur til umhverfis- og búfjárverndar og eru þannig í góðu samræmi við ríkjandi sjónarmið varðandi þau efni.

b. Skilyrði fyrir aðlögunarstuðningi.

Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um hverjir eigi rétt á stuðningi við aðlögun að lífænum búskap og hve lengi og leggur vinnuhópurinn til að eftirfarandi reglur verði lagðar til grundvallar:

1. Bóndinn skal hafa undirritað samning um aðlögun að lífrænum búskap við viðurkennda vottunarstofu í samræmi við lög nr. 162/1994 og reglugerð nr. 219/1995, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.
2. Miða skal við hámarks 10 ára aðlögunartíma með fullum styrk og 5 ár eftir að aðlögun lýkur með hálfum styrk. Bóndi sem leggur niður lífræna búskaparhætti innan 5 ára frá upphafi viðurkenndrar aðlögunar skal endurgreiða alla aðlögunarstyrki að viðbættum vöxtum. Undanþegnir eru bændur sem bregða búi eða selja jarðir sínar á aðlögunartímanum, svo fremi að vottuðum lífrænum búskap sé haldið áfram á viðkomandi jörð.
3. Bóndanum er skylt að sækja viðurkennt námskeið í lífrænum búskap, að lágmarki 15 kennslustundir, í samræmi við 46. gr. reglugerðar nr. 219/1995, um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Bændur sem lokið hafa aðlögun eru undanþegnir þessari skyldu. Allir bændur í lífrænum búskap skulu eiga kost á að sækja slík námskeið.

c. Viðmiðanir fyrir beinan aðlögunarstuðning.

Vinnuhópurinn hefur m.a. kynnt sér hið flókna stuðningskerfi Evrópusambandsins og komist að þeirri niðurstöðu að heppilegra sé að setja upp einfaldar viðmiðanir og ekki fleiri en nauðsyn krefur miðað við íslenskar aðstæður. Lagt er til að eftirfarandi reglur verði lagðar til grundvallar:

1. Lífræn ræktun.

(i) Fast framlag á *hvern hektara* ræktaðs lands á ári.

(ii) Breytilegt framlag á *hvern ha* nýræktunar og endurræktunar hvers konar er greiðist eigi síðar en einu ári eftir að jarðvinnsla og sáning fór fram, samkvæmt úttekt lands- eða héraðsráðunautar.

(iii) Fast framlag á *hvern* m^2 undir ræktun í gróðurhúsi á ári, bæði í upphituðum og köldum.

2. Lífrænt búfjárhald (þar með fiskeldi).

Fast framlag á *hvern grip* eftir tegundum á ári nema í fiskeldi þar sem miðað er við *afurðamagn* eða aðra heppilega einingu.

3. Lífræn hlunnindi svo sem æðardúnn, fjallagrös, jurtir, söl, þangmjöl, sveppir, trjáafurðir, vatnasilungur, lax og hreindýraafurðir þar sem miðað er við *afurðamagn* eða aðra heppilega einingu. Aðlögunarstuðningur miðist einkum við eftirlits- og vottunarkostnað.

Vinnuhópurinn leggur til að í sérstakri reglugerð verði reglur um slíkar viðmiðanir útfærðar nánar. Á þessu stigi þykir ekki fært að leggja fram ítarlegar tillögur um upphæðir framlaga en með hliðsjón af lífrænum styrkjum í samkeppnislöndum okkar eru settar fram eftirfarandi hugmyndir í samræmi við lið IV b:

25.000 kr. á hvern ha túns.
50.000 kr. á hvern ha nýræktunar og endurræktunar (sáðskipti, þar með grænfóður og korn).
25 kr. á hvern m^2 í garðlandi.
1.000 kr. á hvern m^2 í skjólbelti.
1.000 kr. á hvern m^2 í upphituðu gróðurhúsi á ári.
50 kr. á hvern m^2 í köldu gróðurhúsi á ári.
30.000 kr. á hverja mjólkurkú á ári.
2.000 kr. á hverja á á ári.

Þetta er fullur styrkur miðað við hámarks 10 ára aðlögunartíma en í 5 ár að lokinni aðlögun eru greidd 50% framlagsins, sbr. lið b 2 hér að framan.

Dæmi um blandað bú í aðlögun:

50 ha tún x 25.000 kr. á ha á ári, þar af 8 ha á ári x 50.000	1.250.000 kr.
til endurræktunar og sáðskipta	400.000 kr.
20 mjólkurkýr x 30.000 kr. á ári	600.000 kr.
100 ær x 2.000 kr. á ári	200.000 kr.
Samtals	*2.50.000 kr.*

d. Annar stuðningur við aðlögun.

1. Lánafyrirgreiðsla á sérstökum kjörum vegna fjárfestingar í tengslum við aðlögun, svo sem vegna bygginga og véla.
2. Beinar styrkveitingar til ákveðinna verkefna, svo sem vegna tilrauna, leiðbeininga og endurmenntunar.
3. Bændur sem vilja fara út í lífrænan búskap njóti forgangs þegar ríkisjörðum og jarðeignum sveitarfélaga er ráðstafað til leigu eða sölu.

4. Aukning kvóta til mjólkurframleiðslu vegna framleiðslu sérvara.
5. Sérstök endurgreiðsla kjamfóðurgjalda, einkum vegna alifugla- og svínaræktar.
6. Lífrænt vottað kindakjöt og kindakjöt vottað „lífrænt í aðlögun" verði undanþegið útflutningsskyldu og/eða útflutningsgjaldi með viðeigandi breytingum á 2. gr. reglugerðar um útflutning á kindakjöti, nr. 422/1996.

V. Lokaorð.

Erlendar upplýsingar sýna að sú gróska sem verið hefur í aðlögun að lífrænum búskap síðan um 1990 víða um lönd er í beinum tengslum við aðlögunarstyrki. Þessi þróun er liður í fráhvarfi frá hefðbundnum framleiðslutengdum stuðningi til umhverfistengds stuðnings við landbúnað. Um er að ræða allumfangsmiklar búháttabreytingar og nýsköpun sem leiðir til framleiðslu sérvara í hæstu gæða- og verðflokkum. Ljóst er að samkeppnisstaða bænda sem nú framleiða lífrænt vottaðar búvörur hér á landi er ekki sambærileg þeirri sem bændur njóta í nágrannalöndunum. Slíkt skiptir máli bæði varðandi útfluttar og innfluttar vörur. Vinnuhópurinn telur brýnt að sérstökum stuðningi við aðlögun að lífrænum búskap verði fundinn staður í landbúnaðarlöggjöfinni og í kjölfarið verði fjármagn tryggt og skýrar reglur settar um styrkveitingar til bænda. Þótt til greina komi að gera viðeigandi breytingar á búfjárræktar- og jarðræktarlögum bendir vinnuhópurinn þó sérstaklega á lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994. Ef til vill er heppilegra að fella ákvæði um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap inn í þau lög þar sem um *sérstakar* afurðir er að ræða. Að áliti vinnuhópsins gæti komið til greina að sérstakar kvaðir um náttúruvernd og landbætur verði tengdar aðlögunarstyrkjum fyrir lífrænan búskap, svo sem vegna uppgræðslu og verndunar votlendis. Vegna hinna jákvæðu áhrifa lífrænnar ræktunar og búskapar á umhverfi og vistkerfi má færa gild rök fyrir því að hluti umhverfisgjalda, sem áformað er að innheimta í ríkissjóð, verði varið til eflingar lífrænna búskaparhátta í landinu, enda liður í sjálfbærri þróun sem reyndar er á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar.

VI. Heimildaskrá.

1. *Impact of EC Regulation 2078/92 on the development of organic farming in the European Union* eftir dr. Nicolas Lampkin, Aberystwyth, Wales. Fjölrit 26 bls. frá málþingi um lífrænan landbúnað í Vignola á Ítalíu, 6.–8. júní 1996 (til í íslenskri þýðingu að hluta).
2. *The Economics of Organic Farming. An International Perspective.* Ritstjórar: Dr. Nicolas Lampkin og Susanne Padel, Aberystwyth, Wales. Útgefandi CAB International 1994. (ISBN 0 85198 911 X, 468 bls. bók.)
3. *Skýrsla um fund um lífræna landbúnaðarframleiðslu*, einkum með tilliti til þróunar eftirlits- og vottunarkerfa á Norðurlöndunum eftir dr. Ólaf R. Dýrmundsson. Fundurinn var haldinn að Fokhol, Stange í Noregi, 18.–19. janúar 1996. Fjölrit, 9 bls.
4. Vistfræðistofan. Lífræn íslensk vottun, Reykjavík. Verðskrá, 1996.
5. Vottunarstofan Tún, Vík í Mýrdal. Gjaldskrá fyrir eftirlits- og vottunarþjónustu, 1996.
6. *Down to earth — and further afield.* Programme and Abstracts. 11th IFOAM International Scientific Conference, 11.–15. ágúst 1996, Kaupmannahöfn. (210 bls. hefti.)
7. *Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins.* Beingreiðslur og styrkir til bænda, Bretland og þá einkum Skotland, eftir Ketil A. Hannesson. Fjölrit, 28 bls., október 1996. Bændasamtök Íslands.

8. *Tillaga til þingsályktunar um aðlögun að lífrænum landbúnaði.* Alþingi 1996, 121. löggjafarþing, 83. mál, þskj. 84. Flm.: Þuríður Backman, Egill Jónsson, Gísli S. Einarsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir.

679. Svar [335. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

1. *Hvernig gengur vinna nefndar sem endurmeta á átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða?*

Ekki er kunnugt um að skipuð hafi verið nefnd er hafi þetta hlutverk.

2. *Er ljóst hvort um framhald átaksverkefnisins verður að ræða?*

Fé var veitt til verkefnisins á fjárlögum ársins 2000 og fyrir Alþingi liggur frumvarp landbúnaðarráðherra um að verkefninu verði einnig tryggt starfsfé árin 2001 og 2002.

Óráðstafað fé verkefnisins nam 10.052.705 kr. 31. desember sl. Vegna þeirrar óvissu sem ríkti á síðasta ári um framhald fjármögnunar átaksverkefnisins og áhvílandi skuldbindinga ákvað stjórn þess að fara varlega í að stofna til frekari fjárskuldbindinga þar til niðurstaða um fjármögnun lægi fyrir.

3. *Hvaða verkefni voru unnin og/eða stofnað til í nafni átaksverkefnisins árin 1997, 1998 og 1999 og hver var kostnaður við hvert verkefni?*

	Kostnaður/ framlög, kr.*
Verkefni 1997	
Þátttaka í sýningu á lífrænum framleiðsluvörum, „Bio Fach 1997", í Frankfurt	1.249.202
Þátttaka í öðrum sýningum	790.571
Útgáfa á kynningarbæklingi fyrir dilkakjöt	177.014
Stuðningur við ferð bænda og sérfræðinga á sýninguna „Bio Fach" í Frankfurt	400.000
Tilraunir með lífræna ylrækt	1.692.130
Endurvinnsla lífræns úrgangs til áburðarframleiðslu	1.000.000
Rannsókn á snefilefnum í íslenskum matvælum	500.000
Stuðningur við vottunarstofur vegna kynningar og uppbyggingar vottunarkerfis	1.050.000
Framleiðsla á ófitusprengdri lífrænni mjólk	200.000
Könnun á möguleikum til lífrænnar sauðfjárframleiðslu á Vestfjörðum	250.000
Rannsóknir á lúpínu o.fl. lækningajurtum á vegum HÍ	400.000
Markaðsfærsla á dilkakjöti í Bandaríkjunum	750.000
Tilraunir með lífræna fóðurframleiðslu hjá bændum í Mýrdal	1.300.000
Styrkur til lífrænnar fræðslumiðstöðvar að Sólheimum í Grímsnesi	450.000
Gerð kynningarefnis vegna sölu á dilkakjöti í Danmörku	1.572.712
Tilraunir með fóðrun mjólkurkúa á íslensku byggi	130.000
Tilraun með ræktun lúpínu sem beitarjurtar	1.250.000
Stofnun fagráðs í lífrænni framleiðslu	250.000

Verkefni 1998	
Undirbúningur vottunarkerfis fyrir sjávarafurðir og eldisfisk	998.752
Útgáfa kynningarbæklings (endurprentun)	158.115
Kynning á lífrænu lambakjöti	70.000
Markaðssetning á dilkakjöti í Bandaríkjunum	2.120.000
Markaðssetning á lífrænu dilkakjöti í Bretlandi	260.000
Rannsókn á efnainnihaldi og gæðum íslensks grænmetis	750.000
Tilraunir til að bæta notkun búfjáráburðar	500.000
Samantekt á niðurstöðum tilrauna með lífræna fóðurframleiðslu	200.000
Mat á gróðurlendi vegna vistvænnar vottunar	500.000
Rannsókn HÍ á lúpínu o.fl. lækningajurtum	400.000
Kynnisferð lífrænna ræktenda til Hollands og Bretlands	250.000
Tilraunir með lífræna ylrækt	1.000.000
Kynning á vörum úr íslenskum heilsujurtum	200.000
Áburðartilraunir í lífrænni ylrækt	428.000
Tilraunir með lífræna fóðurframleiðslu hjá bændum í Mýrdal	1.300.000
„Going Organic“ kynning á Íslandi og íslenskum búvörum í Iceland Review	949.000
Markaðssetning á lífrænum heilsuvörum	280.000
Styrkur til bænda í lífrænni sauðfjárframleiðslu vegna vottunarkostnaðar	125.000
Tilraunir með íslenskar lækningajurtir	500.000
Gerð kynningarefnis vegna markaðssetningar á dilkakjöti í Danmörku	1.427.288
Verkefni 1999	
Rannsóknir HÍ á lúpínu o.fl. lækningajurtum	800.000
Tilraunir með lífræna berjarækt	260.000
Hreinsunarátak Græna hersins	1.245.000
Kynning á grillkjöti	500.000
Gerð kynningarefnis vegna markaðssetningar á dilkakjöti	300.000
Tilraunir með fóðurframleiðslu fyrir lífræna mjólkurframleiðslu	1.250.000
Kynning á „Global Action Plan“ á Íslandi	500.000
Kynning á dilkakjöti og íslensku handverki í Færeyjum	400.000
Markaðsáætlun fyrir framleiðslu og sölu fæðubótarefna úr íslenskum lækningajurtum	622.500
Kynning á íslenskum matvælum í sjónvarpi	300.000
Styrkur til bænda í lífrænni sauðfjárframleiðslu vegna vottunarkostnaðar	100.000
Samantekt á niðurstöðum tilrauna með lífræna fóðuröflun	200.000
Rannsóknir á magni kadmíums í jarðvegi á Íslandi	400.000

* Einungis eru tilgreind bein framlög/kostnaður Áforms við einstök verkefni. Flest verkefnin eru unnin í samvinnu við aðra aðila. Ekki eru tiltækar upplýsingar um framlög/kostnað þeirra aðila vegna viðkomandi verkefna.

4. *Hve miklum fjármunum var í heild varið til reksturs átaksverksefnisins árin 1997, 1998 og 1999, sundurliðað, sbr. 8. lið í svari á þskj. 1132 frá 121. löggjafarþingi, og hver er fjárhagsstaða verkefnisins nú?*

	1997	1998	1999
Verkefnisstj. (verktakagreiðslur)	3.839.993	4.730.568	4.531.128
Skrifstofuaðstoð	720.000	871.200	871.200
Stjórnarlaun	1.197.487	1.522.493	1.469.717
Ferðakostn. stjórnar*	1.168.813	943.103	923.524
Annar ferðakostnaður	1.319.457	1.003.612	1.258.207
Ráðstefnur og fundir	61.433	12.950	0

* Hafa þarf í huga að allir stjórnarmenn Áforms eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins.

5. *Hver var þátttaka Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eða annarra í átaksverkefninu árin 1997, 1998 og 1999?*

Eins og fram kemur í svari við 3. lið eru flest verkefni sem Áform hefur haft forgöngu um eða styrkt unnin í samstarfi við aðra aðila. Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur árin 1995–1999 lagt fram 26.785.000 kr. til slíkra verkefna. Ekki er kunnugt um hve mikið fé aðrir aðilar hafa lagt fram.

6. *Að hve miklu leyti hefur átakið snúist um aðrar afurðir en dilkakjöt?*

Sjá svar við 3. lið.

7. *Hefur einhver ályktun verið dregin af reynslunni af átaksverkefninu er varðar annars vegar vistvæna framleiðslu og hins vegar lífræna framleiðslu?*

Árangur af starfi verkefnisins lýsir sér fyrst og fremst í þeirri róttæku breytingu sem orðið hefur á sl. fimm árum á viðhorfum manna til gæðastýringar í landbúnaði og skilningi og þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru til vara á hágæðamörkuðum og hversu mönnum er unnt að mæta þeim kröfum. Árangur verkefnisins verður hins vegar ekki að svo komnu mældur í tölulegum upplýsingum um atvinnusköpun, magn seldra afurða og verðmæti. Á hinn bóginn hefur verkefnið með starfi sínu stuðlað að því að nú eru fyrir hendi forsendur til þess að hefja nýja sókn í framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

Viðhorfsbreyting sú sem hér um ræðir birtist m.a. þannig:

— Starfshópur á vegum landbúnaðarráðherra lagði til árið 1998 að stefnt yrði að því að allar íslenskar búvörur fengju vistvæna eða lífræna vottun.
— Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að unnið skuli að framgangi þessara tillagna starfshópsins á næstu fimm árum.
— Alþingi samþykkti í mars 1999 ályktun um að stefna beri að því að öll hefðbundin matvælaframleiðsla á Íslandi verði vottuð á forsendum sjálfbærrar þróunar. Jafnframt skuli stefnt að því að auka hlut lífrænt ræktaðra landbúnaðarafurða.
— Í nýjum samningi milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands, samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998, er í fyrsta sinn gert ráð fyrir framlögum vegna aðlögunar að lífrænni og vistvænni framleiðslu.
— Búnaðarþing 1999 fól stjórn Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir því að gerð verði framkvæmdaáætlun með markvissri stefnumótun um stuðning við lífrænan búskap og aðlögun að honum.
— Í ályktun aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda 1999 er lagt til að fundið verði fjármagn til að styrkja bændur sem vilja og geta stundað lífrænt vottaða framleiðslu.
— Umræður eru hafnar um vottun íslenskra sjávarafurða sem vistvænna á grundvelli þeirrar verndarstefnu sem fólgin er í íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu.
— Á vegum Bændasamtaka Íslands er unnið að því að koma á gæðastýringu í íslenskum landbúnaði sem er forsenda vistvænnar og lífrænnar vottunar.

Stærstur hluti þess fjár sem varið hefur verið til verkefna á síðustu fimm árum hefur runnið til markaðsathugana. Enda þótt íslenskar landbúnaðarafurðir, einkum dilkakjöt, hafi verið fluttar út í nokkru magni í áratugi hefur lítil markaðsþekking byggst upp. Frá árinu 1992 hafa nýjar áherslur í útflutningi dilkakjöts hins vegar rutt sér til rúms. Hlutfall stykkjaðrar vöru fer sífellt vaxandi, svo og hlutfall vöru í neytendapakkningum. Aukin þekking og öryggi hvað varðar pökkunaraðferðir, umbúðir og flutninga hefur myndast. Fyrir forgöngu Áforms hefur á síðustu árum verið unnið markvisst að markaðssetningu íslensks dilkakjöts á framangreindum forsendum með góðum árangri. Mikil reynsla hefur fengist og þekking á nauðsynlegum

vinnubrögðum og vöruvöndun. Unnið hefur verið að því að finna markhópa sem sækjast eftir eiginleikum íslenska dilkakjötsins og eru tilbúnir til að greiða mun hærra verð fyrir það en hliðstæða vöru. Þeim viðskiptatengslum, sem þannig hefur verið lagður grunnur að, hafa útflutningsfyrirtækin síðan fylgt eftir. Með þessu starfi hefur útflutningur á íslensku dilkakjöti þróast í útflutning á sérstæðri vöru sem löguð er að óskum kaupenda og er ferskt dilkakjöt nú selt á erlendum mörkuðum á sama verði og best gerist.

Af ráðstöfunarfé verkefnisins hefur verið varið um 21,5 millj. kr. til rannsókna af ýmsu tagi. Þar eru fyrirferðarmestar rannsóknir sem lúta að fóðuröflun fyrir lífræna sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu, rannsóknir í lífrænni ylrækt, rannsóknir á gæðum og efnainnihaldi íslensks dilkakjöts og grænmetis og rannsóknir á íslenskum lækningajurtum. Niðurstöður þessara rannsókna skapa forsendur til nýrrar sóknar á mörgum sviðum. Niðurstöður rannsókna á gæðum og efnainnihaldi dilkakjöts og grænmetis geta haft og hafa þegar haft mikla þýðingu við markaðssetningu þessara afurða. Þannig hafa niðurstöður rannsókna sem leiða í ljós áberandi hreinleika íslensks grænmetis umfram innflutt orðið til þess að styrkja markaðsstöðu þess í samkeppni við innflutt grænmeti. Rannsóknir Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands á íslenskum lækningajurtum hafa leitt í ljós að í sumum þessara jurta eru verðmæt efni sem hugsanlegt er að nýta við framleiðslu lyfja og fæðubótarefna. Í undirbúningi er stofnun fyrirtækis til þess að kanna nánar möguleika á framleiðslu og vinnslu á þessu sviði.

Á starfstíma verkefnisins hefur um 29,4 millj. kr. verið varið til verkefna og styrkja á sviði lífrænnar framleiðslu. Þróun lífrænna framleiðsluhátta hefur verið mjög hæg hér á landi og er ástæðan m.a. sú að skort hefur rannsóknarniðurstöður varðandi möguleika á lífrænni fóðuröflun og varðandi sölumöguleika og verðlag á afurðum. Með þeim rannsóknum sem Áform hefur gengist fyrir síðustu fimm ár, í samvinnu við þrjá bændur í Mýrdal, tvo sauðfjárbændur og einn mjólkurframleiðanda, Bændasamtök Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hafa fengist mikilvægar upplýsingar um möguleika til lífrænnar fóðuröflunar við íslenskar aðstæður. Að fengnum niðurstöðum þessara rannsókna og tilruna er hafin víðtæk könnun á því á hvaða jörðum á landinu eru möguleikar til lífrænnar sauðfjárræktar, með tilliti til aðstæðna til fóðuröflunar. Þá hefur markaðssetning Kjötumboðsins hf. og Sláturfélags Suðurlands svf. á lífrænu dilkakjöti í Bretlandi og Danmörku gefið mikilvægar upplýsingar um sölumöguleika þessara afurða, hvaða verð fæst fyrir þær og þar með svör við því hvaða afkomumöguleikar eru í þessari framleiðslu. Svipað má segja um niðurstöður tilraunar með framleiðslu lífrænnar mjólkur. Þá hefur Áform síðustu þrjú ár styrkt tilraun með lífræna ylrækt á tómötum og agúrkum í samvinnu við Þórð Halldórsson, bónda á Akri í Biskupstungum, Garðyrkjuskólann á Reykjum og Samband garðyrkjubænda. Niðurstöður þessara tilrauna hafa leitt í ljós að árangur í þessari ræktun er síst lakari en í hefðbundinni ylrækt og markaðsmöguleikar góðir.

Að fengnum framangreindum rannsóknaniðurstöðum og markaðsathugunum hefur myndast sá grundvöllur sem hingað til hefur skort fyrir víðtækt kynningar- og fræðsluátak meðal bænda um möguleika lífrænnar framleiðslu við íslenskar aðstæður.

h. Að hvaða verkefnum er unnið á þessu ári í nafni átaksverkefnisins?

Meginviðfangsefni verkefnisins á þessu ári er að fylgja eftir þeim árangri sem þegar hefur náðst í starfi verkefnisins, m.a. með víðtækri kynningu og hvatningu meðal bænda til að taka upp vistvæna og lífræna framleiðsluhætti, öflugu fræðsluátaki fyrir bændur og leiðbeinendur í landbúnaði, framhaldi rannsókna á lækningajurtum og mögulegri nýtingu þeirra til framleiðslu á fæðubótarefnum, áframhaldandi stuðningi við rannsóknir á sviði lífrænnar framleiðslu og markaðssetningu afurða á grundvelli fenginna rannsóknarniðurstaðna.

680. Svar [350. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um dvalarleyfi háð takmörkunum.

Ráðuneytið leitaði til Útlendingaeftirlitsins um svör við fyrirspurninni.

1. *Hve oft gaf Útlendingaeftirlitið út svokallað dvalarleyfi háð takmörkunum („Limited Residence Permit") til útlendinga sem óskuðu dvalar hér á landi?*

Dvalarleyfi háð takmörkunum hefur verið gefið út af Útlendingaeftirlitinu þegar útlendingur sem upphaflega hugðist dveljast hér á landi í þrjá mánuði óskar eftir skammtímaframlengingu á dvöl sinni. Ekki hefur verið haldið saman upplýsingum um fjölda slíkra leyfa, en lauslega ágiskað munu nokkrir tugir veittir á hverju ári.

2. *Á hvaða tímabili voru slík dvalarleyfi í notkun? Óskað er eftir upplýsingum um hvenær síðasta leyfið var gefið út.*

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingaeftirlitinu eru ekki tiltækar upplýsingar um hvenær útgáfa þessara dvalarleyfa hófst nákvæmlega en það eru a.m.k. þrjátíu ár síðan. Ákveðið var að hætta notkun þess stimpils sem hefur áletrunina „Limited Residence Permit" í byrjun desember sl.

3. *Á grundvelli hvaða lagaákvæðis voru leyfin gefin út? Óskað er nákvæms rökstuðnings í svari.*

Samkvæmt 4. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, veitir Útlendingaeftirlitið þau leyfi sem þarf til landgöngu og dvalar samkvæmt lögunum. Heimild þessa leyfis sem hér um ræðir byggir Útlendingaeftirlitið á 5. gr. sömu laga.

4. *Hvaða takmarkanir tengdust þessum leyfum umfram þær sem gilda um hefðbundin dvalarleyfi fyrir útlendinga?*

Hér var um að ræða tímabundna framlengingu á dvöl ferðamanns hér á landi og því felst ekki í leyfinu heimild til búsetu hér á landi. Hagstofa Íslands hefur t.d. ekki tekið útlendinga til skráningar á einstaklingsskrá (ekki veitt lögheimili) á grundvelli þess leyfis sem hér um ræðir.

5. *Hvernig voru þeir sem slík leyfi fengu upplýstir um takmarkanirnar sem þeim fylgdu?*

Útlendingum, sem komu á skrifstofu Útlendingaeftirlitisins og var veitt framlenging á dvöl sinni sem ferðamenn hér á landi með þessu leyfi, voru munnlega veittar þær upplýsingar að leyfið fæli í sér framlengingu á dvöl þeirra sem ferðamenn hér á landi, en í því fælist ekki heimild til búsetu hér á landi. Þeir útlendingar sem sóttu um þessi leyfi og fengu jákvæða afgreiðslu þurftu ekki að leggja fram læknisvottorð, en þeir útlendingar (utan ríkisborgara EES-ríkis) sem sækja um dvalarleyfi hér á landi þurfa að leggja fram læknisvottorð.

6. *Hver var ástæða þess að hætt var að gefa út leyfi af þessu tagi?*

Ástæða þess að stimpill sá sem hafði áletrunina „Limited Residence Permit" var tekinn úr notkun er að þýðingin „Limited Residence Permit" þykir ekki heppileg til notkunar þegar um er að ræða skammtímaframlengingu á dvöl útlendings hér á landi sem upphaflega hugðist einungis dveljast hér sem ferðamaður í þrjá mánuði.

Fyrirhugað er í Útlendingaeftirlitinu að koma skammtímaframlengingum á dvalartíma ferðamanna hér á landi í nýtt horf, en ekki hefur verið tekin um það ákvörðun hvernig það verður gert, t.d. hvort um verði að ræða sérstaka stimplun í vegabréf eða útgáfu sérstaks leyfis. Að mati Útlendingaeftirlitisins er talið eðlilegt að greinarmunur verði gerður annars vegar á veitingu dvalarleyfis hér á landi, sem felur í sér heimild til að skrá lögheimili, og hins vegar á veitingu skammtímaframlengingar á hámarksdvöl útlendings sem ferðamanns hér á landi og að málsmeðferð slíkra framlenginga verði einfaldari eins og áður.

681. Frumvarp til laga [418. mál]

um félagsþjónustu sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja félagslegt og fjárhagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar og jöfnum rétti til lífsgæða.

Skal það gert með því að:

a. bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti,
b. tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,
c. veita aðstoð til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku í samfélaginu,
d. grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Við framkvæmd félagsþjónustu skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar.

2. gr.

Til að ná fram markmiðum skv. 1. gr. skal félagsþjónusta við einstaklinga og fjölskyldur vera fjölbreytt. Stuðningur skal vera eftir þörfum og við hæfi hvers og eins.

Félagsþjónustan er annars vegar almenns eðlis, svo sem að standa vörð um rétt fólks og forvarnastarf, og hins vegar einstakir þjónustuþættir, sem eru:

1. Ráðgjöf.
2. Fjárhagsaðstoð.
3. Húsnæði og búseta.
4. Aðstoð til að koma til móts við sérstakar þjónustuþarfir:
   a. heimaþjónusta og liðveisla,
   b. ferðaþjónusta,
   c. skammtímadvöl; stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun, sumardvöl,
   d. dagvist; iðja og þjálfun,
   e. heimili fyrir fötluð börn,
   f. tómstundastarf.
5. Önnur þjónusta eftir því sem sveitarfélög telja þörf á.

II. KAFLI
Ábyrgð og skyldur sveitarstjórna.

3. gr.

Sveitarfélög bera ábyrgð á félagsþjónustu innan sinna marka. Skulu þau með skipulagi á henni og viðbúnaði tryggja framgang markmiða skv. 1. gr. Þeim er skylt að veita félagsþjónustu, sbr. 2. gr., og framkvæma önnur þau verkefni sem lög þessi kveða á um.

III. KAFLI
Stjórn og skipulag.

Yfirstjórn.

Verkefni félagsmálaráðuneytis.

4. gr.

Félagsþjónusta sveitarfélaga heyrir undir félagsmálaráðuneyti sem hefur eftirlit með því að sveitarfélögin veiti þá þjónustu sem lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim kveða á um. Ráðuneytið skal fylgjast með því að íbúar í sveitarfélögum eigi kost á faglegri þjónustu samkvæmt lögum þessum við hæfi hvers og eins.

Sveitarfélög skulu gera ráðuneytinu árlega grein fyrir störfum félagsmálanefndar á sínum vegum samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

Auk verkefna skv. 1. mgr. eru helstu verkefni félagsmálaráðuneytisins að:

a. setja reglugerðir eftir því sem fram kemur í lögum þessum,
b. hafa frumkvæði að leiðbeiningum, upplýsingum og fræðslu til sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu,
c. annast söfnun upplýsinga um framkvæmd félagsþjónustu hjá sveitarfélögum,
d. stuðla að rannsóknum á sviði félagsþjónustu,
e. leggja mat á hvort markmiðum félagsþjónustu hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum, sbr. 4. mgr. 7. gr.

Komi til ágreinings milli einstakra sveitarstjórna um framkvæmd félagsþjónustu sker ráðuneytið úr.

Félagsmálanefndir.

5. gr.

Sveitarstjórn skal kjósa félagsmálanefnd eða félagsmálaráð, hér eftir nefnd félagsmálanefnd, sem fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu, í umboði sveitarstjórnar, í samræmi við lög þessi, reglugerðir og reglur sem sveitarstjórn setur.

Sveitarstjórn ákvarðar fjölda nefndarmanna. Fari nefndin einnig með verkefni barnaverndarnefndar skulu fulltrúar vera fimm hið fæsta, sbr. barnaverndarlög.

Félagsmálanefnd tekur, í umboði sveitarstjórnar, ákvörðun um rétt manna til þjónustu samkvæmt lögum þessum og sér til þess að hún sé veitt á grundvelli mats á þjónustuþörf.

Undirnefndir félagsmálanefnda.

6. gr.

Sveitarstjórn getur í sérstökum tilvikum skipað undirnefndir félagsmálanefndar. Hver undirnefnd skal skipuð a.m.k. þremur fulltrúum. Sveitarstjórn skal setja reglur um verksvið og starfshætti slíkra undirnefnda að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Undirnefnd fer með sérstök verkefni sem afmarkast við málaflokk eða ákveðinn hluta sveitarfélags. Heimilt er að fela undirnefnd ákvörðunarvald og ábyrgð sem félagsmálanefnd fer með samkvæmt lögum þessum og öðrum lagaákvæðum. Þó skal undirbúningur fjárhags-

áætlunar og tillögugerð í sambandi við hana ætíð vera á ábyrgð félagsmálanefndar, svo og eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlunar.

Samvinna sveitarfélaga.

7. gr.

Þar sem markmiðum laga þessara verður ekki náð á annan hátt skulu sveitarfélög sameinast um þjónustuna.

Sveitarstjórnir geta ákveðið að vinna sameiginlega að félagsþjónustu eða einstökum verkefnum hennar með sérstöku samkomulagi eftir því sem henta þykir á hverjum stað.

Hafi sveitarfélög ákveðið að vinna saman að öllum verkefnum nefndarinnar samkvæmt sérstöku samkomulagi, sbr. 2. mgr., skulu viðkomandi sveitarfélög skipa sameiginlega félagsmálanefnd. Tekur sú nefnd þá við hlutverki félagsmálanefnda einstakra sveitarfélaga.

Félagsmálaráðuneyti leggur mat á hvort markmiðum laga þessara hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum. Telji það svo ekki vera er viðkomandi sveitarfélagi skylt að leggja fram áætlun til ráðuneytisins um það á hvern hátt það vilji sameinast öðru sveitarfélagi um félagsþjónustu eða hvernig úr verði bætt á annan hátt.

Starfsmenn félagsmálanefnda.

8. gr.

Félagsmálanefnd er heimilt að fela starfsmönnum að vinna að og taka ákvörðun í einstökum málum. Skulu um það settar reglur sem sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðunum starfsmanna skal þó ætíð unnt að skjóta til félagsmálanefndar.

9. gr.

Sveitarfélög skulu hafa á að skipa hæfu og menntuðu starfsfólki í félagsþjónustu og sjá til þess að það fái reglulega fræðslu og þjálfun.

Félagsmálanefndir skulu hafa á að skipa eða eiga aðgang að starfsfólki með viðhlítandi menntun á háskólastigi til að veita sérhæfða ráðgjöf.

Til að tryggja sem besta þjónustu skulu starfsmenn í heimaþjónustu og liðveislu, svo og stuðningsfjölskyldur, fá reglubundinn stuðning, ráðgjöf og fræðslu frá fagfólki félagsþjónustunnar.

IV. KAFLI
Grundvallarreglur við framkvæmd félagsþjónustu.

10. gr.

Félagsmálanefnd skal gegna hlutverki sínu út frá þeim grundvallarreglum að:

a. gæta jafnræðis og standa vörð um rétt fólks til þjónustu samkvæmt lögum þessum,
b. annast almenna réttindagæslu með því að gæta þess að réttindi fólks séu virt samkvæmt öðrum lögum og veita því liðsinni,
c. virða sjónarmið einstaklings eða talsmanns hans um hvaða þjónusta er veitt og hvernig hún er veitt,
d. veita aðeins þjónustu að höfðu samráði og með samþykki viðkomandi einstaklings eða talsmanns hans,
e. gæta þess að fyrirkomulag félagsþjónustu sé auðskiljanlegt og aðgengilegt,
f. eiga samstarf við önnur stjórnvöld og aðila þegar slíkt samstarf er liður í lausn á þeim verkefnum sem félagsþjónustan fer með lögum samkvæmt,
g. forðast aðgreiningu þeirra sem njóta þjónustu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI
Einstök verkefni félagsmálanefnda.

11. gr.

Einstök verkefni félagsmálanefndar eru að:

a. gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun í bráð og lengd á sviði félagsþjónustu; nefndin gerir tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórna vegna félagsþjónustu,
b. safna reglubundið upplýsingum um þarfir fyrir félagsþjónustu í sveitarfélaginu og haga félagslegri þjónustu í samræmi við þær,
c. hafa frumkvæði að ítarlegri kynningu á félagsþjónustu í sveitarfélaginu og rétti fólks til hennar og sjá um að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar,
d. koma á framfæri ábendingum til byggingar- og skipulagsnefnda um úrbætur á sviði aðgengis- og skipulagsmála,
e. veita rekstraraðilum félagsþjónustu í sveitarfélaginu starfsleyfi og annast gerð þjónustusamninga,
f. hafa eftirlit með að félagsþjónusta á vegum annarra aðila sé í samræmi við lög þessi,
g. veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum, hafi sveitarstjórn ekki falið það verkefni annarri nefnd,
h. annast rekstur gæsluvalla fyrir börn, hafi sveitarstjórn ekki falið það verkefni annarri nefnd,
i. úthluta leiguíbúðum á vegum sveitarfélaga, hafi sveitarstjórn ekki falið það annarri nefnd,
j. annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna, sbr. lög um félagslega aðstoð,
k. annast önnur lögbundin verkefni eða þau sem sveitarstjórn felur nefndinni.

VI. KAFLI
Forvarnastarf.

Almennt forvarnastarf.

12. gr.

Félagsmálanefnd skal fylgjast með þróun mála sem hafa félagslega þýðingu í sveitarfélaginu, eins og atvinnumál, æskulýðsmál og skipulagsmál, og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við sveitarstjórn.

Félagsmálanefnd skal fylgjast almennt með högum íbúa í sveitarfélaginu, kynna sér aðstæður og beita sér fyrir lausnum sem koma megi í veg fyrir félagsleg vandamál.

Forvarnastarf er beinist sérstaklega að börnum.

13. gr.

Starfsmenn félagsþjónustu sem vinna með börnum skulu sérstaklega gefa gaum að andlegu og líkamlegu atgervi þeirra. Verði þeir þess áskynja að barn hafi einkenni um fötlun eða þarfnist sérstakrar þjónustu eða aðstoðar sem veitt skal samkvæmt lögum þessum skal upplýsa forráðamenn um það, beina þeim til hlutaðeigandi aðila og hlutast til um að frumgreining fari fram.

Félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og unglinga, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna.

Félagsmálanefnd skal sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppeldisskilyrða, svo sem tómstundaiðju. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af. Þannig skal

félagsmálanefnd eiga samvinnu við skipulagsyfirvöld og aðra aðila sem fjalla um slysavarnir barna.

Forvarnastarf sem beinist að áhættuhópum.

14. gr.

Sveitarfélög skulu meta þörf á skipulögðu forvarnastarfi gagnvart áhættuhópum og sjá til þess að það fari fram, t.d. á sviði áfengis- og fíkniefnamála.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um rétt einstaklinga til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga.

Inntak réttarins.

15. gr.

Þeir sem þurfa á aðstoð og þjónustu að halda til að geta lifað eðlilegu og mannsæmandi lífi eiga rétt samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um þá sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar.

Aðstoð og þjónusta skal jöfnum höndum vera til þess fallin að ráða bót á vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur lendi í þeirri aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

Skilyrði réttar til félagsþjónustu er lögheimili í landinu, sbr. þó 17.–19. gr.

Réttur fylgir lögheimili.

16. gr.

Rétt til félagsþjónustu í sveitarfélagi eiga íbúar þess. Með íbúa sveitarfélags er átt við hvern þann sem á lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. lög um lögheimili.

Réttur í dvalarsveitarfélagi.

17. gr.

Sá sem dvelst í öðru sveitarfélagi en því sem hann á lögheimili í, svo sem vegna náms eða dvalar sem ekki veitir rétt til lögheimilis, á rétt á félagsþjónustu í dvalarsveitarfélagi. Dvalarsveitarfélag skal þegar upplýsa lögheimilissveitarfélag um erindið. Lögheimilissveitarfélag metur þjónustuþörf og tekur ákvörðun um þjónustu, en felur dvalarsveitarfélagi að annast þjónustuna fyrir sína hönd. Lögheimilissveitarfélag greiðir kostnað við þjónustuna.

18. gr.

Þurfi fólk skyndilega á aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi vegna veikinda, slysa eða af öðrum brýnum orsökum er dvalarsveitarfélagi skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag sem endurgreiðir kostnað.

Réttur fólks án lögheimilis í landinu.

19. gr.

Þeim sem ekki eiga lögheimili í landinu skal í sérstökum tilvikum veitt aðstoð hér á landi. Aðstoð skal veitt af dvalarsveitarfélagi að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið, enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi.

Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.

VIII. KAFLI
Skyldur sveitarfélaga varðandi framboð á húsnæði.
Leiguíbúðir.
20. gr.

Sveitarstjórnir skulu á skipulegan hátt leitast við að tryggja að nægt framboð sé af leiguhúsnæði handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.

Húsnæði sem er sérstaklega ætlað til að mæta sérþörfum.
21. gr.

Sveitarstjórnir skulu meta þörf og sjá til þess að húsnæði sé fyrir hendi sem er sérstaklega ætlað til að mæta sérþörfum fyrir þjónustu, þ.e. íbúðir með sameiginlegri aðstöðu, sambýli og áfangastaðir, sbr. 2. tölul. 28. gr.

IX. KAFLI
Félagsþjónusta við einstaklinga og fjölskyldur.
Ráðgjöf.
22. gr.

Ráðgjöf til einstaklinga og aðstandenda þeirra felst í að veita upplýsingar um félagsleg réttindi, leiðbeiningar og aðstoð vegna persónulegs og félagslegs vanda. Lögð skal áhersla á forvarnagildi ráðgjafarinnar, einkum þegar börn og ungt fólk á í hlut.

Við framkvæmd ráðgjafar skal hafa eftir atvikum samráð og samvinnu við önnur stjórnvöld eða aðra aðila í samráði við einstakling eða talsmann hans. Þegar við á skal ráðgjöfin vera þverfagleg og kallaðir til sérfræðingar eftir því sem þörf er á.

Ráðgjöf skal vera víðtæk og taka m.a. til fjármála, húsnæðismála, fjölskyldumála, svo sem skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála, uppeldismála o.fl., auk sérhæfðrar ráðgjafar, svo sem vegna öldrunar, fötlunar eða annarra ástæðna.

23. gr.

Börn sem á þurfa að halda skulu eiga kost á þroska- og leikþjálfun. Skal félagsþjónustan í því skyni hafa yfir að ráða sérhæfðum þjálfunargögnum til afnota, ýmist til foreldra eða þeirra sem veita börnunum þjónustu.

Fjárhagsaðstoð.
24. gr.

Um skyldur sveitarfélaga til að veita fjárhagsaðstoð gilda almenn ákvæði um rétt einstaklinga til félagsþjónustu skv. VII. kafla.

Sveitarstjórn setur reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd metur þörf og ákveður fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn berst.

25. gr.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélags skal alla jafna greidd sem styrkur. Fjárhagsaðstoð skal þó veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Jafnframt er heimilt að veita lán eða styrki fyrir sérstökum afmörkuðum útgjaldaliðum.

Félagsmálanefnd er óheimilt að breyta styrk í lán nema viðkomandi óski þess.

26. gr.

Fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks skal ákvörðuð með sama hætti og til hjóna. Með sambúðarfólki er í ákvæði þessu átt við fólk sem skráð hefur verið í sambúð í þjóðskrá.

Réttaráhrif ákvæðis þessa miðast við þann dag sem sambúð er skráð.

27. gr.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf.

Húsnæði og búseta.

28. gr.

Til að svara húsnæðisþörf þeirra sem þurfa aðstoðar við á því sviði skulu eftirfarandi kostir vera í boði:

1. Leiguíbúðir, sbr. 20. gr.
2. Húsnæði sem er ætlað að svara sérstökum þjónustuþörfum, sbr. 21. gr., svo sem:
   a. íbúðir með sameiginlegri aðstöðu,
   b. sambýli,
   c. áfangastaðir.
3. Úrlausn á bráðum húsnæðisvanda meðan unnið er að varanlegri lausn handa þeim sem ekki eru færir um að leysa hann sjálfir.

Aðstoð til að koma til móts við sérstakar þjónustuþarfir.

29. gr.

Heimaþjónusta og liðveisla.

Veita skal fólki heimaþjónustu og liðveislu til að styðja það til sjálfsbjargar, efla sjálfstraust þess og sjálfsvirðingu og rjúfa félagslega einangrun.

Aðstoðin er ætluð þeim sem ekki geta séð hjálparlaust um heimilishald eða lifað eðlilegu lífi, innan heimilis sem utan, án sérstakrar aðstoðar, svo sem vegna aldurs, barnsburðar, veikinda, fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Þjónustuna skal veita á þeim tíma sólarhrings sem þörf krefur.

Heimaþjónusta og liðveisla geta bæði verið aðstoð við heimilið í heild og persónubundin aðstoð, sniðin að þörfum hvers og eins, eftir því sem við á hverju sinni. Í þjónustunni felst, eftir atvikum, hvers konar aðstoð við heimilishald, svo sem heimsending matar, persónuleg umhirða, gæsla og umönnun barna, sem og margháttuð persónuleg aðstoð og félagslegur stuðningur.

Félagsmálanefnd metur þörf á þjónustu og gerir samkomulag við þann sem hennar nýtur um fyrirkomulag þjónustunnar og hvað í henni felst.

Sveitarstjórn setur reglur um heimaþjónustu og liðveislu og er heimilt að setja gjaldskrá.

30. gr.

Ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta tekur til nauðsynlegra ferða þeirra sem vegna náms, atvinnu, þjónustu og tómstunda geta ekki farið ferða sinna af eigin rammleik eða nýtt sér almenn samgöngutæki.

Sveitarfélag setur reglur um ferðaþjónustu og er heimilt að setja gjaldskrá.

31. gr.

Skammtímadvöl.

Fjölskyldur skulu eiga kost á tímabundinni dvöl fyrir fatlaða og langveika utan heimilis, til að létta álagi af fjölskyldunni og veita þeim tilbreytingu sem þjónustunnar njóta. Þjónustan getur verið fólgin í stuðningsfjölskyldu eða skammtímavistun.

Við mat á því að þjónusta skv. 1. mgr. hæfi hverjum og einum skal miðað við að fötluð og langveik börn njóti þjónustu stuðningsfjölskyldu.

Komi í ljós þörf á að veita fötluðum og langveikum börnum og unglingum tímabundna vistun eða dagþjónustu í skólaleyfum, sem ekki verður leyst með þjónustu skv. 1. mgr. eða almennum sumardvölum, skulu sveitarfélög sjá um að koma til móts við þá þörf miðað við aðstæður á hverjum stað.

32. gr.

Fjölskyldur skulu eiga kost á tímabundinni dvöl barna hjá stuðningsfjölskyldu þegar þær geta ekki um skeið annast börn af óviðráðanlegum ástæðum, enda falli mál ekki undir barnaverndarlög.

33. gr.

Dagvist.

Þeir sem eru ófærir um að stunda atvinnu skulu eiga kost á dagvist.

Dagvist er ætlað að auka hæfni einstaklinga til þátttöku í daglegu lífi og til starfa eftir því sem unnt er. Þar skal veitt viðeigandi þjálfun og stunduð iðja.

Dagvist getur ýmist verið starfrækt á stofnun eða á annan skipulagðan hátt.

Um dagvist aldraðra gilda lög um málefni aldraðra.

34. gr.

Heimili fyrir fötluð börn.

Komi í ljós að lögbundin félagsþjónusta við fjölskyldur með alvarlega fötluð börn nægir ekki til að þau geti búið í heimahúsum skulu rekin sérstök heimili fyrir börnin. Sveitarfélög geta sameinast um slíkan rekstur, sbr. 2. mgr. 7. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð veitir umsögn um vistun barna samkvæmt ákvæði þessu.

Tómstundastarf.

35. gr.

Sveitarstjórn skal sjá til þess að þeir sem þurfa aðstoð til virkrar samfélagsþátttöku eigi aðgang að tómstundastarfi við hæfi.

X. KAFLI
Þjónustusamningar.

36. gr.

Félagsmálanefnd er heimilt að semja við félagasamtök og einkaaðila um að annast einstaka þætti þeirrar þjónustu sem lög þessi taka til. Slíkir samningar breyta í engu réttarstöðu þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta og með þeim verður ekki takmarkaður réttur manna til þjónustu sem lög þessi taka til.

Veitandi þjónustunnar og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við störf sín og leynt á að fara. Skal hann varðveita tryggilega gögn er snerta þjónustuna þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

37. gr.

Í þjónustusamningi skal a.m.k. kveða á um þjónustu sem sveitarfélag kaupir, gæði hennar og magn, greiðslur frá sveitarfélagi fyrir þjónustuna, greiðslu frá þjónustuþegum, samningstíma, uppsagnarákvæði, eftirlit með samningnum og meðferð ágreiningsmála.

38. gr.

Félagsmálaráðuneytinu er heimilt, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi sveitarfélög, að gera þjónustusamning við sjálfseignarstofnanir um þjónustu við fatlaða. Um þjónustsamninga þessa gilda ákvæði 36. og 37. gr.

XI. KAFLI
Meðferð mála hjá félagsmálanefnd.

39. gr.

Um málsmeðferð í félagsþjónustu gilda stjórnsýslulög, en með þeim sérreglum sem fram koma í þessum kafla.

Upphaf máls.

40. gr.

Berist félagsmálanefnd umsókn um aðstoð samkvæmt lögum þessum skal nefndin kanna málsgögn og aðstæður umsækjanda eins fljótt og unnt er.

Fái félagsmálanefnd með öðrum hætti upplýsingar um nauðsyn á aðstoð eða aðgerðum skal mál kannað á sama hátt. Þegar mál hefst þannig skal félagsmálanefnd tilkynna aðila máls um það.

Leiðbeiningar, túlkun og önnur aðstoð.

41. gr.

Veita skal einstaklingi nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð við umsókn og meðferð máls. Veitt skal í því sambandi nauðsynleg aðstoð túlks og táknmálstúlks.

Komi í ljós að einstaklingur geti sótt sér aðstoð samkvæmt öðrum lögum skal honum leiðbeint um það eða málið framsent viðkomandi aðila, eftir því sem við á, í samráði við umsækjanda.

Kynna skal aðila máls sérstaklega rétt hans til málskots.

Gagnaöflun.
42. gr.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við og með samþykki þess sem þjónustunnar skal njóta eða talsmanns hans.

Ákvarðanataka og tilkynning.
43. gr.

Við meðferð mála og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu við einstakling eða talsmann hans.

Ákvörðun um þjónustu skal tekin eins fljótt og unnt er og niðurstaða kynnt skriflega um leið og ákvörðunin liggur fyrir.

Ef ekki er fallist á erindi umsækjanda skal niðurstaðan skýrð og rökstudd skriflega.

Aðgangur aðila að upplýsingum sem varða hann sjálfan.
44. gr.

Aðili máls á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skjölum og öðrum gögnum sem varða tiltekið mál ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan.

Félagsmálanefnd er þó heimilt að takmarka aðgang aðila að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir sem mæla með því að upplýsingunum sé haldið leyndum þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnunum.

Varðveisla gagna, trúnaðar- og þagnarskylda.
45. gr.

Fulltrúar í félagsmálanefndum og starfsmenn félagsþjónustu skulu varðveita tryggilega málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Hafi þeir kynnst einkamálum þess sem þjónustunnar nýtur í starfi er þeim óheimilt að ræða þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki hans eða talsmanns hans. Trúnaður helst eftir að látið er af störfum.

Samvinna milli stjórnvalda.
46. gr.

Þegar málefni einstaklings er til meðferðar hjá fleiri en einu stjórnvaldi skal höfð um það samvinna milli þeirra og veittar gagnkvæmar upplýsingar eftir því sem nauðsynlegt er, þó þannig að gætt sé trúnaðar gagnvart viðkomandi.

XII. KAFLI
Málskot.
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu.

47. gr.

Félagsmálaráðherra skipar úrskurðarnefnd félagsþjónustu til fjögurra ára í senn.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn. Hæstiréttur tilnefnir formann og varamann og skulu þeir hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn mann og einn til vara. Félagsmálaráðherra skipar einn mann án tilnefningar, ásamt varamanni.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og kveða upp úrskurð sinn innan þriggja mánaða frá því að henni barst mál til úrskurðar. Ef ástæða þykir til getur nefndin mælt fyrir um munnlegan eða skriflegan málflutning.

Heimilt er nefndinni að leita til sérfróðra aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

48. gr.

Málsaðili getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar um þjónustu eða aðstoð til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Málskot til nefndarinnar frestar ekki framkvæmd kærðrar ákvörðunar nema nefndin ákveði annað.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til félagsmálaráðherra.

49. gr.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu getur vísað máli frá, ógilt ákvörðun og vísað máli aftur til félagsmálanefndar eða staðfest ákvörðun.

XIII. KAFLI
Rannsóknar- og þróunarstarf innan félagsþjónustu.

50. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum í rannsóknar- og þróunarsjóð félagsþjónustu.

Félagsmálaráðherra hefur umsjón með sjóðnum og setur reglur um styrkveitingu.

Sveitarfélög, hagsmuna- og félagasamtök, svo og einkaaðilar, geta sótt um styrki úr sjóðnum.

XIV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Aðstoð við íslenska ríkisborgara sem staddir eru erlendis.

51. gr.

Aðstoð við íslenska ríkisborgara hjá umboðsmanni íslenska ríkisins erlendis og kostnaður við heimferð greiðist af lögheimilissveitarfélagi á Íslandi sé það fyrir hendi, enda liggi fyrir samþykki sveitarfélagsins, en ella úr ríkissjóði.

Um heimferð innan Norðurlanda fer eftir Norðurlandasamningi um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Reglur sem sveitarstjórn setur.

52. gr.

Sveitarstjórn setur reglur um eftirfarandi:

1. Starfsemi félagsmálanefndar, sbr. 5. gr.
2. Verksvið og starfshætti undirnefndar félagsmálanefndar, sbr. 6. gr.
3. Fjárhagsaðstoð, sbr. 24. gr.
4. Heimaþjónustu og liðveislu, sbr. 29. gr.
5. Ferðaþjónustu, sbr. 30. gr.

Reglur sveitarstjórna skulu vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins. Auglýst skal innan sveitarfélagsins að reglur hafi verið settar um tiltekna þjónustu og hvernig megi nálgast þær. Skal það gert á sama hátt og venja er um opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

Gjaldtaka.

53. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá um þátttöku notenda eftirtalinnar þjónustu:

1. Gæslu barna á gæsluvöllum, sbr. h-lið 11. gr.
2. Heimaþjónustu og liðveislu, sbr. 29. gr.
3. Ferðaþjónustu, sbr. 30. gr.
4. Skammtímavistun, sbr. 31. gr.
5. Stuðningsfjölskyldur, sbr. 31. og 32. gr.
6. Tómstundastarf, sbr. 35. gr.
7. Eftirlit með rekstraraðilum og leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum.

Skulu gjaldskrár vera aðgengilegar íbúum sveitarfélagsins. Auglýst skal innan sveitarfélagsins að gjaldskrá hafi verið sett um tiltekna þjónustu og hvernig megi nálgast hana. Skal það gert á sama hátt og venja er um opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að taka leigu fyrir afnot einstaklinga af húsnæði sem er sérstaklega ætlað til að mæta sérþörfum, sbr. 2. tölul. 28. gr.

Reglugerðir.

54. gr.

Ráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerðir um eftirfarandi:

1. Daggæslu barna í heimahúsum, sbr. g-lið 11. gr.
2. Starfsleyfi vegna gæslu barna á vegum ýmissa aðila.
3. Gæsluvelli, sbr. h-lið 11. gr.
4. Stuðningsfjölskyldur, sbr. 31. og 32. gr.
5. Heimili sem er sérstaklega ætlað til að svara sérþörfum á þjónustu, sbr. b- og c-liði 2. tölul. 28. gr., og heimili fyrir fötluð börn, sbr. 34. gr.
6. Dagvist þar sem fram fer iðja og þjálfun, sbr. 33. gr.

Jafnframt setur ráðherra reglugerð um rétt fólks án lögheimilis í landinu til aðstoðar í dvalarsveitarfélagi, sbr. 19. gr.

XV. KAFLI
Gildistaka og lagaskil.

Gildistaka.

55. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002, enda hafi Alþingi þá samþykkt:

1. Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélags með tilliti til yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.
2. Lagabreytingar vegna flutnings starfsmanna frá ríki til sveitarfélaga.
3. Breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, með tilliti til yfirtöku Vinnumálastofnunar á atvinnumálum fatlaðra.
4. Lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
5. Lög um réttindagæslu fatlaðra.

Úr gildi falla lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, og lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952, með síðari breytingum.

Dagvistarstofnanir fyrir fötluð börn.

56. gr.

Dagvistarstofnanir sem reknar eru samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og þjóna börnum á leikskóla- og grunnskólaaldri færast til viðkomandi sveitarfélags við gildistöku laga þessara. Um starfsemina fer frá þeim tíma eftir lögum um leikskóla og grunnskóla.

Atvinnumál fatlaðra.

57. gr.

Við gildistöku laga þessara fer starfsráðgjöf fatlaðra, atvinnuleit og vinnumiðlun samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og reglugerð nr. 376/1996, eftir lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997.

58. gr.

Aðstoð við fatlaða á almennum vinnumarkaði, þ.e. sérstök liðveisla, verður við gildistöku laga þessara veitt samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

59. gr.

Um verndaða vinnustaði þar sem fram fer framleiðsla og þjálfun og gerð er krafa um vinnuframlag gegn launum og reknir hafa verið samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og reglugerð um atvinnumál fatlaðra, nr. 376/1996, fer við gildistöku laga þessara eftir lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Sama gildir um verndaða vinnustaði sem kunna að verða settir á fót eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Samstarfsnefnd málefna fatlaðra.

Félagsmálaráðherra skipar samstarfsnefnd málefna fatlaðra til næstu fimm ára frá gildistöku laga þessara.

Verkefni nefndarinnar eru að:

a. vaka yfir hvernig til tekst með yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga,
b. sjá um, annars vegar almennt og með fyrirbyggjandi hætti og hins vegar gagnvart einstökum málum, að þjónusta við fatlaða sé veitt samkvæmt viðhlítandi lögum og samfellt á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála.

Nefndin skal kynna starfsemi sína sérstaklega.

Fulltrúar í samstarfsnefndinni skulu hafa víðtæka þekkingu á málefnum fatlaðra.

Í nefndinni eiga sæti níu menn. Félagsmála-, heilbrigðis-, menntamála- og umhverfisráðherra tilnefna hver sinn fulltrúa ásamt varamönnum. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir þrjá menn og þrjá til vara. Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna sinn aðilann hvor ásamt varamönnum.

Félagsmálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Stjórnsýslulega heyrir nefndin undir félagsmálaráðuneytið. Verkefnið heyrir undir fjögur framangreind ráðuneyti.

Félagsmálaráðuneytið leggur til starfsmann og aðstöðu til starfa.

Samstarfsnefnd skal skila skýrslu árlega.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

II.

Sjálfseignarstofnanir.

Félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu beita sér fyrir því að sjálfseignarstofnanir og sveitarfélög, sem þess óska, geri samkomulag um fyrirkomulag á rekstri þeirra fyrir 1. ágúst 2001.

III.

Endurskoðun laganna.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarpi þessu er öðru fremur ætlað að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra. Segja má að með því sé hrint í framkvæmd markmiðum sem voru skilgreind þegar í upphafi þessa áratugar þegar umrædd löggjöf tók gildi.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga voru samþykkt á Alþingi árið 1991. Lögin mörkuðu tímamót í velferðarmálum á Íslandi. Í fyrsta sinn tóku gildi í landinu heildstæð lög sem mæltu fyrir um skipan félagsþjónustu á vettvangi sveitarfélaga og einu ráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, var falin yfirumsjón málaflokksins. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga leystu af hólmi lög sem sett höfðu verið á löngum tíma um einstaka þætti félagsþjónustu, svo sem framfærslumál og heimilishjálp, en framkvæmd þeirra laut ekki heildstæðu skipulagi á vegum sveitarfélaganna fyrr en í kjölfar setningar laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Að sama skapi höfðu einstakir þættir málaflokksins heyrt undir fleiri en eitt ráðuneyti sem torveldaði mjög stefnumótun og eftirlit með framkvæmd á vettvangi ríkisins. Með nýjum lögum sköpuðust nýjar forsendur fyrir framkvæmd félagsþjónustu sem fólu í sér nútímaleg sjónarmið um rétt borgaranna til hennar.

Við undirbúning frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga var valin sú leið að lögin yrðu rammalög og til hliðar við þau gætu gilt sérlög um afmarkaða málaflokka, t.d. um málefni fatlaðra. Við lögfestingu félagsþjónustulaganna árið 1991 var hins vegar kveðið á um það í bráðabirgðaákvæði að lögin yrðu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Sú hugsun lá meðal annars að baki að þá kynni að verða tímabært að athuga málefni fatlaðra sérstaklega þar sem félagsþjónusta við þá var að mestu leyti á ábyrgð ríkis en ekki sveitarfélaga eins og annarra þjóðfélagsþegna. Þótti það óeðlilegt að fötluðum væri þannig markaður sérstakur bás með tilliti til þjónustuþarfa og að æskilegt væri að félagsþjónusta þeim til handa væri samofin almennri félagsþjónustu. Þetta viðfangsefni var til sérstakrar athugunar í nefnd sem um þær mundir starfaði við að semja frumvarp til nýrra laga um málefni fatlaðra.

Áhrifa laganna um félagsþjónustu sveitarfélaga tók að gæta fljótlega eftir gildistöku þeirra. Á vegum félagsmálaráðuneytisins var efnt til kynningarnámskeiða um framkvæmd laganna á árunum 1991–1994 víðs vegar um landið. Í könnun sem gerð var á vegum ráðuneytisins árið 1996 höfðu einungis 20 af 164 sveitarfélögum enn ekki skipað félagsmálanefnd samkvæmt lögunum og voru þau öll sveitahreppir, langflest með íbúafjölda vel innan við 500. Með því að lögin mæltu fyrir um að verkefni á sviði félagsþjónustu féllu undir félagsmálanefnd sköpuðust víða forsendur fyrir ráðningu sérhæfðs starfsfólks þar sem ekkert var fyrir áður. Jafnframt sameinuðust minni sveitarfélög um félagsmálanefnd og árið 1996 höfðu 27 sveitarfélög valið þá lausn. Óhætt er að fullyrða að framfarir á sviði félagsþjónustu víða um landið hafi orðið miklar í kjölfar lagasetningarinnar.

Árið 1999 heyrði það til undantekninga að sveitarfélag hefði ekki skipað félagsmálanefnd. Gildandi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga kveða á um að sveitarfélögin setji sér reglur um bæði fjárhagsaðstoð og félagslega heimaþjónustu. Setning slíkra reglna er vísbending um að félagsþjónustan sé virk í viðkomandi sveitarfélagi. Langflestir íbúar landsins búa nú í sveitarfélögum sem hafa sett sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og félagslegrar heimaþjónustu. Samkvæmt gögnum félagsmálaráðuneytis hafa a.m.k. 82 sveitarfélög sett sér reglur um fjárhagsaðstoð og 70 sveitarfélög hafa sett sér reglur um félagslega heimaþjónustu. Þrátt fyrir að ekki hafi fleiri sveitarfélög sett sér þessar reglur hafa öll fjölmennustu sveitarfélögin gert það og fjöldi minni sveitarfélaga og búa ríflega 95% íbúa landsins í þessum sveitarfélögum. Hins vegar er ljóst af þessum tölum að fjöldi minni sveitarfélaga á landsbyggðinni hefur ekki staðfest reglur um framkvæmd félagsþjónustunnar eins og þeim ber þó skylda til lögum samkvæmt.

Sameining sveitarfélaga á undanförnum árum hefur leitt til þess að framkvæmd félagsþjónustu hefur fest sig í sessi. Stærri og öflugri sveitarfélög eru betur í stakk búin til að skipuleggja og veita faglega þjónustu í samræmi við nútímakröfur. En meginforsenda góðrar félagsþjónustu er að hæft starfsfólk með viðeigandi menntun hafi umsjón með henni. Enn fremur hafa 42 sveitarfélög ákveðið að standa sameiginlega að rekstri félagsþjónustunnar á landsbyggðinni og hafa þau sameinast í sex félagsmálanefndir á jafnmörgum svæðum. Þeirra á meðal er m.a. Félagsþjónusta Þingeyinga sem nær yfir 14 sveitarfélög í Þingeyjarsýslum.

Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga hefur verið breytt í þrígang, árin 1994, 1995 og 1997. Breytingar þessar miðuðu að því að treysta framkvæmd laganna, en breyttu í engu þeim grundvallarmarkmiðum og skipan félagsþjónustu sem upphaflega var kveðið á um.

Lög um málefni fatlaðra, sem tóku gildi árið 1992, fólu í sér margháttaðar breytingar frá fyrri lögum. Á meðal helstu nýmæla var að ábyrgð sveitarfélaga á málefnum fatlaðra var aukin frá því sem áður var. Lögin kveða á um rétt fatlaðra til allrar almennrar þjónustu, t.d. þeirrar sem mælt er fyrir í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, og að réttur samkvæmt lögum um málefni við fatlaða væri þá aðeins fyrir hendi að þjónustuþörf hins fatlaða væri meiri en svo að henni yrði fullnægt innan almennrar þjónustu.

Í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga um málefni fatlaðra frá 1992 er gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum að æskilegt sé að stefna að yfirtöku sveitarfélaga á málaflokknum. Á hinn bóginn var það þá ekki talið tímabært vegna veikburða félagsþjónustu á vegum sveitarfélaganna. Þess í stað voru kannaðar þrjár leiðir í því skyni að auka ábyrgð sveitarfélaganna. Í fyrsta lagi kom til álita að flytja afmörkuð verkefni á sviði þjónustu utan stofnana og þjónustu við fötluð börn frá ríki til sveitarfélaga. Um var að ræða verkefni sem einkum féllu vel að félagsþjónustu sveitarfélaga og voru ekki talin það umfangsmikil að erfiðleikar sköpuðust af í framkvæmd. Ekki varð úr að þessi leið væri lögð til vegna andstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem taldi ekki tímabært að hrófla við nýgerðu samkomulagi við ríkið um verkaskiptingu. Annar kosturinn var sá að kveða á um flutning málaflokksins til sveitarfélaganna innan tiltekinna tímamarka. Kostur þeirrar leiðar var talinn sá að með henni yrði sveitarfélögunum gefinn aðlögunartími, áhrifa laga um félagsþjónustu væri farið að gæta og nægur tími gæfist til undirbúnings. Ekki náðist samstaða um þá leið, ekki síst vegna sjónarmiðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þess efnis að óæskilegt væri að tilflutningurinn gerðist með lagaboði.

Sú leið sem varð fyrir valinu fólst í því að draga fram almennar skyldur sveitarfélaganna við fatlaða svo sem fyrr greinir. Auk þess sem sérstaklega er kveðið á um heimild til þess að unnið sé að gerð samninga á milli ríkis og sveitarfélaga um að sveitarfélögin annist þjónustu

við fatlaða að hluta til eða öllu leyti á tilteknum þjónustusvæðum. Fljótlega kom í ljós áhugi margra sveitarfélaga á að taka yfir þjónustu við fatlaða bæði samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og ekki síst eftir að lög um reynslusveitarfélög tóku gildi. Í V. kafla er að finna yfirlit yfir þau sveitarfélög sem tekið hafa að sér þjónustu við fatlaða samkvæmt samningi við ríkið.

Að öðru leyti var í lögum um málefni fatlaðra frá 1992 sett sérstakt bráðabirgðaákvæði þess efnis að lögin bæri að endurskoða innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra og var tímasetningin samræmd hliðstæðu bráðabirgðaákvæði í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem fyrr var vikið að. Í bráðabirgðaákvæði laga um málefni fatlaðra frá 1992 er sérstaklega tekið fram að endurskoðunin skuli miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaganna í málefnum fatlaðra og að hún skuli fara fram í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra.

Með vísun til framangreinds bráðabirgðaákvæðis laga um málefni fatlaðra skipaði félagsmálaráðherra, í apríl 1996, nefnd til að endurskoða lögin. Höfuðverkefni nefndarinnar laut að yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra. Í athugasemdum frumvarps, er síðar varð að lögum nr. 161/1996, segir m.a. svo um það tímamótaskref: „Markmiðið með flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga er að stíga lokaskrefið í þeirri þróun að fatlaðir séu sjálfsagðir þátttakendur í samfélaginu. Með flutningi málaflokksins til sveitarfélaga eru bundnar vonir við að þjónustan verði bætt. Litið er á yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra sem eðlilegan þátt í þróun sveitarstjórnarstigs og þjónustu sveitarfélags við íbúa sína.“ Í frumvarpinu kom fram að áður en af yfirtöku sveitarfélaga á málaflokknum gæti orðið skyldi umfangsmikill undirbúningur eiga sér stað. Af yfirfærslunni skyldi verða 1. janúar 1999, að þeim skilyrðum fullnægðum að áður hefði Alþingi samþykkt ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Skyldu ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar sem sett skyldu sérstök lög um eins og áður var getið. Frumvarp þetta var samþykkt sem lög frá Alþingi nr. 161 31. desember 1996. Auk fyrirmæla um ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga var í lögunum ákvæði um að við yfirfærsluna skyldi hugað sérstaklega að réttindagæslu fatlaðra.

Í framhaldinu skipaði félagsmálaráðherra, 27. ágúst 1997, nefnd til að semja frumvarp til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í skipunarbréfi ráðherra segir m.a. svo: „Félagsmálaráðherra hefur með vísan til bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 161/1996, um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, ákveðið að skipa laganefnd til að semja ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Nefndin skal að auki semja ný lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og huga að því hvernig réttindagæslu fatlaðra verður háttað.“

Í nefndina voru skipuð alþingismennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Siv Friðleifsdóttir, án tilnefningar, en samkvæmt tilnefningum voru skipuð Bjarni Kristjánsson, þáverandi framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, tilnefndur af framkvæmdastjórum málefna fatlaðra, Gerður Steinþórsdóttir framhaldsskólakennari, tilnefnd af Landssamtökunum Þroskahjálp, Helgi Seljan framkvæmdastjóri, tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands, Jón Björnsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ólöf Thorarensen félagsmálastjóri, tilnefnd af Samtökum félagsmálastjóra. Formaður nefndarinnar var Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, skipaður af ráðherra. Starfsmenn nefndarinnar voru Ingibjörg Broddadóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjórar í félagsmálaráðuneyti. Sú breyting varð á skipan

nefndarinnar að Bjarni Kristjánsson óskaði lausnar frá starfi í nefndinni haustið 1998 og í stað hans tók sæti Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi, sem fulltrúi framkvæmdastjóra málefna fatlaðra í nefndinni. Jafnframt varð sú breyting að vegna fjarveru Ingibjargar Broddadóttur frá hausti 1998 til vors 1999 var Guðrún Ögmundsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti, skipuð sem annar af tveimur starfsmönnum nefndarinnar.

Samkvæmt framansögðu voru laganefnd ætluð þrenns konar verkefni:

1. Að semja frumvarp til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
2. Að huga sérstaklega að réttindagæslu fatlaðra.
3. Að semja frumvarp um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Varðandi frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins taldi nefndin réttast að það yrði falið sérstakri nefnd, enda verkefnið sérhæft og eðli máls samkvæmt af öðrum toga en félagsþjónusta sveitarfélaga. Með bréfi félagsmálaráðherra, dags. 17. mars 1999, var því skipuð eftirfarandi nefnd til þess verks: Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri, formaður, Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi, og Stefán Hreiðarsson, yfirlæknir Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Ritari nefndarinnar var Guðjón Bragason lögfræðingur. Var nefndinni gert að hafa samráð við laganefnd um félagsþjónustu sveitarfélaga í störfum sínum.

Í lok árs 1998 var samþykkt á Alþingi að fresta yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga um óákveðinn tíma, sbr. lög nr. 156/1998. Í athugasemdum með frumvarpi sem síðar varð að framangreindum lögum var bent á að sveitarstjórnarkosningar fyrr á árinu hefðu raskað tímaáætlunum. Sérstaklega átti þetta við um samninga milli ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum aðila, enda ljóst að það væri erfiðleikum háð fyrir sveitarstjórnir að ganga frá samningum á sama tíma og kjörtímabil þeirra væri að renna út. Bent var á að beiðnir höfðu borist frá Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélögum um að fresta yfirfærslunni. Eftir samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og verkefnisstjórn sem hafði yfirumsjón með yfirfærslunni var talið rétt að verða við þeim beiðnum. Á hinn bóginn var tekið fram að einungis væri um frestun að ræða, en markmiðin stæðu óbreytt.

II. Rök fyrir flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Rökin fyrir því að þjónusta við fatlaða skuli verða viðfangsefni sveitarfélaga en ekki ríkis eru margþætt. Fyrst og fremst er þó um að ræða sjónarmiðin um nærþjónustu annars vegar og jafnrétti og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hins vegar.

Enda þótt staða fatlaðra í samfélaginu, reynsluheimur þeirra, hagsmunir og aðstæður að öðru leyti sameini þá sem sérstakan þjóðfélagshóp verður ekki fram hjá því litið að þeir eru jafnframt einstaklingar með fjölbreytilegar þarfir. Ekki verður heldur litið á fötlun einstaklings án samhengis við það félagslega umhverfi sem hann lifir og hrærist í. Þannig getur umhverfið ýmist staðið fötluðum fyrir þrifum eða dregið úr þeim takmörkunum til eðlilegs lífs sem fylgja fötluninni. Raunverulega felst í þessu að ekki verði litið á fötlun á annan hátt en í félagslegum skilningi.

Fatlaðir eru ekki einsleitur hópur. Fötlun er margvísleg og misjöfn og sama á við um þarfir einstaklinga. Markmið opinberrar þjónustu við fatlaða felst öðru fremur í að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til eðlilegs lífs. Þessum markmiðum verður trauðla náð nema þjónustan verði aðlöguð að þörfum fatlaðra í stað þess að fötluðum sé gert að aðlagast þjónustunni. Í þessu felst að þjónustan verður að taka mið af einstaklingnum, þ.e. hún verður að svara einstaklingsbundnum þörfum hins fatlaða eins og þær eru hverju sinni og í því félagslega umhverfi sem hann lifir og

hrærist í. Þjónustan verður því að vera staðbundin og aðgengileg hinum fatlaða. Skipulag, framkvæmd þjónustu og mat á þjónustuþörf þarf því að vera í eins mikilli nálægð við hann og kostur er. Í þessu felst hugtakið nærþjónusta.

Opinber þjónusta á Íslandi er ýmist veitt af ríki eða sveitarfélögum. Sveitarstjórnarstigið stendur þegnunum nær en ríkisvaldið og því tekur verkaskipting ríkis og sveitarfélaga m.a. mið af því. Almennt hefur sveitarfélögum verið falin ábyrgð þeirra verkefna þar sem miklu skiptir að tekið sé tillit til staðbundinna eða einstaklingsbundinna þátta. Þetta eru rökin fyrir því að félagsþjónusta er viðfangsefni sveitarfélaga en ekki ríkis.

Fatlaðir eru ekki einir um að þarfnast þjónustu til þess að fá notið eðlilegs lífs. Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um hvernig þeim markmiðum skuli náð. Þjónusta og aðstoð sem þau lög taka til er í eðli sínu sambærileg við þá tegund þjónustu sem fatlaðir þarfnast. Nú þegar sveitarfélögin hafa komið skipan á framkvæmd félagsþjónustunnar og búa flest hver yfir dýrmætri reynslu við þá framkvæmd má ætla að þau séu betur í stakk búin en ríkið til að veita fötluðum einstaklingsbundna þjónustu.

Á undanförnum árum hafa viðhorf til þjónustu við fatlaða breyst. Í núgildandi lögum er að finna aðrar áherslur en í eldri lögum. Fyrr er getið um þá áherslu sem nú er lögð á rétt fatlaðra til þjónustu samkvæmt almennum lögum. Nú eru þau sjónarmið ríkjandi að fatlaðir búi eins sjálfstætt og mögulegt er. Samhliða áframhaldandi uppbyggingu sambýla hefur verið lögð aukin áhersla á sjálfstæða búsetu fatlaðra, með sérstökum stuðningi. Þannig var Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilað að greiða sérstakt framlag til viðbótar þeirri fyrirgreiðslu sem Húsnæðisstofnun ríkisins veitti tekjulágu fólki til húsnæðisöflunar. Samhliða voru sett í lögin ákvæði um liðveislu og frekari liðveislu sem ásamt heimaþjónustu mynda heildstæða þjónustu fyrir þá fatlaða sem búa á eigin vegum.

Framangreind nýmæli varðandi þjónustu við fatlaða eru þess eðlis að þau eru í engu frábrugðin þeim skyldum sem sveitarfélögum er gert að axla gagnvart þeim íbúum sínum sem á þurfa að halda samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þróun mála hefur því orðið þannig að sífellt dregur úr þeim mun sem var á þjónustu sveitarfélaga við íbúa sína annars vegar og þjónustu ríkis við fatlaða hins vegar. Þetta eru enn ein rökin fyrir að flétta saman þjónustu við fatlaða og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Við blasir að við þær aðstæður sem hér hefur verið lýst er hvorki skynsamlegt né rétt að þjónustukerfi fatlaðra sé aðskilið almennri félagsþjónustu. Ábyrgð og skyldur geta verið óljósar í framkvæmd og að auki er einsýnt að hagkvæmara er að þessir þjónustuþættir séu á einni hendi. Slíkt skapar möguleika til hagræðingar með bættri skipulagningu og framkvæmd. Búast má við að þjónustan verði markvissari og skilvirkari en ella. Réttarstaða fatlaðra verður skýrari og betur er unnt að tryggja samfellda og sveigjanlega þjónustu. Með þessu er fötluðum ekki lengur skipað á annan bekk en öðrum íbúum sveitarfélags sem sækja sinn rétt eftir almennum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. Afstaða heildarsamtaka fatlaðra.

Heildarsamtök fatlaðra, Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp, hafa bæði stutt yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa ítrekað ályktað að stefnt skuli að flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Hafa samtökin verið í fararbroddi að vinna þessari stefnu fylgis og ályktanir þeirra verið skeleggar í þeim efnum.

Öryrkjabandalag Íslands studdi setningu laga nr. 161/1996 um yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna.

Fyrsta ályktun Þroskahjálpar um aukna ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra er að finna í stefnuskrá samtakanna sem samþykkt var á landsþingi þeirra 4. apríl 1992. Þar segir m.a.: „Landssamtökin Þroskahjálp álíta að treysta beri lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eins og frekast er unnt og að efla eigi sveitarfélögin til að gera þau færari um að taka að sér aukin félagsleg verkefni. Samtökin telja að stefna beri að því á allra næstu árum að ábyrgð á þjónustu við fatlaða færist frá ríki yfir til sveitarfélaga. Þau benda á að þjónusta sem er skipulögð í nánum tengslum við þá sem hennar eiga að njóta eykur líkur á gæðum.“ Í október sama ár var þessi stefna ítrekuð á fulltrúaráðsfundi Þroskahjálpar, sem haldinn var að Hrafnagili í Eyjafirði. Þar er þeim tilmælum beint til félagsmálaráðherra og samtaka sveitarfélaga „að þau hlutist til um að málefni fatlaðra verði flutt til sveitarfélaganna eftir eflingu þeirra“.

Á landsþingi Þroskahjálpar haustið 1993 var samþykkt hvatning til sveitarfélaga um að sameinast og „telur sameiningu brýnt hagsmunamál til að tryggja þjónustu í heimabyggð“. Landsþingið lagði hins vegar áherslu á „að málefni fatlaðra flytjist ekki til sveitarfélaga án nauðsynlegs undirbúnings og að fjármagn verði tryggt“.

Á landsþingi Þroskahjálpar haustið 1995 var því sérstaklega fagnað „að nokkur sveitarfélög hafa lýst áhuga á því að yfirtaka þjónustu við fatlaða“. Jafnframt var því lýst yfir „að grundvöllur þess að vel takist til við tilfærsluna sé að nægjanlegt fjármagn verði tryggt“. Á fulltrúaráðsfundi ári síðar lýsir fundurinn yfir „stuðningi við endurskoðun laga um málefni fatlaðra sem felur í sér að sveitarfélögin taki yfir stjórnun og rekstur málaflokksins frá ársbyrjun 1999. Við endurskoðun verði réttindagæsla fatlaðra efld. Einnig þarf að taka tillit til mismunandi aðstæðna í sveitarfélögunum.“

Á landsþingi Þroskahjálpar árið 1997 er samþykkt ályktun þar sem segir m.a. að þingið leggi „mikla áherslu á að gæði þjónustu við fatlaða verði tryggð og réttindagæsla efld áður en ráðist verður í tilflutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga“. Loks er ályktað í málinu á síðasta fulltrúaráðsfundi Þroskahjálpar 1998 þar sem segir m.a.: „Fundurinn leggur sérstaka áherslu á að málefni fatlaðra verði ekki flutt til sveitarfélaganna nema þeim verði tryggðir tekjustofnar til að sinna þeim á viðhlítandi hátt. Fundurinn skorar á Alþingi að ákveða nýja dagsetningu fyrir yfirfærsluna og jafnframt að félagsmálaráðherra leggi fram framkvæmdaáætlun um nauðsynlega uppbyggingu í málefnum fatlaðra.“ Þá segir jafnframt að fundurinn ítreki „þá skoðun samtakanna að áður en að yfirtöku sveitarfélaga á þjónustu við fólk með fötlun geti orðið, þurfi einnig að tryggja réttindagæslu og ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu þeim til handa“.

IV. Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrsta ályktun Sambands íslenskra sveitarfélaga um yfirtöku á málefnum fatlaðra sérstaklega var gerð á XV. landsþingi þess haustið 1994. Í þeirri ályktun er almennt fjallað um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga til að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið og færa ákvarðanatöku og ábyrgð nær þeim sem þjónustunnar njóta. Lagt var til að komið yrði á fót sérstakri samninganefnd ríkis og sveitarfélaga sem ynni að flutningi verkefna. Þá var gefinn tónninn um forgangsröðun við flutning verkefna, sbr. eftirfarandi: „Landsþingið telur rétt að fela sveitarfélögunum að fullu rekstur grunnskóla og heilsugæslustöðva, svo og yfirtöku verkefna á sviði málefna fatlaðra og aldraðra.“

Á XVI. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga í ágúst 1998 var minnt á að sú stefnumörkun sem fram kæmi í lögum um málefni fatlaðra um yfirfærslu málaflokksins til

sveitarfélaga í byrjun árs 1999 væri í anda samþykktar landsþingsins frá 1994. Bent var á að enda þótt gildistöku yfirfærslunnar hefði verið frestað, hefðu verkefnisstjórn og starfshópar unnið að undirbúningi hennar og var hvatt til að þeirri vinnu væri haldið áfram með það að markmiði að sveitarfélögin tækju yfir málaflokkinn. Hins vegar ályktaði landsþingið um eftirfarandi skilyrði fyrir yfirtöku:

1. „Að fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga um flutning verkefna og tekjustofna til sveitarfélaganna ... Tryggja verður með jöfnunaraðgerðum að tekjustofnar ... fari til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við umfang verkefnisins á hverju svæði eða í hverju einstöku sveitarfélagi.
2. Að um yfirfærsluna náist góð samstaða milli þeirra ráðuneyta sem málinu tengjast, sveitarfélaga, starfsmanna og félagasamtaka sem gegna þýðingarmiklu hlutverki á sviði málefna fatlaðra.
3. Að samstaða náist milli sveitarfélaga á tilteknum þjónustusvæðum um byggingu og rekstur einstakra þjónustuþátta, sem ekki er grundvöllur ... að færa til einstakra sveitarfélaga.
4. Að fjármögnun stofnframkvæmda verði tryggð.“

Loks ályktaði landsþingið að þegar yfirstandandi undirbúningsvinnu væri lokið yrði samningur ásamt framkvæmdaáætlun um yfirfærsluna lagður fyrir fulltrúaráðsfund sambandsins til afgreiðslu.

V. Yfirtaka sveitarfélaga á málefnum fatlaðra á árunum 1996–1999.

Eins og vikið hefur verið að er í gildandi lögum um málefni fatlaðra kveðið sérstaklega á um samninga milli ríkis og sveitarfélaga um að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða öllu leyti, sbr. 13. gr. laga nr. 59/1992. Með lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, bættist við sá möguleiki að sveitarfélög tækju yfir málefni fatlaðra í tilraunaskyni. Hér verða tilgreindir þeir samningar sem sveitarfélög hafa gert við ríkisvaldið um yfirtöku málefna fatlaðra samkvæmt áðurgreindum tvennum lagaheimildum.

Eyjafjarðarsvæðið.

Akureyrarbær tók að sér þjónustu við fatlaða á Eyjafjarðarsvæðinu í samræmi við lög um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, með samningi, dags. 27. febrúar 1996. Gildistími samningsins er frá 1. apríl 1996 til 31. desember 1999.

Í samningnum fólst að Akureyrarbær tekur að sér að veita fötluðum sem eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélögum alla þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, á vegum félagsmálaráðuneytis.

Sveitarfélögin eru: Akureyrarbær, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Glæsibæjarhreppur, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Hríseyjarhreppur, Ólafsfjarðarkaupstaður, Skriðuhreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Öxnadalshreppur.

Í ljósi góðrar reynslu af samningnum hefur verið gerður nýr samingur sem gildir árin 2000–2001.

Þingeyjarsvæðið.

Húsavíkurkaupstaður, síðar Félagsþjónusta Þingeyinga, tók að sér þjónustu við fatlaða á Þingeyjarsvæðinu með samningi, dags. 3. janúar 1997, á grundvelli 13. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Samningurinn gilti frá 1. janúar 1997 til 31. desember 1998.

Í samningnum fólst að félagsþjónusta Þingeyinga tekur að sér að veita fötluðum í hlutaðeigandi sveitarfélögum alla þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, á vegum félagsmálaráðuneytis.

Sveitarfélögin eru: Aðaldælahreppur, Bárðdælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Keldunesshreppur, Ljósavatnshreppur, Raufarhafnarhreppur, Reykdælahreppur, Reykjahreppur, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur, Þórshafnarhreppur og Öxarfjarðarhreppur.

Í ljósi góðrar reynslu af samningnum hefur verið gerður nýr samingur sem gildir árin 2000–2001.

Suðausturland.

Hornafjarðarbær tók að sér þjónustu við fatlaða á Suðausturlandi með samningi, dags. 3. janúar 1997 á grundvelli 13. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Samningurinn gilti frá 1. janúar 1997 til 31. desember 1998. Í samningnum fólst að Sveitarfélagið Hornafjörður tekur að sér að veita fötluðum, sem lögheimili eiga í Sveitarfélaginu Hornafirði og Djúpavogshreppi þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, á vegum félagsmálaráðuneytis.

Í ljósi góðrar reynslu af samningnum hefur verið gerður nýr samingur sem gildir árin 1999–2001.

Vestmannaeyjar.

Vestmannaeyjabær tók að sér þjónustu við fatlaða með samningi, dags. 3. janúar 1997, á grundvelli laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

Samningurinn gildir árin 1997–1999. Í samningnum felst að Vestmannaeyjabær tekur að sér að veita fötluðum, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, á vegum félagsmálaráðuneytis.

Í ljósi góðrar reynslu af samningnum hefur verið gerður nýr samingur sem gildir árin 2000–2001.

Norðurlandskjördæmi vestra.

Hinn 23. mars 1999 var gerður samningur milli félagsmálaráðuneytis og byggðasamlags um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra. Samningurinn var gerður með heimild í 13. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Í honum felst að byggðasamlagið tekur að sér ábyrgð á framkvæmd laga um málefni fatlaðra. Í því felst m.a. að veita þjónustu og annast rekstur heimila og stofnana fyrir fatlaða í kjördæminu eftir nánari skilgreiningu á fylgiskjali samningsins.

Byggðasamlaginu er skipt í fjögur þjónustusvæði, Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Siglufjarðarkaupstað.

Gildistími samningsins er út árið 2001.

Eins og framangreind upptalning ber með sér hafa nú þegar allmörg sveitarfélög tekið að sér málefni fatlaðra. Er reynslan góð og samningar þar að lútandi hafa því verið framlengdir.

VI. Endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Eins og fram kemur í inngangi er frumvarpinu öðru fremur ætlað að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra. Jafnframt eru lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga endurskoðuð, enda gert ráð fyrir því við gildistöku þeirra vorið 1991 að það skyldi gert að fimm árum liðnum. Um þörf á endurskoðun á félagsþjónustunni segir svo

í athugasemdum frumvarpsins er síðar varð að lögum nr. 40/1991 að slík lög þurfi „að vera í stöðugri endurskoðun vegna nýrra sjónarmiða sem skjóta ört upp kollinum á þessum vettvangi“. Þegar kom að endurskoðun laganna árið 1996 var þegar í deiglunni að yfirfæra málefni fatlaðra til sveitarfélaga. Var því niðurstaðan sú að í þeirri lotu skyldu „meiri háttar athugunarefni liggja milli hluta“ eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins er síðar varð að lögum nr. 34/1997, um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það er því í raun nú með frumvarpi þessu sem heildarenduskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga frá árinu 1991 á sér stað.

Ekki er lögð til nein grundvallarbreyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sú hugmyndafræði sem þau lög byggjast á er talin í fullu gildi.

VII. Helstu einkenni frumvarpsins.

Samruni laga.

Sú staðreynd að verið er að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga annars vegar og lög um málefni fatlaðra hins vegar setur að sjálfsögðu svip á frumvarpið. Lögin eru um margt ólík að uppbyggingu og efni og ber frumvarpið svipmót af því. Þjónusta við fatlaða hefur um langa hríð verið veitt á grundvelli sérlaga sem kveða skýrt á um skyldur ríkisins og rétt einstaklinga til þjónustunnar. Einnig kveða lögin eðli máls samkvæmt nokkuð ítarlega á um framkvæmd. Öðru máli gegnir um lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem eru rammalög sem ná yfir víðtækt svið þar sem skyldur sveitarfélaga eru ekki nákvæmlega tíundaðar heldur svigrúm sveitarfélaga talsvert.

Við samruna laga sem eru jafnólík að uppbygginu og lög um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga hefur verið leitast við að viðhalda helstu einkennum beggja. Þannig eru skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustuna án fyrirvara í frumvarpinu á sama hátt og skyldur ríkisins eru nú samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Skyldum sveitarfélaga fylgir réttur einstaklinga. Á hinn bóginn viðhaldast einkenni laga um félagsþjónustu sveitarfélaga um svigrúm sveitarfélaga við framkvæmd þjónustunnar. Leitast er við að samræma viðfangsefni beggja laganna í frumvarpi þessu á þann hátt að markmiðum hvorra tveggja verði náð og nýju lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga rúmi jafnt þjónustu sem er almenns eðlis og sérhæfð.

Þjónustuþarfir í fyrirrúmi.

Lög um málefni fatlaðra fjalla að sjálfsögðu um tiltekinn þjóðfélagshóp og í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eru skyldur sveitarfélaga að verulegu leyti skilgreindar miðað við þarfir einstakra þjóðfélagshópa, svo sem börn, unglinga, aldraða og fatæka. Við samningu þessa frumvarps er önnur hugsun lögð til grundvallar. Í stað þjóðfélagshópa er lögð áhersla á að sundurgreina þær þarfir sem eru fyrir þjónustu, óháð því hvort þær finnist frekar hjá einum þjóðfélagshópi en öðrum. Það sjónarmið liggur að baki að þessi nálgun sé líklegri til árangurs þegar tekið er mið af markmiðum hvorra tveggja laganna um að stuðla að velferð á grundvelli samhjálpar og jöfnum rétti til lífsgæða. Að auki má benda á þá staðreynd að þjónustuþarfir einstakra þjóðfélagshópa eru oftar en ekki þær sömu og enginn ávinningur fólginn í aðgreiningu þeirra. Enda þótt framangreint sé meginregla og rauður þráður í frumvarpinu verður þó að víkja frá meginreglunni þegar tvenns konar þjónusta á í hlut, annars vegar heimili fyrir fötluð börn og hins vegar skammtímadvöl fyrir fatlaða og langveika. Þörf á slíkri þjónustu er fyrir hendi þegar tveir framangreindir hópar eiga í hlut og því verður ekki hjá því komist að þessara sértæku þarfa sjái stað í frumvarpinu.

VIII. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Skyldur sveitarfélaga skerptar.

Segja má að í frumvarpinu felist að verulega sé skerpt á skyldum sveitarfélaga til að veita íbúum sínum félagsþjónustu. Tilgangurinn er sá að félagsþjónustan verði ótvírætt jafnvíg annarri velferðarþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu og menntakerfi. Þannig er sveitarfélögum skylt að veita þá þjónustu sem frumvarpið tilgreinir þótt þau hafi sjálfsákvörðunarrétt um útfærslu þjónustunnar. Í núgildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er á nokkrum stöðum að finna hvatningu og heimildarákvæði til að veita tiltekna þjónustu, t.d. á sviði húsnæðismála og þjónustu við aldraða. Í frumvarpinu er lögð til breyting á þessu þannig að einungis verði kveðið á um skyldur sveitarfélaganna í félagslegum efnum í stað hvatningarákvæða eða ákvæða með fyrirvara um skyldurnar. Auk þess sem breyting þessi er nauðsynleg til að félagsþjónustan verði jafnvíg annarri velferðarþjónustu er hún óhjákvæmileg til að fatlaðir glati í engu þeim rétti sem þeim er nú tryggður samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Verkefni félagsmálaráðuneytis ítarlegar tilgreind en nú er.

Rétt þykir að tilgreina nánar en gert er í núgildandi lögum hverjar séu skyldur ríkisvaldsins við framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Er það talinn liður í nútímalegri félagsþjónustu að samskipti ráðuneytis og sveitarfélaga séu greið og uppbyggileg, að ráðuneytið hafi vakandi augu með framkvæmd málaflokksins og sýni nauðsynlegt frumkvæði. Með nútímalegri félagsþjónustu er átt við faglega þjónustu sem einstaklingar eiga rétt á. Einnig vegur hér þungt yfirfærsla málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem ýtir undir nauðsynlegt eftirlit af hálfu ríkisvaldsins.

Til að greiða fyrir árangursríku eftirliti af hálfu ráðuneytisins er kveðið á um að sveitarfélög skuli árlega gera grein fyrir störfum sínum. Þá er ráðuneytinu ætlað að hafa frumkvæði að fræðslu til sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu og leiðbeina og miðla upplýsingum. Jafnframt er sérstaklega kveðið á um skyldur ráðuneytis til að safna upplýsingum um framkvæmd þjónustunnar og að stuðla að rannsóknum á þessu sviði. Síðast en ekki síst er lagt til að félagsmálaráðuneytið leggi mat á hvort markmiðum laganna hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum. Nánar er getið um það atriði í næsta undirkafla.

Samvinna sveitarfélaga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þar sem markmiðum laganna verði ekki náð á annan hátt, t.d. vegna fámennis sveitarfélags, skuli þau sameinast um þjónustuna. Gert er ráð fyrir því að félagsmálaráðuneytið leggi mat á hvort þetta eigi við í einstökum sveitarfélögum. Telji ráðuneytið að markmið laganna hafi ekki náðst er viðkomandi sveitarfélagi gert skylt að leggja fram tillögur til ráðuneytisins um hvernig það vilji sameinast öðru sveitarfélagi um þjónustuna eða bæta úr á annan hátt.

Aðgangur að fagfólki.

Í frumvarpinu er sveitarfélögum gert skylt að hafa á að skipa hæfu og menntuðu starfsfólki í félagsþjónustunni. Reynslan sýnir að virk, fagleg félagsþjónusta stendur og fellur með því að sveitarfélög hafi starfsfólk til að annast málaflokkinn. Ráðning starfsmanns getur verið dæmigert samstarfsverkefni fámennra sveitarfélaga.

Þá er sérstaklega kveðið á um að félagsmálanefndir skuli hafa á að skipa eða eiga aðgang að háskólamenntuðu fólki til að veita sérhæfða ráðgjöf. Eftir því sem félagsþjónustunni vex fiskur um hrygg er eðlilegt að gerðar séu miklar kröfur til starfsfólks og að það hafi menntun

og hæfni til að axla þá ábyrgð sem kröfur eru gerðar um. Sérstaklega er hér dregið fram mikilvægi þess að þeir sem veita fólki ráðgjöf í einkamálum þess hafi til þess tilskilda menntun.

Grundvallarreglur við framkvæmd.

Frumvarpið hefur að geyma reglur sem ætlast er til að framkvæmd félagsþjónustunnar grundvallist á. Reglur þessar má líta á sem siðferðilega undirstöðu framkvæmdarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að borin sé virðing fyrir þörfum einstaklingsins og sjónarmiðum hans. Þjónustan sé veitt í samráði við einstaklinginn þannig að tekið sé tillit til óska hans eftir því sem kostur er. Við framkvæmd hennar skal forðast sérgreiningu þeirra sem þjónustunnar njóta, en það er í raun ein hlið þess að virðing fyrir fólki sé í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á að þjónustan sé auðskiljanleg og aðgengileg almenningi. Síðast en ekki síst skal nefnt að félagsmálanefnd er ætlað að gæta jafnræðis og vera útvörður fólks í sveitarfélaginu hvað varðar rétt þess til þjónustu samkvæmt þessum lögum og öðrum lögum.

Ákvæði um leikskóla felld brott.

Í núgildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er að finna lagaákvæði um skyldur sveitarfélaga í leikskólamálum, einkum er varðar uppbyggingu leikskólans. Þegar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga voru samþykkt á Alþingi vorið 1991 hafði verið talsverður ágreiningur um stöðu leikskólans. Fram til þess tíma hafði leikskólinn verið snar þáttur í félagsþjónustu sveitarfélaga og höfðu félagsmálanefndir sveitarfélaga yfirleitt farið með stjórn þeirra mála. Litið var svo á að leikskólinn væri þáttur í þjónustu sveitarfélaganna við fjölskylduna og því eðlilegt að fjallað væri um hann í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta sjónarmið mætti andstöðu og samhliða félagsþjónustulögunum samþykkti Alþingi lög um leikskóla þar sem önnur sjónarmið voru lögð til grundvallar. Í þeim er gert ráð fyrir að leikskólinn sé fyrsta skólastig barnsins og heyri því undir menntakerfi. Áhrif leikskólalaganna urðu þau að smám saman færðust málefni leikskólans undir skólaskrifstofur sveitarfélaganna og því er hann ekki lengur hluti af skipulagðri félagsþjónustu. Af þessum ástæðum er nú lagt til að ákvæði laganna um skyldur sveitarstjórna til að annast byggingu og rekstur leikskóla og tryggja eftir föngum framboð á leikskólarými verði felld brott. Um það efni gildi lög um leikskóla.

Þjónustusamningar.

Á undanförnum árum hefur í vaxandi mæli verið lögð áhersla á að bjóða út þjónustu og einstök rekstrarverkefni hins opinbera. Nefna má þær áherslur sem fólgnar eru í stefnu sem kennd er við „nýskipan ríkisreksturs“ og fylgt hefur verið síðustu árin. Með nýjum lögum um fjárreiður ríkisins var lagaleg undirstaða þessarar stefnu treyst, en í þeim eru m.a. ákvæði um einkaframkvæmd og gerð þjónustusamninga um rekstrarverkefni. Búast má við að sveitarfélögin muni fylgja ríkinu eftir á þessu sviði. Enda þótt félagasamtökum og einkaaðilum hafi ekki enn sem komið er verið falin mörg verkefni á ábyrgð sveitarfélaga er líklegt að sú verði þróunin. Þessi stefna getur verið vel til þess fallin að auka hagkvæmni og sveigjanleika þjónustunnar og fallið ágætlega að staðbundnum aðstæðum.

Rýmra hlutverk úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Með ákvæði félagsþjónustulaga um málskot og sérstaka úrskurðarnefnd, sem færi með fullnaðarúrskurðarvald á sviði stjórnsýslunnar, var réttarstaða borgarans til félagsþjónustu bætt verulega. Í frumvarpinu er skotið enn styrkari stoðum undir úrskurðarnefndina með því

að gera verkefni hennar rýmri. Nú er lagt til að unnt sé að skjóta til nefndarinnar öllum ákvörðunum félagsmálanefndar, en ekki einungis tilteknum ákvörðunum eins og nú er.

Um þetta efni vísast að öðru leyti til athugasemda við 48. gr. frumvarpsins.

Framkvæmdasjóður fatlaðra lagður niður.

Framkvæmdasjóður fatlaðra var stofnaður með lögum um málefni fatlaðra, nr. 41/1983. Verkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra hafa ætíð verið fyrst og fremst að standa undir kostnaði við byggingu stofnana og annarra stofnframkvæmda, þ.e. sambýla, verndaðra vinnustaða, dagvista og skammtímavistana. Hér er um skyldur sjóðsins að ræða. Mikil uppbygging sambýla á níunda áratugnum ásamt öðrum þjónustuúrræðum, svo sem vernduðum vinnustöðum og dagvistum, hefði vart orðið ef framkvæmdasjóðsins hefði ekki notið við.

Auk framangreindra stofnframkvæmda er Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilt að veita fé til eftirfarandi verkefna:

— Styrk til framkvæmdaraðila til að koma á fót félagslegum íbúðum.
— Allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga.
— Allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsframkvæmda á þeim heimilum og þjónustustofnunum sem veitt hefur verið fé til að koma á fót.
— Til annarra framkvæmda sem nauðsynlegar eru í þágu fatlaðra, svo sem breytinga á almennum vinnustöðum.
— Frá árinu 1994 hefur sjóðnum jafnframt verið gert samkvæmt ákvæðum fjárlaga að veita fé til styrkja sem svæðisskrifstofum málefna fatlaðra er heimilt að veita til verkfæra- og tækjakaupa og námskostnaðar skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðra.

Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga, og þar með samruna málefna fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga, er einsýnt að hlutverki sjóðsins er lokið og að verkefni hans verða ein af verkefnum félagsþjónustu sveitarfélaga eins og aðrar skyldur sveitarfélaga á þeim vettvangi. Einnig má benda á að þær breyttu áherslur í frumvarpi þessu sem fela í sér þjónustu sem tekur mið af einstaklingsþörfum og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hníga í sömu átt.

Vistheimili fatlaðra.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir nýjum vistheimilum sem leið í húsnæðismálum fatlaðra, sbr. 21. og 28. gr. þess. Um þjónustu við fatlaða sem er veitt af sjálfseignarstofnunum vísast til ákvæðis til bráðabirgða II.

Atvinnumál fatlaðra heyri undir Vinnumálastofnun.

Í lögum um málefni fatlaðra eru ítarleg ákvæði um atvinnumál fatlaðra sem eru til þess fallin að auka möguleika fatlaðra til starfa á almennum markaði. Undir atvinnumál fatlaðra er einnig felld hæfing, iðja og þjálfun.

Atvinnumál fatlaðra flokkast ekki undir félagsþjónustu í frumvarpi þessu. Þó skal tekið fram að hæfing, iðja og þjálfun, sem nú eru felldar undir atvinnumál fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, eru hér flokkaðar sem félagsþjónusta og teljast því ein grein hennar, sbr. 33. gr. frumvarpsins.

Hins vegar er lagt til að eiginleg atvinnumál fatlaðra, þ.e. vinnumiðlun, aðstoð og starfsþjálfun á vinnumarkaði og vernduð vinna, þar sem gerð er krafa um framleiðslu gegn launum falli undir Vinnumálastofnun. Með verndaðri vinnu er átt við vinnu á vernduðum vinnustöðum eða störf innan dagvistar sveitarfélaga. Ekki er talin þörf á breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, til að Vinnumálastofnun taki yfir starfsráðgjöf, atvinnuleit

og vinnumiðlun fatlaðra. Um aðstoð við fatlaða á almennum vinnumarkaði er talið tryggara, til að taka af öll tvímæli, að tiltekið verði í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir að sú þjónusta færist til Vinnumálastofnunar. Ljóst liggur fyrir að lög um vinnumarkaðsaðgerðir taka ekki til verndaðrar vinnu án lagabreytinga.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að lögum um vinnumarkaðsaðgerðir verði breytt á þann veg að þau taki annars vegar til aðstoðar við fatlaða á almennum vinnumarkaði og hins vegar til verndaðrar vinnu. Skilyrði þess að slík störf falli undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir er að fyrir þau séu greidd laun samkvæmt kjarasamningi.

Sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins starfar nú skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Ekki er lagt til að starfsemi stofnunarinnar færist til sveitarfélaga. Það efni fellur því utan við félagsþjónustu sveitarfélaga og er því ekki fjallað um það í frumvarpinu. Í tengslum við frumvarpið er því flutt sérstakt frumvarp um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem byggist að verulegu leyti á 16. gr. núgildandi laga um málefni fatlaðra.

Samstarfsnefnd málefna fatlaðra.

Í beinum tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga er lagt til að skipuð verði nefnd með fulltrúum ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðra til að vaka yfir hvernig til tekst með yfirfærsluna. Skuli nefndin sitja í fjögur ár.

Hér er ekki um hluta af eiginlegri félagsþjónustu að ræða heldur tímabundna ráðstöfun sem tengist yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Er það einn þáttur í réttindagæslu fatlaðra í samræmi við ákvæði laga nr. 161/1996, en þar er tekið fram að við yfirfærsluna skuli hugað að réttindagæslu fatlaðra.

Um einstaklingsbundna réttindagæslu fatlaðra verður flutt sérstakt frumvarp.

IX. Breytingar á frumvarpinu frá því að laganefnd skilaði tillögum sínum.

Laganefnd skilaði félagsmálaráðherra tillögum sínum að frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 22. október 1999.

Eftir að laganefnd hafði lagt fram tillögu sína að frumvarpinu átti ráðherra viðræður um frumvarpið við Samband íslenskra sveitarfélaga. Einnig var frumvarpið lagt fyrir verkefnisstjórn yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Frá báðum aðilum komu fram nokkrar breytingartillögur sem ráðherra féllst á. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

Rétt þótti að tiltaka í 3. gr. frumvarpsins að sveitarstjórnir skyldu hafa viðbúnað til þess að sveitarfélög væru fær um að standa undir þeim skyldum sem lögin leggja þeim á herðar. Óþarft þótti að taka fram í 4. gr. frumvarpsins að stefnumótun færi fram í félagsmálaráðuneyti. Í 10. gr. var felld brott ein af grundvallarreglum frumvarpsins að félagsmálanefnd skyldi í störfum sínum eiga samráð við félagasamtök og hagsmunasamtök þeirra sem félagsþjónustu njóta við uppbyggingu og stefnumótun þjónustunnar. Jafnframt var fellt brott úr 13. gr. ákvæði um að að tilhlutan sveitarfélaga skyldi vera skipulagt tómstundastarf fyrir börn og unglinga sem miðaði að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir. Þess í stað eru tómstundir barna tilgreindar sem eitt af verkefnum félagsmálanefndar, sbr. 13. gr. Skylda sveitarfélags varðandi forvarnastarf gagnvart áhættuhópum, sbr. 14. gr., er ekki jafnafdráttarlaust orðuð og laganefnd lagði til. Breyting af sama meiði var gerð á 20. gr., þ.e. skylda sveitarfélaga til að hafa nægt framboð á leiguhúsnæði ekki jafnfortakslaust orðuð og fram kom í frumvarpsdrögum laganefndar. Ekki var fallist á tillögu laganefndar um að úrskurðarnefnd félagsþjónustu hefði heimild til að breyta úrskurði eins og felst í eðli kærurétt-

ar. Var það atriði því fellt brott úr 49. gr. Við gjaldtökuheimild 53. gr. frumvarpsins bættist nýr liður, 7. tölul., þess efnis að sveitarfélögum væri heimil gjaldtaka fyrir eftirlit með rekstraraðilum og leyfisveitingar, svo og ákvæði um að sveitarfélögum væri heimilt að taka húsaleigu af einstaklingum sem búa í húsnæði sem ætlað er til að mæta sérþörfum. Í samstarfsnefnd málefna fatlaðra, sbr. ákvæði til bráðabirgða I, verði fjölgað um tvo fulltrúa þannig að Samband íslenskra sveitarfélaga eigi þar þrjá í stað eins. Að lokum var lögð fram ný tillaga um framtíðarskipan sjálfseignarstofnananna, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Í stað tillögu laganefndar um að eftir úttekt á þeim stofnunum skyldu viðkomandi sveitarfélög taka að sér þjónustu við íbúa sjálfseignarstofnana, í formi íbúða eða sambýla, þremur árum frá gildistöku laganna varð ofan á að lokið verði samningum milli sveitarfélaga og stofnananna um fyrirkomulag í rekstri fyrir 1. ágúst árið 2001. Forsenda fyrir samkomulagi er ósk frá viðkomandi sveitarfélagi þar að lútandi.

Eftir að laganefnd hafði lokið störfum var unnið að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir í tilefni af yfirfærslu atvinnumála fatlaðra til Vinnumálastofnunar, sbr. 55. gr. þessa frumvarps. Í fyrrnefndu frumvarpi er lagt til að greinarmunur milli atvinnumála fatlaðra annars vegar og félagsþjónustu hins vegar komi fram í því hvort fötluðum eru greidd laun samkvæmt kjarasamningum. Ástæða þessa var sú að sýnt þykir að einungis vinna í þeim skilningi falli að þeirri grunnhugsun sem býr að baki laga um vinnumarkaðsaðgerðir og heiti þeirra laga ber raunar með sér. Önnur aðstoð við fatlaða á almennum vinnumarkaði, svo sem verkstjórn og vinna í verndaðri vinnuaðstöðu, verði því á vegum dagvistar félagsþjónustu, sbr. 33. gr. frumvarpsins. Að lokum kom fram í undirbúningi við breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir að nauðsynlegt væri að úttekt sem gera þarf á vernduðum vinnustöðum þar sem saman fer vinna, hæfing og iðja verði gerð fyrir samþykkt frumvarps þessa. Ákvæði í frumvarpi um þá úttekt sýndi sig því að vera óþarft og var því fellt brott.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða markmiðsgrein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Þar er að finna grunntón og hugmyndafræði að baki félagsþjónustu sem þykir hafa staðist tímans tönn og því ekki ástæða til að hrófla við. Enn sem fyrr eru því lykilatriðin félagslegt og fjárhagslegt öryggi, velferð, samhjálp, ábyrgð einstaklings á sjálfum sér og öðrum, hjálp til sjálfsbjargar og sjálfsákvörðunarréttur fólks.

Þær nýju áherslur sem fram koma í greininni og lúta að jöfnum rétti manna til lífsgæða og virkrar þátttöku í samfélaginu eiga einkum rót sína að rekja til baráttumála fatlaðra um langt skeið. Blöndun fatlaðra og ófatlaðra og að fötluðum séu sköpuð skilyrði til að lifa eðlilegu lífi rís þar hæst. Ljóst er þó að áherslan á jafnan rétt til lífsgæða er almenn, nær til allra manna.

Um 2. gr.

Áhersla er lögð á að félagsþjónusta sem einstaklingum er veitt sé fjölbreytt og við hæfi hvers og eins. Félagsmálanefnd, eða starfsmönnum hennar, er ætlað það mikilvæga verkefni að meta þörf á þjónustu í hverju tilviki, þ.e. útfæra hverjar eru lögbundnar skyldur sveitarfélaga gagnvart einstaklingum í hverju máli fyrir sig. Skal sveigjanleiki þar vera í fyrirrúmi enda tilvikin og þarfirnar fjölbreyttar. Við þetta mat skal ætíð horft til markmiðsgreinar laganna um ábyrgð einstaklings á sjálfum sér, hjálp til sjálfsbjargar og sjálfsákvörðunarrétt hans.

Enda þótt gengið sé út frá að þjónustan sé einstaklingsmiðuð, miðist við mat á þörfum á þjónustu, segir sig sjálft að hún skal veitt samkvæmt almennum reglum, þ.e. lögum og reglugerð og reglum sveitarfélaga ef því er að skipta. Mismunandi þjónusta sem fólk fær byggist því ætíð á málefnalegum forsendum, mismunandi þörfum.

Eins og upptalning á einstökum þáttum þjónustunnar ber með sér miðast þjónustan við þarfir, en ekki við einstaka hópa fólks. Þjónustunni er lýst almennt og á að taka til allra þeirra sem á henni þurfa að halda. Þetta er rauði þráðurinn í frumvarpinu. Frá þessari meginreglu verður þó að víkja þegar um er að ræða tvenns konar þjónustu: Annars vegar heimili fyrir alvarlega fötluð börn sem geta ekki búið í heimahúsum vegna fötlunar sinnar. Eðli máls samkvæmt er slíkrar þjónustu einungis þörf þegar um alvarlega fötlun er að ræða. Hins vegar skammtímadvöl sem ætluð er fötluðum og langveikum til þess að veita þeim tilbreytingu og létta álagi af fjölskyldum. Sammerkt með þessum tveimur þjónustugreinum er nauðsyn á búsetu eða dvöl utan heimilis að degi eða allan sólarhringinn. Þar er í eðli sínu um sértæka þjónustu að ræða og sér þess stað í frumvarpinu.

Tekið skal fram að þar sem fötlun er nefnd sérstaklega í frumvarpi þessu er lagður sams konar skilningur í það hugtak og gert er í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. 2. gr. þeirra laga. Er það rökrétt afleiðing þess að verið er að yfirfæra til sveitarfélaga þá þjónustu við fatlaða sem ríkið veitir nú samkvæmt sérlögum um málefni fatlaðra. Jafnframt skal tekið fram að í athugasemd við 1. gr. frumvarps til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem flutt er ásamt frumvarpi þessu og hefur að geyma þann þátt málefna fatlaðra sem ekki verður færður til sveitarfélaga, segir svo um hugtakið fötlun: „Með hugtakinu fötlun er átt við ástand sem skapast þegar einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa.“ Felur sú skilgreining í sér sams konar merkingu og lögð er í hugtakið fötlun í núgildandi lögum um málefni fatlaðra, enda tekið fram í athugasemd við 1. gr. framangreinds frumvarps að ekki sé verið að útvíkka fötlun frá því sem fram kemur í gildandi lögum um málefni fatlaðra. Í frumvarpi til laga um réttindagæslu fatlaðra, sem einnig er flutt samhliða frumvarpi þessu, er vísað til skilgreiningar á fötlun í áðurnefndu frumvarpi til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þannig verður skilgreiningu á fötlun að finna í tveimur frumvörpum um tiltekin málefni fatlaðra sem flutt eru samhliða frumvarpi þessu. Sú skilgreining á hins vegar ekki heima í almennum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um þá merkingu sem lögð er í hugtakið langveik börn vísast til laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, og reglugerðar um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, nr. 504/1997. Auk þess er vísað til skýrslu nefndar, skipaðrar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, um stefnumótun í málefnum langveikra barna. Þar segir svo um þetta efni: „Hugtakið langsjúk börn er hvergi skilgreint með nákvæmum hætti, en almennt talað er átt við þau börn sem þurfa að vera undir læknishendi a.m.k. 3 mánuði samfellt vegna sjúkdóms sem hefur veruleg áhrif á daglegt líf barnsins.“ (Júní 1999).

Eins og tekið er fram í greininni er félagsþjónustan annars vegar almenns eðlis og hins vegar felur hún í sér einstakar þjónustugreinar. Þær þjónustugreinar sem raktar eru í greininni eru þær sömu og tilgreindar eru í IX. kafla frumvarpsins. Upptalningin er ekki tæmandi. Komi að mati félagsmálanefndar í ljós þörf á annars konar þjónustu en fram kemur í greininni er gert ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag bregðist við því.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er tekið fram að sveitarfélögum er skylt að veita félagsþjónustu samkvæmt lögunum. Rétt þykir að taka þetta sérstaklega fram til að taka af allan vafa um að lagðar eru sömu ótvíræðu skyldur á sveitarfélög gagnvart íbúum sínum og ríkið ber nú gagnvart fötluð-

um samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Með ótvíræðri skyldu er hér átt við að aðstæður í sveitarfélaginu sjálfu, svo sem fámenni og fjárskortur, getur aldrei haft í för með sér að einstaklingi sem þörf hefur á aðstoð sem tiltekin er í frumvarpinu sé synjað um aðstoð.

Þegar yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga var ákveðin með lögum nr. 161/1996 sagði svo í frumvarpi til þeirra laga að tryggt yrði að vera að lögbundin réttindi fatlaðra yrðu ekki fyrir borð borin í nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þegar gildandi lög um málefni fatlaðra og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga verða þannig felld saman í ein lög, eins og frumvarp þetta felur í sér, liggur ljóst fyrir að sveitarfélögum verður skylt að veita fötluðum alla þá þjónustu sem ríkinu er nú skylt að veita samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Með því að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra er jafnframt ljóst að sveitarfélög bera sömu skyldur gagnvart öllum mönnum ef gildar ástæður eru fyrir þörf á þjónustu. Afdráttarlaus skylda sveitarfélaga til að veita félagsþjónustu gerir það að verkum að félagsþjónustan verður jafnsett annarri velferðarþjónustu sveitarfélagsins þar sem skyldur eru ótvíræðar, svo sem í málefnum grunnskóla og heilsugæslu. Í þessu ljósi má líta svo á að yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga sé lyftistöng fyrir félagsþjónustuna í heild sinni.

Framangreint er einungis staðfesting beinum orðum í lögum á þeirri framkvæmd sem verið hefur að festa sig í sessi í sveitarfélögum á undanförnum árum. Sveitarfélög telja nú félagsþjónustu sjálfsagða skyldu við íbúana sem einn lið í velferðarþjónustu sveitarfélaga. Eitt dæmi um þessa þróun er að finna í lögum nr. 34/1997, um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Með fyrrnefndum lögum var félagsmálanefndum gert fortakslaust skylt að veita félagslega ráðgjöf, en það var áður skylt „eftir föngum“. Slíkt orðalag heyrir nú sögunni til innan félagsþjónustu sveitarfélaga verði frumvarp þetta að lögum.

Óbreytt stendur nú sem fyrr að sveitarfélög hafa svigrúm til að útfæra þjónustuna og hvernig hún er veitt.

Um 4. gr.

Rétt þykir að tiltaka ítarlegar en í gildandi lögum hvað felst í yfirstjórn félagsmálaráðuneytis og hver verkefni þess eru á sviði félagsþjónustunnar. Ábyrgð ríkisins komi þannig skýrt fram í lögunum. Á það ekki síst við nú þegar málefni fatlaðra verða færð frá ríki til sveitarfélaga.

Greina má efni ákvæðisins í eftirtalda flokka:

— eftirlit,
— setning reglugerða,
— leiðbeiningar og fræðsla til sveitarfélaga,
— söfnun upplýsinga,
— rannsóknir á sviði félagsþjónustu,
— mat á hvort markmiðum félagsþjónustu hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum,
— úrskurðir í ágreiningsmálum sem kunna að rísa milli sveitarfélaga.

Mikilvægur liður í eftirliti ráðuneytisins er að koma á reglubundnu samstarfi milli þess og sveitarfélaga. Þannig er gert ráð fyrir að sveitarfélögin geri ráðuneytinu árlega grein fyrir störfum sínum. Ekki er lagt til að binda í lög að það verði gert í skýrsluformi. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að upplýsingarnar séu veittar á stöðluðu formi sem ráðuneytið gefur út til að upplýsingarnar séu sambærilegar milli sveitarfélaga.

Leiðbeiningar, upplýsingar og fræðsla til sveitarfélaga er ávallt mikilvæg, ekki síst nú þegar sveitarfélögum bætist nýr málaflokkur sem þau hafa lítið komið nærri áður, þ.e. mál-

efni fatlaðra. Því er lögð sérstök áhersla á þetta atriði nú. Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur verið gengist fyrir námskeiðum um félagsþjónustu um land allt. Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga þarf að gæta þess sérstaklega að sú viðamikla þekking á málaflokknum sem safnast hefur saman hjá ríkinu, þ.e. á svæðisskrifstofum málefna fatlaðra, svæðisráðum og félagsmálaráðuneyti, glatist ekki heldur skili sér til sveitarstjórnarmanna, fulltrúa félagsmálanefnda og starfsmanna þeirra. Átaks í leiðbeiningum og fræðslu til sveitarfélaga er því þörf verði frumvarp þetta að lögum og þykir ljóst að ríkið beri ábyrgð á því starfi. Setningu laganna verði fylgt úr hlaði með fræðslustarfsemi í sveitarfélögum.

Félagsmálaráðuneytið hefur á undanförnum árum safnað saman upplýsingum um stöðu og framkvæmd félagsþjónustunnar, en þörf er á ítarlegri upplýsingum um þennan málaflokk. Enn fremur hefur Hagstofa Íslands tekið saman tölfræðilegar upplýsingar um fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu og daggæslu barna í heimahúsum. Í því skyni að renna styrkari stoðum undir stefnumótun á þessu sviði og tryggja betur það eftirlit sem ráðuneytinu ber að hafa er í frumvarpinu sérstaklega kveðið á um að ráðuneytið safni saman upplýsingum um framkvæmd þjónustunnar. Nauðsynlegt er m.a. að afla upplýsinga um gæði þjónustunnar, umfang hennar og framkvæmd hjá sveitarfélögunum.

Lagt er til að ráðuneytið stuðli sérstaklega að rannsóknum á sviði félagsþjónustu. Vandaðar rannsóknir, sem leiða til markvissra niðurstaðna eru ómetanlegar við stefnumótun í málaflokknum og geta verið forsenda mats á þjónustunni. Enn fremur styrkja vel unnar rannsóknir þróunarstarf innan félagsþjónustunnar. Leggja mætti áherslu á ýmsar rannsóknir um framkvæmd afmarkaðra þátta hennar og hvaða afleiðingar nýbreytni og tilraunaverkefni í þjónustu hafa á gæði hennar. Fjármagni úr Rannsóknar- og þróunarsjóði félagsþjónustu skv. 50. gr. er m.a. ætlað að renna til þessara verkefna.

Um það nýmæli að félagsmálaráðuneytið eigi að hafa frumkvæði að því að leggja mat á hvort markmiðum félagsþjónustu hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum vísast til skýringa við 7. gr. frumvarpsins.

Nýmæli er að kveða sérstaklega á um að félagsmálaráðuneytið skeri úr komi til ágreinings milli sveitarstjórna. Ákvæði er til öryggis til að taka af öll tvímæli um hvar úrskurðarvaldið liggi ef til ágreinings kæmi.

Um 5. gr.

Ákvæðið sem fjallar um meginverkefni félagsmálanefndar sveitarfélaga er fyllra að efni til en 5. gr. gildandi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, en engar efnislegar breytingar.

Í 3. mgr., sem fjallar um ákvarðanir í málefnum einstaklinga, er tekið fram að félagsmálanefnd taki ákvörðun um rétt manna í umboði sveitarstjórnar. Á það við um öll störf félagsmálanefndar, sbr. 1. mgr. Það að félagsmálanefnd vinni í umboði sveitarstjórnar breytir hins vegar ekki því að hvað málefnum einstaklinga viðvíkur vinnur félagsmálanefnd sjálfstætt og tekur ekki við fyrirmælum frá sveitarstjórn. Með hliðsjón af trúnaðarskyldu við einstaklinga verða mál þeirra ekki borin undir sveitstjórn, sbr. 45. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein. Jafnframt skal tekið fram að ákvörðunum félagsmálanefndar í málefnum einstaklinga verður eingöngu skotið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, en ekki til sveitarstjórnar, sbr. 48. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Ákvæðið sem fjallar um undirnefnd félagsmálanefndar er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Áhersluatriði í greininni er samvinna sveitarfélaga að félagsþjónustu.

Í 1.–3. mgr. er fjallað um samvinnu sveitarfélaga að frumkvæði þeirra sjálfra. Þar er ekki um efnisbreytingar að ræða frá gildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Talið er óþarft að tiltaka í lögum hvernig samstarfsvettvangurinn sé, hvort um er að ræða byggðasamlög, héraðsnefndir eða annars konar samstarf.

Heimild sveitarstjórna til að sameinast um einstök verkefni félagsþjónustu, sbr. 2. mgr., er óbreytt frá gildandi lögum. Með einstökum verkefnum er átt við einstaka þætti þjónustunnar, en ekki þjónustu sem nær til afmarkaðra hópa. Þannig væri t.d. andstætt einni af meginreglum sem að baki frumvarpinu býr að þjónusta við fatlaða væri falin byggðasamlögum. Slíkt fyrirkomulag bryti í bága við þá grundvallarreglu frumvarpsins að þjónustuþarfir séu hafðar í fyrirrúmi án tillits til þess hvaða þjóðfélagshópar eiga í hlut.

Í 4. mgr. er það nýmæli að félagsmálaráðuneyti leggi mat á hvort markmiðum laganna hafi verið náð og sé álit ráðuneytisins að svo sé ekki eigi sveitarfélög að leggja fram áætlun um samstarf um félagsþjónustu eða aðrar úrbætur. Talið er sennilegt að fámenn sveitarfélög ráði ekki við að veita lögboðna félagsþjónustu án samstarfs sín á milli. Á þetta ekki síst við nú þegar þjónusta við fatlaða, sem getur verið sérhæfð og flókin, bætist við. Því þykir rétt að leggja til ákvæði það sem fram kemur í 4. mgr. Um frumkvæði félagsmálaráðuneytisins í þessu efni vísast að öðru leyti til 4. gr. frumvarpsins og þess virka samstarfs sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir milli ráðuneytis og sveitarfélaga. Verði mat ráðuneytisins það að sveitarfélög hafi ekki fullnægt lögboðnum skyldum sínum, og ástæðan sé fámenni og skortur á starfsfólki félagsþjónustunnar, skulu viðkomandi sveitarfélög leggja fram áætlun til ráðuneytisins um það á hvern hátt það vilji takast á við verkefnið í samvinnu við önnur sveitarfélög eða hvernig úr verði bætt á annan hátt. Telji ráðuneytið tillögur sveitarfélags vera ófullnægjandi muni ráðuneytið beina því til sveitarfélaga að endurmeta tillögur sínar.

Um 8. gr.

Ákvæðið um heimild félagsmálanefndar til að fela starfsmönnum að vinna að einstökum málum og taka ákvörðun í þeim er óbreytt frá 10. gr. núgildandi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Algengt er að félagsmálanefndir heimili starfsmönnum að vinna að, taka ákvarðanir um og veita þjónustu í einstökum málum. Slíkt fyrirkomulag leiðir yfirleitt til skjótari afgreiðslu. Mikilvægt er að skýrar reglur liggi til grundvallar slíkum heimildum til starfsmanna sem staðfestar skulu af sveitarstjórn. Félagsmálanefnd getur t.d. heimilað starfsmanni eða starfsmönnum að sjá um allar umsóknir um fjárhagsaðstoð sem falla innan ákveðinna reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð. Sama getur átt við um ákvarðanir varðandi félagslega heimaþjónustu. Þessum ákvörðunum starfsmanna er þó ætíð unnt að skjóta til félagsmálanefndar og skal athygli umsækjanda vakin á því.

Um 9. gr.

Reynslan sýnir að félagsþjónusta stendur og fellur með því að framkvæmd hennar sé í höndum hæfra starfsmanna. Því er í frumvarpi þessu lögð rík áhersla á starfsmannaþáttinn og faglega félagsþjónustu. Sú áhersla kemur einnig fram í 7. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir samvinnu sveitarfélaga til að ná fram markmiðum laganna.

Einnig vegur þungt í þessu sambandi að sú fagþekking sem starfsmenn sveðisskrifstofa málefna fatlaðra búa nú yfir skili sér til félagsþjónustunnar við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Sem dæmi um fagfólk innan félagsþjónustunnar má nefna félagsráðgjafa, sálfræðinga, þroskaþjálfa og iðjuþjálfa.

Jafnframt er nauðsynlegt að starfsfólk fái reglubundna fræðslu og þjálfun.

Auk þess sem grein þessi felur í sér almenna reglu um þær kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga um að hafa hæfu starfsfólki á að skipa felst í 3. mgr. sérákvæði, nýmæli, um stuðning, ráðgjöf og fræðslu fyrir þá starfsmenn sem starfa í heimaþjónustu og liðveislu, svo og fyrir stuðningsfjölskyldur. Með þessu er lagt til að lögbundið sé að starfsmenn í heimaþjónustu og liðveislu, svo og stuðningsfjölskyldur, eigi aðgang að reglubundnum stuðningi, faglegri ráðgjöf og fræðslu. Á vegi þessa starfsfólks verða oft flókin viðfangsefni, þar með talin úrlausn viðkvæmra persónulegra mála. Liðveisla og heimaþjónusta fer oftast fram á heimili þeirra sem þjónustunnar njóta og stuðningsfjölskyldur annast einstaklinga, oftast börn, á sínum eigin heimilum. Vinnuumhverfi starfsfólksins er afar sérstakt og störfin eru oft unnin í mikilli einangrun. Þessi oft og tíðum flóknu viðfangsefni eða vandamál geta verið tengd samskiptum við einstaklinginn eða fjölskylduna sem nýtur þjónustunnar. Þau geta ekkert síður snúist um samskipti við aðstandendur og enn fremur leita aðstandendur oft eftir leiðbeiningum og stuðningi frá starfsmönnum. Til að tryggja sem besta þjónustu er lagt til að starfmenn eigi greiðan aðgang að ráðgjöf frá sérfræðingum. Með því er fyrst og fremst átt við að sérhæfðir starfsmenn félagsmálanefndanna, sem vinna við framkvæmd félagsþjónustu, veiti starfsmönnunum leiðbeiningar, ráðgjöf og fræðslu. Félagsráðgjafar, eða þroskaþjálfar eftir atvikum, gætu t.d. veitt ráðgjöfina. Sveitarfélögin geta útfært það nánar hvernig ráðgjöfin og fræðslan er veitt, en nauðsynlegt er að hún sé ekki einvörðungu í formi fræðslufunda og ráðgjafar til hópa starfsmanna heldur sé einnig boðið upp á einstaklingsbundna ráðgjöf og leiðbeiningar. Það tíðkast víða hjá sveitarfélögum að halda vinnufundi með starfsfólki í félagslegri heimaþjónustu. Einstaklingsbundin ráðgjöf sem hér er lagt til að verði veitt kemur ekki í staðinn fyrir þá fundi heldur er hún hugsuð þeim til viðbótar.

Um 10. gr.

Eins og fyrirsögn IV. kafla ber með sér er þar að finna undirstöðureglur sem félagsmálanefnd skal viðhafa í störfum sínum og líta má á sem siðferðilegan grunn að framkvæmd félagsþjónustu.

Um a-lið.

Þar er fyrst að nefna að jafnræðis sé gætt milli manna, að fagleg sjónarmið ráði við hið vandasama mat á þjónustuþörf einstaklinga. Félagsmálanefnd skal vera vakandi fyrir því að hver einstaklingur fái allan þann rétt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sem við á.

Um b-lið.

Lagt er á herðar félagsmálanefndar að annast almenna réttindagæslu, en í því felst að fylgjast með því að einstaklingar sem sækja til félagsþjónustunnar fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt öðrum lögum. Aðstoð félagsmálanefndar í því efni takmarkast eðli máls samkvæmt við það að verði félagsmálanefnd vör við að á skorti í þessum efnum taki hún málið upp við hlutaðeigandi stjórnvöld, vitaskuld að fengnu samþykki einstaklings. Atbeini félagsmálanefndar nær eðli máls samkvæmt ekki lengra en það. Engu síður er talið að slíkt frumkvæði félagsmálanefndar og síðan aðstoð í einstökum málum geti verið þýðingarmikil fyrir einstakling í baráttu hans fyrir rétti sínum hjá öðrum aðilum.

Tekið skal fram að í þeim skyldum sem lagðar eru á félagsmálanefnd skv. a- og b-lið felst ekki að sveitarfélögum sé skylt að greiða fyrir lögmannsaðstoð.

Um c- og d-lið.

Einn mikilverðasti siðferðilegi grunnur félagsþjónustunnar er virðing fyrir fólki og tillitssemi. Því er í frumvarpinu lögð rík áhersla á samráð við einstakling, eða talsmann hans, þegar þjónusta er veitt og um það hvernig hún er veitt. Lýsandi dæmi um slíkt samráð er ákvörðun á jafnpersónulegri þjónustu og liðveislu og heimaþjónustu. Sú þjónusta verður ekki veitt og framkvæmd nema í samráði við þann sem þjónustunnar nýtur. Með talsmanni er hér átt við tvennt: Annars vegar lögráðamann eða ráðsmann samkvæmt lögræðislögum og forráðamann barna yngri en 18 ára samkvæmt barnalögum. Hins vegar getur verið um að ræða óformlega talsmenn þeirra sem treysta sér ekki til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sjálfir vegna fötlunar. Þar er fyrst og fremst átt við aðstandendur, en ef þeir eru ekki fyrir hendi geta t.d. hagsmunasamtök fatlaðra verið talsmenn einstaklings. Um réttindagæslumann fatlaðra vísast til frumvarps til laga um það efni sem flutt er jafnframt frumvarpi þessu.

Um e-lið.

Mikilvægt er að fyrirkomulag félagsþjónustunnar sé auðskiljanlegt og aðgengilegt fyrir fólk. Það sjálfsagða atriði þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um f-lið.

Lögð er áhersla á samstarf félagsmálanefndar við önnur stjórnvöld og aðila sem vinna störf sem tengjast málefnum félagsþjónustunnar. Ætlast er til þess að félagsmálanefnd hafi hér frumkvæði og leggi sitt af mörkum til þess að aðilar sem koma nærri málefnum félagsþjónustunnar eigi með sér reglubundið samstarf og að sjónarmið sem eru þýðingarmikil fyrir félagsþjónustuna skili sér til annarra stjórnvalda eða aðila, eftir því sem þörf er á, svo sem til skóla, heilsugæslu og lögreglu. Þannig verði félagsmálanefnd eins konar samnefnari fyrir velferðarþjónustu í sveitarfélaginu. Með virku samstarfi félagsmálanefndar við aðra aðila er verið að leggja áherslu á að félagsþjónustan ein og sér getur ekki leyst úr öllum málum sem til hennar berast, en eigi að síður sé nauðsynlegt að fólk eigi aðgang að eins konar samnefnara velferðarþjónustunnar, þangað sem það geti leitað óháð því hvort mál þeirra heyri beinlínis undir þá nefnd eða annan aðila. Reglubundið samstarf félagsþjónustunnar við önnur stjórnvöld getur leitt til þess að einstaklingum og fjölskyldum bjóðist nauðsynleg þjónusta á öðrum sviðum fyrr en ella. Samhliða því að veita aðstoð og stuðning á vegum félagsþjónustunnar ber starfsmönnum hennar að beina fólki til annarra aðila ef í ljós kemur þörf á þjónustu á vegum þeirra, svo sem á vegum skóla eða heilsugæslu. Getur aðstoð starfsmanna m.a. falist í því að hlutast til um að einstaklingur eða fjölskyldur fái viðeigandi þjónustu eða tryggja að viðkomandi fái aðgang að réttum aðilum. Dæmi um slíkt er viðtal hjá skólasálfræðingi eða að fylgst sé með því hvernig umsókn um bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins reiðir af.

Um g-lið.

Með g-lið er lögð áhersla á að félagsþjónusta skuli ekki veitt á þann hátt að þeir sem þjónustunnar njóta verði auðkenndir sem sérstakur samfélagshópur. Það þýðir að félagsþjónustu skuli ekki veita með hóplausnum sem kunna að vera fjárhagslega hagkvæmar, en eru á kostnað virðingar og sjálfsvirðingar fólks. Þannig er óæskilegt að koma þeim sem njóta þjónustu eða leigjendum sveitarfélagsins fyrir í sérstökum fjölbýlishúsum eða hverfum, veita fjárhagsaðstoð með niðurgreiðslum eða ávísunum á sjóði sveitarfélagsins nema gildar ástæður séu til.

Um 11. gr.

Ákvæðið er að hluta til sama efnis og 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Um er að ræða upptalningu á einstökum verkefnum félagsmálanefndar sem ekki koma fram annars staðar í frumvarpinu.

Í III. kafla frumvarpsins er lýst grundvallarhlutverki félagsmálanefndar, þ.e. að fara með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu, taka ákvarðanir um rétt manna til þjónustu og meta þörf á þjónustu. Að öðru leyti eru verkefni félagsmálanefndar tilgreind víða í frumvarpinu í tengslum við efni einstakra kafla. Þeim atriðum sem eftir standa er safnað saman í þessari grein eins og áður var getið um.

Um einstök atriði greinarinnar skal tekið fram:

1. Tillögugerð um stefnumörkun og fjárhagsáætlun fyrir félagsþjónustu:

   Nýmæli er að tiltaka sérstaklega að félagsmálanefnd vinni að tillögum um stefnumörkun í félagsþjónustu.

2. Að safna reglubundið upplýsingum um þörf fyrir félagsþjónustu og haga henni í samræmi við það:

   Samsvarandi efni er ekki tilgreint beinum orðum í lögum um félagsþjónustu, en skv. 12. gr. laga um málefni fatlaðra ber svæðisskrifstofum að safna slíkum upplýsingum.

   Þörf á upplýsingum og tölfræði liggur í augum uppi eigi raunhæfar áætlanir um félagsþjónustu í sveitarfélaginu að vera gerlegar. Ákvæði þetta tengist c- og d-lið 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins, en þar er félagsmálaráðuneyti ætlað að annast söfnun upplýsinga um framkvæmd félagsþjónustu hjá sveitarfélögum og stuðla að rannsóknum á því sviði.

3. Að hafa frumkvæði að ítarlegri kynningu á félagsþjónustu í sveitarfélaginu:

   Þetta efni er óbreytt frá gildandi lögum. Þörf er á upplýsingum jöfnum höndum til kjörinna fulltrúa, stjórnvalda, samstarfsaðila og síðast en ekki síst þeirra sem þjónustunnar njóta. Slík þjónusta er nú talin sjálfsögð innan velferðarkerfisins, jafnt félagsþjónustu sem í öðrum greinum.

4. Ábendingar til byggingar- og skipulagsnefnda um aðgengis- og skipulagsmál:

   Um aðgengis- og ferlimál fer eftir skipulags- og byggingarlögum. Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingar- og skipulagsnefnd. Aðgengismál eru þannig ekki ein grein félagsþjónustu sveitarfélaga. Eigi að síður er félagsmálanefnd ætlað að hafa það hlutverk að fylgjast vel með á þessu sviði og leggja fram ábendingar sínar um það efni til skipulags- og byggingarnefndar. Sams konar áhersla kemur fram í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins þar sem skyldur félagsmálanefnda í almennu forvarnastarfi eru tilgreindar.

   Aðgengismál eru hér ekki einskorðuð við fatlaða heldur er átt við aðgengismál í víðtækum skilningi.

   Samkvæmt 34. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er svæðisskrifstofum málefna fatlaðra ætlað að koma með ábendingar um ferlimál fatlaðra til byggingarnefnda. Hér er lagt til að félagsmálanefnd komi í stað svæðisskrifstofu en þó á víðtækari hátt þar sem aðgengismál eru hér ekki takmörkuð við fatlaða eins og áður kom fram.

   Hvað aðgengismálum fatlaðra viðvíkur sérstaklega er bæði átt við ferlimál í venjubundnum skilningi og aðgengismál í víðtækari skilningi, svo sem aðvaranir fyrir blinda og heyrnarskerta.

5. Að veita rekstraraðilum innan félagsþjónustu starfsleyfi og annast gerð þjónustusamnings:

   Lagaákvæði um þetta efni er ekki að finna í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, en samkvæmt lögum um málefni fatlaðra veitir félagsmálaráðuneytið rekstraraðilum starfsleyfi.

Hér er annars vegar átt við þau tilvik er félagasamtök eða einkaaðili hefur áhuga á að starfrækja einhvern þátt þeirrar þjónustu sem fellur undir lögin án þess að sækja um fjármagn til þess. Sjálfsagt þykir að slík starfsemi sé leyfisskyld.

Sé hins vegar um að ræða félagasamtök eða einkaaðila sem taka að sér að annast einstaka þætti félagsþjónustu með fjárstuðningi frá sveitarfélaginu er gerður þjónustusamningur við þann aðila, sbr. 36. gr. frumvarpsins. Í þjónustusamningi felst jafnframt starfsleyfi.

6. Að hafa eftirlit með félagslegri þjónustu á vegum annarra aðila:

Hér er átt við þá félagsþjónustu sem annar aðili en sveitarfélag veitir án þess að gerður hafi verið við hann þjónustusamningur. Er hér vísað til þess að á undanförnum árum hafa einkaaðilar í auknum mæli boðið fram þjónustu sem ætluð er til að mæta ýmsum félagslegum þörfum íbúanna. Dæmi má nefna um barnagæslu sem fyrirtæki og þjónustuaðilar bjóða viðskiptavinum sínum, svo sem í stórverslunum og líkamsræktarstöðvum. Vitað er um einkaaðila sem áhuga hafa á að bjóða foreldrum gæslu og umönnun barna á heimili þeirra meðan þeir eru fjarverandi, t.d. vegna ferðalaga eða tómstunda. Búast má við að þjónustutilboð einkaaðila af þessu tagi er tengjast gæslu barna og umönnun aldraðra eða fatlaðra muni færast í vöxt í framtíðinni. Telja verður eðlilegt að slík starfsemi sé eftirlitsskyld þannig að opinberir aðilar geti gripið inn í ef málefnaleg rök hníga til.

Hafi á hinn bóginn verið gerður þjónustusamningur við aðila skal jafnframt felast í honum eftirlit með þjónustunni.

7. Að veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum:

Óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 34. gr. laga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

8. Að annast rekstur gæsluvalla fyrir börn:

Óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 34. gr. laga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

9. Að úthluta leiguíbúðum á vegum sveitarfélags:

Í lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, er ekki tilgreint hvaða nefnd sveitarstjórn felur að úthluta leiguíbúðum í eigu sveitarfélaga. Sveitarstjórn er það því í sjálfsvald sett samkvæmt þeim lögum. Óumdeilt er hins vegar hve leiguíbúðir sveitarfélaga eru þýðingarmikið úrræði innan félagsþjónustu, enda sveitarstjórnum gert skylt í frumvarpi þessu að hafa nægt framboð af þeim. Þar sem úthlutun húsnæðis er oft einn þáttur í víðtækri félagslegri aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur er talið rétt að í frumvarpi þessu komi sú áhersla fram að úthlutun leiguíbúða og önnur þjónusta félagsmálanefndar við einstaklinga og fjölskyldur þyki fara vel saman. Verkefnið falli þannig að öðrum verkefnum félagsmálanefndar.

10. Að annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna:

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra skulu svæðisskrifstofur málefna fatlaðra meta umönnunarþörf fatlaðra barna í tengslum við umsókn um umönnunargreiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993. Í reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, nr. 504/1997, settri á grundvelli laga um félagslega aðstoð, segir að svæðsskrifstofur eða félagsmálastofnanir sveitarfélaga geri tillögur um mat á umönnunarþörf vegna fatlaðra barna. Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga liggur því beint við að félagsmálanefnd komi hér í stað svæðisskrifstofu málefna fatlaðra. Bent hefur verið á að góð reynsla hafi fengist af því að veittar séu umsagnir á þessum vettvangi í héraði og því lagt til að svo verði áfram.

Tekið skal fram að umönnunargreiðslur ná jafnt til framfærenda fatlaðra og langveikra barna. Á hinn bóginn er hér ekki gert ráð fyrir að mat á umönnunarþörf lang-

veikra barni færist til sveitarfélaga heldur verði það mat áfram í höndum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. lög um félagslega aðstoð og reglugerð nr. 504/1997.

Um 12. gr.

Hér er lögð áhersla á frumkvæði félagsmálanefndar í forvarnastarfi.

Nefndin eigi að fylgjast með félagslega þýðingarmiklum málefnum í sveitarfélaginu og koma sjónarmiðum sínum um forvarnir á framfæri við sveitarstjórn. Rökin eru þau að ljóst þykir að í störfum félagsmálanefndar öðlist fulltrúar hennar og starfsmenn yfirgripsmikla þekkingu og nauðsynlegt sé að nefndin sé virk þegar gerðar eru áætlanir um forvarnastarf, svo sem á sviði æskulýðsmála, atvinnumála o.fl.

Jafnframt því sem félagsmálanefnd er ætlað að fylgjast með þróun mála sem hafa félagslega þýðingu í sveitarfélaginu skal hún einnig fylgjast almennt með högum íbúanna í því skyni að beita sér fyrir lausnum sem hindra megi félagsleg vandamál.

Um 13. gr.

Meginefni greinarinnar er annars vegar fengið úr 17. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og hins vegar úr VIII. og IX. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, þ.e. þeim köflum laganna sem fjalla um börn og unglinga.

Í 1. mgr. er höfð hliðsjón af 17. gr. laga um málefni fatlaðra, þó þannig að ákvæðið tekur nú til allra barna en ekki eingöngu fatlaðra. Með því að leggja þá skyldu á starfsmenn félagsþjónustu sem vinna með börnum að gefa sérstaklega gaum andlegu og líkamlegu atgervi þeirra er að sönnu átt við fatlanir, en einnig annars konar vandamál sem starfsmenn kunna að verða varir við. Telji félagsmálanefnd að barn hafi einkenni um fötlun sem ekki hefur verið greind af þar til bærum aðila ber nefndinni að vísa málinu til frumgreiningar. Frumgreining getur farið fram hjá barnadeildum sjúkrahúsa, sérfræðingum á vegum sveitarfélaga og ýmsum öðrum sérfræðingum í þroskahömlunum. Um frumgreiningu að öðru leyti vísast til 3. gr. frumvarps um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem flutt er samhliða frumvarpi þessu. Um aðrar hamlanir getur félagsmálanefnd vísað máli til heilsugæslu, skóla eða annarra aðila eftir atvikum hverju sinni. Reglubundið og skipulagt samstarf þessara aðila getur leitt til þess að koma megi í veg fyrir að alvarleg félagsleg vandamál skapist.

Innihald 2.–3. mgr. greinarinnar er að miklu leyti það sama og í 30., 35. og 36. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, en þau ákvæði fjalla um málefni barna og unglinga. Nýmæli er þó að leggja áherslu á slysavarnir barna, en því málefni hefur verið meiri gaumur gefinn að undanförnu en áður. Á vegum heilbrigðisráðuneytis hefur verið unnið sérstaklega að því.

Um efni 3. mgr., sérstaklega, skal tekið fram að holl og þroskavænleg uppeldisskilyrði barna eru forsenda árangursríks uppeldis. Einn liður í því er þátttaka í uppbyggilegu tómstundastarfi. Fjölbreytt framboð tómstundaiðju sem höfðar til ólíkra hópa barn og ungmenna er vel til þess fallið að koma í veg fyrir að ungmenni leiðist út á óheillavænlegar brautir. Samkvæmt gögnum sem liggja fyrir í félagsmálaráðuneyti hafa 36 sveitarfélög skipulagt tómstundastarf fyrir börn og unglinga í sérstökum félagsmiðstöðvum, en mun fleiri, þ.e. 69 samtals, bjóða upp á ýmiss konar tómstundaiðju á vegum grunnskólanna yfir vetrartímann. Þá liggur fyrir að 54 sveitarafélög telja að fötluð börn taki þátt í og geti notfært sér þau tómstundatilboð sem eru á boðstólum á þeirra vegum. Mikilvægt er að hafa heildarsýn við skipulagningu slíkrar þjónusta og að haft sé gott samstarf við alla aðila sem sinna forvarnastarfi barna og ungmenna. Á þetta reyndar við um allt forvarnastarf sem beinist að börnum. Í frumvarpinu er lögð sérstök áhersla á þetta og því beint til félagsmálanefndar, sem samnefnara

í forvarnastarfi í þágu barna og ungmenna, að hún gæti þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og umhverfi þeirra sé hættulítið. Umhverfi barna verður líklega seint hættulaust, en það er ekki síður mikilvægt að sveitarstjórnirnar sjálfar hafi þá stefnu í vinnu við skipulagsmál að huga ævinlega að þörfum barna.

Um 14. gr.

Skipulagt forvarnastarf á sviði áfengis- og fíkniefnavarna er víða unnið og hafa sveitarfélög, bæði á höfuðborgarsvæðinu og ekki síður á landsbyggðinni, náð góðu samstarfi sín á milli og við ýmis félagasamtök um forvarnastarfi sem beinist að hópum.

Í XIII. kafla gildandi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er fjallað um aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir. Annars vegar eru ákvæði um forvarnir gegn neyslu fíkniefna og hins vegar er kveðið á um aðstoð og úrræði fyrir áfengissjúka og misnotendur vímugjafa og fjölskyldur þeirra. Í frumvarpinu er litið svo á að félagsmálanefnd veiti þessum einstaklingum og fjölskyldum þeirra nauðsynlega aðstoð í samræmi við þjónustuþörf og hún geti enn fremur boðið aðstoð að fyrra bragði ef henni berast upplýsingar um nauðsyn á þjónustu, sbr. 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Skipulagt forvarnastarf felst m.a. í námskeiðum þar sem fólk er frætt um réttindi og þjónustu í því skyni að tryggja því farsæl starfslok. Einnig getur skipulagt forvarnastarf verið starfrækt á svæðum þar sem atvinnuleysi er ríkjandi. Slíkt starf gæti beinst sérstaklega að ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn.

Um 15. gr.

1. mgr. þessarar greinar felur í sér þá hlið 3. gr. frumvarpsins sem lýtur að rétti einstaklinga. Í 3. gr. er kveðið á um skyldur sveitarfélaga til að veita félagsþjónustu. Samsvarandi þeim skyldum eru réttindi einstaklinga.

Ákvæði 3. og 15. gr. frumvarpsins koma í stað 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sem tekur í senn til skyldna sveitarfélags og réttinda einstaklinga. Ákvæðin tvö, 3. og 15. gr., fela þannig í sér undirstöðuatriði frumvarpsins sem líta ber á í samhengi og ávallt verður að túlka með hliðsjón af 1. gr. frumvarpsins, sbr. einkum „að tryggja félagslegt og fjárhagslegt öryggi“.

Viðmiðunin í ákvæðinu um eðlilegt og mannsæmandi líf er nýjung hvað orðalag snertir. Orðalagið eðlilegt líf tekur mið af þjónustu við fatlaða, þ.e. snýr að blöndun fatlaðra og ófatlaðra. Viðmiðunin um mannsæmandi líf á við um margskonar félagsþjónustu og má þar t.d. benda á fjárhagsaðstoð, heimaþjónustu, liðveislu og ferðaþjónustu.

Aðalatriðið er að réttur einstaklinga til þjónustu samkvæmt lögunum sé skýr og afdráttarlaus á sama hátt og skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustuna.

Um 16. gr.

Óbreytt er að réttur manna til félagsþjónustu er í lögheimilissveitarfélagi og tekur rétturinn gildi frá þeim tíma er lögheimili er skráð.

Ákvæði um að lögheimilissveitarfélag eigi endurkröfu á hendur ríkinu vegna aðstoðar við þá erlendu ríkisborgara sem átt hafa lögheimili á Íslandi skemur en í tvö ár er ekki í frumvarpi þessu. Þá reglu er nú að finna í 2. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, en þaðan var hún runnin úr framfærslulögum, nr. 80 /1947. Rétt þykir nú og sjálfsagt að sveitarfélög beri sömu skyldur gagnvart öllum íbúum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, óháð ríkisborgararétti.

Um 17. gr.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja að fólk sem dvelst um nokkurt skeið í sveitarfélagi án þess að eiga þar lögheimili geti snúið sér beint til dvalarsveitarfélagsins og fengið þar aðstoð og þjónustu. Dvalarsveitarfélag er hins vegar í raun eingöngu milliliður. Það er lögheimilissveitarfélag sem ákvarðar þjónustuna og greiðir kostnaðinn. Efni ákvæðisins er í samræmi við núverandi framkvæmd.

Um 18. gr.

Óbreyttur er réttur manna til bráðaaðstoðar í dvalarsveitarfélagi vegna veikinda, slysa eða af öðrum brýnum orsökum, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um 19. gr.

Ákvæðið tekur til fólks sem ekki á lögheimili á Íslandi, en dvelst hér á landi um skeið. Hér er fyrst og fremst átt við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili á Íslandi, en einnig getur verið um að ræða íslenska ríkisborgara með lögheimili erlendis.

Lagt er til að óbreytt haldist að dvalarsveitarfélagi sé skylt að veita þeim sem hér dveljast nauðsynlega aðstoð. Þar er fyrst og fremst um að ræða fjárhagsaðstoð til heimferðar, en einnig getur verið nauðsynlegt að veita ráðgjöf og aðra fyrirgreiðslu í tengslum við fjárhagsaðstoðina, svo sem að útvega gistingu. Er því talið rétt að nota orðalagið „aðstoð“ í þessu sambandi. Í núgildandi ákvæði um þetta efni, þ.e. 1. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, er hins vegar notað orðalagið „fjárhagsaðstoð“.

Óbreytt er að ríkið beri fjárhagslega ábyrgð á framangreindri aðstoð, en ekki sveitarfélagið þar sem fólk sem ákvæðið tekur til er statt þegar þörf á aðstoð kemur í ljós. Því sé óbreytt að það sveitarfélag sem reiðir fram aðstoðina eigi endurkröfurétt á hendur ríkissjóði.

Tekið skal fram að um þá útlendinga sem dveljast hér á landi í atvinnuleit og falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gildir reglugerð nr. 674/1995. Skilyrði fyrir dvalarleyfi þeirra er að framfærsla þeirra sé tryggð frá heimalandi þeirra. Þeir eiga því ekki rétt á félagsþjónustu á Íslandi.

Um 20. gr.

Farsæl lausn í húsnæðismálum einstaklinga er nú sem fyrr undirstöðuatriði í félagslegum högum fólks. Í greininni er lögð áhersla á það atriði með því að sveitarfélögum er gert skylt að leitast við að tryggja nægt framboð af leiguíbúðum í sveitarfélaginu handa þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna. Skulu sveitarfélög gera það skipulega, þ.e. vinna að áætlunum um það efni til lengri og skemmri tíma.

Þess ber að geta að sveitarfélög eru ekki bundin við að standa sjálf að því að koma á fót og reka leiguíbúðir heldur geta félög og félagasamtök séð um það verkefni, sbr. lög um húsnæðismál, nr. 44/1998. Sveitarfélög geta á hinn bóginn með aðgerðum heima fyrir hvatt til byggingar leiguíbúða á vegum slíkra aðila. Sveitarstjórnir bera eftir sem áður þá ábyrgð sem fram kemur í greininni.

Tekið skal fram að greinin felur í grundvallaratriðum ekki í sér nýmæli frá því sem nú er, sbr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um 21. gr.

Hér getur verið um að ræða eftirfarandi flokka húsnæðis til að mæta sérþörfum:

— íbúðir með sameiginlegri aðstöðu,

— sambýli,
— áfangastaðir.

Húsnæði af því tagi sem greinin tekur til er nú fyrir hendi samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Um fjármögnun á íbúðum skal tekið fram að Íbúðalánasjóður veitir lán til íbúða og alls þess húsnæðis sem íbúðinni tengist beinlínis. Fjármögnun á sameiginlegri aðstöðu verður hins vegar á vegum sveitarfélaganna.

Um nánari skýringar á því húsnæði sem ákvæði þetta tekur til vísast til athugasemda við 28. gr. frumvarpsins.

Frá því að lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, gengu í gildi hefur verið gert verulegt átak til úrbóta í húsnæðismálum fatlaðra. Með tilkomu Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sem er fjármagnaður með sértekjum af erfðafjárskatti, opnaðist m.a. leið til fjármögnunar á byggingu sambýla fyrir fatlaða og styrkja til kaupa á félagslegum íbúðum og er nú veitt allt að 90% lán til kaupa á eignar- eða leiguíbúðum. Framkvæmdasjóði fatlaðra er heimilt að veita styrk er nemur 10% af kaupverði íbúðar á móti 90% félagslegu láni og náðist með því fyrirkomulagi 100% fjármögnun.

Við gildistöku laga þessara er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra verði lagður niður. Í staðinn geri ríki og sveitarfélög samning um framlög á fjárlögum til að styrkja byggingu húsnæðis á vegum sveitarfélaga til að mæta sérþörfum samkvæmt grein þessari.

Greinin felur í sér skyldu sveitarfélaga að sjá til þess að fyrir hendi sé húsnæði sem ætlað er að mæta sérþörfum samkvæmt grein þessari og nánar er skýrt í 28. gr. frumvarpsins. Er hér um að ræða sams konar skyldu og nú hvílir á ríkisvaldinu gagnvart fötluðum samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Því til viðbótar kemur einkum tvennt til. Annars vegar hefur þegar verið gert verulegt átak í búsetumálum fatlaðra eins og að framan greinir. Hins vegar skilaði nefnd á vegum félagsmálaráðherra árið 1998 tillögum um sjö ára aðgerðaáætlun í búsetumálum fatlaðra með það að markmiði að stytta biðlista eftir húsnæði og er gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög semji sín á milli um kostnað vegna þessa á grundvelli þeirra tillagna.

Um 22. gr.

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem gengu í gildi vorið 1991, var ákvæði sem fól í sér hvatningu til sveitarfélaga til að veita félagslega ráðgjöf. Var ákvæðið á þeim tíma nýmæli í lögum og fjallaði bæði um upplýsingamiðlun um félagsleg réttindi sem og aðstoð vegna félagslegs og persónulegs vanda. Árið 1997 var gerð breyting á þann veg að sveitarfélögum var gert skylt að veita slíka ráðgjöf, sbr. lög nr. 34/1997.

Í þessu frumvarpi er lögð áhersla á að ráðgjöfin sé víðtæk og í því ljósi er hugtakið ráðgjöf notað í stað félagslegrar ráðgjafar. Í því felst annars vegar að ráðgjöfin tekur m.a. til fjölþættrar ráðgjafar sem félagsþjónusta sveitarfélaga veitir nú og hins vegar getur verið um að ræða sérhæfða ráðgjöf, svo sem vegna öldrunar, fötlunar eða annarra ástæðna. Eitt helsta einkenni ráðgjafar innan félagsþjónustu er að hvetja einstakling til ábyrgðar á sjálfum sér og styrkja hann til sjálfshjálpar.

Ráðgjöf sem hér um ræðir er oft veitt í beinum tengslum við aðra þjónustu. Sem dæmi má nefna að ráðgjöf í fjármálum er veitt samhliða fjárhagsaðstoð og boðið er upp á ráðgjöf um húsnæðismál þegar sótt er um húsnæði á vegum félagsþjónustunnar. Ráðgjöf í þessum tilvikum getur verið forsenda þess að þjónustan nýtist vel. Markmið fjárhagsaðstoðar er annars vegar að leysa úr bráðum vanda og hins vegar að styðja fólk til að verða sjálfbjarga til frambúðar. Til að ná þessu markmiði er oftast nauðsynlegt að veita jöfnum höndum fjárhagsað-

stoð og ráðgjöf um rekstur heimilis. Aftur á móti er hér ekki átt við ráðgjöf vegna flókinna mála viðskiptalegs eðlis sem veitt er af viðkomandi sérfræðingum.

Ráðgjöfina má enn fremur veita án þess að önnur þjónusta sé veitt samhliða, t.d. ráðgjöf og leiðbeiningar í einkamálum, svo sem um uppeldi barna eða sérhæfð ráðgjöf í málefnum fatlaðra eða af öðrum ástæðum. Sérhæfð ráðgjöf vegna langveikra er ekki tilgreind sérstaklega. Er ástæðan sú að talið er ljóst að meginreglan sé sú að slík ráðgjöf heyri til heilbrigðismála. Komi hins vegar í ljós þörf á sérhæfðri ráðgjöf á vegum félagsþjónustu vegna langvarandi veikinda rúmar ákvæðið slík tilvik, sbr. orðalag í niðurlagi 3. mgr., „annarra ástæðna".

Einnig getur ráðgjöfin snúist um félagsleg réttindi og leiðbeiningar um samskipti einstaklinga við opinbera aðila, m.a. að beina fólki til viðeigandi stofnana.

Svæðisskrifstofur málefna fatlaðra hafa fram til þessa annast ráðgjöf fyrir fatlaða og aðstandendur þeirra, en sú þjónusta færist nú til félagsþjónustu sveitarfélaga. Mikilvægt er að ráðgjöfin verði jafngóð eða betri í höndum sveitarfélaga og að reynsla og þekking starfsfólks svæðisskrifstofa glatist ekki við breytingarnar. Sveitarfélög hafa nú tækifæri til að bæta þessa þjónustu með því að ráða til sín eða eiga aðgang að sérhæfðu starfsliði með fjölbreytta, viðeigandi menntun og reynslu að baki, sbr. 8. og 9. gr. frumvarpsins. Slíkur starfshópur hefur góða möguleika á að byggja upp frjósamt, þverfaglegt samstarf og veita öfluga, víðtæka ráðgjöf. Sú sérhæfða ráðgjöf sem nú er veitt á svæðisskrifstofum málefna fatlaðra færist samkvæmt frumvarpinu til félagsmálanefnda.

Það sem hér hefur verið nefnt um sérhæfða ráðgjöf fyrir fatlaða á vitaskuld einnig við um aðra hópa sem þurfa á slíkri þjónustu að halda.

Um 23. gr.

Leikfangasöfn, sbr. 9. og 20. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, eru ekki tilgreind sem sérstök stofnun í frumvarpi þessu. Helstu rök eru þau að hefðbundið hlutverk leikfangasafna hefur breyst undanfarin ár og þjónustan er orðin hluti af ráðgjafarþjónustu svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Áður var áhersla lögð á leikföngin og útlán þeirra, ásamt þjálfun í leikfangasafninu sjálfu. Starfsemin hefur þróast og ráðgjafarþátturinn og fyrirkomulag þjónustu við einstök börn fengið aukið vægi. Felst það m.a. í því að veita uppeldislega ráðgjöf til foreldra, aðstandenda eða starfsmanna stofnana þar sem fötluð börn dveljast, svo og í því að skipuleggja þjónustu í kringum barnið og fjölskyldu þess, svo sem með stuðningsfjölskyldu, skammtímavistun og heimaþjónustu, sem oft er forsenda þess að barn geti dvalist í foreldrahúsum. Uppeldisleg ráðgjöf og þjálfun fer ýmist fram á heimili barnsins, á ráðgjafardeildum svæðisskrifstofa eða þar sem barnið dvelst á daginn. Innkaup leikfangasafna hafa einnig breyst og nú er áhersla lögð á innkaup á sérhæfðum þjálfunargögnum.

Í frumvarpi þessu er eins og áður var getið ekki gert ráð fyrir sérstökum leikfangasöfnum fyrir fötluð börn. Þess í stað er gert ráð fyrir að einn liður í ráðgjöf innan félagsþjónustunnar feli í sér að veita fötluðum og langveikum börnum og börnum með alvarlegar þroskaraskanir þroska- og leikþjálfun. Í því skyni skal félagsþjónustan hafa yfir að ráða sérhæfðum þjálfunargögnum til útláns, ýmist til foreldra eða þjónustuaðila.

Um þjónustu samkvæmt ákvæði þessu fyrir langveik börn skal sérstaklega tekið fram að þjónusta leikfangasafna stendur langveikum börnum og fjölskyldum þeirra ekki til boða samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Hér er lagt til að þar verði breyting á. Er í því tilliti vísað til niðurstöðu nefndar skipaðrar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stefnumótun í málefnum langveikra barna. Í skýrslu nefndarinnar, frá júní 1999, er bent á mikilvægi slíkrar þjónustu fyrir langveik börn í þeim tilgangi að endurhæfa börnin, t.d. eftir langa legu heima eða á sjúkrastofnun eða erfiða sjúkdómsmeðferð. Einnig er í skýrslunni bent á að

veikist barn alvarlega geti aðstæður þess breyst þannig að þörf verði á sérhæfðri ráðgjöf, þjálfun og leikmeðferð.

Nokkur atriði um fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoð er samkvæmt frumvarpi þessu í öllum meginatriðum óbreytt frá gildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. VI. kafla laga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Óþarft þykir að tilgreina í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að hverjum manni sé skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Er því lagt til að það atriði verði fellt brott. Um framfærsluskyldu milli hjóna og um framfærsluskyldu gagnvart börnum vísast til hjúskaparlaga og barnalaga og um framfærsluskyldu milli einstaklinga í staðfestri samvist vísast til laga um staðfesta samvist.

Ákvæði samsvarandi 24. gr. laga um félagsþjónustu, um að skylt sé að veita félagsmálanefndum sveitarfélaga upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar og um skyldu atvinnurekenda til að láta í té upplýsingar um laun, er ekki að finna í frumvarpi þessu. Ástæðan er sú að slíkar upplýsingar verða nú einungis sóttar með samþykki umsækjanda. Ákvæði 42. gr. frumvarpsins sem fjallar um gagnaöflun er talið nægilegt um þetta atriði.

Um 24. gr.

Um skyldu sveitarfélaga til að veita fjárhagsaðstoð og rétt fólks til aðstoðarinnar er vísað til 3. gr. frumvarpsins annars vegar og 15. gr. hins vegar.

Um inntak á réttinum til aðstoðar er kveðið á í 15. gr. frumvarpsins þar sem segir að rétt til aðstoðar eigi þeir sem þurfi á henni að halda til að geta lifað eðlilegu og mannsæmandi lífi og séð sér og sínum farborða.

Um 25. gr.

Lögð er áhersla á að fjárhagsaðstoð er alla jafna greidd sem styrkur, enda er það í samræmi við núverandi framkvæmd. Er því lögð til orðalagsbreyting um það atriði frá því sem segir í gildandi lögum.

Nýmæli er að taka sérstaklega fram að heimilt sé að lána fyrir sérstökum afmörkuðum útgjaldaliðum, en hér er átt við lán vegna sérstakra tímabundinna erfiðleika og mikils fjárhagslegs vanda, t.d. gjaldþrots.

Um styrki fyrir sérstökum, afmörkuðum útgjaldaliðum skal tekið fram að skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er heimilt að greiða fötluðum styrki til verkfæra- og tækjakaupa í sambandi við hæfingu og endurhæfingu annars vegar og til námskostnaðar hins vegar. Styrkir þessir eru veittir á vegum svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Fyrst og fremst hafa þeir verið veittir til tölvukaupa og til þátttöku í námi sem ekki er lánshæft í Lánasjóði íslenskra námsmanna. Um hjálpartæki fer á hinn bóginn eftir lögum um almannatryggingar. Ekki er mikið um þessar styrkveitingar, en samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórum svæðisskrifstofa málefna fatlaðra hafa þeir skipt þá einstaklinga sem fengið hafa miklu máli.

Fyrir árið 1999 veitti Framkvæmdasjóður fatlaðra 8.750.000 kr. til verkfæra- og tækjakaupa og námskostnaðar fatlaðra sem skiptist þannig eftir svæðum:

Reykjavík	2.950.000 kr.
Reykjanes	1.700.000 kr.
Vesturland	350.000 kr.
Vestfirðir	250.000 kr.
Norðurland vestra	400.000 kr.
Norðurland eystra	1.700.000 kr.
Austurland	750.000 kr.
Suðurland	650.000 kr.

Við yfirfærslu málefna fatlaðra til félagsþjónustu sveitarfélaga er sýnt að ekki er mögulegt að kveða sérstaklega á um styrki til eins hóps umfram annan. Þess í stað er lagt til að í 25. gr. frumvarpsins sé tekið fram að sveitarfélögum sé heimilt að veita styrki fyrir sérstökum afmörkuðum útgjaldaliðum. Er þar m.a. átt við sams konar styrki og nú er heimilt að veita skv. 27. gr. laga um málefni fatlaðra. Sveitarfélög geta síðan sett í reglur sínar um fjárhagsaðstoð ákvæði sem ná til styrkja af þessu tagi.

Um styrkveitingar sem sveitarfélög veita nú fyrir sérstökum útgjaldaliðum skal tekið fram að kunnugt er að sum sveitarfélög veita styrki til náms í einstökum tilfellum, t.d. til einstæðra foreldra og ungs fólks sem býr við erfiðar aðstæður og stundar nám sem ekki er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Að öðru leyti er efni ákvæðisins um fjárhagsaðstoð það sama og í 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997.

Um 26. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að sambúðarfólk eigi sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón um leið og sambúðin hefur verið skráð í þjóðskrá, en ekki ári eftir skráningardag eins og segir í 19. gr. gildandi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þegar fólk stígur það skref að skrá sambúð sína formlega þykir rétt að sú skráning hafi réttaráhrif þegar í stað hvað rétt til fjárhagsaðstoðar snertir. Með sambúðarfólki er átt við karl og konu sem búa saman og skráð hafa sambúð í þjóðskrá.

Um 27. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Ákvæðið fjallar um skyldur sveitarfélaga til að útvega þeim húsnæði sem þurfa aðstoð á því sviði, sbr. 20. og 21. gr. Úrræðunum er skipt í þrjá flokka:

1. Leiguíbúðir.
2. Húsnæði fyrir þá sem þarfnast sérstakrar þjónustu. Í ákvæðinu eru tilgreindar þrjár tegundir húsnæðis, íbúðir með sameiginlegri aðstöðu, sambýli og áfangastaðir.
3. Úrlausn á bráðum húsnæðisvanda meðan unnið er að varanlegri lausn.

1. Leiguíbúðir.

Um skyldu sveitarfélaga til að hafa nægt framboð af leiguhúsnæði handa þeim sem þurfa aðstoð á því sviði vísast til 20. gr. frumvarpsins og athugasemda við þá grein.

Um leigukjör skal tekið fram að samkvæmt reglugerð um lánveitingar til leiguíbúða, nr. 423/1999, skal hámarksleiga af íbúðum með lánum frá Byggingarsjóði verkamanna og síðar Íbúðalánasjóði vera kostnaðarleiga. Með kostnaðarleigu er átt við að í leigu felist afborganir og vextir af lánum Íbúðalánasjóðs og vaxtakostnaður af framlagi eiganda íbúðar, auk almenns rekstrarkostnaðar. Húsaleigubætur geta síðan lækkað raunverulega greiðslubyrði fólks af húsaleigu, sbr. lög um húsaleigubætur. Eigi sveitarfélag aftur á móti leiguíbúðir sem þau hafa keypt án lána frá Byggingarsjóði verkamanna eða Íbúðalánasjóði gilda engin ákvæði um hámarksleigu. Reglur þessar eru óbreyttar frá því sem áður var.

2. Húsnæði sem er sérstaklega ætlað til að mæta sérþörfum á þjónustu.

a. Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.

Með íbúðum með sameiginlegri aðstöðu er átt við íbúðir í fjölbýlishúsi eða á sama svæði þar sem íbúar hafa aðgang að sameiginlegu þjónusturými. Talið er að hér sé fundin leið sem geti hentað mörgum fötluðum, sé eins konar millistig milli sjálfstæðrar búsetu í íbúð annars vegar og sambýla hins vegar.

Hugtakið „sameiginleg aðstaða“ í tengslum við íbúðir er nýmæli í löggjöf. Átt er við íbúð eða rými þar sem starfsmenn geta haft aðstöðu. Í þessu rými getur verið eldhús, sjúkrabað o.fl. sem íbúar eiga aðgang að. Slíkt á fyrst og fremst við þar sem mikil þjónusta er veitt.

Þótt sameiginleg aðstaða sé nýmæli í löggjöf er slíkt nú til á nokkrum stöðum.

Reksturinn á sameiginlegri aðstöðu verði á vegum sveitarfélags eða viðkomandi rekstraraðila, enda sé hún óhjákvæmilegur þáttur í lögbundinni þjónustu samkvæmt lögum þessum.

Um húsnæðismál aldraðra fer eftir lögum um málefni aldraðra.

b. Sambýli.

Með sambýli er fyrst og fremst átt við sambúð fámenns hóps manna, oftast fjögurra til sex. Í reglugerð um búsetu fatlaðra, nr. 555/1994, eru sambýli skilgreind svo: „Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, 16 ára og eldri, sem þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns. Eigi skulu vera fleiri en fimm til sex íbúar á hverju sambýli og skulu þeir hver um sig eiga kost á einkarými ásamt snyrtiaðstöðu ef kostur er.“ Skilgreining þessi telst enn í fullu gildi. Þó getur rekstur á nokkrum íbúðum í sama húsi með sameiginlegri aðstöðu einnig talist til sambýla. Slíkt telst til sambýla ef íbúar reka íbúðirnar sameiginlega með rekstrarsjóði. Eftir sem áður reka sveitarfélög, eða aðrir rekstraraðilar, þjónusturýmið.

Einkennandi fyrir sambýli er þannig fyrst og fremst rekstrarformið, þ.e. að heimilismenn reka sambýlin sjálfir.

Sambýlin eru fyrst og fremst hugsuð fyrir fatlaða, og aðra hópa eftir atvikum, sem af ýmsum ástæðum hentar betur að búa í sambýli en sjálfstætt í íbúð. Fer það eftir aðstæðum hverjir þurfi á slíku búsetuformi að halda í hverju sveitarfélagi. Þjónusta sem fólk þarf á að halda er fyrst og fremst heimaþjónusta og liðveisla og ferðaþjónusta. Heimilismenn á sambýlum stunda atvinnu eða iðju og þjálfun utan heimilis.

Eitt megineinkenni sambýlis er að heimilismenn reka það sjálfir en þó hefur ávallt gilt hámark um það að hve miklu leyti reksturinn er fjármagnaður af heimilisfólki, þ.e. 75% af örorkulífeyri og tekjutryggingu.

Reiknað er með að fyrirkomulag starfsmannahalds á sambýlum verði eins og í íbúðum þar sem þjónustu er þörf. Starfsfólk verði ráðið til félagsþjónustu þess sveitarfélags (sveitarfé-

laga) sem komið hafa sambýlinu á fót og dreifist síðan á sambýli eða íbúðir í sveitarfélaginu. Þannig er gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að á sambýlum sé fólki veitt heimaþjónusta og liðveisla. Það fer eftir aðstæðum á hverju sambýli fyrir sig hvort rétt teljist að hafa þar einnig föst stöðugildi, svo sem forstöðumann og jafnvel fleiri starfsmenn. Það er ákvörðun sveitarfélags hverju sinni.

Auk sveitarfélaga geta félagasamtök eða aðrir einkaaðilar séð um rekstur sambýlis samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélagið.

Kveðið verður nánar á um sambýli í reglugerð.

c. Áfangastaðir.

Um áfangastaði var fyrst kveðið á í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Um þá segir svo í frumvarpi því er síðar varð að lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992: „Áfangastaðir eru ætlaðir geðfötluðum og miða að því að brúa bilið á milli sjúkrahússdvalar og eðlilegs lífs. Áfangastaðir auðvelda geðsjúkum að aðlagast samfélaginu á þann hátt að þar geti þeir dvalist í öryggi á meðan þeir ná fótfestu á vinnumarkaði og afla sér húsnæðis. Á áfangastöðum fer fram félagsleg hæfing að nokkru marki þar sem íbúar fá félagslegan stuðning og ráðgjöf. Fjöldi starfsfólks er þó í lágmarki ...“

Framangreind skilgreining er enn í fullu gildi. Nú eru reknir tveir áfangastaðir samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, á Akureyri og í Reykjavík.

Þar sem áfangastaðir eru ætlaðir geðfötluðum er samstarf milli þeirra og geðsjúkrahúsa undirstaða þess að rekstur áfangastaða geti gengið eðlilega fyrir sig. Skilyrði fyrir rekstrinum er því að áfangastaðir eigi vísa innlögn á geðdeild sjúkrahúss fyrir íbúa sína ef þeir veikjast.

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er á vegum Reykjavíkurborgar rekið áfangaheimili fyrir geðsjúkt fólk sem dvelst þar tímabundið meðan það er að fóta sig eftir sjúkrahússvist.

Enda þótt áfangastaðir séu nú einungis reknir fyrir geðfatlaða og geðsjúka getur það búsetuform hentað fleiri hópum.

Upptalning í a–c-lið 2. tölul. 28. gr. er ekki tæmandi eins og orðalag 2. tölul. ber með sér. Í greininni eru einungis rakin þau búsetuform sem þekkt eru þegar frumvarp þetta er samið. Meginatriðið er að húsnæðið svari sérþörfum íbúa fyrir þjónustu.

Við framkvæmd 1. og 2. tölul. þessarar greinar skal gæta ákvæðis g-liðar 10. gr. frumvarpsins.

3. Úrlausn á bráðum húsnæðisvanda meðan unnið er að varanlegri lausn.

Óbreytt er sú skylda sveitarfélaga að finna lausn á bráðum húsnæðisvanda fólks á meðan unnið er að varanlegri lausn handa þeim sem ekki eru færir um að leysa hann sjálfir, sbr. 46. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum. Sem dæmi um lausnir má nefna herbergi, gistiheimili og íbúðir til bráðabirgða, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Um 29. gr.

Lagt er til að fella saman í eina lagagrein ákvæði um félagslega heimaþjónustu sem er að finna í VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og ákvæði um liðveislu og frekari liðveislu sem eru í 24. og 25. gr. laga um málefni fatlaðra. Nú þykir tímabært að fella niður hugtakið „félagsleg heimaþjónusta“ og nota einvörðungu heimaþjónustu. Er litið svo á að hugtakið heimaþjónusta hafi fest sig í sessi og fólk leggi almennt þann skilning í orðið sem

hér er átt við. Félagsleg heimaþjónusta, liðveisla og frekari liðveisla eru því hér felld undir eitt hugtak í tveimur orðum: Heimaþjónusta og liðveisla.

Í gildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er sérstakur kafli um félagslega heimaþjónustu. Verkefni þjónustunnar sem þar eru tilgreind eru umfangsmikil og geta verið margþætt. Með heimaþjónustunni skal stefnt að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum. Í þjónustunni felst aðstoð til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, veikinda, barnsburðar eða fötlunar. Átt er við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning og gæslu og umönnun barna. Í gildandi lögum um málefni fatlaðra er annars vegar fjallað um liðveislu og hins vegar um frekari liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Sveitarfélögin skulu eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu. Liðveislan hefur mikla þýðingu fyrir fatlaða og er hún fógin í aðstoð við að ráða fram úr viðfangsefnum daglegs lífs og rjúfa félagslega einangrun. Ákvörðun um frekari liðveislu er nú tekin af svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra og er hún greidd af ríkinu eftir heimildum fjárlaga. Þessi þjónusta flyst nú til sveitarfélaganna. Með frekari liðveislu er átt við margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs til handa mikið fötluðu fólki, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Má þar nefna aðstoð við að klæðast, komast um og stunda nám eða atvinnu. Frekari liðveisla er veitt til viðbótar félagslegri heimaþjónustu, gjarnan utan hefðbundins vinnutíma. Hugsunin er sú að þessi þjónusta verði áfram veitt þeim sem þurfa á að halda, öldruðum, fötluðum, sjúkum, sængurkonum og foreldrum með ung börn og unglingum. Vert er að taka sérstaklega fram að liðveisla er veitt börnum jafnt sem fullorðnum. Þegar um fötluð börn er að ræða miðar þjónustan að því að gera þeim fært að búa sem lengst í heimahúsum.

Með því að fella heimaþjónustu og liðveislu í eina heild er leitast við að tryggja enn betur en nú er gert að þjónustan komi að sem mestum notum, enda skarast verkefnin óhjákvæmilega í framkvæmd. Mörg dæmi eru um að í félagslegri heimaþjónustu felist allt í senn aðstoð við heimilishald, persónulegur stuðningur og aðstoð við athafnir dagslegs lífs. Heimaþjónustan hefur verið hugsuð sem aðstoð við heimilið í heild, en í mörgum tilfellum miðast þjónustan við þarfir einstaklings en ekki heimilisins. Liðveislan er hins vegar hugsuð sem persónuleg aðstoð miðuð að þörfum einstaklings, hvort sem hann býr einn eða með fjölskyldu. Það hefur lengi þekkst að verkefnin sem heyra undir félagslega heimaþjónustu hafa ekki eingöngu verið unnin innan veggja heimilanna, má þar nefna aðstoð við innkaup, læknisferðir eða jafnvel ferðir til dægrastyttingar sem liður í félagslegum stuðningi.

Við það að þjónustan er felld undir einn hatt getur einstaklingur eða fjölskylda fengið umrædda aðstoð frá einum og sama aðstoðarmanni, ef það þykir best henta. Samhliða er lögð áhersla á fjölbreytileika þjónustunnar, þ.e. aðstoð við heimilishald og persónulega umhirðu, margþættur félagslegur stuðningur og aðstoð vegna umönnunar barna. Sem dæmi má nefna að í aðstoð við unglinga getur annars vegar falist félagslegur stuðningur í þeim tilgangi að rjúfa félagslega einangrun eða hins vegar aðstoð við að beina athafnaþörf unglings inn á heillavænlegri brautir. Hér er átt við ungmenni sem búa við aðstæður sem ekki eru greindar sem barnaverndarmál. Um þau mál fer eftir barnarverndarlögum. Annað dæmi má nefna en það er aðstoð við foreldra með ung börn en í henni getur m.a. falist aðstoð við umönnun barnsins og umönnun eldri barna á heimili auk aðstoðar við heimilishald. Það er þekkt að barnaverndarnefndir leita til starfsmanna í félagslegri heimaþjónustu þegar fjölskyldur þurfa á þess háttar aðstoð að halda að mati nefndanna. Enn má nefna aðstoð heimaþjónustu og lið-

veislu inn á heimili vegna fatlaðra barna eða ungmenna til að þau geti búið sem lengst í heimahúsum.

Það fyrirkomulag að fella þjónustuna undir einn hatt dregur úr líkum á því að margir starfsmenn veiti sama einstaklingi nána persónulega aðstoð, þótt ljóst sé að í einstaka tilvikum geti þjónustuþörf reynst það mikil að nauðsyn sé á fleiri en einum starfsmanni. Enn fremur getur reynst heppilegra undir ákveðnum kringumstæðum að fleiri en einn aðstoðarmaður komi að máli sama einstaklings.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þjónustan skuli veitt á þeim tíma sólarhrings sem þörf krefur. Í ljósi þess að frekari liðveisla hefur hingað til gjarnan verið veitt á kvöldin og um helgar, og þá komið til viðbótar félagslegu heimaþjónustunni, er nauðsynlegt að tryggja að heimaþjónustan og liðveislan verði veitt utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur. Einnig má geta þess að hjá mörgum sveitarfélögum er félagsleg heimaþjónusta veitt á kvöldin og um helgar eftir því sem þörf er á.

Félagsmálanefnd metur þörf á þjónustu. Aðalatriðið er að fram fari einstaklingsbundið mat á aðstæðum og þjónustuþörf og ævinlega sé leitast við að finna starfsfólk út frá þörfum og sjónarmiðum hvers og eins sem sækir um aðstoð. Mikilvægt er að haft sé samráð við einstakling sem þjónustunnar nýtur, en á það atriði er lögð rík áhersla í frumvarpi þessu.

Sú tilhögun sem í greininni felst gefur sveitarfélögunum enn fremur möguleika á hagræðingu í rekstri og að starfsmenn eigi kost á fjölbreyttari verkefnum.

Þjónusta sú sem ákvæðið tekur til skal veitt óháð búsetuformi. Það þýðir að heimaþjónusta og liðveisla er veitt jöfnum höndum þeim sem búa sjálfstætt og þeim sem búa á sambýlum eða með öðrum þeim hætti sem ekki fellur undir sjálfstæða búsetu. Vísast jafnframt til athugasemda við 28. gr. frumvarpsins um þetta atriði.

Um heimild til gjaldtöku skal tekið fram að samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að taka gjald fyrir heimaþjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, og einnig fyrir liðveislu sveitarfélaga, sbr. 24. gr. laga um málefni fatlaðra. Frekari liðveisla sem veitt er af svæðisskrifstofum málefna fatlaðra, sbr. 25. gr. þeirra laga, er hins vegar fötluðum að kostnaðarlausu. Með því að framangreind þjónusta, sem nú er rekin í þremur greinum, verði sameinuð í eina þjónustugrein samkvæmt frumvarpi þessu er ekki önnur leið fær en sú að gjaldtökuheimild í lögum taki til þjónustunnar í heild sinni. Við beitingu á gjaldtökuheimild samkvæmt frumvarpinu er á hinn bóginn gert ráð fyrir að sveitarstjórnir taki mið af því hvernig málum þessum er nú háttað í lögum, enda hefur ávallt verið gengið út frá því að hagur fatlaðra skerðist ekki við yfirfærsluna frá ríki til sveitarfélaga.

Um 30. gr.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 41 /1983, var það hlutverk ríkisins að veita fötluðum ókeypis ferðaþjónustu vegna nauðsynlegrar þjónustu. Sveitarfélög önnuðust aðra ferðaþjónustu fatlaðra. Með lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, var öll ferðaþjónusta fatlaðra felld undir verksvið sveitarfélaga.

Í 35. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að veita fötluðum félagsþjónustu og er henni skipt í tvo flokka, annars vegar ferðaþjónustu vegna atvinnu, náms og tómstunda og hins vegar vegna nauðsynlegrar þjónustu sem fatlaðir þurfa á að halda. Þessi aðgreining kom til af því að skylda sveitarfélaga til að veita ferðaþjónustu vegna nauðsynlegrar þjónustu er afdráttarlausari samkvæmt lögunum en þegar um er að ræða ferðaþjónustu út af atvinnu og félagslífi. Auk þess er einungis heimilt eftir gildandi lögum að taka gjald fyrir ferðir vegna atvinnu og félagslífs, en ferðakostnaður vegna nauðsynlegrar þjónustu skal vera fötluðum að kostnaðarlausu.

Tvenns konar nýmæli eru hér lögð til:

Í fyrsta lagi að þjónustan takmarkist ekki við fatlaða heldur taki til allra sem á þurfi að halda. Þessi rýmkun leiðir af því að lög um félagsþjónustu sveitarfélaga leysa af hólmi sérlög um málefni fatlaðra og félagsþjónusta nær til allra manna án tillits til þess hver orsök er fyrir þörf á þjónustu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að horfið verði frá því að flokka ferðaþjónustu í tvo flokka. Skylda sveitarfélags til að veita ferðaþjónustu verði jafnafdráttarlaus hvort sem nauðsyn á þjónustunni á rætur að rekja til ferða vegna þjónustu annars vegar eða atvinnu og menningarlífs hins vegar.

Um heimild til gjaldtöku skal tekið fram að samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra er heimilt að taka gjald fyrir þann þátt ferðaþjónustu fatlaðra sem tengist atvinnu-, félags-, og menningarlífi. Á hinn bóginn er sú ferðaþjónusta sem er fötluðum nauðsynleg vegna sértækrar þjónustu þeim að kostnaðarlausu. Með því að ferðaþjónusta fatlaðra verði rekin sem ein þjónustugrein samkvæmt frumvarpi þessu, sem jafnframt getur náð til fleiri en fatlaðra, er ekki önnur leið fær en sú að gjaldtökuheimild í lögum taki til ferðaþjónustunnar í heild sinni. Við beitingu á gjaldtökuheimild samkvæmt frumvarpinu er þó gert ráð fyrir því að sveitarstjórnir taki mið af því hvernig málum þessum er nú háttað í lögum um málefni fatlaðra, enda hefur ávallt verið gengið út frá því að hagur fatlaðra skerðist í engu við yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Um 31. gr.

Eins og nefnt er í athugasemd við 2. gr. frumvarpsins er skammtímadvöl sú sem greinin fjallar um eðli máls samkvæmt sértæk þjónusta sem takmarkast við ákveðna hópa, þ.e. fatlaða og langveika. Þjónusta skammtímavistunar og stuðningsfjölskyldu er í þessum tilvikum forsenda þess að sá fatlaði eða langveiki geti búið í heimahúsum. Þegar um er að ræða slíka þjónustu verður að víkja frá þeirri meginreglu frumvarpsins að þjónusta sé almenns eðlis og miðist við þarfir einstaklinga en ekki við ákveðna hópa.

Einkennandi fyrir skammtímavistun og stuðningsfjölskyldur samkvæmt ákvæði þessu er að sú þjónusta er veitt æ ofan í æ. Þörfin fyrir þjónustuna er þess eðlis. Dæmi um núverandi framkvæmd þjónustunnar samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er að fatlað barn dveljist hjá stuðningsfjölskyldu þrjá til fimm daga í mánuði árið um kring og auk þess í skammtímadvöl viku eða hálfan mánuð í senn nokkrum sinnum á ári.

Lagt er til að nýtt hugtak, skammtímadvöl, nái yfir þrenns konar þjónustu sem nú er veitt eftir lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þ.e. stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun sem veitt er á vegum svæðisskrifstofa og sumardvöl eða aðra tímabundna vistun í skólaleyfum barna sem er á vegum sveitarfélagsins.

Í greininni er lagt til að þjónustan nái ekki einungis til fatlaðra, heldur einnig til langveikra. Með langveikum er fyrst og fremst átt við langveik börn, enda talið brýnt að langveik börn og fjölskyldur þeirra eigi rétt á sams konar félagslegum stuðningi og fötluð börn. Aðstæður langveikra og fatlaðra og fjölskyldna þeirra eru eðli máls samkvæmt líkar hvað snertir þörf á þjónustu sem veitir aðstandendum hvíld og fötluðum eða langveikum tilbreytingu. Enda þótt með langveikum sé fyrst og fremst átt við börn þykir ekki rétt að setja aldursmörk í því sambandi. Þó skal tekið fram að ákvæðið nær ekki til aldraðra. Um þá fer eftir lögum um málefni aldraðra.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er skammtímavistun rekin sem stofnanaþjónusta. Hér er lagt til að ekki verði við það bundið að þjónustan sé á stofnun heldur geti sveitarfélag rekið hana með öðrum hætti.

Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir því að þjónusta skammtímavistunar og stuðningsfjölskyldna breytist frá því sem nú er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, sbr. reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995. Óbreytt verði þannig að þjónustan standi til boða skamman tíma í senn. Samkvæmt framangreindri reglugerð skal samfelld dvöl hjá stuðningsfjölskyldu vera að hámarki fimm sólarhringar í mánuði. Hámarkstími í skammtímavistun er ekki sérstaklega tilgreindur í reglugerð nr. 155/1995, en getur nú numið nokkrum vikum í senn. Þjónusta í skammtímavistun og hjá stuðningsfjölskyldu getur í undantekningartilvikum verið hluta úr sólarhring ef það hæfir betur þörfum viðkomandi einstaklings og fjölskyldu hans.

Þjónusta stuðningsfjölskyldna og skammtímavistunar getur jafnt náð til barna og fullorðinna. Þó er í ákvæðinu lögð sérstök áhersla á að börn njóti þjónustu stuðningsfjölskyldu, fremur en að dveljast í skammtímavistun sem getur verið rekin á stofnun.

Í niðurlagi greinarinnar er lögð á það áhersla að sveitarfélög komi til móts við þau tómarúm sem getur skapast í skólaleyfum fatlaðra eða veikra barna með almennri sumardvöl eða á annan hátt. Þar getur bæði verið um sólarhringsþjónustu og dagþjónustu að ræða. Kunnugt er að mörg sveitarfélög mæta þessari þörf nú án þess að lögbundið sé.

Um 32. gr.

Þörf á stuðningsfjölskyldu samkvæmt ákvæði þessu er af öðrum toga en skv. 31. gr. Hér er því um aðra tegund stuðningsfjölskyldu að ræða, þótt heitið stuðningsfjölskylda nái yfir hvort tveggja.

Innan félagsþjónustu sveitarfélaga hefur fjölskyldum á undanförnum árum verið gefinn kostur á þjónustu stuðningsfjölskyldu þegar fjölskylda barns getur ekki um tiltekið skeið annast það sjálf af óviðráðanlegum ástæðum. Má sem dæmi nefna einstætt foreldri sem dvelst á sjúkrahúsi og ættingjum eða öðrum er ekki til að dreifa til að hlaupa undir bagga. Slík mál teljast ekki til barnaverndarmála þar sem aðbúnaði barns telst ekki áfátt heldur valda einungis óviðráðanleg atvik því að barn getur ekki um hríð notið umsjár fjölskyldu sinnar. Þjónusta stuðningsfjölskyldu samkvæmt ákvæði þessu er því ekki veitt æ ofan í æ, eins og gildir um stuðningsfjölskyldur skv. 31. gr., heldur einungis um tiltekið skeið af sérstökum ástæðum innan fjölskyldunnar.

Lagt er til að þjónusta stuðningsfjölskyldu í framangreindum skilningi verði lögfest, enda hefur reynslan innan félagsþjónustunnar sýnt fram á þörf fyrir hana.

Um 33. gr.

Í tveimur gildistökuákvæðum frumvarpsins, 58. og 59. gr., kemur fram að gert er ráð fyrir að við gildistöku laganna falli atvinnumál fatlaðra undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Með atvinnumálum er átt við þá vinnu sem unnin er gegn launum samkvæmt kjarasamningum. Annars vegar er átt við verndaða vinnu, þ.e. vinnu á vernduðum vinnustöðum eða í verndaðri vinnuaðstöðu á almennum vinnumarkaði. Í báðum tilfellum er gerð krafa um vinnuframlag gegn launum samkvæmt kjarsamningi. Hins vegar er átt við liðveislu við fatlaða á almennum vinnumarkaði þar sem fatlaðir vinna gegn samningsbundnum launum.

Eftir stendur, í umsjá félagsþjónustu sveitarfélaga, iðja og þjálfun á vegum dagvistar.

Dagvistarþjónusta í skilningi ákvæðis þessa nær til þeirra sem eru ófærir um að stunda atvinnu hvort sem er á almennum vinnustöðum, með eða án stuðnings, eða á vernduðum vinnustöðum.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er dagvistarþjónusta bundin við stofnanir, sbr. 9. gr. þeirra laga. Hér er lagt til að horfið verði frá því að stofnanabinda þessa þjónustu. Sveit-

arfélög geti því haft fyrirkomulag þjónustunnar eftir því sem hentar á hverjum stað. Áhersla er hins vegar lögð á að þjónustan sé skipulögð, að þar fari fram raunveruleg þjálfun og iðja. Sú þjálfun getur einnig átt sér stað á almennum vinnumarkaði. Er þá gert ráð fyrir að dagvist félagsþjónustu geri samning við vinnustað um að fatlaður einstaklingur sé þar í þjálfun í verndaðri vinnuaðstöðu. Aðstoð við þjálfunina væri þá veitt á vegum dagvistar félagsþjónustu.

Dagvistarþjónustan er fyrst og fremst ætluð fötluðum, en einnig geta aðrir sem ekki geta stundað atvinnu nýtt sér þá þjónustu.

Aldraðir eiga aðgang að þjónustu í dagvist samkvæmt lögum um málefni aldraðra og því er ekki gert ráð fyrir þeim hér.

Um 34. gr.

Enn sem fyrr er nauðsynlegt að tiltæk séu sérstök heimili fyrir börn sem vegna alvarlegrar fötlunar geta ekki búið í heimahúsum. Stofnun og rekstur slíkra heimila kemur því einungis til álita að fullreynt sé að sú þjónusta sem veitt er nægir ekki til að barn geti búið hjá fjölskyldu sinni. Hér er því um algjör undantekningartilvik að ræða.

Þar sem hér er um fáar og sérhæfðar stofnanir að ræða er verkefnið dæmigert samstarfsverkefni sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins, eigi sveitarfélög að geta rækt skyldur sínar á þessu sviði.

Þar sem vandasöm ákvörðun býr því að baki að vista barn á stofnun er mikilvægt að ákvörðunin sé faglega ígrunduð. Er því talið rétt að um það efni verði leitað til færustu sérfræðinga á sviði fötlunar, þ.e. Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, sbr. e-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarps til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem flutt er samhliða frumvarpi þessu.

Gert er ráð fyrir að um starfsemi slíkra heimila verði kveðið á í reglugerð. Um heimili þessi gildir nú 9. gr. reglugerðar nr. 555/1994, um búsetu fatlaðra. Þar er lögð áhersla á samstarf og tengsl milli stofnunarinnar og forráðamanna barna. Er sú áhersla óbreytt hér. Jafnframt þurfa heimili þessi að vera í góðum tengslum við heilbrigðisstofnanir.

Um 35. gr.

Einn liður í að stuðla að því að markmið laga þessara náist er að veita aðstoð til virkrar þátttöku í samfélaginu. Þátttaka í tómstundastarfi þykir nú vera sjálfsagður hluti daglegs lífs og vel til þess fallin að koma í veg fyrir félagslega einangrun og einmanaleika. Fjölmörg sveitarfélög bjóða upp á margþætt tómstundastarf fyrir eldri borgara. Í því felst m.a. þátttaka í gönguhópum, dansi, leiklist, leikfimi og ferðalögum.

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að sveitarstjórn skuli tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi. Nú nær þetta ákvæði til allra sem á þurfa að halda, svo sem fatlaðra, aldraðra eða annarra sem ekki eiga kost á tómstundastarfi við þeirra hæfi.

Um 36. gr.

Á liðnum árum hafa verkefni og þjónusta sem ríkið ber ábyrgð á og kostar lögum samkvæmt verið færð til annarra aðila, sveitarfélaga, félagasamtaka og einkaaðila, sem eru taldir betur til þess fallnir að annast verkefnin eða veita þjónustuna. Um slíka tilfærslu á verkefnum og þjónustu hafa verið gerðir svokallaðir þjónustusamningar. Dæmi um slíkt eru samningar við sveitarfélög sem gerðir hafa verið á grundvelli laga um reynslusveitarfélög og samningar við sveitarfélög, félagasamtök og einkaaðila sem gerðir hafa verið með heimild

í 13. og 14. gr. laga um málefni fatlaðra. Í þeim tilvikum sem samið hefur verið við sveitarfélög hefur verið samið um að þau annist alla þjónustu við fatlaða á sérstökum þjónustusvæðum. Samningar við sjálfseignarstofnanir og einkaaðila hafa á hinn bóginn tekið til einstakra þjónustuþátta, svo sem reksturs sambýla eða verndaðra vinnustaða.

Að breyttu breytanda gerir greinin ráð fyrir að félagsmálanefnd, með samþykki sveitarstjórnar, geti gert samninga við félagasamtök og aðra einkaaðila um ákveðna þætti þeirrar þjónustu sem lög þessi taka til, enda séu þeir aðilar að mati félagsmálanefnda til þess hæfir að veita þjónustuna með sem minnstum kostnaði en jafnframt með sem mestum gæðum.

Í 2. málsl. 1. mgr. er sérstaklega tekið fram að samningur félagsmálanefndar við félagasamtök eða einkaaðila breyti í engu réttarstöðu þeirra sem þjónustan beinist að. Réttarstaða notenda þjónustu á að vera hin sama hvort sem þjónustan er veitt af sveitarfélaginu eða félagasamtökum og einkaaðila.

2. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um nokkur skilyrði sem þjónustusamningar þurfa að uppfylla.

Við samningsgerð sveitarfélags annars vegar og félagasamtaka eða einkaaðila hins vegar skal í fyrsta lagi afmarka þá þjónustu sem samningurinn nær til. Kveða skal á um hve mikla þjónustu sveitarfélag ætlar að kaupa, hver ákveði hverjum hún skuli veitt og í hvaða mæli. Í því sambandi skal m.a. kanna þarfir notenda þjónustunnar. Um gæði þjónustunnar skal gera ákveðnar kröfur, m.a. séð frá sjónarhóli notenda. Þar sem mælikvarðar á gæði þjónustu kunna að vera ófullkomnir þarf að setja ákveðin viðmið (lágmarkskröfur). Slíkar kröfur beinast eftir atvikum að umgjörð þjónustunnar og framkvæmd hennar, aðstöðu, menntun og fjölda starfsmanna svo dæmi sé tekið.

Í öðru lagi þarf að kveða á um greiðslur fyrir þjónustu og aðstöðu, bæði greiðslur sveitarfélags og notenda ef um slíkt er að ræða.

Í þriðja lagi þarf að kveða á um í samningi hver annast eftirlit með framkvæmd hans af hálfu sveitarfélags og aðgang þess aðila að upplýsingum er varða framkvæmdina. Þá þarf að kveða á um meðferð ágreinings og úrræði vegna vanefnda á samningsbundnum skyldum.

Um gerð þjónustusamninga og þær kröfur sem gerðar eru til slíkra samninga má hafa hliðsjón af reglugerð nr. 262/1999, um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Frá því lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, tóku gildi vorið 1991 hafa stjórnsýslulög, nr. 37/1993, tekið gildi. Ljóst er að málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gilda um málsmeðferð félagsmálanefnda sveitarfélaga.

Málsmeðferðarreglur í lögum um félagsþjónustu innihalda því fyrst og fremst viðbótarreglur við stjórnsýslulög eða ítarlegri reglur en þau lög, þ.e. reglur sem taka sérstaklega mið af þeim sjónarmiðum sem að baki félagsþjónustunni búa.

Uppistaða XI. kafla frumvarpsins er óbreytt frá XVI. kafla um málsmeðferð í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Nokkrar breytingar er þar þó að finna en áherslur eru þær sömu og í gildandi lögum, enda enn í fullu gildi. Skýrast breytingarnar jafnóðum í athugasemdum við hlutaðeigandi greinar.

Um 40. gr.

Ákvæðið, sem fjallar um upphaf máls, er að efni til óbreytt frá 56. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Enn sem fyrr er gert ráð fyrir að mál geti borist félagsmálanefnd með tvennu móti, þ.e. að fyrir liggi umsókn frá einstaklingi eða fjölskyldu eða félagsmálanefnd fái á annan hátt vitneskju um nauðsyn þess að veita fólki aðstoð. Slíkar upplýsingar berast einkum frá öðrum opinberum aðilum, t.d. skólum og heilbrigðisþjónustu, en einnig frá vinnustöðum, einstaklingum o.fl. Í báðum tilfellum skal félagsmálanefnd beita sömu málsmeðferð, þ.e. taka mál til könnunar og athugunar eins fljótt og unnt er.

Í 2. mgr. er fjallað sérstaklega um það þegar mál hefst án umsóknar. Þegar þannig er háttað hvílir sú skylda á félagsmálanefnd að tilkynna aðila um það. Aðili á þá jafnframt rétt á að kynna sér gögn og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Í því getur falist að einstaklingur neitar að þiggja aðstoð.

Um 41. gr.

Í 1. mgr. er fjallað almennt um leiðbeiningarskyldu félagsmálanefndar og starfsmanna hennar við meðferð máls. Er leiðbeiningarskyldan í samræmi við 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Skylda félagsmálanefndar og starfsmanna hennar gengur þó lengra að því leyti að gerðar eru kröfur til að jöfnum höndum séu veittar leiðbeiningar um félagsþjónustu sem og um aðra löggjöf. Er sú áhersla í samræmi við þær mikilvægu grundvallarreglur við framkvæmd félagsþjónustu að standa vörð um rétt fólks til félagsþjónustu og auk þess að gæta þess að réttindi fólks séu virt samkvæmt öðrum lögum, sbr. a- og b-lið 10. gr. frumvarpsins.

Jafnframt er í 1. mgr. tekið fram að veitt skuli aðstoð túlka og táknmálstúlka. Það efni er nú hvorki lögfest sérstaklega í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga né lögum um málefni fatlaðra. Eftir því sem næst verður komist mun slík þjónusta á hinn bóginn nú vera veitt víða hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, enda talin sjálfsögð í nútímasamfélagi. Rétt þykir að þessi nauðsynlega þjónusta hafi beina lagastoð.

Um táknmálstúlkun gilda lög nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Sér sú stofnun um að mennta táknmálstúlka og útvega þá þjónustu. Þjónustan er hins vegar greidd af þeim aðilum sem hana veita, svo sem heilbrigðisstofnunum, skólum og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Kynning á málskotsrétti er ein grein leiðbeiningarskyldu, sbr. 61. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Kynna þarf þann rétt í hverju einstöku máli.

Um 42. gr.

Ákvæðið sem fjallar um að öflun gagna og upplýsinga skuli unnin í samvinnu og með samþykki þess sem þjónustu skal njóta er að stofni til óbreytt frá 57. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Enn sem fyrr er lögð rík áhersla á samvinnu við einstakling, enda er slík samvinna einn af rauðum þráðum í frumvarpi þessu. Við öflun gagna í máli skal fyrst og fremst leitað til viðkomandi einstaklings. Teljist nauðsynlegt að félagsmálanefnd afli sjálf upplýsinga frá öðrum skal einstaklingur hafður með í ráðum og samþykkja það.

Í frumvarpinu er þó lagt meira upp úr samþykki einstaklings en í gildandi lögum og því lagt til að kveðið sé fastar að orði um það efni.

Atbeini talsmanns kemur því einungis til greina að andleg hömlun manns sé slík að honum sé ókleift að skilja efni máls. Skal ávallt leitað fyrst til einstaklings áður en atbeini talsmanns

kemur til greina. Um talsmann vísast að öðru leyti til athugasemda við d-lið 10. gr. frumvarpsins.

Um 43. gr.

Ákvæðið fjallar um ákvarðanatöku og tilkynningu hennar.

Sú áhersla sem hér er lögð á samvinnu við einstakling við ákvarðanatöku og meðferð máls er í samræmi við eina af grundvallarreglum þessa frumvarps, sbr. d-lið 10. gr., en þar er kveðið á um að þjónusta sé aðeins veitt að höfðu samráði og með samþykki viðkomandi einstaklings eða talsmanns hans.

Um þörf á talsmanni og atbeina hans vísast til athugasemda við 42. gr. frumvarpsins. Um það hver getur tekið að sér hlutverk talsmanns vísast til athugasemda við d-lið 10. gr. frumvarpsins.

Enn sem fyrr er lögð áhersla á að einstaklingi sé kynnt niðurstaða máls eins fljótt og unnt er. Lagt er til að ákvörðun sé ávallt tilkynnt skriflega og gildi það um allar ákvarðanir, óháð því hvort fallist sé á erindi umsækjanda eða ekki.

Sé ekki fallist á erindi umsækjanda skal niðurstaðan auk þess skýrð og rökstudd. Á það einnig við ef fallist er á erindið að hluta til.

Um 44. gr.

Ákvæðið fjallar um rétt aðila til að fá aðgang að skjölum og öðrum gögnum sem hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. mgr.

Ákvæðið er í samræmi við 9. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, sbr. 15.–17. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 45. gr.

Ákvæðið fjallar um varðveislu gagna, trúnað og þagnarskyldu fulltrúa félagsmálanefnda og starfsmanna félagsþjónustu og er að efni til óbreytt frá 60. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997.

Óbreytt er að óviðkomandi á ekki aðgang að gögnum eða upplýsingum um málefni einstaklinga. Ekki er mögulegt að tiltaka almennt hverjir eru málinu óviðkomandi, það fer eftir eðli máls hverju sinni. Við nauðsynlegt samstarf við aðra aðila skal gætt fulls trúnaðar, sbr. 46. gr.

Tekið skal fram að í trúnaðarskyldunni felst að gögn um persónulega hagi einstaklings við meðferð máls hjá félagsmálanefnd eða starfsmanni hennar verða ekki afhent sveitarstjórn eða einstökum fulltrúum hennar. Þetta getur átt við um fundargerðir hafi þær að geyma slíkar trúnaðarupplýsingar um einstakling. Félagsmálanefnd og starfsmönnum hennar er á hinn bóginn skylt að upplýsa sveitarstjórn þannig um mál að sveitarstjórn sé unnt að gera sér grein fyrir umfangi þess og áhrifum á fjárhag sveitarfélagsins.

Brýnt er að gögn séu geymd á tryggum stað og einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að þeim.

Með starfsmönnum félagsþjónustu er í ákvæði þessu átt við alla starfsmenn hennar, óháð því á hvaða vettvangi starf þeirra er, svo sem á skrifstofu félagsþjónustunnar, í heimaþjónustu og liðveislu og starfsmenn á sambýlum og heimilum fatlaðra.

Einstaklingur eða talsmaður hans getur veitt samþykki sitt fyrir því að tilteknar upplýsingar séu veittar, en áfram gildir trúnaður um mál hans að öðru leyti. Einungis kemur til greina að leita til talsmanns í þessu skyni ef andleg fötlun einstaklings er slík að hann er ekki fær

um að skilja efni máls. Um talsmann vísast að öðru leyti til athugasemda við d-lið 10. gr. frumvarpsins.

Um 46. gr.

Ákvæðið, sem tekur til nauðsynlegrar samvinnu milli stjórnvalda við meðferð einstakra mála, er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 62. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Áhersla er lögð á að í slíkri samvinnu sé gætt trúnaðar gagnvart einstaklingi.

Um XII. kafla.

Sérstök úrskurðarnefnd innan félagsþjónustunnar þykir hafa sannað gildi sitt en hún var eitt af nýmælum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Á árunum 1992–1998 hafa alls verið kveðnir upp 320 úrskurðir sem skiptast svo milli ára:

1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
10	13	43	68	73	54	56

Líklegt er að málum fjölgi hjá nefndinni eftir að málefni fatlaðra sameinast þeirri félagsþjónustu sem fyrir er. Frá og með 1. janúar 1995 er lög um húsaleigubætur, nr. 100/1994, tóku gildi hefur úrskurðarnefnd einnig skorið úr um ágreiningsmál samkvæmt þeim lögum.

Um 47. gr.

Ákvæðið um skipan úrskurðarnefndar er efnislega óbreytt frá 65. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997.

Þó er nýmæli að lagt er til að lögfest verði að nefndinni sé heimilt að leita til sérfróðra aðila við úrskurð einstakra mála.

Um 48. gr.

Efni ákvæðisins er óbreytt frá lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 34/1997. Með ákvörðun um þjónustu eða aðstoð er átt við stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga. Hvernig þjónustan er framkvæmd flokkast ekki undir stjórnvaldsákvörðun og fellur því ekki undir verksvið úrskurðarnefndar. Sem dæmi má nefna hvernig heimaþjónusta og skammtímavistun er framkvæmd. Aftur á móti ber að gæta þess að þjónustustarfsemi innan félagsþjónustu hefst ávallt með ákvörðun félagsmálanefndar og sú ákvörðun er kæranleg til úrskurðarnefndar.

Um 49. gr.

Lagt er til að rýmka verksvið úrskurðarnefndar frá því sem nú er, sbr. 64. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Er hér höfð hliðsjón af áliti umboðsmanns Alþingis (mál 903/1993), framkvæmd úrskurðarnefndar sem stefnt hefur í átt til rýmkunar, verksvið annarra kærunefnda innan stjórnsýslunnar, svo og löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Þegar frumvarp til núgildandi laga um félagsþjónustu sveitarfélaga var í undirbúningi á sínum tíma og lögð voru fram þau nýmæli að koma á fót sérstakri úrskurðarnefnd félagsþjónustu þótti rétt að fara varlega af stað í þessum efnum. Því var lagt til að verkefni úrskurðarnefndar væru afmörkuð við eftirfarandi efnisflokka:

1. Málsmeðferð, sbr. XVI. kafla laganna.
2. Rétt til aðstoðar, sbr. IV. kafla laganna.
3. Hvort samþykkt þjónusta og upphæð fjárhagsaðstoðar er í samræmi við reglur sveitarstjórnar.
4. Greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann, sbr. 3. mgr. 21. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 34/1997.

Enda þótt ljóst sé að verksvið úrskurðarnefndar félagsþjónustu taki nú til mikilvægra grundvallaratriða, þ.e. réttar til aðstoðar og málsmeðferðar, þykir nú óþarft að tilgreina og þar með takmarka verkefni úrskurðarnefndar sérstaklega. Talið er mikilvægt, sem aðhald að stjórnsýslunni og til að auka réttaröryggi fólks, að verksvið slíkrar úrskurðarnefndar sé ekki takmarkað.

Um leið og lagt er til að ekki verði tilgreint sérstaklega hvaða verkefni falli undir slíka úrskurðarnefnd þýðir það að nefndin úrskurðar um lögmæti allra ákvarðana, þ.e. að við ákvörðun á þjónustu og aðstoð hafi verið farið eftir lögum, reglugerðum og reglum sveitarfélaga, þar sem þeim er til að dreifa, og að staðið hafi verið rétt að ákvörðun, þ.e. með lögmætum og málefnalegum hætti.

Þau efnisatriði greinarinnar um að úrskurðarnefnd geti vísað málum frá, ógilt ákvörðun eða vísað máli heim þarfnast ekki skýringa, enda óbreytt frá því sem nú er.

Um 50. gr.

Hugmyndin um rannsóknar- og þróunarsjóð félagsþjónustu er ný af nálinni innan félagsþjónustu sveitarfélaga. Er þar þróunarsjóður grunnskóla hafður sem fyrirmynd, sbr. 52. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995.

Í frumvarpinu er auk þess víða kveðið á um víðtækari skyldur sveitarfélaga til að veita félagsþjónustu og má áætla að aukinn kostnaður þeirra nemi 110–120 m.kr. á ári og þar af fari 60 m.kr. til að mæta þörfum langveikra barna. Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga er gert ráð fyrir að framangreindur kostnaður verði færður yfir til sveitarfélaga ásamt nýjum tekjustofnum til að fjármagna aukna þjónustu auk tekjustofna til að fjármagna þá þjónustu sem ríkissjóður hefur fjármagnað til þessa.

Eins og að framan greinir er frumvarp þetta liður í yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Rekstrarútgjöld ríkisins til málefna fatlaðra nema 3,1 milljarði kr. í fjárlögum ársins 2000 en samkvæmt tillögum biðlistanefndar er lagt til að útgjöldin aukist á næstu árum í 3,8 milljarða kr. á ári til að draga úr bið fatlaðra eftir þjónustu. Stofnkostnaður vegna þessarar auknu þjónustu hefur verið áætlaður 4 milljarðar kr. Komi til þess að málefni fatlaðra verði færð yfir til sveitarfélaga er ljóst að þau gera kröfu til að fá nýja tekjustofna til að mæta framangreindum útgjöldum. Endanlegt mat á útgjöldum vegna yfirfærslunnar liggur hins vegar ekki fyrir en unnið er að því á vegum sérstakra nefnda á vegum félagsmálaráðuneytis. Að frátöldum þeim málefnum er tengjast yfirfærslu málefna fatlaðra sérstaklega eru aukin útgjöld sveitarfélaga áætluð 110–120 m.kr. á ári og útgjöld ríkisins eru áætluð 3,0–3,5 m.kr. auk framlags í rannsóknarsjóð sem lagt er til að Alþingi skuli árlega veita fé til.

682. Frumvarp til laga [419. mál]

um réttindagæslu fatlaðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Réttindagæsla fatlaðra er annars vegar í höndum réttindagæslumanns sem þjónar landinu öllu og hins vegar trúnaðarmanna í kjördæmum landsins.

2. gr.

Með fötlun er í lögum þessum átt við skerta hæfni sem leiðir til þess að einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa.

Skipun og verksvið réttindagæslumanns fatlaðra.

3. gr.

Félagsmálaráðherra skipar réttindagæslumann fatlaðra til fjögurra ára. Hann skal hafa menntun á háskólastigi ásamt reynslu af málefnum fatlaðra og þekkingu á því sviði.

4. gr.

Helstu verkefni réttindagæslumanns eru að:

a. fylgjast með því, í samvinnu við trúnaðarmenn fatlaðra, að fatlaðir njóti lögbundinnar þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum lögum, einkum á sviði heilbrigðisþjónustu, almannatrygginga, mennta- og atvinnumála,
b. aðstoða trúnaðarmenn fatlaðra og leiðbeina þeim í störfum þeirra,

c. fylgjast með því að trúnaðarmenn fatlaðra sinni skyldum sínum,
d. kynna með reglubundnum hætti verksvið sitt,
e. gefa félagsmálaráðherra árlega skýrslu um störf sín og trúnaðarmanna.

5. gr.

Við störf réttindagæslumanns er lúta að rétti fatlaðra til lögbundinnar þjónustu skal réttindagæslumaður gæta sérstaklega að því að þjónusta við einstaklinga á sviði félagsþjónustu, heilbrigðis- og skólamála sé samfelld.

Skipun og verksvið trúnaðarmanna fatlaðra.

6. gr.

Félagsmálaráðherra skipar trúnaðarmenn fatlaðra í kjördæmum landsins til fjögurra ára í samráði við hagsmunasamtök fatlaðra, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands.

Trúnaðarmenn vinna eingöngu að málefnum einstaklinga.

Trúnaðarmaður skal kynna sig og verksvið sitt.

7. gr.

Einstaklingar eiga rétt á aðstoð trúnaðarmanns og beitir hann sér einkum fyrir eftirfarandi þáttum:

a. að veitt sé lögbundin aðstoð og þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum lögum eftir því sem við á, einkum á sviði heilbrigðisþjónustu, almannatrygginga, mennta- og atvinnumála,
b. að veitt þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sé eftir þörfum og við hæfi hvers og eins.

8. gr.

Trúnaðarmaður kannar mál tafarlaust.

Við meðferð máls hefur trúnaðarmaður ávallt samvinnu við hinn fatlaða eða talsmann hans.

Trúnaðarmaður á samstarf við réttindagæslumann, sbr. 4. gr., eftir því sem hann telur þörf á.

Þyki hinum fatlaða á sig hallað við ákvörðun félagsmálanefndar aðstoðar trúnaðarmaður við málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef um er að ræða kvörtun er tengist framkvæmd á einstökum þáttum félagsþjónustu veitir trúnaðarmaður stuðning til að greiða úr því máli með þeim hætti sem við á hverju sinni.

Málum sem heyra undir stjórnvöld utan félagsþjónustunnar vísar trúnaðarmaður til réttra aðila og fylgir þeim eftir.

Að öðru leyti vinnur trúnaðarmaður að lausn mála í samráði við skjólstæðing sinn eða talsmann hans eftir því sem við á hverju sinni.

Þagnarskylda.

9. gr.

Réttindagæslumanni fatlaðra og trúnaðarmönnum ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum. Að öðru leyti fer um þagnarskyldu réttindagæslumanns og trúnaðarmanna eftir almennum reglum um starfsmenn ríkisins.

Kostnaður.
10. gr.

Kostnaður við störf réttindagæslumanns fatlaðra og trúnaðarmanna greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð.
11. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um störf og starfshætti réttindagæslumanns fatlaðra og trúnaðarmanna fatlaðra eins og hæfiskröfur og starfsumhverfi.

Gildistaka.
12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.

Við endurskoðun laganna skal hugað sérstaklega að reynslu af störfum réttindagæslumanns og trúnaðarmanna. Meta skal hvort enn sé þörf á sérlögum um réttindagæslu fatlaðra og ef svo reynist vera hvort málaflokkurinn skuli heyra áfram undir félagsmálaráðherra eða hvort honum verði betur fyrir komið á annan hátt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið jafnhliða frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Nefnd þeirri sem félagsmálaráðherra skipaði 27. ágúst 1997 til að semja frumvarp til laga um málefni fatlaðra í tilefni af yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga var jafnframt ætlað að huga að því hvernig réttindagæslu fatlaðra yrði best háttað. Var það í samræmi við lög nr. 161/1996 þar sem yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga var ákveðin. Þessi mikla áhersla á réttindagæslu fatlaðra kom inn í áðurnefnd lög með breytingartillögu félagsmálanefndar Alþingis. Í athugasemdum við frumvarp, er síðar varð að lögum nr. 161/1996, var lögð áhersla á að réttindi fatlaðra skyldu í engu verða fyrir borð borin við yfirfærsluna, án þess að réttindagæsla fatlaðra væri þar nefnd sérstaklega umfram aðra þjónustu við fatlaða. Með breytingartillögu félagsmálanefndar varð ljós sú áhersla sem löggjafinn lagði á réttindagæslu fatlaðra við yfirfærsluna til sveitarfélaga. Var sú áhersla í samræmi við ályktun Landssamtakanna Þroskahjálpar frá 18. og 19. október 1996 þar sem lögð var áhersla á að réttindagæsla fatlaðra yrði efld. Það lá því fyrir að við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga skyldi tekið á réttindagæslu fatlaðra sem sérstöku málefni.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa lagt á það ríka áherslu að um leið og málefni fatlaðra verði færð til sveitarfélaga og samofin almennri löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga sé brýnt að taka sérstaklega á réttindagæslu þessa hóps. Það hlutverk eigi að vera í höndum ríkisins sem sé best fallið til að hafa eftirlit með framkvæmd félagsþjónustu hjá sveitarfélögum. Um leið og sveitarfélög taki við þjónustu við fatlaða, sem ríkið tryggir þeim nú samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, sé eðlilegt að á vegum ríkisins sé haldið uppi öflugu réttindagæslukerfi fatlaðra. Bent er á hversu viðkvæmur málaflokkurinn er og því sé skilyrði fyrir því að vel takist til um þjónustu við fatlaða hjá sveitarfélögum að rekin sé sérstök réttindagæsla fatlaðra. Þótt Landssamtökin Þroskahjálp séu eindregið þeirrar skoðunar að það sé framför að fatlaðir heyri nú undir almenna félagsmálalöggjöf telji samtökin þörf á sérstakri réttindagæslu til að tryggja að réttindi fatlaðra séu virt. Yfirfærsla málefna fatlaðra til sveit-

arfélaga réttlæti þannig fyllilega að hvikað sé frá baráttumáli hagsmunasamtaka fatlaðra um að blöndun fatlaðra og ófatlaðra komi fram í löggjöf og enn um sinn a.m. k. verði því að vera fyrir hendi sérlög um fatlaða þó að í öðrum og þrengra mæli sé en nú.

Í starfi nefndar sem samdi frumvarp þetta var var fjallað um þá leið að hagsmunasamtök fatlaðra tækju að sér að annast réttindagæslu þeirra gegn greiðslu frá ríkinu samkvæmt þjónustusamningi. Rök fyrir þeirri leið voru þau að meginhlutverk hagsmunasamtaka fatlaðra sé að þrýsta á stjórnvöld um bætta þjónustu við skjólstæðinga sína. Verkefni sérstakrar réttindagæslu fatlaðra væri því náskylt meginverkefni hagsmunasamtaka fatlaðra. Fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðra í nefndinni töldu aftur á móti að ekki væri tímabært að samtökin tækju slíkt verkefni að sér. Þessu veigamikla verkefni væri við núverandi aðstæður best borgið hjá ríkinu.

Landssamtökin Þroskahjálp lögðu fyrir nefndina tillögur um réttindagæslukerfi fatlaðra á vegum ríkisins. Kerfið var fjórþætt og skiptist þannig:

a. Embætti umboðsmanns fatlaðra.
b. Fötlunarráð.
c. Réttindagæslumenn.
d. Trúnaðarmenn.

Þegar afstaða hagsmunasamtaka fatlaðra lá fyrir þess efnis að þau teldu það ekki í sínum verkahring að annast réttindagæslu, féllst nefndin á að leggja til að ríkið annaðist réttindagæsluna. Á hinn bóginn féllst nefndin ekki á að leggja til að komið yrði á fót því umfangsmikla réttindagæslukerfi sem Landssamtökin Þroskahjálp kynntu fyrir nefndinni, enda var nefndinni einungis ætlað að huga að réttindagæslu fatlaðra í tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga.

Til að koma til móts við sjónarmið Þroskahjálpar er lagt til að komið verði á fót sérstöku réttindagæslukerfi með réttindagæslumanni og trúnaðarmönnum. Jafnframt féllst nefndin á það sjónarmið Þroskahjálpar að úr því talið er að setja þurfi í lög sérákvæði um réttindagæslu fatlaðra, þrátt fyrir ákvæði í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem leggur í því efni ríkar skyldur á félagsmálanefnd, eigi málaflokkurinn heima í sérlögum, enda vandséð hvernig koma megi svo sértæku efni fyrir í lögum með öðrum hætti.

Lögfesting á sérstökum réttindagæslumanni fatlaðra og trúnaðarmönnum í hverju kjördæmi er í undirstöðuatriðum ekki nýmæli, heldur framhald á verksviði trúnaðarmanns fatlaðra sem lögfest var í fyrsta sinn með lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. 37. gr. þeirra laga. Trúnaðarmenn fatlaðra eru skipaðir af svæðisráði á hverju svæði. Um verkefni þeirra segir svo í lögunum: „Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra skv. 3.–6. tölul. 10. gr. á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna þeirra skulu svæðisráð skipa sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði.“ Hafa trúnaðarmenn fatlaðra verið skipaðir á öllum svæðum, samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Vísunin í 3.–6. tölul. 10. gr. laganna þýðir að starfsvettvangur trúnaðarmanna takmarkast við þá fatlaða sem búa á sérstökum heimilum fatlaðra, svo sem sambýlum og vistheimilum. Nánar verður fjallað um það atriði í athugasemd við 1. gr. þessa frumvarps.

Ítrekað skal að sérstök löggjöf um réttindagæslu fyrir fatlaða, sem taki við af trúnaðarmönnum fatlaðra skv. 37. gr. laga um málefni fatlaðra, tengist fyrst og fremst yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og réttlætist í raun af þeirri yfirfærslu. Samkvæmt því er meginverkefni réttindagæslumanns og trúnaðarmanna að fylgjast með því að fötluðum sé veitt lögbundin þjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu og hvernig sú þjónusta er veitt, sbr. 7. gr. frumvarpsins, en einnig öðrum lögum sem tengjast með einum eða öðrum hætti félagsþjónustu, svo sem um heilbrigðismál, almannatryggingar, skólamál og atvinnumál. Bent skal

á að félagsmálanefnd sveitarfélags er ætlað að gæta þess að lögbundin réttindi fólks séu virt, sbr. 2. og 10. gr. frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, og nær það til allra íbúa, fatlaðra sem annarra. Hvað varðar þennan meginþátt réttindagæslu fatlaðra er sú réttindagæsla sem hér er lögð til því viðbót við þá réttindagæslu sem félagsmálanefndum sveitarfélaga er ætluð.

Auk þeirrar einstaklingsbundnu réttindagæslu sem frumvarp þetta felur í sér er lagt til í ákvæði til bráðabirgða I. í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að komið verði á annars konar réttindagæslu, eins konar eftirlitsnefnd með yfirfærslunni til sveitarfélaga. Nefnist sú nefnd samstarfsnefnd málefna fatlaðra og í henni sitji fulltrúar fjögurra ráðuneyta, þrír frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir frá hagsmunasamtökum fatlaðra. Skal samstarfsnefndin fylgjast með hvernig til tekst með yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga næstu fimm árin. Þörf á þeirri tegund réttindagæslu er talin tímabundin.

Með framangreindum tveimur leiðum, tímabundinni samstarfsnefnd málefna fatlaðra og sérstökum lögum um réttindagæslu fatlaðra, telur nefnd sú er samdi tvö hlutaðeigandi frumvörp að komið hafi verið til móts við kröfu löggjafans um að huga að réttindagæslu fatlaðra í tengslum við yfirfærsluna til sveitarfélaga, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/1996.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Réttindagæsla fatlaðra er ekki efnisleg nýjung heldur framhald á verksviði trúnaðarmanns fatlaðra skv. 37. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Sú breyting sem lögð er til frá því fyrirkomulagi sem nú er ríkjandi er að réttindagæsla fatlaðra verði tvíþætt. Annars vegar skipi ráðherra réttindagæslumann sem þjóni landinu öllu og hins vegar trúnaðarmenn í kjördæmi landsins. Réttindagæslumaður hafi m.a. það hlutverk að aðstoða trúnaðarmenn fatlaðra við að sinna verkefnum sínum samkvæmt lögum þessum. Trúnaðarmenn, aftur á móti, veita einstaklingum aðstoð.

Komið verði á fót sérstakri skrifstofu réttindagæslumanns sem verður að teljast umtalsverð breyting frá því sem nú er og styrkja starfsemi þessa.

Jafnframt er lögð til sú veigamikla breyting að svið réttindagæslu verði rýmkað í þeim skilningi að það nái til allra fatlaðra, en ekki einungis þeirra sem búa á sérstökum heimilum fatlaðra eins og nú er. Slík takmörkun á verksviði trúnaðarmanns er nú úrelt orðin. Meginatriðið er að fatlaðir geti leitað til trúnaðarmanns óháð því hvernig þeir búa. Frá því að lög nr. 59/1992 tóku gildi hefur fjölgað þeim fötluðum sem búa út af fyrir sig á eigin heimili. Miðað við núverandi aðstæður hjá fötluðum og þróunina í búsetumálum þeirra eru ekki lengur talin rök fyrir því að takmarka rétt fatlaðra til að eiga aðgang að trúnaðarmanni við sérstaka tegund búsetu.

Um 2. gr.

Hugtakið fötlun er hér notað í sömu merkingu og gert er í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, sbr. 2. gr. þeirra laga. Sú skilgreining sem hér er stuðst við er efnislega sú sama og fram kemur í athugasemdum frumvarps til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem flutt er samhliða frumvarpi þessu, þar segir svo:

„Með hugtakinu fötlun er átt við ástand sem skapast þegar einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa.“ Felur skilgreining þessi í sér sams konar merkingu og í lögum um málefni fatlaðra eins og áður sagði, enda tekið fram í athugasemd við 1. gr. frum-

varps til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð að ekki sé verið að útvíkka hugtakið fötlun frá því sem fram kemur í gildandi lögum um málefni fatlaðra.

Sams konar merkingu í hugtakinu fötlun er að finna í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. athugasemdir við 2. gr. þess frumvarps.

Um 3. gr.

Þar sem lagt er til að réttindagæsla fatlaðra verði á ábyrgð ríkisins er lagt til að félagsmálaráðherra skipi réttindagæslumann og sjái honum fyrir starfsaðstöðu.

Um 4. gr.

Réttindagæslumaður fatlaðra hefur samkvæmt frumvarpinu yfirumsjón með réttindagæslu á Íslandi, hann samræmir vinnubrögð trúnaðarmanna og hefur eftirlit með að þeir ræki skyldur sínar. Það gerir kröfur til þess að hann búi yfir góðri menntun og hafi víðtæka þekkingu á og yfirsýn yfir réttindi og þarfir fatlaðra.

Réttindagæslumaður vinnur almennt að réttindamálum fatlaðra og er ekki gert ráð fyrir að einstaklingar leiti beint með mál sín til hans, heldur séu þau unnin af trúnaðarmanni. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að réttindagæslumaður aðstoði trúnaðarmenn í einstaklingsmálum, leiti trúnaðarmenn eftir því.

Auk samstarfs við trúnaðarmenn má ætla að réttindagæslumaður hafi samstarf við aðra sem fara með réttindagæslu fatlaðra, svo sem félagsmálanefndir sveitarfélaga og samstarfsnefnd málefna fatlaðra, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Um a–e-lið greinarinnar skal tekið fram:

a. Réttindagæslumanni er ætlað að fylgjast með því í samvinnu við trúnaðarmenn að fatlaðir njóti lögbundinnar þjónustu. Hann þarf því að búa yfir haldgóðri þekkingu á þeim lögum er varða á einhvern hátt rétt fatlaðra til þjónustu. Hann þarf jafnframt að fylgjast með nýrri lagasetningu og þeim breytingum sem verða á gildandi lögum er varða rétt fatlaðra til þjónustu. Þannig er honum ætlað að hafa yfirsýn yfir lagaleg réttindi fatlaðra.
b. Réttindagæslumanni er ætlað að aðstoða og leiðbeina trúnaðarmönnum. Starf trúnaðarmanna verður viðamikið, það getur verið vandasamt og erfitt. Aftur á móti má búast við því að mismunandi mörg mál berist til þeirra, þannig að ekki er hægt að ætla að þeir búi ávallt yfir nægilegum upplýsingum og þekkingu um öll þau mál sem þeim er ætlað að leysa úr. Þess vegna er gert ráð fyrir að réttindagæslumaður veiti þeim aðstoð og stuðning eftir því sem þörf er á og óskað er eftir. Hann á að vera bakhjarl, búa yfir haldgóðri þekkingu og reynslu, hann á að upplýsa trúnaðarmenn, samræma vinnubrögð þeirra og leiðbeina þeim í störfum. Er hér m.a. átt við að hann upplýsi trúnaðarmenn ef breyting verður á lögum sem hafa áhrif á réttindi fatlaðra.
c. Réttindagæslumanni er ætlað að fylgjast með að trúnaðarmenn ræki skyldur sínar. Þrátt fyrir að réttindagæslumanni sé ekki ætlað að fást við einstaklingsmál getur fólk sem telur að trúnaðarmaður sinni ekki skyldum sínum leitað til hans og ber honum þá að kanna málið og aðstoða og leiðbeina trúnaðarmanni við lausn málsins.
d. Réttindagæslumanni er ætlað að kynna verksvið sitt með reglubundnum hætti. Þannig er honum ætlað að fara um og kynna hlutverk sitt og réttindi fatlaðra. Þótt kynningunni sé fyrst og fremst ætlað að beinast gagnvart fötluðu fólki og aðstandendum þeirra er einnig mikilvægt að opinberir aðilar sem veita fötluðum þjónustu séu upplýstir um skyldur og hlutverk réttindagæslumanns. Ekki er óeðlilegt að ætla að í einhverjum til-

fellum fari réttindagæslumenn og trúnaðarmenn saman og kynni verksvið sín, enda er þeim báðum ætlað það hlutverk.

e. Réttindagæslumanni er ætlað að halda saman upplýsingum um störf sín og trúnaðarmanna, svo sem um fjölda mála og efni þeirra. Skal hann koma þessum upplýsingum árlega á framfæri við félagsmálaráðherra í skýrsluformi.

Um 5. gr.

Samstarfsnefnd málefna fatlaðra, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, er ætlað að sjá um, bæði almennt og í einstökum málum, að lögbundin þjónusta við fatlaða á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála sé samfelld og án eyðu.

Jafnframt er í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga lögð áhersla á að félagsmálanefnd gæti heildarsýnar í störfum og að hún eigi samstarf við önnur stjórnvöld og aðila sem vinna að málefnum sem tengjast félagsþjónustunni, svo sem skóla og heilsugæslu.

Ákvæði þetta er í sama anda og að framan greinir. Í því felst að réttindagæslumaður fatlaðra sé sérstaklega á verði um að ekki verði eyður eða gloppur í þjónustu, sem fatlaðir eiga rétt á lögum samkvæmt, á sviði félagsþjónustu, heilbrigðis- og skólamála.

Gert er ráð fyrir að réttindagæslumaður vinni að þessu verkefni fyrst og fremst með almennum hætti. Óski trúnaðarmaður hins vegar eftir aðstoð réttindagæslumanns á þessum vettvangi vegna málefnis einstaklings aðstoðar réttindagæslumaður trúnaðarmann í því efni.

Sem dæmi um verkefni á þessu sviði má nefna að fatlað barn fái sumardvöl í skólaleyfum, að fatlaðir njóti sérstakrar aðstoðar á sjúkrahúsi eða stuðnings í skóla.

Um 6. gr.

Talið er sjálfsagt að trúnaðarmenn séu skipaðir í samráði við hagsmunasamtök fatlaðra, þ.e. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, enda þekkja þau samtök best til hvaða einstaklingar séu fallnir til starfsins.

Í stað svæðisbundins fyrirkomulags málefna fatlaðra, sem verður aflagt við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga, er lagt til að skipun trúnaðarmanns miðist við kjördæmi. Hugsanlegt er að í ljós komi þörf fyrir fleiri en einn trúnaðarmann í fjölmennum kjördæmum og á þeim svæðum þar sem landfræðilegar aðstæður mæla með slíku. Væntanleg kjördæmabreyting getur einnig breytt einhverju. Fjöldi trúnaðarmanna í hverju kjördæmi fer því eftir aðstæðum og þörfum og því er ekki lagt til að hann verði lögákveðinn.

Um 7. gr.

Grein þessi, sem fjallar um rétt einstaklinga til aðstoðar trúnaðarmanns og um verksvið hans, er tvíþætt:

Í a-lið er fjallað um að lögbundinn réttur fatlaðra til þjónustu og aðstoðar skuli virtur. Er hér um grundvallaratriði í hlutverki trúnaðarmanns að ræða. Sjónum er fyrst og fremst beint að lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sú áhersla tengist yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og því að ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eiga að taka til þjónustu sem fatlaðir eiga nú rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Hér er því um brýnt verkefni trúnaðarmanns að ræða.

Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er lögð áhersla á tengsl milli félagsþjónustu og annarrar þjónustu, svo sem varðandi heilbrigðismál, skólamál og atvinnumál. Sú áhersla er óbreytt í frumvarpi þessu og því gert ráð fyrir að til réttindagæslumanns sé einnig leitað ef einstaklingur telur sig ekki njóta lögbundins réttar á því sviði. Er það þá

verkefni trúnaðarmanns að styðja skjólstæðing sinn í slíkri réttindabaráttu og vísa málum til rétts aðila og fylgja þeim eftir.

Í b-lið greinarinnar er tekið á því hvort sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sé eftir þörfum og við hæfi hvers og eins. Í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga kemur fram sú grundvallarsýn að þjónusta taki mið af þörfum fólks og sé við hæfi þess, sbr. 2. gr. þess frumvarps. Rétt þykir að trúnaðarmanni sé sérstaklega ætlað að vinna að slíkum málum. Sem dæmi má nefna persónulega þjónustu sem fatlaðir fá á heimili sínu, þ.e. heimaþjónustu og liðveislu. Með heimili er átt við einkaheimili sem og sambýli eða áfangastaði. Mikilsvert er að slík þjónusta sé við hæfi hvers og eins, hún sé veitt í samráði við einstakling, honum sé sýnd virðing og þjónustan sé hvorki of né van. Einnig er í þessu sambandi bent á þjónustu stuðningsfjölskyldu, skammtímavistun, heimili fyrir fötluð börn o.s.frv.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið í aðalatriðum á um hvernig trúnaðarmaður skuli bregðast við erindi hins fatlaða, þ.e. hvernig starfshættir hans skuli vera. Tvö meginatriði skulu strax nefnd. Trúnaðarmaður skal ávallt vinna í samvinnu við hinn fatlaða eða talsmann hans. Trúnaðarmaður getur ávallt leitað til réttindagæslumanns og fengið aðstoð og leiðbeiningar, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Við lausn mála kemur í meginatriðum eftirfarandi til greina: Sé um að ræða ákvörðun félagsmálanefndar viðkomandi sveitarfélags sem hinn fatlaði unir ekki við aðstoðar trúnaðarmaður skjólstæðing sinn við málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og fylgir máli eftir.

Ef um er að ræða kvörtun, er tengist framkvæmd á einstökum þáttum félagsþjónustu, svo sem hvernig heimaþjónusta og liðveisla fer fram o.fl., veitir trúnaðarmaður stuðning til að greiða úr því máli eftir því sem við á hverju sinni.

Heyri mál undir stjórnvöld eða stofnanir utan félagsþjónustunnar sér trúnaðarmaður um að vísa máli til rétts aðila og fylgja því eftir.

Talsmaður í grein þessari er notað í sömu merkingu og í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. athugasemd við 10. gr. þess frumvarps. Þar segir svo um það efni: „Með talsmanni er hér átt við tvennt: Annars vegar lögráðamann eða ráðsmann samkvæmt lögræðislögum og forráðamann barna yngri en 18 ára samkvæmt barnalögum. Hins vegar getur verið um að ræða óformlega talsmenn þeirra sem treysta sér ekki til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sjálfir vegna fötlunar. Þar er fyrst og fremst átt við aðstandendur, en ef þeir eru ekki fyrir hendi geta t.d. hagsmunasamtök fatlaðra verið talsmenn einstaklings.“

Að öðru leyti verður kveðið á um starfshætti trúnaðarmanna í reglugerð, sbr. 11. gr.

Um 9. gr.

Það leiðir af eðli starfa réttindagæslumanns og trúnaðarmanna að þagnarskylda er órjúfanlegur þáttur í slíku starfi. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 10. gr.

Eins og frumvarp þetta ber með sér er lagt til að réttindagæsla fatlaðra verði á vegum ríkisins og þar með á þess kostnað.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt er talið að setja með reglugerð nánari reglur um störf réttindagæslumanns og trúnaðarmanna, svo sem um starfshætti trúnaðarmanna, skrifstofuhald réttindagæslumanns, o.fl.

Um 12. gr.

Gildistaka helst í hendur við gildistöku laga um félagsþjónustu sveitarfélaga en frumvarp til þeirra laga er flutt samhliða frumvarpi þessu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem lagt er til að réttindagæslumenn verði skipaðir til fjögurra ára er lagt til að lögin verði endurskoðuð að þeim tíma liðnum. Metið verði hvernig reynslan hafi verið. Sérstaklega er brýnt að svara því hvort þá sé enn talin þörf fyrir sérstaka réttindagæslu af þessu tagi fyrir einn þjóðfélagshóp, þ.e. fatlaða, og ef svo er hvort rétt sé að hún heyri undir félagsmálaráðherra.

Fylgiskjal I.

Bókun Landssamtakanna Þroskahjálp um frumvarp til laga um réttindagæslu fatlaðra.

Þrjár ástæður liggja að baki því að ég styð frumvarp þetta. Í fyrsta lagi er hér um að ræða sérlög um réttindagæslu fatlaðra, en þau hafa verið baráttumál Landssamtakanna Þroskahjálpar; þá nær réttindagæslan til allra fatlaðra óháð búsetu og loks nær hún til allra laga þótt meginhersla sé á félagsþjónustu sveitarfélaga. Við endurskoðun laganna má ætla að réttindagæslan muni ná jafnt til allra þátta þjóðfélagsins. Þess má geta að hugtökin „fatlaður“ og „fötlun“ koma fyrir í 26 íslenskum lögum. Í mörgum þeirra er fötluðum tryggður veigamikill réttur.

Lög um málefni fatlaðra frá 1992 eru réttindalög þar sem svæðisráðum er ætlað það hlutverk að standa vörð um réttindi fatlaðra til þjónustu. Þá er trúnaðarmönnum ætlað að gæta réttar fatlaðra á stofnunum. Þetta fyrirkomulag réttindagæslu hefur ekki gefist vel. Tvær ástæður skulu tilgreindar; svæðisráð hafa engan starfsmann og ekkert eftirlit er með því að trúnaðarmenn, sem eru í hlutastarfi, sinni skyldum sínum.

Það fyrirkomulag á réttindagæslu, sem hér er lagt til, á að geta risið undir nafni ef vel tekst til. Réttindagæslumaður á landsvísu skal halda öllum þráðum í hendi sér. Hann aðstoðar trúnaðarmenn í störfum þeirra en fylgist jafnframt með því að þeir sinni skyldum sínum. Árlega þarf réttindagæslumaður að gefa félagsmálaráðherra skýrslu um störf sín og trúnaðarmanna.

Til að trúnaðarmenn geti sinnt hlutverki sínu þurfa þeir að vera í fullu starfi og nauðsynlegt er að ákveða lágmarksfjölda þeirra, einn í hverju kjördæmi. Ekkert stendur um það í frumvarpinu.

Í ákvæði til bráðabirgða I í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er fjallað um Samstarfsnefnd málefna fatlaðra. Eðlilegt er að eitthvert formlegt samband sé á milli réttindagæslumanns og nefndarinnar.

Hugmyndir Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Landssamtökin Þroskahjálp mæltu eindregið með því að settyrðu sérlög um réttindagæslu fatlaðra enda vandséð að ákvæði um hana ætti samleið með félagsþjónustu sveitarfélaga. Í umboði samtakanna lagði ég fram hugmyndir um fyrirkomulag réttindagæslu. Þær voru mótaðar af réttindagæslunefnd samtakanna og samþykktar á formannafundi aðildarfélaga Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Markmið tillagnanna er tvíþætt. Annars vegar að ná fram betri og persónulegri réttindagæslu en nú er og hins vegar skapa vettvang til að vinna að þróunarstarfi, framtíðarskipulagi og jafnréttismálum fatlaðra. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að markmið laga um málefni fatlaðra er „að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi". Ekki er hægt að sjá hvernig þessu markmiði verði náð nema með markvissri áætlun, aðgerðum og fjármagni.

Tillögur Landssamtakanna Þroskahjálpar um réttindagæslu fela í sér eftirfarandi:

Embætti umboðsmanns fatlaðra og fötlunarráð.

Hlutverk umboðsmanns verði að stuðla að því að fatlaðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna, að koma í veg fyrir mismunun fatlaðra og ófatlaðra með sérstökum aðgerðum, vera talsmaður fatlaðra í samfélaginu og hafa hagsmuni og réttindi þeirra að leiðarljósi.

Helstu verkefni umboðsmanns verði:

a. að skoða og meta hvaða samfélagsþættir skipta máli til að flýta fyrir jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra;
b. að safna þekkingu á þjóðfélagsstöðu fatlaðra og afleiðingum fötlunar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og þjóðfélag þannig að á einum stað verði til nauðsynleg þekking á málaflokknum og yfirsýn;
c. að veita stjórnvöldum og stofnunum ráðgjöf, sem og fyrirtækjum og einstaklingum sem leituðu til hans, svo að úrbætur í þágu fatlaðra verði markvissar og byggi á nauðsynlegri þekkingu;
d. að fylgjast með setningu laga og reglugerða, kanna áhrif þeirra á hagi fatlaðra og benda viðkomandi stjórnvöldum á það ef áhrif eða afleiðingar lagasetninga leiddu til mismununar eða skerðingar á lífskjörum fatlaðra;
e. að fylgjast með þróun mála, lagasetningu eða öðru sem snertir málaflokkinn annars staðar á Norðurlöndum, innan Evrópusambandsins sem og á alþjóðavettvangi og beita sér fyrir umræðu um þróun eða nýjungar og koma ábendingum þar að lútandi til stjórnvalda;
f. að leita umsagnar heildarhagsmunasamtaka fatlaðra um mál sem fjallað verði um;
g. að gefa Alþingi árlega skýrslu um stöðu fatlaðra í þjóðfélaginu.

Í *fötlunarráði* eigi sæti sjö manns og sé umboðsmaður fatlaðra formaður ráðsins. Ráðið verði umboðsmanni fatlaðra til ráðuneytis. Í samvinnu við umboðsmann hafi ráðið frumkvæði að tillögum um breytingar í samfélaginu til bóta fyrir fatlaða og veiti jafnframt yfirvöldum umsagnir í málefnum sem snerta fatlaða.

Ráðið vaki yfir yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, þ.e. fylgist með að ríki og sveitarfélög standi við þá samninga sem gerðir hafa verið í tilefni af yfirfærslunni, og hafi með höndum eftirlit með því hvernig sveitarfélögin skila sínu nýja hlutverki í málaflokknum.

Samkvæmt frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga fellur þetta síðarnefnda í hlut Samstarfsnefndar um málefni fatlaðra.

Réttindagæslumenn.

Starfssvæði réttindagæslumanna verði þau sömu og landshlutaskipting samtaka sveitarfélaga. Þeir heyri undir umboðsmann fatlaðra og fötlunarráð og séu launaðir af ríkinu. Þeir hafi aðsetur og skrifstofu miðsvæðis í sínu umdæmi.

Réttindagæslumenn séu fulltrúar umboðsmanns fatlaðra hver í sínu umdæmi og tengiliðir umboðsmanns við fatlaða og svæðisbundin hagsmunasamtök þeirra. Réttindagæslumaður hafi milligöngu um ráðningu trúnaðarmanna og veiti þeim aðstoð og stuðning í starfi.

Réttindagæslumaður komi fram sem talsmaður fatlaðra í umdæmi sínu við meðferð mála fatlaðra í félagsþjónustunni eða fyrir úrskurðarnefnd í samvinnu við hinn fatlaða og/eða trúnaðarmann hans.

Trúnaðarmenn.

Trúnaðarmenn séu skipaðir eftir tilnefningu hins fatlaða sjálfs og/eða réttindagæslumanns í því umdæmi þar sem hinn fatlaði býr. Mikilvægt er að hinn fatlaði hafi möguleika á að velja sér sjálfur trúnaðarmann. Samið verði við hagsmunasamtök fatlaðra um að taka að sér að finna einstaklinga til að sinna hlutverki trúnaðarmanns.

Lokaorð.

Eins og hér hefur verið rakið er frumvarp til laga um réttindagæslu fatlaðra, sem nefndin stendur að, öllu veigaminna en hugmyndir Landssamtakanna Þroskahjálpar. Þrátt fyrir það vil ég ítreka þá skoðun mína að frumvarp nefndarinnar geti orðið veigamikill bakhjarl í baráttu fatlaðra til að ná fram rétti sínum.

Gerður Steinþórsdóttir.

Fylgiskjal II.

Athugasemd fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga við undirritun frumvarps til laga um réttindagæslu fatlaðra.

Í frumvarpinu er réttindagæslu fatlaðra beint með sérstökum hætti að félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. 7. gr. Undirritaður telur að réttindagæsla fatlaðra eigi að taka til allra réttinda fatlaðra með sama hætti, hver sem ber ábyrgð á þjónustunni.

Reykjavík 22. október 1999.

Jón Björnsson
fulltrúi Sambands íslenkra sveitarfélaga í nefnd
til endurskoðunar laga nr. 40/1991,
um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um réttindagæslu fatlaðra.

Frumvarp þetta er samið samhliða frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Frumvarpið er byggt á ákvæðum 37. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, en gert er ráð fyrir að þau lög falli niður við samþykkt frumvarps um félagsþjónustu sveitarfélaga. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að komið verði á fót skrifstofu réttindagæslumanns fatlaðra sem skipaður verði af félagsmálaráðherra og þjóni landinu öllu. Samkvæmt frumvarpinu er hlutverk réttindagæslumanns að aðstoða trúnaðarmenn fatlaðra í að sinna verkefnum sínum sem er að gæta réttinda allra fatlaðra en ekki eingöngu þeirra sem búa t.d. á sérstökum heimilum, eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Hlutverk réttindagæslumanns í samvinnu við trúnaðarmenn er að fylgjast með að sveitarfélög og aðrir stofnanir veiti fötluðum lögbundna þjónustu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að aukin útgjöld ríkisins nemi um 6,0–6,5 m.kr. Í frumvarpinu eru ákvæði um að lögin skuli endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku.

683. Frumvarp til laga [420. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

1. gr.

Inngangsmálsliður 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Lög þessi, að undanskildum ákvæðum IV. kafla um meðferð trúnaðarupplýsinga og V. kafla um samningsbundið uppgjör, taka ekki til.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 4. tölul. orðast svo: *Almennt útboð:* Sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar.
b. Við greinina bætast sex nýir töluliðir, svohljóðandi:
   17. *Afleiðusamningur:* Samningur þar sem uppgjörsákvæði byggist á breytingu einhvers þáttar, svo sem vaxta, gengis, gjaldmiðla, hlutabréfagengis, hlutabréfavísitölu eða verðs á hráefni. Andvirði slíks samnings er háð breytingu þessara viðmiðunarþátta á tilteknu tímabili.

18. *Framvirkur vaxtasamningur:* Afleiðusamningur sem kveður á um vaxtaviðmiðun á ákveðnu tímabili og reiknast vextir af fyrir fram ákveðinni grunnfjárhæð sem ekki kemur til greiðslu á. Samningurinn er gerður upp í lok samningstímans á fyrir fram ákveðnum uppgjörsdegi.
19. *Valréttarsamningur:* Afleiðusamningur sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa (kaupréttur) eða selja (söluréttur) tiltekna eign (andlag samnings) á fyrir fram ákveðnu verði (valréttargengi) á tilteknu tímamarki eða innan tiltekins tíma (afhendingardagur). Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, útgefandinn, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttarins við upphaf samningstímans.
20. *Framvirkur samningur:* Afleiðusamningur sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrir fram ákveðnum tíma í framtíðinni.
21. *Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningur:* Afleiðusamningur sem kveður á um vaxta- og/eða gjaldmiðlaskipti, þ.e. að samningsaðilar skiptist á höfuðstól tveggja mynta á ákveðnu gengi í framtíðinni og/eða vaxtagreiðslum yfir ákveðið tímabil.
22. *Samningsbundið uppgjör afleiðusamninga:* Samningur á milli tveggja eða fleiri aðila sem eiga fleiri en eina kröfu hver á annan um að í stað þess að gera upp hverja kröfu fyrir sig sérstaklega skuli láta kröfurnar jafnast hverja á móti annarri og aðeins mismunurinn (jaðargreiðsla) komi til greiðslu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum 2. og 3. málsl. 3. tölul.
b. 6. tölul. 1. mgr. orðast svo: Verðbréfamiðlun skv. 9. gr. setji tryggingu fyrir tjóni sem hún kann að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett með reglugerð.

4. gr.

11. gr. laganna verður 2. mgr. 10. gr. laganna.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 11. gr., svohljóðandi:

Starfsmenn fyrirtækis í verðbréfaþjónustu, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf skv. 8. og 9. gr., skulu hafa staðist próf í verðbréfamiðlun samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð.

Í tengslum við veitingu starfsleyfis og jafnskjótt og breytingar verða ber fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn skv. 1. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

6. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamönnum sínum í starfsemi sinni og ber þeim ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptamenn njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör í verðbréfaviðskiptum. Skulu

viðskiptamönnum, að teknu tilliti til þekkingar þeirra, veittar greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem þeim standa til boða.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu sýna fram á að 1. mgr. sé fylgt og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra með skýrum aðskilnaði einstakra starfssviða þeirra. Fjármálaeftirlitið skal staðfesta reglur fyrirtækjanna sem miða að þessu. Í reglunum skal gera sérstaka grein fyrir eftirliti innan fyrirtækisins með því að þeim sé fylgt. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fyrirtækjanna.

7. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja skv. 8. gr. eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum. Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveða nánar á um almennt útboð verðbréfa, svo sem um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs, tilkynningar um almennt útboð, reglur um fyrsta söludag almennra útboða og tilkynningar verðbréfafyrirtækja og annarra aðila, sem hafa milligöngu um almennt útboð, um heildarsölu verðbréfa í almennu útboði.

8. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal vegna eigin viðskipta með verðbréf sem því eru falin til sölu og vegna viðskipta eigenda virkra eignarhluta skv. 12. gr., stjórnenda, starfsmanna og maka framangreindra aðila meðal annars gæta eftirtalinna atriða:

1. að fyllsta trúverðugleika fyrirtækisins sé gætt,
2. að ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt,
3. að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum,
4. að tryggt sé að viðskiptin stangist ekki á við IV. kafla þessara laga,
5. að viðskiptin séu sérstaklega skráð,
6. að stjórn fyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu setja sér reglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Fyrirtæki ber að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir frávikum frá ákvæðum reglnanna. Þær skulu vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

9. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Um heimildir framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna fyrirtækisins varðandi þau atriði sem í 1. mgr. greinir fer eftir reglum sem stjórn fyrirtækisins setur og bankaeftirlitið staðfestir.

10. gr.

3. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna orðast svo: Tilkynningar til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan, sbr. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

11. gr.

Á eftir IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. KAFLI, **Samningsbundið uppgjör afleiðusamninga**, með þremur nýjum greinum, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra kafla og greina samkvæmt því:

a. (32. gr.)

Ákvæði þessa kafla taka til framvirkra vaxtasamninga, vaxta- og gjaldmiðlavalréttarsamninga, framvirkra vaxta- og gjaldmiðlasamninga, vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga og annarra afleiðusamninga með gjaldmiðla og vexti.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að þessi kafli skuli einnig gilda um aðra afleiðusamninga.

b. (33. gr.)

Skriflegur samningur, einn eða fleiri, milli tveggja aðila um að skyldur þeirra samkvæmt samningum þeim sem nefndir eru í 32. gr. skuli jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnun, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti, skal halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

c. (34. gr.)

Tryggingarréttindum vegna samninga sem nefndir eru í 32. gr. sem sett eru til tryggingar viðskiptum í greiðslujöfnunarstöð í samræmi við þær reglur sem gilda í stöðinni verður ekki rift samkvæmt ákvæði 137. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

12. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Daglegur stjórnandi rekstrarfélags skal uppfylla sömu skilyrði og framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti og hafa staðist próf í verðbréfamiðlun samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð. Honum er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

III. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að undanskilinni 7. gr., um almennt útboð verðbréfa sem tekur gildi 1. október 2000. Starfandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa lagað starfsemi sína að 5. gr. laga þessara fyrir 1. júlí 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um verðbréfaviðskipti hafa verið sett fjórum sinnum á síðasta hálfum öðrum áratug, árin 1986, 1989, 1993 og 1996. Með reglulegri endurskoðun laganna hefur verið reynt að smíða ramma sem gæti náð utan um hinn mikla vöxt og þá öru þróun sem verið hefur á íslenskum verðbréfamarkaði frá þeim tíma þegar fyrstu lögin um verðbréfaviðskipti voru sett. Lögin frá 1993 og 1996 voru hluti af aðlögun íslensks réttar að tilskipunum ESB á sviði verðbréfamarkaðar.

Mikill vöxtur hefur verið á verðbréfamarkaði síðan lög um verðbréfaviðskipti voru sett árið 1996. Sérstaklega hefur vöxturinn verið mikill á hlutabréfamarkaði. Fleiri hlutafélög eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands (VÞÍ) og veltan er meiri. Nú eru 75 félög skráð á Aðallista VÞÍ og var markaðsvirði þeirra um 370 milljarðar kr. í árslok 1999. Viðskipti með hlutabréf voru fyrir um 40 milljarða kr. á árinu 1999 sem er rúmlega þrefalt meiri velta en árið á undan. Minni velta var hins vegar í viðskiptum með spariskírteini og markaðsvíxla árið 1999 en árið áður. Markaðsverðmæti verðbréfa á VÞÍ er eftirfarandi:

Markaðsverðmæti bréfa sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.
Fjárhæðir í millj. kr.

	Staða 1998	Staða 1999
Spariskírteini	91.322	86.926
Húsbréf	119.089	156.521
Húsnæðisbréf	19.381	18.786
Ríkisbréf	5.610	15.874
Ríkisvíxlar	14.019	14.124
Bankavíxlar	18.112	21.579
Önnur skuldabréf	84.713	110.748
Verðbréfasjóðir	48.938	55.314
Hlutabréf	231.909	369.835
Alls	633.092	849.706

Heimild: Verðbréfaþing Íslands.

Frumvarp þetta, sem er samið í viðskiptaráðuneytinu, er ekki tilraun til heildarendurskoðunar á verðbréfaviðskiptalögunum. Hins vegar eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum sem taldar eru hæfa betur þeim aðstæðum á verðbréfamarkaði sem nú ríkja. Ef tekið er mið af þeirri öru þróun sem verið hefur á þessum markaði má leiða líkur að því að lög um verðbréfaviðskipti þarfnist reglulega breytinga við til að taka mið af nýjum aðstæðum.

Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru eftirfarandi:

1. Starfsmenn fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf skulu hafa staðist próf í verðbréfamiðlun (a-liður 3. gr., 4. gr., 5. gr. og 12. gr. frumvarpsins).
2. Aðskilnaður einstakra starfssviða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði gerður skýrari og verklagsreglur um eigin viðskipti þeirra, sem og eigenda þeirra, stjórnenda, starfsmanna og maka ítarlegri (6., 8. og 9. gr. frumvarpsins).
3. Krafa um starfsábyrgðartryggingu verði látin ná til verðbréfamiðlana en ekki verðbréfafyrirtækja (b-liður 3. gr. frumvarpsins).
4. Ákvæði eru sett um samningsbundið uppgjör tiltekinna afleiðusamninga (contractual netting) í tengslum við stöðu þeirra við gjaldþrot, nauðasamninga og greiðslustöðvun.

Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir þessum breytingum.

1. Kröfur um menntun tiltekinna starfsmanna fyrirtækja er stunda verðbréfaviðskipti.

1.1. Grundvöllur og þróun hæfisskilyrða verðbréfaviðskiptalaga um menntun.

Lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun.

Fyrstu lög um verðbréfaviðskipti voru lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Á þessum tíma voru skiptar skoðanir um það hvort almennt ætti að binda í lög að leyfis væri þörf til að stunda verðbréfamiðlun. Niðurstaðan varð sú að í þessum efnum yrði einkum að líta til hagsmuna þeirra sem leituðu eftir þessari þjónustu. Ráðgjöf um viðskipti á þessu sviði væru vandasöm og þörfnuðust umtalsverðar þekkingar, jafnt á hinni reikningslegu hlið viðskiptanna sem hinni lagalegu. Umtalsverðir fjármunir gengu á milli manna með þessum hætti og væri augljós sú hætta sem viðskiptamönnum gæti verið búin af misferli eða mistökum milligöngumanns. Var talið að hagsmunum viðskiptamanna yrði ekki veitt nægileg vernd fyrir umræddum hættum öðruvísi en að reynt yrði að tryggja að milligöngumaður um viðskiptin fullnægði ákveðnum almennum kröfum, m.a. varðandi menntun.

Í lögunum var það gert að skilyrði fyrir leyfi til að stunda verðbréfamiðlun að viðkomandi uppfyllti sérstök almenn menntunarskilyrði, þ.e. hefði lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði. Jafnframt var kveðið á um sérstaka heimild ráðherra til að ákveða í reglugerð að háð yrði sérstök prófraun fyrir umsækjendur sem hefði það að tilgangi að tryggja að leyfishafi hefði til að bera sérþekkingu á verðbréfaviðskiptum, enda voru hin almennum hæfisskilyrði ekki talin afgerandi í þeim efnum. Ekki varð þó úr því að slík reglugerð yrði sett og byggðu leyfisveitingar á almennum menntunarskilyrðum.

Lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun, voru felld úr gildi með lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, sem voru mun ítarlegri en lögin frá 1986 og að ýmsu leyti í samræmi við löggjöf nágrannalanda á þessu sviði. Í 3. gr. laganna var m.a. fjallað um hæfisskilyrði. Ákvæðið var nokkuð frábrugðið ákvæði eldri laga. Fallið var frá almennum menntunarkröfum og gert að skilyrði fyrir leyfisveitingu að umsækjandi hefði sótt námskeið í verðbréfamiðlun og lokið þar prófi. Forsendur þessa voru að ekki var talið víst að almenn háskólamenntun fæli í sér sérstaka kunnáttu í meðferð og miðlun verðbréfa. Þá þótti rétt að hafa inntökuskilyrði á slík námskeið rúm, m.a. svo að þeir sem störfuðu að verðbréfamiðlun, aðrir en forstöðumenn verðbréfamiðlunar og verðbréfafyrirtækis, sæktu einnig slíkt námskeið.

Á grundvelli laganna var sett reglugerð nr. 543/1989, um námskeið og próf til að öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar. Var þar kveðið á um sérstök nefnd, prófnefnd verðbréfamiðlara, sem viðskiptaráðherra skipaði, skyldi standa fyrir námskeiðum og prófum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og nefndist þetta próf verðbréfamiðlunarpróf. Eftir að nokkur reynsla var komin á framkvæmd reglugerðarinnar var hún endurskoðuð og sett reglugerð nr. 138/1992, um námskeið og próf til að öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar.

Lög nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti.

Lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, voru felld úr gildi með lögum nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti. Kröfur um sérstakt próf skv. d-lið 1. mgr. 3. gr. voru að mestu óbreyttar frá gildandi lögum að öðru leyti en því að nú var gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra gæti veitt undanþágu frá ákvæðinu mæltu sérstakar ástæður með því. Þótti eðlilegt að slík heimild væri fyrir hendi, enda gætu aðstæður umsækjenda, svo sem námsferill eða óumdeild starfsreynsla, verið með þannig að óeðlilegt væri að viðkomandi yrði gert að standast sérstakt próf.

Lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Núgildandi lög um verðbréfaviðskipti eru nr. 13/1996. Var samning þeirra þáttur í aðlögun íslensks réttar að ákvæðum saningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Við samningu frumvarpsins var að verulegu leyti stuðst við ákvæði eldri laga en þó voru gerðar nokkrar grundvallarbreytingar. Má þar m.a. nefna að gert var ráð fyrir að verðbréfamiðlun yrði einungis stunduð af hlutafélögum en ekki einstaklingum eins verið hafði og samhliða því voru lagðar til nokkrar breytingar á skilyrðum fyrir veitingu starfsleyfis.

Ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. núgildandi laga um verðbréfaviðskipti um menntunarskilyrði framkvæmdastjóra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu er svohljóðandi:

„Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum 2. og 3. málsl. 3. tölul. og hafi sótt nám í verðbréfamiðlun og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð eða öðru jafngildu námi að mati ráðherra.“

Á grundvelli þessa ákvæðis hefur verið sett núgildandi reglugerð nr. 300/1999, um próf í verðbréfamiðlun.

1.2. Reglugerð nr. 300/1999, um próf í verðbréfamiðlun.

Í reglugerð nr. 300/1999 kemur fram að prófnefnd veðbréfamiðlunar haldi próf í verðbréfamiðlun, svonefnt verðbréfamiðlunarpróf. Prófnefnd er skipuð til fjögurrra ára í senn og í henni eiga sæti fimm menn, fjórir samkvæmt tilnefningum og einn skipaður af ráðherra. Próf skulu haldin eigi sjaldnar en einu sinni á ári og skulu að jafnaði vera skrifleg. Próf skal auglýsa í fjölmiðlun með a.m.k. átta vikna fyrirvara. Ráðherra ákveður prófgjöld að fenginni tillögu prófnefndar og skal greiða þau fyrir tímamörk sem hún ákveður.

Prófnefnd tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr. Nefndin semur próflýsingu í viðkomandi grein og er hún látin liggja fyrir þegar námskeið er auglýst. Verðbréfamiðlunarpróf skiptast í þrjá hluta, I. almenna lögfræði, II. almenna viðskiptafræði og III. fjármagnsmarkaðinn.

Í I. hluta núgildandi námsefnislýsingar er fjallað um fræðikerfi íslenskrar lögræði, íslenska réttarskipan, ágrip úr réttarfari og viðfangsefni fjármunaréttar. Þá er fjallað um félagarétt, ábyrgðir, viðskiptabréf – víxla og tékka, veðréttindi og þinglýsingar. Í II. hluta er farið yfir grundvallarþætti í fjármunaútreikningum. Farið er í greiningu ársreikninga, skattamál og grunnatriðið í þjóðhagsfræði. Í III. hluta er síðan farið yfir lagareglur um fjármagnsmarkað og réttindi og skyldur verðbréfamiðlara. Þá er fjallað um starfsemi verðbréfasjóða, hlutabréf, skuldabréf, afleiður, samval verðbréfa og verðbréfasöfn og ráðgjöf.

Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfamiðlunarprófs. Þeir sem hafa lokið embættisprófi frá lagadeild Háskóla eru undanþegnir töku prófa í I. hluta. Þeir sem hafa lokið prófi frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands eru undanþegnir prófi í II. hluta. Þá getur prófnefnd veitt próftaka, sem um það sækir, undanþágu frá því að þreyta próf í einstökum greinum. Skilyrði þess að veita megi slíka undanþágu er að próftaki sýni fram á það með fullnægjandi hætti, svo sem með vottorði frá viðkomandi menntastofnun, að hann hafi staðist sambærilegt próf á háskólastigi að mati prófnefndar.

Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0–10. Til þess að standast verðbréfamiðlunarpróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn og 5,0 í einstökum prófum.

1.3. Almennt um breytingar þær er felast í frumvarpinu.

Eins og fram hefur komið skulu framkvæmdastjórar fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og daglegir stjórnendur rekstrarfélaga verðbréfasjóða hafa lokið prófi í verðbréfamiðlun. Þessi

krafa er hins vegar ekki gerð til stjórnenda annarra fyrirtækja á fjármagnsmarkaði, t.d. banka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

Forsendur hæfniskröfunnar voru þær að ráðgjöf um viðskipti á þessu sviði væri vandasöm og þarfnaðist umtalsverðar þekkingar, jafnt reikningslegrar sem lagalegrar. Var talið að viðskiptamönnum yrði ekki veitt nægileg vernd fyrir hættu á mistökum öðruvísi en að reynt yrði að tryggja að milligöngumaður um viðskiptin fullnægði ákveðnum almennum kröfum, m.a. varðandi menntun. Þegar fyrstu lög um verðbréfaviðskipti voru sett voru fyrirtæki í verðbréfaþjónustu lítil og framkvæmdastjórar þeirra höfðu með höndum flesta ef ekki alla þætti rekstrarins. Af þeim sökum var eðlilegt að hæfniskrafan tæki til þeirra.

Undanfarin ár hefur verðbréfamarkaðurinn hins vegar vaxið verulega og fyrirtæki í verðbréfaþjónstu að sama skapi. Hlutverk framkvæmdastjóra felst nú fyrst og fremst í almennri stjórnun fremur en að stunda og hafa milligöngu um viðskipti á markaði. Yfirleitt er það því ekki framkvæmdastjóri sem stundar hin daglegu viðskipti heldur aðrir starfsmenn fyrirtækisins. Þá er ljóst að þrátt fyrir að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á rekstri fyrirtæks sem slíkur er það ekki trygging fyrir því að þekking hans nái út til þeirra starfsmanna sem stunda dagleg viðskipti.

Af þessum ástæðum verður að telja að ekki sé nauðsynlegt að gera það að skilyrði fyrir starfsleyfi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að framkvæmdastjóri þess hafi lokið prófi í verðbréfamiðlun. Einnig verður að teljast óeðlileg mismunun að framkvæmdastjórar fyrirtækja í verðbréfaþjónustu þurfi að uppfylla þessi skilyrði umfram framkvæmdastjóra annarra fyrirtækja á fjármagnsmarkaði. Það er hins vegar í samræmi við upphaflegan tilgang reglnanna og stuðlar að auknu öryggi í verðbréfaviðskiptum að gera slíkar kröfur til þeirra starfsmanna fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem hafa daglega umsjón með starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf.

Í samræmi við þetta er sú breyting lögð til í frumvarpi þessu að þeir starfsmenn fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf skv. 8. og 9. gr. laganna skuli hafa lokið prófi í verðbréfamiðlun. Jafnframt er fallið frá þessari almennu kröfu varðandi framkvæmdastjóra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Engu að síður verður að telja líklegt að í flestum tilfellum sé skipulag fyrirtækjanna þannig að eðlilegt sé að framkvæmdastjórinn hafi lokið verðbréfamiðlunarprófi, sbr. athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fyrirtækin tilkynni Fjármálaeftirlitinu um þá starfsmenn sem skulu uppfylla þetta skilyrði.

Verði frumvarpið að lögum mun krafa um próf í verðbréfamiðlun ekki einungis ná til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu heldur einnig til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Það kemur til af því að um verðbréfaviðskipti þeirra gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti, sbr. 44. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Fyrrgreind krafa er áfram gerð til daglegra stjórnenda rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Próf og námskeið í verðbréfamiðlun hafa verið haldin hér á landi í um áratug. Mikil eftirspurn hefur verið síðari ár eftir þessu námi og hefur þátttaka í prófum aukist gífurlega. Nú hafa um 120 manns lokið prófi og má reikna með að sú tala eigi eftir að tvöfaldast a.m.k. á næstu tveimur árum. Áhugi á prófinu gefur til kynna að námsefnið endurspegli vel þarfir markaðarins og fjármálafyrirtæki telji það þjóna hagsmunum sínum að starfsmenn sæki námskeið og ljúki prófi, þrátt fyrir að tiltölulega fáir þurfi í raun á þeim starfsréttindum að halda sem að prófið veitir. Þessi mikli áhugi sem hér hefur verið lýst er mjög jákvæður og mikilvægt er fyrir þróun íslensks verðbréfamarkaðar að nám í verðbréfamiðlun styrkist enn frekar. Fyrirhuguðum breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti er ætlað að stuðla að því.

2. Aðskilnaður einstakra starfssviða og verklagsreglur um viðskipti.

Ein af meginstoðum verðbréfaviðskiptalaganna er 15. gr. sem kveður á um þá skyldu sem lögð er á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að gæta óhlutdrægni í viðskiptum. Viðskiptamaður fyrirtækisins skal njóta þess verðs og annarra skilmála sem almennt tíðkast á markaði milli óskyldra aðila.

Verðbréfafyrirtæki sinna margvíslegri þjónustu skv. 8. gr. laganna. Þau geta svo dæmi sé tekið stýrt eignasafni viðskiptavina sinna, sinnt móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum, stundað viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning og stundað ráðgjöf og greiningu. Þar sem þetta fer allt fram innan veggja sama fyrirtækis er hætta á hagsmunaárekstrum ávallt fyrir hendi, t.d. þegar verðbréfafyrirtæki á í viðskiptum fyrir eigin reikning við viðskiptamenn sína. Brugðist er við þessu með kröfu um aðskilnað einstakra starfssviða. Hvert starfssvið skal vera sjálfstætt í störfum sínum og traustir veggir, eða svokallaðir Kínamúrar, skilja þau að.

Sé aðskilnaðar ekki gætt er sá möguleiki fyrir hendi að árekstrar verði á milli hagsmuna og fyrirtæki glati trausti markaðarins. Grundvöllur starfsemi verðbréfafyrirtækja er að þau njóti trausts almennings og eiga fá fyrirtæki jafnmikið undir því að viðhalda því trausti.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði um aðskilnað einstakra starfssviða verði styrkt enn frekar til að tryggja betur en nú er að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Það er gert með því að Fjármálaeftirlitið staðfestir reglur fyrirtækjanna sem miða að því að tryggja þennan aðskilnað. Reglurnar skulu vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

Jafnframt eru í frumvarpinu gerð skýrari ákvæði 21. gr. laganna um reglur um eigin viðskipti félagsins og viðskipti eigenda, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra en náin tengsl eru á milli þeirrar greinar og 15. gr. Samkvæmt gildandi lögum er fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu skylt að setja sér verklagsreglur um tiltekin atriði og skulu þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Verklagsreglurnar eru keimlíkar frá fyrirtæki til fyrirtækis, enda höfðu Samtök verðbréfafyrirtækja forgöngu um að vinna staðlaðar verklagsreglur fyrir verðbréfafyrirtækin. Það er síðan fyrirtækjanna sjálfra að hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt. Engin viðurlagaákvæði eru í reglunum.

Frá því að verklagsreglurnar voru settar hefur komið í ljós að það er nokkuð mismunandi hvernig fyrirtæki túlka þær og misbrestur virðist vera á að þeim sé fylgt út í ystu æsar. Einkanlega hefur komið upp umræða um viðskipti starfsmanna og maka þeirra með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og um þátttöku starfsmanna í útboðum sem fyrirtæki þeirra hefur umsjón með. Verðbréfafyrirtæki hafa verið með verklagsreglurnar í endurskoðun enda hafa þau talið að hnökrar séu á þeim. Ákvæði um bann viðskipta starfsmanna og maka þeirra með óskráð bréf kemur t.d. í veg fyrir að maki starfsmanns fyrirtækis í verðbréfaþjónustu geti tekið við óskráðum bréfum sem hluta af launum sínum. Einnig hefur verið nefnt að almennt geti starfsmenn ekki keypt bréf í erlendum félögum á netinu en samkvæmt verklagsreglunum er starfsmönnum óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf nema í því fyrirtæki sem þeir starfa hjá. Verðbréfafyrirtækin hafa einnig verið með til skoðunar að bæta við reglurnar ákvæði um lágmarkseignarhaldstíma verðbréfa sem starfsmenn kaupa í því skyni að koma í veg fyrir spákaupmennsku.

Ekki er talið rétt að setja ákvæði í lög um það hvernig viðskiptum eigenda, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra skuli háttað. Hins vegar er lagt til að bætt verði við ákvæðum sem tryggi betur stöðu Fjármálaeftirlitsins við setningu og eftirfylgni þeirra reglna sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu setja. Þannig verði kveðið á um að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu

skuli gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir frávikum frá ákvæðum reglnanna og að þær skuli vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

3. Tryggingar fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Lagt er til að krafa um starfsábyrgðartryggingu verði einungis látin ná til verðbréfamiðlana en ekki til verðbréfafyrirtækja. Það fyrirkomulag er í samræmi við starfsábyrgðartryggingar í vátryggingastarfsemi þar sem vátryggingamiðlurum er gert skylt að afla sér starfsábyrgðartryggingar en ekki vátryggingafélögum.

Í lögum nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, var fyrst kveðið á um að verðbréfamiðlarar skyldu afla sér starfsábyrgðartryggingar hjá vátryggingafélagi eða bankatryggingar áður en þeir fengju starfsleyfi. Tryggingin skyldi bæta tjón sem verðbréfamiðlarar kynnu að baka viðskiptavinum með störfum sínum og var veitt þeim einstaklingum sem fengu leyfi ráðherra til verðbréfamiðlunar.

Með lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, varð sú breyting að leyfi til verðbréfamiðlunar voru ekki tengd ákveðnum einstaklingum heldur fyrirtækjum. Skyldan til töku starfsábyrgðartrygginga fluttist þá jafnframt yfir til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Núgildandi reglugerð um tryggingarskyldu vegna verðbréfamiðlunar og verðbréfaviðskipta er nr. 361/1993, með breytingu nr. 466/1993. Í reglugerðinni er kveðið á um fjárhæðarmörk. Starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlana bætir allt að 4,5 millj. kr. fyrir hvert einstakt tjónsatvik en heildarfjárhæð bóta getur þó ekki orðið hærri en 13,5 millj. kr. á ári. Sambærilegar tölur fyrir verðbréfafyrirtæki eru 9 millj. kr. og 27 millj. kr. Tölur eru miðaðar við verðlag ársins 1993.

Krafa um starfsábyrgðartryggingu verðbréfafyrirtækja átti betur við þegar starfsemi af þessu tagi var að ryðja sér til rúms hér á landi og lagaákvæði ekki eins ítarleg og nú. Verðbréfafyrirtæki þurfa að lúta ströngum reglum um eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum og innborgað hlutafé skal vera a.m.k. 65 millj. kr. Tilgangur þessara lagaákvæða er að tryggja að fyrirtækin séu fjárhagslega traust og geti mætt ýmiss konar fjárhagslegum áföllum. Verðbréfafyrirtæki eiga að vera við því búin að greiða skaðabætur fyrir hvert einstakt tjónsatvik upp á þær fjárhæðir sem kveðið er á um í reglugerðinni án þess að það hafi veruleg áhrif á greiðsluhæfi þeirra. Hins vegar geta verðbréfafyrirtæki að sjálfsögðu keypt sér tryggingu kjósi þau svo.

Viðskiptaráðuneytið hefur aflað sér upplýsinga hjá verðbréfafyrirtækjum um hvort reynt hafi á starfsábyrgðartrygginguna. Samkvæmt þeim hefur aðeins reynt á trygginguna hjá einu fyrirtæki frá því að krafa um starfsábyrgðartryggingu var sett í lög.

Þrátt fyrir afnám starfsábyrgðartryggingar geta viðskiptavinir sem lenda í ágreiningi við verðbréfafyrirtæki átt þess kost að fá skaðabætur greiddar án þess að höfða skaðabótamál. Slíkt úrræði fyrir viðskiptavini verðbréfafyrirtækja mun skapast með aðild Samtaka verðbréfafyrirtækja að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, en nýjar samþykktir fyrir nefndina eru nú í undirbúningi. Nefndin hefur frá 1995 verið vettvangur viðskiptamanna þangað sem þeir geta snúið sér með kvartanir vegna viðskipta við íslensk fjármálafyrirtæki sem aðild eiga að nefndinni. Nefndin hefur starfað samkvæmt samkomulagi á milli viðskiptaráðuneytisins, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða, og Neytendasamtakanna. Gert er ráð fyrir að nefndin verði vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu.

Vernd viðskiptavina verðbréfafyrirtækja jókst mjög með lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, en þau byggjast á tilskipun ESB nr. 97/9 um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Samkvæmt lögunum eru viðskiptavinir fyrirtækja í verðbréfaþjónustu tryggðir upp að vissu marki gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir viðskiptavini lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu fyrir að lágmarki 1,7 millj. kr., sé fyrirtækið ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafið fyrirtækið um endurgreiðslu á. Þetta nýja tryggingakerfi skarast að hluta við starfsábyrgðartryggingu verðbréfafyrirtækja. Starfsábyrgðartryggingin kæmi hins vegar að litlu gagni fyrir viðskiptamenn við gjaldþrot verðbréfafyrirtækis þar sem hámarksbætur fyrir hvert einstakt tjónsatvik eru ekki nema 9 millj. kr. samkvæmt reglugerð, eða rétt um 10 millj. kr. ef uppreiknað er til verðlags í dag.

Í frumvarpinu er lagt til að krafa um starfsábyrgðartryggingu verðbréfamiðlana sem starfa skv. 9. gr. laganna verði látin halda sér, enda eru kröfur um innborgað hlutafé þeirra mun lægri. Verðbréfamiðlanir skulu hafa að lágmarki 4,5 millj. kr. innborgað hlutafé við stofnun í samanburði við 65 millj. kr. innborgað hlutafé verðbréfafyrirtækja. Verðbréfamiðlanir sem starfa skv. 2. mgr. 9. gr. laganna og hafa því heimild til að stunda viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning skulu þó hafa innborgað hlutafé að lágmarki 10 millj. kr.

4. Samningsbundið uppgjör afleiðusamninga.

Með tilskipun 96/10/EB frá 21. mars 1996 um breytingu á tilskipun 89/647/EBE (um eiginfjárhlutfall lánastofnana) að því er varðar viðurkenningu lögbærra yfirvalda á samningsbundinni skuldajöfnun eru auknar heimildir lögbærra yfirvalda til að viðurkenna að ákveðin uppgjör er varða samninga sem tengjast vöxtum og gjaldeyri dragi úr áhættu við útreikning eiginfjárhlutfalls. Til þess þarf hið samningsbunda uppgjör að uppfylla ákveðin skilyrði, m.a. að komi til gjaldþrots mótaðila eigi lánastofnunin einungis heimtingu á að taka við eða beri skylda til að greiða nettóupphæð jákvæðs eða neikvæðs markaðsvirðis umræddra viðskipta. Tilskipun þessi varð hluti af EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/96.

Hinn 9. nóvember 1998 skipaði viðskiptaráðherra starfshóp til að gera tillögu að aðlögun íslensks réttar vegna tilskipunarinnar. Í hópinn voru skipuð þau Páll Gunnar Pálsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneyti, formaður, Guðbjörg Bjarnadóttir lögfræðingur, bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Sigurjón Geirsson, innri endurskoðandi Landsbanka Íslands, og Viðar Már Matthíasson prófessor, Háskóla Íslands. Þann 12. maí 1999 var Birgir Már Ragnarsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, skipaður formaður í stað Páls Gunnars Pálssonar.

Ákvæðum tilskipunarinnar var hrint í framkvæmd með reglum, dags. 8. janúar 1999, nr. 53/1999, um breytingu á reglum nr. 348/1996, um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Þrátt fyrir að ákvæðum tilskipunarinnar hafi verið hrint í framkvæmd er í tilskipun 96/10/EBE, sbr. og reglur 53/1999, það skilyrði sett fyrir því að unnt sé að nýta sér reglurnar að samningar um uppgjör hafi fullgilda lagastoð hvað varðar efni og réttaráhrif í því ríki eða þeim ríkjum sem aðilar samningsins hafa aðsetur. Slík lagastoð er ekki hér á landi og því ekki unnt að beita því hagræði sem felst í reglunum í viðskiptum við aðila búsetta hér á landi.

Þessi staðreynd og hið sérstaka eðli afleiðusamninga veldur því að æskilegt er að sérstakar reglur gildi um meðferð þeirra við gjaldþrot. Hér skiptir aðstaða íslenskra fyrirtækja og samkeppnisstaða íslensks fjármagnsmarkaðar einnig miklu máli, enda eru erlendir aðilar frekar tilbúnir til að semja við aðila sem búa við sérstakar gjaldþrotareglur varðandi afleiðusamninga.

Með vísan til þessa leggur fyrrgreindur starfshópur til breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti sem ætlað er að kveða á um stöðu uppgjörs tiltekinna afleiðusamninga þegar annar

samningsaðilinn fær greiðslustöðvun, gengst undir nauðasamninga eða verður gjaldþrota. Tillögur þessar koma fram í 1., 2. og 11. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laga nr. 13/1996. Skv. 2. mgr. 1. gr. þeirra eru tilteknir aðilar undanskildir ákvæðum þeirra, að undanskildum IV. kafla laganna um meðferð persónuupplýsinga. Lagt er til að fyrrgreindar undanþágur 2. mgr. taki að sama skapi ekki til ákvæða hins nýja V. kafla laganna um samningsbundið uppgjör, enda er reglunum ætlað að hafa almennt gildi.

Um 2. gr.

Lagt er til að síðasti liður skilgreiningarinnar um almennt útboð í 2. gr. laganna verði felldur brott, þ.e. „enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði“. Í núgildandi skilgreiningu er gengið skrefi lengra en í þeim reglum er varða opinbera skráningu verðbréfa og er grunnur reglna Verðbréfaþings Íslands hf. í þessu efni. Núverandi orðalag 4. tölul. 2. gr. gefur til kynna að þau verðbréf sem þegar eru skráð í kauphöll skuli undanþegin útboðsreglum. Ef aðrar reglur sem um þessi mál fjalla eru skoðaðar kemur í ljós að það er ekki ætlunin að skráð verðbréf verði undanþegin reglunni um almennt útboð. Því er ljóst að núgildandi lagagrein er til þess fallin að ýta undir misskilning í þessu efni og þykir því rétt að henni sé breytt í samræmi við þær reglur er almennt gilda á þessu sviði.

Jafnframt er lagt til að bætt verði við skilgreiningum á nokkrum hugtökum sem fram koma í tillögum að hinum nýja V. kafla laganna. Í kaflanum er fjallað um uppgjör tiltekinna afleiðusamninga og taldar eru upp nokkrar gerðir samninga sem falla undir lögin. Umrædd hugtök eru framandi og því talið rétt að skilgreina þau. Það er einnig gert til að tryggja samræmda túlkun á hugtökunum.

Í tillögu að 17. tölul. er hugtakið afleiðusamningur skýrt og í 18.–21. tölul. eru skilgreindar tilteknar gerðir af afleiðusamningum. Í tillögu að 22. tölul. er hugtakið samningningsbundið uppgjör síðan skilgreint. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Það skal tekið fram til skýringar að einnig er fjallað um afleiðusamninga í skilgreiningu á hugtakinu verðbréf í b-lið 3. tölul. greinarinnar. Þar er fjallað um skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa. Hér er átt við afleiðusamninga, sbr. hina nýju skilgreiningu frumvarpsins enda þótt það orð komi ekki beint fram í ákvæðinu.

Um 3. gr.

Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á 3. gr. laganna um skilyrði sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu þarf að fullnægja í tengslum við veitingu starfsleyfis. Hin fyrri lýtur að breytingum á 4. tölul. 1. mgr. um skilyrði sem framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skal fullnægja. Í frumvarpinu er lagt til að sú krafa að framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skuli hafa sótt nám í verðbréfamiðlun og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum eða öðru jafngildu námi að mati ráðherra, verði felld niður. Í stað þess verði tekið upp nýtt fyrirkomulag sem miðar að því að fleiri stjórnendur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu ljúki þessu prófi, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Rök fyrir þessari breytingu er að finna í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu.

Með þessari breytingu er ekki verið að leggja til að framkvæmdastjórar fyrirtækjanna verði alfarið undanþegnir kröfum um próf í verðbréfamiðlun. Í flestum tilfellum verður að ætla að skipulag fyrirtækjanna sé þannig að eðlilegt sé að framkvæmdastjórinn hafi lokið

verðbréfamiðlunarprófi. Ekki er þó loku fyrir það skotið að í einstaka tilfellum sé skipulag fyrirtækjanna, sérstaklega þeirra stærri, með þeim hætti að framkvæmdastjórinn hafi ekki daglega umsjón með starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf skv. 8. og 9. gr. laganna.

Seinni breytingin á þriðju greininni lýtur að starfsábyrgðartryggingu fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Lagt er til að krafa um starfsábyrgðartryggingu verði einungis látin ná til verðbréfamiðlana en ekki til verðbréfafyrirtækja. Það fyrirkomulag er í samræmi við starfsábyrgðartryggingu á vátryggingamarkaði þar sem vátryggingamiðlurum er gert skylt að afla sér starfsábyrgðartryggingar en ekki vátryggingafélögum. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frumvarpið um rökstuðning fyrir þessari breytingu.

Um 4. gr.

Lagt er til að 11. gr. verði 2. mgr. 10. gr. laganna. 10. og 11. gr. gildandi laga eiga vel saman og því ekkert til fyrirstöðu að koma þeim saman í eina grein. Með því móti skapast svigrúm til að bæta við nýrri 11. gr. án þess að raska að öðru leyti númeraröð lagagreina.

Um 5. gr.

Gerð er tillaga um nýja 11. gr. sem kveði á um hvaða starfsmenn fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skulu standast nám í verðbréfamiðlun en það eru þeir starfsmenn sem hafa með höndum daglega umsjón með starfsemi í tengslum við verðbréf skv. 8. og 9. gr. laganna. Hér er um að ræða starfsmenn sem eru yfirmenn sviða, deilda eða samsvarandi eininga innan fyrirtækjanna. Sem dæmi um yfirmenn starfseininga sem telja má eðlilegt að Fjármálaeftirlitið krefjist að lokið hafi prófi í verðbréfamiðlun eru yfirmenn markaðsviðskipta, einstaklingsviðskipta, verðbréfamiðlunar, eignarstýringar og áhættustýringar og annarra sambærilegra eininga. Starfstitlar þessara yfirmanna geta t.d. verið framkvæmdastjórar, sviðsstjórar eða deildarstjórar.

Búast má við að nokkurn tíma taki að festa þetta skipulag í sessi. Fyrir fram má búast við því að í verðbréfamiðlunum muni einn eða tveir starfsmenn þurfa að uppfylla þessi skilyrði og tveir til átta starfsmenn í verðbréfafyrirtækjum, allt eftir starfsemi fyrirtækisins og skipulagi. Ekki er ólíklegt að í fyrstu muni í einhverjum tilfellum leika vafi á því hvort starfsmaður skuli ljúka verðbréfamiðlunarprófi. Því er í 2. mgr. ákvæði um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að setja reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Verði slíkar reglur settar skulu þær miða að því að skera úr um vafatilvik.

Ástæða er til að geta þess sérstaklega að krafa um próf í verðbréfamiðlun mun ekki einungis ná til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu heldur einnig til viðskiptabanka og sparisjóða og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, verði frumvarpið að lögum. Það kemur til af því að um verðbréfaviðskipti viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti, sbr. 44. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Þetta er mikil breyting frá gildandi lögum þar sem aðeins er áskilið að framkvæmdastjórar fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skuli hafa lokið prófi í verðbréfamiðlun en ekki framkvæmdastjórar annarra fyrirtækja á fjármagnsmarkaði.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar ber fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu að tilkynna Fjármálaeftirlitinu hvaða starfsmenn hafa með höndum umsjón með starfsemi þeirri sem talin er upp í 1. mgr. Það er fyrirtækjanna sjálfra að haga starfsemi sinni og skipulagi með þeim hætti að 1. mgr. sé fylgt.

Um 6. gr.

Eins og segir í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er 15. gr. verðbréfaviðskiptalaganna ein af meginstoðum þeirra, en hún kveður á um þá skyldu sem lögð er á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að gæta óhlutdrægni í viðskiptum. Hér er lagt til að greinin verði gerð ítarlegri og skýrari.

Í fyrsta lagi er sú breyting gerð á 1. mgr. greinarinnar að í stað markmiðssetningar um að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skuli kappkosta að gæta fyllstu óhlutdrægni í starfsemi sinni verði skýrt kveðið á um að fyrirtækin skuli gæta fyllstu óhlutdrægni. Orðin „kappkosta að“ falla því brott.

Í öðru lagi er bætt við nýrri 2. mgr. Í henni er aðskilnaður einstakra starfssviða fyrirtækjanna styrktur enn frekar til að tryggja betur en nú er að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi þeirra. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið skuli staðfesta reglur fyrirtækjanna sem miða að því að tryggja þennan aðskilnað.

Þess er sérstaklega getið í 2. mgr. að í reglunum skuli gera sérstaka grein fyrir eftirliti innan fyrirtækisins með því að reglunum sé fylgt. Mikilvægt er að eftirlitið sé þannig að aðskilnaður sé tryggður. Það mætti t.d. gera með auknum verkefnum innri endurskoðanda eða með sjálfstæðum siðastjóra (e. compliance officer).

Í lok 2. mgr. segir að reglurnar skuli vera aðgengilegar viðskiptamönnum. Telja verður mikilvægt að viðskiptavinir geti auðveldlega haft aðgang að upplýsingum sem varða hagsmuni hans miklu, eins og þær reglur sem hér um ræðir sem og reglur skv. 21. gr. laganna. Vísast í því sambandi til umræðu um traust í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Með því að reglurnar séu aðgengilegar viðskiptamönnum er átt við að viðskiptavinur geti óskað eftir þessum reglum hjá viðkomandi fyrirtæki eða að þær séu aðgengilegar á heimasíðu eða í öðru kynningarefni fyrirtækisins.

3. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Í 20. gr. gildandi laga segir að tilkynna skuli Verðbréfaþingi Íslands um almennt útboð verðbréfa eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins í samræmi við reglur þingsins þar að lútandi. Jafnframt skulu verðbréfafyrirtæki eða annar aðili, sem hefur milligöngu um almennt útboð, tilkynna Verðbréfaþinginu um heildarsölu verðbréfa í almennu útboði á nafnverði og markaðsverði við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, sé hann fyrr. Seðlabanka Íslands er hins vegar heimilt, samkvæmt þessari grein, að setja nánari reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

Með lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulega tilboðsmarkaði, var einkaréttur Verðbréfaþings Íslands á verðbréfaþingsstarfsemi afnuminn og kveðið á um almenn skilyrði sem kauphallir þyrftu að uppfylla. Verðbréfaþing Íslands var síðan gert að hlutafélagi 1. janúar 1999. Ekki er því eðlilegt að Verðbréfaþingið gegni lengur því almenna hlutverki sem því er ætlað samkvæmt þessari grein. Því þarf að finna annað fyrirkomulag.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra setji reglugerð um þau atriði sem nú er kveðið á um í lögum og heiti einstakra hlutafélaga og stofnana verði felld út úr lögunum. Nú er í gildi reglugerð um almennt útboð verðbréfa, nr. 505/1993. Brýn þörf er á að endurskoða þá reglugerð vegna breyttra aðstæðna á markaði. Einnig eru í gildi reglur VÞÍ nr. 6, um gerð útboðsgagna og aðdraganda almenns útboðs verðbréfa, og reglur Seðlabankans nr. 253/1996, um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa. Þessar reglur mundu að hluta fara inn í nýja og endurskoðaða reglugerð um almennt útboð verðbréfa, verði frumvarp þetta að lögum. Ráðu-

neytið hyggst skipa nefnd fulltrúa eftirlitsaðila og fjármagnsmarkaðar til að vinna tillögur um reglur um framkvæmd almennra útboða.

Um 8. gr.

Lagt er til að nokkrar breytingar verði gerðar á 21. gr. laganna. Vísað er til almennra athugasemda við frumvarpið.

Í fyrsta lagi er lagt til að verklagsreglur um viðskipti eigenda fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði rýmkaðar frá því sem nú er, þannig að þær taki einungis til viðskipta þeirra sem eiga virkan eignarhlut í fyrirtækinu skv. 12. gr. laganna, þ.e. eignarhlutur sem nemur 10% eða meira af eigin fé þess eða atkvæðisrétti. Ástæðan er sú að eftir því sem eigendum lítilla eignarhluta í fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu fjölgar verður nær ókleift að hafa eftirlit með viðskiptum þeirra með þeim hætti sem kveðið er á um í verklagsreglunum.

Í öðru lagi er bætt við orðunum „meðal annars“ á undan upptalningu á þeim atriðum sem fyrirtækin eiga að setja í verklagsreglur sínar. Þetta er gert til að undirstrika að upptalningin er ekki tæmandi.

Í þriðja lagi er bætt við tveimur nýjum töluliðum í upptalningu á þeim atriðum sem gætt skal að í verklagsreglum. Annars vegar er bætt við að verklagsreglurnar miði að því að fyllsta trúverðugleika fyrirtæksisins sé gætt. Færa má rök fyrir því að þetta atriði felist í 1. og 2. tölul. gildandi 21. gr. en lagt er til að það verði sett hér inn til að leggja áherslu á mikilvægi trúverðugleika fyrirtækisins. Hins vegar er bætt við nýjum 4. tölul. um að þess sé gætt að tryggt sé að viðskiptin stangist ekki á við IV. kafla laganna, en sá kafli fjallar um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Í fjórða lagi er bætt við tveimur nýjum málsliðum í 2. mgr. greinarinnar. Þar er lagt til að kveðið verði á um að fyrirtækinu beri að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir frávikum frá ákvæðum verklagsreglna. Jafnframt er lagt til að reglurnar skuli vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

Um 9. gr.

Lagt er til að í 2. mgr. 24. gr. sé kveðið á um um heimildir framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis til setu í stjórn atvinnufyrirtækja eða þátttöku í atvinnurekstri að öðru leyti. Ástæðan er sú að það kann að vera óeðlilegt í sumum tilvikum að framkvæmdastjóra dugi að leita samþykkis stjórnar verðbréfafyrirtækisins ef hann eða aðilar honum tengdir ráða yfir meiri hluta hlutafjár fyrirtækisins.

Um 10. gr.

Lagt er til að í 2. mgr. 26. gr. laganna verði vísað almennt til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sbr. lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, í stað þess að vísað sé til einnar kauphallar, Verðbréfaþings Íslands hf. Þá er réttara, samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, að í stað þess að tilkynningar teljist opinberar þegar þeim hefur verið miðlað til kauphallar teljist þær opinberar þegar þeim hefur miðlað frá kauphöll. Þess vegna kemur orðið „þaðan“ í stað „þangað“.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er lagt er til að nýjum V. kafla verði bætt við lögin sem beri heitið „Samningsbundið uppgjör afleiðusamninga“ og verði þrjár lagagreinar, 32.–34. gr. Hvað varðar markmið og forsendur fyrir tillögunum er vísað til almennra athugasemda.

Í a-lið greinarinnar er tillaga að nýrri 32. gr. laganna. Í ákvæðinu er lagt til að gildissvið kaflans verði afmarkað við tiltekna afleiðusamninga sem gerðir eru í tengslum við gjaldmiðla og vexti. Taldir eru upp tilteknir samningar sem eru skilgreindir nánar í 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Ástæðan fyrir þessari afmörkun er sú að rétt þykir að takmarka á þennan hátt heimildir aðila til gera samninga sem geta raskað því jafnræði sem almennt gildir á milli aðila við greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrot. Þótti rétt að taka hér með samninga sem nú eru þekktir í viðskiptum lánastofnana en þó er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að þessi kafli skuli einnig gilda um aðra afleiðusamninga. Mun reynslan leiða í ljós hvort útvíkkun á reglunum sé æskileg.

Í b-lið greinarinnar er tillaga að nýrri 33. gr. laganna. Í frumvarpinu er lagt til að skriflegur samningur, einn eða fleiri, milli tveggja aðila um að skyldur þeirra samkvæmt samningum þeim sem nefndir eru í 32. gr. gr. skuli jafnast á hver á móti annarri, með skuldajöfnun, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrot, skuli halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. gr. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti.

Hér er fjallað um réttarstöðu höfuðsamninga milli tveggja aðila um jöfnun viðskipta samkvæmt undirsamningum, gagnvart ákvæðum 91. gr. og 100. gr. gildandi laga um gjaldþrotaskipti. Ástæðan fyrir undanþágunni frá 100. gr. er sú að þar er kveðið á um að hver sem skuldar þrotabúi geti dregið það frá sem hann á hjá því ef lánadrottinn hefur eignast kröfuna áður en þrír mánuðir voru til frestdags að fullnægðum frekari skilyrðum. Þessi þriggja mánaða frestur gerir það að verkum að kröfur annars aðilans samkvæmt undirsamningum á grundvelli höfuðsamningsins sem falla til innan þriggja mánaða frestsins verða ekki tækar til skuldajafnaðar. Þetta veldur óviðunandi röskun í samningnum enda eru réttindi og skyldur aðila samkvæmt slíkum samningum samofnar. Tilgangur með undanþágu frá 91. gr. gjaldþrotalaga er að koma í veg fyrir að þrotabú geti gengið inn í þá samninga sem eru hagstæðir fyrir búið en hafnað þeim eru eru óhagstæðir. Í flestum samningum er það þannig að báðir aðilar hafa gagn af samningnum þegar hann er gerður upp. Í afleiðusamningum er það hins vegar þannig að samningurinn felur í sér tap fyrir annan aðilann og samsvarandi hagnað fyrir hinn við uppgjörið. Þrotabú mundi þannig aðeins velja að ganga inn í þá samninga sem væru hagstæðir fyrir búið (cherry picking).

Talið er rétt að gera að skilyrði að slíkir höfuðsamningar séu skriflegir til að tryggja sönnun þeirra, enda geta þeir haft víðtæk réttaráhrif. Tekið skal fram að hér er um að ræða tvíhliða samninga en ekki milli fleiri aðila. Gert er ráð fyrir að hvers konar aðilar geti notfært sér heimildina. Hún er samkvæmt greininni afmörkuð við þá samninga sem taldir eru upp í 32. gr. samkvæmt frumvarpinu, þ.e. ef greinin á að eiga við er einungis er hægt að semja um það í höfuðsamningi að skyldur aðila samkvæmt þeim samningum sem þar eru taldir upp skuli jafnast hver á móti annarri. Ef fjallað er um fleiri samninga í höfuðsamningi en þá sem taldir eru upp gildir ákvæðið ekki um skyldur aðila samkvæmt þeim samningum.

Gert er ráð fyrir að heimildin taka til þess þegar samningar eru skuldajafnaðir, þeir endurnýjaðir eða við vanefnd. Sérstaklega er tekið fram að hún taki einnig til þess þegar annar aðilinn fær heimild til greiðslustöðvunar, gengur undir nauðasamninga eða verður gjaldþrota. Tekið skal fram að upptalning þessi getur fallið innan þess sem talið er vanefnd, enda er aðilum frjálst að semja um það sín á milli hvað teljist vanefnd á samningi. Rétt þótti hins vegar til áréttingar og til að koma í veg fyrir vafa að telja upp greiðslustöðvun, nauðasamning og gjaldþrot.

Í c-lið greinarinnar er gerð tillaga að nýrri 34. gr. laganna. Þar er kveðið á um að tryggingarréttindum vegna samninga þeirra sem nefndir eru í 32. gr. og sett eru til tryggingar viðskiptum í greiðslujöfnunarstöð í samræmi við þær reglur sem gilda í stöðinni verði ekki rift

samkvæmt ákvæði 37. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Er talið rétt að gera ráð fyrir að uppgjör samninga skv. 32. gr. verði framkvæmt í greiðslujöfnunarstöð og því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að tryggingum vegna slíks uppgjörs verði rift af þrotabúi.

Um 12. gr.

Greinin breytir 13. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 10/1993, með síðari breytingum. Í 13. gr. gildandi laga segir að daglegur stjórnandi rekstrarfélags skuli uppfylla sömu skilyrði og framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Með þeim tillögum að breytingum á verðbréfaviðskiptum sem raktar hafa verið í þessu frumvarpi verður ekki gerð sú krafa að framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu hafi lokið prófi í verðbréfamiðlun. Eðlilegt þykir hins vegar að sú krafa verði áfram gerð til daglegs stjórnanda rekstrarfélags. Því er lagt til að greininni verði breytt í samræmi við það.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um að starfandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skuli hafa lagað starfsemi sína að 11. gr. laganna fyrir 1. júlí 2001. Eðlilegt þykir að gefa fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu nokkuð rúman frest til þess að aðlaga starfsemi sína að þeirri miklu breytingu sem felst í greininni. Þessi rúmi aðlögunarfrestur gefur starfsmönnum þessara fyrirtækja, sem ætla má að gert yrði að hafa lokið prófi í verðbréfamiðlun, færi á að sækja námskeið í verðbréfamiðlun næsta vetur og ljúka prófi áður en tímafrestur sá sem kveðið er á um rennur út.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að auka almenna neytendavernd við kaup og sölu verðbréfa og styrkja stoðir íslensk verðbréfamarkaðar. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

684. Frumvarp til laga [421. mál]

um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar o.fl.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi eiga við um samninga um sölu eða leigu á vöru og þjónustu til neytenda þegar seljandi hefur atvinnu af því að selja eða veita þjónustu með fjarsölu (*fjarsölusamninga*) eða húsgöngusölu (*húsgöngusölusamninga*), sbr. þó ákvæði 3. og 4. gr. um samninga sem eru undanþegnir ákvæðum laganna.

Neytandi getur ekki afsalað sér réttindum sem honum eru veitt samkvæmt lögum þessum.

2. gr.
Skilgreiningar.

1. *Neytandi* merkir í lögum þessum einstaklingur sem kemur fram sem kaupandi í viðskiptum sem lög þessi taka til og í tilgangi sem telja má óskyldan starfi hans.
2. *Seljandi* er einstaklingur eða lögaðili sem vegna hlutaðeigandi viðskipta kemur fram í atvinnuskyni og gerir samninga við neytendur, svo og hver sá sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda.
3. *Húsgöngusala* er sala á vöru og þjónustu sem seljandi skipuleggur utan fastrar starfsstöðvar sinnar, svo sem á heimili neytanda eða vinnustað hans, og neytandi hefur hvorki óskað eftir né var kunnugt um að afhending vöru eða þjónustu væri hluti af sölu- eða þjónustustarfsemi seljanda, svo og annars konar farandsala.
4. *Húsgöngusölusamningur* er samningur seljanda og neytanda um kaup á vöru og þjónustu sem gerður er við húsgöngusölu.
5. *Fjarskiptaaðferð* er sérhver aðferð sem er nothæf til þess að stofna til samnings milli neytanda og seljanda án þess að þeir hittist.
6. *Fjarsala* er skipulögð sala á vöru og þjónustu þar sem notuð er ein, eða fleiri, fjarskiptaaðferð við gerð samnings.
7. *Fjarsölusamningur* er samningur seljanda og neytanda um kaup á vöru eða þjónustu sem gerður er með fjarskiptaaðferð.
8. *Símasala* er fjarsala þar sem neytandi gerir samning eða kauptilboð (pöntun) með samtali í síma eftir að hann hefur fengið upphringingu frá seljanda sem býður fram vöru eða þjónustu.

3. gr.
Undanþágur.

Ákvæði þessara laga taka ekki til:

1. Samninga um smíði, byggingu eða önnur réttindi í sambandi við fasteignir, þó ekki leigusamninga.
2. Samninga um kaup á verðbréfum, vátryggingum eða annars konar fjármálaþjónustu.
3. Samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis.
4. Sölu úr sjálfsölum.

5. Samninga um notkun á almenningssímum.
6. Uppboða á nýjum og notuðum lausafjármunum, enda séu slík uppboð opinber og verulegur hluti uppboðsþátttakenda staddir á uppboðsstaðnum.

4. gr.

Frekari undanþágur um húsgöngusölu.

Ákvæði laganna eiga ekki heldur við um eftirtalda húsgöngusölusamninga:

1. Samninga sem eru að verðmæti 4.000 kr. eða minna, en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 60 evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
2. Samninga þar sem ráðgert er framhald á sambandi neytanda og umboðsmanns seljanda með tilliti til yfirstandandi viðskipta eða annarra viðskipta síðar.
3. Samninga um reglubundna afhendingu matvöru, drykkjarvöru eða annarrar vöru sem ætluð er til heimilisnota.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. eiga ákvæði um húsgöngusölusamninga við um samninga um að látin skuli í té vara og hún felld að fasteignum.

5. gr.

Skylda seljanda til að veita upplýsingar.

Neytandi á rétt á eftirfarandi upplýsingum innan hæfilegs frests áður en samningur, sem lög þessi taka til, er gerður:

1. Nafn og heimilisfang seljanda.
2. Helstu eiginleikar vöru eða þjónustu sem samningurinn fjallar um.
3. Verð vöru eða þjónustu, þar með talin öll opinber gjöld, svo og afhendingarkostnaður, ef það á við.
4. Fyrirkomulag á greiðslum, afhendingu og hvenær hún fer fram.
5. Réttur til að falla frá samningi, sbr. þó ákvæði 10. gr.
6. Kostnaður við að nota fjarskiptaaðferð þar sem hann er reiknaður á annan hátt en sem grunngjald.
7. Gildistími tilboðsins og tilboðsverðsins.
8. Lágmarksgildistími samningsins.

Upplýsingar sem getið er um í 1. mgr. skulu vera skýrar og greinargóðar og vera aðgengilegar neytanda.

Auk þess er seljanda í símasölu skylt að taka hverju sinni fram nafn sitt og skal neytanda þegar í upphafi samtalsins gerð grein fyrir því að samtalið fer fram í viðskiptalegum tilgangi.

Um húsgöngusölusamninga gilda ákvæði 1. og 2. mgr. eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Skriflegar staðfestingar á veittum upplýsingum.

Neytandi skal fá skriflega staðfestingu, eða við fjarsölu staðfestingu á öðrum varanlegum miðli sem er fáanlegur og aðgengilegur neytandanum, á upplýsingum sem taldar eru upp í 1.–6. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Neytandi á rétt á upplýsingum samkvæmt þessari grein innan hæfilegs frests áður en samningur er efndur og ekki síðar en við afhendingu. Ef um er að ræða þjónustu ber að veita upplýsingar þegar samningur er gerður en þó aldrei síðar en fimm dögum eftir gerð samnings. Neytandi á ávallt rétt á:

1. Skriflegum upplýsingum um skilyrði og önnur atriði sem máli skipta ef neytandi vill notfæra sér rétt sinn til að falla frá samningi, sbr. 8. gr. Jafnframt ber að upplýsa neytanda

ef hann hefur ekki slíkan rétt vegna undanþáguákvæða laga þessara, þ.m.t. þeirra tilvika sem getið er í 10. gr.
2. Upplýsingum um heimilisfang seljanda (þ.m.t. ríkisfang) þar sem tekið er við kvörtunum neytanda, svo að gilt sé.
3. Upplýsingum um ábyrgðir og þjónustu sem seljandi veitir eftir að kaup á vöru eða þjónustu hafa farið fram, ef það á við.
4. Upplýsingum um skilyrði fyrir uppsögn samnings ef um er að ræða ótímabundinn samning eða samning sem er til lengri tíma en eins árs.

Ákvæði 2. mgr. eiga þó ekki við um fjarskiptaþjónustu sem veitt er og afhent í eitt tiltekið skipti og rekstrarleyfishafi þeirrar þjónustu tekur gjald fyrir, svo sem símatorgsþjónustu. Neytanda ber þó ávallt að fá upplýsingar um heimilisfang seljanda, sbr. 2. tölul. 2. mgr.

Þegar húsgöngu- eða fjarsölu sem lög þessi taka til er beint að íslenskum neytendum, eða markaðssókn seljanda fer að öðru leyti fram á Íslandi og á íslensku, ber að veita neytanda upplýsingar samkvæmt ákvæðum laga þessara á íslensku.

Fullnægi seljandi ekki ákvæðum þessarar greinar um upplýsingar til neytanda innan þess frests sem getið er um í 2. mgr. er samningurinn ekki bindandi fyrir neytanda.

7. gr.

Undanþágur frá upplýsingaskyldu.

Ákvæði 5. gr. um upplýsingaskyldu gilda þó ekki um samninga er varða:
1. Sölu á matvælum og öðrum daglegum neysluvörum sem afhentar eru á heimili eða vinnustað neytandans.
2. Sölu á hótelgistingu, flutningastarfsemi, sölu veitinga eða aðra samsvarandi þjónustu sem samið er um að skuli veitt á fyrir fram umsömdum tíma eða tímabili og það komi skýrt fram í samningnum.
3. Sölu á frístundaþjónustu, svo sem samninga er varða sölu á aðgangi að íþrótta- og menningarviðburðum eða annars konar sambærilegri frístundaþjónustu sem samið er um að skuli veitt á fyrir fram umsömdum tíma eða tímabili og það komi skýrt fram í samningnum.

8. gr.

Réttur til að falla frá samningi.

Húsgöngu- og fjarsölusamningur skuldbindur ekki neytanda fyrr en fjórtán dögum frá gerð hans og er neytanda heimilt að falla frá samningi innan þess frests án þess að tilgreina nokkra ástæðu eða greiðslu viðurlaga.

Hafi neytandi notfært sér rétt sinn skv. 1. mgr. er seljanda skylt að endurgreiða honum án nokkurs kostnaðar þær greiðslur sem hann hefur innt af hendi. Slík endurgreiðsla skal fara fram eins fljótt og kostur er og eigi síðar en eftir þrjátíu daga. Neytanda ber að skila eða endursenda seljanda vöruna. Eingöngu er heimilt að krefja neytanda um greiðslur vegna beins kostnaðar við að skila vörunni.

Hafi neytandi notfært sér rétt til að falla frá samningi samkvæmt þessari grein falla úr gildi allir lánssamningar sem hann hefur gert við seljanda eða þriðja aðila sem hefur milligöngu um að veita lán í tengslum við kaupin.

9. gr.

Frestur til þess að beita rétti til að falla frá samningi skv. 8. gr. telst frá þeim degi sem neytandi veitir vöru viðtöku eða, ef um er að ræða þjónustu, frá þeim degi sem samningur

er gerður, þó aldrei síðar en fimm dögum eftir gerð hans, og seljandi hefur fullnægt upplýsingaskyldu sinni skv. 6. gr.

10. gr.

Undanþágur frá rétti til að falla frá samningi.

Ákvæði 8. gr. taka ekki til eftirtalinna samninga:

1. Samninga um þjónustu hafi neytandi samþykkt að hún sé veitt áður en frestur til að falla frá samningi skv. 8. gr. laga þessara er útrunninn.
2. Samninga um kaup á myndböndum, hljóðupptökum eða hugbúnaði hafi neytandi rofið innsigli seljanda.
3. Fjarsölusamninga þar sem neytandi hefur sérpantað vöruna eða hún hefur verið sniðin á annan hátt að persónulegum þörfum hans, eða ef eðli vörunnar er slíkt að hún mun skemmast eða verða útrunnin innan frestsins.
4. Fjarsölusamninga um áskrift að dagblöðum og tímaritum.
5. Fjarsölusamninga um þátttöku í happdrætti eða öðru löglegu spili.

11. gr.

Efndir samnings og afhending vöru.

Seljandi skal afgreiða pöntun neytanda innan þrjátíu daga frá því að hún er gerð. Efni seljandi ekki sinn þátt samningsins þar sem varan eða þjónustan er ófáanleg ber að tilkynna neytanda það þegar í stað. Hafi hann greitt kaupverð að fullu eða hluta skal það endurgreitt án tafar og eigi síðar en eftir þrjátíu daga. Seljanda er þó heimilt að láta neytanda í té vöru (þjónustu) sem telst að öllu leyti sambærileg að gæðum og verði, enda hafi hann tekið það fram áður en samningur við neytanda var gerður. Þegar svo stendur á ber seljandi þó allan kostnað ef neytandi skilar vöru á grundvelli réttar síns til að falla frá samningi og skal það sérstaklega tekið fram í skilmálum seljanda.

12. gr.

Greiðslur með korti.

Fyrirtæki sem gefa út greiðslukort skulu setja skýrar reglur um það hvernig neytandi getur óskað eftir afturköllun á greiðslu hafi greiðslukort hans verið misnotað við gerð fjarsölusamnings sem ákvæði þessara laga taka til. Jafnframt skal þar kveðið á um hvernig endurgreiða skuli neytanda vegna ólögmætrar misnotkunar á greiðslukorti hans.

13. gr.

Ágengar söluaðferðir.

Óheimilt er að senda neytanda vöru eða þjónustu sem greiða á fyrir hafi hann ekki pantað vöruna eða þjónustuna.

Þegjandi samþykki neytanda þegar söluaðferðum er beitt skv. 1. mgr. er ávallt ógilt.

14. gr.

Bann við notkun á tilteknum fjarskiptaaðferðum.

Óheimilt er að nota símbréf eða sjálfvirk upphringingatæki við sölustarfemi sem lög þessi taka til nema neytandi hafi sérstaklega veitt samþykki sitt fyrir notkun slíkra fjarskiptaaðferða.

Seljendum vöru og þjónustu sem lög þessi taka til ber, áður en bein markaðssókn er skipulögð, að kanna skrá Hagstofu Íslands yfir þá sem vilja ekki að nöfn þeirra séu notuð við

markaðssetningu, sbr. ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Hafi neytandi óskað eftir því að vera færður í skrána er bein markaðssókn til hans óheimil.

Hafi neytandi ekki tilkynnt sig til skrár Hagstofu Íslands, sbr. 2. mgr., eða áskrifandi fjarskiptaþjónustu óskað eftir sérmerkingu í símaskrá í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga og seljandi sendir honum í beinni markaðssókn tölvupóst ber að gefa neytanda kost á að veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi notkun á þeirri fjarskiptaaðferð. Samþykki neytandi ekki sérstaklega áframhaldandi sendingar með tölvupósti eru þær framvegis óheimilar.

15. gr.

Réttarvernd neytenda.

Samtökum neytenda er heimilt að gæta hagsmuna neytenda innan sem utan dómstóla, samkvæmt ákvæðum laga þessara.

16. gr.

Lagaval.

Hafi í samningi sem lög þessi taka til verið vísað til þess að um samninginn skuli gilda lög í ríki sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins skal slíkum lögum ekki beitt um samninga sem lög þessi taka til nema neytandinn njóti betri verndar samkvæmt þeim.

17. gr.

Eftirlit.

Samkeppnisstofnun hefur eftirlit með viðskiptaháttum samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Nýti neytandi sér rétt til að falla frá samningi er lög þessi taka til skal um réttaráhrif þess fara eftir lögum um lausafjárkaup, einkum með tilliti til endurgreiðslu vöru eða þjónustu sem látin var í té og skila á móttekinni vöru, nema annað sé ákveðið í lögum þessum.

IV. KAFLI
Gildistaka, viðurlög o.fl.

19. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000. Frá sama tíma að telja falla úr gildi lög nr. 96 4. desember 1992, um húsgöngu- og fjarsölu.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1994, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985, um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva, og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/1998, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997, um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu í þeim tilgangi að lögleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997, um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga. Í 15. gr. tilskipunarinnar kemur fram að aðildarríkin skuli samþykkja nauðsynleg lög o.s.frv. eigi síðar en þremur árum frá gildistöku hennar. Framangreind tilskipun var birt í Stjórnartíðindum ESB 4. júní 1997 og því ber aðildarríkjum að hafa sett lög í samræmi við ákvæði hennar eigi síðar en 4. júní árið 2000. Ráðuneytið telur að þrátt fyrir ákvæði 103. gr. EES-samningsins sé eðlilegt að miða frest til lögleiðingar tilskipunarinnar við framangreint tímamark sem gildir fyrir aðildarríki ESB fremur en sex mánuðum eftir að tilskipunin hafi verið felld inn í EES-samninginn. Í því tilviki sem hér um ræðir var tilskipun 97/7/EB felld inn í EES-samninginn 6. mars 1998 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/1998 og samkvæmt túlkun EFTA-skrifstofunnar hefði því þurft að setja lög er lögleiddu ákvæði hennar sex mánuðum eftir þann dag eða eigi síðar en 6. september 1998.

Ráðuneytið telur miðað við markmið og eðli EES-samningsins fullkomlega eðlilegt að frumvarp þetta komi fram núna eða á svipuðum tíma og önnur ríki á hinum sameiginlega innri markaði leggja fram sín frumvörp, t.d. önnur ríki á Norðurlöndum. Reyndar hefur ráðuneytið tekið að nokkru leyti þátt í norrænu samstarfi ráðuneyta um lögleiðingu þessarar tilskipunar sem hefur verið afar gagnlegt við mat á leiðum til þess að lögleiða ákvæði hennar hér á landi. Rétt er að hafa framangreindar staðreyndir í huga, einkum með hliðsjón af minnisblöðum EFTA-skrifstofunnar, utanríkisráðuneytisins o.fl. þar sem ofarlega á blaði er að Ísland sé á „svörtum lista“ framkvæmdastjórnar EB vegna tregðu til að staðfesta ýmsar tilskipanir með stjórnskipulega bindandi hætti, en ein elsta EB-gerðin á þeim lista er tilskipun 97/7/EB. Ljóst er að ákvæði 103. gr. EES-samningsins getur ekki átt við lögleiðingu tilskipana á Íslandi eftir orðanna hljóðan að óbreyttri stjórnskipan landsins. Á Íslandi er byggt á sjónarmiðum um „tvíeðli“ þjóðaréttarins (e. dualistic). Með því er átt við að ef ákvæði í erlendum samningi eða í EB-gerð krefjast þess að sett séu ný lög eða þörf er á að breyta gildandi lögum geti það ekki orðið *stjórnskipulega bindandi* fyrr en Alþingi hafi lögfest slík ákvæði og þegnar landsins, sem og dómstólar og stjórnvöld, eru orðnir bundnir af slíkum ákvæðum með stjórnskipulega réttum hætti. Eins og mál standa nú verður hvorki séð að það sé raunhæft, né reyndar æskilegt, að Ísland verði stjórnskipulega bundið af slíkum ákvæðum í tilskipunum mörgum mánuðum, eða jafnvel árum, áður en önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu gefa slíkum ákvæðum réttaráhrif samkvæmt beinum ákvæðum í tilskipunum ESB um tímamörk þeim til handa til þess að lögfesta efni þeirra. Telji Alþingi mikilvægt að aðlaga málsmeðferð EB-gerða og veita þeim stjórnskipulegt gildi skv. 103. gr. EES-samningsins innan sex mánaða frá því að sameiginlega EES-nefndin tekur ákvörðun um að fella inn í samninginn EB-gerð kann þó að vera rétt að setja sérstakar reglur um þingmeðferð slíkra mála og réttaráhrif hennar. Á hinn bóginn kemur einnig til álita að í ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar verði sett aðlögunarákvæði sem kveði skýrt á um að þrátt fyrir ákvæði 103. gr. EES-samningsins sé nægjanlegt að Ísland uppfylli stjórnskipuleg skilyrði (þ.e. setningu laga þegar þess gerist þörf) innan sama frests og ESB-ríkjunum ber að setja lög um efnið, sbr. almenn gildistökuákvæði í tilskipunum. Slík tilhögun mundi ekki kalla á breytingar á stjórnskipuninni og með því móti yrði staða Íslands gagnvart framkvæmdastjórn ESB að þessu leyti hin sama og aðildarríkja að Evrópusambandinu. Eins og fyrr segir telur ráðuneytið rétt að framangreind sjónarmið komi fram nú enda í frumvarpinu verið að lögfesta eina þeirra mörgu tilskipana sem oftlega hafa verið nefndar sem dæmi um slælega frammistöðu Íslands við að tilkynna um að stjórnskipulegum skilyrðum sé fullnægt sbr. 103. gr. EES-samningsins. Af framansögðu má vera ljóst hverjar ástæður þess eru og hvernig ráðuneytið

telur að unnt væri að bæta málsmeðferðina að þessu leyti, en nánari ákvörðun um það er í höndum Alþingis í samráði við utanríkisþjónustuna.

Í tilskipun 97/7/EB, um fjarsölu, er að finna margvíslegar lágmarksreglur sem miða að því að veita neytendum vernd með tilliti til fjarsölu á vöru og þjónustu. Frumvarp þetta miðar að því að setja í innlendan rétt ákvæði tilskipunarinnar. Þegar samningar eru gerðir með aðstoð eins eða fleiri fjarskiptamiðla notar seljandi fjarskiptatæknina til að gera samning við neytanda án þess að þeir hittist. Eðlilegt er að við slíkar kringumstæður sé neytendum veitt aukin réttarvernd, svo sem víðtækari réttur til upplýsinga af hálfu seljanda svo og réttur til að falla frá samningi ef varan uppfyllir ekki við skoðun og móttöku þær forsendur sem hann lagði til grundvallar við kaupin og gat vænst að hún uppfyllti samkvæmt upplýsingum frá seljanda. Í frumvarpinu er einnig að finna takamarkanir sem varða beina markaðssókn til neytenda en á undanförnum árum hefur umræða og aðgerðir til verndar neytendum aukist vegna tilkomu nýrra aðferða og miðla, svo sem notkun símbréfa, tölvupósts og annarra ágengra söluaðferða. Í 14. gr. frumvarpsins eru m.a. ákvæði sem varða slíka markaðsstarfsemi. Auk þess má geta að dómsmálaráðuneytið hefur nýlega lagt fram frumvarp í því skyni að lögleiða tilskipun 95/46/EB, sbr. frumvarp til laga um persónuvernd og persónupplýsingar, einkum 28. gr. þess frumvarps þar sem lagðar eru til reglur til verndar einstaklingum þegar um beina markaðssókn er að ræða. Á Alþingi voru einnig samþykkt í lok ársins 1999 ný fjarskiptalög, nr. 107/1999. Í þeim lögum hefur íslenskur réttur verið aðlagaður ákvæðum í tilskipun 97/66/EB, um friðhelgi einkalífs á sviði fjarskipta, en þar má sérstaklega benda á 12. gr. tilskipunarinnar og 34. gr. laga nr. 107/1999. Í framangreindum ákvæðum er áskrifendum að fjarskiptaþjónustu veittur réttur með sérmerkingum, t.d. í símaskrá, að undanþiggja sig frá beinni markaðssókn með notkun síma, o.þ.h. fjarskiptaþjónustu.

Við undirbúning þessa frumvarps var ákveðið að jafnframt skyldi í frumvarpi þessu vera að finna ákvæði sem lögleiða tilskipun ráðsins 85/577/EB, um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva, en sú tilskipun var lögleidd með setningu laga nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu. Ótvírætt hagræði er af því fyrir neytendur og seljendur hafi ávallt gott yfirlit yfir þær reglur sem gilda og að slíkum reglum sé skipað innan sama lagabálks sé þess nokkur kostur. Ör þróun hefur verið á ýmiss konar söluaðferðum og í reynd hafa skilin milli mismunandi tegunda söluaðferða verið að eyðast. Þannig er t.d. algengt að samhliða því að stunda verslun á fastri starfsstöð skipuleggi seljandi auk þess netverslun eða aðrar tegundir fjarsölu. Ýmis rök eru því fyrir því að skipa ákvæðum þessara tilskipana á þennan hátt og munu önnur grannríki á Norðurlöndum fara svipaða leið við setningu laga um þetta efni, sbr. að öðru leyti athugasemdir við 1. gr.

Þess má geta að við lokaundirbúning málsins var ákveðið að bera frumvarpsdrögin undir hagsmunaaðila og var það gert í óformlegum samstarfshópi sem í áttu sæti auk Tryggva Axelssonar, deildarstjóra í viðskiptaráðuneyti, Björk Sigurgísladóttir lögfræðingur, af hálfu Neytendasamtakanna, og Sigríður Andersen lögfræðingur, af hálfu Verslunarráðs Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gildissvið frumvarpsins afmarkað, sbr. jafnframt skilgreiningar í 2. gr. Frumvarpinu er ætlað að ná til samninga um sölu á vöru og þjónustu sem gerðir eru við neytendur í fjarsölu. Með fjarsölu er átt við sölukerfi sem seljandi hefur skipulagt þar sem notuð er fjarskiptaaðferð (ein eða fleiri) til að gera samning við neytanda. Ýmsar nothæfar fjarskiptaaðferðir hafa þróast á undanförnum árum sem gera það kleift að gera samning án þess að seljandi og kaupandi hittist. Eldri aðferðir eru vel þekktar, t.d. póstlistar, en aðrar aðferð-

ir eru nýrri af nálinni, t.d. notkun tölvutækninnar. Eins og kemur fram í forsendum tilskipunarinnar hefur neytandinn hvorki séð vöruna í reynd né heldur kynnst eiginleikum þjónustunnar áður en gengið er frá samningnum. Af þessari ástæðu þykir því rétt að gera ríkari kröfur til upplýsingaskyldu seljanda og jafnframt lagt til að aðildarríkin kveði á um í lögum að neytendur hafi ávallt rétt til að falla frá samningi þegar um er að ræða kaup á vöru eða þjónustu með þessum hætti. Í því felst að neytanda er heimilt að skila vöru án skýringa og fá hana endurgreidda innan fjórtán daga frá því að fullgildur samningur var gerður milli hans og seljanda vöru eða þjónustu. Í lögum nr. 23/1997, um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, er að finna ákvæði af svipuðum toga, sbr. 6. gr. laganna.

Árið 1992 voru sett lög um húsgöngu- og fjarsölu, sbr. lög nr. 96/1992. Lögin voru sett til að innleiða ákvæði tilskipunar 85/577/EBE, um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva. Lögin tóku jafnframt til fjarsölu, þ.e. þegar um var að ræða kaup á vöru á grundvelli pöntunarlista eða annars konar vörukynningar án þess að kaupandi hafi átt þess kost að skoða vöruna.

Ljóst er að nú þegar nauðsynlegt er að setja ákvæði í landsrétt til að innleiða ákvæði tilskipunar 97/7/EB er það álit ráðuneytisins að það sé til bóta að í einum lagabálki finnist ákvæði um neytendavernd þegar notaðar eru söluaðferðir utan fastrar starfsstöðvar, svo sem fjarsala eða húsgöngusala. Af þeirri ástæðu hefur ákvæði laga nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu, verið fellt inn í frumvarp þetta. Neytendur og seljendur munu því hafa gleggri yfirsýn yfir réttindi sín og skyldur að lögum þegar vara eða þjónusta er keypt með þeim hætti.

Í 2. mgr. kemur fram að neytandi getur ekki afsalað sér þeim réttindum sem honum eru veitt samkvæmt lögum þessum. Slíkt samkomulag við neytanda væri því ógilt.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna ýmsar skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu. Hagræði er af því að skilgreina þá efnisþætti sem hugtökunum er ætlað að ná til og styðjast svo við hugtökin í frumvarpstextanum eins og þau hafa hér verið skilgreind.

Í 1. tölul. er *neytandi* skilgreindur eins og tíðkast hefur í öðrum lögum sem fjalla um neytendavernd, en hugtakið tekur til einstaklings sem í viðskiptum sem frumvarp þetta tekur til kemur fram í tilgangi sem er óskyldur starfi hans. Með því er m.a. átt við að kaupin tengist ekki starfi hans eða atvinnurekstri, en samkvæmt framangreindri skilgreiningu skiptir ekki máli hvers konar vöru eða þjónustu er um að ræða heldur hvort salan fer fram til neytanda án þess að viðskiptin tengist starfi hans eða atvinnustarfsemi sem hann rekur.

Í 2. tölul. er *seljandi* skilgreindur og merkir það í frumvarpinu einstakling eða lögaðila sem í atvinnuskyni stundar starfsemi sem fellur undir ákvæði þessa frumvarps. Í lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, er sett sem skilyrði til þess að mega stunda verslunaratvinnu að atvinnan sé skráð í samræmi við ákvæði í laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, ef um er að ræða t.d. einkafyrirtæki eða sameignarfélög. Ef verslunaratvinnan er starfrækt í formi hlutafélags eða einkahlutafélags er skilyrði þess að mega stunda verslunaratvinnuna samkvæmt lögum nr. 28/1998 að félagið sé skráð í hlutafélagaskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eða lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög, eftir því sem við getur átt.

Í 3. tölul. er *húsgöngusala* skilgreind en þar er um að ræða sölustarfsemi sem seljandi skipuleggur utan fastrar starfsstöðvar sinnar með því að fara á heimili neytanda eða vinnustað. Yfirleitt kemur seljandi ótilkvaddur til neytanda og býður fram vöru eða þjónustu með framangreindum hætti. Hafi neytandi veitt seljanda leyfi til þess að koma, eða beinlínis ósk-

að eftir komu hans kann sala á vöru og þjónustu að falla undir ákvæði þessa frumvarps, þ.e. þegar um er að ræða að neytanda var ókunnugt um að tilgangur seljanda með heimsókninni var liður í sölustarfsemi hans. Undir ákvæðið þessa frumvarps fellur einnig farandsala, en undir þá skilgreiningu fellur m.a. sala úr hreyfanlegum starfsstöðvum (t.d. bifreiðum sem innréttaðar kunna að vera sem verslanir), svo og sala á mörkuðum, sbr. nánar ákvæði laga nr. 28/1998, um verslunaratvinnu.

Í 4. tölul. er *húsgöngusölusamningur* skilgreindur en það er samningur um kaup á vöru eða þjónustu milli seljanda og neytanda sem gerður er í húsgöngusölu, sbr. skilgreiningu á því hugtaki í 3. tölul.

Í 5. tölul. er *fjarskiptaaðferð* skilgreind sem sérhver nothæf aðferð til þess að stofna til samnings milli neytanda og seljanda án þess að þeir hittist. Á Íslandi eru almennt ekki gerðar neinar sérstakar formkröfur svo að samningur geti talist gildur. Skilgreining á fjarskiptaaðferð er nauðsynleg sem liður í skilgreiningu á hugatakinu *fjarsala* en þar er hugtaksatriði að um sé að ræða samning um kaup á vöru eða þjónustu sem gerður er án þess að neytandi og seljandi hittist og hann sé gerður með notkun fjarskiptaaðferðar (einni eða fleiri) sem er nothæf til samningagerðar. Þegar ákvarða á hvort sölustarfsemi sé fjarsala og falli undir ákvæði frumvarpsins verður einnig að líta til þess að aðferð sú sem seljandi notar er þannig úr garði gerð að í henni felist hvatning til þess að gera tilboð og seljanda megi vera það ljóst. Þó svo að í auglýsingu seljanda vöru eða þjónustu komi fram símanúmer og heimilisfang hans er t.d. hæpið að telja að það sé það nægjanlegt til þess að telja að um fjarsölu sé að ræða. Hér verður því að meta hvort eðli og tilgangur söluaðferðinnar er til þess fallin að hvetja neytendur til að samþykkja tilboðið og kaupa vöruna eða þjónustuna án frekari skoðunar af hans hálfu og án þess að hann hitti seljanda. Ljóst er t.d. að markmið tilskipunarinnar er ekki að ná til „samninga“ um viðtalstíma t.d. hjá tannlækni, enda má líta þannig á að slíkur samningur sé aðeins hluti af víðtækara samkomulagi aðilanna, þ.e. að fram skuli fara tannviðgerð, en hún verður ekki framkvæmd án þess að aðilarnar hittist.

Í 6. tölul. er *fjarsala* skilgreind sem sala á vöru og þjónustu á grundvelli skipulagðs kerfis sem hann hefur sett upp í þessu skyni og hann býður neytendum upp á að gera samning um kaup á vöru eða þjónustu með notkun fjarskiptaaðferða og án þess að þeir hittist eða neytandi í reynd skoði þá vöru sem er andlag viðskiptanna. Til fjarsölu mundi einnig teljast tilboð sem seljandi kann að setja fram og eru augljóslega til þess fallin að neytendur geri pantanir í kjölfar þess og með notkun fjarskiptaaðferðar sem seljandi býður upp á. Í vafatilvikum yrði litið til þess hvað seljanda var ljóst um söluaðferð sína, eða hefði mátt vera ljóst, sbr. að öðru leyti athugasemdir um 5. tölul. Hér verður því að meta eftir atvikum hvort skipulag sölustarfseminnar er eins og að framan greinir og skiptir þá ekki meginmáli hvort seljandi telur sjálfur að sölustarfsemi hans sé ekki kerfi sem er skipulagt til fjarsölu. Með því að í skilgreiningunni er vísað til skipulagðs kerfis er því aðeins áréttað að atvik geta verið þau að vegna sérstakra kringumstæðna verði sölustarfsemi ekki talin vera fjarsala. Almennt má þó reikna með að seljendum sé að fullu ljóst hvort starfsemi er fjarsala eður ei. Í framkvæmd er þess því ekki að vænta að það verði erfiðleikum bundið að slá því föstu hvaða starfsemi er fjarsala sem fellur undir ákvæði þessa frumvarps.

Í 7. tölul. er *fjarsölusamningur* skilgreindur sem samningur sem gerður er milli neytanda og seljanda vöru eða þjónustu við fjarsölu sem seljandi skipuleggur og starfrækir.

Í 8. tölul. er *símasala* skilgreind sérstaklega, en þar er um að ræða eina tegund fjarsölu sem er allalgeng söluaðferð nú til dags. Í frumvarpinu er að finna ákvæði sem fjalla sérstaklega um þessa tegund fjarsölu og er því rétt að skilgreina hana sérstaklega.

Um 3. gr.

Í greininni eru taldir upp samningar sem falla utan gildissviðs frumvarpsins, sbr. m.a. ákvæði 3. gr. (1) tilskipunar 97/7/EB að því er varðar samninga sem eru undanþegnir frá ákvæðum tilskipunarinnar. Í 1. tölul. eru undanþegnir samningar um smíði eða byggingu á fasteignum, eða aðrir samsvarandi samningar sem varða fasteignir. Undir ákvæði frumvarpsins falla þó samningar um viðhald eða viðgerðir á fasteignum, svo og leigusamningar, sem gerðir eru við húsgöngu- eða fjarsölu.

Í 2. tölul. eru samningar um kaup á verðbréfum, vátryggingum eða annarri samsvarandi fjármálaþjónustu undanþegnir ákvæðum frumvarpsins. Þess ber að geta að þegar tilskipunin var samþykkt í ESB var ákveðið að framkvæmdastjórnin skyldi undirbúa sérstaka tilskipun um fjarsölu á fjármálaþjónustu, sbr. nú tillögu að tilskipun um það efni í skjalinu COM (1998) 468 final. Almennt er talið að þegar andlag samninga er réttindi þar sem verðið er mjög háð gengissveiflum, en það á t.d. við um verðbréf, sé nær útilokað að neytandi geti átt rétt til að falla frá samningi innan fjórtán daga. Á hinn bóginn kunni að vera nauðsynlegt að veita neytendum aukna vernd vegna fjarsölu á ýmiss konar fjármálaþjónustu, en það verði að gera að nokkru með annars konar ákvæðum en gilda eiga um sölu á vöru og þjónustu sem ekki telst vera fjármálaþjónusta.

Í 3. tölul. eru undanþegnir samningar um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis (e. timeshare), sbr. nú lög nr. 23/1997, sem taka til slíkra samninga. Lögin voru sett í því skyni að lögleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB, um verndun kaupenda vegna tilskilinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni. Í lögunum er að finna ítarleg sérákvæði að því er varðar upplýsingaskyldu og rétt neytenda til að falla frá samningi ef um er að ræða þess konar samninga og því ekki talin ástæða til að fella slíka samninga undir ákvæði þessa frumvarps.

Í 4. tölul. er sala úr sjálfsölum undanþegin. Undanþágan getur átt við margs konar tegundir sjálfsala, t.d. með gosdrykkjum, bensíni, farmiðum, en þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Í 5. tölul. eru samningar sem gerðir eru með notkun almenningssíma undaþegnir og í 6. tölul. eru samningar sem gerðir eru við uppboð á nýjum eða notuðum lausafjármunum undanþegnir, enda sé um opinber uppboð að ræða og verulegur hluti þátttakenda er á þeim stað þar sem uppboð fer fram. Hafi seljandi hins vegar skipulagt sölukerfi sem byggist á uppboðsaðferð sem söluaðferð og er alfarið skipulagt sem fjarsala kann slík starfsemi að falla undir ákvæði frumvarpsins. Framangreindar undanþágur eru og í samræmi við undanþágur í 3. gr. (1) í tilskipun 97/7/EB.

Um 4. gr.

Í almennum athugasemdum var þess getið að rétt þykir að sameina í einn lagabálk ákvæði um húsgöngu- og fjarsölusamninga. Í frumvarpinu er að mestu gert ráð fyrir að sömu skyldur og réttindi tengist slíkum samningum. Þannig má t.d. nefna að seljendum ber að veita neytendum sams konar upplýsingar í samræmi við ákvæði frumvarpsins hvort sem um er að ræða húsgöngu- eða fjarsölusamning. Jafnframt er neytendum í báðum framangreindum tilvikum veittur réttur til að falla frá samningi og er eðlilegt að frestur neytanda til að notfæra sér hann sé hinn sami, þ.e. fjórtán dagar, hvort heldur um er að ræða kaup á vöru eða þjónustu við húsgöngu- eða fjarsölu. Þegar um er að ræða húsgöngusölusamninga er þó heimilt að undanskilja nokkrar tegundir samninga (sbr. nánar ákvæði í tilskipun 85/577/EB) og eru slíkar heimildir notaðar í þessari grein, sbr. 1.–3. tölul.

Um 5. gr.

Hér er að finna ákvæði um skyldu seljanda til að veita neytanda að lágmarki þær upplýsingar sem taldar eru upp í 1.–8. tölul., sbr. einnig til hliðsjónar ákvæði í 4. gr. tilskipunar 97/7/EB. Seljanda ber samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að veita neytanda á skýran og greinargóðan hátt þær upplýsingar sem taldar eru upp í 1.– 8. tölul. 1. mgr. Þessi atriði má segja að hafi þegar fallið undir ólögskráðar reglur um góða viðskiptahætti, svo og aðrar almennar reglur sem miðað er við í samningalögum.

Í 1. tölul. er tekið fram að neytandi á rétt á að fá upplýsingar um nafn seljanda, en þar er átt við nafn skráðs atvinnureksturs, sbr. ákvæði laga nr. 28/1998, og um skráð heimilisfang seljanda. Ekkert er því til fyrirstöðu að auk nafns hins skráða seljanda sé gefið upp nafn sölu- eða afgreiðslumanns, eftir því sem við getur átt.

Í 2. tölul. er að finna ákvæði sem er í samræmi við almennar reglur sem gilda um markaðsfærslu á vöru og þjónustu til neytenda en víða í lögum hafa verið sett sérstök ákvæði sem kveða á um skyldu seljenda til að upplýsa um helstu eiginleika vörunnar, t.d. reglur um innihaldslýsingar, viðvaranir um hættulega eiginleika vöru o.s.frv. Auk sérákvæða í lögum sem kunna að gilda um einstakar vörur mun það að öðru leyti fara eftir tegund og eðli vörunnar hversu ítarlegar upplýsingar þarf að veita hverju sinni.

Í 3. tölul. eru ákvæði um skyldu til að upplýsa um verð vöru eða þjónustu en ákvæðið er í samræmi við almennar reglur um verðmerkingar.

Í 4. tölul. er tekið fram að veita verður greinargóðar upplýsingar um fyrirkomulag á greiðslum fyrir vöru eða þjónustu sem seld er neytanda, svo og skýra frá atriðum sem máli skipta og varða afhendinguna, t.d. hvort neytandi samkvæmt samningnum hafi skuldbundið sig til fleiri en einnar afhendingar á vöru, þ.e. hvort uppsögn samningsins sé á einhvern hátt takmörkuð, o.s.frv. Einnig ber að taka fram ef neytandi á að greiða kostnað af afhendingu vörunnar, t.d. póstsendingarkostnað.

Í 5. tölul. er tekið fram að upplýsa verður neytanda um rétt hans til þess að falla frá samningi sér að kostnaðarlausu samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, sbr. 8. gr. Einnig ber að upplýsa neytanda þegar slíkur réttur er ekki fyrir hendi, sbr. sérstakar undanþágur frá þeim rétti skv. 10. gr. Almenna reglan er hins vegar sú að neytandi hefur slíkan rétt og verður seljandi að taka það skýrt fram í samningi sem hann gerir við neytanda og frumvarp þetta tekur til.

Í 6. tölul. kemur fram að seljanda ber að upplýsa neytanda um kostnað við notkun á fjarskiptaaðferð, einkum þegar um er að ræða meiri kostnað en neytandi getur almennt vænst við notkun aðferðarinnar, t.d. sérgjöld við notkun ákveðinna símanúmera og því um líkt.

Samkvæmt ákvæði 7. tölul. ber seljanda að taka skýrt fram hversu lengi tilboðið stendur og það verð sem boðið er. Ef tilboðið er háð öðrum sérstökum skilyrðum bæri einnig að taka það sérstaklega fram. Samkvæmt almennum reglum ber að veita upplýsingar um tilboðsfrest í síðasta lagi þegar tilboð er sett fram. Þær skulu vera skýrar og greinargóðar, sbr. 2. mgr. Seljanda ber almennt engin skylda til að setja ákveðinn frest samkvæmt þessari grein en geri hann það ekki verður að líta svo á að um frestinn fari samkvæmt ákvæðum samningalaga. Við munnlegt tilboð, svo sem í símasölu, bæri neytanda að fá upplýsingar um hvort nauðsynlegt sé að hann taki tilboðinu strax en við önnur tilboð gilda einnig almennar reglur samningalaga, sbr. einkum 3. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Í 8. tölul. er að finna ákvæði um er varðar lágmarksgildistíma samnings en það á að sjálfsögðu aðeins við þegar um er að ræða samninga þar sem afhenda á vöru eða þjónustu smátt og smátt, eða í fleiri en eitt tiltekið skipti.

Í 3. mgr. er tekið fram að upplýsa skal þegar í upphafi hvort samtalið fari fram í viðskiptalegum tilgangi þegar hringt er til neytanda í síma, svonefnda símasala. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um 6. gr.

Neytanda ber ávallt réttur til að fá skriflega staðfestingu á upplýsingum sem seljanda er skylt að veita, sbr. 5. gr., en þar er kveðið á um hvaða upplýsingar neytandi á rétt á að fá fyrir fram og áður en samningur er gerður (sjá hér jafnframt ákvæði 5. gr. tilskipunar 97/7/EB). Í þessari grein kemur hins vegar fram hvaða upplýsingar verði að leggja fram að lágmarki þegar samningur er gerður milli neytanda og seljanda, en það eru í fyrsta lagi sömu upplýsingar og taldar eru upp í 1.–6. tölul. Neytandi á því rétt á að fá framangreindar upplýsingar skriflega á pappír eða með notkun annarra miðla sem koma að sambærilegum notum. Þannig mætti t.d. við fjarsölu veita framangreindar upplýsingar skriflega með notkun tölvutækninnar sem notuð er við fjarsöluna. Í greininni er tekið fram að upplýsingarnar skuli vera skriflegar og á „varanlegum miðli“ en þar er einkum átt við að neytandi geti varðveitt og geymt upplýsingarnar í hæfilegan tíma, svo sem með því að vista þær á harða diskinum í tölvunni, og endurheimt þær ef þörf krefur, t.d. með útprentun síðar.

Í 1. mgr. eru tilgreindar þær almennu upplýsingar sem skylt er að veita áður en samningur er gerður, sbr. nánar ákvæði þessarar málsgreinar. Auk framangreindra upplýsinga ber seljanda einnig að upplýsa neytanda um þau atriði sem talin eru upp í 1.–4. tölul. 2. mgr.

Í 2. mgr. er tekið fram að yfirleitt ber seljendum að fullnægja upplýsingaskyldu sinni innan „hæfilegs tíma“ áður en samningur er efndur en þó aldrei síðar en þegar afhending vöru fer fram. Ef um er að ræða þjónustu er miðað við að seljandi fullnægi upplýsingaskyldu sinni þegar samningur er gerður. Atvik kunna þó að vera með þeim hætti að notuð er fjarskiptaaðferð við fjarsöluna sem krefst þess að seljandi sendi neytanda sérstaklega upplýsingar sem honum er skylt að veita samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Miðað er við að hann hafi fimm daga frest til þess að uppfylla framangreinda skyldu en það ætti að vera nægilegur tími til að senda með pósti eða á annan hátt upplýsingar sem skylt er að veita samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Hafi seljandi að öllu leyti fullnægt upplýsingaskyldu sinni og formkröfum að þessu leyti liggur fyrir fullgildur fjarsölusamningur milli hans og neytanda. Frá og með þeim tíma byrjar því frestur að líða sem neytandi hefur til þess að beita rétti sínum til að falla frá samningi samkvæmt ákvæði 8. gr. frumvarpsins, sbr. 9. gr. þess.

Í 1. tölul. er tekið fram að seljandi skuli upplýsa neytanda um það hvort hann eigi rétt til að falla frá samningi samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Auk þess verður seljandi samhliða að upplýsa neytanda um önnur atriði sem máli skipta, t.d. um takmarkanir á rétti hans til að falla frá samningi, sbr. nánar ákvæði 10. gr.

Í 2. tölul. er tekið fram að seljandi verður að tilgreina heimilisfang þar sem tekið er við kvörtunum neytanda um vöru eða þjónustu sem hann hefur keypt, og reynist gölluð eða svarar ekki á annan hátt til þeirra forsendna sem lágu að baki kaupunum. Ekki nægir að finna megi seljendur á netinu (rafrænt heimilisfang) heldur verður neytandi að geta snúið sér til skrifstofu eða ákveðins staðar þar sem tekið er við kvörtunum um vöru eða þjónustu.

Í 3. tölul. er tekið fram að upplýsa skal neytanda um hvaða ábyrgð gildir á seldum hlut og hvernig viðhaldsþjónustu sé háttað. Einnig hvort hún sé yfirleitt veitt fyrir selda vöru eða þjónustu.

Í 3. mgr. er tekið fram að undanþegnir frá upplýsingaskyldu samkvæmt þessari grein eru aðilar sem stunda svonefnda símatorgsþjónustu. Í slíkum tilvikum er það handhafi leyfis sem veitt er til að reka fjarskiptaþjónustu sem tekur sjálfkrafa gjald fyrir þjónustuna og neytanda

er það ljóst er hann kaupir þjónustuna. Neytanda ber þó ávallt réttur til þess að fá upplýsingar um heimilisfang raunverulegs seljanda og skipuleggjanda þjónustunnar, t.d. ef hann vill beina þangað kvörtunum um þjónustuna.

Í 4. mgr. er tekið fram að ef um er að ræða húsgöngu- eða fjarsölu sem beint er að íslenskum neytendum skuli upplýsingar sem skylt er að veita samkvæmt ákvæðum frumvarpsins vera á íslensku.

Í 5. mgr. kemur fram að ef seljandi fullnægir ekki upplýsingaskyldu sinni í samræmi við ákvæði þessa frumvarps sé samningurinn ekki bindandi fyrir neytanda.

Um 7. gr.

Í nokkrum tilvikum ber seljanda ekki skylda til að veita neytanda allar þær upplýsingar sem skylt er að veita, sbr. 5. gr., og er undanþágur frá þessari skyldu að finna í 1.–3. tölul. þessarar greinar. Framangreind undanþága byggist á ákvæði 3. gr. (2) í tilskipun 97/7/EB en þar segir að ákvæði 4., 5., 6. og 7. gr. (1) tilskipunarinnar skuli þó ekki gilda um samninga um útvegun matvöru og annars sem ætlað er til daglegrar neyslu og sem sent er heim til neytanda. Sama á við um samninga um gisti-, flutninga-, tómstundaþjónustu o.fl.

Meginástæður þess að nauðsynlegt er að undanþiggja slíka samninga er að vegna eðlis þeirra viðskipta þykir ekki rétt að að ákvæði frumvarpsins um upplýsingaskyldu taki til þeirra.

Í 1. tölul. er afhending á daglegum neysluvörum á heimili eða vinnustað neytanda undanþegin ákvæðum frumvarpsins um upplýsingaskyldu. Það á einnig við ef afhendingin fer fram í öðrum dvalarstöðum, t.d. í sumarbústað neytandans.

Í 2. tölul. er hótelgisting undanþegin en það tekur ekki einungis til hótelherbergja, heldur einnig til leigu á sumarbústöðum í skamman tíma, gistingar á farfuglaheimilum og annarra samsvarandi gistimöguleika um skamman tíma. Flutningastarfsemi er einnig undanþegin, en með því er átt við flutning með hvers kyns samgöngutækjum, þ.e. flugvélum, langferðabifreiðum o.s.frv. Sala veitinga og samsvarandi þjónustu er einnig undanþegin, en þar er aðallega átt við veitingasölu á veitingahúsum og þegar þjónustan felst í því að selja og framreiða tilbúinn mat, t.d. á pizzugerðarstöðum. Samkvæmt ákvæðinu nær undanþágan til samninga um að slík þjónusta skuli veitt á fyrir fram umsömdum tíma eða tímabili, þ.e. venjulegar pantanir neytenda um gistingu á tilteknum degi eða einstakar pantanir á tilbúnum mat. Í öðrum tilvikum bæri seljendum að fara eftir ákvæðum frumvarpsins.

Í 3. tölul. er frístundaþjónusta einnig undanþegin ákvæðum frumvarpsins um upplýsingaskyldu eins og þjónusta sem nefnd er í 2. tölul. og með sömu skilyrðum, þ.e. að samið hafi verið um að hún skuli veitt á fyrir fram umsömdum tíma. Þessi undanþága miðast því við að undanskilja þau tilvik þegar neytandi pantar aðgöngumiða að tiltekinni uppákomu, t.d. fótbolta- eða tennisleiki. Hugtakið er ekki að öllu leyti fastmótað en í enskri útgáfu að tilskipuninni er notað hugtakið „leisure activities“. Á undirbúningsstigum að gerð tilskipunarinnar var notað orðið „entertainment“, en upphaflegt markmið ákvæðsins var að að undanþiggja einmitt miðapantanir á einstakar sýningar, t.d. í kvikmynda- og leikhúsum. Við nánari skoðun þótti ýmis önnur frístundaþjónusta koma til álita, t.d. Wembledon-leikar, og því er ákvæðið nokkru víðtækara en upphaflega var gert ráð fyrir. Hins vegar má gera ráð fyrir að inntak þess muni mótast nánar í réttarframkvæmdinni.

Um 8. gr.

Í greininni kemur fram eitt af grundvallaratriðum tilskipunar 97/7/EB, um fjarsölu, svo og tilskipunar 85/77/EBE, um vernd neytenda þegar samningur er gerður utan fastrar starfs-

stöðvar (húsgöngusölu), en það er að samningur sem gerður er við neytanda í húsgöngu- eða fjarsölu skuldbindi hann ekki fyrr en eftir að fjórtán dagar eru liðnir frá því að samningur er gerður, án þess að neytandi tilgreini nokkra ástæðu fyrir því að hann kýs að falla frá samningi og án kostnaðar fyrir hann. Eðli þessa réttar (e. withdrawal right) er sambærilegur og áður hefur verið kveðið á um í lögum nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu, svo og í lögum nr. 23/1997, um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis. Framangreindur réttur neytanda breytir í engu réttindum hans og skyldum seljanda samkvæmt ákvæðum annarra laga, t.d. úrræðum sem hann kann að hafa samkvæmt ákvæðum laga um lausafjárkaup í tilefni af vanefndum seljanda eða ákvæðum í lögum um skaðsemisábyrgð, svo að fáein dæmi séu nefnd. Að öðru leyti vísast til tilskipana og fræðirita á sviði Evrópu- og neytendaréttar um inntak og framkvæmd þessa réttar.

Í 2. mgr. er tekið fram að ef neytandi notfærir sér rétt sinn til að falla frá samningi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins ber honum að skila seljanda þeirri vöru sem hann hefur móttekið og seljandi að endurgreiða honum andvirði hins selda. Neytanda er ekki ávallt skylt að senda seljanda skriflega yfirlýsingu um að hann hyggist neyta réttar síns til að falla frá samningi. Til dæmis má nefna að nægjanlegt væri í því sambandi að hann mundi ekki að sækja vöruna á pósthús eða þess háttar. Slíkt atferli mundi því jafnast á við yfirlýsingu af hans hálfu að hann telji sig ekki skuldbundinn af samningnum og vilji neyta réttar síns til að falla frá samningi. Á neytanda hvílir sú almenna skylda að annast um selda hlutinn og skila seljanda aftur sama fjölda og óskemmdum munum (vöru) sem honum hefur verið afhent og mun í því sambandi verða miðað við almennar reglur og fordæmi dómstóla.

Í 3. mgr. er tekið fram að ef neytandi nýtir sér rétt sem hann hefur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins til að falla frá samningi skulu allir lánssamningar sem hann kann að hafa gert í tengslum við kaupin jafnfram falla úr gildi.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um hvenær frestur sem neytandi hefur til að falla frá húsgöngu- eða fjarsölusamningi skuli byrja að líða, sbr. einnig til hliðsjónar ákvæði 6. gr. í tilskipun 97/7/EB. Þegar um er að ræða vöru er meginreglan sú að fresturinn telst frá og með þeim degi sem neytandi veitir vörunni viðtöku (afhending vöru). Í 2. málsl. er tekið fram að ef um er að ræða þjónustu sé aðalreglan sú að fresturinn telst vera frá og með þeim degi sem samningur er gerður. Í sumum tilvikum getur þó verið að það sé ekki unnt, t.d. ef samningur er gerður í símasölu, en þá hefur seljandi þjónustu fimm daga frest til þess að fullnægja upplýsingaskyldu sinni samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. einnig ákvæði 6. gr., einkum 2. mgr., og athugasemdir við þá grein frumvarpsins.

Um 10. gr.

Frá rétti neytanda til að falla frá samningi eru nokkrar undanþágur, sbr. ákvæði 1.–5. tölul., svo og ákvæði í 6. gr. (3) í tilskipun 97/7/EB.

Í 1. tölul. er tekið fram að neytandi hefur ekki slíkan rétt samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps ef um er að ræða kaup á þjónustu og neytandi hefur samþykkt að seljandi veiti hana áður en fresturinn til að falla frá samningnum er liðinn, þ.e. fjórtán daga fresturinn, hafi upplýsingaskyldu verið fullnægt. Þetta kann að vera tekið fram í samningi seljanda en ef svo er ekki væri eðlilegt að hann mundi vekja athygli neytanda á því að í samþykki hans felist afsal á rétti til að falla frá samningi.

Í 2. tölul. er kveðið á um að réttur neytanda til að falla frá samningi fellur niður ef um er að ræða samninga um kaup á myndböndum, hljóðupptökum eða hugbúnaði og neytandi hefur

rofið innsigli seljanda. Æskilegt er að seljendur slíkra vörutegunda hagi merkingum þannig að það fari ekki fram hjá neytandanum ef hann rýfur slíkar sérmerkingar eða innsigli sem seljandi setur á vöruna.

Í 3. tölul. kemur fram að ýmiss konar vörur sem neytandi hefur sérpantað, eða eru að öðru leyti sérsniðnar að persónulegum þörfum hans, eru undanþegnar rétti til að falla frá samningi. Sama á við um vöru sem vegna eðlis síns skemmist fljótt eða verður útrunnin á skömmum tíma, t.d. blóm og fersk ber.

Í 4. tölul. er tekið fram að samningar um áskrift að dagblöðum og tímaritum eru undanþegnir, en um slíka samninga fer hér eftir sem hingað til eftir þeim almennu reglum sem um þau viðskipti gilda. Sama á við um samninga um þátttöku í happdrættum eða öðrum löglegum spilum, sbr. 5. tölul.

Um 11. gr.

Neytandi á samkvæmt almennum reglum rétt á fullum efndum samkvæmt samningi hans við seljanda, á réttum tíma og án ástæðulauss dráttar. Í tilskipun 97/7/EB er einnig að finna reglur er varða efndir samninga sem hún tekur til, sbr. 7. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt ákvæði þessarar greinar frumvarpsins ber seljanda að efna samninginn og afhenda seldan hlut innan þrjátíu daga frá því að pöntunin var gerð. Framangreind regla breytir því almennu reglunni sem nú er að finna í 12. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, en þar segir: „Ef ekkert hefir verið ákveðið um það, hvenær kaupverð skuli greitt eða seldum hlut skilað, og atvik liggja eigi svo til, að af þeim megi ráða, að þetta skuli gera svo fljótt sem unnt er, skal líta svo á að kaupverðið beri að greiða og hlut að afhenda, hvenær sem krafist er.“ Í frumvarpi til laga um lausafjárkaup sem nú liggur fyrir Alþingi, sbr. 110. mál, þskj. 119, er einnig að finna reglur um afhendingartíma, sbr. ákvæði 9. gr. frumvarpsins. Sú regla sem hér er lögð til víkur einnig frá meginsjónarmiði 13. gr. í gildandi lögum nr. 39/1922, um lausafjárkaup, sem kveður á um að seljandi geti afhent vöru þegar frestur hefur verið ákveðinn hvenær seldum hlut skuli skilað „á hverjum þeim tíma, er hann kýs innan þess frests, nema atvik liggi svo til, að af þeim sjáist, að tímafresturinn var tiltekinn kaupanda í hag.“

Líta verður því svo á að regla þessarar greinar frumvarpsins, sem er sem fyrr segir byggð á ákvæði 7. gr. tilskipunarinnar, sé sérregla um afhendingartíma í þeim samningum sem frumvarp þetta tekur til. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar ber seljanda að „afgreiða pöntunina“ (e. execute the order) innan 30 daga eftir að neytandi hefur sent pöntun sína um kaup á vöru eða þjónustu. Almennt verður því að líta svo á að það nægi ekki að seljandi sé byrjaður að undirbúa afhendingu hlutar innan þessara tímamarka heldur verði hann að hafa uppfyllt allar samningsskyldur sínar innan þessa frests. Telji seljandi að hann þurfi að hafa lengri tíma en hér er kveðið á um verður hann að kveða á um það í samningsskilmálum sínum.

Um 12. gr.

Algengast er að neytendur greiði vörur sem seldar eru í fjarsölu með greiðslukorti. Nauðsynlegt er að neytanda séu ávallt aðgengilegar reglur fyrirtækja sem gefa út greiðslukort þar sem komi skýrt fram hvernig hann geti afturkallað greiðslu ef kort hans hefur verið misnotað. Jafnframt ber slíkum fyrirtækjum að setja skýrar reglur um hvernig endurgreiðslur og leiðréttingar á færslum skuli fara fram ef greiðslukort neytanda hefur verið notað á ólögmætan hátt. Ákvæði þetta er í samræmi við ákvæði í tilskipun 97/7/EB, sbr. 8. gr. hennar.

Um 13. gr.

Á undanförnum árum hafa svonefndar ágengar söluaðferðir (e. inertia selling) færst í vöxt, t.d. að neytendum sé send vara eða veitt þjónusta án þess að þeir hafi pantað hana eða óskað eftir henni. Til að vernda friðhelgi og einkalíf einstaklinga er nauðsynlegt að stemmt sé stigu við slíkum söluaðferðum. Hér er því lagt til að óheimilt sé að beita slíkri söluaðferð. Jafnframt er í 2. mgr. að finna ákvæði um að þegjandi samþykki neytanda undir slíkum kringumstæðum sé ávallt ógilt.

Um 14. gr.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið hefur verið vikið að því að á undanförnum árum hefur verið lögð aukin áhersla á vernd neytenda í sambandi við ýmsa fjarskiptamiðla sem nota má til beinnar markaðssóknar. Getið var um tilskipun 97/66/EB og tilskipun 95/46/EB sem hafa að geyma ákvæði um þetta efni og ber að skoða með hliðsjón af ákvæðum í tilskipun 97/7/EB, um neytendavernd, að því er varðar fjarsölusamninga, sbr. einkum 10. gr. tilskipunarinnar. Vísast að öðru leyti til almennra athugasemda hér að framan um þau atriði.

Í 1. mgr. er staðfest sú meginregla sem nú er almennt viðurkennd að óheimilt sé að nota símbréf eða önnur sams konar sjálfvirk upphringitæki til beinnar markaðssóknar eða til að gera samninga sem frumvarp þetta tekur til, nema neytandi hafi veitt samþykki sitt.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem er sniðið að því skráningarkerfi sem er fyrirhugað að koma á fót samkvæmt frumvarpi til laga um persónuvernd og persónuupplýsingar, sbr. 280. mál á þskj. 199. Samkvæmt framangreindu frumvarpi er stefnt að því að Hagstofa Íslands haldi skrá yfir þá sem vilja ekki að nöfn þeirra verði notuð í beinni markaðssókn. Seljendum vöru og þjónustu ber því að virða slíkar óskir neytenda sem þar hafa látið skrá sig. Jafnframt er gert ráð fyrir því að seljendur uppfæri a.m.k. tvisvar á ári skrár sem þeir nota í þessu skyni, sbr. nánar ákvæði 28. gr. í frumvarpinu, sbr. þskj. 199.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði sem fjallar um notkun tölvupósts í beinni markaðssókn. Tölvupóstur fellur að hluta til undir ákvæði nýrra fjarskiptalaga, nr. 107/1999, þ.e. ef notandi tengist netinu í gegnum símakerfið, t.d. með notkun venjulegs módems. Í slíkum tilvikum geta neytendur (notendur) óskað eftir sérmerkingu í símaskrá, sbr. 34. gr. laga nr. 107/1999. Tæknilega bjóðast neytendum þó aðrir tengingarmöguleikar og því meiri vafi á hvort framangreint ákvæði fjarskiptalaga nær til þeirra, en þeim gefst væntanlega kostur á að skrá sig hjá Hagstofu Íslands í samræmi við ákvæði í frumvarpi til laga um persónuvernd og persónuupplýsingar. Ráðuneytið telur þó rétt að leggja til í 3. mgr. að seljendum vöru og þjónustu sé ávallt heimilt að senda neytendum einu sinni kynningarpóst með notkun tölvutækninnar, enda sé nafn neytanda ekki að finna á skrám yfir þá sem afþakkað hafa slíkar sendingar. Seljendur fá þannig eina „ókeypis“ ferð í markaðssókn sinni en jafnframt er sett það skilyrði að þeir taki fram að ef neytandi vilji framvegis fá slíkt efni sent skuli hann veita sérstakt samþykki sitt og senda staðfestingu þar um til seljanda sem sendi tölvupóstinn. Rétt er að leggja áherslu á að athafnaleysi neytanda í þessu sambandi þýðir ekki að hann hafi samþykkt áframhald á slíkum sendingum heldur þvert á móti ber að líta svo á að með því hafi hann í reynd afþakkað frekari sendingar. Framhald getur því ekki orðið á slíkum samskiptum milli seljanda vöru og þjónustu og neytanda, nema hinn síðarnefndi óski sérstaklega eftir því síðar.

Um 15. gr.

Hér er tekið fram að samtökum neytenda skuli vera heimilt að gæta hagsmuna neytenda innan sem utan dómstóla samkvæmt ákvæðum þessara laga. Rétt er að geta þess að inn í

EES-samninginn hefur verið felld tilskipun 98/27/EB, um lögbannsaðgerðir til verndar hagsmunum neytenda. Viðskiptaráðuneytið hefur að undanförnu átt í viðræðum við dómsmálaráðuneytið um lögleiðingu þessarar tilskipunar. Í tilskipun 97/7/EB sem frumvarpi þessu er ætlað að lögleiða hér á landi er að finna ákvæði í 11. gr. hennar þar sem tekið er fram að samtökum neytenda skuli tryggðar viðunandi og skilvirkar leiðir til að tryggja að ákvæðum hennar sé fylgt. Af þeirri ástæðu þykir því rétt að setja inn ákvæði um þetta efni en frekari stoðum mun væntanlega verða skotið undir þau úrræði þegar áðurnefnd tilskipun 98/27/EB verður lögfest hér á landi.

Um 16. gr.

Í 12. gr. tilskipunar 97/7/EB, um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga, er tekið fram að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að neytandi sé ekki sviptur vernd sem tilskipunin veitir honum við það að lög lands utan bandalagsins eru valin sem gildandi lög fyrir samninginn ef hann tengist náið yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja. Markmiðið er að tryggja neytendum á öllum sameiginlegum innri markaði þá vernd sem felst í ákvæðum tilskipunarinnar og miðar ákvæði þessarar greinar að því að lögfesta þann rétt neytanda. Hér má einnig nefna að í frumvarpi til laga um lagaskil á sviði samningaréttar, sbr. 70. mál, þskj. 70, er að finna ákvæði er varðar neytendasamninga, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram m.a. að í slíkum samningum verður neytandi ekki sviptur þeirri vernd sem hann nýtur samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum í lögum þess ríkis sem hann býr. Í tilskipunum ESB á sviði neytendaverndar er yfirleitt um að ræða samræmingu á lágmarksskröfum sem aðildarríkin gera til verndar neytendum, en einstökum ríkjum er heimilt að gera ríkari kröfur á þessu sviði. Meginreglan er því sú að neytandi á að geta treyst því að í samningi hans við seljanda vöru og þjónustu séu að lágmarki virt þau réttindi sem hann nýtur samkvæmt lögum þess lands sem hann er búsettur í. Þetta takmarkar þó ekki rétt seljanda og neytanda til þess að áskilja að um samninginn skuli gilda ákvæði sem veita neytanda betri réttarvernd en hann nýtur samkvæmt lögum í því ríki sem hann býr.

Um 17. gr.

Samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, nr. 8/1993, hefur Samkeppnisstofnun víðtæku hlutverki að gegna við eftirlit á ákvæðum laganna. Stofnunin starfar ekki einvörðungu að því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum í atvinnurekstri, samkeppnishömlum og skaðlegri fákeppni heldur hefur hún eftirlit og skal vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum. Í því sambandi má sérstaklega vísa til VI. kafla laganna um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, svo og VII. kafla um eftirlit með gagnsæi markaðarins, sem og annarra ákvæða laganna. Eðlilegt er því að eftirlit með framkvæmd á ákvæðum þessa frumvarps sé í höndum Samkeppnisstofnunar eins og hér er lagt til.

Um 18. gr.

Í greininni er þess getið að sé ekki annað tekið fram í frumvarpi þessu né annað leiði af sérlögum sem kunna að gilda um einstök viðskipti skuli að öðru leyti gilda almenn ákvæði í lögum nr. 39/1922, um lausafjárkaup, um réttindi og skyldur aðilanna. Í þeim lögum, fordæmum sem finna má hjá dómstólum, í viðskiptavenjum og úrlausnum af öðru tagi, svo sem hjá kvörtunarnefndum, er að finna margvíslegar reglur sem hafðar eru til hliðsjónar við lausafjárkaup, sem hér eftir sem hingað til munu gegna mikilvægu hlutverki í þeim. Fyrir Alþingi liggur einnig frumvarp til laga um þjónustukaup, sbr. 111. mál, þskj. 111, og munu þau

ákvæði, ef að lögum verða, hafa samsvarandi þýðingu í tengslum við kaup á þjónustu. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 19. gr.

Í greininni er að finna refsiheimild við brotum á lögum þessum. Heimildin er samhljóða sambærilegri heimild í frumvarpi til laga um persónuvernd og persónuupplýsingar, enda viss rök fyrir því að samræmi sé milli ákvæða þessara frumvarpa. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að viðskiptaráðhera hafi heimild til þess að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð. Söluaðferðir sem frumvarpið tekur til eru í mikilli þróun og kann að reynast nauðsynlegt að taka á ýmsum atriðum í reglugerð. Ráðuneytið telur eðlilegt að slíka heimild sé að finna í lögum ef þörf krefur.

Um 21. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi eigi síðar en 1. júní 2000. Í almennum athugasemdum við frumvarpið hefur kemur fram að samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar beri aðildarríkjunum að setja efni hennar í landsrétt eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku hennar sem var 4. júní árið 1997. Nauðsynlegt er því að lög þessi öðlist gildi eigi síðar en 4. júní 2000 til þess að uppfylltar verði skuldbindingar samkvæmt ákvæðum í EES-samningnum.

Í 2. mgr. er að finna tilvísun til þeirra tilskipana sem ákvæði frumvarpsins byggjast á en nauðsynlegt er að þeir sem kynna sér efni laganna hafi handbæra beina tilvísun til þeirra. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

Tilgangur frumvarpsins er að auka neytendavernd húsgöngu- og fjarsölusamninga.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

685. Svar [372. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um innflutning á skordýraeitri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Liggja fyrir einhverjar upplýsingar um innflutning á DDT eða öðrum tegundum skordýraeiturs sem innihalda lífræn þrávirk efni á árabilinu 1950–60?*
2. *Ef svo er, hve mikið magn var flutt inn á tímabilinu og til hvaða verkefna?*

Í viðskiptaráðuneytinu er ekki að finna gögn um innflutning á DDT né öðru skordýraeitri á umræddu árabili. Leitað var til Hagstofu Íslands um upplýsingar úr innflutningsskýrslum frá þessum árum og eru þær meðfylgjandi. Jafnframt var leitað til eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins þar sem þær upplýsingar fengust að innflutningur á skordýraeitri hafi ekki verið háður sérstökum leyfum á þessum tíma og því liggi ekkert fyrir um notkun slíkra efna þá.

Hagstofa Íslands tók saman upplýsingar úr innflutningsskýrslum frá þessum tíma. Rétt er að taka fram að í þeim ekki sundurliðað hvers konar skordýraeitur hefur verið flutt inn, einungis er greint hvert innflutt magn hefur verið af skordýraeitri og fleiri efnum sem falla undir ákveðna vörutegund.

1950: Flokkað samkvæmt vöruskrá Þjóðabandalagsins gamla með sérstakri sundurliðun frá 1947.

Vörutegund 124.d Sótthreinsunarefni, meindýraeitur o.fl.

Ár	Þyngd, tonn
1949	65,1
1950	30,8
1951	93,0

1952: Ný flokkun vörutegunda í verslunarskýrslum (Standard International Trade Classification (SITC)). Sótthreinsunarefni til varnar gegn og útrýmingar á skordýrum, illgresi og sveppum, svo og rottueitur.

Vörutegund 599-2.

Ár	Þyngd, tonn
1952	75,1
1953	126,7
1954	152,9
1955	145,7
1956	125,6
1957	108,2
1958	93,5
1959	166,4
1960	147,1

686. Svar [327. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um lánveitingar til sjávarútvegsfyrirtækja.

Óskað var eftir upplýsingum frá Seðlabanka Íslands um 1. lið fyrirspurnarinnar og frá Byggðastofnun, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., Landsbanka Íslands hf., Búnaðarbanka

Íslands hf., Íslandsbanka hf. og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis um 2.–4. lið. Svarið byggist á upplýsingum sem bárust.

Sérstaklega er tekið fram að ekki er unnt að svara 2.–4. lið nema að takmörkuðu leyti. Kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi eru þessar upplýsingar í fæstum tilfellum aðgengilegar í upplýsingakerfum lánastofnana og því reyndist fæstum lánastofnunum unnt að svara á þeim knappa tíma sem gefinn er til að svara skriflegum fyrirspurnum skv. 49. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis. Í öðru lagi er ekki unnt að veita upplýsingar sem eru til þess fallnar að rýra samkeppnisstöðu lánastofnana á fjármálamarkaði eða ganga gegn þagnarskylduákvæði 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og ákvæðum reglna Verðbréfaþings Íslands um upplýsingagjöf.

1. *Hver hefur verið þróun lánveitinga lánastofnana til sjávarútvegsfyrirtækja árlega síðustu fimm ár?*

Staða útlána innlánsstofnana og fjárfestingarlánasjóða til fyrirtækja í sjávarútvegi í lok hvers árs frá 1994–1999 er eftirfarandi (í millj. kr.):

1994	69.584
1995	71.930
1996	84.014
1997	94.134
1998	111.898
1999	122.699

2. *Í hve mörgum fiskiskipum með aflahlutdeild hefur verið tekið veð fyrir þessum lánveitingum árlega síðustu fimm ár og hvað liggur slík veðsetning að baki háum lánveitingum lánastofnana til sjávarútvegsins á þessu tímabili, sundurliðað eftir árum?*

Byggðastofnun tók á árunum 1995–1999 veð í um það bil 350 bátum og skipum og þar af voru um 250 smábátar. Rétt er að taka fram að í stærri bátunum hafði Byggðastofnun í mörgum tilvikum eldra veð. Áætlað er að fjárhæð lána á tímabilinu hafi numið samtals um 3.600 millj. kr. á verðlagi í ársbyrjun 2000, þar af um 700 millj. kr. vegna smábáta. Skipting milli ára er áætluð eftirfarandi (í millj. kr.):

Ár	**Fjöldi**	**Fjárhæð**
1995	70	750
1996	110	1.070
1997	80	780
1998	50	550
1999	40	450
Alls	350	3.600

Tekið er fram í svari Byggðastofnunar að upplýsingar þessar geta ekki verið nákvæmar, enda hafa þær ekki verið flokkaðar sérstaklega eins og farið er fram á í fyrirspurninni.

Í svari Búnaðarbankans kemur fram að hluti af heildarútlánum til sjávarútvegs á hverjum tíma er tryggður með veði í fiskiskipum með aflahlutdeild. Önnur lán til greinarinnar eru veitt gegn öðrum tryggingum eða jafnvel án sérstakra trygginga í ljósi styrkrar stöðu greiðenda. Rétt er að benda á að stærstur hluti afurðalána bankans fellur undir lán til sjávarútvegs

og eru þau lán fyrst og fremst tryggð með veði í afurðum. Heildarfjárhæð lána til sjávarútvegs hefur aukist úr 4.425 millj. kr. í árslok 1995 í 11.393 millj. kr. í árslok 1998.

Í svari Landsbankans kemur fram þróun heildarútlána til sjávarútvegs. Í árslok 1995 voru 23.632 millj. kr. í útlánum til sjávarútvegs en í árslok 1999 voru útlán til þeirrar greinar 38.280 millj. kr.

Í svari Íslandsbanka kemur fram að heildarútlán til sjávarútvegs voru 8.888 millj. kr. í árslok 1995 en 24.469 millj. kr. í árslok 1999.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur veitt tvö lán sem flokkast undir þennan lið, annað árið 1998 að fjárhæð 27,1 millj. kr. og hitt árið 1999 að fjárhæð 53,4 millj. kr.

Um síðustu áramót voru 303 fiskiskip með aflahlutdeild veðsett hjá FBA.

3. *Hverjar voru eftirstöðvar lána hjá lánastofnunum sem tryggð voru með veði í fiskiskipum með aflahlutdeild um síðustu áramót?*

Eftirstöðvar lána hjá Byggðastofnun sem tryggð voru með veði í fiskiskipum með aflahlutdeild voru um síðustu áramót nálægt 3.500 millj. kr. Eftirstöðvar lána hjá FBA námu 17.800 millj. kr.

4. *Hefur eitthvað verið um að lánastofnanir hafi krafist veðsetningar í fiskiskipum með aflahlutdeild vegna skuldbreytinga lána sem tekin voru fyrir gildistöku laga um samningsveð frá maí 1997 í stað annarra ábyrgða? Ef svo er, í hve miklum mæli?*

Í svari sínu segir Byggðastofnun að veð vegna skuldbreytingarlána séu að jafnaði þau sömu og á upphaflega láninu. Frávik frá þeirri meginreglu hafa verið mjög óveruleg. FBA segir að ekki hafi verið krafist veðsetningar í fiskiskipum með aflahlutdeild í stað ábyrgða vegna skuldbreytinga lána sem tekin voru fyrir gildistöku laga um samningsveð. Í svari Búnaðarbankans segir að það hafi ekki verið markmið bankans að breyta tryggingum á þennan máta. Erfitt sé þó að fullyrða að ekki geti verið um einhver slík undantekningartilvik að ræða frá gildistöku laga um samningsveð. Íslandsbanki segir að ekki hafi verið haldið sérstaklega utan um endurnýjun tryggingarbréfa með veði í fiskiskipum og aflaheimildum sem útgefin voru fyrir gildistöku nýrra veðlaga. SPRON segir að engin lán hafi verið veitt sem eigi við þennan lið.

687. Skýrsla [422. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 1999.

Inngangur.

Breytingar voru gerðar á skipulagi Norðurlandaráðs að loknu þingi þess í Reykjavík árið 1995. Síðan þá hefur norrænu samstarfi verið beint að þremur meginsviðum: Samvinnu innan Norðurlanda, samvinnu Norðurlanda og Evrópu (ESB/EES) og samvinnu Norðurlanda og nærsvæða þeirra. Með skipulagsbreytingunum voru fagnefndir Norðurlandaráðs lagðar niður frá og með áramótum 1995–96 og í stað þeirra stofnaðar þrjár stórar nefndir um fyrrgreind meginsvið, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Forsætisnefndin var stækkuð og auk þess stofnuð sérstök eftirlitsnefnd. Flokkasamstarf var aukið og forustuhlutverk Norðurlandaráðs eflt. Ráðið heldur nú eitt árlegt þing í stað tveggja áður þar sem almennar umræður fara fram. Reglubundið þing er nú haldið að hausti og formennska og emb-

ættistími miðast við almanaksár. Þemaráðstefnur eru haldnar til að fjalla sérstaklega um mál sem snerta eitt eða fleiri af þremur meginviðfangsefnum norrænnar samvinnu. Einnig hefur samstarf og samráð við önnur alþjóðaþingmannasamtök, einkum evrópsk, verið bætt og unnið er að frekara samstarfi Norðurlandaráðs og fastanefnda norrænu þjóðþinganna. Þrátt fyrir að breytingarnar hafi um margt verið til hins betra heyrast stöðugt raddir um að Norðurlandaráð ætti að hverfa að einhverju leyti aftur til fyrra skipulags, þ.e. með því að setja á stofn fagnefndir í stað þess að svæðisbundnar nefndir séu allar að vinna á ákveðnum fagsviðum. Þá hefur verið rætt um að færa þingið til og halda það á fyrri hluta árs, t.d. í mars, í stað þess að hafa það seint að hausti líkt og nú er. Ástæðan fyrir því er einkum sú að í nóvember fer fjárlagavinna fram í þjóðþingunum og erfitt getur verið að senda fjölda þingmanna utan á þing í nokkra daga.

Á árinu var sett á fót sérstök nefnd vísra manna undir forustu Jóns Sigurðssonar, forstjóra Norræna fjárfestingarbankans og fyrrverandi samstarfsráðherra Norðurlanda, til að fara ofan í saumana á skipulagi Norðurlandaráðs og framtíðarsýn þess. Skýrslu nefndarinnar er beðið með eftirvæntingu en hún verður lögð fram 1. september og tekin til afgreiðslu á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Svíþjóð fór með formennsku í Norðurlandaráði árið 1999 en forseti þingsins var Gun Hellsvik. Sigríður A. Þórðardóttir tók við embætti forseta um áramótin 1999–2000.

1. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1. Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Í byrjun árs 1999 sátu í Norðurlandaráði Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Sturla Böðvarsson og Siv Friðleifsdóttir. Varamenn í Norðurlandaráði voru Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðni Ágústsson, Árni Johnsen, Steingrímur J. Sigfússon, Árni M. Mathiesen og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Hinn 16. júní 1999 urðu breytingar á skipan Íslandsdeildarinnar en þá kaus Alþingi Ísólf Gylfa Pálmason, Sigríði Jóhannesdóttur, Sigríði A. Þórðardóttur, Sighvat Björgvinsson, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Hjálmar Jónsson og Steingrím J. Sigfússon til setu í Norðurlandaráði. Varamenn voru Árni Johnsen, Rannveig Guðmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller og Þuríður Backman. Hinn 1. október 1999 voru sömu þingmenn kjörnir að nýju til setu í Norðurlandaráði.

Á 50. þingi ráðsins í Ósló var fulltrúum Íslandsdeildar skipað í eftirfarandi nefndir: Valgerður Sverrisdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir voru skipaðar í forsætisnefnd, Siv Friðleifsdóttir og Sturla Böðvarsson tóku sæti í Evrópunefnd og var Siv jafnframt kjörin varaformaður nefndarinnar. Arnbjörg Sveinsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir voru skipaðar í Norðurlandanefnd og Sturla Böðvarsson var svo kjörinn í eftirlitsnefnd ráðsins. Sigríður A. Þórðardóttir átti sæti í kjörnefnd sem starfar eingöngu á þingum Norðurlandaráðs og gerir tillögu um nefndaskipan. Þegar Sturla Böðvarsson tók við embætti samgönguráðherra tók Arnbjörg Sveinsdóttir sæti hans í eftirlitsnefnd og Hjálmar Jónsson í Evrópunefnd.

Breyting varð svo á nefndaskipan Íslandsdeildar á 51. þingi ráðsins í Stokkhólmi 9. nóvember sl. Arnbjörg Sveinsdóttir var þá kjörin í Evrópunefnd, Steingrímur J. Sigfússon í Norðurlandanefnd og Hjálmar Jónsson í nærsvæðanefnd Norðurlandaráðs. Á forsætisnefndarfundi í Jevnaker 9. desember var sú breyting gerð á skipan í nefndir að Steingrímur J. Sigfússon var færður úr Norðurlandanefnd í Evrópunefnd að ósk flokkahóps vinstri sósíalista.

Íslandsdeild skipti með sér verkum á fundi 16. júní. Þá var Ísólfur Gylfi Pálmason kjörinn formaður og Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður.

2.2. Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman sex sinnum á árinu. Að venju voru fundir í Norðurlandaráði og ráðstefnur undirbúnar en auk þess voru fjölmörg mál á dagskrá. Þá var ítarlega rætt um skipulagningu haustfunda Norðurlandaráðs sem haldnir voru á Akureyri 26.–29. september. Tillaga um að flytja þing Norðurlandaráðs frá hausti til vors var til umfjöllunar og jafnframt hvort unnt væri að halda fyrsta vorfundinn á Íslandi árið 2000. Þessi tillaga á fyrst og fremst rætur að rekja til svonefnds Öngulsstaðabréfs sem forsetar þjóðþinganna rituðu Norðurlandaráði þar sem bent var á að örðugt væri að halda Norðurlandaráðsþing mitt í fjárlagavinnu þinganna. Íslandsdeildin var í sjálfu sér ekki mótfallin slíkri tilfærslu en taldi það þurfa töluverðan undirbúning og að frestur til ársins 2000 væri ansi skammur.

Á fund nefndarinnar kom Berglind Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs. Hún gerði m.a. grein fyrir skipulagi ráðstefnu Norðurlandaráðs og norska Stórþingsins í Alta 7.–9. apríl 1999 og hugmynd um að halda forsætisnefndarfund í tengslum við vígslu nýju sendiráðsbygginganna í Berlín en auk þess var rætt um norrænt samstarf almennt. Þá komu Siv Friðleifsdóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda, og Snjólaug Ólafsdóttir frá Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytsins til fundar við nefndina og var rætt um helstu mál norrænu ráðherranefndarinnar. Fram kom m.a. að ráðherranefndin stæði straum af kostnaði þátttakenda frá Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum á ráðstefnunni Konur og lýðræði sem færi fram í Reykjavík dagana 8.–10. október 1999 og að stefnt væri að því að halda framhaldsráðstefnu í Litháen síðar. Þá kom fram að íslenska ríkisstjórnin ætlaði að standa fyrir ráðstefnu í Brussel um „norðlægu víddina“ og rætt var um hvernig gengið hefði með verkefnið Folk og hav i Nord, sem var meginverkefni ráðherranefndarinnar í formennskutíð Íslendinga. Miklar umræður urðu í nefndinni um meiri áherslu á norrænt samstarf í austri en minni áherslur í vestri. Nefndin var sammála um að mikilvægt væri að halda merki Vestur-Norðurlanda á lofti. Á síðasta fundi Íslandsdeildarinnar á árinu var svo 51. þing Norðurlandaráðs undirbúið.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs voru veittir á fundi Íslandsdeildar þann 26. maí en samanlagt var styrkupphæðin sem kom í hlut Íslendinga 90 þúsund danskar krónur. Árið 1999 hlutu eftirfarandi fréttamenn styrki: Benedikt Sigurðsson, Elín Þóra Friðfinnsdóttir, Elmar Gíslason, Friðrik Á. Brekkan, Sveinn Helgason, Hjálmar Blöndal og Þorvaldur Örn Kristinsson.

Í byrjun nóvember tók Einar Farestveit við starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs en Auðunn Atlason lét af störfum í september. Þá lét Kristín Ólafsdóttir, sem einnig hafði unnið fyrir Íslandsdeildina, af störfum í október.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1 Forsætisnefnd.

Í byrjun árs 1999 tók Gun Hellsvik frá Svíþjóð við embætti forseta Norðurlandaráðs af Berit Brörby Larsen frá Noregi. Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum flokkahópanna sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Landsdeildir allra Norðurlanda og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Hlutverk forsætisnefndar er að hafa yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing Norðurlandaráðs og á milli þinga, en hún hefur einnig með höndum erlend samskipti og utanríkis- og varnarmál, auk þess að fjalla um nor-

rænu fjárlögin. Sérstakur vinnuhópur á vegum forsætisnefndar tók þá fjárlagavinnu sérstaklega að sér árið 1999, líkt og gert hafði verið árið áður. Forsætisnefnd fjallar einnig um þær tillögur sem til hennar er beint. Hún hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Á starfsárinu 1999 hafa af hálfu Íslands setið í forsætisnefnd Valgerður Sverrisdóttir frá flokkahópi miðjumanna, Rannveig Guðmundsdóttir frá flokkahópi jafnaðarmanna og Sigríður A. Þórðardóttir frá flokkahópi hægrimanna. Þegar ný Íslandsdeild var kosin í júní 1999 tók Ísólfur Gylfi Pálmason sæti Valgerðar Sverrisdóttur og Sighvatur Björgvinsson tók sæti Rannveigar Guðmundsdóttur.

Forsætisnefnd hélt níu fundi á árinu. Á fundi forsætisnefndar í febrúar var ákveðið að samþykkja samning Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar um samvinnu á sviði upplýsingaþjónstu en það mál hafði verið rætt árið áður. Nefndin hélt fund í Alta í Norður-Noregi í apríl og þar lá m.a. fyrir tillaga frá lettneska þinginu um að halda fund í Riga árið 2001 þegar haldið yrði upp á 800 ára afmæli Riga og tók nefndin vel í erindið. Umræðum um skipulag Norðurlandaráðsþings 1999 í Stokkhólmi var fram haldið og voru fundarmenn sammála um að reyna ekki flutning á þinginu frá nóvember fram í febrúar eða mars árið 2000 en Íslandsdeildin hafði rætt málið ítarlega og komist að þeirri niðurstöðu að það væri ekki hyggilegt, a.m.k. ekki árið 2000.

Samþykkt var tillaga Knuts Enggards um útgáfu afmælisrits í tilefni af 50 ára afmæli Norðurlandaráðs árið 2002. Hann mun ritstýra bókinni sem áætlað er að verði um 200 blaðsíður, um helmingur hennar fjalli um sögu Norðurlandaráðs 1978–2002 og sé ritaður af sagnfræðingi. Stjórnmálamenn riti svo stuttar greinar í bókina um norræn stjórnmál á tímabilinu.

Forsætisnefnd hélt aukafund í lok maí í Kaupmannahöfn en megintilgangur fundarins var að ræða ráðningu nýs framkvæmdastjóra í stað Berglindar Ásgeirsdóttur sem hafði beðist lausnar frá embættinu og tók nefndin ákvörðun um nánari framkvæmd ráðningarferlisins.

Í október hélt forsætisnefnd fund í tengslum við opnun samnorrænu sendiráðsbygginganna í Berlín.

Forsætisnefnd fjallaði um nokkrar tillögur á árinu. Fyrir nefndinni lá tillaga um stöðu Sama í Norðurlandaráði en 50. þing Norðurlandaráðs hafði fallist á að fjalla að nýju um tillöguna að lokinni frekari athugun á málinu. Ákveðið var að fresta ákvörðun um tillöguna þar til pólitískur grundvöllur væri fyrir hendi en það gæti fyrst orðið þegar samstarf kæmist á milli norrænna ráðherra sem fjalla um málefni Sama. Þá fjallaði nefndin um tillögu hægrihópsins í Norðurlandaráði um aukna samvinnu við Eystrasaltslöndin. Á fundi nefndarinnar í Stokkhólmi var tillagan samþykkt með lítils háttar breytingu. Nefndin lagði til að tillaga hægrihópsins um að skorað yrði á ráðherranefndina að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2001 í evrum yrði vísað frá. Á fundi nefndarinnar í Jevnaker í desember voru ræddar ítarlega breytingar á upplýsingaþjónustu Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Kynntar voru tillögur vinnuhóps um breytingar á tímaritinu *Politik i Norden*. Í megindráttum eru hugmyndirnar þannig að tímaritið verði gefið út fjórum sinnum á ári í stað sjö og að það komi út í öðru broti en nú. Stefnt er að því að gefið verði út stærra og vandaðra tímarit þar sem meiri áhersla verði lögð á menningarmál. Töluverðar umræður urðu um tillögu nefndarinnar um að hætta við sérstaka finnska útgáfu en prenta þess í stað sérstakt fylgirit þar sem allur texti tímaritsins væri birtur á finnsku. Þessi tilhögun var talin forsenda þess að það tækist að gera tímaritið vandaðra án þess að það yrði dýrara en talið var að sérstök finnsk útgáfa yki heildarkostnað um fimmtung. Þessu var mótmælt af hálfu fulltrúa Finnlands í nefndinni

og er rétt að geta þess að á fundi forsætisnefndar í Helsinki í janúar sl. var ákveðið að gefa tímaritið út sérstaklega í finnskri útgáfu og að viðbótarfjármagn fengist af ráðstöfunarfé forsætisnefndar. Á þinginu í Stokkhólmi komu nefndarmenn sér saman um yfirlýsingu forsætisnefndar um Norðurlönd og „norðlægu víddina“ og var Johan J. Jakobsen kjörinn talsmaður nefndarinnar. Í stuttu máli kemur fram í yfirlýsingunni að forsætisnefnd leggi sérstaka áherslu á öryggi kjarnorkumála og orkudreifingu í Rússlandi og Eystrasaltslöndunum, umhverfismál á grannsvæðum Norðurlanda, atvinnumál og verslun, frekari þróun innri byggingar (infrastruktur), baráttu gegn glæpum og stuðning við lýðræðisþróun.

3.2. Norðurlandanefnd.

Fulltrúar Íslands í Norðurlandanefnd á starfsárinu voru Arnbjörg Sveinsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir en á 51. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi var ákveðið að Arnbjörg tæki sæti í Evrópunefnd í stað Norðurlandanefndar.

Málefni Norðurlandanefndar eru fyrst og fremst norræn samstarfsmálefni, menning, menntun, félagsmál, jafnréttismál og réttindamál. Norðurlandanefnd gerði sérstaka vinnuáætlun fyrir starfsárið 1999 og ákvað að sérstaklega yrði unnið að eftirfarandi málefnum: menningu, kvikmyndum og miðlun, tungumálum, menntun og rannsóknum, félagslegum aðstæðum, t.d. barna og unglinga, og jafnréttismálum.

Nefndin hélt sex fundi á árinu. Auk þess hittust vinnuhópar nefndarinnar og formenn nokkrum sinnum. Vinnuhópurinn um börn og unglinga hélt vinnufund á Egilsstöðum í lok maí. Þar fluttu erindi Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna, Helga Guðmundsdóttir frá Egilsstaðabæ og Karl Steinar Valsson frá karlanefnd Jafnréttisráðs. Miklar umræður spunnust síðan um erindi þeirra. Niðurstaða vinnuhópsins var svo birt í tillögu A1194/nord sem samþykkt var á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhómi 9. nóvember. Í tilmælunum felst m.a. að skorað er á norrænu ráðherranefndina að vinna sérstaka aðgerðaáætlun fyrir börn og unglinga, að þróa norræna samvinnu um andlega heilsu barna, að hafa samvinnu við norræna umboðsmenn barna um að skýrgreina hvað felist í hugtakinu „barnets beste“, að vinna að því að tryggja hagsmuni barna innan réttarkerfisins, að innleiða og framkvæma barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að innleiða aðferðir sem tryggi börnum og ungu fólki áhrif í samfélaginu. Þá voru samþykkt tilmæli um að m.a. verði unnin rannsókn á aðstæðum barna og ungs fólks í dreifðum byggðum á Norðurlöndunum. Athugun ráðherranefndarinnar á m.a. að leita svara við hvernig réttindi barna og unglinga eru virt m.t.t. möguleika til menntunar og félagslegra aðstæðna, sérstaklega barna og unglinga í þéttbýli. Þá skal afla þekkingar á kostum og göllum þess að vera barn eða unglingur í dreifbýli og hvernig þróun upplýsingatækninnar getur haldið hugsanlegum ókostum þess í lágmarki og hvernig unnt sé að styrkja þá þróun.

Vinnuhópur á vegum nefndarinnar vann að verkefni um frjáls félagasamtök á Norðurlöndunum. Niðurstöður hópsins voru birtar í skýrslunni „Håndslag til det frivillige Norden“ og var hún samþykkt á Norðurlandaráðsþinginu í nóvember. Í stuttu máli má segja að skýrslan sé innlegg í umræðuna um Norðurlönd framtíðarinnar. Hún fjallar fyrst og fremst um það hvernig stoðir sem frjáls félagasamtök á Norðurlöndunum byggjast á geta myndað grundvöll fyrir ný sóknarfæri og stuðlað að þróun lýðræðis í grannsvæðum Norðurlanda en starfsemi frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum er einstök. Norðurlandanefnd hitti Gun Hellsvik forseta Norðurlandaráðs á fundi í lok júní þar sem farið var yfir stefnumörkun fyrir framtíðarstarf ráðsins. Rætt var um þemu fyrir 51. þing ráðsins í Stokkhólmi og tillögur að þemaráðstefnu árið 2000.

Um miðjan október fóru nokkrir fulltrúar nefndarinnar í upplýsingaheimsókn til Weimar en borgin var menningarborg Evrópu árið 1999. Tilgangurinn með heimsókninni var m.a. að fylgja eftir menningarráðstefnunni árið 1997 og ræða skipulag menningarstarfsemi ráðsins næstu árin. Arnbjörg Sveinsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir voru fulltrúar Norðurlandanefndar í heimsókninni. Þá tók Sigríður Jóhannesdóttir þátt í kvennaráðstefnu Vestnorræna ráðsins sem haldin var í Færeyjum í byrjun júlí. Á ráðstefnunni voru vinnuhópar sem tóku fyrir sex meginþemu: konur og stjórnmál, konur og vinnumarkað, jafnrétti, fjölskyldustefnu, ofbeldi gegn konum og konur og upplýsingar (kvinfo). Vinnuhóparnir skiluðu svo álitum í lok ráðstefnunnar og er þau að finna í skýrslu Vestnorræna ráðsins um ráðstefnuna sem gefin var út í janúar sl.

Í lok september hélt Norðurlandaráð haustfundi sína á Akureyri og þóttu þeir takast mjög vel. Í tengslum við fundina stóð Norðurlandanefnd fyrir málþingi um líftækni og lífsiðfræði. Þar fluttu erindi dr. Linda Nielsen prófessor, formaður norrænu lífsiðfræðinefndarinnar, Vilhjálmur Árnason, prófessor við heimspekideild Háskóla Íslands, Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar ehf., og Högni Óskarsson geðlæknir. Á fundinum voru m.a. reifuð lögfræðileg vandamál sem tengjast líftækni, siðfræðileg vandamál í tækniheimi nútímans og fyrirhugaður gagnagrunnur á heilbrigðissviði á Íslandi og ýmsar spurningar honum tengdar. Þá átti Norðurlandanefnd fund á Akureyri með Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra þar sem rætt var um norræna vöruflutninga og framtíð norrænnar samvinnu á sviði umferðar-, umferðaröryggis- og fjarskiptamála.

3.3. Nærsvæðanefnd.

Fulltrúi Íslands í nærsvæðanefndinni fram til vors var Sturla Böðvarsson. Í vinnuáætlun sinni fyrir starfsárið ákvað nefndin að leggja áherslu á nánara samstarf við Eystrasaltslöndin og önnur grannsvæði Rússlands og heimskautasvæðin. Umhverfismál skipuðu sem fyrr stóran sess í starfi nefndarinnar og sérstök áhersla var lögð á aðstæður barna og unglinga. Verkefni til að fylgja eftir ráðstefnunni BarnForum, sem haldin var í Stokkhólmi í desember árið áður, var hleypt af stokkunum og fékk einn nefndarmanna það hlutverk að skoða málið nánar og gefa nefndinni skýrslu. Verkefnið var unnið samhliða verkefni vinnuhóps um málefni barna og unglinga á Norðurlöndunum en skýrsla hópsins var til umræðu á þinginu í nóvember.

Nefndin hélt fimm fundi á árinu og voru hefðbundin nefndastörf undirbúningur funda og meðferð tillagna, erinda og skýrslna. Þá voru skipulögð nokkur málþing og á árinu var unnið að skýrslu um baráttu gegn glæpum, einkum gegn glæpum ungmenna. Skipaður var vinnuhópur til að athuga og koma með tillögur um hvernig unnt væri að fylgja eftir niðurstöðum Barentsráðstefnunnar í Alta sem haldin var í apríl. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu í nóvember þar sem lagðar eru til ýmsar aðgerðir til að fylgja Barentsráðstefnunni eftir og hefur hópurinn óskað eftir umboði til að halda vinnunni áfram í samráði við rússneska þingmenn. Fjölmörg áhugaverð mál voru tekin upp og rædd í nefndinni, t.d. hugmyndir um nemendaskipti við Eystrasaltsríkin og stjórnmálaþátttöku kvenna á norðlægum svæðum. Þá hélt nærsvæðanefnd fund í lok júní um norðurskautsmál með fulltrúum norrænu ráðherranefndarinnar. Markmið fundarins var einkum að fá upplýsingar um rannsóknir á málefnum norðurskautsins og frekari upplýsingar um starfsemina. Af hálfu ráðherranefndarinnar mættu Sören Christensen, Birgitte Skjoldager Wöhlk og Niels Petersen, auk Lars-Erik Liljelund frá AMAP og Lars Kullerud frá GRID/Arendal. Ákveðið var að fylgja eftir ráðstefnunni BarnForum með því að halda aðra slíka ráðstefnu, BarnForum II, sem haldin yrði á vordögum árið 2000. Nærsvæðanefnd tók þátt í Barentsráðstefnunni en þar voru þrjú meginmálefni til umræðu:

framtíð samvinnu Norður-Evrópu og Rússlands, samskipti og samgöngur á Barentssvæðinu og þróun velferðarmála á Barentssvæðinu. Þá tóku fulltrúar nefndarinnar þátt í ráðstefnu um Evrópusambandið hjá Eystrasaltsþinginu sem haldið var í Helsinki, fjölmiðlaráðstefnu í Vilnius, ráðstefnu um kjarnorkumálefni og stefnu Eystrasaltsríkjanna sem haldin var í Vilnius og áttu enn fremur fund með þingmannasambandi NV-Rússlands í Viborg.

3.4. Evrópunefndin.

Fulltrúar Íslands í Evrópunefndinni voru Siv Friðleifsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon en Siv vék úr nefndinni þegar hún tók við embætti umhverfisráðherra. Hjálmar Jónsson kom í hennar stað um sumarið. Hlutverk Evrópunefndarinnar er að sinna samstarfi Norðurlanda og EFTA-ESB-ríkja og fjalla um stefnu norrænu ríkjanna í þeim málaflokki. Nefndin hefur einkum fjallað um atvinnumál, hagstjórnarmál, neytendamál og meðferð evrópskrar löggjafar á Norðurlöndunum auk þess að fjalla um starfsáætlanir formennskuríkja og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Nefndin fjallaði á fundum sínum töluvert um mál sem tengjast EMU og stöðu ríkjanna, einkum gjaldmiðla þeirra, gagnvart EMU-skilyrðum og hver áhrif þau hefðu á hagkerfi landanna. Fulltrúar einstakra ríkja í Evrópunefndinni gáfu skýrslu um stöðuna í vaxta- og gengismálum.

Evrópunefndin skipaði sérstakan vinnuhóp um Norræna iðnaðarsjóðinn og var vinnu hans haldið áfram. Gert er ráð fyrir að vinnuhópurinn skili skýrslu sem verður lögð fram á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Ráðstefna nefndarinnar um svæðisbundna samvinnu í ört stækkandi Evrópusambandi var haldin í samvinnu við norrænu ráðherranefndina og Benelux-löndin í apríl í Kaupmannahöfn. Nefndin var sammála um að Norðurlöndin hefðu ekki áhuga á blokkamyndun en sæktust eftir samvinnu á ákveðnum sviðum þegar hagsmunir ríkjanna færu saman. Nefndin hélt svo fund með Evrópu- og/eða utanríkismálanefndum þjóðþinga Norðurlanda. Fundurinn var haldinn í Helsinki og þótti takast vel. Á fundinum var einkum fjallað um „norðlægu víddina“ og voru menn sammála um mikilvægi hennar innan ESB-samstarfsins og kom meðal annars fram að margir töldu sérstaklega mikilvægt að Kólaskagi félli þar undir. Rétt er að geta þess að á fundi með Paavo Lipponen í Helsinki í lok janúar sl. ítrekaði hann að Evrópusambandið hefði fallist á að „norðlæga víddin“ yrði á aðgerðaáætlun sambandsins. Hins vegar mundi taka tíma að koma því í framkvæmd því að kerfið væri fremur svifaseint.

Að lokum má geta þess að Evrópunefndin fjallaði sérstaklega um meðferð ESB/EES-mála í þjóðþingum Norðurlanda.

3.5. Eftirlitsnefndin.

Fulltrúi Íslands í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs árið 1999 var Sturla Böðvarsson en Arnbjörg Sveinsdóttir tók sæti hans þegar Sturla tók við embætti samgönguráðherra um mitt sumar.

Nefndin fór yfir ársreikninga Norræna menningarsjóðsins og hóf athugun á því hvernig tilmælum og ályktunum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar væri fylgt eftir í þjóðþingunum. Niðurstaða þeirrar athugunar kemur fram í tillögu A1209/k sem var samþykkt á 51. þingi ráðsins í Stokkhólmi. Þá tók nefndin til sérstakrar skoðunar málefni Norræna menningarsjóðsins. Rannsaka skyldi úthlutun styrkja og sérstaklega hugað að hvernig styrkveitingar skiptust á milli einstakra landa, að sjálfsstjórnarsvæðunum meðtöldum, og málefna. Þá skyldi sérstaklega athugað hvort sömu aðilar fengju styrk til mismunandi verkefna. Í nóvember var nefndinni skilað áfangaskýrslu um styrkveitingar árin 1997 og 1998. Þar kemur fram hvernig

styrkveitingar skiptast milli umsækjenda, svæða sem verkefnin voru unnin á, stofnana sem heyra undir norrænu ráðherranefndina og listgreina. Upplýst var að tölur um styrki árið 1999 lægju ekki fyrir fyrr en á fyrsta ársfjórðungi ársins 2000. Rétt er að geta þess að eftirlitsnefndin hittir stjórn menningarsjóðsins í mars á þessu ári, fer yfir málið með henni og gengur svo frá endanlegri skýrslu.

4. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru nú þrenn, þ.e. bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun, og nema 350 þúsund dönskum krónum. Bókmennta- og tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs var úthlutað í tengslum við sameiginlegan fund Norðurlandaráðs og Eystrasaltsráðsins sem fram fór í Helsinki. Umhverfisverðlaunin voru afhent í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Stokkhólmi í nóvember.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru veitt fyrir bókmenntaverk á norrænu tungumáli. Markmið þeirra er að auka áhuga á norrænum bókmenntum. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1999 hlaut danska skáldkonan Pia Tafdrup, fyrir bók sína „Dronningeporten".

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965 og fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau verið veitt á ári hverju, annað hvert ár tónskáldi og hitt ár tónlistarflytjanda. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 1999 hlaut finnski hljómsveitarstjórinn og tónskáldið Leif Segerstam.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð veitti árlega náttúru- og umhverfisverðlaun. Verðlaunin á að veita einstaklingi sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða hópi fólks, samtökum, fjölmiðlum, fyrirtækjum eða stofnunum sem hefur í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni aðdáunarverða tillitsemi. Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn á þingi ráðsins í Kuopio í nóvember 1995. Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 1999 voru afhent á þingi Norðurlandaráðs hinn 9. nóvember og hlutu samtökin „Natur og Miljø" á Álandseyjum verðlaunin en þau vinna innan Dagskrár 21.

5. Ráðstefnur á vegum Norðurlandaráðs.

5.1. Barentsráðstefna Norðurlandaráðs og norska Stórþingsins í Alta.

Dagana 8.–9. apríl 1999 stóð Norðurlandaráð, í samvinnu við norska Stórþingið, fyrir ráðstefnu um svæðasamstarf ríkja við Barentshaf. Þetta er fyrsta þingmannaráðstefnan um þessi mál og fór hún fram í bænum Alta í Norður-Noregi. Ráðstefnuna sóttu þingmenn úr Norðurlandaráði (nærsvæðanefnd og forsætisnefnd), þingmenn úr Dúmunni og fulltrúar af fylkisþingum þeirra svæða sem liggja að Barentshafi, t.d. Múrmansk og Arkhangelsk í Rússlandi og Finnmörku í Noregi, auk annarra gesta. Af hálfu Alþingis sóttu ráðstefnuna Valgerður Sverrisdóttir, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, Sigríður A. Þórðardóttir og Guðmundur Árni Stefánsson.

Eftirtaldir stjórnmálamenn héldu framsöguerindi á ráðstefnunni: Eva Nielsen, formaður sveitarstjórnar Alta, Svein Ludvigsen, forseti efri deildar norska Stórþingsins og varaformaður Norðurlandanefndar, Gun Hellsvik, forseti Norðurlandaráðs, Heikki Puurunen, sendiherra Finnlands í Noregi, fyrir hönd utanríkisráðherra Finnlands, Julij Kvitsinskij, sendiherra Rússlands í Noregi, Georg Andersson, landshöfðingi í Finnmörku, Sven-Eric Söder, fulltrúi sænska samstarfsráðherra Norðurlanda, Peter Angelsen, samstarfsráðherra Norðurlanda og sjávarútvegsráðherra í ríkisstjórn Noregs, en hann flutti jafnframt ávarp fyrir hönd Knuts Vollebæks, utanríkisráðherra Noregs, dr. Arthur Chilingarov, varaforseti Dúmunnar, Hannes

Manninen, fulltrúi í Norðurlandaráði, Maj-Inger Klingvall, félagsmálaráðherra Svíþjóðar, og Ragnhild Nystad, varaforseti norska Samaþingsins. Auk þess tóku fjölmargir þingmenn og ráðstefnugestir til máls í almennum umræðum.

Þrjú meginmálefni voru til umræðu á ráðstefnunni: framtíð samvinnu Norður-Evrópu og Rússlands, samskipti og samgöngur á Barentssvæðinu og þróun velferðarmála á Barentssvæðinu. Í opnunarræðu sinni sagði Svein Ludvigsen að tilgangur ráðstefnunnar væri að varpa ljósi á viðfangsefni fólks á svæðinu og ræða mögulegar úrlausnir.

Í umræðum um framtíðarsamvinnu Norður-Evrópu og Rússlands voru ræðumenn sammála um að mikilvægt væri að efla enn frekar samvinnu svæðanna. Fram kom að forsenda þess væri efnahagslegur og pólitískur stöðugleiki. Rætt var um gífurlegar auðlindir á Barentssvæðinu, bæði á landi og í hafi.

Finnski sendiherrann í Noregi gerði grein fyrir áætlun Evrópusambandsins um „norðlæga vídd", sem nær einnig til Barentssvæðisins, og benti á að í samstarfsverkefnum ESB á sviði orku- og samgöngumála væri ýmislegt sem snerti samvinnu á því svæði. Fulltrúi Rússlands minnti á að nú stæði yfir styrjöld á Balkanskaga og sagði að slíkt mætti ekki gerast á Barentssvæðinu. Þess vegna væri samstarf þingmanna þar mikilvægt, enda væru þeir fulltrúar íbúanna. Undir þetta tók m.a. Georg Andersson, landshöfðingi í Finnmörku, sem benti á að íbúarnir væru um fimm milljónir og svæðið auðugt. Hann ítrekaði mikilvægi þess að sveitastjórnir, fylkisþing, þjóðþing og ríkisstjórnir ynnu saman að málefnum Barentssvæðisins. Fleiri ræðumenn hvöttu til þess að slíkar ráðstefnur yrðu haldnar reglulega svo og að skipuð yrði sérstök þingmannanefnd um þessi mál með svipuðu sniði og þingmannanefnd um norðurskautsmál. Í umræðum um samskipti og samgöngur lögðu fundarmenn áherslu á möguleikana sem fælust í nýrri tækni. Rætt var um hugsanlegt samstarf í menntamálum, t.d. með því að nýta betur fjarnám og tölvutækni og lagt var til að opnuð yrðu svokölluð „Noregs-hús" á Barentssvæðinu, svipuð norrænu húsunum á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi, til að greiða fyrir frekara samstarfi. Arthur Chilingarov, varaforseti Dúmunnar, benti á að þrátt fyrir að 60% af landi Rússlands teldist til Barentssvæðisins byggju þar einungis 11% þjóðarinnar. Engu að væru þar mikilvægar forsendur efnahagslegrar uppbyggingar landsins, þ.e. 75% af olíuauðlindnum og 90% af gasauðlindum Rússlands, auk sjávarauðlinda. Chilingarov minntist einnig á átökin í Kosovo og sagði erfitt að ræða friðsamlegt samstarf á Barentssvæðinu þegar NATO stæði fyrir sprengjuárásum á Serbíu. Í umræðum um velferðarmál voru kynntar upplýsingar um bága félagslega stöðu íbúa í Múrmansk þar sem félagsleg þjónusta er af skornum skammti, atvinnuleysi mikið og vændi útbreitt vandamál.

Skipuleggjendur ráðstefnunnar höfðu dreift uppkasti að lokaskjali áður en hún hófst og var sérstakur vinnuhópur skipaður til að ná samkomulagi um það. Í hópnum voru fulltrúar frá öllum ríkjum Barentsráðsins, auk fulltrúa frá Norðurlandaráði og norska Stórþinginu. Fulltrúi Alþingis var Guðmundur Árni Stefánsson. Á fyrsta fundi vinnuhópsins lagði fulltrúi Dúmunnar, Boris Mischnik þingmaður frá Múrmansk, fram tillögu rússnesku sendinefndarinnar um að ráðstefnan fordæmdi sprengjuárásir NATO á Serbíu og hvetti aðildarríki Barentsráðsins til að binda tafarlaust enda á það blóðbað. Þessari tillögu var einróma vísað frá af öðrum fulltrúum í vinnuhópnum með þeim rökum að ráðstefnunni væri ætlað að vinna að málefnum Barentssvæðisins og því væri hún ekki rétti vettvangurinn til að ályktа um átökin í Serbíu og Kosovo. Á hinn bóginn var ekki lagst gegn því að rússneska sendinefndin legði fram skjal með þessari afstöðu í eigin nafni og væri ráðstefnugestum í sjálfsvald sett hvort þeir undirrituðu það.

Af öðrum málum sem komu til umræðu í vinnuhópnum má geta hugmyndar um að setja á laggirnar fastanefnd þingmanna um málefni Barentssvæðisins til að fylgja eftir ályktunum

ráðstefnunnar og skipuleggja framtíðarsamstarf, sem og að opna sérstaka skrifstofu til að halda utan um það. Þessi hugmynd hafði verið umdeild í forsætisnefnd og var nokkur andstaða við hana, m.a. frá fulltrúum Finnlands, Íslands og Danmerkur. Lögð var fram málamiðlunartillaga þess efnis að nærsvæðanefnd Norðurlandaráðs, í samvinnu við rússneska þingmenn í þjóð- og fylkisþingum, skyldi sinna samstarfi við Barentssvæðið og að þjónusta yrði veitt af skrifstofu Norðurlandaráðs. Tillagan var samþykkt.

Þá lagði Guðmundur Árni Stefánsson til að ályktað yrði um samstarf í stjórn fiskveiða í Barentshafi, en í uppkastinu sem dreift var fyrir ráðstefnuna var ekki minnst á slíkt. Samþykkt var að bæta setningu í lokaskjalið þar sem hvatt er til eflingar samstarfs um fiskveiðistjórnun í Barentshafi. Tillögu norska þingmannsins Steinars Bastesens um að hefja hvalveiðar á nýjan leik og að aðildarríkin beittu sér gegn viðskiptaþvingunum gegn hvalveiðiþjóðum var hins vegar vísað frá.

Þá skoraði ráðstefnan á Norðurlandaráð að halda ráðstefnu fyrir unga stjórnmálamenn frá Barentssvæðinu árið 2000.

5.2. Sameiginlegur fundur Norðurlandráðs og Eystrasaltsráðsins.

Dagana 8.–9. febrúar 1999 héldu Norðurlandaráð og Eystrasaltsráðið annan sameiginlegan fund sinn en fyrri fundurinn var haldinn í Vilnius í Litháen í apríl árið 1996. Að þessu sinni fór fundurinn fram í finnska þinginu í Helsinki. Aðalumræðuefnin voru þrjú: „norðlæga víddin“ í Evrópusambandinu, öryggismál í Eystrasalti og barátta gegn skipulögðum glæpum á Eystrasaltssvæðinu. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundinn Valgerður Sverrisdóttir formaður, Sigríður A. Þórðardóttir, Sturla Böðvarsson, Siv Friðleifsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson og Sigríður Jóhannesdóttir.

Fyrsta dagskrármál var hugmynd Finna um „norðlæga vídd“ í Evrópusambandinu. Meðal framsögumanna voru Paavo Lipponen, forsætisráðherra Finnlands, sem flutti inngangsræðuna, Göran Person, forsætisráðherra Svíþjóðar, Kjell-Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs og Niels-Helveg Pedersen, utanríkisráðherra Danmerkur. Auk þess tóku forsætisráðherrar Lettlands og Eistlands, þeir Vilis Kristopans og Mart Siimann, þátt í umræðunum en forsætisráðherrar Litháens og Íslands voru forfallaðir.

Næst var rætt um öryggismál í Eystrasalti. Framsögumenn voru Éeslovas Stankeviéius, varnarmálaráðherra Litháens, Dag Jostein Fjærvoll, varnarmálaráðherra Noregs, litháíski þingmaðurinn Juris Dalbins frá Eystrasaltsráðinu og finnski þingmaðurinn Erkki Tuomioja úr Norðurlandaráði. Framsögumenn um baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi voru Christel Anderberg frá Svíþjóð, en hún hefur skrifað skýrslu fyrir Norðurlandaráð um þetta málefni, Liudvikas Sabutis, formaður laganefndar Eystrasaltsráðsins, Laila Freivalds, dómsmálaráðherra Svíþjóðar, og Paul Varul, dómsmálaráðherra Eistlands.

Umræður á fundinum voru líflegar og var mál manna að sú tilhögun að hafa stutt framsöguerindi og leyfa fyrirspurnir hafi gengið vel. Í lok fundarins héldu fulltrúar Eystrasaltsráðsins og Norðurlandaráðs sameiginlegan blaðamannafund og tók Valgerður Sverrisdóttir þátt í honum. Þar kom fram að ráðin hyggjast starfa náið saman í framtíðinni, m.a. í tengslum við stækkun Evrópusambandsins og NATO, um framkvæmd „norðlægu víddarinnar“ í ESB, um málefni barna og unglinga á nærsvæðunum og um baráttu gegn skipulögðum glæpum.

5.3. Málstofan Þýskaland og Norðurlöndin — eiga þau samleið í nýrri Evrópu?

Ráðstefna fyrir þýska og norræna þingmenn var haldin í tengslum við vígslu samnorrænu sendiráðsbygginganna í Berlín hinn 21. október. Þar voru þrír málaflokkar til umræðu, evrópsk öryggismál, norðurevrópskt orkukerfi og samgöngur í Norður-Evrópu. Gun Hellsvik,

forseti Norðurlandaráðs, setti ráðstefnuna og Rudolf Seiters, varaforseti neðri deildar þýska þingsins, og Hans Stimmann, borgarfulltrúi í Berlín, ávörpuðu þingmenn. Ávörp um evrópsk öryggismál fluttu þýska þingkonan Angelika Beer og norska þingkonan Berit Brørby. Beer lagði áherslu á að fyrirbyggjandi aðgerðir og samstarf við Rússland væri mikilvægast. Brørby talaði einnig um mikilvægi fyrirbyggjandi aðgerða og minnti á að Kákassusvæðið ylli mestum áhyggjum. Þá sagði hún að fyrirhugað væri að auka hlutverk ESB í friðargæslu en NATO mundi áfram sjá um varnir álfunnar.

Framsögur um orkumál höfðu þýski þingmaðurinn Kurt-Dieter Grill og danski þingmaðurinn Svend Erik Hovmand. Þeir fjölluðu fyrst og fremst um Eystrasaltssvæðið, en báðir lögðu þeir áherslu á að hugtakið sjálfbær nýting orkulinda bæri m.a. að skilgreina út frá efnahags- og félagslegum sjónarmiðum.

Framsögur um samgöngumál höfðu þýski þingmaðurinn Reinhold Hiller og finnska þingkonan Outi Ojala. Þau fjölluðu bæði fyrst og fremst um samgöngumál á Eystrasaltssvæðinu, en Ojala talaði jafnframt um „norðlægu víddina".

Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra hélt lokaræðu málstofunnar. Hann sagði m.a. að undanfarin ár í norrænu samstarfi hefði mest farið fyrir svæðisbundnu starfi og þakkaði Finnum fyrir að koma á meiri tengslum við önnur Evrópuríki í formennskutíð sinni í ráðherraráði ESB. Hann sagði gríðarlega mikilvægt að Þýskaland tæki þátt í samstarfi á norðurslóðum. Þá sagði hann að í allri umræðunni um samstarf á Eystrasaltssvæðinu mætti ekki gleyma Atlantshafi. Hann fagnaði hugmyndum um eflda samvinnu ESB í öryggismálum, en sagði það ekki mega bitna á starfinu innan NATO eða samstarfi Evrópuríkja við Bandaríkin og Kanada. Halldór sagði Norðurlöndin geta haft mikil áhrif saman, t.d. væri hagkerfi þeirra stærra en það kanadíska. Hann hvatti til náinnar samvinnu Norðurlanda og Þýskalands, enda ættu löndin sameiginlega hagsmuni, sem og sögu og menningararf.

5.4. Ráðstefna um líftækni og lífsiðfræði.

Í tengslum við haustfundi Norðurlandaráðs, sem haldnir voru á Akureyri 26.–29. september, stóð Norðurlandanefnd fyrir ráðstefnu um líftækni og lífsiðfræði á Hótel KEA. Pehr Löv formaður setti ráðstefnuna. Fyrirlesarar voru dr. Linda Nielsen, formaður norrænu lífsiðfræðinefndarinnar, Vilhjálmur Árnason, prófessor við heimspekideild Háskóla Íslands, Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar ehf., og Högni Óskarsson geðlæknir.

Linda Nielsen sagði í ræðu sinni að mikilvægt væri að fjalla um lífsiðfræði á norrænum vettvangi og nefndi sérstaklega hlutverk norrænu lífsiðfræðinefndarinnar og umræðu um reglur um genabanka og vísaði til rits sem norræna ráðherranefndin hefði gefið út um efnið undir titlinum „Who owns our genes?". Hún lagði jafnframt sérstaka áherslu á að ræða þyrfti lögfræðilegar hliðar einstakra aðferða í líftækni og að réttindi manna yrðu að ná yfir allt æviskeið manneskjunnar, frá vöggu til grafar. Fram kom að reglur um líftækni og lífsiðfræði eru nokkuð mismunandi á Norðurlöndunum, t.d. um upplýsingar um kynfrumugjafa. Að lokum nefndi Nielsen að nauðsynlegt væri að kanna mismunandi löggjöf Norðurlandanna og hverjar ástæður væru fyrir muninum, móta „norræna stefnu" um líftækni og lífsiðfræði, gagnkvæma upplýsingamiðlun og vilja til að samræma reglur.

Þá fór fram ítarleg umræða um íslenskan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Í máli Nielsen kom m.a. fram að íslenska löggjöfin um gagnagrunn á heilbrigðissviði lofaði góðu og virtist taka á mörgum mikilvægum atriðum. Hins vegar gætu skapast vandamál við að gera upplýsingarnar ópersónugreinanlegar, einkum vegna smæðar íslensku þjóðarinnar. Vilhjálmur Árnason prófessor sagði í erindi sínu að breyta þyrfti reglunum þannig að sjúklingar þyrftu að veita upplýst samþykki fyrir þátttöku sinni í gagnagrunninum. Jafnframt sagði hann ekki

væri tekið nægilegt tillit til barna og látinna. Þessar reglur væri brýnt að endurskoða þar sem ekki væri hægt að taka aftur skráðar upplýsingar.

Kári Stefánsson ítrekaði notagildi gagnagrunnsins til rannsókna á sjúkdómum og sjúkdómsorsökum, þróunar nýrra lyfja og hagkvæmari og betri heilbrigðisþjónustu. Hann minnti og á að þessi starfsemi mundi færa vel menntuðum Íslendingum atvinnutækifæri, aukin tækifæri til rannsókna og ríkinu skatttekjur, auk þess sem gagnagrunnurinn mundi nýtast heilbrigðisyfirvöldum. Hann kvað öryggi gagna tryggt meðal annars með því að fjórum nefndum væri ætlað að hafa eftirlit með starfseminni, hvort sem um væri að ræða rekstur, aðgang að persónuupplýsingum, siðfræði við rannsóknir með aðstoð gagnagrunnsins eða hvaða spurninga væri spurt, hver spyrði og hvenær. Þá upplýsti Kári hvernig fyrirspurnarferlið gengi fyrir sig í grundvallaratriðum. Að erindum loknum gafst tími til fyrirspurna og umræðna.

6. 51. þing Norðurlandaráðs.

51. þing Norðurlandaráðs var haldið í Stokkhólmi dagana 8.–11. nóvember 1999 og sótti Íslandsdeild Norðurlandaráðs það.

Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs voru afhent 9. nóvember við hátíðlega athöfn í þinghúsinu.

Fyrir setningu þingsins sátu forsætisráðherrar Norðurlanda fund með forsætisnefnd Norðurlandaráðs í Rosenbad. Forseti ráðsins, Gun Hellsvik, setti þingið formlega daginn eftir og gat þess m.a. í setningarræðunni að mörg mikilvæg mál lægju fyrir þinginu til afgreiðslu. Gerði hún sérstaklega að umtalsefni tillöguna um „Norðurlönd án landamæra“ en hún fól í sér afnám hindrana fyrir Norðurlandabúa til að flytjast á milli landa, jafnt til búsetu sem starfa. Því næst tók til máls forseti sænska þingsins, Birgitta Dahl, og minnti á að alþjóðastarf, hvort heldur væri svæðisbundið, á Evrópuvettvangi eða á heimsvísu, væri geysilega mikilvægt en hins vegar væri forsenda þess sú að slíkt samstarf ætti sér stoð í vitund þjóðanna. Í framhaldi af því minnti hún á að þjóðþing Norðurlanda og einstakir þingmenn bæru ábyrgð á að tryggja slíkt. Samkvæmt venju fluttu forsætisráðherrarnir skýrslur sínar og síðan fór fram umræða um þær. Í ræðu sinni talaði Poul Nyrup Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, um að á öldinni sem væri að líða hefði heimurinn þurft að þola tvær hörmulegar heimsstyrjaldir en hins vegar hefði þetta einnig verið öld framfara og tækninýjunga, lýðræðis og mannréttinda og bættra samskipta við Austur-Evrópu. Í máli sínu vék hann að málefnum nærsvæðanna og norðurheimskautsins og að samskiptum Norðurlanda og Evrópusambandsins. Síðan fóru fram almennar stjórnmálaumræður. Fyrir utan ráðherratillögu um fjárlögin fyrir 1999 fjallaði þingið um margar ráðherra-, nefnda- og þingmannatillögur, m.a. um umhverfismál, samvinnu við Eystrasaltslöndin, réttindi barna, málefni barna í dreifbýli, einelti og ofbeldi meðal barna og unglinga, norræna samvinnu á sviði menntunar og rannsókna, atvinnumál o.fl. Um tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni sem samþykkt voru á þinginu vísast til fylgiskjals. Á þinginu var í fjórða sinn beinn fyrirspurnartími þar sem samstarfsráðherrar Norðurlanda sátu fyrir svörum og skapaðist mjög lífleg umræða.

Þá fór fram kjör í nefndir og voru Sigríður A. Þórðardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Sighvatur Björgvinsson kjörin til setu í forsætisnefnd, Sigríður Jóhannesdóttir og Steingrímur J. Sigfússon í Norðurlandanefnd, Arnbjörg Sveinsdóttir í Evrópunefnd og eftirlitsnefnd og Hjálmar Jónsson í nærsvæðanefnd. Þá var Sigríður A. Þórðardóttir kjörin forseti Norðurlandaráðs fyrir árið 2000.

Í ræðu sinni vék nýkjörinn forseti sérstaklega að samkennd Norðurlandþjóða sem birtist t.d. í sameiginlegu átaki þeirra við að koma upp sendiráðum í Berlín en þar þætti takast sérstaklega vel til. Þá lagði hún áherslu á nauðsyn þess að styrkja norræna samvinnu til að halda

frið, vinna að mannúðarmálum og við að hafa frumkvæði að umræðu um stöðu minnihlutahópa, flóttamanna og innflytjenda, einkum m.t.t. uppgangs nýnasismans síðstu ár sem margir gerðu að umtalsefni á þinginu. Jafnframt ítrekaði hún mikilvægi samvinnu á norðurskautssvæðinu, Barentssvæðinu og Eystrasaltssvæðinu. Þá minnti Sigríður á nauðsyn þess að styrkja samstarf við Vestur-Norðurlönd. Í máli sínu vék hún einnig að norrænni tungu og sagðist vilja að minni tungumálasvæðin væru styrkt, skilningur aukinn milli einstakra svæða og stuðlað að frekari samvinnu sjónvarpsstöðva og á sviði menningarlífs. Að lokum minnti hún á að samvinna í menntamálum hefði ávallt verið forgangsmál á Norðurlöndum.

Fráfarandi forseti Norðurlandaráðs, Gun Hellsvik, sagði í lokaræðu sinni að framtíð Norðurlandaráðs stæði og félli með þingmönnunum sem það skipuðu. Starfsemi þess og áhrif væru háð því að þingmenn væru tilbúnir til að takast á við vandamálin og leysa þau í fullri sátt. Að lokum varaði Hellsvik við vaxandi tilhneigingu til þjóðernishyggju og kynþáttafordóma. Sagði hún að menn yrðu að taka þetta alvarlega og hefja næsta árþúsund á baráttu gegn einstaklingshyggju, umburðarleysi og eigingirni en hvetja til umburðarlyndis og virðingar fyrir náunganum.

Alþingi, 15. febr. 2000.

Ísólfur Gylfi Pálmason, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir, varaform.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Sighvatur Björgvinsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Hjálmar Jónsson.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal.

Tilmæli, álit og ákvarðanir um innri málefni samþykkt á 50. þingi Norðurlandaráðs.
(Stokkhómi, 8.–11. nóvember 1999.)

1. Tilmæli nr. 2/1999 um að koma af stað þverfaglegri aðgerðaáætlun fyrir börn og ungt fólk (A 1194/nord).
2. Tilmæli nr. 3/1999 um réttindi barna (A 1194/nord).
3. Tilmæli nr. 4/1999 um börn og ungt fólk í dreifbýli (A 1195/nord).
4. Tilmæli nr. 5/1999 um rannsóknir á einelti og ofbeldi meðal barna og unglinga (A 1196/nord).
5. Tilmæli nr. 6/1999 um aukna samvinnu við Eystrasaltsríkin (1203/P).
6. Tilmæli nr. 7/1999 um fjárhagsáætlun fyrir norræna samvinnu árið 2000 (C1, C2, B 187/p).
7. Tilmæli nr. 8/1999 um hvernig framfylgja beri tilmælum Norðurlandaráðs (A 1209/k).
8. Tilmæli nr. 9/1999 um stefnumörkun í samvinnu á sviði menntunar og rannsókna árin 2000–2004 (B 186/nord).
9. Tilmæli nr. 10/1999 um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum kvikmyndaeftirlits innan Norðurlandanna (A 1193/nord).

10. Tilmæli nr. 11/1999 um fulltrúa starfsmanna í stjórnum fyrirtækja sem starfa í mörgum löndum (A 1198/euro).
11. Tilmæli nr. 12/1999 um aðgerðaáætlun til að afnema hindranir innan Norðurlanda (A 1207/nord).
12. Tilmæli nr. 13/1999 um norræna atvinnumiðlun og miðlun upplýsinga um vinnumarkaðinn til að auka hreyfanleika vinnuafls milli svæða (A 1200/euro).
13. Tilmæli nr. 14/1999 um kynjaskiptingu við vinnslu opinberra tölfræðiupplýsinga (A 1192).
14. Tilmæli nr. 15/1999 um norrænt framtak til að hvetja Alþjóðabankann til að veita velferðarmálum vinnuafls meiri athygli (A 1197/euro).
15. Tilmæli nr. 16/1999 um kennslu í fangelsum (A 1199/nord).
16. Tilmæli nr. 17/1999 um viðskipti með C02-kvóta innan Norðurlandanna (A 1201/när).
17. Umsögn nr. 1/1999. Skýrsla frá Norræna menningarsjóðnum ásamt skýrslu endurskoðenda (C 5/k).
18. Ákvörðun nr. 1/1999 um heildarsýn á kennslu og félagsþroska (A 1196/nord).
19. Ákvörðun nr. 2/1999 um samvinnu og miðlun upplýsinga milli Norðurlandaráðs og Eystrasaltsráðsins (A1203/p).
20. Ákvörðun nr. 3/1999 um hvernig framfylgja beri tilmælum Norðurlandaráðs (A 1209/k).

688. Fyrirspurn [423. mál]

til samgönguráðherra um uppbyggingu vega á jaðarsvæðum.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvað líður undirbúningi að átaki í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi (jaðarsvæði), sbr. þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001?

689. Fyrirspurn [424. mál]

til menntamálaráðherra um kostnað við fjarkennslu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvaða reglur gilda í framhaldsskólum um greiðslu kostnaðar við kaup á áföngum í fjarkennslu sem ekki er unnt að bjóða upp á í heimaskóla?

690. Fyrirspurn [425. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðgengi að neyðargetnaðarvarnarpillu.

Frá Ástu Möller.

Mun ráðherra beita sér fyrir betra aðgengi að neyðargetnaðarvarnarpillu hér á landi?

691. Fyrirspurn [426. mál]

til heilbrigðisráðherra um viðbrögð við þungunum unglingsstúlkna.

Frá Ástu Möller.

Til hvaða ráðstafana mun ráðherra grípa til að sporna gegn hárri tíðni þungana unglingsstúlkna?

692. Frumvarp til laga [427. mál]

um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Einar Már Sigurðarson, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 119. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú er það sannað með vottorði læknis að sá sem óskað er eftir að slysa- eða sjúkratrygging taki til hefur að fullu náð sér af afleiðingum slyss sem hann hefur orðið fyrir eða sjúkdóms sem hann hefur átt við að stríða, og er þá félaginu óheimilt að neita honum um slysa- eða sjúkratryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 119. gr. núgildandi laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, segir að vátryggingu megi taka gegn slysum og sjúkdómum, hvort heldur er vátryggjanda sjálfs eða þriðja manns. Tryggingafélög hafa um langa hríð haft þann hátt á að neita einstaklingum um slysa- eða sjúkratryggingar sem hafa orðið fyrir alvarlegum slysum eða átt við skæða sjúkdóma að stríða. Mat tryggingafélaganna hefur verið að áhættan af því að veita þeim slysa- eða sjúkratryggingar væri of mikil, auk þess sem iðgjöld fyrir slíkar tryggingar yrðu svo há að þeir sem helst þyrftu á þeim að halda hefðu ekki efni á að taka þær.

Sé málum hins vegar þannig farið að sá sem óskað er eftir að slysa- eða sjúkratrygging taki til geti lagt fram vottorð læknis um að hann hafi algerlega náð sér af afleiðingum slyss sem hann hefur orðið fyrir eða sjúkdóms sem hann hefur átt við að stríða eiga þessi rök ekki lengur við. Ástæðulaust er fyrir tryggingafélög að neita heilbrigðum einstaklingum um slysa- eða sjúkratryggingar. Í þessu tilviki verður jafnframt að hafa í huga ákvæði I. kapítula laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, en þar er að finna reglur sem geta leyst félag frá ábyrgð ef einstaklingur hefur gefið rangar upplýsingar um atvik sem ætla má að máli skipti fyrir félagið, eða leynt slíkum atvikum. Verði frumvarp þetta að lögum mun það því ekki koma í veg fyrir að hægt verði að hafna beiðni um slysa- eða sjúkratryggingar á öðrum forsendum en þeim sem um ræðir í frumvarpinu.

693. Frumvarp til laga [428. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

206. gr. laganna orðast svo:

Hver sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af einhverju tagi skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af lauslæti annarra skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn, yngra en 18 ára, til þess að hafa viðurværi sitt af lauslæti.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að fólk sé flutt úr landi eða til landsins í því skyni að það taki þátt í hvers kyns klám- eða vændisiðnaði hvort sem viðkomandi er kunnugt um þennan tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða gerir sér lauslæti annarra að tekjulind, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

Hver sem býður upp á kynferðislegar nektarsýningar og hefur þar með nekt annarra sér að féþúfu og til sölu skal sæta allt að 4 ára fangelsi. Sömu refsingu varðar það að skipuleggja og reka kerfisbundna klámþjónustu gegnum síma eða tölvur.

2. gr.

210. gr. laganna orðast svo:

Ef klám birtist á prenti skal sá sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Sömu refsingu varðar það þann sem er ábyrgur fyrir að auglýsa í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi aðgang að klámi í hvaða mynd sem það er fram borið. Sömu refsingu varðar einnig að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og

að efna til opinbers fyrirlestrar eða leiks sem er ósiðlegur á sama hátt. Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing þó orðið fangelsi allt að 2 árum.

Það varðar enn fremur sömu refsingu að láta af hendi við börn, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

Hver sem flytur inn eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að flytja inn eða hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa miklar umræður orðið í íslensku samfélagi um klám og kynlífsþjónustu og þykir flestum mikilvægt að nú þegar verði brugðist við.

Samkomustaðir, svokallaðir nektardansstaðir, hafa skotið upp kollinum bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu. Mikilvægt er að takmarka eða koma í veg fyrir starfrækslu slíkra staða hérlendis, enda þykir líklegt að á þeim eða í tengslum við þá sé stundað vændi í einhverjum mæli þótt ekki liggi fyrir neinar skjalfestar sannanir í því efni. Þá hefur vakið athygli hvernig viðgengist hafa alls kyns auglýsingar, t.d. í dagblöðum, um ýmiss konar kynlífsþjónustu. Enn má nefna að á netinu er alls kyns auglýsingarstarfsemi fyrir klámþjónustu, auk þess sem talið er að í tengslum við ákveðnar vefsíður sé stundað skipulagt vændi.

Með breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði á almennum hegningarlögum er lögð áhersla á að refsingar við brotum sem hér er fjallað um beinist að þeim sem kaupa kynlífsþjónustu hvers konar eða hafa líkama annarra sér að féþúfu. Sömuleiðis er hér leitast við að stemma stigu við þeirri opinberu og ógeðfelldu klámþjónustu sem greinilega er stunduð á vegum símafyrirtækja og mikið auglýst í fjölmiðlum, bæði prentmiðlum og á öldum ljósvakans. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að frumvarp til laga um breytingu á 210. gr. laganna (359. mál) sem liggur fyrir og bíður afgreiðslu alþingis verði samþykkt, en þar er gert ráð fyrir hertum ákvæðum er varða refsingar við að flytja inn eða hafa í vörslu sinni barnaklám hvers konar.

Samkvæmt leiðbeinandi reglum sem jafnréttisnefnd Evrópuráðsins og ráðherranefnd þess hafa nýlega afgreitt telst mansal til kynlífsþrælkunar eða kynlífsmisnotkunar vera til staðar „þegar einstaklingur, lögpersóna og/eða samtök útvega og/eða flytja innan lands eða milli landa á löglegan eða ólöglegan hátt einstaklinga, jafnvel með samþykki þeirra, í þeim tilgangi að nýta þá kynferðislega í gróðaskyni og beita til þess meðal annars þvingunum, einkum ofbeldi eða hótunum, blekkingum og misnotkun valds eða misnota sér bága stöðu einstaklinganna.“ (Elsa Þorkelsdóttir, Mansal, erindi flutt á fræðslufundi undir yfirskriftinni Mansal — kynlífsþrælkun — staðreynd eða upphrópun á Íslandi, á Hótel Borg, 8. febrúar 2000.)

Kaup á kynlífi og kynlífsþjónustu er því gróf valdbeiting, kynferðislegt ofbeldi, þar sem valdastaða þess sem kaupir, selur eða hefur milligöngu um þjónustuna er staða hins sterka. Þá er þess einnig að geta að talið er að verslun með konur til kynlífsþrælkunar sé oftast tengd annarri glæpastarfsemi, svo sem eiturlyfjasmygli, peningaþvætti og öðrum ólöglegum athöfnum. Mikilvægt að nú þegar verði tryggt í íslenskri hegningarlöggjöf að á slíkum glæpum verði tekið af festu.

Afleiðingar vændis eða sölu hvers kyns kynlífsþjónustu eru iðulega mjög svipaðar og hjá öðrum þolendum kynferðisofbeldis, þ.e. brotin sjálfsmynd, sjálfsfyrirlitning, þunglyndi,

sjálfsvígsþankar og tilraunir til sjálfsvíga. Ótal kannanir hafa einnig sýnt að konur sem selja líkama sinn eru að stórum hluta konur sem beittar hafa verið kynferðisofbeldi í bernsku og hafa því alla tíð staðið höllum fæti í lífinu. Á síðari árum hafa fátækt og litlar vonir um mannsæmandi framtíð einnig knúið fólk til vændis og auðveldað þannig þeim sem kaupa kynlífsþjónustu eða gerast milligöngumenn um slíkt að ná valdi yfir þeim.

Í grein eftir Áshildi Bragadóttur stjórnmálafræðing (Vera, 1. tbl. 2000) kemur fram að þótt ekki sé hægt með neinni vissu að alhæfa um útbreiðslu vændis hér á landi sé líklegt að vændi sé stundað hér, enda hafi nokkrir tugir einstaklinga sem stundað hafa vændi leitað til Stígamóta, samtaka kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi.

Í greininni er að finna fimm skilgreiningar á vændi sem fullyrt er að stundað sé hér á landi Í fyrsta lagi kemur fram að hér á landi eru starfrækt vændishús „þar sem einn aðili á eða stjórnar starfseminni, tekur á móti pöntunum og útvegar viðskiptavinum hold. Vændið fer ýmist fram innan veggja vændishússins, á hótelum, vinnustöðum viðskiptavinarins eða heimili hans.“ Í öðru lagi kemur fram að eigendur eða rekstraraðilar ákveðinna veitingahúsa hafi tekið að sér að vera milliliðir viðskiptavinarins og þess sem „seldi sig“. Í þriðja lagi er nefnd svonefnd fylgiþjónusta. Í fjórða lagi er talað um vændi þar sem karlmenn „gera skipulega út á konur“. Í fimmta lagi kemur fram í áðurnefndri grein Áshildar Bragadóttur að hér á landi þrífist það sem hún nefnir „tilviljanakennt götuvændi“.

Íslensk stjórnvöld hafa undirritað mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og þar með undirgengist m.a. að banna að hneppa menn í þrældóm eða nauðungarvinnu og banna þrælahald og þrælaverslun, hverju nafni sem hún nefnist. Þá eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum ákvæði þess efnis að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal staðfesta lagasetningu til þess að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi sem tengist vændi kvenna.

Frumvarpið leggur til afgerandi breytingar á almennum hegningarlögum til þess að bregðast við þeirri óæskilegu þróun sem orðið hefur í þessum efnum hér á landi sem víða annars staðar. Texti frumvarpsgreinanna skýrir sig að mestu leyti sjálfur en vert er að vekja athygli á þeirri áherslu sem lögð er á að draga notendur kynlífsþjónustu til ábyrgðar ekki síður en seljendur hennar.

Í umræðum um þessi mál á Alþingi nú á haustþingi var samdóma álit þingmanna sem tóku til máls að stemma þyrfti stigu við klám- og vændisiðnaði sem virðist hafa haslað sér völl á Íslandi. Klámiðnaður, sala kynlífsþjónustu og vændi á ekki undir neinum kringumstæðum að leyfast á Íslandi. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á almennum hegningarlögum yrði sú afstaða fullkomlega ljós í íslenskum lögum.

694. Svar [340. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Helgu Halldórsdóttur um framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

1. *Hvernig standa framkvæmdir við fráveitur hjá einstökum sveitarfélögum, sbr. lög nr. 53 8. mars 1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum?*

Framkvæmdir sveitarfélaga við fráveitur standa misjafnlega, allt frá því að vera á byrjunarreit til þess að vera á lokastigi, sbr. fráveitumál í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Seltjarnarnesi. Almennt má segja að í stærri þéttbýliskjörnum sé unnið að úrbótum samkvæmt áætlun þar um, t.d. á Akureyri, Blönduósi, Bessastaðahreppi, Borgarnesi, Garðabæ, Grinda-

vík, Hafnarfirði, Hveragerði, Kópavogi, Reykjavík, Reykjanesbæ, Seltjarnarnesi og Sandgerði.

Víða er unnið að undirbúningi, þ.e. áætlanagerð, t.d. í Vestmannaeyjabæ, Selfossi, Siglufirði, Mosfellsbæ, Akranesbæ, Höfn, Sauðárkróki, Bolungarvík, Hólmavík, Skagaströnd, Dalvík og Húsavík.

Umfang framkvæmda sveitarfélaga hefur verið töluvert minna en ætlað var við setningu laganna 1995. Gert var ráð fyrir að styrkhæfur heildarkostnaður næmi um 10 milljörðum kr. og styrkupphæð 20% af framkvæmdakostnaði, eða 1 milljarði kr. sem dreifðist á tíu ár, þ.e. að styrkgreiðslur næmu allt að 200 millj. kr. á ári.

Raunin hefur hins vegar verið eftirfarandi:
1996 námu styrkgreiðslur 73 millj. kr.
1997 námu styrkgreiðslur 76 millj. kr.
1998 námu styrkgreiðslur 163 millj. kr.
1999 námu styrkgreiðslur 115 millj. kr.
2000 er áætlað að styrkgreiðslur nemi um 135 millj. kr.

2. *Ætlar ráðuneytið að gera ráðstafanir til að hækka endurgreiðsluhlutfall til sveitarfélaga sem bera mestan kostnað á íbúa og ef svo er, verður það gert án þess að framlag til annarra sveitarfélaga skerðist?*

Samkvæmt 4. gr. laga um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, nr. 53/1995, er heimilt að ráðstafa allt að 25% styrkupphæðar á hverju ári í þeim tilgangi að jafna kostnaði einstakra sveitarfélaga við fráveituframkvæmdir. Að tillögu fráveitunefndar hefur þessu ákvæði verið beitt undanfarin tvö ár. Þannig námu hámarksstyrkir 30% af kostnaði til sveitarfélaga með mestan kostnað á hvern íbúa árin 1998 og 1999 en lægstu styrkir 17,82% (1999) og 19,27% (1998) af kostnaði sveitarfélaga með lægstan kostnað á hvern íbúa.

3. *Er mögulegt að hækka endurgreiðsluhlutfall ríkisins þau fimm ár sem eftir eru af framkvæmdatímanum sem miðað er við í lögunum?*

Unnt er að hækka hámarksstyrki til einstakra sveitarfélaga á grundvelli jöfnunarákvæðis sem áður er nefnt, þó aðeins að því marki að ekki er hægt að nota meira en fjórðung heildarstyrkupphæða til jöfnunar. Heildarstyrkupphæð á hverju ári er þó miðuð við 20% af framkvæmdakostnaði síðasta árs og hún verður ekki hækkuð nema lögum sé breytt.

4. *Hefur ráðuneytið áætlanir um endurskoðun laganna?*

Nei, ekki eru uppi áform um endurskoðun laganna.

695. Svar [334. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um tíðni slysa af völdum skotelda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg slys hafa orðið af völdum skotelda sl. tíu ár, að síðustu áramótum meðtöldum?*

2. *Hvers eðlis hafa þessi slys verið og hvernig skiptast þau eftir aldursflokkum?*
3. *Hvaða tegundir skotelda hafa valdið slysunum?*
4. *Hver er tíðni slysa af völdum skotelda á Íslandi í samanburði við tíðni þeirra annars staðar á Norðurlöndum, í Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi?*

Tíðni slysa af völdum skotelda á Íslandi undanfarinn áratug er ekki að fullu þekkt. Í samráði við landlækni hefur á Sjúkrahúsi Reykjavíkur verið tekið saman yfirlit yfir sprengjuáverka um síðastliðin áramót samkvæmt gögnum slysa- og bráðamóttöku sjúkrahússins en ekki hefur gefist tóm til að fara í skýrslur frá fyrri áramótum. Skoðaðar voru komur allra sjúklinga með áverka eftir sprengjuslys í móttökuna frá kl. 12 á gamlársdag 1999 til kl. 12 á nýársdag 2000. Þennan sólarhring komu 147 manns í móttökuna. Þar af komu 102 (69%) með áverka, 14 í fylgd lögreglu vegna gruns um ölvunarakstur og aðrir vegna veikinda. Af þeim sem voru með áverka reyndust 23 (23%) hafa slasast af einhvers konar sprengjum, blysum, tertum eða flugeldum. Karlmenn voru í meiri hluta (18) og voru flestir í aldurshópunum 3–10 ára (9) og 37–47 ára (10). Andlitsáverkar voru algengastir (13) og/eða augnáverkar (6), samtals í 83% tilvika. Hendur og fingur urðu fyrir barðinu á sprengjunum í 4% tilvika. Nær alltaf var um einhvern bruna að ræða en 11 hlutu sár eða skurði og fimm beinbrot. Þrjá slasaða þurfti að leggja inn á sjúkrahús. Enginn hinna slösuðu hafði notað hlífðargleraugu og aðeins einn hlífðarhanska. Venjulegir flugeldar áttu þátt í níu slysum, svokallaðar tertur í fjórum, sprengjur í fimm, handblys eða hvellhettur (kínverjar) í tveimur en í tveimur tilvikum var óvíst um tegund. Tívolísprengjur ollu tveimur alvarlegum slysum.

Ekki er vitað hversu mikið af sprengjum var notað um síðustu áramót á landinu en sem betur fer virðast hlutfallslega fáir hafa slasast. Hinir slösuðu notuðu ekki hefðbundinn öryggisbúnað, eins og hlífðargleraugu og hanska. Stórar sprengjur ollu alvarlegustu áverkunum.

Að áliti yfirlæknis slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur voru slys heldur fleiri um síðustu áramót en árin á undan en nákvæmar upplýsingar liggja ekki fyrir um fjöldann.

Hliðstæðar upplýsingar hafa fengist frá augnlækningadeild Landspítalans en þangað komu sex manns um þessi áramót með augnáverka eftir sprengjur og skotelda, þar af þrír sem komu ekki frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Enginn þeirra notaði öryggisgleraugu. Tveir hafa hugsanlega hlotið varanlegan augnskaða. Í fjórum tilvikum var um stóran flugeld eða tívolísprengju að ræða.

Nokkrar upplýsingar eru til í birtum heimildum um slys af völdum skotelda í öðrum löndum, þótt ekki hafi tekist að finna heimildir um samræmda framsýna skráningu. Í nýlegri danskri grein er lýst tveimur sjúklingum er hlutu blæðingar í heila af völdum áverka frá skoteldum. Í Viktoríuríki í Ástralíu voru áverkar af völdum skotelda kannaðir árin 1988–96. Flestir hinna slösuðu voru börn (meðalaldur 9 ár) og flest barnanna voru strákar, eða 71%. Algengasti áverkastaður var höfuð og brunar voru algengasta tegund áverka. Flestir áverkanna voru frá smásprengjum á borð við hvellhettur.

Í nýlegri rannsókn í Finnlandi voru hvers konar sprengiáverkar kannaðir og reyndust tæplega 30% þeirra vera af völdum skotelda. Tíðni alvarlegra áverka sem leiddu til sjúkrahússinnlagnar var innan við eitt tilvik á hverja 100.000 íbúa á ári.

Könnun hliðstæð þeirri sem gerð var á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og áður er minnst á var gerð í Óðinsvéum í Danmörku um áramótin 1996–97. Í þeirri könnun voru 20% áverkanna á augum og 50% handáverkar. Rúmlega 60% alvarlegra áverka er leiddu til sjúkrahúsvistar voru af völdum ólöglegra skotelda. Hins vegar leiddi nýleg skosk rannsókn á augnslysum barna í ljós að ekkert þeirra var af völdum skotelda enda munu þeir ekki vera í höndum almennings þar í landi.

Af þessu má ráða að skoteldaslys eru nokkurt vandamál á Íslandi eins og í nálægum löndum, þar sem skoteldar eru notaðir af almenningi. Þó að tölur liggi ekki fyrir er ekkert sem bendir til að alvarlegum áverkum, þar á meðal augnslysum, hafi fjölgað. Áramótin 1988–89 voru verst að þessu leyti, en þá urðu a.m.k. fimm mjög alvarleg augnslys af „tívolísprengjum“ sem svo voru nefndar. Þær voru teknar af markaði og hefur alvarlegum augnslysum fækkað í kjölfar þess. Að áliti augnlækna hefur öflugur áróður fyrir notkun hlífðargleraugna einnig haft áhrif til að fækka augnslysum. Þetta virðist hins vegar hafa gleymst fljótt, enginn þeirra sem hlutu augnáverka um síðustu áramót hafði notað hlífðargleraugu, eins og áður er getið.

Ástæða virðist því vera til að hafa uppi sérstakar varúðarráðstafanir um næstu áramót til að sporna við slysum af völdum skotelda. Óvíst er hvort bann við notkun þeirra bæri árangur, enda kemur fram í einni af rannsóknunum sem til var vitnað hér að framan að um 60% alvarlegra slysa voru af völdum ólöglegra skotelda.

696. Svar [365. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um stefnu í forvörnum gegn krabbameini og úrræðum í þjónustu við krabbameinssjúklinga.

1. *Hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mótað ákveðna stefnu varðandi forvarnir og meðferð krabbameins og stuðning við krabbameinssjúklinga?*

Undanfarin ár hefur verið lögð vaxandi áhersla á forvarnir innan heilbrigðisþjónustunnar. Starfsemi heilbrigðisþjónustunnar snýst nú í auknum mæli um aðgerðir sem stuðla eiga að því að tryggja heilbrigði fólks en ekki aðeins að vinna bót á sjúkdómum og öðrum heilsufarsvandamálum. Jafnframt hefur skilningur manna á orsökum sjúkdóma breyst. Í stað þess að horfa á einstakar orsakir er flestum að verða ljóst að margir sjúkdómar nútímans eiga sér margþættar og sameiginlegar orsakir. Þær má rekja til ákveðins lífstíls, hreyfingarleysis, mataræðis, áfengisneyslu, tóbaksnotkunar, umhverfisbreytinga, mengunar o.fl.

Krabbameinsvarnir hér á landi hafa einkum miðað að því að draga úr tóbaksneyslu og bæta mataræði þjóðarinnar. Þar hafa krabbameinsfélögin, tóbaksvarnanefnd og manneldisráð unnið mikið og óeigingjarnt starf. Árleg framlög til tóbaksvarna hafa meira en þrefaldast á nokkrum árum. Strangar reglur hafa verið settar um takmörkun reykinga og starfsliði heilbrigðisþjónustunnar hefur verið boðið á námskeið í tóbaksvörnum. Enn fremur hefur leitarstarf krabbameinsfélaganna verið eflt. Árangurinn er einnig ótvíræður sem sést best á því að dánartíðni vegna leghálskrabbameins hefur lækkað um 75% og nýgengi um 67%. Sömuleiðis hefur verið leitast við að skapa krabbameinsdeildum skilyrði til þess að fylgjast með og tileinka sér nýjungar í meðferð við ýmsum tegundum krabbameins. Stuðningur við krabbameinssjúklinga í heimahúsum hefur jafnframt verið aukinn. Þjónusta við krabbameinssjúklinga hér á landi er á við það besta sem þekkist annars staðar í Evrópu og það er stefna ráðuneytisins að svo verði áfram.

2. *Er hafinn undirbúningur í heilbrigðisþjónustunni að slíku starfi í ljósi þess að samkvæmt norrænum spám mun tíðni krabbameins hækka verulega á næstu árum?*

Ráðuneytið hefur fylgst náið með norrænum spám um hækkandi tíðni krabbameins á næstu árum. Þessi þróun ræðst fyrst og fremst af hækkandi aldri þjóðarinnar en tíðni krabba-

meins hækkar upp að ákveðnum aldri. Á seinustu árum hefur meðferð ýmissa tegunda krabbameins einnig batnað þannig að margir fá nú bót meina sinna og öðrum er gert mögulegt að lifa lengur með sjúkdóm sinn en áður þekktist. Í heilbrigðisáætlun sem unnið er að í ráðuneytinu eru krabbameinsvarnir eitt af forgangsverkefnunum.

Í framhaldi af gerð heilbrigðisáætlunarinnar verður á sérstakri verkáætlun að meta þörf fyrir húsnæði, lækningatæki og starfslið við krabbameinslækningar og krabbameinsvarnir á næstu árum. Sömuleiðis verður í tengslum við sameiningu og samhæfingu sjúkrahúsþjónustu í Reykjavík farið yfir hvernig krabbameinsdeildir sjúkrahúsanna geta betur sinnt þjónustu við landsmenn á næstu árum. Enn fremur er uppi áform um að koma á fót rannsóknamiðstöð í krabbameinsfræðum með þátttöku háskóla og heilbrigðisstofnana og annarra sem vilja efla krabbameinsrannsóknir á Íslandi.

3. *Hefur verið hugað að hærri fjárveitingum til heilbrigðisstofnana til að bregðast við hærri tíðni krabbameins?*

Í tengslum við gerð heilbrigðisáætlunar hefur ráðuneytið reynt að meta væntanlega útgjaldaþróun í heilbrigðisþjónustunni á næstu árum. Þar hefur m.a. verið gert ráð fyrir að hlutdeild heilbrigðismála í þjóðarframleiðslunni verði hin sama á næstu árum, eða um 8%, hagvöxtur verði 2–3% og framleiðniaukning allt að 1% á ári. Samkvæmt þessum forsendum má vænta þess að á hverju ári verði a.m.k. 2–3 milljörðum kr. varið til nýrra verkefna eða viðbótar við þau verkefni sem fyrir eru. Jafnframt skal vakin athygli á því að í heilbrigðisáætluninni eru forvarnir, meðferð og endurhæfing vegna krabbameinssjúkdóma eitt af forgangsverkefnum heilbrigðisþjónustunnar á næstu árum. Enn fremur ber að minna á að betri árangur í meðferð ýmissa tegunda krabbameins mun áreiðanlega leiða til ákveðins fjárhagslegs ávinnings þannig að kostnaður við meðferð og umönnun krabbameinssjúklinga verður e.t.v. ekki alveg eins hár og tölur um vaxandi nýgengi gætu bent til.

4. *Hverjar eru áherslur ráðuneytisins í forvörnum gegn krabbameini?*

Samkvæmt heilbrigðisáætlun verður næstu árin lögð áhersla á eftirtaldar aðgerðir á sviði forvarna gegn krabbameini:

— Fræðsla um áhættuþætti krabbameins.
— Aðgerðir sem hvetja fólk til heilbrigðari lífshátta.
— Gerð klínískra leiðbeininga sem lúta að greiningu og meðferð krabbameins.
— Skipuleg krabbameinsleit og eftirlit með áhættuþáttum.

Efling rannsókna á tengslum krabbameins og lífshátta, umhverfis og þjóðfélagsstöðu.

5. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að krabbameinssjúklingar eigi kost á endurhæfingu að meðferð lokinni?*

Endurhæfingardeildir bráðasjúkrahúsanna sjá um frumendurhæfingu krabbameinssjúkra eftir lyfjameðferð og skurðaðgerðir. Endurhæfing þeirra fer síðan fram á almennum endurhæfingardeildum, svo sem á Reykjalundi og í Kristnesi. Ráðuneytið hefur nú í athugun tillögur Félags íslenskra endurhæfingarlækna um frekari aðgerðir til endurhæfingar krabbameinssjúklinga.

697. Frumvarp til laga [429. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „1. september 2000“ í 1. mgr. kemur: 1. september 2001.
b. Í stað 1. og 2. málsl. 4. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Hver sóknardagur telst 24 klst. Hvern sóknardag má taka út í tveimur 12 klst. veiðiferðum talið frá upphafi veiðiferðar. Veiðiferð sem er lengri en 12 klst. telst heill sóknardagur.

2. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Lög þessi falla úr gildi 1. september 2001.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin:

a. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 1., 6., 8., 11. og 14. mgr. kemur: 1999/2000 og 2000/2001.
b. Við 3. málsl. 4. mgr. bætist: og frá fiskveiðiárinu 1999/2000 yfir á fiskveiðiárið 2000/2001.
c. Við 6. mgr. bætast fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sóknardag má taka út í tveimur 12 klst. veiðiferðum. Ákvæðið gildir einnig um 14. mgr. Fjöldi sóknardaga skal aukinn í hlutfalli við aukinn heildarafla þorsks sem og þorskaflahámark þessara báta. Ákvæðið á einnig við um 8. mgr.
d. Í stað orðanna „á fiskveiðiárinu 1999/2000“ í 12. mgr. kemur: á fiskveiðiárunum 1999/2000 og 2000/2001.

4. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a.

Frá gildistöku þessa ákvæðis fellur niður úthlutun aflahlutdeildar til einstakra fiskiskipa í steinbít og ufsa. Ákvæðið gildir til loka fiskveiðiársins 2000/2001.

b.

Á fiskveiðiárinu 2000/2001 skal allt að 1,5% aflaheimilda af heildaraflamarki þorsks og ýsu úthlutað sérstaklega til aflamarksskipa sem voru minni en 200 brúttórúmlestir 1. september 1999. Skilyrði þess að aflamarksskip fái úthlutun er að skipið hafi hinn 1. september 1999 haft minna aflamark en 80 þorskígildistonn. Úthlutunarréttur hækkar með fækkandi þorskígildistonnum aflamarks vikomandi fiskiskips niður í 20 þorskígildistonn eða minna miðað við 1. september 1999. Jafnframt er skilyrði að fiskiskipið hafi leigt til sín á Kvótaþingi 40 þorskígildistonn eða meira fiskveiðiárið 1999/2000. Þá þarf aflamarksskip að hafa veitt 75% af aflamarki sínu í botnfiski fiskveiðiárið 1999/2000.

Aflaheimildir þessar verða ekki framseldar til annarra fiskiskipa og teljast ekki með þegar veiðiskip uppfyllir 50% veiðiskyldu hvers árs, sbr. ákvæði 12. gr. laga þessara. Heimildum þessum verður aðeins úthlutað til dagróðrabáta.

Hámarksúthlutun eftir stærðarflokkum fiskiskipa í brúttórúmlestum annars vegar og þorskígildishámarki hins vegar er sem hér segir:

Stærð skipa	Hámark þorskígildistonna			
	minna en 20 tonn	20,1–40 tonn	40,1–60 tonn	60,1–80 tonn
0–20 brl.	30 tonn	20 tonn	15 tonn	10 tonn
20,1–40 brl.	40 tonn	30 tonn	20 tonn	15 tonn
40,1–60 brl.	50 tonn	40 tonn	30 tonn	20 tonn
60,1–100 brl.	60 tonn	50 tonn	40 tonn	30 tonn
100,1–150 brl.	70 tonn	55 tonn	40 tonn	35 tonn
150,1–200 brl.	80 tonn	65 tonn	45 tonn	35 tonn

Fiskiskip sem er með meira en 80 þorskígildistonn fær ekki úthlutun.

Einnig skal þeim útgerðaraðilum, sem gera út fiskiskip minni en 20 brl. að stærð, uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. um að hafa leigt til sín 40 þorskígildistonn eða meira á fiskveiðiárinu 1999/2000 og höfðu minna aflamark 1. september 1999 en 15 þorskígildistonn, úthlutað allt að 15 tonnum í þorskígildum þorsks og ýsu. Þó skal þeim aldrei úthlutað meira en aflamark þeirra var 1. september 1999 og aldrei meira en sá afli sem þau veiddu og lönduðu á fiskveiðiárinu 1999/2000.

Ekki er gert að skilyrði að þessi skip hafi leigt til sín viðbótaraflaheimildir.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða sem flutningsmenn telja mjög brýnar. Markmið þeirra er m.a. að auðvelda útgerðinni, einkum kvótalitlum einyrkjum og útgerðarmönnum smærri fiskiskipa, að brúa bilið þar til heildarendurskoðun laganna um stjórn fiskveiða er lokið. Þær snúa m.a. að því að fresta kvótasetningu ýsu, ufsa og steinbíts í smábátaveiðikerfinu og lagfæra ákvæði sóknardagatalningar þannig að veiðitími úr höfn í höfn megi teljast í 12 klst. tímabilum. Með því er verið að gera vinnutíma við þessar veiðar þannig að verjandi sé og samboðið þeim almennu reglum að hvíldartími verði eigi minni en 8 klst. á sólarhring. Kjósi sjómenn að veiðiferð þeirra sé lengri en 12 klst. samfellt verður það þeirra eigin ákvörðun sem ekki er knúin fram með lögum og reglum stjórnvalda.

Lagt er til að sólarlagsákvæði komi inn í lögin um stjórn fiskveiða sem felli lögin úr gildi eins og þau eru nú og verða vonandi eftir þessar bráðnauðsynlegu lagfæringar sem hér eru lagðar til. Ákvæðum til bráðabirgða sem snerta veiðar smábáta er einnig breytt, annars vegar með frestun ýmissa ákvæða til ársins 2001 og hins vegar með því að sóknardag megi nýta í tveimur 12 klst. tímabilum. Einnig er lagt til að sóknardögum fjölgi hlutfallslega ef heildarþorskafli verður aukinn frá því sem nú er.

Lagt er til að við lögin bætist tvö ný ákvæði til bráðabirgða. Í hinu fyrra er lagt til að steinbítur og ufsi verði á næsta ári teknir út úr kvótasetningu á hvert fiskiskip. Til þess hníga fjölmörg rök.

Í hinu síðara er lagt til að allt að á meðan heildarendurskoðun laganna um stjórn fiskveiða stendur yfir verði 1,5% af heildaraflamarki þorsks og ýsu úthlutað sérstaklega til báta sem litlar heimildir hafa til þess að stunda fiskveiðar en hafa samt sem áður verið gerðir út. Hér er um að ræða fiskiskip sem raunverulega eru í útgerð en hafa orðið að leigja til sín að stærstum hluta veiðiheimildir sínar af Kvótaþingi. Heimildin nær aðeins til fiskiskipa minni en 200 brúttórúmlestir sem stunda dagróðra og uppfyllt hafa veiðiskyldu sína samkvæmt núgildandi lögum.

Að lokum er, þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. 5. gr., lagt til að bátar undir 20 brl. að stærð sem eru með minna aflamark en 15 þorskígildistonn geti fengið eitt tonn á móti hverju einu tonni þorskígildis sem skipið veiðir af þorskígildum sínum. Hámarksúthlutun er 15 þorskígildistonn. Hér er um fá fiskiskip að ræða með mjög lítið aflamark. Heildarúthlutun til þessara skipa verður innan við 500 þorskígildistonn.

Framangreindar ráðstafanir eru að mati flutningsmanna nauðsynlegar til að sporna við því að enn frekar verði gengið á hlut strandveiðiflotans en orðið er á meðan endurskoðun laganna stendur yfir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er um að ræða frestunarákvæði í samræmi við þá skoðun flutningsmanna að það sé með öllu fráleitt að festa smábátaútgerðina enn frekar í kvótakerfi strax næsta haust á sama tíma og ætlað er að endurskoða lögin. Þingsályktunartillaga þingmanna Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um grundvöll nýrrar fiskveiðistefnu kallar á að ekki verði hnýttir enn frekari rembihnútar öllum sáttaumleitunum til skaða. Í raun er til vansa að frekari kvótasetning fari fram eins og ósætti um núverandi gjafakvótakerfi er mikið með þjóðinni.

Í b-lið er lagt til að lagfært verði það stífa sóknarákvæði að hver af fáum veiðidögum krókabáta í dagakerfi skuli aðeins tekinn og talinn með samfelldri 24 klst. veiðiferð. Þarna er í raun verið að pína sjómenn, unga sem aldna, til þess að vinna óhóflega langan vinnudag sem fær ekki staðist lög og reglur um almenn hvíldarákvæði. Hér er því um þarfa leiðréttingu að ræða. Auk þess geta ákvæði eins og þessi stangast á við öryggissjónarmið. Sjómenn freistast til þess að fullnýta sóknardagana ef á annað borð róður er hafinn þegar þeir eru jafnfáir og raun ber vitni, jafnvel þótt veður versni, og getur slíkt skapað slysahættu.

Um 2. gr.

Hér er sett inn ákvæði um að lögin falli úr gildi, svonefnt sólarlagsákvæði. Með því er verið að leggja áherslu á að núverandi fyrirkomulag er tímabundið. Í því að takmarka gildistíma laganna felst í senn ákveðin yfirlýsing um að lögin muni breytast, auk þess sem fiskveiðistjórnkerfið er í annarri réttarfarslegri stöðu sé löggjöfin tímabundin.

Um 3. gr.

Í a-, b- og d-liðum er um að ræða að fresta núverandi ákvæðum til bráðabirgða um eitt ár, til 1. september 2001, til samræmis við sólarlagsákvæði 2. gr. frumvarpsins og breytingar sem gerðar eru á 6. gr. laganna, sbr. a-lið 1. gr. frumvarpsins.

Í c-lið er lögð til sams konar breyting um heimild til 12 klst. veiðiferðar þeirra sóknardagabáta sem veiðar stunda eftir ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin og lögð er til í b-lið 1. gr. frumvarpsins. Einnig er lagt til að sóknardögum þeirra báta sem starfa eftir 6. og 14.

mgr. ákvæðisins, sem og 8. mgr., verði fjölgað í hlutfalli við meiri heildarafla þorsks á næsta fiskveiðiári, ef heildarþorskaflinn verður aukinn frá því sem nú er.

Um 4. gr.

Um a-lið.

Hér er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða um að kvótasetning á sérhvert fiskiskip verði afnumin í tveimur fisktegundum, steinbít og ufsa. Fjölmörg rök eru fyrir því að standa þannig að málum. Benda má á þá staðreynd að áðurnefndar fisktegundir hafa ekki veiðst á undanförnum árum að því marki sem leyft hefur verið án þess að um nokkurn viðkomubrest sé að ræða. Nýliðun í steinbít virðist góð og viðurkennt er að ufsi er flökkufiskur sem ferðast eftir árferði um lögsögur ríkja í Norður-Atlantshafi. Fá rök hníga því til þess að kvótasetja tegundina sérstaklega í íslenskri fiskveiðilögsögu. Einnig skal vakin athygli á því að í fylgiskjali frá Fiskistofu með frumvarpi til laga um breytingu á svokallaðri tegundatilfærslu (229. mál, þskj. 275) kemur skýrt fram að áðurnefndar fisktegundir voru mjög notaðar í þeim óeðlilega tilgangi að búa til millifærslu og auka þannig veiðar á karfa og grálúðustofnum sem taldir voru fullnýttir. Því ber ekki nauðsyn til kvótasetningar þessara botnfisktegunda og að taka þær út úr kvóta getur beinlínis komið öðrum tegundum til góða.

Um b-lið.

Sá mikli niðurskurður sem ár eftir ár varð á þorskveiðiheimildum bitnaði harkalega á þeim bátum sem stundað hafa þorskveiðar á grunnslóð og flokkast flestallir samkvæmt stærð sem hefðbundnir vertíðarbátar. Bátar þessir eru yfirleitt í góðu ásigkomulagi og engin skynsamleg rök til þess að þeir hverfi úr rekstri nú, allra síst þar sem vel horfir með þorskstofninn og allar líkur eru til þess að hann muni stækka ört á næstu árum.

Í þeirri grimmu samkeppni sem ríkti, aðallega á fyrstu árunum eftir 1990, um kaup á „varanlegum veiðiheimildum“ átti þessi útgerðarflokkur mjög litla möguleika á móti stórum útgerðarfélögum sem öfluðu sér að stærstum hluta fjármagns til slíkra fjárfestinga með útgáfu nýrra hlutabréfa sem oft seldust á margföldu nafnverði.

Þvert á móti hafa margar útgerðir þessara báta, vegna vanskila sem þær hafa lent í, séð sig tilneyddar til að selja frá sér hluta af því litla sem til umráða er í veiðiheimildum. Niðurstaðan samkvæmt því sem að framan er rakið er sú að um langt árabil hefur ríkt algjör einstefna í tilflutningi varanlegra þorskveiðiheimilda. Veiðiheimildir sem upphaflega urðu til vegna veiðireynslu í strandveiðum eru nú í verulegum mæli nýttar af frystitogurum í úthafsveiðum. Slíkur stórfelldur tilflutningur hlýtur að teljast óæskilegur út frá sjónarmiðum um skynsamlega nýtingu auðlindarinnar.

Afleiðingar þessarar þróunar eru margþættar. Þær koma fram í vaxandi skorti á hráefni til fiskvinnslufyrirtækja víða um land. Þetta leiðir einnig til þess að ekki er hægt að anna eftirspurn á verðmætum afurðamörkuðum, svo sem í stórum saltfiski á Spánarmörkuðum, þannig að skaði hlýst af.

Þá er einnig ástæða til þess að benda á að bátar í þessari aðstöðu hafa ár eftir ár orðið að leigja til sín veiðiheimildir á okurverði sem myndast aðallega með samráði nokkurra ráðandi stórfyrirtækja á þessum markaði. Slík verðmyndun er með öllu óforsvaranleg og óviðunandi að kvótinn sé misnotaður á þennan hátt. Að öllu samanlögðu ber því brýna nauðsyn til að löggjafinn bregðist við á þann hátt sem hér er lagt til.

Loks er lagt til að bátur undir 20 brl. að stærð með minna aflamark en 15 þorskígildistonn geti fengið í úthlutun eitt tonn á móti hverju veiddu tonni að hámarki 15 þorskígildistonn. Ekki er gert að skilyrði að þessi skip hafi leigt sér kvóta af Kvótaþingi. Þessi úthlutun er á

milli 400 og 500 þorskígildistonn. Rétt er að þeir sem lítið hafa og reyna að lifa við það fái einnig nokkra leiðréttingu meðan á endurskoðun laganna stendur.

698. Frumvarp til laga [430. mál]

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Skilgreining á nýtingarhlutfalli orðast svo:
Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð, götureit eða reit og flatarmáls á lóð, götureit eða reit. Miðað er við lokunarflokk A og B án svala, sbr. ÍST 50:1998.

b. Við bætist ný skilgreining sem orðast svo:
Byggingarreitur: Svæði sem afmarkar heildarþekjuflöt byggingar, sbr. ÍST 50: 1998.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra til aðstoðar eru Skipulagsstofnun, sbr. 4. gr., og Brunamálastofnun.

3. gr.

C-liður 4. gr. laganna orðast svo: að fylgjast með stöðu skipulags- og byggingarmála í sveitarfélögum og samhæfa eftirlit með þessum málum í landinu.

4. gr.

2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd en að öðrum kosti skal einnig starfa skipulagsnefnd.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: nema þegar um er að ræða ágreining milli stjórnvalda, en þá sker ráðherra úr.

b. 4. mgr. orðast svo:
Nefndin skal kveða upp úrskurði eins fljótt og auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur.

c. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Komi fram í ágreiningsmáli krafa um stöðvun framkvæmda skal úrskurðarnefnd kveða upp úrskurð um það atriði eins fljótt og kostur er.

d. Við bætist ný málsgrein er verður 6. mgr. og orðast svo:
Telji einhver rétti sínum hallað með ákvörðun byggingarnefndar sem samþykkt er í sveitarstjórn eða öðrum ákvörðunum sveitarstjórnar samkvæmt lögum þessum er honum

heimilt innan mánaðar frá því að honum er kunnugt um afgreiðslu sveitarstjórnarinnar að skjóta málinu til úrskurðarnefndarinnar.

6. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar.

7. gr.

1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að beita sérstakri svæðisskipulagsmeðferð vegna mannvirkja sem ná til fleiri en eins sveitarfélags, svo sem þjóðvega, orkumannvirkja og fjarskiptalína og áætlana um framkvæmdir eða aðra ráðstöfun lands til nýtingar eða verndar.

8. gr.

Í stað 2. málsl. 3. mgr. 19. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Áður en ráðherra tekur ákvörðun fer hann yfir hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Sé um slíkt að ræða leitar hann umsagnar sveitarstjórnar. Ákvörðun ráðherra er fullnaðarákvörðun á stjórnsýslustigi.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 4. og 5. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skipulagsstofnun sendir sveitarstjórn umsögn sína innan viku. Sveitarstjórn auglýsir tillöguna á áberandi hátt.
b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Áður en ráðherra tekur ákvörðun fer hann yfir hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Um ákvörðun ráðherra gildir 3. mgr. 19. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ef skipulagssvæðið liggur að mörkum sveitarfélaga skulu tillögurnar kynntar viðkomandi sveitarstjórnum.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar skal sveitarstjórn leita úrskurðar ráðherra í málinu.

11. gr.

3. málsl. 1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo: Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu nöfn og númer og færa breytingar á húsanúmerum og götunöfnum í þinglýsingarbækur.

12. gr.

Við 5. tölul. 34. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er landeigenda eða framkvæmdaraðila að hafa frumkvæði að deiliskipulagi. Í þeim tilvikum bera þeir allan kostnað af deiliskipulaginu.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „⅕“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 20%.
b. 3. og 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Af mannvirkjum sem ekki eru háð byggingarleyfi er greitt skipulagsgjald af stofnvegum og þjóðvegum í þéttbýli (þ.m.t. brúm öðrum en göngubrúm í þéttbýli), jarðgöngum, virkjunum og flugbrautum, aðal- og dreifiæðum vatnsveitna auk mannvirkja þeim tengdum, flutningskerfum fyrir fjarskipti milli þéttbýlisstaða auk mannvirkja þeim tengdum, loftlínum til flutnings á raforku með 66 kv spennu eða hærri og mannvirkjum þeim tengdum og stofnkerfum hitaveitna utan þéttbýlis. Skipulagsgjald af mannvirkjum sem ekki eru virt til brunabóta skal nema 0,3% af heildarkostnaði við gerð mannvirkis og skal framkvæmdaraðili tilkynna Fasteignamati ríkisins um lok framkvæmda og heildarkostnað við gerð þess.
c. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skipulagsgjald innheimtist hjá sýslumanni þess lögsagnarumdæmis sem húseign er í eða þar sem lögheimili eiganda annarra mannvirkja sem greiða skal skipulagsgjald af er, en í Reykjavík innheimtist gjaldið hjá tollstjóraembætinu samkvæmt fyrirmælum frá Fasteignamati ríkisins. Skipulagsgjald rennur til ríkissjóðs.
d. 4. mgr. fellur brott.

14. gr.

Við 2. mgr. 36. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Að fenginni umsókn getur byggingarnefnd undanþegið smærri byggingar sem ekki eru ætlaðar til íveru, svo sem verkfærahús eða geymsluskúra og lítils háttar breytingar á byggingum, byggingarleyfi.

15. gr.

Á eftir 4. mgr. 37. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum greinum byggingarreglugerðar.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Ef nefndin samþykkir ekki erindi sem henni berast eða ef fyrir liggja athugasemdir um þau er henni skylt að rökstyðja afgreiðslu sína.
b. 1. málsl. 3. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Byggingarnefnd getur með samþykki sveitarstjórnar veitt byggingarfulltrúa umboð til að gefa út byggingar- og framkvæmdaleyfi fyrir tilteknum minni háttar framkvæmdum, þar á meðal stöðuleyfi, enda sé ótvírætt að framkvæmdin samræmist gildandi deiliskipulagi og hönnunargögn séu fullnægjandi, svo og veitt heimild til undanþágu frá byggingarleyfi.
c. 4. mgr. fellur brott.

17. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Byggingarvörur á markaði, þ.m.t. byggingarefni, raðframleiddar byggingareiningar og raðframleidd hús, skulu uppfylla ákvæði reglugerðar um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, ásamt síðari viðbótum.

18. gr.

7. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:

Þegar sótt er um leyfi skv. 1. mgr. í þegar byggðu hverfi þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir og fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við aðalskipulag og byggð sem fyrir er í hverfinu er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., að veita byggingarleyfi. Sama á við þar sem deiliskipulag er í gildi en fyrirhuguð framkvæmd víkur óverulega frá skilmálum þess. Áður en umsókn samkvæmt þessari málsgrein kemur til afgreiðslu skal byggingarnefnd leita umsagnar skipulagsnefndar. Skipulagsnefnd skal láta fara fram grenndarkynningu og skila niðurstöðu hennar til byggingarnefndar ásamt umsögn sinni. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum sem hagsmuna eiga að gæta er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests, sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Byggingarnefnd skal taka málið til afgreiðslu þegar umsögn skipulagsnefndar og niðurstöður grenndarkynningar liggja fyrir. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu byggingarnefndar. Falla má frá grenndarkynningu hafi þeir nágrannar sem hagsmuna eiga að gæta samþykkt fyrirhugaða framkvæmd með áritun sinni á aðaluppdrátt.

19. gr.

Í stað orðsins „byggingarnefnd“ í 2. mgr. 45. gr. laganna kemur: sveitarstjórn.

20. gr.

3. mgr. 47. gr. laganna orðast svo:

Hönnuður, einstaklingur eða fyrirtæki þar sem löggiltur hönnuður starfar sem leggur uppdrætti fyrir byggingarnefnd eða byggingarfulltrúa skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Arkitektar, byggingarfræðingar, verkfræðingar, tæknifræðingar, innanhússhönnuðir, landslagshönnuðir og rafiðnfræðingar er sækja um löggildingu skulu standast próf sem þriggja manna prófnefnd sérfróðra aðila annast.
b. Í stað 4. og 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Umsækjendur skulu hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutíminn er tvö ár, sbr. þó 3. mgr. 49. gr. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir helstu verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Að starfsreynslutíma loknum skulu umsækjendur sækja námskeið og standast próf það sem mælt er fyrir um í 3. mgr. Ráðherra leitar umsagnar viðkomandi fagfélags áður en löggilding er veitt.

22. gr.

4. mgr. 49. gr. laganna orðast svo:

Innanhússhönnuður getur hlotið löggildingu ráðherra sem hönnuður innanhússuppdrátta. Innanhússhönnuði sem hlotið hefur löggildingu ráðherra er heimilt að breyta þeim hluta aðaluppdráttar sem lýtur að innra skipulagi og notkun mannvirkis. Með uppdrátt samkvæmt þessari málsgrein skal fara á sama hátt og séruppdrátt, sbr. 2. mgr. 47. gr. Landslagshönnuðir geta hlotið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði.

23. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að ákveða gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við framkvæmd prófs.

24. gr.

Í stað 1. og 2. tölul. 2. mgr. 51. gr. laganna koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

a. Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningarmeistarar, vélvirkjameistarar, stálvirkjameistarar, rafvirkjameistarar, blikksmíðameistarar, málarameistarar og veggfóðrarameistarar sem hlotið hafa lögildingu samkvæmt lögum þessum og byggingariðnfræðingar.
b. Arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar, byggingarfræðingar og aðrir verkfræðingar og tæknifræðingar með hliðstæða menntun á byggingarsviði.
c. Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði 1. eða 2. tölul., enda annist hann störf byggingarstjóra.

25. gr.

2. málsl. 2. mgr. 52. gr. laganna orðast svo: Iðnmeistarar, sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa sambærilega eða meiri menntun á hlutaðeigandi sviði, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni.

26. gr.

2. og 3. málsl. 53. gr. laganna orðast svo: Jafnframt er þeim heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té og skulu vera í samræmi við gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

27. gr.

3. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

28. gr.

4. mgr. 56. gr. laganna fellur brott.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabrigða í lögunum:

a. 1. málsl. 3. tölul. orðast svo: Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum.
b. Við bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
   10. Heimilt er til ársins 2008 að gera deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.
   11. Á meðan ekki eru til samhæfðir staðlar og/eða tæknisamþykki til þess að ákvæði 2. mgr. 42. gr. verði virk skulu byggingarvörur á markaði hafa vottun um að þær uppfylli kröfur byggingarreglugerðar, standist staðla og falli að verklagi og sérístenskum aðstæðum. Hliðsjón skal höfð af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur. Ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins varðandi einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón

af ákvörðunum um hliðstæðar vörur. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Brunamálastofnun eða aðrir þar til bærir aðilar sem umhverfisráðuneytið viðurkennir skulu gegna samsvarandi hlutverki og tilnefndur aðili vegna ákvæða þessarar greinar. Þessir aðilar annast staðfestingu á samræmi og gefa út vottorð þar að lútandi.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lögin hafa verið samþykkt skulu þau felld inn í meginmál skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með breytingum samkvæmt lögum nr. 135/1997, 58/1999 og 117/1999, sem síðan skulu gefin út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í umhverfisráðuneytinu í samráði við fjölda aðila. Drög að frumvarpi voru 4. október 1999 send til umsagnar eftirtalinna aðila: Arkitektafélags Íslands, Brunamálastofnunar ríkisins, Félags húsgagna- og innanhússhönnuða, Samtaka iðnaðarins, Rafiðnaðarsambands Íslands, Borgarskipulags Reykjavíkur, borgarverkfræðings, Félags ráðgjafarverkfræðinga, Meistarafélags húsasmiða, Tæknifræðingafélags Íslands, Vegagerðarinnar, Verkfræðingafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags skipulagsfræðinga, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, menntamálaráðuneytisins, Byggingarfræðingafélags Íslands, Félags byggingarfulltrúa, Félags íslenskra landslagshönnuða, skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Málarameistarafélags Reykjavíkur, Múrarafélags Reykjavíkur, Skipulagsstofnunar og Samiðnar. Umsagnir bárust frá flestum þessara aðila en voru misítarlegar. Jafnframt var rætt við fulltrúa einstakra stofnana og samtaka.

Ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997, öðluðust gildi 1. janúar 1998. Hér var um tímamótalög að ræða þar sem í þeim voru sameinaðir tveir lagabálkar, skipulagslög og byggingarlög, og forræði í málaflokknum fært í ríkara mæli til sveitarfélaga. Þegar um svo viðamikil lög er að ræða hlýtur framkvæmdin að byggjast að verulegu leyti á setningu reglugerða og er þar einkum um að ræða tvær reglugerðir, skipulagsreglugerð og byggingarreglugerð, en þær tóku gildi í júlí 1998. Við gerð þeirra, sérstaklega byggingarreglugerðar, komu í ljós ýmsir agnúar á lögunum sem nauðsyn ber til að sníða af auk þess sem nær tveggja ára reynsla af framkvæmd laganna hefur leitt í ljós nokkra vankanta. Breyting á lögunum með lögum nr. 58/1999 sneri eingöngu að skipulagi miðhálendisins.

Þau atriði sem komu til endurskoðunar og teljast til efnisatriða eru m.a. að lagt er til að komi upp ágreiningur milli stjórnvalda sé það umhverfisráðherra að skera úr um hann. Lagt er til að frestur úrskurðarnefndar til að kveða upp úrskurði verði lengdur í þrjá mánuði, en hann er nú tveir mánuðir; þó er heimilt að lengja frestinn í þrjá mánuði ef mál eru viðamikil og fyrirsjáanlegt að afgreiðslan taki lengri tíma. Lagt er til að ráðherra geti að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórna veitt undanþágu frá einstökum greinum skipulagsreglugerðar og byggingarreglugerðar. Lagt er til að byggingarnefnd geti undanþegið smærri byggingar sem ekki eru ætlaðar til íveru, svo sem verkfærahús og geymsluskúra og lítils háttar breytingar á byggingum, byggingarleyfi. Lagt er til að fyrirtækjum þar sem starfar löggiltur hönnuður verði heimilt að leggja inn teikningar fyrir byggingarnefnd og lögð er til sams konar breyting varðandi byggingarstjóra, þ.e. að fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfar byggingarstjóri geti tekið á sig skyldur hans. Lagt er til í ákvæði til bráðabirgða að heimilt verði að gefa út deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags til ársins 2008, en þá ber öllum sveitarfélögum að hafa lokið gerð aðalskipulags.

Með lögum nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, sem tóku gildi 1. janúar 2000, voru lögfest ákvæði varðandi gildi deiliskipulaga sem ekki höfðu

fengið lögformlega meðferð samkvæmt eldri lögum, réttindi iðnmeistara sem ekki höfðu farið í meistaraskóla en eru með meistarbréf og ákvæði sem heimilar tilfærslu verkefna frá byggingarnefnd til byggingarfulltrúa. Samhljóða ákvæði var í lögum um reynslusveitarfélög og heimilaði tilfærslu í þeim sveitarfélögum sem undir lögin féllu og kusu að skipa málum með þeim hætti. Miklu skipti að framangreind mál væru afgreidd á Alþingi fyrir síðustu áramót og voru því þessi atriði dregin út úr frumvarpinu og afgreidd sérstaklega.

Auk fyrrgreindra breytinga eru lagðar til nokkrar lagfæringar á lögunum sem verður gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lögð til breytt skilgreining hugtaksins nýtingarhlutfall í 2. gr. laganna og það látið tákna hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð, götureit eða reit og flatarmáls á lóð, götureit eða reit og er miðað við lokunarflokk A og B án svala, sbr. ÍST 50:1998. Nokkur óvissa hefur verið um hvernig skilgreina á hugtakið brúttóflatarmál og til að taka af allan vafa er því vísað til staðalsins ÍST 50:1998 en þar er að finna nákvæma skilgreiningu á brúttóflatarmáli. Rétt þykir að nýtingarhlutfall reiknist bæði af A- og B-rými eins og þau eru skilgreind í staðlinum ÍST 50:1998 þar sem nýtingarhlutfalli er ætlað að segja til um heildarbyggingarmagn á lóð, götureit eða reit. Svalir eru þó undanskildar auk C-rýmis samkvæmt staðlinum. Hversu hátt nýtingarhlutfall megi vera á lóð, götureit eða reit er ákveðið í skipulagi og þykir því rétt að láta það eftir sveitarstjórnum á hverjum stað að ákveða hvort t.d. heimilt sé að hafa hærra nýtingarhlutfall á þeim lóðum þar sem bílageymsla í byggingu er undir jarðvegsyfirborði.

Í b-lið er lögð til skilgreining á hugtakinu byggingarreitur og það látið tákna svæði sem afmarkar heildarþekjuflöt byggingar en nánari útfærslu er að finna í staðlinum ÍST 50: 1998.

Um 2. gr.

Lagt er til að Brunamálastofnun, sbr. lög nr. 41/1992, verði umhverfisráðherra til aðstoðar á sama hátt og Skipulagsstofnun, enda er nú að finna ákvæði um brunavarnir í byggingum í byggingarreglugerð.

Um 3. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði miðast skylda Skipulagsstofnunar við skipulagsmál og þykir ástæða til að hnykkja á að byggingarmál séu tengd stofnuninni á sama hátt, enda hefur hún lagt á það áherslu í ríkari mæli en áður.

Lagt er til að skv. c-lið 4. gr. laganna verði Skipulagsstofnun skylt að fylgjast með stöðu skipulags- og byggingarmála í sveitarfélögum og samhæfa eftirlit með þessum málum í landinu nema hvað varðar brunavarnir í byggingum sem Brunamálastofnun fylgist með.

Um 4. gr.

Lagt er til að felld verði á brott orðin „einnig“ og „sérstök“ sem hafa enga sérstaka þýðingu í því samhengi sem þau eru notuð í 1. mgr. 6. gr. Hér er því ekki um efnislega breytingu að ræða.

Um 5. gr.

Í a-lið er lagt til að þegar um er að ræða ágreining milli stjórnvalda skeri ráðherra úr. Skv. 8. gr. laganna er það hlutverk úrskurðarnefndar að fjalla um öll ágreiningsmál sem upp

kunna að koma við framkvæmd laganna. Ekki er gert ráð fyrir afskiptum umhverfisráðherra af málum samkvæmt lögunum eins og var fyrir gildistöku þeirra 1. janúar 1998. Vera kann að betur fari á að ágreiningur sem upp kann að koma milli stjórnvalda um framkvæmd laganna heyri undir ráðherra, t.d. ágreiningur á milli sveitarstjórna og Skipulagsstofnunar, sbr. t.d. ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, en sérstök úrskurðarnefnd sem starfar samkvæmt þeim fjallar ekki um slík mál, svo sem um valdmörk stofnana, heldur ráðherra.

Í b-lið er lagt til að úrskurðarnefndinni verði veittur allt að þriggja mánaða frestur til að til að kveða upp úrskurð eftir að mál berst henni í hendur. Skv. 8. gr. laganna hefur úrskurðarnefnd tvo mánuði til þess að úrskurða í málum eftir að henni berst mál í hendur, en nefndinni er heimilt að lengja þann frest í þrjá mánuði sé málið viðamikið og fyrirsjáanlegt að það taki lengri tíma, tilkynni nefndin hlutaðeigandi það. Tímafrekt ferli er að leita umsagna um kæru og síðan að leita álits á umsögnum hjá kæranda, en miklar kröfur eru gerðar um að mál séu rannsökuð til hlítar. Reynslan hefur sýnt að úrskurðarnefndin nýtir í flestum tilvikum heimild laganna til að tiltaka frest sem ekki megi vera lengri en þrír mánuðir. Hafa verður í huga að málum hefur fjölgað mikið síðan úrskurðarnefnd tók til starfa. Þau voru um 60 talsins á síðasta ári en meðan ráðherra úrskurðaði í þessum málum voru þau 20–25 á ári þegar mest var.

Í c-lið er lögð til orðalagsbreyting á 5. mgr. 8. gr. sem fjallar um kröfu um stöðvun framkvæmda. Í gildandi lögum segir að úrskurðarnefnd skuli úrskurða „þegar í stað“ en lagt er til að orðalaginu verði breytt í „eins fljótt og kostur er“. Fara verður eftir stjórnsýslulögum varðandi meðferð kæru skv. 5. mgr. 8. gr. laganna þannig að reikna má með að í slíkum tilvikum taki málið tvær til þrjár vikur. Hefur þá þegar sneiðst af tveggja mánaða fresti þeim sem nefndinni er ætlaður til að úrskurða í kærumálinu.

Í d-lið er lagt til að ákvæði 4. mgr. 39. gr. verði fært í 8. gr. laganna. Samkvæmt því getur hver sá sem telur rétti sínum hallað með ákvörðun sveitarstjórnar, innan mánaðar frá því að honum var kunnugt um afgreiðslu sveitarstjórnar, skotið málinu til úrskurðarnefndar. Rétt þykir að hafa þetta ákvæði í meginákvæðum um starfsemi úrskurðarnefndar. Einnig er lagt til að í stað þess að heimilt sé að kæra „samþykki“ sveitarstjórnar verði heimilt að kæra „ákvarðanir“ sveitarstjórnar sem eiga undir lögin, þ.e. ekki skiptir máli hvort ákvörðun sveitarstjórnar er samþykki, synjun eða t.d. frestun á erindi.

Um 6. gr.

Lagt er til að ráðherra geti að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum skipulagsreglugerðar, en slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. Í vissum tilvikum kann að vera réttlætanlegt að veita undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar og er eðlilegt að ráðherra, sem setur reglugerðina, hafi slíka undanþáguheimild. Þetta er í samræmi við aðra löggjöf á sviði umhverfismála, svo sem lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 7. gr.

Lagt er til að við 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. verði bætt að heimilt sé að beita sérstakri svæðisskipulagsmeðferð vegna mannvirkja sem ná til fleiri en eins sveitarfélags, svo sem þjóðvega, orkumannvirkja og fjarskiptalína og áætlana um framkvæmdir eða aðra ráðstöfun lands til nýtingar eða verndar, t.d. skógræktaráætlana.

Um 8. gr.

Ráðherra staðfestir aðalskipulagsuppdrátt en hann fer einungis yfir hvort formgallar séu á afgreiðslu málsins en ekki yfir efnisatriði slíks aðalskipulags. Úrskurðarnefnd samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur vísað máli frá vegna kæru þar sem niðurstaða nefndarinnar var að hún gæti ekki úrskurðað í málum sem ráðherra staðfestir því að nefndin væri ekki sett ofar ráðherra heldur hliðsett stjórnvald. Nefndin fjallar hins vegar um ágreining sem rís um deiliskipulag en deiliskipulög eru ekki staðfest af ráðherra. Lögð er til breyting á 2. málsl. 3. mgr. 19. gr. á þann veg að ráðherra skuli áður en hann tekur ákvörðun um staðfestingu skipulags fara yfir hvort efnisgallar og/eða formgallar séu á gerð skipulags. Sé um slíkt að ræða ber honum að leita umsagnar sveitarstjórnar áður en hann tekur ákvörðun um hvort hann staðfestir aðalskipulagið, frestar staðfestingu eða synjar henni. Heimilt er í samræmi við stjórnsýslulög að óska eftir endurupptöku máls að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar koma fram, en ákvörðun ráðherra er fullnaðarákvörðun á stjórnsýslustigi og er því ekki kæranleg til úrskurðarnefndar.

Um 9. gr.

Í a-lið er lagt til að Skipulagsstofnun sendi sveitarstjórn umsögn sína í stað ráðherra áður sem sendi tillöguna síðan til sveitarstjórnar, enda kemur tillagan til endanlegrar staðfestingar ráðherra.

Í b-lið er lagt til í samræmi við tillögu í 8. gr. frumvarpsins að áður en ráðherra tekur ákvörðun um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi skuli hann fara yfir hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Um frekari röksemdir vísast til athugasemda við 8. gr.

Um 10. gr.

Í a-lið er lögð til sú breyting að einungis þurfi að leita álits nágrannasveitarfélaga á tillögu að skipulagsáætlunum liggi hún að mörkum sveitarfélaga. Í 2. málsl. 25. gr. segir að allar tillögur skuli kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga og er ekki gerður greinarmunur á hvort um er að ræða deiliskipulag sem liggi t.d. í miðju sveitarfélaginu eða deiliskipulag sem liggur að mörkum sveitarfélaga.

Í b-lið er lagt til að ráðherra úrskurði í málum þar sem sveitarstjórn fellst ekki á tillögur Skipulagsstofnunar. Í 25 gr. þar sem fjallað er um meðferð deiliskipulagstillagna kemur ekki fram hvernig skuli staðið að málum ef sveitarstjórn fellst ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar. Hér er um að ræða ágreinging milli stjórnvalda, sbr. athugasemdir um a-lið 5. gr.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 29. gr. laganna er gerð sú krafa að öllum götum, vegum og torgum skuli gefið nafn og nöfnum þeirra skuli þinglýsa en samkvæmt lögum um þinglýsingar er slíkur gerningur ekki tækur til þinglýsingar. Lagt er til að skylt verði að færa breytingar á götunöfnum og númerum í þinglýsingarbók.

Um 12. gr.

Oft hefur verið gagnrýnt að landeigendum eða framkvæmdaraðilum sé ekki heimilt að hafa frumkvæði að deiliskipulagi á eigin kostnað en ákvæði þar að lútandi var sett inn í skipulagsreglugerð. Til að tryggja lagalegan grundvöll þessa ákvæðis er lagt til að við 5. tölul. 34. gr. bætist nýr málsliður sem heimilar landeigendum og framkvæmdaraðilum að hafa frumkvæði að deiliskipulagi á eigin kostnað. Sveitarfélög leggja oft meiri áherslu á

deiliskipulag annarra reita en landeigendur sem vilja t.d. ráðstafa landi sínu undir sumarbústaði. Því er ekkert óeðlilegt að þeir hafi slíka heimild og kosti þá deiliskipulagið sjálfir að öllu leyti. Með öllum kostnaði er m.a. átt við auglýsingakostnað og kostnað við grenndarkynningu.

Um 13. gr.

A-liður þarfnast ekki skýringa.

Í b-lið er lagt til að 4. málsl. 2. mgr. 35 gr. falli brott, en þar segir að ekki skuli greitt skipulagsgjald af mannvirki sem ekki er háð byggingarleyfi að undanskildum stofnkerfum rafveitna, vatnsveitna, hitaveitna og fjarskipta utan þéttbýlis. Engin ástæða er til þess að undanþiggja framkvæmdir þessari greiðslu þótt ekki þurfi byggingarleyfi. Eitt verður yfir alla að ganga eigi samræmi að nást. Eðlilegt er að kostnaður við skipulag lendi á framkvæmdaraðila hvort sem framkvæmd er byggingarleyfisskyld eða ekki. Þær framkvæmdir sem eru skipulagsgjaldsskyldar samkvæmt frumvarpinu eru stórar framkvæmdir sem hafa í för með sér mikla skipulagsvinnu fyrir Skipulagsstofnun og/eða sveitarfélögin. Lagt er til að í staðinn fyrir hugtakið stofnkostnaður verði notað hugtakið heildarkostnaður en með því er átt við allan kostnað við gerð mannvirkis, þar á meðal við verkframkvæmd, hönnun og eftirlit. Ekki þykir rétt að kostnaður við rannsóknir komi inn í gjaldtöku skipulagsgjalds, enda framkvæmdaraðili oft að vinna grunnrannsóknir sem nýtast einnig öðrum, t.d. skipulagsyfirvöldum.

C-liður þarfnast ekki skýringa.

Í d-lið er lagt til að fellt sé niður árlegt gjald sem greiðist úr ríkissjóði en breytingum sem lagðar eru til í b-lið á gjaldstofni skipulagsgjalds er ætlað að koma í stað 4. mgr. 35. gr.

Um 14. gr.

Við framkvæmd nýrra laga hefur helst verið gagnrýnt að byggingarleyfi þurfi fyrir hverri einustu framkvæmd, svo sem lítils háttar breytingum á húsum eða ef reistar eru smærri byggingar sem ljóst er að menn muni ekki dveljast í. Í sumum tilvikum kann að vera réttlætanlegt að falla frá kröfu um byggingarleyfi en það verður byggingarnefnd að meta hverju sinni, ekki síst með hliðsjón af grenndarrétti. Hér er lagt til að byggingarnefnd geti veitt undanþágu frá byggingarleyfi sé um smærri byggingar að ræða sem ekki eru ætlaðar til íveru, svo sem verkfæraskúra eða geymsluhús, eða minni háttar breytingar á byggingu. Hafa verður í huga nágrannar geta kært þessa ákvörðun byggingarnefndar til sveitarstjórnar og áfram til úrskurðarnefndar skv. 8. gr. laganna fallist sveitarstjórn ekki á sjónarmið þeirra.

Um 15. gr.

Greinin er hliðstæð 6. gr. nema hér er fjallað um undanþágu frá byggingarreglugerð og vísast til þess sem segir í athugasemdum um 6. gr.

Um 16. gr.

Í a-lið er lagt til að byggingarnefnd beri aðeins að rökstyðja ákvörðun sína ef erindi hefur ekki verið samþykkt og er tillagan í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Í b-lið er lagt til að byggingarnefnd geti með samþykki sveitarstjórnar veitt byggingarfulltrúa leyfi til að gefa út byggingar- og framkvæmdaleyfi fyrir tilteknum minni háttar framkvæmdum, þar á meðal stöðuleyfi, en verið hefur á reiki hvernig túlka beri orðið „stöðuleyfi“ sem er leyfi til staðsetningar t.d. hjólhýsa og er því lagt til að það komi skýrt fram í lögunum að stöðuleyfi sé í reynd sams konar og byggingar- eða framkvæmdaleyfi í skilningi

laganna. Einnig er lagt til í samræmi við 13. gr. frumvarpsins að byggingarnefnd geti með samþykki sveitarstjórnar veitt byggingarfulltrúa umboð til að veita heimild fyrir undanþágu frá byggingarleyfi.

Í c-lið er lagt til að 4. mgr. 39. gr. falli brott, enda hefur ákvæðið verið flutt í 8. gr., sbr. d-lið 5. gr. frumvarpsins og umfjöllun um hana.

Um 17. gr.

Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur var sett til að uppfylla skyldur sem Ísland undirgekkst með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipun sambandsins um byggingarvörur hefur að mestu verið óvirk fram að þessu á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem ekki hefur verið unnt að ljúka við gerð samhæfðra staðla og tæknisamþykkta því að ákvarðanir lágu ekki fyrir um hvernig standa skyldi að staðfestingu á samræmi við kröfur fyrir ýmsar byggingarvörur. Þessar ákvarðanir hafa nú flestar verið teknar af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á grundvelli samþykkta í fastanefnd Evrópusambandsins um byggingarmál. Hins vegar mun vinna við útgáfu samhæfðra staðla og tæknisamþykkta taka nokkurn tíma. Því verður enn bið á að ákvæði reglugerðarinnar um viðskipti með byggingarvörur verði að fullu virk varðandi allar byggingarvörur.

Um 18. gr.

Nokkur vafi hefur leikið á því hvernig túlka beri 7. mgr. 43. gr. Í fyrsta lagi hefur þótt óeðlilegt að heimilt sé að veita byggingarleyfi í byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag án þess að gera kröfu um að framkvæmdin sé í samræmi við byggingar sem fyrir eru í hverfinu, t.d. hvað varðar nýtingarhlutfall og ásýnd. Því er lagt til að tilgreint verði að heimilt sé að veita slíkt leyfi sé framkvæmdin í samræmi við byggingar sem hafa verið reistar í hverfinu. Í öðru lagi hefur þótt óljóst hvort skipulagsnefnd getur tekið ákvörðun um að fjalla ekki um umsókn um leyfi samkvæmt þessari málsgrein og þar með komið í veg fyrir að byggingarnefnd geti veitt leyfið. Rétt þykir að kveðið sé skýrt á um þetta og því lagt til að byggingarnefnd leiti umsagnar skipulagsnefndar. Engu síður verði það skipulagsnefndar að láta fara fram grenndarkynningu. Lagt er til það nýmæli að ekki þurfi að fara fram í öllum tilvikum fjögurra vikna grenndarkynning ef tryggt er að þeir sem eiga hagsmuna að gæta hafi samþykkt framkvæmdina með áritun sinni. Mjög mikilvægt er að áritunin sé á aðaluppdrætti fyrirhugaðra framkvæmda eða breytinga þar sem þá á að vera tryggt að hlutaðeigandi geri sér alveg ljóst hvað hann er að samþykkja.

Um 19. gr.

Í 2. mgr. 45. gr. á að standa „sveitarstjórn“ en ekki „byggingarnefnd“ og er lagt til að greinin verði leiðrétt með hliðsjón af því.

Um 20. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 47. gr. laganna geta eingöngu einstaklingar orðið hönnuðir og lagt fram uppdrætti fyrir byggingarnefnd. Lagt er til að fyrirtæki þar sem starfa löggiltir hönnuðir geti lagt uppdrætti fyrir byggingarnefnd, sem og einstaklingar sem eru löggiltir hönnuðir, að því tilskildu að fyrirtækið hafi fullnægjandi ábyrgðartryggingu. Eðlilegt þykir að fyrirtækjum þar sem löggiltur hönnuður starfar verði heimilt að leggja inn uppdrætti fyrir byggingarnefnd, þ.e. löggiltur hönnuður skrifar undir fyrir hönd fyrirtækisins. Það sé síðan fyrirtækisins að taka ábyrgðartryggingu fyrir verkum sem unnin eru í nafni þess og bera almenna ábyrgð á þeim. Algengt er að í fyrirtækjum sem sérhæfa sig í hönnun mannvirkja starfi eig-

endur þess og eignaraðild að þeim sé dreifð. Rétt þykir því að heimila þeim að bera sameiginlega ábyrgð á verkefnum fyrirtækisins en ekki að ábyrgðin lendi á nokkrum einstaklingum innan þess.

Í lögunum kemur einungis fram að hönnuðir leggi uppdrætti fyrir byggingarnefnd en ekki byggingarfulltrúa og hefur það valdið ágreiningi. Til að ekkert fari milli mála er lagt til að kveðið sé á um að hönnuðir leggi uppdrætti fyrir byggingarnefnd og byggingarfulltrúa.

Um 21. gr.

Í a-lið er lögð til sú breyting á 1. málsl. 3. mgr. að allar stéttir sem hljóta löggildingu ráðherra samkvæmt greininni eru taldar upp en áður voru einungis taldir upp arkitektar og byggingarfræðingar. Hér er þó ekki um efnislega breytingu að ræða.

Í b-lið er lagt til að allar stéttir sem hljóta löggildingu samkvæmt þessari grein þurfi tveggja ára starfsreynslu áður en þeim er heimilt að fara í próf hjá prófnefnd mannvirkjahönnuða. Er það sami reynslutími og í eldri byggingarlögum. Í 48. gr. laganna eru kröfur um starfsreynslu mismunandi eftir stéttum. Arkitektar þurfa enga starfsreynslu til að fá að fara í próf, byggingarfræðingar þurfa 20 mánaða starfsreynslu en aðrar stéttir þriggja ára starfsreynslu til að hljóta löggildingu á sínu sérsviði. Mikillar óánægju hefur gætt hjá Verkfræðingafélaginu, Tæknifræðingafélaginu o.fl. með að mismikillar starfsreynslu sé krafist eftir stéttum. Hér er lagt til að allir hönnuðir standi jafnt að vígi hvað varðar kröfur um starfsreynslu og að þeir verði að loknu starfsreynslutímabili að taka próf og standast það.

C-liður þarfnast ekki skýringar.

Um 22. gr.

Með skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, var innanhússhönnuðum í fyrsta sinn veitt heimild til að hljóta löggildingu til að gera séruppdrætti á sínu sviði. Í raun hafði þessi löggilding þeirra ekki sömu áhrif og t.d. löggilding tæknifræðinga til að gera séruppdrætti þar sem innra skipulag mannvirkis er hluti af aðaluppdrætti en innanhússhönnuðum er ekki heimilt að að breyta aðaluppdrætti. Lagt er til, til að bæta hlut innanhússhönnuða, að þeim verði heimilt að breyta hluta aðaluppdráttar sem snýr að innra skipulagi og notkun mannvirkis. Einnig er lagt til að innanhússhönnuðum sé ekki heimilt að vera samræmingarhönnuðir og að með slíkan uppdrátt skuli fara eins og séruppdrátt skv. 2. mgr. 47. gr.

Um 23. gr.

Lagt er til að veitt verði heimild til gjaldtöku vegna kostnaðar við að halda próf til að hljóta löggildingu sem prófhönnuður.

Um 24. gr.

Í a-lið er lögð til lagfæring á 1. tölul. 2. mgr. 51. gr. en samkvæmt henni mætti ráða að byggingariðnfræðingar þyrftu að hafa hlotið löggildingu skv. 2. mgr. 52. gr., en svo er ekki. Einnig er lagt til samkvæmt eindreginni beiðni Samtaka iðnaðarins að blikksmíðameisturum, málarameisturum, stálvirkjameisturum og veggfóðrarameisturum verði einnig heimilt að vera byggingarstjórar. Með þessari tillögu er öllum iðnmeisturum sem hafa heimild til að bera ábyrgð á verkþáttum iðnmeistara fyrir byggingarnefnd og hlotið hafa löggildingu ráðherra heimilt að starfa sem byggingarstjórar.

Í b-lið er lögð til sú breyting að arkitektar, byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarfræðingar, svo og aðrir verkfræðingar og tæknifræðingar með hliðstæða menntun á byggingarsviði, geti orðið byggingarstjórar. Í 2. tölul. 2. mgr. 51. gr. gildandi laga

er kveðið á um að arkitektar, verkfræðingar, tæknifræðingar og byggingarfræðingar með þriggja ára starfsreynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti geti orðið byggingarstjórar. Rétt þykir að krefjast ekki starfsreynslu af þeim frekar en iðnmeisturum skv. a-lið, auk þess sem erfitt er fyrir menn að sýna fram á reynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti.

Í c-lið er lagt til að fyrirtækjum og stofnunum verði heimilt að vera byggingarstjórar. Skv. 51. gr. geta fyrirtæki ekki orðið byggingarstjórar heldur eingöngu einstaklingar. Þetta er bagalegt og hefur komið sér illa, enda taka fyrirtæki oft að sér byggingarstjórn og er því eðlilegt að breyta greininni þannig að fyrirtæki þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði til þess að vera byggingarstjóri geti tekið að sér skyldur byggingarstjóra og þar með þá ábyrgðartryggingu sem lögboðin er.

Um 25. gr.

Lagt er til að iðnmeistarar með meistarabréf og sem hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa aðra sambærilega menntun geti hlotið löggildingu sem iðnmeistarar, enda séu þeir starfandi þeir sem meistarar í iðn sinni. Skv. 2. málsl. 2. mgr. 52. gr. gildandi laga eru það eingöngu iðnmeistara sem hafa meistarabréf og lokið hafa prófi frá meistaraskóla sem geta hlotið slíka löggildingu. Engin ástæða er til þess að útiloka aðra aðila með sambærilega eða meiri menntun á hlutaðeigandi sviði, t.d. verkfræðinga, tæknifræðinga eða iðnfræðinga, frá því að hljóta löggildingu ráðherra.

Um 26. gr.

Lögð er til sú breyting á 2. og 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. að sveitarstjórnum verði heimilt að taka gjald fyrir yfirferð hönnunargagna, sbr. 46. gr. laganna. Í 6. mgr. 42. gr. laganna er heimild til handa byggingarfulltrúa að fengnu samþykki sveitarstjórnar að fela prófhönnuði eða faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta og að taka gjald fyrir sem nemi þeim útgjöldum sem yfirferðin hefur í för með sér. Rétt þykir að mismuna ekki þeim sem sækja um byggingarleyfi eftir því hvort byggingarfulltrúi, prófhönnuður eða faggilt skoðunarstofa sér um yfirferðina.

Um 27. gr.

Lagt er til að sveitarfélögin láti birta í B-deild Stjórnartíðinda sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu en að það sé ekki hlutverk umhverfisráðuneytisins eins og samkvæmt gildandi ákvæði. Er það í samræmi við breytingar á öðrum lögum, svo sem lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Eðlilegt er að sveitarfélög sjái sjálft um birtingu á gjaldskrám sem þau setja sér, enda ber sveitarfélagið alla ábyrgð á gjaldtökunni og tekur sjálft ákvörðun um hana á grundvelli laga.

Um 28. gr.

Lagt er til að 4. mgr. 56. gr. falli brott en þar eru ákvæði um að í þeim tilvikum þar sem byggt hefur verið í andstöðu við gildandi skipulag skuli hlutaðeigandi bygging fjarlægð. Það er samdóma álit þeirra sem starfa að þessum málum að ákvæðið sé óframkvæmanlegt. Önnur ákvæði laganna eiga að tryggja að ekki sé byggt í trássi við gildandi skipulag, svo sem ákvæði um eftirlit og um þvingunarúrræði og viðurlög.

Um 29. gr.

Í a-lið er lagt til að bætt verið við orðinu „svæðisskipulag“, sbr. b-lið.

Í b-lið er lagt til að heimilt verði að gera deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags. Skv. 1. mgr. 23. gr. verður deiliskipulag eingöngu gert á grundvelli aðalskipulags en lagt er til að hægt sé að gera deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags, enda hlýtur það að teljast eðlilegt, ekki síst þar sem mörg sveitarfélög hafa hafið gerð svæðisskipulags og æskilegt væri að geta samþykkt deiliskipulag í beinu framhaldi af því. Þetta á einkum við á miðhálendinu, en einnig víða í dreifbýlum sveitarfélögum þar sem umfangsmikil vinna hefur verið lögð í gerð svæðisskipulags. Öll sveitarfélög skulu hafa lokið gerð aðalskipulags 1. janúar 2008, sbr. 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða, og er því eðlilegt að setja þessa heimild í ákvæði til bráðabirgða og að hún hafi sama gildistíma og 2. tölul. þess.

Enn fremur er lögð til ákveðin málsmeðferð varðandi þær byggingarvörur sem ekki falla undir 17. gr. frumvarpsins þar sem enn hefur ekki verið lokið við gerð samhæfðra staðla og tæknisamþykkta sem reglugerð um viðskipti með byggingarvörur vísar í. Markmiðið er að leitast við, þar til reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nær til allra byggingarvara, að vísa framleiðendum og innflytjendum byggingarvara á þá málsmeðferð sem mun gilda um byggingarvörur á Evrópska efnahagssvæðinu í nánustu framtíð. Bráðabirgðaákvæðið tekur mið af kröfum sem gerðar eru í 2. mgr. 42. gr. laganna en jafnframt er kveðið á um að taka skuli mið af kröfum sem settar hafa verið um hlutverk framleiðanda og tilnefnds aðila í tengslum við reglugerð um viðskipti með byggingarvörur varðandi staðfestingu á samræmi við kröfur. Þeir þættir sem tilteknir eru fyrir staðfestingarferlið eru innra eftirlit, prófanir á sýnum á vegum framleiðanda, upphafsprófanir framleiðanda, upphafsprófanir tilnefnds aðila, viðurkenning á innra eftirliti, ytra eftirlit tilnefnds aðila og sýnataka á markaði eða á byggingarstað. Þessum þáttum er síðan raðað saman á sex mismunandi vegu og eru því sex staðfestingarkerfi í notkun fyrir byggingarvörur. Hvorki tilnefndi aðilinn né framleiðandinn ákveður hvaða kerfi skuli valið fyrir hverja einstaka tegund byggingarvöru. Sú ákvörðun er tekin af stjórnvöldum. Lagt er til að aðili sem annast staðfestingu á samræmi annist flokkun byggingarvara í staðfestingarkerfi varðandi þær vörur sem bráðabirgðaákvæðið gildir um, með hliðsjón af þeim leiðbeiningum sem lagðar eru til í ákvæðinu. Sömu staðfestingarkröfur gildi þannig fyrir sambærilega flokka byggingarvara, t.d. skal beita sömu staðfestingarkröfum á öll raðframleidd hús.

Um 30. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Enn fremur er lagt til að þegar lögin hafa verið samþykkt skuli þau felld inn í meginmál skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með breytingum samkvæmt lögum nr. 135/1997, 15/1999 og 117/1999, og að þau verði síðan gefin út svo breytt, enda er hér um töluverðar breytingar að ræða, bæði á formi og efni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Megintilgangur frumvarpsins er að sníða af agnúa sem tveggja ára reynsla af framkvæmd laganna hefur leitt í ljós. Stefnt að einfaldari innheimtu og skýrari gjaldstofni skipulagsgjalda. Áætlað árlegt skipulagsgjald af breikkuðum gjaldstofni af mannvirkjum sem ekki eru háð byggingarleyfi, þ.e. stofnvegum og þjóðvegum í þéttbýli, brúm, jarðgöngum, virkjunum og flugbrautum er 45 m.kr., en á móti kemur að ákvæði um greiðslu úr ríkissjóði að sömu upphæð fellur brott (helmingur af innheimtu skipulagsgjalds ársins á undan). Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

699. Svar [364. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur og Rannveigar Guðmundsdóttur um áhættulán.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða sjóðir og lánastofnanir veita áhættulán fyrirtækjum eða þeim sem hyggja á stofnun fyrirtækis?*
2. *Hver er skilgreining lánveitendanna á áhættuláni?*
3. *Með hvaða skilmálum eru slík lán veitt?*
4. *Hversu margar lánveitingar hafa verið hjá hverjum sjóði eða stofnun fyrir sig á sl. fimm árum og um hve háar upphæðir hefur verið að ræða?*

Inngangur.

Í svarinu eru áhættulán skilgreind sem verkefnabundin lán til vöruþróunar og markaðssetningar þar sem möguleiki er á niðurfellingu lána, að hluta eða öllu leyti, ef fyrirhugað verkefni heppnast ekki. Lánin eru með öðrum orðum án sérstakra trygginga og endurgreiðslan fer eftir árangri verkefnisins.

Mjög fáir sjóðir, lánastofnanir eða önnur fyrirtæki sem sérhæfa sig í áhættufjármögnun veita áhættulán af þessu tagi. Meginhlutverk flestra áhættufjármagnsfyrirtækja er að leggja fram hlutafé til nýrra fyrirtækja eða fyrirtækja í örum vexti. Áhættufjármagnsfyrirtækin verða því hluthafar í viðkomandi sprota- eða vaxtarfyrirtæki. Fulltrúi áhættufjármagnsfyrirtækisins er yfirleitt í stjórn fyrirtækisins í því skyni að fylgja fjárfestingunni betur eftir og veita nauðsynlega sérfræðiráðgjöf á frum- og vaxtarstigi fyrirtækisins.

Ekki liggur fyrir nein ítarleg greining á íslenska áhættufjármagnsmarkaðinum og því erfitt að svara fyrirspurninni á fullnægjandi hátt. Áhættufjármagnsfyrirtækin eru ólík að uppbyggingu og skilgreina sig á mismunandi sviðum markaðarins. Oft og tíðum kann einnig að vera erfiðleikum bundið að staðsetja fyrirtækin á áhættufjármagnsmarkaðnum. Hafa verður þennan fyrirvara í huga við lestur svarsins.

Veiting áhættulána.

Eftir því sem næst verður komist veita Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Aflvaki áhættulán samkvæmt skilgreiningunni hér að framan, en aðrir í minna mæli. Veiting áhættulána er þó ekki meginhlutverk Nýsköpunarsjóðs og Aflvaka.

Nýsköpunarsjóður hóf veitingu áhættulána árið 1999. Hámarkslán er 5 millj. kr. og aldrei hærra en 50% af heildarkostnaði. Lánstími getur verið allt að fimm ár. Vextir eru breytilegir og miðast við REIBOR-vexti Seðlabanka Íslands að viðbættu 0–5% álagi. Árið 1999 voru samþykkt lán til 56 aðila fyrir rúmar 146 millj. kr. alls.

Útistandandi áhættulán Aflvaka til 18 aðila nema rúmlega 51 millj. kr.

Vakin skal athygli á því að Byggðastofnun hefur ekki veitt áhættulán eins og þau eru skilgreind hér enda telur stofnunin að slík lánafyrirgreiðsla verði vart rekin án utanaðkomandi fjárstuðnings. Lánastarfsemi Byggðastofnunar er rekin án framlaga úr ríkissjóði og stendur hún undir stærstum hluta rekstrarkostnaðar hennar. Samkvæmt nýsamþykktri byggðaáætlun skal hún rekin á arðsemisgrundvelli. Að mati Byggðastofnunar tekur hún þó meiri áhættu í lánveitingum sínum en aðrar lánastofnanir. Í svari Byggðastofnunar til ráðuneytisins kemur jafnframt fram að stofnuninni sé ekki kunnugt um að atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni veiti áhættulán enda hafa þau flest ekki yfir að ráða fjármunum til að styðja fyrirtæki beint.

Viðskiptabankar og sparisjóðir veita almennt ekki áhættulán eins og þau eru skilgreind hér þó að áhætta sé að sjálfsögðu fólgin í öllum lánveitingum. Það hefur hins vegar færst í vöxt að viðskiptabankar og sparisjóðir veiti lán án tryggingar frá þriðja aðila. Greiðslugeta lántaka stendur þá undir lánveitingunni en ekki veð eða sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila.

Tegund áhættufjármagns.

Áhættufjármagn er gjarnan flokkað eftir því í hvaða tilgangi eða á hvaða stigi það er lagt fram. Af eðilegum ástæðum er áhættan meiri á fyrstu þrepum þróunar. Samkvæmt upplýsingum frá European Venture Capital Association má flokka áhættufjármögnun vegna nýsköpunar í eftirfarandi flokka eftir áhættu:

1. Þróunarfjármagn eða hugmyndafé (Seed Capital). Fjármagn til rannsókna og þróunar á vöru eða viðskiptahugmynd. Á þessu stigi er varla um meira að ræða en vænlega hugmynd og oftast frumkvöðul. Fjármagn á þessu stigi fer aðallega í gerð frumáætlana, fyrstu tilraunir við vöruþróun og forkönnun markaða.
2. Byrjunarfjármagn eða upphafsfé (Start-up). Tekur við af þróunarfjármagni, t.d. til að fullgera frumeintak vöru og til að hefja markaðsstarfsemi.
3. Fjármagn til vaxtar eða vaxtarfé (Expansion). Fjármagn til að útvíkka starfsemi að aflokinni þróun og öflun markaða.

Í mjög grófum dráttum má gera ráð fyrir að þessi þrjú stig geti tekið um tíu ár, gangi hugmyndin upp, og sé fyrirtækið þá tilbúið til skráningar á hlutabréfamarkaði. Miðað er þá við að fyrsta stigið taki um þrjú ár, næsta stig um tvö ár og vaxtarstigið um fimm ár.

Flestir fagfjárfestar, sem eru á annað borð reiðubúnir til að taka áhættu af fjárfestingu í óskráðum fyrirtækjum, sækjast eftir innkomu í þau við upphaf vaxtarskeiðs. Á því stigi hefur fyrirtækið lokið nauðsynlegri þróun og nokkur vitneskja um viðbrögð markaðarins við afurðinni liggur fyrir. Fyrirtækið hefur tekið á sig þá stjórnunarlegu mynd sem þarf til að leggja í markaðsátak en þarfnast aukins fjármagns. Við slíkar aðstæður telja fagfjárfestar sig hafa lágmarksforsendur til að meta áhættu sína. Þeir eiga jafnframt von um umtalsverðan hagnað af fjárfestingunni þar sem vaxtarskeiðið einkennist m.a. af hagnaði á stuttum tíma.

Færri fjárfestar líta á það sem hlutverk sitt að leggja fjármagn í þá miklu áhættu sem fólgin er í að koma hugmynd á framkvæmdastig. Við þær aðstæður er óvissa mikil og takmörkuð

reynsla er til að sannreyna hvort hugmyndin hefur markaðsgildi. Enn fremur vantar iðulega þá rekstrar- og stjórnunarlegu þekkingu sem nauðsynleg er til að koma verkefni áfram. Fjárfesting í slíkum verkefnum kallar á umtalsverða þolinmæði. Gjarnan þarf að bíða í 5–10 ár þar til að verkefnið skilar arði. Á þeim tíma þarf fjárfestirinn að vera reiðubúinn til að auka við upphafsfjárfestingu sína sem og að veita aðstoð og ráðgjöf. Sá fjárhagslegi ávinningur sem næst skilar sér sjaldan með reglulegum arðgreiðslum heldur oftast í einu lagi við sölu.

Áhættufjármagn á Íslandi.

Á fyrri hluta þessa áratugar var mikil lægð í efnahagslífi þjóðarinnar. Atvinnuleysi var meira en þekkst hafði í áratugi og úrræði ríkis og sveitarfélaga dugðu skammt. Framboð áhættufjár var takmarkað og verðbréfamarkaðir í frumbernsku. Erfitt var að afla áhættufjármagns til nýsköpunarverkefna, m.a. vegna fyrri reynslu af slíkum verkefnum.

Nú er staðan önnur. Framboð á áhættufjármagni hefur stóraukist og leitar það nú farvegs í áhættusamari verkefnum en áður. Fjölmörg áhættufjármagnsfyrirtæki hafa sprottið upp í þeim frjósama jarðvegi sem skapast hefur á undanförnum árum.

Ekki er gott að henda reiður á hve mikið er fjárfest í fyrirtækjum á frum- eða vaxtarstigi hér á landi. Vísbendingu um það má þó finna í árbók European Venture Capital Association fyrir árið 1999 (EVCA, Belgía 1999). Fjórtán íslensk áhættufjármagnsfyrirtæki voru beðin um að skýra frá áhættufjárfestingum sínum. Svör fengust frá átta þeirra og nam heildarfjárfesting þeirra 1.724 millj. kr. á árinu 1998 í samanburði við 397 millj. kr. fjárfestingu þeirra fyrirtækja sem svöruðu sömu spurningu fyrir árið 1997.

Helstu niðurstöður fyrir árið 1998 eru þessar í millj. kr.:

	Fjárfesting	%	Fjöldi verkefna	%
Tegund fjárfestingar				
Upphafsfé	543	32	41	34
Vaxtarfé	1.081	63	49	41
Endurnýjun	100	5	30	25
Samtals	1.724	100	120	100
Landfræðileg skipting				
Innan lands	1.233	72	99	82
Önnur Evrópulönd	161	9	12	10
Lönd utan Evrópu	330	19	9	8
Samtals	1.724	100	120	100
Atvinnugreinaskipting				
Fjarskipti	108	6	5	4
Upplýsingatækni	233	14	20	17
Líftækni	355	21	17	14
Heilbrigðisþjónusta	16	1	8	6
Samtals hátækni	712	41	50	42
Neytendaþjónusta	521	30	9	8
Aðrar iðnaðarvörur	85	5	16	13
Samgöngur	54	3	3	2
Önnur þjónusta	33	2	12	10
Landbúnaður	39	2	5	4
Verktakastarfsemi	6	1	3	2
Annað	274	16	22	19
Samtals	**1.724**	**100**	**120**	**100**

Ljóst má vera að áhættufjármagn er meira hér á landi en kemur fram í árbók EVCA. Bæði er að ekki tóku öll áhættufjármagnsfyrirtæki þátt í þessari könnun og hitt að fjölmargir aðrir en þeir sem skilgreina sig sem áhættufjármagnsfyrirtæki fjárfesta í nýsköpunarverkefnum. Einnig má gefa sér að áhættufjárfesting hafi aukist verulega árið 1999. Þess má geta að síðan Nýsköpunarsjóður tók til starfa í ársbyrjun 1998 hefur hann samþykkt þátttöku í verkefnum með hlutafjárframlagi að fjárhæð 1.350 millj. kr.

Á þriðja tug áhættufjármagnsfyrirtækja starfar hér á landi en verksvið þeirra og staða á markaðinum er þó mismunandi. Lengsta reynslu hafa Þróunarfélag Íslands, Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn (EFA), Aflvaki og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ef forverar hans eru teknir með. Þróunarfélagið og EFA eru bæði skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Síðan má nefna landsbyggðarsjóði eins og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Atvinnuþróunarfélag Austurlands. Einnig hafa verið stofnuð sterk áhættufjármagnsfyrirtæki í eigu fyrirtækja eða fjársterkra einstaklinga og má þar nefna Burðarás, Eignarhaldsfélagið Hof og 3p fjárhús. Lánastofnanir eins og Byggðastofnun, viðskiptabankar, sparisjóðir og fjárfestingarbankar eru einnig í áhættufjárfestingum í nokkrum mæli. Tvær lánastofnanir hafa stofnað sérstök félög utan um áhættufjármagnsstarfsemi en það eru Landsbankinn með Landsbankann – Framtak, sem m.a. rekur Íslenska hugbúnaðarsjóðinn, og Kaupþing sem rekur Uppsprettu. Þá má ekki gleyma lífeyrissjóðum sem í einhverjum mæli, mismiklum þó, fjárfesta í óskráðum bréfum á vaxtarstigi fyrirtækja. Að síðustu má nefna að fjölmargir einstaklingar taka þátt í áhættufjárfestingum, jafnvel á frumstigi fjárfestinga.

Í lokin er rétt að minnast á Framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs og þátttöku Byggðastofnunar í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni. Í Framtakssjóði Nýsköpunarsjóðs eru 1.000 millj. kr. og er honum ætlað að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina. Þeim fjármunum sem ráðstafað er úr Framtakssjóði til rekstraraðila er varið til hlutafjárkaupa í arðvænlegum nýsköpunarverkefnum. Sjóðurinn er í umsjá fjögurra vörsluaðila sem hver um sig fær til umsjónar 250 millj. kr. og hafa þeir hver um sig aflað mótframlags að upphæð 125 millj. kr. Vörsluaðilar eru Fjárfestingarfélag Austurlands, Landsbankinn – Framtak, Fjárfestingarfélag Vestmannaeyja og Framtakssamlag EFA. Í samræmi við þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 fær Byggðastofnun 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs á áætlunartímabilinu til þátttöku í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni. Byggðastofnun getur þó aldrei átt meira en 40% af hlutafé viðkomandi félags.

700. Svar [308. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um framkvæmd skattskila.

1. *Hvað hefur ráðherra gert til að hrinda í framkvæmd tillögum nefndar um úrbætur við skattskil sem fram komu með skýrslu fjármálaráðherra á 120. löggjafarþingi um úttekt á afskrifuðum skattskuldum og snerta bókfærslu skattkrafna, áætlanir skattstjóra, reglur um afskriftir, skipulag innheimtumála, uppgjör gamalla skattskulda, gjaldþrot, búskipti og takmörkun atvinnuumsvifa vegna vanskila á sköttum?*

   Sérstaklega er spurt um eftirfarandi tillögur:

   a. *endurskoðun á verklagi við álagningu skatta samkvæmt áætlunum skattstjóra,*
   b. *að afskrifa skattskuldir á grundvelli árangurslauss fjárnáms í stað þess að krefjast gjaldþrota hjá einstaklingum,*

c. að takmarka atvinnuumsvif vegna vanskila á sköttum.

Í kjölfar skýrslu til Alþingis um afskriftir skattskulda skipaði fjármálaráðherra með bréfi, dags. 2. júní 1997, nefnd til að leggja drög að nýjum verklagsreglum við afskriftir skattkrafna. Skyldu reglur þessar lúta að efnislegum skilyrðum afskrifta og stjórnsýslulegri framkvæmd við afskriftir. Við tillögugerðina skyldi nefndin sérstaklega gæta þess að með reglunum yrði jafnræði gjaldenda tryggt eins og kostur væri. Skyldi nefndin m.a. taka eftirfarandi atriði til athugunar og úrlausnar:

1. Hvort mismunandi reglur eigi að gilda um afskriftir eftir skatttegundum (gjaldflokkum).
2. Æskilegt er að sem mest verði dregið úr því að einstaklingar séu gerðir gjaldþrota. Athugað verði hvort og þá með hvaða hætti megi byggja afskriftir á árangurslausu fjárnámi.
3. Skattskuldir, sem ekki hafa verið afskrifaðar við gjaldþrot, eru innheimtar hjá skuldara. Nefndin geri tillögu um hvernig að slíkri innheimtu skuli staðið, m.a. hvort gera skuli kröfu til launagreiðanda um afdrátt af launum skuldara af þessum ástæðum.
4. Skuldir sem stafa af atvinnurekstri eru afskrifaðar við gjaldþrot lögaðila en eru til áframhaldandi innheimtu hafi þær myndast í atvinnurekstri einstaklings. Nefndin geri tillögur um reglur sem leiði til meira samræmis hvað varðar afskriftir af skattakröfum vegna atvinnurekstrar hjá lögaðilum og einstaklingum í atvinnurekstri.

Nefndin hefur skilað tillögum sínum til ráðherra og er nú verið að skoða frekar þær hugmyndir sem þar eru settar fram. Áætlar ráðuneytið að ljúka því starfi á allra næstu vikum. Með skipulagsbreytingum á embætti tollstjórans í Reykjavík hefur ýmsum af þessum hugmyndum þegar verið hrint í framkvæmd með breyttum verklagsreglum og nýjum vinnuaðferðum, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Skal nú vikið lauslega að einstökum þáttum fyrsta töluliðar fyrirspurnarinnar, en um bókfærslu ríkistekna vísast til yfirstandandi vinnu ráðuneytisins.

a. Áætlanir skattstjóra.

Skv. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skal skattstjóri, ef skattaðili telur eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, áætla tekjur skattaðila og eign og ákvarða skatta hans í samræmi við þá áætlun. Hvað varðar skráða aðila sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi ber skattstjóra að áætla skatt af viðskiptum þeirra sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrsla eða fylgigögnum er ábótavant, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Í báðum tilvikum ber skattstjóra að áætla svo ríflega að eigi sé hætta á að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru. Innheimtumönnum ríkissjóðs ber að innheimta skattkröfur sem byggjast á áætlunum með sama hætti og aðrar skattkröfur.

Hjá ráðuneytinu, í samráði við undirstofnanir, er verið að skoða hvernig unnt er að bæta verklag við áætlanir skatta og munu tillögur væntanlega liggja fyrir með vorinu.

b. Afskriftareglur.

Þegar um er að ræða einstaklinga utan atvinnurekstrar sem skulda opinber gjöld er samkvæmt núverandi afskriftarfyrirkomulagi í flestum tilvikum látið staðar numið við árangurslaust fjárnám hjá gjaldanda sem fullnægjandi innheimtutilraun áður en innheimtumaður óskar eftir afskrift kröfu. Það er þó skilyrði að gjaldandi hafi mætt við fyrirtöku fjárnáms og lýst yfir eignaleysi. Telji innheimtumaður vafa leika á eignaleysi eða að gjaldandinn hafi gert tilraun til að skjóta undan eignum skal hann hins vegar óska eftir gjaldþrotaskiptum á búi viðkomandi gjaldanda áður en óskað er eftir afskrift kröfu.

Skuldir sem stofnað er til í atvinnurekstri eru einvörðungu afskrifaðar að undangengnum gjaldþrotaskiptum. Í rökstuðningi fyrir afskrift þarf innheimtumaður að taka fram hvenær skiptum lauk og með hvaða hætti. Ef um er að ræða háar skattskuldir getur afskriftarnefnd þó fallist á afskrift í undantekningartilvikum enda liggi fyrir yfirlýsing frá bústjóra um eignarleysi búsins og að ekkert muni fást upp í kröfurnar.

Í núgildandi afskriftareglum er gert ráð fyrir skuldajöfnuði inneigna gjaldanda upp í vangoldnar skattskuldir hans á meðan að kröfurnar eru ófyrndar. Afskriftarnefnd samþykkir ekki afskrift skattskulda ef unnt er að skuldajafna væntanlegum inneignum hans upp í hin vangoldnu gjöld.

Þess má geta að 1. júlí 1998 tók til starfa innan innheimtusviðs tollstjórans í Reykjavík sérstök milliinnheimtudeild. Hlutverk hennar er að tilkynna gjaldendum um vanskil og gefa þeim kost á að leysa sín mál án þess að grípa þurfi til kostnaðarsamra innheimtuaðgerða. Starfsmenn deildarinnar veita upplýsingar og aðstoða gjaldendur eins og kostur er áður en gripið er til fjárnáms eða stöðvunar atvinnurekstrar.

c. Takmörkun atvinnuumsvifa.

Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar geta forsvarsmenn hlutafélaga orðið skaðabótaskyldir ef þeir með saknæmum hætti vanrækja þá skyldu sína að gefa hlutafélag upp til gjaldþrotaskipta. Engin almenn og sjálfvirk ákvæði takmarka rétt til atvinnuumsvifa eftir gjaldþrot. Hins vegar eru dæmi um að opinber starfsleyfi séu felld úr gildi ef viðkomandi er í vanskilum með skatta sína.

Innheimtumönnum ríkissjóðs er lögum samkvæmt heimilt að stöðva atvinnurekstur gjaldanda vegna vanskila tiltekinna gjalda. Samkvæmt upplýsingum sem fengust frá embætti tollstjórans í Reykjavík liggur þó fyrir að stöðvun atvinnurekstrar var tiltölulega sjaldan beitt, sbr. neðangreint yfirlit fengið frá tollstjóranum í Reykjavík yfir stöðvun atvinnurekstrar gjaldenda vegna vanskila á vörslusköttum árið 1999.

	Fjöldi
Aðilar sem greiddu samkvæmt greiðsluáskorun áður en kom til stöðvunar	9.612
Aðilar sem lentu á aðgerðarlista (lokunarlista)	547
Aðilar sem sömdu um greiðslu áður en kom til stöðvunar	56
Aðilar sem fundust ekki eða ekki var hægt að loka hjá	181
Aðilar sem gerðu upp vanskil þegar lokun átti að fara fram	104
Innsiglanir	14
Mál í vinnslu um áramót	1.800

Hjá ráðuneytinu eru nú til skoðunar tillögur er lúta að frekari takmörkunum atvinnuusvifa þeirra er skulda skatta, einkum virðisaukaskatt.

d. Skipulag innheimtumála.

Tollstjórinn í Reykjavík tók við innheimtu opinberra gjalda af Gjaldheimtunni í Reykjavík 1. janúar 1998, en síðarnefnda embættið var á sama tíma lagt niður. Með auglýsingu nr. 38/1998, um verkefni tollstjórans í Reykjavík á sviði innheimtumála, fól fjármálaráðherra tollstjóranum í Reykjavík að annast eftirlit með innheimtumönnum ríkissjóðs. Skal tollstjórinn í Reykjavík hafa eftirlit með því að innheimta opinberra gjalda sé í samræmi við almennar

reglur og fyrirmæli, þannig að tryggt sé að samræmis sé gætt í framkvæmd, sbr. 1. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar. Skv. 2. mgr. skal tollstjóri taka ákvarðanir um samræmdar aðgerðir innheimtumanna um allt land vegna innheimtu opinberra gjalda. Þegar innheimtuverkefni Gjaldheimtunnar í Reykjavík var flutt yfir til embættis tollstjóra var innheimtusviði embættisins sett nýtt skipurit og jafnframt því var starf forstöðumanns innheimtusviðs sett á laggirnar. Þegar í upphafi árs var hafist handa hjá embættinu við úttekt á innheimtustarfseminni og í framhaldi af því ráðist í miklar skipulagsbreytingar á fyrirkomulagi hennar.

Í skýrslu fjármálaráðherra frá 1995 um úttekt á afskrifuðum skattskuldum kemur fram að ástæða sé til þess að athuga þann möguleika að fella erfðafjárskatt og skemmtanaskatt inn í hið almenna innheimtukerfi skatta og gjalda. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til breytinga á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingu. Samkvæmt því er lagt til að álagning og innheimta erfðafjárskatts verði flutt frá félagsmálaráðuneyti til fjármálaráðuneytis. Með gildistöku laga nr. 93/1998, um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, voru lög nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, afnumin.

e. Uppgjör gamalla skatta.

Með lögum nr. 27/1997, um uppgjör á vangoldnum söluskatti, launaskatti, tekjuskatti og eignarskatti, var gjaldendum, sem voru í vanskilum með söluskatt og launaskatt, svo og tekjuskatt og eignarskatt vegna tekjuársins 1989 eða fyrri ára, veitt heimild til að gera upp þessar skuldir við ríkissjóð með greiðslu eða afhendingu skuldabréfs með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í lögunum. Heimildin gilti til 31. desember 1997. Með setningu laganna var horft til þess að takast mætti að innheimta hluta skulda sem ekki hefðu fengist greiddar að öðrum kosti og komast þannig hjá kostnaði sem fylgt hefði árangurslausum innheimtuaðgerðum. Einkum var hér um að ræða kröfur gagnvart aðilum sem voru í gjaldþrotaskiptum, eða þrjár krónur af hverjum fjórum og fjárnám hafði verið gert fyrir fimmtungi þeirra til viðbótar. Einungis 5% voru kröfur sem komu til raunverulegrar innheimtu.

f. Gjaldþrot og búskipti

Hjá embætti tollstjórans í Reykjavík er nú unnið að gerð verklagsreglna varðandi gjaldþrotaskipti. Skuldara er nú gefinn kostur á að komast hjá gerð frekara fjárnáms og gjaldþrotaskiptum með því að gera skriflega áætlun um greiðslu skuldar sinnar og með því að greiða inn á skuldina. Hægt er að semja um slíka greiðsluáætlun hvenær sem er eftir að árangurslaust fjárnám hefur verið gert. Ef ekki er staðið við greiðslur samkvæmt greiðsluáætlun er skuldara send áskorun bréfleiðis um að standa skil á greiðslum innan mánaðar. Ef það er ekki gert er send fjárnámsbeiðni fyrir öllum gjöldum og beðið um gjaldþrotaskipti að fjárnámi loknu.

2. *Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir breytingum á reglum um frádrátt af launum gjaldenda vegna ógreiddra skatta sem heimila að haldið sé eftir allt að 75% af heildarlaunagreiðslu vegna skattskulda, þannig að tekið sé tillit til aðstæðna gjaldenda, t.d. framfærslukostnaðar og greiðslubyrði?*

Í 1. mgr. 113. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 18. gr. laga nr. 49/1987, segir m.a.: „Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum þessum og gjöld-

um samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980.“ Tilgangur 1. mgr. 113. gr. er að tvinna saman hagsmuni launþega og hins opinbera á þann veg að tryggt verði sem kostur er að hið opinbera nái á tiltölulega hagkvæman hátt gjaldföllnum sköttum og gjöldum í staðgreiðslu en þó þannig að jafnframt sé tryggt að sá launþegi sem í hlut á geti framfært sér og sínum, þrátt fyrir innheimtuaðgerðir.

Við innheimtu opinberra gjalda, sem og annarra skatta, ber innheimtumönnum ríkissjóðs að gæta jafnræðis, sbr. 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og 2. mgr. 111. gr. laga nr. 75/1981, en í síðastnefnda ákvæðinu segir: „Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungargerðir, skuli hljóta sams konar meðferð.“ Auk jafnræðisreglu verða innheimtumenn að gæta að meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga en þar segir: „Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þó gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.“ Grundvallarregla þessi felur m.a. í sér að stjórnvöld verða að gæta hófs í meðferð valds síns. Stjórnvaldi ber samkvæmt þessari grundvallarreglu að fara ákveðinn meðalveg milli markmiðsins sem að er stefnt og þeirrar lagaskyldu að taka tillit til hagsmuna og réttinda einstaklinga og lögaðila sem athafnir stjórnvaldsins og valdbeiting beinist að.

Samkvæmt því er að framan greinir ber innheimtumanni ríkissjóðs að taka tillit til aðstæðna gjaldanda, m.a framfærslukostnaðar og greiðslubyrðar viðkomandi. Á vegum ráðuneytisins er nú unnið að samningu reglugerðar um framkvæmd afdráttar launa á grundvelli 113. gr. laga nr. 75/1981 sem byggist m.a. á greinargerð og tillögum tollstjórans í Reykjavík.

3. *Hversu oft á sl. fjórum árum hafa innheimtumenn sett fram árangurslausar gjaldþrotakröfur út af skattskuldum einstaklinga og hve hátt hlutfall eru þær af heildargjaldþrotakröfum einstaklinga?*

Ekki gafst færi á að kanna hjá öllum innheimtumönnum ríkissjóðs hversu oft óskað hefur verið eftir gjaldþrotskiptum einstaklinga á síðustu fjórum árum. Hjá tollstjóranum í Reykjavík, en það embætti innheimtir um 65% af skatttekjum ríkissjóðs, fengust eftirfarandi upplýsingar:

Tegund skiptaloka	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**
Bú afhent þrotamanni	20	9	8	2
Eignir	2	6	7	2
Eignarlaus bú	124	178	126	69
Nauðasamningur	1	0	0	0
Ólokin mál	9	18	32	101*
Samtals	156	211	173	174

*Fjöldi ólokinna mála skýrist af því að búin hafa nýlega verið tekin til skipta.

701. Fyrirspurn [431. mál]

til iðnaðarráðherra um vinnuvélanámskeið.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða aðilar hafa leyfi til þess að halda vinnuvélanámskeið:
   a. frumnámskeið,
   b. grunnnámskeið B?
2. Hvaða rök eru fyrir því að slík námskeið séu skipulögð og haldin af stofnunum ríkisins, svo sem Iðntæknistofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Bændaskólanum á Hvanneyri?
3. Telur ráðherra að slíkt námskeiðahald eigi að vera á vegum ríkisins? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á því?

702. Fyrirspurn [432. mál]

til dómsmálaráðherra um skráningu afbrota.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Er framkvæmd samræmd og heildstæð afbrotafræðileg skráning á öllum afbrotum og tengdum atriðum? Ef svo er, hvenær hófst slík skráning? Ef ekki, er ráðherra tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að hún verði hafin nú þegar?

703. Fyrirspurn [433. mál]

til dómsmálaráðherra um heilbrigðisþjónustu við unga afbrotamenn.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að heilbrigðisþjónusta við unga afbrotamenn verði skilgreind sérstaklega og að komið verði á reglubundinni samvinnu allra stofnana sem sjá um heilbrigðisþjónustu við unga afbrotamenn í samræmi við niðurstöður í skýrslu nefndar dómsmálaráðherra um málefni ungra afbrotamanna frá 4. maí 1999?

704. Fyrirspurn [434. mál]

til dómsmálaráðherra um eftirlit á skilorðstíma.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hafa reglur um fyrirkomulag eftirlits með börnum sem hlotið hafa skilorðsdóm verið endurskoðaðar í samræmi við niðurstöður í skýrslu nefndar dómsmálaráðherra um málefni ungra afbrotamanna frá 4. maí 1999?

2. Ef svo er, hefur reglunum verið breytt og í hverju eru þær breytingar fólgnar? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að reglurnar verði endurskoðaðar?

705. Fyrirspurn [435. mál]

til dómsmálaráðherra um gæsluvarðhaldsvistun barna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur verið gerður samningur milli Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu um vistun barna 18 ára og yngri sem úrskurðuð hafa verið í gæsluvarðhald eins og bent er á í skýrslu nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði um málefni ungra afbrotamanna? Ef svo er, hvað felst í þeim samningi? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slíkur samningur verði gerður?

706. Fyrirspurn [436. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni ungra afbrotamanna.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur ráðherra, í samræmi við niðurstöður nefndar um málefni ungra afbrotamanna, beitt sér fyrir því að settar verði samræmdar leiðbeinandi reglur fyrir barnaverndar- og félagsmálanefndir sveitarfélaga hvað varðar fyrstu aðgerðir þegar barn gerist brotlegt við lög? Ef svo er, hver eru meginatriði þeirra reglna? Ef ekki, hver er ástæða þess að ekki er farið að tillögum nefndarinnar?

707. Fyrirspurn [437. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sérfræðinga og tækjakaup á heilbrigðisstofnunum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver er heildarfjöldi starfandi
   a. sérfræðinga,
   b. lækna,
   á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni annars vegar og í Reykjavík hins vegar og hver var þróunin árin 1995–99, sundurliðað eftir árum og stofnunum?
2. Hve miklu fé var varið á fjárlögum til tækjakaupa á
   a. sjúkrahúsum,
   b. heilsugæslustofnunum,
   á landsbyggðinni annars vegar og í Reykjavík hins vegar árin 1995–99, sundurliðað eftir árum og stofnunum? Hve miklu fé er áætlað að verja til tækjakaupa á þessu ári?
3. Er fyrirhugað að fjölga stöðugildum sérfræðinga á sviði lækninga og hjúkrunar á sjúkra-

húsum og heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að fjölga störfum á landsbyggðinni? Ef ekki, hver verður þáttur ráðuneytisins í styrkingu landsbyggðarinnar?

Skriflegt svar óskast.

708. Fyrirspurn [438. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úthlutun ferliverkaeininga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda við úthlutun ferliverkaeininga til heilbrigðisstofnana? Er tekið tillit til íbúafjölda og fjölda ferðamanna á því svæði sem viðkomandi stofnun nær yfir? Er tekið tillit til fjarlægðar frá Reykjavík og samgangna?
2. Er einhver munur á úthlutun ferliverkaeininga til lækna á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni og lækna á samningi hjá Tryggingastofnun eða lækna á stofnunum á höfuðborgarsvæðinu? Ef svo er, í hverju felst sá munur?
3. Hvernig skiptust ferliverkaeiningar milli heilbrigðisstofnana árin 1998 og 1999? Hver var úthlutaður fjöldi ferliverkaeininga árin 1998 og 1999 á hvern einstakan sérfræðing á samningi við Tryggingastofnun ríkisins?
4. Hvaða takmörk (lágmark eða hámark) eru fyrir þeim einingafjölda sem hver og einn læknir getur fengið úthlutað?
5. Hvert er meðaltal úthlutaðra ferliverkaeininga á mánuði á einstakling? Hver var mesti fjöldi eininga sem einstaklingur fékk greitt fyrir á mánuði árið 1999 og hvað þýðir það í greiddum launum?
6. Hversu margir sérfræðingar á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar, sem gegna stöðu hjá stofnunum ríkisins, fá að jafnaði greitt frá Tryggingastofnun ríkisins á mánuði:
   a. yfir 1 millj. kr.,
   b. yfir 1,5 millj. kr.,
   c. yfir 2 millj. kr.?
7. Hversu margir læknar sem ekki gegna stöðu hjá stofnunum ríkisins fá að jafnaði greitt frá Tryggingastofnun ríkisins á mánuði:
   a. yfir 1 millj. kr.,
   b. yfir 1,5 millj. kr.,
   c. yfir 2 millj. kr.?

Skriflegt svar óskast.

709. Fyrirspurn [439. mál]

til heilbrigðisráðherra um greiðslur til öldrunarstofnana.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver var ástæða þess að árleg jöfnunargreiðsla vegna B-deildar LSR var fyrirvaralaust felld inn í daggjöld án skýringa í fjárlögum?
2. Hvernig skiptist hjúkrunardaggjaldið í beinan hjúkrunarkostnað á deildum og í annan kostnað? Er skiptingin eins hjá öllum stofnunum?
3. Hvernig verður leiðrétt sú 7–8% skekkja (miðað við árslok 1998) sem orðið hefur á grunni hjúkrunardaggjalds frá því að halladaggjöld voru lögð af árið 1990? Verður leiðréttingin reiknuð aftur í tímann?
4. Hvenær verður jafnaður munur á greiðslum fyrir legudag á milli fjárlaga- og daggjaldastofnana í öldrunarþjónustu? Er þessi munur í samræmi við jafnræðisregluna? Verður þetta leiðrétt aftur í tímann?
5. Hafa greiðslur verið skertar til stofnana í öldrunarþjónustu sem eru á fjárlögum ef þær vannýta rúmin sem þær fá greitt fyrir?
6. Hver var meðalnýting rýma hjá daggjaldastofnunum annars vegar og stofnunum á föstum fjárlögum hins vegar 1997, 1998 og 1999? Hvernig var nýting rýma einstakra stofnana fyrrgreind ár?
7. Hvenær og hvernig verða áfallnar lífeyrisskuldbindingar, sem eru eðlilegur rekstrarkostnaður eins og önnur launatengd gjöld, teknar inn í daggjöld?
8. Hvernig hafa ákvæði 39. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, um að hafa skuli náið samráð við daggjaldastofnanir um ákvörðun daggjalda verið uppfyllt?
9. Hver er ástæða þess að Securitas fær 1.490 kr. hærra daggjald en elliheimilið Grund miðað við hjúkrunarþyngdarstuðulinn 0,89, sbr. viljayfirlýsingu heilbrigðisráðuneytisins og Securitas frá 14. janúar sl.?

Skriflegt svar óskast.

710. Tillaga til þingsályktunar [440. mál]

um rannsóknir á þorskeldi.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Gísli S. Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði hafnar, svo og að fjarðar- og kvíaeldi á þorski verði efld og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára.

Greinargerð.

Fiskeldi er ört vaxandi grein matvælaframleiðslu í heiminum. Íslendingum er nauðsynlegt að taka þátt í þeirri þróun með því að afla sér þekkingar og færni í eldi tegunda sem hér lifa. Aðstæður frá náttúrunnar hendi eru að mörgu leyti góðar hér á landi en þekkingu okkar er ábótavant. Margt bendir til þess að þorskurinn hafist við á ákveðnum stöðum en hegðun hans er enn lítt þekkt og þyrfti að rannsaka hana frekar.

Benda má á athyglisverðar niðurstöður um líffræði og atferli þorsksins úr rannsóknum sem gerðar hafa verið á Stöðvarfirði. Þær voru unnar þannig að gefið var fóður á vissum stöðum á ákveðum tíma og sótti þorskurinn í þá gjöf.

Þá má nefna tilraunir með kvíaeldi sem Magnús Guðmundsson í Tálknafirði stendur fyrir. Þær byggjast á því að smáþorskur er veiddur og settur í kvíar og alinn þar. Fóðrið sem þar er gefið er m.a. beituafskurður og annar fiskafskurður sem fellur til í fiskvinnslu. Fyrstu niðurstöður lofa góðu en ríkið þyrfti að koma að málinu með fjárstyrk og aðstoð við þróun aðferða í þorskeldi.

Þess skal einnig getið að í Bretlandi hafa tilraunir með þorskeldi gengið vel. Þær hafa staðið yfir í þrjú ár og er gert ráð fyrir að um 50 tonn af eldisþorski fari á markað á næsta ári. Norðmenn hafa líka lagt töluvert í rannsóknir á þorskeldi og hafa nú þegar selt til Bretlands 30 tonn af eldisþorski sem klakið var út árið 1995. Gert er ráð fyrir að klak síðar á þessu ári gefi af sér um 400 tonn. Loks má nefna að á Nýfundnalandi var í fyrra slátrað 110 tonnum af eldisþorski og 30 tonnum árið áður. Bragð- og gæðapróf sem hafa verið gerð hjá fiskréttafyrirtækinu Yongs og Marks & Spencer á eldisþorski hafa sýnt fram á gæði vörunnar.

Ljóst má vera að Íslendingar verði að taka til hendinni og rannsaka og undirbúa þorskeldi með útflutning í huga svo að unnt verði að bæta samkeppnisstöðu okkar á fiskmörkuðum. Verði sami vöxtur í þorskeldi í þessum löndum eins og hefur verið í laxeldi undanfarin ár má leiða að því líkur að samkeppnisstaða Íslendinga á fiskmörkuðum geti orðið mjög erfið og jafnvel háskaleg ef ekki verður brugðist skjótt við.

711. Fyrirspurn [441. mál]

til dómsmálaráðherra um skotelda.

Frá Ástu Möller.

1. Hve mikið magn af skoteldum hefur verið framleitt á Íslandi eða flutt til landsins síðustu fimm ár, skipt eftir tegundum (ef unnt er) og árum?
2. Hver eru framleiðslulönd innfluttra skotelda og hve mikið magn var flutt inn frá hverju landi á síðasta ári? Hvernig er eftirliti með hugsanlegum ólöglegum innflutningi á skoteldum háttað?
3. Eru til reglur um flokkun skotelda? Ef svo er, í hverju eru þær fólgnar?
4. Er sala einhverra tegunda eða flokka skotelda til almennings háð takmörkunum? Hvaða tegundir skotelda eru bannaðar á Íslandi?
5. Hvernig er fræðslu til almennings um mögulega hættu af völdum skotelda háttað?

6. Er fyrirhugað að hækka aldursmörk barna sem leyft er að kaupa skotelda?

Skriflegt svar óskast.

712. Fyrirspurn [442. mál]

til dómsmálaráðherra um sölu og eftirlit með skoteldum.

Frá Ástu Möller.

1. Hvernig er eftirliti með sölu, gæðum, öryggi og meðferð skotelda háttað hér á landi? Hvernig fer prófun skotelda fram?
2. Hvernig er eftirliti með merkingum og leiðbeiningum á skoteldum háttað?
3. Hvaða reglur gilda um efnisinnihald, púðurmagn, samsetningu, stærð, þyngd og hávaðamörk skotelda sem hafa má í sölu til almennings eða til notkunar við sýningar hér á landi? Hvaða kröfur aðrar þurfa skoteldar að uppfylla til að leyfi fáist til að selja þá?
4. Hverjir höfðu leyfi til að selja skotelda í smásölu hér á landi fyrir síðustu áramót, skipt eftir verslunum, félagasamtökum, einstaklingum og öðrum?
5. Hvaða kröfur eru gerðar til söluaðila um merkingar, leiðbeiningar og annan öryggisbúnað vegna skotelda?

Skriflegt svar óskast.

713. Tillaga til þingsályktunar [443. mál]

um öryggi á miðhálendi Íslands.

Flm.: Hjálmar Árnason, Guðmundur Árni Stefánsson, Jón Kristjánsson, Jónas Hallgrímsson, Margrét K. Sverrisdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem geri tillögur um aðgerðir til að auka öryggi þeirra sem ferðast um hálendi Íslands að vetrarlagi. Einkum verði athuguð dreifing NMT-kerfisins, Tetra-kerfisins, samstarf við Slysavarnarfélagið Landsbjörg um ferðaáætlanir ferðalanga og nýtingu björgunarbúnaðar almennt.

Greinargerð.

Að undanförnu hafa björgunarsveitir iðulega verið kallaðar út til að leita fólks á fjallvegum eða hálendinu. Fyrstu tvo mánuði ársins voru leitarútköll að meðaltali annan hvern dag. Gífurlegur kostnaður fylgir slíkum útköllum. Björgunarsveitir landsmanna hafa sýnt harðfylgni og dugnað við leit að fólki við erfiðar aðstæður. Þáttur þeirra verður aldrei nógsamlega metinn.

Í mörgum tilvikum geta klukkustundir ráðið úrslitum um hvort tekst að bjarga mannslífum. Fyrir hefur komið að björgunarsveitir hafa leitað í fárviðri í meira en sólarhring að týndu fólki. Slíka leit mætti stytta verulega með markvissum aðgerðum. Á hálendinu eru stórar gloppur í dreifikerfi fjarskipta (NMT og GSM). Með tveimur til þremur dreifistöðvum til viðbótar á hálendinu mætti bæta fjarskiptin þannig að þau næðu til algengustu ferðamannastaða þar. Áætluð er uppbygging Tetra-kerfis í fjarskiptum, m.a. með nýtingu ljósleiðara og örbylgjusenda í eigu Landsvirkjunar til fjarskipta milli stjórnstöðvar Landsvirkjunar og helstu virkjana fyrirtækisins á miðhálendinu.

Æskilegt er að kanna hvort koma megi upp ódýrum búnaði miðunartækja sem ferðalangar gætu haft með sér í ferðum um fjallvegi þannig að auðveldlega mætti miða út nákvæma staðsetningu þeirra ef óhapp á sér stað. Slysavarnarfélagið Landsbjörg og björgunarsveitir á hennar vegum hafa boðið fólki að skila ítarlegri ferðaáætlun til sveitanna áður en lagt er á fjöll. Ef til vill má efla slíkt, rétt eins og tilkynningarskyldu sjófarenda.

Margir hálendisfarar hafa ávallt meðferðis ýmsan neyðarbúnað, t.d. álteppi, blys, flautur og fleira sem nýst getur við erfiðar aðstæður. Því miður eru nokkur brögð að því að ferðalangar hirði ekki um að hafa slíkan búnað með sér. Kanna þarf hvernig megi bæta úr því.

Með þingsályktunartillögunni er mælst til þess að dómsmálaráðherra skipi nefnd til að gera tillögur um hvernig megi auka öryggi í ferðum fólks um miðhálendið. Um mannslíf er að tefla og mikinn kostnað. Æskilegt er að í nefndinni sitji, auk fulltrúa dómsmálaráðuneytis, aðilar frá björgunarsamtökum, útivistarsamtökum og Póst- og fjarskiptastofnun.

714. Svar [344. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um verndun votlendis.

Hvaða skyldur leggja ákvæði alþjóðlegra samninga á íslensk stjórnvöld um verndun og endurheimt votlendis?

Tveir alþjóðlegir samningar leggja skyldur á herðar íslenskra stjórnvalda varðandi verndun og endurheimt votlendis, Ramsar-samþykktin um verndun votlendis, sem hefur alþjóðlega þýðingu, einkum fyrir fuglalíf, og samningur um líffræðilega fjölbreytni. Auk þess felur Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu í sér almennar skyldur um verndun tegunda og lífsvæða sem snerta votlendi og lífríki þeirra.

Ramsar-samþykktin kveður á um verndun votlendissvæða heimsins, sérstaklega með tilliti til fuglalífs. Verndunin er þó mun víðtækari þar sem öll dýr og plöntur votlendis skulu vernduð gegn ofnýtingu þannig að vistkerfið raskist ekki. Skilgreining samþykktarinnar á votlendi er víðtæk og nær m.a. til mýra, flóa, fenja og vatna með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þ.m.t. er sjór þar sem dýpi er innan við sex metrar, t.d. leirur og sjávarfitjar. Aðildarríkjum ber samkvæmt samþykktinni skylda til að tilnefna a.m.k. eitt svæði á skrá hennar sem telst vera alþjóðlega mikilvægt samkvæmt ákveðnum viðmiðunum samþykktarinnar. Auk þess skulu ríkin vinna að verndun votlendissvæða almennt, m.a. með friðlýsingum votlendissvæða, og stuðla að skynsamlegri nýtingu þeirra. Sérstakt tillit þarf að taka til Ramsar-svæða við ýmsa landnotkun og ákvarðanir um framkvæmdir eða aðgerðir sem geta haft áhrif á ástand þeirra. Ísland hefur tilnefnt þrjú svæði á Ramsar-skrána, Mývatn og Laxá, Þjórsárver og Grunnafjörð. Aðildarríkjunum ber að vernda vistkerfi viðkomandi svæða.

Samkvæmt ályktun á síðasta aðildarríkjaþingi sem haldið var í maí 1999 eru þau aðildarríki samþykktarinnar sem ekki hafa lokið við heildaryfirlit yfir votlendissvæði hvött til þess að ljúka gerð þess á næstu þremur árum.

Markmið *samnings um líffræðilega fjölbreytni* er þríþætt, þ.e. að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda og að stuðla að sanngjarni skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda, sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

Í samningnum sjálfum er ekki fjallað sérstaklega um votlendi fremur en önnur vistkerfi þannig að samningurinn kveður ekki á um verndun þess umfram annað. Á vettvangi samningsins hefur hins vegar verið unnið að nánari útfærslu hans á ýmsum sviðum og hefur m.a. verið fjallað sérstaklega um líffræðilega fjölbreytni í hafinu, skóga og líffræðilega fjölbreytni og um vistkerfi ferskvatnskerfa. Á næsta aðildarríkjaþingi samningsins verður farið yfir stöðu þessara mála.

Bernarsamningurinn kveður ekki frekar en samningurinn um líffræðilega fjölbreytni á um votlendisverndun sérstaklega en fjallar aftur á móti um verndun villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra í samræmi við lista yfir plöntur og dýr sem samningurinn tekur til. Þannig tekur hann óbeint til verndunar votlendisplantna og dýra sem þar lifa þó að ekki sé minnst á votlendi sérstaklega, enda er í samningnum gengið út frá verndun einstakra tegunda.

715. Fyrirspurn [444. mál]

til landbúnaðarráðherra um aðild að verkefninu Maður – nýting – náttúra.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig er háttað þátttöku eða aðild ráðherra, ráðuneytisins og stofnana þess að verkefninu *Maður – nýting – náttúra. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma*?
2. Hve stór hluti þess fjár sem varið er til verkefnisins fer til stofnana og annarra aðila á vegum ráðuneytisins og þá hverra?

716. Fyrirspurn [445. mál]

til dómsmálaráðherra um viðbrögð við vandamálum sem tengjast spilafíkn.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Eru áform af hálfu stjórnvalda um að bregðast við vandamálum sem tengjast spilafíkn?

717. Fyrirspurn [446. mál]

til fjármálaráðherra um notkun kreditkorta við greiðslu þungaskatts erlendra ökutækja.

Frá Jónasi Hallgrímssyni.

1. Hvaða reglur gilda um notkun kreditkorta við greiðslu þungaskatts erlendra ökutækja sem koma tímabundið til landsins?
2. Eru fyrirhugaðar breytingar á gildandi reglum?

718. Fyrirspurn [447. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um reglur um sjúklingatryggingu.

Frá Guðjóni Sigurjónssyni.

1. Hefur verið gerð úttekt á reglum um sjúklingatryggingu í því skyni að bæta réttarstöðu þeirra sem verða fyrir heilsutjóni í tengslum við rannsókn, sjúkdómsmeðferð, læknisfræðilegar tilraunir eða því um líkt?
2. Hyggst ráðherra á einhvern hátt bæta réttarstöðu sjúklinga sem verða fyrir slíku tjóni?

719. Fyrirspurn [448. mál]

til iðnaðarráðherra um niðurgreiðslu á rafhitun.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða notendur raf- og hitaveitna hafa notið niðurgreiðslna af fjárlagaliðnum 11-399-1.15 (Niðurgreiðsla á rafhitun) undanfarin 10 ár og um hvaða upphæðir er að ræða í hverju tilviki, sundurliðað eftir veitum og fjölda notenda hverrar veitu, skipt eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

720. Fyrirspurn [449. mál]

til félagsmálaráðherra um rekstur Reykjadals í Mosfellssveit.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að tryggja áframhaldandi óbreyttan rekstur Reykjadals í Mosfellssveit í sumar?
2. Eru einhver önnur úrræði tiltæk á vegum ráðuneytisins hvað varðar sumardvöl fatlaðra næsta sumar sem kæmu í stað og/eða til viðbótar starfseminni í Reykjadal?

721. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Sýslumannafélagi Íslands, Búnaðarsambandi Suðurlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Skagfirðinga. Nefndin ræddi einnig breytingartillögu frá landbúnaðarráðuneyti við 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins ásamt greinargerð frá Stefáni Ingólfssyni verkfræðingi um mat á eignum á jörðum og matshandbók.

Í frumvarpinu er lagt til að samræma verðmat mannvirkja og endurbóta í eigu fráfarandi ábúenda á jörðum á öllu landinu. Í því skyni er m.a. gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi á skipan úttektarmanna og yfirmatsnefndar og settar viðmiðunarreglur um mat á eignum og endurbótum. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að samræma vinnubrögð á þessu sviði og bendir jafnframt á mikilvægi þess að úttektarmenn hafi sérþekkingu annars vegar á mati jarða og hins vegar á mati fasteigna.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Einar Oddur Kristjánsson og Sigríður Ingvarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. mars 2000.

Kristinn H. Gunnarsson, varaform., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Drífa Hjartardóttir.
Guðjón Guðmundsson.	Jónína Bjartmarz.	Guðmundur Árni Stefánsson.

722. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (KHG, EMS, DrH, GuðjG, JBjart, GÁS).

1. Við 1. gr. Við 1. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Landeigandi skal tilkynna leiguliðaskipti og óska eftir úttekt.
2. Við 4. gr. Í stað 2. mgr. komi fimm nýjar málsgreinar er orðist svo:
   Við mat á eignum skulu úttektarmenn leggja til grundvallar efnisleg verðmæti eigna. Mat skal vera nýviði eigna að frádregnum eðlilegum afskriftum reiknað til staðgreiðslu. Nýviði er kostnaður sem því mundi fylgja á matsdegi að smíða nýja eign sem komið gæti að öllu leyti í stað hinnar metnu. Afskriftir eru verðrýrnun eigna sem rekja má til aldurs, hrörnunar, slits, úreldingar og minnkaðs notagildis.

Við mat á endurbótum skal leggja til grundvallar ástand og viðhald eigna að teknu tilliti til aldurs þeirra og eðlilegs slits af notkun.

Úttektarmenn skulu leggja mat á afleiðingar þess að viðhaldi eigna hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti eða að gallar eða slit hafi orðið vegna óeðlilegrar notkunar eigna.

Aðrir þættir skulu ekki hafa áhrif á mat á endurbótum á eignum fráfarandi ábúanda.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd mats að öðru leyti og kostnað við það að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

3. Við 7. gr. Í stað orðanna „ráða niðurstöðum sínum“ í 4. mgr. komi: komast að niðurstöðu.
4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

723. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „jörðum“ í 1. mgr. komi: og ekki liggur fyrir samkomulag milli aðila um úttektir og mat á eignum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra skipar sex úttektarmenn samkvæmt tilnefningu frá Bændasamtökum Íslands sem tilnefna þrjá og Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem tilnefna aðra þrjá. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

   Tveir úttektarmenn skulu skipaðir fyrir hvert eftirgreindra landsvæða, til fjögurra ára í senn:

   Norðvesturland: Hvalfjörður að norðan, norður og austur um, að Siglufirði.

   Norðausturland: Frá Siglufirði til Hornafjarðar.

   Suðurland: Frá Hornafirði til Hvalfjarðar.

   Úttektarmenn hvers landsvæðis skulu búsettir sem næst miðsvæðis á því landsvæði sem þeir eiga að þjóna. Þeir skulu hafa stundað búskap eða þekkja til landbúnaðarstarfa og hafa unnið við viðhald eða byggingu fasteigna.
3. Við 7. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Til yfirmats skal skipa einn löglærðan mann samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og varamann hans. Komi til yfirmats vegna ágreinings um jarðarmat í einu umdæmanna þriggja kallar lögskipaður yfirmatsmaður sér til aðstoðar einn úttektarmann úr hvoru hinna umdæmanna eða varamenn þeirra.

724. Frumvarp til laga [450. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna bætist: þar með talið málefni sameignar- eða hlutafélaga sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 49. gr. laganna orðast svo: Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, sbr. ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 46. gr., gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 122. löggjafarþingi en varð þá ekki fullafgreitt og er því endurflutt nú. Umræða liðinna missira hefur enn frekar undirstrikað mikilvægi þess að tekin séu af öll tvímæli í þeim efnum sem hér um ræðir, þar sem kveðið er á um rétt alþingismanna til upplýsinga varðandi málefni fyrirtækja sem ríkissjóður á að hálfu eða meira.

Nýverið var skilað ítarlegri skýrslu nefndar sem fjallaði var um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. Um skýrslu þessa var fjallað í umræðum á Alþingi 21. febrúar sl. Þar er m.a. kveðið á um rétt alþingismanna til upplýsinga og segir um þau efni í kafla 3.9.7: „Til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt og veita ríkisstjórn aðhald hefur Alþingi stjórnarskrárvarinn rétt til að afla upplýsinga frá ráðherra.“ Síðar í sama kafla segir: „Leggja verður til grundvallar að fyrrnefndur réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar. Annað mál er að hægt er að hafa hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga við túlkun 54. gr. stjórnarskrárinnar. Æskilegt er að tekið verði til athugunar hvort ástæða þykir til að setja nánari ákvæði í þingskapalög um slíkar fyrirspurnir.“

Á 121. löggjafarþingi fór fram umræða utan dagskrár um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Í kjölfar hennar lét forsætisráðuneytið vinna sérstaka óháða lögfræðilega álitsgerð um þetta efni sem lögð var fram í skýrsluformi á 122. löggjafarþingi (þskj. 25, 25. mál). Niðurstaða hennar var m.a. sú að réttur einstakra alþingismanna með leyfi Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nái aðeins til þeirra málefna sem talist geta opinber, en það sé síðan löggjöfin sem kveður nánar á um hvaða málefni eru opinber. Þá kemur fram í niðurstöðum að ríkishlutafélög teljist aðilar að einkarétti og um þau gildi sömu eða svipaðar reglur og um hlutafélög almennt. Um þessa niðurstöðu er þó ekki samstaða meðal fræðimanna.

Með breytingu á 54. gr. stjórnarskrárinnar á 113. löggjafarþingi, sem staðfest var á 114. löggjafarþingi, var kveðið á um að alþingismönnum væri heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast skýrslu um það. Var hér um að ræða orðalagsbreytingu frá eldra ákvæði þar sem sagði að heimilt væri hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild sem hann ætti sæti í ef hún leyfði það og beiðast um það skýrslu ráðherra. Í greinargerð með framangreindri breytingu sagði einungis að með greininni væri verið að staðfesta framkvæmd á meðferð fyrirspurna og skýrslna á Alþingi. Í þingsköpum frá árinu 1874 er hins vegar að finna ákvæði um heimild þingmanna til að bera upp í annarri hvorri þingdeildinni opinbert málefni og beiðast skýrslu landshöfðingja en án frekari skýringa. Ákvæði þingskapa um fyrirspurnir tók síðan breytingum í tímans rás og í þingskapalögum frá 1915 er að finna ákvæði um fyrirspurnir um alþjóðleg málefni sem breyttist árið 1936 í fyrirspurnir um landsmál. Enn tók ákvæðið breytingum árið 1946 og var þá skilgreiningin miðuð við fyrirspurnir í sameinuðu þingi um einstök atriði eða mál. Það var hins vegar með lögum nr. 54/1972, sem breyttu þágildandi þingskapalögum frá 1936, að skilgreiningin miðaðist að nýju við opinbert málefni. Í greinargerð með síðastgreindum lögum var kveðið á um að fyrirspurn skyldi fjalla um opinber málefni sem ráðherra bæri ábyrgð á. Það væri gert til að leggja áherslu á að einungis ætti að spyrja um slík málefni. Ekki er í framangreindum lögum eða lögskýringargögnum að finna nánari skilgreiningu á því hvað telst opinbert málefni, enda er það í samræmi við niðurstöðu í framangreindri álitsgerð um að það sé löggjöfin sem ákveði hvaða málefni teljist opinber.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að upplýsingar um sameignar- og hlutafélög sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira teljist upplýsingar um opinbert málefni og því eigi þingmenn sama rétt til slíkra upplýsinga og um þau fyrirtæki sem gerð er grein fyrir t.d. í B-hluta ríkisreiknings. Frumvarpið er lagt fram þar sem komið hefur í ljós að það orkar tvímælis hvernig túlka skal stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að óska skýrslu eða upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni, en eins og að framan greinir er sá réttur nánar útfærður í lögum um þingsköp Alþingis.

Þá er þess að geta að í 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Þar segir m.a. að eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi eða sameignarfélagi, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skuli gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Í 9. gr. er tekið fram að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira, þótt öðrum sé að lögum falin fjárhagsendurskoðun þeirra. Þá má enn fremur geta þess að samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er ráð fyrir því gert að í D- og E-hluta ríkisreiknings verði fjárreiður fjármálastofnana og hlutafélaga með meiri hluta eignaraðild ríkisins skýrðar, en fram að þeim tíma er þau lög tóku gildi var ekki gerð grein fyrir þessum aðilum í ríkisreikningi. Það er því augljós vilji löggjafans að farið sé með málefni er lúta að hlutafélögum í meirihlutaeigu ríkisins sem opinber málefni. Tilgreind dæmi af ríkisreikningi og hlutverki Ríkisendurskoðunar í þessu efni kveða skýrt á um þetta. Því er álitamál hvort niðurstaða hinnar lögfræðilegu úttektar af hálfu forsætisráðherra standist þegar grannt er skoðað. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að úr því fáist skorið með skýlausum hætti hvaða málefni teljast „opinber málefni“ og hver ekki og þar með hver sé réttur þingmanna þegar kemur að eftirlitsskyldu þings með framkvæmdarvaldinu. Í frumvarpinu er reynt að bæta úr einu tilteknu atriði í þessum efnum, en ekki gerð tilraun til altækrar skilgreiningar á hugtakinu „opinbert málefni“.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga hafi skýrar heimildir í lögum, sbr. ákvæði stjórnarskrárinnar, til að hafa eftirlit með því að farið sé að settum lögum af hálfu framkvæmdarvaldsins og meðferð fjármuna og aðrir rekstrarþættir í opinberri stjórnsýslu séu þannig að eðlilegt geti talist. Stjórnarskráin kveður á um þetta og nægir að vísa til 39. gr. hennar þar sem segir að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er varða almenning og geti veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og einstökum mönnum. Þá má enn fremur vísa til 43. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.

Hlutafélög í eigu ríkisins, stórfyrirtæki á borð við Íslandspóst hf. og Landssíma Íslands hf. og viðskiptabankar í eigu ríkisins eiga ekki að vera undanþegin slíku eftirliti af hálfu Alþingis. Þar er sannanlega um að ræða fyrirtæki í eigu ríkisins þar sem miklu skiptir fyrir almannahag hvernig opinberri stjórnsýslu vindur fram. Gildir einu hvort fyrirtækin eru hlutafélög að meiri hluta í eigu ríkissjóðs eða hefðbundin ríkisfyrirtæki.

Til að taka af öll tvímæli í þeim efnum er frumvarp þetta lagt fram.

725. Frumvarp til laga [451. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 91. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hlutafélögum, sem teljast til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira, er skylt að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinbert málefni og ríkisfyrirtækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Það er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á þingsköpum Alþingis, þskj. 724, 450. mál, og er í greinargerð með því að finna skýringar á tilurð þessa máls.

Allt frá 1874 hafa alþingismenn átt rétt til að beiðast svara um opinber mál og er þessi réttur varinn af 54. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig hafa alþingismenn í gegnum tíðina fengið þær upplýsingar um rekstur ríkisfyrirtækja sem teljast vera opinber málefni. Því er fullkomlega óeðlilegt að með því einu að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækis í hlutafélag sem að meiri hluta er í eigu ríkisins sé girt fyrir stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að hafa eftirlit með opinberri stjórnsýslu og fjárreiðum ríkisins.

Í skýrslu forsætisráðherra á 122. löggjafarþingi um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins, þskj. 25, 25. mál, er komist að þeirri niðurstöðu að ráðherra sé skylt að

gefa alþingismönnum upplýsingar um það sem fram kemur í ársreikningi og helgast sú niðurstaða af því að þær upplýsingar teljast opinberar samkvæmt fyrirmælum ársreikningslaganna. Því má draga þá ályktun að aðgangur alþingismanna að upplýsingum um hlutafélög sé ekki meiri en sá réttur sem almenningi er tryggður lögum samkvæmt. Sú niðurstaða er viðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ekki eru í eigu hins opinbera en að sama skapi óviðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ríkið á að stærstum hluta. Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að þingmenn hafi sama rétt til upplýsinga um málefni hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins og ef um væri að ræða ríkisfyrirtæki sem falla undir B-hluta ríkisreiknings. Ekki er nokkur vafi á að sá réttur er rýmri en réttur almennings samkvæmt upplýsingalögum, sbr. nýlegt álit nefndar um „starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu“ um þau efni.

726. Frumvarp til laga [452. mál]

um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að uppfylla samningsskuldbindingar Íslands varðandi upplýsingaskipti á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu sem haft geta í för með sér óheimilar tæknilegar viðskiptahindranir.

Samningar þeir sem hér um ræðir eru samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Tæknilegar viðskiptahindranir:* Hindranir í milliríkjaviðskiptum sem stafa af mismunandi tæknilegum reglum í einstökum ríkjum.
2. *Tæknilegar reglur:* Lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem fela í sér eða vísa beint eða óbeint til tæknilýsinga, tæknilegra krafna eða annarra krafna og eru íþyngjandi við markaðssetningu eða notkun vöru eða banna framleiðslu, innflutning, markaðssetningu eða notkun vöru. Til tæknilegra reglna í skilningi laganna teljast einnig frjálsir samningar sem stjórnvöld eru aðilar að og kveða á um að tæknilegum kröfum sé hlítt. Þá falla undir skilgreininguna tæknilegar kröfur eða aðrar kröfur sem tengjast ráðstöfunum í skatta- eða peningamálum og hafa áhrif á neyslu vara með því að hvatt er til að tilteknum tæknilegum kröfum sé hlítt. Til tæknilegra reglna í skilningi laganna teljast hins vegar ekki tæknilegar kröfur eða aðrar kröfur sem settar eru við opinber útboð eða við önnur innkaup hins opinbera eða tæknilegar reglur sem tengjast almannatryggingakerfinu.
3. *Tæknilegar kröfur:* Kröfur sem skilgreina þá eiginleika sem vara skal uppfylla, til dæmis varðandi gæði, afköst, öryggi eða stærð, að meðtöldum kröfum um vörumerki, íðorð, tákn, prófun og prófunaraðferðir, umbúðir, merkingu og möguleika á að meta samhæfi.

Til tæknilegra krafna teljast einnig kröfur varðandi framleiðsluferli og framleiðsluaðferðir.

4. *Aðrar kröfur:* Kröfur sem ekki eru tæknilegar kröfur en eru gerðar til vöru og hafa áhrif á feril hennar eftir að hún hefur verið sett á markað, svo sem skilyrði varðandi notkun, endurvinnslu, endurnýtingu eða vörslu, ef þessar kröfur geta haft afgerandi áhrif á samsetningu, eðli eða markaðssetningu vörunnar.
5. *Vörur:* Allar framleiðsluafurðir iðnaðar, landbúnaðar og fiskvinnslu.
6. *Tæknilegar reglur um fjarþjónustu:* Tæknilegar reglur um uppsetningu og starfrækslu fjarþjónustu, einkum ákvæði um þann sem veitir þjónustuna, þjónustuna sjálfa og viðtakanda hennar og eru íþyngjandi við markaðssetningu, uppsetningu eða notkun slíkrar þjónustu.
7. *Fjarþjónusta:* Þjónusta sem innt er af hendi gegn þóknun og veitt:
   a. úr fjarlægð, þ.e. án þess að aðilar séu staddir á sama stað á sama tíma,
   b. rafrænt, þ.e. þjónustan er send og móttekin með notkun rafbúnaðar sem ætlaður er til vinnslu og geymslu gagna og er algerlega send, flutt og móttekin um þráð eða þráðlaust, um ljósleiðara eða með öðrum rafsegulleiðum,
   c. að beiðni viðtakandans, þ.e. þjónustan er veitt þannig að gögn eru send að beiðni viðtakandans.

3. gr.

Almenn ákvæði.

Stjórnvöld skulu jafnan beita sér fyrir því að alþjóðlegar skuldbindingar um frjálst flæði vöru séu virtar. Þegar settar eru tæknilegar reglur um vöruviðskipti eða fjarþjónustu skal þess gætt að ekki skapist ónauðsynlegar hindranir í milliríkjaviðskiptum. Sama á við þegar settar eru reglur um aðferðir við mat á samræmi við tæknilegar kröfur og um gagnkvæmar viðurkenningar á prófunum og vottunum. Haga skal samningu tæknilegra reglna í samræmi við alþjóðlega og evrópska staðla, svo sem kostur er.

4. gr.

Hlutverk utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið tilkynnir alþjóðastofnunum um fyrirhugaða setningu tæknilegra reglna í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga. Ráðuneytið veitir ráðgjöf um samningu tæknilegra reglna, tekur á móti tilkynningum um fyrirhugaða setningu tæknilegra reglna erlendis frá og miðlar upplýsingum um efni þeirra. Ráðuneytinu er heimilt að fela öðrum stofnunum framkvæmd upplýsingamiðlunar af þessum toga með samningi.

5. gr.

Tilkynningarskylda stjórnvalda.

Sá sem útbýr drög að tæknilegum reglum skal tilkynna utanríkisráðuneytinu um fyrirhugaðar reglur þegar drögin eru efnislega fullbúin. Senda skal ráðuneytinu drögin ásamt stuttri samantekt um efni þeirra. Ekki er þörf á tilkynningu til utanríkisráðuneytis um fyrirhugaða setningu tæknilegrar reglu sem:

a. eingöngu framkvæmir gerðir sem vísað er til í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar,
b. uppfyllir skuldbindingar vegna alþjóðlegra samninga þar sem stefnt er að því að samþykkja almennar tæknilegar reglugerðir á vettvangi EES-samningsins,
c. færir sér í nyt öryggisákvæði í bindandi gerðum EES-samningsins,

d. byggist á Rapex-tilkynningakerfinu um hættulega vöru á markaði í samræmi við ákvæði laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu,
e. sett er í þeim tilgangi einum að fullnægja dómum sem EFTA-dómstóllinn fellir og dómum sem nefndir eru í 6. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 3. gr. samningsins um Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn,
f. sett er í þeim tilgangi einum að breyta tæknilegri reglu í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA með það í huga að ryðja viðskiptahindrunum úr vegi.

Þörf er á tilkynningu til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ef fyrirhuguð setning tæknilegrar reglu getur haft veruleg áhrif á viðskipti annars aðila að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Sama gildir um tæknilegar reglur sem ekki samræmast alþjóðastöðlum.

6. gr.

Frestun formlegrar setningar.

Fresta skal formlegri setningu tæknilegra reglna um vörur um þrjá mánuði frá þeim degi sem tilkynnt var um fyrirhugaða setningu reglnanna til alþjóðastofnana, sbr. 4. gr., en um fjóra mánuði þegar um er að ræða tæknilegar reglur um fjarþjónustu.

Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er vegna brýnna ástæðna sem tengjast verndun almannaheilbrigðis og -öryggis eða vernd dýra eða náttúru að grípa til setningar reglna með skömmum fyrirvara svo að ekki gefst færi til samráðs. Í þeim tilvikum ber í tilkynningu skv. 4. gr. að greina ástæður þess að ekki er unnt að fresta formlegri setningu reglnanna.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Utanríkisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá því að efnahagssamvinna á alþjóðavettvangi jókst í kjölfar seinni heimsstyrjaldar hafa milliríkjasamningar um viðskipti beinst að því að auðvelda viðskipti milli landa og ryðja hindrunum úr vegi. Í hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti frá 1948, GATT-samkomulaginu, var kveðið á um einföldun og samræmingu tollakerfa þátttökuríkjanna og lækkun tolla í áföngum og komið á meginreglunni um bestukjaraviðskipti. Þá var að finna í GATT-samningnum bann við magntakmörkunum og aðgerðum sem hafa samsvarandi áhrif á milliríkjaviðskipti. Sams konar ákvæði var svo að finna í stofnsamningi Efnahagsbandalags Evrópu árið 1957 og stofnsamningi EFTA árið 1960. Ísland gerðist sem kunnugt er aðili að GATT-samningnum árið 1968 og að EFTA árið 1970.

Eftir því sem árin liðu minnkaði mikilvægi tolla sem viðskiptahindrunar. Flest ríki lækkuðu tolla eða felldu þá niður af helstu framleiðsluvörum, auk þess sem bestukjararreglan og fjöldi fríverslunarsamninga olli því að mikilvægi þeirra minnkaði. Þess í stað hafa aðgerðir sem hafa samsvarandi áhrif og magntakmarkanir orðið fyrirferðarmestu hindranirnar á þessu sviði. Með minnkandi áhrifum tolla hafa sjónir manna beinst í auknum mæli að óbeinum hindrunum sem í daglegu tali eru nefndar tæknilegar viðskiptahindranir.

Með tæknilegum viðskiptahindrunum er átt við hindranir sem settar eru fyrir innflutningi eða markaðssetningu vöru og geta haft þau áhrif að gera innfluttri framleiðslu erfiðara fyrir á markaði en innlendri. Sem dæmi má nefna kröfur um útlit, efnisinnihald eða pakkningar sem auðveldara er fyrir innlenda framleiðendur að uppfylla en erlenda.

Á undanförnum áratugum hafa milliríkjasamningar á viðskiptasviðinu beinst í auknum mæli að því að leggja ríkari áherslu á að útrýma tæknilegum viðskiptahindrunum. Í því skyni hefur verið lögð aukin áhersla á notkun alþjóðlegra staðla og tæknilegra viðmiðana við gerð tæknilegra reglna, til að forðast óþarfa hindranir sem fylgja ólíkum tæknikröfum milli landa.

Evrópusambandið kom upp sérstöku tilkynningakerfi þegar árið 1983 í því augnamiði að tryggja upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna um drög að tæknilegum reglum. Samkvæmt þessu kerfi er aðildarríkjunum gert að tilkynna um drög að tæknilegum reglum áður en þær eru settar og gefa öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórn ESB þrjá mánuði til að gera athugasemdir þar við. Þátttaka EFTA/EES-ríkjanna í þessu kerfi var hluti EES-samningsins.

Þegar samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina var gerður árið 1994 var ítrekað bann GATT-samningsins við magntakmörkunum og aðgerðum sem hafa sambærileg áhrif, þar á meðal tæknilegum viðskiptahindrunum. Jafnframt var með viðauka við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina sett á fót sérstakt tilkynningakerfi sem sækir fyrirmynd sína til tilkynningakerfis Evrópusambandsins. Eru nú öll aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skyldug til að tilkynna stofnuninni og öðrum aðildarríkjum um öll drög að nýjum tæknilegum reglum sem áhrif geta haft á milliríkjaviðskipti með vörur. Jafnframt er mælst til þess við aðildarríkin að þau fresti endanlegri setningu reglna í tvo mánuði frá tilkynningardegi eða að minnsta kosti í 45 daga.

Þessi þróun krefst þess að íslensk stjórnvöld tilkynni á skipulegan hátt um drög að tæknilegum reglum í samræmi við ákvæði fyrrgreindra milliríkjasamninga. Í þessu felst hins vegar einnig mikil réttarbót fyrir Ísland, enda fáum við til umfjöllunar og athugasemda drög að reglum allra aðildarríkja EES-samningsins auk tilkynninga um drög að reglum sem öll aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hyggjast setja um iðnaðarvörur, landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir. Kerfin skapa því íslenskum viðskiptaaðilum og stjórnvöldum tækifæri til að fylgjast með og gera athugasemdir við undirbúning reglna sem varða markaðssetningu á sjávarfangi í viðskiptalöndum okkar, svo að augljóst dæmi sé nefnt.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því af hálfu utanríkisráðuneytisins að tilkynna drög að tæknilegum reglum til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum, en ljóst er að þörf er á skipulegra kerfi til að tryggja að öll drög séu tilkynnt í tíma. Þetta á ekki hvað síst við nú þegar nýtt tilkynningakerfi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur hafið göngu sína. Þá hefur setið á hakanum úrvinnsla þeirra tilkynninga sem berast frá öðrum ríkjum, jafnt í gegnum evrópska kerfið sem og kerfi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Er því þörf á að setja sérstök ákvæði um skyldu íslenskra stjórnvalda á sviði tilkynninga í lög, ásamt því að kveða skýrt á um skyldu stjórnvalda til að taka á móti og vinna úr þeim tilkynningum sem berast frá öðrum ríkjum. Skv. 14. gr. laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu er gert ráð fyrir að Löggildingarstofa sjái um framkvæmd tilkynningakerfisins. Er gert ráð fyrir að samið verði um að Löggildingarstofa sinni framkvæmd kerfisins en utanríkisráðuneytið beri áfram stjórnsýslulega ábyrgð á rekstri þess og annist formlegt fyrirsvar gagnvart alþjóðastofnunum eins og verið hefur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði þess taki einnig til svokallaðar fjarþjónustu, í samræmi við nýlega breytingu á tilkynningakerfi Evrópusambandsins. Ástæða þess er sú að umfang fjarþjónustu eykst nú jafnt og þétt, en að mörgu leyti hefur ekki náðst að skapa réttarlega umgjörð um starfsemi þessa á alþjóðlegum vettvangi og tækniþróun er afar hröð.

Samevrópsk löggjöf gildir þó um einstaka þætti fjarskipta, svo sem á talsímamarkaði. Einstök ríki hafa hins vegar í flestum tilvikum fullt sjálfdæmi um löggjöf á sviði fjarþjónustu. Lögð hefur verið áhersla á að stemma stigu við því að það leiddi til þess að nýjar hindranir fyrir frjálsri þjónustu og staðfesturétti yrðu raunin á þessu sviði innri markaðarins. Hefur því verið ákveðið innan Evrópusambandsins að láta efnisreglur tilkynningakerfisins ná til reglna um fjarþjónustu. Til fjarþjónustu í skilningi laganna má telja þjónustu sem veitt er gegn gjaldi úr fjarlægð, rafrænt og að beiðni viðtakandans. Átt er við reglur um þjónustuviðskipti sem mögulegt er að framkvæma rafrænt og sem beint er að þeim aðila sem veitir þjónustuna, þjónustunni sjálfri eða viðtakanda hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er greint frá tilgangi laganna sem er að uppfylla alþjóðlegar samningsskuldbindingar Íslands varðandi upplýsingaskipti á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu sem haft geta í för með sér óheimilar tæknilegar viðskiptahindranir. Jafnframt eru tilgreindir þeir samningar sem fela í sér áðurnefndar skuldbindingar.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem notuð eru í lögunum. Sérstök athygli er vakin á því að hugtakið tæknilegar reglur er skilgreint vítt og nær jafnt yfir lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem í felast fyrirmæli um markaðssetningu eða notkun vöru og aðrar stjórnvaldsathafnir sem haft geta samsvarandi áhrif.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna almenna efnisreglu þar sem lagt er til að reglusetningu verði hagað á þann veg að ekki skapist ónauðsynlegar viðskiptahindranir í milliríkjaviðskiptum. Hér er um leiðbeinandi reglu að ræða en tæknilegar viðskiptahindranir eru bannaðar með lögum skv. 11. gr. EES-samningsins sem hefur lagagildi, sbr. lög nr. 2/1993.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk utanríkisráðuneytisins við ráðgjöf við stjórnvöld um samningu tæknilegra reglna svo að þær samrýmist ákvæðum alþjóðasamninga og laga þessara. Gert er ráð fyrir sérstakri heimild ráðuneytisins til að fela öðrum stofnunum verkefni samkvæmt lögum þessum. Er þar einkum horft til Löggildingarstofu sem hefur hlutverki að gegna í þessu efni samkvæmt ákvæðum laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Færa má fyrir því gild rök að starfsemi af þessum toga eigi betur heima í stofnun sem sinnir markaðseftirliti og víðtæku samráði við aðila á markaði en í ráðuneyti.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að það stjórnvald sem undirbýr setningu reglu tilkynni efni hennar til utanríkisráðuneytisins. Samkvæmt greininni er það stjórnvaldið sem útbýr regludrögin sem ber ábyrgðina á að efni draganna sé tilkynnt. Tilkynna skal utanríkisráðuneytinu um drögin þegar þau eru efnislega fullbúin. Í því felst að tilkynna ber þegar efnislegri meðferð er lokið, en ekki er skilyrði að prófarkalestri, uppsetningu og frágangi sé lokið. Hvað lagafrumvarpi viðvíkur er rétt að miða við það tímamark þegar frumvarp er efnislega fullbúið fyrir framlagningu fyrir Alþingi. Ef efnisbreytingar verða eftir tilkynningu ber að tilkynna þær svo fremi að þær séu ekki óverulegar og hefst nýr frestur skv. 6. gr. við þá viðbótartil-

kynningu. Upptalningu 3. mgr. leiðir af þeim undanþágum sem heimilar eru samkvæmt reglum Evrópusambandsins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um frestun formlegrar setningar reglna sem tilkynntar hafa verið í samræmi við alþjóðasamninga. Tímamörk þau sem rakin eru í greininni eru byggð á efnisreglum Evrópusambandsins um tilkynningaskyldukerfi eins og það er aðlagað í EES-samningnum enda er grunnfresturinn þar mánuði lengri að því er varðar vörur en í kerfi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og málsmeðferðarreglur strangari. Var farin sú leið að miða við formreglur þess kerfis sem lengra gekk.

Undantekningarákvæði 2. mgr. skýrir sig sjálft.

Um 7. gr.

Greinin gerir ráð fyrir heimild utanríkisráðherra til setningar reglugerðar. Kveða þarf ítarlega á um gerð tilkynninga og hlutverk stofnana í reglugerð, auk þess sem rétt er að koma á kerfi upplýsingaskipta þar sem tilkynningum sem berast frá öðrum ríkjum er skipulega komið á framfæri við viðkomandi stofnanir og hagsmunaaðila. Án efa er rétt að kveða á um einstaka þætti þess í reglugerð, en um annað er rétt að samið verði um milli utanríkisráðuneytisins og viðkomandi hagsmunaaðila.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi, en Ísland er þegar skuldbundið til að uppfylla kröfur samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina og samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að þessu leyti. Frumvarp þetta felur ekki í sér opinbert eftirlit í skilningi laga nr. 27/1999, um opinberar eftirlitsreglur, og því er mat á því í samræmi við reglur þeirra laga óþarft.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra viðskiptahindrana.

Tilgangur frumvarpsins er að uppfylla samningsskuldbindingar Íslands varðandi upplýsingaskipti um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu sem haft geta í för með sér óheimilar tæknilegar viðskiptahindranir. Samningarnir sem um ræðir eru samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir. Samkvæmt samningunum eru öll aðildarríkin skyldug til að tilkynna stofnuninni og öðrum aðildarríkjum um drög að nýjum tæknilegum reglum sem áhrif geta haft á milliríkjaviðskipti með vörur. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að einn starfsmann þurfi fyrst um sinn til að sjá um tilkynningarnar fyrir Íslands hönd og vinna úr þeim tilkynningum sem hingað berast frá öðrum ríkjum og að kostnaður við nýjan starfsmann sé 5 m.kr. á ári. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er samkomulag milli utanríkisráðuneytisins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins að Löggildingarstofa taki að sér verkefnið.

727. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Friðrik Sophusson, Guðmund Gunnarsson og Þórð Guðmundsson frá Landsvirkjun, Ágúst Sindra Karlsson frá Íslandssíma, Bergþór Halldórsson og Pál Ásgrímsson frá Landssímanum, Þórólf Árnason og Jóakim Reynisson frá Tali, Jón Þórodd Jónsson frá Irju, Eirík Bragason frá Línu.net, Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Gústaf Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun og Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Landsvirkjun og Póst- og fjarskiptastofnun.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bætt verði við 2. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, heimild til handa fyrirtækinu til að eiga aðild að fjarskiptafyrirtækjum. Frá því að Landsvirkjun hóf starfsemi árið 1965 hefur fyrirtækið átt og rekið eigið fjarskiptakerfi til að þjóna ýmsum sérþörfum í rekstri. Aðskilnaður hefur verið milli fjarskiptabúnaðar Landsvirkjunar og hins almenna fjarskipta- og símakerfis landsins og samtengingar þar á milli hafa ekki verið heimilar. Með hliðsjón af því samkeppnisumhverfi sem nú er á fjarskiptasviðinu hefur hins vegar vaknað áhugi ýmissa rekstraraðila og notenda fjarskiptakerfa á að leigja stöðvar og línur í fjarskiptakerfi Landsvirkjunar.

Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að sá búnaður sem Landsvirkjun hefur komið sér upp verði nýttur í þágu fjarskipta hér á landi. Þá væri fjárfesting Landsvirkjunar nýtt í þágu annarra fyrirtækja á fjarskiptamarkaði og telur meiri hlutinn að það hefði jákvæð áhrif á fjarskiptaþjónustu við miðhálendið og landsbyggðina.

Meiri hlutinn bendir á að það er stjórn Landsvirkjunar sem ákveður hversu langt fyrirtækið gengur í rekstri fjarskiptafyrirtækja, en leggur áherslu á að tryggt verði að rekstur fjarskiptakerfis Landsvirkjunar verði aðskilinn frá öðrum rekstri fyrirtækisins og fái ekki fjármagn úr honum og fjárhagsleg skipti verði á viðskiptalegum forsendum. Í þessu sambandi skal það jafnframt nefnt að Póst- og fjarskiptastofnun, sem og Samkeppnisstofnun, munu hafa eftirlit með rekstri fjarskiptahluta Landsvirkjunar verði frumvarpið að lögum.

Meiri hlutinn mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 9. mars 2000.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Drífa Hjartardóttir.
Árni R. Árnason.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Árni Steinar Jóhannsson, með fyrirvara.

728. Fyrirspurn [453. mál]

til viðskiptaráðherra um reglur um innherjaviðskipti og dreifða eignaraðild.

Frá Margréti K. Sverrisdóttur.

1. Hvað líður setningu reglna um innherjaviðskipti?
2. Hvað líður setningu reglna um dreifða eignaraðild að bönkum og fjármálastofnunum?

Skriflegt svar óskast.

729. Fyrirspurn [454. mál]

til félagsmálaráðherra um fjölda starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og veitingu húsnæðislána í kjördæmum.

Frá Margréti K. Sverrisdóttur.

1. Hver er fjöldi starfsmanna á vegum sveitarfélaga í einstökum kjördæmum og hvernig hefur hann breyst síðustu tíu ár?
2. Hver er fjöldi starfsmanna á vegum ríkisins í einstökum kjördæmum og hvernig hefur hann breyst síðustu tíu ár?
3. Hvernig hefur veitingu húsnæðislána verið háttað síðustu tíu ár, sundurliðað eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

730. Fyrirspurn [455. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þóknun LÍÚ fyrir innheimtu vátryggingariðgjalds.

Frá Margréti K. Sverrisdóttur.

Hvað hefur LÍÚ fengið í þóknun árlega fyrir innheimtu vátryggingariðgjalds (lög nr. 17/1976) síðustu tíu ár?

Skriflegt svar óskast.

731. Svar [318. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um innherjaviðskipti.

Ráðuneytið leitaði til Fjármálaeftirlitsins um svör við fyrirspurninni. Svarið er byggt á upplýsingum þess.

1. *Hvaða tilvik um innherjaviðskipti hafa verið til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu og bankaeftirliti Seðlabankans frá gildistöku laga um verðbréfaviðskipti á árinu 1996?*

Frá gildistöku laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, hefur bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og síðar Fjármálaeftirlitið skoðað 19 mál á grundvelli IV. kafla laganna. Skipting þeirra er sem hér segir:

Ár	Mál
1996	4
1997	3
1998	8
1999	4 *

* Þar af er tveimur málum ólokið.

2. *Hver var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins og bankaeftirlitsins í einstökum málum og til hvað aðgerða hefur verið gripið vegna þeirra?*

Af þeim meintu innherjaviðskiptum sem athuguð hafa verið og er lokið hefur niðurstaðan orðið sú að í 16 tilvikum var ekki talinn grundvöllur til aðgerða af hálfu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands eða Fjármálaeftirlitsins. Í einu tilviki var ákveðið að vísa máli til embættis ríkissaksóknara til opinberrar rannsóknar, að lokinni athugun bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Athugun ríkissaksóknara leiddi ekki til opinberrar ákæru vegna umræddra viðskipta.

732. Fyrirspurn [456. mál]

til samgönguráðherra um eldsneytisafgreiðslu á Egilsstaðaflugvelli.

Frá Þuríði Backman.

Hver eru viðbrögð ráðherra við óskum flugfélagsins Jökuls um að birgðastöð fyrir eldsneyti verði skilgreind sem búnaður á varaflugvellinum og að í framhaldi af því verði ráðist í hönnun og byggingu á aðstöðu til geymslu á a.m.k. 100.000 lítrum af JET A-1 þotueldsneyti og 20.000 lítrum af bensíni (LL100)?

733. Fyrirspurn [457. mál]

til forsætisráðherra um meðferð ályktana Alþingis.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hyggst ráðherra leggja fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd ályktana Alþingis á síðustu löggjafarþingum líkt og gert var í skýrslum sem lagðar voru fram á 112. löggjafarþingi um framkvæmd ályktana á tímabilinu 1. janúar 1985 til 20. maí 1989 og á 113., 117. og 118. löggjafarþingi þar sem gerð var grein fyrir framkvæmdum ályktana næstliðinna löggjafarþinga?

734. Fyrirspurn [458. mál]

til samgönguráðherra um póstdreifingu í dreifbýli.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvernig hugsar ráðherra sér fyrirkomulag póstdreifingar í dreifbýli í framtíðinni?
2. Kemur til greina að auka póstdreifingu, t.d. úr þrisvar sinnum í viku í fimm sinnum í viku, þar sem það er mögulegt?
3. Á hvaða svæðum yrði byrjað ef til póstdreifingar fimm sinnum í viku kemur?
4. Hver yrði kostnaður við dreifingu pósts fimm sinnum í viku í dreifbýli? Hvernig skiptist þessi kostnaður á milli landshluta?

735. Fyrirspurn [459. mál]

til fjármálaráðherra um barnabætur.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka árlega frá og með árinu 1991, sundurgreint á eftirfarandi hátt:

a. barnabætur (ótekjutengdar) sem hlutfall og í millj. kr.,
b. barnabætur (tekjutengdar) sem hlutfall og í millj. kr.,
c. barnabætur alls í millj. kr.,
d. barnabætur alls sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
e. barnabætur alls á föstu verðlagi, samkvæmt vísitölu?

Skriflegt svar óskast.

736. Svar [376. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um aðstöðu til að sækja framhaldsskólanám.

1. *Í hvaða byggðarlögum háttar þannig til að fólk á aldrinum 16–20 ára á þess ekki kost að sækja framhaldsskóla daglega heiman frá sér?*

Ef kjördæmi eru skilgreind sem byggðarlög í þessu sambandi er ljóst að svona háttar til í öllum kjördæmum nema í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. En jafnvel í þessum tveimur þéttbýlu kjördæmum má finna slíkar aðstæður sem þó telst til undantekninga.

2. *Hve margir á þessum aldri eru búsettir í þessum byggðarlögum?*

Einfaldast er að áætla fjöldann með því að miða við póstsvæði í landsbyggðarkjördæmunum sex og leggja saman fjölda íbúa á þessum aldri á svæðum þar sem hvorki er framhaldsskóli, eða framhaldsdeild, né daglegur akstur í framhaldsskóla. Þá fást eftirfarandi niðurstöður, samkvæmt Hagstofu Íslands 1. desember 1999:

Vesturland	612
Vestfirðir	177
Norðurland vestra	710
Norðurland eystra	831
Austurland	368
Suðurland	498
Alls	3.196

Alls eru þetta um 3.200 manns. Þess ber að geta að miðað við fjölda framhaldsskólanema árið 1998 fara að meðaltali um 70% af þessum aldurshópi í framhaldsskóla á hverju ári, eða 2.250 manns.

3. *Hver er áætlaður árlegur kostnaður fyrir nemanda við framhaldsskólanám fjarri heimabyggð, svo sem við húsnæði, fæði, ferðalög, námsgögn, skólagjöld og önnur útgjöld sem námsdvölin hefur í för með sér?*

Á 123. löggjafarþingi 1998–99 lagði ráðherra fram skýrslu um framfærslukostnað og lögheimilisflutninga íslenskra námsmanna sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þar er m.a. reynt að áætla viðbótarkostnað fjölskyldu við að hafa nemanda í framhaldsskóla fjarri heimabyggð á framfæri. Sé áætlaður kostnaður framreiknaður og tekið tillit til hækkunar styrks til jöfnunar á námskostnaði er útkoman á bilinu 100–322 þús. kr., eða um 210 þús. kr. að meðaltali.

737. Svar [375. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um niðurstöður starfshóps um vinnslu kaplamjólkur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær og með hvaða hætti skilaði starfshópur sem ráðherra skipaði 12. janúar 1996 til að kanna möguleika á vinnslu og nýtingu kaplamjólkur niðurstöðum sínum?*
2. *Hvað hélt hópurinn marga fundi?*
3. *Hver var heildarkostnaðurinn af störfum hans?*
4. *Hverjar voru helstu niðurstöður starfshópsins?*

Starfshópurinn hefur ekki skilað formlegum niðurstöðum, en landbúnaðarráðherra var gerð grein fyrir framvindu mála og niðurstöðum á sínum tíma af formanni hópsins. Starfshópurinn hélt alls þrjá fundi en uppgjör á kostnaði hefur ekki farið fram.

Auðvelt er að mjólka hryssur með geita-/kindamjaltatækjum, en ekki liggja fyrir ábyggilegar upplýsingar um nyt íslenskra hryssna. Tekin hafa verið kaplamjólkursýni til efnamælinga en niðurstöður eru ekki samhljóða í nokkrum veigamiklum atriðum og verulega frábrugðnar erlendum niðurstöðum. Veldur því trúlega að sýnin eru úr fáum dýrum og tekin við mismunandi aðstæður, á mismunandi tíma mjólkurskeiðs og á mismunandi árstímum.

Í Þýskalandi er heimilt að selja kaplamjólk „við hesthúsvegg", þ.e. beint frá framleiðanda til neytanda, en sú markaðssetning kaplamjólkur er ráðandi þar. Kannaður var möguleiki á sölu kaplamjólkur til barnamatarverksmiðju í Þýskalandi sem sýnt hafði málinu áhuga, en við nánari eftirgrennslan kom í ljós að þýskar reglugerðir heimila ekki aðra mjólk í barnamat en kúamjólk.

Ósannað er að kaplamjólk sé betri sem ungbarnanæring en kúamjólk eða valdi síður próteinofnæmi hjá ungbörnum. Því er óraunhæft að ætla að markaðssetja mjólkina hér á landi sem ungbarnafæðu nema að undangengnum miklum rannsóknum. Ekki er hefð fyrir neyslu kaplamjólkur hér á landi og því væri öll markaðssetning kostnaðarsöm og tímafrek. Bóndi á Suðurlandi gerði tilraun til að markaðssetja kaplamjólk í Hagkaupi 1995–96, en gekk illa. Ekki var kannað hvort áhugi væri á kaplamjólk hjá snyrtivöruframleiðendum. Þeir eru fáir hér á landi og markaðurinn því lítill. Hugsanlega væri þó sóknarfæri þar.

Þess má geta að árið 1997 var unnin ítarleg BS-ritgerð við Búvísindadeildina á Hvanneyri um kaplamjólk og nýtingu hennar. Verkið er í alla staði vel unnið og fróðleg heimild um kaplamjólk. Höfundur er Helgi Björn Ólafsson en hann starfar nú við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Nauðsynlegt er að rannsaka kaplamjólk og hugsanlega nýtingu hennar betur. Athuga þarf efnainnihald mjólkurinnar, nyt hryssnanna og hugsanlega hámarksnýtingu mjólkurinnar miðað við að fráfærur séu stundaðar og að það bitni sem minnst á folöldunum. Til athugunar er að fela starfshópnum að athuga m.a. þessi atriði nánar ásamt mögulegri markaðssetningu.

738. Frumvarp til laga [460. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 1 14. janúar 1999 og 1. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:

a. Í stað ártalsins „2000“ í 1. mgr. kemur: 2001.
b. Í stað ártalsins „2000“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: 2001.
c. 5. málsl. 5. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin, sbr. ákvæði til bráðbirgða I við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 2. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:

a. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 1. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
b. 3. málsl. 4. mgr. orðast svo: Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir til þess næsta á eftir.
c. Í stað orðanna „á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000“ í 6. mgr. kemur: á hverju fiskveiðiári.
d. Í stað orðanna „hvoru fiskveiðiári“ í síðasta málslið 6. mgr. kemur: hverju fiskveiðiári.
e. Í stað orðanna „á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000“ í 8. mgr. kemur: á hverju fiskveiðiári.
f. Í stað orðanna „hvoru fiskveiðiári“ í síðasta málslið 8. mgr. kemur: hverju fiskveiðiári.
g. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 11. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
h. Í stað orðanna „á fiskveiðiárinu 1999/2000“ í 12. mgr. kemur: á fiskveiðiárunum 1999/2000 og 2000/2001.
i. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 2. málsl. 14. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
j. Í stað orðanna „til upphafs fiskveiðiársins 2000/2001“ í 1. málsl. 15. mgr. kemur: til 1. september 2001.

3. gr.

Við síðustu málsgrein ákvæðis til bráðabirgða XXIV við lögin, sbr. ákvæði til bráðabirgða II við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 3. gr. laga nr. 9 16. mars 1999, bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa stundað veiðar samkvæmt ákvæði til bráðbirgða XXIII, leyfi til að stunda veiðar með krókaaflamarki. Þá er óheimilt að stækka bát sem leyfi hefur til veiða með krókaaflamarki þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi ákvæðum laga um stjórn fiskveiða hafa eigendur krókabáta orðið að velja milli eftirfarandi kosta varðandi veiðar báta sinna:

1. Að stunda veiðar með handfærum eingöngu í 40 daga með þeirri takmörkun að þorskafli fari ekki yfir 30 lestir, miðað við óslægðan fisk.
2. Að stunda veiðar með línu og handfærum í 32 daga með þeirri takmörkun að þorskafli fari ekki yfir 30 lestir, miðað við óslægðan fisk. Hver dagur sem línuveiðar eru stundaðar hefur aukið vægi við útreikning sóknardaga.
3. Að stunda veiðar í 23 daga með handfærum eingöngu á tímabilinu 1. apríl til 31. október, án takmörkunar á heildarafla.
4. Að stunda veiðar með þorskaflahámarki sem byggist á veiðireynslu viðkomandi báts, án takmörkunar á sókn og afla í öðrum tegundum.

Með lögum nr. 1 14. janúar 1999, sbr. lög nr. 9 16. mars 1999, var ákveðið að frá og með fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 2000 skyldi sú breyting verða að bátum sem veiðar stunduðu skv. 3. tölul. hér að framan yrði úthlutað sóknardögum til handfæraveiða. Þeim yrði heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Þessir sóknardagar yrðu framseljanlegir milli báta samkvæmt ákveðnum reglum þar um. Afli á einu fiskveiðiári ákvarðaði fjölda sóknardaga á árinu á eftir samkvæmt reiknireglu 3. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Öðrum bátum, þ.e. bátum sem stunduðu veiðar samkvæmt 1., 2. og 4. tölul. hér að framan, yrði úthlutað aflahlutdeildum, árlegu aflamarki yrði úthlutað í þorski, ýsu, ufsa og steinbít en veiðar á öðrum tegundum yrðu frjálsar. Þetta aflamark mætti aðeins nýta til línu- og færaveiða (krókaaflamark) og yrði ekki, frekar en krókaaflahlutdeildin, flutt til báts sem hefði aðra gerð veiðileyfis.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gildistöku ofangreindra ákvæða verði frestað um eitt ár og því verði skipan á fiskveiðiárinu 2000/2001 sú hin sama og á fiskveiðiárinu 1999/2000. Ástæða þess að þetta er lagt til er fyrst og fremst sú að nú fer fram heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða og samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXVII við lögin skal þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001. Þykir ekki heppilegt að taka upp nýja skipan við stjórn veiða smábáta meðan þessi endurskoðun stendur yfir. Þá má þess einnig geta að eindreginn vilji hefur komið fram hjá Landssambandi smábátaeigenda um að gildistökunni verði frestað. Þótt ljóst sé að frestun geti raskað einhverju um fyrirætlanir aðila sem starfa innan kerfisins verður að telja að hún sé heppileg með hliðsjón af þeirri stöðu sem málið er í.

Auk þessa er lagt til í frumvarpinu að breytt verði nokkrum atriðum sem í raun snerta skipan mála eftir 1. september 2001 og verður þeirra nánar getið í athugasemdum við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með a- og b-lið þessarar greinar er frestað um eitt ár að taka upp framseljanlega sóknardaga og jafnframt kveðið á um að fyrirkomulag það sem skýrt er í 3. tölul. hér að framan gildi fyrir fiskveiðiárið 2000/2001.

Samkvæmt 5. mgr. 6. gr. er heimilt að flytja sóknardaga á milli báta og þar segir að sóknardagar skerðist með ákveðnum hætti séu þeir fluttir til stærri báts og að þeim fjölgi séu þeir fluttir til minni báts. Þá segir í 5. málsl. 5. mgr. að miða skuli við stærð báta 1. janúar 1999. Hér er lagt til að þessi viðmiðun verði felld brott enda er hún óþörf og getur jafnvel leitt til mjög óeðlilegrar niðurstöðu hafi stærð báts breyst eftir 1. janúar 1999. Í þessu sambandi er

rétt að hafa í huga að um endurnýjun krókabáta og breytingar á þeim gilda ákveðnar reglur varðandi úreldingu og því er eðlilegast við flutning sóknardaga á milli þeirra að miða við raunverulega stærð báta eins og hún verður þegar reglur um flutning sóknardaga koma til framkvæmda 1. september 2001. Enn fremur er ljóst að í upphafi fiskveiðiársins 2001 fá allir bátar sama sóknardagafjölda.

Um 2. gr.

Breytingar samkvæmt þessari grein lúta eingöngu að því að fresta því um eitt fiskveiðiár að veita veiðileyfi með krókaaflamarki og lengja um eitt fiskveiðiár gildistíma þeirra fiskveiðistjórnarkerfa sem skýrð eru í 1., 2. og 4. tölul. hér að framan. Varðandi flutning þorskaflahámarks milli ára er þó rétt að láta fram koma að miðað er við að heimilt sé hverjum báti að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki sínu frá fiskveiðiárinu 2000/2001 til fiskveiðiársins 2001/2002 sem við það breyttist í krókaaflamark í þorski.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að ekki sé heimilt að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri leyfi til að stunda veiðar með krókaaflamarki eða stækka krókaaflamarksbáta þannig að þeir verði stærri en 6 brúttótonn.

Samkvæmt þeim breytingum sem urðu á ákvæðum um skipan veiða smábáta í upphafi árs 1999 eru engar takmarkanir á stærð þeirra báta sem kost eiga á leyfi til veiða með krókaaflamarki. Krókaleyfi hafa hins vegar frá 1991 verið bundin við báta undir 6 brúttótonnum og skv. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða eru leyfi með framseljanlegum sóknardögum bundin við báta undir 6 brúttótonnum. Í þessu sambandi skal þess getið að nokkrir bátar sem eru stærri en 6 brúttótonn en undir 6 brl. eiga rétt á krókaleyfi, enda hafa þeir verið í flokki smábáta fyrir 1991.

Með því að afnema stærðartakmarkanir á veiðileyfi með krókaaflamarki kæmi sú staða upp að öll skip sem að öðru leyti uppfylltu ákvæði 5. gr. laga um stjórn fiskveiða gætu fengið krókaaflamarksleyfi. Þótt ekki sé heimilt að flytja krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark til báta sem eru stærri en 6 brúttótonn eða 6 brl. samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 11. gr. og 8. mgr. 12. gr. er heimilt að flytja almennt aflamark og aflahlutdeild til krókaaflamarksbáta, en 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV verður ekki túlkuð með öðrum hætti því þar eru aðeins takmarkanir settar á það að flytja krókaaflahlutdeild og krókaaflamark til báta með aðra gerð veiðileyfis. Við flutning almenns aflamarks og aflahlutdeildar til báts með krókaaflamarksleyfi verður í raun sú breyting að hið almenna aflamark eða aflahlutdeild breytist í krókaaflamark og krókaaflahlutdeild.

Af framangreindu leiðir að bátar, án tillits til stærðar, gætu fengið leyfi til veiða með krókaaflamarki. Þeir gætu að vísu ekki fengið krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark flutt til sín væru þeir stærri en 6 brúttótonn eða 6 brl. en þeir væru frjálsir að veiðum á þeim tegundum sem ekki er úthlutað krókaaflamarki í. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIV við lög um stjórn fiskveiða er aðeins úthlutað krókaaflamarki í þorski, ýsu, ufsa og steinbít, en veiðar á öðrum tegundum eru krókaaflamarksbátum frjálsar, sbr. 7. mgr. þess ákvæðis. Gætu því stór línuveiðiskip t.d. stundað óheftar veiðar á grálúðu og karfa en flutt til sín almennt aflamark í þorski, ufsa, ýsu og steinbít eftir þörfum, ef ákvæði þessu yrði ekki breytt. Í seinni málslið þessarar greinar er kveðið á um að bannað sé að stækka krókaaflamarksbáta þannig að þeir verið stærri en 6 brúttótonn. Þykja sömu rök liggja til þess.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38 15 maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að gildistími ákvæða um veiðar smábáta verði framlengdur um eitt ár og að skipan á fiskveiðiárinu 2000–2001 verði með sama hætti og árið 1999–2000. Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

739. Tillaga til þingsályktunar [461. mál]

um ályktanir Vestnorræna ráðsins.

Flm.: Árni Johnsen, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Svanfríður Jónasdóttir, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktunum Vestnorræna ráðsins sem samþykktar voru á 15. ársfundi þess, að:

a. Alþingi standi fyrir ráðstefnu kvenna á vestnorrænu þjóðþingunum í samvinnu við þing Færeyinga og Grænlendinga,
b. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að bæta skilyrði til rannsókna á málefnum sem tengjast konum sérstaklega,
c. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að semja vestnorræna verkefnaáætlun um jafnrétti kynjanna,
d. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að skipa vinnuhóp sem leggi fram tillögur um sameiginlegar aðgerðir í vestnorrænu löndunum til að stöðva ofbeldi gegn konum,
e. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði,
f. fela ríkisstjórninni að vinna að því að stofna sjóð eða koma á öðru fyrirkomulagi sem greiði allan kostnað af fæðingarorlofi,
g. fela menntamálaráðherra, í samvinnu við menntamálaráðherra Færeyja og Grænlands, að stofna vinnuhóp sem hafi það verkefni að rannsaka hvað hindrar vestnorræna stúdenta í að stunda nám í öðrum vestnorrænum ríkjum.

Greinargerð.

Dagana 9.–12. ágúst var 15. ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn á Brjánsstöðum á Skeiðum. Þar var samþykktur fjöldi tillagna um jafnréttis- og menntamál. Meðal annars

skorar Vestnorræna ráðið á ríkis- og landsstjórnir að beita sér fyrir aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, styrkja kvennarannsóknir og bæta löggjöf um fæðingarorlof. Þá voru ríkis- og landstjórnirnar hvattar til að beita sér gegn ofbeldi gagnvart konum og til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Enn fremur samþykkti ráðið að skora á þjóðþingin þrjú að halda ráðstefnu kvenna á vestnorrænu þjóðþingunum með þátttöku fleiri sem vinna að jafnréttismálum. Svo var samþykkt ályktun um að fela menntamálaráðherrum aðildarlandanna að láta kanna hvað hindrar vestnorræna stúdenta í að stunda nám í háskólum vestnorrænu ríkjanna.

Tillaga þessi er flutt til að koma á framfæri við Alþingi samþykktum ályktunum Vestnorræna ráðsins.

Ráðstefna kvenna á vestnorrænu þjóðþingunum.

Vestnorrænar konur hafa haft samstarf á mörgum sviðum undanfarin ár. Staða kvenna í þessum löndum er að mörgu leyti svipuð, þar á meðal aðstaða þeirra til þátttöku í stjórnmálum. Vestnorræn samfélög hafa í gegnum tíðina verið veiðisamfélög og hefur það skapað vestnorrænum konum sérstakt umhverfi, ólíkt því sem gerist í iðnaðarsamfélögum annarra norrænna ríkja. Þetta hefur hugsanlega leitt til þess að þátttaka vestnorrænna kvenna í stjórnmálum er minni en gerist annars staðar á Norðurlöndum. Því er áríðandi að skapa vettvang fyrir vestnorrænar konur í stjórnmálum þar sem þær geta skipst á hugmyndum og miðlað af reynslu sinni og þannig styrkt samvinnuna sín í milli.

Lagt er til að slík ráðstefna verði haldin annað hvert ár, til skiptis í löndunum þremur, og að þangað verði boðið fulltrúum frá jafnréttisnefndum, kvennasamtökum og öðrum sem starfa að jafnréttismálum.

Lagt er til að veitt verði fé á fjárlögum til þess að standa undir kostnaði við ráðstefnuna.

Skilyrði til kvennarannsókna.

Síðustu áratugi hefur sérstökum kvennarannsóknum, sem unnar eru af háskólum og öðrum rannsóknastofnunum, fjölgað verulega. Þessi rannsóknarvinna er mjög mikilvæg fyrir konur, enda hefur verið lögð áhersla á sögu þeirra, reynslu og menningu, sem að mörgu leyti hefur verið hulin í okkar samfélagi.

Rannsóknarheimildir er helst að finna í bókum, tímaritum, handritum, skýrslum, myndum o.fl. á bóka- og skjalasöfnum og öðrum opinberum söfnum. Eitt af mikilvægari verkefnum þessara stofnana er að auðvelda notendum að finna nauðsynleg gögn. Skráningarkerfi sem notuð eru nú til dags gera mögulegt að finna efni um nánast hvað sem er. Þegar kemur að heimildasöfnun fyrir kvennarannsóknir verður málið hins vegar erfiðara þar sem slík leitarkerfi taka ekki tillit til mikilvægis efnis fyrir kynjaskiptar rannsóknir. Af þeim sökum er nauðsynlegt að láta gera leitarforrit fyrir þessi skráningarkerfi sem leituðu eftir kyni en það mundi auðvelda alla rannsóknarvinnu. Best væri að slíkt verkefni fengi sérstaka fjárveitingu.

Þessi nýja upplýsingatækni hefur skapað fjölmörg ný tækifæri við miðlun á upplýsingum sem vert er að nýta. Mikilvægt er að vestnorrænu löndin styðji miðlun kvennaheimilda með því að útbúa sameiginlegan vestnorrænan upplýsingabanka þar sem skráðar yrðu heimildir sem tengjast konum, til að mynda bækur, rannsóknir, skýrslur, tölfræðilegar upplýsingar, ýmsar staðreyndir o.s.frv. Þessi upplýsingabanki yrði síðan aðgengilegur á netinu. Sambærilegt verkefni, sem Færeyingar og Grænlendingar taka þó ekki þátt í, er unnið af norræna ráðherraráðinu.

Enn fremur mundi slíkur upplýsingabanki geyma upplýsingar um hæfar konur sem fjölmiðlar gætu haft samband við og stjórnvöld gætu leitað til þegar skipa þarf fulltrúa í opin-

berar nefndir, ráð o.fl. Það virðist vera hefð fyrir því að ræða aðeins við konur þegar umræðuefnið tengist fjölskyldumálum eða öðru sem talið er að konur hafi sérstakan skilning á en ræða við karlmenn um hluti sem tengjast efnahag, umhverfi, sjávarútvegi og þess háttar.

Mikilvægustu upplýsingamiðlar í okkar samfélagi eru sjónvarp og dagblöð. Fjölmiðlar hafa mikil áhrif á okkar líf. Af þeim sökum er nauðsynlegt að kanna stöðu kvenna í fjölmiðlum, hversu margar konur vinna á fjölmiðlum, hversu margar konur eru viðmælendur fjölmiðla, og þá í tengslum við hvers konar efni, og ekki síst hvernig störf kvenna eru kynnt í fjölmiðlum.

Vestnorræn verkefnaáætlun um jafnrétti kynjanna.

Þrátt fyrir að á síðustu árum hafi þróunin hægt og bítandi verið í átt til jafnréttis kynjanna er staða þeirra enn um margt ólík og hallar þar einkum á konur. Skoðanakannanir hafa sýnt að almennur vilji fólks er að kynin hafi jafna möguleika, en jafnframt telur meiri hluti almennings að svo sé ekki. Hagsmunamál samfélagsins alls er að kynjum sé ekki mismunað.

Til að vinna gegn mismunun kynjanna hafa mörg ríki og alþjóðastofnanir samið verkefnaáætlanir með það að markmiði að tryggja jafnrétti bæði meðal starfsmanna sinna og innan lögsögu sinnar. Vestnorræna ráðið leggur til að samin verði vestnorræn verkefnaáætlun um jafnrétti kynjanna.

Með verkefnaáætlun um jafnrétti kynjanna er átt við formlega samþykkta áætlun um aðgerðir sem hafa að leiðarljósi jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Í slíkum áætlunum felst einnig viðurkenning á því að nauðsynlegt sé að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða til að raunverulegt jafnrétti kvenna og karla náist. Slík verkefnaáætlun yrði tæki sem hægt væri að nota til að skipuleggja virkt jafnréttisstarf. Henni væri ætlað að tryggja að unnið yrði skipulega og markvisst að jafnrétti kvenna og karla, að markmið jafnréttis kynjanna væru skýr, að hægt yrði að meta árangur starfsins og að hægt yrði að koma með úrbætur ef fyrirhugaðar aðgerðir skiluðu ekki árangri.

Með gerð verkefnaáætlunar um jafnrétti væri starfi að jafnrétti kynjanna mótuð stefna og vonar Vestnorræna ráðið að hún geti orðið vopn í baráttunni gegn því kynjamisrétti sem enn er fyrir hendi.

Aðgerðir til að stöðva ofbeldi gegn konum.

Í allri umræðu um ofbeldi gegn konum hefur komið fram að þörf er á að styrkja þá meðferðarvinnu sem nú þegar er í boði á Vestur-Norðurlöndum. Í fyrsta lagi eru rannsóknir á konum sem beittar hafa verið ofbeldi mjög takmarkaðar og því mjög erfitt að leysa vandann. Þar að auki er lítið til af tölfræðilegum upplýsingum um þær, einkum á Íslandi og í Færeyjum. Ef vestnorrænu löndin kæmu á fót sameiginlegri upplýsingamiðstöð gætu þau í meira mæli miðlað af reynslu sinni og nýtt sér upplýsingar og rannsóknir sem gerðar eru í löndunum.

Í vinnu með fórnarlömbum ofbeldis er mikilvægt að taka tillit til tilfinninga fórnarlambsins og tryggja að söfnun upplýsinga eyðileggi ekki trúnaðarsamband fórnarlambs og meðferðarfulltrúa. Þess vegna er mikilvægt að geta nýtt reynslu annarra sem búa við svipaðar aðstæður og lært af vinnu þeirra.

Konur sem sætt hafa ofbeldi hafa hingað til fengið hjálp fyrst og fremst frá félagasamtökum og stofnunum, t.d. áfallamiðstöðvum og kvennaráðgjöf, sem oft hafa takmörkuð ráð til að hjálpa. Það hefur sýnt sig að konur sem leita sér hjálpar eru mjög ánægðar með stuðninginn sem þær fá hjá slíkum samtökum. Lélegur fjárhagur þeirra takmarkar tækifæri þeirra til að taka þátt í alþjóðlegri samvinnu miðað við t.d. opinberar stofnanir. Ráðstöfunarfé samtak-

anna hefur aðallega verið nýtt til að bæta og auka þjónustu þeirra og hafa meðferðarfulltrúar því ekki haft möguleika á að afla sér aukinnar þekkingar sem nýst gæti í starfi.

Til að hægt verði að undirbúa aðgerðir til að stöðva ofbeldi gegn konum er fjárstuðningur nauðsynlegur. Þá er einnig mikilvægt að hafin verði samvinna á milli vestnorrænu landanna um meðferð og ráðgjöf fyrir konur sem hafa verið beittar ofbeldi.

Staða kvenna á vinnumarkaði.

Íbúar Vestur-Norðurlandanna eiga það sameiginlegt að atvinna þeirra er bæði erfið og hættuleg og hefur það mótað vinnumarkaðinn í áraraðir. Karlmenn hafa lengstum verið fyrirvinna fjölskyldunnar en kvenfólkið unnið heima við. Þessi verkaskipting hefur haft áhrif á hversu langan tíma hefur tekið að ná fram jafnrétti á vinnumarkaði í þessum löndum, ólíkt öðrum norrænum ríkjum.

Á sjöunda áratugnum varð bylting í þessum efnum en þá jókst hlutur kvenna á vinnumarkaðinum og varð næstum hinn sami og karla. Rannsóknir á Íslandi og í Færeyjum sýna að 75% kvenna vinna úti en 85% karla. Þrátt fyrir það er launaskiptingin sú að karlar fá u.þ.b. tvo þriðju hluta af greiddum launum en konur aðeins einn þriðja.

Niðurstöður kannana sýna að konur eru í meiri hluta atvinnulausra í þessum löndum, sérstaklega á Íslandi og í Færeyjum. Margar þeirra eru ófaglærðar ungar mæður, en hlutfall ungra mæðra er mjög hátt í vestnorrænu ríkjunum og hætta þær gjarna námi snemma. Rannsóknir sýna að menntun hefur mikil áhrif á þátttöku á vinnumarkaði. Þeir sem hafa minni menntun taka minni þátt í atvinnulífi en hinir. Menntun virðist vera mikilvægari þáttur fyrir þátttöku á vinnumarkaði en aldur og kyn. Því er mikilvægt að boðið verði upp á hagnýta menntun fyrir konur sem hafa verið án atvinnu eða átt erfitt uppdráttar á vinnumarkaði, t.d. ef menntun hefur skort. Einnig er mikilvægt að rannsaka atvinnuleysi kvenna og stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Síðustu ár hefur vinnumarkaðurinn orðið fjölskylduvænni en áður. Þó er nauðsynlegt að gera betur og þá þarf sérstaklega að koma til móts við karla sem oft hafa þurft að velja á milli atvinnu- og fjölskyldulífsins. Áríðandi er að laga vinnumarkaðinn að kröfum fjölskyldulífsins, t.d. með því að auka sveigjanleika, fækka vinnustundum, fjölga orlofsdögum og lengja fæðingarorlof. Það er krafa nútímans að vinnumarkaðurinn lagi sig að fjölskyldulífinu.

Löggjöf um fæðingarorlof.

Með aukinni atvinnuþátttöku hafa æ fleiri konur orðið þess áþreifanlega varar að móðurhlutverkið getur valdið ýmsum vandkvæðum, bæði á vinnustaðnum og í einkalífinu. Vinnuveitendur veigra sér stundum við því að ráða konur, einkum ungar konur, vegna hugsanlegrar fjarveru við barnsburð og oft getur verið um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða fyrir konur. Greiðslur í fæðingarorlofi eru mjög mismunandi í vestnorrænu löndunum og eftir einstökum starfsstéttum í hverju landi.

Vestnorræna ráðið telur mikilvægt að samfélagið axli ábyrgð á barnsfæðingum þar sem þær eru samfélaginu í hag. Það eru hagsmunir allra að konur haldi áfram að ala börn og því er nauðsynlegt að barnsfæðingar og barnsburðarleyfi, hvort sem feður eða mæður taka það, hafi sem minnsta fjárhagslega röskun í för með sér fyrir fjölskyldurnar.

Ýmsar leiðir eru færar til að bæta fjárhagslegt tap sem barnsburðarleyfi hefur í för með sér. Sú hugmynd hefur komið upp að stofnaður verði sjóður eða annað fyrirkomulag í hverju landi sem launþegar og atvinnurekendur greiða í til helminga. Greiðslur yrðu miðaðar við laun starfsmanna. Við töku fæðingarorlofs fengi foreldri síðan full laun greidd úr sjóðnum. Gert er ráð fyrir að ríkið greiði í sjóðinn þar til hann fer að standa undir sér sjálfur. Kostirnir

við þessa leið eru einkum þeir að foreldrar halda fullum launum og því verður ekki fjárhagslegt tap af því að fara í fæðingarorlof. Vinnuveitandinn ber engan kostnað af einstökum starfsmönnum þegar þeir fara í fæðingarorlof, heldur verður dregið jafnt af launum kvenna og karla, og ríkið ber, þegar fram í sækir, ekki beinan kostnað af fæðingarorlofi.

Aðgengi að háskólum á Vestur-Norðurlöndum.

Menntun er lykillinn að menningu og efnahagslegri velferð. Hún er auk þess grundvöllur sjálfstæðis á tímum sem einkennast af aukinni alþjóðavæðingu og samkeppni en jafnframt menningarlegri samkennd. Samvinna milli landa hefur mikla þýðingu fyrir menntun og menningu, ekki síst smærri þjóða. Það er einkum með virkri samvinnu við nágrannaþjóðir sem smáþjóðir geta haldið uppi góðu menntakerfi.

Ekki er algengt að stúdentar frá Færeyjum eða Grænlandi stundi nám á Íslandi eða íslenskir stúdentar nemi í Færeyjum eða á Grænlandi. Þetta er athyglisvert, ekki síst vegna þess að þjóðirnar eiga margt sameiginlegt og löndin eru mjög nálægt hvert öðru. Þetta má væntanlega rekja til þess að í upphafi voru menntunarleiðir í þessum löndum fáar og háskólarnir litlir. Þetta á hins vegar ekki við lengur þar sem menntun á háskólastigi hefur batnað til muna á síðustu árum. Menntun í löndunum þremur blómstrar sem aldrei fyrr og háskólarnir á Íslandi, háskólinn í Færeyjum og háskólinn á Grænlandi eru vaxandi stofnanir.

Hér er lagt til að menntamálaráðherrar landanna stofni vinnuhóp sem sem hefði það verkefni að rannsaka hvað hindri vestnorræna stúdenta í að stunda nám í öðru vestnorrænu landi en sínu eigin. Vinnuhópurinn gæti m.a. rannsakað reglur um aðgang stúdenta að háskólum og öðrum kennslustofnunum á háskólastigi, lána- og stuðningsmöguleika þeirra, aðgang vestnorrænna stúdenta að stúdentahúsnæði og framboð tungumálakennslu fyrir erlenda stúdenta í vestnorrænu ríkjunum.

740. Beiðni um skýrslu [462. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um tilfærslu á aflahlutdeild.

Frá Sverri Hermannssyni, Árna Steinari Jóhannssyni, Jóhanni Ársælssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur, Þuríði Backman, Ögmundi Jónassyni, Össuri Skarphéðinssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að sjávarútvegsráðherra afli upplýsinga um tilfærslu á aflamarki (kvóta) þar sem aðilaskipti hafa orðið á aflahlutdeild, svo sem vegna sölu á kvóta, vegna erfða eða annarra varanlegra breytinga á aflaheimildum, og flytji Alþingi skýrslu um efnið. Sérstaklega verði tilgreindir þeir aðilar sem ráða yfir 2% eða meira af aflaheimildum og skipting aflaheimilda á skip í eigu þeirra.

Beiðni þessari er ætlað að ná til gildistíma laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, nema tilefni gefist til annars.

Greinargerð.

Þar sem nú hafa orðið miklir atburðir um sölu á aflaheimildum ber nauðsyn til að Alþingi, og raunar allur almenningur, fái sem gleggstar upplýsingar um ráðstöfun og vegferð afla-

heimilda á undanförnum árum, enda er hér um ráðstöfun sameignar þjóðarinnar að tefla, lögum samkvæmt.

Skýrslubeiðendur leyfa sér með vísan til 4. gr. laga um Fiskistofu, nr. 36/1992, að óska þess að óháðir dómkvaddir endurskoðendur sjái um úrvinnslu og útgáfu umræddra upplýsinga, svo að hæfi þeirra verði eigi í efa dregið, og verði þegar í stað hafist handa við skoðun gagna og úrvinnslu, m.a. vegna meðferðar mála sem tengjast lögum um stjórn fiskveiða fyrir dómstólum.

Beiðni þessi er samhljóða þskj. 590 að öðru leyti en því að fyrirsögn hefur verið breytt, en hún var misvísandi.

Fyrri skýrslubeiðnin, 337. mál, er því afturkölluð.

741. Fyrirspurn [463. mál]

til forsætisráðherra um störf nefndar um úttekt og flutning á félagslegum verkefnum frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Lítur ráðherra svo á að nefnd sem hann skipaði samkvæmt þingsályktun um úttekt og flutning á félagslegum verkefnum frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis sé enn að störfum og að henni sé ætlað að skila tillögum til hans?

742. Fyrirspurn [464. mál]

til menntamálaráðherra um tungutækni.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu ráðherra til að tryggja stöðu íslenskunnar við þær tæknibreytingar, sem verið er að þróa, að tölvur skilji mælt mál (tungutækni)?

743. Fyrirspurn [465. mál]

til heilbrigðisráðherra um nýgengi krabbameins á Suðurnesjum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvert hefur verið nýgengi krabbameins á Suðurnesjum undanfarna áratugi samanborið við aðra landshluta?

Skriflegt svar óskast.

744. Fyrirspurn [466. mál]

til heilbrigðisráðherra um tíðni kransæðasjúkdóma á Suðurnesjum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hver hefur verið tíðni kransæðasjúkdóma á Suðurnesjum undanfarna áratugi miðað við aðra landshluta?

Skriflegt svar óskast.

745. Frumvarp til laga [467. mál]

um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „20 til 35 ára“ í a-lið 2. mgr. kemur: en þó má víkja frá aldurshámarkinu við sérstakar aðstæður.
b. Á eftir orðunum „eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri“ í c-lið 2. mgr. kemur: eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms.
c. 4. mgr. orðast svo:

Nám í lögregluskólanum stendur í a.m.k. tólf mánuði og skiptist í þrjár annir. Fyrsta önn er ólaunuð. Þeim nemum sem standast próf á önninni skal ríkislögreglustjóri sjá fyrir launaðri starfsþjálfun í lögreglu ríkisins í a.m.k. fjóra mánuði. Að lokinni starfsþjálfunarönn tekur við launuð þriðja önn í lögregluskólanum sem lýkur með prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem samið er í dómsmálaráðuneytinu að höfðu samráði við Lögregluskóla ríkisins, eru lagðar til breytingar á 38. gr. lögreglulaga. Markmiðið með frumvarpinu er tvíþætt, annars vegar að veita valnefnd Lögregluskólans meira svigrúm við ákvörðun um inntöku nema og hins vegar að gera náms- og þjálfunartíma lögreglunema skilvirkari og samfelldari, en það mun leiða til markvissari vinnubragða. Með þessu verður hægt að fjölga fyrr faglærðum lögreglumönnum.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. 38. gr. laganna skulu lögreglumannsefni vera 20 til 35 ára. Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að víkja megi frá aldurshámarki laganna við sérstakar aðstæður. Í framkvæmd hefur reynt á þau tilvik að þetta skilyrði sé of strangt þannig að ekki

hefur verið unnt að taka inn nemendur sem hafa ákjósanlega reynslu til að starfa sem lögreglumenn og hafa sinnt afleysingarstörfum með góðum árangri um langa hríð.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt verði að taka nema inn í Lögregluskólann á grundvelli starfsþjálfunar sem jafna má til tveggja ára almenns framhaldsnáms. Reynsla úr atvinnulífi og af öðrum vettvangi getur verið heppilegur grundvöllur undir störf í lögreglu og því er þessi heimild lögð til. Það skal þó sérstaklega ítrekað að þessi þjálfun verður að vera það mikil að henni megi öldungis jafna við tveggja ára framhaldsnám. Til að kanna starfsþjálfun lögregluefna getur verið nauðsynlegt að þreytt verði inntökupróf.

Þá eru í c-lið 1. gr. frumvarpsins lagðar til breytingar á skipulagi grunnnáms í lögregluskólanum. Lögreglunámið skiptist í tvær annir með starfsþjálfun hjá lögreglu á milli námsannanna í skólanum. Fyrri önn í skólanum hefur verið ólaunuð og tekur 14 vikur. Í framhaldi af því tekur við launuð starfsþjálfun í allt að átta mánuði og að henni lokinni 18 vikna launuð síðari önn í skólanum. Stjórnendur skólans hafa í nokkurn tíma unnið að því að móta hugmyndir um breytingar á náminu, fyrst og fremst með það meginmarkmið í huga að námið í heild verði samfelldara og skilvirkara þannig að unnt verði að fjölga faglærðum lögreglumönnum án þess að slaka á menntunarkröfum. Í samræmi við þetta er lagt til að lögreglunámi og starfsþjálfun verði skipt í þriggja anna heildstætt nám. Fyrirhugað er að fyrsta önn í skólanum taki fjóra mánuði en síðan taki við fjögurra mánaða starfsþjálfun hjá lögregluembætti með aukinni áherslu á slíka þjálfun sem þátt í náminu. Mun Lögregluskólinn hafa meiri afskipti af nemunum en verið hefur á starfsþjálfunartímabilinu og hafa náið eftirlit með störfum þeirra, auk þess sem nemarnir verða á launaskrá hjá skólanum. Náminu lýkur síðan með önn í skólanum. Með slíku samfelldu námi og þjálfun eru tök á að auka gæði námsins, auk þess sem slíkt fyrirkomulag grunnnáms gerir skólanum kleift að efla enn frekar framhaldsmenntun lögreglumanna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á inntökuskilyrðum í Lögregluskóla ríkisins og hins vegar er lagt til að tíminn sem lögreglunemar þurfa til að ljúka námi verði styttur með því að stytta þjálfunartíma. Tilgangur breytinganna er einkum sá að gera kleift að útskrifa fleiri lögreglumenn úr skólanum en skortur hefur verið á fagmenntuðum lögreglumönnum. Fyrrgreinda breytingin hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Hins vegar er áætlað að stytting náms leiði til um 15 m.kr. kostnaðarauka fyrir skólann. Lögreglunemar eru nú á fyrri námsönn að vori, vinna í 8–12 mánuði og koma síðan á seinni námsönn að hausti. Með því að stytta þjálfunartíma í fjóra mánuði og breyta fyrirkomulagi hans verður hægt að mennta lögreglumenn á einu ári. Með þessari breytingu yrðu útskrifaðir 64 lögreglumenn á árinu 2000 en 32 á ári eftir það. Kostnaðaraukinn við breytta tilhögun helgast að mestu af því að skólinn tæki að sér að greiða lögreglunemum grunnlaun á þjálfunartíma þeirra á sumarönninni í stað þess að ráða þá sem almenna afleysingamenn að löggæsluembættunum. Við

2. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2000 var samþykkt breytingartillaga um 15 m.kr. hækkun á fjárveitingu skólans vegna þessara fyrirætlana og hefur kostnaðaraukanum því þegar verið mætt í gildandi fjárlögum.

746. Svar [349. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um gróðurvinjar á hálendinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað telur ráðherra að stór hluti af gróðurvinjum hálendisins falli undir c-lið 1. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, um sérstaka vernd mýra og flóa?

Til þess að hægt sé að meta hversu stór hluti af gróðurvinjum hálendisins falli undir ákvæði um sérstaka vernd mýra og flóa, sbr. c-lið, 1. mgr. 37. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, verður að vera ljóst hvar mörk hálendisins eru dregin og hvernig gróðurvin og flóar og mýrar eru skilgreind. Til hægðarauka er hér gert ráð fyrir að mörk hálendisins séu þau sömu og miðað er við í miðhálendisskipulaginu, þ.e. lína sem er dregin á milli heimalanda og afrétta, en ekki fylgt tiltekinni hæðarlínu sem ætti að sýna náttúruleg mörk hálendisins. Útreikningar á þekju mýra og flóa á hálendinu og umfangi gróðurvinja lágu ekki fyrir í ráðuneytinu og því var leitað eftir upplýsingum hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins.

Í fyrirspurninni er talað um gróðurvin án frekari skilgreiningar en í orðinu felst samkvæmt íslenskri málvitund gróðursæll blettur. Hér er hins vegar ráðlegt að líta á gróðurþekju hálendisins í heild og síðan hlutdeild mýra og flóa af henni þar sem upplýsingar um skiptingu landsins eftir gróðurfélögum er að finna í gróðurkortagögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands en þar er hugtakið gróðurvin ekki skilgreint. Á gróðurkortum er gróðurlendi skilgreint eftir ríkjandi tegundum plantna. Þannig eru mýri og flói oftast skilgreind eftir ákveðnum tegundum stara og fífa. Gróðurinn endurspeglar mismunandi vatnsstöðu í mýrum og flóum þar sem flóar eru jafnan blautari. Hálfdeigja, sem er jaðar milli votlendis og þurrlendis, er reiknuð með í flatarmáli flóa og mýra þar sem ekki var hægt að greina á milli hálfdeigju og votlendanna í þeim gögnum sem svarið byggist á.

Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands er unnt að fá gróft yfirlit um mýrar og flóa með því að nota stafrænt gróðurkort í mælikvarðanum 1:500.000 sem stofnunin gaf út árið 1998 og byggjast eftirfarandi upplýsingar á þeim gögnum. Stofnunin býr yfir nákvæmari gögnum um gróðurþekju hálendisins, þ.e. í mælikvarðanum 1:40.000, en þau hafa ekki verið tölvutekin og því er á þessari stundu ekki hægt að veita ítarlegi upplýsingar.

Náttúrufræðistofnun Íslands reiknast til að votlendi (þar með talin hálfdeigja) á hálendinu sé um 1.300 km², sem er um 3,3% af hálendinu öllu, en það er tæpir 40 km². Sé einungis tekið vel gróið land með gróðurþekju yfir 50% mælist votlendi um 19% af flatarmáli hálendisins.

Í fylgiskjali er kort sem Náttúrufræðistofnun Íslands vann út úr gróðurkorti af Íslandi í skalanum 1:500.000 og sýnir annars vegar útbreiðslu gróðurlenda á hálendinu sem eru meira en hálfgróin (meira en 50% þekja) og hins vegar berangursgróður (minna en 50% þekja). Vegna grófleika kortsins má reikna með að öll votlendi stærri en 3 hektarar komi fram, en það eru þau viðmiðunarmörk sem getið er í 37. gr. laga um náttúruvernd.

Fylgiskjal.


Gróðurlendi á hálendi Íslands byggt á gróðurkorti í mælikvarða 1:500.000 útgefið af Náttúrufræðistofnun Íslands 1998
Hálendismörk
Annað gróið burrlendi
Votlendi
Birkiskógur og kjarr
Mosagróður
Hálfgróið og mirnna
Jökull
Ár og vötn
1:2.000.000
0 25 50 75 100 km
Náttúrufræðistofnun Íslands 2000

747. Frumvarp til laga [468. mál]

um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Til að standa straum af fjárframlögum vegna alþjónustu árið 2000 skal innheimta jöfnunargjald skv. 15. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, af gjaldskyldri veltu ársins. Gjaldið skal nema 0,18% af bókfærðri veltu eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 15. gr. laga um fjarskipti. Heimilt er að ákveða að greitt skuli fyrir fram árið 2000 upp í væntanlega álagningu jöfnunargjalds.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt IV. kafla laga um fjarskipti, nr. 107/1999, (áður VIII. kafli laga um fjarskipti, nr. 143/1996) er gert ráð fyrir að hægt sé að skylda fjarskiptafyrirtæki til þess að veita svokallaða alþjónustu sem skilgreind er í 13. gr. laganna. Ef slík þjónusta sem fyrirtæki er gert að veita felur í sér meiri tilkostnað en sem nemur tekjum getur viðkomandi fyrirtæki krafist fjárframlaga sem tryggi eðlilegt endurgjald fyrir þjónustuna. Til að standa straum af þessum greiðslum skal innheimta jöfnunargjald og skal það ákveðið árlega með lögum með hliðsjón af fyrirsjáanlegri fjárþörf.

Í samræmi við reglugerð um alþjónustu, nr. 216/1998, auglýsti Póst- og fjarskiptastofnun eftir umsóknum um fjárframlög vegna alþjónustukvaða. Ein umsókn barst um fjárframlög á árinu 2000 og var hún frá Neyðarlínunni hf. Farið var fram á 19 millj. kr. framlag vegna kostnaðar við neyðarsímsvörun sem telst vera alþjónusta og fyrirtækinu hefur verið gert skylt að veita. Með umsókninni fylgdu fullnægjandi gögn um kostnað sem umsækjandi ber af alþjónustukvöð. Póst- og fjarskiptastofnun áætlar því að greiða 19 millj. kr. úr jöfnunarsjóði á árinu.

Lagt er til að jöfnunargjald verði ákveðið 0,18% fyrir árið 2000. Prósentutala þessi er miðuð við veltu gjaldskyldra aðila árið 1998 (u.þ.b. 11,5 milljarðar kr.) og fjárþörf sjóðsins árið 2000.

Lagt er til að heimilað verði að innheimta fyrirframgreiðslu þar til endanleg álagning liggur fyrir svo að hefja megi greiðslu fjárframlaga sem fyrst, en augljóst er að fyrirtæki getur reynst erfitt að reka þjónustuna með tapi mánuðum saman. Jöfnunarsjóður hefur ekkert fé til ráðstöfunar í dag enda hefur jöfnunargjald ekki verið innheimt hingað til og þurfa fyrirframgreiðslur því að hefjast við fyrsta mögulegt tækifæri. Við undirbúning fjarskiptalaga var sérstök athygli fjarskiptafyrirtækja vakin á þessu ákvæði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að setja á jöfnunargjald vegna alþjónustu. Í 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, er kveðið á um að jöfnunargjald skuli ákveðið árlega með lögum. Samkvæmt lögunum má skylda fjarskiptafyrirtæki til þess að veita svokallaða alþjónustu sem er skilgreind í 13. gr. laganna. Ef þjónustan felur í sér meiri tilkostnað en sem nemur tekjum getur viðkomandi fyrirtæki krafist fjárframlaga sem tryggja eðlilegt endurgjald fyrir þjónustuna. Til að standa straum af þessum greiðslum skal innheimt jöfnunargjald sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar og skal það ákveðið árlega með lögum. Í frumvarpinu er lagt til að jöfnunargjaldið fyrir árið 2000 verði 0,18% af veltu fjarskiptafyrirtækja vegna almennrar þjónustu. Ef miðað er við veltu gjaldskyldra aðila á árinu 1998 sem var 11,5 milljarðar kr. ætti jöfnunargjaldið að skila u.þ.b. 20 m.kr. í ríkissjóð. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir tekjum á móti gjöldum.

748. Frumvarp til laga [469. mál]

um hópuppsagnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um hópuppsagnir atvinnurekanda á starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra þegar fjöldi starfsmanna, sem sagt er upp á 30 daga tímabili, er:

a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,
b. að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
c. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

Við útreikning á fjölda þeirra sem sagt er upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningarsamnings einstakra starfsmanna sem jafngilda hópuppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

2. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

a. hópuppsagnir sem koma til framkvæmda samkvæmt ráðningarsamningum sem gerðir eru til ákveðins tíma eða vegna sérstakra verkefna nema slíkar uppsagnir eigi sér stað áður en þeir samningar renna út eða verkefni lýkur,
b. áhafnir skipa.

3. gr.

Ákvæði 7. gr. og 1. mgr. 8. gr. gilda ekki þegar starfsemi fyrirtækis stöðvast vegna dómsúrskurðar. Þó skal atvinnurekandi senda svæðisvinnumiðlun tilkynningu skv. 7. gr. fari svæðisvinnumiðlun fram á það.

4. gr.

Ákvæði laga þessara gilda án tillits til þess hvort ákvörðun um hópuppsagnir er tekin af atvinnurekanda sjálfum eða öðru fyrirtæki sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart honum.

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessum lögum getur atvinnurekandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

II. KAFLI
Upplýsingar og samráð.

5. gr.

Áformi atvinnurekandi hópuppsagnir skal hann svo fljótt sem auðið er hafa samráð við trúnaðarmann stéttarfélaga eða, ef ekki hefur verið kjörinn trúnaðarmaður, við annan fulltrúa starfsmanna, sem þeir hafa til þess valið, með það fyrir augum að ná samkomulagi.

Í samráði felst skylda atvinnurekanda til að kynna og ræða við trúnaðarmann eða fulltrúa starfsmanna, sbr. 1. mgr., um áformin, rökstyðja þau og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri, áður en endanleg ákvörðun er tekin af atvinnurekanda.

Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda flutning í önnur störf eða endurhæfingu starfsmanna sem áformað er að segja upp.

Ef sérstök nauðsyn krefur er trúnaðarmanni eða fulltrúa starfsmanna, sbr. 1. mgr., heimilt kveðja til sérfræðinga sér til aðstoðar meðan á samráði stendur. Kostnaður af störfum sérfræðinga er atvinnurekanda óviðkomandi.

6. gr.

Atvinnurekandi skal vegna samráðs aðila skv. 5. gr. láta trúnaðarmanni eða fulltrúa starfsmanna, sbr. 1. mgr. 5. gr., í té allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar uppsagnir og að minnsta kosti tilgreina skriflega:

a. ástæður fyrirhugaðra uppsagna,
b. fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp og hvaða störfum þeir gegna,
c. hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna,
d. á hvaða tímabili fyrirhugaðar uppsagnir eiga að koma til framkvæmda,
e. viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp,
f. upplýsingar um sérstakar greiðslur til starfsmanna vegna uppsagna aðrar en þær sem kveðið er á um í lögum eða kjarasamningum og hvernig þessar greiðslur eru reiknaðar.

Atvinnurekandi skal senda svæðisvinnumiðlun afrit af þeim skriflegu upplýsingum sem um getur í a–e-lið 1. mgr.

III. KAFLI
Tilkynning til svæðisvinnumiðlunar.

7. gr.

Atvinnurekandi skal, að höfðu samráði skv. 5. og 6. gr., senda svæðisvinnumiðlun í því umdæmi þar sem viðkomandi starfsmenn vinna skriflega tilkynningu um fyrirhugaðar uppsagnir. Í tilkynningunni skulu koma fram allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar hópuppsagnir og um samráð skv. 5. og 6. gr., einkum ástæður uppsagnanna, hve mörgum starfsmönnum stendur til að segja upp, hve margir starfsmenn eru að jafnaði í vinnu og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að taka gildi.

Atvinnurekandi skal koma afriti af tilkynningu skv. 1. mgr. til fulltrúa starfsmanna.

Trúnaðarmaður eða fulltrúi starfsmanna, sbr. 1. mgr. 5. gr., getur komið á framfæri öllum athugasemdum starfsmanna við svæðisvinnumiðlun.

8. gr.

Uppsagnir samkvæmt lögum þessum taka fyrst gildi 30 dögum eftir að tilkynning um uppsagnir skv. 7. gr. berst svæðisvinnumiðlun.

Svæðisvinnumiðlun skal nota frestinn skv. 1. mgr. til að leita lausnar á þeim vanda sem fyrirhugaðar uppsagnir munu valda.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

9. gr.

Uppsagnarfrestur starfsmanna samkvæmt lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum breytist ekki þrátt fyrir ákvæði laga þessara, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 8. gr. að því er snertir þá starfsmenn sem eiga styttri uppsagnarfrest en 30 daga.

10. gr.

Trúnaðarmaður eða fulltrúi starfsmanna, sbr. 1. mgr. 5. gr., sérfræðingar skv. 4. mgr. 5. gr. og atvinnurekandi eða fulltrúar hans skulu gæta trúnaðar varðandi upplýsingar sem gefnar eru samkvæmt ákvæðum þessara laga.

11. gr.

Atvinnurekandi sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

12. gr.

Brot gegn 5.–7. gr. laga þessara geta varðað sektum sem renna í ríkissjóð.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

V. KAFLI
Gildistaka.
14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 95/1992, um hópuppsagnir, ásamt síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Lög nr. 95/1992, um hópuppagnir, tóku gildi hér á landi í kjölfar fullgildingar Íslands á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Lögin eru byggð á tilskipun ráðsins nr. 75/129/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir. Lögum nr. 95/1992 var breytt með lögum nr. 135/1994 vegna tilskipunar ráðsins nr. 92/56/EBE um breytingu á tilskipun 75/129/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir.

Tilskipun ráðsins nr. 98/59/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir var tekin upp í viðauka XVIII við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar þann 30. apríl 1999. Með henni var efni eldri tilskipananna, sem að framan greinir, steypt saman auk þess sem nokkru efni var bætt við.

Frumvarp þetta er lagt fram með hliðsjón af nauðsynlegum lagabreytingum vegna tilskipunar 98/59/EB. Auk þess eru lagðar til nokkar breytingar á gildandi lögum sem einkum miða að því að gera lögin skýrari og að stuðla að bættri framkvæmd þeirra.

II. Breytingar frá gildandi lögum.

Helstu breytingar sem lagðar eru til frá gildandi lögum um hópuppsagnir með frumvarpi þessu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að lögunum verði skipt upp í fimm kafla, en gildandi lög eru ekki kaflaskipt. Með því að skipa saman ákvæðum sem samstöðu eiga undir sérstök kaflaheiti er stefnt að betri skilningi á réttindum og skyldum sem gilda eiga í samskiptum atvinnurekanda og fulltrúa starfsmanna annars vegar og á milli atvinnurekanda og svæðisvinnumiðlana hins vegar að því er snertir framkvæmd laganna.

2. Í gildandi lögum er kveðið á um að atvinnurekandi skuli tilkynna stjórn vinnumiðlunar um áformaðar hópuppsagnir. Vegna ákvæða laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, er nauðsynlegt að leggja til breytingar á ákvæðum laga um hópuppsagnir. Samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir hafa svokölluð svæðisráð tekið við hlutverki stjórnar vinnumiðlunar. Í frumvarpi þessu er lagt til að atvinnurekandi skuli beina tilkynningu um hópuppsagnir til svæðisvinnumiðlunar í því umdæmi þar sem atvinnustarfsemi hans fer fram.

3. Gildandi lög taka ekki til starfsmanna sem missa vinnu sína þegar starfsemi fyrirtækis stöðvast vegna dómsúrskurðar. Til samræmis við ákvæði tilskipunar 92/56/EBE er lagt til að til að lögin nái að meginefni til einnig til þessara tilvika. Undanþágur frá því eru byggðar á heimildarákvæðum tilskipunar 98/59/EB.

4. Lagt er til að kveðið verði á um að fulltrúa starfsmanna verði heimilt að kveðja til sérfræðinga sér til aðstoðar á meðan á samráði samkvæmt lögunum stendur.

5. Lagt er til að 6. gr. gildandi laga verði felld brott, en þar segir orðrétt: „Leiði ráðgerður samdráttur eða aðrar ráðgerðar breytingar í fyrirtæki til uppsagnar fjögurra eða fleiri starfsmanna er atvinnurekanda skylt að tilkynna uppsagnir til vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og viðkomandi verkalýðsfélags með tveggja mánaða fyrirvara.“ Ákvæði þetta á rætur að rekja til 55. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl. (Ólafslaga). Þar sem tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði hafa ekki sérstaka þýðingu varðandi framkvæmd lag-

anna eða efnislega samstöðu með öðrum ákvæðum þeirra þykir rétt að leggja til að ákvæðið verði fellt brott.

6. Þá er lagt til að ákvæði laga um hópuppsagnir verði bundin viðurlögum. Á íslenskum stjórnvöldum hvílir sú skylda að tryggja að tilskipunum Evrópusambandsins, sem teknar eru upp í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins, sé fylgt eftir í framkvæmd. Í því markmiði er lagt til að brot atvinnurekanda á skyldum sínum hvað varðar samráð og upplýsingagjöf vegna áformaðra hópuppsagna geti leitt til skaðabótaskyldu hans gagnvart starfsmönnum auk þess sem mælt er fyrir um að brot gegn lögunum geti varðað sektum sem renni í ríkissjóð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er sama efnis og 1. gr. gildandi laga. Orðið „fastráðnum“ í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga er þó fellt brott þar sem sú takmörkun að miða fjölda þeirra sem sagt er upp við fastráðna starfsmenn samræmist ekki tilskipun 98/59/EB. Tekið skal fram að í fyrstu málsgrein er 30 daga tímabilið miðað við ákvörðun atvinnurekanda um uppsögn án tillits til þess hvenær uppsagnir einstakra starfsmanna taka gildi, þ.e. án tillits til lengdar uppsagnarfrests þeirra.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um undanþágur frá gildissviði frumvarpsins og eru ákvæði a- og b-liðar samhljóða a- og b-lið 5. gr. gildandi laga, sbr. einnig a- og c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 98/59/EB. Þá er lagt til að undanþága c-liðar 5. gr. gildandi laga, varðandi starfsmenn sem missa vinnu þegar starfsemi fyrirtæki stöðvast vegna dómsúrskurðar, verði felld brott þar sem þessi undanþáguheimild er ekki í tilskipuninni.

Um 3. gr.

Ákvæðið er nýmæli sem tengist breytingu á gildissviði laganna, sbr. 2. gr., þar sem lagt er til að þau nái til þess er starfsmenn missa vinnu sína þegar starfsemi fyrirtækis stöðvast vegna dómsúrskurðar. Með hliðsjón af 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 98/59/EB er hér lagt til að atvinnurekenda verði ekki skylt að tilkynna hópuppsagnir til svæðisvinnumiðlunar þegar starfsemi stöðvast af þessum sökum. Þó verði atvinnurekanda skylt að senda svæðisvinnumiðlun slíka tilkynningu fari hún fram á það. Í 4. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar er enn fremur gert ráð fyrir heimild aðildarríkja til að kveða á um að sú regla að uppsagnir taki ekki gildi fyrr en 30 dögum eftir að tilkynning um hópuppsagnir berst svæðisvinnumiðlun, sbr. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins, skuli ekki gilda við þessar aðstæður. Lagt er til að þessi undanþáguheimild verði nýtt, einkum á þeim grundvelli að önnur sjónarmið eiga við varðandi uppsagnarfrest starfsmanna þegar rekstur stöðvast vegna dómsúrskurðar en þegar um er að ræða samdrátt í rekstri.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli sem byggist á 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 98/59/EB. Í ákvæði þessu er kveðið á um að skuldbindingar sem hvíla á atvinnurekanda samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar gildi óháð því hvort ákvörðun um hópuppsagnir er tekin af atvinnurekanda eða af fyrirtæki sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart honum.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 4. mgr. 4. gr. gildandi laga eins og henni var breytt með lögum nr. 135/1994, um breytingu á lögum nr. 95/1992, um hópuppsagnir.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. eru í samræmi við 1. og 2. mgr. 2. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Hugtakið samráð er ekki skilgreint í gildandi lögum. Í dómi Félagsdóms frá 3. febrúar 1992, í máli nr. 7/1991, segir að samráð feli í sér þá skyldu að ræða og kynna mótaðila áformin, rökstyðja þau og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áður en endanleg ákvörðun er tekin. Ákvæði 2. mgr. sem er nýmæli byggir á þessari skilgreiningu. Í þessu sambandi skal bent á að skylda atvinnurekanda til samráðs við trúnaðarmann verður virk þegar hann hefur uppi áform um hópuppsagnir. Er þá gert ráð fyrir að hann hefji samráðið tímanlega og áður en hann hefur tekið ákvörðun um uppsagnirnar. Atvinnurekandinn skal þá upplýsa trúnaðarmann eða fulltrúa starfsmanna um áform sín og veita honum svo fljótt sem auðið er þær upplýsingar sem kveðið er á um í 6. gr. til að gera honum kleift að koma með raunhæfar tillögur. Í samráðinu felst þannig að trúnaðarmaðurinn á rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin af atvinnurekanda. Skal þá að minnsta kosti fjalla um þau atriði sem kveðið er á um í 3. mgr. 5. gr. með það fyrir augum að ná samkomulagi. Það á annars vegar við um möguleika á að komast hjá hópuppsögnum eða fækka þeim sem fyrir þeim verða og hins vegar að draga úr afleiðingum þeirra. Jafnframt er ljóst að í samráði felst ekki áskilnaður um samþykki trúnaðarmanns eða fulltrúa starfsmanna fyrir þeim ákvörðunum sem atvinnurekandi tekur að höfðu samráði.

Í 4. mgr. er lagt til það nýmæli að trúnaðarmanni verði heimilt að leita aðstoðar sérfræðings eða sérfræðinga meðan á samráði aðila stendur. Ákvæðið er byggt á 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 98/59/EB. Ákvæðinu er ætlað að stuða að jafnræði aðilanna en jafnframt er gert ráð fyrir að því verði aðeins beitt í undantekningartilvikum. Fer þá eftir aðstæðum hverju sinni um hvers konar sérfræðing getur verið um að ræða.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um upplýsingagjöf atvinnurekanda vegna samráðs hans við starfsmenn eða fulltrúa þeirra.

Ákvæði 1. mgr., sem á sér hliðstæðu í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 98/59/EB, er í meginatriðum samræmi við 3. og 4. mgr. 2. gr. gildandi laga. Í gildandi lögum segir í 4. mgr. 2. gr. að atvinnurekandi skuli gefa skriflegar upplýsingar um aðferðir við útreikninga á greiðslum vegna uppsagnar. Þess í stað er hér lagt til að í f-lið verði mælt fyrir um upplýsingaskyldu atvinnurekanda vegna sérstakra greiðslna umfram það sem leiðir af lögum og kjarasamningum, þ.e. umfram hefðbundnar greiðslur í uppsagnarfresti. Sú breyting helgast af ákvæði vi-liðar 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar sem gerir ráð fyrir að um geti verið að ræða sérstakar greiðslur við starfslok starfsmanna.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 5. mgr. 2. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að í stað stjórnar vinnumiðlunar í viðkomandi umdæmi er gert ráð fyrir að atvinnurekandi sendi svæðisvinnumiðlun afrit af upplýsingum skv. a–e-lið 1. mgr. Helgast sú breyting af ákvæðum laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, svo sem nánar er gerð grein fyrir í almennum athugasemdum.

Um 7. gr.

Greinin er sama efnis og 3. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er þó skýrar en í gildandi lögum greint á milli upplýsingaskyldu atvinnurekanda gagnvart svæðisvinnumiðlun skv. 2. mgr. 6. gr. og þeirrar tilkynningarskyldu sem hvílir á honum samkvæmt þessari grein. Þannig er gert ráð fyrir að tilkynning skv. 1. mgr. eigi sér fyrst stað eftir að samráð skv. 5. og 6. gr. hefur

átt sér stað. Í þessu sambandi skal bent á að regla 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins þess efnis að uppsagnir taki ekki gildi fyrr en 30 dögum eftir að tilkynning atvinnurekanda er send svæðisvinnumiðlun á við um tilkynningu skv. 1. mgr.

Um 8. gr.

Greinin er í samræmi við 1. og 2. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Til nánari skýringar skal tekið fram að þegar stafsmaður hefur skemmri uppsagnarfrest en 30 daga leiðir af 1. mgr. að uppsagnarfresturinn lengist og verður 30 dagar. Í þeim tilvikum þar sem starfsmaður á lengri uppsagnarfrest samkvæmt lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum gildir sá ráðningarfrestur, sbr. ákvæði 9. gr. Skv. 1. mgr. byrjar 30 daga fresturinn að líða á þeim degi þegar tilkynning atvinnurekanda berst svæðisvinnumiðlun.

Um 9. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 5. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Er í því lagt til að brot atvinnurekenda gegn lögunum geti varðað skaðabótum samkvæmt almennum reglum.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að brot atvinnurekanda gegn 5–7. gr., sem varða skyldur atvinnurekenda til upplýsinga og samráðs við starfsmenn og tilkynningaskyldu gagnvart svæðisvinnumiðlunum, geti varðað sektum sem renna í ríkissjóð. Ákvæðinu er, til viðbótar 11. gr., ætlað að stuðla að réttri framkvæmd laganna.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um hópuppsagnir.

Frumvarp þetta er lagt fram með hliðsjón af nauðsynlegum lagabreytingum vegna tilskipunar 98/59/EB. Auk þess eru lagðar til nokkrar breytingar á gildandi lögum sem einkum miða að því að gera lögin skýrari og stuðla að bættri framkvæmd þeirra.

Verði frumvarpið að lögum er ekki talið að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

749. Skýrsla [470. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 1999.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 1999

1. Inngangur.

Ísland hafði með höndum formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 1999. Formennska á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar er krefjandi starf en jafnframt gefandi, því hún gefur formennskulandinu færi á að koma áherslumálum sínum að í samstarfinu. Stefnan um kjarna samstarfsins er þó mótuð á grundvelli sameiginlegra hagsmuna landanna til lengri tíma en eins árs. Því ber formennskulandinu að fylgja eftir þegar mótaðri stefnu jafnframt því sem leitast er við að endurnýja starfsemina og koma að nýjum málum.

Þau markmið sem stefnt var að á formennskuári Íslands voru sett fram í sérstakri formennskuáætlun þar sem gerð var grein fyrir forgangsmálum Íslands á öllum sviðum samstarfsins. Vegna þeirrar sérstöku áherslu sem lögð var af hálfu Íslands á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og lífskjör á Vestur-Norðurlöndum og öðrum norðlægum slóðum var jafnfram lögð fram sérstök markmiðslýsing undir yfirskriftinni „Fólk og haf í norðri".

„Fólk og haf í norðri" og formennskuáætlunin voru lagðar fram sem hluti skýrslu samstarfsráðherra til Alþingis um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 1998. Báðar áætlanirnar eru aðgengilegar á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar. Við lok formennskutímabilsins um síðastliðin áramót gaf síðan Norræna ráðherranefndin út lokaskýrslu með upplýsingum um stöðu áherslumála Íslands, og er hana einnig að finna á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar. Hún sýnir að störfin á árinu gengu vel og að árangur varð umtalsverður. Mikils vert er jafnframt að Danir, sem tóku við formennsku af okkur Íslendingum við áramót, kváðust í formennskuáætlun sinni mundu halda áfram að fylgja eftir áherslumálum okkar.

2. Störf forsætisráðherra Norðurlanda.

Í tilefni forustu Íslands í samstarfinu árið 1999 hélt Davíð Oddsson forsætisráðherra stefnuræðuna á þingi Norðurlandaráðs í Ósló í nóvember 1998 og gerði þar grein fyrir markmiðum Íslands á formennskuárinu og horfum í samstarfinu.

Forsætisráðherrar landanna áttu á árinu þrjá reglulega fundi og að auki fundi með forsætisráðherra Japans, forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna, stjórnarleiðtogum Færeyja, Grænlands og Álandseyja og forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Fyrsti forsætisráðherrafundur ársins var haldinn í febrúar í Helsingfors og voru þar til umræðu helstu mál á dagskrá ESB. Þá var þar rædd afstaða norrænu ESB-ríkjanna til aðildar að Myntbandalaginu og málefni þess almennt ásamt stöðu seðlabanka aðildarríkjanna gagnvart Evrópska seðlabankanum.

Á þeim fundi voru og kynnt áform ríkisstjórnar Íslands um að halda ráðstefnuna „Konur og lýðræði" í samstarfi við Bandaríkjastjórn. Jafnframt voru kynntar óskir Íslands um að Norræna ráðherranefndin kæmi að ráðstefnuhaldinu sem meðskipuleggjandi.

Meginefni fundar forsætisráðherranna í febrúar með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna voru aðildarviðræður Eystrasaltsríkjanna við ESB og aðlögunarferli þeirra og banda-

lagsins vegna fjölgunar aðildarríkjanna. Formennska Finnlands í ESB, Myntbandalagið, efnahagsvandinn í Rússlandi og samstarfið í Eystrasaltsráðinu og leiðtogafundur þess var þar og á dagskrá.

Forsætisráðherrarnir héldu sumarfund sinn í Reykjavík í júní. Þar var staðan hvað varðar framkvæmd formennskuáætlunar Íslands og frumundirbúningur formennskuáætlunar Danmerkur í norrænu samstarfi kynnt. Störf og fjárhagur Norrænu ráðherranefndarinnar voru þar og til umræðu ásamt stöðu sjálfstjórnarsvæðanna í samstarfinu.

Staða mála á vettvangi ESB og í Evrópu allri var að venju á dagskrá og málefni Kosovo í brennidepli. Nauðsyn þess að tryggja hagsmuni Íslands og Noregs, verði Vesturevrópusambandið (VES) fellt inn í ESB, var rædd sérstaklega.

Formennskuáætlun Finnlands í ESB var kynnt og rædd á fundinum og forsætisráðherra Finnlands, Paavo Lipponen kvað Finnland sem formennskuland mundu leggja sérstaka rækt við upplýsingagjöf og samstarf við Ísland og Noreg. Hann kvað utanríkisráðherrum Íslands og Noregs verða ásamt utanríkisráðherrum annarra ríkja, sem Norðlæga víddin snertir, boðið til þess utanríkisráðherrafundar ESB sem haldinn yrði í Helsingfors í nóvember um Norðlægu víddina.

Á fundinum var einnig gerð grein fyrir stöðu mála í öðru alþjóðlegu samstarfi, þar sem Norðurlönd voru í forsvari á árinu.

Fundur norrænu forsætisráðherranna með forsætisráðherra Japans var haldinn í Reykjavík í lok júní í framhaldi sumarfundar ráðherranna. Á fundinum, sem var annar í röð funda forsætisráðherra þessara landa, var til umræðu fyrirkomulag velferðarmála, aðgerðir gegn atvinnuleysi ásamt samstarfi Japans og Norðurlanda um að kanna afleiðingar af því að meðalaldur þjóðanna er að hækka. Einnig gerði forsætisráðherra Japans, Keizo Obuchi, friðargæslu norrænu ríkjanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að umtalsefni og kvað Japan hafa fullan hug á að starfa með norrænu ríkjunum að því í upphafi nýrrar aldar að ríki heims yrðu í stakk búin til að takast á við nýjar ógnir þannig að öldin geti orðið friðsæl og mannvæn.

Á fundinum voru og til umræðu skipulagsmál Sameinuðu þjóðanna, fjármál þeirra og starfsemi Öryggisráðsins, alþjóðleg efnahagsmál og ýmis svæðisbundin mál.

Á fundi forsætisráðherranna í Stokkhólmi, sem haldinn var í tengslum við Norðurlandaráðsþing í nóvember sl., var formennskuáætlun Danmerkur í norrænu samstarfi kynnt og gerð grein fyrir því að norrænu velferðarkerfin og þær ögranir sem fælust í því að standa vörð um þau, yrði í fyrirrúmi á formennskuárinu. Einnig var þar kynnt sú eftirfylgni, sem hafin er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar vegna yfirlýsingar forsætisráðherranna frá fyrra ári um sjálfbær Norðurlönd.

Að venju var staða mála hjá ESB á dagskrá fundarins. Fyrirhuguð fjölgun aðildarríkja bandalagsins var rædd ásamt þeim breytingum sem nauðsynlegt yrði að gera á skipulagi sambandsins af því tilefni. Lögð var á það áhersla að þar sem fjölgun aðildarríkja ESB hefði í för með sér sömu fjölgun aðildarríkja EES væri brýnt að þeim EES-ríkjum sem stæðu utan ESB gæfist færi á að fylgjast náið með gangi aðildarviðræðnanna.

Öryggis- og varnarþáttur ESB var á dagskrá og forsætisráðherra Íslands lagði á það áherslu að forsenda þess að sameiginleg varnar- og öryggisstefna ESB væri ásættanleg fyrir Ísland væri að tengslin yfir Atlantshafið á sviði varnarmála yrðu ekki veikt og að áhrif þeirra Evrópuríkja, sem eru aðilar Atlantshafsbandalagsins án þess að vera aðilar ESB, breyttust ekki til hins verra. Jafnframt lagði hann áherslu á mikilvægi þess að þessi sjónarmið yrðu virt á leiðtogafundi ESB í Helsinki í desember.

Á fundi forsætisráðherranna með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna í Stokkhólmi kynnti forsætisráðherra Íslands niðurstöður ráðstefnunnar „Konur og lýðræði“, sem haldin

hafði verið mánuði fyrr í Reykjavík, með það að markmiði að stuðla að aukinni þátttöku kvenna í lýðræðisþróuninni. Forsætisráðherra lýsti væntingum um að ráðstefnunni yrði fylgt eftir á ráðstefnu um jafnréttismál í Litháen árið 2001. Auk fulltrúa frá norrænu ríkjunum höfðu fulltrúar frá Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum sótt ráðstefnuna.

Eins og á fyrri fundinum með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna í febrúar voru aðildarviðræðurnar við ESB og aðlögunarferlið sem af aðild leiðir á dagskrá fundarins í nóvember. Af hálfu Eystrasaltsríkjanna var því lýst yfir að vegna þeirrar samhygðar og vináttu sem ríkt hefði milli Eystrasaltsríkjanna og norrænu landanna væri það sérlega mikilvægt að fá upplýsingar um afstöðu þeirra til mála á dagskrá ESB. Á fundinum var þar rætt hið alvarlega ástand sem skapast hafði vegna átakanna í Tjetjeníu.

Á fundi forsætisráðherranna með stjórnarleiðtogum Álandseyja, Færeyja og Grænlands voru m.a. samningar Grænlands við ESB til umræðu. Þar voru og kynntar tillögur Grænlands um hvernig gera megi málefni Norðurskautssvæðanna sýnileg í Norðlægu víddinni. Einnig voru kynnt og rædd þar helstu mál fundar forsætisráðherranna fyrr um morguninn.

Aðalefni fundar forsætisráðherranna með forsætisnefnd Norðurlandaráðs í Stokkhólmi var þróunin í Evrópu á sviði öryggis- og varnarmála og stækkunarferli ESB.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda.

Hlutverk.

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra var samstarfsráðherra fyrri hluta ársins og formaður í hópi norrænu samstarfsráðherranna þar til ný ríkisstjórn tók við völdum að afstöðnum kosningum til Alþingis þann 28. maí. Þá tók Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra, við störfum samstarfsráðherra.

Samstarfsráðherrar og forsætisráðherrar Norðurlanda setja samstarfinu pólitísk markmið og eitt mikilvægasta hlutverk samstarfsráðherranna er að stuðla að því að starfsemin sé í samræmi við þau. Auk þessarar stefnumótunar, er norræna fjárlagagerðin og skipting fjárveitinganna milli samstarfsverkefna og samstarfssviða ríkur þáttur í starfi samstarfsráðherranna. Samstarfsráðherrarnir fara og með upplýsingamálin og þau samstarfsmál sem eru þverfagleg eða falla af öðrum ástæðum ekki að hlutverki neinnar fagráðherranefndar. Þeirra helst er samstarfið við grannsvæði norrænu landanna.

Norræna samstarfsnefndin, sem starfar í umboði samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra, er stjórn aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Fjárlögin.

Árið 1999 voru fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar 741 millj. d.kr. á núvirði. Með undantekningu fyrir árin 1995 og 1996, þegar drjúg hækkun varð tímabundið, hafa þau staðið nánast í stað síðan árið 1993. Á þessu tímabili hefur hins vegar orðið sú breyting á starfseminni að grannsvæðasamstarfið hefur aukist frá því að vera nánast ekkert í upphafi tímabilsins upp í að taka til 20% heildarramma fjárveitinganna árið 1999.

Það er, og var frá upphafi, sátt milli norrænu landanna um að taka virkan þátt á norrænum vettvangi í nauðsynlegri uppbyggingu í Eystrasaltsríkjunum og nálægum svæðum eftir fall Sovétríkjanna. Hjá því verður þó ekki litið að sú lækkun á fjárveitingum til hins hefðbundna innra samstarfs norrænu landanna sem af þessu hefur leitt, veldur því að sífellt er erfiðara að verða við þeim pólitísku kröfum sem gerðar eru til starfsins; kröfum um að nýjum áherslum sé fylgt eftir með aðgerðum, norrænt samstarf notað til að auka lífsgæði og samkennd á Norðurlöndum og sýna almenningi þannig fram á gildi samstarfsins.

Í hópi samstarfsráðherranna er hafinn undirbúningur fjárlagagerðar ársins 2001 en ekki er ljóst hvort sátt næst um hækkun heildarrammans. Samtímis hefur verið hafist handa um endurskoðun norrænu fjárlagagerðarinnar. Markmið hennar er að gera fjárlögin þannig úr garði að unnt verði að nota þau betur en áður til að stýra fjárstreyminu að þeim verkefnum, sem pólitískur vilji er fyrir. Niðurstöður endurskoðunarinnar munu þó ekki nýtast fyrr en við fjárlagagerð fyrir árið 2002. Endurskoðun þessi er í raun síðasti þáttur þeirrar heildarendurskoðunar, sem gerð hefur verið á allri starfsemi ráðherranefndarinnar á undanförnum árum.

Evrópu- og önnur alþjóðamál.

Norrænt samráð um Evrópumál var eitt höfuðmarkmið endurskoðunar þeirrar sem forsætisráðherrar landanna létu gera á samstarfinu árið 1995 í kjölfar aðildar Svía og Finna að Evrópusambandinu. Þá þegar átti sér stað reglubundið samráð milli forsætisráðherra og utanríkisráðherra Norðurlanda um pólitísk stefnumál á Evrópu- og öðrum alþjóðavettvangi. Hins vegar skorti oft nægar upplýsingar bæði hjá ráðherranefndinni og Norðurlandaráði um stöðu mála hjá Evrópusambandinu til að skrifstofur ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs gætu undirbúið umræður og lagt grunn að óformlegu samráði innan sinna vébanda um Evrópumál. Því var tekið upp samstarf við norrænu sendiráðin hjá Evrópusambandinu í Brussel með gagnkvæma upplýsingamiðlun og starfsmannaskipti að markmiði.

Það var svo ekki fyrr en á liðnu ári, þegar Ísland fór með formennsku bæði í samstarfi norrænu sendiráðanna í Brussel og hjá ráðherranefndinni, sem þetta starf leiddi fyrst til umtalsverðs árangurs, sem fólst bæði í skipulagðri upplýsingagjöf um mál á dagskrá ESB og starfsmannaskiptum. Einnig var að frumkvæði þáverandi samstarfsráðherra haldinn vel sóttur fundur í Reykjavík í mars sl. þar sem sendiherra Íslands og sendifulltrúi í Brussel kynntu þeim embættismönnum sem stýrðu nefndum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar stöðu mála og héldu fram mikilvægi góðra tengsla við lykilfólk hjá Evrópusambandinu á hinum ýmsu fagsviðum. Mælst var til þess að sem flestar ráðherra- og embættismannanefndir héldu árlega fundi í Brussel í þessu skyni. Eins var hvatt til þess að norrænu ráðherrarnir héldu óformlega forfundi fyrir ráðsfundi ESB. Þegar hafa bæði umhverfisráðherrar og orkumálaráðherrar Norðurlanda haldið slíka fundi sem hafa gefið góða raun. Nokkrar embættismannanefndir hafa og haldið fundi í Brussel í sama skyni. Jafnframt hafa tengslin milli Brusselsendiráðanna, Norðurlandaskrifstofanna og ráðherranefndarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn styrkst til muna á árinu.

Sendiráð Íslands í Brussel hélt í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina og viðkomandi ráðuneyti á Íslandi tvö málþing á árinu. Annað var haldið í tilefni útgáfu og kynningu á bókinni „Jafnrétti og lýðræði? – konur og stjórnvöld á Norðurlöndum". Hitt, sem haldið var í samstarfi við Norðurlandaskrifstofu, var um umhverfisþátt Norðlægu víddarinnar. Málþingið um umhverfisþátt Norðlægu víddarinnar sóttu fulltrúar norrænu ríkjanna, Rússlands, Eystrasaltsríkjanna og Portúgals auk framkvæmdastjórnar ESB. Þar voru lögð fram sjónarmið um drög að innihaldi Norðlægu víddarinnar á umhverfissviði, sem síðan var til meðferðar á fundi þeim, sem utanríkisráðherrar ESB áttu í Helsinki í nóvember sl. með utanríkisráðherrum þeirra ríkja utan ESB, sem Norðlæga víddin snertir. Þetta málþing leiddi þannig til þess að sjónarmið Íslands og fleiri landa utan ESB í þessu mikilvæga máli komu á borð ESB.

Samstarfsráðherrarnir héldu á árinu að venju einn fund í Brussel með sendiherrum norrænu ríkjanna hjá ESB. Þar voru kynnt og rædd mál á dagskrá ESB sem höfðu sérstaka þýðingu fyrir Norðurlönd. Á dagskrá voru m.a. formennskuáætlanir norrænu ESB-ríkjanna, Dagskrá 2000, Schengen samstarfið, Norðlæga víddin, umhverfis- og atvinnumál.

Grannsvæðasamstarfið.

Grannsvæðasamstarfið tekur nú ekki eingöngu til samstarfs við Eystrasaltsríkin og norðvestlæg svæði í Rússlandi heldur einnig til samstarfs um málefni Norðurskautssvæðanna. Norræna ráðherranefndin rekur upplýsingaskrifstofur í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna þriggja og í Pétursborg. Og nú er hafinn undirbúningur að stofnun útibús í Kaliningrad frá upplýsingaskrifstofunni í Pétursborg með það að markmiði að starfsemi geti hafist þar árið 2000.

Þó samstarfið um málefni Norðurskautssvæðanna hafi fengið fastan sess í grannsvæðasamstarfinu, vantar enn mikið á að það hafi náð því umfangi, sem æskilegt væri í ljósi þess að Íslendingar hafa bent á mörg sameiginleg hagsmunamál norðlægra svæða. Þau varða aukin tengsl innan svæðisins, kynningu út á við á lífsskilyrðum og rannsóknir á umhverfis- og auðlindamálum þess. Fagnaðarefni er þó að fimm ára rannsóknaráætlun um málefni Norðurskautssvæðanna hefur nú verið hleypt af stokkunum af menntamálaráðherrum Norðurlanda. Til þess starfs verður varið í allt 30 millj. d.kr.

Í formennskuáætlun Íslands var óskað eftir því að kannað yrði hvort grundvöllur væri fyrir því að taka upp norrænt samstarf við vestlæg grannsvæði Norðurlanda í Skotlandi og eyjunum kringum Skotland ásamt Nýfundnalandi. Með vísan til þess var haldin í Reykjavík í desember sl. ráðstefna með fulltrúum frá þessum svæðum. Þar kom fram eindreginn áhugi á slíku samstarfi sérstaklega um umhverfismál og rannsóknir á umhverfi og lífríki sjávar ásamt ferðamennsku. Möguleikar þess að taka upp norrænt samstarf við vestlæg grannsvæði er meðal þess sem mat verður lagt á af Aldamótanefnd þeirri sem samstarfsráðherrarnir skipuðu fyrr á þessu ári og síðar verður vikið að.

Fjölgun ráðherranefnda.

Þeim málaflokkum sem fjallað er um á norrænum vettvangi fjölgar stöðugt í takt við þær þjóðfélagsbreytingar sem stöðugt eiga sér stað á Norðurlöndum. Sumir þessara nýju málaflokka eru þess eðlis að rétt hefur þótt að stofna sérstakar ráðherranefndir til að fjalla um þá. Formleg ákvörðun var á árinu tekin um að þeir ráðherrar, sem fara með upplýsingatæknimál á Norðurlöndum tækju upp samstarf sem ráðherranefnd. Hún hefur þó ekki enn haldið sinn fyrsta fund. Hins vegar hittust þeir ráðherrar sem fara með varnir gegn fíkniefnum í fyrsta sinn á árinu og drög hafa verið lögð að samstarfi þeirra ráðherra sem fara með matvælaöryggi. Það er framfaraskref að tekið skuli upp pólitískt samstarf um ofan nefnda málaflokka, sem eru meðal forgangsmála í formennskuáætlun Íslands.

Einstök verkefni.

Í apríl sl. ákváðu samstarfsráðherrarnir, að tillögu Halldórs Ásgrímssonar þáv. samstarfsráðherra að skipa sérstaka nefnd, Aldamótanefndina („Vismandspanelet"), til að spá fyrir um þróun mála á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi við upphaf nýrrar aldar. Nefndin skyldi meta í því ljósi hvaða breytinga kunni að vera þörf á norrænu samstarfi til að það verði áfram gagnlegur samstarfsvettvangur stjórnmálamanna á Norðurlöndum. Meðal þess sem fjallað verður um er landfræðileg afmörkun samstarfsins og tengsl þess við annað alþjóðlegt samstarf sem Norðurlönd eru aðilar að. Jón Sigurðsson, bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans stýrir nefndinni, sem í eiga sæti einn fulltrúi frá hverju norrænu landi. Hún skilar áliti sínu 1. september árið 2000. Stefnt er að því að tillaga byggð á áliti nefndarinnar verði lögð fyrir þing Norðurlandaráðs sem háð verður í nóvember árið 2000 í Reykjavík.

Starfrækt hefur verið um tæplega tveggja ára skeið í tilraunaskyni símaþjónusta, nefnd „Halló Norðurlönd" þar sem unnt er að leita upplýsinga um þau réttindi sem norrænir borg-

arar eiga samkvæmt þeim milliríkjasamningum, sem norrænu löndin hafa gert með sér. Þessi þjónusta, sem er liður í því að ryðja úr vegi hindrunum fyrir frjálsri för og flutningum fólks milli norrænu landanna hefur leitt í ljós að þörf er á að halda starfi þessu áfram og taka jafnframt upp markvissari upplýsingamiðlun til stjórnvalda og almennings á Norðurlöndum um þessi réttindi. Símaþjónustan verður því endurbætt og stefnt er að því að símsvöruninni verði sinnt í öllum norrænu löndunum. Jafnframt er stefnt að gerð norrænnar framkvæmdaáætlunar um úrbætur þeim aðilum til handa sem fara milli landanna eða eiga viðskipti yfir landamærin. Þar verður sjónum beint að atvinnulífinu jafnt sem almenningi, enda er norrænt samstarf í atvinnulífinu á Norðurlöndum sífellt að færast í aukana og mikilvægt að greiða slíku samstarfi götu.

Eftir að skrifstofa Norðurlandaráðs var flutt til Kaupmannahafnar frá Stokkhólmi hefur þótt skorta á að norrænt samstarf væri nægilega sýnilegt þar. Því ákváðu samstarfsráðherrarnir á árinu að hafinn yrði rekstur svokallaðs „Norræns glugga" þar í samstarfi við sænsk stjórnvöld, sem leggja til húsnæði fyrir skrifstofuna endurgjaldslaust. Í upphafi ársins 2000 var síðan ákveðið að stofna til sams konar starfsemi í Ósló.

Upplýsingadeildir Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar eru nú reknar sem ein heild en endanleg ákvörðun um sameiningu verður tekin haustið 2000. Á árinu fór fram endurskoðun á stefnu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs í upplýsingamálum. Nýskipaður upplýsingastjóri, Sigrún Stefánsdóttir, fær það hlutverk að koma henni til framkvæmda. Helstu nýmæli stefnunnar er stóraukin nýting upplýsingatækninnar og endurbætur á heimasíðu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs til að auðvelda almenningi í löndunum aðgang að upplýsingum um norræna samstarfið. Nú eru því daglegar fréttir um samstarfið aðgengilegar á www.norden.org, sameiginlegum fréttavef Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar.

4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins.

Ekki er fjallað um utanríkismál innan Norrænu ráðherranefndarinnar og fer samvinnan fram beint á milli landanna, án afskipta skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Undirbúningur og vinna við formennsku Íslands í samstarfi utanríkisráðherra Norðurlanda fór fram í utanríkisráðuneytinu. Utanríkisráðherrafundir Norðurlanda eru tveir á ári og voru þeir báðir haldnir á Íslandi á árinu, sá fyrri 16.–17. febrúar í Reykjavík og sá síðari 29.–30. ágúst á Egilsstöðum, en þá voru einnig haldnir fundir utanríkisráðherra Norðurlanda með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þriggja og sérstakur fundur þessara aðila með utanríkisráðherra Kanada. Á fyrri fundinum var samþykkt yfirlýsing ráðherra um utanríkismál í deiglunni en á þeim síðari var samþykkt sérstök yfirlýsing ráðherra Norðurlandanna þar sem hvatt var til þess að Sameinuðu þjóðirnar sammæltust um bann við herþjónustu barna undir 18 ára aldri.

Samnorræn sendiráðsbygging í Berlín var opnuð 20. október sl. Allir þjóðhöfðingjar og utanríkisráðherrar Norðurlanda voru viðstaddir opnunina. Í tengslum við það bauð Joschka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands, kollegum sínum frá Norðurlöndum til fundar og var aukin samvinna Norðurlanda og Þýskalands þar sérstaklega til umræðu.

Norrænn þróunarmálaráðherrafundur var einnig haldinn á Íslandi á formennskuárinu sem og fundir norrænu ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytanna og fundir ráðuneytisstjóra þróunarmála. Einnig voru haldnir margir samráðsfundir norrænna embættismanna á Íslandi á árinu eins og fylgir formennsku í norrænu samstarfi.

5. Menningarmál.

Í starfsáætlun vegna formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni á árinu voru settir fram eftirfarandi áhersluþættir fyrir samstarfið á sviði menningarmála:

— að fylgja eftir stefnumörkun ráðherranefndar menningarmála um *norrænt menningarsamstarf við árþúsundamót,*
— að stuðla að raunhæfri framkvæmd tillagna um *norræna málstefnu,* m.a. með aðgerðum til að efla gagnkvæma kynningu *barna- og unglingabókmennta* á Norðurlöndum,
— að hugað verði sérstaklega að *stöðu jaðarsvæða og fámennra þjóðarsamfélaga í norrænu menningarsamstarfi,*
— að bæta *hagnýtar upplýsingar* um norræna menningarsamvinnu og þá möguleika sem hún býður,
— að nýta *nútímalega upplýsingatækni* til að auka fjölbreytni samstarfsins og auðvelda aðgang að menningarverðmætum. M.a. verði lögð áhersla á *samvinnu um margmiðlunarverkefni* og stuðning við framleiðslu á norrænu efni fyrir slíka miðlun,
— að tryggja öflugt framhald á starfi *Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins,*
— að efla samstarf um *norræna menningarkynningu utan Norðurlanda,* m.a. í tengslum við þúsund ára minningu landafunda norrænna manna í Vesturálfu.

Í því yfirliti sem hér fer á eftir er m. a. tekið mið af þessum áhersluþáttum.

1. Á þingi Norðurlandaráðs í nóvember 1998 lagði ráðherranefnd menningarmála fram greinargerð um *stefnumið í norrænu menningarsamstarfi við árþúsundamót,* þar sem fjallað var bæði um inntak og starfshætti í norrænni menningarsamvinnu á vegum ríkisstjórnanna. Í ályktun sinni um málið lagði Norðurlandaráð áherslu á að stofnað yrði til samráðs milli ráðherranefndarinnar og ráðsins um nánari útfærslu þeirrar stefnu sem mörkuð var í greinargerðinni. Í samræmi við þetta var á árinu efnt til tveggja samráðsfunda ráðherranefndar menningarmála og Norðurlandanefndar Norðurlandaráðs, þar sem rætt var um áherslumál í norrænu menningarsamstarfi. Fyrri fundurinn var haldinn í mars í Kaupmannahöfn og hinn síðari í nóvember í Stokkhólmi. Seinni fundinn sátu einnig fulltrúar stjórnar Norræna menningarsjóðsins og þrír gestafyrirlesarar lýstu viðhorfum til menningarsamstarfsins.

   Meðal þeirra mála sem voru ofarlega á baugi í umræðum á samráðsfundunum voru menningarsamstarf sem beinist að börnum og ungmennum, mikilvægi Norræna menningarsjóðsins og menningartengdar aðgerðir til að hamla gegn útlendingaandúð og kynþáttafordómum. Öll þessi áhersluatriði eru í góðu samræmi við stefnumörkun ráðherranefndar menningarmála. Á sviði *barna- og æskulýðsmenningar* hefur undanfarin ár verið unnið eftir framkvæmdaáætluninni „Norræn framtíð" („Ett kommande Norden") sem tók til tímabilsins 1996-2000. Stjórnarnefnd barnamenningarsamstarfsins vann á árinu að undirbúningi nýrrar framkvæmdaáætlunar, sem taka á við af hinni fyrri. Norræna æskulýðsnefndin kemur einnig að því verki og er gert ráð fyrir að það verði liður í gerð heildaráætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf að málefnum barna og ungmenna.

   Stjórnarnefnd barnamenningarsamstarfsins og Norræna æskulýðsnefndin ákváðu báðar á sl. ári að veita styrk til fjölmenns æskulýðsmóts sem Ungmennafélag Íslands skipuleggur hér á landi sumarið 2000 fyrir hönd norrænna æskulýðssamtaka undir yfirskriftinni „Menning og æska". Mótið er einnig styrkt af ráðstöfunarfé ráðherranefndar menningarmála og Norræna menningarsjóðnum.

Til samstarfs á menningarsviði sem beinist gegn *útlendingaandúð og kynþáttafordómum* er ætlað fé á grundvelli sérstakrar starfsáætlunar. Veittir voru styrkir til ýmissa verkefna á sviði lista og íþrótta sem tengjast þessu markmiði.

Á samráðsfundunum með fulltrúum Norðurlandaráðs bar samstarfið í *sjónvarpsmálum* mjög á góma. Var greinilegt að ýmsum þykir miða hægt í átt til þess að nýttir séu möguleikar á að greiða fólki hvarvetna á Norðurlöndum aðgang að sjónvarpssendingum norrænu grannþjóðanna. Ráðherranefnd menningarmála hyggst taka þessi mál til umfjöllunar á fyrsta fundi sínum á árinu 2000.

Í framhaldi af greinargerðinni um stefnumið í norrænu menningarsamstarfi við árþúsundamót var á árinu unnið að ýmsum þáttum sem varða *skipulag samvinnunnar* í því skyni að auka skilvirkni og stuðla að hagkvæmni. Tekin var ákvörðun um að leggja niður Norrænu myndlistar- og listiðnaðarnefndina frá ársbyrjun 2000 og fella verkefni hennar undir Norræna stofnun í samtímalist (NIFCA), sem hefur aðsetur á Sveaborg við Helsingfors. Skrifstofuþjónusta fyrir Norrænu bókmennta- og bókasafnanefndina verður færð frá ráðherranefndarskrifstofunni til Bókasafnastofnunar Danmerkur samkvæmt þjónustusamningi að loknu útboði. Áformað er að bjóða út skrifstofuþjónustu fyrir Norrænu tónlistarnefndina með hliðstæðum hætti.

2. Framkvæmd *norrænnar málstefnu* sem samþykkt var árið 1998, lýtur yfirstjórn ráðherranefndar menntamála og vísinda en samráð er haft við ráðherranefnd menningarmála um þá þætti sem tengjast verksviði hennar. Af þeim toga eru m.a. ýmis verkefni á sviði bókmennta og fjölmiðlunar. Ráðherranefnd menningarmála veitti framlag til norrænnar bókasafnaviku sem skipulögð var í þriðja sinn víðs vegar um Norðurlönd sl. haust á vegum Sambands Norrænu félaganna. Í febrúar 2000 verður efnt til norrænnar barnabókastefnu í Kaupmannahöfn á vegum félaga bókavarða á Norðurlöndum og fleiri aðila með styrk af norrænu fé.
3. Í september sl. gengust Norræna stjórnarnefndin um barna- og unglingamenningu og Norræna æskulýðsnefndin fyrir ráðstefnu í Reykholti um *menningu og tómstundir barna og ungmenna á jaðarsvæðum Norðurlanda*. Þátttakendur voru um 75, hvaðanæva að á Norðurlöndum. Ráðstefnan var m.a. liður í undirbúningi nýrrar framkvæmdaáætlunar um norrænt samstarf á sviði barna- og æskulýðsmenningar sem um getur hér að framan.

   Norræna ráðherranefndin efndi í samvinnu við menntamálaráðuneytið til ráðstefnu í Borgarnesi í september um *stöðu fámennra þjóða og jaðarsvæða í norrænu menningarsamstarfi*. Þátttakendur voru 37 og stutt framsöguerindi fluttu fulltrúar frá öllum norrænu ríkjunum, sjálfstjórnarsvæðunum og Samabyggðum.
4. Að tilhlutan Íslendinga á grundvelli formennskuáætlunarinnar hefur skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar gert úttekt á því hvernig hagað er *miðlun hagnýtra upplýsinga* af hálfu nefnda og stofnana á vettvangi menningarsamstarfsins. Ætlunin er að þeirri úttekt verði fylgt eftir með tillögugerð um hvernig bæta megi núverandi tilhögun í þessu efni svo að auðveldara verði fyrir almenning að átta sig á samstarfskerfinu og þeim tækifærum sem það býður.
5. Undanfarin ár hefur starfað á vegum ráðherranefndar menningarmála starfshópur um notkun *nútímalegrar upplýsingatækni á menningarsviði*. M.a. hefur verið leitast við að treysta samráð og samvinnu milli rekstraraðila hinna svonefndu menningarneta sem komið hefur verið upp í öllum norrænu löndunum og starfshópurinn hefur staðið að samráðsfundum í því skyni. Slíkur fundur var haldinn í Reykjavík sl. haust.

Af íslenskri hálfu hefur verið lögð áhersla á að efla norrænan fjárstuðning við samstarfsverkefni á sviði *margmiðlunar*. Stjórnarnefnd um menningu og fjölmiðla hefur haft til umráða nokkurt fé í því skyni en framan af var dræmt framboð á styrkhæfum verkefnum. Á síðasta ári virtist sjáanleg breyting í þessu efni og fáein viðamikil verkefni hlutu styrk. Í fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2000 er áfram gert ráð fyrir fjárveitingu í þessu skyni.

6. Í árslok rann út gildistími samstarfssamnings um *Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn* en aðilar að sjóðnum eru auk Norrænu ráðherranefndarinnar kvikmyndastofnanir og opinberar sjónvarpsstöðvar á Norðurlöndum ásamt nokkrum einkareknum stöðvum. Á síðasta ári var unnið að undirbúningi nýs samstarfssamnings og var hann undirritaður í Reykjavík í nóvember í tengslum við hátíðarhöld í tilefni af 40 ára afmæli NORDVISION-samstarfsins. Nýi samningurinn er til fimm ára.
7. Á sviði *norrænnar menningarkynningar* utan Norðurlanda bar tvö viðfangsefni hæst á árinu. Fjölbreytt menningarverkefni í Suður-Afríku („Shuttle '99"), sem hófst 1998, var leitt til lykta. Íslendingar höfðu umsjón með bókmenntaþætti verkefnisins, sem fólst í því að stofnað var til samvinnu norrænna og suður-afrískra rithöfunda og myndlistarmanna um samningu fimm barnabóka en bókaforlagið Æskan tók að sér að annast útgáfu þeirra. Björn Bjarnason menntamálaráðherra fór til Suður-Afríku í september sl. í forustu fyrir sendinefnd á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í tengslum við lok verkefnisins. Norrænu ráðherranefndinni var veitt viðurkenning Lista- og menningarsjóðs Suður-Afríku fyrir menningarverkefnið. Vonast er til að framkvæmd þess reynist góður grundvöllur að frekara samstarfi Suður-Afríkubúa og norrænna þjóða á menningarsviðinu.

   Á árinu var unnið ötullega að undirbúningi sýninga sem fyrirhugaðar eru í Norður-Ameríku árið 2000 til að minnast landafunda og vesturfara norrænna manna. Veigamest þeirra er víkingasýningin „Vikings: The Northatlantic Saga" sem á að hefjast í Smithsonian-safninu í Washington í apríl en fer síðan til fleiri borga í Bandaríkjunum og Kanada. Lánuð verða á sýninguna handrit úr Árnastofnun og munir úr Þjóðminjasafni Íslands.

Menningarsamstarf við Færeyinga og Grænlendinga.

Menntamálaráðherrar Íslands, Færeyja og Grænlands héldu tvo samráðsfundi á árinu. Í nóvember var undirritaður í Reykjavík nýr samningur um samstarf þjóðanna á sviði menningar-, mennta- og vísindamála. Gildir hann fyrir tímabilið 2000–2002. Árið 2000 er ráðgert að áhersluþættir verði menning og íþróttir, árið 2001 notkun nýrrar tækni á sviði menntunar og árið 2002 staða tungumála og þróun þeirra.

6. Menntun og rannsóknir.

Samstarf um menntamál og rannsóknir er umfangsmikið innan Norrænu ráðherranefndarinnar og tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í starfsemi stofnana, föstum styrkjakerfum og verkefnum sem stjórnað er af föstum stjórnarnefndum sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem skipaðir eru tímabundið. Að jafnaði er lögð áhersla á samfellu í starfseminni og verkefnum sem mótuð hafa verið af fyrrverandi formennskulöndum fylgt eftir. Samhliða því að unnið hefur verið eftir starfsáætlunum frá 1997–2000 innan menntamála- og rannsóknarsviðsins vann embættismannanefndin undir forustu Íslands að mótun heildarstefnu til framtíðar. Tekur sú stefnumótun; Norðurlönd sem forgangssvæði í þróun mannauðs, til tímabilsins 2000–2004.

Meginähersla er lögð á miðlun reynslu og samvinnu um þróunarstarf á vettvangi menntunar og rannsókna, aukinn hreyfanleika nemenda, kennara og vísindamanna milli landanna auk þess sem sérstök áhersla er lögð á símenntun.

Markmiðið er að stuðla að því að hið norræna samfélag í menntamálum og rannsóknum verði virkur vettvangur fyrir pólitíska úrvinnslu þeirra málefna sem á döfinni eru, vettvangur þar sem menn geta skipst á reynslu og þróað samnorrænar aðgerðir. Í stefnumótuninni er lögð áhersla á skýrari verkaskiptingu milli landanna og að skilgreind verði betur þau verkefni sem skynsamlegra þykir að vinna að sameiginlega á norrænum vettvangi en í hverju landi fyrir sig.

Í stefnumótuninni er formennskulandinu falið aukið hlutverk hvað varðar tillögur um málaflokka og verkefni til úrvinnslu. Einnig er gert ráð fyrir að á tímabilinu verði mat lagt á starf ráðgjafanefnda og fastra stjórnarnefnda sem undir ráðherranefndina heyra og hlutverk þeirra endurskoðað.

Lögð er áhersla á að skapa beri meiri breidd og heildstæðari skilning á hæfni frá sjónarhorni símenntunar og haft verður frumkvæði um viðræður um þessi atriði við fulltrúa atvinnulífsins á Norðurlöndum. Jafnframt er lagt til að ráðherrar menntamála og rannsókna ásamt menningarmálaráðherrum þrói samskipti við Norðurlandaráð til þess að stuðla að langtímaskipulagningu þannig að norræna samstarfið svari betur kröfum tímans.

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir lagði tillöguna um stefnumótun fyrir tímabilið 2000–2004 fram á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember og var hún samþykkt á þinginu.

Markmið Íslands á formennskuárinu á sviði menntamála og rannsókna var að efla samstarf Norðurlandanna, styrkja samstarf við önnur Evrópuríki sem og við grannsvæði Norðurlanda. Lögð var áhersla á að styrkja norræn viðhorf í alþjóðasamstarfi og sjónum var sérstaklega beint að eflingu tengsla milli hinna vestlægu Norðurlanda og annarra ríkja á Norðurlöndum. Stefnt er að því að jafnauðvelt verði að mynda tengsl, skiptast á hugmyndum og flytjast frá einu fræðslu- og rannsóknarumhverfi til annars á Norðurlöndum og innan eigin lands.

Á formennskuári Íslands var almennt lögð áhersla á sjálfbært samfélag á Norðurlöndum, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og málefni hafsins. Þessir áhersluþættir hafa skírskotun til verkefna á sviði menntunar og rannsókna.

Haldið var áfram öflugu samstarfi um tungumál, kennslu í raungreinum og tækni, þróun upplýsingatækni á sviði menntunar og rannsókna og sjónum var beint að gæðum í skólastarfi, hlutverki menntunar á vinnumarkaði og fullorðinsfræðslu. Málefni barna og unglinga voru einnig í brennidepli. Er á vegum ráðherranefndarinnar unnið að fjölmörgum verkefnum á þessum grundvelli.

Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega. Frá 1998 hafa ráðherrarnir tekið tiltekin þemu til umræðu á fundum sínum. Taka þemun mið af þeim málefnum sem ráðherrarnir leggja áherslu á að vinna að á norrænum vettvangi. Þeir hafa þegar rætt mat og gæði í skólastarfi á öllum skólastigum að háskólastigi meðtöldu, stöðu norrænna málsamfélaga í ljósi hraðfara þróunar upplýsingatækni og æðri menntun á Norðurlöndum.

Norrænar stofnanir.

Á vettvangi ráðherranefndar menntamála og rannsókna eru starfandi níu norrænar stofnanir þar af ein á Íslandi, Norræna Eldfjallastöðin (sjá nánar kafla 25.2).

Fastar nefndir.

Á vegum ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir starfa auk embættismannanefndarinnar sem m.a. undirbýr ráðherrafundi, þrjár stjórnarnefndir, NSS, HÖGUT og FOVU, sem í eiga sæti einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Verksvið nefndanna spannar grunnskóla og framhaldsskóla auk skóla á háskólastigi og fullorðinsfræðslu. Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum verkefnum. Á vegum stjórnarnefndanna hafa verið haldnar fjölmargar ráðstefnur á árinu um þau málefni sem undir þær heyra auk þess sem þær hafa staðið að ýmsum útgáfum.

Samstarf um skólamál.

NSS-stjórnarnefndin hefur umsjón með norrænu samstarfi um skólamál á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Verksvið NSS tekur til grunn- og framhaldsskóla og unnið er eftir starfsáætlun sem tekur til áranna 1997–2000. Fyrir liggur tillaga að starfsáætlun fyrir árin 2000–2005. Áherslurnar í starfi nefndarinnar beinast að því að bæta skólastarf og taka fyrir mál sem eru efst á baugi á hverjum tíma, bera saman lausnir og aðferðir sem beitt hefur verið í einstökum löndum og dreifa upplýsingum, bæði almennt um þróun á sviði skólamála svo og öðrum upplýsingum er varða skóla og skólastarf.

Samstarfið greinist í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi er samstarf milli Norðurlandanna, í öðru lagi samstarf við grannsvæðin og í þriðja lagi er lögð áhersla á tengsl við verkefni á vettvangi Evrópusambandsins. Eins og fyrr hefur þetta samstarf verið mjög gagnlegt fyrir Ísland og hefur opnað möguleika til að fylgjast náið með því sem er að gerast annars staðar á Norðurlöndum og jafnvel víðar. Einnig er ljóst að mörg sömu vandamálin koma upp í skólastarfi og hvetur það til samnorrænna aðgerða.

Af helstu verkefnum á dagskrá nefndarinnar má nefna:

— Mat á skólastarfi er verkefni, sem unnið var að frumkvæði Íslendinga og lauk með ráðstefnu hér á landi í haust. Á ráðstefnunni voru fyrirlesarar alls staðar að á Norðurlöndum.
— Hlutverk kennara hefur breyst vegna breytinga í skólastarfi, m.a. hafa almennar gæðakröfur aukist og einnig notkun tölva og upplýsingatækni. Verkefni á þessu sviði lýkur á árinu 2000.
— Frumkvöðlafræðsla til að auka áherslu á sjálfstæði og frumkvæði nemenda. Verkefninu lýkur á árinu 2000.
— Samstarfsverkefni um nám og kennslu í náttúrufræðigreinum og stærðfræði kom í kjölfar Timms-könnunarinnar, þar sem útkoma ungmenna á Norðurlöndum var slök. Verkefnið hófst á þessu ári og er áætlað að því ljúki árið 2001.
— Unnið er að því að koma upplýsingum um vandamál og úrlausnir á sviði sérkennslu inn á netið þannig að þær séu aðgengilegar þeim sem málið varða.
— Unnið er að því að finna lausn á vanda iðngreina þar sem nemendur eru mjög fáir. Fyrir liggur skýrsla nefndar um málið og verður fljótlega tekin afstaða til hennar.
— Unnið er að því að koma á norrænum prófbanka, sem skólar í öllum löndunum hafi aðgang að.

IDUN II er norrænt samstarfsverkefni um tölvunotkun í skólum. Þetta verkefni heyrir beint undir ráðherranefndina en NSS, FOVU og HØGUT hafa haft umsjón með framkvæmdinni.

NSS hefur haft umsjón með nemendaskiptaverkefninu NORDPLUS-junior fyrir nemendur á framhaldsskólastigi sem hefur gengið vel og fengið góðar viðtökur. Á þessu ári hófst nýtt

verkefni á þessu sviði, NORDPLUS-mini sem er einkum ætlað nemendum í efri bekkjum grunnskóla. Þetta verkefni er starfrækt í tilraunaskyni og tekur tilraunin tvö ár.

NSS hafði um skeið umsjón með framkvæmd tungumálasamstarfsáætlunarinnar NORDMÅL, en hún heyrir nú beint undir ráðherranefndina. Mikil áhersla er á norrænt tungumálasamstarf og er NORDMÅL-áætluninni ætlað að styrkja norrænt tungumálasamfélag og tekur til námskeiðahalds, gerðar kennsluefnis, orðabókargerðar, rannsókna, upplýsingastarfsemi og fleiri verkefna. Margar stofnanir koma að NORDMÅL-áætluninni, m.a. norrænar málastofnanir. Á vegum NORDMÅL hafa verið haldin fjölmörg námskeið fyrir kennara og túlka og gefnar út námsbækur sem þýddar hafa verið á finnsku, færeysku og íslensku.

Samstarf um fullorðinsfræðslu.

FOVU-stjórnarnefndin hefur umsjón með norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndin hefur starfað í samræmi við verkefnaáætlun fyrir árin 1997–2000 en á árinu var unnið að nýrri áætlun fyrir næstu fimm ár, 2000–2004, og verður hún lögð fyrir ráðherranefndina í byrjun ársins 2000. Í þeirri verkefnaáætlun er lögð áhersla á símenntun og verður sjónum einkum beint að mati á þeirri hæfni og þekkingu sem fólk hefur aflað sér á vinnumarkaði sem jafngildi náms, þörfum þeirra sem minnsta menntun hafa og þætti lýðfræðslunnar í þróun og eflingu lýðræðis á Norðurlöndum. Sem liður í formennsku Íslands var haldin ráðstefna til að meta starfið á undanförnum árum og leggja línur um framtíðina.

Í samstarfinu hefur verið lögð áhersla á að efla þátttöku félaga, samtaka og stofnana á vettvangi fullorðinsfræðslu í vinnuhópum og í ráðstefnum á vegum nefndarinnar til að skapa betri tengsl. Samstarfsstyrkir gegna líka mikilvægu hlutverki í þessu skyni.

Af verkefnum á vegum FOVU má nefna að á árinu lauk rannsóknarverkefninu „Lýðfræðsla og atvinnulíf" og hefur skýrsla verið gefin út með niðurstöðum. Einnig var haldin ráðstefna um verkefnið „Lýðfræðsla og lýðræði" og í framhaldi af henni hefur verið unnið að undirbúningi norræns rannsóknarverkefnis á þessu sviði. Verkefnið „Um notkun upplýsingatækni í fræðslu fullorðinna" með sérstakri áherslu á að styrkja þátt almenningsbókasafna í að opna almenningi aðgang að netheimum hefur haldið áfram á árinu og er nú á lokastigi. Þá hófst nýtt verkefni innan vébanda IDUN II sem beinist að því að byggja upp norrænt tengslanet á milli stofnana og upplýsingaveitu um upplýsingatækni og fullorðinsfræðslu.

Áfram hefur verið unnið að því að styrkja þróun lýðfræðslu á grannsvæðum Norðurlanda. Mikilvægur liður í þessu starfi eru námskeið og námsstefnur á vegum Norræna lýðháskólans (NFA) fyrir þátttakendur frá þessum svæðum sem haldnar voru á árinu.

Norrænt nám í kennslufræði fullorðinna hélt áfram á árinu. Einn háskóli í hverju norrænu landi stendur fyrir viku námskeiði, en þátttakendur koma frá öllum löndunum. Af hálfu Íslands tók Kennaraháskóli Íslands þátt í verkefninu og var námskeið sem fjallaði um fjarkennslu haldið hér á landi í ár.

FOVU-stjórnarnefndin hefur um nokkurn tíma gert tilraun með að veita sérstaka ferðastyrki til þeirra sem starfa á sviði fullorðinsfræðslu á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum til að gera þeim betur kleift að fara í námsheimsóknir til annarra norrænna landa. Lögð hefur verið sérstök áhersla á þetta á formennskuári Íslands.

Samstarf um æðri menntun.

HÖGUT-stjórnarnefndin hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi ráðherranefndarinnar. Starfsáætlun HÖGUT spannar árin 1999–2000. Helsta hlutverk HÖGUT er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, sérstökum

verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Á verksviði nefndarinnar eru meðal annars verkefni á sviði grunnmenntunar og rannsókna og auk þess hefur HÖGUT umsjón með NORDPLUS-áætluninni sem felst í nemenda- og kennaraskiptum. Á hverju ári taka alls um 5000 nemendur og kennarar á Norðurlöndum þátt í áætluninni. Í NORDPLUS gefst námsmönnum tækifæri til að stunda hluta af námi sínu, allt að eitt ár, við háskóla annars staðar á Norðurlöndum og fá námið metið að fullu til eininga í heimalandi sínu. Þá er gefinn kostur á kennaraskiptum og fleiru er lýtur að kennslustörfum.

Samningur um aðgang að æðri menntun sem undirritaður var árið 1996 og renna átti út við árslok 1999 hefur verið framlengdur til 2001 og er stefnt að því að ráðherrarnir taki framtíð samningsins til umræðu á árinu 2000. Vinnuhópur um aðgang að æðri menntun gerir samhliða úttekt á áhrifum samningsins á samstarf Norðurlanda í menntamálum. Meginatriði samningsins er að allir norrænir stúdentar hafi jafnan aðgang að öllum háskólum á Norðurlöndum. Í samningnum eru ákvæði um greiðslukerfi sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa tekið upp sín á milli. Samkvæmt þessu kerfi skulu þau ríki sem senda frá sér fleiri stúdenta en þau taka á móti greiða ákveðið gjald fyrir mismuninn. Ísland hefur verið undanþegið þessum ákvæðum.

Á formennskuári Íslands var ákveðið að halda ráðstefnu í Reykjavík um fjármögnun háskólastigsins á Norðurlöndum m.a. með samanburði við önnur Evrópulönd. Verður ráðstefnan haldin vorið 2000.

Norrænt rannsóknarsamstarf.

Á rannsóknarsviði ráðherranefndarinnar starfar ráðgefandi norrænt vísindastefnuráð, Nordisk Forskningspolitisk Råd (FPR), sem heyrir undir ráðherranefnd menntamála og rannsókna en er jafnframt ráðgefandi um stefnumörkun í vísinda- og tæknirannsóknum á öðrum fagsviðum ráðherranefndarinnar eftir því sem við á. Helsta hlutverk ráðsins er að leggja tillögur fyrir ráðherranefndina þar sem tekið er mið af eftirfarandi þáttum: mótun norrænnar rannsóknarstefnu til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna, stefnumörkun með þverfaglegt samstarf í huga, forgangsröðun í rannsóknum á vettvangi ráðherranefndarinnar með tilliti til forgangsröðunar í hinum einstöku löndum og þróun gæðastjórnaraðferða í norrænu rannsóknarsamstarfi. Ráðherranefndin hefur samþykkt tillögur FPR um að hefja tímabundið norrænt rannsóknarsamstarf árið 2000 á þremur rannsóknarsviðum, sem eru kynbundið ofbeldi, tungutækni og faraldsfræði. Í undirbúningi er einnig rannsóknaráætlun um velferðarþjóðfélagið. Auk rannsóknarverkefna eru norrænar stofnanir á starfssviði ráðsins og á sviðinu starfar Norræna vísindaakademían (NorFA), sem veitir vísindamönnum styrki til starfa á Norðurlöndum, utan heimalands síns og starfrækir samskiptanet á sviði vísinda.

Ráðgjafarnefnd um upplýsingatækni.

Frá því árið 1996 hefur verið starfandi sérstök ráðgjafarnefnd um stefnumótun í upplýsingatækni fyrir ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir. Á árinu 1998 samþykkti ráðherranefndin þriggja ára rannsóknar- og þróunaráætlun sem nefnist NORDUnet2. Markmið áætlunarinnar er að viðhalda og efla samkeppnishæfni norrænu þjóðanna á sviði menntunar og rannsókna með því að þróa ný samvinnu- og samskiptaform byggð á aðferðum upplýsingatækninnar. Með því er stefnt að því að Norðurlönd haldi þeirri forustu í notkun háþróaðra tölvuneta (með Internettækni) sem þau höfðu í upphafi þessa áratugar þegar norræna samnetið, NORDUnet, var stofnað. Tekið hefur verið mið af áþekkum þróunaráætlunum í Bandaríkjunum.

Á vinningur af þátttöku í NORDUnet2 fyrir Íslendinga felst m.a. í beinni þátttöku iðnaðarins, netþjónustufyrirtækja, rannsóknarbókasafna, skóla, opinberra fjölmiðla o.fl. í verkefnum sem styrkt verða undir hatti áætlunarinnar. Íslensk fyrirtæki, sem framarlega standa, t.d. í margmiðlun, fá því tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri á álitlegu markaðssvæði og geta sótt um styrki til þess. Íslenskir notendur Internetsins fá aðgang að nýjum nýtingarmöguleikum jafnskjótt og aðrir Norðurlandabúar.

7. Umhverfismál

Samstarf umhverfisráðherra Norðurlanda (MR-Miljø) byggist á norrænu umhverfisáætluninni 1996–2000 (Den nordiske miljøstrategi 1996–2000). Í áætluninni koma fram þau markmið sem sett eru með samstarfinu bæði innan Norðurlanda og á alþjóðavettvangi. Framkvæmd umhverfisáætlunarinnar er í höndum fastra vinnuhópa og ýmissa nefnda sem falin eru sérstök verkefni.

Á árinu fór fram mat á norrænu umhverfisáætluninni og hefst vinna við gerð nýrrar í byrjun ársins 2000. Fer sú vinna fram samhliða gerð áætlunar um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum í kjölfar yfirlýsingar norrænu forsætisráðherranna frá 1998. Í því starfi hefur umhverfisgeirinn viðamiklu hlutverki að gegna við samhæfingu við önnur svið sem áætlunin tekur til.

Umhverfismál skipuðu veigamikinn sess í formennskuáætlun Íslands í norrænu samstarfi á árinu. Sem dæmi má nefna áherslu á vernd vistkerfa hafsins og sjálfbæra nýtingu auðlinda þess svo og tillögu um aukið samstarf og samráð Norðurlandanna á vettvangi ESB. Þeirri tillögu var fylgt eftir með þátttöku fulltrúa formennskulanda ESB á árinu, Þýskalands og Finnlands, í fundi norrænu embættismannanefndarinnar um umhverfismál sem haldinn var á Ísafirði í júní. Þá er í áætluninni einnig lögð áhersla á samstarf Norðurlanda á alþjóðavettvangi m.a. varðandi samning um bann við notkun þrávirkra lífrænna efna. Þverfaglega áætlunin „Fólk og haf í norðri" var liður í formennskuáætlun Íslands. Flest verkefnin í henni tengjast umhverfismálum og komu til viðbótar þeim fjölmörgu verkefnum sem unnið er að á umhverfissviðinu.

Að frumkvæði Íslands ákváðu norrænu ráðherrarnir í lok ársins að senda breska umhverfisráðherranum bréf þar sem þeir minntu bresk stjórnvöld á skuldbindingar sem þau hafa tekið á sig samkvæmt OSPAR samningnum þess efnis að minnka til muna losun geislavirks úrgangs í hafið frá endurvinnslustöðinni í Sellafield og stöðva hana í síðasta lagi árið 2020.

Norrænu umhverfisráðherrarnir halda að jafnaði þrjá fundi á ári. Af norrænum málum bar hæst framkvæmdaáætlun um vernd náttúru- og menningarminja á Norðurskautssvæðum. Áætlunin var samþykkt á fundi ráðherranna á Mývatni í ágúst sl. Einnig var fjallað um ýmis alþjóðleg málefni svo sem loftlagsbreytingar, samningaviðræður á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og norrænt umhverfisstarf í Rússlandi.

Málefni ESB eru fastur liður á dagskrá umhverfisráðherranna. Þar eru rædd helstu mál sem eru á döfinni og dagskrá komandi funda í ráðherraráði ESB. Finnland gegndi formennsku í ESB síðari helming ársins. Í formennskuáætlun Finnlands var lögð áhersla á hina Norðlægu vídd og voru umhverfismál þar í brennidepli. Til að vekja enn frekar athygli á mikilvægi umhverfismála í Norðlægu víddinni bauð ríkisstjórn Íslands til sérstakrar ráðstefnu sérfræðinga og fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB um málið í Brussel. Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra ávarpaði ráðstefnuna. Í tengslum við hana átti umhverfisráðherra einnig fund með Margot Wallström framkvæmdastjóra umhverfismála hjá ESB um umhverfismál á Íslandi og á Norðurskautssvæðunum.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir samstarfið um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 26.5).

Störf vinnunefnda:
Samstarfsnefnd um umhverfis- og orkumál.

Nefndin er vettvangur fyrir samráð umhverfis- og orkuráðuneyta Norðurlanda. Starf nefndarinnar hefur einkum beinst að málefnum sem tengjast loftslagssamningnum og Kyotobókuninni.

Umfangsmesta verkefni nefndarinnar á síðasta ári var undirbúningur þess að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði fyrir viðskipti með losunarkvóta og sameiginlega framkvæmd innan loftslagssamningsins. Verkefnið er unnið í nánu samstarfi við Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) og Norræna fjárfestingarbankann (NIB). Norrænu umhverfis- og orkuráðherrarnir sendu frá sér ályktun um málið á árinu og samstarfsnefndin efndi til ráðstefnu um það sl. haust.

Á árinu kom út á vegum nefndarinnar skýrslan: *Inventory of Climate Change Indicators for the Nordic Countries* (TemaNord 1999:505) sem hefur að geyma yfirlit yfir hagtölur sem tengjast losun gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum. Unnið er að skýrslu um samræmingu viðskipta með losunarkvóta innan og milli norrænu landanna. Eftirfarandi skýrslur eru á lokastigi: skýrsla um aðferðir til að vega saman gróðurhúsaáhrif mismunandi lofttegunda, skýrsla um bindingu kolefnis með ræktun, skýrsla um leiðir til að draga úr losun flúorkolefna og skýrsla um hvernig taka má tillit til sérstöðu þjóða í loftslagssamningnum.

Efnavörunefndin.

Vinnunefndin um efnavörur (NKG) er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Unnið er að öflun og úrvinnslu gagna sem leggja grunn að stefnumótun, ákvörðunum og aðgerðum heima fyrir, í Evrópusamstarfi og á alþjóðavettvangi. Nefndin stuðlar að samstarfi stjórnvalda og að samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best.

Starf nefndarinnar beinist einkum að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegri samvinnu og í auknum mæli að verkefnum er nýtast Norðurlandaþjóðunum vegna aðildar þeirra að EES-samningnum. Á árinu var einnig lögð áhersla á ný verkefni sem varða öryggi efnavöru og bætt eftirlit með hættulegum efnum á Norðurlöndum.

Verkefni sem unnið var að á árinu skiptast í fjóra meginflokka, þ.e. flokkun hættulegra efna, skilgreiningu á áhættu vegna efnanotkunar, áhættumat og takmörkun áhættu. Á vegum vinnunefndarinnar störfuðu 14 ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í níu þeirra. Meðal verkefna sem fjármagn hefur verið lagt í á árinu má nefna verkefni sem leggja grunn að aðgerðum til að draga úr notkun ósoneyðandi efna, stuðning við alþjóðasamninga um þrávirk lífræn efni og uppbygging gagnabanka yfir efni með slíka eiginleika, áhættumat og flokkun hættulegra efna hvað varðar áhrif á umhverfi og/eða heilsu manna svo og vinnu við gagnagrunna með upplýsingum um viðkomandi efni.

Tvær ráðstefnur voru haldnar á vegum vinnuhópsins og gefnar út skýrslur um verkefni sem lokið var á árinu.

Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Viðfangsefni hópsins er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar við að móta tillögur að aðgerðum á alþjóðavettvangi. Því er lögð áhersla á verkefni sem styrkja vísindalegan bakgrunn tillagna og mat á þeim aðgerðum sem fram hafa farið.

Verkefnin eru þríþætt og snúast um loft, haf og hættuleg efni. Verkefni um loftið beinast einkum að því að fá fram betri gögn og líkön til að geta metið árangur aðgerða sem þegar hafa verið ákveðnar. Einnig að kanna áhrif og þátt reikulla lífrænna efna í myndun ósóns. Í verkefnum um hafið er lögð áhersla á að setja fram líkön sem hægt er að nota til að segja fyrir um þróun og meta árangur aðgerða sem fram hafa farið til að minnka streymi næringarefna til sjávar og síðar að nota sömu líkön á önnur mengandi efni. Í þeim hluta starfsins sem fjallar um hættuleg efni má nefna verkefni um flutning þrávirkra efna milli þátta (lofts, lagar og sets) og áhrif þeirra á lífverur.

Nefndin er einnig samstarfsvettvangur Norðurlanda í baráttu gegn mengun sjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna.

Vinnunefnd um náttúruvernd og útivistarmál.

Náttúruverndar- og útivistarnefndin hefur það hlutverk að skilgreina samnorræn markmið og leiðir í náttúruvernd, útivist og verndun menningarlandslags. Á árinu var einkum lögð áhersla á verkefni sem snerta verndun líffræðilegrar fjölbreytni, þar á meðal verndun búsvæða og tegunda, útivistarmál og verndun menningarlandslags.

Á árinu var lokið við tíu verkefni og skýrslur sem koma út 1999 og 2000. Meðal þessara verkefna ber hæst að lokið var við framkvæmdaáætlun um vernd náttúru- og menningarminja á Norðurskautssvæðunum, Grænlandi, Íslandi og Svalbarða. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að byrjað verði á fimm verkefnum á árinu 2000 en þau eru: Staðardagskrá 21 á Norðurskautssvæðum, umhverfisvæn ferðaþjónusta, áhrif botnvörpuveiða á umhverfi og líffríki sjávar, umhverfisfræðsla og loks eftirlit með náttúru- og menningarminjum. Ísland mun væntanlega leiða tvö verkefnanna.

Vinna nefndarinnar við framlag til nýrrar umhverfisáætlunar er þegar hafin í anda yfirlýsingar forsætisráðherra Norðurlandanna um sjálfbæra þróun.

Náttúruverndar- og útivistarnefndin mun taka mið af nýjum leiðum í starfsemi sinni en megináhersla verður áfram lögð á að fylgja eftir samþykktum um líffræðilega fjölbreytni. Jafnframt er þörf á að leggja meiri áherslu á þætti eins og umhverfi og siðfræði, náttúru- og menningarminjar svo og miðlun þekkingar á náttúru- og umhverfismálum til atvinnulífsins.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna.

Vinnunefndin (NMD) skiptir verkefnum sínum í þrjá meginþætti: norræn verkefni og Norðurskautssvæðin, Eystrasaltsríkin og Rússland og loks verkefni sem hafa víðari skírskotun til Evrópu.

Megináhersla er lögð á norræn verkefni. Eitt stærsta verkefnið er skýrsla um líffræðilega fjölbreytni. Efni skýrslunnar nær ekki aðeins til norrænu landanna, heldur einnig Eystrasaltsríkjanna, Rússlands og Skotlands og mun hún koma út árið 2001.

Verkefni nefndarinnar um líffræðilega vöktun í fersku vatni tengist væntanlegri rammatilskipun ESB á sviði vatnsmála. Þá er unnið að tveimur verkefnum sem hafa það að markmiði að styrkja umhverfisvöktun fyrir botni Eystrasaltsins. Sem dæmi um verkefni sem hefur víðari skírskotun til Evrópu má nefna mælingar á þungmálmum í mosa.

Norræna hávaðanefndin.

Norræna hávaðanefndin (NSG) var sett á laggirnar árið 1996 og hefur meginmarkmið hennar verið að útbúa reiknilíkan fyrir hávaða. Verkefnið var metnaðarfullt og hefur skilað meiri og betri árangri en reiknað var með, bæði verkefnið sjálft og önnur verk sem aðrir aðilar hafa unnið með hliðsjón af því. Verkefnið nálgast nú lokapunkti og hafa áætlanir um

hvernig best megi kynna og nýta niðurstöður verkefnisins verið endurskoðaðar á árinu. Stefnt er að kynningu á grunnniðurstöðum á árinu 2000. Tölvuforrit sem nýtir fyrirliggjandi niðurstöður í einföldum tilvikum verður útbúið og getur það nýst umhverfisyfirvöldum á Norðurlöndum sem viðmiðunarreikniforrit fyrir hávaða. Þessi útfærsla kemur Íslandi mjög vel þar sem allir hlutaðeigandi aðilar eiga þá kost á einföldu reiknilíkani fyrir hávaða sem hægt er að nota sem grunn við mat á hávaða og kortlagningu hljóðstigs.

Á vegum ESB er nú unnið að kortlagningu á umhverfishávaða og áætlað að gengið verði frá samræmdum reiknilíkönum og kortum fyrir árið 2007. Það starf sem unnið hefur verið í norrænu hávaðanefndinni getur orðið mikilvægt innlegg í þá vinnu.

Vinnunefnd um norræna umhverfismerkið (Svaninn).

Nefndin er samstarfsvettvangur ráðuneyta umhverfis- og neytendamála og byggist á tímabundnu verkefni við að gera úttekt á norræna umhverfismerkinu.

Verkefninu er skipt í áfanga. Sá fyrsti fólst í að kanna viðhorf neytenda til umhverfisvænni lífsstíls sérstaklega með tilliti til norræna umhverfismerkisins. Helstu niðurstöður verkefnisins voru kynntar á blaðamannafundi á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember sl. og hafði umhverfisráðherra Íslands, Siv Friðleifsdóttir framsögu um skýrsluna.

Í næsta áfanga verður reynt að mæla óbein umhverfisáhrif merkisins og bein áhrif nokkurra vöruflokka sem eru merktir með því.

Samstarfsnefnd um Norræna umhverfis- og sjávarútvegsáætlun 1999–2002.

Nefndin starfar á grundvelli norrænnar umhverfis- og sjávarútvegsáætlunar 1999–2002. Umhverfis- og sjávarútvegsráðherrar Norðurlanda samþykktu áætlunina í lok árs 1998 og byggist hún á fyrri sambærilegri áætlun fyrir árin 1995–1998. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að framgangi stefnumála sem sett eru fram í áætluninni og fylgjast með framkvæmd þeirra í umboði embættismannanefnda umhverfis- og sjávarútvegsmála. Þetta hefur m.a. verið gert með því að veita fé til samnorrænna verkefna sem samræmast áherslusviðum áætlunarinnar, en þau eru alls 28.

Samstarfsnefndin er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju norrænu landanna, einum frá umhverfisyfirvöldum og einum frá sjávarútvegsyfirvöldum og eru að jafnaði haldnir tveir fundir á ári.

Samstarfsáætlunin tekur til hafsins, auðlinda þess, umhverfis og strandsvæða og tekur m.a. mið af norrænu umhverfisáætluninni. Tilgangur samstarfsins er að stuðla að því að aukið tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða í sjávarútvegi og að finna leiðir til þess að bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri þróun í nýtingu sjávarauðlinda. Á árinu styrkti nefndin sex verkefni.

Samstarfsnefnd um Norræna umhverfis- og landbúnaðaráætlun 1996–1999.

Nefndin starfar á grundvelli norrænnar áætlunar um umhverfis- og landbúnaðarmál fyrir tímabilið 1996–1999 sem samþykkt var af umhverfis- og landbúnaðarráðherrum Norðurlanda árið 1996. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að framgangi stefnumála áætlunarinnar og fylgjast með framkvæmd þeirra í umboði viðkomandi embættismannanefnda.

Samstarfsnefndin er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju Norðurlandanna, einum frá umhverfisyfirvöldum og einum frá landbúnaðaryfirvöldum og heldur hún að jafnaði tvo fundi á ári.

Samstarfsáætlunin fjallar um umhverfismál í landbúnaði og skógrækt og tekur m.a. mið af norrænu umhverfisáætluninni. Tilgangur samstarfsins er að stuðla að því að aukið tillit

sé tekið til umhverfissjónarmiða í landbúnaði og skógrækt og að finna leiðir til þess að bæta umhverfi og stuðla að sjálfbærri þróun í landbúnaði.

Á árinu hefur megin verkefni nefndarinnar verið að meta framkvæmd áætlunarinnar og undirbúa gerð nýrrar 3–4 ára áætlunar. Nefndin styrkti ellefu verkefni á árinu og voru þrjú þeirra ný.

Vinnunefnd um vörur og úrgang.

Norrænn vinnuhópur um vörur og úrgang (PA) starfar undir embættismannanefndinni um umhverfismál og tók í byrjun árs við af vinnuhóp um hreinni tækni. Svíar gegna formennsku í hópnum og voru haldnir þrír fundir á árinu.

Verkefni hópsins er að vinna að samræmingu og skilgreina sameiginleg verkefni á sviði framleiðsluvara, úrgangsmála og hreinni framleiðslutækni. Hópurinn tekur fyrst og fremst mið af hlutverki stjórnvalda á framangreindum sviðum og byggist starfið á norrænu umhverfisáætluninni og þeim markmiðum sem þar eru sett. Hópnum er m.a. falið að fjalla um sorphirðu á norðlægum slóðum og þá sérstaklega í smáum samfélögum og dreifðum byggðum. Þá er hópnum falið að fjalla um ábyrgð framleiðenda, undirbúa sameiginlega afstöðu til málefna sem verið er að fjalla um á vettvangi EES og finna leiðir til að draga úr umhverfis- og heilsuskaðlegum efnum í vörum og úrgangi.

Á árinu lauk starfi sérstaks verkefnahóps um dreifðar byggðir sem hefur verið áhersluverkefni síðustu ár. Hópurinn gaf út bæklinginn: „Miljöet i små- og ösamfund i de nordiske lande". Þar koma fram upplýsingar um verkefni og námstefnur sem verkefnahópurinn hefur staðið fyrir á árunum 1991–1999. Hópnum um dreifðar byggðir var breytt í tengiliðahóp þar sem sjónarmið og áherslur um dreifðar byggðir eru farnar að endurspeglast meira í starfi hópsins um vörur og úrgang.

Vinna hópsins um vörur og úrgang fer að stærstum hluta fram í verkefna- og tengiliðahópum. Hóparnir hafa annars vegar það hlutverk að stýra tilteknum verkefnum og hins vegar að styrkja norræna samvinnu og auka upplýsingastreymi milli aðila sem vinna innan málaflokksins. Þá tekur vinna í hópnum og undirhópum hans einnig mið af samningnum um EES og fjalla tengiliðahópar um nýjar gerðir sem koma inn í samninginn, framkvæmd samningsins og sameiginlegar áherslur Norðurlandanna.

8. Byggðamál

Samstarf Norðurlandanna í byggðamálum skipar mikilvægan sess í norrænu samstarfi enda eru þátttakendur bæði héruð og ríki. Um er að ræða upplýsingamiðlun og samráð meðal embættismanna og reynt er að skapa betri grunn fyrir stefnumótun og ákvarðanatöku. Á undanförnum árum hefur orðið áherslubreyting frá því að samstarfið varðaði einungis innri mál Norðurlanda en nú hefur sambandið milli Norðurlanda og Evrópu og milli Norðurlanda og grannsvæðanna fengið aukið vægi. Mikilvægi Evrópusamstarfsins hefur aukist verulega með þátttöku Norðurlanda í Interreg-áætlun ESB. Svæðasamstarfið snertir einnig Eystrasaltslöndin og Barentssvæðið. Á sviði þekkingarmiðlunar hefur sambandið við Evrópu og grannsvæðin fengið aukið vægi.

Á árinu var unnið að samstarfsáætlun á sviði byggðamála fyrir tímabilið 2001–2005 og var sú samstarfsáætlun samþykkt á ráðherrafundi í nóvember. Í þessari áætlun er lögð áhersla á sömu þætti og verið hefur en þeir eru:

— upplýsingamiðlun,
— uppbygging þekkingar og rannsókna og
— samstarf milli héraða.

Áætlunin hefur verið lögð fyrir Norðurlandaráð og mun liggja fyrir í endanlegri útgáfu um mitt ár 2000. Hún verður einnig gefin út á íslensku.

Á sviði upplýsingamiðlunar verða starfræktir vinnuhópar um valin efni sem hafa mikil áhrif á þróun byggðar. Í fyrstu verður lögð áhersla á samhæfðar aðgerðir í byggðamálum og áhrif millifærslukerfis milli ríkis og sveitarfélaga á byggðaþróun. Þá er boðið upp á þann möguleika að norræna samstarfið í byggðamálum standi fyrir og kosti rannsókn á og umfjöllun um byggðastefnu í einu af löndunum. Þetta hefur þegar verið gert í Finnlandi. Þá verður unnið að athugun á sóknarfærum í upplýsingatækni sem áhrifavaldi í byggðaþróun og fleiri afmörkuðum málum.

Á undanförnum árum hefur orðið efling á rannsóknar- og símenntastarfi á sviði byggða- og skipulagsmála með eflingu Nordregio, norrænu byggða- og skipulagsstofnunarinnar. Staða stofnunarinnar á alþjóðlegan mælikvarða fer stöðugt vaxandi. Símenntunarnámskeið ársins 2000 mun fjalla um svæðisbundið atvinnuþróunarstarf og er það í samræmi við áherslur úr formennskuáætlun Íslands.

Áfram verður lögð áhersla á samstarfssvæðin. Samspil Norðurlandasamstarfsins og verkefna á vegum Evrópusambandsins er nú búið að taka á sig nokkuð fast form. Í framtíðinni verða gerðar auknar kröfur til samstarfssvæðanna um að sýna fram á árangur til að fá fjárveitingar. Áfram verður lögð áhersla á Norræna Atlantssamstarfið, NORA.

Formennskuáætlun Íslands á sviði byggðamála var uppfyllt í öllum meginatriðum.

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde — NORA).

Norræna Atlantsnefndin (NORA) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og strandhéraða Noregs og heyrir nefndin undir Norrænu embættismannanefndina í byggðamálum (NERP).

Skrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn í Færeyjum. Einnig eru starfandi fulltrúar/skrifstofur NORA í hverju aðildarlandi. Hér á landi hefur skrifstofa Byggðastofnunar á Egilsstöðum haft umsjón með starfi NORA en í júní 1999 tók þróunarsvið Byggðastofnunar á Sauðárkróki við því verkefni.

Framkvæmdaráð, þar sem hvert aðildarland á fulltrúa, undirbýr ákvarðanir í samstarfi við starfsmenn í hverju landi, leggur fram tillögur og veitir framkvæmdastjóra leiðsögn í einstökum málum.

Meginmarkmið með starfi nefndarinnar hefur verið:

— að hvetja til og efla samvinnu innan svæðisins með áherslu á eftirfarandi atriði: (1) auðlindir og umhverfismál sjávar, (2) landbúnað, (3) verslun og viðskipti, (4) ferðaþjónustu og (5) samgöngur;
— að koma á samstarfi milli nefndarinnar og annarra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins, einkum hefur verið lögð áhersla á samvinnu við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir í löndunum fjórum;
— að miðla reynslu og þekkingu í byggða- og atvinnumálum milli landanna;
— að stuðla að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum, þar sem löndin geta notið góðs af reynslu hvers annars með því að koma á samskiptum stofnana, fyrirtækja og fólks í millum.

Norræna Atlantsnefndin hefur starfað síðan 1996 og er fjögurra ára áætlun nefndarinnar á enda. Ný áætlun er í undirbúningi fyrir árin 2001–2004 og einnig verður skipuð ný nefnd. Þrír fulltrúar frá hverju landi eiga sæti í nefndinni og fulltrúar Íslands voru skipaðir í nefndina af forsætisráðherra. Sú breyting varð hins vegar á um sl. áramót að iðnaðarráðherra tók við byggðamálum af forsætisráðherra.

Á þessum fjórum árum sem nefndin hefur starfað hafa borist margar umsóknir um verkefnastyrki frá öllum löndunum en skilyrði fyrir styrk er að minnst tvö aðildarlönd séu umsækjendur að hverju verkefni. NORA hefur einnig haft frumkvæði að verkefnum sem skipta miklu máli í dreifðum byggðum á norðurslóðum svo sem ráðstefnu um fjarnám og fjarlækningar. Á árinu var efnt til ráðstefnu á Egilsstöðum sem bar heitið „Framþróun og nýsköpun á Norður-Atlantshafssvæðinu" í samvinnu við Lánasjóð Vestur-Norðurlanda.

Fjárveiting til nefndarinnar á árinu var um fimm millj. d.kr. Þátttaka Íslendinga í verkefnum nefndarinnar hefur verið mikil þessi fjögur ár sem nefndin hefur starfað. Þannig hafa Íslendingar verið þátttakendur í allt að 60 verkefnum af ýmsum toga. Sjávarútvegur og verkefni tengd veiðum og vinnslu sjávarafurða hafa verið áberandi í starfi nefndarinnar enda er sjávarútvegur eitt þeirra sviða sem tengir þessi lönd saman.

9. Efnahags- og fjármál.

Ráðherrafundir.

Efnahags- og fjármálaráðherrar Norðurlanda héldu tvo formlega fundi á árinu, í júní á Egilsstöðum og í nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Á þessum fundum var meðal annars rætt um stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndum og áhrif hins nýstofnaða Efnahags- og myntbandalags (EMU). Auk þess má nefna málefni Norræna fjárfestingarbankans en á árinu gekk í gildi nýtt samkomulag um bankann sem miðar að því að styrkja stöðu hans sem alþjóðlegrar fjármálastofnunar. Þá komu til umfjöllunar ýmis mál sem verið hafa til skoðunar á vegum ráðherranna, svo sem möguleikar á aukinni samvinnu norrænna kauphalla og verðbréfaþinga sem hugsanlega næði einnig til Eystrasaltsríkjanna þriggja, niðurstöður athugunar á áhrifum hagvaxtar á afkomu hins opinbera og viðamikil athugun á stöðu og horfum í lífeyrismálum á Norðurlöndum sem nú stendur yfir en hún er gerð að frumkvæði Geirs H. Haarde fjármálaráðherra.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a) *Embættismannanefndin (EK-Finans) og ýmsir vinnuhópar.* Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna. Meginverkefni nefndarinnar er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Á árinu voru málefni Norræna fjárfestingarbankans sem fyrr mikið til umfjöllunar.

Athugun á norrænum kauphöllum: Á árinu var fram haldið sérstakri athugun vinnuhóps sem fjallaði um áhrif aukinnar alþjóðavæðingar á starfsemi norrænna kauphalla og verðbréfaþinga og kynntar helstu niðurstöður þar að lútandi. Meðal annars er rætt um aukið samstarf á þessu sviði, jafnframt því að huga að frekari samræmingu skráningarreglna norrænna kauphalla og verðbréfaþinga. Auk þess hafa ráðherrarnir lýst yfir vilja sínum til að aðstoða Eystrasaltsríkin þrjú við frekari þróun á þessu sviði. Þessu starfi verður fram haldið á árinu 2000.

Athugun á áhrifum hagsveiflunnar á ríkisfjármál: Á árinu lauk athugun vinnuhóps á áhrifum hagsveiflunnar á stöðu ríkisfjármála á Norðurlöndum og voru niðurstöðurnar birtar í sérstakri skýrslu (*The public budget balance, fiscal indicators and cyclical sensitivity in the Nordic countries*; TemaNord 1999:575). Athugunin leiddi í ljós að ríkisfjármálin á Norðurlöndum eru tiltölulega viðkvæm fyrir stöðu efnahagsmála á hverjum tíma. Umfang opinbera geirans ræður þar mestu og eru þau norrænu landanna þar sem

opinberi geirinn er stærstur jafnframt þau lönd sem búa við hvað mesta næmni í þessu tilliti.

Athugun á stöðu og horfum í lífeyrismálum: Á árinu hófst umfangsmikil athugun á stöðu og horfum í lífeyrismálum á Norðurlöndum. Auk þess verður fjallað um ýmis hagfræðileg viðfangsefni sem tengjast lífeyrismálum og stefnumörkun á þessu sviði. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sér um að framkvæma þessa athugun. Jafnframt hefur verið settur á laggirnar sérstakur vinnuhópur hér innan lands með fulltrúum frá opinberum stofnunum og samtökum lífeyrissjóða.

b) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum. Nefndin hefur haft eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni og hana skipa að mestu sömu fulltrúar og sitja í embættismannanefndinni. Í þessu skyni hefur nefndin haft náin samskipti við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Nefndin hefur sent árlegar skýrslur til Norðurlandaráðs um stöðu og framkvæmd áætlunarinnar en henni lýkur formlega árið 2000.

c) *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu til fjármálaráðherranna sem síðan er lögð fram á þingi Norðurlandaráðs. Nýjasta skýrslan kom út í nóvember sl. (*Ekonomiska utsikter i Norden år 2000*; TemaNord:590).

d) *Ráðgjafanefnd í gjaldeyris- og peningamálum (Nordisktfinansielt udvalg).* Þessi nefnd hefur um árabil verið ráðgefandi fyrir fjármálaráðherrana í gjaldeyris- og peningamálum. Enn fremur hefur hún annast undirbúning og samræmingu norrænna sjónarmiða á þessu sviði á alþjóðavettvangi, einkum fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þá hefur nefndin fylgst náið með framvindu og undirbúningi vegna Efnahags- og myntbandalagsins. Þessi nefnd hefur nú verið lögð niður og verkefni hennar færð til nýrrar nefndar, Efnahags- og fjármálanefndar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee), en í henni sitja fulltrúar efnahags- og fjármálaráðuneyta og Seðlabanka þessara ríkja. Hin nýja nefnd tekur einnig við verkefnum Norrænu-baltnesku nefndarinnar.

e) *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Kontaktgruppe for miljø og økonomi).* Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø). Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Fjármálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið eiga sinn hvorn fulltrúann í þessum hópi. Á árinu voru gefnar út nokkrar skýrslur, meðal annars um notkun hagrænna stjórntækja á sviði umhverfismála, möguleika á norrænu samstarfi á sviði umhverfismála og viðskipti með losunarkvóta. Af þeim verkefnum sem nú eru í gangi má nefna athuganir á hagkvæmni við verndun lífríkisins, á hagrænu gildi óspilltrar náttúru og reynslu norrænu landanna af umhverfissköttum. Ísland tók við formennsku í þessum vinnuhópi við upphaf ársins 2000.

f) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjár-

laganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Á vegum nefndarinnar hefur meðal annars verið gerð úttekt á fyrirkomulagi samningsstjórnunar í norrænum rekstri. Einnig var gerð sérstök athugun á framsetningu norrænu fjárlaganna og gerðar tillögur um breytingar og úrbætur sem miðuðu að betri og skýrari miðlun upplýsinga.

g) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Løne- och personaleutskottet).* Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar ýmist frá samstarfsnefndinni, ráðherranefndinni, Norðurlandaráði eða skrifstofum þeirra en getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndarinnar og stjórnarnefndarinnar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna um réttarstöðu norrænna stofnana frá 1988 og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Á árinu hafa nokkur stór mál verið til umfjöllunar, svo sem ráðningarform og launasetning starfsmanna á skrifstofunum í Kaupmannahöfn en yfirfærslu allra starfsmanna í nýtt launakerfi lauk 01.01.2000, reglur um ferðakostnað og dagpeninga starfsmannanna í Kaupmannahöfn, umfjöllun um húsbóndavald í starfsmannamálum í samnorrænu stofnununum (ansvars- og kompetansefordeling) og hlutverk LOP í því samhengi. Þá er fylgst með breytingum á samkomulagi um samræmingu lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna innan Norðurlandanna sem fjármálaráðuneyti/ríkislífeyrissjóðir landanna eru að vinna að. Ísland var ekki aðili að núgildandi samkomulagi en verður aðili að hinu nýja samkomulagi.

h) *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).* Starfsmannaskiptin voru með óbreyttu sniði á árinu frá því sem var á fyrra ári. Hlutdeild Íslendinga nam 103.500 d.kr. eða 5,9% af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar. Styrkþegar voru fimm talsins og hlutu þeir hver styrk til dvalar í einn til tvo mánuði, auk ferðakostnaðar. Að lokinni skiptidvöl skila styrkþegarnir skriflegri skýrslu um dvölina til fjármálaráðuneytisins og ráðuneytis eða stofnunar viðkomandi styrkþega. Gefinn hefur verið út nýr bæklingur með upplýsingum um norrænu starfsmannaskiptin og er hann að finna á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar. Þá er einnig að finna upplýsingar um starfsmannaskiptin á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.

i) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum.* Samstarfið hófst 1989 að frumkvæði fjármálaráðherra Norðurlanda í þeim tilgangi að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í einum árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á hinum árlegu fundum er gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum á Norðurlöndum. Enn fremur er fjallað um breytingar í skattamálum innan Evrópusambandsins, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlöndin. Þá eru rædd þau skattamál sem eru til umfjöllunar á vettvangi OECD og afstaða landanna til þeirra samræmd eftir atvikum. Að lokum er á fundum þessum fjallað um einstök stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða.

j) *Norræna skattrannsóknaráðið.* Ráðið var stofnað 1973 með samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Að undangengnum nokkrum samskiptum við ráðið var ákveðið á árinu 1998 að Ísland gerðist aðili að samningi þessum. Verkefni ráðsins eru

að efla fræðilegar rannsóknir á skattamálum á Norðurlöndum á sviði lögfræði og hagfræði; annars vegar með úthlutun styrkja til fræðimanna og annarra til að vinna tiltekin rannsóknarverkefni og hins vegar með því að halda árlega ráðstefnu þar sem tekin eru fyrir með fræðilegum hætti skattamál sem höfða til allra landanna. Á síðasta fundi var fjallað um skattlagningu fasteigna.

k) *Samstarf fjárlagastjóra Norðurlanda.* Fjárlagastjórar og/eða forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum Norðurlanda sem hafa umsjón með fjárlögum hittast alla jafna tvisvar á ári. Á þessum fundum er fjallað um ýmis þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, til lengri eða skemmri tíma, sem lúta jöfnum höndum að nýjungum í fjárlagagerð og einstökum efnisþáttum þeirra.

Norræni fjárfestingarbankinn (sjá nánar kafla 26.1) heyrir undir norrænu efnahags- og fjármálaráðherrana. Á árinu tók gildi nýtt samkomulag um bankann sem miðar að því að styrkja stöðu hans sem alþjóðlegrar fjármálastofnunar.

10. Orkumál.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála hefur eflst á síðustu árum. Með yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlanda um sjálfbæra orkuöflun á Eystrasaltssvæðinu sem samþykkt var í Björgvin árið 1997 var áherslum talsvert breytt og hefur starfið frá þeim tíma í auknum mæli beinst að grannsvæðunum. Á síðasta ári samþykktu orkuráðherrarnir rammaáætlun fyrir samstarf á sviði orkumála þar sem gerð er grein fyrir starfinu og lagðar meginlínur fyrir framhald þess. Það land sem gegnir formennsku mun móta nánari stefnu og áætlun um verkefni hverju sinni. Áætlunin tekur mið af þeim öru og miklu breytingum sem eiga sér stað á orkusviðinu á alþjóðavettvangi, ekki síst innan ESB.

Markmiðið með samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra. Lögð er áhersla á að orkulindir og orka sé nýtt með skilvirkum hætti til að efla atvinnulíf og styrkja efnahag án þess að ganga á hið náttúrulega umhverfi. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska þýðingu fyrir Norðurlöndin.

Á árinu var haldinn fundur í ráðherranefndinni á Íslandi í ágúst. Sem formennskuríki boðaði Ísland til funda ráðherranna fyrir fundi ráðherraráðs ESB í maí og í desember. Í október var í boði Finnlands haldin ráðstefna orkuráðherra um samstarf á orkusviði á Eystrasaltssvæðinu. Ráðstefnuna sátu, auk norrænu ráðherranna, ráðherrar eða háttsettir embættismenn frá öðrum ríkjum við Eystrasalt, nokkrum ESB-ríkjum, Bandaríkjum Norður-Ameríku og loks fulltrúar alþjóðasamtaka og -stofnana.

Rammaáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði orkumála.

Orkuráðherrarnir samþykktu rammaáætlun fyrir orkusamstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á fundi sínum í ágúst. Áætlunin byggir á þeim verkefnum sem unnið hefur verið að og er með henni stuðlað að samfellu í samstarfinu. Í áætluninni er lýsing á samstarfinu, einkum þeim sviðum þar sem gert er ráð fyrir að efla það. Áhersla er á að auka vægi Norrænu stoðarinnar. Mikilvægustu verkefnin eru á sviði orkumarkaðar, loftslagsbreytinga, upplýsingamála og orkurannsókna. Í áætluninni verður lögð aukin áhersla á samstarf við aðra málaflokka, einkum umhverfis-, flutninga- og fjármálasviðin.

Samkvæmt áætluninni mun samstarfið hvað grannsvæðin í austri varðar grundvallast á því starfi sem unnið hefur verið í samræmi við Björgvinjaryfirlýsinguna og niðurstöðum funda norrænu orkuráðherranna og starfsbræðra þeirra handan Eystrasaltsins sem haldnir voru í Stafangri í desember 1998 og í Helsinki í október sl.

Samvinna Norðurlandanna um alþjóðlegt samstarf á sviði orkumála mun meðal annars beinast að framkvæmd tilskipana ESB um innri markað á sviði raforku og innri markað á sviði jarðgass. Meðal mikilvægra verkefna er að fjalla um hvernig svokölluðu „grænu rafmagni" verður veittur forgangur á markaðinum.

Raforkumarkaður.

Á þessum áratug hafa átt sér stað miklar breytingar á skipan raforkumála á Norðurlöndum. Norðmenn riðu á vaðið með breytingar og gáfu viðskipti með rafmagn frjáls og síðan hafa bæði Svíar og Finnar komið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku. Í Danmörku hafa verið samþykktar breytingar á löggjöf og skipulagi raforkumála, meðal annars til þess að hrinda í framkvæmd tilskipun ESB um innri markað á sviði raforku en frestur til þess rann út í febrúar sl. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að kanna forsendur fyrir aukinni samtengingu raforkumarkaðarins umhverfis Eystrasaltið og meta afleiðingar þess. Sérstakur starfshópur ráðherranefndarinnar sinnir þessu verkefni.

Í apríl var haldin námstefna í Kaupmannahöfn til að fjalla um möguleika til að nýta samtengingu raforkukerfa landanna til að draga úr umhverfisáhrifum raforkuvinnslu. Til námstefnunnar var boðið bæði fulltrúum grannsvæðanefndar Norðurlandaráðs og Nordel (samtök raforkufyrirtækja á Norðurlöndum). Námstefnan tengdist tilmælum Norðurlandaráðs 36/1998.

Orku- og umhverfismál.

Undanfarin ár hefur starfað sameiginlegur starfshópur ráðherranefndanna um orkumál og umhverfismál. Verkefni starfshópsins hafa fyrst og fremst snúist um viðfangsefni sem tengjast rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Starfshópurinn gekkst m.a. fyrir ráðstefnu sl. haust í Málmey til að fjalla um Eystrasaltssvæðið sem eins konar tilraunasvæði í viðskiptum með losunarheimildir en á ráðherrafundinum í Reykjavík samþykktu orkuráðherrarnir að leggja til að það verkefni yrði kannað. Meðal verkefna sem lokið var við á árinu er athugun á losun þriggja flokka gróðurhúsalofttegunda þ.e. HFC, (P)FC og SF6 og möguleikum til að nýta önnur efni í þeirra stað, athugun á bindingu og athugun á stjórntækjum og tækniþróun til að stuðla að aukinni hlutdeild endurnýjanlegra orkulinda í orkubúskapnum. Á árinu 1998 samþykktu forsætisráðherrar Norðurlandanna yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd. Starfshópurinn hefur unnið að því að móta hvernig tekið verður á því verkefni hvað orkumál varðar í ljósi ákvörðunar ráðherranefndarinnar.

Orkurannsóknir.

Norræna orkurannsóknaráætlunin hefur frá árinu 1987 verið skipulögð sem markáætlun til þriggja eða fjögurra ára í senn. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknarstofnana o.fl. með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Ný áætlun, sem nær til áranna 1999–2002 er komin til framkvæmda. Áætlunin tekur til sjö sviða. Á árinu var ákveðið að koma fastari skipan á starfið og stofna Norræna orkurannsóknastofnun til að sinna verkefninu og stýrir framkvæmdastjóri Norræna iðnaðarsjóðsins stofnuninni í hlutastarfi. Kostnaður við áætlunina greiðist að mestum hluta beint af löndunum af því fjármagni sem veitt er til orkurannsókna.

Evrópusambandið, Evrópska efnahagssvæðið og alþjóðaorkumál.

Á fundum ráðherranefndarinnar, embættismannanefndarinnar og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða evrópska efnahagssvæðið og þróun orkumála innan Evrópusambandsins. Fyrir fundi í ráðherraráði Evrópusambandsins um orkumál eru haldnir óformlegir fundir norrænu orkuráðherranna og sitja fulltrúar Íslands og Noregs þá fundi.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Í yfirlýsingu sem forsætisráðherrar Norðurlanda samþykktu í Björgvin 1997 um sjálfbæra þróun á sviði orkumála umhverfis Eystrasaltið fólu þeir orkuráðherrunum að vinna að tilteknum verkefnum.

Var unnið áfram á grundvelli samþykkta ráðherrafundarins í Stafangri að því að efla samstarf Norðurlanda og grannríkjanna við Eystrasalt, þ.e. baltnesku ríkjanna, Eistlands, Lettlands og Litháen auk Þýskalands, Póllands og Rússlands. Á vettvangi Norðurlandasamstarfsins hefur verið unnið að þessum verkefnum á vegum Björgvinjarhópsins og svokallaðs Eystrasaltshóps.

Eystrasaltshópurinn hefur skipulagt einstök samstarfs- og stuðningsverkefni sérstaklega í baltnesku ríkjunum og Vestur-Rússlandi.

Framkvæmd Björgvinjaryfirlýsingarinnar og undirbúningur ráðherrafundar orkuráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hefur verið í höndum svonefnds Björgvinjarhóps skipuðum fulltrúum allra Norðurlanda og óformlegrar samráðsnefndar skipuðum Björgvinjarhópnum og fulltrúum Eystrasaltsríkja ásamt fulltrúum Evrópubandalagsins.

Ráðherrafundur orkuráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um samstarf á sviði orkumála var eins og áður sagði haldinn í Helsinki í október sl. Fundurinn var haldinn innan ramma formennskuáætlunar Finna í Evrópubandalaginu. Í yfirlýsingu ráðherrafundarins var ákveðið að halda áfram að leita leiða til að auka samstarf á sviði orkumála sem stuðlað geti að sjálfbærri þróun við Eystrasalt. Í yfirlýsingu fundarins var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á raforkumarkað, gasmarkað, orkustefnu og loftslagsmál svo og orkusparnað. Sérstakur gaumur skyldi gefinn að fjárfestingum á sviði orkumála. Á fundinum var ákveðið að setja á fót sérstaka nefnd embættismanna frá löndunum (Group of Senior Energy Officials, GSEO) sem vinna skyldi að framkvæmd ályktunar ráðherrafundarins.

Hópurinn kom saman til fyrsta fundar í desember sl. Ákveðið hefur verið að ráða til starfa einn fulltrúa ásamt ritara til að vinna að samstarfsorkuverkefnum á Eystrasaltssvæðinu. Fulltrúar þessir munu hafa aðstöðu á skrifstofu Eystrasaltsráðsins (Baltic Sea State Council BSSC) í Stokkhólmi. Fé hefur verið veitt frá norrænu embættismannanefndinni um orkumál til að standa straum af kostnaði við starfsemina, jafnframt því sem sótt hefur verið um styrk frá Synergy áætlun Evrópusambandsins til að styrkja einstök verkefni á þessu sviði.

Loks má geta þess að ákveðið hefur verið að útvíkka Norrænu orkurannsóknaráætlunina þannig að hún nái einnig til Eystrasaltssvæðisins og var ákveðið að löndin veittu sérstaklega 5 millj. n.kr. á ári til þessa.

Í ágúst var haldinn fundur embættismanna frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum (5+3) á Svartsengi. Þetta var þriðji fundur þessa hóps og er tilgangur fundanna m.a. að efla tengsl landanna á þessu sviði og ræða verkefni sem þessir aðilar hafa sameiginlegan áhuga á.

Norrænt orkusamstarf undir íslenskri formennsku.

Á formennskuári Íslands var, auk þeirra verkefna sem að framan eru rakin, lögð áhersla á þrjú verkefni á svið orkumála.

Í fyrsta lagi á að löndin skiptist á upplýsingum og gögnum um orkumál og að efla miðlun upplýsinga um orkusamstarfið og orkusviðið. Settur var á fót starfshópur til að sinna þessu verkefni og á fundi ráðherranna í ágúst var samþykkt að halda því starfi áfram. Meðal verkefna er í fyrsta lagi að endurskoða heimasíðu á Veraldarvefnum um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála á vefsíðu Norden net. Einnig hefur hópurinn athugað samræmingu lykiltalna og samanburð á tölulegum upplýsingum um orkumál.

Í öðru lagi verður lögð áhersla á að koma á fót samstarfi milli orkusviðsins og flutningasviðsins. Ákveðið var að fela Norrænu orkurannsóknarstofnuninni að kanna hvort möguleikar eru á að koma á slíku samstarfi og um hvaða þætti slík samvinna gæti fjallað.

Í þriðja lagi er unnið að undirbúningi norrænnar námstefnu um ALTENER áætlun ESB. Ákveðið hefur verið að námstefnan verði haldin í Svíþjóð næsta vor. Á henni munu löndin m.a. skiptast á upplýsingum um reynsluna af ALTENER I áætluninni sem lokið er. Jafnframt munu þau fjalla um á hvaða sviðum hagsmunamál landanna fara saman svo og um samstarf þeirra í milli.

Niðurlag.

Starf norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er gagnlegt fyrir Ísland, þó svo að orkukerfi landsins sé frábrugðið því sem er annars staðar á Norðurlöndum. Sérstaklega er mikilvægt að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins í löndunum og skiptast á upplýsingum um skipan þessa málaflokks meðal annars vegna þeirrar endurskoðunar á löggjöf um orkumál sem nú er unnið að. Starf ráðherranefndarinnar í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hefur stuðlað að betri og víðtækari þekkingu á því sviði og létt undirbúning Íslands vegna vinnu í tengslum við samninginn. Áhersla er lögð á að halda því starfi áfram. Íslendingar hafa notið góðs af orkurannsóknaráætluninni og hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á að því samstarfi verði haldið áfram. Loks eru fundir á vegum ráðherranefndarinnar mikilvægir til að skiptast á skoðunum varðandi orkumál er tengjast EES og öðru alþjóðlegu samstarfi á sviði orkumála.

11. Landbúnaður og skógrækt.

Norrænt samstarf á sviði landbúnaðar og skógræktar stendur á gömlum merg og hefur verið mjög virkt frá upphafi aldarinnar. Samstarfið innan norrænu ráðherranefndarinnar byggir á þessum arfi og samstarfið hefur stöðugt þróast og ný viðfangsefni verið tekin upp. Starfsemin á árinu mótaðist m.a. af því að Ísland fór með formennsku á þessu sviði eins og á öðrum samstarfssviðum. Formennskuáætlun Íslands um landbúnað og skógrækt var gerð eftir þeirri samstarfsáætlun sem samþykkt var í Kuopio í Finnlandi á 47. þingi Norðurlandaráðs með séráherslum Íslands. Megináherslur í samstarfsáætluninni eru á verkefni sem hafa tengsl og skírskotun til eftirfarandi fjögurra sviða:

— Gæði landbúnaðarframleiðslunnar með áherslu á umhverfið.
— Varðveisla erfðafræðilegs fjölbreytileika.
— Byggðaþróun á landsvæðum sem eru sérstaklega háð landbúnaði og skógrækt.
— Sjálfbær skógrækt.

Um helmingur af fjármunum innan þessa geira rennur til viðfangsefna sem lúta að varðveislu erfðaefnis með margvíslegum hætti og vægi þessa viðfangsefnis í hagnýtum skilningi svo og í tengslum við margvísleg umhverfismál og alþjóðlega umræðu vex stöðugt. Norræni Genbankinn fyrir nytjaplöntur fagnaði því síðsumars að 20 ár voru liðin frá stofnun hans en Íslendingar hafa komið mjög við sögu í starfsemi hans frá upphafi. Mikilvægi stofnunarinnar hefur ekki hvað síst tengst miklum áherslum á þessu sviði í kjölfar Rio sáttmálans. Sömu

sögu er að segja um samstarfið um varðveislu búfjárstofna innan Norræna genbankans fyrir húsdýr sem unnið er frá Ási í Noregi. Innan skógræktarsamstarfsins, SNS, er þessum málum einnig sinnt í sérstökum starfshópi og að lokum má geta þess að þjóðirnar hafa með sér víðtækt samstarf á sviði framhaldsmenntunar á þessu sviði innan ramma Nova. Í byrjun árs 2000 verður haldið doktorsnemanámskeið á sviði jurtaerfða en að skipulagningu og undirbúningi þess hafa unnið starfsmenn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Háskóla Íslands.

Mikil vinna var á árinu lögð í mat á samstarfi þjóðanna um varðveislu erfðabreytileika og grunnur lagður að nýrri áætlun sem væntanlega verður lögð fyrir þing Norðurlandaráðs árið 2000.

Í formennskutíð Íslands var lögð áhersla á að efla samvinnu á Vestur-Norðurlöndum og að auka þátttöku Færeyja og Grænlands. Einnig var samþykkt að hefja átak til kynningar á norrænu samstarfi í ýmsum nágrannalöndum sem hafa landfræðileg og söguleg tengsl svo sem nyrsta hluta Bretlandseyja, Orkneyjar, Hjaltland og Suðureyjar svo og vesturströnd Kanada. Ákveðið var að efna til fundar með aðilum frá þessum landsvæðum í tengslum við fyrirhugaða ráðstefnu um landbúnað á norðurslóð sem haldin verður á Íslandi árið 2001 á vegum Circumpolar Agricultural Association en Ísland fer þar með formennsku árin 2000 og 2001. Lagt var til að taka inn í verkefnaáætlun næsta árs ungmennaskipti í landbúnaði með skipulegum hætti.

Tveir ráðherrafundir eru haldnir árlega. Fyrri fundur ársins var haldinn á Álandseyjum í júní og sá síðari í Kaupmannahöfn í nóvember. Meira er lagt í sumarfundinn og er unnið í tveimur málstofum þar sem fjallað er um landbúnaðarmál í annarri og málefni skógræktar í hinni auk sameiginlegrar umræðu allra. Að þessu sinni beindist athyglin að verulegu leyti að lífrænni ræktun, ferðamennsku í tengslum við landbúnað og vistvænni og sjálfbærri ræktun. Einnig höfðu alþjóðlegir samningar innan WTO mikið vægi. Seinni fundurinn sneri meira að verkefnaskrá Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði landbúnaðar og undirbúningi geirans að þátttöku í næstu rammaáætlun sem unnið er að undir kjörorðunum Sjálfbær Norðurlönd. Undirbúningur sameiginlegrar ráðstefnu þvert á ráðuneyti um öryggi matvæla var og tekin fyrir auk samstarfsins við Eystrasaltsríkin.

Þær stofnanir sem heyra undir ráðherranefnd landbúnaðar og skógræktar (MR-JS) teljast allar hafa mjög hátt „norrænt notagildi“ og sú skoðun hefur styrkst í mati á starfsemi nokkurra þeirra sem unnið var á árinu. Norrænu löndunum er verulegur styrkur af samstarfinu á sviði varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika í hinu alþjóðlega starfi. Það á jafnt við um samstarfið innan Evrópusambandsins, FAO, WTO og fleiri stofnana. Sérstaklega ber að geta hvernig norræna samstarfið á sviði landbúnaðar og skógræktar hefur nýst til sameiginlegra átaka í margvíslegum verkefnum með Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi.

Stofnanir og helstu langtímaverkefni á vegum NEJS eru:

— Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB).
— Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH).
— Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ).
— Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS).
— Samstarf landbúnaðarháskólanna (NOVA).
— Norræna dýralæknasamstarfið (NKVet).
— Samstarfsnefnd um plöntusjúkdóma.

Auk viðfangsefna sem unnin eru innan ofangreindra stofnana og nefnda stuðlar NEJS að margvíslegum verkefnum með beinum fjárframlögum í framhaldi af gerð sérstakra áætlana svo sem á sviði umhverfismála en sú áætlun er unnin og fjármögnuð í samstarfi við Norrænu

embættismannanefndina um umhverfismál, EK-Miljø. Einnig hefur í samstarfi við EK-Miljø verið starfandi sérstök samráðsnefnd „Strategigruppen för genetiska resurser" sem sérstaklega hefur hugað að málefnum þar sem hagsmunir landbúnaðar og umhverfis fara saman.

12. Sjávarútvegsmál.

Á formennskuári Íslendinga í norrænu samstarfi árið 1999 var lögð sérstök áhersla á ábyrga auðlindanýtingu, hreint umhverfi, náttúruvernd og heilbrigt mannlíf á norðurslóðum og Vestur-Norðurlöndum. Þessa sá víða stað í samstarfi á sjávarútvegssviðinu. Á árinu var efnt til Norrænnar fiskimálaráðstefnu í Reykjavík þar sem umræðuefnið var hvernig á að nýta lifandi auðlindir sjávar. Í tengslum við hana var óformlegur ráðherrafundur sjávarútvegsráðherra Norðurlanda. Á árinu var hafist handa við endurskoðun norræna sjávarútvegssamstarfsins, embættismannanefndin og vísindanefndin hafa fengið nýjar starfsreglur og unnið er að nýrri samvinnuáætlun. Sem fyrr var reynt að styrkja innviði sjávarútvegsins í löndunum með stuðningi við ýmiss konar rannsóknir sem tengjast honum. Þessi áhersla hefur verið eins og rauður þráður í samstarfinu undanfarin ár. Þá setti umræða um umhverfismerkingar sjávarafurða áfram svip á samstarfið á árinu. Það var stefnumál Íslands á formennskuári að auka áherslu á norðurslóðir og vestnorræn svæði. Verkefni sem felur í sér rannsókn á samspili heitra og kaldra hafstrauma, áhrif þeirra á loftslag og þar með lífskilyrði og nýtingu auðlinda sjávar hlaut brautargengi innan norræns samstarfs á árinu og var vísað til þessarar áherslu í því sambandi.

Norræna samstarfið á sjávarútvegssviðinu fellur undir efnahags- og atvinnusamstarf í samræmi við breytingar sem gerðar voru á heildarskipulagi Norrænu ráðherranefndarinnar árið 1996. Unnið er eftir fjögurra ára samstarfsáætlun sjávarútvegssamstarfsins sem gildir fyrir árin 1997–2000. Sjávarútvegssamstarfið hélt sínum hlut í fjárveitingum frá fyrra ári og hafði til ráðstöfunar alls 7,3 millj. d.kr.

Frá því að þverfaglegu samstarfi umhverfis- og sjávarútvegsgeiranna var komið á hefur framlag sjávarútvegssamstarfsins til þess numið 1 milljón króna árlega og svo verður áfram. Sérstakur stýrihópur ber ábyrgð á því starfi sem hefur m.a. styrkt verkefni um vistferilsvottun og verkefni þar sem Alþjóðahafrannsóknarráðinu var falið að greina frá hvernig til hefði tekist um nýtingu einstakra stofna á hafsvæði þess með tilliti til sjálfbærni. Þarna er um að ræða eins konar einkunnargjöf fyrir stjórn veiða fyrir næstliðið ár og verður byggt á þeirri vinnu sem hjá ICES hefur verið lögð í að skilgreina hvað felist í varúðarleiðinni svokölluðu. Fyrsta skýrslan verður lögð fram í vor.

Ætla má að norræna sjávarútvegssamstarfið muni áfram að stórum hluta verða helgað því að svara með ýmsum hætti kröfum um að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í sjávarútvegi og hvernig neytendur geti sannreynt það. Hluti af því starfi á árinu var að upplýsa neytendur um hvernig staðið er að sjávarútvegi í norrænu ríkjunum. Ákveðið hefur verið að gera það bæði með útgáfu og með því að halda vinnusmiðjur. Reynt hefur verið áfram að setja umhverfismerkingar sjávarafurða í víðara samhengi m.a. innan FAO og í samvinnu við ESB. Á árinu var m.a. efnt til samráðs við ESB í áframhaldandi vinnu er varðar viðmið fyrir merkingar.

Sem fyrr sagði var Norræna fiskimálaráðstefnan haldin í Reykjavík í ágúst sl. og var þess freistað að svara spurningunni um hvernig nýta ætti lifandi auðlindir sjávar út frá þremur sjónarhornum, þ.e. líffræðilega, efnahagslega og siðferðilega. Hálf öld er síðan fyrsta fiskimálaráðstefnan var haldin. Þessa sóttu nokkuð á annað hundrað manns og þótti hún takast hið besta. Til viðbótar við meginefni ráðstefnunnar flutti matvælaráðherra Dana, Henrik Dam Kristensen, inngangserindi um þær nýju kröfur sem gerðar eru til matvælaframleiðslu, þar á meðal sjávarútvegs. Vakti erindi hans mikla athygli en honum varð tíðrætt um aukið

neytendavald og hvernig bregðast ætti við þeim nýju kröfum sem m.a. eru gerðar í nafni umhverfisverndar. Á óformlegum ráðherrafundi sjávarútvegsráðherra Norðurlanda í tengslum við ráðstefnuna var m.a. rætt um viðbrögð við málum sem upp hafa komið í Evrópusambandinu er varða öryggi neytenda og fengið hafa mikla fjölmiðlaumfjöllun, svo sem dioxínmál.

Meðal verkefna sem styrkt voru af fjárveitingum ráðherranefndarinnar var ráðstefna um menntun í sjávarútvegi og verkefni sem lýtur að lúðu í Norður-Atlantshafi en við það eru notuð rafmerki. Íslenska fyrirtækið Stjörnuoddi hefur forgöngu um þetta verkefni.

Sjávarútvegsgeirinn tók, eins og önnur svið í norrænu samstarfi, þátt í að móta framkvæmdaáætlun í framhaldi af samþykkt forsætisráðherra Norðurlanda í nóvember 1998 um Sjálfbær Norðurlönd.

Embættismannanefndin um sjávarútvegsmál hittist fjórum sinnum. Í Hveragerði í upphafi árs, í Illulissat á Grænlandi í maí, í ágúst í Reykjavík í tengslum við Fiskimálaráðstefnuna og í Kaupmannahöfn í október. Meðal þess sem efnt var til á árinu var umræða um hvert menn vildu stefna í þessu samstarfi og var þar m.a. rætt um að auka tengsl við þá sem fara með sjávarútvegsmál í Brussel hvort heldur fyrir hönd norrænu ríkjanna eða fyrir Evrópusambandið. Íslendingar hafa forustu í minni hóp embættismanna sem endurskoðað hefur formlega skipan samstarfsins og endurskoðar hann nú starfsáætlun þess til næstu fjögurra ára.

Meginmarkmið gildandi samstarfsáætlunar er að stuðla að því að efla sjávarútveg sem mikilvægan þátt þjóðlífs í löndunum. Mikilvægt er að styðja verkefni sem snerta þau lönd eða landshluta sem háðastir eru sjávarútvegi. Markmiðin fela í sér áherslu á verndun auðlinda sjávar og skynsamlega nýtingu þeirra. Ekki er ástæða til að ætla að þessu verði breytt en vænta má áherslubreytinga hvað varðar aukið tillit til sjónarmiða neytenda. Áherslubreytinga er ekki síst að vænta í ljósi þess að samstarfið hefur orðið pólitískara, í breiðum skilningi þess orðs, undanfarin ár.

13. Samgöngumál.

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum samstarfsráðherra fer norrænt samstarf um samgöngumál að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET) en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndum, ásamt staðgenglum og ráðgjöfum. Nefndin hefur að jafnaði haldið tvo fundi á ári og svo var einnig á þessu ári. Samgönguráðherrar Norðurlanda héldu fund í Reykjavík í lok júní.

Á þessum fundum voru eftirtalin mál m.a. til umfjöllunar:

Formennskuáætlun Íslands og önnur áhersluatriði í samskiptum landanna.

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, gerði á fundinum í Reykjavík grein fyrir formennskuáætlun Íslands varðandi samgöngumál en í henni er lögð áhersla á að bæta enn frekar samgöngur á Vestur-Norðurlöndum, þ.e. á milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja, bæði flugsamgöngur og sjósamgöngur. Samskipti landanna á sviði ferðamála hafa aukist verulega á síðustu árum og eru greiðar flugsamgöngur milli þeirra grundvallaratriði. Einkum hefur orðið mikil aukning í því sem kallað hefur verið vistvæn ferðamennska.

Í lok fundarins boðuðu ráðherrarnir til blaðamannafundar þar sem helstu mál fundarins voru kynnt. Ísland kynnti bættar samgöngur á Vestur-Norðurlöndum. Finnland greindi frá því að það myndi á formennskutíma landsins í ESB seinni hluta ársins stuðla að samstarfi milli mismunandi samgöngumiðla, fjalla um járnbrautamál, nýja tækni í umferðinni, svo og samgöngur og umhverfismál. Að lokum var sagt frá þeim áhersluatriðum sem norrænu samgönguráðherrarnir hyggjast beita sér fyrir á komandi árum svo sem upplýsingatækni á sviði

samgangna, samstarf við umhverfisgeirann, skipulagning umhverfisdaga á Eystrasaltssvæðinu svo og samræming norrænna rannsókna á sviði umferðar- og samgöngumála.

Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlandanna.

Á ráðherrafundinum og á fundum NET kynnir hvert land það sem efst er á baugi í samgöngumálum hvers lands.

Í ár voru ný hafnalög, umferðarlög og fjárfestingar í samgöngunetinu ofarlega á blaði í Danmörku, fjölgun flugferða milli Færeyja og Íslands og áætlanir um jarðgangagerð í Færeyjum, auknar fjárfestingar í samgöngumannvirkjum og fjölgun ferðamanna á Grænlandi, almenningssamgöngur, umferðarmál og breiðbandsvæðing í Svíþjóð, fjarskipta- og póstmál í Finnlandi og samræmd samgönguáætlun og umhverfismál í Noregi. Jafnframt greindi Finnland frá formennskuáætlun sinni í Evrópusambandinu.

Ísland gerði grein fyrir auknum flutningum Flugleiða en félagið flytur nú yfir milljón farþega á ári, nýrri flugmálaáætlun þar sem gert er ráð fyrir endurbótum á Reykjavíkurflugvelli, framkvæmdum við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli og vinnu við samræmda samgönguáætlun. Einnig var greint frá því að búist er við að ný fjarskiptalög og lög um Póst- og fjarskiptastofnun verði samþykkt fyrir lok ársins.

Málefni, er varða EES/ESB og Norðurlönd, svo og annað alþjóðlegt samstarf.

Á fundum ráðherranna og NET voru kynnt og rædd þau mál sem til umræðu voru á árinu í samskiptum EES/ESB og Norðurlanda. Af einstökum málum má nefna málefni járnbrautanna í Evrópu, vinnutímatilskipun ESB, umferð um Sviss (kvótafyrirkomulag), Galileo-verkefnið, flugöryggismál og umhverfismál samgöngugeirans.

Störf vinnuhópa.

Á árinu störfuðu vinnuhópar á vegum NET að eftirtöldum verkefnum:

a) Umferðaröryggismál í Eystrasaltslöndunum. Finnland kynnti á fundum NET þetta starf en sótt var um fjárframlög frá Norrænu ráðherranefndinni til þessa verkefnis. Á fundi NET í nóvember var greint frá því að þar sem engin fjárframlög voru til verkefnisins í rammaáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árin 2000–2002 hafði Finnland skrifað framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar bréf, ásamt bréfi til utanríkisráðherra Finnlands, þar sem vakin er athygli á mikilvægi þessa verkefnis og ítrekuð umsókn um fjárframlög á fjárlögum ráðherranefndarinnar. Haldin var námsstefna í Tallinn í september sl. um umferðaröryggismál í þessum löndum. Fulltrúi Íslands var Jón Rögnvaldsson, aðstoðarvegamálastjóri og setti hann námsstefnuna.

b) Samgöngur og umhverfismál. Svíþjóð greindi frá störfum vinnuhópsins. NET óskaði eftir því að vinnuhópurinn gerði tillögur um hvernig vinna eigi gegn mengun frá vöruflutningabifreiðum sem aka á löngum leiðum, í samræmi við ályktun Norðurlandaráðs þar að lútandi. Finnland greindi frá því að þessi málaflokkur nyti forgangs í formennsku landsins í Evrópusambandinu seinni hluta ársins.

c) Upplýsingatækni í samgöngumálum. Verkefnið er unnið á ábyrgð Norðmanna. Skýrsla var lögð fram. NET lýsti ánægju sinni með störf vinnuhópsins og ákvað að styrkja það með frekari framlögum í samræmi við verkefnaskrá sem lögð var fram.

d) Samstarf við orkugeirann. Að frumkvæði Íslands var hafið samstarf við orkugeirann á árinu. Norræna nefndin um rannsóknir á orkusviðinu (NEFP) hélt í lok nóvember ráðstefnu um samgöngur og umhverfismál í Ósló en þar flutti samgönguráðherra Íslands, Sturla Böðvarsson, erindi um orkunotkun í samgöngum. Í erindi ráðherra kom m.a. fram

að orkunotkun í heiminum hefði tvöfaldast frá byrjun sjöunda áratugarins. Í dag fer um helmingur af allri olíunotkun heimsins til að flytja vörur og fólk. Ef þessi þróun héldi áfram munu samgöngur nota þriðjung allra þeirrar orku sem kemur frá olíu, kolum, gasi og rafmagni innan ekki langs tíma.

e) Sjálfbærir vöruflutningar á Norðurlöndum. Settur var á laggirnar starfshópur til þess að skipuleggja ráðstefnu um sjálfbæra vöruflutninga á Norðurlöndum. Áætlað er að halda þessa ráðstefnu í Kaupmannahöfn í lok febrúar árið 2000.

Samstarfið í framtíðinni.

Það er sameiginlegt álit samgönguráðherra Norðurlanda að áhugi sé fyrir og þörf á að viðhalda norrænu samstarfi á sviði samgöngu- og umferðarmála. Þetta samstarf getur átt sér stað annað hvort innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar eða milli einstakra landa.

Samgöngumál snerta alla þætti þjóðlífsins og ekki óeðlilegt að þau séu vistuð á einum stað þótt þau gangi þvert á verkefni annarra ráðuneyta. Þetta á einkum við um umhverfismál samgöngugeirans svo og upplýsingatækni í samgöngum.

Samstarf Norðurlanda í samgöngumálum á næstu árum mun eins og mörg undanfarin ár greinast í eftirfarandi þætti:

Í fyrsta lagi samnorræn verkefni en á því sviði hefur að undanförnu verið lögð áhersla á upplýsingatækni í samgöngu- og umferðarmálum, sbr. hér að framan.

Í öðru lagi mun kastljósið beinast að Evrópumálum. Þar er fyrst að nefna TEN-verkefnið eða þann þátt þess sem nær yfir nyrstu héruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Einnig verður lögð áhersla á umhverfismál og hugað að mengun frá hinum ýmsu samgöngutækjum, aðgengi og nýtingu annarra brennsluefna en nú eru notuð og tekið upp samstarf við ríki er liggja að norrænu löndunum um að draga úr mengun samgöngutækja.

Í þriðja lagi verður lögð áhersla á að ræða samgöngur við grannsvæðin, einkum við Rússland og Eystrasaltsríkin. Milli þessara ríkja og norrænu landanna, einkum Finnlands og Svíþjóðar, er vaxandi bílaumferð og er meðalaldur bifreiða í þessum löndum hár og ástand þeirra lélegt. Litið er á það sem sérstakt verkefni að vinna að bættu öryggi umferðar milli þessara landa, að draga úr mengun og að gera umferðina ábatasamari en nú er raunin.

Ísland mun á næstu árum beita sér fyrir að bæta enn frekar samgöngur á milli landa á Vestur-Norðurlöndum eins og áhersla var á lögð í formenskuáætlun fyrir árið 1999.

14. Samstarf við grannsvæðin.

Í samræmi við stefnu fyrri ára tekur samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við grannsvæðin til eftirfarandi starfsemi: starfsemi upplýsingaskrifstofanna, upplýsingamiðlunar og samskipta, styrkjakerfa og þróunarverkefna á ýmsum sviðum. Innan grannsvæðaáætlunarinnar fer fram samstarf um málefni Norðurskautssvæðisins, einkum með áherslu á málefni frumbyggja, lífskjör og afkomu íbúa og sjálfbæra nýtingu auðlinda á Norðurskautssvæðinu.

Fjárveitingar ráðherranefndarinnar til grannsvæðasamstarfsins hækkuðu í 65,5 millj. d.kr. Auk þessa renna u.þ.b. 70 millj. d.kr. frá öðrum samstarfssviðum til samstarfs við grannsvæðin.

Með það fyrir augum að gera samstarfið gagnsærra og auðvelda framtíðarspár og jafnframt að bæta möguleikana á pólitískri stýringu, hefur stjórnun grannsvæðasamstarfsins verið endurskoðuð á árinu. Nú hefur í fyrsta sinn verið gerð rammaáætlun til þriggja ára fyrir tímabilið 2000–2002. Starfsáætlanir hvers árs fyrir sig munu síðan grundvallast á rammaáætluninni. Enn fremur hefur verið gerð sérstök verkefnaskrá sem verður þróuð enn frekar

með það að markmiði að auðvelda þeim, sem að þessum málefnum starfa, aðgang að upplýsingum um grannsvæðastarfsemi ráðherranefndarinnar.

Um leið og samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykktu rammaáætlunina tóku þeir ákvörðun um að hefja skuli umræðu um stefnumótun til næstu ára fyrir samstarfið við grannsvæðin.

Samstarf við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland.

Upplýsingaskrifstofur á vegum ráðherranefndarinnar eru í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna þriggja svo og í Pétursborg í Rússlandi. Á öllum fjórum skrifstofum urðu skrifstofustjóraskipti á árinu. Starfsemi skrifstofanna hefur á síðustu árum þróast og þær sinna nú í ríkari mæli verkefnum fyrir ráðherranefndina en þar má m.a. nefna umsjón með styrkjum vegna starfsmannaskipta svo og styrkja- og dvalarkerfi fyrir unga listamenn (Sleipnir-grannsvæðin). Þetta hefur til muna aukið skilvirkni við val á þátttakendum og úrvinnslu og möguleikana á að mæta breytilegum þörfum.

Hvað varðar styrkjakerfið vegna Eystrasaltsríkjanna og Rússlands hefur hafist áætlun til þriggja ára þar sem áherslan verður á uppbyggingu tengslanets í stað styrkja til einstaklinga. Styrkjakerfið nær nú einnig til frjálsra félagasamtaka auk kennara, vísindamanna og námsmanna.

Þau verkefni sem í gangi eru falla undir fjögur svið: lýðræði og velferð, menningarmiðlun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og markaðsþróun. Samstarf um lýðræði og velferð hefur haft forgang; sérstaklega má geta fjárveitingar til þróunar á sérkennslu í Eystrasaltsríkjunum og aðgerða sem stuðla að auknu heilbrigði á grannsvæðum Norðurlanda í austri.

Samstarf um málefni Norðurskautssvæðisins.

Grannsvæðasamstarfið sem fjallað er um hér að ofan felur í mörgum tilvikum í sér svið eða þætti sem snerta Norðurskautssvæðið. Innan grannsvæðasamstarfsins er hins vegar einnig sérstök Norðurskautsáætlun en þar undir eru samstarfsverkefni sem aðeins eiga við Norðurskautssvæðið.

Norrænu löndin eru öll þeirrar skoðunar að æskilegt sé að dýpka Norðurskautssamstarfið og taka jafnframt þátt í því starfi sem fram fer á þessu sviði á öðrum vettvangi. Því sótti ráðherranefndin á árinu um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Í framhaldi af því hefur Norræna ráðherranefndin getað tekið þátt sem „ad hoc" áheyrnarfulltrúi í fundum á þessum vettvangi. Enn fremur hefur ráðherranefndin tekið þátt í verkefnasamstarfi ýmiss konar, einkum á sviði umhverfismála.

Málefni frumbyggja hafa verið einn þáttur í Norðurskautssamstarfinu. Á árinu hefur verið unnið að framkvæmd áætlunarinnar um framleiðsluþróun, fullvinnslu og markaðsfærslu hefðbundinna afurða frá Norðurskautssvæðinu og könnun vegna samískrar þekkingarmiðstöðvar er á lokastigi. Þess er jafnframt vænst að aðlaga og þróa megi niðurstöður áætlunarinnar svo þær nýtist annars staðar á Norðurskautssvæðunum. Í samstarfi við skipuleggjendur hefur verið unnið að undirbúningi heimssýningarinnar EXPO-2000 í Hannover, með það að markmiði að tryggja þátttöku Sama og Ínúíta á sérstakri frumbyggjasýningu sem haldin verður innan ramma EXPO-2000.

Innan áætlunarinnar um lífskjör og afkomu íbúa Norðurskautssvæðisins hefur farið fram samanburðarkönnun á lífskjörum íbúa. Sérstök fjárveiting hefur verið veitt til úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um lífskjör íbúa á norræna Norðurskautssvæðinu. Fjarlækningar er rannsóknar- og þróunarsvið sem miklar vonir eru bundnar við á strjálbýlum svæðum. Upp

bygging tengslanets milli norrænna sérfræðinga í fjarlækningum hefur verið aðalmarkmiðið á þessu sviði á árinu.

Hvað varðar sjálfbæra nýtingu auðlinda hefur verið unnið að því að kortleggja magn og áhrif PCB á vistkerfi og íbúa Norðurskautssvæðisins. Einnig hefur verið unnið að norrænni samstarfsáætlun um verndun náttúru- og menningarminja á svæðinu. Innan ramma grannsvæðasamstarfsins stóð Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri fyrir vinnusmiðju um sjálfbæra þróun á Norðurskautssvæðinu.

15. Heilbrigðis- og félagsmál.

Ráðherrafundur.

Dagana 21. og 22. júní var árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra haldinn í Stafangri í Noregi. Ráðherrarnir samþykktu m.a. tvær tillögur sem Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, bar upp á fundinum. Ákveðið var að kanna í sameiningu vilja til að koma á fót vinnuhópi, sem hefði þrennt að markmiði í starfi sínu. Í fyrsta lagi að kanna möguleikana á að draga úr lyfjakostnaði, í öðru lagi að hafa áhrif á markaðssetningu lyfja og í þriðja lagi að stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun í löndunum. Hin tillaga Ingibjargar Pálmadóttur sem samþykkt var felur meðal annars í sér að löndin munu skiptast á skoðunum og upplýsingum um áfengisneyslu ungmenna og viðleitni hvers lands fyrir sig til að greina að áfengi og íþróttaiðkun ungmenna. Rætt var um áfengisauglýsingar og íþróttir, einkum þá þróun sem menn hafa fyrir augunum og felst í að áfengisframleiðendur beina auglýsingum sínum jafnvel að börnum og ungmennum. Í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi var haldinn ráðherrafundur vegna þeirra málefna á sviði heilbrigðis- og félagsmála sem voru til umfjöllunar á þinginu. Var þar einkum um að ræða umfjöllun um málefni barna og unglinga og skýrslu um Norðurlönd og alþjóðavæðinguna.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (EK-S) hélt þrjá fundi á árinu. Á fundi nefndarinnar í Kaupmannahöfn í mars var sérstaklega fjallað um þau mál sem Ísland lagði áherslu á í formennskutíð sinni en þau vörðuðu aukin gæði og árangur heilbrigðisþjónustu, réttindi sjúklinga, heilsufar kvenna og bætt umhverfi fjölskyldunnar. Í framhaldi af fundi nefndarinnar var síðan haldin ráðstefna um réttindi sjúklinga í samvinnu við Evrópuskrifstofu WHO, Evrópuráðið og Norræna heilbrigðisfræðaháskólann.

Á fundi embættismannanefndarinnar í tengslum við ráðherrafundinn í júní var, auk undirbúnings fundar ráðherranna, fjallað um gildi prófa frá Norræna heilbrigðisfræðaháskólanum og framlenginu á ráðningarsamningu við NIOM.

Á dagskrá haustfundar, sem haldinn var í Nuuk á Grænlandi í byrjun október, voru m.a. fjárlagatillögur fyrir árið 2000, úttekt á NIOM og NOPUS og gerð nýrrar samstarfsáætlunar. Fjármögnun Cochrane-samstarfsins á Norðurlöndum var sérstaklega til umræðu og lagði Ísland áherslu á að Norðurlöndin reyndu að tryggja fjárhagslega grundvöll þess til lengri tíma. Danir kynntu formennskuáætlun sína fyrir árið 2000.

Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV). Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn í Gautaborg, Svíþjóð, er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir innan heilbrigðisfræða. Háskólinn starfar samkvæmt sérstökum samningi við Norrænu ráðherranefndina. Samningurinn er til þriggja ára í senn og tekur sá nýjasti yfir árin 1998 til 2000. Árangur ársins var í samræmi við sett markmið en 20 luku námi til meistaragráðu, 3 hlutu doktors-

gráðu og 49 fengu viðurkenningu fyrir að hafa lokið 32 vikna sérskipulögðu námi frá skólanum.

Gerð var úttekt á starfsemi skólans af ASPHER (Association of Schools of Public Health in the European Region) og verða niðurstöður hennar kynntar snemma ársins 2000.

Nám við skólann er í sífelldri endurskoðun og er því ekkert námsár öðru líkt. Ræðst það af nýjungum í þekkingu á lýðheilbrigði og breytingum á þörfum heilbrigðisþjónustunnar á Norðurlöndum. 25 Íslendingar stunduðu nám við skólann en auk þess sóttu nokkrir Íslendingar ráðstefnur eða fengu stuðning og leiðsögn við rannsóknarverkefni. Tveir Íslendingar luku námsgráðu frá skólanum á árinu. Einn Íslendingur lauk doktorsnámi.

Norræn stofnun til prófunar efna til tannlækninga (NIOM). Fyrir íslenska tannlækna eru tengslin við NIOM hagkvæm vegna upplýsinga um gæði og aukaverkanir efna til tannlækninga. Ekki síst til þess að koma í veg fyrir að verið sé að nota efni áður en þau eru fullreynd.

Verkefnum NIOM er skipt í fjóra meginþætti: stöðlun („standariseringu"), prófun efna, rannsóknir og fræðslu.

Á alþjóðlegum vettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

Enn fremur hefur stofnunin fengið heimild til starfsemi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Norræna lyfjanefndin (NLN). Norræna lyfjanefndin er samstarfsvettvangur Norðurlanda í lyfjamálum. Verkefni nefndarinnar eru m.a.:

— að stuðla að samræmingu laga, reglugerða og framkvæmd lyfjamála á Norðurlöndum,
— að stuðla að norrænni samvinnu um samstarf Evrópu um lyfjamál, Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar, EFTA, ESB og Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA),
— að stuðla að norrænum rannsóknum og samvinnu um lyfjamál og vera ráðgjafi ríkisstjórna Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndarinnar,
— að gera reglulega samanburð á lyfjanotkun og lyfjakostnaði Norðurlanda, þar sem stuðst er við ATC-lyfjaflokkunarkerfið og DDD, sem eru verkefni sem NLN hefur unnið ötullega að úbreiðslu á undanfarin ár og Alþjóða heilbrigðisstofnunin hefur nú tekið það upp og hvetur til notkunar þess um allan heim,
— að halda ráðstefnur/námsstefnur um mál, er tengjast lyfjum, má þar nefna ráðstefnu um Lyf og Internetið, sem haldin var í haust.

NLN á áheyrnarfulltrúa í ýmsum mikilvægum nefndum ESB og er umsagnaraðili um nýjar tilskipanir ESB um lyfjamál. Þá hefur NLN aðstoðað Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, við skipulagningu lyfjamála landanna.

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD). Aðalverkefni NAD (Nordiska nämnden för alkohol och drogforskning) er að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og fíkniefnarannsókna. Rannsóknir þessar hafa yfirleitt verið samfélagslegar innan félagsvísinda og félagsgeðlækninga.

NAD leitast við að þróa og dýpka þekkingu á notkun áfengis og annarra fíkniefna; forvörnum, stefnu stjórnvalda í þessum efnum; skaðsemi efnanna og meðferð neytenda. Markmið NAD er að stuðla að öflugum norrænum rannsóknum á áfengis- og lyfjaneyslu og áhrifum hennar á samfélagið í heild sinni. NAD liðsinnir ekki einungis vísindamönnum heldur auk þess félagsráðgjöfum, sálfræðingum, sagnfræðingum og öðrum sem áhuga hafa á þessu starfi.

NAD gefur út eigin rit (ritröð NAD) og vinnur með „Nordisk Alkohol og Narkotika tidskrift" (NAT) ásamt ensku útgáfunni „Nordic studies on Alcohol and Drugs". NAD veitir einnig styrki til margvíslegra verkefna og rannsókna á áfengis- og fíkniefnavandamálum.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO). Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem frá þátttökulöndunum koma.

Allar Norðurlandaþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, ýmist vegna aðildar sinnar að Evrópusambandinu eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Á aðalfundi nefndarinnar var farið yfir skýrslur vinnuhópa um meðaltekjur og tekjuskiptingu, ESSPROSS-málefni, og útgjöld vegna félagslegrar þjónustu við eldri borgara og fatlaða. Samstarf við NOMESKO var einnig til umræðu, auk annarra fastra dagskrárliða.

Í september stóð NOSOSKO fyrir ráðstefnu um félagstölfræði- og hagskýrsluleg málefni í Tallinn í Eistlandi fyrir embættismenn og sérfræðinga í Eystrasaltsríkjunum þremur. Var þetta námskeið framhald af námskeiði sem haldið var á sama stað árið 1998.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO). NOMESKO hefur það að markmiði að auðvelda samanburð milli norrænu landanna á sviði heilbrigðistölfræði. Einnig er nefndinni ætlað að hafa frumkvæði að þrónunarverkefnum á þessu sviði. Í þeim tilgangi hefur nefndin haft talsvert samstarf við Eystrasaltsríkin. Nefndin fylgist einnig með og hefur samstarf við heilbrigðistölfræðistofnanir á alþjóðavettvangi, m.a. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Helstu verkefni NOMESKO á árinu voru: (1) samræming á skráningu á sjúkrahúsum; (2) samræming á skráningu heilbrigðisvandamála utan sjúkrahúsa; (3) samræming á skráningu dánarorsaka og dánarvottorða; (4) almenn samræming á ýmsum kennitölum í heilbrigðistölfræði; (5) samræmd skráning á heilbrigðisstarfsmönnum á Norðurlöndunum.

Á árinu gaf NOMESKO einnig út flokkun á skurðaðgerðum og rit um skráningu á sjúkrahúsum á Norðurlöndum.

Mjög náið samstarf er milli NOMESKO og hinnar norrænu miðstöðvar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um sjúkdómaflokkun og skilda starfsemi á vegum WHO sem staðsett er í Uppsölum í Svíþjóð.

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD). Meginmarkmið með starfsemi NUD er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. Aðalverkefni NUD er að mennta starfsfólk sem vinnur með daufblindum, að þjóna sem þekkingarmiðstöð, vinna að söfnun og þróun þekkingar og sinna alþjóðlegu samstarfi á sviði daufblindu. Þriggja ára samningur á milli ráðherranefndarinnar og NUD gildir fyrir tímabilið 1999–2001.

Haldin voru tvö þemanámskeið, fjögur grunnnámskeið og fjórar ráðstefnur. Tvær tilraunir voru gerðar með fyrirlestra í fjarkennslu til samstarfslandanna.

Bókasafn NUD er mikið notað til leitar og lestrar og 200 nýir titlar bættust við á árinu. Fimm fréttabréf voru gefin út. Haldin voru fjórar námstefnur þar af eitt um „NUD árið 2000“ með stjórnendum frá öllum löndunum um framtíðarhlutverk og starfsemi. Níu sinnum héldu norrænir vinnuhópar fundi á NUD. Gefnar voru út tvær bækur þar af önnur bæði á dönsku og ensku og fjögur textahefti um grunnþekkingu. NUD hefur staðið fyrir tveimur verkefnum í Eystrasaltslöndum og sex þátttakendur voru þaðan á grunnnámskeiðum. NUD á fulltrúa í tveim EU/int ráðstefnum. Þátttakendur á námskeiðum voru 180 þar af níu frá Íslandi.

Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna. Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskír-

teina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú í heild til 22 faghópa en Ísland er þó einungis aðili varðandi 19 hópa.

Aðilar samningsins töldu að þrátt fyrir EES-samninginn verði áfram þörf á norrænum reglum um viðurkenningu starfsgreina. Í fyrsta lagi að því er varðar sérgreinar sem EES-reglur ná ekki til. Í öðru lagi að því er varðar einstaklinga er hlotið hafa menntun sína í þriðja landi. Í þriðja lagi vegna norrænna ríkisborgara sem ella hefðu lakari möguleika á að stunda starfsgrein sína í öðru norrænu landi. Norðurlöndin ræða á þessum vettvangi þau vandamál sem sem upp koma vegna hins sameiginlega vinnumarkaðar.

16. Matvæli.

Í sviðsáætlun Íslands fyrir norrænt samstarf á matvælasviði á árinu var lögð höfuð áhersla á þrjá þætti sem varða stjórn og skipan málaflokksins. Þessir þrír þættir eru:

— Að fagráðherrar, sem fara með matvælalöggjöf og matvælaeftirlit, yrðu kallaðir saman til að ræða framgang matvælamálefna í norrænu samstarfi og hvort ástæða væri til að stofna ráðherranefnd fyrir matvælamál.
— Að komið yrði á formlegu samstarfi vestnorrænu ríkjanna með stuðningi frá Norrænu ráðherranefndinni.
— Að stuðlað yrði að aukinni samvinnu fagsviða í norrænu samstarfi sem fara með mál sem geta haft áhrif á öryggi og hollustu matvæla og þeirra sem fara með mál á sviði neytendaverndar og neytendafræðslu.

Ofangreind markmið hafa öll haft framgang á árinu. Unnið er að undirbúningi ráðherrafundar um matvæli í samvinnu þeirra 5 embættismannanefnda sem með einum eða öðrum hætti tengjast matvælamálum og öryggi matvæla en þær eru auk matvælanefndarinnar, embættismannanefndirnar um umhverfismál, landbúnað, sjávarútveg og neytendamál. Fundurinn verður haldinn haustið 2000.

Tekin var ákvörðun um formlegt samstarf vestnorrænu ríkjanna um matvælaeftirlit og tengd málefni. Fyrsti fundur þess hóps sem nú hefur verið skipaður var haldinn á Húsavík í september sl. Næsti fundur verður á Grænlandi árið 2000. Meðal helstu mála sem voru til umfjöllunar á Húsavík var hvaða kröfur á að gera til matvælafyrirtækja, sem ekki hafa flókna eða umfangsmikla starfsemi, eða byggja matvælaframleiðslu á gömlum hefðum sem jafnvel samræmast ekki kröfum sem nú eru gerðar í matvælalöggjöf.

Samvinna fagsviða í norrænu samstarfi um matvælamál eykst stöðugt. Áður er nefnt samstarf um ráðherrafund. Þá má nefna samstarf EK-Livs við embættismannanefndir um landbúnaðar- og neytendamál varðandi öryggi matvæla og neytendavernd og samstarf EK-Livs við enn fleiri embættismannanefndir vegna umbúðamerkinga matvæla. Þau mál tengjast meðal annars embættismannanefndum um sjávarútvegs- og umhverfismál vegna umhverfismerkinga sem geta orðið mikið hagsmunamál fyrir íslenskan sjávarútveg.

Í sviðsáætlun fyrir árið voru einnig sett fram nokkur markmið sem sérstaklega varða öryggi matvæla og neytendavernd. Þessi markmið eru:

— Norðurlöndin dragi sameiginlegan lærdóm af yfireftirliti ESB og ESA í þeim tilgangi að bæta og samræma yfirstjórn með eftirliti og tryggja að ESB og ESA túlki löggjöf um matvæli og framfylgi henni með sama hætti á EES.
— Markmiðum og stefnu um matvælalöggjöf í „Green Paper" framkvæmdastjórnar ESB yrði fylgt eftir með samstarfi Norðurlanda til að hafa áhrif á þróun mála. Samræming og einföldun reglna um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla er meðal áhersluatriða.

— Lögð yrði áhersla á samræmda áhættugreiningu og gagnasöfnun til að vinna gegn matarsjúkdómum. Sérstaklega er bent á skoðun mála vegna lyfjanotkunar og afleiðinga hennar á myndun fjölónæmra örvera í matvælum.
— Stuðlað yrði að samstarfi og sérhæfingu rannsóknastofnana á sviði matvælarannsókna og matarsjúkdóma og að þær geti veitt ráðgjöf og þjónustu fyrir öll Norðurlöndin.
— Könnuð verði þörf á formlegu samstarfi staðlaskrárnefnda (Codex nefnda) á Norðurlöndum í þeim tilgangi að hafa áhrif á Codex-staðla.

Til að ná framangreindum markmiðum hefur verið lögð áhersla á að tryggja fjármagn til verkefnahópa sem starfa á vegum fastanefnda um eiturefnafræði matvæla, örverufræði, matvælaeftirlit, manneldismál og matvælalöggjöf. Norðurlandaráð samþykkti tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar um að auka það fé sem embættismannanefndin um matvæli (EK-Livs) hefur til ráðstöfunar og hefur í framhaldi af því verið lögð áhersla á að efla vinnu við áhættugreiningu vegna efnainnihalds matvæla og örvera sem geta valdið matarsjúkdómum. Ísland hefur meðal annars lagt áherslu á framgang verkefna sem tengjast *kampýlóbakter* en mikil aukning varð á sýkingum af völdum þessarar bakteríu hér á landi árin 1998 og 1999. Nú tekur Ísland til dæmis þátt í verkefni um áhættugreiningu vegna *kampýlóbakter* og einnig aðferðafræði sem beinist að því að þróa viðurkennda aðferð til að magngreina bakteríuna í matvælum. Unnið er að fjölda annarra verkefna á sviði áhættugreiningar og aðferðafræði í norrænu samstarfi á matvælasviði. Þá var á árinu gengið frá formlegu samstarfi Norðurlanda um mat á aðferðum sem notaðar eru við örverufræðilegar greiningar á matvælum. Þetta var gert með því að koma á matskerfi sem nefnt er NordVal og sem mun hafa aðstöðu hjá dönsku matvælastofnuninni. NordVal mun vinna í nánu samstarfi við Norrænu matvælarannsóknanefndina.

Fyrir utan áhættugreiningu vegna efnainnihalds og örvera hefur verið unnið að áhættugreiningu til að nota við skipulagningu og framkvæmd matvælaeftirlits. Af öðrum verkefnum á sviði matvælaeftirlits má nefna ráðstefnu sem haldin verður árið 2000 um yfireftirlit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og sambærilegt eftirlit af hálfu ESB. Ísland vinnur að skipulagningu þessarar ráðstefnu og er stefnt að því að þar komi saman fulltrúar allra stofnana sem sinna matvælaeftirliti og sem fá heimsóknir af hálfu ESA eða ESB. Hér á landi eru þetta Fiskistofa, yfirdýralæknir og Hollustuvernd ríkisins. Markmið með þessu starfi er að fá yfirlit yfir eftirlit ESA og ESB, þær starfsaðferðir sem beitt er og kröfur sem settar eru fram af hálfu þeirra. Jafnframt hvernig Norðurlöndin eiga að bregðast við kröfugerð af hálfu alþjóðlegra stofnana og hvort nauðsynlegt er að efla yfireftirlit í hverju ríki, þ.e. það eftirlit sem aðilar sem fara með yfirumsjónarhlutverk eiga að gegna gagnvart þeim sem fara með beint eftirlit.

Norrænu löndin byggja öll sína matvælalöggjöf á ESB-reglum með beinni aðild að ESB eða sem aðilar að EFTA/EES. Á vissum sviðum er löggjöfin þó ekki samræmd og getur þetta skapað erfiðleika í viðskiptum. Settur var á laggirnar starfshópur til að kanna hvaða viðskiptahindranir mætti rekja til ákvæða í matvælalöggjöf á Norðurlöndum. Einnig er unnið í sérstöku verkefni að því að skoða hvaða reglur eigi að gilda um notkun bætiefna í matvælum en reglur um vítamínbætingu eru strangar á Norðurlöndum. Reglur um notkun bætiefna eru nokkuð mismunandi eftir ríkjum og hafa ekki verið samræmdar hjá ESB. Þetta er eitt af því sem tekið var upp í umræðum um markmið og stefnu á sviði matvælalöggjafar ESB í skýrslu sem nefnd er „Green Paper on food law", sem nú er verið að fylgja eftir með „White Paper on food safety". Áherslur í þessum skýrslum eru á margan hátt mótandi fyrir þau verkefni sem unnið er að í norrænu samstarfi á matvælasviði. Meginmarkmið með stefnumörkun ESB á matvælasviði er að efla neytendavernd og upplýsingagjöf til neytenda. Norðurlöndin

hafa einnig lagt áherslu á þessa þætti í verkefnum á vegum EK-Livs og má þar sérstaklega nefna verkefni vegna áhættugreiningar og umfangsmikil verkefni vegna umbúðamerkinga matvæla.

Auk áherslu á alþjóðlegt samstarf á vegum ESB/EES var talið rétt að skoða hvort styrkja ætti áhrif Norðurlanda í starfsemi Alþjóðlega staðlaskrárráðsins fyrir matvæli (Codex Alimentarius Commission, FAO/WHO). Staðlar og verklagsreglur ráðsins eru notaðir af ESB og öðrum ríkjum við mótun matvælalöggjafar og framkvæmd eftirlits. Þá notar Alþjóða viðskiptastofnunin (WTO) Codex staðla ef upp kemur ágreiningur í alþjóðlegum viðskiptum með matvæli. Norðurlönd hafa unnið saman að Codex málum en Ísland lagði til að fulltrúar landanna kæmu saman til að ræða hvort koma ætti á formlegu samstarfi staðlaskrárnefnda á Norðurlöndum. EK-Livs veitti fjármagn til þessa verkefnis á árinu, en af því varð þó ekki.

17. Neytendamál.

Samstarf Norðurlanda á sviði neytendamála á sér langa sögu og stendur traustum fótum. Til grundvallar í samstarfinu liggur „Stefnuáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði neytendamála 1999–2004". Ísland gegndi formennsku í öllum nefndum sem starfa á sviði neytendamála á árinu en í formennskuáætlun Íslands var einmitt lögð áhersla á aukna stjórnmálalega samvinnu við önnur Norðurlönd á sviði neytendamála. Jafnframt hefur verið reynt að stuðla að virkara samstarfi á þessu sviði við grannríki okkar þ.e. Færeyjar og Grænland. Þegar á heildina er litið hefur samstarfið á árinu verið árangursríkt. Ráðherrafundur var haldinn í Reykjavík í ágúst sl. og var hann haldinn samhliða fundum í ráðherranefndum fyrir orku- og iðnaðarmál. Ánægjulegt var hversu góð þátttaka var í fundunum, einnig frá Færeyjum og Grænlandi en ágreiningslaust er hversu mikilvægt er fyrir hið norræna samstarf að reglulega séu haldnir ráðherrafundir á þeim málefnasviðum sem samstarfið tekur til.

1. Samvinnan á Norðurlöndum.
Neytendur og ný löggjöf til verndar neytendum.

(i) Neytendur og upplýsinga- og tölvutæknin. Í formennskuáætlun Íslendinga var m.a. lögð áhersla á norræna stefnumótun á sviði löggjafar til verndar neytendum. Á sviði upplýsinga- og tölvutækni er ör þróun um þessar mundir sem krefst aðgerða sem miða að því að tryggja vernd neytenda við notkun hennar t.a.m. við sölu og auglýsingarstarf á Netinu. Á fundi ráðherra neytendamála í Reykjavík voru samþykkt samnorræn tilmæli þeirra um þær lágmarkskröfur sem gera verði vegna markaðsfærslu á Netinu sem einkum er beint að börnum og unglingum. Í samræmi við norræn viðhorf er lögð rík áhersla í tilmælum ráðherranna á að markaðsfærslan skuli að öllu leyti vera tilhlýðileg gagnvart neytendahópum sem minna mega sín, svo sem börnum, og taka þarf tillit til reynsluleysis og eðlislægrar trúgirni þeirra þegar vörur og þjónusta er markaðssett á Netinu. Við þróun viðskipta á Netinu hefur myndast aukin alþjóðleg þörf fyrir því að menn sættist á leikreglur í þessum efnum og því vilja Norðurlöndin hafa frumkvæði á þessu sviði og er það í samræmi við þær ríku kröfur sem þau gera á sviði neytendaverndar. Viðskiptaráðherra hefur fyrir hönd norrænna ráðherra sent tilmælin til framkvæmdastjórnar ESB í þeirri von að þau viðmið sem þar er að finna fái víðtækari stuðning og verði höfð að leiðarljósi víðar en á Norðurlöndum. Auk þess hefur verið unnið að skýrslum um „Neytendur og vernd persónuupplýsinga" og „Vernd persónuupplýsinga við kaup á Netinu" í verkefnahópum sem eru að störfum. Norrænt samráð hefur einnig farið fram vegna lögleiðingar tilskipunar ESB um fjarsölu.

(ii) Neytendur og lágmarksskröfur vegna nauðsynjaþjónustu. Samþykkt hefur verið að hefja vinnu í verkefnahópum um með hvaða hætti skuli tryggja lágmarksneytendavernd við veitingu ýmiss konar nauðsynjaþjónustu, svo sem á sviði sjúkrahúsa, rafmagnsveitna, o.fl.

Fjárhags- og upplýsingamál neytenda.

Unnið er að skýrslum og samanburði á lífeyrisréttindum á Norðurlöndum og hvaða tegundir lífeyrissparnaðar eru hagkvæmastar fyrir neytendur. Jafnframt er í undirbúningi skýrsla um skilmála sem notaðir eru hjá bönkum og öðrum innlánsstofnunum á Norðurlöndum.

Málefni neytenda að því er varðar vörur og vöruöryggismál.

Á samstarfsvettvangi Norðurlanda um vöruöryggi hefur m.a. verið fjallað um atriði er varða öryggi vöru sem seld er á Netinu eða með öðrum fjarsöluaðferðum, svo sem sjónvarpssölu eða pöntunarlistum. Einnig hefur verið til umfjöllunar öryggi leikfanga sem innihalda efnablöndur o.þ.u.l.

Í formennskuáætlun Íslands var lögð áhersla á að tekið verði til umræðu með hvaða hætti neytendur geti haft áhrif á kröfur sem gerðar eru til framleiðslu og merkinga á matvöru. Í samstarfsneti sem starfar á vegum norræna stýrihópsins um vöruöryggismál hafa verið tekin til umfjöllunar mál sem varða erfðabreytt matvæli, hreinlætiskröfur við matvælaframleiðslu og aukaefni í matvælum. Einnig hefur komist á þverfaglegt samstarf milli embættismannanefndar um neytendamál (EK-Kons) og þeirrar nefndar sem fjallar um matvæli (EK-Livs).

Samþætting neytendamála við önnur samstarfssvið.

Á árinu hefur verið unnið að undirbúningi málþings sem haldið verður snemma á árinu 2000 þar sem tekið verður til umfjöllunar samstarf grunnskóla og þeirra aðila sem vinna að málefnum neytenda. Í samræmi við áætlun norrænna ráðherra um neytendafræðslu hefur verið unnið að því á undanförnum árum að tryggja ungu fólki grunnþekkingu um ýmis atriði er varða neytendur og neytendavernd. Markmið með málþinginu er að tryggja eins og unnt er samræmi í kennslu í hverju landi fyrir sig svo og að miðla þekkingu og reynslu milli norrænu landanna á þessu sviði.

2. Norðurlönd og ESB/EES.

Fastur liður í samvinnu Norðurlanda er umfjöllun um málefni sem eru á döfinni hverju sinni á vettvangi Evrópusambandsins. Á fundi norrænna ráðherra í Reykjavík var samþykkt að haldnir skyldu norrænir ráðherrafundir ef þörf krefur áður en mikilvægar eða stefnumarkandi ákvarðanir eru teknar í ráðherraráði ESB. Auk þess er í öllum nefndum á samstarfssviðinu fjallað um ýmis mál svo sem lögleiðingu tilskipana og einnig í beinu samstarfi milli ráðuneyta á Norðurlöndunum.

3. Norðurlönd og grannsvæðin.

Í samræmi við stefnu Norðurlanda að styðja við lýðræðisþróunina á grannsvæðunum hefur verið veitt fé til ýmiss konar samstarfsverkefna til að styrkja uppbyggingu og þekkingu á neytendamálum á grannsvæðunum. Unnið hefur verið að gerð kennsluefnis til neytendafræðslu í skólum. Auk þess er stefnt að því að halda á næsta ári málþing um neytendafræðslu og verður fulltrúum frá Eystrasaltsríkjunum svo og fulltrúum frá grannsvæðum í Rússlandi boðið að sækja málþingið. Jafnframt hefur verið veitt aðstoð við uppbyggingu frjálsra neytendasamtaka í Eystrasaltsríkjunum og hefur það samstarf verið einkar árangursríkt.

18. Vímuefnamál.

Ráðherrafundur.

Árlegur fundur heilbrigðis-, félags- og dómsmálaráðherra var haldinn á Akureyri á Íslandi í ágúst sl. Á fundinum var rætt um hvort nálgast ætti króníska eiturlyfjaneytendur og hjálpa þeim til betra lífs, þó ekki væri mögulegt að koma öllum til að hætta, t.d. með göngudeildarmeðferð, þar sem reynt er að minnka neyslu fíkla með metadoninngjöfum. Þessi hugmynd um að draga úr skaða (harm reduction) er mjög útbreidd um hinn vestræna heim nú um stundir. Má segja að um sé að ræða samheiti fyrir forvarnir, meðferð og eftirlit tollvarða og lögreglu.

Ráðherrunum var í mun að beina augum sérstaklega að nýjum fíkniefnum sem og stefnum og menningarstraumum á meðal ungs fólks. Einnig þarf að gæta að því að atvinnu- og öryggisleysi breiðist nú út í auknum mæli hjá yngri kynslóðum víða á Norðurlöndum, sem þykir ekki bæta úr skák.

Norræna ráðherranefndin starfar þverfaglega á þessu samstarfssviði og munu ráðherrar, aðrir stjórnendur og starfsmenn, sem vinna að fíkniefnamálum hafa þann ásetning að treysta samvinnu sín á milli og miðla af reynslu sinni og þekkingu milli norrænu landanna og á alþjóðavettvangi.

Embættismannanefndin (EK-Nark).

Norræna embættismannnanefndin um fíkniefnamál hittist þrisvar á árinu og var fyrsti fundurinn haldinn í Björgvin í apríl. Á fundinum voru rædd eftirfarandi mál: undirbúningsvinna vegna nýs samstarfstímabils er hæfist árið 2000; undirbúningur ráðherrafundar á Akureyri; rannsóknir á vegum NAD á nýjum neysluvenjum og unglingamenningu og var NAD falið að fylgjast með ástandinu í fíkniefnamálum á Norðurlöndum; miðlægur upplýsingabanki fyrir löndin en af því tilefni heimsótti Margareta Nilsen frá EMCDDA í Lissabon fundinn og kynnti starfsemi stofnunarinnar; forvarnir á forskólastigi; stórborgafundur um unglinga í Reykjavík í september sl.; aukin áhersla á fangelsistengd fíkniefnavandamál en á fundum nefndarinnar voru kynntar skýrslur frá aðildarlöndunum, heimsbyggðinni og rannsóknar- og/eða vinnunefndum (svo sem Pompidou-nefndinni, Dublin-nefndinni, og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem hefur rannsakað heróínneyslu í Sviss); lögreglu- og tollvarðahópur Norðurlanda; samvinnan við Eystrasaltsríkin og önnur grannríki.

Annar fundur nefndarinnar var undirbúningsfundur vegna ráðherrafundarins á Akureyri og haldinn í tengslum við hann.

Þriðji og síðasti fundur nefndarinnar var haldinn í Kaupmannahöfn í nóvember. Þar var farið yfir árið og fram kom að mörg þeirra mála sem unnið er að munu eðli þeirra samkvæmt halda áfram inn á nýtt árþúsund. M.a. kom eftirfarandi fram: að það hefur mikla þýðingu fyrir Vestur-Norðurlönd að taka þátt í samstarfinu um fíkniefnamál; að nauðsynlegt er að halda áfram skýrsluflutningi NAD og PTN á fundum nefndarinnar; að áfram verður að beina athyglinni að unga fólkinu, siðum þess og venjum, ásamt forskólabörnunum og foreldrunum; að láta ekki hugmyndina um miðlægan upplýsingabanka hverfa vegna starfa ESB í Lissabon þar sem sérstaða Norðurlanda er mikil; að uppeldismál séu könnuð með tilliti til forvarna; að ungt fólk taki áfram þátt í starfi að forvörnum í fíkniefnamálum; að ná fram fíkniefnalausum deildum fangelsa með því að tengja hegningar við meðferðarstarf; að samhæfa norrænar skoðanir þeim evrópsku og alþjóðlegu hjá ráðherra- og embættismannanefndinni.

Að vanda gáfu fulltrúar aðildarlandanna stuttar munnlegar skýrslur um gang mála í löndum sínum og Danir, sem tóku við formennsku á fundinum sögðu frá helstu áformum sínum undir kjörorðunum: *Faglig indsigt, menneskeligt udsyn.* Meðferð í fangelsum og varnaraðgerðir gegn misnotkun á amfetamínum og nýjum, „syntetiskum“ efnum munu verða meðal

áherslumála formennskulandsins. Þekktum vísindamanni á sviði meðferða sakamanna, dr. Harvey Milkman, hefur verið boðið til Íslands sem fyrirlesara. Fulltrúi Íslands lagði til að honum yrði jafnframt boðið á lokafund nefndarinnar árið 2000, sem haldinn verður í Kaupmannahöfn í september. Þangað mætti bjóða Eystrasaltsríkjunum að senda fulltrúa.

Eftir því sem meiri reynsla kemst á samstarfið hafa samskiptin aukist og orðið gagnlegri.

19. Málefni dómsmálaráðuneytis.

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna byggist aðallega á samstarfsáætlun um löggjafarsamstarf sem dómsmálaráðherrarnir gengu frá 1996 svo og á árlegri framkvæmdaáætlun sem samstarfsáætluninni fylgir og endurskoðuð er árlega, síðast á fundi ráðherranna í júní sl.

Löggjafarsamstarfið hefur á árinu undir formennsku Íslendinga einkum beinst að afbrotavörnum og baráttu gegn afbrotum svo og að því að bæta samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði dómsmála. Þá hefur áfram verið unnið að skilgreiningu á hlutverki og vinnuferli norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf en Svíar áttu frumkvæði að því verkefni.

Á hinum árlega sumarfundi sínum samþykktu dómsmálaráðherrarnir nýja framkvæmdaáætlun fyrir árin 1999–2000. Þar eru tilgreind forgangsverkefni: baráttan gegn afbrotum ungs fólks, samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, afnám félagaréttarlegra hindrana í löggjöf við samruna fyrirtækja og barátta gegn barnaklámi á netinu. Þar eru og tilgreind viðvarandi viðfangsefni svo sem opinbert réttarfar og efnahagsbrotastarfsemi, einkamálaréttarfar, stjórnarfarsréttur og notkun upplýsingatækni í stjórnsýslu, upplýsingalög og persónuvernd, samstarf um ESB/EES málefni, sjóréttur, vörumerki og mynstur, neytendakaup, sifjaréttur, þ. á m. alþjóðlegur sifjaréttur, kynferðisleg misnotkun barna, starf er varðar afbrotavarnir svo og löggjöf um upplýsingatækni með hliðsjón af rafrænum viðskiptum, viðfangsefnum er varða rafrænar umsóknir, stjórnsýslu, rafræn samskipti o.fl.

Dómsmálaráðherrarnir ræddu einnig önnur viðfangsefni svo sem Schengen samstarfið, vitnavernd, afbrotamálefni barna og ungmenna, fyrningu refsiábyrgðar, aðild nýrra ríkja að Lúganó samningnum og undirbúning fundar þeirra með dómsmálaráðherrum Eystrasaltsríkjanna.

Fundur norrænu dómsmálaráðherranna og starfsbræðra þeirra frá Eystrasaltsríkjunum var haldinn í nóvember. Þar voru rædd tvö meginviðfangsefni. Annars vegar var rædd skilvirkni dómstólanna og í því sambandi aðgerðir til að styrkja stöðu óháðra dómstóla, menntun og þjálfun dómara og notkun nýrrar tækni. Hins vegar voru rædd afbrotamálefni barna og ungmenna svo sem hvernig fyrirbyggja megi slíka brotastarfsemi og vinna gegn henni. Ráðherrarnir voru einhuga um að auka þurfi samstarf landanna á sviði dómsmála. Var ákveðið að fela tengslahópi embættismanna frá öllum löndunum að undirbúa tillögur um samstarf á þeim sviðum sem rædd voru og að koma fram með tillögur um frekara samstarf á sviði dómsmála. Jafnframt var ákveðið að efna til nýs ráðherrrafundar að tveimur árum liðnum.

Í því skyni að tryggja rétt tök við að útfæra og fylgja eftir pólitískri forgangsröðun sem dómsmálaráðherrarnir ákváðu á þessu sviði voru á árinu settir á fót þrír starfshópar sem starfa undir yfirumsjón embættismannanefndarinnar. Starfshóparnir hafa hver fyrir sig til ráðstöfunar tiltekna fjárveitingu af norrænu fjárlögunum:

— Starfshópur varðandi afbrot barna og ungmenna stefnir að því að koma á upplýsingaskiptum milli Norðurlandanna og samstarfi til þess að verjast og berjast gegn afbrotum barna og ungmenna.

— Til þess að undirbúa og fylgja eftir fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var samstarfshópur settur á laggirnar. Markmið samstarfshópsins er að hrinda af stað og fylgja eftir verkefnum í framhaldi af ráðherrafundinum.
— Rannsóknir á Evrópurétti munu halda áfram innan ramma norrænu ráðherranefndarinnar á vegum nýs starfshóps sem embættismannanefndin hefur sett á fót.

Löggjafarsviðið hefur einnig haft frumkvæði að útgáfu nokkurra skýrslna:
— Vinna fanga í fangelsunum.
— Skýrsla hóps refsiréttarfræðinga um kynþáttahatur.
— Skýrslu hóps refsiréttarfræðinga um peningaþvætti.

Enn fremur hefur á árinu verið gengist fyrir nokkrum málþingum og ráðstefnum:
— Málþing um rafræn viðskipti í samráði við atvinnu- og neytendasvið, Ósló.
— Málþing um aðlögun ESB-tilskipunar um útboð að landsrétti, Køge.
— Ráðstefnuhald um greiðsluaðlögun, Málmey.
— Málþing um réttarfar í einkamálum, Ósló.
— Málþing um stjórnsýslurétt, Helsingfors.

Málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd æðri embættismanna um málefni flóttamanna fjallar um stefumótun í málefnum er varða flóttamenn. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um þróun löggjafar um málefni útlendinga almennt, um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning o.fl. Á árinu mótaðist viðfangsefnið mjög af átökunum í Kósóvó, móttöku flóttamanna þaðan og síðan aðstoð við heimflutning. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu. Þá hefur þróun mála eftir gildistöku Dublinsamnings ESB-ríkjanna verið rædd og staða Íslands og Noregs í því sambandi. Ráðherrar sem fara með málefni flóttamanna og innflytjenda eiga einnig samstarf sín á milli og héldu þeir fund í Ósló í desember.

Björgunarsamstarf.

Norræn samvinna um björgunarsamstarf tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Töluvert hefur reynt á nýjan þátt í samstarfinu undanfarin ár en það er í tengslum við aðstoð við óhöpp skipa og ferja í siglingum milli Norðurlanda.

Sérstök tenglanefnd kemur saman til fundar 2–4 sinnum á ári og gengst hún m.a. fyrir því að miðla upplýsingum varðandi þessi málefni og skipuleggja ráðstefnur um björgunarmál á tveggja ára fresti þar sem stefnt er saman mönnum úr ólíkum geirum er tengjast málefninu. Stefnt er að því að lengja bil milli ráðstefna þannig að þær verði haldnar á þriggja ára fresti. Enn fremur er gefin út norræn björgunarhandbók, haldnar eru útkallsæfingar og hvatt er til aukins samstarfs í landamærahéruðum.

Samstarf þetta byggist á rammasamningi um björgunarþjónustu (NORDRED) frá 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár. Í samræmi við beint ákvæði í 8. gr. samningsins er unnið að því að Ísland gerist formlegur aðili að samningnum.

20. Norrænn vinnumarkaður og vinnuvernd.

Formennskuár Íslands í norrænu samstarfi hefur sett mikinn svip á samstarfið á þessu ári. Á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála lögðu Íslendingar m.a. áherslu á að fá umræðu um það í nefndum um vinnumál með hvaða hætti vinnumálasviðið gæti komið að samstarfi um þróun í átt að sjálfbæru samfélagi á norðurslóðum og vestnorrænum svæðum með sérstökum verkefnum í framtíðinni. Á norrænum fundi vinnumálaráðherra í Viðey í ágúst sl. voru mál þessi rædd og m.a. kynntu Grænlendingar sjónarmið sín í vinnumálum. Þar áttu sér einnig stað umræður um virka vinnumarkaðsstefnu og vinnumiðlun í löndunum auk viðræðna við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins um atvinnumál o.fl.

Í starfsáætlun Íslands í vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismálum var hins vegar lögð megináhersla á nokkur almenn markmið frá 5 ára samstarfsáætluninni auk sérstakra áhersluatriða. Við höfum þannig lagt áherslu á að halda áfram þeirri forgangsröðun sem önnur Norðurlönd hafa fylgt undanfarin ár eins og um samstarf um atvinnumál í víðum skilningi og Evrópusamstarf um vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál auk þess sem við lögðum áherslu á atvinnumál aldraða, jafnrétti við vinnumiðlunarþjónustu, starfsmenntun fyrir langtímaatvinnulausa, samstarf við önnur starfssvið ráðherranefndarinnar og að afla meiri þekkingar á breytingum á ráðningarfyrirkomulagi.

Tvö málþing voru haldin í Reykjavík á árinu sem voru meðal áherslumála Íslands á formennskuárinu. Í mars var haldið málþing um jafnrétti í vinnumiðlunarþjónustu á Norðurlöndum, þar sem m.a. var rætt hvernig fella mætti jafnrétti í ráðgjöf og vinnumiðlun inn í þjónustu vinnumiðlana og brjóta upp kynskiptan vinnumarkað. Í október sl. var síðan haldið málþing um atvinnumál eldra fólks undir heitinu „Eldra fólk og vinnumarkaðurinn". Norræna ráðherranefndin styrkti málþingið og gefin hefur verið út skýrsla með niðurstöðum þess.

Embættismannanefndin í vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismálum hefur hafið undirbúning að vinnu við nýja samstarfsáætlun í vinnumálum sem tekur til áranna 2001–2004 og sem leysa á af hólmi gildandi samstarfsáætlun sem lýkur árið 2000. Sérstakur vinnuhópur vinnur að þessu verkefni.

Vinnumarkaðssamstarf.

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi.

Nefndin styrkti ýmis verkefni á árinu. Fyrir utan ofangreind tvö málþing voru haldnar þrjár ráðstefnur um þróunaraðstoð við vinnumarkaðinn í Norðvestur-Rússlandi. Þá var haldin ráðstefna um viðhorfskannanir meðal notenda vinnumiðlunarþjónustunnar sem tæki til að bæta þjónustu við atvinnuleitendur og vinnuveitendur. Einnig var haldin ráðstefna á Íslandi í júní um NOKON-verkefnið sem er samstarfsverkefni með áherslu á frumkvöðlastarf ungs fólks, hugmyndavinnu og staðbundið þróunarstarf. Gefin var út skýrsla á árinu um samspil virkrar vinnumarkaðsstefnu og atvinnuleysisbóta.

Helstu verkefni sem nú eru styrkt af nefndinni eru: norræn vinnumiðlun – verkefnarannsóknir, sem hófst í september og mun ljúka með ráðstefnu í maí árið 2000; samanburður á starfsemi norrænna vinnumiðlana og annarra evrópskra vinnumiðlana; ráðstefna sem haldin verður í París í október 2000 um að auka samráð á Norðurlöndum og í OECD ríkjum um samþættingu í jafnréttismálum (mainstreaming); rannsókn byggð á atvinnuleysistölum m.t.t. menntunar, lífeyris og fötlunar; rannsókn um að bæta vitund fólks á Norðurlöndum að því er varðar sveigjanlegt vinnufyrirkomulag í þeim tilgangi að auka þjónustu, framleiðslu og hagvöxt.

Verkefni vinnumarkaðsnefndarinnar er einnig að gera skýrslu um atvinnumál á Norðurlöndum sem er lögð fyrir þing Norðurlandaráðs ár hvert. Skýrslan var að þessu sinni unnin á Íslandi og lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi.

Atvinnuskipti ungs fólks. Eitt helsta norræna samstarfsverkefnið á sviði vinnumarkaðar er NORDJOBB, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli Norðurlanda, en Norrænu félögin annast nú þessi samskipti á Norðurlöndum. Á árinu hafa 137 ungmenni farið héðan í vinnu á Norðurlöndum á vegum NORDJOBB og 108 norræn ungmenni hafa komið til vinnu á Íslandi.

Á vegum NORDPRAKTIK verkefnisins hafa 11 ungmenni komið frá Eystrasaltsríkjunum hingað á þessu ári. ÖSTJOBB er nýtt verkefni þar sem norræn ungmenni sækja Eystrasaltslöndin heim vegna starfsþjálfunar og menningarsamskipta og fóru 8 ungmenni héðan á árinu.

Samstarfshópur um vinnumarkaðsþjónustu. Samstarfshópurinn um vinnumarkaðsþjónustu annast m.a. vinnumiðlun, starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnuleysistryggingar. Á vegum starfshópsins var haldið málþing um þjónustukannanir sem tæki til þess að bæta gæði í þjónustu vinnumiðlana við atvinnuleitendur og vinnuveitendur.

Nú stendur yfir verkefni um vinnumiðlunarsamstarf á Norðurlöndum. Nokkur önnur verkefni eru í undirbúningi á vegum samstarfshópsins m.a. um þjónustu vinnumiðlunar við nýbúa, gæðakerfi í vinnumiðlun, símaþjónustumiðstöðvar (call-centers) og norræna heimasíðu um starfsráðgjöf.

Starfsmenntun. Í framhaldi af umfjöllun sérfræðingahóps árið 1998 um þróunina á Norðurlöndum í starfsmenntunarmálum og þörf vinnuaflsins fyrir símenntun m.t.t. vinnumarkaðs framtíðarinnar er starfshópur um vinnumarkaðsþjónustu að taka saman skýrslu um þróunina á Norðurlöndum.

Vinnumarkaðsnefndin hefur ákveðið að standa að samstarfsverkefni milli Færeyja, Grænlands og Íslands, sem á að rannsaka hvaða kröfur eru gerðar til vestnorræns vinnuafls m.t.t. hæfni og menntunar.

Atvinnuleysistryggingar. Norrænt samstarf vegna atvinnuleysistrygginga heyrir nú undir vinnumarkaðsnefndina og samstarfshóp um vinnumarkaðsþjónustu. Hins vegar starfa tveir hópar áfram um afmörkuð verkefni. Um er að ræða samstarfshóp vegna flutnings atvinnuleysisbóta milli Norðurlanda og nefnd vegna ráðstefna um atvinnuleysistryggingar sem haldnar eru á tveggja ára fresti. Ráðstefna var haldin í maí sl. um „Atvinnuleysistryggingar á Norðurlöndum í hálfa öld".

Atvinnulíf og vinnuréttur. Norrænu samstarfsnefndinni um atvinnulíf og vinnurétt er ætlað að vera vettvangur fyrir kynningu, umræður og samræmingu norrænna sjónarmiða í málefnum á sviði atvinnulífs og vinnuréttar bæði innan og utan Norðurlanda.

Haldinn var fundur með aðilum vinnumarkaðarins á Norðurlöndum um verkefnasamstarf þessara aðila. Áhugi er á að skipuleggja málþing hér á landi um ráðningarfyrirkomulag í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins árið 2000.

Helsta rannsóknarverkefni sem nýtur stuðnings frá nefndinni er NordFram III en NordFram II verkefninu lauk á árinu með útgáfu sýnisbókar um helstu niðurstöður verkefnisins sem ber heitið „The global redefining of the working life". Í NordFram III verkefninu er leitast við að kanna þær langtímabreytingar sem orðið hafa á reglum um vinnumál samfara breytingum í alþjóðavæðingu efnahagsmála og stjórnmála og að kanna hvort alþjóðavæðingin hefur haft áhrif á valdahlutföllin á vinnumarkaðinum.

Innflytjendamál. Norræna samstarfsnefndin um innflytjendamál hefur m.a. það hlutverk að skiptast á upplýsingum milli einstakra landa á Norðurlöndum (löggjöf, framkvæmd, skýrslum, rannsóknum, tölfræði o.fl.), að því er varðar innflytjendur og flóttafólk. Ísland tók

í fyrsta sinn þátt í þessu samstarfi á árinu. Nefndin leggur áherslu á að miðla upplýsingum á sviði innflytjendamála til Eystrasaltsríkjanna þar sem reynsla norrænu landanna varðandi aðlögun innflytjenda að þjóðfélögum á Norðurlöndunum er þýðingarmikil.

Nefndin styður einnig verkefni sem hafa þýðingu að því er varðar stefnumótun í þessum málum á Norðurlöndum. Nefndin hefur ákveðið að leggja til að stofna til árlegra verðlauna til einstaklinga eða fyrirtækja sem hafa stuðlað að aðlögun innflytjenda að þjóðfélögum Norðurlanda.

Vinnuvernd.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það meginhlutverk að vinna að samstarfi stjórnvalda á Norðurlöndum á sviði vinnuverndarmála en unnið er að margvíslegum verkefnum. Ísland hafði með höndum formennsku á árinu og voru haldnir þrír fundir. Helstu verkefni voru þessi:

Norðurlöndin hafa í allmörg ár starfað sameiginlega að staðlamálum á vettvangi Evrópsku staðlastofnunarinnar CEN og var því haldið áfram á árinu. Ísland hefur umsjón með *stöðlun véla til matvælavinnslu.*

Haldið var áfram samráði og upplýsingaskiptum um aðferðir sem beitt er til þess *að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með eftirliti, fræðslu, fyrirbyggjandi heilsuvernd, átaksverkefnum o.fl.*

Haldið var áfram *samstarfi um markaðseftirlit* á grundvelli EES-reglna með hlífðarbúnaði sem notaður er við atvinnurekstur. Í undirbúningi er samstarf um eftirlit með hættulegum vélum á markaði og upplýsingaskipti milli landanna með aðstoð Internetsins.

Ráðstefna um vinnuvernd við fiskvinnslu var haldin í Danmörku. Fjallað var m.a. um einhæfa líkamsbeitingu og félagslegt vinnuumhverfi í þessari atvinnugrein.

Lokið var rannsóknarverkefni um *vinnu barna og unglinga á Norðurlöndum* en því var stjórnað frá Íslandi. Markmiðið var að kanna umfang og eðli vinnu 13–17 ára ungmenna á Norðurlöndum og niðurstöður birtust í janúar 2000.

Sett var á laggirnar verkefni sem miðar að því að *samræma gildi ýmiss konar réttinda* á Norðurlöndum, svo sem sprengiefnaréttinda, vinnuvélaréttinda o.fl. Enn fremur að skoðanir á t.d. vinnuvélum í einu landi haldi gildi sínu þótt vélin færist yfir landamæri t.d. með verktökum.

Haldið var áfram aðstoð við *Eystrasaltsríkin* á sviði vinnuverndar. Haldin var ráðstefna í Vilníus um áhættumat á vinnustöðum og innra eftirlit vinnuveitenda og var Ísland í forsæti á ráðstefnunni en til hennar var boðið fulltrúum frá Eystrasaltsríkjunum.

Haldin var í Svíþjóð sameiginleg ráðstefna vinnuverndarnefndarinnar og nefndarinnar um vinnuverndarrannsóknir um framtíðarsýn í vinnuverndarmálum.

Samstarfsnefnd um rannsóknir á sviði vinnuverndar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar um rannsóknir á sviði vinnuverndar er að vinna að samstarfi um rannsóknir á sviði vinnuverndar, m.a. með því að veita styrki til rannsóknarverkefna. Fulltrúi Íslands var formaður nefndarinnar mestan hluta ársins.

Stærsti styrkurinn sem nefndin veitir hefur um árabil farið til norræns hóps sem vinnur að því að taka saman vísindalegar forsendur sem leggja ber til grundvallar þegar stjórnvöld landanna setja mengunarmörk fyrir varasöm efni á vinnustöðum. Nokkur önnur verkefni fengu styrki.

NIVA (Nordic Institute for Advanced Training in Occupational Health). Vinnueftirlit ríkisins á fulltrúa í stjórn NIVA sem er norræn menntastofnun og hefur aðsetur í Helsinki í Finnlandi. Fulltrúi Íslands var formaður stjórnar mestan hluta ársins. NIVA stendur að fram-

haldsnámskeiðum fyrir sérfræðinga á sviði vinnuverndar og hafa nokkur slík námskeið verið haldin hérlendis. Íslendingar hafa einnig sótt þessi námskeið til Norðurlandanna, en engin sambærileg menntun er enn þá á Íslandi.

21. Jafnréttismál.

Norrænt samstarf á sviði jafnréttis kvenna og karla byggir á samstarfsáætlun sem tekur til tímabilsins 1995–2000. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda héldu einn fund á árinu í Tromsø, Noregi. Auk þess hittust þeir í Reykjavík í tengslum við ráðstefnuna „Konur og lýðræði við árþúsundamót". Norræna embættismannanefndin (ÄK-Jäm) hélt fjóra fundi á árinu.

1. Norræn samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála.

Samstarfsáætlunin var samþykkt í byrjun ársins 1995 og gildir til ársins 2000. Markmiðið með samstarfi Norðurlanda í jafnréttismálum er:

— að samstarfið leiði til þess að haldið verði áfram að þróa sameiginlega lífsýn Norðurlandaþjóða svo og sameiginlega stefnu þeirra í víðara samstarfi innan Evrópu og á alþjóðavettvangi,
— að samstarfið stuðli að árangursríkara og öflugra jafnréttisstarfi á innanlandsvettvangi í hverju og einu Norðurlandanna,
— að það verði sjálfsagt að gæta jafnréttissjónarmiða í starfi á mismunandi sviðum stefnumótunar í þjóðfélaginu. Einnig skal gæta jafnréttissjónarmiða á þeim sviðum stefnumótunar sem starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar tekur til.

Ráðherranefndin mun á gildistíma áætlunarinnar beina samstarfi sínu að starfsemi sem

— stuðlar að því að konur og karlar fái jafnan aðgang að ákvarðanatöku í stjórnmálum og efnahagsmálum,
— stuðlar að jafnri stöðu og áhrifum kvenna og karla í efnahagsmálum; aðgerðir sem stuðla að launajafnrétti kynja eru mikilvægar í slíku starfi,
— stuðlar að jafnri stöðu kynjanna í atvinnulífinu,
— gefur konum og körlum bætt tækifæri til að sameina foreldrahlutverk og launavinnu,
— hefur áhrif á þróun jafnréttismála innan Evrópu og á alþjóðavettvangi.

Í því skyni að ná árangri með starfi sínu á sviði forgangsverkefnanna mun ráðherranefndin vinna að

— þróun aðferða sem stuðla að virku jafnréttisstarfi.

Ein aðferð sem ráðherranefndin leggur einkar ríka áherslu á, er að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum stefnumótunar, í nánasta umhverfi, í sveitarstjórnum, við stjórn landsins og á vettvangi Norðurlanda. Aðrar áhrifaríkar aðferðir eru gerð hagtalna um konur og karla, kvenna- og jafnréttisrannsóknir, menntun í jafnréttismálum ásamt upplýsinga- og fræðslustarfsemi.

2. Verkefni samkvæmt samstarfsáætluninni.

Jafnréttissjónarmiða gætt við stefnumótun. Norræna samþættingarverkefnið. Eitt af forgangsverkefnunum samkvæmt samstarfsáætluninni er að þróa og prófa aðferðir sem stuðla að því að jafnréttissjónarmiða sé gætt við ákvarðanatöku og stefnumótun á öllum stjórnsýslustigum landanna og við alla málaflokka. Hið sama á við um stjórnsýslu Norrænu ráðherranefndarinnar. Í gangi eru því sérstök verkefni í öllum norrænu ríkjunum sem byggja á hugmyndafræði samþættingarinnar. Öll norrænu löndin ásamt Færeyjum og Grænlandi taka þátt í verkefninu.

Markmið norræna samþættingarverkefnisins er að þróa aðferðafræði og tæki til þess að gera sjónarmið kynjajafnréttis miðlæg í allri almennri stefnumótun. Verkefnið nær til tveggja málaflokka, til starfs og stefnumótunar í málefnum ungmenna og til starfs og stefnumótunar í vinnumarkaðsmálum. Á Íslandi er verkefnið einskorðað við stefnumótun og starf í málefnum ungmenna. Skrifstofa jafnréttismála stýrir verkefninu en unnið er að því hjá Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur og Íþrótta- og tómstundaráði Akureyrar. Verkefninu lýkur á miðju næsta ári og verður m.a. kynnt á ráðstefnu sem Norræna ráðherranefndin og OECD bjóða til í París í nóvember árið 2000, sjá hér síðar.

Jafnréttissjónarmið við stefnumótun hjá Norrænu ráðherranefndinni. Unnið er að samþættingu sjónarmiða jafnréttis kynja á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Starfandi er ráðgjafanefnd um starfsmannamál og jafnrétti kynja sem hefur skipulagt ýmiss konar aðgerðir m.a. fræðslu til yfirmanna. Þá hefur Norðurlandaráð ítrekað samþykkt að unnið skuli að því að jafna hlut kynja í norrænum nefndum og stjórnum. Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar tekur árlega saman yfirlit yfir hlutfall kynja. Samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykktu á árinu 1998 leiðbeinandi reglur um hvernig markmiðinu um minnst 40% hlut hvors kyns í sérhverri nefnd og stjórn skuli náð. Árlega er unnin samantekt um stöðuna. Árið 1998 voru karlar 70% fulltrúa í norrænum embættismannanefndum. Af 20 embættismannanefndum voru sex nefndir með jafnt hlutfall kynja, tíu nefndir þar sem karlar voru í miklum meiri hluta, fjórar nefndir þar sem engin kona átti sæti. Eina nefndin sem einungis var skipuð konum árið 1998 var embættismannanefndin um jafnrétti kynja en nefna má að það breyttist á árinu með nýjum fulltrúa Danmerkur, sem er karlmaður.

Konur og efnahagsmál. Konur og laun. Norræna samstarfsáætlunin leggur mikla áherslu á aðgerðir til að koma á jafnrétti kynja í efnahagslífinu, þ.m.t. launajafnrétti og jafnrétti í atvinnulífinu. Þá hefur Norðurlandaráð ítrekað hvatt til frekari aðgerða á þessu sviði. Á árinu kom út TemaNord hefti þar sem raktar eru aðgerðir sem Norðurlöndin hafa gripið til að því er varðar launajafnrétti kynja frá því norræna jafnlaunaverkefninu lauk á árinu 1994. Þemaheftið ber yfirskriftina „Hafa laun kvenna náð launajafnrétti?". Frekari aðgerðir voru til skoðunar á árinu, einkum að því er varðar launatölfræði og samanburðarhæfni hennar milli landanna.

Konur, völd og áhrif. Á árinu kom út á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar bókin „Jafnrétti og lýðræði? Konur og stjórnmál á Norðurlöndum". Í bókinni er lýst stöðu kvenna á Norðurlöndum að því er varðar völd og áhrif og reynt að skýra hvernig og hvers vegna norrænar konur og norræn stjórnvöld í hverju landi fyrir sig hafa náð þeim árangri sem raun er. Sérstaða Norðurlanda á þessu sviði er dregin fram ásamt því sem greinir löndin að. Í bókinni er m.a. fjallað ítarlega um ábyrgð, skipulag og þátttöku stjórnvalda, þ.m.t. mikilvægi löggjafar og þeirra stofnana sem fara með jafnréttismál innan stjórnsýslunnar. Fjallað er um hlutverk kvennahreyfinga og mikilvægi velferðarkerfisins til að tryggja konum raunverulegt jafnrétti á við karla. Bókin kom út á ensku í lok ársins og var kynnt á námsstefnu í Brussel sem Norræna ráðherranefndin í samvinnu við Sendiráð Íslands í Brussel stóð fyrir um miðjan desember. Íslensk samantekt er komin út sem TemaNord hefti.

Miðlun upplýsinga um jafnréttismál. Frá árinu 1996 hefur verið gefið út norrænt fréttabréf um jafnréttismál. Fréttabréfið er gefið út á finsku, íslensku, skandinavísku og á ensku í 3000 eintökum, þar af eru 200 eintök á íslensku. Blaðið kemur út þrisvar á ári.

Í tengslum við heimsþing um kvennarannsóknir í Tromsø í júní voru tveir kynningarbæklingar endurútgefnir, annar um samstarf Norðurlanda á sviði jafnréttismála en hinn með tölfræðiupplýsingum um stöðu kynjanna á Norðurlöndum.

Karlar og jafnrétti kynja. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda samþykktu á árinu 1997 sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 1997–2000 um karla og jafnrétti kynja. Í áætluninni eru samtals fimmtán verkefni sem öll hafa það að markmiði að auka virka þátttöku karla í starfinu. Framkvæmdaáætlunin ásamt greinargerð frá starfshópnum sem hana vann, hefur verið gefin út á íslensku og er til dreifingar á Skrifstofu jafnréttismála. Á árinu var skipaður starfshópur þar sem m.a. eiga sæti fulltrúar frá Norrænu verkalýðssamtökunum (NFS), frá karlanefnd Jafnréttisráðs og frá NIKK, norrænu kvenna- og karlarannsóknarstofnuninni. Starfshópurinn vinnur að gerð hugmyndarits um jafnrétti karla í atvinnulífinu. Hugmyndaritið mun koma út á fyrri hluta næsta árs. Í framhaldi af því verða kannaðir möguleikar á að fylgja því eftir á tilteknum vinnustöðum.

Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og kynjafræðum, NIKK. Norræna rannsóknarstofnunin í kvenna- og kynjafræðum var stofnuð á árinu 1995. Rannsóknarstofnunin, sem er þverfagleg, hefur aðsetur í Ósló. Hlutverk rannsóknarstofnunarinnar er að hafa frumkvæði og samhæfa norrænar kvenna-, karla- og jafnréttisrannsóknir, byggja upp gagnagrunn um rannsóknir á þessu sviði, samræma gagna- og upplýsingaþjónustu á Norðurlöndum og skipuleggja og standa fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir fræðikonur og -karla.

Á árinu var ráðinn starfsmaður til að safna upplýsingum, miðla og samhæfa karlarannsóknir. Um er að ræða þriggja ára tilraunaverkefni og munu Norðurlöndin vera fyrst landa til að gefa karlarannsóknum sérstakt vægi. Þá funduðu í þriðja sinn þeir sem sinna karlarannsóknum á Norðurlöndum.

Norræna ráðherranefndin samþykkti rannsóknaráætlun til fimm ára um kyn og ofbeldi en starfsmenn norrænu rannsóknarstofnunarinnar ásamt ráðgjafahópi skipuðum fulltrúum frá öllum norrænu löndunum vann þá áætlun. Á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi var samþykkt að veita 3,5 millj. d.kr. til rannsóknaráætlunarinnar árlega. Þetta stóra verkefni mun fara af stað í byrjun næsta árs.

Tveir upplýsingabankar eru á netinu sem norræna rannsóknarstofnunin hefur unnið en þeir eru annars vegar um kvennarannsóknarstofnanir í Eystrasaltsríkjunum, EMILJA, og um kvennahreyfingar á Norðurlöndum og í baltnesku löndunum, EDITH.

Heimsþing um kvennarannsóknir var í fyrsta sinn haldið á Norðurlöndum, í Tromsø í Noregi. Norræna rannsóknarstofnunin var einn undirbúningsaðilanna. Þingið stóð í viku og það sóttu um 1600 konur og karlar alls staðar að úr heiminum. Norræna ráðherranefndin stóð fyrir sérstöku Norrænu húsi þar sem kynnt var starfið að jafnrétti kynja. Norrænu löndin fengu aðstöðu til að kynna starfsemi sína og kynnti Jafnréttisráð/skrifstofa jafnréttismála, Kvenréttindafélag Íslands og Rannsóknarstofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands starf sitt í húsinu.

3. Samstarf við Eystrasaltsríkin.

Norræna ráðherranefndin og þeir ráðherrar Eystrasaltsríkja sem fara með jafnrétti kynja samþykktu í lok ársins 1997 þriggja ára verkefnaáætlun á sviði jafnréttismála. Á árinu var unnið í samræmi við áætlunina. Viðræður við Norrænu ráðherranefndina um að fylgja eftir því starfi, sem hófst með ráðstefnunni „Konur og lýðræði við árþúsundamót", eru á lokastigi.

4. Undirbúningur að samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála 2000–2005.

Jafnréttisráðherrar Norðurlanda funduðu með fulltrúum frá Norðurlandaráði í Tromsø í Noregi í júní en fundurinn var haldinn í tengslum við heimsþingið um kvennarannsóknir. Á fundinum var samþykkt að hefja undirbúning að gerð nýrrar samstarfsáætlunar á sviði jafn-

réttismála og farið yfir helstu áherslur í nýrri áætlun. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að sjónarmið kynjajafnréttis verði samþætt starfi annarra sviða hjá Norrænu ráðherranefndinni ásamt því að áfram verði unnið með að þróa og prófa samþættingaraðferðina. Ráðherrarnir samþykktu að bjóða til ráðstefnu vorið 2000 þar sem drög að samstarfsáætluninni yrðu til umfjöllunar. Í framhaldi af ráðstefnunni yrði áætlunin send til umsagnar og síðan lögð fyrir Norðurlandaráð haustið 2000.

Í framhaldi af fundi ráðherranna var skipaður starfshópur til að vinna drög að nýrri samstarfsáætlun. Það kom í hlut Íslands, sem formennskulands, að leiða starf hópsins.

5. Ráðstefna í París í samvinnu við OECD.

Undirbúningur að ráðstefnu um samþættingu jafnréttis kynja við stefnumótun og við ákvarðanatöku á sviði efnahagsmála, vinnumála og atvinnulífs hófst á árinu en ráðstefnan verður haldin í París í nóvember árið 2000 í samvinnu við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD). Á ráðstefnunni verður sjónarhorninu beint að efnahags- og atvinnustefnu og hún metin út frá stöðu kvenna og karla, ásamt því að norræna samþættingarverkefnið verður kynnt.

22. Húsnæðis- og byggingarmál.

Samstarfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun sem samþykkt var á húsnæðisráðherrafundi í Halmstad í júní 1998. Samstarfsáætlunin grundvallast á þremur meginþáttum:

— félagslegum þáttum húsnæðismála,
— sjálfbærri þróun húsnæðis- og byggingarmála og
— samvinnu við grannsvæði Norðurlanda.

Í formenskuáætlun Íslands var auk þess lögð sérstök áhersla á samstarf við Vestur-Norðurlönd. Fulltrúum Grænlands og Færeyja var kynnt samstarfið á sviði húsnæðismála og boðin þátttaka í fundum embættismannanefndarinnar (EK-Bygg). Á þessum forsendum tóku fulltrúar frá Færeyjum þátt í fundi nefndarinnar sem haldin var í mars á Íslandi, málþingi sem haldið var um fjármögnun íbúðarhúsnæðis í framtíðinni og húsnæðisráðherrafundi sem haldinn var í nóvember.

Varðandi félagslega þætti húsnæðismála var að frumkvæði húsnæðisráðherranna unnið að rannsóknum á félagslegum aðskilnaði á húsnæðismarkaði. Á árinu var þessari vinnu haldið áfram með verkefni sem hafði það markmið að safna saman yfirlit yfir góðar lausnir á þessum vandamálum. Rannsóknarverkefnið var unnið í samvinnu við sambönd sveitarfélaga á Norðurlöndum undir forustu sambands sveitarfélaga í Svíþjóð. Verkefninu lauk með skýrslu undir heitinu: „Framgångsrika exempel i det nordiska integrationsarbetet“ sem var lögð fram og kynnt á húsnæðisráðherrafundi í Stokkhólmi í nóvember.

Húsnæðisöflun fyrir hópa með sérstakar þarfir hefur öðru hvoru verið á dagskrá nefndarstarfsins. Á árinu var unnið að rannsókn á húsnæðismálum aldraðra á Norðurlöndum þar sem fjallað er um þennan þátt í þjóðfélagslegu samhengi, sýnd dæmi um mismunandi lausnir og kynnt úrræði sem vísa fram á veginn. Á húsnæðisráðherrafundinum í Stokkhólmi var lögð fram og kynnt skýrsla undir heitinu: „Framtidens boformer for eldre — Perspektiver og eksempler fra de nordiske land“.

Á árinu var einnig unnið að lokadrögum fyrir samantekt um stjórntæki í húsnæðis- og byggingarmálum á Norðurlöndum. Verkefnið heitir „Housing in the Nordic Countries“.

Á vormánuðum var haldið í Reykjavík málþing á vegum embættismannanefndarinnar undir heitinu; „Fjármögnun íbúðarhúsnæðis í framtíðinni“. Kunnir sérfræðingar á þessu sviði á Norðurlöndum fluttu erindi auk prófessors frá London School of Economics sem fjallaði

um þróunina í Evrópu. Málþingið var vel sótt og hafa erindin verið gefin út í fjölriti á vegum embættismannanefndarinnar.

Umræður fóru fram um réttarstöðu og lagaumhverfi fyrir félög og fyrirtæki sem eiga og reka leiguíbúðir. Reynsla undanfarinna ára sýnir að lagaumgjörð leigufélaga hefur fengið aukið gildi m.a. varðandi lánamöguleika á almennum lánamarkaði vegna minni þátttöku hins opinbera við fjármögnun þessara félaga og einnig vegna aðlögunar að skilyrðum Evrópusambandsins. Í tengslum við þessa umræðu hélt embættismannanefndin ráðstefnu í Helsinki í samvinnu við Samband sveitarfélaga í Finnlandi undir heitinu „Ägarpolitik för hyresbostäder". Erindi sem flutt voru hafa verið gefin út í fjölrituðu hefti.

Unnið var að verkefnum sem tengjast vistvænum húsbyggingum og stefnu í sjálfbærum húsnæðismálum. Í því sambandi má nefna aðild nefndarinnar að ráðstefnu sem haldin var í byrjun ársins í Kaupmannahöfn undir heitinu „Miljømæssigt bæredygtigt byggeri".

Þróunarverkefni var sett á laggirnar í íbúðahverfinu Lasanmäe í Tallinn, Eistlandi. Markmiðið er að kortleggja félagsleg og tæknileg vandamál í hverfinu með það fyrir augum að koma á hverfisstjórn og þátttöku íbúanna við endurbætur á hverfinu. Verkefnið þykir hafa gengið vel og skilað góðum árangri.

Húsnæðisráðherrafundur var haldinn í nóvember í Stokkhólmi með þátttöku allra ráðherra sem fara með húsnæðismál. Gestur fundarins var félags- og heilbrigðismálaráðherra Færeyja. Á fundinum var gerð grein fyrir starfinu á árinu og niðurstöður rannsóknarstarfs kynntar og ræddar. Gerð var grein fyrir formennskuætlun Danmerkur og starfinu framundan.

23. Iðnaðar- og atvinnumál.

Samstarfið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál (MR-Næring) einkenndist talsvert af nýjum áherslum sem Ísland mótaði í formannstíð sinni. Þar ber hæst að Grænland og Færeyjar urðu í fyrsta sinn virkir þátttakendur í samstarfinu. Embættismannafundur var haldinn á Grænlandi í maí og ráðherrar frá báðum löndunum sóttu ráðherrafundinn í Reykjavík í ágúst. Ljóst er að því samstarfi sem komst á við löndin tvö mun verða fylgt eftir og lauk formennsku Íslands á fagsviðinu með því að leggja meginlínur þess.

Hið faglega samstarf bar merki örrar þróunar í vísindum og tækni, alþjóðavæðingar viðskipta og mikilvægi þess að efla samkeppnisstöðu norrænu þjóðanna. Þetta kemur einna gleggst fram í breytingum á starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins en einnig í einstökum málum sem til umfjöllunar voru.

Í tengslum við áherslur Íslands er beindust að norðvestur-svæðinu fengu ferðamál meiri gaum en áður. Það á jafnt við um vettvang ráðherranna og embættismanna þeirra og Norræna iðnaðarsjóðinn sem lítt hefur hugað að þeim málum fram til þessa.

Minna fór fyrir samstarfsmálum í þágu grannsvæðanna í austri en áður. Sama á við um málefni er snerta EES og ESB.

Á Norðurlandavettvangi.

Örar framfarir í vísindum og tækni og alþjóðavæðing viðskipta hefur knúið á breytingar í stuðningsumhverfi atvinnulífsins einkum er varðar nýsköpunarmálefni atvinnulífsins. Á vettvangi hins norræna samstarfs hefur starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins verið í brennidepli hvað þetta varðar, enda er sjóðurinn mikilvirkasta tæki atvinnumálaráðherranna til að hrinda hinum atvinnupólitísku áherslum í framkvæmd. Nýsköpunarsamstarfið hefur verið til skoðunar og endurmats um nokkurra missera skeið á vegum ráðherranefndarinnar og komst niðurstaða í það mál síðla árs 1998. Nýskipan þessi var síðan fest í sessi á fundi ráðherranna í Reykjavík í ágúst. Í meginatriðum felast breytingarnar í því að sjóðurinn mun hverfa frá

beinum styrkveitingum til rannsóknar- og þróunarverkefna en í stað þess beina kröftum sínum að því að koma á samstarfi á milli þjóðanna um þekkingarmiðlun og tækniyfirfærslu. Markmiðið er að efla samkeppnisstöðu atvinnulífsins á Norðurlöndum með því að stuðla að því að Norðurlönd verði sameiginlegur þekkingarmarkaður þar sem miðlun og hagnýting þekkingar verði eins greið og unnt er.

Nátengt þessu er hagnýting upplýsinga- og fjarskiptatækninnar í þágu atvinnulífsins. Rafræn viðskipti skipta hér meginmáli og hafa allar þjóðirnar sett sér háleit markmið varðandi þau. Fylgst hefur verið með þróun rafrænna viðskipta í hinum löndunum fjórum og hefur samstarfið á þessu sviði nýst okkur vel. Sérstakur vinnuhópur um rafræn viðskipti starfaði á vegum embættismannanefndarinnar og hefur nefndin í framhaldi af því styrkt samstarfsverkefni sem lýtur að gerð reglna um örugg viðskipti á Netinu.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra gerði ferðamál að sérstöku umfjöllunarefni og hafði framsögu um það mál á ráðherrafundinum í Reykjavík. Ástæða þess að iðnaðar- og viðskiptaráðherra tók þetta mál upp er að ferðamál eru mjög mikilvægur þáttur atvinnulífsins og er víða á málefnaskrá atvinnumálaráðherra. Ferðamálaumræðan á vettvangi atvinnumálaráðherranna hefur að meginstofni til hverfst um sameiginleg einkenni landanna tengd menningu, norðlægri legu, umhverfi og víðerni. Í framhaldi af fundi ráðherranna í ágúst hefur bæði embættismannanefndin EK-Næring og Norræni iðnaðarsjóðurinn fjallað sérstaklega um ferðamál og styrkt verkefni á þessu sviði.

Einn mikilvægasti fundur embættismannanefndarinnar á árinu var haldinn á Grænlandi í maí. Fulltrúar frá Grænlandi og Færeyjum tóku þátt í fundunum. Greinilegt var að mikill áhugi er hjá báðum þessum þjóðum að tengjast norræna samstarfinu með tryggari hætti en verið hefur til þessa.

Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Norræni iðnðarsjóðurinn er stofnun á vegum ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál (sjá nánar um Norræna iðnaðarsjóðinn, kafla 26.2).

Nordtest.

Nordtest var stofnað 1993 eins og Norræni iðnaðarsjóðurinn. Hlutverk Nordtest er að stuðla að norrænu samstarfi við þróun og samræmingu tæknilegra prófana.

Nordtest vinnur á sex fagsviðum sem eru: líf- og efnafræði; verkfræði; umhverfisfræði; efnisfræði; upplýsingafræði og gæðamál og mælitækni.

Starfsumhverfi Nordtest og forsendur starfsemi stofnunarinnar hafa breyst mikið síðustu ár. Þar munar mestu um tilkomu samræmdra evrópskra staðla og prófunaraðferða. Þetta hefur leitt til þess að samstarfið hefur breiðst út og hefur samstarfið við sambærilegar stofnanir í Evrópu verið stöðugt vaxandi. Nordtest hefur ætíð lagt mesta áherslu á prófanir er varða norræn sérkenni, t.d. vegna sérstaklega erfiðra veðurfarsskilyrða. Í evrópsku samstarfi hefur Nordtest haldið stöðu sinni, einkum vegna þessara sérkenna sem hefur leitt til þess að margar norrænar prófunaraðferðir hafa orðið að evrópskum fyrirmyndum.

Starfsemi Nordtest hefur þróast jafnt og þétt í takt við breytingar í atvinnulífi þjóðanna á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er frá stofnun Nordtest. Árin 1998–99 fór fram endurskoðun á hlutverki Nordtest og niðurstaða þeirrar endurskoðunar leiddi til þess að nú er verið að vinna að nýrri stefnumótun fyrir stofnunina. Tillaga að nýrri stefnu verður kynnt á fyrri hluta næsta árs.

24. Upplýsingatækni.

Stofnun ráðherranefndar.

Á fundi samstarfsráðherra Norðurlanda í janúar sl. var ákveðið að stofna ráðherranefnd um upplýsingatækni, IT-ministerråd (MR-IT). Markmiðið með stofnun nefndarinnar var að skapa vettvang til að miðla reynslu milli landanna, ræða um sameiginleg viðfangsefni og stefnumótun upplýsingasamfélagsins.

Á sama fundi var sett á stofn embættismannanefnd um upplýsingatækni, Embedsmandskomité for IT-politik (EK-IT).

Ráðstefna um upplýsingasamfélagið.

Í júní sl. stóð embættismannanefndin fyrir ráðstefnu í Reykjavík. Til hennar var boðið hópi embættismanna sem koma að stefnumótun og framkvæmd stefnu landanna um upplýsingasamfélagið. Til umfjöllunar voru tvö meginþemu: a) upplýsingatækni og lýðræði og b) rafræn viðskipti. Ráðstefnan var liður í að undirbúa fyrsta ráðherrafund MR-IT.

Skýrsla um upplýsingatækni og lýðræði og rafræn viðskipti.

Í kjölfar ráðstefnunnar var tekin saman skýrsla um upplýsingatækni og lýðræði og rafræn viðskipti. Skýrslan er m.a. byggð á framsöguerindum og umræðum sem fram fóru á ráðstefnunni (sjá http://brunnur.stjr.is/interpro/for/for.nsf/pages/itpolitikrapport.html).

Einnig var tekið saman efni um stefnu Norðurlandanna um þróun upplýsingasamfélags og hvernig staðið er að framkvæmdum í hverju landi.

Uppsetning á vefsíðu.

Á skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar var unnið að uppsetningu vefs um upplýsingasamfélagið á Norðurlöndum. Í lok árs hefur þeirri vinnu ekki verið lokið og bráðabirgðavefur er enn í notkun. Forsætisráðuneyti sá sig því knúið til að koma upp vefsíðu um norrænt samstarf um upplýsingatækni til að hægt væri að nálgast á einum stað upplýsingar sem vörðuðu samstarf landanna á árinu. Þar er m.a. að finna (á dönsku og sænsku) upplýsingar og efni sem nauðsynlegt var að miðla með skipulegum hætti í tengslum við júní-ráðstefnuna og fyrirhugaðan ráðherrafund IT-ráðherra. Einnig eru þar tilvísanir í fjölda nytsamlegra upplýsinga sem finna má á vefjum landanna og varða upplýsingasamfélagið.

Undirbúningur ráðherrafundar.

Boðað var til ráðherrafundar IT-ráðherra í Reykjavík í október en nauðsynlegt reyndist að fresta þeim fundi til ársins 2000. Það olli vonbrigðum að ekki reyndist mögulegt að halda fyrsta fund nefndarinnar á árinu þrátt fyrir tilraunir og mikinn undirbúning Íslands.

Verkáætlun um samstarf Norðurlanda um upplýsingatækni.

Upplýsingatækniverkefni eru á verkefnalista fjölmargra norrænna nefnda og stofnana. Embættismannanefndin tók saman upplýsingar um þessi verkefni og mótaði tillögu að verkáætlun fyrir framtíðarsamstarf Norðurlanda um upplýsingatækni. Þessi tillaga verður lögð fyrir fyrsta ráðherrafund IT-ráðherra sem væntanlega verður haldinn fyrri hluta árs 2000.

Embættismannanefndin átti gott samstarf við formenn nefnda um vanda vegna ártalsins 2000 og veitti ýmsum öðrum nefndum umsögn í málum upplýsingasamfélagsins.

25. Norrænar stofnanir á Íslandi.

25.1. Norræna húsið.

Formlegt hlutverk hússins er að koma til móts við og örva áhuga á norrænum málefnum á Íslandi og miðla þekkingu um Ísland á öðrum Norðurlöndum. Hefur þetta verið hlutverk stofnunarinnar frá því hún hóf störf árið 1968. Norræna húsið er norræn menningarmiðstöð á breiðum grunni og heyrir undir Norrænu ráðherranefndina.

Starfsemi Norræna hússins á árinu var umfangsmikil og fjölbreytt. Dagskrár og sýningar hússins voru skipulagðar með ákveðin þemu í huga, þar sem áhersla var lögð á að kynna jaðarsvæði Norðurlanda, efla áhuga barna og unglinga á Norðurlöndum og norrænni samvinnu, kynna sagnahefð, frásagnalist og bókmenntir.

Í janúar var haldin Samavika með viðamikilli dagskrá, fyrirlestrum, tónleikum og sýningum í anddyri og sýningarsölum.

Sýning um æviferil og ritstörf danska ævintýraskáldsins H.C. Andersens var haldin í febrúar og mars og í tengslum við hana kvikmyndasýning, fyrirlestur og brúðuleikhús.

Norrænir bókmenntadagar voru haldnir í mars. Kynnt var bókaútgáfa á Norðurlöndum árið 1998, boðið var til málþings um spennusögur og haldin sýning á norrænum myndasögum. Myndasöguhöfundar sem áttu verk á sýningunni komu og fjölluðu um þau ásamt norrænum fræðimönnum.

Í maí sl. var haldin Íslandskynning í Menningarhúsinu Katuaq í Nuuk á Grænlandi. Kynningin var gjöf Norræna hússins í tilefni af opnun menningarhússins árið 1997. Meðal efnis á kynningunni var sýning á verkum Erró, ljósmyndasýning um Reykjavík fyrr og nú, söguleg sýning „Frá landnámi Íslands til fullveldis“ og fyrirlestur um miðaldabókmenntir þar sem sögusvið var sótt til Grænlands, að ógleymdri brúðuleikhússýningu og kynningu á íslenskum mat.

Sumardagskrá Norræna hússins var með alþjóðlegu sniði undir yfirskriftinni „Til móts við árið 2000“ þar sem kynntar voru menningarborgir Evrópu árið 2000.

Tónlistarfólk frá Danmörku og Finnlandi kom fram í sumardagskrá og rithöfundarnir í Dönsku akademíunni komu fram í bókmenntadagskrá. Einnig má nefna ljóðleikhúsið „Hafið“ þar sem leikarar frá Álandseyjum, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi fluttu ljóð eftir ljóðskáld frá þessum löndum. Þrennir rómönsutónleikar voru haldnir með söngvurum frá Svíþjóð, Færeyjum og Álandseyjum. Sænskir ljósmyndarar frá Norræna ljósmyndaskólanum í Biskups Arnö sýndu ljósmyndir frá Íslandi og vestur-íslenskur listamaður sýndi útskorna fugla úr tré. Tvö tveggja vikna sumarnámskeið um íslenska tungu og menningu voru haldin í júlí og voru þátttakendur 33 alls staðar að á Norðurlöndum. Sumarnámskeiðin hafa verið haldin á hverju sumri frá árinu 1988 og hafa notið mikilla vinsælda.

Haustdagskráin hófst í september. Þar var á dagskrá grafíkmyndasýning, vísnasöngur fyrir leikskólabörn og tónleikar.

Svokallaðir „Prinsessudagar“ voru haldnir í september fyrir telpur og drengi sem brugðu sér í gervi riddara og konungsdætra. Kvikmyndir voru sýndar, ævintýri lesin upp og leikþáttur sýndur. Yfir 5000 manns, börn og fullorðnir komu á Prinsessudagana sem var metaðsókn.

„Kalevala um veröld víða“ var heiti umfangsmikillar dagskrár og sýninga, sem haldnar voru í minningu þess að 150 ár voru liðin frá því að finnski söguljóðabálkurinn kom út. Frumsamin tónlist var flutt, leikhópur flutti atriði úr Kalevala og í sýningarsölum var sýningin Lifi Kalevala — list um finnskt þjóðerni. Eystrasaltslöndin fengu einnig rými í dagskránni og var í fyrirlestrum, leiksýningu og námskeiði fjallað um goðsagnir og ævintýri.

Bókasafnið hélt uppi reglubundinni starfsemi á árinu og fjölgaði aðeins útlánum á safnefni frá fyrra ári en lánaðar eru bækur, myndbönd og tónlistarefni. Tölvukerfi hússins var endurbætt og tölvunet lagt. Bókasafnsskrár eru nú aðgengilegar í gegnum Netið og boðið er upp á aðgengi að Netinu frá 4 tölvum í safninu og er ein þeirra frátekin fyrir börn. Ein margmiðlunartölva er í boði þar sem einnig er hægt að hlusta á tónlist og auk þess geta gestir tekið sjálfir bækur að láni í sjálfsafgreiðsluvél í safninu.

Haldnar voru nokkrar norrænar ráðstefnur, hluti af Nordisk Panorama hátíðinni fór fram í húsinu svo og fyrirlestrar um byggingarlist. Einnig má nefna hádegistónleika og kynningar á operum Richards Wagners.

Í árslok kom út bókin „Norræna húsið, Alvar Aalto og Ísland", sem fjallar um Norræna húsið og arkitekt þess, Alvar Aalto. Norræna húsið stóð að útgáfu bókarinnar sem gefin er út í tveimur útgáfum; íslensku/dönsku og finnsku/ensku.

Árið 1999 var síðasta starfsár Vestnorræna fjölmiðlaverkstæðisins en eitt tölublað af tímaritinu OZON kom út í samvinnu við Hitt húsið. Um blaðið má lesa á heimasíðu OZON; http://www.ozon.net.

Nýr samningur um verkefnavísa fyrir árin 1999–2001 var gerður við Norrænu ráðherranefndina.

Í stjórn Norræna hússins eiga sæti 7 manns, 3 frá Íslandi og 1 frá hverju landanna Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Riitta Heinämaa frá Finnlandi er forstöðumaður Norræna hússins 1998–2001. Fastráðnir starfsmenn Norræna hússins voru 14, verkefnisstjórar voru 4 og nokkrir lausráðnir starfsmenn.

Sendikennarar í Norðurlandamálum hafa skrifstofur í Norræna húsinu og afnot af kennsluhúsnæði í kjallara. Háskóli Íslands greiðir leigu fyrir húsnæðið.

Á vegum NORDMÅL-verkefnisins starfaði norrænn skólaráðgjafi í Norræna húsinu árið 1999. Fjöldi grunnskólabarna fékk fræðslu um Norðurlönd og einnig hópar sem komu frá Norðurlöndum til að fræðast um Ísland og íslenska menningu.

25.2. Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK).

Árið 1999 var 25. starfsár Norrænu eldfjallastöðvarinnar (NORDisk VULKanologisk Institut, NORDVULK) en stofnunin var formlega vígð í október 1974. Stofnunin fæst við rannsóknir á eldvirkni og jarðskorpuhreyfingum. Einn megintilgangur stofnunarinnar er að auðvelda ungum norrænum vísindamönnum aðgang að jarðfræði Íslands og stuðla að samnorrænum jarðfræðirannsóknum. Í þeim tilgangi auglýsir stofnunin á hverju ári eftir fimm styrkþegum sem dveljast við stofnunina í eitt eða tvö ár. Þannig hafa um 80 styrkþegar dvalið á stofnuninni sem styrkþegar og er skipting þeirra jöfn milli Norðurlandanna.

Í stjórn Eldfjallastöðvarinnar á sæti einn fulltrúi frá hverju hinna fimm norrænu landa. Í samræmi við formennskuár Íslendinga í ráðherranefndinni var fulltrúi Íslands jafnframt stjórnarformaður.

Mannabreytingar á árinu urðu þær að Freysteinn Sigmundsson tók við sem forstöðumaður stofnunarinnar í byrjun júní. Hann leysti þá af hólmi Karl Grönvold sem gegndi starfi forstöðumanns frá júlí 1998 en þá lét Guðmundur E. Sigvaldason af störfum eftir að hafa stjórnað stofnuninni frá upphafi. Þrír nýir norrænir styrkþegar komu í byrjun júní og tveir héldu áfram frá fyrra ári. Einn styrkþegi frá Bandaríkjunum dvelur við stofnunina með styrk frá Fulbright stofnuninni og íslenskur nemi við Tækniháskólann í Danmörku hafði aðstöðu á Eldfjallastöðinni til að að vinna meistaraprófsverkefni. Þannig voru samtals 7 styrkþegar við stofnunina. Aðrir starfsmenn eru samtals 10 en að auki hefur Guðmundur E. Sigvaldason starfsaðstöðu á stofnuninni. Starfsmenn og styrkþegar Norrænu eldfjallastöðvarinnar mynda

þannig 18 manna rannsóknarhóp. Auglýst var ein laus staða sérfræðings við stofnunina og bárust yfir 20 umsóknir frá mjög hæfum einstaklingum víðs vegar að úr heiminum.

Fjárveitingar til stofnunarinnar á árinu voru samtals um 113 millj. ísl.kr. Norræna ráðherranefndin lagði stofnuninni til samtals 81,6 millj. ísl.kr. en verulega munar einnig um íslenska grunnfjárveitingu til stofnunarinnar sem á árinu var 14,9 millj. ísl.kr. Í viðbót fékk Eldfjallastöðin ýmsa erlenda og innlenda styrki í tímabundin verkefni, samtals um 16,5 millj. ísl.kr. Stærsti einstaki styrkurinn var 10 millj. ísl.kr. frá Rannsóknarráði Noregs til kaupa á samnorrænum massagreini til rannsókna í jarðefnafræði.

Á árinu var unnið að nýjum þriggja ára rammasamningi við Norrænu ráðherranefndina um starfsemi Eldfjallastöðvarinnar og lokadrög lágu fyrir í árslok. Í því skyni var meðal annars staðið fyrir umræðufundi um stöðu og framtíð Eldfjallastöðvarinnar í september þar sem stjórn, nýr forstöðumaður, starfsmenn og ýmsir gestir viðruðu hugmyndir sínar um framtíð stofnunarinnar. Ýmsum skoðunum var haldið á loft og hjálpaði umræðan til við að móta hinn nýja þriggja ára samning við Norrænu ráðherranefndina.

Internetið var notað í auknum mæli til að miðla upplýsingum um stofnunina og rannsóknarniðurstöður. Á heimasíðu stofnunarinnar, http://www.norvol.hi.is, er einnig að finna ýmsar upplýsingar um jarðfræði Íslands og eldvirkni og hefur heimasíðan notið mikilla vinsælda.

Norræn verkefni og samstarf.

Norræn samvinnuverkefni á árinu tengdust verkefnum norrænna styrkþega og eins hinu nýja tæki til rannsókna í jarðefnafræði, massagreininum sem stofnunin eignaðist árið 1998. Massagreinirinn kostaði um 50 millj. ísl.kr. og er dýrasta tæki sem fjárfest hefur verið í á Eldfjallastöðinni. Síðasta afborgun af tækinu var á árinu. Tækjakaupin voru að fullu fjármögnuð með norrænum styrkjum og ætlunin er að Eldfjallastöðin veiti norrænum vísindamönnum aðgang að tækinu. Tækið var afhent síðari hluta árs 1998 og árið 1999 var notað í uppsetningu og viðamiklar prófanir á tækinu.

Þrjú styrkþegaverkefni voru unnin sem hluti af framhaldsnámi við háskóla annars staðar á Norðurlöndum, eitt sem hluti af doktorsnámi við Háskólann í Ósló, eitt sem hluti af doktorsnámi við Háskólann í Turku og eitt sem hluti af meistaranámi við Tækniháskólann í Danmörku.

Ýmsir norrænir aðilar sóttu stofnunina heim, m.a. forseti Norðurlandaráðs og fylgdarlið í mars.

Alþjóðleg verkefni og samstarf.

Norræna eldfjallastöðin hefur notið viðurkenningar á alþjóðavettvangi fyrir rannsóknir sem unnar hafa verið á stofnuninni. Lögð verður áhersla á að viðhalda því orðspori. Á árinu fór kynning á rannsóknarniðurstöðum að venju fram í alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum og á alþjóðlegum ráðstefnum. M.a. birtust niðurstöður rannsókna sem Eldfjallastöðin vann á Azoreyjum og La Réunion eyjunni í Indlandshafi. Rannsóknir á báðum þessum svæðum beindust að því að skilja betur kvikuhreyfingar í eldfjöllum og þá þætti sem stjórna þeim.

Á undanförnum árum hafa byggst upp góð tengsl milli Eldfjallastöðvarinnar og National Science Foundation (NSF) í Bandaríkjunum. NSF styrkir ríkulega rannsóknir á úthafshryggjum jarðarinnar en þar verður til ný jarðskorpa og mikill áhugi er á að skilja betur hvernig það gerist. Flestir úthafshryggja eru á 2–3 km dýpi undir sjávarmáli en Ísland er eini staðurinn þar sem stór hluti slíks hryggs er ofansjávar. Því horfa margir til Íslands sem nokkurs konar rannsóknarstofu til að skoða myndun jarðskorpu. Að tilstuðlan Norrænu eldfjallastöðvarinnar kom hingað til lands í ágúst hópur 12 manna frá Bandaríkjunum sem gegna for-

ustuhlutverki í rannsóknum á úthafshryggjum. Þeir skoðuðu aðstæður á Íslandi, heimsóttu íslenskar jarðvísindastofnanir og héldu fyrirlestra um sínar rannsóknir.

Aðrar stærri heimsóknir voru þær að Náttúrustofa Suðurlands og Norræna eldfjallastöðin tóku á móti 25 manna alþjóðlegum hópi eldfjallafræðinga sem kom hingað til lands í júlí sl.

Forstöðumaður Eldfjallastöðvarinnar tók þátt í heimsókn Rannsóknarráðs Íslands til Kína í október, til að kanna möguleika á auknu vísindasamstarfi Íslendinga og Kínverja.

Fjölmargir erlendir vísindamenn heimsóttu Eldfjallastöðina á árinu og héldu fyrirlestra.

Íslensk verkefni og samstarf.

Margs konar íslensk rannsóknarverkefni voru unnin á Eldfjallastöðinni á árinu. Hæst ber að nefna ýmsar rannsóknir í bergfræði og kvikumyndun, áframhaldandi rannsóknir á eldgosunum í Vatnajökli 1996 og 1998 og rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum vegna kvikuhreyfinga neðanjarðar, t.d. rannsóknir á landrisi á Hengilsvæðinu en þar hefur land risið um 2 sentimetra á ári, líklega vegna söfnunar bergkviku á um 7 km dýpi undir yfirborði jarðar.

Síðari hluta árs tók stofnunin þátt í vöktun Kötlu í samvinnu við íslenskar jarðvísindastofnanir en ríkisstjórnin lagði fram aukafjárveitingu til þess verkefnis. Eldfjallastöðin fékk 1 millj. ísl.kr. af þessari aukafjárveitingu. Starfsmenn stofnunarinnar lögðu til sérfræðiþekkingu og kunnáttu sem nýttist vel til vöktunarinnar og rannsóknir Eldfjallastöðvarinnar í samvinnu við Raunvísindastofnun háskólans leiddu meðal annars í ljós að kvikusöfnun á sér nú stað undir sunnanverðum Eyjafjallajökli. Vegna þess verður Eyjafjallajökull vaktaður árið 2000 á svipaðan hátt og Mýrdalsjökull vegna hættu á frekari umbrotum. Margvíslegt annað samstarf er á milli Eldfjallastöðvarinnar og íslenskra jarðvísindastofnana. Eldfjallastöðin leggur áherslu á að vinna rannsóknarþætti sem ekki er verið að vinna á öðrum stofnunum þannig að samstarfið nýtist öllum aðilum sem best.

Eldfjallastöðin og starfsmenn hennar tóku virkan þátt í starfsemi Jarðfræðafélags Íslands, m.a. kynntu allir styrkþegar stofnunarinnar rannsóknarniðurstöður sínar á vorráðstefnu Jarðfræðafélagsins. Eldfjallastöðin bauð félagsmönnum Jarðfræðafélags Íslands á námskeið í massagreiningum í tengslum við hinn nýja massagreini stofnunarinnar og í tilefni 25. starfsárs Eldfjallastöðvarinnar var opið hús á Eldfjallastöðinni einn dag í desember fyrir félagsmenn Jarðfræðafélagsins. Um 50 íslenskir jarðvísindamenn sóttu stofnunina heim.

26. Norrænir sjóðir.

26.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB).

Starfsemi og afkoma.

Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) er fjölþjóðleg fjármálastofnun í eigu Norðurlandanna fimm. Bankinn fékk fyrst alþjóðlegt lánshæfismat árið 1982 og hefur síðan óslitið notið bestu mögulega vitnisburðar matsfyrirtækjanna Standard & Poors og Moody's (AAA/Aaa).

Árið 1999 er 24. starfsár bankans. Eignaraðild Íslands er u.þ.b 1%. Hlutverk Norræna fjárfestingarbankans (NIB) er að veita lán og ábyrgðir á markaðskjörum til fjármögnunar fjárfestinga, sem í senn uppfylla kröfur um norræna hagsmuni og hagsmuni lántakenda, jafnt innan sem utan Norðurlanda. Bankinn veitir einnig lán til verkefna í Eystrasaltslöndum innan sérstakrar norrænnar fjárfestingaráætlunar þeirra vegna. Auk þess annast bankinn nýja fjárfestingaráætlun á sviði umhverfismála á grannsvæðum Norðurlanda. Höfuðstöðvar bankans eru í Helsingfors en auk þess hefur bankinn svæðisskrifstofur í Kaupmannahöfn, Ósló, Reykjavík og Stokkhólmi auk Singapore. Starfsmenn eru nú alls 128 og þar af sjö Íslendingar.

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans fyrstu átta mánuði ársins er í stuttu máli þessi:
— Hreinar vaxtatekjur námu EUR 92 milljónum en fyrir sama tímabil í fyrra námu hreinar vaxtatekjur EUR 91 milljón.
— Hagnaður á tímabilinu nam EUR 69 milljónum (8/1998: EUR 78 milljónir). Minni hagnað en á sama tíma í fyrra má skýra með því að EUR 2 milljónir voru lagðar í afskriftarsjóð útlána sem og því að niðurstaðan á fjármálahlið var óhagstæð um EUR 4 milljónir vegna vaxtasveiflu í sumar.
— Efnahagsreikningur bankans var EUR 12,3 milljarðar í lok tímabilsins samanborið við EUR 11,2 milljarða við síðustu áramót.
— Heildarútlán bankans námu EUR 8,4 milljörðum en voru EUR 7,6 milljarðar um áramót.
— Útlána- og eignasafn bankans er í jafn háum gæðaflokki og fyrr. Engin útlánatöp urðu á þessu tímabili. Góð afkoma á fyrstu átta mánuðum ársins gefur til kynna að vænta megi góðrar framvindu í rekstri bankans fyrir árið.

Síðustu fimm ár hefur ávöxtun eigin fjár bankans verið nálægt 11% á ári sem jafngildir 9% raunávöxtun á ári. Útlánastofn bankans hefur vaxið um næstum 14% á ári síðustu fimm ár og hefur bankinn greitt út arð til eiganda sinna ár hvert. Síðustu tvö ár námu arðgreiðslur til eigenda EUR 35 milljónum (ISK 2,6 milljörðum) hvort ár.

NIB á Íslandi.

Útistandandi lán til íslenskra lögaðila nema ríflega ISK 40 milljörðum og svarar það til nærri 8% af heildarlánveitingum bankans til Norðurlanda. Við má bæta umsömdum óútborguðum lánum til Íslands að jafnvirði ISK 4,7 milljarða.

Á árinu jukust lán NIB til útrásarverkefna íslenskra fyrirtækja. Bankinn lánaði dótturfyrirtæki Byko hf. í Lettlandi 150 milljónir króna vegna stækkunar verksmiðju fyrirtækisins. Þá lánaði bankinn Baugi hf. vegna kaupa fyrirtækisins á verslunarkeðjunni SMS í Færeyjum um 100 milljónir króna. Loks má nefna að bankinn lánaði Kaupþingi hf. 150 milljónir króna sem endurlánast til Bakkavarar hf. til kaupa á fyrirtækinu Lysekils AB í Svíþjóð.

Rúmlega helmingur útistandandi lána NIB til Íslands eru til ýmissa innviðaframkvæmda á sviði raforkudreifingar og -framleiðslu, fjarskipta og samgagna. Lán til sjávarútvegs nema rúmlega 16% af útlánum bankans til Íslands. Lán til byggðamála nema um 9% af útlánum bankans. Útlán bankans til umhverfisfjárfestinga bæði í iðnaði og innviðum hafa vaxið hröðum skrefum. Lán til ýmissa verkefna á sviðum umhverfismála, eins og sorphirðu og frárennslis nema rúmlega 5% af útlánum til Íslands. Önnur útlán NIB til Íslands eru m.a. á sviði iðnaðar og ferðaþjónustu. Verulegur vöxtur hefur verið í lánveitingum NIB sem tengjast alþjóðlegum fjárfestingum einstakra norrænna fyrirtækja og samruna norrænna fyrirtækja.

Gert er ráð fyrir að útborguð lán til Íslands á árinu nemi ISK 5,7 milljarði en samþykkt ný en óútborguð lán á árinu nema 1 milljarði króna. Útborguð lán á árinu 1998 námu um 5,5 milljörðum króna. Áætlað er að útborguð lán á árinu greinist þannig á einstaka flokka: Bankar og sjóðir 1.000 milljónir, sveitarfélög 2.100 milljónir, einkafyrirtæki 900 milljónir og fyrirtæki í eigu hins opinbera 1.700 milljónir.

Á árinu voru veittir lánarammar til tveggja íslenskra banka sem ekki höfðu áður fengið bein lán frá NIB þ.e. Sparisjóðabanka Íslands og Kaupþings. Nú eru allir viðskipta- og fjárfestingarbankar á Íslandi með lánaramma frá NIB.

NIB hefur lagt áherslu á aukið samstarf við íslenska banka með lánarömmum, samstarfi í útlánum og kynningu á nýjungum bankans sem heimfæra má á íslenska fjármálakerfið. Á árinu voru haldnir kynningarfundir með lánastofnunum um aðferðir bankans við umhverfis-

mat en kerfisbundin gerð slíks mats er forsenda lánveitinga NIB. Viðtökur voru mjög góðar og hafa nokkrir bankar þegar eflt vinnu á þessu sviði. Með margvíslegu samstarfi við íslenska bankakerfið getur NIB orðið gagnleg viðbót við íslenskt fjármálakerfi og stutt þróun þess og bætt samkeppnisstöðu.

Nýr stofnsamningur og aukið stofnfé.

Nú hafa öll þjóðþing Norðurlanda staðfest nýjan stofnsamning Norræna fjárfestingarbankans sem treystir stöðu NIB sem alþjóðlegs lögaðila og miðar að því að bankinn standi jafnfætis öðrum fjölþjóðlegum fjármálastofnunum sem hann starfar með. Samningurinn gekk í gildi þann 18. júlí sl.

Norræna ráðherranefndin samþykkti einnig á árinu stofnfjáraukningu NIB sem eykur heildarbolmagn bankans til útlána innan og utan Norðurlanda úr EUR 9–10 milljörðum í EUR 14 milljarða.

Hlutfall stofnfjár og útlána Norræna fjárfestingarbankans hefur efri mörkin 2,5, með öðrum orðum er miðað við að heildarútlán verði aldrei hærri en 2,5 sinnum stofnféð. Því þurfti að koma til umtalsverð hækkun stofnfjár til að halda mætti ofangreindri áætlun um aukningu útlána. Þjóðþing Norðurlanda hafa því samþykkt eftirfarandi:

— Eigið fé Norræna fjárfestingarbankans eykst úr EUR 2.809 milljónum í EUR 4.000 milljónir.
— Af aukningunni, sem nemur EUR 1.191 milljónum, eru EUR 100 milljónir greiddar af hluthöfum en afgangurinn er í formi aukinna ábyrgða eigenda.
— Af þeim EUR 100 milljónum sem hluthafar greiða koma EUR 70 milljónir úr varasjóði bankans en EUR 30 milljónir greiðast beint af eigendum með jöfnum greiðslum á þremur árum, í fyrsta skipti í ársbyrjun 1999.

Vaxandi alþjóðavæðing í norrænu atvinnulífi hefur leitt til aukinnar eftirspurnar eftir langtímalánum á samkeppnishæfum kjörum til verkefna utan Norðurlanda. PIL-lánaflokkurinn (Projekt Investeringslån) hefur gegnt mikilvægu hlutverki í útrás margra norrænna fyrirtækja. Frá árinu 1982 hafa aðildarlönd NIB ábyrgst 90% af hverju PIL-láni. Á þeim rúmu 15 árum sem PIL-lánin hafa verið veitt hefur aldrei reynt á ábyrgð eigenda bankans.

Miðað við vöxt útlána í PIL-lánaflokknum og horfur um verkefnaútflutning virðist ljóst að til ársins 2005 getur aukning PIL-lána numið 10-12% á ári án þess að bankinn þurfi að auka áhættu í lánveitingum. Áætlun til næstu 4 ára gerir því ráð fyrir aukningu PIL-lánaflokksins í EUR 3,3 milljarða.

Í ljósi þeirrar góðu reynslu sem fengist hefur af PIL-lánaflokknum samþykkti norræna ráðherranefndin eftirfarandi:

— Lánarammi PIL er aukinn úr EUR 2 milljörðum í EUR 3,3 milljarða á árinu 1999.
— Heildarfjárhæð ábyrgðar eigenda er eftir sem áður EUR 1,8 milljarðar.
— Fyrir hvert einstakt PIL-lán nemur ábyrgð eigendanna framvegis sem hingað til 90% af andvirði lánsins en ábyrgð bankans 10% en þó fara skuldbindingar eigendanna aldrei fram úr EUR 1,8 milljörðum í heild.

Alþjóðalán NIB.

Eftirspurn eftir alþjóðlegum lánum NIB fer vaxandi. Á fyrst átta mánuðum ársins var gengið frá nýjum alþjóðalánum og -ábyrgðum að fjárhæð EUR 223 milljónir sem er 8,7% aukning frá sama tímabili fyrir ári. Útistandandi lán NIB utan Norðurlanda námu EUR 1.575 milljónum í ágústlok.

Lán alþjóðadeildar NIB til íslenskra aðila hafa verið veitt til jarðhitaveitu í borginni Tianjin í Kína sem verkfræðifyrirtækið Virkir-Orkint stóð að. NIB lánaði fé til þessa verkefnis í samvinnu við Norræna þróunarsjóðinn (NDF). NIB hefur veitt lán til jarðhitaveitu í Galanta í Slóvakíu sem Virkir-Orkint undirbjó. Bæði Hitaveita Reykjavíkur og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) eiga aðild að því verkefni. Þá lánuðu NDF og NIB til sjávarútvegsfyrirtækis með íslenskri aðild í Namibíu. Þess utan hefur NDF lánað til fiskveiðiverkefna eða fiskirannsókna með íslenskri þátttöku í Malaví, Mosambique og á Grænhöfðaeyjum. Íslenskir ráðgjafar hafa einnig komið við sögu í fiskveiðiverkefni á Maldiveseyjum sem fjármagnað var af NDF.

Umhverfislán NIB.

Á síðustu níu árum hefur Norræni fjárfestingarbankinn veitt lán til umhverfisfjárfestinga á Norðurlöndum. NIB hefur bæði lánað til iðnfyrirtækja sem þróa umhverfisvæna framleiðslu eða framleiðsluaðferðir og einnig til umhverfisfjárfestinga á vegum sveitarfélaga. Um það bil fimmtungur heildarlána NIB hefur farið til umhverfisfjárfestinga.

NIB hefur í samstarfi við aðrar alþjóðlegar fjármálastofnanir og umhverfisyfirvöld á Norðurlöndum haldið áfram undirbúningi fyrir lánveitingar vegna umhverfisverkefna í Norðvestur-Rússlandi. Á þessum slóðum eru umhverfismál í ólestri og mikil þörf á að draga úr mengun í lofti og legi. Brýnustu verkefnin eru á sviði vatnsveitu og frárennslis. Dæmi um verkefni sem er til sérstakrar athugunar í bankanum um þessar mundir er endurnýjun á nikkelbræðslum í Pechenga á Kólaskaga. Markmiðið með þátttöku Norðurlanda í endurbótum á þessu fyrirtæki er að draga úr stórhættulegri efnamengun á svæðinu, sem hefur áhrif í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

NIB í Eystrasaltsríkjunum.

Lán til Eystrasaltsríkjanna hafa vaxið umtalsvert á árinu og voru 13 ný lán samþykkt á fyrstu átta mánuðum ársins.

Frá árinu 1993 hefur NIB í samvinnu við Evrópubankann og Nopef annast framkvæmd fjárfestingaráætlunar Norðurlanda í Eystrasaltsríkjunum (BIP). Framkvæmd þessarar áætlunar lýkur á árinu 1999. NIB hefur einnig lagt fjárfestingarbönkunum þremur sem starfræktir eru í Eystrasaltsríkjunum til lánsfé og tæknilega aðstoð. Tæknilegri aðstoð NIB við fjárfestingarbankana í Eistlandi og Lettlandi er lokið en aðstoðin við Litháíska fjárfestingarbankann heldur áfram. NIB hefur veitt sérstök rammalán til umhverfisframkvæmda í öllum Eystrasaltsríkjunum einkum til framkvæmda sveitarfélaga.

Nýr lánaflokkur til að efla frumkvæði kvenna í atvinnulífi Eystrasaltsríkjanna.

Á ráðstefnunni „Konur og lýðræði", sem haldin var í Reykjavík, ræddu fulltrúar frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum, Bandaríkjunum og Rússlandi hugmyndir og áætlanir sem gætu stuðlað að aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífi og stjórnmálum. Ráðstefnan miðaði að því að benda á verkáætlanir sem gefa færi á jákvæðri mismunun í því skyni að ná þessu markmiði.

Ráðstefnan var haldin af ríkisstjórn Íslands í samstarfi við ríkisstjórn Bandaríkjanna og Norrænu ráðherranefndina. Af þessu tilefni ákvað Norræni fjárfestingarbankinn að setja á laggirnar nýjan lánaflokk að upphæð 1 milljón evra sem varið verði til fjármögnunar slíkra verkefna. Lánin verða veitt til 5–7 ára á markaðskjörum. Fyrirgreiðsla bankans var bundin því skilyrði að Bandaríkjastjórn beitti sér fyrir sams konar verkefni í Rússlandi.

Lánaramminn sem hér um ræðir fellur undir stærra fjárfestingarverkefni til eflingar atvinnulífi í Eystrasaltslöndunum sem NIB hefur gengist fyrir um árabil (Fjárfestingaráætlun Eystrasaltslandanna, BIP). Þar hefur NIB átt í góðu samstarfi við þarlendar fjármálastofnanir og greiðir sú reynsla sem áunnist hefur fyrir framkvæmd þessa verkefnis. Bæði Optivabankinn í Eistlandi, Hansabankinn í Lettlandi og Litháiski þróunarbankinn hafa gengið til samstarfs við NIB í þessu efni og þegar liggja fyrir álitleg viðskiptaverkefni sem bíða afgreiðslu. Telja fulltrúar þessara banka mörg teikn á lofti um það að viðskiptaverkefni að frumkvæði eða með umtalsverðri þátttöku kvenna séu að aukast, sem og samstarf kvenna í viðskiptalífinu innan Eystrasaltsríkjanna.

Framhaldsráðstefna um „Konur og lýðræði" er fyrirhuguð árið 2001 og er þess vænst að þá verði unnt að kynna niðurstöður fjárfestingarverkefnisins.

Horft til framtíðar.

Meginhugmyndin með stofnun Norræna fjárfestingarbankans var sú að Norðurlönd gætu örvað fjárfestingu sem njóta skyldi forgangs og samstarfs fyrirtækja yfir landamæri með því að reka sameiginlega fjármálastofnun í eigu landanna fimm sem nyti hagstæðustu lánskjara á alþjóðalánamarkaði. Þessi hugsun er enn grundvöllur NIB.

Til þess að bankinn geti framvegis sem hingað til boðið góð lánskjör verður hann að viðhalda besta lánshæfismati. NIB er ein örfárra fjármálastofnana sem hefur lánshæfiseinkunnina AAA/Aaa á alþjóðlegum fjármálamarkaði og er þess vegna mikilvæg viðbót við lánakerfi Norðurlanda.

Til þess að vinna að framgangi þessarar meginstefnu mun NIB:

— Kynna bankann sem öfluga lánastofnun í þágu atvinnulífsins á Norðurlöndum og sem viðbót við þjónustu annarra banka.
— Efla sérþekkingu og þjónustu við fjármögnun umhverfis-, orku- og innviðaverkefna annars vegar og hins vegar rannsóknar- og þróunarverkefna.
— Auka lán til fjárfesta utan Norðurlanda til verkefna á Norðurlöndum sem og fjármögnun norrænnar fjárfestingar á nýjum mörkuðum. Eystrasalts- og Barentshafsvæðið skulu njóta forgangs.
— Fjölga þeim löndum sem eiga kost á PIL-lánum bankans.
— Rækta samstarf við norræna banka og alþjóðlegar fjármálastofnanir.
— Efla hlutdeild bankans í innviðafjárfestingum með þátttöku einkaaðila og öðrum verkefnum á sviði einkarekstrar.
— Auka fjárhagslegt bolmagn bankans og þar með verðmæti fyrir eigendur hans og vera í fremstu röð í áhættustýringu við ávöxtun fjármagns hans.

Nýir straumar í efnahagslegu umhverfi Norðurlanda eins og alþjóðavæðing, Evrópusamruni, einkavæðing innviða og áframhaldandi sókn markaðsbúskapar mun án efa færa með sér ný og ögrandi verkefni fyrir allar fjármálastofnanir. Hlutverk NIB er að vinna með norrænum fyrirtækjum og fjármálastofnunum að því að efla samkeppnishæfni og heilbrigða framvindu efnahagsmála á Norðurlöndum í þessu nýja og síbreytilega umhverfi.

26.2. Norræni iðnaðarsjóðurinn

Norræni iðnaðarsjóðurinn er stofnun á vegum ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál. Á ráðherrafundi sem haldinn var í Reykjavík í ágúst sl. voru samþykktar nýjar áherslur í starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins. Í rúman aldarfjórðung hefur iðnaðarsjóðurinn styrkt norræn rannsóknar- og þróunarverkefni á sviði iðnaðar. Mikilvægi hans fyrir íslenskt

atvinnulíf og rannsóknarstarfsemi hefur verið mjög mikið, bæði vegna fjárhagslegs stuðnings en ekki síður vegna hins tæknilega samstarfs sem komist hefur á milli þjóðanna. Mjög hefur dregið úr fjárveitingum til sjóðsins hin síðari ár. Jafnframt hefur mikilvægi hefðbundinna áherslna sjóðsins breyst nokkuð við það að norrænu þjóðirnar fengu allar aðgang að vísinda- og tæknisjóðum ESB. Seinustu tvö til þrjú árin hefur verið farið ýtarlega yfir starfsemi sjóðsins og honum markað nýtt framtíðarhlutverk.

Þær meginbreytingar hafa verið gerðar að á næstu þrem árum mun sjóðurinn jafnt og þétt hverfa frá hefðbundinni verkefnafjármögnun en í stað þess leggja meiri áherslu á að skapa netsamstarf á milli vísinda- og tæknisamfélags þjóðanna, lítilla og meðalstórra atvinnufyrirtækja og rannsóknarstofnana. Sjóðurinn mun gangast fyrir og kosta verkefni sem eru til þess fallin að efla mannauð þjóðanna og sem stuðla að uppbyggingu nýrra fyrirtækja sem tengjast þekkingariðnaði.

Þeir sem komið hafa að stefnumótun fyrir sjóðinn eru sammála um að norrænu þjóðirnar eigi sameiginlega mikla möguleika á að ná mjög góðri samkeppnisstöðu á sviði þekkingariðnaðar í framtíðinni. Til þess þurfi þó hvata sem beinast eigi fyrst og fremst að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og stuðningsumhverfi þeirra.

Á grundvelli þessa hefur Norræni iðnaðarsjóðurinn fengið undirheitið „nýsköpunar- og atvinnuþróunarmiðstöð“ (Nordisk Industrifond – Center för innovation och näringsutveckling).

26.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef).

Samstarf um útflutningsverkefni.

Markmið Norræna verkefnaútflutningssjóðsins, (Nopef) er að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Þetta gerir sjóðurinn með því að styðja for- og arðsemisathuganir á verkefnum sem talið er að geti leitt til nýrra viðskiptatækifæra á erlendum mörkuðum. Í þessu skyni getur sjóðurinn veitt vaxtalaus áhættulán.

Nopef styður við forathuganir vegna útflutningsverkefna eftir tveimur meginleiðum. Annars vegar er um að ræða almennan stuðning við slík verkefni utan aðildarríkja ESB og EFTA. Hins vegar styður sjóðurinn samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltslöndunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Svipuð tilhögun gildir gagnvart grannsvæðum í Norðvestur-Rússlandi.

Almenn verkefni.

Nopef veitir fyrirtækjum áhættulán til for- og arðsemisathugana á verkefnum sem til þess eru fallin að efla útflutning frá Norðurlöndum og stuðla að alþjóðavæðingu norrænna fyrirtækja. Lánin geta svarað til allt að 50% af kostnaði við gerð slíkra athugana og getur sjóðurinn breytt þeim í styrk reynist ekki grundvöllur fyrir verkefninu en annars ber að endurgreiða þau. Lánin eru vaxtalaus.

Helstu forsendur fyrir stuðningi Nopefs eru:

— Verkefnið verður að vera vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni.
— Verkefnið verður að tengjast löndum utan ESB og EFTA.
— Norrænir hagsmunir þurfa að liggja að baki verkefninu.
— Raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins þarf að liggja fyrir.

Verkefnin geta verið af margvíslegu tagi og er lögð megináhersla á að viðunandi líkur séu á að þeim verði hrint í framkvæmd.

Lán vegna baltnesku ríkjanna (BIP).

Í tengslum við fjárfestingaráætlunina fyrir baltnesku ríkin (BIP) hafa norrænu löndin falið Nopef að styðja norræn fyrirtæki til að stofna lítil og meðalstór fyrirtæki í þessum löndum. Stuðningurinn samkvæmt þessari áætlun er í formi vaxtalauss láns eins og þegar um almennan stuðning er að ræða. Lánin geta hins vegar numið allt að 40% af áætluðum kostnaði við athuganirnar og ef verkefnið leiðir til árangurs er hægt að sækja um 20% viðbótarlán. Ef verkefni er ekki hrint í framkvæmd getur lántaki sótt um niðurfellingu lánsins. Verkefnin eru jafnframt skilgreind víðar en almennu verkefnin, m.a. ná þau til undirbúnings viðskiptaáætlana og samstarfssamninga, tillögugerðar um endurskipulagningu fyrirtækja o.fl. Hámarksstuðningur við hvert verkefni er 600 þús. finnsk mörk.

Verkefni.

Nopef studdi 116 verkefni á árinu og nam stuðningurinn við þau rúmlega 242 millj. ísl. kr. Hér á eftir er sýndur fjöldi verkefna eftir löndum og fjárhæðir fyrir árin 1998 og 1999.

Eins og fram kemur í yfirlitinu sem fylgir hér með voru íslensk fyrirtæki ekki í hópi þeirra fyrirtækja sem fengu stuðning á árinu og aðeins 2 á árinu 1998. Þetta er mikil fækkun frá næstu árum þar á undan. Svo virðist sem góðærið á Íslandi hafi dregið úr áhuga innlendra fyrirtækja á þjónustu Nopef. Eðli málsins samkvæmt eru verkefni Nopefs áhættuverkefni sem víkja þegar nóg er af tryggari og nærtækari verkefnum.

	Fjöldi		Fjárhæð (millj. ísl. kr.)	
	1998	**1999**	**1998**	**1999**
Danmörk	**43**	50	141	96
Eistland	4		12	
Finnland	12	24	33,7	62,1
Ísland	2		7	
Litháen	1		3,9	
Lettland		1		1,6
Noregur	16	14	44,3	33,2
Svíþjóð	21	27	55,4	49,3
Samtals	99	116	298	242

Vegna minnkandi eftirspurnar eftir lánum Nopefs var ákveðið að halda sérstakan kynningarfund á Íslandi í desember sl. í samráði við Útflutningsráð Íslands.

Á fundinum var norræni fjárfestingarhópurinn kynntur sem samanstendur af Norræna fjárfestingarbankanum (NIB), Norræna þróunarsjóðnum (NDF), Norræna umhverfisfjármögnunarfélaginu (NEFCO) og Nopef. Nopef kynnti ítarlega sín eigin verkefni, hvernig umsóknarferillinn gengur fyrir sig og þann árangur sem náðst hefur. Fjöldi fyrirspurna kom fram frá þátttakendum um ýmis verkefni. Fram kom tillaga um að Nopef ætti að auka samvinnu við fulltrúa NIB á Íslandi til þess að skapa meira samfellt samband við íslensku fyrirtækin. Eftir ráðstefnuna voru haldnir nokkrir sjálfstæðir fundir um ákveðin verkefni sem eiga möguleika á að vera með í verkefnavali Nopef.

Enginn vafi er á því að starfsemi Nopef hefur verið að styrkjast undanfarin ár og árangurinn að aukast, sérstaklega hefur áherslan á grannsvæðin verið að skila sér. Verkefnum hefur fjölgað sem leitt hafa af sér viðskipti og jafnframt hefur eftirspurn eftir stuðningi frá sjóðnum aukist.

Nopef, sem sett var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar staðsettar í Helsingfors.

26.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) tók formlega til starfa árið 1989 og fyllti því áratuginn á sl. ári. NDF hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans (NIB) í Helsinki og nýtur samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í Helsinki að mörgu leyti.

Helstu samstarfsaðilar NDF eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IaDB), Asíu (AsDB) og Afríku (ADB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þ.m.t. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Markmið NDF er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns sem er útgreiddur og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns sem ekki hefur verið greiddur. Í litlum mæli hafa einnig verið veitt áhættulán til einkafyrirtækja.

Auk afmælis NDF, sem fagnað var á árinu, bar það hæst á árinu 1999 að gerð var viðamikil úttekt á starfsemi sjóðsins og mat lagt á árangurinn af starfseminni. Þessi úttekt er liður í að undirbúa ákvarðanatöku um frekari framlög til sjóðsins fyrir tímabilið 2001 til 2005. Ákvörðun var tekin vorið 1996, einnig að undangengnu mati í það sinnið, að ríflega tvöfalda stofnfé sjóðsins á tímabilinu 1996 til og með ári 2000. Stofnfé sjóðsins er nú 515 millj. SDR (um 50 milljarðar ísl. kr.), sem greiðist af Norðurlöndum samkvæmt viðtekinni kostnaðarskiptareglu.

Niðurstaða óháðs úttektaraðila var í stórum dráttum á þá leið að starfsemi NDF sé afar skilvirk og að sjóðurinn eigi sér ótvíræðan tilverugrundvöll sem sameiginlegt tæki Norðurlanda til að veita fátækari ríkjum þróunaraðstoð og að áfram eigi að nýta sjóðinn til að stuðla að sameiginlegum áherslumálum norrænu landanna á vettvangi þróunarmála. Leggja skýrsluhöfundar til að sjóðurinn láni hér eftir sem hingað til einkum til fjárfestinga í innviðum (e. economic infrastructure), en stór hluti lánveitinga til þessa hefur runnið til raforkuverkefna, samgöngu- og fjarskiptaverkefna, auk vatnsveituverkefna.

Á árinu 1999, fram til 1. desember, hafði sjóðurinn undirskrifað lán að fjárhæð 42,1 millj. SDR en heildarlán á árinu nema væntanlega hátt í 40 millj. SDR (tæpir 4 milljarðar ísl. kr.) til alls 13 verkefna. Frá stofnun hefur sjóðurinn þar með veitt lán að fjárhæð um 407 millj. SDR (um 41 milljarðar ísl. kr.) til í allt 124 verkefna.

Nokkur lán hafa verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta:

a. Lán var veitt til fiskveiðiverkefnis í Malawi að fjárhæð 2,8 millj. SDR (um 270 millj. ísl.kr.). Sjóðurinn tekur þátt í verkefninu ásamt Alþjóðabankanum og ÞSSÍ. Verulegur hluti lánsins var notaður til byggingar tveggja skipa á Íslandi, rannsóknarskips og togveiðiskips, auk þess sem ýmiss annar tækjabúnaður var keyptur frá Íslandi.
b. Fiskveiðiverkefni í Namibíu hlaut 1,5 millj. SDR lán (um 150 millj. ísl.kr.). Sjóðurinn tók þátt í fjármögnun verkefnisins ásamt NIB. Verkefnið er samstarfsverkefni Íslenskra sjávarafurða hf. og félags í eigu namibískra stjórnvalda, sem í sameiningu hafa ráðist í verulegar fjárfestingar vegna uppbyggingar veiða og vinnslu í sameiginlegu fyrirtæki, Seaflower Whitefish Corporation í bænum Luderitz. Lán NDF var notað til kaupa á tækjabúnaði í frystihús og frystitogara fyrirtækisins, m.a. frá Íslandi.
c. Á Grænhöfðaeyjum hefur sjóðurinn tekið þátt í verkefni í samvinnu við ÞSSÍ um fjármögnun fiskveiðiverkefnis. Veitt hefur verið lán að fjárhæð 2,1 millj. SDR (rúmar 200

millj. ísl. kr.) til að kosta fræðslustarfsemi, ráðgjöf og tækjabúnað. Verkefnið var að hluta til undirbúið af íslenskum ráðgjöfum fyrir hönd NDF og tækjabúnaður keyptur frá Íslandi að hluta til.

d. Í Tanggu í Kína hefur NDF tekið þátt í hitaveituverkefni í samvinnu við NIB. NDF hefur lánað um 0,7 millj. SDR (um 70 millj. ísl.kr.) en NIB tvöfalt meira. Íslenskir ráðgjafar hafa starfað að verkefninu og töluverður búnaður var keyptur frá Íslandi til verkefnisins, sem nú er lokið.
e. Sjóðurinn hefur veitt rammalán að fjárhæð 5,6 millj. SDR (um 550 millj. ísl.kr.) til Þróunarbanka Austur-Afríku (East African Development Bank), sem er í eigu ríkissjóða Kenya, Tansaníu og Uganda, með aðsetur í Kampala. Þessum lánaramma er ætlað að styðja smá og meðalstór fjárfestingarverkefni. Íslenskum aðilum var veitt lán að fjárhæð 500 þús. bandaríkjadala (um 35 millj. ísl.kr.) til fjárfestinga í fiskveiðum og vinnslu við Viktoríuvatn.
f. Sjóðurinn hefur veitt lán til fiskveiðiverkefnis í Mósambík í samvinnu við ÞSSÍ og dönsku þróunarsamvinnustofnunina DANIDA. Lán sjóðsins er 3,6 millj. SDR (um 350 millj. ísl.kr.) og hefur að hluta til verið notað til að fjármagna rekstur rannsóknarskipsins Fengs. Breytingar og viðhald á skipinu, áður en það hélt til Mósambík, voru unnar á Íslandi.
g. Á árinu var gengið frá þátttöku sjóðsins í endurfjármögnun Seaflower-fyrirtækisins í Namibíu í samvinnu við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins á Íslandi og veitti NDF fyrirtækinu áhættulán að fjárhæð 800 þús. SDR (um 80 millj. ísl.kr.).

Eftir því sem NDF vex aldur lýkur fleiri verkefnum sem sjóðurinn hefur lánað fé til. Alls voru gerðar úttektir og skilagreinar á 16 verkefnum á árinu og áttu íslensk fyrirtæki og stofnanir aðild að nokkrum þeirra:

— Úttekt á jarðhitaverkefni í Kína, sem Virkir-Orkint annaðist að hálfu NDF, var afar jákvæð í garð verkefnisins og sér í lagi gagnvart þætti íslensku ráðgjafanna. Er mælt með því að fleiri verkefni verði fjármögnuð á sviði jarðhitanýtingar, gefist til þess heppileg tækifæri.
— Úttekt var gerð á fiskveiðiverkefnunum í Mósambík (rannsóknarþættinum, sem unninn var í samvinnu við ÞSSÍ), í Malawi og á Grænhöfðaeyjum. ÞSSÍ á hluta að öllum þessum verkefnum og er leiðandi (e. Lead Agency) í verkefninu á Grænhöfðaeyjum en Alþjóðabankinn leiðir Malawi-verkefnið. Niðurstöður úttektaraðila eru í heildina tekið jákvæðar og er sérstaklega fram tekið, að liðsinni NDF og ÞSSÍ á sviði rannsókna og öflunar þekkingar á umhverfisþáttum og lífríki, séu mikilvægur liður í að koma á sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda hafsins og í reynd einnig í því að bæta auðlindanýtinguna frá því sem verið hefur.

Skýrsluhöfundur hvetur til þess að NDF haldi fast við fyrri áform um að fjármagna fjárfestingar innan sjávarútvegsgeirans í Mósambík og taki þátt í nýju framhaldsverkefni í Malawi. Hins vegar er ekki lagt til að framhald verði á fjármögnun NDF til sjávarútvegs á Grænhöfðaeyjum.

Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 millj. SDR (tæpir 1,7 milljarðar ísl.kr.). Íslensk fyrirtæki hafa unnið samninga sem nema um 1,5% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun hans.

Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er nokkru lægri, eða 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til verkefnaundirbúnings og eftirlits.

Í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sitja fulltrúar Norðurlandanna fimm. Starfslið sjóðsins telur 14 starfsmenn en meðal þeirra er einn Íslendingur, sem gegnir starfi sérstaks ráðgjafa.

26.5. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Árið 1999 var níunda starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Stofnfé félagsins er 80 millj. ekna.

Megintilgangur félagsins samkvæmt stofnsamningi Norðurlandanna er að stuðla að umhverfisbótum svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefna og efnahagslegra forsenda þeirra. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu norrænu landanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO nemur að jafnaði ekki meiru en 25% af heildarhlutafé eða stofnkostnaði.

Í árslok hafði stjórn NEFCO samþykkt þátttöku í alls 50 verkefnum með fjármögnun í formi hlutafjár og lána að upphæð 58,20 millj. ekna en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er um 670,9 millj. ekna.

Verkefnin skiptast þannig eftir löndum: Pólland 14, Tékkland 4, Slóvakía 2, Eistland 8, Lettland 15, Litháen 2 og Rússland 5. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Ísland 2, Danmörk 15, Finnland 10, Noregur 11 og Svíþjóð 12.

Verkefnin með íslenskri aðild eru bæði á sviði jarðhitanýtingar í Slóvakíu. Annars vegar er um að ræða ráðgjafarfyrirtæki á því sviði, Slovgeoterm, þar sem íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint er eignaraðili, hins vegar orkuveitu á sviði jarðhita, Galantaterm, þar sem Hitaveita Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur) er meðeigandi auk Slovgeoterm.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).

Árið 1996 var ákveðið að stofna styrktarsjóð við NEFCO og starfrækja hann næstu þrjú ár. Árið 1999 námu framlög til sjóðsins 35 millj. d.kr., 25 millj. d.kr. frá norrænu löndunum og 10 millj. d.kr. af norrænum fjárlögum. Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni til umhverfisbóta á sama landsvæði og hefðbundin starfsemi NEFCO, en fyrst og fremst verkefni sem ekki hafa sömu fjárhagslegar forsendur og NEFCO gerir kröfu til. Þátttaka sjóðsins í verkefnum er annars vegar í formi styrkja en hins vegar í formi lána á hagstæðum kjörum.

Á árinu 1998 fór fram úttekt á starfsemi sjóðsins ásamt mati á árangri starfseminnar. Í framhaldi af því var ákveðið að halda áfram starfsemi sjóðsins næstu fimm ár, þ.e. 1999–2003 á svipuðum grunni og áður, þ.e. með árlegum framlögum frá norrænu ríkjunum og úr sameiginlegum sjóði Norrænu ráðherranefndarinnar. Nafni sjóðsins var breytt og heitir hann nú norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (Nordiska Miljöutveklingsfonden - NMF).

Stjórn NEFCO sem er einnig stjórn Norræna umhverfisþróunarsjóðsins hafði í árslok samþykkt þátttöku í 19 verkefnum, sem skiptast þannig eftir löndum: Eistland 1, Lettland 3, Litháen 1, Pólland 1 og Rússland 13.

26.6. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda.

Útlán.

Ekki varð mikil aukning á umsóknum frá Færeyjum eða Grænlandi á árinu og engin umsókn tengd samvinnu við Færeyjar eða Grænland barst frá Íslandi. Tvö lán voru greidd út á árinu. Annað til Færeyja, en hitt til Grænlands.

Rekstur.

Sú breyting verður gerð á rekstri sjóðsins 1. maí 2000, að nýr forstjóri, Sverri Hansen, hagfræðingur úr Færeyjum, tekur til starfa og leysir af hólmi Steinar B. Jakobsson, sem verið hefur forstjóri sjóðsins frá upphafi eða frá nóvember 1987.

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess.

26.7. Norræni menningarsjóðurinn.

Norræni menningarsjóðurinn var stofnaður árið 1966 og hlutverk hans er að efla menningarsamstarf Norðurlandanna. Sjóðurinn styrkir verkefni af ýmsum toga á sviði rannsókna, menntunar og menningar í víðri merkingu. Fjárveiting til sjóðsins á árinu var alls 24,9 millj. d.kr. sem er hækkun frá fyrra ári. Stjórnarfundir á árinu voru fjórir.

Umsóknarfrestur til sjóðsins er tvisvar á ári. Á árinu bárust sjóðnum alls 964 umsóknir en þar af voru 208 ógildar. Veittir voru styrkir til 199 verkefna (u.þ.b. 26%). Gildar umsóknir voru að upphæð u.þ.b. 195 millj. d.kr. en til úthlutunar voru 18,6 millj. d.kr. Enn fremur veitti sjóðurinn styrk til annarra afmarkaðra verkefna, t.d. til verkefnisins „Lestrarhugur", rannsóknarverkefnis um þróun norrænnar menningarstefnu og til menningarborganna Reykjavíkur, Björgvinjar og Helsinki.

Á árinu bárust 27 gildar umsóknir frá Íslandi sem er svipað og fyrri ár. Styrkveitingar til íslenskra verkefna voru að upphæð alls 1,3 millj. d.kr. Einnig má geta fjárveitingar að upphæð 3,9 millj. d.kr. vegna þess að Reykjavík er ein af norrænu menningarborgunum árið 2000.

Hér eru ekki með talin norræn verkefni sem styrkt eru af menningarsjóðnum og fela í sér samstarf við eða heimsókn til Íslands.

Frekari upplýsingar um starfsemi Norræna menningarsjóðsins er að finna á slóð www.nordiskkulturfond.dk

II. STARFSÁÆTLUN NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR OG MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2000

Inngangur.

Norrænt samstarf á 21. öld.

Samstarfið á 10. áratugnum hefur einkennst af sveigjanleika en einnig af samhæfingu starfseminnar. Á undanförnum áratug hafa ný samstarfssvið komið til sögunnar, svo sem t.d. grannsvæðastarfsemin, Evrópustarfsemin og nýjar ráðherranefndir — jafnrétti, vímuefni og upplýsingatækni. Önnur samstarfssvið hafa breyst í fremur óformlegt samstarf — það á t.d. við um viðskiptamál og þróunaraðstoð. Áratugurinn hefur einnig einkennst af samþjöppun

norræns samstarfs, m.a. vegna umfangsmikillar endurskipulagningar í stofnunum og vegna aukinnar áherslu á þá starfsemi sem talin er hafa norrænt notagildi.

Þannig hagar til um norrænt samstarf um þessar mundir að umfangsmikil verkefni liggja fyrir bæði innan opinbera samstarfsins og á öðrum sviðum. Samstarfið setur mark sitt á starfsemi einkaaðila, opinbera starfsemi og á starfsemi frjálsra félagasamtaka. Hvað varðar samstarf stjórnmálaleiðtoganna hefur nú í seinni tíð samkeppnin um tíma harðnað vegna þess að annað alþjóðlegt samstarf hefur einnig aukist. Málefni ESB, Eystrasaltssvæðisins, Barentssvæðisins, Norðurskautssvæðisins og annað alþjóðlegt samstarf kallar á aukna athygli stjórnmálamanna. Ef halda á áfram öflugu norrænu pólitísku samstarfi er nauðsynlegt að það verði áfram markvisst og árangursmiðað og einnig að það verði nýtt sem stökkpallur að annarri alþjóðlegri starfsemi. Með því að nýta norrænt samstarf sem grunn er unnt að forðast tvíverknað og efla áhrif starfsins.

Norrænt samstarf er vel mótað og í huga margra sjálfgefið. Allt að einu er nauðsynlegt, eins og í öðru alþjóðlegu samstarfi, að starfa með virkum hætti og af miklum pólitískum áhuga til þess að viðhalda og þróa gildi þess. Ef samstarfið á að þróast og gegna mikilvægu hlutverki einnig á næstu öld er nauðsynlegt að endurmeta markmiðin og leggja áherslu á mál sem skipta máli fyrir Norðurlandabúa. Enn er Norðurlandabúum dags daglega í mörgu tilliti óhægt um vik að fara á milli landanna. Takist að festa í sessi norrænt samstarf sem snýr að málefnum þegnanna, verður til góður vettvangur sem byggja má á í víðara samhengi á alþjóðavettvangi.

Þjóðfélagið á Norðurlöndum er sífellt að verða fjölmenningarlegra. Nýjum Norðurlandabúum er af eðlilegum ástæðum ókleift að taka afstöðu til norrænna málefna. Í norrænu samstarfi þarf í samvinnu við frjáls félagasamtök að leitast við að skapa skilning og þekkingu á norrænum aðstæðum þannig að nýjir samfélagsþegnar geti tekið þátt í samstarfinu á sömu forsendum og aðrir Norðurlandabúar.

Norræna ráðherranefndin væntir þess að samstarfið haldi áfram að þróast og að árið 2000 verði starf sem snýr að norrænni velferð, hæfni í sem víðustum skilningi, sjálfbærum Norðurlöndum, opnari Norðurlöndum — færri landamærahindrunum og fjölmenningarlegri Norðurlöndum — í fyrirrúmi. Þetta á einnig við um starfsemina á grannsvæðunum.

A. Starfsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2000 (C2).

Samstarfið á Norðurlöndum.

Með aðild Finnlands og Svíþjóðar að ESB og þátttöku Íslands og Noregs í EES eru öll norrænu ríkin formlegir aðilar að samstarfi sem bæði hvað varðar landfræðilegt umfang og fjármagn er mun víðfeðmara en norrænt samstarf. Í sameiginlegri skýrslu Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar „Nordisk samarbejde i en ny tid“ (Nýir tímar í norrænni samvinnu), sem nú um fimm ára skeið hefur verið grundvöllur norræns samstarfs, var gerð grein fyrir afleiðingum þessa og framtíðaráherslusviðum. Ekki síst krafan um norrænt notagildi — að sameiginleg norræn verkefni skili virðisauka — hefur reynst sérlega nothæft úrræði í mati á samnorrænu starfi og þegar slíku starfi er komið á fót.

Jafnframt þarf einnig að haga samstarfinu með tilliti til æ hraðari þróunar bæði á sviði tækni og samfélagstengsla.

Hvernig er unnt að tryggja framhald samstarfsins og þróa það á sviðum sem skipta einstaklinga á Norðurlöndum máli?

Hvað er t.d. unnt að gera til þess að draga úr þeim hindrunum sem eru enn fyrir hendi í landamærahéruðum á Norðurlöndum og verða nú enn áþreifanlegri þegar stór þéttbýlissvæði á borð við Málmey og Kaupmannahöfn tengjast með nýrri brú?

Hvernig á að haga norrænum styrkjum og nemenda- og starfsmannaskiptum þannig að takmarkaðir samnorrænir fjármunir standi ekki í ónauðsynlegri samkeppni við t.d. áætlanir ESB?

Nú við upphaf nýs árþúsunds stefnir ráðherranefndin að því að leggja grunn að mati á og umræðum um þróunarmöguleika og líklegar þróunarleiðir á 21. öld og þær kröfur og óskir sem norrænt samstarf þarf að uppfylla. Þess er vænst að grundvöllur fyrir almenna umræðu um þessi mál liggi fyrir á þingi Norðurlandaráðs árið 2000.

Undirbúningur fyrir norrænt samstarf á næstu öld er þó þegar hafið á langflestum sviðum.

Ráðherrar menntamála og vísinda leggja þannig fram stefnumótun um norrænt mennta- og vísindasamstarf á næsta fimm ára tímabili. Þar eru skilgreind markmið fyrir norrænt samstarf á sviði menntamála og vísinda/rannsókna, og rammi og verkefni sem eru til þess fallin að nýta þá möguleika sem felast í norrænu samstarfi eftir árið 2000. Ráðherranefndin verður að vera virkur aðili að framkvæmd á þeim grundvallarbreytingum sem eiga sér stað varðandi hæfni, gæðaþróun og gildismat hvarvetna á Norðurlöndum.

Einnig á sviði menningarmála hefur ráðherranefndin hafist handa um að koma á umbótum í norrænu samstarfi og aðlaga störfin ögrunum nýrrar aldar. Að sjálfsögðu á að efla og þróa hina hefðbundnu samnorrænu menningararfleifð með þessu samstarfi og jafnframt á það að vera pólitískt og hæfa alþjóðlegum aðstæðum á breiðari grundvelli.

Lykilhugtakið er sveigjanleiki — til þess annars vegar að verja fjármagni og kröftum til verkefna sem njóta forgangs, hins vegar að unnt sé að lagfæra skipulag og uppbyggingu svo að tryggðir séu hagkvæmustu starfshættir við allar aðstæður. Ráðherranefndin leggur ríka áherslu á að framhald þessa umbótastarfs verði í nánu samráði við Norðurlandaráð.

Um árþúsundamótin verða gerðar umbætur á sviði umhverfis- og auðlindamála bæði hvað varðar skipulag og inntak. Megintilgangurinn er að haga samstarfinu þannig að það fái pólitískt vægi, bæði í aðildarlöndunum og varðandi grannsvæðin og ESB/EES.

Starf ráðherranefndarinnar í þá veru að stuðla að sjálfbærri þróun verður unnið á grundvelli þverfaglegrar áætlunar „Sjálfbær Norðurlönd“ sem lögð verður fram til að fylgja eftir yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlanda frá árinu 1998. Gert er ráð fyrir að áætlunin liggi fyrir árið 2000. Hún beinist að þeim sviðum þar sem Norðurlöndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta og góðar forsendur eru til að stuðla að sjálfbærri þróun og þar sem talið er að norrænt samstarf sé gagnlegt. Ætlunin er að markmiðunum verði náð innan 20 ára og lagðar eru fram tillögur um aðgerðir sem til þess eru fallnar að tryggja sjálfbæra þróun á þeim sviðum sem hlut eiga að máli. Þess er vænst að áætlunin verði stefnumarkandi fyrir starfið að sjálfbærri þróun á sviði samgangna, orkumála, landbúnaðarmála, skógariðnaðar, umhverfismála, sjávarútvegs, efnahagsmála og atvinnumála.

Árið 1999 var hrint í framkvæmd mati á Norrænu umhverfisstefnunni fyrir árin 1996–2000. Með matinu er grunnur lagður að nýjum viðræðum árið 2000 um ný stjórntæki fyrir norrænt samstarf á sviði umhverfismála sem hægt verður að hrinda í framkvæmd árið 2001.

Innan ramma samstarfs að byggðamálum er ný stefnumótandi samstarfsáætlun í vinnslu og er gert ráð fyrir að hún gangi í gildi árið 2000. Sama ár verður samið um ný stjórntæki fyrir samstarfið á sviði landbúnaðar- og skógræktarmála í ljósi þess mats sem gert var árið 1999. Samfara þessu verður lögð fram endurskoðuð stefna um samstarfið við umhverfismálasviðið.

Í samstarfinu á sviði sjávarútvegs verður haldið áfram því starfi sem hafið var árið 1999 í því skyni að finna ný stjórntæki í sjávarútvegssamstarfi Norðurlanda með áherslu á alþjóðavæðingu og pólitískt mikilvægi.

Norræna ráðherranefndin hefur beint athyglinni að norræna velferðarsamfélaginu með því að halda áfram því starfi sem hófst á ráðherraráðstefnunni „Velferðarsamfélag morgundagsins". Og nú er áherslan annars vegar á rannsóknir á meginsviðum velferðarsamfélagsins, hins vegar á gerð skýrslu sem setur norræna velferðarkerfið í evrópskt samhengi.

Jafnrétti Norðurlandabúa sem flytja milli landa er meginmarkmið norræna samningsins á sviði félagslegs öryggis. Í krafti slíkra samninga öðlast Norðurlandabúar margvísleg réttindi sem tryggja eiga ferðafrelsi á Norðurlöndum. Nú hefur verið skipaður starfshópur til þess að meta þörfina á lagfæringu og uppfærslu reglnanna.

Árið 1998 tóku ráðherrar Norðurlanda á sviði utanríkisviðskipta frumkvæði að því að varpa ljósi á fyrirstöðu í löggjöf Norðurlanda gegn samruna og sameiningu norrænna fyrirtækja og liggur nú fyrir skýrsla um málið. Þar er bent á mikilvægi þess að tryggja lífvænlegan heimamarkað á Norðurlöndum fyrir fyrirtæki sem óska eftir að skipuleggja rekstur sinn óháð landamærum.

Sameiginlegur þáttur í þróuninni víðast hvar á Norðurlöndum er breytingin á samsetningu þjóða í átt að fjölmenningarlegu samfélagi. Á öllum sviðum sem hlut eiga að máli nýtur starfið gegn útlendingaandúð og að því að skapa skilning á verðmæti hins fjölmenningarlega samfélags því mikils forgangs.

Í samræmi við þær áherslur sem Norðurlandaráð hefur áður gefið til kynna er lögð áhersla á eflingu samstarfsins við hin frjálsu félagasamtök.

Áfram er hvatt til þess að metið verði á hinum ýmsu samstarfssviðum hvernig unnt sé að efla enn frekar samstarfið við frjáls félagasamtök en þau, og meðal annars Norrænu félögin, eru virkjuð í lausn verkefna á öllum sviðum þar sem þau geta lagt eitthvað af mörkum sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar er í norrænu samstarfi um gæði og hagkvæmni.

Síðar í skýrslunni er gerð nánari grein fyrir því hve víðtækt samstarf ráðherranefndarinnar er við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum.

Grannsvæði Norðurlanda.

Aðalmarkmið samstarfs ráðherranefndarinnar er að stuðla að stöðugri og traustri þróun á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra. Í landfræðilegu tilliti nær skilgreining ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum til Eystrasaltsríkjanna, norðvesturhéraða Rússlands og Norðurskautssvæðisins.

Hlutur grannsvæðasamstarfsins í allri samnorrænni starfsemi hefur aukist mjög á síðari árum. Framlag ráðherranefndarinnar hefur á undanförnum tveim árum numið tæplega fimmta hluta norrænu fjárlaganna og á fyrstu árum næstu aldar er gert ráð fyrir að svipuðu fjármagni verði úthlutað af norrænum fjárlögum til þessa samstarfs.

Markmið samstarfsins við grannlöndin er óbreytt en það á að hafa stöðuga og lýðræðislega þróun að markmiði, ýta undir þróun virks markaðsbúskapar, auka virðingu fyrir mannréttindum, svo og stuðla að ábyrgri og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Ákvörðun leiðtogaráðs ESB um „Norðlæga vídd" er í stórum dráttum í samræmi við markmið Norrænu ráðherranefndarinnar og gefur þeim aukið vægi með því að taka tillit til tengsla sambandsins útávið, einkum til Rússlands og Eystrasaltsvæðisins. Til dæmis eru áform ESB í samræmi við norræn áform hvað varðar stjórnun auðlinda svo og umhverfis- og orkumál.

Í yfirlýsingu norrænu forsætisráðherranna, „Sjálfbær Norðurlönd“, var Norrænu ráðherranefndinni falið að nota tímann til ársins 2000 til að móta þverfaglega áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum og grannsvæðunum. Samstarfinu við löndin á grannsvæðunum á að haga þannig að það miðist við markmið þessarar áætlunar.

Aukin þátttaka Eystrasaltsríkjanna í evrópska samrunaferlinu er sérstakt úrlausnarefni í norræna grannsvæðasamstarfinu. Nauðsynlegt er að raunveruleg samstarfsverkefni séu stöðugt löguð að þessari þróun.

Þau markmið og áform sem stjórna grannsvæðasamstarfinu hafa áður verið mótuð árlega á verkefna- og áætlanastigi. Nýja rammaáætlunin fyrir næsta þriggja ára tímabil er einkum byggð á forgangsröðun fyrri ára og grundvallarmarkmið hennar er að lokið verði við fyrri áætlanir og verkefni. Á grundvelli viðræðna norrænu samstarfsráðherranna og samstarfsráðherra Eystrasaltsríkjanna, auk óformlegra samskipta embættismanna við fulltrúa Eystrasaltsríkjanna og Rússneska sambandslýðveldisins, er ákveðið að þemasviðin verði fimm, lýðræði og velferðarmál, menningarmiðlun, efling markaðsbúskapar, sjálfbær nýting auðlinda og Norðurskautssamstarfið.

Á sviði lýðræðis og velferðarmála verður athyglinni beint að miðlun mikilvægra þátta hins norræna velferðarkerfis og reynslu af því. Eflt verður enn frekar langtímastarfið að því að hrinda í framkvæmd og fylgja eftir aðgerðum í þá veru að bæta framtíðarhorfur barna og ungmenna á grannsvæðunum, að frumkvæði Norðurlandaráðs.

Í því augnamiði að stuðla að stöðugleika í samfélagsþróun á grannsvæðunum verður sjónum beint að þróun opinbera geirans og meðal annars verður lögð áhersla á stjórnsýslu og lýðræðislega uppbyggingu á hverjum stað, svo og baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Meginmarkmiðið á sviði menningarmiðlunar hefur verið miðlun norrænnar menningar og norrænna gilda til grannsvæðanna. Framvegis verður hugað enn frekar að gagnkvæmum upplýsingum — þannig að menningarframboð grannsvæðanna hljóti einnig kynningu á Norðurlöndum.

Til þess að tryggja lífvænlegan markaðsbúskap er nauðsynlegt að byggja upp þekkingu um löggjöf og reglur, menningu og viðskiptasiðferði. Markmiðið er að styðja með áþreifanlegri hætti þróunarforsendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja og meðal annars möguleika kvenna á að koma á fót eigin rekstri.

Með því að byggja upp hæfni hjá þeim aðilum í stjórnsýslunni sem bera ábyrgð á stjórnun auðlinda er leitast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra. Til þess verður að skiptast á reynslu varðandi löggjafar- og stjórnunarúrræði í því augnamiði að laga löggjöf einstakra ríkja á grannsvæðinu að evrópskri löggjöf. Aðgerðir til að draga úr álaginu á umhverfið munu beinast að því að draga úr mengun sem berst yfir landamæri.

Í Norðurskautssamstarfinu verður hugað sérstaklega að tekju- og afkomumöguleikum á Norðurskautssvæðinu, sjálfbærri nýtingu auðlinda á forsendum náttúrunnar, svo og upplýsingum um lífskjör á heimskautssvæðum með það í huga að skapa skilning á hefðbundnum atvinnugreinum.

Sú forgangsröðun sem greinir að framan gildir einnig fyrir upplýsingaskrifstofur ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum og styrkjaáætlanirnar. Í skipulagningu starfseminnar á upplýsingaskrifstofum verður athyglinni sérstaklega beint að svæðum og stöðum utan höfuðborganna í því skyni að stuðla að byggðaþróun sem stuðlar að enn meira jafnvægi.

Í samræmi við ákvörðun samstarfsráðherranna um samþættingu jafnréttis í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar verður einnig í skipulagningu grannsvæðastarfseminnar tekið tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Þemasvið og forgangsverkefni verða þróuð enn frekar í væntanlegu starfi að áætlunum fyrir þriggja ára tímabilið 2000–2001.

Hvað varðar landfræðilegt umfang grannsvæðasamstarfsins mun það áfram ná yfir Eystrasaltsríkin, Barentssvæðið, Pétursborgarsvæðið, Kaliningrad og Norðurskautssvæðið. Sérstök áhersla verður lögð á að koma á starfsemi á Kaliningradsvæðinu. Í þeim tilgangi verður þróað samstarf við Eystrasaltsríkin um að koma á samstarfi við Kaliningrad og önnur rússnesk landamærahéruð á sameiginlegum grunni Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Enn fremur verða athugaðir möguleikarnir á að beina hluta af grannsvæðastarfseminni að landamærasvæðinu sem liggur að Hvíta-Rússlandi.

Í samræmi við áður nefndar ákvarðanir um stefnumótandi reglur um samstarf ráðherranefndarinnar við grannsvæðin og í samræmi við tilmæli Norðurlandaráðs varðandi þörfina á skilvirkari samræmingu starfseminnar verður athyglinni að staðaldri beint að upplýsingamiðlun og samræmingu starfs miðað við starfsemi og áætlanir annarra aðila á grannsvæðunum. Í þessu samhengi gegna upplýsingaskrifstofurnar mikilvægu hlutverki.

Samstarfið við Evrópu/ESB/EES.

Norrænu samstarfi um Evrópumálefni er m.a. sinnt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Samstarfið hvílir á margvíslegum norrænum gildum sem eru í stöðugri þróun. Norræna ráðherranefndin er vettvangur þar sem ríkisstjórnir Norðurlanda geta haft samráð, skipst á upplýsingum, samræmt sín í milli mál og málefni sem varða sameiginlega hagsmuni. Hér hittast fulltrúar þriggja norrænna ríkja sem eiga aðild að ESB og fulltrúar hinna tveggja sem í krafti EES-samningsins eru aðilar að starfinu í Evrópu.

Gagnkvæmt samráð, upplýsingaskipti og samræming á sér einnig stað í norrænu embættismannanefndunum sem undirbúa fundi ráðherranefndanna, í starfshópum, milli norrænna ESB-skrifstofa og ESB-sendinefnda Norðurlanda í Brussel, svo og milli allra þessara aðila og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Margs konar óformlegum samskiptum og upplýsingaskiptum hefur verið komið á, einkum við stofnanir ESB, enda hefur áhugi þeirra á samnorrænni reynslu, þekkingu og verkefnum farið vaxandi. Einnig hefur verið komið á góðum og gagnlegum tengslum við EFTA-skrifstofuna og evrópsk hagsmunasamtök.

Viðræður um Evrópumálefni með norrænni vídd eru í eðli sínu af óformlegum toga. Óformlegt samráð hefur mikið upplýsingagildi fyrir löndin þegar mál eru undirbúin og afstaða tekin til mála á dagskrá ESB.

Viðræðurnar um Evrópumálefni lúta einkum að viðhorfum og gildismati sem endurspeglast ekki í sama mæli og önnur starfsemi í fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar. Þannig liggja engar áætlanir fyrir sambærilegar við grannsvæðaáætlunina og fjárlög vegna framkvæmdar hinna margvíslegu verkefna sem ákveðin hafa verið í pólitísku tilliti.

Tilgangur samstarfsins er m.a að skapa forsendur fyrir því að norræn samfélagsviðhorf geti haft áhrif á þróunina innan ESB og í Evrópu, svo og að leitast við að koma á norrænni réttarvitund í tengslum við lögleiðingu ESB-gerða í löggjöf einstakra Norðurlanda. Upplýsingaskipti og samræming hafa aukist, einkum á sviði umhverfismála, atvinnumála, byggðasamstarfs, neytendaverndar og menningar.

Eftir fall Sovétríkjanna og það sem á eftir fór stendur norrænt samstarf sterkum stoðum á þjóðlegum grunni. Sameiginleg gildi Norðurlanda sem birtast í norrænum samfélagsviðhorfum hafa áhrif á þróun Evrópusambandsins og væntanlega sögulega stækkun sambandsins sem getur leitt til þess að víða verði í auknum mæli þörf á vel starfandi samstarfsvettvangi, sbr. umræður á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn 19. apríl 1999 um byggðasamstarf í nýrri Evrópu. Ráðstefnan var skipulögð af Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar, Norðurlanda-

ráði og sameiginlegri þingmannanefnd sem heyrir undir þing og ráðherranefnd Benelux-landanna.

Á fjögurra ára tímabilinu 1999–2002 verða góðir möguleikar á að vekja athygli á sameiginlegum norrænum gildum og forgangsverkefnum, því þá eru Finnland, Svíþjóð og Danmörk, í þessari röð, með í formennskuhópi ESB.

B. Meginþættir norrænu fjárlaganna 2000.

Norrænu fjárlögin fyrir árið 2000 eru að upphæð 741,5 millj. d.kr. Innan þessa heildarramma hafa fjárveitingar að fjárhæð 26,36 millj. d.kr. verið fluttar til þeirra forgangsverkefna sem Norðurlandaráð, formennskulöndin og einnig einstakar ráðherranefndir hafa beitt sér fyrir.

Vegna þess að fjárlögin eru óbreytt frá fyrra ári hefur verið leitast við að halda einhverju jafnvægi milli krafna um nýjar pólitískt mikilvægar áherslur annars vegar og þeirrar starfsemi sem þegar er hafin og áætlana sem þegar eru samþykktar hins vegar. Norrænt samstarf á að einkennast af sveigjanleika og innri krafti þannig að samstarfinu sé beint að sviðum sem hafa mikið pólitískt gildi og þar sem norrænt notagildi er sem mest. Þau forgangsverkefni sem einkenna frumvarp að fjárlögum eru þau sem Norðurlandaráð gerði grein fyrir í tengslum við þingið 1998 og þau forgangsverkefni sem er að finna í formennskuáætlun Íslendinga. Einnig hefur verið leitast við að fylgja eftir formennskuáætlun Svía frá 1998 og taka tillit til væntanlegrar formennskuáætlunar Dana fyrir árið 2000.

Í því skyni að auka gegnsæi og öðlast skilning á því hvaða svigrúm er að finna í fjárlögunum fyrir nýja starfsemi og hvaða kröfur verða gerðar á næstu árum um aðra forgangsröðun, er í ár kynntur skipulagsrammi til lengri tíma með niðurstöðu sem endurspeglar þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og, varðandi aðra starfsemi, áframhald með óbreyttu sniði.

Mestu breytingarnar.

Allar meiri háttar breytingar í fjárlögunum sjást í eftirfarandi töflu, en aðrar minni háttar tilfærslur (+/-1.000 þús. d.kr.) birtast eingöngu undir viðkomandi fjárlagalið. Í töflunni eru þær tilgreindar sem ósundurliðuð samtala. Samtals hafa verið gerðar tilfærslur að fjárhæð alls *26,36 millj. d.kr.* í fjárlögunum 2000. Verðlag ársins 1999, þ.e. fast verðlag (áður en tillit er tekið til verðbólgu) er notað í töflunni til að hún sé samanburðarhæf við fjárlög ársins 1999 sem hefur sambærilegan ramma og fjárlög ársins 2000. Sumir fjárlagaliðir hafa verið lækkaðir tímabundið árið 2000. Þetta er gert vegna hugsanlegra yfirfærðra fjármuna á fjárlagaliðnum frá fyrri árum. Starfsemin á þessum sviðum verður því breytt í samanburði við 1999 og gert er ráð fyrir að horfið verði að fyrra fjárlagastigi árið 2001. Þessir fjárlagaliðir eru merktir sem tímabundinn niðurskurður í töflunni.

SVIÐ	FJÁRL. LIÐUR	MISMUNUR þús. d.kr.	FJÁRLÖG ÁRIÐ 2000 þús. d.kr.
MEIRI HÁTTAR HÆKKANIR			
Ráðstöfunarfé — Menning (1 millj. d.kr. lögð til hliðar vegna árþúsundamótanna)	1-2204-2	+ 1.000	3.148
NORDPLUS-mini	1-2516-1	+ 2.000	3.187
Norræna Norðurskautsrannsóknaráætlunin	1-3130-2	+ 5.488	6.000
Norræn rannsóknaráætlun um kynferðislegt ofbeldi	1-3131-2	+ 3.500	3.500
Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	1-3132-2	+ 3.500	3.500
Samstarf á sviði upplýsingatækni	1-3410-2	+ 1.000	1.000
Verkefnafé — Orkumál	2-3210-2	+ 1.637	5.000
Velferðarrannsóknir	3-4620-2	+ 2.751	4.388
Varasjóður ráðherranefndarinnar	4-0445-2	+ 2.936	4.919
Minni háttar ósundurliðaðar hækkanir		+ 2.548	
Samtala hækkanir		**+ 26.360**	
MEIRI HÁTTAR NIÐURSKURÐIR			
NORDPLUS	1-2532-1	- 1.000	29.690
Norræna vísindastefnuráðið	1-3110-2	- 1.300	746
NorFA	1-3115-1	- 1.255	35.047
Norðurlönd og Evrópa	1-3120-2	- 4.505	5.820
Tengslanet um þjóðhætti	1-3125-2	- 1.000	1.046
Verkefnafé til umhverfismála	2-3310-2	- 2.049	32.703
Verkefnafé til byggðamála	2-6110-2	- 1.076	19.000
Samskiptastofnanir um jarðræktarrannsóknir (tímabundinn niðurskurður)	2-6520-2	- 1.043	0
Norræni iðnaðarsjóðurinn	3-5180-3	- 2.554	52.732
Starfsmannaskipti og skiptiheimsóknir í frjálsum félaga-samtökum (tímabundinn niðurskurður)	4-1050-2	- 1.000	1.046
Ósundurliðaðir minni háttar niðurskurðir		- 9.578	
Samtala niðurskurður		**- 26.360**	

Skipulagsrammi til lengri tíma fyrir Norrænu ráðherranefndina.

Skipulagsramminn til lengri tíma sýnir, miðað við 3 ára tímabil, þróun fjárlaga ef gert er ráð fyrir að aðstæður sem voru þekktar við samningu fjárlaga standist þann tíma sem spá vegna fjárlaganna nær yfir (spátímabilið). Forsendur skipulagsrammans til lengri tíma eru sem hér segir varðandi einstaka fjárlagaliði:

— Ef ekki er annað ákveðið eða skipulagt er áætluðu umfangi starfseminnar í fjárlögunum 2000 haldið óbreyttu út spátímabilið.

— Fjármögnun starfsemi sem samkvæmt áætlun á að falla niður er ekki reiknuð með inn í spátímabilið.

— Á einstökum fjárlagaliðum eru yfirfærðir fjármunir frá fyrri árum og hefur slíkt leitt til tímabundins niðurskurðar á fjárlögum fyrir 2000. Á spátímabilinu samsvara þessir fjármunir því sem var í fjárlögum 1999. Um er að ræða minni háttar fjárhæðir (sbr. að neðan).

Upplýsingar um spátímabilið eru aðeins leiðbeinandi og sýna hvernig þróunin yrði ef samþykkt fjárlög yrðu áfram í gildi næstu tvö ár á eftir jafnframt því sem þekktar og skipulagðar breytingar væru reiknaðar með. Varðandi einstaka fjárlagaliði er ekki um það að ræða að gera megi ráð fyrir að fá sömu fjárveitingu og tilgreind er vegna spátímabilsins. Til ráðstöfunar er áfram aðeins árleg fjárveiting í samþykktum fjárlögum viðkomandi árs. Enn fremur er heildarramminn ár fyrir ár ákveðinn af ráðherranefndinni og taflan með spátölum er því lögð fram með því fororði að heildarramminn verði óbreyttur.

Meðfylgjandi yfirlit sem er samlagning fjárlagaliða einstakra sviða sýnir að að óbreyttum heildarramma að fjárhæð 741,5 millj. d.kr. á spátímabilinu verður ófullnægð fjármögnunarþörf að fjárhæð 5,2 millj. d.kr. árið 2001 og 1,7 millj. d.kr. árið 2002 að gefnum þeim forsendum sem tilgreindar eru að framan. Í fylgiskjalinu: *Skipulagsrammi í heild til lengri tíma* sjást tölurnar fyrir hvern einstakan fjárlagalið.

Af yfirlitinu sést enn fremur að ef fjárlagarammi samstarfssviðanna fjögurra verður óbreyttur á spátímabilinu mun samstarfssviðið „menningar-, menntamál og rannsóknir" hafa 2,0 til 5,6 millj. d.kr. óráðstafað á spátímabilinu. Breytingarnar stafa af því að rannsóknaráætlunin „Norðurlönd og Evrópa" hlýtur sína síðustu fjárveitingu árið 2000 ásamt því að IDUN II og NORDUnet2 hafa aðeins fjárveitingar til ársins 2001. Gert er ráð fyrir nýrri skipulagðri rannsóknaráætlun sem árið 2001 hlýtur 5,6 millj. d.kr. og árið 2002 6,7 millj. d.kr.

Á samstarfssviðinu „Umhverfis- og auðlindamál" hefur ekki verið veitt fjármunum í NKJ (fjárlagalið 2-6520-2) í fjárlögunum 2000, þar eð samstarfsstofnunin hefur yfirfært fjármuni frá fyrra ári. Það leiðir af sér fjármögnunarþörf að fjárhæð 0,9 millj. d.kr. á spátímabilinu.

Varðandi „Velferðar- og atvinnumál" er ófullnægð fjárþörf 4,9 millj. d.kr., sem einkum stafar af því að reiknað er með að „Velferðarrannsóknir" (fjárlagaliður 3-4620-2) fái 10,0 millj. d.kr. ár hvert á spátímabilinu en 4,9 millj. d.kr. á árinu 2000.

Varðandi „Aðra starfsemi" er tímabundinn niðurskurður á „Þýðingar og túlkun" (fjárlagaliður 4-1040-2) og „Starfsmannaskipti" (fjárlagaliður 4-1050-2), sem hefur leitt af sér fjárþörf að fjárhæð 1,5 millj. d.kr. á spátímabilinu fyrir þetta samstarfssvið.

Skipulagsrammi í heild til lengri tíma eftir sviðum.

	FJÁRLÖG 1999	FJÁRLÖG 2000	FJÁRLÖG ÁÆTLUN 2001	FJÁRLÖG ÁÆTLUN 2002
Menningar-, menntamál og rannsóknir	**328.705**	**336.488**	**336.488**	**336.488**
Menningarsamstarfið	142.485	143.381	141.555	141.555
Menntamál og rannsóknir	186.220	192.087	191.852	188.295
Upplýsingatækni	0	1.020	1.020	1.020
Ekki á fjárlögum miðað við óbr. ramma			2.061	5.618
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**182.522**	**182.061**	**182.061**	**182.061**
Grannsvæðin	65.554	66.708	66.708	66.708
Orkumál	4.386	6.120	6.120	6.120
Umhverfismál	40.890	39.392	39.392	39.392
Efnahags- og fjármál	11.016	11.102	11.102	11.102
Byggðamál	29.940	29.130	29.130	29.130
Samgöngur	254	264	264	264
Landbúnaður og skógrækt	23.161	22.156	23.082	23.082

	Fjárlög 1999	Fjárlög 2000	Fjárlög áætlun 2001	Fjárlög áætlun 2002
Sjávarútvegur	7.321	7.189	7.189	7.189
Ekki á fjárlögum miðað við óbr. ramma			-926	-926
Velferðar- og atvinnumál	**142.213**	**142.521**	**142.521**	**142.521**
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	13.554	13.185	13.185	13.185
Félags- og heilbrigðismál	35.325	34.218	34.218	34.218
Jafnrétti	7.435	7.377	7.377	7.377
Samstarf í vímuefnamálum	614	1.136	1.136	1.136
Aðgerðir í velferðarmálum	1.739	5.090	10.614	10.614
Atvinnulíf	68.676	65.695	65.069	65.069
Bygginga- og húsnæðismál	818	834	834	834
Neytendamál	7.834	8.501	8.501	8.501
Matvæli	5.348	5.210	5.210	5.210
Löggjöf á sviði dómsmála	870	1.275	1.275	1.275
Ekki á fjárlögum miðað við óbr. ramma			-4.898	-4.898
Önnur starfsemi	**78.868**	**80.442**	**80.442**	**80.442**
Önnur starfsemi samtals	78.868	80.442	81.915	81.915
Ekki á fjárlögum miðað við óbr. ramma			-1.473	-1.473
SAMTALS	**732.308**	**741.512**	**741.512**	**741.512**
Ekki á fjárlögum miðað við óbr. ramma			-5.236	-1.679

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við frjálsu félagasamtökin.

Stefna Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf við frjálsu félagasamtökin, sem lögð var fram á þingi Norðurlandaráðs í Ósló, er ætlað

— að auka þekkingu á hlutverki frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum,
— að efla möguleika samtakanna og tengslanetanna á norrænu samstarfi,
— að efla möguleika frjálsra félagasamtaka á samstarfi við opinberan hluta norræns samstarfs, efla tengslin, árangurinn og þekkingarlega víxlverkun milli Norrænu ráðherranefndarinnar og frjálsra félagasamtaka og
— að auka samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar og frjálsra félagasamtaka alls staðar á Norðurlöndum til að skapa forsendur fyrir því að nýjum aðilum gefist kostur á þátttöku í norrænu samstarfi.

Í framkvæmdaáætlun stefnunnar, sem einnig er fylgt eftir í fjárlögum ársins 2000, er áætlun um gagnkvæmar skiptiheimsóknir fyrir fulltrúa frá frjálsum félagasamtökum, um ferðastyrki, styrki vegna túlkunar, samstarf um þróun borgarasamfélagsins á grannsvæðunum, samnorrænar rannsóknir, svo og sérstakt framlag af hálfu Norræna menningarsjóðsins.

Enn fremur eiga sér að staðaldri stað umræður á mörgum sviðum samstarfsins um hvernig stuðla megi að eða stofna til aukinna tengsla við frjáls félagasamtök og í fjárlögum ársins 2000 eru upplýsingar um þetta.

Árið 1998 veitti Norræna ráðherranefndin í þriðja sinn myndarlegan styrk til „Norræna þjóðfundarins“ sem fram fór í Kristianssand. Meðal meginviðfangsefna á fundinum var hvernig tryggja megi stöðuga viðræðu við frjálsu félagasamtökin og þær kröfur sem gerðar eru um áhrif þeirra á ríkisstjórnarsamstarfið.

Í samræmi við vilyrði sem veitt var í lok „þjóðfundarins“ heldur Norræna ráðherranefndin ráðstefnu með þátttöku fulltrúa margs konar frjálsra félagasamtaka, þar sem samstarfstengsl-

in verða skýrð og treyst, á grundvelli þeirra samstarfsmöguleika sem fyrir hendi eru við upphaf 21. aldarinnar.

Viðræður um stöðu og þróunarmöguleika í samstarfi við Norrænu félögin voru hafnar á málþingi strax fyrir áramótin. Meðal umræðuefna var starfsemi Norrænu félaganna í hlutverki skipuleggjanda eða stjórnanda verkefna sem Norræna ráðherranefndin fjármagnar en félögunum hefur nú verið falin framkvæmd NORDPLUS-mini — tilraunaverkefni í nemendaskiptum í yngstu bekkjum grunnskóla.

Margbreytileiki frjálsu félagasamtakanna er styrkur þeirra, en hann veldur því jafnframt að örðugt getur reynst að skilgreina starfið og greina hversu miklu fjármagni er varið til samstarfsins. Með þessum fyrirvara metur Norræna ráðherranefndin það svo að í fjárlögum fyrir árið 2000 sé varið um 68 millj. d.kr. til frjálsra félagasamtaka.

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða fjárlagaliðir innihalda framlög til frjálsra félagasamtaka. Tilgreind fjárhæð er byggð á mati á væntanlegu umfangi starfseminnar í samstarfi eða í tengslum við frjáls félagasamtök árið 2000 á grundvelli reynslu fyrri ára. Eðli málsins samkvæmt er því ekki um nákvæmt uppgjör að ræða.

SVIÐ		LIÐUR NR.	HEITI FJÁRLAGALIÐAR	þús. d.kr.	SVIÐ
MENNINGARSVIÐIÐ		1-2204-2	Ráðstöfunarfé - Menning	250	
Samtala	**30.303**	1-2205-1	Norræni menningarsjóðurinn	10.000	
		1-2210-2	Norrænt íþróttasamstarf	1.000	Íþróttasamtök
		1-2212-2	Norræna æskulýðsnefndin	4.000	Samtök barna og ungmenna
		1-2214-2	Stjórnarnefndin (BUK)	2.000	Félög, stofnanir o.fl.
		1-2220-2	KM-hópurinn	250	
		1-2224-2	Forgangsverkefni á sviði kvikmynda og fjölmiðla	1.200	Filmkontakt Nord
		1-2228-3	NORDICOM	200	
		1-2230-2	NORDBOK	50	Norrænu félögin
		1-2234-2	Menningarstarfsemi Sama	2.500	Frjáls félagasamtök Sama og listamenn
		1-2231-1	SLEIPNIR	3.000	Ferðastyrkir listamanna
		1-2246-2	Listamannaheimilið í Róm	653	Dvöl listamanna
		1-2255-3	Leiklist og dans	800	Áhugamanna-leikfélög
		1-2256-3	NOMUS	1.000	Orkester Norden
		1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin Dalsåsen	700	Dvöl listamanna
		1-2258-3	NIFCA	1.400	Óháðir listamenn
		1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	250	
		1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	250	
		1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	150	

SVIÐ		LIÐUR NR.	HEITI FJÁRLAGALIÐAR	þús. d.kr.	SVIÐ
		1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	150	
		1-2296-2	Menningarverkefni á erlendri grund	500	
MENNTAMÁL OG RANNSÓKNIR:		1-2514-1	Vestnorrænu nemendaskiptin	1.671	Norrænu félögin
Samtala	**18.145**	1-2526-1	NORDPLUS-mini	3.251	Norrænu félögin
		1-2520-2	FOVU	1.600	Fræðslu-sambönd o.fl.
		1-2522-1	Styrkjakerfi FOVU	5.900	Fræðslu-sambönd, lýðháskólar
		1-2524-3	Nordens Folkelige Akademi	2.400	Fræðslusambönd / lýðháskólar
		1-2534-2	Nordisk Sommeruniversitet	1.023	-
		1-2543-1	NORDMÅL	1.300	Norrænu félögin
		1-2552-2	IDUN	1.000	Fræðslu-sambönd o.fl.
SJÁVARÚTVEGUR:		2-6610-2	Verkefnafé - sjávarútvegur	680	Samtök sjávar-útvegsins
Samtala	**680**				
NEYTENDAMÁL:		3-6710-2	Verkefnafé - neytendamál	925	Samtök neyt-enda o.fl.
Samtala	**925**				
VINNUMARKAÐUR OG VINNUUMHVERFI		3-4120-2	Nordjobb	2.817	Norrænu félögin
Samtala	**2.817**				
JAFNRÉTTI:		3-4410-2	Verkefnafé - jafnrétti	300	
Samtala	**300**				
ÖNNUR STARFSEMI		4-0410-2	Samband Norrænu félaganna	2.760	Norrænu félögin
Samtala	**3.692**	4-0450-2	Stuðningur við frjálsu félögin	932	Sviðið almennt
GRANNSVÆÐAÁÆTLUNIN		2-0810-3/		11.300	Frjáls samtök,
Samtala	**11.300**	2-0860-2			ferða- og náms-dvalarstyrkir
SAMTALS FRJÁLSU FÉLAGASAMTÖKIN HJÁ NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI				68.162	

Stjórn Norræna menningarsjóðsins hefur skilgreint frjálsu félagasamtökin sem forgangssvið en ekki hefur verið talið ráðlegt að forgangsráða undirverkefnum.

Stór hluti fjárveitinga ráðherranefndarinnar á sviði *barna og ungmenna* rennur til frjálsra félagasamtaka. Samkvæmt samþykktum Norrænu æskulýðsnefndarinnar skal 80% af fjárhagsáætlun nefndarinnar varið til norrænna ungmennasamtaka, annað hvort í formi verkefnastyrkja eða styrkja til samtaka.

Á sviði menningarmála er að öðru leyti varla mögulegt að draga nákvæm mörk á milli frjálsra félagasamtaka og frjálsrar listastarfsemi. Á þessum forsendum tengist mikill hluti samstarfsins á *listasviðinu* frjálsum félagasamtökum. Á listasviðinu beinist styrkurinn einkum að verkefnum og atvinnu- og þróunarmöguleikum óháðra listamanna í formi ferðastyrkja og aðgangs að vinnuaðstöðu. Á *leiklistarsviði* er starfsemi áhugaleikhúsa almennt styrkt.

Stjórnarnefndin um alþýðumenntun og fullorðinsfræðslu, FOVU, hefur vænlegt samstarf við notendahópana, m.a. fræðslusambönd og félög lýðháskóla. Samtökin taka þátt í beinum verkefnum, t.d. Þróun lýðræðis árið 2000 þar sem FOVU hefur veitt 1,4 millj. d.kr. til tilraunaverkefna í samstarfi vísindamanna og notendaumhverfa. Innan styrkjafyrirkomulagsins er eyrnamerkt framlag til samtaka norrænna fræðslusambanda (heildarframlag 2,2 millj. d.kr.) og einnig fer obbinn af öðrum verkefnafjármunum til verkefna hjá notendahópunum.

Norræni lýðháskólinn vinnur að því að koma norræna alþýðufræðslukerfinu fyrir innan þess umbótastarfs sem er í gangi á sviði framhalds- og endurmenntunar. Mikilvægt áherslusvið hefur því verið að mennta sérfræðinga sem efla tilrauna- og þróunarstarf á sviðinu milli norrænna félagasamtaka, stjórnvalda, hins formlega menntakerfis og atvinnulífsins.

Innan *grannsvæðaáætlunarinnar* hefur þjálfun sjálfboðaliða til forustustarfa farið fram með undirbúningsnámi í Eystrasaltsríkjunum, námskeiðum á Norræna lýðháskólanum og starfsdvöl hjá frjálsum félagasamtökum og stofnunum á Norðurlöndum. Tengslanet frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum hefur síðan 1997 verið vettvangur reynslumiðlunar og þátttakendum fjölgar enn. Eftir 1999 flyst obbinn af starfseminni til Eystrasaltsríkjanna. Aðalábyrgðin verður hjá regnhlífarsamtökum á sviði fullorðinsfræðslu í Eystrasaltsríkjunum og sérstök áhersla verður lögð á menntun forustumanna úr margvíslegum frjálsum félagasamtökum fyrir einstök svæði og einstaka staði. Af hálfu Eystrasaltsríkjanna er lögð rík áhersla á að þau fái ótvírætt hlutverk sem aðilar að þessu starfi. Eins hefur af þeirra hálfu verið lýst yfir áhuga á að vera með sem þátttakendur í þeirri starfsemi sem beinist að Norðvestur-Rússlandi. Norræna ráðherranefndin hefur síðan 1993 veitt styrki til ungs fólks frá Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi gegnum Nordpraktik-áætlunina til starfsdvalar í norrænum fyrirtækjum í því skyni að auka hæfni þeirra. Østjob-verkefnið hefur þann tilgang að senda ungmenni frá Norðurlöndum til starfsdvalar á grannsvæðunum. Norrænu félögin skipulögðu báðar áætlanir.

Á sviði *neytendamála* er unnið í samstarfi við frjáls félagasamtök í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi að því að fylgja eftir framkvæmdaáætlun varðandi stofnun neytendasamtaka á grannsvæðunum.

Árið 1999 var 2 millj. d.kr. veitt af grannsvæðaáætluninni til fjármögnunar á þátttöku frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi í samstarfi á vegum staðardagskrár 21 fyrir Eystrasalt sem varðar framkvæmdaáætlun fyrir Eystrasaltssvæðið. Ráðherranefndin hefur bæði árið 1998 og 1999 veitt ýmsum frjálsum félagasamtökum, svo sem Union of Baltic Cities, Coalition Clean Baltic, Baltic Sea Tourism Commission og Taiga Rescue Network, styrki til verkefna sem varða framkvæmd áætlana innan einstakra sviða framkvæmdaáætlunarinnar á sviði samgangna, orkumála, atvinnulífs, landbúnaðar og skógræktar og sjávarútvegs. Einnig er gert ráð fyrir að veita frjálsum félagasamtökum styrki árið 2000.

Af hálfu *umhverfisgeirans* hefur í tengslum við mat á norrænu umhverfisáætluninni hefur mörgum frjálsum félagasamtökum verið boðin þátttaka í samstarfinu. Þetta var gert í ljósi þess að umhverfisverndarsamtök eru mjög virkar í alþjóðlegum viðræðum en hafa fram að þessu ekki tekið mikinn þátt í norrænu umhverfissamstarfi. Á umhverfissviði er vonast til að þetta frumkvæði leiði til þess að frjáls félagasamtök taki meiri þátt í umræðunni um norrænt umhverfissamstarf.

Á sviði *jafnréttismála* hefur verið öflugt samstarf við frjáls félagasamtök – einkum kvennasamtök og tengslanet kvenna. M.a. hefur þátttaka ýmissa regnhlífarsamtaka í norrænum og alþjóðlegum ráðstefnum verið fjármögnuð. Vaxandi samstarf við grannsvæðin og þátttaka kvennasamtaka í óformlegum tengslum evrópskra kvenna (EWL) gera nýjar kröfur til samtakanna og eykur nauðsyn aukinnar norrænnar samhæfingar og fjármögnunar.

Á sviði *neytendamála* er fyrir hendi föst ráðgjafarstofnun, Norræna neytendanefndin (NKU), sem fyrst og fremst er norrænn vettvangur neytendasamtaka. Neytendasamtökin hafa forustu í sendinefndum einstakra landa þar sem einnig eru vísindamenn og fulltrúar stofnana. NKU er óháð ráðgjafarstofnun ráðherranefndarinnar sem getur sjálf skipulagt starf sitt. Liður í framkvæmd tilmæla Norðurlandaráðs verður stofnun sjóðs árið 2000 en fjárþurfa neytendasamtök geta sótt um styrki þar vegna þátttöku í undirbúningi funda.

Starfsemi í þágu barna og ungmenna.

Á flestum sviðum samstarfsins er starfsemi í þágu barna og ungmenna. Almennt má skipta starfseminni í fjóra meginflokka:

— Þekking á aðstæðum barna og ungmenna.
— Þróun þjónustukerfis á norrænum vettvangi og á landsvísu.
— Beinar aðgerðir, sem beinast að börnum og ungmennum bæði á Norðurlöndum og á grannsvæðunum.
— Verkefni á sviði barna- og unglingamenningar. Barna- og unglingamenning er bæði sú menning sem börn og ungmenni skapa sjálf og sú menning sem fullorðnir skapa handa börnum og ungmennum.

Hvað varðar þekkingarleitina beinist starfsemin aðallega að rannsóknum. Þær varða allt frá tilteknum verkefnum á borð við norræna úttekt á þekkingu á aðstæðum barna og ungmenna innflytjenda, eða mótun vísbendinga um lífskjör barna og ungmenna til almennari verkefna á borð við skipulagða rannsóknaráætlun um velferðarsamfélögin norrænu út frá evrópsku sjónarhorni eða hina fyrirhuguðu norrænu æskulýðsrannsóknaráætlun.

Þróun þjónustukerfis nær til fjölmargra aðgerða af margvíslegu tagi sem eiga sér stað í nemendaskiptaáætlunum, í norrænum stofnunum, einkum á sviði menningar og menntamála, og til sértækari verkefna, svo sem t.d. verkefnisins um gæðaþróun í félagsþjónustu sveitarfélaga á Norðurlöndum sem beint er að börnum og ungmennum. Norrænn samræmingaraðili starfar m.a. að því að auka gæði og þvervísindalegt samstarf í rannsóknum á málefnum unglinga á landsvísu og á norrænum vettvangi og að örva tengslanet í hverju landi. Ráðherranefndin styður einnig þverfaglegt tengslanet rannsóknaraðila á sviði barnamenningar.

Með beinum aðgerðum er sérstaklega átt við verkefni sem hrint er í framkvæmd samkvæmt aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni á grannsvæðum Norðurlanda. Þótt þeim sé einkum beint að grannsvæðunum er einnig ætlunin að þau eigi að ná til norrænna barna og ungmenna fyrir tilstilli ýmissa samskipta- og nemendaskiptaáætlana. Á sviði menningar og menntamála er unnið að verkefnum og aðgerðum sem tengjast framkvæmdaáætluninni „Norræn framtíð“. Hún fjallar um norrænt barna- og ungmennamenningarsamstarf 1996-2000. Samkvæmt henni skulu allar norrænar stofnanir á menningarsviðinu vinna að málefnum barna og ungmenna.

Á sviði neytendamála eru að staðaldri í gangi verkefni sem beint er til barna og ungmenna sem neytenda. Á undanförnum árum hafa verið framkvæmd verkefnin: Prófun tæknilegra öryggiskrafna varðandi vörur sem ætlaðar eru börnum, Norrænt-evrópskt tengslanet varðandi neytendafræðslu í skólum, Ráðstefnan Frá unglingum til unglinga, Neytendafræðsla í

menntun kennara og Sameiginlegt norrænt frumkvæði gagnvart ESB um reglur varðandi markaðssetningu á sviði upplýsingatækni sem beinist að börnum og ungmennum.

Í nánustu framtíð verður lögð áhersla á starfið að framkvæmdaáætluninni í menningarmálum og framkvæmdaáætluninni fyrir grannsvæðin. Í lok ársins 2000 skal liggja fyrir tillaga á vegum ráðherranefndarinnar um hvernig haga beri æskulýðsstarfinu í framtíðinni.

Eftirfarandi tafla sýnir á hvaða fjárlagaliðum er gert ráð fyrir framlögum til æskulýðsmála. Börn eru talin börn þar til þau verða fullra 18 ára en þannig eru þau skilgreind í skilgreiningu SÞ sem stuðst er við í framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar. Ungmenni eru aldurshópurinn til og með 25 ára. Þetta ásamt því að fjárframlögin eru miðuð við fyrirhugað umfang framlaga í þágu barna og ungmenna árið 2000 merkir að taflan sýnir mat en ekki nákvæmt uppgjör.

SVIÐ		FJÁRL. NR.	HEITI FJÁRLAGALIÐAR	FJÁRHÆÐ
MENNINGARSVIÐIÐ:		1-2204-2	Ráðstöfunarfé - Menning	500
Samtala	**33.840**	1-2205-1	Norræni menningarsjóðurinn	5.000
		1-2210-2	Norrænt íþróttasamstarf	1.000
		1-2212-2	Norræna æskulýðsnefndin	5.000
		1-2214-2	Stjórnarnefndin (BUK)	5.500
		1-2216-2	Börn og ungmenni við árþúsundamót	1.000
		1-2220-2	KM-hópurinn	500
		1-2222-1	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	7.600
		1-2224-2	Forgangsverkefni á sviði kvikmynda og fjölmiðla	1.000
		1-2230-2	NORDBOK	1.000
		1-2234-2	Menningarstarfsemi Sama	300
		1-2239-2	Norræna menningararfleifðin	300
		1-2255-3	Leiklist og dans	1.000
		1-2256-3	NOMUS	1.000
		1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	500
		1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	340
		1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	150
		1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	150
		1-2296-2	Menningarverkefni á erlendri grund	2000
RANNSÓKNIR OG		1-2510-1	NSS	4.911
MENNTAMÁL:		1-2512-1	NORDPLUS-junior	9.180
Samtala	**29.655**	1-2514-1	Nemendaskipti Vestur-Norðurlönd	1.671
		1-2516-1	NORDPLUS-mini	3.251
		1-2542-2	NORDKURS	1.842
		1-2543-1	NORDMÁL	5.500
		1-2548-3	NIFIN	2.300
		1-2552-2	IDUN	1.000
SJÁVARÚTVEGUR:		2-6610-2	Verkefnafé - sjávarútvegur	200
Samtala	**200**			

SVIÐ	FJÁRL. NR.	HEITI FJÁRLAGALIÐAR	FJÁRHÆÐ
NEYTENDAMÁL:	3-6710-2	Verkefnafé - neytendamál	200
Samtala 200			
HEILBRIGÐIS- OG	3-4310-2	Verkefnafé	500
FÉLAGSMÁL:	3-4620-2	Velferðarrannsóknir	2.000
Samtala 2.500			
GRANNSVÆÐA-	2-0830-2	Lýðræðismál og stefna í málefnum íbúa	2.000
ÁÆTLUNIN:			
Samtala 2.000			
SAMTALS STARFSEMI VEGNA BARNA OG UNGMENNA HJÁ NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI			**68.395**

Aðgerðir á sviði rannsókna og vísinda.

Miðað við það sem varið er til rannsókna- og þróunarstarfsemi (FoU) á landsvísu eru fjárveitingar til norræns samstarfs á þessu sviði takmarkaður. Því þarf að samhæfa og samræma norræna FoU-starfið stefnu og forgangsverkefnunum í aðildarlöndum samstarfsins. Rannsókna- og þróunarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er ætlað að stuðla að því að örva og þróa norrænt samstarf, gera sýnileg norræn forgangsverkefni og auka gæði og vægi samstarfsins.

Norrænt FoU-samstarf er almennt ætlað að stuðla að því að:

— efla norræna menningarvitund, þróa norræna samfélagsuppbyggingu og stuðla að vistvænni og sjálfbærri samfélagsþróun.
— nýta sérstakar norrænar forsendur, svo sem landfræðilega nálægð, styrk og hæfni atvinnulífsins og vísindasamfélagsins, svo og norrænt gildismat sem endurspeglast í þeim sérstaka svip sem tungumál, menning, saga og landafræði glæða Norðurlöndin.
— skapa norrænan virðisauka í tengslum við átakssvið í einstökum löndum og taka þátt í forgangsverkefnum hinna einstöku landa.
— byggja upp samkeppnishæft, endurnýjanlegt og sjálfbært atvinnulíf.

Samstarfinu er skipt á sameiginlegar norrænar rannsóknarstofnanir, tímabundnar rannsóknaráætlanir og styrkjafyrirkomulag til menntunar vísindamanna og hreyfanleika þeirra. *Rannsóknarstofnanirnar* eru oft afar sérhæfðar þekkingarmiðstöðvar sem bera ábyrgð á samræmingu og eflingu rannsókna og uppbyggingu þekkingar.

Norðurlandaráð hefur áður lagt til að tilteknar stofnanir skuli hverfa af norrænu fjárlögunum og ráðið hefur óskað eftir nánari lýsingum á þeim. Greinargerð um þetta verður skilað í tengslum við svörin við tilmælum ráðsins.

Norrænu rannsóknaráætlununum er ætlað að stuðla að því að:

— efla hreyfanleika vísindamanna, menntun þeirra og hæfni og uppbyggingu og myndun tengslaneta.
— útvega fjármuni innan lands til þátttöku í fjármögnun norrænna aðgerða.
— stuðla að verkaskiptingu og sérhæfingu á Norðurlöndum.
— efla norræna þátttöku í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar.

Hlutverk *Norrænu vísindastefnuáætlunarinnar* er að stuðla að samræmingu framlags af hálfu Norðurlanda. Mælt var með áætluninni af Norðurlandaráði á 50. þingi þess í nóvembermánuði 1998 og hún samþykkt af ráðherrum menntamála og rannsókna (MR-U) og af

samstarfsráðherrunum (MR-SAM). Ráðist var í framkvæmd áætlunarinnar árið 1998 með tilmælum ráðherra menntamála og rannsókna til samstarfsráðherranna um nýtt framtak á sviði vísindarannsókna. Norræna vísindastefnuráðið (FPR) ber í framtíðinni ábyrgð á samræmingu og undirbúningi starfsins. Nú hefur verið komið á kerfisbundnu upphafsferli norrænna rannsóknastarfa með greinilegri skiptingu ábyrgðar milli stjórnmálasviðs, vísindaráðgjafar og beinna vísindastarfa. Komið hefur verið á sveigjanlegu fjármögnunarkerfi og árlega skila ráðherrar á sviði menntamála og rannsókna yfirliti og heildarfjárlagafrumvarpi vegna starfsemi á sviði rannsókna- og þróunarmála til samstarfsráðherranna.

Vísindastefnuráðið á árið 2000 að samræma það samstarf sem nær til margra sviða. Samþykktum ráðsins og skipan þess var því breytt miðað við 1. apríl í því skyni að leggja áherslu á kynningu fagsviðanna. Liður í ferlinu verður að Vísindastefnuráðið lýsir kerfisbundið eftir tillögum að nýjum verkefnum í heimi vísindamanna og á fagsviðunum. Í samskiptum sínum við fagsviðin leggur Vísindastefnuráðið áherslu á þau svið þar sem mótaðar eru tillögur sem tilbúnar eru til að leggja fram og taka pólitíska ákvörðun um.

Yfirlit yfir vísindaverkefni sem eru hafin eða hafa verið lögð til vegna tímabilsins 1997–2004 í þús. d.kr.:

Rannsóknaráætlanir	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Norræn umhverfisrannsóknaráætlun	25.041							
Norðurskautsefni á sviði hugvísinda	3.060							
Norðurlönd og Evrópa	6.120	6.947	10.093	5.936				
Tengslanet um þjóðhætti	2.448	2.193	2.000	1.067	1.067			
Norðurskautsrannsóknir		6.120	500	6.120	6.120	6.120	5.610	
Velferðarrannsóknir			1.637	4.476	10.000	10.000	10.000	10.000
Kynferðislegt ofbeldi				3.570	3.570	3.570	3.570	3.570
Tungutækni				3.570	3.570	3.570	3.570	3.570
Nýjar áætlanir					5.673	6.740	7.250	12.860
Samtals	**36.669**	**15.260**	**14.230**	**24.739**	**30.000**	**30.000**	**30.000**	**30.000**

Skipting fjárlaganna eftir sviðunum þrem.

Samstarfið um innri málefni Norðurlandanna.

Gert er ráð fyrir að umfang samstarfsins á svonefndu Norðurlandasviði verði á grundvelli heildarmats óbreytt miðað við árin 1998 og 1999, þar eð einnig er gert ráð fyrir að verja um 71% af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar til innra norræns samstarfs.

Skipting fjárveitinga vegna ársins 2000 milli áherslusviða.

Þannig er staðið við þá tilfærslu milli sviðanna til hagsbóta fyrir grannsvæðin, sem m.a. Norðurlandaráð hefur óskað eftir.

Tiltölulega óbreytt skipting heildarfjárlaga felur hins vegar í sér andstæðar hreyfingar innan sviðanna, enda er hinn hefbundni stóri norræni hlutur samstarfs á sviði menntamála og rannsókna og félags- og heilbrigðismála að dragast saman til hagsbóta fyrir grannsvæðasamstarfið en þessu er öfugt farið á sviði umhverfismála og atvinnumála.

Menningarsamstarfið ber áfram sterkan norrænan svip og árið 2000 er einnig gert ráð fyrir að 87% fjárveitinganna verði varið til innra samstarfs Norðurlandanna.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Talið er að 146 millj. d.kr. verði varið í samstarf við grannsvæðin. Þar af tekur grannsvæðaáætlunin til sín 66.708 þús. d.kr. Í samanburði við fjárlög ársins 1999 og niðurstöður ársins 1998 gefur þetta til kynna að heildarumfang samstarfs við grannsvæðin verði á við það sem verið hefur.

Utan sjálfrar grannsvæðaáætlunarinnar er megnið af verkefnunum í málaflokknum á sviði menntamála, rannsókna og menningar. Á sviði umhverfis- og orkumála gera menn einnig ráð fyrir mikilli starfsemi á grannsvæðunum. „Ný“ svið í grannsvæðasamstarfinu eru upplýsingatækni og löggjöf en á síðarnefnda sviðinu er starfsemi á grannsvæðunum að færast í aukana. Á hinn bóginn er reiknað með verulegum samdrætti í grannsvæðasamstarfinu á sviði efnahags- og fjármála.

Samstarf um Evrópumál.

Samstarf ráðherranefndarinnar varðandi Evrópu/EES er samtvinnað öðru starfi sem fer fram innan einstakra geira. Ekki er starfað eftir neinni eiginlegri Evrópuáætlun um heildarstarfsemi ráðherranefndarinnar. ESB-málefnum er aftur á móti oft veittur forgangur í framkvæmda- og samstarfsáætlunum geiranna.

Samstarfið á ESB-sviðinu er aðallega í formi pólitískrar umræðu sem ekki byggist á fjárveitingum svo nokkru nemi og þetta eðli samstarfsins endurspeglast í heildarfjárlögunum. Innan einstakra geira er samstarfið þannig í miklum mæli fólgið í norrænu samráði og miðlun upplýsinga við undirbúning og framkvæmd ESB-tilskipana og áætlana.

Norrænum verkefnum sem snúa að viðfangsefnum tengdum ESB/EU hefur þó verið gefinn forgangur á mörgum samstarfssviðanna.

Árið 2000 mun Evrópusamstarfið þróast áfram. Á þeim sviðum sem samkvæmt hefðinni eru talin þung á Evrópusviðinu, svo sem neytenda- og matvælasvið, er einnig á árinu 2000 varið milli 40–44% fjárveitinganna á sviðinu til Evrópusviðsins. Annað svið þar sem Evrópusamstarfið hefur verið mikilvægt er umhverfissviðið en innan þess verður um 34% fjárveitinganna varið til verkefna sem tengjast ESB. Á sviði orkumála er einnig gert ráð fyrir að viðhalda þeim góðu tengslum sem þróuð hafa verið við framkvæmdastjórn ESB í samstarfinu við Eystrasaltssvæðið. Annað og tiltölulega nýtt svið innan ramma ráðherranefndarinnar er vímuefnasamstarfið sem á árinu 2000 verður eflt við Evrópu, einkum í því skyni að skiptast í auknum mæli á upplýsingum við eftirlitsstöð ESB í Lissabon varðandi misnotkun vímuefna. Um 25% af fjárveitingunum er varið til Evróputengdrar starfsemi.

Skipting fjárlaga 2000 eftir sviðum innan samstarfssviða



Niðurstaða 1997 - Skipting fjárlaga milli sviða



Niðurstaða 1998 - Skipting fjárlaga milli sviða



Fjárlög 1999 - Skipting fjárlaga milli sviða



Fjárlög 2000 - Skipting fjárlaga milli sviða



Skipting fjárveitinga vegna ársins 2000 milli áherslusviða.

Í kjölfar þeirra umbóta sem gerðar hafa verið á norrænu samstarfi á síðustu árum, hefur verið unnið víðtækt stefnumótandi starf innan norræna kerfisins. Það hefur ekki einungis beinst að sviðunum þrem, heldur hefur verið gerð tilraun til að móta hentuga starfshætti fyrir verkefni sem eru pólitískt áhugaverð. Pólitískar áherslur eru breytilegar frá einum tíma til annars og full ástæða er til þess að leitast við að endurspegla í norrænu fjárlögunum þau pólitísku samstarfssvið sem eru ný.

Þau samstarfssvið sem kynnt eru í fjárlagafrumvarpinu endurspegla starfshættina á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Eftirfarandi skipting er notuð:

— *Menning, menntamál og rannsóknir ásamt starfi á sviði upplýsingatækni*
— *Umhverfis- og auðlindamál (þar á meðal grannsvæðin)*
nær til sviðanna: umhverfismál, efnahags-/fjármál, byggðamál, orkumál, samgöngur, sjávarútvegsmál, landbúnaður og skógrækt
— *Velferðarmál og iðnaðar- og atvinnumál*
nær til sviðanna: félags- og heilbrigðismál, vímuefnamál, neytendamál, matvæli og löggjöf, iðnaðar- og atvinnumál, bygginga- og húsnæðismál, vinnumarkaður, vinnuumhverfi og jafnrétti
— *Annað*

Skipting fjárlaga 2000 á hin ýmsu samstarfssvið.
(Breytingar í samanburði við árið 1999 innan sviga)



Tekjuliðir fjárlaga.

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er að langmestum hluta fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum en skipting þeirra er ákveðin samkvæmt sérstakri skiptireglu. Skiptireglan miðast við hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum á Norðurlöndum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, sem nú eru 1996 og 1997.

Tekjuliðir,	Reikningur	Skiptiregla	Fjárlög	Skiptiregla	Fjárlög	Skiptiregla
þús. d.kr.	1998	1998	1999	1999	2000	2000
Launatengd gjöld	8.147		7.000		7.000	
Vaxtatekjur	12.725		10.500		7.000	
Aðrar tekjur/(e.t.v. tap)	1.045		800		800	
Framlög ríkjanna	698.631		714.008		726.712	
Þar af:						
- Danmörk	173.260	24,8%	182.072	25,5%	181.678	25,0%
- Finnland	122.959	17,6%	126.379	17,7%	129.355	17,8%
- Ísland	6.987	1,0%	7.140	1,0%	7.267	1,0%
- Noregur	151.603	21,7%	154.940	21,7%	163.510	22,5%
- Svíþjóð	243.822	34,9%	243.477	34,1%	244.902	33,7%
Samtals:	720.548	100,0%	732.308	100,0%	741.512	100,0%
- afgangur	3.616					
hreinar tekjur	716.932					

Athugasemdir:

Launatengd gjöld varðar gjaldskylda launafjárhæð starfsmanna á skrifstofunni.

Vaxtatekjur:

Reiknað er með vaxtatekjum að fjárhæð 7 millj. d.kr., sem eru reiknaðar á grundvelli væntanlegra meðalvaxta fjárfestinga sem nema 2,8% árið 2000 og meðalgreiðslugetu á því ári sem nemur 250 millj. d.kr. Meginástæðan er sú að um þessar mundir eru vextir sögulega lágir en það veldur því að ekki má gera ráð fyrir jafn háum vaxtatekjum og árið 1999.

Aðrar tekjur:

Undir þennan tekjulið færast endurgreiðslur verkefnafjármuna frá ýmsum stjórnsýslustofnunum og óráðstafað fjármagn stofnananna frá fyrri árum.

Samanburður á fjárlögum 2000 og 1999.

1999-verð í þús. d.kr.	Fjárlög 2000	Fjárlög 1999	Mismunur +/-	Mismunur %
Menningar-, menntamál og rannsóknir; Samstarf um upplýsingatækni	**336.488**	**328.705**	**7.783**	**2,4%**
Menningarsamstarfið	143.381	142.485	896	0,6%
Menntamál og rannsóknir	192.087	186.220	5.867	3,2%
Samstarf um upplýsingatækni	1.020	0	1.020	-

1999-verð í þús. d.kr.	Fjárlög 2000	Fjárlög 1999	Mismunur +/-	Mismunur %
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**182.061**	**182.522**	**-461**	**-0,3%**
Umhverfismál	39.392	40.890	-1.498	-3,7%
Byggðamál	29.130	29.940	-810	-2,7%
Efnahags- og fjármál	11.102	11.016	86	0,8%
Orkumál	6.120	4.386	1.734	39,5%
Landbúnaður og skógrækt	22.156	23.161	-1.005	-4,3%
Sjávarútvegur	7.189	7.321	-132	-1,8%
Samgöngur	264	254	10	3,9%
Grannsvæðin	66.708	65.554	1.154	1,8%
Velferðar- og atvinnumál	**142.521**	**142.213**	**308**	**0,2%**
Félags- og heilbrigðismál	34.218	35.325	-1.107	-3,1%
Matvæli	5.210	5.348	-138	-2,6%
Neytendamál	8.501	7.834	667	8,5%
Samstarf í vímuefnamálum	1.136	614	522	85,0%
Löggjöf á sviði dómsmála	1.275	870	405	46,6%
Aðgerðir í velferðarmálum	5.090	1.739	3.351	192,7%
Vinnumarkaður, vinnuumhverfi	13.185	13.554	-369	-2,7%
Jafnrétti	7.377	7.435	-58	-0,8%
Bygginga- og húsnæðismál	834	818	16	2,0%
Iðnaðar- og atvinnumál	65.695	68.676	-2.981	-4,3%
Önnur starfsemi	**80.442**	**78.868**	**1.574**	**2,0%**
SAMTALS	**741.512**	**732.308**	**9.204**	**1,3%**

Skipting fjárlaganna á stofnanir og verkefni 2000 og 1999.

1999-verð í þús. d.kr.	2000 þús. d.kr.	Hlutdeild %	1999 þús. d.kr.	Hlutdeild %
Menning, menntamál og rannsóknir; upplýsingatækni	**336.488**	**45,4%**	**328.705**	**44,9%**
Verkefni, áætlanir og almennt styrkjafyrirkomulag	232.833	69,2%	225.240	68,5%
Stofnanir	103.655	30,8%	103.465	31,5%
Umhverfi og auðlindir	**182.061**	**24,6%**	**182.522**	**24,9%**
Verkefni, áætlanir og almennt styrkjafyrirkomulag	135.416	74,4%	138.238	75,7%
Stofnanir	46.645	25,6%	44.284	24,3%
Velferðar- og atvinnumál	**142.521**	**19,2%**	**142.213**	**19,4%**
Verkefni, áætlanir og almennt styrkjafyrirkomulag	41.807	29,3%	38.494	27,1%
Stofnanir	100.714	70,7%	103.719	72,9%
Annað	**80.442**	**10,8%**	**78.868**	**10,8%**
Verkefni, áætlanir og almennt styrkjafyrirkomulag	20.544	25,5%	20.144	25,5%
Stofnanir	59.898	74,5%	58.724	74,5%
Alls	**741.512**	**100,0%**	**732.308**	**100,0%**
Verkefni, áætlanir og almennt styrkjafyrirkomulag	430.600	58,1%	422.116	57,6%
Stofnanir	310.912	41,9%	310.192	42,4%

Yfirfærsla og samruni fjárlagaliða.

Miðað við fjárlög 1999 eru einstakir fjárlagaliðir færðir yfir og lagðir við aðra fjárlagaliði. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða fjárlagaliði þetta varðar og til hvaða fjárlagaliðar yfirfærslan hefur orðið. Síðasti dálkurinn sýnir breytinguna á „nýja" heildarfjárlagaliðnum miðað við það sem áætlað var á fjárlagaliðunum tveim í heild árið 1999.

FJÁRLAGALIÐUR	FÆRT Á	BREYTING þús. d.kr
1-2233-2 Norræna list- og listiðnaðarnefndin (NKKK)	1-2258-3 Norræn stofnun um samtímalist	- 2.531
1-2242-2 Menning og upplýsingatækni	1-2220-2 Stjórnarnefndin fyrir menningar- og fjölmiðlasamstarf	- 409
4-0415-2 Stjórnsýslusamband Norðurlanda	4-0435-2 Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	+ 42
4-0420-2 Norrænt samstarf Sama	1-2234-2 Menningarstarfsemi Sama	0

Tafla með öllum fjárlagaliðum

1999-verð í þús. d.kr.		FJÁRLÖG 2000	FJÁRLÖG 1999	MISMUNUR +/-	%
MENNINGAR-, MENNTAMÁL OG RANNSÓKNIR; Samstarf um upplýsingatækni		**336.488**	**328.705**	**7.783**	**2,4%**
	Menningarsamstarfið	**143.381**	**142.485**	**896**	**0,6%**
	Almennt framlag til menningarmála	**28.660**	**27.098**	**1.562**	**5,8%**
1-2204-2	Ráðstöfunarfé-Menning	3.211	2.148	1.063	49,5%
	þar af: árþúsundamótin	*1.000*			
1-2205-1	Norræni menningarsjóðurinn	25.449	24.950	499	2,0%
	Börn og ungmenni	**13.961**	**12.988**	**973**	**7,5%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*13.961*	*12.988*	*973*	*7,5%*
1-2210-2	Norrænt íþróttasamstarf	1.148	1.125	23	2,0%
1-2212-2	Norræna æskulýðsnefndin	5.728	5.316	412	7,8%
1-2214-2	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	6.042	5.524	518	9,4%
1-2216-2	Börn og ungmenni við árþúsundamót	1.043	1.023	20	2,0%
	Kvikmyndir og fjölmiðlar	**31.662**	**31.962**	**-300**	**-0,9%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*27.043*	*27.452*	*-409*	*-1,5%*
1-2220-2	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	3.322	3.257	65	2,0%
1-2222-1	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	19.477	19.095	382	2,0%
1-2224-2	Annað framlag til kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfs á Norðurlöndum	4.244	4.604	-360	-7,8%
1-2226-2	Uppbygging framleiðslufyrirtækis	0	496	-496	-100,0%
	Stofnanir	*4.619*	*4.510*	*109*	*2,4%*
1-2228-3	NORDICOM	1.518	1.482	36	2,4%
1-2229-3	Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC)	3.101	3.028	73	2,4%
	Listsviðið	**38.496**	**40.005**	**-1.509**	**-3,8%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*16.328*	*18.139*	*-1.811*	*-10,0%*
1-2230-2	Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	6.888	6.903	-15	-0,2%
1-2233-2	Norræna listar- og listiðnaðarnefndin (NKKK)	0	2.669	-2.669	-100,0%
1-2234-2	Menningarstarfsemi Sama	3.817	2.448	1.369	55,9%

1999-verð í þús. d.kr.		FJÁRLÖG 2000	FJÁRLÖG 1999	MISMUNUR +/-	MISMUNUR %
1-2238-1	Sleipnir	2.609	2.558	51	2,0%
1-2239-2	Norræna menningararfleifðin	1.566	1.535	31	2,0%
1-2242-2	Menning og upplýsingatækni	0	409	-409	-100,0%
1-2244-1	Sérstök starfsemi á sviði lista	795	491	304	61,9%
1-2246-2	Norræna listamannaheimilið í Róm	653	870	-217	-24,9%
1-2248-2	Lestur á Norðurlöndum	0	256	-256	-100,0%
	Stofnanir	*22.168*	*21.866*	*302*	*1,4%*
1-2255-3	Leiklist og dans á Norðurlöndum	6.796	6.637	159	2,4%
1-2256-3	Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	5.590	5.656	-66	-1,2%
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	1.401	1.404	-3	-0,2%
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist	8.381	8.169	212	2,6%
	Norræn menningarhús (stofnanir)	**22.288**	**22.123**	**165**	**0,7%**
1-2270-3	Norræna húsið Reykjavík	5.766	5.960	-194	-3,3%
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	9.607	9.382	225	2,4%
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	1.639	1.624	15	0,9%
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.233	4.134	99	2,4%
1-2279-2	Viðhald menningarhúsa	1.043	1.023	20	2,0%
	Annað menningarstarf	**8.314**	**8.309**	**5**	**0,1%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*8.314*	*8.309*	*5*	*0,1%*
1-2294-2	Verkefnastarfsemi sem nær til margra sviða	0	0	-	-
1-2296-2	Norræn menningarverkefni erlendis	6.514	6.386	128	2,0%
1-2298-2	Aðgerðir gegn útlendingaandúð	1.596	1.565	31	2,0%
1-2299-2	Menningardagskrá þinglandanna	204	358	-154	-43,0%
	Menntamál og rannsóknir	**192.087**	**186.220**	**5.867**	**3,2%**
	Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi	**1.938**	**2.278**	**-340**	**-14,9%**
1-2505-2	Ráðstöfunarfé -Menntamál og rannsóknir	1.938	2.278	-340	-14,9%
	Menntunarsamstarf	**86.879**	**85.225**	**1.654**	**1,9%**
	Skólasamstarf	**19.013**	**17.130**	**1.883**	**11,0%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*19.013*	*17.130*	*1.883*	*11,0%*
1-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	4.911	5.215	-304	-5,8%
1-2512-1	NORDPLUS - junior	9.180	9.090	90	1,0%
1-2514-1	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	1.671	1.638	33	2,0%
1-2516-1	NORDPLUS-mini (tilraunaverkefni)	3.251	1.187	2.064	173,9%
	Alþýðumenntun og fullorðinsfræðsla	**15.647**	**16.332**	**-685**	**-4,2%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*9.498*	*10.111*	*-613*	*-6,1%*
1-2520-2	Stjórnarnefndin um alþýðumenntun og fullorðinsfræðslu (FOVU)	2.550	3.299	-749	-22,7%
1-2522-1	Styrkjafyrirkomulag vegna norrænnar alþýðumenntunar og fullorðinsfræðslu	6.948	6.812	136	2,0%
	Stofnanir	*6.149*	*6.221*	*-72*	*-1,2%*
1-2524-3	Norræni lýðháskólinn (NFA)	6.149	6.221	-72	-1,2%
	Æðri menntun	**32.370**	**32.736**	**-366**	**-1,1%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*32.370*	*32.736*	*-366*	*-1,1%*
1-2530-2	Stjórnarnefndin um æðri menntun - HÖGUT	1.043	1.023	20	2,0%
1-2532-1	NORDPLUS	30.284	30.690	-406	-1,3%
1-2534-2	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.043	1.023	20	2,0%

1999-verð í þús. d.kr.		FJÁRLÖG 2000	FJÁRLÖG 1999	MISMUNUR +/-	%
	Tungumálasamstarf	**15.810**	**14.976**	**834**	**5,6%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*10.869*	*10.266*	*603*	*5,9%*
1-2540-2	Styrkir til norrænu málnefndanna	1.899	1.862	37	2,0%
1-2542-2	Norræn námskeið í tungumálum og bókmenntum (NORDKURS)	1.842	1.916	-74	-3,9%
1-2543-1	Tungumálasamstarf á Norðurlöndum (NORDMÁL)	6.151	5.530	621	11,2%
1-2545-1	Kennsla um Norðurlönd erlendis	977	958	19	2,0%
	Stofnanir	*4.941*	*4.710*	*231*	*4,9%*
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi	4.941	4.710	231	4,9%
	Samstarf menntamála- og rannsóknasviðsins á sviði upplýsingatækni	**4.039**	**4.051**	**-12**	**-0,3%**
1-2550-2	Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) í upplýsingatækni	510	522	-12	-2,3%
1-2552-2	Upplýsingatækni og tölvukennslufræði í kennslu (IDUN II)	3.060	3.069	-9	-0,3%
1-2554-2	Þróunarverkefnið NORDUnet2	469	460	9	2,0%
	Samstarf um rannsóknir og vísindi	**103.270**	**98.717**	**4.553**	**4,6%**
	Verkefnafé og almennt styrkjafyrirkomulag	*57.336*	*52.255*	*5.081*	*9,7%*
1-3110-2	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	761	2.046	-1.285	-62,8%
1-3115-1	Norræna vísindaakademían (NorFA)	34.962	36.302	-1.340	-3,7%
1-3120-2	Rannsóknaráætlunin Norðurlönd og Evrópa	5.936	10.325	-4.389	-42,5%
1-3125-2	Norrænt tengslanet um þjóðhætti	1.067	2.046	-979	-47,8%
1-3130-2	Norræna Norðurskautsrannsóknaráætlunin	6.120	512	5.608	1095,3%
1-3131-2	Norræn rannsóknaráætlun um kynferðislegt ofbeldi	3.570	-	3.570	-
1-3132-2	Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	3.570	-	3.570	-
1-3135-2	Framkvæmd vísindastefnu	522	512	10	2,0%
1-3140-2	Norræna lífsiðfræðinefndin	828	512	316	61,7%
	Stofnanir	*45.934*	*46.462*	*-528*	*-1,1%*
1-3180-3	Norræna kjarnfræðistofnunin (NORDITA)	17.464	17.355	109	0,6%
1-3181-3	Norræna sjóréttarstofnunin (NIfS)	2.516	2.521	-5	-0,2%
1-3182-3	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	7.946	7.760	186	2,4%
1-3183-3	Norræna samstarfsnefndin um vísindaupplýsingar	5.174	5.128	46	0,9%
1-3184-3	Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	6.856	7.705	-849	-11,0%
1-3185-3	Norræna samíska stofnunin (NSI)	5.978	5.993	-15	-0,3%
	Samstarf á sviði upplýsingatækni	**1.020**	**-**	**1.020**	**-**
1-3410-2	Verkefnafé - samstarf í upplýsingatækni	1.020	-	1.020	-
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin		**182.061**	**182.522**	**-461**	**-0,3%**
	Grannsvæðin	**66.708**	**65.554**	**1.154**	**1,8%**
2-0810-3	Upplýsingastarfsemi og samskipti	11.730	10.200	1.530	15,0%
2-0820-1	Styrkjaáætlunin fyrir Eystrasaltslönd og Rússland	15.402	15.350	52	0,3%
2-0825-2	Nýjar aðgerðir á grannsvæðunum	1.020	-	1.020	-
	Verkefnafé	*38.556*	*40.004*	*-1.448*	*-3,6%*
2-0830-2	Lýðræði og málefni þegnanna	13.668	15.440	-1.772	-11,5%
2-0840-2	Menningarmiðlun	4.080	3.960	120	3,0%
2-0850-2	Markaðsbúskapur	7.344	7.220	124	1,7%
2-0860-2	Sjálfbær auðlindabúskapur	10.828	11.000	-172	-1,6%
2-0870-2	Norðurskautssamstarf	2.636	2.384	252	10,6%

1999-verð í þús. d.kr.		FJÁRLÖG 2000	FJÁRLÖG 1999	MISMUNUR +/-	MISMUNUR %
	Orkumál	**6.120**	**4.386**	**1.734**	**39,5%**
2-3210-2	Verkefnafé - Orkumál	5.100	3.363	1.737	51,7%
2-3220-2	Norrænar orkurannsóknaráætlanir	1.020	1.023	-3	-0,3%
	Umhverfismál	**39.392**	**40.890**	**-1.498**	**-3,7%**
2-3310-2	Verkefnafé - umhverfismál	33.357	34.752	-1.395	-4,0%
2-3320-2	Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið	5.321	5.217	104	2,0%
2-3330-2	Norræn auðlindanýting Stuðull 4/10	306	512	-206	-40,2%
2-3340-2	Umhverfisgæðamál	408	409	-1	-0,2%
	Efnahags- og peningamál	**11.102**	**11.016**	**86**	**0,8%**
2-5210-2	Verkefnafé - Efnahags- og fjármál	1.020	1.023	-3	-0,3%
2-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	10.082	9.993	89	0,9%
	Byggðasamstarf	**29.130**	**29.940**	**-810**	**-2,7%**
2-6110-2	Verkefnafé - Byggðasamstarf	19.380	20.076	-696	-3,5%
	Stofnanir	*9.750*	*9.864*	*-114*	*-1,2%*
2-6180-3	Norræn miðstöð um rannsóknir og þróun í byggðamálum (NORDREGIO)	9.750	9.864	-114	-1,2%
	Samgöngur	**264**	**254**	**10**	**3,9%**
2-6210-2	Verkefnafé - Samgöngur	264	254	10	3,9%
	Landbúnaður og skógrækt	**22.156**	**23.161**	**-1.005**	**-4,3%**
	Verkefnafé	*8.093*	*8.934*	*-841*	*-9,4%*
2-6510-2	Verkefnafé - Landbúnaður og skógrækt	5.951	7.277	-1.326	-18,2%
2-6520-2	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	0	1.043	-1.043	-100,0%
2-6530-2	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	1.020	614	406	66,1%
2-6540-2	Norræni genbankinn fyrir húsdýr	1.122	-	1.122	-
	Stofnanir	*14.063*	*14.227*	*-164*	*-1,2%*
2-6580-3	Norræni genbankinn (NGB)	8.724	8.826	-102	-1,2%
2-6581-3	Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS)	5.339	5.401	-62	-1,1%
	Sjávarútvegur	**7.189**	**7.321**	**-132**	**-1,8%**
2-6610-2	Verkefnafé - Sjávarútvegur	7.189	7.321	-132	-1,8%
Velferðar- og atvinnumál		**142.521**	**142.213**	**308**	**0,2%**
	Vinnumarkaður og -umhverfismál	**13.185**	**13.554**	**-369**	**-2,7%**
	Verkefnafé	*10.581*	*11.173*	*-592*	*-5,3%*
3-4110-2	Verkefnafé — Vinnumarkaður og -umhverfi	6.407	7.081	-674	-9,5%
3-4120-2	Nordjobb	2.817	2.762	55	2,0%
3-4130-2	Upplýsingaverkefnið	1.357	1.330	27	2,0%
	Stofnanir	*2.604*	*2.381*	*223*	*9,4%*
3-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	2.604	2.381	223	9,4%
	Félags- og heilbrigðismál	**34.218**	**35.325**	**-1.107**	**-3,1%**
	Verkefnafé	*4.799*	*5.371*	*-572*	*-10,6%*
3-4310-2	Verkefnafé - Félags- og heilbrigðismál	3.881	3.734	147	3,9%
3-4320-2	Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	918	1.023	-105	-10,3%
3-4330-2	Styrkjafyrirkomulag vegna táknmálstúlkunar	0	614	-614	-100,0%

1999-verð í þús. d.kr.		FJÁRLÖG 2000	FJÁRLÖG 1999	MISMUNUR +/-	%
	Stofnanir	*29.419*	*29.954*	*-535*	*-1,8%*
3-4380-3	Norræna lyfjanefndin (NLN)	2.951	3.086	-135	-4,4%
3-4381-3	Norræni heilbrigðisháskólinn (NHV) *	32138	32.513	-375	-1,2%
3-4382-3	Stofnun fyrir prófun tannviðgerðarefna (NIOM)	8.491	8.511	-20	-0,2%
3-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.534	2.511	23	0,9%
3-4384-3	Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra (NSH)	7.419	7.664	-245	-3,2%
3-4385-3	Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUV)	6.723	6.565	158	2,4%
3-4386-3	Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.301	1.617	-316	-19,5%
	Jafnrétti	**7.377**	**7.435**	**-58**	**-0,8%**
3-4410-2	Verkefnafé - Jafnrétti	2.735	2.681	54	2,0%
	Stofnanir	*4.642*	*4.754*	*-112*	*-2,4%*
3-4480-3	Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og jafnréttisfræðum (NIKK)	4.642	4.754	-112	-2,4%
	Samstarf í vímuefnamálum	**1.136**	**614**	**522**	**85,0%**
3-4510-2	Verkefnafé - Samstarf í vímuefnamálum	1.136	614	522	85,0%
	Aðgerðir í velferðarmálum	**5.090**	**1.739**	**3.351**	**192,7%**
3-4610-2	Verkefnafé - Velferðarmál	614	102	512	502,0%
3-4620-2	Velferðarrannsóknir	4.476	1.637	2.839	173,4%
	Atvinnulíf	**65.695**	**68.676**	**-2.981**	**-4,3%**
3-5110-2	Verkefnafé - Atvinnulíf	1.020	1.432	-412	-28,8%
3-5120-2	Samstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja á sviði upplýsingatækni	626	614	12	2,0%
	Stofnanir	*64.049*	*66.630*	*-2.581*	*-3,9%*
3-5180-3	Norræni iðnaðarsjóðurinn	52.604	55.286	-2.682	-4,9%
3-5181-3	Nordtest	11.445	11.344	101	0,9%
	Bygginga- og húsnæðismál	**834**	**818**	**16**	**2,0%**
3-5310-2	Verkefnafé - Bygginga- og húsnæðismál	834	818	16	2,0%
	Neytendamál	**8.501**	**7.834**	**667**	**8,5%**
3-6710-2	Verkefnafé - Neytendamál	6.372	5.747	625	10,9%
3-6720-2	SVANURINN - Norrænt umhverfismerki	2.129	2.087	42	2,0%
	Matvæli	**5.210**	**5.348**	**-138**	**-2,6%**
3-6810-2	Verkefnafé - Matvæli	5.210	5.348	-138	-2,6%
	Löggjöf á sviði dómsmála	**1.275**	**870**	**405**	**46,6%**
3-7110-2	Verkefnafé - Löggjöf á sviði dómsmála	1.275	870	405	46,6%
Önnur starfsemi		**80.442**	**78.868**	**1.574**	**2,0%**
4-0180-3	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	59.898	58.724	1.174	2,0%
4-0410-2	Samband Norrænu félaganna	2.760	2.706	54	2,0%
4-0415-2	Stjórnsýslusamband Norðurlanda	0	153	-153	-100,0%
4-0420-2	Samstarf Sama á Norðurlöndum	0	1.294	-1.294	-100,0%
4-0425-2	Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.504	2.455	49	2,0%
4-0430-2	Norrænt tölfræðisamstarf	1.563	1.481	82	5,5%
4-0435-2	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	564	358	206	57,5%
4-0440-2	Endurskipulagning stofnana	0	0	0	-
4-0445-2	Varasjóður ráðherranefndarinnar	5.017	1.983	3.034	153,0%

* Starfsemi heilbriðisháskólans er fjármögnuð beint af löndunum og hún íþyngir því ekki fjárlögum í félags- og heilbrigðismálum

1999-verð í þús. d.kr.		FJÁRLÖG 2000	FJÁRLÖG 1999	MISMUNUR +/-	%
4-0450-2	Styrkur til frjálsra félagasamtaka	932	614	318	51,8%
4-1010-2	Upplýsingastarfsemi	3.519	3.433	86	2,5%
4-1020-2	Upplýsingastarfsemi utan Norðurlanda	1.000	1.228	-228	-18,6%
4-1040-2	Þýðingar og túlkun	283	777	-494	-63,6%
4-1050-2	Starfsmannaskipti og ferða- og námsdvalarstyrkir fyrir frjáls félagasamtök	1.067	2.046	-979	-47,8%
4-8030-2	Útgáfustarfsemin	1.335	1.616	-281	-17,4%
	Samtals	**741.512**	**732.308**	**9.204**	**1,3%**

750. Tillaga til þingsályktunar [471. mál]

um atvinnuuppbyggingu og þróun vistvæns samfélags í Hrísey.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við Hríseyjarhrepp að efla atvinnuuppbyggingu í Hrísey og þróa vistvænt samfélag í anda Staðardagskrár 21.

Greinargerð.

Ráðamenn í Hrísey á Eyjafirði hafa lýst yfir miklum áhuga á að kanna möguleika á að fá eyjuna viðurkennda sem lífræna. Eyjan er um margt sérstök hvað varðar náttúrufar og miklir möguleikar eru taldir á hægt að nýta sérstöðu hennar og sögu ásamt kyrrlátum lífsstíl íbúanna til atvinnusköpunar. Árið 1998 sneri sveitarstjórn Hríseyjarhrepps sér til stjórnar *Áforms – átaksverkefnis*. Stjórn Áforms fór síðan til Hríseyjar í september 1999 og kynnti sér aðstæður.

Á seinni hluta ársins 1999 urðu straumhvörf í atvinnumálum í Hrísey. Langstærsti atvinnurekandinn í eyjunni, Snæfell hf., ákvað að hætta allri starfsemi þar snemma árs 2000. Má segja að þá hafi nánast allur fiskveiðikvóti horfið frá Hrísey.

M.a. vegna sérstaks áhuga Hríseyinga á að þróa lífrænt samfélag er hér lagt til að ríkisvaldið komi myndarlega að málum og styrki sveitarstjórnina á öllum sviðum og að öll ráðuneyti veiti stuðning við starf að því markmiði að gera samfélagið lífrænt. Líta ber á þetta verkefni sem tilraunaverkefni, t.d. til fimm ára. Hér eru talin helstu verkefni sem æskilegt væri að vinna í þessu sambandi:

1. Að þróa og gera tilraun með vistvænar fiskveiðar frá Hrísey. Best væri að Hríseyingar sem hafa átt lögheimili í eyjunni sl. 12 mánuði gætu stundað vistvænar veiðar á fiski. Hér yrði um fullkomlega frjálsar veiðar að ræða en með kröfu um vistvæn veiðarfæri. Samkvæmt upplýsingum frá Hrísey má áætla að að á bilinu 8–15 eigendur smábáta væru í stakk búnir til þess að taka þátt í tilrauninni. Gæti því verið um að ræða veiðar á 800–1200 tonnum en þá yrði sú kvöð á að aflanum yrði landað í Hrísey og hann unninn og markaðssettur sem vistvænt veiddur fiskur.

2. Að Hríseyjarhreppi verði gert kleift að koma vistheimilinu Hlein í notkun. Hlein er dvalarheimili fyrir aldraða sem stendur að mestu leyti autt og ónotað. Á Hlein er aðstaða til þess að vista sex manns við fullkomnustu aðstæður og gæti húsnæðið nýst skjólstæðingum innan heilbrigðis- eða félagsþjónustugeirans.
3. Að einangrunarstöðin í Hrísey verði efld þannig að hún megi með góðu móti þjóna öllu landinu um fyrirsjáanlega framtíð.
4. Að aðstoða Hríseyjarhrepp við að styrkja grundvöll ferðaþjónustunnar í eyjunni. Fyrir liggur að ráðast verður í miklar framkvæmdir til að styrkja ferðaþjónustuna. Má þar nefna vegagerð frá þorpinu norður að vita, en það er um 7 km leið, áframhaldandi merkingar á gönguleiðum um eyjuna, þróun safnsins um Hákarla-Jörund, og hafnarmannvirki fyrir Hríseyjarferju, bæði í Hrísey sjálfri og á Árskógssandi. Einnig að náttúrufarsrannsóknir í eyjunni verði efldar og þannig lagður grunnur að kortlagningu og kynningu.
5. Að aðstoða Hríseyjarhrepp til þess að verða til fyrirmyndar hvað varðar fráveitu- og sorphirðumál. Í anda Staðardagskrár 21 verði þetta gert með markvissri fræðslu fyrir eyjarskeggja og framkvæmdum sem nauðsynlegar eru.
6. Að stofnaður verði nýsköpunarsjóður fyrir Hrísey. Sjóðurinn hafi það að markmiði að veita aðstoð þeim fyrirtækjum sem hugsanlega vildu setja niður starfsemi í Hrísey og vinna að framleiðslu sinni á lífrænan og vistvænan hátt. Þegar hafa borist fyrirspurnir til sveitarstjórnarinnar í Hrísey um uppsetningu á slíku fyrirtæki og við þau áform hefur ímynd eyjarinnar sem náttúruperlu verið helsta aðdráttaraflið.

Hér eru einungis taldir upp helstu möguleikar sem uppi eru varðandi þróun vistvæns samfélags í Hrísey. Tillagan gerir ráð fyrir að hér verði um að ræða samstarfsverkefni heimamanna og allra ráðuneyta, enda tekur þróun samfélags í anda Staðardagskrár 21 til allra þátta samfélagsins. Það er von flutningsmanna að þessi tilraun í Hrísey geti orðið til fyrirmyndar við þróun annarra sveitarfélaga landsins í átt til vistvæns samfélags.

751. Svar [383. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um áhrif framræslu á fuglalíf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða fuglategundir hafa horfið úr röðum íslenskra varpfugla við framræslu votlendis?*
2. *Hverjar eiga nú í vök að verjast af þeim sökum?*
3. *Hefur röskun á votlendi breytt útbreiðslu og stofnstærð þeirra hérlendis að öðru leyti?*

Þekking á áhrifum framræslu votlendis á fuglalíf er ekki mikil og segja má að sú vitneskja sem til er byggist meira á vísbendingum en rannsóknum. Ráðuneytið leitaði til Náttúrufræðistofnunar Íslands um upplýsingar og kemur fram í svari stofnunarinnar að á vegum hennar hafa engar rannsóknir farið fram sem miða að því að kanna sérstaklega áhrif framræslu á fuglalíf eða til að greina þau áhrif frá öðrum, svo sem áhrifum minksins. Sama er að segja um vöktun votlendisfugla, en hún hefur ekki verið þannig að greina megi áhrif framræslu á stofnana. Þó má benda á að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hóf rannsóknir á áhrifum framræslu á lífríki árið 1975 í landi Hests í Borgarfirði og hefur undanfarið verið fylgst með breytingum á lífríki svæðisins eftir endurreisn votlendis þar fyrir nokkrum árum.

Talið er að framræsla votlendis hafi átti einhvern þátt í því að keldusvín hætti að verpa á Íslandi, en minkurinn hafði einnig veruleg áhrif á það. Ekki er vitað til þess að framræsla votlendis hafi stuðlað að því að aðrar tegundir hafi horfið úr röðum íslenskra varpfugla.

Engin fuglategund hér á landi er talin vera í útrýmingarhættu vegna framræslu votlendis, en nokkrar eiga í vök að verjast á afmörkuðum svæðum landsins, svo sem flórgoði. Erfitt er að segja til um hver áhrif framræslunnar eru á flórgoða eða greina þau frá áhrifum minksins og öðrum áhrifum mannsins á fuglinn.

Framræsla votlendis hefur haft áhrif á útbreiðslu margra votlendisfugla, en ekki er hægt að fullyrða með neinni vissu hversu mikil þessi áhrif hafa verið, því að erfitt er að greina þau frá áhrifum minksins og annarra athafna mannsins.

Til upplýsingar má geta þess að stuðst var við eftirtaldar greinar um fugla og votlendi sem birtar voru nýlega. Grein eftir Guðmund A. Guðmundsson, fuglafræðing á Náttúrufræðistofnun Íslands, um mikilvægi votlendis fyrir fugla í bókinni Íslensk votlendi, verndun og nýting (bls. 167–172). Í sama riti er grein Einars Þorleifssonar fuglaskoðara um áhrif framræslu votlendis á votlendisfugla á Suðurlandi (bls. 173–183). Það var gefið út árið 1998 af Háskólaútgáfunni í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og Líffræðifélagið. Kristinn H. Skarphéðinsson, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, og Einar Þorleifsson birtu greinina „Keldusvín — útdauður varpfugl á Íslandi“ í Kvískerjabókinni (bls. 266–296), sem einnig út kom árið 1998.

752. Fyrirspurn [472. mál]

til landbúnaðarráðherra um vísindarannsóknir við Hólaskóla.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til uppbyggingar vísindarannsóknaraðstöðu við Hólaskóla, Hólum í Hjaltadal, sl. áratug?
2. Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til vísindarannsókna í fyrrnefndri aðstöðu á þessu tímabili?
3. Að hvaða rannsóknum hefur verið unnið og hver er árangur þeirra?
4. Hver eru helstu verkefni sem unnið er að nú og hve miklum fjármunum er varið til hvers þeirra?
5. Hvernig er árangur metinn og af hverjum?

Skriflegt svar óskast.

753. Fyrirspurn [473. mál]

til menntamálaráðherra um endurgjald fyrir útvarpsleyfi.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hver tekur ákvörðun um endurgjald fyrir útvarpsleyfi?
2. Hvaða munur er á gjaldi þeirra útvarpsstöðva sem útvarpa til landsins alls, svæðisbundinna stöðva og tímabundinna stöðva og hvað er lagt til grundvallar þegar árgjald stöðvanna er reiknað?

Skriflegt svar óskast.

754. Fyrirspurn [474. mál]

til dómsmálaráðherra um komu útlendinga til Íslands.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hve margir útlendingar hafa gefið sig fram árlega við Útlendingaeftirlitið og sótt um hæli af pólitískum ástæðum eða af mannúðarástæðum síðustu fimm ár? Hvaða afgreiðslu hafa mál þeirra fengið? Svar óskast sundurliðað eftir árum og heimalöndum viðkomandi.
2. Hve mörgum útlendingum hefur Útlendingaeftirlitið árlega snúið til baka við komu til landsins síðustu fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum og heimalöndum viðkomandi.
3. Eru þess dæmi að erlendum einstaklingum sem komið hafa löglega til landsins hafi verið vísað úr landi og bannað að koma aftur til Íslands eða til annarra Norðurlanda fyrir fullt og allt?

Skriflegt svar óskast.

755. Fyrirspurn [475. mál]

til fjármálaráðherra um launaþróun í heilbrigðisþjónustu.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hver voru að meðaltali í janúar 1997 og janúar 2000 mánaðarlaun (þ.e. föst laun og grunnlaun ef þau eru önnur):
   a. sjúkrahúslækna,
   b. almennra hjúkrunarfræðinga, að frátöldum aðstoðardeildarhjúkrunarfræðingum og hærra launuðum hjúkrunarfræðingum,
   c. hjúkrunarfræðinga,
   d. sjúkraliða,
   e. aðstoðarfólks á Ríkisspítölunum?
2. Hver voru í janúar 1997 og janúar 2000:
   a. byrjunarlaun sjúkrahúslækna í lægsta virka launaflokki/þrepi,
   b. mánaðarlaun sjúkrahúslækna í efsta þrepi að meðaltali,
   c. byrjunarlaun almennra hjúkrunarfræðinga í lægsta virka launaflokki/þrepi,
   d. mánaðarlaun almennra hjúkrunarfræðinga í efsta þrepi, með og án námskeiðshækkana,
   e. byrjunarlaun sjúkraliða í lægsta virka þrepi,
   f. mánaðarlaun sjúkraliða í efsta þrepi, með og án námskeiðshækkana,
   g. byrjunarlaun aðstoðarfólks við aðhlynningu á Ríkisspítölunum í lægsta virka launaflokki/þrepi,
   h. mánaðarlaun aðstoðarfólks við aðhlynningu á Ríkisspítölunum í efsta þrepi, með og án námskeiðshækkana?
3. Hver er hlutfallslegur launamunur sambærilegra þrepa á umsömdum mánaðarlaunum milli framangreindra hópa í janúar 1997 og janúar 2000?

Skriflegt svar óskast.

756. Fyrirspurn [476. mál]

til heilbrigðisráðherra um meðferð á psoriasis.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta stöðu psoriasissjúklinga í ljósi þess að stórlega hefur dregið úr heimildum fyrir þá til að gangast undir loftslagsmeðferð erlendis?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þeim skilyrðum sem siglinganefnd hefur sett fyrir loftslagsmeðferð psoriasissjúklinga verði breytt?
3. Er eðlilegt að gerð sé krafa um að psoriasissjúklingar noti lyf sem valdið geta alvarlegum aukaverkunum áður en reynd er náttúruleg meðferð eins og loftslagsmeðferð?

757. Fyrirspurn [477. mál]

til heilbrigðisráðherra um loftslagsmeðferð erlendis fyrir psoriasissjúklinga.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvað hafa verið heimilaðar margar ferðir psoriasissjúklinga til loftslagsmeðferðar erlendis árlega frá árinu 1980?

Skriflegt svar óskast.

758. Fyrirspurn [478. mál]

til umhverfisráðherra um Geysissvæðið í Biskupstungum.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hver er stefna ráðherra varðandi kaup á Geysissvæðinu í Biskupstungum, en heimild til kaupa á svæðinu hefur verið í fjárlögum um margra ára skeið?
2. Hvaða hugmyndir hefur ráðherra um nýtingu Geysissvæðisins í framtíðinni?

759. Tillaga til þingsályktunar [479. mál]

um að Orkusjóður úthluti fé til hitaveitna á köldum svæðum.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að hlutast til um að Orkusjóður úthluti fé til hitaveitna á köldum svæðum landsins.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 2000 er áætlað að stuðningur ríkisins við hitaveitur á köldum svæðum verði 85 millj. kr. Í reglum iðnaðarráðuneytisins er reiknað með að hitaveitur sem lagðar hafa verið á síðustu tveimur árum fái fjárframlög sem nema þeirri upphæð sem áður fór til niðurgreiðslu rafmagns til húshitunar á svæðinu.

Samkvæmt lögum nr. 49 19. mars 1999, um Orkusjóð, er sjóðurinn eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands með fjármögnun grunnrannsókna á sviði orkumála annars vegar og fjárhagslegum stuðningi við ýmsar framkvæmdir og verkefni hins vegar.

Samkvæmt lögunum er sjóðnum heimilt:

1. að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem sjóðurinn gerir til fimm ára á grunni rannsóknaráætlana Orkustofnunar; áætlunina skal endurskoða árlega og skal hún hljóta samþykki ráðherra,
2. að styrkja gerð yfirlitsathugana á möguleikum til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar,
3. að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borana,
4. að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu og upplýsingastarfsemi, svo og hagrænar athuganir á orkumálum og umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir,
5. að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

Af þessu er ljóst að Orkusjóður hefur yfirlit yfir orkuöflunarmöguleika, frá frumhugmynd til raunhæfra áætlana um framkvæmdir.

Stjórn Orkusjóðs er í höndum orkuráðs undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Á síðasta ári ákvað stjórnin að ráða starfsmann til sjóðsins og hefur nú verið opnuð skrifstofa Orkusjóðs á Akureyri. Vegna stuðnings ríkisins við hitaveitur á köldum svæðum er rökrétt að iðnaðarráðherra feli Orkusjóði afgreiðslu á framlögum ríkisins.

Orkusjóður er í stakk búinn til að gefa þinginu upplýsingar um fjárþörf til framlaga við hitaveitur á köldum svæðum til lengri tíma litið.

760. Frumvarp til laga [480. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Þuríður Backman, Jón Kristjánsson.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tengistígar eru göngu- og hjólreiðastígar milli þéttbýlisstaða, þar sem börn og unglingar fara daglega á milli til að sækja skóla, íþrótta- og tómstundastarf eða nauðsynlega þjónustu af öðrum toga, og eru kostaðir af opinberum aðilum.

2. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna almennra vega, einkavega og tengistíga, enda komi fullar bætur fyrir.

3. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Almennir vegir, einkavegir og tengistígar.**

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000.

Greinargerð.

Löngu tímabært er að gefa meiri gaum að umferð hjólreiðafólks og gangandi vegfarenda í samgöngumálum á Íslandi. Sú umferð er hluti af eðlilegri útivist og íþróttaiðkun, veitir holla hreyfingu og fellur afar vel að nútímaviðhorfum til umhverfismála enda fylgir henni hvorki hávaði né mengun af öðrum toga. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að betri þjónusta við þessa tegund umferðar leiði til þess að landsmenn tileinki sér hana í auknum mæli.

Frumvarp þetta er lagt fram til að veita mikilvægum göngu- og hjólreiðastígum eðlilegan sess í vegakerfi landsins. Sums staðar háttar þannig til, m.a. í tengslum við samvinnu og/eða sameiningu sveitarfélaga, að börn og unglingar þurfa daglega að fara á milli þéttbýliskjarna til að sækja skóla, taka þátt í íþrótta- og tómstundastarfi eða sækja ýmsa nauðsynlega þjónustu án þess að það kalli á akstur milli staða. Þar af leiðandi fara börn og unglingar þessara ferða ýmist gangandi eða hjólandi og sú umferð kallar á að lagðir séu fullnægjandi stígar fyrir göngu- og hjólreiðafólk. Öllum má vera ljós sú hætta sem stafar af því að beina þessari umferð inn á vegi fyrir vélknúin ökutæki.

Hingað til hefur uppbygging slíkra stíga einkum strandað á óvissu um hverjum bæri að annast lagningu þeirra, umsjón og viðhald. Með þeirri lagabreytingu sem lögð er til í þessu frumvarpi eru slíkir stígar settir í umsjá opinberra aðila. Stígunum er valið heitið tengistígar þar sem þeim er ætlað að tengja saman þéttbýliskjarna með fyrrgreindum hætti.

761. Tillaga til þingsályktunar [481. mál]

um endurskoðun kosningalaga.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fram fari á vegum Alþingis endurskoðun á kosningalöggjöf með það fyrir augum að tryggja

a. að sjúklingar, aldraðir og öryrkjar geti ávallt nýtt kosningarrétt sinn,
b. að jafnan fjalli óháður aðili um kærumál sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd kosningalaga.

Greinargerð.

Brögð eru að því að sjúklingar, aldrað fólk og öryrkjar geti ekki neytt kosningarréttar síns. Víða hefur tíðkast að láta fara fram atkvæðagreiðslu á sjúkrastofnunum og dvalarheimilum aldraðra. Þó er það ekki algilt og hafa í þessu samhengi risið deilumál og dómsmál (sjá fylgiskjal). Brýnt er að tryggja jafnræði með þegnunum til kosningarréttar og nauðsynlegt að fram fari athugun á framkvæmd kosningalaganna hvað þetta atriði snertir.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að einnig verði kannað hvernig unnt verði að koma því á að óháður aðili skeri jafnan úr um deilumál sem rísa við framkvæmd laganna.

Í deilumálum sem risið hafa í tengslum við kosningar um sameiningu sveitarfélaga hlýtur að teljast í hæsta máta óeðlilegt að þeim sé skotið til úrskurðar í félagsmálaráðuneytinu eins og lög gera ráð fyrir þar sem það málefni sem greidd eru atkvæði um er á vegum þess ráðu-

neytis. Það getur í slíkum tilvikum ekki talist hlutlaus aðili. Ef fram kemur kæra um framkvæmd kosninganna kæmi til álita að hún væri milliliðalaust látin ganga til dómstóla.

Til glöggvunar á þeim álita- og deilumálum sem kunna að rísa er í fylgiskjali grein Erlendar Hansen og Harðar Ingimarssonar úr Morgunblaðinu 29. nóvember 1998 en þeir kærðu framkvæmd kosninga sem fram fóru 15. nóvember 1997 um sameiningu sveitarfélaga í Skagafjarðarsýslu.

Með tillögunni var fylgiskjal: Hæstiréttur varði ekki kosningarréttinn. Erlendur Hansen og Hörður Ingimarsson (Morgunblaðið, 29. nóvember 1998).

762. Fyrirspurn [482. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning á lambakjöti.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hver var árlegur útflutningur á lambakjöti árin 1995–2000, sundurliðað eftir útflutningslöndum og magni?
2. Hvað fékkst fyrir hvert kg af útfluttu lambakjöti sömu ár, sundurliðað eftir löndum?
3. Hverjar hafa árlegar greiðslur frá sláturleyfishöfum til bænda verið af útfluttu lambakjöti á sama tímabili?

Skriflegt svar óskast.

763. Tillaga til þingsályktunar [483. mál]

um könnun á umfangi vændis.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa vinnuhóp sem kanni umfang vændis á Íslandi. Í vinnuhópnum verði m.a. fulltrúar frá dómsmálaráðuneyti, Háskóla Íslands, Stígamótum og embætti ríkislögreglustjóra og landlæknis.

Vinnuhópurinn skili niðurstöðum fyrir lok október 2000.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur farið fram á síðustu mánuðum um það hvort vændi sé stundað á Íslandi og þá hvert sé eðli þess og umfang. Ekki hafa nýlega verið gerðar rannsóknir sem hægt væri að nýta í þeim tilgangi að skoða þessi mál.

Vændi er alþjóðlegt vandamál sem spyr ekki um landamæri og það er ekkert sem segir að það sé ekki hér á landi eins og annars staðar. Sifjaspell og kynferðisafbrot, t.d. gagnvart börnum, reyndust hlutfallslega engu færri hérlendis en í nágrannalöndunum þegar farið var að ræða þessi viðkvæmu mál.

Mikilvægt er að skoða eðli vændis, þ.e. fylgdarþjónustu, símaþjónustu, netið, dansstaði o.fl., og hvort það er frábrugðið því sem gerist annars staðar, t.d. í öðrum norrænum ríkjum. Áríðandi er athuga hvaða hópar stunda vændi hér á landi. Hér er ekki einungis átt við konur því einnig er vitað um vændi meðal karlmanna í öðrum löndum og nauðsynlegt að skoða hvort um slíkt er að ræða hér, enn fremur í hvaða mæli yngri aldurshópar eiga í hlut. Jafnframt er mikilvægt að reyna að komast að því hverjir það eru sem nýta sér vændi. Margar slíkar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis, t.d. í Finnlandi, Þýskalandi og víðar. Einnig þarf að kanna sérstaklega vændi sem fram fer á netinu og gera úttekt á því en vitað er að þar eiga sér stað kaup á margs konar kynlífsþjónustu. Í Svíþjóð hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir á þessu sviði, bæði á umfangi og eðli þess sem er í boði og hvernig hægt er að stemma stigu við því.

Til þess að koma með lausnir og viðbrögð við því sem virðist vera að gerast í samfélaginu er nauðsynlegt að skoða þessi mál frá sem flestum hliðum til að koma með raunhæfar tillögur og lausnir á vandanum eins og aðrar þjóðir hafa gert. Unnt verði að skoða hvaða lagabreytingar þarf að gera til að stemma stigu við vændi og hvort og þá hvaða samfélagslegar lausnir eru til staðar sem eru nothæfar til þess að leysa vandamál þeirra sem ratað hafa í slíka ógæfu. Þannig könnun gerir kleift að áætla hvernig á að bregðast við vandamálum sem upp koma, svo sem varðandi forvarnir og kynsjúkdóma, en slíkt er mikið vandamál, t.d. í baltnesku löndunum og í Rússlandi. Þar er glímt við kynsjúkdóma sem löngu hefur verið útrýmt á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu.

Flutningsmenn telja mikilvægt að vinnuhópur af þessu tagi sé samsettur þverfaglega. Þannig sé tryggt að fram komi sem flestar hliðar á málinu og þar af leiðandi fjölbreyttar lausnir.

764. Frumvarp til laga [484. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „286.944“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 319.056.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skal:

a. persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda á launatímabilinu frá og með 1. apríl til 31. desember árið 2000 vera $^{9}/_{12}$ hlutar af 294.120 kr.; við álagningu tekjuskatts og

eignarskatts árið 2001 vegna tekna og eigna árið 2000 skal persónuafsláttur vera 292.326 kr.;

b. persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2001 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2002 vegna tekna og eigna árið 2001 vera 302.940 kr.;

c. persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2002 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2003 vegna tekna og eigna árið 2002 vera 312.024 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2001 vegna tekna og eigna árið 2000 og staðgreiðslu á því ári.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á skattleysismörkum og persónuafslætti manna í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 10. mars 2000, þar sem kveðið er á um að greitt verði fyrir gerð kjarasamninga með því að láta skattleysismörk fylgja almennum umsömdum launahækkunum. Hækkun á árinu 2000 verður þónokkru meiri.

Gert er ráð fyrir að hækkun persónuafsláttar og skattleysismarka komi fram í áföngum frá og með 1. apríl á þessu ári til ársins 2003. Persónuafsláttur hækkaði um 2,5% frá og með 1. janúar sl., sbr. ákvæði til bráðbirgða í lögum nr. 65/1997. Gert er ráð fyrir að hann hækki aftur um 2,5% frá 1. apríl 2000 þannig að heildarhækkun á árinu 2000 nemur um 5%. Enn fremur hækkar persónuafsláttur um 3% 1. janúar 2001, um 3% 1. janúar 2002 og um 2,25% 1. janúar 2003.

Í 1. gr. er lagt til að fjárhæð persónuafsláttar hækki úr 286.944 kr. í 319.056 kr. Hefur þá verið tekið tillit til allra þeirra hækkana sem fram eiga að koma í áföngum árin 2000–2003, sbr. 2. gr.

Í 2. gr. er lagt til að breytingar á persónuafslætti komi til framkvæmda í áföngum frá 1. apríl 2000 til ársins 2003. Þar sem lagt er til að breytingin komi til framkvæmda frá og með 1. apríl er gert ráð fyrir að miða staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með þeim tíma við $^{9}/_{12}$ hluta þess persónuafsláttar eftir 2,5% hækkun. Eftir fyrstu hækkun nemur persónuafsláttur-inn 294.120 kr. Verður persónuafslátturinn því 24.510 kr. á mánuði í stað 23.912 kr. Við álagninguna árið 2001 verður persónuafslátturinn 292.325 kr. þar sem miðað verður við fjölda mánaða að teknu tilliti til breytinga á árinu, þ.e. miðað verður við $^{3}/_{12}$ hluta af 286.944 kr. og $^{9}/_{12}$ hluta af 294.120 kr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að hækkun persónuafsláttar fylgi umsömdum almennum launahækkunum á vinnumarkaði á tímabilinu frá árinu 2000 til ársins 2003. Heildarhækkun-in á árinu 2000 yrði þó heldur meiri en samkvæmt nýgerðum kjarasamningum, eða alls 5%

í stað 3–3,9%. Ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf 10. mars sl. í tengslum við gerð kjarasamninga. Ekki er talið að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo nokkru nemi verði það óbreytt að lögum. Hins vegar er talið að ríkissjóður verði af um 900 m.kr. tekjum á árinu 2000, þ.e. 1.200 m.kr. miðað við heilt ár.

765. Frumvarp til laga [485. mál]

um brunavarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

2. gr.
Gildissvið.

Lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Atvinnuhúsnæði: Húsnæði þar sem almenningur kemur saman, dvelur, sækir þjónustu og þar sem hvers konar atvinnustarfsemi fer fram.

Bráð hætta: Þegar ætla má að fólk geti ekki forðað sér til öruggs staðar við eldsvoða eða mengunaróhapp.

Brunahönnun: Sérstök hönnun sem tekur til brunavarna í mannvirkjum.

Brunavarnir: Eldvarnir, starfsemi slökkviliðs og aðrar aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem mælt er fyrir um í þessum lögum.

Eldsvoði: Þegar eldur er laus og nauðsyn er sérstakra slökkviráðstafana.

Eldvarnir: Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða.

Mannvirki: Hvers konar byggingar, ofan jarðar eða neðan.

Mengunaróhapp: Þegar eiturefni eða önnur efni berast, eða kunna að berast, í umhverfið og tafarlaus upphreinsun eða önnur tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á heilsu fólks, umhverfi og eignum.

Vara: Hvers kyns lausafjármunir, svo sem allar framleiðsluvörur og hráefni.

II. KAFLI
Stjórn og skipan brunamála.

4. gr.
Yfirstjórn brunamála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Brunamálastofnun er ráðherra til aðstoðar um málefni er falla undir lög þessi.

5. gr.
Brunamálastofnun.

Ríkið starfrækir Brunamálastofnun. Helstu verkefni stofnunarinnar eru að:

a. hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
b. hafa yfirumsjón með eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi sveitarfélaga í þeim tilgangi að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf á landinu öllu,
c. sjá um kynningar- og fræðslustarf fyrir almenning og slökkvilið og þá sem vinna við brunahönnun mannvirkja,
d. vera byggingaryfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir mannvirkja og brunaöryggi vöru,
e. samþykkja þjónustu- og eftirlitsaðila brunavarna og brunavarnaáætlanir sveitarfélaga,
f. yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísar til stofnunarinnar,
g. fylgjast með og eftir atvikum stunda sjálfstæðar rannsóknir á sviði brunavarna og semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða,
h. eiga samstarf við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum á sviði brunavarna,
i. gera tillögur til ráðuneytis um breytingar á reglum um brunamál eftir því sem tilefni gefst til.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verkefni og starfsemi Brunamálastofnunar.

6. gr.
Samræming brunavarna.

Brunamálastofnun vinnur að samræmingu brunavarna í landinu og stuðlar að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða. Við úttektir og athuganir skal Brunamálastofnun leita umsagnar slökkviliðsstjóra áður en niðurstaða stofnunarinnar er send viðkomandi sveitarfélagi.

7. gr.
Brunamálaráð.

Ráðherra skipar brunamálaráð til fjögurra ára í senn að afloknum alþingiskosningum. Í brunamálaráði skulu sitja sjö fulltrúar og tilnefna Brunatæknifélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Samband íslenskra tryggingafélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífs einn fulltrúa hvert í ráðið. Ráðherra skipar formann brunamálaráðs án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Brunamálaráð er Brunamálastofnun til faglegrar ráðgjafar um þá þætti sem falla undir lögin. Ráðherra skal leita álits ráðsins um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra setur ráðinu starfsreglur að fengnum tillögum þess.

8. gr.

Brunamálastjóri.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til fimm ára í senn. Brunamálastjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun. Brunamálastjóri fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar. Hann ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

9. gr.

Brunamálaskóli.

Brunamálastofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal vera sérstök deild innan stofnunarinnar og annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Brunamálastofnunar og hafa sérstakt viðfangsefni í fjárlögum. Við ráðningu skólastjóra Brunamálaskólans skal brunamálastjóri leita eftir tillögu skólaráðs.

Ráðherra skipar þriggja manna skólaráð til fjögurra ára í senn, og jafnmarga menn til vara, sem er Brunamálastofnun til ráðgjafar um fagleg og rekstrarleg málefni skólans og ber ábyrgð gagnvart brunamálastjóra á framkvæmd og starfsemi Brunamálaskólans. Skólaráð skal í upphafi árs leggja fyrir brunamálastjóra til samþykktar starfsáætlun fyrir skólann. Samband íslenskra sveitarfélaga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna tilnefna hvort sinn fulltrúa í skólaráð og skal ráðherra skipa formann.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi Brunamálaskólans og hlutverk skólaráðs.

10. gr.

Ábyrgð sveitarstjórna.

Sveitarstjórn hver í sínu umdæmi ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarfélag ber kostnað af þessari starfsemi.

III. KAFLI

Eftirlit og skyldur sveitarfélaga.

11. gr.

Starfsemi slökkviliðs.

Sveitarfélagi er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

Sveitarfélögum ber að sjá um að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir hendi til slökkvistarfs og sérstakur slökkvibúnaður þar sem hans er krafist, t.d. úðakerfi í meiri háttar byggingum. Í sveitarfélagi þar sem vatnsöflun er erfið skal leita annarra lausna til að tryggja nauðsynlegar brunavarnir.

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi að fengnum tillögum Brunamálastofnunar í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

12. gr.

Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.

Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir. Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð,
b. gera úttekt á mannvirkjum í notkun og gera kröfur um nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir,
c. leiðbeina fyrirtækjum, stofnunum og eftir atvikum almenningi um allt er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi,
d. hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út,
e. halda skrá yfir öll mannvirki og aðra staði þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.

Heimilt er að fela skoðunarstofum eftirlit skv. 1. mgr., eftir því sem við á.

13. gr.

Brunavarnaáætlun.

Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem hlotið hefur samþykki Brunamálastofnunar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Brunamálastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.

14. gr.

Samstarf sveitarfélaga.

Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um brunavarnir.

Tvö sveitarfélög eða fleiri geta samið um sameiginlegt slökkvilið. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðs að hluta. Um slíkt skal gera skriflegan samning sem skal tilkynna til Brunamálastofnunar.

IV. KAFLI
Slökkvilið og slökkvistarf.

15. gr.

Slökkviliðsstjóri.

Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri er yfirmaður slökkviliðs en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri.

Slökkviliðsstjóri skal hafa hlotið löggildingu sem slökkviliðsmaður, sbr. 17. gr., og starfað að lágmarki í eitt ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður. Fáist ekki slökkviliðsstjóri til starfa sem uppfyllir framangreind hæfisskilyrði er sveitarstjórn heimilt að höfðu samráði við Brunamálastofnun að ráða slökkviliðsstjóra tímabundið til starfa, þó ekki lengur en til tveggja ára í senn.

Semji sveitarfélög um sameiginlegt slökkvilið, sbr. 14. gr., skulu viðkomandi sveitarfélög ráða slökkviliðsstjóra sem er yfirmaður slökkviliðs á svæðinu.

16. gr.

Skyldur slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðs og eftirlit með virkni brunahana í umdæminu.

Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og hefur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi. Við þessi störf er löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla sér slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að vettvangsstað, stöðvar umferð um nærliggjandi götur, girðir af svæði sem slökkvilið þarf til að gegna störfum sínum, verndar brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveitir muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðila.

Slökkviliðsstjóri skal tilkynna mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlits.

Slökkviliðsstjóra ber að sjá um fræðslu og þjálfun í brunavörnum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.

17. gr.

Hæfi og löggilding slökkviliðsmanna.

Slökkviliðsmenn sem sækja um löggildingu til að starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa lokið námi fyrir slökkviliðsmenn við Brunamálaskólann eða hlotið sambærilega menntun og jafnframt gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi að lágmarki í eitt ár samfellt. Ráðherra veitir slíka löggildingu.

Ráðherra skal að fenginni tillögu Brunamálastofnunar setja reglugerð um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, svo og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna.

18. gr.

Slysatrygging slökkviliðsmanna

Slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skulu tryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi í samræmi við áhættu starfsins. Lágmarkstrygging þeirra skal vera í samræmi við skilmála um slysatryggingar starfsmanna sveitarfélaga samkvæmt kjarasamningum. Þeir sem verða fyrir tjóni við störf samkvæmt lögum þessum eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingafélagi. Náist ekki samkomulag um bætur skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

19. gr.

Þjónustuskylda í slökkviliði.

Allir verkfærir menn 18–60 ára að aldri sem hafa búsetu í sveitarfélagi eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til æfinga í störfum slökkviliðs allt að 20 klukkustundir á ári og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum samkvæmt nánari reglum um útköll.

Sveitarstjórn skipar menn í slökkvilið, sbr. 1. mgr., að fengnum tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar að höfðu samráði við samtök slökkviliðsmanna.

Í sveitarfélögum þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum má takmarka skyldur skv. 1. og 2. mgr. eða fella þær niður.

20. gr.

Sérstök heimild slökkviliðs.

Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur að atvinnuhúsnæði og öðrum vinnustöðum þar sem eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim sem þessir aðilar kveðja til að fjarlæga hvern þann sem truflar slökkvistarf eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja starf slökkviliðs.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við slökkvistarf eða viðbrögð við mengunaróhappi utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni hvernig aðstoð er veitt án þess að brunavörnum í umdæmi slökkviliðs sé stofnað í hættu að hans mati. Það sveitarfélag sem aðstoðar nýtur greiðir kostnað við hana. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum matsmönnum.

V. KAFLI
Almennar skyldur.

21. gr.

Skylda til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón af völdum eldsvoða og mengunaróhappa.

Sé eldur laus eða hafi mengunaróhapp orðið á landi eða bráð hætta er á að slíkt atvik verði skal sá er þess verður vís leitast við að bjarga fólki frá bráðri lífshættu og vara þá við sem nærstaddir eru. Geti hann það ekki skal hann tafarlaust kveðja til slökkvilið eða aðra tiltæka hjálp.

Þegar eldsvoða ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða ber að höndum.

Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum skv. 2. mgr. telst brunatjón og skal bætt af viðkomandi vátryggingafélagi sé eign brunatryggð. Sveitarstjórn greiðir kostnað sem kann að koma til vegna nauðsynlegra aðgerða við framkvæmd slökkvistarfs og ekki er greiddur af vátryggingafélagi.

22. gr.

Meðferð elds og eldfimra efna.

Fara skal þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni að sem allra minnst hætta sé á því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti af því hlotist.

VI. KAFLI
Skyldur eigenda og forráðamanna mannvirkja.

23. gr.

Brunavarnir mannvirkja.

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og taki mið af þeirri starfsemi sem í mannvirkinu fer fram á hverjum tíma.

Eigandi og eftir atvikum forráðamaður mannvirkis ber ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt er þeim skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í lögum og reglugerðum um brunavarnir, byggingarmál, öryggismál, hollustuhætti og mengunarvarnir og eiturefni og hættuleg efni.

Séu breytingar gerðar á mannvirki, eða starfsemi þess breytt þannig að gerðar eru nýjar eða auknar kröfur um brunavarnir í því, er eiganda eða forráðamanni skylt að fá til þess samþykki byggingarnefndar og jafnframt að gera viðeigandi ráðstafanir til að kröfum um brunavarnir sé fullnægt fyrir hið breytta mannvirki eða hina breyttu starfsemi. Áður en byggingarnefnd veitir samþykki sitt skal hún leita álits slökkviliðsstjóra.

24. gr.

Sérstök eldhætta í mannvirki.

Skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki þegar um er að ræða nýbyggingu þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Brunahönnun skal lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar. Byggingarnefnd skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt af nefndinni.

Sé um að ræða mannvirki sem þegar er byggt og er í rekstri og þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða skal slökkviliðsstjóri gera úttekt á brunavörnum þess, gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til og leggja hana fyrir eiganda eða forráðamann. Sé brunavörnum slíks mannvirkis í veigamiklum atriðum ábótavant getur slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi gert kröfu um að gerð sé brunahönnun á mannvirkinu.

Slökkviliðsstjóri getur að höfðu samráði við sveitarstjórn lagt svo fyrir að í mannvirkjum, sbr. 2. mgr., séu gerðar sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi. Slíkar ráðstafanir skulu koma fram í brunavarnaáætlun. Eigandi mannvirkis greiðir kostnað af slíkum ráðstöfunum.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Brunamálastofnunar setja reglugerð um brunahönnun mannvirkja.

25. gr.

Kröfur til brunaöryggis vöru.

Hver sá sem framleiðir, flytur inn eða selur vöru sem haft getur áhrif á öryggi mannvirkja og fólks gagnvart eldi skal ábyrgjast að varan fullnægi öryggiskröfum á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við fyrirsjáanlega og eðlilega notkun vörunnar.

Hafi slík vara ekki fullgilda viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 1. mgr., skal sá sem framleiðir, flytur inn eða selur vöruna leita viðurkenningar hjá Brunamálastofnun áður en varan er sett á markað hér á landi. Kostnaður vegna beiðni um viðurkenningu skal borinn af þeim sem óskar viðurkenningar.

Brunamálastofnun sker úr um ágreining vegna notkunarsviðs vöru.

Telji Brunamálastofnun að vara fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt að banna sölu hennar. Um málsmeðferð Brunamálastofnunar og réttarfarsúrræði vegna sölubanns fer eftir ákvæðum IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

VII. KAFLI
Tilkynningar um eldsvoða og rannsóknir.

26. gr.

Tilkynningarskylda.

Þeim sem verður fyrir brunatjóni er skylt að tilkynna það til hlutaðeigandi lögreglustjóra svo fljótt sem unnt er.

27. gr.

Lögregluranns ókn.

Lögregla rannsakar eldsvoða þegar eftir brunatjón samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og kveður til sérfróða menn eftir því sem hún telur þörf á. Hún tilkynnir Brunamálastofnun og Löggildingarstofu um eldsvoðann og rannsókn sína.

Að lokinni rannsókn sendir lögreglan afrit af rannsóknargögnum til Brunamálastofnunar, hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra og vátryggingafélags nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

28. gr.

Rannsókn Brunamálastofnunar.

Verði manntjón eða mikið eignatjón í eldsvoða skal Brunamálastofnun, óháð lögregluranns ókn, rannsaka eldsvoðann, kröfur eldvarnaeftirlits og hvernig að slökkvistarfi hafi verið staðið.

Vátryggingafélög skulu senda Brunamálastofnun upplýsingar ár hvert um bætt tjón af völdum bruna og mengunaróhappa á landi.

VIII. KAFLI
Þvingunarúrræði og viðurlög.

29. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Ef ákvæði laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim eru brotin skal slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Byggingarfulltrúi aðstoðar slökkviliðsstjóra til að knýja eiganda og eftir atvikum forráðamann mannvirkis til úrbóta, sbr. 23.–24. gr., á grundvelli byggingarreglugerðar.

Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis í notkun:

1. veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
2. fyrirskipað öryggisvakt á kostnað eiganda eða forráðamanns og veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. bannað notkun mannvirkis að hluta eða að öllu leyti þar til úr hefur verið bætt og krafist lokunar.

Að fengnu samþykki sveitarstjórnar getur slökkviliðsstjóri ákveðið að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns mannvirkis. Kostnað má innheimta með fjárnámi.

30. gr.

Öryggisvakt.

Ef unnt er að tryggja lágmarksöryggi fólks með aðgerðum til bráðabirgða skal slökkviliðsstjóri fyrirskipa að staðin verði öryggisvakt, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 29. gr. á kostnað eig-

anda eða forráðamanns meðan unnið er að úrbótum. Notkun mannvirkis er heimil meðan unnið er að úrbótum.

31. gr.

Lokun mannvirkis.

Slökkviliðsstjóri skal krefjast lokunar mannvirkis, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 29. gr., ef um alvarleg tilvik eða ítrekað brot er að ræða, enda verði öryggisvakt ekki viðkomið. Ef aðili sinnir ekki úrbótum innan tilskilins frest, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 29. gr., getur slökkviliðsstjóri jafnframt krafist lokunar mannvirkis.

Slökkviliðsstjóri skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi sveitarstjórn, eiganda og/eða forráðamanni mannvirkis fyrirhugaða lokun. Að því loknu skal lögreglustjóri loka mannvirki þar til gerðar hafa verið viðeigandi úrbætur að mati slökkviliðsstjóra og lögreglustjóra.

32. gr.

Dagsektir.

Í áminningu skv. 1. og 2. tölul. 29. gr. skal koma fram að sinni aðili ekki úrbótum innan tilskilins frests sé heimilt að krefjast dagsekta eftir að frestur er liðinn þar til úr hefur verið bætt, að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Dagsektir renna til viðkomandi sveitarsjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr. á dag. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

33. gr.

Íhlutun ráðherra.

Telji Brunamálastofnun að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ber stofnuninni að undangenginni viðvörun til sveitarstjórnar að tilkynna það umhverfisráðuneytinu. Telji ráðherra að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni getur ráðuneytið gripið til nauðsynlegra aðgerða á kostnað viðkomandi sveitarfélags.

34. gr.

Refsingar.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af stórfelldu gáleysi eða ásetningi. Séu sakir miklar skulu brot varða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot hans tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

35. gr.

Málsmeðferð.

Við meðferð mála samkvæmt þessum kafla skal fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga eftir því sem við á.

IX. KAFLI
Málsmeðferð og ýmis ákvæði.

36. gr.
Ágreiningur um framkvæmd laganna.

Rísi ágreiningur um ákvörðun annars aðila en umhverfisráðherra um framkvæmd laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim er heimilt að kæra umrædda ákvörðun til ráðherra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi. Þetta gildir þó ekki um lögreglurannsókn skv. 27. gr. Um kærurétt og málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Ef upp kemur ágreiningur á milli slökkviliðsstjóra annars vegar og eiganda eða forráðamanns hins vegar um úrræði þau sem mælt er fyrir um í 29.–32. gr. er heimilt að vísa þeim ágreiningi til Brunamálastofnunar.

37. gr.
Brunavarnagjald.

Vátryggingafélög og aðrir sem annast vátryggingar skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt brunavarnagjald. Brunavarnagjaldið skal nema 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging telst þó ekki gjaldskyld trygging í þessu efni né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Brunavarnagjaldið skal notað til að fjármagna starfsemi Brunamálastofnunar.

Þeir sem innheimta brunavarnagjaldið skulu hafa staðið ríkissjóði skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra sem annast innheimtu þess liggja fyrir.

Ráðherra setur nánari reglur um innheimtu brunavarnagjalds í reglugerð.

38. gr.
Námsstyrkir.

Heimilt er Brunamálastofnun að veita þeim sem starfa að brunamálum styrki til náms á sviði brunamála í samræmi við fjárlög hverju sinni.

Brunamálastofnun annast úthlutun styrkja að fenginni umsögn brunamálaráðs. Ráðherra setur ákvæði um styrki og úthlutun þeirra í reglugerð.

39. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fenginni tillögu Brunamálastofnunar.

Reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum setur ráðherra að fengnum tillögum Brunamálastofnunar og að fenginni umsögn samgönguráðherra.

40. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, með síðari breytingum.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á árunum 2001 til og með 2005 er Brunamálastofnun heimilt að veita þeim sveitarfélögum fjárstuðning sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs, sbr. 14. gr., eftir reglum sem ráðherra setur að fenginni umsögn brunamálaráðs. Heildarfjárstuðningur skal ákveðinn í fjárlögum hvers árs og skal hann ekki vera lægri ár hvert en sem nemur mismun á innheimtu brunavarnagjaldi annars vegar og kostnaði við rekstur Brunamálastofnunar hins vegar.

II.

Í sveitarfélögum skal liggja fyrir brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara. Brunamálastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð slíkra áætlana innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

III.

Ákvæði 15. gr. um hæfisskilyrði slökkviliðsstjóra gilda ekki um þá slökkviliðsstjóra sem ráðnir hafa verið til starfa fyrir gildistöku laga þessara.

IV.

Endurskoða skal ákvæði laga þessara og annara laga sem fjalla um byggingarefni og öryggi bygginga, sem og ákvæði reglugerða á þeim byggðum með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki og einfalda framkvæmd þeirra, þar með að heimila notkun skoðunarstofa í eftirliti með gerð og viðhaldi bygginga og annara mannvirkja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Skipun og störf stjórnskipaðrar nefndar.

Með bréfi dagsettu 30. desember 1998 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að endurskoða lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, í ljósi reynslu liðinna ára. Í nefndina voru skipuð: Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Drífa Sigfúsdóttir, stjórnarmaður í Brunamálastofnun ríkisins, tilnefnd af stjórn Brunamálastofnunar ríkisins, og Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Starfsmenn nefndarinnar voru þau Hrafn Hallgrímsson og Sigríður Auður Arnardóttir, deildarstjórar í umhverfisráðuneytinu. Auk þess vann Guðmundur Gunnarsson, verkfræðingur hjá Brunamálastofnun ríkisins, samantekt um brunatjón hér á landi fyrir nefndina.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að hlutverk hennar sé að fjalla um skipulag brunavarna og brunamála í héraði, ábyrgð sveitarfélaga innan málaflokksins, um starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins og hlutverk hennar innan stjórnkerfisins, svo sem um tengsl við Skipulagsstofnun. Jafnframt var nefndinni falið að fjalla um málefni Brunamálaskóla og gera tillögu um hvort og þá hvernig starfsemi hans skuli tengjast málaflokknum og starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins. Nefndinni var falið að hafa samráð við Landssamband slökkviliðsmanna og Félag slökkviliðsstjóra um verkefnið. Með bréfi dagsettu 6. maí 1999 var nefndinni falið, auk þeirra verkefna sem að framan greinir, að gera tillögu um viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum á landi og hlutverk slökkviliða í því sambandi. Skyldi nefndin hafa hliðsjón af tillögum nefndar umhverfisráðuneytisins um varnir og viðbrögð við mengunaróhöppum á landi frá því í ágúst 1997.

Nefndin kannaði sérstaklega hvort rétt væri að auka enn frekar samvinnu Brunamálastofnunar ríkisins og Skipulagsstofnunar og hvort til greina kæmi að sameina starfsemi þessara tveggja stofnana. Eftir ítarlega skoðun og viðtöl nefndarmanna við þá fjölmörgu aðila sem vinna að brunavörnum var niðurstaða nefndarinnar að leggja ekki til sameiningu þessara stofnana. Þrátt fyrir að mikilvægur hluti af forvörnum tengist framkvæmd skipulags- og byggingarlaga er önnur starfsemi Brunamálastofnunar sem snýr að slökkvistörfum, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna, viðurkenningu búnaðar og eftirliti með framkvæmd brunavarna svo sérstæð að hvorki hagkvæmisskilyrði né fagleg skilyrði mæla með því að sú leið verði farin. Hins vegar er í þessu frumvarpi leitast við að styrkja samvinnu byggingareftirlits og slökkviliðs í héraði vegna forvarna í byggingum. Það er í samræmi við byggingarreglugerð, nr. 441/1998, en með henni var reglugerð um brunavarnir og brunamál, nr. 269/1978, felld inn í byggingarreglugerð.

Við samningu frumvarps þessa var farið yfir löggjöf á Norðurlöndum er fjallar um brunamál og brunavarnir. Nefndin skoðaði sérstaklega frumvarp til nýrra laga um brunamál í Noregi, sbr. Norges offentlige utredningar, 1999:4, og hafði það til hliðsjónar við samningu frumvarpsins.

Nefndin fékk á fund sinn fjölmarga aðila sem tengjast á einn eða annan hátt framkvæmd brunamála. Við samningu frumvarpsins var m.a. byggt á athugasemdum þessara aðila. Eftirtaldir aðilar eða fulltrúar þeirra komu á fund nefndarinnar: brunamálastjóri, Brunatæknifélag Íslands, Félag byggingarfulltrúa, Félag slökkviliðsstjóra, flugmálastjóri, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Löggildingarstofan, ríkislögreglustjóri, Samband íslenskra tryggingafélaga, samgönguráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Siglingastofnun, skólastjóri Brunamálaskólans, stjórn Brunamálastofnunar ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins.

Í júlí 1999 sendi nefndin drög að frumvarpi til laga um brunavarnir og brunamál til 22 aðila en þeir voru eftirfarandi: Brunatæknifélag Íslands, brunamálastjóri, dómsmálaráðuneytið, Félag slökkviliðsstjóra, Félag byggingarfulltrúa, félagsmálaráðuneytið, flugmálastjóri, Hollustuvernd ríkisins, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Löggildingarstofa, ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, ríkislögreglustjóri, samgönguráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, Samtök iðnaðarins, siglingamálastjóri, Skipulagsstofnun, skólastjóri Brunamálaskólans, stjórn Brunamálastofnunar ríkisins, viðskiptaráðuneytið og Vinnueftirlit ríkisins. Af þeim 22 sem fengu frumvarpið til umsagnar bárust umsagnir frá 18 aðilum. Nefndin vann úr þessum umsögnum og reyndi að samræma þau sjónarmið sem þar komu fram og hafði nefndin hliðsjón af þessum athugasemdum við endanlegan frágang að frumvarpi til laga um brunavarnir sem nefndin skilaði til umhverfisráðherra.

II. Brunatjón á Íslandi og samanburður við önnur lönd.

Brunatjón á Íslandi síðustu tvo áratugi eru með því minnsta sem þekkist samanborið við nágrannalönd hvort sem þau eru mæld í mannslífum eða eignatjóni. Skýringar á því eru vafalaust margar en benda má á að hér á landi er hlutfall gamalla húsa lágt og steinsteypa algengasta byggingarefnið auk þess sem tiltölulega lítið er um stórar byggingar. Hvað varðar manntjón má ætla að hátt hlutfall sérbýlishúsa hafi mikið að segja auk þess sem ekki hafa orðið mannskæðir brunar, t.d. á hótelum og samkomustöðum, á umræddu tímabili. Þá má einnig benda á að hér á landi er haldið uppi virku opinberu eftirliti með brunavörnum.

Eignatjón.

Þegar fjallað er um eignatjón í eldi er átt við tjón á fasteignum, lausafé og rekstri sem tryggingafélögin bæta ár hvert. Við þetta má bæta tjónum sem verða í ótryggðum húsum einkaaðila og í opinberum byggingum og tjónum vegna stöðvunar atvinnurekstrar. Við athugun á tryggingum vegna bruna á einkaheimilum hefur komið í ljós að yfir þriðjungur heimila hefur engar eða mjög lágar tryggingar á lausafé.

Á árunum 1981–1999 námu bætur tryggingafélaga vegna brunatjóna á Íslandi samtals um 13.100 millj. kr. eða um 690 millj. kr. á ári að jafnaði.



Mynd 1. Bætt brunatjón tryggingafélaganna árin 1981–1999 á verðlagi 1. júlí 1999. Árið 1999 er áætlað út frá bráðabirgðatölum tryggingafélaganna.

Á þessu tímabili urðu tjónabætur vegna bruna á föstu verðlagi hæstar árið 1989 þegar þær námu alls 1.640 millj. kr. en það stafaði af tveimur stórbrunum það ár, í Krossanesverksmiðjunni á Akureyri og að Réttarhálsi 2 í Reykjavík. Hvort tjónið um sig samsvarar öllum brunatjónum á landinu í meðalári á þessu tímabili. Þessir tveir brunar hafa valdið hvað mestu eignatjóni á öldinni ásamt brunanum í Sambandsverksmiðjunum á Akureyri sem varð 1969 (eignatjón 800–900 millj. kr.) og brunanum í Borgarskála Eimskips 1967 (eignatjón 700–800 millj. kr.). Eignatjón í tveimur síðasttöldu brununum er byggt á áætluðum tölum sem eru framreiknaðar samkvæmt byggingarvísitölu og ber því að taka þær með nokkurri varúð.

Athugun á eignatjónum hvers árs sýnir að flest árin valda 5–10 brunar helmingi tjónanna en árið 1989 valda aðeins tveir brunar 75% tjónanna. Þessar tölur sýna að árangursríkasta aðferðin til að draga úr brunatjónum er að koma í veg fyrir bruna í stórum og meðalstórum byggingum þar sem ætla má að brunatjón verði yfir 50 millj. kr. en sú upphæð hefur verið notuð til viðmiðunar um hvað telst stórtjón. Það verður best gert með auknum forvörnum.

Samanburður við önnur lönd.

Við samanburð á bættum tjónum vegna bruna milli landa er almennt stuðst við tjón sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Í töflu 1 eru bætt brunatjón í helstu nágrannalöndum okkar borin saman og þá kemur í ljós að bætt brunatjón hér á landi eru með því minnsta sem gerist. Líta verður á þennan samanburð með þeim fyrirvara að mismunur getur verið á ákvörðun tjónabóta í einstökum löndum.

Land	**Brunatjón sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu (GDP) 1994–1996**
Ísland	*0,13*
Bandaríkin	0,13
Bretland	0,14
Finnland	0,15
Þýskaland	0,17
Kanada	0,2
Danmörk	0,23
Sviss	0,23
Svíþjóð	0,23
Noregur	0,24
Belgía	0,40 (tölur frá 1988–1989)

Tafla 1. Brunatjón sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu (GDP) 1994–1996.[1]

Eins og sést er meðaltal Norðurlandanna (að Íslandi undanskildu) í þessum samanburði 0,21% sem jafngilti því að bætt brunatjón hér á landi væru um 1.120 millj. kr. á ári og eða næstum hálfum milljarði króna meiri en verið hefur að meðaltali sl. 20 ár.

Manntjón.

Við athugun á manntjóni í brunum er stuðst við upplýsingar frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Þar kemur í ljós að tveir farast í brunum hér á landi að meðaltali á ári eins og mynd 2 sýnir. Á þessu tímabili hafa orðið fjórir brunar þar sem tveir hafa farist en annars er um eitt banaslys að ræða í hverjum einstökum bruna.

[1] World Fire Statistics Centre, 15. september 1999. Íslenskar tölur eru fengnar frá Brunamálastofnun og verg þjóðarframleiðsla (GDP) frá Hagstofunni.



Mynd 2. Manntjón í brunum 1979–1999.

Þegar dreifing banaslysa yfir árið á þessu tímabili er skoðuð sést að flest slysin verða í skammdeginu en þau eru færri að sumarlagi.



Mynd 3. Dreifing banaslysa eftir mánuðum.

Þegar skoðað er í hvers konar húsakynnum banaslysin hafa orðið á þessu tímabili kemur í ljós að langflest eða 86% þeirra verða í heimahúsum.



Mynd 4. Banaslys í brunum eftir gerð húsnæðis.

Samanburður við önnur lönd.

Þegar manntjón er borið saman milli landa er almennt miðað við slys á 100 þúsund íbúa. Þá kemur í ljós að manntjón hér á landi er með því minnsta sem gerist eins og sést í töflu 2.

Land	**Manntjón á 100 þúsund íbúa 1994–1996**
Sviss	0,55
Ísland	*0,75*
Þýskaland	0,98 (tölur frá 1992–1993)
Svíþjóð	1,32
Belgía	1,32
Bretland	1,32
Kanada	1,42
Noregur	1,45
Danmörk	1,82
Bandaríkin	1,9
Finnland	2,12

Tafla 2. Manntjón á 100 þúsund íbúa 1994–1996.[2]

III. Helstu breytingar og nýmæli.

Í frumvarpi þessu er að finna allmörg nýmæli og nýjar áherslur. Helstu nýmæli eru að lögð er áhersla á að skýra ábyrgðarsvið ríkisins, þ.e. Brunamálastofnunar, annars vegar og

[2] World Fire Statistics Centre, 15. september 1999. Íslenskar tölur eru fengnar frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

sveitarfélaga hins vegar. Þannig fari Brunamálastofnun með yfirumsjón, vinni leiðbeiningar og tryggi eftir megni samræmt og faglegt eftirlit og virkt slökkvistarf á landinu öllu en sveitarfélögin annist framkvæmdina. Þá er lögð áhersla á að sveitarfélög auki samvinnu bæði á sviði eldvarnaeftirlits (forvarna) og starfsemi slökkviliða. Með því verði auðveldara að byggja upp faglega þekkingu á sviði brunavarna sem er nauðsynleg til að ná fram markmiðum frumvarpsins. Sterk rök hafa komið fram fyrir því að forsenda fyrir bættum brunavörnum, einkum í dreifbýli, sé stækkun umdæma eldvarnaeftirlits og slökkviliða. Með því verði einnig auðveldara að byggja upp faglega þekkingu á sviði brunavarna. Til að treysta og samræma starf slökkviliða og auka öryggi vegna eldsvoða ber sveitarfélögum að leggja fram áætlun um skipulag slökkvistarfa til samþykktar Brunamálastofnunar. Auk þess eru ákvæði til að framfylgja lögunum gerð mun skýrari en í gildandi lögum og einnig er gert ráð fyrir víðtækari þvingunarúrræðum en tiltæk eru samkvæmt gildandi lögum.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu nýmælum og breytingum samkvæmt frumvarpinu:

1. Lagt er til að í 1. gr. sé kveðið á um markmið nýrra laga og hvaða hagsmuni þeim er ætlað að vernda.
2. Lagt er til í 2. gr. að kveðið sé á um gildissvið laganna þannig að ljóst sé til hvaða þátta ný lög taki en nýmæli er að þau gildi um viðbrögð við mengunaróhöppum á landi.
3. Í 3. gr. er að finna skilgreiningar en slíkar skilgreiningar eru ekki í gildandi lögum.
4. Lagt er til að ábyrgð og hlutverk Brunamálastofnunar annars vegar og eldvarnaeftirlits slökkviliða komi skýrt fram, sbr. 5. og 12. gr. Þannig er gert ráð fyrir að Brunamálastofnun hafi yfirumsjónar- og samræmingarhlutverk gagnvart slökkviliðum en eiginlegt eldvarnaeftirlit sé falið staðbundnum eftirlitsaðilum, þ.e. slökkviliðum. Brunamálastofnun ber því ekki að koma beint að eftirlitinu sjálfu heldur er hlutverk hennar að fylgjast með því að eldvarnaeftirlit sinni skyldum sínum samkvæmt lögum og reglum og að liðsinna slökkviliðsstjórum eftir því sem þeir óska eftir. Rétt þykir að skilgreina sérstaklega verkefni eldvarnaeftirlits sveitarfélaga, sbr. 12. gr., til að kveða skýrt á um hlutverk þess.
5. Í 6. gr. er því lýst hvernig Brunamálastofnun skuli vinna að samræmingu brunavarna sem er eitt af meginhlutverkum hennar.
6. Lagt er til í 7. gr. að sérstakt brunamálaráð verði Brunamálastofnun og ráðherra til faglegrar ráðgjafar.
7. Lagt er til í 9. gr. að kveðið sé á um starfsemi Brunamálaskóla í lögum en ekki einungis í reglugerð eins og nú er, sbr. reglugerð nr. 195/1994, um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna, en gert er ráð fyrir að skólinn sé deild innan Brunamálastofnunar. Einnig er lagt til að ráðherra skipi skólaráð sem skal vera Brunamálastofnun til ráðgjafar um fagleg málefni skólans.
8. Lagt er til í 13. gr. að á hverju starfssvæði slökkviliðs liggi fyrir brunavarnaáætlun um skipulag slökkvistarfs sem Brunamálastofnun samþykkir.
9. Í 14. gr. er mælt fyrir um samvinnu sveitarstjórna um brunavarnir. Til að hvetja sveitarstjórnir til slíkrar samvinnu er lagt til í ákvæði I til bráðabirgða að Brunamálastofnun fái heimild til að veita í fimm ár frá gildistöku laganna tímabundinn fjárstuðning til þeirra sveitarfélaga sem sameinast um starfsemi eldvarnaeftirlits og slökkviliðs. Gert er ráð fyrir að árlegur fjárstuðningur verði að lágmarki mismunur á álögðu brunavarnagjaldi ársins og árlegum kostnaði við rekstur Brunamálastofnunar. Árið 1999 nam þess mismunur u.þ.b. 14 millj. kr.

10. Í 15. gr. eru settar fram kröfur um hæfisskilyrði slökkviliðsstjóra en í gildandi lögum eru engar slíkar hæfiskröfur.
11. Lagt er til í 21. gr. að þeim sem verður þess vís að eldur sé laus eða að mengunaróhapp hafi orðið eða hætta sé á slíkum atburðum beri að afstýra hættu ef honum er það kleift en ella aðvara þá sem kunna að vera í hættu.
12. Í 24. gr. er lagt til að byggingarnefnd skuli ávallt leita álits slökkviliðsstjóra áður en brunahönnun mannvirkja er afgreidd frá byggingarnefnd.
13. Lagt er til í 28. gr. að sú skylda sé lögð á vátryggingafélög að senda Brunamálastofnun ár hvert skýrslu um tjón af völdum bruna eða mengunaróhappa á landi. Þetta auðveldar Brunamálastofnun að hafa yfirsýn yfir tjón af völdum bruna eða mengunaróhappa.
14. Í IX. kafla frumvarpsins eru gerðar ítarlegar tillögur um þvingunarúrræði og viðurlög sem ætlað er að styrkja framkvæmd nýrra laga.
15. Í 34. gr. er lagt til að rýmka skilyrði refsingar þannig að heimilt sé að ákvarða refsingu vegna stórfellds gáleysis. Jafnframt er kveðið á um refsiábyrgð lögaðila. Rétt þykir að kveða á um refsiábyrgð lögaðila til samræmis við breytingu sem gerð var á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 140/1998.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni kemur fram markmið laganna og verndarandlag sem er líf, heilsa fólks, umhverfið og eignir. Þessu markmiði skal náð með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Grein þessi er nýmæli þar sem í gildandi lögum er ekki að finna sérstakt markmiðsákvæði.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna en það nær yfir eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi. Grein þessi er nýmæli en nauðsynlegt þykir að gildissvið nýrra laga komi skýrt fram. Starfsemi slökkviliða lítur annars vegar að eldvörnum og hins vegar að slökkvistörfum og viðbúnaði við mengunaróhöppum sem verða á landi. Það er nýmæli að slökkviliðum sé falið það hlutverk að hafa með höndum viðbúnað við mengunaróhöppum á landi. Rétt þykir að sú starfsemi sé hluti af starfsemi slökkviliða og hefur framkvæmdin víða verið sú að slökkviliðin sinni slíkum störfum. Nú ber enginn ábyrgð samkvæmt lögum á viðbúnaði við mengunaróhöppum og þykir því nauðsynlegt að kveða á um þetta hlutverk í nýjum lögum. Varnir vegna mengunaróhappa á landi eru eftir sem áður hjá Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og Vinnueftirliti ríkisins innan vinnustaða og vinnusvæða sem og vegna flutnings hættulegra efna á landi, sbr. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Eðli málsins samkvæmt kallar þetta nýja hlutverk brunamálayfirvalda á samvinnu við Hollustuvernd ríkisins, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Vinnueftirlit ríkisins, einkum hvað varðar þjálfun og fræðslu starfsmanna.

Frumvarpið tekur til starfsemi allra slökkviliða í landinu, þ.m.t. starfsemi slökkviliða flugvalla. Frumvarpið tekur hins vegar ekki til eldvarna í skipum, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum og öðrum vélknúnum ökutækjum enda heyrir eftirlit með þeim ekki undir eldvarnaeftirlit sveitarfélaga. Þannig annast faggiltar skoðunarstofur skoðun ökutækja, Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með skipum, Flugmálastjórn hefur eftirlit með loftförum og Vinnueftirlit ríkisins með vinnuvélum.

Frumvarpið tekur til starfsemi slökkviliða á landi. Slökkvistörf og viðbúnaður við mengunaróhöppum á sjó og í lofti falla því ekki undir lögin. Í lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, er að finna ákvæði um ábyrgð opinberra aðila vegna viðbúnaðar við mengunaróhöppum á sjó eða á ströndum. Frumvarpið nær til starfsemi slökkviliða á landi, þ.m.t. slökkvistörf í jarðgöngum, í skipum sem liggja í höfn og loftförum sem eru á jörðu niðri.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna grundvallarhugtök sem frumvarpið byggist á. Rétt þykir að skilgreina nokkur hugtök sem fram koma í frumvarpinu til að tryggja m.a. samræmda hugtakanotkun í málaflokknum um brunamál.

Hugtakið brunavarnir er skilgreint, sbr. heiti frumvarpsins, en það tekur til allrar þeirrar starfsemi sem fellur undir frumvarpið, sem er eldvarnir, starfsemi slökkviliða og aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Notkun hugtakanna brunavarnir og eldvarnir eru í almennu talmáli ekki nægjanlega skýr og þykir því rétt að skilgreina þessi hugtök þannig að hugtakanotkun sé samræmd.

Hugtakið mannvirki er skilgreint til samræmis við ákvæði 1. mgr. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Í byggingarreglugerð er mannvirki skilgreint í mgr. 4.26 sem jarðföst framkvæmd, t.d. virkjun, hús, brú, línumastur eða skiltastandur. Þessi skilgreining byggingarreglugerðar fellur undir þá skilgreiningu sem sett er fram í frumvarpinu. Samkvæmt skilgreiningunni eru jarðgöng mannvirki og falla þau því undir gildissvið laganna.

Skilgreining hugtaksins vöru er efnislega samhljóða þeirri skilgreiningu sem fram kemur í 3. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um yfirstjórn málaflokksins brunavarnir en hann er í höndum umhverfisráðherra eins og verið hefur frá 1. janúar 1998 þegar málaflokkurinn var fluttur frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Gert er ráð fyrir að Brunamálastofnun verði ráðherra til aðstoðar um þau málefni sem falla undir lögin.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Brunamálastofnunar. Lagt er til að heiti stofnunarinnar verði Brunamálastofnun en ekki Brunamálastofnun ríkisins eins og í gildandi lögum. Í greininni er talið upp í tíu stafliðum hlutverk Brunamálastofnunar. Greinin er að hluta til eins og 2. gr. gildandi laga en hér er skýrt kveðið á um að Brunamálastofnun hafi það hlutverk að vera samræmingaraðili og eftirlitsaðili með starfsemi slökkviliða til að tryggja samræmda framkvæmd brunamála á landinu öllu, sbr. a- og b-lið.

Lagt er til að Brunamálastofnun hafi faglega yfirumsjón með framangreindri starfsemi sveitarfélaga en að stofnunin komi sjálf ekki beint að eldvarnaeftirliti eða starfsemi að öðru leyti. Byggingaryfirvöld og slökkviliðsstjórar geta ávallt leitað eftir ráðgjöf stofnunarinnar að eigin frumkvæði, sbr. d- og f-lið.

Í c-lið er lagt til að Brunamálastofnun sjái um kynningar- og fræðslustarf og er þetta ákvæði samhljóma f-lið 2. gr. laganna.

Það nýmæli er í e-lið að lagt er til að Brunamálastofnun beri að samþykkja þjónustu- og eftrlitsaðila brunavarna en einkaaðilar hafa í auknu mæli tekið að sér þjónustu- og eftirlitshlutverk með ýmsum búnaði til brunavarna, svo sem úðakerfum, handslökkvitækjum o.fl. Einnig ber Brunamálastofnun að samþykkja brunavarnaáætlun.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli en hér er lýst því meginhlutverki Brunamálastofnunar að vinna að samræmingu brunavarna í landinu öllu og stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Skv. 5. gr. frumvarpsins er Brunamálastofnun falin yfirumsjón með öllu eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi í landinu. Þannig öðlast stofnunin yfirsýn yfir starfsemi slökkviliða og ber henni eftir fremsta megni að reyna að tryggja að eftirlit og slökkvistarf sé faglegt og virkt og með svipuðum hætti á landinu öllu. Til að svo geti orðið ber stofnuninni að vinna leiðbeiningar og gera úttektir og athuganir á starfsemi slökkviliða. Hér er markmiðið að búa öllum landsmönnum hliðstætt öryggi með tilliti til hættu af völdum eldsvoða.

Um 7. gr.

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ekki verði sett stjórn yfir Brunamálastofnun og þykir því rétt að starfandi verði sérstakt brunamálaráð sem sé Brunamálastofnun til faglegrar ráðgjafar.

Í greininni er lagt til að umhverfisráðherra skipi brunamálaráð til fjögurra ára í senn sem hafi það hlutverk að vera Brunamálastofnun til faglegrar ráðgjafar um þá þætti sem falla undir lögin. Ráðherra skal leita álits ráðsins um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir er falla undir starfssvið Brunamálastofnunar. Lagt er til að í ráðinu eigi sæti fulltrúar frá Brunatæknifélagi Íslands, Félagi slökkviliðsstjóra, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Samtökum atvinnulífsins. Hér er um að ræða sömu fulltrúa og nú eiga sæti í stjórn Brunamálastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga, fyrir utan að lagt er til að Samtök atvinnulífsins og Félag slökkviliðsstjóra eigi einnig fulltrúa í brunamálaráði. Rétt þykir að Félag slökkviliðsstjóra og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna eigi einn fulltrúa hvort í brunamálaráði enda eru þessi félög fagfélög slökkviliðsmanna og slökkviliðsstjóra í landinu.

Gert er ráð fyrir að brunamálaráð muni styrkja starfsemi Brunamálastofnunar enda eiga sæti í því helstu aðilar sem koma að framkvæmd brunamála. Með því að fela brunamálaráði að fjalla um stefnumótandi reglugerðir er m.a. leitast við að ná fram markmiðum reglugerða á sem hagkvæmastan hátt.

Um 8. gr.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir að starfandi verði sérstök stjórn yfir Brunamálastofnun er lagt til að forstjóri stofnunarinnar fari með stjórn hennar og beri þær skyldur sem stjórn stofnunarinnar hefur haft samkvæmt gildandi lögum. Forstjóri mun eftir sem áður bera ábyrgð gagnvart ráðherra. Þær breytingar sem lagðar eru til á yfirstjórn stofnunarinnar eru í samræmi við breytta stefnu í rekstrarmálum ríkisstofnana og mótaða stefnu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Af hálfu umhverfisráðuneytisins hefur verið unnið markvisst eftir þessari stefnu þannig að forstjórum þeirra stofnana sem heyra undir ráðuneytið sé falin sú ábyrgð sem stjórnir viðkomandi stofnana höfðu áður. Sem dæmi má nefna að með lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, var stjórn Hollustuverndar ríkisins lögð niður en hún hafði æðsta vald í málefnum stofnunarinnar og var forstjóra falið það vald sem stjórnin hafði áður. Með lögum nr. 169/1998, um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, var stjórn Náttúrufræðistofn-

unar Íslands lögð niður og forstjóra fengin þau verkefni sem henni höfðu verið falin og með lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, var stjórn Náttúruverndar ríkisins lögð niður.

Með hliðsjón af framangreindri breytingu á stjórn stofnunarinnar er í ákvæðinu lagðar til breyttar hæfiskröfur sem gerðar eru til brunamálastjóra en hann skal m.a. hafa reynslu af stjórnun. Ekki er lengur gerð krafa um tæknimenntun eins og er í gildandi lögum heldur skal brunamálastjóri hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar.

Um 9. gr.

Greinin er nýmæli þar sem ekki er að finna ákvæði í gildandi lögum um Brunamálaskóla. Í reglugerð nr. 195/1994, um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna, er fjallað um Brunamálaskólann, starfsemi hans og hlutverk. Rétt þykir að kveðið sé á um skólann í lögum en lagt er til að Brunamálskólinn sé sérstök deild innan Brunamálastofnunar. Skólinn skal annast umsjón með menntun og fræðslu slökkviliðsmanna og þ.m.t. starfsemi farskólans sem Brunamálastofnun ríkisins hefur rekið undanfarið til að þjálfa starfsmenn slökkviliða í landinu.

Jafnframt er lagt til að skipað verði skólaráð sem skal vera faglegur ráðgjafi Brunamálastofnunar um starfsemi og rekstur skólans. Nú starfar sérstök skólanefnd við Brunamálaskólann og ber hún ábyrgð á skólastarfi og stýrir því, sbr. reglugerð nr. 195/1994.

Gert er ráð fyrir að skólaráð skipuleggi starf Brunamálaskólans með tilliti til þeirra fjárveitinga sem honum eru ákveðnar í fjárlögum. Ráðið leggi starfsáætlun fyrir Brunamálastjóra í upphafi árs til samþykktar og beri ábyrgð á framkvæmd starfseminnar og að rekstur skólans sé innan samþykktra fjárheimilda. Varðandi kennslu og verklega þjálfun er gert ráð fyrir að nýta bæði þekkingu og aðstöðu sem stærri slökkviliðin í landinu hafa yfir að ráða á grundvelli samkomulags Brunamálastofnunar við viðkomandi slökkvilið. Þannig verður leitast við að nýta bestu þekkingu sem völ er á fyrir skólann og tækjabúnað og aðstöðu og reka skólann á sem hagkvæmastan hátt.

Um 10. gr.

Efnislega er greinin að hluta til eins og 1. mgr. 4. gr. gildandi laga. Í greininni kemur fram að ábyrgð á starfsemi slökkviliða og framkvæmd eldvarnaeftirlits er hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi og ber sveitarfélag því kostnað sem hlýst af framangreindri starfsemi. Samkvæmt upplýsingum frá Brunamálastofnun eru starfandi um 60 slökkvilið á landinu öllu en sveitarfélögin eru 124 talsins og hafa því allmörg sveitarfélög sameinast um rekstur slökkviliða. Eins og kom fram í almennum athugasemdum er lagt til í þessu frumvarpi að Brunamálastofnun hafi yfirumsjónar- og samræmingarhlutverk gagnvart starfsemi slökkviliða. Brunamálastofnun kemur því ekki beint að starfsemi slökkviliða heldur er það hennar hlutverk að fylgjast með því að þessu starfi sé sinnt samkvæmt lögum og reglum og sömuleiðis að veita slökkviliðum liðsinni óski þau eftir því.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta er efnislega að mestu óbreytt frá 5. gr. gildandi laga. Skyldur sveitarfélaga gagnvart eldvarnaeftirliti og slökkviliðum eru betur skilgreindar en gert er samkvæmt gildandi lögum. Þá er gerð tillaga um að felld sé brott 4. mgr. 5. gr. gildandi laga, enda er ákvæðið óþarft og er sjálfgefið að við gerð skipulagsáætlana beri sveitarfélögum að taka tillit til gildandi lagaákvæða um brunamál og annara viðeigandi lagaákvæða.

Um 12. gr.

Í greininni eru tilgreind helstu verkefni eldvarnaeftirlits sveitarfélaga. Greinin er nýmæli þar sem í gildandi lögum er ekki gerð sérstök grein fyrir hlutverki eldvarnaeftirlits sveitarfélaga innan slökkviliða. Starfsemi slökkviliða tekur til tveggja meginþátta, þ.e. eldvarnaeftirlits og slökkvistarfa og þykir því rétt að í frumvarpinu sé gerð sérstök grein fyrir hlutverki eldvarnaeftirlits sveitarfélaga. Í 3. gr. reglugerðar nr. 198/1994, um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun, er fjallað um markmið eldvarnaeftirlits sveitarfélaga og er grein þessi að hluta til byggð á þeirri grein.

Í a-lið kemur fram að hlutverk eldvarnaeftirlits sé að hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð. Því er mikilvægt að við lokaúttekt bygginga sé slökkviliðsstjóri eða fulltrúi hans ávallt viðstaddur. Benda má á að í byggingarreglugerð, nr. 441/1998, er fjallað um hlutverk slökkviliðsstjóra varðandi brunavarnir bygginga. Þar segir í mgr. 8.8 að slökkviliðsstjóri skuli gæta þess að ákvæðum laga og reglugerða um brunavarnir sé framfylgt. Í mgr. 53.1 sömu reglugerðar kemur fram að slökkviliðsstjóri skuli vera viðstaddur lokaúttekt bygginga ásamt byggingarfulltrúa.

Í c-lið er kveðið á um forvarnahlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga sem felst í því að leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum í viðkomandi sveitarfélagi um brunavarnir og eldsvoða til að fyrirbyggja að tjón verði af völdum eldsvoða eða mengunaróhappa. Þetta fræðsluhlutverk eldvarnaeftirlits er annað og í nánari tengslum við íbúa sveitarfélagsins en það sem lagt er til að Brunamálastofnun sinni, sbr. c-lið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Það starf er hluti af leiðbeiningar- og útgáfustarfsemi Brunamálastofnunar sem hefur m.a. að markmiði að samræma starfsemi slökkviliða í landinu.

Í e-lið er kveðið á um að eldvarnaeftirlit skuli halda skrá yfir mannvirki og staði þar sem hætta er á manntjóni eða öðru umtalsverðu tjóni af völdum eldsvoða. Hér er lagt til nýtt hlutverk eldvarnaeftirlits og er það mikilvægur liður í því að eldvarnaeftirlit geri sér sem besta grein fyrir því hvaða starfsemi eða svæði séu hættulegust með tillit til eldsvoða innan síns umdæmis. Slík skráning er mikilvæg viðmiðun þegar samin er brunavarnaáætlun fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Um 13. gr.

Hér er mælt fyrir um brunavarnaáætlun sem skal liggja fyrir á hverju starfssvæði slökkviliðs og skal endurskoða eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Grein þessi er nýmæli en mikilvægt þykir að sveitarfélög fari yfir starfsemi slökkviliðs þannig að tryggt sé að slökkvilið ráði við þau verkefni sem þeim er falin samkvæmt lögunum. Hér ber sveitarfélagi að horfa til mannafla slökkviliðs, menntunar og þjálfunar þess og skipulagningar, sem og þess tækjabúnaðar sem slökkvilið hefur yfir að ráða miðað við aðstæður í viðkomandi sveitarfélagi. Áður en brunavarnaáætlun öðlast gildi þarf hún að hljóta samþykki Brunamálastofnunar. Brunamálastofnun ber að fara yfir allar áætlanir og meta hvort öryggisþáttum laganna sé fullnægt. Brunamálastofnun öðlast þannig yfirsýn og þekkingu á starfsemi einstakra slökkviliða og getur þannig gegnt samræmingarhlutverki sínu betur.

Í 2. mgr. er lagt til að Brunamálastofnun gefi út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlana. Í brunavarnaáætlun skal taka tillit til hlutverks slökkviliða hvað varðar viðbrögð við mengunaróhöppum.

Um 14. gr.

Í greininni er að finna nýmæli um samvinnu sveitarfélaga um brunavarnir. Á síðustu árum hafa sveitarfélögin aukið samstarf sín á milli varðandi brunavarnir. Sveitarfélögum er í 1. mgr. veitt heimild til að hafa samvinnu sín á milli. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er lögð áhersla á að sveitarfélög auki samvinnu sín á milli bæði hvað varðar eldvarnaeftirlit og starfsemi slökkviliða. Með stækkun umdæma og slökkviliða er lögð áhersla á aukna samræmingu í starfsemi slökkviliða, meiri fagþekkingu og hagræðingu sem meðal annars felst í betri búnaði slökkviliða og þannig meira öryggi gagnvart eldsvoðum. Til samanburðar má geta þess að á síðustu árum hefur heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og heilbrigðiseftirlitssvæðum verið fækkað með sameiningu svæða og nefnda og hefur sú samræming heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga gefist vel.

Í 2. mgr. er sveitarfélögum, tveimur eða fleiri, veitt heimild til að semja sín á milli um sameiginlegt eldvarnaeftirlit og slökkvilið. Sveitarstjórn getur samið við annað sveitarfélag um að það taki yfir starfsemi slökkviliðs þess umdæmis að öllu leyti þannig að starfsemi slökkviliðsins færist til annars sveitarfélags sem sinnti þá báðum sveitarfélögunum. Eins geta sveitarfélög samið um það að einungis afmarkaður þáttur í starfsemi slökkviliðs flytjist undir stjórn annars sveitarfélags, svo sem starfsemi eldvarnaeftirlits. Ef t.d. einungis er samið um slökkvistarf þarf að tryggja að eldvarnaeftirlit sé viðunandi í sveitarfélaginu. Með slíkum samningum þarf ætíð að tryggja að hvert sveitarfélag hafi aðgang að slökkviliði sem þjóni íbúum sveitarfélagsins. Því er lögð sú skylda á sveitarfélög sem gera með sér slíkan samning að þau tilkynni það til Brunamálastofnunar.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um ráðningu slökkviliðsstjóra og hæfisskilyrði til að geta gegnt starfi sem slökkviliðsstjóri. Slökkviliðsstjóri skal hafa öðlast löggildingu sem slökkviliðsmaður, sbr. 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins, en þar eru skilyrði fyrir löggildingu rakin. Auk þess að vera löggiltur slökkviliðsmaður skal slökkviliðsstjóri hafa starfað að lágmarki í eitt ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður. Rétt þykir að gera meiri kröfur til slökkviliðsstjóra en slökkviliðsmanna þar sem slökkviliðsstjórar gegna mikilvægu hlutverki við framkvæmd brunavarna og því er þýðingarmikið að þeir hafi yfir tiltekinni þekkingu og þjálfun að ráða.

Greinin er nýmæli þar sem í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um þau skilyrði sem slökkviliðsstjórar þurfi að uppfylla til að geta starfað sem slökkviliðsstjórar heldur koma þar eingöngu fram kröfur sem gerðar eru til slökkviliðsmanna, sbr. 8. gr. gildandi laga.

Í ljósi þess að það kunni að vera erfiðleikum háð að fullnægja þessum skilyrðum er lögð til sú undantekning að reynist ekki unnt að fá til starfa slökkviliðsstjóra sem uppfyllir hæfisskilyrði laganna sé heimilt að ráða slökkviliðsstjóra tímabundið til starfa þó að hann uppfylli ekki tilgreind hæfisskilyrði. Þetta er þó ekki heimilt lengur en til tveggja ára. Í slíkum tilvikum yrði hins vegar að auglýsa starfið að nýju þegar tímabundnum samningi er lokið til að freista þess að fá til starfa slökkviliðsstjóra sem uppfyllir hæfisskilyrði laganna.

Í 3. mgr. er lagt til að skylt sé að ráða slökkviliðsstjóra sem hafi umsjón með starfi slökkviliðs á svæðinu í þeim tilvikum þegar sveitarfélög sameinast um slökkvilið, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Þegar svo háttar til að sveitarfélög sameinast um rekstur slökkviliðs ber sveitarfélögum að koma sér saman um einn slökkviliðsstjóra sem hefur yfirumsjón með viðkomandi slökkviliði.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um þau verkefni sem slökkviliðsstjóra ber að hafa með höndum. Í núgildandi lögum er ákvæði um verkefni slökkviliðsstjóra að finna í 6., 14. og 15. gr. og er ákvæði þetta að hluta til byggt á þeim greinum. Í samræmi við gildissvið nýrra laga um að þau taki til mengunaróhappa á landi er lagt til að slökkviliðsstjóri stjórni aðgerðum á vettvangi við mengunaróhöpp á landi. Eins ber slökkviliðsstjóra að vinna brunavarnaáætlun á starfssvæði slökkviliðs, sbr. 13. gr. frumvarpsins, og skal hann leggja hana fyrir viðkomandi sveitarstjórn. Sveitarstjórn ber síðan að leggja brunavarnaáætlun fyrir Brunamálastofnun til samþykkis.

Um 17. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Í greininni er kveðið á um hæfisskilyrði slökkviliðsmanna til að hljóta löggildingu. Í ákvæðinu er sett fram skilyrði um menntun og starfsreynslu til að öðlast löggildingu. Annars vegar er um að ræða að viðkomandi hafi lokið námi fyrir slökkviliðsmenn sem Brunamálaskólinn stendur fyrir eða hlotið sambærilega menntun á þessu sviði og Brunamálaskólinn metur jafngilda. Hitt skilyrðið er að viðkomandi hafi gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi í a.m.k. eitt ár. Ráðherra skal veita löggildingu. Í reglugerð skal ráðherra kveða nánar á um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu.

Um 18. gr.

Ákvæðið er nánast óbreytt frá 10. gr. gildandi laga. Þær breytingar sem gerðar hafa verið felast í því að lagt er til að slökkviliðsmenn séu tryggðir við störf sín og æfingar vegna mengunaróhappa á landi og er það í samræmi við gildissvið laganna. Jafnframt er mælt fyrir um í ákvæðinu að lágmarkstrygging slökkviliðsmanna skuli vera í samræmi við slysatryggingar starfsmanna sveitarfélaga samkvæmt kjarasamningum. Þar sem slökkviliðsmenn eru starfsmenn sveitarfélaga þykir rétt að slysatryggingar þeirra miðist við slysatryggingar starfsmanna sveitarfélaga en ekki starfsmanna ríkisins eins og er í gildandi lögum.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar er nánast óbreytt frá 7. gr. gildandi laga nema hvað hér hefur verið felld brott 4. mgr. þeirrar greinar sem fjallar um skyldu slökkviliðsstjóra til að halda slökkviliðsæfingar eins oft og áskilið er í reglugerð. Ekki er talin þörf á þessu ákvæði auk þess sem benda má á að í brunavarnaáætlun ber að fjalla um æfingar slökkviliðs.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um þær heimildir sem slökkvilið hefur til að geta sinnt skyldum sínum. Greinin er að hluta til byggð á 15., 16. og 25. gr. gildandi laga en rétt þótti að færa öll þau ákvæði sem fjalla um heimildir slökkviliðs í eina grein. Skv. 1. mgr. er slökkviliðsstjóra og starfsmönnum hans heimilaður aðgangur að atvinnuhúsnæði og öðrum vinnustöðum þar sem eftirlits er þörf.

Í 3. mgr. er slökkviliði heimilt að veita aðstoð vegna mengunaróhappa á landi utan eigin umdæmis til samræmis við gildissvið laganna.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um almennar skyldur einstaklinga til að koma í veg fyrir tjón af völdum eldsvoða og mengunaróhappa eða takmarka þau með einhverjum hætti. Í 1. mgr. er að finna

ákvæði sem var áður 12. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, en gildandi lög um brunavarnir og brunamál tóku við af þeim lögum. Ákvæðið var að finna í frumvarpi til gildandi laga um brunavarnir og brunamál en var fellt út í meðferð Alþingis. Rétt þykir að í frumvarpi þessu sé kveðið á um þá almennu skyldu borgaranna að gera það sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir tjón af völdum eldsvoða eða að draga úr því eins og kostur er og er því lagt til að ákvæðið komi inn í frumvarpið. Jafnframt er lagt til að sama skylda hvíli á borgurunum við mengunaróhöpp á landi, í samræmi við markmið frumvarpsins.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá 12. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. mgr. er að hluta til eins og 13. gr. gildandi laga. Sú breyting er gerð á ákvæðinu að sveitarstjórn er gert skylt að greiða kostnað sem kann að falla til vegna aðgerða við framkvæmd slökkvistarfs sem ekki er greiddur af vátryggingafélagi. Sá sem verður fyrir fjárhagstjóni vegna aðgerða slökkviliðs getur orðið fyrir því að fá ekki tjón sitt bætt að fullu í þeim tilvikum þegar brunatrygging er ekki fyrir hendi eða þegar tryggingin bætir ekki tjónið að fullu. Ekki þykir rétt í slíkum tilvikum að sá sem verður fyrir tjóni vegna aðgerða slökkviliðs þurfi að bera tjón sitt sjálfur reynist það ekki bætt af vátryggingafélagi. Sú skylda er því lögð á viðkomandi sveitarstjórn að bæta honum tjónið.

Um 22. gr.

Greinin er nánast óbreytt frá 20. gr. gildandi laga. Í greininni er auk þess fjallað um meðferð annarra hættulegra efna en eldfimra, til samræmis við breytt gildissvið að því er varðar mengunaróhöpp á landi.

Um 23. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þær skyldur sem lagðar eru á eigendur og forráðamenn mannvirkis hvað varðar brunavarnir þess. Þannig bera þessir aðilar ábyrgð á því að fullnægt sé kröfum um brunavarnir sem koma fram í lögum og reglugerðum um brunamál og brunavarnir, að þær séu virkar og haft sé eftirlit með þeim. Greinin er efnislega samhljóða 1., 2., 3. og 6. mgr. 18. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er eiganda og forráðamanni mannvirkis m.a. gert skylt að hlíta fyrirmælum sem fram koma í lögum um eiturefni og hættuleg efni. Hér er um að ræða breytingu frá gildandi lögum og sett fram til samræmis við breytt gildissvið af því er varðar mengunaróhöpp á landi.

Í 3. mgr. er sú skylda lögð á byggingarnefnd að leita álits slökkviliðsstjóra áður hún veitir samþykki fyrir breytingu á mannvirki eða starfsemi. Í gildandi lögum er eiganda og forráðmanni gert skylt að fá samþykki byggingarnefndar og slökkviliðsstjóra. Rétt þykir að byggingarnefnd leiti álits slökkviliðsstjóra áður en erindi um breytingu á mannvirki eða starfsemi er afgreitt. Ákvæðið er til samræmis við 1. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, þar sem segir að óheimilt sé að breyta húsi eða notkun þess nema að fegnu leyfi sveitarstjórnar.

Fellt hefur verið brott ákvæði 8. mgr. 18. gr. gildandi laga um að eiganda eða forráðamanni mannvirkis og tryggingafélagi beri að gera viðeigandi ráðstafanir til björgunar verðmæta eftir bruna þar sem ekki þykir þörf á að kveða á um slíka skyldu manna í lögum.

Um 24. gr.

Hér er fjallað um þau mannvirki þar sem er sérstök eldhætta, hætta á manntjóni eða hætta á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Greinin tekur bæði til nýbyggðra mannvirkja og mann-

virkja sem tekin hafa verið í notkun. Greinin er nær samhljóða 4., 5. og 7. mgr. 18. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. kemur fram að brunahönnun skuli samþykkt í byggingarnefnd. Einnig er lögð sú skylda á byggingarnefnd að hún leiti álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt af byggingarnefnd.

Í 3. mgr. er slökkviliðsstjóra veitt heimild að höfðu samráði við sveitarstjórn til að gera kröfur um sérstakar ráðstafanir til brunavarna í mannvirkjum þar sem er sérstök eldhætta. Í gildandi lögum er Brunamálastofnun veitt þessi heimild en eðlilegt þykir að slík heimild sé í höndum slökkviliðsstjóra, enda er honum falið hið eiginlega eftirlitsvald á staðnum samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 25. gr.

Í greininni er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til brunaöryggis vöru og er hér kveðið skýrt á um ábyrgð framleiðanda, innflytjanda og seljanda á því að varan uppfylli öryggiskröfur á Evrópska efnahagssvæðinu. Þær kröfur sem hér eru gerðar um öryggi vöru eru að hluta til þær sömu og koma fram í 1. mgr. 17. gr. gildandi laga. Í gildandi lögum eru hins vegar eingöngu gerðar kröfur til seljenda en hér er lagt til að innflytjendur og framleiðendur beri jafnríka ábyrgð og seljendur vöru en hugtakið vara er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins.

Ef vara hefur ekki viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu skal leita viðurkenningar Brunamálastofnunar á brunaöryggi vörunnar áður en hún er sett á markað. Kostnaður við slíka viðurkenningu skal greiddur af þeim sem sækir um viðurkenningu. Ávallt er skylt að hlíta leiðbeiningum framleiðanda um notkun vörunnar. Verði ágreiningur um notkunarsvið vöru skal leita úrskurðar Brunamálastofnunar, en slíkum úrskurðum stofnunarinnar er unnt að skjóta til ráðherra eins og öðrum ákvörðunum sem stofnunin tekur í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Sú skylda hvílir á framleiðanda, seljanda og innflytjanda að vara uppfylli kröfur um öryggi vöru. Rétt þykir að Brunamálastofnun hafi heimild til að banna sölu vöru sem ekki fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til vörunnar. Við meðferð slíkra mála ber Brunamálastofnun að fara eftir ákvæðum IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

Um 26. gr.

Ákvæðið er að mestu óbreytt frá 21. gr. gildandi laga. Ekki er þó lengur skylt að tilkynna bruna til vátryggingafélaga. Ekki þykir rétt að leggja slíka almenna skyldu á þá sem verða fyrir brunatjóni í lögum, enda er gert ráð fyrir því að tjónþoli tilkynni tjón sitt til viðkomandi tryggingafélags.

Um 27. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 22. gr. gildandi laga. Þar sem Löggildingarstofa hefur tekið við hlutverki Rafmagnseftirlits ríkisins er lögreglu gert skylt að tilkynna um eldsvoða og rannsókn sína til Löggildingarstofu.

Um 28. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega óbreytt frá 22. gr. a gildandi laga. Hér er kveðið á um skyldu Brunamálastofnunar til að rannsaka eldsvoða í því skyni að kanna orsakir hans. Þessi skylda er lögð á Brunamálastofnun í þeim tilvikum þegar tjón er verulegt og þegar manntjón verður. Slíkar rannsóknir ber Brunamálastofnun að gera í því skyni að auka þekkingu á orsökum og

afleiðingum eldsvoða og ætti það að gera stofnuninni betur kleift að sinna fræðslu- og ráðgefandi hlutverki sínu.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli, sett fram í því skyni að auka yfirsýn Brunamálastofnunar yfir brunatjón og tjón af völdum mengunaróhappa sem bætt eru af vátryggingafélögum. Með þessu ákvæði er ekki gerð sú krafa að gefnar séu upplýsingar um bætur fyrir hvert einstakt tjón heldur ber vátryggingafélögum ár hvert að upplýsa hver sé heildartjónakostnaður þeirra.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um þau þvingunarúrræði sem slökkviliðsstjóri beitir til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis sem tekið hefur verið í notkun.

Greinin er nýmæli og kveður hún á um úrræði sem slökkviliðsstjóri getur gripið til telji hann að brotið hafi verið gegn ákvæðum laganna eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Í gildandi lögum eru þvingunarúrræði ekki nægjanleg til að slökkvilið geti sinnt sem best skyldum sínum þannig að öryggi fólks og eigna sé tryggt. Þar sem hér er um að ræða úrræði sem leggja skyldur á þann aðila sem þau beinast gegn þykir rétt að gera skýra grein fyrir þeim úrræðum sem slökkviliðsstjóri getur gripið til.

Slökkviliðsstjóri getur veitt áminningu og veitt aðila tilhlýðilegan frest til að gera úrbætur. Þetta er fyrsta stig aðgerða og beitt í þeim tilvikum þegar ekki er um að ræða eins alvarleg tilvik og mælt er fyrir um í 2. og 3. tölul. 2. mgr., sbr. skýringar við 30. og 31. gr. frumvarpsins

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í greininni, sem er nýmæli, er kveðið á um öryggisvakt sem slökkviliðsstjóri getur fyrirskipað á kostnað eiganda og jafnframt skal hann veita skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta. Þessu úrræði er beitt ef unnt er að tryggja lágmarksöryggi fólks með aðgerðum til bráðabirgða á meðan unnið er að úrbótum. Í slíkum tilvikum er notkun mannvirkis heimil á meðan á úrbótum stendur en það skilyrði sett að staðin sé öryggisvakt þar til viðeigandi úrbótum er lokið að mati slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri skal ákveða fyrirkomulag og umfang öryggisvaktar hverju sinni og ákveða hver skuli sinna henni í samráði við eiganda eða forráðamann. Ekki er gerð krafa um að starfsmenn slökkviliðs sinni almennt öryggisvakt heldur er hægt að fela slíkt verkefni til þess hæfum aðila. Beita skal þessu úrræði ef unnt er í stað þess að banna notkun mannvirkis að hluta eða öllu leyti, enda er það úrræði mjög íþyngjandi.

Um 31. gr.

Hér er kveðið á um heimildir slökkviliðsstjóra til að banna notkun mannvirkis að hluta til eða að öllu leyti. Skv. 4. mgr. 26. gr. gildandi laga er skylt að loka mannvirki ef almannahætta stafar af því að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt. Hér eru skilyrði slökkviliðsstjóra til að krefjast lokunar mannvirkis rýmkuð þannig að ef um alvarleg tilvik eða ítrekað brot er að ræða er heimilt að loka mannvirki. Slökkviliðsstjóri gæti t.d. krafist lokunar ef af mannvirki stafar bráð hætta. Jafnframt getur slökkviliðsstjóri krafist lokunar ef aðili sinnir ekki úrbótum innan þeirra tímamarka sem sett hafa verið um að gera viðeigandi úrbætur, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 29. gr.

Telji slökkviliðsstjóri nauðsynlegt að loka mannvirki til þess að bann komist til framkvæmda skal hann krefjast lokunar af lögreglustjóra. Slökkviliðsstjóri getur jafnframt bannað notkun mannvirkis að hluta en heimilað notkun þess að öðru leyti.

Þegar slökkviliðsstjóri krefst lokunar mannvirkis skal hann tilkynna hlutaðeigandi sveitarstjórn, eiganda og/eða forráðamanni um fyrirhugaða lokun. Mikilvægt er að framangreindir aðilar fái vitneskju um að lokun eigi að fara fram. Notkun mannvirkis er ekki heimil að nýju fyrr en framkvæmdar hafa verið viðeigandi úrbætur að mati slökkviliðsstjóra og lögreglustjóra.

Um 32. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til að beita dagsektum. Slík heimild er fyrir hendi skv. 3. mgr. 26. gr. gildandi laga. Í greininni er ekki veitt heimild til að krefjast dagsekta nema slökkviliðsstjóri hafi áður krafist úrbóta og ekki hafi verið gerðar viðeigandi ráðstafanir innan þess frests sem slökkviliðsstjóri hefur sett, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 29. gr. frumvarpsins. Áður en dagsektum er beitt skal slökkviliðsstjóri hafa veitt aðila áminningu um að heimilt sé að krefjast dagsekta verði ekki orðið við kröfu slökkviliðsstjóra um úrbætur innan tilskilins frests. Slökkviliðsstjóri veitir slíka áminningu með því bréfi sem hann sendir á grundvelli 1. og 2. tölul. 29. gr. Lagt er til að hámark dagsekta sé 500.000 kr. á dag. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um hvert sé hámark dagsekta. Þar sem dagsektir eru þvingunarúrræði og leggja kvaðir á aðila verður að kveða skýrt á um það í lögum hver sé hámarksupphæð dagsekta. Dagsektum verður ekki beitt nema með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Um 33. gr.

Í greininni er fjallað um heimild ráðherra til að grípa til nauðsynlegra aðgerða á kostnað sveitarfélags telji hann að sveitarstjórn sinni ekki skyldum sínum eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um. Greinin er að hluta til eins og 2. mgr. 27. gr. gildandi laga. Lögð er til sú breyting frá gildandi lögum að það sé í höndum ráðherra að meta hvort grípa þurfi til aðgerða gagnvart sveitarstjórn. Í gildandi lögum er ráðuneytinu gert skylt að veita sveitarstjórn áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslu ef Brunamálastofnun hefur tilkynnt ráðuneytinu að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögunum. Samkvæmt gildandi lögum er það því Brunamálastofnun ríkisins sem tekur ákvörðun um það hvort veita eigi sveitarstjórn áminningu en nú er lögð til sú breyting að ráðherra ákveði hverju sinni hvort grípa þurfi til nauðsynlegra aðgerða gagnvart sveitarstjórn.

Um 34. gr.

Hér er kveðið á um refsingu fyrir brot gegn ákvæðum laganna og reglugerðum með stoð í þeim. Varðar brot sektum eða fangelsi allt að tveimur árum séu sakir miklar. Ákvæðið er að hluta til eins og 31. gr. gildandi laga. Þó er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að heimilt er að beita refsingu ef brot er framið af stórfelldu gáleysi. Í gildandi lögum er ásetningur skilyrði refsingar. Markmið frumvarps þessa er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir, sbr. 1. gr. Brot gegn ákvæðum laganna og þeim reglugerðum sem eiga sér stoð í þeim geta því varðað mikilvæga hagsmuni eins og líf og heilsu manna. Með hliðsjón af því hversu brot geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér þykir rétt að rýmka refsiskilyrðin frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsiábyrgð lögaðila og er ákvæðið nýmæli. Rétt þykir að kveða á um refsiábyrgð lögaðila til samræmis við breytingu sem gerð var á almennum hegningarlögum, sbr. lög nr. 140/1998. Hér er ekki gert að skilyrði að sök sé sönnuð á starfsmann lögaðila til að heimilt sé ákvarða lögaðila sekt.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli en þar er kveðið á um rétt aðila til að kæra ákvörðun til ráðherra. Hér er um að ræða að ákvarðanir lægra setts stjórnvalds séu kæranlegar til ráðherra. Aðili getur t.d. kært ákvörðun Brunamálastofnunar eða slökkviliðsstjóra til ráðherra ef þær varða framkvæmd laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Aðili á slíkan kærurétt samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, en rétt þykir að hafa ákvæði um kæruheimild aðila í frumvarpinu til upplýsingar fyrir þá sem kunna að lenda í ágreiningi vegna framkvæmdar laganna.

Ákvæði 2. mgr. er eins að efni og 5. mgr. 26. gr. gildandi laga. Rétt þykir að Brunamálastofnun geti kveðið upp úr um ágreining sem kann að koma upp vegna framkvæmda þeirra þvingunarúrræða sem heimiluð eru í lögunum, sbr. 29.–32. gr. Ef aðili sættir sig ekki við ákvörðun Brunamálastofnunar er ætíð heimilt að kæra slíka ákvörðun til ráðherra, sbr. ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

Um 37. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá 23. gr. gildandi laga. Sú breyting er þó lögð til í 1. mgr. að fjárhæð brunavarnagjalds sé fastákveðin upphæð en ekki sé veitt það svigrúm sem er í gildandi lögum til að ákveða hversu hátt gjaldið skuli vera af vátryggingarfjárhæð brunatryggðra fasteigna og lausafjár. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af því að brunavarnagjald er skattur og ber því að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til skattlagningarheimilda.

Brunavarnagjald hefur staðið undir rekstri Brunamálastofnunar og er ekki gerð tillaga um breytingu þar á. Undanfarin ár hefur innheimt brunavarnagjald verið nokkuð hærra en rekstrarkostnaður Brunamálastofnunar. Líklegt er að verði frumvarpið að lögum leiði það til einhverrar aukningar á rekstrarkostnaði stofnunarinnar. Hins vegar er lagt til að sá mismunur sem er á innheimtu brunavarnagjaldi og rekstrarkostnaði Brunamálastofnunar verði nýttur næstu fimm ár til að styðja þau sveitarfélög sem sameinast um rekstur slökkviliða og þurfa að leggja í tímabundinn kostnað vegna þess, sbr. ákvæði I til bráðabirgða. Þegar þeim stuðningi lýkur árið 2005 verði endurskoðað hvort rétt sé að lækka hlutfallstölu brunavarnagjaldsins.

Um 38. gr.

Ákvæði greinarinnar er að hluta til eins og 24. gr. gildandi laga. Hér er þó gerð sú breyting frá gildandi lögum að fjárhæð styrkveitinga er ekki lengur bundin við ákveðið hlutfall brunavarnagjaldsins ár hvert heldur skal upphæð styrkveitinga vera ákveðin í fjárlögum á hverju ári. Eðlilegra er að fjárhæð styrkja miðist við þörf hverju sinni.

Samkvæmt reglugerð um Fræðslusjóð brunamála, nr. 138/1993, hefur stjórn Brunamálastofnunar farið með úthlutun námsstyrkja. Lagt er til að Brunamálastofnun annist úthlutun námsstyrkja að fenginni umsögn brunamálaráðs.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2001 þar sem rétt þykir að þeir aðilar sem vinna eiga eftir nýjum lögum hafi nokkurn tíma til að laga sig að þeim breytingum sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Frá sama tíma munu gildandi lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, falla úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Með frumvarpinu er leitast við að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf á öllu landinu. Fram hefur komið í viðræðum við þá aðila sem þekkja vel til framkvæmdar brunavarna um allt land að aukin samvinna, einkum hinna smærri sveitarfélaga, muni geta leitt til úrbóta í samræmi við markmið frumvarpsins. Til að koma slíkri samvinnu á hjá sveitarfélögum er talið óhjákvæmilegt að styrkja núverandi starfsemi þeirra tímabundið, a.m.k. á meðan verið er að koma samstarfinu á og þróa það. Því er lagt til að á fjárlögum næstu fimm ára, 2001–2005, verði þeim hluta brunavarnagjalds sem ekki rennur til reksturs Brunamálastofnunar varið til að styrkja sveitarfélög sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um úthlutun þessa þar sem tekið verði tillit til þarfa viðkomandi sveitarfélags vegna sameiningar um rekstur.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Brunamálastofnun ber að gefa út leiðbeiningar um gerð og efni brunavarnaáætlana innan sex mánaða frá gildistöku nýrra laga.

Í ákvæðinu eru sett tímamörk um það hvenær brunavarnaáætlanir, sbr. 13. gr., þurfi að liggja fyrir, en það er skal vera eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildisstöku nýrra laga.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæði frumvarpsins um hæfisskilyrði slökkviliðsstjóra gilda ekki um þá slökkviliðsstjóra sem ráðnir hafa verið til starfa áður en ný lög taka gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Rétt þykir að sameina ákvæði sem heyra undir umhverfisráðuneytið og fjalla um öryggi bygginga og byggingarefni, en þau er nú að finna í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og í frumvarpi þessu verði það að lögum. Samhliða endurskoðun laganna kemur til álita að færa stjórnsýslu byggingarmála á eina hendi og einfalda þannig og samhæfa framkvæmd þessa málaflokks.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina tilgang og ábyrgðarsvið Brunamálastofnunar og annarra sem fara með bruna- og mengunarvarnir á landi.

Brunavarnagjald er 0,045 prómill af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Gjaldið hefur undanfarin ár gefið meiri tekjur en sem nemur rekstri Brunamálastofnunar. Áætlaður afgangur fyrir árið 2000 er 13 m.kr. Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að mismunur á álögðu brunavarnagjaldi og kostnaði við rekstur Brunamálastofnunar fyrir árin 2001–2005 verði veittur í styrktarframlög til smærri sveitarfélaga til að auðvelda þeim að sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs. Gert er ráð fyrir að sú upphæð nemi 13 m.kr. á ári eða alls 65 m.kr. allt tímabilið. Vakin er athygli á því að í fjárlögum fyrir árið 2000 eru ákvæði um að tekjur af brunamálagjaldi umfram 87 m.kr. renni í ríkissjóð.

766. Frumvarp til laga [486. mál]

um dómtúlka og skjalaþýðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Með dómtúlk og skjalaþýðanda er í lögum þessum átt við þann sem öðlast hefur löggildingu til að annast túlkun fyrir dómi og þýðingu skjala sem hafa réttarlegt gildi.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

2. gr.

Löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi má veita þeim sem:

a. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að annast túlkun og þýðingar,
b. hefur lokið háskólaprófi, sem jafngildir meistaragráðu frá Háskóla Íslands, í því tungumáli sem hann óskar eftir að öðlast starfsréttindi í,
c. hefur staðist próf skv. 3. gr.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði b-liðar 1. mgr., enda mæli prófstjórn skv. 3. gr. með því.

3. gr.

Sá sem óskar eftir að öðlast löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi skal standast próf sem sýni að hann hafi þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að gegna starfinu.

Til að annast framkvæmd prófs skipar dómsmálaráðherra þriggja manna prófstjórn til fjögurra ára í senn. Til að meta úrlausnir í einstökum tungumálum skipar ráðherra þriggja manna prófnefnd fyrir hvert tungumál. Skipun prófnefndar gildir fyrir hvert próf sem haldið er.

Í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum prófstjórnar skal kveðið nánar á um framkvæmd prófs og mat prófúrlausna. Efnt skal til prófraunar að jafnaði annað hvert ár.

Sé óskað réttinda í tungumáli sem ekki er unnt að efna til prófs í sökum þess að ekki er fyrir hendi viðhlítandi þekking á því tungumáli hér á landi er dómsmálaráðherra heimilt að

veita löggildingu samkvæmt tillögu prófstjórnar, enda hafi umsækjandi sýnt fram á kunnáttu sína í íslensku sem og í hinu erlenda tungumáli á þann hátt sem prófstjórn metur gildan. Einnig er ráðherra heimilt að veita löggildingu til skjalaþýðingar á grundvelli erlendrar löggildingar, enda taki sú löggilding til íslensku.

Að fenginni tillögu prófstjórnar ákveður dómsmálaráðherra gjald sem umsækjendum ber að greiða fyrir að þreyta prófraun. Skal upphæð þess miðuð við kostnað við prófraunina. Gjaldið er óendurkræft þótt umsækjandi hverfi frá prófi eða standist það ekki.

4. gr.

Umsókn um löggildingu skal beint til dómsmálaráðherra. Umsækjandi skal leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum 2. gr. Hann skal vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem dómtúlki eða skjalaþýðanda og gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptamönnum sínum. Fyrir útgáfu löggildingar skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Dómsmálaráðherra gefur út löggildingarskírteini fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur. Sá einn getur hlotið löggildingu sem dómtúlkur sem jafnframt er löggiltur sem skjalaþýðandi.

Skjalaþýðendur skulu auðkenna og undirrita skjöl þau er þeir þýða eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur.

Dómsmálaráðherra skal halda skrá um þá sem hafa löggildingu sem dómtúlkar og skjalaþýðendur. Þeir skulu tilkynna ráðuneytinu hvar starfsstöð þeirra er og breytingar á henni.

5. gr.

Nú fullnægir skjalaþýðandi eða dómtúlkur ekki skilyrðum til að fá löggildingu og skal dómsmálaráðherra þá afturkalla löggildingu hans.

Hafi löggilding verið afturkölluð skal hún veitt að nýju eftir umsókn án endurgjalds eða prófraunar ef fullnægt er öllum skilyrðum til að öðlast löggildingu.

6. gr.

Sá einn má nefna sig dómtúlk eða skjalaþýðanda sem hefur til þess löggildingu. Öðrum er óheimilt að nota íslensk eða erlend heiti sem til þess eru fallin að villast megi á þeim og þessum heitum hvort sem um er að ræða starfsheiti einstakra manna eða firmaheiti. Brot gegn þessu varða sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2000. Falla þá úr gildi lög um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, nr. 32 2. nóvember 1914, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur frá árinu 1914, en þau lög eru nefnd lög um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur, nr. 32/1914.

Í gildandi lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur er mælt fyrir um heimild til að veita mönnum rétt til að annast þjónustu á þessu sviði og heimila lögin Stjórnarráðinu að setja reglur um próf fyrir þá sem vilja öðlast réttindi til að annast dómtúlkun og þýðingu skjala. Í 3. gr. laganna er kveðið á um að þeir sem öðlast hafa þennan rétt skuli skyldir til að vera

túlkar á dómþingum og þýða skjöl fyrir menn og stofnanir. Á grundvelli laganna er í gildi reglugerð um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur, nr. 26/1989, en þar eru ákvæði um hvernig staðið skuli að prófi fyrir þá sem vilja öðlast þessi réttindi.

Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 24. september 1998 til að endurskoða fyrirkomulag prófa til löggildingar dómtúlka og skjalaþýðenda. Í nefndinni áttu sæti Jón Thors skrifstofustjóri, sem var formaður nefndarinnar, Guðný Jónsdóttir deildarstjóri, Jón Skaptason, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi, og Torfi Tulinius, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi. Nefndin taldi nauðsynlegt að endurskoða gildandi lög, meðal annars til að lögfesta ýmis atriði varðandi öflun löggildingar sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi. Nefndin hefur einnig samið drög að reglugerð um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur til nánari útfærslu á ákvæðum frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er afmarkað hvað felist í löggildingu sem dómtúlkur og skjalaþýðandi. Hlutverk dómtúlka er að veita dómstólum þjónustu við túlkun í dómsmálum og lögreglu við rannsókn á lögreglustigi. Hlutverk skjalaþýðanda er að þýða skjöl sem lögð eru fyrir dómstóla og önnur skjöl sem hafa réttarlegt gildi, svo sem opinber vottorð og skjöl sem menn þurfa að leggja fram til að afla réttinda eða heimilda hjá hinu opinbera.

Í 2. mgr. er lagt til að dómtúlkar og skjalaþýðendur verði opinberir sýslunarmenn og njóti réttinda og beri skyldur samkvæmt því. Hliðstætt ákvæði er í 4. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Hér eru talin þau skilyrði sem þarf að fullnægja til að fá löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi. Skv. 2. gr. gildandi laga þarf umsækjandi um slík réttindi aðeins að sanna kunnáttu sína í tungumálinu til að öðlast löggildingu. Skilyrði þau sem talin eru í þessari grein eru því nýmæli. Þau eru miðuð við kröfur þær sem gerðar eru til ýmissa annarra starfsgreina sem bundnar eru löggildingu og teljast til opinberra sýslunarmanna, svo sem lögmanna og fasteignasala.

Í 1. mgr. eru talin í þremur liðum þau skilyrði sem fullnægja þarf til að fá löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi. Skv. a-lið er lagt til að umsækjandi þurfi að vera lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að annast túlkun og þýðingar. Skv. b-lið verður umsækjandi að hafa lokið háskólaprófi sem jafngildir meistaragráðu frá Háskóla Íslands í viðkomandi tungumáli. Þessar kröfur til menntunar þykja nauðsylegar með hliðsjón af mikilvægi þess að túlkun fyrir dómi og þýðing skjala sem hafa réttarlegt gildi sé áreiðanleg og rétt. Í þessum efnum þykir BA-próf ekki viðhlítandi og er þá höfð í huga sú reynsla sem fengist hefur af prófum sem haldin hafa verið eftir gildandi lögum fyrir þá sem óska löggildingar. Ákvæði þetta er þó undanþægt skv. 3. mgr. en það er þó bundið því að prófstjórn mæli með undanþágu að teknu tilliti til færni og reynslu umsækjanda. Þá er lagt til í c-lið að umsækjandi þurfi að standast próf skv. 3. gr., en sá áskilnaður er einnig gerður samkvæmt gildandi lögum svo sem vikið hefur verið að.

Samkvæmt 2. mgr. er veitt heimild til að synja umsækjanda um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans. Slík ákvörðun verður borin undir dóm skv. 68. gr. a sömu laga.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um próf fyrir þá sem vilja öðlast réttindi sem dómtúlkar eða skjalaþýðendur. Fyrirkomulag það sem lagt er til er í meginatriðum það sama og samkvæmt gildandi reglugerð um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur, nr. 26/1989.

Samkvæmt 2. mgr. skipar ráðherra þriggja manna prófstjórn til að annast framkvæmd prófraunar. Einnig er lagt til að skipuð verði þriggja manna prófnefnd í hverju tungumáli til að meta prófúrlausnir í viðkomandi máli.

Í 3. mgr. er gert er ráð fyrir að nánari ákvæði verði sett í reglugerð um framkvæmd prófs og mat prófúrlausna. Lagt er til að efnt skuli til prófs að jafnaði annað hvert ár.

Í 4. mgr. er lagt til að unnt verði að veita löggildingu á grundvelli mats prófstjórnar þegar um er að ræða tungumál sem ekki eru tiltækir löggiltir skjalaþýðendur í og því ekki unnt að skipa formlega prófnefnd. Prófstjórn yrði þá að leita álits einhverra sem kunna tungumálið hér á landi eða erlendis.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að gjald verði innheimt hjá þeim sem þreyta próf og að fjárhæð þess takmarkist við kostnað af prófrauninni. Í gildandi lögum er ekki heimild fyrir slíkri gjaldtöku, en rétt þykir að þeir sem þreyti próf greiði þann kostnað sem því er samfara.

Um 4. gr.

Í greininni er lýst í meginatriðum hvernig staðið skal að veitingu löggildingar.

Samkvæmt 1. mgr. skal umsókn um löggildingu beint til dómsmálaráðherra og henni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn. Einnig skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að hann muni rækja starf sitt af trúmennsku og samviskusemi.

Í 2. mgr. er tekið fram að til þess að fá löggildingu sem dómtúlkur sé einnig nauðsynlegt að viðkomandi hafi löggildingu sem skjalaþýðandi. Hins vegar er ekki skilyrði að hafa réttindi sem dómtúlkur til að fá löggildingu sem skjalaþýðandi. Heimilt er að veita löggildingu til þess að þýða af erlendu máli á íslensku án þess að veitt sé löggilding til að þýða af íslensku á erlenda málið og öfugt.

Samkvæmt 3. mgr. skulu skjalaþýðendur auðkenna og undirrita sköl sem þeir þýða eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra haldi skrá um þá sem hafi löggildingu sem dómtúlkar og skjalaþýðendur og að þeir skuli ávallt tilkynna um starfsstöð sína til ráðuneytisins. Með þessu verður unnt að veita upplýsingar fyrir þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda og er fyrirhugað að veita aðgang að skránni á heimasíðu ráðuneytisins.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber ráðherra að afturkalla löggildingu ef dómtúlkur eða skjalaþýðandi missir eitthvert þeirra skilyrða sem þarf að fullnægja til að fá löggildingu.

Í 2. mgr. er að finna heimild til að veita löggildingu að nýju án prófs eða leyfisgjalds ef viðkomandi fullnægir öðrum skilyrðum til að hljóta slík réttindi. Ef dómtúlkur eða skjalaþýðandi óskar ekki eftir að hagnýta sér réttindi sín samkvæmt löggildingarbréfi sínu er honum ávallt heimilt að leggja bréfið inn til vörslu í ráðuneytinu og fellur þá löggildingin niður meðan bréfið liggur inni.

Um 6. gr.

Lagt er til að þeir einir megi nefna sig dómtúlka eða skjalaþýðendur sem hafi til þess löggildingu. Öðrum verði óheimilt að nota íslensk eða erlend heiti sem til þess eru fallin að villast megi á þeim og þessum heitum. Einnig er lagt til að brot gegn þessu ákvæði varði sektum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dómtúlka og skjalaþýðendur.

Frumvarp þetta felur í sér ítarlegri reglur og nokkrar breytingar frá ákvæðum í gildandi lögum, um dómtúlka og skjalaþýðendur, nr. 32/1914. Ákvæði frumvarpsins miða að því að lögfesta það fyrirkomulag sem hefur þróast á þessu sviði og er að hluta til ákveðið með reglugerð nr. 26/1989, um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir þeirri nýlundu að lögfest yrði heimild til að standa straum af kostnaði við prófanir á þekkingu og færni þeirra sem óska eftir löggildingu sem dómtúlkar eða skjalaþýðendur með prófgjaldi, líkt og á við um próf til löggildingar á ýmsum öðrum starfsréttindum, t.d. próf fasteignasala. Gjald var áður innheimt vegna þessara prófa en horfið var frá því á árinu 1999 þar sem lagaheimildir voru ekki taldar vera fullnægjandi.

Áætlað er að árlegur kostnaður við prófanir umsækjenda geti numið um 1 m.kr. sem er svipuð fjárhæð og gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 2000. Samkvæmt frumvarpinu yrðu þau útgjöld fjármögnuð að fullu með jafnháum rekstrartekjum ríkissjóðs af prófgjöldum frá umsækjendum. Almenn greiðsla úr ríkissjóði til þessa viðfangsefnis mun því lækka um tæplega 1 m.kr. miðað við gildandi fjárlög.

767. Skýrsla [487. mál]

menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í framhaldsskólum skólaárin 1996/1997, 1997/1998 og 1998/1999.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Inngangur.

Lög um framhaldsskóla, nr. 80/1996, tóku gildi 1. ágúst 1996. Lagasetningin fól í sér ýmsar breytingar á skólahaldi á framhaldsskólastigi, svo sem aukið sjálfstæði skóla, aukna upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun um skólastarf, sjálfsmat skóla, nýjar áherslur vegna aðalnámskrár og skólanámskráa, breytta umgjörð starfsnáms, viðurkenningu einkaskóla og aukið eftirlit með starfsemi framhaldsskóla. Nokkrar breytingar voru gerðar á lögunum 1998 og 1999.

Í 46. gr. framhaldsskólalaganna er kveðið á um að menntamálaráðherra skuli gera Alþingi grein fyrir framkvæmd skólastarfs í framhaldsskólum á þriggja ára fresti. Í skýrslu þessari sem tekur til skólaáranna 1996/1997, 1997/1998 og 1998/1999 er að finna margvíslegar upplýsingar um skólastarf á framhaldsskólastigi, t.d. um fjölda skóla, nemenda og kennara, skiptingu nemenda á námsbrautir, brautskráningar, reiknilíkan, skólasamninga og fjárveit-

ingar til framhaldsskóla. Rétt er að benda á að vegna eðlis þeirra gagna sem liggja fyrir miðast upplýsingar í skýrslunni í mörgum tilvikum við almanaksárin 1996, 1997 og 1998.

Í kjölfar lagasetningarinnar hafa verið settar fjölmargar reglugerðir við lögin, m.a. reglugerð um söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf á framhaldsskólastigi, reglugerð um eftirlit með starfi framhaldsskóla og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa, reglugerð um námssaminga og starfsþjálfun og reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. (Sjá nánar viðauka I um útgefnar reglugerðir 1996–1998.) Í menntamálaráðuneytinu var stofnuð ný deild, mats- og eftirlitsdeild, en henni er m.a. ætlað að hafa umsjón með upplýsingaöflun um skólahald, sjá um úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla og úttekt á einstökum skólum og tilteknum þáttum skólastarfs. Árið 1997 var undirritaður samningur milli menntmálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands um að sú stofnun annaðist aukna öflun tölfræðilegra upplýsinga um skólastigin fjögur. Hóf Hagstofa Íslands upplýsingaöflun samkvæmt samningnum skólaárið 1997/1998.

Stefna menntamálaráðherra í notkun upplýsingatækni á sviðum mennta og menningar kom út á vordögum 1996 í ritinu *Í krafti upplýsinga*. Hefur síðan verið unnið að framkvæmd stefnunnar en sérstök fjárveiting var í fyrsta skipti veitt til málaflokksins í fjárlögum 1999 og rann hún m.a. til menntunar kennara á sviði upplýsingatækni, þróunar kennsluhugbúnaðar og tækjakaupa, auk þess sem hluta fjárins var varið til að þróa aðferðir við notkun upplýsingatækni í skólum.

Gildandi námskrár á því tímabili sem skýrsla þessi nær til voru *Námskrá handa framhaldsskólum* frá 1990 og námskrár fyrir einstakar starfsgreinar eða greinaflokka, en vinna við gerð nýrrar aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla hófst haustið 1996 og lauk vorið 1999. Þeim hluta námskrárinnar sem snýr að starfsnámi er ekki lokið. Námskrár fyrir sérdeildir framhaldsskóla og tónlistarnám eru á lokastigi. Unnið var að gerð nýrrar námskrár fyrir grunnskóla samhliða gerð námskrár fyrir framhaldsskóla og stefnt að því að koma á samfellu milli þessara skólastiga.

Skólastefna menntamálaráðherra sem grundvöllur að nýjum námskrám fyrir grunn- og framhaldsskóla birtist í kynningarritinu *Enn betri skóli. Þeirra réttur – okkar skylda* sem menntamálaráðuneytið gaf út í febrúar 1998. Skólastefnan var kynnt á almennum fundum sem menntamálaráðherra hélt víða um land fyrri hluta árs 1998.

Ný námskrá fyrir framhaldsskóla tók gildi 1. júní 1999. Einstakir framhaldsskólar gátu þó sótt um eins árs frestun á framkvæmd námskrárinnar til menntamálaráðuneytisins. Sóttu flestir framhaldsskólanna um frestun, en almennur hluti námskrárinnar tók þó að að mestu leyti gildi í öllum framhaldsskólum skólaárið 1999/2000. Nýja aðalnámskráin á að vera komin til fullrar framkvæmdar í öllu starfi framhaldsskóla eigi síðar en fimm árum frá gildistöku. Námskráin er gefin út í heftum fyrir einstakar greinar eða greinaflokka, auk almenns hluta. Útgefin námskrárhefti eru: almennur hluti, íslenska, erlend tungumál, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsgreinar, listir, lífsleikni, upplýsinga- og tæknimennt og íþróttir.

Menntamálaráðherra skipaði í desember 1996 samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi til fjögurra ára skv. 26. gr. laga um framhaldsskóla. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að vera menntamálaráðherra til ráðuneytis um starfsnám og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms. Nefndin er að stærstum hluta skipuð fulltrúum atvinnulífs en einnig sitja í henni m.a. fulltrúar kennara og skólastjórnenda og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Starfsgreinaráðum, sem eru skipuð til fjögurra ára skv. 28. gr. laga um framhaldsskóla, er ætlað að gera tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi

starfsnáms. Fyrstu starfsgreinaráðin hófu störf í mars 1998. Starfsgreinaráð vinna nú að gerð tillagna að námskrám fyrir einstakar starfsgreinar og greinaflokka.

Starfsgreinaráð eru fjórtán talsins. Þau eru eftirfarandi:

Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina,
Starfsgreinaráð farartækja- og flutningsgreina,
Starfsgreinaráð matvæla- og veitingagreina,
Starfsgreinaráð málm-, véltækni- og framleiðslugreina,
Starfsgreinaráð uppeldis- og tómstundagreina,
Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina,
Starfsgreinaráð í öryggisvörslu, björgun og löggæslu,
Starfsgreinaráð í heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu,
Starfsgreinaráð í hönnun, listum og handverki,
Starfsgreinaráð í náttúrunýtingu,
Starfsgreinaráð í þjónustugreinum,
Starfsgreinaráð í rafiðngreinum,
Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina,
Starfsgreinaráð í verslunar- og skrifstofustörfum.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla, skipuð skólameisturum og rektorum undir forsæti menntamálaráðherra, skal skv. 5. gr. laga um framhaldsskóla fjalla um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræma störf þeirra. Hefð hefur skapast fyrir því að nefndin komi saman tvisvar á ári, á vor- og haustmissiri, og var svo á tímabilinu 1996–1998. Málefni sem fjallað hefur verið um á fundum nefndarinnar eru m.a. samningsstjórnun, reiknilíkan, námskrárgerð, inntökuskilyrði, mat og eftirlit.

Frá 1995 hefur verið unnið að því að koma á skýrari verkaskiptingu og aukinni samvinnu milli framhaldsskóla og skapa með því grundvöll fyrir betri nýtingu fjármuna og auknum gæðum náms. Í þessu sambandi má nefna samstarf framhaldsskóla á Austurlandi annars vegar og Norðurlandi hins vegar. Hafa verið gerðir sérstakir samningar um það við framhaldsskóla í þessum landshlutum. Markmið samstarfsins er að bæta aðgengi nemenda á Norður- og Austurlandi að fjölbreyttu og vönduðu námi, nýta kennslukrafta og aðstöðu í sem flestra þágu og koma á markvissri samvinnu og verkaskiptingu milli framhaldsskóla.

Á tímabilinu 1996–1998 hefur fjarnám verið að þróast og festast í sessi sem nýr valkostur á framhaldsskólastigi.

Frá árinu 1998 hafa niðurstöður reiknilíkans í samræmi við 39. gr. laga um framhaldsskóla verið grundvöllur tillagna til fjárlaga og skólasamnings milli hvers framhaldsskóla og menntamálaráðuneytis. Skólasamningarnir kveða á um samskipti skóla og ráðuneytis vegna fjárframlaga, námsframboðs, markmiða í starfi og upplýsingagjafar o.fl. (Sjá nánar um reiknilíkan og skólasamninga í 6. kafla.)

1. Skólar.

Fjöldi og stærð framhaldsskóla.

Framhaldsskólar flokkast í fjölbrautaskóla, iðnskóla, menntaskóla og sérskóla. Þessi flokkun er þó ekki nema að hluta lýsandi fyrir námsframboð skólanna.

Sú þróun hefur orðið á síðustu árum að sérskólum á framhaldsskólastigi hefur fækkað þar sem hluti þeirra hefur færst á háskólastig. Í viðauka II með skýrslunni er að finna lista yfir framhaldsskóla eftir kjördæmum.

Fjöldi framhaldsskóla hélst óbreyttur á tímabilinu 1996–1998 (sjá töflu 1.1). Ekki eru taldir með skólar sem formlega voru á framhaldsskólastigi, svo sem Fósturskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands, sem um árabil höfðu verið flokkaðir á háskólastigi samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi náms, ISCED, og hafa nú formlega færst upp á háskólastig. Sömuleiðis eru ekki taldir með skólar þar sem mestur hluti námsframboðs var flokkaður á háskólastigi samkvæmt fyrrnefndu kerfi, en boðið var upp á nám á framhaldsskólastigi, svo sem Tækniskóli Íslands (frumgreinadeild) og Myndlista- og handíðaskóli Íslands (fornám). Við nokkra skóla á landsbyggðinni eru starfrækt útibú, t.d. við Fjölbrautaskóla Vesturlands, Framhaldsskóla Vestfjarða og Verkmenntaskólann á Akureyri og eru nemendur þeirra taldir með í nemendafjöldatölum þessara skóla. Af 37 framhaldsskólum heyrðu þrír undir landbúnaðarráðuneytið, Bændaskólinn á Hólum, Bændaskólinn á Hvanneyri og Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum. Einn nýr framhaldsskóli tók til starfa árið 1996, Borgarholtsskóli í Reykjavík.

Í töflu 1.1 eru framhaldsskólar flokkaðir eftir stærð, miðað við fjölda dagskólanemenda. Skólaárið 1998/1999 voru tíu af 37 skólum með 100 nemendur eða færri, þar af átta með færri en 50 nemendur. Sama skólaár voru sjö skólar með 800 eða fleiri nemendur. Í þessum sjö skólum voru 42% allra nemenda á framhaldsskólastigi. Fjölmennustu framhaldsskólar landsins á tímabilinu sem skýrslan nær til voru Iðnskólinn í Reykjavík með rúmlega 1.500 dagskólanemendur haustið 1998 og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti með rúmlega 1.400 dagskólanemendur sama haust. Auk þess voru þessir tveir skólar með fjölmenna kvöldskóla. Fámennustu skólarnir haustið 1998, með 50 nemendur eða færri, voru Framhaldsskólinn í Skógum (starfsemi var hætt að loknu vormissiri 1999), Bændaskólinn á Hvanneyri, Bændaskólinn á Hólum, Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum, Tannsmíðaskóli Íslands, Listdansskóli Íslands, Hússtjórnarskólinn í Reykjavík og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað.

Tafla 1.1. Fjöldi skóla skipt eftir stærð skólaárin 1996/1997–1998/1999.

	Fjöldi skóla**		
Nemendafjöldi*	**1996/1997**	**1997/1998**	**1998/1999**
Færri en 50	8	7	8
51–100	3	4	2
101–200	3	4	5
201–400	6	4	4
401–600	5	6	6
601–800	6	5	5
801–1.000	3	4	3
Fleiri en 1.000	3	3	4
Alls	**37**	**37**	**37**

*Eingöngu er miðað við fjölda dagskólanemenda.
**Ekki eru meðtaldir skólar þar sem nemendur voru að meiri hluta til í námi sem flokkaðist á öðru skólastigi, svo sem Myndlista- og handíðaskóli Íslands og Tækniskóli Íslands. Nemendur í útibúum einstakra skóla eru taldir með móðurskólum.
Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Rúmur helmingur framhaldsskóla var í Reykjavík og á Reykjanesi eða 19. Á Suðurlandi voru fimm framhaldsskólar og fjórir á Austurlandi og Norðurlandi eystra (sjá töflu 1.2). Á öðrum landsvæðum voru framhaldsskólar einn til tveir.

Tafla 1.2. Fjöldi framhaldsskóla eftir landsvæðum 1996–1998.

	1996–1998
Höfuðborgarsvæðið ...	18
Vesturland	2
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	2
Norðurland eystra	4
Austurland	4
Suðurland	5
Suðurnes	1
Alls	**37**

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Einkaskólar voru fjórir árið 1998, Verzlunarskóli Íslands, Framhaldsskólinn í Skógum, Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og Hússtjórnarskólinn í Reykjavík. Þrír síðastnefndu skólarnir voru gerðir að einkaskólum árið 1998.

Kvöldskólar (öldungadeildir, meistaraskólar) á framhaldsskólastigi voru 15–16 á því tímabili sem um ræðir, þar af tæpur helmingur á landsbyggðinni (sjá töflu 1.3). Haustið 1998 voru fjölmennustu kvöldskólarnir við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Menntaskólann við Hamrahlíð og Iðnskólann í Reykjavík (á bilinu 400–900 nemendur). Við Verkmenntaskólann á Akureyri stunduðu tæplega 400 nemendur nám í kvöldskóla og fjarnámi haustið 1998, þar af mikill meiri hluti í fjarnámi, en skólinn hefur verið leiðandi hér á landi í þróun fjarnáms á framhaldsskólastigi. Kvöldskóli Verzlunarskóla Íslands starfaði síðast skólaárið 1997/1998.

Tafla 1.3. Kvöldskólar á framhaldsskólastigi eftir landsvæðum 1996–1999.

	1996/1997	1997/1998	1998/1999
Höfuðborgarsvæðið	8	8	7
Vesturland	1	1	1
Vestfirðir	1	1	1
Norðurland vestra	0	0	0
Norðurland eystra	2	2	2
Austurland	1	2	2
Suðurland	1	1	1
Reykjanes	1	1	1
Alls	**15**	**16**	**15**

Heimildir: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

Skólatími.

Í gildandi lögum um framhaldsskóla er ákvæði þess efnis að árlegur skólatími sé níu mánuðir og að kennsludagar skuli ekki vera færri en 145. Kjarasamningar kennara og fjármálaráðuneytis gera ráð fyrir 175 kennslu- og prófadögum á árlegum níu mánaða starfstíma. Menntamálaráðuneytið kannaði vorið 1998 fjölda kennslu- og prófadaga í framhaldsskólum á skólaárinu 1997/1998. Árið eftir gerði Hagstofa Íslands sambærilega könnun fyrir skólaárið 1998/1999. Meðalfjöldi reglulegra kennsludaga skólaárið 1997/1998 var 139, en 142 skólaárið 1998/1999. Skertir kennsludagar voru að meðaltali 4 fyrra skólaárið, en 3,5 seinna

skólaárið. Myndir 1.1 og 1.2 sýna fjölda reglulegra og skertra kennsludaga eftir fjölda framhaldsskóla.

Mynd 1.1. Fjöldi reglulegra kennsludaga skólaárin 1997/1998 og 1998/1999.



Skýringar: Reglulegir kennsludagar eru dagar sem nemendur sækja skóla samkæmt stundaskrá undir skipulegri leiðsögn kennara.
Heimildir: Menntamálaráðuneytið 1997/1998, Hagstofa Íslands 1998/1999.

Mynd 1.2. Fjöldi skertra kennsludaga skólaárin 1997/1998 og 1998/1999.



Skýringar: Skertir kennsludagar eru dagar sem nemendur sækja skóla en stundafjöldi samkvæmt stundaskrá er skertur og/eða reglubundin kennsla fer ekki fram.
Heimildir: Menntamálaráðuneytið 1997/1998 og Hagstofa Íslands 1998/1999.

2. Nemendur.

Fjöldi nemenda.

Fjöldi dagskólanemenda á framhaldsskólastigi var um 18 þúsund að hausti öll árin sem skýrslan nær til og eru þá meðtaldir nemendur í starfsþjálfun sem ekki eru skráðir í skóla. Karlar voru heldur fleiri en konur (sjá töflu 2.1). Séu nemendur í kvöldskólum framhaldsskóla taldir með, en kerfisbundin upplýsingaöflun um þá hófst ekki fyrr en haustið 1997, var heildarfjöldi nemenda á framhaldsskólastigi rúm 20 þúsund haustin 1997 og 1998 og voru konur orðnar nokkru fleiri en karlar haustið 1998 (sjá töflu 2.3).

Skipting nemenda eftir námsbrautum, kyni og aldursflokkum.

Á tímabilinu 1996–1998 voru flestir dagskólanemendur skráðir á iðn- og tæknibrautir, raungreinabrautir og á svokallaðar almennar brautir, eða á bilinu 16–21% í hverjum þessara flokka (sjá töflu 2.1). Nemendur á almennum námsbrautum voru yfirleitt nemendur sem ekki höfðu valið sér námsbraut og voru í almennu bóknámi, t.d. nemendur á fyrsta ári í bekkjakerfi menntaskóla og nemendur í fornámi. Félagsfræðabrautir voru einnig fjölmennar. Fáir nemendur voru á heilsugæslubrautum, uppeldisbrautum og íþróttabrautum og listabrautum og fór þeim fækkandi frá 1996 nema á listabrautum þar sem þeim fjölgaði umtalsvert hlutfallslega, eða um 29%.

Tafla 2.1. Nemendur í dagskólum eftir námsbrautum og kyni, að hausti 1996, 1997 og 1998.

	1996			1997			1998		
	Alls	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**
Framhaldsskólastig	**17.766**	**9.089**	**8.677**	**18.177**	**9.354**	**8.823**	**18.097**	**9.174**	**8.923**
Almennar brautir	3.682	1.939	1.743	2.930	1.452	1.478	3.094	1.538	1.556
Málabrautir	1.741	443	1.298	1.741	423	1.318	1.643	373	1.270
Listabrautir	639	178	461	809	223	586	822	197	625
Uppeldis- og íþróttabrautir	726	318	408	571	264	307	496	219	277
Félagsfræðabrautir	2.293	757	1.536	2.418	854	1.564	2.505	860	1.645
Viðskipta- og hagfræðabrautir	1.317	721	596	1.870	1.082	788	1.818	1.051	767
Raungreinabrautir	2.961	1.508	1.453	3.150	1.619	1.531	3.136	1.635	1.501
Iðn- og tæknibrautir	3.037	2.702	335	3.159	2.862	297	3.081	2.801	280
Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir	949	500	449	1.136	550	586	1.130	479	651
Heilsugæslubrautir	421	23	398	393	25	368	372	21	351

Skýringar: Iðnnemar á samningi eru meðtaldir. Hver nemandi er talinn aðeins einu sinni, þannig að stundi nemandi nám í tveimur skólum telst hann aðeins í öðrum þeirra. Fjöldatölur miðast við allt nám á framhaldsskólastigi. Heimildir: Landshagir 1998 og 1999.

Mynd 2.1 sýnir að á tímabilinu var um ójafna kynjaskiptingu að ræða á mörgum námsbrautum framhaldsskólans, t.d. á iðn- og tæknibrautum og heilsugæslubrautum. Lítill munur var hins vegar á hlutfalli kvenna og karla á raungreinabrautum.



Mynd 2.1. Hlutfall kynja að meðaltali á námsbrautum dagskóla 1996–1998.

Heimildir: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

Í töflu 2.2 má sjá skiptingu dagskólanemenda eftir námsbrautum og aldursflokkum. Á fyrsta ári framhaldsskóla voru nemendur fjölmennastir á almennum brautum. Taflan sýnir m.a. háan aldur nemenda á iðn- og tæknibrautum á framhaldsskólastigi. Á þessum brautum voru að meðaltali 24% nemenda á tímabilinu 1996–1998 25 ára og eldri. Hlutfall 20 ára og eldri á þessum brautum lækkaði þó á tímabilinu úr 62% í 53%.

Tafla 2.2. Nemendur í dagskóla eftir námsbrautum og aldursflokkum, að hausti 1996, 1997 og 1998.

	1996					1997					1998				
	Alls	16 ára og yngri	17–19 ára	20–24 ára	25 ára og eldri	Alls	16 ára og yngri	17–19 ára	20–24 ára	25 ára og eldri	Alls	16 ára og yngri	17–19 ára	20–24 ára	25 ára og eldri
Framhaldsskólastig	**17.766**	**4.052**	**8.606**	**3.474**	**1.634**	**18.177**	**3.890**	**8.981**	**3.529**	**1.777**	**18.097**	**3.888**	**9.069**	**3.348**	**1.792**
Almennar brautir	3682	2424	867	170	221	2.930	1.858	618	189	265	3.094	1.930	714	159	291
Málabrautir	1.741	234	1.228	260	19	1.741	256	1.223	244	18	1.643	188	1.202	238	15
Listabrautir	639	81	244	184	130	809	86	311	254	158	822	94	316	254	158
Uppeldis- og íþróttabrautir ..	726	110	436	166	14	571	87	332	140	13	496	88	299	98	11
Félagsfræðabrautir	2293	250	1.385	565	93	2.418	291	1.488	544	95	2.505	275	1.573	553	104
Viðskipta- og hagfræða-brautir	1317	174	848	231	64	1870	430	1116	253	71	1818	446	1064	229	79
Raungreinabrautir	2.961	368	2.226	336	31	3.150	402	2.346	350	52	3.136	363	2.405	329	39
Iðn- og tæknibrautir	3.037	306	944	1.071	816	3.159	350	1.064	1.047	698	3.081	397	1.039	926	719
Búsýslubrautir, matvæla-brautir og þjónustuiðnir	949	72	318	376	183	1136	104	361	410	261	1130	76	344	462	248
Heilsugæslubrautir	421	33	110	115	163	393	26	122	98	147	372	31	113	100	128

Sjá skýringar neðanmáls við töflu 2.1. Heimildir: Landshagir 1998 og 1999.

Sé miðað við heildarfjölda nemenda í dagskólum og kvöldskólum á framhaldsskólastigi 1997 og 1998 kemur í ljós að fjölmennustu námsbrautir voru þær sömu og í dagskóla einum (sjá töflur 2.1 og 2.3).

Tafla 2.3. Heildarfjöldi nemenda í dagskólum og kvöldskólum, skipt eftir námsbrautum og kyni, að hausti 1997 og 1998.*

	1997			1998		
	Alls	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**
Framhaldsskólastig	**20.596**	**10.300**	**10.296**	**20.406**	**10.053**	**10.353**
Almennar brautir	3.924	1.778	2.146	3.959	1.789	2.170
Málabrautir	1.873	448	1.425	1.756	398	1.358
Listabrautir	894	247	647	915	220	695
Uppeldis- og íþróttabrautir	617	270	347	538	232	306
Félagsfræðabrautir	2.792	997	1.795	2.884	977	1.907
Viðskipta- og hagfræðabrautir	2.066	1.145	921	1.992	1.089	903
Raungreinabrautir	3.273	1.679	1.594	3.249	1.692	1.557
Iðn- og tæknibrautir	3.472	3.143	329	3.461	3.135	326
Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir	1.194	560	634	1.181	492	689
Heilsugæslubrautir	491	33	458	471	29	442

*Ekki eru til sambærilegar tölur fyrir haustið 1996. Heimild: Landshagir 1999.

Skólasókn árganga 16–19 ára.

Svipað hlutfall nemenda í árgöngum 16–19 ára sótti framhaldsskóla öll árin. Hlutfall kvenna í hverjum þessara árganga var hærra en karla. Við 16 ára aldur hófu 89% árgangs nám í framhaldsskólum á árunum 1996–1998, en 62–63% árgangs 19 ára voru þá við nám. Tölurnar benda til töluverðs brottfalls þar sem meiri hluti námsbrauta var skipulagður sem fjögurra ára nám. Auk þess er ekki unnt að fullyrða mikið um námsframvindu út frá tölunum, þ.e. hve hátt hlutfall t.d. 19 ára nemenda var komið að námslokum.

Tafla 2.4. Hlutfallsleg skólasókn (%) árganga 16–19 ára í dagskóla eftir kyni, að hausti 1996, 1997 og 1998.

	1996			1997			1998		
	Alls	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**
16 ára	89	87	90	89	87	91	89	87	91
17 ára	76	73	80	77	75	80	77	74	79
18 ára	67	65	70	66	64	68	66	62	71
19 ára	63	61	66	63	61	65	62	58	66

Skýringar: Fólk í reglubundnu námi frá og með fyrsta ári framhaldsskólastigs, innan lands og utan.
Heimild: Landshagir 1999.

Tafla 2.5 sýnir hlutfallslega skólasókn nemenda sem hófu nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla, skólaárin 1995/1996–1998/1999, eftir kjördæmum.

Tafla 2.5. Hlutfallsleg skólasókn (%) 16 ára* nemenda eftir kjördæmum, 1995/1996–1998/1999.

Kjördæmi	Fæðingarár 1979, skólaár 1995/1996	Fæðingarár 1980, skólaár 1996/1997	Fæðingarár 1981, skólaár 1997/1998	Fæðingarár 1982, skólaár 1998/1999
Reykjavík	88,1	89,8	90,7	89,4
Reykjanes	87,4	89,7	88,6	88,3
Vesturland	86,8	88,5	82,9	92,3
Vestfirðir	83,7	84,7	85,1	82,6
Norðurland vestra	82,7	86,2	85,9	85,2
Norðurland eystra	85,7	85,6	83,9	86,3
Austurland	85,3	89,6	89,3	87,8
Suðurland	88,0	85,6	89,2	89,6
Alls	**87,1**	**88,7**	**88,6**	**88,6**

*Nemendur fæddir 1979–1982 með lögheimili á Íslandi samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands. Fjöldi nemenda er talinn um miðjan október á hverju skólaári. Lögheimili miðast við þjóðskrá 1. desember á hverju ári. Heimild: Hagstofa Íslands.

Lítil sem engin breyting varð á hlutfallslegri skiptingu skólasóknar dagskólanemenda eftir landsvæði lögheimilis á tímabilinu. Um og yfir 63% framhaldsskólanemenda áttu lögheimili í Reykjavík og á Reykjanesi, rúm 10% á Norðurlandi eystra og um 8% á Suðurlandi. Önnur landsvæði voru á bilinu rúm 3% til 6% (sjá töflu 2.6).

Tafla 2.6. Skólasókn í dagskóla skipt eftir landsvæði lögheimila nemenda að hausti 1996, 1997 og 1998.

	1996		1997		1998	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Reykjavík	6.386	35,9	6.501	35,8	6.494	35,9
Reykjanes	4.796	27,0	5.037	27,7	4.936	27,3
Vesturland	1.015	5,7	1.036	5,7	1.064	5,9
Vestfirðir	576	3,2	562	3,1	572	3,2
Norðurland vestra	731	4,1	733	4,0	742	4,1
Norðurland eystra	1.840	10,4	1.881	10,3	1.846	10,2
Austurland	864	4,9	899	4,9	902	5,0
Suðurland	1.498	8,4	1.440	7,9	1.455	8,0
Erlendis	60	0,3	88	0,5	86	0,5
Alls	**17.766**	**100,0**	**18.177**	**100,0**	**18.097**	**100,0**

Heimildir: Landshagir 1997, 1998 og 1999.

Nemendur í kvöldskólum.

Áreiðanlegar tölur um fjölda nemenda í kvöldskólum á framhaldsskólastigi (öldungadeildir, meistaraskólar) og skiptingu eftir kyni og námsbrautum eru einungis til fyrir haustin 1997 og 1998. Langflestir voru skráðir á almennar brautir en þar næst á félagsfræðabrautir og iðn- og tæknibrautir. Konur voru að meðaltali um 61% allra nemenda í kvöldskólum á fyrrnefndu tímabili, en aðeins tæp 3% þeirra voru á iðn- og tæknibrautum. Aftur á móti voru tæp 34% karla á þessum brautum (sjá töflu 2.7).

Tafla 2.7. Nemendur í kvöldskólum eftir námsbrautum og kyni að hausti 1997 og 1998.

	1997			1998		
	Alls	**Karlar**	**Konur**	**Alls**	**Karlar**	**Konur**
Framhaldsskólastig	**2.419**	**946**	**1.473**	**2.309**	**879**	**1.430**
Almennar brautir	994	326	668	865	251	614
Málabrautir	132	25	107	113	25	88
Listabrautir	85	24	61	93	23	70
Uppeldis- og íþróttabrautir	46	6	40	42	13	29
Félagsfræðabrautir	374	143	231	379	117	262
Viðskipta- og hagfræðabrautir	196	63	133	174	38	136
Raungreinabrautir	123	60	63	113	57	56
Iðn- og tæknibrautir	313	281	32	380	334	46
Búsýslubrautir, matvælabrautir, þjónustuiðnir	58	10	48	51	13	38
Heilsugæslubrautir	98	8	90	99	8	91

Sjá skýringar neðanmáls við töflu 2.1. Heimildir: Landshagir 1999 og menntamálaráðuneytið.

Sérkennsla.

Sérkennsla í framhaldsskólum er ætluð fötluðum nemendum samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, sbr. 19. gr. gildandi laga um framhaldsskóla og reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum, nr. 372/1998. Tafla 2.8 sýnir nokkrar sveiflur í tegund þjónustu sem nemendur í sérkennslu nutu á skólaárunum 1996/1997–1998/1999, en litla aukningu á heildarfjölda nemenda á tímabilinu. Þjónusta í þessum málaflokki hefur aukist eins og auknar fjárveitingu á tímabilinu benda til. Skólaárið 1996/1997 var tæpum 60 millj. kr. veitt til sérkennslu í framhaldsskólum, en skólaárið 1998/1999 rúmum 85 millj. kr. (sjá töflu 6.3). Greina má þróun í þá átt að sá hluti þjónustu við fatlaða í framhaldsskólum sem skilgreindur var sem einstaklingsaðstoð færðist í auknum mæli yfir í nám í sérdeildum sem skipulagt var sem allt að tveggja ára nám. Þetta kom fram á skólaárinu 1998/1999 en þá voru sérdeildir við ellefu framhaldsskóla, en höfðu verið við átta skóla skólaárin 1996/1997 og 1997/1998. Skólaárið 1999/2000 bjóða fjórtán skólar nám í sérdeildum. Árið 1999 var mörkuð sú stefna að gefa nemendum í sérdeildum kost á að hefja nám á þriðja námsári skólaárið 2000/2001 og er tekið tillit til þess í fjárlögum fyrir árið 2000.

Tafla 2.8. Nemendur í sérkennslu skólaárin 1996/1997–1998/1999.

	1996/1997		1997/1998		1998/1999	
	Haust	**Vor**	**Haust**	**Vor**	**Haust**	**Vor**
Nemendur í sérdeildum	87	50	55	62	78	105
Nemendur með einstaklingsaðstoð	78	70	85	77	61	71
Nemendur í sérkennslu alls	**165**	**120**	**140**	**139**	**139**	**176**

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Sérstök íslenskukennsla.

Í 20. gr. laga um framhaldsskóla er kveðið á um rétt nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku til sérstakrar íslenskukennslu. Lagaákvæðið tekur einnig til nemenda sem dvalist hafa langdvölum erlendis, svo og til heyrnarlausra nemenda. Í reglugerð nr. 329/1997, um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum, er nánar kveðið á um íslenskukennslu þessara nemenda. Í nýrri aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla frá 1999 er fjallað um íslensku sem annað tungumál, íslensku fyrir heyrnarlausa og íslenskt táknmál.

Brautskráningar.

Skólaárin frá 1995/1996–1998/1999 voru brautskráningar úr framhaldsskólum að meðaltali um 4.600 (sjá töflu 2.9). Flestir útskrifuðust með stúdentspróf. Sveinspróf voru að meðaltali um 700 á skólaári. Hlutfall kvenna sem lauk sveinsprófi var mjög lágt, eða að meðaltali tæp 15%. Önnur framhaldsskólapróf voru próf af ýmsum styttri námsbrautum, svo sem verslunarpróf, lokapróf af uppeldisbrautum, heilsugæslubrautum og íþróttabrautum og próf í tækniteiknun.

Tafla 2.9. Fjöldi brautskráninga eftir kyni, námsbrautum og prófgráðu, skólaárin 1995/1996–1998/1999.

	1995/96			1996/97			1997/98			1998/99*			Hlutfall kynja að meðaltali	
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	% Karlar	% Konur
Framhaldsskólastig	**4.487**	**2.489**	**1.998**	**4.360**	**2.428**	**1.932**	**4.773**	**2.671**	**2.102**	**4.621**	**2.461**	**2.160**	**55**	**45**
Almennar brautir	95	55	40	111	67	44	74	51	23	108	69	39	62	38
Málabrautir	381	84	297	378	89	289	358	73	285	380	79	301	22	78
Listabrautir	95	33	62	86	31	55	108	38	70	128	39	89	34	66
Uppeldis- og íþróttabrautir	95	29	66	104	38	66	120	48	72	93	36	57	37	63
Félagsfræðabrautir	583	203	380	537	140	397	521	162	359	556	168	388	31	69
Viðskipta- og hagfræða-brautir	719	374	345	667	323	344	733	364	369	726	381	345	51	49
Raungreinabrautir	669	361	308	657	345	312	733	376	357	790	387	403	52	48
Iðn- og tæknibrautir	1.229	1.134	95	1.290	1.212	78	1.436	1.342	94	1.254	1.146	108	93	7
Búsýslubrautir, matvæla-brautir, þjónustuiðnir	463	209	254	384	178	206	501	210	291	465	153	312	41	59
Heilsugæslubrautir	158	7	151	146	5	141	189	7	182	121	3	118	4	96
Prófgráður														
Burtfararpróf úr iðn	455	350	105	463	393	70	502	414	88	535	406	129	80	20
Sveinspróf	687	590	97	644	568	76	793	689	104	724	583	141	85	15
Stúdentspróf	2.133	893	1.240	2.047	791	1.256	2.186	893	1.293	2.260	923	1.337	41	59
Önnur framhaldsskólapróf	1.212	656	556	1.206	676	530	1.292	675	617	1.102	549	553	53	47
Iðnmeistarapróf**	77	54	23	62	48	14	61	47	14	97	87	10	79	21

Skýringar: Gögnum er safnað frá framhaldsskólum um nemendur sem útskrifast úr dagskóla, kvöldskóla eða fjarnámi í lok hvers missiris. Upplýsingar um sveinspróf eru frá menntamálaráðuneytinu. Sami nemandi getur útskrifast af fleiri en einni námsbraut á sama ári.
*Tölur fyrir skólaárið 1998/99 eru bráðabirgðatölur.
**Iðnmeistarapróf er flokkað á háskólastigi af Hagstofu Íslands.
Heimildir: Landshagir 1998 og 1999.

Hlutfall brautskráðra stúdenta af tölu tvítugra hækkaði á tímabilinu úr 50 í 52%. Öll skólaárin var hlutfall brautskráðra kvenna af tölu tvítugra um og yfir 60% en sama hlutfall karla um og yfir 40% (sjá töflu 2.10).

Tafla 2.10. Brautskráðir stúdentar í hlutfalli (%) við tölu tvítugra skólaárin 1995/1996–1997/1998.

	Alls	Karlar	Konur
1995/96	49,9	40,8	59,5
1996/97	51,0	39,4	62,6
1997/98	52,2	42,3	62,3

Heimild: Landshagir 1999.

Í töflu 2.11 má sjá hlutfall útskrifaðra nemenda af innrituðum fæddum 1976–1979 á tímabilinu 1995–1999 með einhver lokapróf úr framhaldsskólum. Eingöngu er miðað við nemendur sem hófu nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla. Taflan sýnir að þetta hlutfall var að meðaltali hæst í Reykjavík. Þar næst komu Reykjanes og Suðurland. Lægst var hlutfallið á Vestfjörðum og þar næst á Vesturlandi. Bent er á að nemendurnir hafa haft mislangan tíma til að ljúka námi, þ.e. nemendur fæddir 1976 lengstan, eða sjö ár.

Tafla 2.11. Hlutfall (%) útskrifaðra skólaárin 1995/1996–1998/1999 af innrituðum nemendum fæddum 1976–1979, eftir kjördæmum.

	Fæðingarár				
Kjördæmi	**1976**	**1977**	**1978**	**1979**	**Alls**
Reykjavík	64,5	63,7	51,4	43,0	55,3
Reykjanes	57,8	55,7	49,1	37,5	49,6
Vesturland	53,5	52,4	45,0	32,8	45,1
Vestfirðir	47,6	35,7	39,5	26,6	37,1
Norðurland vestra	53,1	51,7	46,7	35,4	46,5
Norðurland eystra	54,1	57,8	48,1	36,8	48,5
Austurland	57,8	52,9	41,3	32,7	46,2
Suðurland	56,9	53,3	50,0	36,3	49,1
Lögheimili erlendis	85,7	75,0	16,7	20,0	50,0
Alls	**59,0**	**57,4**	**48,7**	**38,3**	**50,4**

Skýringar: Hver nemandi er aðeins talinn einu sinni, þ.e. þegar hann útskrifast síðast á tímabilinu. Alls útskrifuðust 8.359 nemendur 10.043 sinnum. Eingöngu eru teknir með nemendur sem fóru beint í framhaldsskóla að loknu grunnskólaprófi, þ.e. nemendur sem fóru 16 ára eða á 16. ári í framhaldsskóla ár hvert.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 2.12. Samtals hlutfall (%) útskrifaðra skólaárin 1995/1996–1998/1999 af innrituðum nemendum fæddum 1976–1979, skipt eftir kyni.

	Fæðingarár				
Kyn	**1976**	**1977**	**1978**	**1979**	**Alls**
Karlar	54,4	51,7	42,8	33,9	45,2
Konur	63,5	62,8	54,5	42,6	55,5
Alls	**59,0**	**57,4**	**48,7**	**38,3**	**50,4**

Sjá skýringar neðanmáls við töflu 2.11.

3. Mat.

Námsmat.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 80/1996, með áorðnum breytingum, skal almennt námsmat vera í höndum kennara og deildarstjóra og skal matið byggjast á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá. Í lagagreininni er einnig ákvæði um að stúdentspróf skuli samræmd í tilteknum greinum og að í reglugerð skuli setja ákvæði um samræmingu stúdentsprófa og framkvæmd þeirra. Lagaákvæði um samræmd stúdentspróf kemur ekki til framkvæmda fyrr en skólaárið 2003/2004. Námi í löggiltum iðngreinum lýkur með sveinsprófi og kveður ráðherra á um samræmingu sveinsprófa með reglugerð. Skv. 5. gr. reglugerðar um sveinspróf, nr. 278/1997, skal menntamálaráðherra skipa sveinsprófsnefndir til að hafa yfirumsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa. Einnig er menntamálaráðherra heimilt skv. 24. gr. framhaldsskólalaganna að ákveða með reglugerð að lokapróf í tilteknum greinum af öðrum námsbrautum skuli vera samræmd að fenginni umsögn viðkomandi starfsgreinaráðs ef um starfsnám er að ræða.

Haustið 1996 var að frumkvæði menntamálaráðuneytisins haldið samræmt könnunarpróf í ensku fyrir nemendur á síðasta námsári í framhaldskóla og nemendur sem lokið höfðu fyrsta ári. Framkvæmd prófsins var í höndum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála. Niðurstöður prófsins voru ekki birtar opinberlega en einstökum skólum var kynntur árangur nemenda skólans á prófinu, m.a. með tilliti til samanburðar við aðra.

TIMSS-rannsókn.

TIMSS (*Third International Mathematics and Science Study*) er fjölþjóðleg rannsókn á vegum IEA (International Association of Educational Achievement) á kunnáttu nemenda í stærðfræði og náttúrufræði í 45 löndum í grunn- og framhaldsskólum. Hérlendis voru þátttakendur 12.000 nemendur, 200 skólastjórar og 600 kennarar í grunn- og framhaldsskólum. Rannsóknin var gerð á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála sem ásamt menntamálaráðuneytinu fjármagnaði hana.

Þátttökuþjóðir í TIMSS á framhaldskólastigi voru 23. Valin voru þrjú úrtök nemenda í framhaldsskóla: 1) þeir sem voru að ljúka einhverju námi (bók-, verk- og tæknínámi), 2) þeir sem tóku mesta stærðfræði og 3) þeir sem tóku mesta eðlisfræði. Íslenskir framhaldsskólanemar voru eingöngu þátttakendur í fyrsta hluta rannsóknarinnar. Gagnasöfnun fór fram á vormissiri 1996. Allir nemendur sem voru að ljúka einhverju námi í framhaldsskóla á Íslandi voru boðaðir til þátttöku í þessum hluta rannsóknarinnar. Skilgreint úrtak var 2.500 nemendur en rúmlega 1.800 nemendur tóku þátt, auk skólameistara og kennara.

Læsi í stærðfræði og náttúrufræði.

Í þeim hluta rannsóknarinnar sem Ísland tók þátt í var metið svokallað stærðfræði- og náttúrufræðilæsi nemenda á lokaári í framhaldsskóla á öllum námsbrautum (bóknáms-, verknáms- og tæknibrautum). Starfsumhverfi skóla var metið með spurningalistum sem skólameistarar svöruðu og einnig var bakgrunnur nemenda kannaður með spurningalistum. Loks var lagt mat á efni aðalnámskráa og námsbóka í stærðfræði og eðlisfræði með ítarlegri innihaldsgreiningu á efni þeirra.

Þegar námsárangur nemenda í framhaldsskóla er borinn saman milli landa er mikilvægt að hafa upplýsingar um hversu stór hluti árgangs er enn í skóla í hverju landi. Reiknaður var sérstakur stuðull í TIMSS til að gefa upplýsingar um þetta. Þessi stuðull er lágur fyrir Ísland sem vafalítið hefur áhrif til hækkunar á meðaltali námsárangurs íslensku nemendanna í stærðfræði og náttúrufræði.

Helstu niðurstöður.

Meiri óvissa ríkir um niðurstöður Íslands úr framhaldsskólahluta TIMSS en um niðurstöður úr TIMSS í grunnskólanum. Þetta stafar af tvennu: 1) háu brotthvarfi nemenda úr námi á framhaldsskólastigi á Íslandi og 2) brottfalli í úrtaki rannsóknarinnar á framhaldsskólastigi. Fyrra atriðið endurspeglar þá staðreynd að lægra hlutfall hvers árgangs lýkur einhverju framhaldsskólanámi á Íslandi en hjá flestum þátttökuþjóðunum. Síðara atriðið endurspeglar sérkenni úrtaksins þar sem 74% af skilgreindu þýði á Íslandi tók þátt. Með nokkurri vissu má gera ráð fyrir því að námsárangur þeirra nemenda sem ekki tóku þátt í rannsókninni sé almennt lakari en þeirra sem tóku þátt. Bæði þessi atriði valda skekkju í þá átt að námsárangur íslenskra nemenda virðist betri í heild en hann er í raun þegar hann er borinn saman við námsárangur nemenda þjóða þar sem stærri hluti árgangs lýkur námi úr framhaldsskóla. Til að nálgast rétta mynd af frammistöðu íslenskra nemenda í samanburði við framhaldsskólanemendur hjá öðrum þjóðum er því nauðsynlegt að taka mið af þessum atriðum við túlkun niðurstaðnanna.

Lengd skólaársins. Skólaárið í íslenskum framhaldsskólum er talsvert styttra en hjá flestum þátttökuþjóðum í TIMSS. Bæði í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi er fjöldi skóladaga á ári hverju færri en hjá flestum þátttökuþjóðunum. Í báðum tilvikum er fjöldi skóladaga fyrir neðan alþjóðlegt meðaltal í þessu efni.

Lengd skólagöngu. Íslenskir framhaldsskólanemar eru elstir í þátttökulöndum TIMSS þegar þeir ljúka námi. Meðalaldur íslenskra framhaldsskólanema er 21,2 ár þegar þeir ljúka námi en alþjóðlegt meðaltal er 18,7 ár. Þetta stafar aðallega af því að framhaldsskólanám er lengra hérlendis en í nánast öllum þátttökulöndum í TIMSS og að nemendur eru lengur að ljúka náminu en formleg lengd námsins segir til um.

Brotthvarf úr námi. Hlutfall árgangs sem lýkur einhverju framhaldsskólanámi á Íslandi er með því lægsta á meðal þátttökuþjóða TIMSS. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar lýkur 55% árgangs á Íslandi einhverju námi á framhaldsskólastigi. Það er marktækt lægra hlutfall en meðalhlutfall í þessu efni hjá þátttökuþjóðunum.

Áherslur í námi. Í sumum þátttökulöndum TIMSS er sterk verknámshefð og tiltölulega hátt hlutfall hvers árgangs sem stundar verknám. Í öðrum löndum, þar á meðal Íslandi, er þessu öfugt farið þar sem stór hluti hvers árgangs stundar bóklegt nám á framhaldsskólastigi. Tilhneiging er í þá átt að hátt hlutfall árgangs í bóknámi haldist í hendur við tiltölulega lágt hlutfall árgangs sem lýkur einhverju framhaldsnámi. Meðalhlutfall nemenda á bóknámsbrautum var samkvæmt könnuninni 82% á Íslandi og 62% á Norðurlöndum, meðan alþjóðlegt meðaltal var 49%.

Í flestum þátttökulöndum TIMSS var hátt hlutfall nemenda í einhverjum stærðfræðiáfanga við lok náms á bók- og verknámsbrautum. Á Íslandi voru 65% framhaldsskólanema í einhverjum stærðfræðiáfanga við lok náms en 85% að meðaltali í öðrum þátttökulöndum.

Áhersla á náttúrufræðigreinar á lokaári námsbrauta í framhaldsskólum annarra landa er meiri en á Íslandi þegar litið er á hlutfall nemenda í tveimur eða fleiri náttúrufræðiáföngum.

Námsárangur í stærðfræði- og náttúrufræðilæsi. Frammistaða íslenskra framhaldsskólanema í stærðfræði- og náttúrufræðilæsi var umtalsvert betri en frammistaða grunnskólanema í stærðfræði og náttúruvísindum í TIMSS. Þetta á við þegar heildarframmistaða er skoðuð og einnig þegar frammistaða þess fjórðungs íslenskra nemenda sem stendur sig best er skoðuð.

Mynd 3.1.
Læsi í náttúrufræði og stærðfræði á lokaári í framhaldsskóla.



Á mynd 3.1 kemur fram að íslenskir framhaldsskólanemar eru marktækt fyrir ofan alþjóðlegt meðaltal í úrtakinu í heild en rétt fyrir ofan alþjóðlegt meðaltal þegar frammistaða 25% bestu nemenda er skoðuð sérstaklega. Síðari niðurstaðan er líklegri til að endurspegla almenna kunnáttu í raungreinum í framhaldsskóla fremur en niðurstaðan í úrtakinu í heild. Frammistaða íslensku framhaldsskólanemanna er betri í náttúrufræðilæsi en stærðfræðilæsi (sjá mynd 3.2).

Mynd 3.2.
Frammistaða 25% efstu í stærðfræðilæsi og náttúrufræðilæsi.



Námsárangur í stærðfræði- og náttúrufræðilæsi eftir námsbrautum. Á Íslandi er frammistaða nemenda á bóknámsbrautum marktækt betri en frammistaða nemenda á verknámsbrautum. Í báðum tilvikum er frammistaða nemendanna í úrtakinu í heild yfir alþjóðlegu meðaltali. Munur á frammistöðu nemenda í bók- og verknámi er hvergi minni í þátttökulöndum TIMSS en á Íslandi.

Kynjamunur á námsárangri í stærðfræði- og náttúrufræðilæsi. Kynjamunur er áberandi og marktækur í stærðfræði- og náttúrufræðilæsi á Íslandi eins og í nánast öllum þátttökulöndum TIMSS. Á Íslandi er kynjamunur meiri en alþjóðlegt meðaltal í þessu efni. Eins og í flestum þátttökulöndum TIMSS er mismunur á árangri kynjanna á Íslandi meiri í náttúrufræðilæsi en stærðfræðilæsi, körlum í hag.

Í flestum þátttökulöndunum er ekki kynjamunur á viðhorfum nemenda til stærðfræðinnar. Undantekning frá þessari meginreglu kemur meðal annars fram á Íslandi þar sem karlar eru marktækt jákvæðari í garð stærðfræðinnar en konur.

Bakgrunnur nemenda og námsárangur. Í flestum þátttökulandanna var jákvætt samband milli viðhorfa nemenda til stærðfræði og frammistöðu þeirra á kunnáttuprófum í stærðfræði. Eftir því sem afstaða nemenda er jákvæðari til námsgreinarinnar þeim mun betri er námsárangur þeirra í stærðfræði.

Skýrt jákvætt samband kemur fram milli menntunar foreldra og námsárangurs nemenda í öllum þátttökulöndunum. Hliðstætt samband kemur einnig fram í báðum úrtökum grunnskólans.

Tölvunotkun íslenskra framhaldsskólanema er með því mesta í þátttökulöndunum. 26% þeirra nota tölvur daglega og 40% þeirra einu sinni í viku. Í um það bil helmingi þátttökulandanna, þar á meðal Íslandi, á það við að þeir nemendur sem nota tölvur mest ná bestum námsárangri í stærðfræði og náttúrufræði.

Ísland er í hópi nokkurra þjóða þar sem algengast er að nemendur vinni með námi. Hjá þessum þjóðum vinnur um og yfir fjórðungur nemenda þrjár klukkustundir eða meira með námi. Námsárangur nemenda í stærðfræði og náttúrufræði verður lakari eftir því sem nemendur vinna meira með námi. Þetta á við í flestum þátttökulöndunum, þar á meðal Íslandi.

Sjálfsmat.

Í 23. gr. framhaldsskólalaga er kveðið á um að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Jafnframt er ákvæði þess efnis að á fimm ára fresti skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Ákvæðið um úttekt á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla kemur til framkvæmda skólaárið 2001/2002. Menntamálaráðuneytið gaf árið 1997 út bæklinginn *Sjálfsmat skóla: leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar.*

Menntamálaráðuneytið kannaði stöðu sjálfsmats í framhaldskólum vorið 1998. Könnunin náði til þrjátíu framhaldsskóla en einungis nítján svöruðu eða 63%. Niðurstöður eru því ekki marktækar og eru birtar hér með fyrirvara. Mynd 3.3 sýnir að allir skólarnir sem svöruðu höfðu unnið eitthvað að sjálfsmati en að þeir voru mislangt á veg komnir. Í 58% skóla hafði farið fram kerfisbundið mat á ákveðnum þáttum skólastarfs og í 47% skólanna stóð gagnaöflun vegna sjálfsmats yfir. Heildarmat hafði farið fram í 10% skólanna. Sjálfsmatsskýrsla hafði verið unnin í 15% skólanna og 37% voru að vinna að gerð sjálfsmatsskýrslu þegar könnunin var gerð. Um þriðjungur skólanna sagðist hafa gert umbótaáætlun í kjölfar sjálfsmats.

Mynd 3.3. Staða vinnu við sjálfsmat skólaárið 1997/1998.



Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Fyrrnefnd könnun á stöðu sjálfsmats leiddi enn fremur í ljós að í um 90% tilvika tóku skólastjórnendur og kennarar þátt sjálfsmatinu og að í um 84% tilvika tóku nemendur þátt. Aðrir voru sjaldnar þátttakendur, foreldrar t.d. í 21% tilvika og eldri nemendur í 32% tilvika.

Á árunum 1997 og 1998 átti menntamálaráðuneytið aðild að evrópsku tilraunaverkefni um mat á gæðum skólastarfs. Verkefnið var á vegum Evrópusambandsins og tóku 101 unglinga- og framhaldsskóli í átján löndum þátt. Tveir íslenskir framhaldsskólar voru þátttakendur í verkefninu, Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi og Menntaskólinn við Sund. Með þátttöku í þessu evrópska verkefni um sjálfsmat öðluðust íslensku skólarnir margvíslega

reynslu sem þeir einnig miðluðu til annarra framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið lét þýða leiðbeiningarit sem gefin voru út vegna verkefnisins og var þeim m.a. dreift til allra framhaldsskóla.

Ytra mat.

Í 2. gr. reglugerðar um eftirlit með starfi framhaldsskóla og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa, nr. 139/1997, er kveðið á um að menntamálaráðherra geti látið fara fram úttekt á starfi framhaldsskóla. Slík úttekt getur miðast við ákveðna þætti skólastarfs eða heildarmat á starfi einstakra framhaldsskóla. Heildarúttekt á starfi einstakra framhaldsskóla hefur ekki farið fram, nema gerð var heildarúttekt á Reykholtskóla 1996–1997, en skólinn var þá útibú frá Fjölbrautaskóla Vesturlands. Einnig var 1997 gerð úttekt á Fiskvinnsluskólanum, en rekstur hans var þá tengdur Flensborgarskólanum. Menntamálaráðuneytið hefur hins vegar látið gera úttektir á ákveðnum þáttum í starfi nokkurra framhaldsskóla. Sem dæmi má nefna úttekt á fjarkennslu í Verkmenntaskólanum á Akureyri 1996–1997, úttekt á tilraunanámi í bókiðngreinum í Iðnskólanum í Reykjavík 1997 og úttekt á stjórnun í Iðnskólanum í Reykjavík 1998–1999. Upplýsingar um einstakar úttektir er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins (www.mrn.stjr.is).

4. Starfsfólk.

Lögverndunarlög.

Ný lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra voru samþykkt af Alþingi árið 1998. Breytingar frá fyrri löggjöf eru m.a. þær að þeir sem aflað hafa sér verulegrar fagmenntunar umfram það lágmark sem lögin gera ráð fyrir þurfa að taka 15 einingar í uppeldis- og kennslufræði í stað 30 áður til að öðlast kennsluréttindi. Sama gildir um iðnmeistara og tæknifræðinga að uppfylltum vissum skilyrðum. Einnig eru það nýmæli í lögunum að í leyfisbréf skal skrá kennslugrein eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Kennarar og leiðbeinendur.

Litlar breytingar hafa orðið á fjölda framhaldsskólakennara á tímabilinu 1996–1998 (sjá töflu 4.1). Hlutfall réttindakennara á landinu öllu var um 77% skólaárið 1996/1997 en lækkaði í 75% tvö seinni skólaár tímabilsins. Sé hins vegar miðað við fjölda stöðugilda (sjá töflu 4.2) var 84% kennslu í höndum réttindakennara skólaárið 1996/1997, en hafði lækkað í 81% 1998/1999. Hæst var hlutfall leiðbeinenda miðað við stöðugildi á Vestfjörðum eða 57% skólaárið 1996/1997, 48% 1997/1998 og 44% 1998/1999. Skólaárið 1998/1999 var 37% stöðugilda í höndum leiðbeinenda á Norðurlandi vestra og Austurlandi og 36% á Vesturlandi. Lægst var hlutfall leiðbeinenda í Reykjavík á tímabilinu miðað við stöðugildi, eða 11% 1996/1997 og 14% 1997/1998 og 1998/1999. Á Reykjanesi og Suðurlandi voru hlutföll stöðugilda leiðbeinenda næstlægst á tímabilinu eða 18–20%. Sé hins vegar miðað við fjölda leiðbeinenda voru hlutfallstölur hærri í öllum tilvikum sem tilgreind eru hér að framan.

Tafla 4.1. Fjöldi og hlutfall kennara og leiðbeinenda skólaárin 1996/1997–1998/1999, skipt eftir landsvæðum.

	1996/1997					1997/1998					1998/1999				
	Kennarar		Leiðbeinendur		Alls við	Kennarar		Leiðbeinendur		Alls við	Kennarar		Leiðbeinendur		Alls við
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	kennslu	Fjöldi	%	Fjöldi	%	kennslu	Fjöldi	%	Fjöldi	%	kennslu
Reykjavík	610	82,8	127	17,2	737	634	79,9	159	20,1	793	580	81,9	128	18,1	708
Reykjanes	184	73,9	65	26,1	249	197	74,6	67	25,4	264	208	74,0	73	26,0	281
Vesturland	37	72,5	14	27,5	51	37	66,1	19	33,9	56	32	61,5	20	38,5	52
Vestfirðir	12	40,0	18	60,0	30	10	31,3	22	68,8	32	11	34,4	21	65,6	32
Norðurland vestra	20	64,5	11	35,5	31	21	63,6	12	36,4	33	20	57,1	15	42,9	35
Norðurland eystra	125	77,2	37	22,8	162	129	72,5	49	27,5	178	138	71,9	54	28,1	192
Austurland	44	64,7	24	35,3	68	44	62,0	27	38,0	71	40	59,7	27	40,3	67
Suðurland	84	74,3	29	25,7	113	85	73,3	31	26,7	116	77	74,8	26	25,2	103
Landið allt	**1.116**	**77,4**	**325**	**22,6**	**1.441**	**1.157**	**75,0**	**386**	**25,0**	**1.543**	**1.106**	**75,2**	**364**	**24,8**	**1.470**

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Tafla 4.2. Fjöldi og hlutfall stöðugilda* eftir landsvæðum skólaárin 1996/1997–1998/1999.

	1996/1997					1997/1998					1998/1999				
	Kennarar		Leiðbeinendur		Stöðu-gildi	Kennarar		Leiðbeinendur		Stöðu-gildi	Kennarar		Leiðbeinendur		Stöðu-gildi
	Stöðugildi	%	Stöðugildi	%	alls	Stöðugildi	%	Stöðugildi	%	alls	Stöðugildi	%	Stöðugildi	%	alls
Reykjavík	730,91	88,7	92,67	11,3	823,58	796,38	85,9	130,81	14,1	927,19	737,6	16,6	122,71	14,3	860,31
Reykjanes	214,24	80,8	50,95	19,2	265,19	258,28	80,2	63,85	19,8	322,13	279,27	25,6	71,45	20,4	350,72
Vesturland	37,89	80,5	9,16	19,5	47,05	48,4	72,9	18,01	27,1	66,41	41,42	56,9	23,58	36,3	65
Vestfirðir	11,02	43,1	14,54	56,9	25,56	14,79	51,9	13,72	48,1	28,51	16,84	79,0	13,31	44,1	30,15
Norðurland vestra ..	24,91	68,7	11,36	31,3	36,27	29,86	69,0	13,44	31,0	43,3	29,5	57,5	16,95	36,5	46,45
Norðurland eystra ..	150,37	81,2	34,92	18,8	185,29	167,48	80,7	39,93	19,3	207,41	172,86	26,0	44,92	20,6	217,78
Austurland	43,11	71,9	16,84	28,1	59,95	49,85	68,4	23,07	31,6	72,92	43,6	59,0	25,73	37,1	69,33
Suðurland	103,73	82,3	22,31	17,7	126,04	112,29	80,9	26,46	19,1	138,75	102,25	24,9	25,45	19,9	127,7
Landið allt	**1.316,18**	**83,9**	**252,75**	**16,1**	**1.568,93**	**1.477,33**	**81,8**	**329,29**	**18,2**	**1.806,62**	**1.423,34**	**80,5**	**344,1**	**19,5**	**1.767,44**

*Fjöldi stöðugilda reiknaður út frá heildarkennslumagni. Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Stjórnendur.

Tafla 4.3 sýnir að átta konur gegndu embættum skólameistara og rektora skólaárin 1997/1998 og 1998/1999 (febrúar bæði árin), sem er 22%. Aðstoðarskólameistarar voru 27, þar af þrjár konur, eða 11%. Stjórnendur á kennslusviði (svo sem áfangastjórar, kennslustjórar og deildarstjórar) voru fyrra skólaárið 212 (44% konur og 56% karlar), en 377 (42% konur og 58% karlar) seinna árið og hafði fjölgað um 78%. Skýringin getur að einhverju leyti verið ónákvæm upplýsingagjöf frá skólunum fyrra árið. Á sama tímabili voru karlar 57% starfsfólks við kennslu í framhaldsskólum en konur 43%.

Tafla 4.3. Fjöldi og hlutfall stjórnenda skólaárin 1997/1998 og 1998/1999.

	1997/1998*					1998/1999*				
	Konur		Karlar			Konur		Karlar		
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Alls	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Alls
Skólameistarar	8	22	29	78	37	8	22	29	78	37
Aðstoðarskólameistarar	3	11	24	89	27	3	11	24	89	27
Stjórnendur á kennslusviði**	93	44	119	56	212	160	42	217	58	377

*Tölur miðast við febrúar 1998 og febrúar 1999. **Áfangastjórar, kennslustjórar og deildarstjórar.
Heimildir: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

Annað starfsfólk.

Skólaárið 1997–1998 voru ráðgjafar (aðallega námsráðgjafar) og starfsfólk á bókasafni 88 í 69 stöðugildum (febrúar 1998). Á sama tíma var starfsfólk á skrifstofu og við tölvuvinnu 123 í 98 stöðugildum og starfsfólk við rekstur húsnæðis 298 í 191 stöðugildi. Tölur fyrir næsta skólaár á eftir eru mjög sambærilegar.

Aldursdreifing kennara og leiðbeinenda.

Mynd 4.1 sýnir aldursdreifingu framhaldsskólakennara og leiðbeinenda á vormissiri 1998. Um 70% kennara og leiðbeinenda voru 40 ára og eldri og aðeins um 100 af um 1.500 starfsmönnum við kennslu voru 29 ára og yngri, eða tæp 7%.

Mynd 4.1. Aldur starfsfólks við kennslu í febrúar 1998.



Heimild: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið.

Laun kennara og leiðbeinenda.

Launatölur í töflu 4.4 eru fengnar frá kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna. Taflan sýnir m.a. að meðaltal heildarmánaðarlauna kennara á árinu 1998 var rúm 203 þús. kr. og hafði hækkað um rúm 18% frá 1996. Á sama tímabili hækkaði meðaltal dagvinnulauna kennara um tæp 15%. Meðaltalshlutfall yfirvinnu í heildarlaunum var tæp 37% á árinu 1998. Meðaltal heildarmánaðarlauna karla var á tímabilinu hærra en kvenna en munurinn minnkaði þó úr því að vera tæpum 22% hærra árið 1996 í tæp 16% árið 1998.

Tafla. 4.4. Meðaltal mánaðarlauna kennara 1996, 1997 og 1998 (kr.).

	1996			1997			1998		
	Allir	**Karlar**	**Konur**	**Allir**	**Karlar**	**Konur**	**Allir**	**Karlar**	**Konur**
Dagvinnulaun	108.925	110.280	107.146	114.822	115.789	113.613	125.060	125.969	123.967
Yfirvinnulaun	59.981	72.770	42.900	64.329	78.230	46.950	75.116	89.750	57.482
Önnur laun	3.165	3.206	3.117	3.272	3.292	3.247	3.500	3.507	3.491
Heildarlaun	**172.071**	**186.256**	**153.163**	**182.423**	**197.311**	**163.810**	**203.676**	**219.226**	**184.940**

Skýringar: Greidd laun frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og/eða Ríkisbókhaldi til félaga í kennarafélögum í framhaldsskólum þ.e. HÍK og KÍ, þ.m.t. skólameistarar og skólastjórnendur. Ársmeðaltölin eru vegin meðaltöl hvers mánaðar. Heimild: Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.

Endurmenntun.

Menntamálaráðherra skipar endurmenntunarnefnd framhaldsskólakennara til fjögurra ára í senn. Hið íslenska kennarafélag tilnefnir tvo aðila í nefndina, félagsvísindadeild Háskóla Íslands einn aðila og menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Hlutverk nefndarinnar er að ákveða framboð á endurmenntun fyrir framhaldsskólakennara í samráði við faggreinafélög kennara og menntamálaráðuneytið. Nefndin ákveður einnig hvernig skipta skuli þeim fjármunum sem ráðuneytið leggur fram til endurmenntunar framhaldsskólakennara á hverju ári (sjá kafla 6 um fjárveitingar til endurmenntunar). Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands sér um framkvæmd endurmenntunarnámskeiða fyrir framhaldsskólakennara.

Tafla 4.5 sýnir fjölda þátttakenda í endurmenntunarnámskeiðum kennara og leiðbeinenda í framhaldsskólum, annars vegar þátttöku í faggreinanámskeiðum sem haldin eru innan lands og í sumum tilvikum utan lands (svo sem fyrir kennara í erlendum tungumálum) og hins vegar farandnámskeiðum sem haldin eru fyrir starfsfólk við kennslu í einstökum skólum. Á mynd 4.2 kemur fram að hærra hlutfall kvenna en karla sækir faggreinanámskeiðin. Mynd 4.3 sýnir skiptingu þátttöku í endurmenntunarnámskeiðum eftir námsgreinum. Farandnámskeið eru tilgreind sem þverfagleg námskeið.

Tafla 4.5. Fjöldi þátttakenda á endurmenntunarnámskeiðum 1996–1999.

	Faggreinanámskeið			Farand-	
	Karlar	Konur	Alls	námskeið*	Alls
1996	282	376	658	294	952
1997	261	379	640	521	1.161
1998	264	372	636	575	1.211
1999	372	397	769	259	1.028
Upplýsingatækni 1999	147	230	377	0	377
Alls	**1.326**	**1.754**	**3.080**	**1.649**	**4.729**

Skýringar: Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um skiptingu milli kynja meðal þátttakenda á farandnámskeiðum. Heimild: Endurmenntunarstofnun HÍ.





5. Aðstaða.

Húsnæði framhaldsskóla.

Með tilkomu reiknilíkans fyrir áætlanir og skiptingu fjárframlags varð stærð húsnæðis og fermetrafjöldi forsenda fjárveitinga til rekstrar með kerfisbundnari hætti en áður og uppfærsla og endurmat slíkra talna reglulegri en áður (sjá töflu 5.1). Í þessu felst m.a. að hækkandi tölur sýna ekki endilega stækkun húsnæðis eða nýbyggingar. Samanburður við eldri tölur framhaldsskólahúsnæðis er ekki raunhæfur, m.a. vegna þess að breytilegur fjöldi skóla gat verið á bak við tölurnar, t.d. vegna flutnings skóla milli skólastiga. Leiguhúsnæði er einnig tekið með í forsendum reiknilíkansins en það getur verið breytilegt milli ára.

Tafla 5.1 sýnir stærð húsnæðis í fermetrum fyrir bóknám og stjórnun, verknám, heimavistir og mötuneyti. Stærstur hluti húsnæðis var nýttur til bóknáms og stjórnunar á tímabilinu eða nálægt tveimur þriðju hlutum alls húsnæðis. Til verknáms var um fimmtungur alls húsnæðis nýttur. Heimavistir voru reknar við fjórtán framhaldsskóla og mötuneyti við nítján skóla (1997 og 1998). Upplýsingar liggja ekki fyrir um fjölda sérkennslustofa eða tækjaeign framhaldskóla.

Tafla 5.1. Húsnæði framhaldsskóla 1997–1999 (m^2).*

	1997	1998	1999
Bóknám og stjórnun	104.412	107.145	115.218
Verknám	30.070	32.164	37.030
Heimavistir	16.435	18.043	20.004
Mötuneyti	7.231	7.035	6.914
Húsnæði alls	**158.148**	**164.387**	**179166**

*Einungis ríkisreknir skólar og þeir skólar sem reiknilíkan nær til. Fyrirsjáanleg stækkun húsnæðis skólanna kemur fram ári fyrr en stækkunin verður í raun vegna þess að verið er að áætla fjárveitingar byggðar á þeim eitt ár fram í tímann. Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Nýbyggingar.

Nýtt húsnæði var tekið í notkun við eftirtalda framhaldsskóla 1996–1998:

Haustið 1996: Borgarholtsskóli (8.000 m^2), nýtt skólahús; Menntaskólinn í Kópavogi (4.000 m^2), aðallega kennsluhúsnæði til verklegs náms; Menntaskólinn á Akureyri (2.600 m^2), kennsluhúsnæði til bóklegs náms; Verkmenntaskóli Austurlands (950 m^2), verknámshús.

Haustið 1997: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (5.200 m^2), nýtt skólahús.

Haustið 1998: Menntaskólinn í Kópavogi (1.000 m^2), kennsluhúsnæði til verklegs náms.

Í sumum tilvikum var eldra húsnæði samhliða tekið úr notkun.

Skólasöfn.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skulu vera skólasöfn við alla framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið hefur safnað upplýsingum um starfsemi skólasafna síðan 1992 og birt í Ársskýrslu skólasafna í framhaldsskólum. Í ársskýrslum 1996/1997–1998/1999 sem aðgengilegar eru á vefsíðu menntamálaráðuneytisins (www.mrn.stjr.is) er að finna upplýsingar um skólasöfn allra framhaldsskóla (að undanteknum örfáum sérskólum) m.a. um bókakost, margmiðlunardiska, tímaritaáskrift, afgreiðslutíma og fjárveitingar til safnanna. Skólaárið 1998/1999 höfðu öll skólasöfnin tölvuskráð safnkost sinn og nánast öll höfðu eignast margmiðlunardiska, þ.e. CD-ROM-diska með gagnasöfnum. Þessir diskar voru hátt í 600.

Tölvur.

Þótt ekki liggi fyrir nákvæmar tölfræðilegar upplýsingar um tölvueign framhaldsskóla á því tímabili sem skýrsla þessi nær til er óhætt að fullyrða að notkun upplýsingatækni í framhaldsskólum fór vaxandi. Áætlað er að á árinu 1998 hafi fimmtán nemendur verið um hverja tölvu í framhaldsskólum. Samkvæmt alþjóðlegri rannsókn IEA (SITES) voru þó fáar margmiðlunartölvur í framhaldsskólum 1998. Sama rannsókn sýndi hins vegar að mjög hátt hlutfall framhaldsskóla var komið með heimasíðu þetta ár eða yfir 90%. Allir framhaldsskólar voru á árinu 1998 með aðgang að internetinu.

6. Fjárveitingar til framhaldsskólastigs.

Reiknilíkan, samningsstjórnun og skólasamningar.

Í 39. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, er ákvæði þess efnis að í reglugerð skuli settar fram reglur (reiknilíkan) til að reikna út kennslukostnað skóla. Drög að reiknilíkaninu höfðu verið lögð á árinu 1994 og var þeim beitt við áætlun rekstrarliða næstu ár á eftir. Við undirbúning fjárlaga 1998 var líkanið látið ná til kennslukostnaðar til viðbótar og hefur svo verið síðan þótt reglugerðin (nr. 335/1999) væri ekki sett fyrr en 1999.

Hlutverk reiknilíkansins er að tryggja jafnræði skóla til fjárveitinga í samræmi við stærð, gerð, staðsetningu og samsetningu náms. Líkanið skal tryggja eftir því sem frekast er unnt faglegt starf skólanna um leið og það stuðlar að aðhaldi í meðferð fjármuna til kennslu og rekstrar. Í gerð líkansins skulu felast möguleikar til þess að auka eða draga úr stuðningi við tiltekin markmið skólastarfs á samræmdan hátt um leið og unnt verði með hliðstæðum hætti að taka tillit til sérstakra aðstæðna.

Reiknilíkanið tekur til fjárveitinga til kennslu, kennslutengdra starfa, annarra starfa í skólum og rekstrarþátta sem skólar geta óhindrað fært á milli fjárlagaliða. Forsendur reiknilíkansins eru hinar sömu fyrir alla skóla en greinast í tvennt, annars vegar þær sem hafa sama tölugildi fyrir alla skóla en hins vegar sérstakar forsendur fyrir hvern skóla. Þannig hefur t.d. síðustu árin aukið tillit verið tekið til tækjaþarfar verkmenntaskóla og sérstakra aðstæðna lítilla skóla í dreifbýli.

Reiknilíkanið tekur ekki nema óbeinlínis til kvöldskóla og heimavista. Til sérkennslu er sérstök fjárveiting. Frá árinu 1998 hafa niðurstöður reiknilíkansins í senn verið grundvöllur tillagna til fjárlaga hvers árs og samnings milli hvers skóla og menntamálaráðuneytis, svokallaðs skólasamnings. Skólasamningarnir kveða á um samskipti skóla og ráðuneytis um námsframboð, sérstök verkefni, markmið í starfi, árlega skýrslu og upplýsingagjöf. Þá er einnig kveðið á um árlegt uppgjör á grundvelli rauntalna í stað áætlunartalna fjárlagafrumvarps og fjárlaga.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skal skólanefnd hvers framhaldsskóla árlega gera starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára og er áætlunin háð samþykki menntamálaráðherra. Jafnframt skal skólanefnd í upphafi hvers árs gera fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans a.m.k. tvisvar á ári.

Útgjöld til framhaldsskólastigs.

Eins og sjá má af töflu 6.1 hækkuðu framlög hins opinbera til framhaldsskóla umtalsvert á tímabilinu 1995–1998 og voru á árinu 1998 1,42% af vergri landsframleiðslu, en 1,30% árið 1995. Hæst var hlutfallið af vergri landsframleiðslu á árinu 1996 eða 1,46%. Kostnaður hins opinbera á hvern nemanda hækkaði á árunum 1996–1998 úr 399 þús. kr. í 461 þús. kr. Í töflunni eru útgjöld heimila til framhaldsskóla talin nema 0,11% af vergri landsframleiðslu árið 1998. Tölur um útgjöld heimila í töflunni eru áætlaðar.

Tafla 6.1. Útgjöld til framhaldsskólastigs 1995–1998.

	1995	1996	1997	1998
Útgjöld hins opinbera í millj. kr.	5.891	7.081	7.015	8.352
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,30%	1,46%	1,32%	1,42%
Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr.	342	399	385	461
Útgjöld ríkissjóðs í millj. kr.	4.624	5.680	5.647	6.844
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	1,02%	1,17%	1,07%	1,17%
Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr.	269	320	310	378
Útgjöld sveitarfélaga í millj. kr.	1.268	1.401	1.368	1.508
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,28%	0,29%	0,26%	0,26%
Kostnaður hins opinbera á nemanda í þús. kr.	73	79	75	83
Útgjöld heimila í millj. kr.	524	582	570	620
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	0,12%	0,12%	0,11%	0,11%
Kostnaður heimila á nemanda í þús. kr.	30	33	31	34
Verg landsframleiðsla	451.548	486.454	529.949	586.572

Skýringar: Kostnaður á nemanda miðast eingöngu við dagskólanemendur.
Heimildir: Þjóðhagsstofnun og menntamálaráðuneytið.

Í töflu 6.2 er að finna upplýsingar um fjárveitingar til þeirra framhaldsskóla sem heyra undir menntamálaráðuneytið, samkvæmt fjárlögum, fjárheimildum og niðurstöðutölum ríkisreikninga 1996–1998. Taflan sýnir mikla útgjaldaaukningu hjá einstökum skólum á tímabilinu, einkum milli áranna 1997 og 1998. Á árinu 1998 námu útgjöld vegna framhaldsskólastigs 35% af útgjöldum ráðuneytisins.

Tafla 6.2. Framlög til reksturs framhaldsskóla* samkvæmt fjárlögum, fjárheimildum og ríkisreikningi 1996, 1997 og 1998 (þús. kr.).

	1996			1997			1998		
	Fjárlög	Fjár-heimildir**	Ríkis-reikningur	Fjárlög	Fjár-heimildir**	Ríkis-reikningur	Fjárlög	Fjár-heimildir**	Ríkis-reikningur
Borgarholtsskóli		57.111	61.988	129.400	141.951	156.229	161.400	186.225	226.493
Fjölbrautaskóli Suðurlands	155.500	167.224	215.487	158.000	174.586	234.787	202.000	225.530	223.973
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	156.100	162.164	197.366	158.800	183.041	176.224	215.400	246.256	236.201
Fjölbrautaskóli Vesturlands	177.200	184.963	192.180	167.100	185.376	195.834	186.300	212.514	216.951
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	106.300	103.636	108.037	105.100	114.691	116.660	125.600	132.876	150.118
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	360.000	373.528	367.036	344.000	364.671	392.578	390.800	436.839	506.096
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	110.700	112.766	119.138	112.200	119.018	127.627	129.700	141.622	173.231
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	144.000	152.427	154.220	144.900	157.149	166.843	183.600	203.423	218.773
Flensborgarskóli	119.600	125.168	138.032	127.200	133.389	153.946	177.400	189.389	200.546
Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu	28.700	31.600	29.030	23.700	33.255	33.184	27.300	32.412	37.543
Framhaldsskóli Vestfjarða	77.900	76.104	76.650	72.200	78.875	79.002	78.800	88.846	102.421
Framhaldsskólinn á Húsavík	50.200	50.940	50.347	42.900	49.319	51.440	45.900	50.957	58.957
Framhaldsskólinn á Laugum	33.200	35.709	36.348	26.900	29.552	34.148	36.900	34.784	40.706
Framhaldsskólinn í Skógum	24.000	23.414	20.889	17.700	23.761	20.743	16.500	22.322	21.954
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	69.500	74.002	70.705	65.900	77.839	76.103	71.700	86.246	88.058
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	11.300	10.461	13.205	10.700	9.413	11.462	12.500	14.148	14.309
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	9.100	11.456	9.809	5.900	8.650	8.921	9.700	14.136	13.956
Iðnskólinn í Hafnarfirði	81.900	89.739	87.127	81.700	90.958	92.171	103.900	114.651	115.544
Iðnskólinn í Reykjavík	416.800	440.892	457.692	395.200	444.653	425.531	471.300	559.470	553.766
Kvennaskólinn í Reykjavík	96.600	98.108	103.302	95.900	105.661	108.882	124.000	139.817	139.995
Listdansskóli Íslands	11.600	1.371	10.068	15.100	12.495	16.798	21.800	22.333	33.564
Menntaskólinn á Laugarvatni	54.300	50.436	60.117	38.400	33.075	47.188	42.900	33.193	54.172
Menntaskólinn á Akureyri	129.200	133.915	153.981	136.600	132.307	152.621	161.400	157.029	187.832
Menntaskólinn á Egilsstöðum	89.700	102.844	105.360	91.000	98.215	104.202	102.200	106.328	109.575

	1996			1997			1998		
	Fjárlög	Fjár-heimildir**	Ríkis-reikningur	Fjárlög	Fjár-heimildir**	Ríkis-reikningur	Fjárlög	Fjár-heimildir**	Ríkis-reikningur
Menntaskólinn í Kópavogi	102.100	131.840	140.075	144.900	189.964	224.751	243.300	293.763	340.106
Menntaskólinn við Hamrahlíð	205.700	201.967	227.200	207.200	216.875	222.918	268.900	317.924	319.346
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	25.600	25.228	30.415	27.800	26.165	34.305	38.200	35.471	42.423
Verkmenntaskólinn á Akureyri	233.000	242.042	253.790	233.800	256.670	283.329	323.500	354.585	377.457
Verslunarskóli Íslands	213.300	228.728	217.276	212.000	242.204	245.792	287.900	348.337	348.337
Vélskóli Íslands	57.100	56.636	58.789	58.500	60.385	59.945	77.900	89.625	86.128

*Eingöngu framhaldsskólar sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

**Fjárheimildir samanstanda af heimildum samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum viðkomandi árs.

Heimildir: Ríkisreikningur fyrir árið 1996, ríkisreikningur fyrir árið 1997 og ríkisreikningur fyrir árið 1998.

Sérkennsla.

Fjárframlög til sérkennslu hækkuðu umtalsvert milli skólaáranna 1997/1998 og 1998/1999. (Sjá töflu 6.3 og um sérkennslu í kafla 2.)

Tafla 6.3. Fjárframlög til sérkennslu skólaárin 1996/1997–1998/1999.

	Þús. kr.
1996/97	59.935
1997/98	57.120
1998/99	85.360

Heimild: Menntamálaráðuneytið.

Endurmenntun.

Í töflu 6.4 kemur fram að fjárveitingar til endurmenntunar kennara nær tvöfölduðust milli áranna 1996 og 1998. Sé miðað við árið 1999, en þá var sérstök fjárveiting til endurmenntunar kennara á sviði upplýsingatækni, var um að ræða nálægt þreföldun á fjárveitingum frá árinu 1996.

Tafla 6.4. Framlög til endurmenntunar 1996–1999.

	Þús. kr.
1996	16.000
1997	22.200
1998	30.000
1999	35.000
Upplýsingatækni 1999	10.000

Skýringar: Hér er um að ræða framlög sem endurmenntunarnefnd framhaldsskóla ráðstafar til námskeiðahalds.
Heimild: Endurmenntunarstofnun HÍ.

7. Annað.

Þróunarsjóður framhaldsskóla.

Þróunarsjóður framhaldsskóla varð til með lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, og á grundvelli þeirra veitir Alþingi árlega fé til þróunarstarfs á framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu. Sérstakar reglur gilda um úthlutun úr sjóðnum og sér ráðgjafarnefnd um að meta umsóknir og gera tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar. Með þróunarstarfi er átt við tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, kennslu, námsgögnum, námsmati og mati á skólastarfi. Fyrst var úthlutað úr sjóðnum í desember 1997.

Á árunum 1997 og 1998 var styrkjum veitt til 56 verkefna. Verkefnin taka til margs konar nýbreytni í skólastarfi, svo sem þróunar nýrra námsbrauta, mats á skólastarfi, námsmats, nýtingar upplýsingatækni í námi og kennslu og til eflingar fullorðinsfræðslu.

Heildarstyrkveitingar 1997 og 1998 námu 34.050 þús. kr. og greinast sem hér segir:

	1997	1998
Heildarstyrkveiting í þús. kr.	13.550	20.500
Fjöldi styrkta verkefna	17	39

Upplýsingar um styrkveitingar úr þróunarsjóði framhaldsskóla til einstakra skóla og verkefna er að finna á vefsíðu menntmálaráðuneytisins (www.mrn.stjr.is).

Samningur um tölvunám fyrir framhaldsskólakennara.

Snemma árs 1998 gerðu menntamálaráðuneytið, Hið íslenska kennarafélag, Kennarasamband Íslands, Rafiðnaðarskólinn og Viðskipta- og tölvuskólinn með sér samning um tölvunám fyrir framhaldsskólakennara. Náminu er ætlað að tryggja þeim sem það sækja undirstöðuþekkingu í tölvu- og upplýsingatækni. Samningurinn var tilraunaverkefni og liður í framkvæmd stefnu menntamálaráðuneytisins um upplýsingasamfélagið sem sett var fram í ritinu *Í krafti upplýsinga.*

Þróunarskólar í upplýsingatækni.

Á árinu 1998 var unnið að undirbúningi þess að gera nokkra grunn- og framhaldskóla að tilraunaskólum um notkun upplýsingatækni í skólastarfi og var í janúar 1999 undirritaður samningur þess efnis við sex skóla, þrjá framhaldsskóla og þrjá grunnskóla.

Styrkir til námsefnisgerðar.

Menntamálaráðuneytið veitir árlega styrki til útgáfu og gerðar námsefnis í bóklegum og verklegum námsgreinum á framhaldsskólastigi. Hlutverk þessara styrkja er að bæta úr skorti sem er á námsefni í ýmsum námsgreinum, auka framboð á námsefni á íslensku og bæta gæði þess. Styrkirnir eru veittir að undangenginni auglýsingu. Nefnd skipuð af menntamálaráðherra yfirfer og metur umsóknir og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun. Úthlutað hefur verið til viðfangsefnisins sem hér segir í þús. kr.:

1996	1997	1998
13.000	13.500	15.700

Umsýsla námssamninga og sveinsprófa.

Frá haustinu 1997 hefur menntamálaráðuneytið gert umsýslusamninga við Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins, fræðsluráð hótel- og matvælagreina, Menntafélag byggingariðnaðarins, fræðsluráð málmiðnaðarins og Prenttæknistofnun um umsýslu sveinsprófa og eftirlit með gerð námssamninga í löggiltum iðngreinum. Með þessum samningum var stefnt að flutningi þjónustuverkefna úr ráðuneytinu til fræðsluaðila í atvinnulífinu í þeim tilgangi að létta framkvæmd iðnfræðsluverka af ráðuneytinu svo að það verði betur í stakk búið til þess að sinna eiginlegri stefnumótun og stjórnun starfsnáms. Enn fremur er þess vænst að með þessu verði eftirlit með vinnustaðanámi iðnnema skilvirkara og inntak sveinsprófa nær þeim kröfum sem atvinnulífið gerir til kunnáttu og færni starfsmanna sinna.

Viðurkenning námsbrauta í Viðskipta- og tölvuskólanum.

Árið 1998 var á grundvelli 41. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, og reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 137/1997, nám á fimm námsbrautum við Viðskipta- og tölvuskólann viðurkennt af menntamálaráðherra sem nám á framhaldsskólastigi, þ.e. almennt skrifstofunám, alhliða tölvunám, fjármála- og rekstrarnám, markaðs- og sölunám og verslunarstjóranám.

Viðurkenningin var veitt til tveggja skólaára, þ.e. 1998/1999 og 1999/2000. Í samræmi við fyrrnefnd laga- og reglugerðarákvæði er starfsemin háð eftirliti menntamálaráðuneytisins.

Alþjóðlegt samstarf.

Þátttaka framhaldsskóla í alþjóðlegu samstarfi jókst mjög á tímabilinu 1996–1998. Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu urðu Íslendingar fullgildir aðilar að samstarfsáætlunum Evrópusambandsins á sviði menntamála og vísinda. Sókrates- og Leonardo-áætlanirnar frá 1995 veittu íslenskum framhaldsskólum möguleika á þátttöku í margvíslegum samstarfsverkefnum milli skóla í Evrópu, kennara- og nemendaskiptum og námskeiðum, einkum innan Comeniusar- og Lingua-hluta Sókrates-áætlunarinnar. Sem dæmi má nefna að á árunum 1995–1999 tóku sautján framhaldsskólar þátt í samstarfsverkefnum við evrópska skóla innan Comeniusar, sumir fleiru en einu. Algengast er að þessi samstarfsverkefni standi yfir í þrjú ár. Auk þess hafa nokkrir framhaldsskólar tekið þátt í samstarfsverkefnum á vegum Leonardo-áætlunarinnar. Lingua hefur m.a. veitt fjölmörgum framhaldsskólum tækifæri til að koma á nemendaskiptum milli skóla.

Síðan 1991 hefur norræna ráðherranefndin veitt fé til nemendaskipta milli framhaldsskóla á Norðurlöndum. Áætlunin nefnist NORDPLUS-junior. Nemendaskiptin geta staðið yfir í 2–8 vikur. Árlega hafa átta til fimmtán framhaldsskólar fengið styrki til nemendaskipta.

Á árinu 1997 hófu Íslendingar þátttöku í hinu fjölþjóðlega umhverfisfræðsluverkefni Globe. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu og skilning jarðarbúa á umhverfinu og glæða áhuga nemenda, kennara og vísindamanna um allan heim á því að leggja sitt af mörkum við að bæta umhverfisskilyrði á jörðinni. Einn íslenskur framhaldsskóli og einn grunnskóli tóku þátt í verkefninu 1997 og 1998, en verkefnið stendur enn yfir með þátttöku fleiri grunnskóla.

International Baccalaureate (IB).

Árið 1997 heimilaði menntamálaráðherra Menntaskólanum við Hamrahlíð að hefja starfrækslu svokallaðs IB-náms fyrir um 25 nemendur á ári. Námið er skipulagt í samstarfi við alþjóðleg samtök, International Baccalaureate Organisation (IBO), og samræmi við reglur samtakanna. Nám til IB-stúdentsprófs er boðið í u.þ.b. 750 skólum í nærri eitt hundrað löndum. Um er að ræða tveggja ára nám, auk eins árs undirbúningsnáms. Náminu lýkur með IB-stúdentsprófi sem veitir aðgang að háskólanámi víða um heim, þar á meðal að mörgum þekktum háskólastofnunum. Nemendur greiða nokkur skólagjöld. Kennsla í IB-námi við Menntaskólann við Hamrahlíð fer fram á ensku, en auk ensku er unnt að stunda IB-nám á frönsku og spænsku.

Menntaþing.

Menntamálaráðuneytið stóð 5. október 1996 fyrir menntaþingi undir yfirskriftinni *Til móts við nýja tíma.* Tilgangur þingsins var að leiða saman áhugasama aðila um menntun og skólamál og vera vettvangur til að kynna nýjungar í skólastarfi. Á þinginu voru flutt erindi, málstofur voru starfræktar og loks var sýningarsvæði þar sem skólar og þjónustustofnanir kynntu nýjungar og þróunarverkefni í skólastarfi. Meðal þeirra málefna sem rædd voru á menntaþinginu voru gæði og árangur skólastarfs, símenntun, menntun í alþjóðlegu upplýsingasamfélagi og menntun og jafnrétti. Þingið var öllum opið og var það mjög vel sótt.

Framkvæmdanefnd um lesskimun.

Vinnuhópur um leshömlun sem menntamálaráðuneytið skipaði snemma árs 1997 skilaði í október sama ár skýrslu sem ber heitið *Sértæk lesröskun.* Sérstök verkefnisstjórn vann úr tillögum hópsins og gerði tillögur um framkvæmd lesskimunar í grunn- og framhaldsskólum. Í framhaldi af tillögum verkefnisstjórnarinnar var haustið 1998 skipuð framkvæmdanefnd en hlutverk hennar er að þróa áfram lesskimun á grunn- og framhaldsskólastigum á grundvelli fyrirliggjandi tillagna.

Nefnd um náms- og starfsráðgjöf.

Nefnd um náms- og starfsráðgjöf sem menntamálaráðherra skipaði haustið 1997, skilaði skýrslu árið 1998 þar sem lagðar voru fram fjölmargar tillögur um hvernig styrkja megi þennan þátt í þjónustu skólanna, m.a. um hvernig bæta megi ráðgjöf við nemendur sem eiga í námstengdum og persónulegum vanda. Hefur m.a. verið tekið mið af tillögum nefndarinnar í námskrárgerð fyrir grunn- og framhaldsskóla.

Forvarnastarf í framhaldsskólum.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum frá desember 1996 hefur menntamálaráðuneytið unnið að forvörnum í skólum, m.a. með teymisvinnu sérfræðinga til að gera tillögur um forvarnastarf í grunn- og framhaldsskólum og stuðningi við Jafningjafræðslu framhaldsskólanna. Einnig stóð menntamálaráðuneytið á árunum 1997 og 1998 fyrir námskeiðahaldi fyrir kennara og annað starfsfólk skóla í samvinnu við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um áhættuhegðun ungmenna, m.a. með tilliti til fíkniefnaneyslu og sjálfsvígshættu, og viðbrögð við slíkri hegðun. Í tengslum við forvarnastarfið gaf menntamálaráðuneytið árið 1998 út bæklinginn *Stuðningur við framhaldsskóla.*

Viðauki I.

Reglugerðir.

Framhaldsskólalögin kveða á um setningu allmargra reglugerða. Eftirtaldar reglugerðir voru gefnar út á grundvelli framhaldsskólalaganna á tímabilinu 1996–1998:

Reglugerð um lögverndun á starfsheiti framhaldsskólakennara, nr. 694/1998.
Reglugerð um undanþágunefnd framhaldsskóla, nr. 699/1998.
Reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla, nr. 132/1997.
Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 137/1997.
Reglugerð um almenna kennarafundi í framhaldsskólum, nr. 138/1997.
Reglugerð um eftirlit með starfi framhaldsskóla og námsefni og um ráðgjöf vegna kennslu og þróunarstarfa, nr. 139/1997.
Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla, nr. 140/1997.
Reglugerð um söfnun og dreifingu upplýsinga um skólastarf á framhaldsskólastigi, nr. 141/1997.
Reglur um styrkveitingu til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu, nr. 274/1997. Breyting nr. 559/1997.
Reglugerð um sveinspróf, nr. 278/1997.
Reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun, nr. 279/1997.
Reglugerð um námssamninga og starfsþjálfun, nr. 280/1997.
Reglur um fornám í framhaldsskólum, nr. 328/1997.
Reglugerð um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum, nr. 329/1997.
Reglugerð um námsorlof framhaldsskólakennara, nr. 331/1997. Breyting nr. 580/1997.
Reglugerð um endurinnritunargjald í framhaldsskólum, nr. 333/1997.
Reglugerð um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga, nr. 552/1997.
Reglugerð um starfslið framhaldsskóla, nr. 371/1998.
Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum, nr. 372/1998.

Viðauki II.

Framhaldsskólar 1996–1998, skipt eftir kjördæmum.

Reykjavík
Borgarholtsskóli
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík
Iðnskólinn í Reykjavík
Kvennaskólinn í Reykjavík
Listdansskóli Íslands
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Stýrimannaskólinn í Reykjavík
Tannsmíðaskóli Íslands
Verzlunarskóli Íslands
Vélskóli Íslands

Reykjanes
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
Iðnskólinn í Hafnarfirði
Menntaskólinn í Kópavogi

Vesturland
Bændaskólinn á Hvanneyri
Fjölbrautaskóli Vesturlands

Vestfirðir
Framhaldsskóli Vestfjarða

Norðurland vestra
Bændaskólinn á Hólum
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki

Norðurland eystra
Framhaldsskólinn á Húsavík
Framhaldsskólinn á Laugum
Menntaskólinn á Akureyri
Verkmenntaskólinn á Akureyri

Austurland
Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Verkmenntaskóli Austurlands

Suðurland
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Framhaldsskólinn í Skógum
Garðyrkjuskólinn á Reykjum
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Menntaskólinn á Laugarvatni

768. Svar [347. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um styrki til sérleyfishafa.

1. *Hve háan styrk veitti hið opinbera sérleyfishöfum árið 1999, hverjir fengu styrk og hve háa fjárhæð fékk hver?*

Leitað var til Vegagerðarinnar við undirbúning að svari þessu enda hefur stofnunin umsjón með þeim fjármunum sem spurt er um.

Styrkir til sérleyfishafa í fjárlögum 1999 voru 54 millj. kr., sbr. fjárlagalið 10-211 1.11. Sú formbreyting hefur orðið að nú er upphæð þessi skilgreind sem styrkur en áður var um að ræða skilgreinda endurgreiðslu á þungaskatti. Eftir sem áður miðast greiðslan við 10,55 kr. á sérhvern ekinn km í sérleyfisakstri. Þetta er sambærileg upphæð við þá endurgreiðslu þungaskatts sem sérleyfishafar fengu áður. Greiðslur eru byggðar á upplýsingum frá Félagi sérleyfishafa um akstur sérleyfisbíla. Af fyrrgreindum 54 millj. kr. var reiknað með sérstökum 3 millj. kr. styrk til sérleyfisaksturs á leiðum þar sem skilyrði eru verst.

Árið 1999 greiddi Vegagerðin 43,2 millj. kr. í almennan styrk til sérleyfishafa. Ekki liggur fyrir heildaruppgjör fyrir alla sérleyfishafa, sem skýrir muninn á greiddum styrk og upphæð í fjárlögum. Í fylgiskjali I er gerð grein fyrir almennum styrkjum sem greiddir voru sérleyfishöfum árið 1999.

Eftirtaldir fengu úthlutað sérstökum styrk árið 1999 samkvæmt ákvörðun samgönguráðuneytis:

Sérleyfisbílar Suðurfjarða, Breiðdalsvík ...	1.300	þús. kr.
BSH, Húsavík	450	þús. kr.
Hjörtur Ásgeirsson, Djúpavogi	800	þús. kr.
Austfjarðaleið, Neskaupstað	450	þús. kr.

Greiddur styrkur til sérleyfishafa árið 1999 nemur samtals 46,2 millj. kr.

2. *Hve hár styrkur verður veittur sérleyfishöfum á þessu ári, hverjir fá styrk og hve háa fjárhæð fær hver?*

Í fjárlögum ársins 2000 er gert ráð fyrir sömu fjárhæð og 1999, eða 54 millj. kr., í styrk til sérleyfishafa. Ekki er á þessu stigi unnt að svara hvernig almenni styrkurinn deilist á sérleyfishafa en telja verður ólíklegt að verulegar breytingar verði frá fyrra ári. Í fylgiskjali II má sjá reglur sem ráðuneytið og Vegagerðin hafa sett um úthlutun sérstaks styrks, þ.e. 3 millj. kr. fyrir árið 2000. Upphæðin er óbreytt frá fyrra ári.

Eftirtöldum hefur verið sent bréf þar sem þeim var tilkynnt um úthlutun sérstaks styrks fyrir árið 2000:

Sérleyfisbílar Suðurfjarða, Breiðdalsvík ...	707	þús. kr.
BSH, Húsavík	1.096	þús. kr.
Hjörtur Ásgeirsson, Djúpavogi	669	þús. kr.
Jakob Sigurðsson, Borgarfirði eystra	527	þús. kr.

Þess má geta að Hjörtur Ásgeirsson hefur lagt inn sérleyfi sitt og hætt akstri. Hann fær því ekki áðurnefndan styrk. Sérleyfi hans, *Djúpivogur – Höfn*, verður auglýst laust til umsóknar á næstu dögum.

3. *Hverjir gera tillögu um úthlutun þessara fjármuna?*

Eins og fram hefur komið úthlutar Vegagerðin almenna styrknum eftir akstri sérhvers sérleyfishafa samkvæmt upplýsingum frá Félagi sérleyfishafa. Ráðuneytið og Vegagerðin úthlutuðu sérstaka styrknum fyrir árið 2000 í sameiningu með hliðsjón af reiknilíkani sem þróað hefur verið.

Fylgiskjal I.

Almennir styrkir til sérleyfishafa 1999.

Nafn	**Þús. kr.**
Allrahanda/Ísferðir	834
Austfjarðaleið	1.333
Austurleið	7.928
BSH	4.007
Ferðaþjónusta Austurlands	172
Guðmundur Jónasson	483
Hjörtur Ásgeirsson	567
Jakob Sigurðsson	317
Kristmann Jónsson	11
Kynnisferðir	5.825
Norðurleið	5.483
SBK	2.348
SBS	204
Sérleyfisbílar Akureyrar	1.716
Sérleyfisbílar HP	3.344
Sérleyfisbílar Suðurfjarða	1.114
Suðurleiðir	745
Sæmundur Sigmundsson	3.983
Valdimar L. Gíslason	344
Þingvallaleið	927
Ævar og Bóas	1.483
Samtals	**43.168**

Fylgiskjal II.

Reglur um úthlutun sérstaks styrks til sérleyfishafa árið 2000.

1. Einungis eru styrkhæfar þær leiðir sem ekið er á allt árið.
2. Ekki er styrkhæfur akstur sérleyfishafa sem hættur er rekstri.
3. Ekki er styrkhæfur akstur sérleyfishafa þar sem meira en helmingi leiðar er þjónað af fleiri en einum sérleyfishafa.

Styrkhæfur sérleyfisakstur þarf jafnframt að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Akstursleið er lengri en 140 km.
2. Heildarakstur á leiðinni er meiri en 15.000 km.
3. Heildarfjöldi sætiskm á viðkomandi leið var samkvæmt útreikningum Félags sérleyfishafa minni en 2.000.000 á árinu 1997.

4. Heildarakstur sérleyfishafans á öllum sérleyfisleiðum hans var samkvæmt útreikningum Félags sérleyfishafa minni en 5.000.000 skm á sama tímabili.
5. Styrkur skiptist í fasta greiðslu sem er 300.000 kr. og breytilega greiðslu sem reiknuð er út frá tilbúinni vísitölu er tekur mið af akstursvegalengd og sætaframboði. Fasta greiðslan fellur þó niður hjá þeim sérleyfishöfum sem eru með samningsbundna póstflutninga.

769. Nefndarálit [360. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti.

Frumvarpið er lagt fram í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að flytja mál er varða álagningu og innheimtu erfðafjárskatts frá félagsmálaráðuneyti til fjármálaráðuneytis þar sem álagning og innheimta skattsins er ekki frábrugðin almennri tekjuöflun ríkissjóðs og því talið rétt að þeir þættir málsins heyri undir yfirstjórn fjármálaráðuneytis.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt.**

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. mars 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ásta Möller.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.	Hjálmar Jónsson.

770. Frumvarp til laga [488. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

1. Við bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:
   Samruni samkvæmt lögum þessum telst hafa átt sér stað þegar:
   a. tvö eða fleiri fyrirtæki, sem áður störfuðu sjálfstætt, sameinast,
   b. fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,

c. eigendur með yfirráð í einu eða fleiri fyrirtækjum ná beinum eða óbeinum yfirráðum í einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar eða
d. fyrirtæki stofna fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varir til frambúðar sem sjálfstæð efnahagseining og veldur því ekki að aðilar sem hlut eiga að máli samræmi samkeppni sín á milli eða milli sín og hins sameiginlega verkefnis.

Yfirráð samkvæmt lögum þessum eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis, annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum, hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur:

a. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir fyrirtækisins eða
b. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.

2. Orðskýring á orðunum „Virk yfirráð“ fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

1. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður sem orðast svo: að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna alvarleg einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni.
2. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við afgreiðslu mála samkvæmt lögum þessum er samkeppnisráði heimilt að raða málum í forgangsröð.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar.

Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykkta og samstilltra aðgerða sem:

a. áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,
b. takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu,
c. skipta mörkuðum eða birgðalindum,
d. mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra,
e. setja sem skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.

Misnotkun skv. 1. mgr. getur m.a. falist í því að:

a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,
b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns,

c. viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,
d. sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Samningar milli fyrirtækja falla ekki undir bann skv. 10. gr. ef samanlögð markaðshlutdeild allra samstarfsfyrirtækja fer ekki á neinum markaði sem skiptir máli yfir:

a. 5% viðmiðunarmörk, ef samningurinn er milli fyrirtækja sem starfa á sama framleiðslu- eða sölustigi (láréttur samningur),
b. 10% viðmiðunarmörk, ef samningurinn er á milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi framleiðslu- eða sölustigi (lóðréttur samningur).

Ef um sambland af láréttum og lóðréttum samningum er að ræða eða ef erfitt er að flokka samning annaðhvort sem láréttan eða lóðréttan gilda 5% viðmiðunarmörkin.

Samningar skv. 1. mgr. falla ekki undir bann skv. 10. gr. þrátt fyrir að markaðshlutdeild fari upp fyrir viðmiðunarmörk skv. 1. mgr. ef hlutdeildin fer ekki upp fyrir 5,5% í láréttum samningum eða 11% í lóðréttum samningum tvö fjárhagsár í röð.

Samstarfsfyrirtæki skv. 1. mgr. eru fyrirtæki sem eiga aðild að samningnum, fyrirtæki sem aðilar samningsins hafa bein eða óbein yfirráð yfir eða fyrirtæki sem hafa bein eða óbein yfirráð yfir aðilum samningsins.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um samstilltar aðgerðir skv. 10. gr. og ákvarðanir samtaka fyrirtækja skv. 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef samkeppni á viðkomandi markaði er takmörkuð af uppsöfnuðum áhrifum sambærilegra samninga á markaðnum.

6. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Samkeppnisráð getur veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Hægt er að setja skilyrði fyrir undanþágu. Samkeppnisráð getur krafist þess að umsóknir um undanþágu skv. 1. mgr. verði settar fram á sérstöku eyðublaði.

Samkeppnisráð getur dregið undanþágu til baka eða breytt skilyrðum hennar ef:
a. forsendur sem lágu til grundvallar undanþágunni hafa breyst,
b. undanþágan hefur verið veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga eða
c. fyrirtæki brýtur þau skilyrði sem sett voru fyrir undanþágunni.

Samkeppnisráð getur sett reglur þar sem tilteknum tegundum samninga sem uppfylla skilyrði 1. mgr. er veitt undanþága frá ákvæðum 10. og 12. gr. (hópundanþága).

9. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn:
a. samningum, skilmálum og hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við 10., 11. og 12. gr.,
b. athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna,
c. aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Aðgerðir samkeppnisráðs geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Aðgerðir geta m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein.

10. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Telji samkeppnisráð að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist getur ráðið ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Við mat á lögmæti samruna skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis. Enn fremur skal við mat á lögmæti samruna taka tillit til þess hvort markaður er opinn eða aðgangur að honum er hindraður.

Ákveði samkeppnisyfirvöld að taka samruna til athugunar skulu þau tilkynna viðkomandi fyrirtækjum um það innan þrjátíu daga ef þau telja ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Frestur þessi byrjar að líða þegar samkeppnisyfirvöldum berast eftirfarandi gögn frá viðkomandi fyrirtækjum:
a. afrit af öllum samningum og öðrum gerningum sem liggja til grundvallar samrunanum,
b. ársreikningar fyrirtækjanna, síðustu þrjú árin fyrir samrunann,
c. lýsing fyrirtækjanna á þeim markaði sem samruninn hefur áhrif á,
d. gögn sem sýna fram á eignarhlut fyrirtækjanna í öðrum fyrirtækjum og
e. lýsing á aðdraganda og markmiði samrunans.

Berist tilkynning skv. 1. málsl. ekki frá samkeppnisyfirvöldum innan tilskilins frests geta þau ekki ógilt samrunann. Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tilkynning skv. 1. málsl. hefur verið send viðkomandi fyrirtækjum.

Til þess að tryggja að hugsanleg ákvörðun skv. 1. mgr. nái að fullu fram að ganga getur samkeppnisráð gripið til íhlutunar í samruna til bráðabirgða. Íhlutun getur falist í banni til bráðabirgða gegn því að láta samruna koma til framkvæmda þar til endanleg niðurstaða samkeppnisyfirvalda á athugun á samrunanum liggur fyrir eða öðrum ráðstöfunum sem hafa sömu áhrif.

Ákveði samkeppnisráð að ógilda samruna getur ráðið, samhliða ákvörðun á grundvelli 1. mgr. eða með sérstakri ákvörðun, mælt fyrir um að fyrirtæki eða eignir sem sameinaðar hafa verið verði aðskildar eða sameiginlegri stjórn hætt eða að gripið verði til annarra viðeigandi aðgerða til að skapa að nýju skilyrði fyrir virkri samkeppni.

11. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný grein, 20. gr. a, sem orðast svo:

Samanburðarauglýsingar eru allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður.

Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. að þær séu ekki villandi,
b. að samanburðurinn taki til vöru eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota,
c. að gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleika eða eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill,
d. að á markaðinum verði ekki villst á auglýsanda og keppinauti hans eða á vörumerkjum eða vöruheitum auglýsanda og keppinautar, öðrum auðkennum, vöru- eða þjónustutegundum,
e. að ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing,
f. að ef um er að ræða vöru með upprunatáknum skuli í öllum tilvikum bera saman vörur með sömu táknum,
g. að ekki sé með ósanngjörnum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, vöruheitis eða annarra auðkenna keppinautar eða upprunatáknunar samkeppnisvöru,
h. að vara eða þjónusta sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vöru eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða vöruheiti.

Sé getið um sértilboð í samanburði skal tiltaka skýrt og ótvírætt á hvaða degi sértilboðinu ljúki eða, þar sem við á, að sértilboðið sé háð framboði á vörunni eða þjónustunni og, hafi sértilboðið enn ekki tekið gildi, á hvaða degi byrjað verði að bjóða sérstakt verð eða önnur sérkjör.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 23. gr. laganna:

1. Á eftir orðunum „að veita fullnægjandi“ í 1. mgr. kemur: skriflegar.
2. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Leiðbeiningarnar skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku, og miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið.

13. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði 20., 20. gr. a, 21. og 22. gr. laga þessara. Aðgerðir samkeppnisráðs geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.

14. gr.

VIII. kafli laganna fellur brott.

15. gr.

Á eftir 50. gr. laganna kemur ný grein, 50. gr. a, sem orðast svo:

Samkeppnisstofnun er heimilt að afhenda samkeppnisyfirvöldum annarra ríkja upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd á íslenskum eða erlendum samkeppnislögum í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt milliríkjasamningum.

Við afhendingu upplýsinga og gagna til yfirvalda sem nefnd eru í 2. mgr. skal Samkeppnisstofnun setja sem skilyrði að:

a. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
b. upplýsingarnar og gögnin megi aðeins nota í því skyni sem kveðið er á um í viðkomandi milliríkjasamningi og
c. upplýsingarnar og gögnin megi aðeins afhenda öðrum með samþykki Samkeppnisstofnunar og í þeim tilgangi sem samþykkið kveður á um.

Viðskiptaráðherra getur sett nánari reglur um afhendingu Samkeppnisstofnunar á gögnum og upplýsingum til yfirvalda og stofnana skv. 1. mgr.

16. gr.

51. gr. laganna orðast svo:

Samkeppnisráð getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvörðunum skv. 2. mgr. 30. gr., ákvæðum 31. og 32. gr. eða reglum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sektir geta numið allt að 10 millj. kr.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „getur lagt“ í 1. mgr. kemur: leggur.
2. 2. mgr. 52. gr. orðast svo:

   Sektir geta numið frá 50 þús. kr. til 40 millj. kr. eða meira, en sektin skal þó ekki vera hærri en sem nemur 10% af veltu síðasta almanaksárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Við ákvörðun fjárhæðar sektar getur samkeppnisráð m.a. haft hliðsjón af samstarfsvilja hins brotlega fyrirtækis.

18. gr.

Orðin „sbr. 39., 40. og 41. gr.“ í 1. mgr. 58. gr. laganna falla brott.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir birtingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Með samkeppnislögum, nr. 8/1993, var í aðalatriðum horfið frá verðlagsafskiptum af atvinnulífinu og fest í lög sú meginregla að virk samkeppni væri best til þess fallin að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþáttanna og efnahagslegum framförum í þjóðfélaginu. Lögin voru þannig sett til þess að efla samkeppni á innlendum mörkuðum. Einnig þótti nauðsynlegt að samræma samkeppnisreglur hér á landi, eftir því sem ástæða var talin til, þeim reglum sem giltu annars staðar í Evrópu, með hliðsjón af aðild Íslands að Evrópska

efnahagssvæðinu, sem þá var að verða til. Almennt má segja að reynslan af samkeppnislögunum hafi verið góð. Lögin hafa stuðlað að aukinni samkeppni milli fyrirtækja með tilheyrandi ávinningi fyrir neytendur og þjóðfélagið allt. Lögin hafa leitt til jafnari samkeppnisskilyrða á mörkuðum, t.d. með því að vinna gegn því að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af almannafé. Einnig hafa þau haft í för með sér að aukið tillit er tekið til samkeppnissjónarmiða við setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla og í aðgerðum opinberra aðila. Nokkur veigamikil atriði leiða hins vegar til þess að nauðsynlegt er að breyta samkeppnislögum og því er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi.

Samkeppnislegar ástæður fyrir skarpari samkeppnislöggjöf.

Líta verður til þess að á síðustu 10–20 árum hafa orðið miklar breytingar á samkeppnisstefnu einstakra þjóða og ríkjabandalaga. Að baki þeim breytingum liggja þau almennu hagfræðilegu sannindi að samkeppni í viðskiptum efli hagvöxt. Dregið hefur verið úr hindrunum í milliríkjaviðskiptum og markaðssvæði hafa verið stækkuð. Aukin milliríkjaverslun og örar tæknibreytingar hafa verið drifkrafturinn í þeirri samfélagsþróun sem átt hefur sér stað í kjölfarið. Alþjóðavæðing í tengslum við aukin viðskiptaleg samskipti þjóða á milli hefur leitt til meiri samkeppni. Aukin samkeppni í alþjóðaviðskiptum hefur ýtt undir að reynt er að stækka fyrirtæki til að gera þau betur samkeppnishæf. Stækkun fyrirtækja og samþjöppun á mörkuðum hefur síðan haft mikil áhrif á það í hvaða átt samkeppnisstefna þjóða og ríkjabandalaga hefur þróast.

Breytt viðskiptaumhverfi, ný upplýsingatækni, lækkandi flutningskostnaður og alþjóðavæðing í framhaldi þess hafa haft áhrif á viðskiptamáta fyrirtækja. Við þetta hafa aðrir samkeppnishættir orðið til og samkeppnishindranir breytt um form. Til að takast á við ný samkeppnisleg vandamál sem skapast hafa af breyttum aðstæðum hefur samkeppnisreglum flestra þjóða verið fjölgað á síðari árum, þær eldri verið skerptar og framkvæmd samkeppnisreglna samræmd og styrkt.

Ör þróun í viðskiptum og umhverfi þeirra hefur haft veruleg áhrif hér á landi á allra síðustu árum. Þátttaka Íslands í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og setning samkeppnislaga eru meðal áhrifavalda. Leiða má að því líkur að aukin alþjóðleg samkeppni hafi ýtt undir viðbrögð íslenskra fyrirtækja sem eiga í samkeppni á útflutningsmörkuðum og fyrirtækja sem keppa við erlendan innflutning. Breytingar á viðskiptaumhverfinu innan lands og efnahagslegur samdráttur á fyrri hluta áratugarins stuðluðu og að aukinni samkeppni á innanlandsmörkuðum. Til að takast á við aukna samkeppni þurftu fyrirtæki að mæta kostnaðarhækkunum án þess að hækka söluverð til samræmis. Fyrirtæki voru misvel búin undir aukna samkeppni. Ýmsum tókst að gera reksturinn hagkvæmari og eflast af þeim sökum, önnur runnu saman í stærri einingar á meðan sum fyrirtæki hurfu úr rekstri. Afleiðing þessara breytinga er sú að allnokkur samþjöppun hefur orðið á ýmsum mikilvægum mörkuðum. Jafnvel hafa orðið til fákeppnismarkaðir þar sem áður ríkti blómleg samkeppni. Má þar sérstaklega nefna matvörumarkaðinn, byggingavörumarkaðinn og fjölmiðlamarkaðinn. Á mörgum öðrum mörkuðum er og hefur verið fákeppni hér á landi. Ýmsar greinar samgangna, fjarskipti, olíuviðskipti og fjármálamarkaðurinn eru dæmi þar um. Þegar keppinautum fækkar og markaðsráðandi staða verður til eða þegar fákeppni ríkir er samkeppninni hætta búin. Fyrirtæki hafa ekki lengur sama vilja og getu til að keppa eða þau taka gagnkvæmt tillit hvert til annars. Til að örva samkeppni og koma í veg fyrir samkeppnishömlur við þá stöðu sem að framan er lýst þarf skörp samkeppnislög sem færa samkeppnisyfirvöldum nauðsynlegar heimildir til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppræta hömlurnar. Annars fer þjóðarbúið á mis við þann ávinning sem hlýst af virkri samkeppni.

Eðli máls samkvæmt er meiri hætta á fákeppni á mörkuðum eins og þeim íslenska, bæði vegna smæðar þjóðarinnar og landfræðilegrar einangrunar. Gildandi samkeppnislög eru ekki það verkfæri sem dugar til að sporna við samkeppnishömlum markaðsráðandi fyrirtækja eða þróun í átt til fákeppni á mikilvægum sviðum markaðarins. Við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífi Íslendinga er því þörf á að breyta samkeppnislögum til samræmis við lög og reglur sem virkastar eru til að taka á þeim vanda sem aukin samþjöppun getur haft í för með sér. Frumvarp þetta hefur þann tilgang að bæta úr þessu með því að þeim ráðum sem unnt er að beita gegn samkeppnishindrunum er fjölgað, þau ákvæði sem nú gilda eru gerð skilmerkilegri og lögin að öðru leyti skýrari. Lagafrumvarpið hefur með öðrum orðum annars vegar það markmið að efla samkeppnislögin og hins vegar að auka réttaröryggi fyrirtækja.

Tillögur nefndar viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðherra skipaði nefnd 11. nóvember 1998 sem ætlað var að meta hvort breytingar á viðskiptaumhverfi íslensks atvinnulífs frá því að gildandi samkeppnislög tóku gildi kalli á endurskoðun á samkeppnisákvæðum samkeppnislaga. Nefndin var þannig skipuð:

Atli Freyr Guðmundsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti, formaður, Andri Sigurðsson lögfræðingur, Vinnuveitendasamband Íslands, Ari Skúlason, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, Guðmundur Sigurðsson, forstöðumaður samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar, Guðrún Ásta Sigurðardóttir lögfræðingur, Samtökum verslunarinnar, Gunnar Sturluson hdl., fyrir samgönguráðuneyti, Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambandsins, Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sigríður Ásthildur Andersen lögfræðingur, Verslunarráði Íslands, Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Kaupmannasamtakanna, Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður og Þórólfur Matthíasson dósent.

Nefndin lauk störfum 1. nóvember 1999 og skilaði viðskiptaráðherra greinargerð þar sem fram koma tillögur nefndarmanna. Unnt er að draga þær saman á eftirfarandi hátt:

— Allir nefndarmenn eru þeirrar skoðunar að þörf sé á að endurskoða samkeppnislögin.
— Þeir sem tjá sig um núgildandi bannákvæði samkeppnislaga telja þörf á að skýra þau og skerpa. Er í því sambandi t.d. bent á 53. gr. EES-samningsins.
— Flestir nefndarmenn telja þörf á að skerpa ákvæði samkeppnislaga sem taka á misbeitingu á markaðsyfirráðum. Flestir sem koma með beinar tillögur um þessi atriði telja þörf á því að taka upp bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Hvað þetta atriði áhrærir er m.a. bent á 54. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og sambærilegt ákvæði í dönsku samkeppnislögunum.
— Nefndarmenn skiptast í tvo hópa hvað varðar hugmyndir um eftirlit með samruna fyrirtækja. Annar hópurinn vill fella heimild til íhlutunar í samruna úr gildi eða draga mjög úr heimildunum. Aðrir gera tillögur um að bæta og styrkja heimild samkeppnisyfirvalda til íhlutunar í samruna.
— Ýmsir nefndarmenn leggja til að tekið verði upp ákvæði í samkeppnislög sem taki á ríkisstyrkjum.
— Hluti nefndarmanna leggur til að Samkeppnisstofnun taki ákvarðanir á fyrsta stjórnsýslustigi en ákvarðanir stofnunarinnar megi kæra til samkeppnisráðs eða áfrýjunarnefndar. Annaðhvort samkeppnisráð eða áfrýjunarnefnd verði þá lögð niður. Aðrir nefndarmenn gera ekki tillögu um breytta skipan stjórnsýslu í samkeppnislögum.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið höfð hliðsjón af tillögum nefndarmanna.

Erlend þróun.

Þróun samkeppnisréttarins erlendis hefur áhrif hér á landi. Í þessu sambandi verður fyrst að hafa í huga að samkeppnisreglur eru byggðar á tveimur mismunandi grundvallaraðferðum, annars vegar á svokallaðri bannreglu en hins vegar á því sem kölluð hefur verið misbeitingarregla. Þau lög sem byggjast á fyrir fram banni fela í sér þá meginreglu að nær allar samkeppnishömlur eru bannaðar. Þau lög sem byggjast á eftirliti með misbeitingu fela hins vegar ekki í sér að samkeppnishömlur séu fyrir fram bannaðar heldur á möguleikum til að grípa inn í samkeppnishömlur í einstökum tilvikum séu þær taldar skaðlegar.

Segja má að núgildandi samkeppnislög hér á landi feli í sér sambland bannreglu og misbeitingarreglu en þó með mun meiri áherslu á misbeitingaraðferðina. Í lögunum eru ferns konar samkeppnishömlur bannaðar fyrir fram en almenn heimild veitt til þess að banna aðrar samkeppnishömlur eftir á. Í flestum vestrænum ríkjum er byggt á bannreglum og þær þjóðir sem ekki byggja á bannaðferðinni eru að taka hana upp. Samkeppnisreglur sem gilda í ESB og á EES-svæðinu byggjast á fyrir fram banni. Sama á við um samkeppnisreglur í einstökum löndum, t.d. Svíþjóð, Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Spáni, Ítalíu, Bandaríkjunum og Kanada. Danir og Hollendingar hafa horfið frá misbeitingarreglunni og nýlega sett sér samkeppnislög sem sækja fyrirmynd sína til samkeppnisreglna ESB, þ.e. bannreglunnar. Bretar hafa einnig sett sér ný samkeppnislög sem byggjast á ESB-reglunum. Í Noregi er umræða um að fara sömu leið.

Framangreind þróun þýðir að íslensku samkeppnislögin eru frábrugðin og mun veikari en samkeppnislög sem gilda í nær öllum vestrænum ríkjum. Það er ekki í samræmi við markmið löggjafans með setningu samkeppnislaganna um að samræma íslenskar samkeppnisreglur þeim reglum sem giltu erlendis. Í frumvarpinu er því lagt til að fylgt verði nýlegu fordæmi Dana, Hollendinga og Breta og tekið upp fyrir fram bann við samkeppnishamlandi samstarfi fyrirtækja og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Einnig verði samrunareglur samkeppnislaga gerðar líkari þeim reglum sem gilda annars staðar.

II.
HELSTU BREYTINGAR Á GILDANDI LÖGUM

Bann við samkeppnishamlandi samstarfi fyrirtækja.

Í núgildandi samkeppnislögum er tiltölulega takmarkað bann lagt við samkeppnishamlandi samstarfi milli fyrirtækja. Þannig er fyrirtækjum bannað að hafa með sér samráð um verð, skiptingu markaða og gerð tilboða (lárétt samráð). Jafnframt er fyrirtækjum bannað að hafa áhrif á verð er gilda skal við endursölu vöru á næsta sölustigi (lóðrétt samráð). Annað samkeppnishamlandi samstarf fyrirtækja geta samkeppnisyfirvöld einungis bannað eftir á, þegar þau hafa sýnt fram á að það sé skaðlegt og andstætt samkeppnislögum. Til þess að efla samkeppni er í frumvarpinu gert ráð fyrir mun víðtækara banni við samstarfi og samráði fyrirtækja. Þetta þýðir að hvers konar samstarf milli fyrirtækja sem raskað getur samkeppni verður bannað. Hins vegar geta fyrirtæki fengið undanþágu frá banninu að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Hið nýja bannákvæði er byggt á 53. gr. EES-samningsins og er einnig sambærilegt ákvæðum í t.d. danskri, sænskri, breskri og hollenskri löggjöf.

Bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Samkvæmt gildandi lögum er misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu ekki bönnuð. Samkeppnisyfirvöld geta einungis bannað háttsemi eða hegðun sem felur í sér misbeitingu á markaðsyfirráðum eftir á, eftir að þau hafa sýnt fram á að hún hafi verið skaðleg í tilteknu

tilviki. Þetta þýðir að íslensk markaðsráðandi fyrirtæki geta misnotað stöðu sína gagnvart keppinautum og/eða neytendum án þess að um brot á samkeppnislögum sé að ræða þangað til samkeppnisyfirvöld grípa inn í, t.d. með því að banna tiltekna háttsemi. Í frumvarpinu er lagt til að misnotkun á markaðsyfirráðum verði bönnuð fyrir fram. Þetta er til þess fallið að efla samkeppni og auka réttaröryggi fyrirtækja þar sem þau eiga að vita í hvers konar háttsemi er fólgin misnotkun og geta áttað sig á því að misnotkun þeirra á markaðsstöðu sinni getur varðað viðurlögum. Hið nýja bannákvæði er byggt á 54. gr. EES-samningsins og er einnig sambærilegt ákvæðum í t.d. danskri, sænskri, finnskri, breskri og hollenskri löggjöf.

Samruni fyrirtækja.

Í frumvarpinu eru samrunaákvæði samkeppnislaga styrkt til muna. Þetta felst í eftirfarandi:

— Tryggt er að samrunareglur taki til styrkingar á markaðsráðandi stöðu ásamt því að unnt verður, eins og samkvæmt gildandi lögum, að beita reglunum þegar markaðsráðandi staða verður til við samruna.
— Unnt verður að grípa til íhlutunar í samruna ef hann leiðir til svonefndrar fákeppnismarkaðsráðandi stöðu (oligopolistic dominance). Í því felst að fækkun keppinauta við samruna leiðir til fákeppni þar eð fyrirtækin sem eftir verða á markaðinum taka gagnkvæmt tillit hvert til annars og hætta að keppa. Heimild af þessum toga tryggir samkeppnisyfirvöldum möguleika til að sporna gegn myndun skaðlegrar fákeppni hér á landi.
— Ákvæði um frest til ákvörðunar í samrunamálum verður gert skýrara og frestur rýmkaður. Lagt er til að samkeppnisráð tilkynni fyrirtækjum um það innan eins mánuðar frá því að ráðið fær gögn frá þeim hvort samruni verði tekinn til nánari athugunar. Geri samkeppnisráð það hefur ráðið þrjá mánuði til viðbótar til að ákveða hvort ógilda beri samruna. Þessi breyting er nauðsynleg til að tryggja vandaða málsmeðferð í samrunamálum. Núverandi skipan mála gerir samkeppnisyfirvöldum nánast ókleift að fjalla um samruna.
— Samkeppnisráði verður veitt heimild til að fresta samruna meðan á rannsókn stendur og koma þannig í veg fyrir samkeppnislega röskun vegna ólögmæts samruna.

Samanburðarauglýsingar.

Vegna skuldbindinga EES-samningsins er lagt til að lögfest verði efni tilskipunar ESB um samanburðarauglýsingar.

Sektarákvæði.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að sektarákvæði samkeppnislaga verði skýrð og styrkt. Stefnt er að því að gera þau líkari sams konar ákvæðum í löggjöf EES og ESB.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til einföldunar á ákvæðum 18. gr. laganna er lagt til að við orðskýringar laganna bætist skilgreining á hugtakinu samruni. Hugtakið samruni verður því almennt hugtak í lögunum um þær tegundir aðgerða fyrirtækja sem falla undir 18. gr. Einnig er lagt til að skilgreining á hugtakinu yfirráð verði gerð skýrari. Skilgreiningar þessar taka að nokkru leyti mið af samrunareglugerð ráðsins (EB) nr. 4064/89, með síðari breytingum. Reglugerð þessi er hluti af EES-samningnum.

Um 2. gr.

Lagt er til að nýr stafliður bætist við 2. mgr. 5. gr. laganna þar sem hlutverk samkeppnisráðs er skilgreint. Í breytingunni felst að samkeppnisráði verður á skýran hátt falið það verkefni að fylgjast með þróun samkeppnis- og viðskiptahátta í íslensku viðskiptalífi. Er tekið fram að þetta skuli m.a. gera í því skyni að kanna hvort tilteknar aðstæður séu á einstökum mörkuðum sem raskað geta samkeppni. Mikilvægt er að samkeppnisyfirvöld framkvæmi slíkar athuganir og hafi til þess skýra heimild. Slíkar athuganir geta leitt til þess að samkeppnisráð birti skýrslur um athuganir á mörkuðum sem verði öllum aðgengilegar og geti stuðlað að opinberri umræðu um samkeppnismál. Einnig geta slíkar athuganir leitt til þess að samkeppnisyfirvöld grípi til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni. Ákvæði 39. gr. laganna um upplýsingaskyldu fyrirtækja veita samkeppnisyfirvöldum fullnægjandi heimildir til að afla gagna til að sinna þessu hlutverki.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein við 5. gr. laganna þar sem tekið er fram að samkeppnisráði sé heimilt að raða málum í forgangsröð. Samkeppnisráð er eftirlitsstjórnvald sem er ætlað að efla samkeppni í viðskiptum og beita þeim úrræðum sem samkeppnislög heimila í því skyni að stuðla að því að markmið laganna náist. Þannig er aðalhlutverk samkeppnisráðs fólgið í því að framfylgja þeirri stefnu sem mörkuð er með samkeppnislögum, en ekki fyrst og fremst að leysa úr deilumálum. Til þess að framfylgja stefnu laganna og sinna eftirliti sem samkeppnisyfirvöldum er falið er nauðsynlegt að þau geti í aðalatriðum stýrt sjálf nýtingu þess mannafla sem þau hafa yfir að ráða til þess að sinna verkefnum sem brýnast þykir að sinna í því skyni að efla samkeppni og stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum. Ákvæði þetta sækir að nokkru leyti fyrirmynd sína til evrópsks samkeppnisréttar þar sem m.a. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn ESB hafa heimild til að forgangsraða málum.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að reglur samkeppnislaga um bann við samráði og samkeppnishamlandi samstarfi milli fyrirtækja verði færðar til samræmis við reglur sem gilda í EES-samkeppnisrétti. Er gerð tillaga um að í 10. gr. samkeppnislaga sé lagt bann við öllum samkeppnishamlandi samningum, samþykktum og samstilltum aðgerðum milli fyrirtækja á sama hátt og gert er í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Önnur ákvæði frumvarpsins og gildandi samkeppnislaga geta þó haft þau áhrif að samningar, samþykktir eða samstilltar aðgerðir falli ekki undir bann ákvæðis 10. gr. Má þar nefna:

— samninga fyrirtækja sem eru undir viðmiðunarmörkum 13. gr. laganna,
— samninga sem fengið hafa undanþágu á grundvelli 16. gr. laganna.

Í gildandi samkeppnislögum er lagt bann við svokölluðum láréttum samkeppnishömlum í 10. gr. laganna, þ.e. samkeppnishamlandi samstarfi milli fyrirtækja á sama sölustigi. Í 11. gr. gildandi laga er verðsamráð fyrirtækja á mismunandi sölustigi bannað (lóðréttar samkeppnishömlur). Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að allir samningar, samþykktir og samstilltar aðgerðir sem takmarka samkeppni séu bönnuð. Bann ákvæðisins tekur þannig bæði til láréttra og lóðréttra samninga milli fyrirtækja og bann við lóðréttu samstarfi er ekki lengur eingöngu bundið við samráð um verð. Fyrirmynd ákvæðisins er sótt til 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og er framkvæmd Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins, auk dómstóla EB og framkvæmdastjórnar ESB, leiðbeinandi við túlkun ákvæðisins eftir því sem við á um markaðsaðstæður hér á landi. Um hugtakið fyrirtæki vísast til orðskýringa í 4. gr. gildandi laga.

Í gildandi samkeppnislögum er það sérstakt brot skv. 12. gr. laganna ef samtök fyrirtækja taka þátt í broti á bannreglum þeirra. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að 12. gr. laganna standi óbreytt. Af því leiðir að brot samtaka fyrirtækja á hinum nýju bannreglum 3. og 4. gr. frumvarpsins, um samráð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu, fer gegn ákvæðum 12. gr. gildandi laga.

Ákvæðið leggur í fyrsta lagi bann við samkeppnishamlandi samningum og hefur samningshugtakið í þessu samhengi almennt verið túlkað rúmt í samkeppnisrétti. Ekki eru gerðar kröfur um að samningur sé skriflegur eða undirritaður til þess að hann falli undir samningshugtak ákvæðisins og hann þarf ekki að hafa bindandi réttaráhrif. Til dæmis hefur svokallað „heiðursmannasamkomulag“ verið talið falla undir samningshugtakið. Í reynd er ekki nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega samningshugtakið í þessu ákvæði þar sem hugtakið samstilltar aðgerðir sem einnig er notað í ákvæðinu er víðtækt og tæki í flestum tilvikum til þess samstarfs sem vafi léki á að félli undir samningshugtakið.

Með samstilltum aðgerðum er átt við að tvö eða fleiri fyrirtæki samræmi aðgerðir sínar, án þess að eiginlegur samningur sé gerður þar um. Það verður þó að teljast skilyrði að fyrirtækin sem um ræðir hafi átt með sér einhvers konar bein eða óbein samskipti, t.d. í formi fundahalda eða með því að skiptast á upplýsingum. Erfitt kann að vera í einstökum tilvikum að greina annars vegar á milli samræmdra eða samstilltra aðgerða fyrirtækja, sem þau meðvitað taka þátt í til þess að takmarka samkeppni, og hins vegar þegar fyrirtæki haga sér eins eða líkt á markaði vegna samkeppninnar. Sem dæmi um hið síðarnefnda má nefna fákeppnismarkað þar sem fyrirtæki á slíkum markaði hafa sífellt í huga hver viðbrögð keppinautanna á markaðnum verða við tiltekinni markaðshegðun, t.d. verðlækkun. Yfirleitt á þó athugun á markaðnum og markaðsaðstæðum að geta leitt í ljós hvort um samstilltar aðgerðir er að ræða. Á grundvelli slíkra athugana taka samkeppnisyfirvöld ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir. Þannig munu samkeppnisyfirvöld geta lagt á stjórnvaldssekt telji þau að undangenginni slíkri athugun að yfirgnæfandi líkur séu á að um samstilltar aðgerðir sé að ræða, enda þótt engin skjalfest sönnun liggi fyrir. Skýra ber hugtakið samstilltar aðgerðir rúmt og í samræmi við evrópskan samkeppnisrétt á þann hátt að hugtakið taki til sérhverra beinna eða óbeinna samskipta milli fyrirtækja, sem hafa þann tilgang að hafa áhrif á samkeppni eða hafa slík áhrif í reynd. Í þessu getur m.a. falist að fyrirtæki skiptist á upplýsingum um verð eða framleiðslumagn eða öðrum slíkum viðskiptaupplýsingum og af því leiði samræmd markaðshegðun. Með því að tilgreina einnig samstilltar aðgerðir í ákvæðinu má segja að ekki skipti máli hver grundvöllurinn að hinum ólögmætu samkeppnishömlum er, þ.e. hvort þær byggjast á samningi, samþykkt eða þegjandi samkomulagi sem lýsir sér í samstilltum aðgerðum. Liggi fyrir að markmið aðgerðanna sé að takmarka samkeppni eða hún sé í raun takmörkuð af aðgerðum fyrirtækja sem leiðir af samanteknum ráðum er um að ræða brot á þessari grein.

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins tekur almennt ekki til einhliða samkeppnishamlandi aðgerða fyrirtækis heldur eingöngu til þess ef tvö eða fleiri fyrirtæki gera með sér samning eða eiga í einhvers konar samstarfi um samkeppnishamlandi aðgerðir. Þó er ekki hægt að útiloka að aðgerðir sem í fyrstu sýnast einhliða geti flokkast sem samningur eða samstilltar aðgerðir, t.d. ef um er að ræða þegjandi samþykki eða athugasemdalausa notkun á samningsskilmálum.

Á sama hátt og í EES-samkeppnisrétti er við það miðað að bann ákvæðisins taki til samninga eða samstilltra aðgerða milli tengdra fyrirtækja, t.d. móður- og dótturfyrirtækis eða fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu, nema viðkomandi fyrirtæki myndi eina efnahagslega einingu (e. *single economic unit*, d. *økonomisk enhed*), sbr. t.d. dóm dómstóls EB frá 24. október 1996 í máli nr. C-73/95P, *Viho Europe BV gegn framkvæmdastjórninni*. Um slíka einingu er að ræða þegar dótturfyrirtæki eða fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu hefur

ekki raunverulegt frelsi til þess að ákveða aðgerðir sínar á markaði. Í þessu felst að eðli sambandsins milli móðurfyrirtækis og tengdra fyrirtækja ræður því hvort fyrirtækin falla undir bannreglu ákvæðisins. Ef samband t.d. dótturfyrirtækis við móðurfyrirtæki er þannig að móðurfélagið hefur boðvald yfir dótturfélaginu og það er í raun ígildi deildar innan móðurfélagsins er um eina efnahagslega einingu að ræða. Í skilningi samkeppnisréttarins eru samningar milli þessara aðila ekki samningar milli sjálfstæðra keppinauta heldur frekar innri ráðstafanir sama fyrirtækis. Ef dótturfélag á hinn bóginn nýtur raunverulegs sjálfstæðis í markaðsstarfi sínu getur samstarf þess við móðurfélagið fallið undir bannregluna. Um slíkt sjálfstæði getur t.d. verið að ræða þegar minnihlutaeigandi að dótturfélaginu hefur sameiginleg yfirráð yfir því með móðurfyrirtækinu á grundvelli t.d. neitunarvalds um mikilvægar ráðstafanir. Þegar móður- og dótturfyrirtæki mynda eina efnahagslega einingu geta aðgerðir þeirra fallið undir ákvæði laganna um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Hvers konar samkeppnishamlandi samráð milli fyrirtækja er bannað samkvæmt ákvæði 3. gr. frumvarpsins og á það við hvort sem hin samanteknu ráð koma í veg fyrir samkeppni, takmarka hana eða raska á annan hátt. Ákvæðið tekur til samráðs sem annaðhvort hefur það að markmiði eða af því leiðir að samkeppni er takmörkuð. Þannig tekur bannið bæði til samstarfs sem hefur þann tilgang að takmarka samkeppni, þrátt fyrir að það markmið náist ekki, sem og samstarfs sem hefur slík áhrif í raun, óháð því hvert markmið þess var. Þannig gerir ákvæðið ekki þá kröfu að hið ólögmæta samstarf hafi í raun haft áhrif á samkeppnina.

Í 2. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins eru talin upp nokkur dæmi um samkeppnishamlandi samstarf. Upptalningin er í dæmaskyni og er því ekki tæmandi.

Um a-lið.

Svipuð ákvæði er að finna í gildandi lögum en ljóst er að vart er að finna alvarlegri samkeppnistakmarkanir en þegar fyrirtæki koma sér saman um aðgerðir sem hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör. Slíkt samstarf, sem fjallað er um í þessum staflið, getur komið í veg fyrir verðsamkeppni eða takmarkað hana verulega. Getur verið um að ræða t.d. samstarf um verð, afslætti eða álagningu milli tveggja eða fleiri framleiðenda, milli framleiðanda og dreifingaraðila eða á milli dreifingaraðila og smásala, t.d. um verð í endursölu. Þessi stafliður tekur m.a. einnig til samstarfs fyrirtækja innan sömu starfsstéttar um gjaldskrár, eftir atvikum innan vébanda samtaka fyrirtækja, sbr. 12. gr. gildandi laga. Undir hugtakið önnur viðskiptakjör geta m.a. fallið ýmis samkeppnishamlandi skilyrði, t.d. fyrir ábyrgð, afslætti eða skilyrði varðandi greiðslukjör.

Um b-lið.

Samkvæmt b-lið er samstarf sem takmarkar eða stýrir framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu bannað. Liðurinn getur m.a. tekið til samstarfs sem felur í sér takmörkun á framboði vöru eða þjónustu í því skyni að halda uppi verði. Samantekin ráð fyrirtækja um að útiloka tiltekinn aðila frá markaði mundu einnig vera bönnuð samkvæmt þessum staflið, auk þess sem samkeppnishamlandi ákvæði samninga er tengjast samruna gætu fallið hér undir ef gengið er lengra en eðlilegt þykir. Ekki hafa þó allir samkeppnishamlandi samningar sem falla undir b-lið ákvæðisins eingöngu neikvæð áhrif. Til dæmis má nefna samninga um sérhæfingu, rannsóknir og þróun og samninga um samkeppnishömlur sem rétthafi og nytjaleyfishafi hafa gert sín á milli um rétt til að nota skráð einkaleyfi eða mynstur á sviði iðnaðar o.fl. Slíkum samningum er unnt að veita undanþágu frá banni ákvæðisins á grundvelli undanþáguákvæðis 16. gr., ýmist í formi einstakrar undanþágu eða svokallaðrar hópundanþágu.

Um c-lið.

Undir c-lið ákvæðisins heyra m.a. samningar milli fyrirtækja á sama sölustigi um skiptingu markaða eftir svæðum, eftir viðskiptavinum eða eftir sölu og magni. Einnig falla hér undir lóðréttir samningar um markaðsskiptingu, t.d. á milli framleiðenda og dreifingaraðila, um landfræðilega afmörkuð sölusvæði, skiptingu eftir viðskiptavinum o.s.frv.

Um d-lið.

Í d-lið er lagt bann við því að fyrirtæki taki sig saman um að mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra. Dæmigert atvik sem félli undir þennan staflið eru lóðréttir samkeppnishamlandi samningar, t.d. um verð, afslátt o.þ.h., sem mismuna kaupendum eða hópum kaupenda. Láréttir samningar um afslátt falla hins vegar undir a-lið ákvæðisins, þar sem samningar sem gerðir eru milli keppinauta og varða afslátt fela í reynd í sér óbeina verðstýringu. Hegðun einstaks fyrirtækis sem felur í sér mismunun viðskiptaaðila í sams konar viðskiptum fellur hins vegar ekki innan ramma þessa ákvæðis frumvarpsins þar sem þá er ekki um að ræða samninga eða samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja í skilningi 1. efnismgr. ákvæðisins. Slík hegðun getur hins vegar komið til skoðunar samkvæmt ákvæði 4. gr. frumvarpsins, hafi umrætt fyrirtæki markaðsráðandi stöðu.

Almennt hefur verið litið á það sem meginreglu að afslættir sem byggjast á kostnaðarlegum forsendum, þ.e. grundvallast á lægri kostnaði seljandans við umrædd viðskipti, hafi ekki skaðleg áhrif á samkeppni heldur geti þvert á móti haft samkeppnishvetjandi áhrif, séu þeir hlutlægir og sanngjarnir og kaupendum kunnir. Á hinn bóginn geta afslættir sem ekki byggjast á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum haft áhrif á samkeppni milli fyrirtækja og þar með skaðleg áhrif á aðganginn að markaðinum. Á þetta sérstaklega við um afslætti sem eru til þess fallnir að koma í veg fyrir að tilteknir viðskiptavinir leiti annað með viðskipti sín (t.d. svokallaðir tryggðarafslættir).

Um e-lið.

Hér er lagt bann við samstilltum aðgerðum fyrirtækja um að setja það sem skilyrði fyrir samningagerð að viðsemjendur taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju. Þetta ákvæði tekur fyrst og fremst til þeirra aðstæðna þegar fyrirtæki býr yfir eftirsóknarverðri vöru eða þjónustu, sem fyrirtækið hyggst eingöngu selja ef kaupandinn kaupir jafnframt aðrar vörur eða aðra þjónustuþætti af umræddu fyrirtæki, þrátt fyrir að þeir þættir kunni að fást með hagkvæmari hætti annars staðar.

Brjóti samstarf gegn ákvæðum 3. gr. frumvarpsins getur samkeppnisráð gripið til aðgerða gegn því skv. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Skv. 2. mgr. 17. gr. getur íhlutun m.a. falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Einnig getur brot á bannreglum frumvarpsins leitt til viðurlaga skv. XIII. kafla samkeppnislaga. Skv. 49. gr. gildandi samkeppnislaga eru samningar sem brjóta í bága við bannákvæði laganna sjálfkrafa ógildir og eru ekki lagðar til breytingar á því ákvæði í frumvarpinu.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu ekki bönnuð fyrir fram. Samkeppnisyfirvöld geta einungis bannað háttsemi eða hegðun sem felur í sér misbeitingu á markaðsyfirráðum eftir á, þegar þau hafa sýnt fram á að hún hafi verið skaðleg í tilteknu tilviki. Þetta þýðir að íslensk markaðsráðandi fyrirtæki geta misnotað stöðu sína gagnvart keppinautum og/eða neytendum án þess að um brot á samkeppnislögum sé að ræða, þangað til samkeppnisyfirvöld grípa inn í, t.d. með því að banna tiltekna háttsemi. Í 4. gr.

frumvarpsins er lagt til að misnotkun á markaðsyfirráðum verði bönnuð fyrir fram og er nýja bannákvæðið byggt á 54. gr. EES-samningsins og efnislega sambærilegt ákvæðum í t.d. danskri, sænskri, finnskri, breskri og hollenskri löggjöf. Undir bannið fellur misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu. Af þessu er ljóst að svokölluð fákeppnis- eða sameiginleg markaðsráðandi staða fellur undir ákvæðið. Með því er átt við að tvö eða fleiri sjálfstæð fyrirtæki, sem hvert um sig hefur ekki markaðsráðandi stöðu, geta sameiginlega haft slíka stöðu ef það eru efnahagsleg tengsl á milli þeirra sem leitt geta til þess að fyrirtækin hegða sér í aðalatriðum eins og eitt markaðsráðandi fyrirtæki. Samstarf viðkomandi fyrirtækja getur eftir atvikum einnig fallið undir 10. gr. laganna.

Vert er að benda á að ákvæði 4. gr. frumvarpsins taka einnig til þeirra tilfella þar sem opinber aðili misnotar markaðsráðandi stöðu sína, þrátt fyrir að markaðsráðandi stöðu megi t.d. rekja til lögbundins einkaréttar.

Þetta ákvæði getur einnig tekið til þess að t.d. flutnings- eða fjarskiptafyrirtæki (opinbert eða einkarekið) sem býður þjónustu sína á samkeppnismarkaði misnotar stöðu sína með því að hamla aðgangi annarra fyrirtækja að nauðsynlegri aðstöðu fyrirtækisins.

Hugtakið markaðsráðandi staða er í orðskýringum 4. gr. gildandi laga skilgreint sem sú staða að fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Þegar staða fyrirtækis á markaði er metin hefur markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækis verið talin mikilvæg vísbending um það hvort um markaðsyfirráð er að ræða. Nauðsynlegt er þó einnig að líta til annarra þátta, eins og gerð viðkomandi markaðar og aðgangs að honum, yfirráða yfir hráefnum, tækniþekkingu, hversu lengi markaðsyfirráð hafa varað og margt fleira.

Til þess að unnt sé að staðreyna hvaða stöðu fyrirtæki hefur á markaði er nauðsynlegt að afmarka þann markað sem um er að ræða og skilgreina viðkomandi vöru- eða þjónustumarkað annars vegar og hinn landfræðilega markað hins vegar. Við skilgreiningu á vöru- eða þjónustumarkaði ræður innbyrðis staðganga vara eða þjónustu því hvort þær teljist til sama vöru- eða þjónustumarkaðar. Til þess að meta staðgöngu er almennt talið að m.a. verði að hafa hliðsjón af eiginleikum vöru, eða þjónustu, verði hennar og til hvaða nota hún er ætluð. Við skilgreiningu á landfræðilegum markaði sem viðskipti viðkomandi fyrirtækis taka til hefur m.a. verið litið til tegundar umræddrar vöru eða þjónustu og eðlis hennar, neysluvenja o.fl.

Í 2. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins eru nefnd dæmi um nokkrar tegundir misbeitingar og er upptalningin ekki tæmandi heldur eingöngu sett fram í dæmaskyni.

Um a-lið.

Í a-lið ákvæðisins er tekið dæmi um misnotkun sem er bönnuð og felst í því að markaðsráðandi fyrirtæki krefst beint eða óbeint ósanngjarns kaup- eða söluverðs, eða setur aðra ósanngjarna viðskiptaskilmála. Þegar metið er hvort kaup- eða söluverð telst ósanngjarnt hefur almennt verið talið að líta verði til þess kostnaðar sem hlýst af framleiðslu umræddrar vöru eða veitingu tiltekinnar þjónustu og bera þann kostnað saman við söluverðið sem til skoðunar er. Á þennan hátt má skoða hlutfallið milli þess kostnaðar sem í raun hlýst af umræddri vöru eða þjónustu og þess verðs sem krafist er. Viðmiðið sem gengið er út frá er það verð sem væri á sambærilegri vöru eða þjónustu í virkri samkeppni. Ósanngjarnt verð getur bæði verið of lágt og of hátt.

Vöruverð er einn veigamesti samkeppnishvatinn í viðskiptum og fyrirtæki telja lágt vöruverð, auk gæða og góðrar þjónustu, almennt einna mikilvægasta þáttinn til þess að vinna hlutdeild á markaði. Meginreglan er sú að út frá hagsmunum samkeppninnar er verðsamkeppni á markaði æskileg og lágt verð, sem afleiðing af hagkvæmum rekstri vegna stærðar

hans eða vegna annarrar hagræðingar í kostnaði, telst almennt í fullu samræmi við markmið samkeppnislaga. Hins vegar getur markaðsráðandi fyrirtæki misbeitt markaðsyfirráðum sínum með óeðlilega lágu verði eða undirverðlagningu sem byggist á efnahagslegum styrk en ekki á kostnaðarlegum forsendum og bælir niður minni keppinauta sem ekki geta boðið sambærilegt verð. Almennt er slík hegðun talin gefa vísbendingar um að verð hins markaðsráðandi fyrirtækis muni hækka þegar samkeppni hefur verið takmörkuð eða henni útrýmt af markaðinum.

Um b-lið.

Undir þennan staflið heyrir m.a. ef markaðsráðandi fyrirtæki takmarkar framboð á vöru eða þjónustu í því skyni að halda uppi verði. Einnig mundi heyra hér undir að markaðsráðandi fyrirtæki gerir kröfu um ákveðið lágmarksverð á tiltekinni vöru í endursölu og takmarkar þar með samkeppni á næsta sölustigi. Þetta á við hvort heldur um er að ræða slíkt ákvæði í samningum sem gilda almennt gagnvart endurseljendum eða í samningum gagnvart einstökum fyrirtækjum. Þá getur þessi stafliður átt við um sölusynjun, þegar markaðsráðandi fyrirtæki neitar að selja tilteknum aðila vöru sína eða þjónustu. Meginreglan er sú að fyrirtækjum er frjálst að velja viðsemjendur sína. Þegar um markaðsráðandi fyrirtæki er að ræða er hins vegar nauðsynlegt að meta hagsmuni þess fyrirtækis sem vill kaupa gagnvart hagsmunum markaðsráðandi fyrirtækis af því að stjórna sjálft viðskiptasamningum sínum. Almennt er talið að í þessu samhengi verði að líta til þess hversu mikilvæg sú vara eða þjónusta sem um ræðir er fyrir þann sem óskar eftir viðskiptum, stöðu þess er synjar sölu á umræddum markaði, auk þess sem það er talið hafa þýðingu hvort hlutlægar og málefnalegar forsendur liggi að baki sölusynjuninni.

Um c-lið.

Þessi stafliður tekur t.d. til misnotkunar sem felst í því að fyrirtæki býður sumum af viðsemjendum sínum afslætti sem ekki bjóðast öðrum sem eiga við það sams konar viðskipti. Almennt er afsláttarfyrirkomulag sem byggist á kostnaðarlegum forsendum, þ.e. verðlækkun sem grundvallast á lægri kostnaði, ekki talið hafa skaðleg áhrif á samkeppni, heldur er þvert á móti talið geta eflt virka samkeppni, byggist það á hlutlægum og sanngjörnum forsendum sem kaupendur þekkja. Afsláttur, eða verðlækkun, sem ekki byggist á slíkum sjónarmiðum, t.d. svokallaðir tryggðarafslættir, geta hins vegar haft áhrif á samkeppni milli fyrirtækja og þar með á aðgang að markaðinum. Þetta á sérstaklega við þar sem samkeppni er þegar takmörkuð, t.d. vegna markaðsráðandi fyrirtækis á viðkomandi markaði. Nauðsynlegt er að kanna í hverju einstöku tilfelli fyrir sig hvenær aðilum er mismunað með ólíkum skilmálum í skilningi ákvæðisins.

Um d-lið.

Hér undir heyrir m.a. ef fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir eina vöru eða þjónustu gerir það að skilyrði fyrir kaupum á þeirri vöru eða þjonustu að keypt sé önnur vara eða þjónusta sem fyrirtækið býður einnig upp á í samkeppni við aðra (e. „tying"/„tie-in").

Brjóti fyrirtæki bannið við misnotkun á markaðsráðandi stöðu í 4. gr. frumvarpsins getur samkeppnisráð gripið til íhlutunar skv. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Skv. 2. mgr. 17. gr. getur íhlutun m.a. falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Einnig getur brot gegn banni 4. gr. frumvarpsins leitt til viðurlaga skv. XIII. kafla samkeppnislaga. Skv. 49. gr. gildandi samkeppnislaga eru samningar sem brjóta í bága við bannákvæði laganna ógildir og eru ekki lagðar til breytingar á því ákvæði í frumvarpinu.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta felur í sér að núgildandi „minni háttar“ regla laganna verði að nokkru leyti breytt til samræmis við þá reglu sem gildir í EES-samkeppnisrétti. Er í því sambandi höfð hliðsjón af tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA frá 1998 um minni háttar samninga sem falla utan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Meginbreytingin er sú að sett verða sérstök viðmiðunarmörk sem miðast við markaðshlutdeild og ráða því hvort samningar milli tiltekinna fyrirtækja, sem í sjálfu sér falla undir bann 10. gr., teljast hafa minni háttar áhrif á samkeppni og falla því ekki undir bannreglu 10. gr. Með þessari breytingu verður fyrirtækjum betur ljóst undir hvaða kringumstæðum samningar þeirra í milli hafa óveruleg áhrif á samkeppni og falla utan bannsins í 10. gr. Í ljósi þess að tekin eru upp föst viðmiðunarmörk þykir eðlilegt að fella á brott ákvæði 13. gr. núgildandi laga sem mæla fyrir um að fyrirtæki geti sent tilkynningu og óskað eftir afstöðu samkeppnisyfirvalda til tiltekinna samninga. Rétt er, miðað við þessa breytingu, að fyrirtækin eigi um það mat sjálf á fyrsta stigi hvort samningar þeirra falli undir „minni háttar“ regluna. Þetta útilokar hins vegar ekki að fyrirtæki geti í vafatilvikum leitað álits samkeppnisyfirvalda.

Í 1. efnismgr. koma fram tvær reglur varðandi samninga sem hafa óveruleg áhrif á samkeppni. Annars vegar falla ekki undir ákvæði 10. gr. samningar milli fyrirtækja sem starfa á sama stigi markaðarins (láréttur samningur) ef samanlögð markaðshlutdeild allra viðkomandi fyrirtækja er ekki meiri en 5%. Ef hins vegar um er að ræða samning milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi stigum markaðarins (lóðréttur samningur) er miðað við 10% hlutdeild viðkomandi fyrirtækja. Ástæða þess að miðað er við lægri markaðshlutdeild þegar um er að ræða láréttа samninga er sú að slíkir samningar fela að öllu jöfnu í sér alvarlegri samkeppnishömlur en lóðréttir samningar. Til þess að ákvarða hlutdeild viðkomandi fyrirtækja verður að skilgreina þann markað sem við á. Í þessu felst að skilgreina verður bæði vöru- eða þjónustumarkaðinn og landfræðilega markaðinn.

Í 3. efnismgr. er reynt að tryggja að samningur sem fellur undir viðmiðunarmörk 1. mgr. falli ekki utan undanþáguákvæðisins og þar með undir bannreglu 10. gr. þótt smávægileg tímabundin aukning verði á samanlagðri markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja. Er ákvæðið að þessu marki gert sveigjanlegt. Í ákvæðinu felst að uppfylli samningur skilyrði 1. mgr. nýtur hann undanþágu frá 10. gr. þrátt fyrir að markaðshlutdeild fyrirtækjanna aukist um allt að 10% tvö fjárhagsár í röð, þ.e. í 5,5% ef um láréttа samninga er að ræða en í 11% ef um lóðréttа samninga er að ræða.

Í 4. efnismgr. er skilgreint hvaða fyrirtæki teljist til samstarfsfyrirtækja í skilningi 1. mgr. Samstarfsfyrirtæki eru fyrirtæki sem eru aðilar að samningnum, fyrirtæki sem aðilar samningsins hafa bein eða óbein yfirráð yfir eða fyrirtæki sem hafa bein eða óbein yfirráð yfir aðilum samningsins. Tilgangur þessarar reglu er að tryggja að talin séu með öll tengd fyrirtæki þegar markaðshlutdeild er metin. Ella er hætta á því að fyrirtæki með hærri markaðshlutdeild noti fyrirtæki sem þau hafa yfirráð yfir til að komast undan banni 10. gr. Um hugtakið yfirráð vísast til orðskýringa frumvarpsins. Frekari leiðbeiningar um hvað teljist vera samstarfsfyrirtæki má finna í áðurnefndri tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA. Þar segir að samstarfsfyrirtæki séu:

a. fyrirtæki sem eiga aðild að samningnum,
b. fyrirtæki þar sem aðili að samningnum beint eða óbeint,
   1. á meira en helminginn af eigin fé eða rekstrarfjármunum,
   2. ræður meira en helmingi atkvæða,
   3. getur tilnefnt meira en helming þeirra sem eiga sæti í yfirstjórninni, framkvæmdastjórninni eða stofnunum sem eru löglegir forsvarsmenn fyrirtækjanna eða

4. hefur rétt til að stjórna viðskiptum fyrirtækisins,

c. fyrirtæki sem beint eða óbeint hafa þau réttindi eða völd sem talin eru upp í b-lið yfir aðila að samningnum,

d. fyrirtæki þar sem fyrirtæki sem um getur í c-lið hefur beint eða óbeint þau réttindi eða völd sem talin eru upp í b-lið.

Fyrirtæki þar sem nokkur fyrirtæki sem um getur í a–d-lið hafa sameiginlega, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í b-lið skulu einnig talin samstarfsfyrirtæki.

Í 6. efnismgr. er mælt fyrir um undanþágu frá 1. mgr. Samkvæmt ákvæðinu getur samningur sem fellur undir 1. mgr. verið talinn skaðlegur samkeppni ef önnur fyrirtæki á sama markaði notast við sams konar samninga. Það eru samanlögð áhrif af öllum sambærilegum samningum sem leiða til þess að viðkomandi samningur getur fallið utan „minni háttar“ reglunnar. Dæmi um þetta væri ef allir framleiðendur á tilteknum markaði væru með einkasölusamninga við smásala. Þetta mundi þýða að nýr framleiðandi á markaðinum ætti erfitt með að koma vörum sínum á markað. Þegar ákvæði þetta á við verður að meta hvaða samkeppnislegu áhrif net sambærilega samninga hefur á viðkomandi markað og hvaða áhrif sá samningur sem til skoðunar er hefur til viðbótar á markaðnum. Ef net annarra samninga raskar samkeppni og samningurinn sem er til skoðunar eykur þá röskun mundi hann falla utan 1. mgr.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu felst að núgildandi ákvæði 1. mgr. 14. gr. laganna um samskipti móður- og dótturfélaga fellur brott. Er þetta í samræmi við þá stefnu frumvarpsins að laga íslenska samkeppnislöggjöf að löggjöf sem gildir í EES-rétti. Núgildandi regla laganna er víðtækari en í EES-samkeppnisrétti og leyfir móðurfyrirtæki og tengdum fyrirtækjum meira samráð. Breytingin felur í sér að móður- og dótturfyrirtæki og fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu njóta ekki lengur óskilyrtrar undanþágu frá banni 10. gr. laganna. Gerð er grein fyrir því með hvaða hætti bannregla 10. gr. laganna tekur til samninga eða samstarfs móður- og dótturfyrirtækja í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu felst að núgildandi ákvæði 15. gr. laganna fellur brott. Er þetta í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að laga íslenska samkeppnislöggjöf að löggjöf sem gildir í EES-samningnum. Í samkeppnisreglum meginmáls EES-samningsins er ekki að finna ákvæði sambærilegt 15. gr. laganna. Þess í stað er ýmiss konar samningum sem tengjast hugverkarétti veitt undanþága frá bannreglu 53. gr. með hópundanþágu. Sama á við í samkeppnisrétti ýmissa aðildarríkja samningsins, t.d. í Danmörku. Gert er ráð fyrir að sama fyrirkomulag gildi hér á landi og samkeppnisráð setji hópundanþágur sambærilegar þeim sem gilda í EES-réttinum.

Um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um heimildir samkeppnisráðs til þess að veita undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga um bann við samkeppnishamlandi samvinnu fyrirtækja og samtaka fyrirtækja. Undanþága frá ákvæðum 10. og 12. gr. þarf að vera í samræmi við markmið laganna eins og það er skilgreint í 1. gr. þeirra. Skv. 49. gr. gildandi samkeppnislaga eru samningar sem brjóta í bága við bannákvæði laganna, þar á meðal 10. og 12. gr., ógildir, en af ákvæðum 8. gr. frumvarpsins leiðir að slíkir samningar verða á ný gildir hafi þeim verið veitt undanþága á grundvelli laganna.

Samkvæmt 16. gr. gildandi samkeppnislaga er samkeppnisráði heimilt að veita undanþágu frá banni laganna við samkeppnishömlum. Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að orðalag ákvæðis 16. gr. sé fært meira til samræmis við sambærilegt ákvæði í EES-samkeppnisrétti, en fyrirmynd ákvæðisins er sótt til 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Í a–d-liðum 1. efnismgr. 8. gr. frumvarpsins eru þau skilyrði talin upp sem samningur, sem fellur undir 10. eða 12. gr. laganna, þarf að uppfylla svo að veiting undanþágu komi til greina. Uppfylla þarf öll skilyrðin. Í a- og b-lið kemur fram að annars vegar þurfi umræddur samningur eða samstarf að fela í sér ávinning sem felist í bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða í eflingu tæknilegra og efnahagslegra framfara. Hins vegar þurfi hann að veita neytendum sanngjarna hlutdeild í þessum ávinningi. Auk þessa þarf samningur eða samstarf að uppfylla skilyrði c- og d-liðar ákvæðisins þar sem fram kemur að samningurinn megi ekki leggja óþarfa höft á hlutaðeigandi fyrirtæki, né heldur megi hann veita viðkomandi fyrirtækjum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta þeirra vara eða þjónustu sem um er ræða. Ljóst er að þessi skilyrði veita nokkurt svigrúm til mats af hálfu samkeppnisráðs á því hvenær skilyrðunum er fullnægt. Við það mat getur framkvæmd í EES-samkeppnisrétti verið til leiðbeiningar.

Um a-lið.

Samkvæmt þessu ákvæði er það skilyrði undanþágu að samkeppnishamlandi samstarf stuðli annaðhvort að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir. Þegar skilyrði þessa stafliðar eru metin skal ekki eingöngu litið til rekstrarlegrar hagkvæmni heldur ekki síst til þjóðhagslegrar hagkvæmni í samræmi við markmið samkeppnislaga skv. 1. gr. þeirra. Viðkomandi fyrirtæki þarf að geta sýnt fram á hvernig samstarfið komi til með að stuðla að bættri framleiðslu eða dreifingu eða hvernig það efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir.

Í evrópskum samkeppnisrétti hafa t.d. samningar um sérhæfingu verið taldir geta haft í för með sér bætta framleiðslu eða dreifingu, t.d. ef framleiðslukostnaður lækkar eða vöruúrval eða gæði aukast. Þannig eru nokkrar tegundir samninga taldar geta haft í för með sér þann ávinning sem nefndur er í a-lið ákvæðisins.

Um b-lið.

Viðkomandi fyrirtæki verða samkvæmt þessum staflið að sýna fram á að sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem hlýst af samningnum eða samstarfinu skili sér til neytenda. Hugtakið neytandi verður hér að túlka víðtækt. Ekki eingöngu átt við endanlegan neytanda heldur einnig t.d. milliliði í dreifingarferlinu. Ávinningur neytenda getur m.a. falist í bættri dreifingu, betri þjónustu eða jafnvel meiri gæðum, a.m.k. að því marki sem slíkt á sér stað án verðhækkunar.

Mat á því hvort samstarf muni veita neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningnum sem af því hlýst tengist óhjákvæmilega þeirri spurningu hvort nægilega virk samkeppni eða yfirvofandi samkeppni sé á viðkomandi markaði. Sé virk samkeppni á umræddum markaði eða nægilega sterk ógnun af hugsanlegri samkeppni ættu viðkomandi fyrirtæki ekki að komast hjá því að láta neytendur njóta þess ávinnings sem hlýst af t.d. bættu dreifikerfi eða lægri kostnaði.

Um c-lið.

Samkvæmt c-lið eru það eingöngu nauðsynlegar samkeppnishömlur sem geta fengið undanþágu á grundvelli ákvæðisins. Gerð er krafa um að samningsaðilarnir geti ekki náð settu markmiði með vægari úrræðum, þ.e. úrræðum sem fela í sér minni samkeppnishömlur. Það nægir því ekki til undanþágu að unnt sé að sýna fram á að samkeppnishamlandi samstarf hafi í för með sér ávinning skv. a-lið ákvæðisins heldur eru takmarkanirnar á samkeppni einnig

nauðsynlegar til þess að samstarfið geti leitt af sér þann ávinning. Uppfylli samstarf ekki skilyrði þessa stafliðs getur undanþágu verið hafnað, en einnig getur komið til greina að breyta samningnum eða samstarfinu á þann hátt að dregið verði úr samkeppnishömlum, að því leyti sem þær hafa verið taldar víðtækari en nauðsyn ber til.

Um d-lið.

Síðasta skilyrðið sem uppfylla þarf til þess að unnt sé að veita undanþágu samkvæmt þessu ákvæði er að ákveðin lágmarkssamkeppni verði á umræddum markaði. Þegar metið er hvort samkeppnishamlandi samstarf komi í veg fyrir samkeppni þarf bæði að taka tillit til þess að hve miklu leyti samstarfið komi í veg fyrir samkeppni á milli sjálfra aðila samstarfsins og einnig til þess hvaða samkeppni megi vænta frá öðrum aðilum á viðkomandi markaði. Komi samstarfið að verulegu leyti í veg fyrir samkeppni milli samstarfsaðilanna er einungis unnt að veita undanþágu ef vænta má kröftugrar samkeppni frá öðrum fyrirtækjum á markaði. Ef samstarfið verður hins vegar aðeins talið takmarka óverulega samkeppni milli samstarfsfyrirtækjanna mun mikil markaðshlutdeild þeirra fyrirtækja ekki koma ein og sér í veg fyrir undanþágu fyrir slíkt samstarf. Eftir því sem samstarfið hefur áhrif á stærri hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem í hlut á því minni líkur eru á því að samningurinn geti uppfyllt skilyrði d-liðar ákvæðisins.

Í 3. efnismgr. ákvæðisins er að finna ákvæði um afturköllun undanþágu. Undanþága skv. 8. gr. frumvarpsins er veitt á grundvelli upplýsinga sem liggja fyrir þegar hún er veitt, t.d. um markaðsaðstæður og samstarf fyrirtækjanna. Hins vegar geta komið upp sérstakar aðstæður sem valda því að nauðsynlegt getur verið að afturkalla undanþágu eða breyta henni. Undanþága frá 10. og 12. gr. samkeppnislaga er ívilnandi stjórnsýsluákvörðun sem viðkomandi fyrirtæki byggir rétt sinn á. Með vísan til réttaröryggissjónarmiða þykir rétt að afmarka þær ástæður sem legið geta því til grundvallar að samkeppnisráð dragi undanþágu til baka eða breyti skilyrðum hennar.

Um a-lið.

Samkvæmt a-lið getur samkeppnisráð dregið undanþágu til baka eða breytt skilyrðum hennar ef forsendur sem lágu til grundvallar undanþágunni hafa breyst. Tekur þessi stafliður aðallega til forsendna sem ekki mátti sjá fyrir þegar undanþágan var veitt. Hér getur eingöngu verið um að ræða forsendu sem raunverulega hefur haft áhrif á veitingu undanþágunnar og ættu minni háttar breytingar ekki að valda afturköllun undanþágu, sérstaklega ekki ef undanþágan hefur verið veitt í skamman tíma. Hafi undanþágan verið veitt til lengri tíma og breytingar, t.d. á markaðsaðstæðum, leiða til þess að undanþágan hefur verulega skaðleg áhrif á samkeppnina getur afturköllun þó verið nauðsynleg. Minni háttar breytingar á aðstæðum geta frekar réttlætt breytingar á skilyrðum undanþágu, en beita verður þessari heimild af varkárni. Ef nauðsynlegt þykir að draga undanþágu til baka eða breyta skilyrðum hennar getur verið nauðsynlegt að veita þeim fyrirtækjum sem í hlut eiga tiltekinn frest til aðlögunar.

Um b-lið.

Hafi undanþágan grundvallast á villandi eða röngum upplýsingum frá fyrirtækjunum afturkallar samkeppnisráð hana á grundvelli b-liðar.

Um c-lið.

Samkvæmt þessum staflið getur ráðið dregið undanþágu til baka eða breytt henni ef fyrirtæki brýtur þau skilyrði sem sett voru fyrir henni. Af meðalhófsreglu stjórnsýslulaga er ljóst að minni háttar brot á skilyrðum undanþágu réttlæta síður að undanþága verði dregin til baka.

Í 4. efnismgr. ákvæðisins er fjallað um heimild samkeppnisráðs til þess að setja reglur um hópundanþágur. Í 1. efnismgr. er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til þess að einstakir samningar eða samstarf milli fyrirtækja geti notið undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna. Skv. 4. efnismgr. er ráðinu heimilt að veita tilteknum tegundum samninga, sem uppfylla skilyrði 1. mgr., undanþágu frá 10. og 12. gr., svokallaða hópundanþágu. Sambærilegar reglur um hópundanþágur er að finna í evrópskum samkeppnisrétti. Grundvöllur reglna um hópundanþágur er að vissar tegundir samkeppnishamlandi samninga eða samstarfs hafa einnig í för með sér ýmiss konar jákvæð áhrif sem oft vega þyngra en ókostir við samkeppnishömlurnar.

Um 9. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í meginatriðum verði horfið frá blönduðu kerfi bann- og misbeitingarreglna og teknar upp bannreglur í samræmi við erlendar fyrirmyndir. Sökum þessa verður að gera viðeigandi breytingar á 17. gr. laganna. Í breytingunum felst í fyrsta lagi að almenn heimild skv. 17. gr. til íhlutunar vegna samninga og athafna fyrirtækja sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni er felld brott. Þess í stað er samkeppnisráði í a-lið ákvæðisins veitt almenn heimild til þess að stöðva hegðun sem brýtur í bága við bannreglur laganna og grípa til viðeigandi aðgerða til að skapa á ný skilyrði fyrir virka samkeppni. Slík almenn heimild til aðgerða er nauðsynleg til að tryggja að markmið laganna nái fram að ganga. Samkeppnisyfirvöld víða um heim sem framfylgja bannreglum hafa yfirleitt sams konar heimild til aðgerða, sbr. t.d. heimild Eftirlitsstofnunar EFTA í 3. gr. bókunar 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Til að tryggja að breytingin á 17. gr. takmarki ekki möguleika samkeppnisyfirvalda samkvæmt gildandi lögum til íhlutunar vegna samkeppnishindrana opinberra aðila er lagt til í b-lið að lögfest verði sú regla sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur mótað um slík tilvik, sbr. t.d. úrskurð nefndarinnar nr. 4/1997.

Í meðförum Alþingis á frumvarpi til gildandi samkeppnislaga var 17. gr. breytt. Innan efnahags- og viðskiptanefndar var samstaða um að bæta orðinu „aðstæður“ inn í ákvæðið. Rökin fyrir þessari breytingu koma m.a. fram í ræðu Steingríms J. Sigfússonar í 2. umræðu um frumvarp til samkeppnislaga á 68. fundi 2. desember 1992, sbr. og andsvar Vilhjálms Egilssonar. Nefndin taldi vanta *„heimild til handa samkeppnisráði til að bregðast við, ekki vegna einhverra sérstakra tiltekinna ákvarðana í fyrirtæki, ekki vegna samninga sem fyrirtæki hafa gert, ekki vegna einhverra skilmála eða athafna sem lægju fyrir og hægt væri að vísa í, heldur einfaldlega vegna aðstæðna sem menn gætu staðið frammi fyrir og kölluðu á að gripið væri til aðgerða“*. Sökum þessa er í c-lið miðað við að þrátt fyrir þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 17. gr. hafi samkeppnisráð eftir sem áður möguleika til að grípa inn í aðstæður sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Um 10. gr.

Í þessu ákvæði eru samrunareglur laganna styrktar. Segja má að samkeppnisreglur vestrænna ríkja skiptist í aðalatriðum í tvo höfuðflokka. Annars vegar reglur sem ætlað er að koma í veg fyrir að fyrirtæki raski samkeppni með hegðun sinni á markaði og hins vegar reglur sem ætlað er að koma í veg fyrir að fyrirtæki breyti gerð markaðarins og dragi úr samkeppni með samruna eða yfirtöku. Samrunareglur eru þannig einn af hornsteinum samkeppnisréttarins og gegna því mikilvæga hlutverki að koma í veg fyrir að samkeppnislegri gerð markaða sé breytt, með samruna eða yfirtöku, á þann hátt að samkeppni hverfi eða minnki til muna. Í þessu sambandi verður að líta til þess að fyrir fram bann við mistnotkun á mark-

aðsráðandi stöðu kemur ekki í veg fyrir samkeppnishömlur sem stafa af samruna. Í samruna felst að einn eða fleiri keppinautar hverfa af markaðinum. Það dregur ekki úr þeirri takmörkun á samkeppni sem verður við það að keppinautum fækkar þó að hinu sameinaða fyrirtæki sé bannað að misnota stöðu sína. Til vitnis um þetta má benda á að fram kemur í nýlegum tilmælum OECD að aðildarríkjum beri að framfylgja samkeppnislögum *„af krafti þegar ólögmætt samráð, misnotkun á markaðsráðandi stöðu eða samruni sem beint er gegn samkeppni geta unnið gegn umbótum"*. Nær öll vestræn ríki hafa ákvæði í samkeppnisreglum sínum sem veita heimildir til að vera með íhlutun í samruna og þau ríki sem ekki hafa haft slík ákvæði hafa tekið þau upp. Þannig voru t.d. nýlega tekin upp samrunaákvæði í samkeppnislög í Finnlandi og Hollandi. Danir hafa ekki haft samrunaákvæði í lögum en fyrir liggur að stjórnarfrumvarp verður lagt fyrir danska þingið á næstunni sem miðar að því að taka upp samrunaákvæði í danskan rétt. Gangi það eftir eru öll Norðurlöndin og öll aðildarríki ESB, að einu undanskildu, með samrunaákvæði í landsrétti sínum. Með setningu samkeppnislaga var samrunaákvæði í fyrsta sinn tekið upp í íslenskan rétt. Í ræðu framsögumanns efnahags- og viðskiptanefndar á 116. löggjafarþingi kom fram að samrunaákvæðið í 18. gr. væri lykilgrein og það sem væri ef til vill mesta nýmælið í lagasetningunni.

Þróun mála eftir setningu samkeppnislaga hefur orðið sú að nauðsynlegt er að breyta 18. gr. samkeppnislaga. Eftir dóm Hæstaréttar í máli nr. 500/1997, *Flugleiðir hf. gegn samkeppnisráði*, er óljóst að hvaða leyti er unnt að beita 18. gr. þegar markaðsráðandi fyrirtæki eykur markaðsyfirráð sín með því að taka yfir keppinaut. Á grundvelli þessarar óvissu taldi samkeppnisráð í ákvörðun nr. 18/1999 ekki vera lagalegar forsendur til að hafa afskipti af yfirtöku Baugs á Vöruveltunni (10/11-matvörubúðirnar). Þessi staða mála leiðir til hættu á því að markaðsráðandi fyrirtæki geti eytt samkeppni með því að taka yfir minni keppinauta sína, hvern á fætur öðrum, svo fremi sem ekki er um að ræða verulega aukningu á markaðsyfirráðum í hverju tilviki.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 6/1998, *Mjólkursamsalan í Reykjavík og Myllan-Brauð hf. gegn samkeppnisráði*, var niðurstaðan að tveggja mánaða frestur 18. gr. byrji að líða þegar samkeppnisyfirvöldum verður kunnugt um samruna vegna fréttaflutnings í fjölmiðlum. Á þessum tveimur mánuðum verða samkeppnisyfirvöld að afla gagna, yfirfara þau og draga ályktanir. Jafnframt verður að gefa málsaðilum grein fyrir frumafstöðu samkeppnisyfirvalda til samrunans og gefa þeim færi á að koma að athugasemdum sínum. Enn fremur þurfa samkeppnisyfirvöld að komast að endanlegri niðurstöðu og taka ákvarðanir innan hins knappa frests. Þessi skammi frestur gerir samkeppnisyfirvöldum nánast ókleift að fjalla á fullnægjandi hátt um flókin samrunamál. Frestur íslenskra samkeppnisyfirvalda til að komast að niðurstöðu í samrunamálum er sá allra stysti sem fyrirfinnst í vestrænum ríkjum. Til samanburðar má hafa í huga að í flestum ríkjum byrjar frestur í samrunamálum ekki að líða fyrr en samkeppnisyfirvöldum berast tilkynningar sem studdar eru fullnægjandi gögnum og upplýsingum. Nefna má að t.d. finnsk, sænsk, þýsk og írsk samkeppnisyfirvöld hafa allt að fjórum mánuðum til að afgreiða samrunamál. Norsk samkeppnisyfirvöld hafa allt að einu ári til að fjalla um slík mál og framkvæmdastjórn ESB allt að fimm mánuðum eftir að þeim berast fullnægjandi gögn. Í bandarískum lögum gilda engar tímatakmarkanir varðandi aðgerðir samkeppnisyfirvalda í samrunamálum. Framangreind atriði valda því að íslensk samrunaákvæði eru mjög veik og ekki í samræmi við það sem tíðkast í samanburðarríkjum. Styrkja verður ákvæðin til að tryggja að unnt sé að ná fram þeim markmiðum sem lágu til grundvallar því að samrunareglur voru settar í samkeppnislögin þegar í upphafi.

Í 1. efnismgr. 10. gr. frumvarpsins eru lagðar til tvær meginbreytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er tekið skýrt fram að heimilt sé að ógilda eða setja samruna skilyrði þegar hann

leiðir til þess að markaðsráðandi staða fyrirtækis styrkist. Markmið þessarar breytingar er að veita samkeppnisyfirvöldum skýrar heimildir til þess að vinna gegn samkeppnishömlum sem geta falist í því að markaðsráðandi fyrirtæki styrkir stöðu sína með því að taka yfir eða renna saman við keppinaut sinn. Í því sambandi verður að hafa í huga að samkeppni er þegar takmörkuð af þeirri ástæðu að fyrirtæki er markaðsráðandi. Öll samþjöppun til viðbótar með fækkun keppinauta á viðkomandi markaði er til þess fallin að raska samkeppni enn frekar og valda neytendum tjóni. Með breytingunni er 18. gr. að þessu leyti samræmd þeim samrunareglum sem gilda í aðildarríkjum EES-samningsins og víðar. Í öðru lagi er tekið fram að unnt sé að beita ákvæðinu þegar svo kölluð fákeppnis- eða sameiginleg markaðsráðandi staða (e. *oligopolistic* eða *joint dominance*) verður til við samruna eða þegar slík staða styrkist. Er þetta gert með því að taka fram í ákvæðinu að um geti verið að ræða markaðsráðandi stöðu eins eða fleiri fyrirtækja. Á sama hátt og sameiginleg markaðsráðandi staða fellur undir ákvæðið um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu er eðlilegt að slík staða falli undir 18. gr. Er þetta einnig í samræmi við samrunareglur EES-samningsins, sbr. dóm dómstóls EB frá 31. mars 1998 í máli nr. C-68/94, *Frakkland og aðrir gegn framkvæmdastjórninni*, og dóm undirréttar EB frá 25. mars 1999 í máli nr. T-102/96, *Gencor Ltd. gegn framkvæmdastjórninni*. Jafnframt fellur sameiginleg markaðsráðandi staða undir samrunareglur í Finnlandi, Svíþjóð, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Kanada og víðar.

Við mat á því hvort sameiginleg markaðsráðandi staða verður til við samruna verður að athuga hvernig líklegt er að viðkomandi markaður þróist. Í því sambandi verður að taka til athugunar hvort samruninn sem um ræðir leiðir til þess að samkeppni á markaðnum verði raskað af samrunafyrirtækjunum auk eins eða fleiri fyrirtækja til viðbótar. Þetta getur orðið við það að efnahagsleg tengsl myndist á milli fyrirtækjanna sem gera þeim kleift að móta sameiginlega eða samræmda markaðsstefnu og starfa að verulegu leyti án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina eða neytenda. Þar sem mikil samþjöppun er á tilteknum mörkuðum getur orðið töluverð hætta á því að fyrirtæki taki gagnkvæmt tillit hvert til annars og fákeppni, markaðurinn er t.d. gagnsær og vörurnar eða þjónustan sem boðin er á viðkomandi markaði er einsleit. Fyrirtækin geta m.a. við þær aðstæður vitað með nokkurri vissu hver viðbrögð keppinauta verða við tilteknum markaðsaðgerðum. Þetta hefur þau áhrif að fyrirtækin hafa ekki lengur nauðsynlegt samkeppnislegt aðhald heldur leiða markaðsaðstæður til þess að þau verða samstíga í markaðshegðun, t.d. takmarka þau framboð á vöru eða þjónustu til þess að geta hækkað söluverð með það að leiðarljósi að samræmd markaðshegðun leiði til hámörkunar sameiginlegs hagnaðar. Hér liggur til grundvallar sú kenning hagfræðinnar að tengsl séu á milli annars vegar stærðar og fjölda fyrirtækja á markaðinum og hins vegar þess hvaða líkur eru á samstilltum aðgerðum milli fyrirtækja, án þess að endilega sé um að ræða ólögmætt samráð, t.d. um verðhækkanir. Er þessari breytingu ætlað að vinna gegn frekari myndun fákeppnismarkaða hér á landi.

Í 2. efnismgr. eru gerðar breytingar á ákvæði 18. gr. sem kveður á um að taka skuli ákvörðun um ógildingu samruna innan tiltekins tíma. Hér að framan var nefnt að núverandi túlkun á frestsákvæði 18. gr. gerir samkeppnisyfirvöldum nánast ókleift að fjalla á fullnægjandi hátt um samruna og að frestur ákvæðisins sé sá stysti sem þekkist. Að nokkru leyti má rekja þetta til þess að ekki voru gerðar nauðsynlegar lagfæringar í tengslum við breytingar sem gerðar voru á 18. gr. í meðförum Alþingis. Þegar upphaflegt frumvarp til samkeppnislaga var lagt fyrir Alþingi var miðað við að samrunaeftirlit hér á landi skyldi byggjast á tilkynningarskyldu fyrirtækja, a.m.k á mörkuðum þar sem slík skylda yrði lögð á. Samkvæmt upphaflega frumvarpinu var því ljóst að samkeppnisyfirvöldum yrði „kunnugt“ um samruna þegar tilkynning bærist um hann. Þessu ákvæði var breytt og tilkynningarskyldan felld út.

Hins vegar var ekki gerð breyting á þeirri reglu ákvæðisins að frestur byrjaði að líða þegar samkeppnisyfirvöldum yrði kunnugt um samruna. Þetta þýðir að ekki er ákveðin viðmiðun í 18. gr. um það hvenær samkeppnisyfirvöldum verður kunnugt um samruna í skilningi ákvæðisins. Hefur þetta leitt til þeirrar óheppilegu niðurstöðu að frestur í samrunamálum byrjar að líða þegar fréttir birtast í fjölmiðlum, óháð því hvort samkeppnisyfirvöld hafi raunverulega nokkrar upplýsingar um samrunann.

Samkvæmt 2. efnismgr. hafa samkeppnisyfirvöld þrjátíu daga til að ákveða hvort tiltekinn samruni gefi tilefni til þess að hann sé tekinn til nánari skoðunar. Byrjar frestur þessi að líða þegar samkeppnisyfirvöldum berast þau gögn frá fyrirtækjunum sem standa að samrunanum sem tilgreind eru í stafliðum ákvæðisins. Þetta þýðir að samrunamálið hefst þegar samkeppnisyfirvöld skrifa viðkomandi fyrirtækjum og óska eftir þessum gögnum sem gera þeim kleift að leggja frummat á samrunann. Þegar þessi gögn berast samkeppnisyfirvöldum byrjar þrjátíu daga fresturinn að líða. Telji samkeppnisyfirvöld samrunann kunna að raska samkeppni og því ástæðu til að athuga hann frekar verða þau að tilkynna viðkomandi fyrirtækjum það innan frestsins. Annars geta þau ekki ógilt samruna. Sé slík tilkynning send hafa samkeppnisyfirvöld allt að þrjá mánuði eftir að tilkynningin var send til að ógilda samruna.

Lagt er til að fellt verði niður ákvæði 18. gr. um fyrir fram álit í samrunamálum. Ákvæði þetta þykir ekki hafa reynst vel. Þegar leitað hefur verið fyrir fram álits ríkir oft mikil leynd um fyrirhugaðan samruna. Sú nauðsynlega leynd getur gert það að verkum að samkeppnisyfirvöld geta ekki aflað nauðsynlegra upplýsinga til að leggja mat á væntanleg áhrif fyrirhugaðs samruna. Því hafa samkeppnisyfirvöld í sumum tilvikum ekki getað veitt álit. Heppilegra er því fyrir alla aðila að samkeppnisyfirvöld taki samruna til athugunar þegar hann hefur átt sér stað. Skammur frestur sem samkeppnisyfirvöld hafa til þess að ákveða hvort samruni þurfi frekari athugunar við dregur mjög úr óvissu fyrirtækja um afstöðu samkeppnisyfirvalda til tiltekins samruna. Þessi breyting girðir hins vegar ekki fyrir það að fyrirtæki sem hyggja á samruna geti leitað óformlega til samkeppnisyfirvalda og óskað eftir mati þeirra.

Í 3. og 4. efnismgr. er samkeppnisráði veitt heimild til að grípa til aðgerða, bæði meðan á rannsókn stendur og í tenglsum við afgreiðslu málsins, til þess að tryggja það að markmið 1. efnismgr. og laganna nái fram að ganga. Er slík heimild nauðsynleg þar sem mjög erfitt getur verið að aðskilja fyrirtæki sem hafa að öllu leyti verið sameinuð. Er þessi heimild í samræmi við erlendan samkeppnisrétt.

Um 11. gr.

Vegna skuldbindinga EES-samningsins er lagt til að lögfest verði efni tilskipunar Evrópusambandsins nr. 97/55/EB frá 6. október 1997 um samanburðarauglýsingar.

Í inngangi að tilskipuninni er m.a. bent á að auglýsingar séu mikilvæg aðferð við að skapa raunhæfa markaði fyrir allar vörur og þjónustugreinar. Rétt þykir því að grundvallarákvæði um form og efni samanburðarauglýsinga séu þau sömu innan Evrópska efnahagssvæðisins og að skilyrði fyrir notkun samanburðarauglýsinga verði samhæfð. Sé slíkum skilyrðum fullnægt verður hægara um vik að sýna fram á kosti ýmissa sambærilegra vörutegunda á óhlutdrægan hátt. Samanburðarauglýsingar geta einnig örvað samkeppni milli þeirra sem bjóða vöru og þjónustu þannig að neytandinn njóti góðs af.

Í greininni er hugtakið samanburðarauglýsing skilgreint ásamt upptalningu á því hvenær heimilt er að nota samanburð við vörur eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið samanburðarauglýsing er skilgreint rúmt svo að allar tegundir samanburðarauglýsinga heyra undir hugtakið. Þannig má segja að allar auglýsingar þar sem auglýsandi fullyrðir að vara

hans eða þjónusta sé best, ódýrust, sterkust o.s.frv. feli í sér óbeinan samanburð við vöru keppinauta.

Aðeins er leyfður samanburður á tegundum vöru og þjónustu sem eiga í innbyrðis samkeppni og fullnægja sömu þörfum eða eru ætlaðar til sömu nota, svo að komið verði í veg fyrir samkeppnishamlandi og ósanngjarna notkun samanburðarauglýsinga.

Í 5. gr. fyrstu tilskipunar ráðsins 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki er kveðið á um einkarétt rétthafa skrásetts vörumerkis á notkun þess og þar með heimild til að banna þriðja aðila að nota í atvinnuskyni tákn sem er eins og vörumerkið eða líkt því til að auðkenna vörur eða þjónustu sem eru eins og eða líkar þeim sem skrásetta vörumerkið auðkennir, einnig aðrar vörur ef svo ber undir. Eigi samanburðarauglýsing að þjóna tilgangi sínum getur eigi að síður verið nauðsynlegt að tilgreina vörur eða þjónustu keppinautar og vísa til vörumerkis eða vöruheitis sem hann er rétthafi að. Slík notkun á vörumerki, vöruheiti eða öðrum auðkennum annars brýtur ekki í bága við slíkan einkarétt ef hún stenst skilyrðin sem kveðið er á um í grein þessari þar sem eina markmiðið er að greina á milli vörutegunda og vekja á óhlutdræguan hátt athygli á mismuninum á þeim.

Með þessari grein er farin sama leið og annars staðar á Norðurlöndum, þ.e. sett í lög sérstakt ákvæði sem byggist á áðurnefndri tilskipun.

Um 12. gr.

Breytingin sem lögð er til á 23. gr. laganna skyldar seljendur til þess að veita skriflegar leiðbeiningar með vöru og þjónustu á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku. Árið 1994 var tekið upp það skilyrði í þessari grein laganna að almennir skilmálar þjónustuaðila skuli vera á íslensku en náði það ákvæði ekki til leiðbeininga. Ákvæði þessu er ætlað að styrkja stöðu neytenda þar sem greinargóðar leiðbeiningar eru nú nauðsynlegar með flestum vörum. Leiðbeiningar sem fylgja með vöru eða þjónustu og eru á tungumálum sem fáir skilja nýtast neytendum ekki til fullnustu. Ákvæði þetta er einnig til samræmingar því að við merkingar á matvælum er krafist íslensku, ensku eða Norðurlandamáls, annars en finnsku.

Um 13. gr.

Í ákvæði þessu er gerð sú breyting að heimild samkeppnisráðs til að grípa til aðgerða gegn óréttmætum viðskipaháttum og villandi auglýsingum er færð úr 51. gr. laganna, þar sem hún á illa heima, í lokaákvæði VI. kafla laganna. Jafnframt er lagt til að samkeppnisráð geti beint fyrirmælum til fyrirtækja sem brotið hafa gegn 20., 20. gr. a, 21. og 22. gr. laganna. Slík fyrirmæli gætu t.d. falist í því að viðkomandi fyrirtæki grípi til ráðstafana sem eyða skaðlegum áhrifum óréttmætra viðskiptahátta.

Um 14. gr.

Ekki þykir lengur ástæða til að hafa í samkeppnislögum sérstök ákvæði um eftirlit með greiðslukortastarfsemi. Ákvæði þessi voru á sínum tíma felld inn í frumvarp til samkeppnislaga aðallega í því skyni að tryggja hag neytenda. Ákvæðin veita hins vegar samkeppnisyfirvöldum ekki að neinu marki heimildir til að tryggja hag neytenda umfram almennar heimildir samkeppnislaga. Þykir því horfa til einföldunar að fella VIII. kafla laganna á brott. Tilgangur þessarar breytingar er hins vegar ekki að draga úr vernd neytenda eða takmarka möguleika samkeppnisyfirvalda til afskipta af greiðslukortafyrirtækjum vegna óréttmætra viðskiptahátta, t.d. gagnvart greiðsluviðtakendum. Er við það miðað að almenn ákvæði samkeppnis-

laga, t.d. um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, veiti í þessu skyni fullnægjandi heimildir.

Um 15. gr.

Þar sem viðskipti ná í síauknum mæli út yfir landamæri einstakra ríkja þykir nauðsynlegt að samvinna og upplýsingamiðlun á milli samkeppnisyfirvalda einstakra landa aukist.

Samkvæmt 43. gr. samkeppnislaga skal lögbundin þagnarskylda íslenskra samkeppnisyfirvalda ekki vera því til fyrirstöðu að þau gefi Eftirlitsstofnun EFTA og fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB, sem fjalla um samkeppnismál, allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Nú hefur framkvæmdastjórn ESB komið fram með óskir um að samkeppnisyfirvöld einstakra aðildarríkja framfylgi í auknum mæli samkeppnisreglum ESB gagnvart fyrirtækjum. Talið er að þetta muni leiða til aukinnar samvinnu samkeppnisyfirvalda einstakra ríkja. Þetta kemur m.a. fram í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um samvinnu milli samkeppnisyfirvalda framkvæmdastjórnarinnar og meðlimaþjóðanna við meðferð mála sem heyra undir 85. og 86. gr. Rómarsáttmálans (nú 81. og 82. gr.) [EFT 1997 C 313/3]. Þetta mun væntanlega leiða til þess að framkvæmd samkeppnisyfirvalda einstakra þjóða á 81. og 82. gr. Rómarsáttmálans og/eða 53. og 54. gr. EES-samningsins verði felld inn í ákvæði um framkvæmd viðkomandi sáttmála/samnings.

Auk framangreinds hefur OECD tvívegis beint tilmælum til aðildarþjóða um samvinnu á milli samkeppnisyfirvalda einstakra ríkja og í því sambandi beint því til ríkjanna að koma málum fyrir á þann veg að samkeppnisyfirvöld geti skipst á trúnaðarupplýsingum. [C(95) 130/final og C(98)35/final].

Loks má geta þess að unnið hefur verið að því að meta þörf norrænna samkeppnisyfirvalda fyrir aukna samvinnu þeirra. Endanleg skýrsla um mat samkeppnisyfirvalda kemur út í desember nk. Þar munu koma fram tillögur um aukið samstarf, einkum í málum sem varða ólögmætt samráð fyrirtækja og samruna. Í skýrslunni mun einnig koma fram að þörf fyrir aukna miðlun trúnaðarupplýsinga sé fyrir hendi. Til þess eð unnt verði að sinna henni þarf formlega samninga á milli þjóðanna og breytingar á lagaákvæðum um trúnað.

Til þess að tryggja framkvæmd samkeppnisreglna einstakra þjóða á Evrópska efnahagssvæðinu og til þess að fara að tilmælum OECD um aukið samstarf samkeppnisyfirvalda aðildarþjóða og jafnframt til að standa við hugsanlega samninga um aukið samstarf norrænna samkeppnisyfirvalda við lausn alvarlegra samkeppnishindrana sem ná til fleiri en eins lands er nauðsynlegt að samkeppnisyfirvöldum hér á landi verði tryggð lagaheimild til að afla trúnaðargagna og -upplýsinga og afhenda þau einstökum samkeppnisyfirvöldum annarra landa.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu felst að samkeppnisráði verði veitt heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir ef fyrirtæki brjóta gegn banni eða fyrirmælum samkeppnisráðs skv. 2. mgr. 30. gr. Reynslan hefur sýnt að dagsektaúrræði gildandi laga eiga ekki alltaf vel við í málum sem tengjast óréttmætum viðskiptaháttum og villandi auglýsingum. Oft getur verið álitamál við hvaða tímamark eigi að miða þegar til greina kemur að beita dagsektum vegna t.d. villandi auglýsinga sem birtast í sjónvarpi eða útvarpi. Breytingin er því gerð til þess að styrkja þau ákvæði laganna sem vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum og villandi auglýsingum. Sama á við um heimildina til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á ákvæðum laganna um gagnsæi markaðarins. Ef við á er hins vegar unnt að beita almennri dagsektaheimild 53. gr. vegna þessara mála.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að orðið „leggur“ verði tekið upp í stað orðanna „getur lagt“ til þess að tryggja að meginreglan verði sú að stjórnvaldssektir verði lagðar á ef umrædd brot eiga sér stað. Stuðlar þetta að því að markmið laganna nái fram að ganga því stjórnvaldssektum samkvæmt lögunum er ætlað með almennum og sérstökum varnaðaráhrifum að vinna gegn því að fyrirtæki brjóti lögin.

Í athugasemdum við frumvarp til gildandi samkeppnislaga sagði að stjórnvaldssektarákvæði laganna væri sniðið að EES-löggjöfinni og þeim reglum sem gilda í EB. Þrátt fyrir þetta er efnisregla 52. gr. ekki að öllu leyti sambærileg við samkeppnisreglur EES-samningsins. Því er lagt til að 2. mgr. 52. gr. verði breytt í samræmi við framangreindar fyrirmyndir. Er í því sambandi sérstaklega höfð hliðsjón af 15. gr. bókunar 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Með þessari breytingu er stuðlað að því að sektarákvarðanir hér á landi verði í samræmi við það sem tíðkast erlendis.

Lagt er til að tekið verði fram í ákvæðinu að samkeppnisráð geti við ákvörðun fjárhæðar sektar haft hliðsjón af samstarfsvilja hins brotlega fyrirtækis. Með þessu móti er tryggt að ráðið geti m.a. við álagningu sekta lagt til grundvallar svipuð sjónarmið og fram koma í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA frá 4. júní 1997 um að leggja ekki á eða lækka sektir í málum er varða einokunarhringi (97/EES/39/01). Í tilkynningunni kemur fram að fyrirtækjum verður umbunað ef þau gefa sig fram og upplýsa um þátttöku sína í ólögmætu samráði og afhenda sönnunargögn. Sams konar fyrirkomulag hefur gilt í bandarískum samkeppnisrétti frá árinu 1978. Hefur það skilað umtalsverðum árangri og t.d. leitt til þess að fjöldi fyrirtækja hefur tilkynnt bandarískum samkeppnisyfirvöldum um þátttöku sína í samráði til að komast undan viðurlögum.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að tilvísanir í 39., 40. og 41. gr. laganna falli niður. Tilvísun í þessi ákvæði er ekki rökrétt með tilliti til ákvæða laganna og þess sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því sem síðar varð að samkeppnislögum.

Í upphaflegu frumvarpi til samkeppnislaga sem lagt var fram á 115. löggjafarþingi var í 49. gr. frumvarpsins, sem er sambærileg við 58. gr. samkeppnislaga, mælt fyrir um að ákvarðanir samkeppnisyfirvalda um stjórnvaldssektir og dagsektir skyldu vera aðfararhæfar og var vísað til þriggja ákvæða í viðurlagakafla frumvarpsins. Á 116. löggjafarþingi var frumvarpið lagt fram í breyttri mynd. Höfðu þá bæst við kaflar um eftirlit með greiðslukortastarfsemi og framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í sama ákvæði, sem nú var í 61. gr. frumvarpsins vegna greindra viðbótarkafla, var gengið út frá því að nefndar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda væru aðfararhæfar en vísað var til ákvæða utan viðurlagakafla frumvarpsins. Þau ákvæði sem vísað var til höfðu hins vegar sömu greinanúmer og þau viðurlagaákvæði sem vísað var til í upphaflega frumvarpinu. Á hinn bóginn var í athugasemdum með 61. gr. vísað til réttra viðurlagaákvæða. Af þessu verður ekki dregin önnur ályktun en sú að láðst hafi að breyta tilvísun í sjálfum texta frumvarpsins, sem var nauðsynlegt þar sem greinanúmer höfðu riðlast. Mistökin uppgötvuðust ekki við meðferð frumvarpsins á Alþingi og standa þau því óleiðrétt í samkeppnislögum.

Til þess að taka af öll tvímæli um aðfararhæfni ákvarðana samkeppnisyfirvalda þykir rétt að fella hinar röngu tilvísanir á brott. Hins vegar er ekki talin þörf á því að taka upp nýjar tilvísanir þar sem þær hafa ekki sjálfstæða þýðingu.

Um 19. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er verið að samræma samkeppnisreglur hér á landi þeim reglum sem almennt gilda í helstu viðskiptalöndum okkur.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að það hafi í för með sér 13,3 m.kr. kostnaðarauka fyrir árið 2000, þar af eru 2,1 m.kr. tímabundinn kostnaður. Kostnaður á hverju ári eftir það er áætlaður 22,3 m.kr.

Af áætluðum kostnaði vegur þyngst ráðning fjögurra sérfræðinga til að sinna víðtækri starfsemi og svara fyrirspurnum stjórnvalda, fjölmiðla og almennings. Einnig er kostnaðarauknings vegna húsaleigu, tækja og búnaðar, útgáfu og kynningarstarfsemi, sem og samskipta við erlend samkeppnisyfirvöld.

771. Frumvarp til laga [489. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í V. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, er fjallað um starfsemi þessara fyrirtækja. Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laganna er starfsemi þeirra fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfaviðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í tengslum við slík viðskipti. Í greininni er síðan talin upp í 14 töluliðum sú starfsemi sem fyrirtækjunum er heimil. Í 4. mgr. sömu greinar kemur fram að fyrirtækjunum sé heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi. Í 2. gr. laganna kemur enn fremur fram að fyrir-

tækjunum sé einungis heimilt nema annað leiði af lögum að stunda viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í V. kafla laganna.

Með vísan til þessara ákvæða hefur verið mikil óvissa um hvort viðskiptabankar eða sparisjóðir geti tekið að sér að veita póstþjónustu. Samstarf Íslandspósts hf. annars vegar og viðskiptabanka eða sparsjóða hins vegar getur því að óbreyttum lögum aðeins farið fram að takmörkuðu leyti.

Það að samvinna sé möguleg milli aðila sem heimild hefur til að veita póstþjónustu og viðskiptabanka og sparisjóða er mikilvægt fyrir samfélagið. Hér er um þýðingarmikið mál að ræða, enda getur samvinna um grunnþjónustu af þessu tagi skipt sköpum um hvort hún sé fyrir hendi eða ekki í hinum dreifðu byggðum landsins.

Heildarendurskoðun fer nú fram á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Hún er í höndum sérstakrar nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði 23. ágúst 1999, svokallaðri bankalaganefnd. Vinnu hennar verður líklega ekki lokið fyrr en síðar á þessu ári. Þar sem hér er um brýnt mál að ræða er frumvarp þetta lagt fram nú þegar.

Með vísan til þessa er lagt til í frumvarpinu að viðskiptabönkum og sparisjóðum verði heimilað að taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita hana samkvæmt lögum. Um póstþjónustu er nú fjallað í lögum nr. 142/1996. Gert er ráð fyrir að um hana fari samkvæmt sérstökum samningi á milli aðila. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi, skyldur og ábyrgð aðila vegna póstþjónustunnar, en rétt þykir að slík þjónusta sé rekin á ábyrgð leyfishafa. Það skal sérstaklega tekið fram að ekki er um að ræða að viðskiptabankar og sparisjóðir öðlist með þessu sjálfstætt leyfi til póstþjónustu, heldur er hér um að ræða rétt til að veita slíka þjónustu fyrir hönd annars aðila sem hefur slíkt leyfi. Eðlilegt þykir að afla þurfi samþykkis Fjármálaeftirlitsins til þessarar starfsemi og er það í samræmi við ákvæði 4. mgr. 44. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila viðskiptabönkum og sparisjóðum að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hafa til að veita slíka þjónustu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

772. Frumvarp til laga [490. mál]

um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Við embætti landlæknis skal starfa læknir, sóttvarnalæknir, sem ber ábyrgð á sóttvörnum. Sóttvarnalæknir skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

2. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Telji sóttvarnalæknir hættu á að dýr, matvæli, vatn, skólplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum sem ógna heilsu manna skal ráðherra skipa sérstaka samstarfsnefnd til að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu. Samstarfsnefndin skal skipuð þremur mönnum, sóttvarnalækni, sem jafnframt er formaður, einum tilnefndum af Hollustuvernd ríkisins og öðrum tilnefndum af yfirdýralækni. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin skal gefa öllum þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta smithættu. Að öðru leyti skal framkvæmd vera í samræmi við lög þessi og, eftir því sem við á, sérlög um einstaka eftirlitsaðila.

3. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Brjótist út hópsýking eða farsótt sem ógnar heilsu manna skal sóttvarnalæknir gera faraldsfræðilega rannsókn á uppruna smits og hefur í slíkum tilvikum sama rétt til aðgangs að gögnum og til skoðunar og kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr.

4. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Telji sóttvarnalæknir hættu á að næmar sóttir sem ógnað geta almannaheill berist til landsins getur hann beint tilmælum til ráðherra um að setja reglugerð um að þeir hópar sem koma til landsins og talin er hætta á að beri með sér slíkar sóttir skuli sæta læknisrannsókn.

5. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður sem hlýst af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja lögum um almannatryggingar. Heimilt er þó með reglugerð að veita undanþágur frá greiðsluhlutdeild sjúklinga, svo sem þegar sjúklingar leita til göngudeilda smitsjúkdóma vegna greiningar og meðferðar tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, sjúklingar eru kvaddir til rannsókna til að leita að smiti og þegar fólki er gert að sæta læknisrannsókn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, er m.a. samið til að bregðast við tillögum nefndar um framkvæmd mála vegna útbreiðslu campylobacter. Tillögurnar felast fyrst og fremst í breytingum til að tryggja að gripið verði til samræmdra aðgerða þegar hætta er talin á útbreiðslu smitnæmra sjúkdóma sem ógnað geta heilsu manna. Gerir frumvarpið ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipi sérstaka samstarfsnefnd, þegar þörf skapast, sem hafi það hlutverk að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með aðgerðum til að meta og uppræta smithættu. Gert er ráð fyrir að samstarfsnefndin verði skipuð þremur mönnum, sóttvarnalækni, sem verði jafnframt formaður nefndarinnar, einum manni tilnefndum af Hollustuvernd ríkisins og öðrum tilnefndum af yfirdýralækni. Varamenn verði skipaðir á sama hátt og aðalmenn en í forföllum sóttvarnalæknis gegni staðgengill hans formennsku. Gert er ráð fyrir að nefndin hafi aðgang að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og geti fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Þegar nefndin telur þörf á skal hún gefa öllum þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta smithættu. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir að sóttvarnalæknir geri faraldsfræðilega rannsókn á uppruna smits ef hópsýking eða farsótt sem ógnar heilsu manna brýst út. Hefur sóttvarnalæknir í slíkum tilvikum sama rétt til að fá upplýsingar og til skoðunar og samstarfsnefndin.

Sú vinnuregla hefur skapast hjá Útlendingaeftirlitinu að krefja útlendinga sem ekki heyra undir EES-samninginn og sækja um dvalarleyfi, hæli og/eða atvinnuleyfi um heilbrigðisvottorð áður en umsókn er yfirfarin. Útlendingaeftirlitið hefur stuðst við tilmæli og dreifibréf landlæknis en hefur ekki haft skýra lagaheimild til að gera kröfu um heilbrigðisvottorð. Sóttvarnalæknir telur mikilvægt að hafa slíka heimild í lögum þegar talin er hætta á að næmar sóttir sem ógnað geta almannaheill berist til landsins. Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að setja ákvæði um læknisrannsókn í reglugerð ef tilmæli berast um það frá sóttvarnalækni.

Ákvæði sóttvarnalaga um kostnað við framkvæmd laganna eru gerð skýrari. Sama gildir um ákvæði um greiðsluhlutdeild sjúklinga og er gert ráð fyrir að heimilt sé með reglugerð að veita undanþágur frá greiðsluhlutdeild sjúklinga.

Kveðið er skýrar á um ábyrgð sóttvarnalæknis en í núgildandi lögum.

Gert er ráð fyrir gildistöku 1. september 2000. Einnig eru lög nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir, felld úr gildi en sóttvarnalögin leystu þau af hólmi.

Meginbreytingarnar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi:

Kveðið er á um að ráðherra skipi samstarfsnefnd til að bregðast við smithættu.

— Nefndin er skipuð sóttvarnalækni og fulltrúum frá Hollustuvernd ríkisins og yfirdýralækni.
— Kveðið er á um heimild til að setja reglugerð um að tilteknir hópar fólks sem koma til landsins skuli sæta læknisrannsókn ef tilmæli berast um það frá sóttvarnalækni.
— Kveðið er skýrar á um kostnað við framkvæmd sóttvarnalaga og greiðsluhlutdeild sjúklinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. gr. laganna er fjallað um yfirstjórn sóttvarna og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að 2. mgr. verði breytt á þann veg að kveðið sé skýrar á um ábyrgð sóttvarnalæknis.

Um 2. og 3. gr.

Ákvæðum 11. og 12. gr. laganna er breytt í samræmi við tillögur nefndar sem umhverfisráðherra skipaði í desember 1999 til að gera tillögur um framkvæmd mála í framhaldi af skýrslu Hollustuverndar ríkisins, landlæknisembættisins og embættis yfirdýralæknis um könnun á útbreiðslu campylobacter. Leggur nefndin til að sóttvarnalögum verði breytt til að tryggja íhlutunarrétt sóttvarnayfirvalda þegar almannaheill er stefnt í voða og þegar hópsýkingar eða farsótt sem ógnar almannaheill brjótast út. Einnig leggur nefndin til að sóttvarnalæknir geri faraldsfræðilega rannsókn á uppruna smits ef hætta er á að hópsýking eða farsótt sem ógnar heilsu manna brjótist út. Má reikna með að starf sóttvarnalæknis verði viðameira vegna þessa og hefur það nokkurn kostnað í för með sér.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að ný málsgrein bætist við 14. gr. laganna þar sem heimilað er að setja reglugerð um að fólk sem kemur til landsins skuli sæta læknisrannsókn ef tilmæli berast um það frá sóttvarnalækni og hann telur að slíkt sé nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu næmra sótta sem ógnað geta almannaheill. Heimildin er mikilvægt öryggisatriði að mati sóttvarnalæknis. Sú vinnuregla hefur skapast hjá Útlendingaeftirlitinu að krefja útlendinga sem ekki heyra undir EES-samninginn og sækja um dvalarleyfi, hæli og/eða atvinnuleyfi um heilbrigðisvottorð áður en umsókn er yfirfarin. Þess hefur verið krafist að vottorðið sé nýlegt og gefið út af íslenskum lækni. Útlendingaeftirlitið hefur stuðst við tilmæli og dreifibréf frá landlæknisembættinu en ekki hefur verið skýr lagaheimild til að gera kröfu um slíkt heilbrigðisvottorð. Er talið mikilvægt að geta gert kröfu um heilbrigðisvottorð þegar um er að ræða fólk sem kemur frá ríkjum þar sem smitsóttir eru landlægar.

Um 5. gr.

Í frumvarpinu eru ákvæði um kostnað við sóttvarnir og greiðsluhlutdeild sjúklinga gerð skýrari. Þá er lagt til að heimilt verði að veita undanþágur frá greiðsluhlutdeild sjúklinga. Slíkar undanþágur eru nauðsynlegar, m.a. þegar um er að ræða sjúklinga sem leita til göngudeilda smitsjúkdóma vegna greiningar og meðferðar tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, sjúklinga sem kvaddir eru til rannsókna til leitar að smiti og fólk sem skylt er að sæta læknisrannsókn.

Um 6. gr.

Sóttvarnalög, nr. 19/1997, leystu lög nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir, af hólmi og er því lagt til að síðarnefndu lögin verði felld úr gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

Frumvarp þetta er samið í framhaldi af tillögum nefndar um framkvæmd mála vegna útbreiðslu campylobacter. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja manna samráðsnefnd í þeim tilvikum sem sóttvarnalæknir telur hættu á dreifingu smitnæmra sjúkdóma. Nefndin starfi undir forsæti sóttvarnalæknis og skal hún gefa þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til nauðsynlegra aðgerða til að uppræta smithættu. Samkvæmt frumvarpinu mun sóttvarnalæknir geta beint tilmælum til ráðherra að sett verði reglugerð um að þeir hópar sem koma til landsins og talin er hætta á að beri með sér slíkar sóttir skuli sæta læknisrannsókn. Brjótist út smit skal sóttvarnalæknir rannsaka faraldsfræðilegan uppruna þess til að skýra uppruna smits.Gera má ráð fyrir að með samþykkt frumvarpsins aukist verkefni sóttvarnalæknis sem leiði til að fjölga þurfi um eitt stöðugildi læknis sem starfi að sóttvörnum ásamt sóttvarnalækni. Verði frumvarpið að lögum má því ætla að útgjöld ríkisins aukist um 5–5,5 m.kr. á ári að meðtölu auknu rekstrarumfangi.

773. Frumvarp til laga [491. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

23. gr. laganna orðast svo:
Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

2. gr.

Á eftir 23. gr laganna kemur ný grein og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:
Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Fjármálaeftirlitið getur beitt viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir viðurlögum á þann hátt sem fyrir er mælt í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi ef ekki er farið eftir reglunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin leggur fram þetta frumvarp í framhaldi af umfjöllun í nefndinni um 199. mál, um fjármálaeftirlit (breyting ýmissa laga).

Þegar lögin um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi voru sett var öllum tilvitnunum laga í bankaeftirlit Seðlabanka Íslands breytt í Fjármálaeftirlitið. Eftir stóð ákvæði vaxta-

laga um að Seðlabankinn setti reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Reglurnar eru öðru fremur varúðarreglur sem eðlilegra er að Fjármálaeftirlitið setji en Seðlabankinn. Er það lagt til í frumvarpi þessu.

774. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, Pál Gunnar Pálsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Hrafn Magnússon frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Finn Sveinbjörnsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti og Hjálmar Jónsson og Þór Jónsson frá Blaðamannafélagi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Verðbréfaþingi Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Neytendasamtökunum, Fjármálaeftirlitinu, Félagi löggiltra endurskoðenda, Samtökum fjármálafyrirtækja, ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, Alþýðusambandi Íslands og Blaðamannafélagi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að styrkja starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins. Er með því leitast við að tryggja betur en áður aðgang að gögnum og upplýsingum og auka möguleika Fjármálaeftirlitsins til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Hlaut frumvarpið ítarlega umfjöllun í nefndinni og var við hana höfð hliðsjón af máli þingmanna Samfylkingarinnar um sama efni (þskj. 99, 98. mál, eftirlit með fjármálastarfsemi).

Nefndin leggur áherslu á að með víðtækari og skýrari heimildum Fjármálaeftirlitsins í frumvarpinu er ekki ætlunin að færa ábyrgð á rekstri eftirlitsskyldra aðila frá þeim sjálfum til hins opinbera. Þvert á móti beinist styrking Fjármálaeftirlitsins að því að það geti enn frekar stuðlað að því að eftirlitsskyldir aðilar axli þá ábyrgð sem þeim er falin.

Þá telur nefndin mikilvægt að hugað verði að því að setja löggjöf um fjármálastarfsemi sem ekki er starfsleyfisskyld samkvæmt núgildandi lögum.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að ný grein bætist við frumvarpið sem breyti 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um *opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi* þar sem segir að lögin nái m.a. til „kauphalla og annarra skipulegra tilboðsmarkaða“. Til að hugtakanotkun í lögunum sé í samræmi við hugtakanotkun í lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, er lagt til að orðið „annarra“ falli brott.
2. Þá er lögð til sú breyting að tekið verði fram að leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins til eftirlitsskyldra aðila verði að varða hóp eftirlitsskyldra aðila og vera almenn. Er það gert til að taka af öll tvímæli þar um.
3. Lagt er til að kostnaður við starf sérfræðings sem skipaður er af Fjármálaeftirlitinu til að gera athuganir á tilteknum þáttum í starfsemi og rekstri eftirlitsskylds aðila falli á þann sem sérfræðingsins nýtur, að hluta eða öllu leyti. Telur nefndin að slíkt eftirlit sé oft þess eðlis að viðkomandi aðili eigi að standa undir kostnaði við það. Er það í samræmi við 7. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, en þar er kveðið á um greiðslu kostnaðar við sérhæft eftirlit. Verður

Fjármálaeftirlitinu falið að meta hverju sinni hve hátt hlutfall kostnaðarins eftirlitsskyldi aðilinn greiði.

4. Lagt er til að í stað orðanna „ákveðins“ og „tiltekins“ í 1. og 2. efnismgr. 3. gr. komi orðið „hæfilegs“. Er með því lögð áhersla á að eftirlitsskyldum aðila verði að gefa sanngjarnan og eðlilegan frest til að bregðast við kröfum Fjármálaeftirlitsins. Telur nefndin að við mat á því hvort frestur teljist hæfilegur skuli horft til mikilvægis þess að úrbætur nái fram að ganga.
5. Lagt er til að stjórnvaldssektir sem Fjármálaeftirlitinu verður heimilt að leggja á fyrirtæki sem brjóta gegn fyrirmælum þess verði nefndar févíti, en það heiti er í samræmi við orðanotkun í lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Þá er lagt til að sektarfjárhæðir verði lækkaðar nokkuð frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Geti dagsektir numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag, en févíti frá 10.000 kr. til 2 millj. kr.
6. Lagt er til að nýju ákvæði verði bætt við frumvarpið þar sem fram komi að upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt lögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila séu háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu. Er þessi breyting lögð til þar sem mjög mikilvægt er að eftirlitsskyldir aðilar geti treyst því að svo sé. Geti því Fjármálaeftirlitið aflað upplýsinga í trúnaði frá eftirlitsskyldum aðilum án þess að verða skylt með vísan til upplýsingalaga að láta af hendi upplýsingar sem eðli máls samkvæmt væru bundnar þagnarskyldu samkvæmt lögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila.
7. Lagt er til að viðskiptaráðherra geri Alþingi árlega grein fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Getur ráðherra annaðhvort lagt fram skýrslu um starfsemi eftirlitsins eða látið yfirlit um starfsemi þess fylgja með frumvarpi til breytinga á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem líklegt er að breyta þurfi á hverju haustþingi.
8. Lagt er til að 120 þús. kr. kærugjald sem kveðið er á um í 5. mgr. 17. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi verði fellt niður þar sem svo hátt gjald er í andstöðu við almenna stefnumörkun um greiðan aðgang aðila að kæru- og áfrýjunarnefndum. Þá er lagt til að kveðið verði á um það í frumvarpinu að úrskurður kærunefndar skuli liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni.
9. Lagt er til að eftirlit Fjármálaeftirlitsins með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem gert er ráð fyrir í 9. gr. frumvarpsins skuli einungis vera að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi. Með þessari breytingartillögu er leitast við að afmarka eftirlit Fjármálaeftirlitsins við nauðsynlegt eftirlit með viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði þótt hluti fjármálastarfseminnar sé rekinn í sjálfstæðu félagi. Ákvæðinu svo breyttu er m.a. ætlað að tryggja að ekki sé unnt að koma tilteknum þáttum fjármálastarfsemi undan eftirliti eða byggja þá þjónustu á sjónarmiðum sem fara í bága við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Ekki er gert ráð fyrir að dótturfyrirtæki, hlutdeildarfyrirtæki eða sjóðir greiði eftirlitsgjald sérstaklega nema kveðið sé á um það í lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
10. Lögð er til sams konar breyting á orðalagi í 2. efnismgr. 9. gr., 2. efnismgr. 12. gr., 1. efnismgr. b-liðar 13. gr. og 1. efnismgr. 14. gr. frumvarpsins. Þar er í öllum tilvikum talað um hæfni tiltekinn aðila þar sem greinilega er átt við hæfi þeirra.
11. Lögð er til sú breyting á 1. mgr. 10. gr. laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði að Fjármálaeftirlitinu verði falið að setja þær reglur um mat á áhættu-

grunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli lánastofnana sem nú er gert ráð fyrir að Seðlabankinn setji.

12. Loks er lagt til að bætt verði tveimur nýjum greinum við frumvarpið sem verði 16. gr. og 18. gr. Í þeim felist að vátryggingafélög og stjórnir lífeyrissjóða skuli setja sér verklagsreglur um verðbréfaviðskipti félaganna og sjóðanna, stjórna þeirra og starfsmanna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Með þessu er lögð sambærileg skylda á þessa aðila og kveðið er á um í 21. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Er Fjármálaeftirlitinu ætlað að gæta þess að samræmi sé milli verklagsreglnanna að teknu tilliti til eðlis viðkomandi starfsemi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 20. mars 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

775. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
   7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.). 2. efnismgr. orðist svo:
   Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, enda varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila.
3. Við 2. gr. (er verði 3. gr.). Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eftirlitsskyldur aðili sem um ræðir skal bera kostnað af starfi sérfræðingsins, að hluta eða öllu leyti, eftir mati Fjármálaeftirlitsins.
4. Við 3. gr. (er verði 4. gr.). Í stað orðanna „ákveðins“ og „tiltekins“ í 1. og 2. efnismgr. komi: hæfilegs.
5. Í stað 4. og 5. gr. komi ný grein (er verði 5. gr.), svohljóðandi:
   Í stað 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því. Greinarnar orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (11. gr.)

Févíti og dagsektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Greiðast þær þangað til farið hefur verið að kröfum Fjármálaeftirlitsins. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri hins eftirlitsskylda aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Ákvarðanir um dagsektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur lagt févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Til ákvarðana samkvæmt þessari grein teljast kröfur um úrbætur skv. 10. gr. Févíti getur numið frá 10.000 kr. til 2 millj. kr. Við ákvörðun um fjárhæð févítis skal tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Ákvarðanir um févíti skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Ákvörðunum um févíti eða dagsektir má skjóta til kærunefndar samkvæmt lögum þessum innan sjö daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Sé ákvörðun skotið til kærunefndar er ekki heimilt að innheimta févíti eða dagsektir fyrr en úrskurður hefur verið felldur.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að eftirlitsskyldur aðili verði síðar við kröfum Fjármálaeftirlitsins nema stjórn Fjármálaeftirlitsins ákveði það sérstaklega.

Févíti og dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæf. Sama gildir um úrskurði kærunefndar.

Innheimt févíti og innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu févítis og dagsekta í reglugerð.

b. (12. gr.).

Tilkynningarskylda

Ef brot eru alvarleg og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur að mati Fjármálaeftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegur við lög ber Fjármálaeftirlitinu að greina ríkislögreglustjóra frá þeim.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skv. 4. mgr. 9. gr., 11. gr., 12. gr. og 1. mgr. þessarar greinar skulu þegar í stað tilkynntar viðskiptaráðherra, þeim ráðherra sem annars fer með viðkomandi málaflokk og stjórn hins eftirlitsskylda aðila eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til að dreifa.

6. Við 6. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:

a. Við 2. málsl. 1. efnismgr. bætist: eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

b. Við bætist ný málsgrein er verði 2. efnismgr., svohljóðandi:

Upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt lögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila eru háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu.

c. Orðið „þó“ í 2. efnismgr., er verði 3. efnismgr., falli brott.

d. 3. efnismgr., er verði 4. efnismgr., orðist svo:

Þegar eftirlitsskyldur aðili er gjaldþrota eða þvinguð slit fara fram er heimilt við rekstur einkamála að upplýsa um atriði sem þagnarskylda gildir annars um skv. 1. mgr.

Þagnarskyldan gildir þó um upplýsingar sem varða þriðja aðila sem á hlut að björgunaraðgerðum vegna eftirlitsskylds aðila.

e. Orðið „sjálfstæða“ í 4. efnismgr., er verði 5. efnismgr., falli brott.

7. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

15. gr. laganna, er verður 16. gr., orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína fyrir 15. september ár hvert. Í framhaldi af því gerir viðskiptaráðherra Alþingi grein fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

8. Við 8. gr. (er verði 9. gr.). Greinin orðist svo:

17. gr. laganna, er verður 18. gr., orðast svo:

Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins má skjóta til sérstakrar kærunefndar.

Kærunefndin er skipuð af viðskiptaráðherra til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír. Hæstiréttur tilnefnir nefndarmenn og formann nefndarinnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði. Þóknun til nefndarmanna er ákveðin af viðskiptaráðherra.

Úrskurður kærunefndar skal liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra barst henni. Úrskurðum nefndarinnar verður ekki skotið til viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti nefndarinnar. Í slíkri reglugerð má jafnframt kveða nánar á um valdsvið kærunefndar, hvaða málefnum megi skjóta til hennar og kærufresti.

9. Við 9. gr. (er verði 10. gr.). Eftirtaldar breytingar verði á greininni:

a. Við 2. málsl. 1. efnismgr. bætist: að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi.

b. Í stað orðanna „hæfni þeirra“ í 2. efnismgr. komi: hvort þeir teljist hæfir.

10. Við III. kafla bætist ný grein er verði 12. gr., svohljóðandi:

Í stað orðsins „Seðlabankinn“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Fjármálaeftirlitið.

11. Við 12. gr. (er verði 14. gr.). Í stað orðanna „hæfni þeirra“ í 2. efnismgr. komi: hvort þeir teljist hæfir.

12. Við 13. gr. (er verði 15. gr.). Í stað orðanna „hæfni þeirra“ í 1. efnismgr. b-liðar komi: hvort þeir teljist hæfir.

13. Við VI. kafla bætist ný grein er verði 16. gr., svohljóðandi:

Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 6. mgr., svohljóðandi:

Stjórn vátryggingafélags skal setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

14. Við 14. gr. (er verði 17. gr.). Í stað orðanna „hæfni þeirra“ í 1. efnismgr. komi: hvort þeir teljist hæfir.

15. Við VII. kafla bætist ný grein er verði 18. gr., svohljóðandi:

Við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr töluliður er verður 5. tölul., svohljóðandi: Að setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

776. Fyrirspurn [492. mál]

til menntamálaráðherra um fullorðinsfræðslu fatlaðra.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða áform eru uppi um fullorðinsfræðslu fatlaðra á næstunni:
   a. með tilliti til húsnæðisvanda starfseminnar,
   b. í ljósi samdráttar á yfirstandandi námsári?
2. Er gert ráð fyrir að breyta rekstrarformi fullorðinsfræðslunnar?

777. Frumvarp til laga [493. mál]

um tímareikning á Íslandi.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Kristján L. Möller, Jón Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Drífa Hjartardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Í lögum þessum merkir sumartími það tímabil ársins þegar klukkan er færð fram um 60 mínútur frá miðtíma Greenwich.

2. gr.

Sumartími skal hvarvetna á Íslandi hefjast kl. 01.00 að miðtíma Greenwich síðasta sunnudag í mars og ljúka kl. 01.00 að miðtíma Greenwich síðasta sunnudag í október.

3. gr.

Utan sumartíma skal hvarvetna á Íslandi telja stundir eftir miðtíma Greenwich.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 6/1968, um tímareikning á Íslandi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 120. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Enn fremur var það lagt fram á 122. löggjafarþingi en varð þá heldur ekki útrætt.

Evrópusambandið hefur gefið út tilskipun um samræmdan sumartíma í aðildarríkjunum. Er þar miðað við að sumartími hefjist klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í marsmánuði og er klukkan þá færð fram um eina klukkustund. Honum ljúki síðan klukkan eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í október þegar klukkan er færð til baka um eina klukkustund.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til Evrópuþingsins og ráðherraráðsins frá 25. apríl 1996 er fjallað um áhrif sumartíma, meðal annars á orkunotkun, heilbrigði, vinnuaðstæður og lífsstíl, landbúnað, umhverfisvernd, umferðaröryggi, ferðamennsku og afþreyingariðnað. Athuganir framkvæmdastjórnarinnar leiddu í ljós að engin meiri háttar

vandamál væru því samfara að viðhalda sumartíma í Evrópusambandinu þó að til séu þeir sem telja breytingar hafa óþægindi í för með sér.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru í fyrsta lagi hvað snertir orkunotkun að sumartíminn leiðir almennt til nokkurs sparnaðar, í öðru lagi að sumartími og tímabreytingar honum tengdar hafa engin varanleg eða alvarleg áhrif á heilsu manna, í þriðja lagi hefur sumartíminn engin neikvæð áhrif á vinnuaðstæður, í fjórða lagi hvað varðar lífsstíl þá hafa betri birtuskilyrði áhrif á möguleika fólks til að stunda útivist, í fimmta lagi hefur sumartíminn engin neikvæð áhrif á flesta þætti landbúnaðar og í sjötta lagi leiddi rannsókn á umferðaröryggi, sem gerð var í Bretlandi, í ljós að á sumartíma er slysatíðni almennt lægri en á vetrartíma og er það fyrst og fremst rakið til aukinnar birtu á kvöldin. Þá kom og í ljós að aukin birta síðla dags hefur jákvæð áhrif á ferðamannaþjónustu. Þá er í skýrslunni lögð áhersla á samræmingu sumartíma í Evrópusambandinu og bent á að hún sé sérstaklega brýn varðandi samgöngur, fjarskipti og ferðamennsku.

Allar ályktanir sem dregnar verða af skýrslunni benda til þess að kostir þess að viðhalda sumartíma í Evrópusambandinu og nágrannalöndum þess séu yfirgnæfandi.

Algengt er að forráðamenn íslenskra fyrirtækja og aðrir sem þurfa að hafa samskipti við Vestur-Evrópu yfir sumartímann kvarti undan því að samskiptatíminn styttist mjög verulega við að tímamismunurinn eykst úr einni klukkustund í tvær. Mjög erfitt getur verið fyrir fólk að ná saman í síma á þessum tíma. Fullyrða má að mikill tími og fyrirhöfn mundi sparast í viðskiptum við helstu viðskiptalöndin, eins og Danmörku, Noreg, Svíþjóð, Þýskaland, Belgíu, Holland og Frakkland, ef tímamismunurinn væri ávallt ein klukkustund. Tveir þriðju hlutar vöruútflutnings fara til ríkja ESB og EFTA og þaðan koma um þrír fjórðu af öllum vöruinnflutningi. Jafnframt koma um þrír fjórðu erlendra ferðamanna til Íslands frá þessum ríkjum. Til viðbótar öllum þeim samskiptum sem fylgja viðskiptum með vörur og þjónustu við þessi helstu viðskiptalönd okkar eru margvísleg önnur samskipti við þau, m.a. á sviði menningarmála. Eins tíma munur allt árið milli Íslands og meginlands Evrópu gerir samskiptin auðveldari og markvissari sem hefur afar mikla þýðingu fyrir alla sem að þeim koma.

Einnig er mikilvægt fyrir flugsamgöngur milli Íslands og Evrópu að hér á landi verði tekinn upp sumartími til samræmis við önnur Evrópulönd. Þá þarf ekki að breyta flugáætlunum þegar tímabreytingar verða en því fylgir jafnan töluverð fyrirhöfn og kostnaður. Enn fremur leiðir sumartími til þess að flug til Evrópu frá Keflavíkurflugvelli klukkan sjö á morgnana yrði einum tíma síðar eins og á vetrum. Þetta kemur sér vel fyrir farþega í morgunflugi til Evrópu en nú er algengt umkvörtunarefni hversu snemma brottfarir eru enda skapar það oft óþægindi fyrir farþega. Ekki er óeðlilegt að ætla að farþegar í Reykjavík þurfi að fara á fætur tveimur og hálfum til þremur tímum fyrir brottför frá Keflavík.

Upptaka sumartíma með þeim hætti sem hér er lýst leiðir til þess að á sumrin verður sólin hæst á lofti um klukkan hálfþrjú á daginn á vesturhluta landsins. Þetta þýðir að dagurinn er tekinn fyrr og vinnutíma lýkur fyrr en á vetrum. Með þessu móti hefur almenningur meiri möguleika á að njóta sólar og góðviðrisdaga á sumrin. Þannig eru líkur til þess að hér gæti skapast sérstök sumarstemning eins og gerist í nágrannalöndum í Evrópu. Fólk hefði mun betri tækifæri til þess að njóta útiveru eftir að vinnudegi lýkur og þannig yrðu lifnaðarhættir almennings heilbrigðari. Þetta hefur tvímælalaust hvetjandi áhrif á viðskiptalíf, götulíf og allt mannlíf á Íslandi á sumrin og ferðaþjónustan nyti góðs af. Íþróttafólk hefði einnig hag af sumartíma, jafnt keppnisfólk sem áhugamenn, þar sem birtu nyti lengur fram á kvöld síðsumars og snemma hausts. Sumartíminn kæmi sér t.d. vel fyrir skipulagningu knattspyrnuleikja og golfáhugamenn gætu betur stundað íþrótt sína. Ekki síst hefði sumartími góð áhrif á mannlífið á hinum fjölmörgu stöðum á landsbyggðinni sem eru undir eða milli hárra fjalla.

Þar hafa margir takmarkaða möguleika til að njóta sumarsins því að sólin hefur horfið af sjóndeildarhringnum þegar vinnudeginum lýkur.

Því hefur stundum verið haldið fram að fólk ætti sjálft að geta skipulagt vinnu sína, hafið vinnu fyrr á morgnana og hætt fyrr á daginn, til þess að bæta samskiptin við Evrópu eða til þess að njóta sumarblíðunnar að loknum vinnudegi. Þetta er hins vegar ekki svo einfalt þar sem atvinnulífið er allt samtengt og hvert fyrirtæki miðar opnunartíma sinn við önnur fyrirtæki. Enn fremur er margvísleg þjónusta veitt á þeim tíma sem miðast við almennan vinnudag, svo sem á dagheimilum og leikskólum. Grunnskóli hefst líka víðast hvar um áttaleytið á morgnana. Það kostar því í flestum tilvikum of mikla röskun að breyta vinnutíma einstaklinga svo ekki sé talað um heilla fyrirtækja.

Sumartími tíðkast eins og fyrr sagði í öllum helstu viðskiptalöndum okkar í austri og vestri. Ísland er sér á báti hvað þetta varðar og því hlýtur sú spurning að vakna af hverju Íslendingar vilja skera sig úr einmitt að þessu leyti. Rökin sem færð hafa verið gegn sumartímanum hafa fyrst og fremst falist í að draga fram kostnaðinn og fyrirhöfnina við að breyta klukkunni tvisvar á ári. Vissulega kostar það ákveðna fyrirhöfn en nágrannar okkar hafa talið hana léttvæga miðað við ávinninginn af sumartímanum. Því er einkennilegt að Íslendingar skuli búa við þessa sérstöðu og mál hlýtur að vera að linni í því efni.

Eins og að framan er greint var samhljóða frumvarp lagt fram á 120. löggjafarþingi. Frumvarpið var sent fjölmörgum aðilum til umsagnar, m.a. einstökum sveitarfélögum og samböndum sveitarfélaga sem öll lýstu yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið eða gerðu engar athugasemdir við efni þess. Í umsögn frá Íslenskri verslun kemur fram að það væri til mikilla hagsbóta fyrir þann mikla fjölda inn- og útflytjenda sem á dagleg viðskipti við helstu viðskiptalönd okkar á meginlandi Evrópu ef klukkan yrði færð fram um eina klukkustund eins og lagt er til í frumvarpinu. Þá segir í umsögn Samskipa að meginhluti viðskipta fyrirtækisins sé tengdur löndum innan EES og því væri það fyrirtækinu til mikils hagræðis ef tímamismunur milli Íslands og EES yrði sá sami allt árið um kring. Sömu sjónarmið koma fram í umsögnum Eimskipafélagsins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og í umsögn Verslunarráðs segir að með þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér megi með lítilli fyrirhöfn bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á alþjóðavettvangi. Samband íslenskra veitingahúsa og Flugleiðir lýsa einnig yfir stuðningi við frumvarpið og vísa til þeirra röksemda sem fram koma í greinargerð. Þá koma loks fram þær röksemdir frá Knattspyrnusambandi Íslands að í fyrsta lagi sé keppnistímabil íslenskra knattspyrnumanna það stutt að það verði æ erfiðara að koma fyrir öllum þeim leikjum sem þarf í öllum aldursflokkum frá kl. 17–19, en tíminn takmarkist við lok vinnudags annars vegar og hins vegar við birtuskilyrði, í öðru lagi væri það tvímælalaust til bóta ef beinar sjónvarpsútsendingar frá knattspyrnuleikjum gætu hafist klukkustund síðar á deginum, í þriðja lagi væri til bóta, vegna fjölda ferðalaga íslenskra knattspyrnuliða, ef flug frá Íslandi væri klukkustund síðar á morgnana og í fjórða lagi væri sambandið í miklum samskiptum við önnur knattspyrnusambönd í Evrópu, sem og UEFA og FIFA sem eru í Sviss, og væri það til mikilla hagsbóta ef tími til samskipta við þessa aðila ykist. Sambærileg sjónarmið varðandi skipulag móta og æfinga koma fram í umsögn Íþróttasambands Íslands.

Þegar samhljóða frumvarp var lagt fram á 122. löggjafarþingi barst afar neikvæð afstaða með bréfi frá geðdeild Landsspítalans, undirrituð af Júlíusi K. Björnssyni sálfræðingi en meðfylgjandi var enn fremur umsögn sem hann hafði unnið ásamt Björgu Þorleifsdóttur líffræðingi og Helga Kristbjarnarsyni lækni. Er í umsögn þessari mælt gegn frumvarpinu fyrst og fremst af þeim ástæðum að það hafi slæm áhrif á svefn fólks og enn fremur er í ítarlegu máli andmælt þeim rökum sem sett eru fram í greinargerð frumvarpsins. Niðurstaða umsagn-

arinnar er sú að það væri mikið glapræði ef þessi breyting yrði samþykkt og að það gæti verið heilsufarslegt stórslys þegar til langs tíma er litið. Nú er það svo að ekki fylgja þessari umsögn sérfræðinga á geðdeild Landsspítalans neinar samanburðarrannsóknir sem sýna að geðheilsa þeirra sem búa við sumartíma sé almennt lakari en Íslendinga sem búa ekki við sumartíma. Enda hefur ekki frést af því að sú sé reyndin. Þvert á móti má halda því fram að auknir möguleikar almennings til að nýta sér betur birtuna um vor og fram á haust séu til þess fallnir að skapa betra mótvægi gegn áhrifum skammdegisins sem ríkir hér á norðurslóðum. Í þessu sambandi er rétt að huga að því að vesturströnd Írlands liggur á milli 9. og 11. gráðu vestlægrar lengdar meðan austurströnd Íslands er á 14. lengdargráðu. Írar hafa sumartíma og þeir sem búa á vesturströndinni eru því í mjög svipaðri stöðu gagnvart nýtingu birtunnar og Austfirðingar væru ef Ísland fylgdi sama tímareikningi og Írland. Ekki hafa borist neinar spurnir af því að geðheilsa íbúa vesturstrandar Írlands sé sérstaklega slæm eða að þar séu svefntruflanir meðal almennings meiri eða heilsufar almennt verra en gengur og gerist. Þvert á móti er mikill efnahagslegur uppgangur á vesturströnd Írlands og þar hefur tekist mun betur að skapa ný störf og laða að fólk en á Austurlandi, þrátt fyrir sumartímann. Umsögn sérfræðinga geðdeildar Landsspítalans uppfyllir ekki þær kröfur sem gera verður til þess sem sagt er í nafni vísindalegrar þekkingar.

Upptaka sumartíma með þeim hætti sem lýst er í frumvarpinu er því mikið hagsmunamál almennings í landinu. Málið hefur víðtækan stuðning meðal félagasamtaka og sveitarfélaga og víst að mannlífið á Íslandi yrði stórum betra ef það nær fram að ganga.

778. Fyrirspurn [494. mál]

til heilbrigðisráðherra um tóbaksvarnir á heilbrigðisstofnunum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvaða heilbrigðisstofnanir hafa sett sér reglur og markmið í tóbaksvörnum?
2. Hvernig er ákvæðum 10. gr. tóbaksvarnalaga um takmörkun á tóbaksreykingum á heilbrigðisstofnunum framfylgt á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og dvalarheimilum?
   a. Hvaða stofnanir eru reyklausar, í þeim skilningi að starfsmenn reyki ekki í vinnutímanum og sjúklingar eða skjólstæðingar reyki ekki á meðan á innlögn stendur?
   b. Hvaða stofnanir leyfa reykingar utan húss eða í sérstökum herbergjum?
3. Á hvaða stofnunum hefur verið gert átak í tóbaksvörnum fyrir skjólstæðinga eða starfsmenn?

Skriflegt svar óskast.

779. Fyrirspurn [495. mál]

til dómsmálaráðherra um kærumál vegna ólöglegrar sölu á tóbaki.

Frá Þuríði Backman.

1. Hversu oft á síðustu fimm árum hafa komið upp kærumál vegna sölu á tóbaki til barna og unglinga sem ekki hafa haft aldur til kaupanna samkvæmt lögum?
2. Hversu oft hefur sektum verið beitt í þessu sambandi og hverjar eru upphæðir sektanna?

780. Fyrirspurn [496. mál]

til umhverfisráðherra um flokkun eiturefna.

Frá Þuríði Backman.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að flokka sígarettur og aðra vindlinga sem eiturefni með tilliti til þess að í tóbaksreyk eru 11 eiturefni og 40 krabbameinsvaldandi efni?

781. Fyrirspurn [497. mál]

til félagsmálaráðherra um móttöku flóttamanna.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvaða sveitarfélag tekur á móti hópi flóttamanna frá Júgóslavíu í sumar? Ef svo er, hvaða sveitarfélag hefur orðið fyrir valinu og hvaða ástæður liggja þar að baki?

782. Fyrirspurn [498. mál]

til fjármálaráðherra um Lífeyrissjóð bænda.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hve margir sjóðfélagar fá nú greitt úr Lífeyrissjóði bænda?
2. Hve margir sjóðfélagar, sundurliðað eftir kyni, fá nú mánaðarlega greiddar:
   0–10 þús. kr.,
   10–20 þús. kr.,
   20–30 þús. kr.,
   30–40 þús. kr.,
   40–50 þús. kr.,
   meira en 50 þús. kr.?

3. Hvernig skiptast greiðslur úr sjóðnum til karla og kvenna, sundurliðað eftir búgreinum, þ.e. sauðfjárbúskap, mjólkurbúskap og öðrum greinum búskapar?

Skriflegt svar óskast.

783. Fyrirspurn [499. mál]

til landbúnaðarráðherra um ríkisjarðir.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hversu margar jarðir eru í eigu ríkisins?
2. Hvernig skiptast þær eftir sýslum?
3. Hversu margar þeirra eru:
   a. nýttar af embættismönnum ríkisins,
   b. nýttar af bændum,
   c. nýttar af öðrum,
   d. í eyði?
4. Hversu margar ríkisjarðir voru seldar árin 1991–2000?
5. Hversu margar jarðir keypti ríkið á sama tíma?
6. Hvert er áætlað heildarsöluverðmæti ríkisjarða á núgildandi verðlagi?
7. Er áætlað að selja ríkisjarðir, og þá hverjar?
8. Hversu miklar tekjur hafði ríkissjóður af ríkisjörðum árið 1999?
9. Hver voru gjöld ríkissjóðs af ríkisjörðum árið 1999?

Skriflegt svar óskast.

784. Nefndarálit [206. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Stefán Hauk Jóhannesson, Högna Kristjánsson og Einar Gunnarsson frá viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytis, Þorstein A. Jónsson og Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Þóri Oddsson, Jón Snorrason og Smára Sigurðsson frá embætti ríkislögreglustjóra, Stefán Má Stefánsson prófessor, Sigurð Guðmundsson landlækni, Ara Skúlason og Halldór

Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jóhann Benediktsson sýslumann, Óskar Þórmundsson og Halldór R. Guðjónsson frá embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, Ástríði Scheving Thorsteinsson frá Flugmálastjórn og Jón Leví frá Siglingastofnun Íslands.

Þá fór nefndin ásamt allsherjarnefnd í sérstaka kynnisferð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar 1. mars sl. Þar mættu til fundar við nefndirnar Ómar Kristjánsson forstjóri, Stefán Jónsson og Einar Már Jóhannsson frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Ómar Ingvarsson aðstoðarflugvallarstjóri, Óskar Valdimarsson forstjóri og Helgi Gunnarsson frá Verkfræðistofunni VSÓ fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins, Sævar Lýðsson og Óskar Þórmundsson frá embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, Sigþór Einarsson, Hrafn Þorgeirsson og Gunnar Ólsen frá Flugleiðum, Ingimar Örn Pétursson frá flugfélaginu Atlanta og Ómar Benediktsson og Gunnar Þorvaldsson frá Íslandsflugi.

Umsagnir bárust nefndinni frá landlæknisembættinu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum atvinnulífsins, Landssambandi lögreglumanna, Flugleiðum, Alþýðusambandi Íslands, ríkistollstjóra, ríkislögreglustjóra, Útlendingaeftirlitinu, Hafnarsambandi sveitarfélaga, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Flugmálastjórn og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá sendi Framkvæmdasýsla ríkisins gögn sem kynnt voru í ferð nefndarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Upphaf Schengen-samstarfsins er rakið til þess að 14. júní 1985 var undirritað í bænum Schengen í Lúxemborg samkomulag milli Belgíu, Frakklands, Hollands, Lúxemborgar og Þýskalands um að fella smám saman niður eftirlit á sameiginlegum landamærum þessara ríkja. Schengen-samstarfið sem byggist á framangreindu samkomulagi miðar annars vegar að því að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri samstarfsríkjanna og hins vegar að styrkja baráttu samstarfsríkjanna gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi, ekki síst ólöglegum innflutningi fíkniefna. Schengen-samkomulaginu var síðan fylgt eftir með sérstökum framkvæmdarsamningi árið 1990 og eru öll aðildarríki ESB nema Bretland og Írland aðilar að þeim samningi, þ.e. Schengen-samningnum.

Árið 1995 lýstu forsætisráðherrar Norðurlanda því yfir á fundi í Reykjavík að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að löndin hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu. Samstarfssamningur Íslands og Noregs við Schengen-ríkin var síðan undirritaður í Lúxemborg 19. desember 1996 og hefur samningurinn verið nefndur Lúxemborgarsamningurinn.

Með Amsterdam-sáttmálanum, sem undirritaður var í október 1997, um breytingar á Maastricht-sáttmálanum um Evrópusambandið, stofnsáttmálum Evrópubandalaganna og tilteknum gerðum sem tengjast þeim, fylgdi bókun sem fellir Schengen-samstarfið undir laga- og stofnanaramma Evrópusambandsins. Í Schengen-bókuninni er sérstaklega kveðið á um að samstarfi við Ísland og Noreg skuli haldið áfram á grunni Lúxemborgarsamningsins en að gera skuli sérstakan samning um samstarfið milli Evrópusambandsins og ríkjanna tveggja. Á grundvelli framangreinds gengu Ísland og Noregur sameiginlega til samninga viðræðna við ráð Evrópusambandsins um þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Með þingsályktunartillögu þeirri sem hér er til meðferðar er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á svokölluðum Brussel-samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, en samningurinn var undirritaður í Brussel 18. maí 1999. Samningurinn skuldbindur Ísland til að taka yfir þegar gildandi reglur á samningssviðinu sem flestar eru þær sömu og fólust í Lúxemborgarsamningnum auk þess sem gert er ráð fyrir að nokkrar tengdar gerðir ESB verði teknar upp í íslenskan rétt. Í ákvæðum Brussel-

samningsins er að finna ákvæði um að Ísland og Noregur muni leitast við að framfylgja samræmdri framkvæmd og túlkun aðildarríkja ESB á einstökum gerðum og í því sambandi taka tillit til úrlausna dómstóls ESB. Hins vegar er engu sjálfstæðu eftirlits- eða dómskerfi komið á fót.

Á fundum nefndarinnar var skoðað og metið hvaða þýðingu það hefði haft fyrir norræna vegabréfasamstarfið ef Ísland og Noregur hefðu ekki gerst aðilar að Schengen. Upplýst var að þegar Danmörk, Svíþjóð og Finnland sóttu um aðild hafi öll ríkin gert það með þeim fyrirvara að unnt yrði að viðhalda norræna vegabréfasamstarfinu. Til þess að svo mætti verða var ljóst að finna þyrfti lausn fyrir Ísland og Noreg sem ekki gátu orðið fullgild aðildarríki Schengen, en skilyrði fullrar aðildar er skv. 1. mgr. 140. gr. Schengen-samningsins að vera aðildarríki ESB. Afstaða allra Norðurlandanna mótaðist af því að ef lausn yrði ekki fundin og Danmörk, Svíþjóð og Finnland hefðu orðið aðildarríki hefði norræna vegabréfasambandið liðið undir lok og hefði það haft neikvæð áhrif á norrænt samstarf almennt. Í því sambandi er ljóst að ef Ísland hefði eitt Norðurlandanna kosið að standa utan Schengen hefði eftirlit á norrænum landamærum verið tekið upp gagnvart Íslandi auk þess sem ætla má að afleiðingar þessa birtust á öðrum sviðum norræns samstarfs svo sem að því er varðar lögreglusamvinnu.

Nefndin kannaði sérstaklega hvaða undirbúningur hefði farið fram á Keflavíkurflugvelli og fór í kynnisferð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar af því tilefni. Þar var farið yfir fyrirhugaðar framkvæmdir og kostnaðaráætlanir og teikningar skoðaðar. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdir í Flugstöðinni er nú samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdasýslu ríkisins metinn 3,6 milljarðar kr., en beinn kostnaður vegna aðildar Íslands að Schengen um 500–900 millj. kr., eða allt að 25%. Þá er ráðgert að rekstrarkostnaður sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli á ári hverju vegna Schengen nemi um 46 millj. kr., en fram kom að þessi aukning gerði embættinu enn fremur kleift að efla eftirlit á öðrum sviðum svo sem gagnvart fíkniefnum og á flugstöðvarsvæðinu almennt, og þannig væri þessi aukni kostnaður ekki einvörðungu tengdur Schengen-samstarfinu.

Nefndin kannaði einnig hvaða undirbúningur hefði farið fram í höfnum landsins vegna fyrirhugaðrar aðildar að Schengen og hvaða hugmyndir væru uppi um nýtingu annarra flugvalla en Keflavíkurflugvallar. Lagðar voru fram skýrslur sem unnar voru af embætti ríkislögreglustjóra við undirbúning málsins, þ.e. annars vegar um landamæraeftirlit í höfnum og á flugvöllum og hins vegar samantekt á umferð flugvéla og skipa til og frá landinu um flugvelli og hafnir á Íslandi árið 1998. Þá bárust nefndinni einnig upplýsingar um einstaka flugvelli frá Flugmálastjórn. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að þær framkvæmdir sem nú standa yfir og eru fyrirhugaðar vegna aðildar Íslands að Schengen hafi engin áhrif á stöðu flugrekstraraðila og stöðu flugvalla í alþjóðlegri samkeppni. Hafa ber þó í huga að flugrekstraraðilar er fljúga innan Schengen-svæðisins munu með tilkomu Schengen njóta þjónustu á flugvöllum Schengen-svæðsins sem almennt ætti að ganga hraðar en nú. Framangreindum flugrekstraraðilum verður ætluð aðstaða í Schengen-hlutum bygginga á viðkomandi flugvöllum sem kann að fela í sér betri aðstöðu en nú er veitt.

Nefndin kynnti sér sérstaklega hvaða áhrif þátttaka í Schengen mundi hafa á stöðu ferðaþjónustunnar í landinu. Meiri hlutinn telur að ef vel tekst til í allri framkvæmd, einkum á Keflavíkurflugvelli og í tengslum við afgreiðslu skemmtiferðaskipa, geti þátttaka í Schengen-samstarfinu falið í sér sóknarfæri fyrir íslenska ferðaþjónustu til lengri tíma litið, bæði innan Schengen-svæðisins og utan þess. Ísland verður hluti af stækkandi markaði þar sem fullt ferðafrelsi ríkir og ber í því efni að minna á fyrirhugaða stækkun ESB sem felur um leið í sér stækkun Schengen. Nefndin leitaði upplýsinga um hvernig staðið yrði að talningu útlendinga

sem koma til landsins ef Ísland gerðist aðili að Schengen, en slíkar talningar hafa veitt mikilvægar upplýsingar um þróun ferðamála á Íslandi. Ljóst er að þessi upplýsingaþáttur fellur niður með aðild að Schengen.

Meiri hlutinn telur einnig að ef kosið yrði að standa utan Schengen-samstarfsins væri sú hætta fyrir hendi að það hefði áhrif til verri vegar á þá þætti alþjóðasamstarfs sem varða lögreglusamstarf og réttaraðstoð innan Norðurlandanna og almennt í Evrópu. Rökin að baki þessu viðhorfi eru að ríkin sem taka þátt í Schengen, þar með talin Norðurlöndin, sjá sér ekki hag í því eða hafi ekki bolmagn til að viðhalda sérstöku samstarfi við Ísland sem væri umfram það sem fælist í lágmarksréttindum Íslands samkvæmt alþjóðasamningum. Þetta væri áfall fyrir íslenska lögreglu sem í auknum mæli þarf að beina kröftum sínum að alþjóðlegri afbrotastarfsemi.

Nefndin kynnti sér sérstaklega frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið (236. mál, þskj. 288) sem hefur verið meðferðar í allsherjarnefnd, með hliðsjón af því hvaða upplýsingar er heimilt að skrá inn í kerfið. Þá var á fundum nefndarinnar leitað upplýsinga um hvernig fylgst yrði með Bretum og Írum sem koma hingað til lands þar sem þeir eru ekki aðilar að Schengen. Upplýst var að skv. 2. mgr. 6. gr. Schengen-samningsins, sbr. orðskýringar í 1. gr. samningsins, verði breskum og írskum farþegum sem koma frá þriðja ríki ekki flett sjálfvirkt upp í Schengen-upplýsingakefinu. Um stöðu Breta og Íra að öðru leyti er þess að geta að bókun um sameiningu Schengen og ESB gerir ráð fyrir að Bretar og Írar geti sótt sérstaklega um að taka þátt í meðferð Schengen-gerða að hluta eða að öllu leyti. Bretar hafa sótt um þátttöku í þeim hlutum Schengen-gerða sem þeir telja að hafi ekki áhrif á að þau markmið þeirra að viðhalda eftirliti á innri landamærum gangvart Schengen-ríkjunum. Sambærileg umsókn hefur ekki enn verið lögð fram af Írum.

Þá var einnig spurst fyrir um hver staða Grænlendinga og Færeyinga yrði í framtíðinni. Upplýst var að aðildarsamningur Dana nær yfir bæði Grænland og Færeyjar en meta þurfi sérstaklega hvaða hlutum Schengen-samningsins verði hrint í framkvæmd á þessum svæðum. Gert er ráð fyrir að afgreiðsla farþega sem ferðast milli Íslands annars vegar og Grænlands og Færeyja hins vegar verði með sama hætti og innan Schengen-svæðisins, en stærstur hluti farþega í millilandaflugi utan Keflavíkurflugvallar fer á milli þessara landa.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Margrét Frímannsdóttir og Sighvatur Björgvinsson lýsa yfir stuðningi við aðild Íslands að Schengen-samstarfinu en undirstrika að undirbúningur og framkvæmd sé að sjálfsögðu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 20. mars 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Vilhjálmur Egilsson.	Jónína Bjartmarz.	Margrét Frímannsdóttir.

Sighvatur Björgvinsson.

785. Nefndarálit [257. mál]

um till. til þál. um fullgildingu bráðabirgðasamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson skrifstofustjóra og Auðbjörgu Halldórsdóttur frá viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytis. Þá bárust nefndinni skriflegar upplýsingar frá utanríkisráðuneyti um samskipti Íslands og palestínskra stjórnvalda.

Árið 1989 var samþykkt á Alþingi þingsályktun þar sem meðal annars kemur fram að Alþingi telji að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu (PLO). Síðan þá hafa Palestínumenn fengið sjálfsstjórn á ákveðnum svæðum og palestínsk stjórnvöld hlotið alþjóðlega viðurkenningu sem fulltrúar palestínsku þjóðarinnar á alþjóðavettvangi. Í janúar samþykktu íslensk stjórnvöld að yfirmaður sendinefndar palestínskra stjórnvalda í Ósló yrði einnig fulltrúi þeirra gagnvart Íslandi.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á bráðabirgðasamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Frelsissamtaka Palestínu fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu (PLO).

Bráðabirgðasamningur sá við PLO sem hér um ræðir er hliðstæður öðrum fríverslunarsamningum sem EFTA-ríkin hafa gert. Meginfyrirmyndir þessa samnings eru fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við Eystrasaltsríkin sem undirritaðir voru í desember 1995 og fullgiltir í febrúar 1996. Samningurinn fjallar eins og aðrir fríverslunarsamningar m.a. um meðferð tolla og samsvarandi gjalda, upprunareglur og samvinnu um tollaframkvæmd, ríkiseinokun, tæknilegar reglugerðir, greiðslur og yfirfærslur, opinber innkaup, vernd hugverka, samkeppni fyrirtækja, ríkisaðstoð, undirboð og erfiðleika vegna greiðslujafnaðar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 15. mars 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jónína Bjartmarz.
Einar K. Guðfinnsson.	Árni R. Árnason.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.		Þórunn Sveinbjarnardóttir.

786. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Þorstein A. Jónsson frá dómsmálaráðuneyti, Þóri Oddsson og Smára Sigurðsson frá ríkislögreglustjóra, Arnar Guðmundsson frá Lögregluskóla ríkisins, Jóhannes Jensson og Jónas Magnússon frá Landssambandi lögreglumanna, Friðrik Georgsson og Steingrím P. Björnsson frá Tollvarðafélagi Íslands, Ragnar Aðalsteinsson hrl. og Pál Hreinsson og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá tölvunefnd.

Nefndarmenn fóru ásamt utanríkismálanefnd í kynnisferð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og skoðuðu breytingar á flugstöðinni vegna Schengen-samstarfsins. Þar áttu nefndirnar jafnframt fund með Óskari Valdimarssyni frá Framkvæmdasýslu ríkisins og Helga Gunnarssyni frá Verkfræðistofunni VSÓ, sem einnig sat fundinn fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins, Ómari Kristjánssyni, Stefáni Jónssyni og Einari M. Jóhannssyni frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Birni Inga Knútssyni og Ómari Ingvarssyni frá Flugmálastjórn, Sævari Lýðssyni og Óskari Þórmundssyni frá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Ingimar Erni Péturssyni frá Atlanta, Ómari Benediktssyni og Gunnari Þorvaldssyni frá Íslandsflugi og Sigþóri Einarssyni, Hrafni Þorgeirssyni og Gunnari Ólsen frá Flugleiðum.

Þá bárust umsagnir frá ríkistollstjóra, tölvunefnd, Útlendingaeftirliti, Hagstofu Íslands, Lögmannafélagi Íslands, ríkissaksóknara og Landhelgisgæslu Íslands.

Frumvarpið er eitt af þremur frumvörpum sem nefndin hefur haft til umfjöllunar vegna lögfestingar nauðsynlegra ákvæða vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Nefndin hefur einnig haft til umfjöllunar vegna samstarfsins frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu (237. mál, þskj. 289) þar sem lagðar eru til breytingar á fimm lagabálkum og frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 45/1965 (328. mál á þskj. 578). Þá liggur fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og undirritaður var í Brussel á síðasta ári (206. mál, þskj. 240).

Frumvarpið fjallar um rekstur Schengen-upplýsingakerfisins hér á landi. Rekstur þess er mikilvægur þáttur Schengen-samstarfsins en upplýsingakerfinu er ætlað að styrkja eftirlit á ytri landamærum og gera lögregluyfirvöldum kleift að viðhalda öryggi innan aðildarríkjanna samhliða því að persónueftirlit er afnumið á innri landamærum. Schengen-samstarfið er uppbyggt á þann hátt að hvert aðildarríkjanna starfrækir staðbundið upplýsingakerfi eða landseiningu (N.SIS) þar sem upplýsingar frá öllum aðildarríkjum eru varðveittar. Til stuðnings staðbundnu kerfunum er tæknileg stoðeining (C.SIS) í Strassborg í Frakklandi sem annast miðlun upplýsinga aðildarríkjanna hvers til annars með beinlínutengingu svo að tryggt sé að gagnasöfn landseininganna samsvari hvert öðru. Upplýsingar sem skráðar eru í landskerfi aðildarríkis fara þannig í landskerfi allra aðildarríkja samstarfsins í gegnum stoðeininguna í Strassborg en aðildarríki sem skráir upplýsingar inn í kerfið ber ábyrgð á skráningunni. Frumvarpið fjallar eins og áður sagði um rekstur landseiningarinnar á Íslandi, þar sem m.a. er kveðið á um hvað má skrá í kerfið, í hvaða tilvikum og hversu lengi upplýsingar mega standa og settar eru reglur um hverjir skuli hafa aðgang að upplýsingunum og um ábyrgð á

skráningu þeirra í kerfið. Jafnframt er tölvunefnd falið almennt eftirlit með því að skráning og meðferð persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu sé í samræmi við lög og reglur.

Nefndin ræddi allítarlega 5.–8. gr. frumvarpsins. Í 5. gr. er tilgreint hvaða upplýsingar skrá má í upplýsingakerfið. Í a–j-lið 1. mgr. er talið upp hvað heimilt er að skrá í kerfið og eru þessir liðir í samræmi við a–j-lið 3. mgr. 94. gr. Schengen-samningsins frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins. Jafnframt kemur fram í 4. gr. frumvarpsins að í upplýsingakerfið skuli aðeins skrá upplýsingar sem um getur í 5. gr., enda sé skráningin nauðsynleg með hliðsjón af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr. frumvarpsins og tilefni til skráningar nægjanlega brýnt. Samkvæmt þessu er óheimilt að skrá aðrar upplýsingar en heimilað er í 5. gr. og því t.d. óheimilt að skrá kennitölur einstaklinga í kerfið. Í 6.–8. gr. er að finna tæmandi talningu á því í hvaða tilvikum heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga, ökutæki eða aðra hluti. Skv. i-lið 1. mgr. 5. gr. má skrá ástæður fyrir skráningu skv. 6.–8. gr. Með hliðsjón af því að þær upplýsingar sem skrá má um einstaklinga í upplýsingakerfið teljast viðkvæmar persónuupplýsingar og því að þær mega ekki standa lengur en þörf krefur, sbr. 1. mgr. 17. gr., telur nefndin að ástæðu fyrir skráningu skv. i-lið verði að skrá í öllum tilvikum. Jafnframt þurfi ekki að skrá jafnítarlegar upplýsingar þegar leitað er t.d. að vitni skv. d-lið 1. mgr. 6. gr. og þegar leitað er t.d. að eftirlýstum manni skv. a-lið 1. mgr. sömu greinar. Þannig verði ekki skráðar meiri upplýsingar en nauðsyn ber til í kerfið.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram sú gagnrýni að einstök ákvæði frumvarpsins séu of óljós og opin. Má þar sem dæmi nefna h-lið 1. mgr. 5. gr. þar sem heimilað er að skrá hvort viðkomandi er ofbeldishneigður. Að mati nefndarmanna verða að vera sterk rök fyrir slíkri skráningu, t.d. að viðkomandi hafi hlotið dóm fyrir ofbeldisbrot.

Nefndarmenn ræddu sérstaklega um heimildir tölvunefndar til að sinna eftirliti með upplýsingakerfinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tölvunefnd verði eftirlitsaðili kerfisins hér á landi. Hins vegar er gert ráð fyrir að eftirlit með upplýsingakerfinu verði nokkuð frábrugðið eftirliti nefndarinnar með öðrum gagnagrunnum. Þannig er tölvunefnd t.d. ekki falið að kveða upp úrskurð í ágreiningsmálum heldur verður það á hendi ríkislögreglustjóra. Úrskurði hans má kæra til dómsmálaráðherra. Með hliðsjón af hlutverki tölvunefndar telur nefndin rétt að ríkislögreglustjóri óski eftir umsögn tölvunefndar þegar ágreiningsmál koma til kasta hans.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Samkvæmt c-lið 10. gr. verður skráningarstofa ökutækja beinlínutengd við upplýsingakerfið til að kanna hvort vélknúin ökutæki, eftirvagnar eða hjólhýsi séu skráð í upplýsingakerfið. Schengen-samningurinn tiltekur hins vegar hverjir megi leita beint að upplýsingum í upplýsingakerfinu og aðili á borð við skráningarstofu ökutækja er ekki þar á meðal. Nefndin leggur því til að c-liður falli brott og að b-liður 19. gr. breytist í samræmi við það.
2. Við 16. gr. Nefndin telur að fyrningarfrestur bótakröfu samkvæmt greininni sé of knappur og leggur til að hann verði lengdur í tvö ár.
3. Að mati nefndarinnar er gildistökuákvæði frumvarpsins ekki nægilega skýrt. Með því að heimila dómsmálaráðherra að ákveða hvenær lögin öðlist gildi er verið að framselja heimild löggjafans til að ákvarða um gildistöku laga. Hér er um að ræða undantekningu frá því sem almennt tíðkast og ekki í samræmi við þá lagahefð sem skapast hefur hér á landi að Alþingi ákveði hvenær lög sem það hefur samþykkt öðlist gildi. Við meðferð málsins hjá nefndinni hefur komið í ljós að fátt er því til fyrirstöðu að lögin öðlist þegar gildi. Undirbúningur fyrir þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu stendur yfir og til

þess að honum verði fram haldið með eðlilegum hætti, m.a. með móttöku gagna og ýmissa upplýsinga frá öðrum aðildarríkjum verða ákvæði Schengen-samningsins að hafa verið lögfest hér á landi. Er því lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

4. Lagðar eru til málfarsleiðréttingar á 6. og 12. gr.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er andvígur áliti þessu.

Alþingi, 13. mars 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Guðjón Sigurjónsson.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Jónina Bjartmarz.	Ásta Möller.

Ólafur Örn Haraldsson.

787. Breytingartillögur [236. mál]

við frv. til l. um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna „hefur verið dæmdur“ í 1. tölul. b-liðar 1. mgr. komi: hann hefur verið dæmdur.
2. Við 10. gr. C-liður 1. mgr. falli brott.
3. Við 12. gr. Í stað orðanna „Hver sem í starfi sínu“ komi: Hverjum sem í starfi sínu.
4. Við 16. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Bótakrafa fyrnist á tveimur árum frá því að tjónþoli fékk vitneskju um skráningu í upplýsingakerfið.
5. Við 19. gr. B-liður orðist svo: hæfis- og öryggiskröfur sem starfsmenn lögreglu eða Útlendingaeftirlits verða að fullnægja til að starfa við upplýsingakerfið, sbr. 2. mgr. 10. gr.
6. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

788. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Þorstein A. Jónsson frá dómsmálaráðuneyti, Þóri Oddsson og Smára Sigurðsson frá ríkislögreglustjóra, Arnar Guðmundsson frá Lögregluskóla ríkisins, Jóhannes Jensson og Jónas Magnússon frá Landssambandi lögreglumanna, Friðrik Georgsson og Steingrím P. Björnsson frá Tollvarðafélagi Íslands, Jóhann Benediktsson, sýslumann á Keflavíkurflugvelli og Óskar Þórmundsson og Halldór R. Guðjónsson sem einnig koma frá sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli.

Nefndarmenn fóru ásamt utanríkismálanefnd í kynnisferð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og skoðuðu breytingar á flugstöðinni vegna Schengen-samstarfsins. Þar áttu nefndirnar jafnframt fund með Óskari Valdimarssyni frá Framkvæmdasýslu ríkisins og Helga Gunnarssyni frá Verkfræðistofunni VSÓ, sem einnig sat fundinn fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins, Ómari Kristjánssyni, Stefáni Jónssyni og Einari M. Jóhannssyni frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Birni Inga Knútssyni og Ómari Ingvarssyni frá Flugmálastjórn, Sævari Lýðssyni og Óskari Þórmundssyni frá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Ingimar Erni Péturssyni frá Atlanta, Ómari Benediktssyni og Gunnari Þorvaldssyni frá Íslandsflugi og Sigþóri Einarssyni, Hrafni Þorgeirssyni og Gunnari Ólsen frá Flugleiðum.

Þá bárust umsagnir um málið frá Landssambandi lögreglumanna, ríkistollstjóra, Útlendingaeftirlitinu, Lögmannafélagi Íslands, ríkissaksóknara, Fangelsismálastofnun og ríkislögreglustjóra.

Frumvarpið er eitt af þremur frumvörpum sem nefndin hefur haft til umfjöllunar vegna lögfestingar nauðsynlegra ákvæða vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Nefndin hefur einnig haft til umfjöllunar frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (236. mál, þskj. 288) og frumvarp til laga um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 45/1965 (328 mál, þskj. 578). Jafnframt er nú til umræðu á Alþingi tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna og undirritaður var í Brussel á síðasta ári (206. mál, þskj. 240).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fimm lagabálkum vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Nefndin hefur rætt ítarlega um 9. og 10. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til breyting á ákvæðum lögreglulaga, nr. 90/1996. Í þessum ákvæðum frumvarpsins er lagt til að ríkislögreglustjóri geti skipað menn til starfa til að sinna landamæravörslu sem ekki hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Skv. 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga skal hins vegar hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa hafa lokið prófi frá skólanum. Með frumvarpinu er því lögð til undantekning frá þeirri meginreglu. Með þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu mun verða allnokkur breyting á landamæravörslu hér á landi. Persónueftirlit með farþegum sem ferðast innan Schengen-svæðisins verður lagt af en verður umfangsmeira með þeim sem ferðast til og frá ríkjum utan Schengen-svæðisins. Gert er ráð fyrir að fjölga þurfi starfsfólki til að sinna landamæravörslu og þykir það til hagræðis að heimilt verði að skipa einstaklinga eingöngu til þeirra starfa þótt þeir hafi ekki lokið prófi frá skólanum. Nefndin telur eðlilegt að gefið verði svigrúm til að ráða til starfa einstaklinga með aðra menntun en frá Lögregluskól-

anum, t.d. með góða tungumálakunnáttu, en telur rétt að þeir starfi ætíð undir stjórn lögreglumanns sem skipaður er skv. 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Nýr kafli á eftir I. kafla frumvarpsins. Í 7. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, þar sem heimilað er m.a. að úrskurða dómþola, sem komið hefur sér undan refsingu með því að flýja frá ríki sem biður um fullnustu, í gæsluvarðhald til að tryggja nærveru hans þar til gögn með beiðni um fullnustu hafa borist eða ákvörðun um hvort fallist verði á beiðni er tekin. Lögin gilda hins vegar ekki um fullnustu viðurlaga eða aðrar aðgerðir sem falla undir ákvæði laga um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69/1963. Við meðferð frumvarpsins hjá nefndinni kom í ljós að láðst hefur við samningu þess að gera breytingar á síðarnefndu lögunum til samræmis við Schengen-samninginn. Nefndin leggur því til breytingar á lögunum sem heimilar sömu meðferð á dómþolum sem flýja til landsins frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.
2. Lagðar eru til breytingar á 4. gr. frumvarpsins (sem verður 5. gr.). Eins og greinin er í frumvarpinu er hún ekki einskorðuð við þátttökuríki Schengen-samstarfsins. Frumvarpinu er ætlað að breyta lögum vegna þátttöku Íslands í samstarfinu og því eðlilegt að takmarka greinina við það. Að mati nefndarinnar er ákvæðið skýrara í sérstakri lagagrein og leggur til breytingar á frumvarpinu í samræmi við það. Að öðru leyti er um málfarslagfæringar að ræða.
3. Lagðar eru til málfarsbreytingar á 7. gr. (sem verður 8. gr.).
4. Við meðferð frumvarpsins hjá nefndinni kom í ljós að láðst hafði að gera ráð fyrir ákvæði sem uppfyllir ákvæði 117. gr. Schengen-samningsins þar sem sú skylda er lögð á aðildarríkin að þau uppfylli ákveðin lágmarksskilyrði varðandi notkun lögreglu á persónuupplýsingum. Lagt er til að ný grein bætist við frumvarpið á eftir 9. gr. (er verði 10. gr.) og breyti lögreglulögum með þeim hætti að ríkislögreglustjóra er falið að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu, dagbók lögreglu og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna. Dómsmálaráðherra er jafnframt skylt að setja nánari reglur um þessar skrár.
5. Lagðar eru til breytingar á 10. gr. (sem verður 12. gr.). Nefndin leggur til að þeir sem skipaðir eru til starfa til að sinna landamæravörslu skuli starfa undir stjórn lögreglumanns sem skipaður er skv. 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga. Landamæravarsla er í eðli sínu löggæslustarf og telur nefndin rétt að þeir starfsmenn sem ráðnir yrðu skv. 10. gr. frumvarpsins starfi ætíð á ábyrgð og undir stjórn lögreglumanns sem lokið hefur prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Nefndin leggur einnig til að bætt verði við frumvarpið reglugerðarheimild þar sem dómsmálaráðherra er gert að setja ákvæði um nám og fyrirkomulag á prófi fyrir landamæraverði.
6. Að mati nefndarinnar er gildistökuákvæði frumvarpsins ekki nægilega skýrt. Með því að heimila dómsmálaráðherra að ákveða hvenær lögin öðlist gildi er verið að framselja heimild löggjafans til að ákvarða um gildistöku laga. Hér er um að ræða undantekningu frá því sem almennt tíðkast og ekki í samræmi við þá lagahefð sem skapast hefur hér á landi að Alþingi ákveði hvenær lög sem það hefur samþykkt öðlist gildi. Við meðferð málsins hjá nefndinni hefur komið í ljós að fátt er því til fyrirstöðu að lögin öðlist þegar gildi. Undirbúningur fyrir þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu stendur yfir og til þess að honum verði fram haldið með eðlilegum hætti, m.a. með móttöku gagna og

ýmissa upplýsinga frá öðrum aðildarríkjum verða ákvæði Schengen-samningsins að hafa verið lögfest hér á landi. Er því lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann andvígur áliti þessu.

Alþingi, 13. mars 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Guðjón Sigurjónsson.
Ásta Möller.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Jónína Bjartmarz.
	Ólafur Örn Haraldsson.	

789. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar Björnsson, Guðrúnu Ósk Sigurjónsdóttur og Þórhall Vilhjálmsson frá fjármálaráðuneyti, Gísla Tryggvason og Björk Vilhelmsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Ara Skúlason og Ástráð Haraldsson frá Alþýðusambandi Íslands og Gest Jónsson lögmann. Umsagnir um málið bárust frá félagsmálaráðuneyti, Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Meinatæknafélagi Íslands, Starfsmannafélagi Vestmannaeyja, Kennarasambandi Íslands, Starfsmannafélagi Neskaupstaðar, Félagi opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslu, Lögreglufélagi Reykjavíkur, Starfsmannafélagi Seltjarnarness, Félagi íslenskra leikskólakennara, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Landssambandi lögreglumanna, Bandalagi háskólamanna, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Stéttarfélagi lögfræðinga, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Stéttarfélagi sálfræðinga á Íslandi, Sambandi lífeyrisþega ríkis og bæja, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Starfsmannafélagi Siglufjarðarkaupstaðar, Ljósmæðrafélagi Íslands, Landssambandi slökkviliðsmanna og Stéttarfélagi matvæla- og næringarfræðinga.

Með frumvarpinu er brugðist við dómi Félagsdóms í máli nr. 7/1999. Þar hafnaði dómurinn því að ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur varðandi fjöldauppsagnir tækju til opinberra starfsmanna. Hafnaði dómurinn þannig þeirri lögskýringu að almenn ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur tækju til opinberra starfsmanna hvað þetta varðar.

Með frumvarpinu er lagt til að lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði breytt að þessu leyti til samræmis við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur, enda standa engin rök til þess að aðrar reglur gildi um friðarskyldu opinberra starfsmanna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 20. mars 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.

790. Breytingartillögur [237. mál]

við frv. til l. um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir I. kafla komi nýr kafli, II. kafli, **Breyting á lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963**, með einni nýrri grein, svohljóðandi:
   Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, er orðast svo:
   Hafi dómþoli komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins er heimilt eftir beiðni frá til þess bæru stjórnvaldi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð að úrskurða dómþola í gæsluvarðhald til að tryggja nærveru hans þar til fullnægjandi gögn með beiðni um fullnustu refsingar hafa borist eða ákvörðun um hvort fallist verði á beiðni er tekin. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru dómþola.
2. Við 4. gr. er verði 5. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr. a, er orðast svo:
   Nú samþykkir sá sem óskast framseldur til ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu framsal og getur hann þá jafnframt lýst því yfir að heimilt sé að höfða mál gegn honum eða láta hann taka út refsingu í ríkinu, sem biður um framsal, fyrir annan refsiverðan verknað en þann sem greinir í framsalsbeiðni. Slík yfirlýsing er bindandi nema viðkomandi falli frá samþykki fyrir framsali. Samþykki og yfirlýsing skulu bókuð og samþykkt skriflega hjá lögreglu, ákæruvaldi eða í dómi.
3. Við 7. gr. er verði 8. gr. Lokamálsliður greinarinnar orðist svo: Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru dómþola.
4. Á eftir 9. gr. er verði 10. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo: að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessar skrár.

5. Við 10. gr. er verði 12. gr. Greinin orðist svo:
   Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Til að sinna landamæravörslu getur ríkislögreglustjóri skipað mann til fimm ára í senn sem ekki hefur lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins og skal hann starfa undir stjórn lögreglumanns sem skipaður er skv. 3. mgr. Hann skal jafnframt vera íslenskur ríkisborgari, ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, vera andlega og líkamlega heilbrigður, hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri, hafa gott vald á íslensku og einu Norðurlandamáli auk ensku og hafa lokið prófi fyrir landamæraverði. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um nám og prófkröfur vegna prófs fyrir landamæraverði.
6. Við 12. gr. er verði 14. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

791. Nefndarálit [206. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Inngangur.

Það má vera okkur Íslendingum nokkurt umhugsunarefni hversu lítil umræða hefur orðið um mögulega aðild eða þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu allt frá því að ljóst varð fyrir um hálfum áratug að til þess gæti komið. Í kjölfar yfirlýsingar forsætisráðherra Norðurlanda á fundi í Reykjavík 27. febrúar 1995, þar sem því var lýst yfir að norrænu ríkin mundu fylgjast að og hafa sameiginlega afstöðu til þátttöku eða eftir atvikum þess að taka ekki þátt í Schengen-samstarfinu með það að markmiði að tryggja framtíð hins svokallaða norræna vegabréfasambands, varð ljóst að komið gæti að því að Ísland gerðist aðili að Schengen-samningnum. Engu síður hefur sáralítil umræða orðið hér um málið og stjórnvöld hafa lítið gert til þess að upplýsa almenning um hvað í vændum er. Þvert á móti hafa tillögur, m.a. tillöguflutningur á Alþingi sem miðaði að því að gera úttekt á kostum og göllum aðildar fyrir Íslendinga og stuðla að umræðu og upplýsingu um málið, ekki hlotið afgreiðslu, sbr. tillögu til þingsályktunar um úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna (þskj. 11, 11. mál 123. löggjafarþings) sem flutt var af Hjörleifi Guttormssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur. Undirritaður vill því í byrjun gagnrýna þetta sleifarlag við undirbúning málsins og hlýtur það að skrifast að verulegu leyti á reikning stjórnvalda hversu lítil umræða hefur farið fram og litlum upplýsingum hefur verið miðlað um jafnstórt og afdrifaríkt skref og aðild Íslands að Schengen-samningnum mundi verða. Annars staðar á Norðurlöndum, t.d. í Danmörku og Noregi, hefur orðið mikil umræða meðal almennings, fræðimanna og stjórnmálamanna, enda eiga hér í hlut mál sem yfirleitt eru talin með þeim viðkvæmari og umdeildari þegar kemur að sjálfstæði ríkja og spurningunni um framsal þess til alþjóðlegra stofnana eða bandalaga. Af þessum sökum er þegar ljóst að við Íslendingar erum mjög vanbúnir að hefja þátttöku í þessu samstarfi en margt fleira kemur til sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

Aðdragandi málsins.

Í byrjun er rétt að gera sér grein fyrir því hvernig Schengen-samstarfið er til orðið. Samstarfið dregur nafn sitt af því að fimm aðildarríki Evrópusambandsins, Benelúx-löndin, Frakkland og Þýskaland, undirrituðu samkomulag 14. júní 1985 í smábænum Schengen í Lúxemborg um að fella smám saman niður eftirlit á sameiginlegum landamærum þessara ríkja. Til þessa samnings er vitnað sem Schengen-samkomulagsins. Rétt er að hafa í huga að hér er um að ræða sömu lönd og eiga sér lengsta sögu samstarfs á meginlandi Vestur-Evrópu og í reynd þau ríki þar sem landamæri voru þegar orðin mjög óglögg og mikið er um að fólk sæki vinnu daglega til og frá yfir landamæri. Þessi ríki eiga sér langa hefð samskipta, mynda í raun sameiginlegt atvinnu- og samskiptasvæði, með skyld tungumál og minnihlutahópa sem tala tungumál nágrannaríkjanna innan landamæra o.s.frv. Staða þeirra er ósambærileg við t.d. stöðu eyríkjanna Englands og Írlands að ekki sé talað um Ísland. Þessi ríki vildu ganga lengra eða hraðar fram í því að uppfylla það meginmarkmið Rómarsáttmálans að afnema hindranir við frjálsri för manna. Sökum þess hversu viðkvæm og umdeild mál sem varða innri mál ríkja eins og landamæravörslu, vegabréfaeftirlit og persónueftirlit á landamærum hafa reynst hafði lítið miðað í þeim efnum þegar þarna var komið sögu árið 1985. Þannig varð Schengen-samkomulagið til og lifði sjálfstæðri tilveru eða stóð á eigin fótum utan stofnana Evrópusambandsins þó svo að það fjallaði um þætti sem voru einnig meðal meginmarkmiða þess. Með reglum Evrópubandalaganna frá 1986 um innri markaðinn kemst á vettvangi bandalagsins skriður á að tryggja frjálsa för einstaklinga en þó náðist ekki samstaða milli allra aðildarríkjanna um hversu langt skyldi ganga. Með tilkomu Maastricht-sáttmálans árið 1993 var uppbyggingu Evrópusambandsins breytt og þriggja stoða beinagrindin búin til og þar eru í fyrstu stoðinni grunnreglur Evrópubandalagsins um innri markaðinn og það sem honum tilheyrir. Loks er svo með Amsterdam-samningnum eða Amsterdam-sáttmála Evrópusambandsins Schengen-fyrirkomulagið innlimað í Evrópusambandið. Ákvæðum samningsins var í raun skipt upp milli einstakra stoða, þar á meðal gekk Schengen að talsverðum hluta til inn í fyrstu stoð þar sem hið yfirþjóðlega vald er á ferðinni. Þennan aðdraganda málsins þarf að hafa í huga þegar metið er hvort skynsamlegt sé fyrir ríki eins og Ísland, sem ekki er aðili að Evrópusambandinu og ætlar sér væntanlega ekki að gerast aðildarríki í fyrirsjáanlegri framtíð, að reikna með því að taka þátt í þessu ferli þegar ljóst er að það hefur nú verið innlimað inn í sjálft Evrópusambandið. Margs konar vandamál, þjóðréttarleg, lagaleg og sem varða sjálfstæði og fullveldi, hljóta að koma upp þegar ríki eins og Ísland, eða þess vegna Noregur, sem ekki eiga aðild að Evrópusambandinu gerast eftir sem áður þátttakendur í samstarfinu. Einnig vegna þess að Schengen er ekki né verður kyrrstætt fyrirbæri heldur mun það þróast og hverfa smátt og smátt inn í regluverk ESB þannig að hætt verður að gera greinarmun á ákvæðum þess og öðrum hlutum samstarfsins.

Schengen-hluti af ESB.

Í ljósi þess sem áður sagði um innlimun Schengen-samningsins í reglur Evrópusambandsins á grundvelli Amsterdam-sáttmálans hefði verið æskilegast að hefja umræðu um mögulega þátttöku Íslands á grundvallarspurningunni um stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu á komandi árum. Með öðrum orðum var eðlilegast að spyrja fyrst þessarar spurningar: Mun Ísland verða aðili að Evrópusambandinu í fyrirsjáanlegri framtíð? Sé niðurstaðan sú sem undirritaður er talsmaður fyrir, að við Íslendingar mótum okkur þá skýru stefnu að Ísland ætli í komandi árum að gæta hagsmuna sinni utan Evrópusambandsins, án aðildar, en með góðum samskiptum við það og samningum um viðskipti og samvinnu, hlýtur það þegar af þeim orsökum að teljast mikið álitamál hvort skynsamlegt sé fyrir okkur að gerast aðilar að

Schengen-samstarfinu. Hins vegar er eðlileg afstaða þeirra sem telja að Ísland muni fyrr eða síðar lenda inn í Evrópusambandinu að vilja einnig vera stuðningsmenn þess og talsmenn að við séum þátttakendur í Schengen.

Aðrir kostir.

Í fljótu bragði virðast kostirnir í stöðunni fyrst og fremst vera tveir, þ.e. að eiga aðild að Schengen-samstarfinu á grundvelli einhvers konar aukaaðildar eins og nú stefnir í samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar eða að standa þar algerlega fyrir utan. Ljóst er þó að ýmiss konar millistig geta komið til greina, sbr. það að tvö af aðildarríkjum Evrópusambandsins, England og Írland, eru ekki þátttakendur í Schengen-samstarfinu. Þau ætla hins vegar að taka þátt í ýmsum hlutum samstarfsins, án þess að vera formlegir aðilar, til þess að geta haldið eftir réttinum til landamæraeftirlits eftir því sem þeim þykir þurfa. Helstu rökin sem fram hafa verið færð fyrir aðild Íslands hafa verið þau að ef við yrðum ekki með, á sama tíma og hinar Norðurlandaþjóðirnar gengju inn, mundi norræna vegabréfasambandið leysast upp og má það til sanns vegar færa. Að sjálfsögðu hefði verið æskilegra að öll Norðurlöndin hefðu yfirvegað vandlega að halda sjálfstæði sínu fyrir utan Schengen-þátt Evrópusamstarfsins og leysa málið með samningum við það. Málið hefði fyrst og fremst verið vandasamt fyrir Danmörku sem hefur sameiginleg landamæri með Þýskalandi sem var þegar í Schengen. Um slíkt þýðir ekki að tala úr þessu.

Nauðsynlegt er að hafa í huga þann skýra eðlismun sem er á norræna vegabréfasamstarfinu og norrænu samstarfi eins og það er uppbyggt annars vegar og sem frá byrjun hefur verið hreint milliríkjasamstarf án nokkurs yfirþjóðlegs valds, og samstarfi á vettvangi Evrópusambandsins hins vegar. Þar með verður að telja Schengen þar sem umtalsvert valdaframsal til yfirþjóðlegra stofnana bandalagsins á sér stað. Schengen-samningurinn felur einnig í sér ýmsa aðra þætti sem voru alls ekki til staðar í norræna vegabréfasambandinu eins og sameiginlega upplýsingakerfið og fleira. Ekkert bendir til annars en að ýmsar millileiðir af því tagi að semja sérstaklega um stöðu Íslands gagnvart Schengen-samstarfinu og að semja um að Ísland mætti með einhliða ráðstöfunum t.d. tengjast öðrum Norðurlöndum áfram sérstaklega hefðu getað náð fram að ganga en á slíkt var aldrei látið reyna. Því miður tóku forsvarsmenn Íslendinga strax í byrjun, og þar með talið í samstarfi Norðurlandanna, upp þá stefnu að vinna að aðild okkar að Schengen-samstarfinu án þess að aðrir kostir væru skoðaðir sérstaklega eða samhliða. Loks má nefna þann möguleika að þó svo að Ísland hefði gerst aðili að Schengen-samstarfinu eða samið um aðild sína að því hefði mátt hugsa sér að hafa gildistökuna eða þátttökuna af okkar hálfu skilyrta eða veita að henni aðlögun. Okkur hefði þá gefist tími til að meta betur stöðuna og taka endanlega ákvörðun um hvort af þátttöku yrði síðar á grundvelli þeirra samninga sem fyrir lágu. Sá möguleiki væri út af fyrir sig enn fyrir hendi að Ísland fullgilti fyrir sitt leyti Schengen-samninga Evrópusambandsins við Ísland og Noreg en tæki sér síðan lengri tíma til að taka endanlega ákvörðun um hvort eða hvenær samningurinn kæmi til framkvæmda hér. Afleiðing þess yrði fyrst og fremst sú í byrjun að Ísland stæði utan Schengen-samningsins á meðan það ástand varði.

Undirbúningur málsins.

Áður var minnst stuttlega á slælegan undirbúning málsins og verður að ítreka það hér að við skoðun þess í utanríkismálanefnd hafa fjölmargir lausir endar komið í ljós. Lítið samstarf og jafnvel ekkert samstarf hefur tekist milli aðila sem þó þyrftu eðli málsins samkvæmt að vera þátttakendur í ýmiss konar undirbúningi og viðbúnaði. Í fyrsta lagi ber að nefna baráttu gegn auknu flæði fíkniefna. Víða í Evrópu, og á Norðurlöndunum, hafa orðið miklar umræð-

ur um áhrif afnáms persónueftirlits á innri landamærum Schengen-svæðisins á flæði fíkniefna og jafnvel ferðalög glæpamanna um svæðið. Flestir viðurkenna í reynd þær hættur sem þessum breytingum eru samfara og að stjórnvöld verði varnarlítil gagnvart ferðalögum afbrotamanna um svæðið. Samt sem áður liggur fyrir að ekkert sérstakt samstarf er milli t.d. landlæknisembættisins eða annarra aðila sem sinna forvörnum og fíkniefnavörnum og lögregluyfirvalda til að undirbúa gildistöku samningsins. Í öðru lagi má nefna kostnað. Í ljós kom við meðferð málsins að allar áætlanir um kostnað voru mjög á reiki og virðast tölur, t.d. í fjárlögum yfirstandandi árs hafa byggst nánast á ágiskun þar sem viðurkennt var á fundum í utanríkismálanefnd 16. febrúar sl. að þá fyrst hefðu verið að berast til ráðuneytisins áætlanir um kostnað. Samstarf við framkvæmdaraðila eins og Flugmálastjórn og Siglingastofnun virðist hafa verið harla lítið að frátöldu því sem snýr að málefnum Keflavíkurflugvallar og framkvæmdum þar. Utanríkismálanefnd hefur í starfi sínu eytt miklum tíma í að reyna að grandskoða fjölmarga þætti sem óvissa virtist ríkja um. Má þar sem dæmi nefna vangaveltur um fyrirframskoðun á farþegaskrám og meðferð farþegaskráa, hvað væri heimilt og hvað ekki í sambandi við afhendingu þeirra o.s.frv. Nánar verður gerð grein fyrir þessum þáttum í framsöguræðu fyrir nefndaráliti þessu en mergur málsins er að undirbúningi að gildistöku samningsins af okkar hálfu verður að teljast mjög ábótavant og fjölmargir lausir endar eru enn til staðar.

Kostir og gallar aðildar.

Ef reynt er að leggja málið niður fyrir sér út frá því hvaða kostir eru því samfara að vera með annars vegar og ókostir hins vegar má tína til eftirfarandi:

Kostir.

1. Til sanns vegar má færa að norræna vegabréfasambandið sé varðveitt með þátttöku allra Norðurlandanna í Schengen og á grundvelli aukaaðildar Íslands og Noregs að Schengen-samningnum. Rétt er þá að hafa í huga að Schengen er allt annað og meira en norræna vegabréfasambandið var. Það var eins og áður hefur komið fram hreint milliríkjasamstarf án nokkurs yfirþjóðlegs valds eða yfirþjóðlegra stofnana. Íslandi, þótt það hefði staðið utan Schengen-samningsins, væri væntanlega áfram í sjálfsvald sett að halda uppi lágmarkseftirliti og taka gild persónuskilríki, t.d. þegar um flug annars staðar frá Norðurlöndum væri að ræða, þó að það gæti ekki gilt gagnkvæmt vegna aðildar hinna Norðurlandanna að Schengen. Rétt er að hafa í huga sérstöðu Íslands í þessum efnum sem er umtalsverð sem eyju úti í miðju Atlantshafi mitt á milli Evrópu og Ameríku. Við erum að þessu leyti í allt annarri stöðu landfræðilega og hvað varðar samgöngur heldur en t.d. Noregur með sín löngu landamæri við Svíþjóð.

2. Ljóst er að með aðild að Schengen verður Ísland hluti af samgöngusvæði Evrópu, verður innan svæðisins og flugumferð héðan til Evrópu eins og hver önnur innanlandsflugumferð í þeim skilningi. Eftir umræður á Keflavíkurflugvelli um þessa hluti kom fram að það helsta jákvæða sem þessu gæti fylgt væri betri stæði á flugvöllum fyrir vélar íslenskra flugfélaga, þær yrðu meðhöndlaðar sem innanlandsflugumferð og fengju mögulega betri stæði en flugvélar sem kæmu utan frá.

3. Vissulega geta falist möguleikar í að auglýsa stöðu Íslands í þessu sambandi, t.d. fyrir umferð frá Vesturheimi, þ.e. að Ísland sé þægilegt hlið inn í Schengen-svæðið. Þar verði fljótlegt og þægilegt að fara í gegnum það eftirlit sem fylgir komu inn á Schengen yfir ytri landamæri þess, enda séu þá innstæður fyrir slíkri auglýsingu eða kynningu á landinu.

4. Þeir sem sjá fyrir sér nánari þróun Íslands í átt til aðildar að Evrópusambandinu benda að sjálfsögðu á að með aðild Íslands að Schengen er tekið nokkuð stórt skref í þá átt.

Gallar.

1. Pólitísk staða Íslands. Stærsta og alvarlegasta spurningin sem þegar kemur upp tengist einfaldlega pólitískri stöðu Íslands og framtíðarsamskiptum Íslands við Evrópusambandið. Sé það stjórnarstefna og einörð afstaða að Ísland muni að óbreyttum aðstæðum og um fyrirsjáanlega framtíð ekki gerast aðili að Evrópusambandinu en ætli sér að gæta hagsmuna sinna gagnvart því og eiga við það góð samskipti á öðrum grunni er þegar af þeim sökum stórkostlegt álitamál að Ísland eigi erindi inn í Schengen-samstarfið. Undirritaður er eindregið þeirrar skoðunar að svo sé ekki og við hefðum einmitt í þessu tilviki átt að velja aðra lausn. Reyna hefði átt að ná tvíhliða samningi um stöðu Íslands gagnvart Schengen-samstarfinu og hefðum við í því sambandi getað höfðað m.a. til þess að meira að segja sum aðildarríki Evrópusambandsins eiga ekki aðild að samstarfinu.

2. Kostnaður. Ljóst er að mikill kostnaður verður af því fyrir Ísland að gerast aðili að Schengen-samstarfinu. Kostnaðartölur hafa að vísu verið mjög á reiki og upplýst hefur verið í meðferð málsins að menn hafi rennt tiltölulega blint í sjóinn í þeim efnum og geri út af fyrir sig enn. Ljóst er þó að stofnkostnaður hvað varðar búnað og rekstur, uppbyggingu skrifstofu og tækjakaup er umtalsverður og kemur til með að hlaupa á hundruðum milljóna króna. Yfirgnæfandi líkur eru á að rekstrarkostnaður kerfisins verði einnig mikill þannig að vonir manna um nokkra tugi milljóna króna virðast byggðar á mikilli bjartsýni svo ekki sé sagt óraunsæi í þeim efnum. Fyrirferðarmestur verður þó sennilega kostnaður sem hlýst af landamæraeftirliti, því að taka að sér að vera ytri landamæri Evrópusambandsins í vestri með tvöföldun húsnæðis og aðstöðu sem það kallar á. Upplýst var í ferð utanríkismálanefndar til Keflavíkur að fjárfestingaráform þar eru gífurleg og hafa tekið hröðum breytingum upp á við hvað kostnað snertir á undanförnum mánuðum. Þannig er fyrsti áfangi stækkunar flugstöðvarinnar í Keflavík sem nú er hafinn áætlaður vera nálægt 3,5 milljörðum kr. og er drjúgur hluti þess kostnaðar hreinn viðbótarkostnaður af þátttöku okkar í Schengen. Má sem dæmi nefna að hin nýja flugstöðvarbygging við enda núverandi landgangs þarf að vera á tveimur hæðum í staðinn fyrir að ein hefði nægt ef ekki hefði þurft að skilja að farþega innan og utan Schengen-svæðis eins og nauðsynlegt er. Ýmis aðstaða, t.d. hlið og borð til vegabréfaskoðunar, þarf að vera margfalt betri en ef ekki kæmi til aðild að Schengen. Vissulega hefði þurft að ráðast í framkvæmdir í Keflavík hvort sem er en ljóst er að mun einfaldari og ódýrari bygging en nú stefnir í að reist verði hefði dugað. Samtals eru fjárfestingaráform í Keflavík af stærðargráðunni 6–8 milljarðar kr. á næstu 15–20 árum eða svo, þar af í þeirri byggingu sem þegar eru hafnar framkvæmdir við 2,6–2,7 milljarðar kr., auk ýmiss konar búnaðar og talsverðra framkvæmda í gömlu flugstöðinni. Í framhaldinu þyrfti sem fyrst, að mati þeirra sem kynntu utanríkismálanefnd framkvæmdaáformin í heimsókn til Keflavíkur, að ráðast í breikkun eða endurbætur á núverandi landgangi og er sú framkvæmd upp á 1 milljarð kr. Stækkun á álmum út úr viðbótarbyggingu sem koma til framkvæmda í 2. og 3. áfanga á árunum 2005–2007 og fram yfir 2015 kostar síðan 2 milljarða kr. hvor og ljóst er að allar þessar framkvæmdir eru mun dýrari og umfangsmeiri en þær þyrftu að vera ef ekki kæmi til aðild okkar að Schengen. Þannig þurfa allar þessar byggingar að vera á tveimur hæðum með tvöföldum búnaði og tvöfaldri þjónustu og aðstöðu vegna þess að ekki má blanda saman farþegum utan og innan svæðis. Fljótt á litið hlýtur einnig að leiða af þessu fyrirkomulagi umtalsvert rekstraróhagræði þar sem söluaðilar og þjónustuaðilar þurfa að hafa tvö og reyndar frekar þrjú sett af öllu þar sem ljóst er að í reynd myndar síðan gamla flugstöðin þriðju aðskildu einingunna í þessum rekstri. Ótalinn er svo sá stóraukni rekstrarkostnaður sem af þessu hlýtur að leiða, mun stærra húsnæði en ella þyrfti, lakari nýting, meiri mannafli o.fl.

Fyrsti minni hluti er þeirrar skoðunar að því fari fjarri að öll kurl séu komin til grafar í þessum efnum og veruleg ástæða sé til að óttast að þeirrar tilhneigingar hafi gætt að gera eins lítið úr viðbótarkostnaði og mögulegt er.

3. Erfiðleikar í tengiflugi. Ljóst er að miðað við núverandi leiðakerfi og uppbyggingu millilandaflugs á Íslandi á vegum Flugleiða er einn þáttur sérstaklega viðkvæmur í rekstri þess fyrirtækis, þ.e. tengikerfið í Keflavík þar sem fjöldi flugvéla mætist og þúsundir farþega skipta um flugvél á leið til nýrra áfangastaða austan hafs eða vestan á mjög skömmum tíma snemma morguns og aftur í eftirmiðdaginn. Fátt má út af bera og litlar tafir mega verða á þessum tengingum til þess að áætlanir raskist ekki og miklir erfiðleikar skapist. Forsvarsmenn Flugleiða hafa því af eðlilegum ástæðum haft sérstakar áhyggjur af þessum þætti málsins og ljóst er að það getur skapað Flugleiðum mikla erfiðleika og valdið umfangsmiklu tjóni og röskun ef illa tekst til. Alls ekki er hægt að útiloka að til árekstra komi milli þeirra krafna sem aðild að Schengen og varsla á ytri landamærum skapa annars vegar og hins vegar þess skamma tíma sem til stefnu er til að afgreiða farþega utan Schengen-svæðis inn á svæðið og koma þeim í flugvélar sem eru að fara í ýmsar áttir til meginlands Evrópu. Til að reyna að tryggja að ekki komi til vandræða af þessum sökum hefur nýlega verið ákveðið að stækka nýju tengibygginguna og fjölga þar hliðum eða borðum til vegabréfaskoðunar, sem aftur kallar á aukinn rekstrarkostnað og meiri mannafla.

4. Afnám persónueftirlits innan svæðisins: Flæði fíkniefna. Eitt mesta áhyggjuefnið í sambandi við þátttöku í Schengen-svæðinu, ekki bara fyrir Ísland heldur fjölmargar aðrar aðildarþjóðir, er aukið flæði fíkniefna og óhindruð ferðalög manna í vafasömum tilgangi innan svæðisins. Ljóst er að með afnámi landamæraeftirlits á þessu gríðarstóra svæði, allt frá Spáni, Ítalíu og Grikklandi í suðri og austri og norður um til Skandinavíu og til Íslands í vestri gerir að verkum að allt eftirlit með för fólks í heilli heimsálfu er í raun og veru lagt niður á landamærum. Ýmsar þjóðir, þar á meðal Frakkar, hafa af þessum sökum móast við og jafnvel haldið í rétt sinn til að taka tímabundið aftur upp landamæraeftirlit. Koma þar einnig til deilur vegna mismunandi viðhorfa stjórnvalda í einstökum aðildarríkjum Evrópusambandsins eða á Schengen-svæðinu, t.d. til fíkniefna. Ljóst er að lönd eins og Holland fylgja allt annarri stefnu í sambandi við fíkniefni og halda uppi minna eftirliti en aðrar þjóðir. Áhyggjur í þessu sambandi komu fram hjá ýmsum aðilum sem til utanríkismálanefndar komu. Nægir þar að vísa í álit landlæknis sem lýsti þungum áhyggjum yfir vaxandi fíkniefnaflæði og taldi verulegar ástæður til að hafa áhyggjur af framhaldinu. Kom fram í máli landlæknis að dreifingarmiðstöðvar fíkniefna á borð við Holland í Norður-Evrópu og einnig upprunalönd framleiðslu þar sem unnin eru hrein fíkniefni úr hráefnum færðust nú inn fyrir hin sameiginlegu landamæri, svo sem heróínverksmiðjur á Ítalíu. Einnig væru nýjar leiðir eiturlyfja gegnum Austur-Evrópulönd og Rússland mikið áhyggjuefni, en þaðan virtust þau eiga greiða leið til vesturs inn á svæðið. Í umsögn ríkislögreglustjóra stendur m.a. í 4. tölul. undir fyrirsögninni Stuðningsaðgerðir: „Svo sem ljóst má vera kunna ýmsar hættur að vera samfara afnámi eftirlits á innri landamærum aðildarríkjanna. Af þessum sökum eru í Schengensamningnum margvísleg ákvæði til að vega upp á móti þeirri vá.“ Einnig er rétt að minna á að talið er að ólöglegir innflytjendur og þeir sem eru án tilskilinna réttinda eða löglegra skilríkja á svæðinu í heild skipti hundruðum þúsunda. Þegar afnám eftirlits á innri landamærum á öllu svæðinu kemur til verður mun erfiðara að fylgjast með ferð slíkra ólöglegra aðila um svæðið. Ljóst er að þarna á í hlut talsvert af því undirheimafólki sem stendur á bak við skipulagða glæpastarfsemi, dreifingu fíkniefna, vændi og slíka hluti.

5. Söfnun persónuupplýsinga. Einn þáttur málsins enn, sem að vísu var ekki sérstaklega til skoðunar í utanríkismálanefnd, varðar SIS-upplýsingakerfið og umfangsmikla söfnun per-

sónuupplýsinga í gagnagrunn. Ýmsar spurningar hafa vaknað um persónuvernd og réttindi einstaklinga í því sambandi og ljóst er að þar er komið að ýmsum áleitnum spurningum sem tengjast rafrænni skráningu viðamikilla persónuupplýsinga sem hægt er að samkeyra og fletta upp í vítt og breitt um svæðið.

Allsherjarnefnd hefur til umfjöllunar frumvörp sem tengjast þessu máli sérstaklega og verður væntanlega um það rætt í tengslum við afgreiðslu þeirra.

6. Glötuð sérstaða Íslands. Ljóst er að með því að gerast aðilar að Schengen-svæðinu tapast sú sérstaða sem Ísland að öðrum kosti hefði haft sem sjálfstæður tengipunktur milli heimsálfanna, ekki síst í flugi. Þótt auðvitað megi sjá bæði kosti og galla á þeirri sérstöðu er ljóst að væri hún til staðar hefðu verið ýmsir möguleikar samfara því að nýta hana og kynna landið á þeim grundvelli. Uppbygging og rekstur millilandaflugstöðvar í Keflavík hefði orðið til muna ódýrari og einfaldari en ella og ýmis kostnaður og óþægindi sem farþegar munu væntanlega verða varir við í Keflavík hefði ekki verið til staðar þar en flust annað. Keflavík hefði áfram getað státað af því að vera afar þægilegur og einfaldur viðkomustaður þar sem skamman tíma tæki að skipta um flugvél.

7. Viðbúnaður á öðrum flugvöllum og í höfnum. Í ljós kom þegar utanríkismálanefnd fór að athuga stöðu þeirra mála að lítið virðist hafa verið að gert hvað varðar það að undirbúa aðstöðu og starfsemi á öðrum flugvöllum þar sem millilandaflug fer um og í öllum þeim fjölmörgu höfnum landsins þar sem í reynd þurfa að vera landamærastöðvar í skilningi Schengen-samningsins ef ekki á að verða röskun á frá því sem verið hefur. Rétt er að fram komi að áætlanir sem liggja til grundvallar gífurlegum framkvæmdum og fjárfestingum við Flugstöðina í Keflavík á komandi árum virðast ganga út frá að allt millilandaflug Íslendinga haldi áfram að byggjast upp þar. Ekki virðist gert ráð fyrir auknum hlut annarra flugvalla í alþjóðlegu flugi. Í ljósi þeirra miklu fjárfestinga sem þarna eru fram undan hlýtur það að vera áhyggjuefni fyrir stjórnvöld ef áfram á að vera sú samþjöppun allrar flugumferðar og ferðaþjónustu út frá suðvesturhorni landsins sem verið hefur við lýði hingað til.

8. Niðurstaða. Undirritaður er þeirrar skoðunar að ekki sé skynsamlegur kostur fyrir Íslendinga að gerast aðilar að Schengen-samningnum. Vísast til þess sem áður er komið fram í þeim efnum en samandregnar höfuðröksemdirnar fyrir þessari niðurstöðu eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi samrýmist það ekki pólitískri stöðu Íslands og áframhaldandi stöðu okkar án aðildar að Evrópusambandinu að taka þátt í þessu samstarfi á grunni eins konar aukaaðildar að verkefnum sem búið er að innlima í Evrópusambandið, þ.m.t. að hluta til inn í fyrstu stoð þess með yfirþjóðlegu valdi.

Í öðru lagi verður gríðarlegur kostnaður því samfara fyrir Ísland, bæði í formi fjárfestinga og rekstrarkostnaðar, að taka þátt í þessu samstarfi sem ástæða er til að ætla að við hefðum að mestu eða jafnvel að öllu leyti komist hjá með því að semja um annars konar lausn á samskiptum okkar við aðildarríki Evrópusambandsins eða Schengen-svæðisins að þessu leyti.

Í þriðja lagi geta skapast erfiðleikar í tengiflugi til og frá landinu vegna tafsams eftirlits í flugstöðinni sem ytri landamærastöðvar ESB. Gildir þetta fyrst og fremst fyrir millilandaflug í Keflavík.

Í fjórða lagi er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af minni möguleikum til eftirlits með flæði fíkniefna og för fólks í vafasömum tilgangi innan svæðisins. Lausn í átt til þess sem Englendingar og Írar eru að þróa, að taka þátt í vissum hlutum Schengen-samstarfsins en áskilja sér áfram rétt til persónueftirlits á landamærum, hefði í þessu sambandi verið mun fýsilegri kostur fyrir Ísland.

Í fimmta lagi. Ýmsir þættir sem snúa að söfnun persónuupplýsinga og rekstri upplýsingakerfisins og persónuvernd í því sambandi eru óljósir og ekki er fullljóst enn hvers kyns árekstrar kunna að verða þar.

Í sjötta lagi. Ástæða er til að hafa áhyggjur af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu á þeim grunni sem það er byggt á og því valdaframsali til yfirþjóðlegra stofnana sem þar fer í reynd fram með tilliti til stjórnarskrárinnar. Sá þáttur málsins er allt of lítið skoðaður af hálfu utanríkismálanefndar og í reynd er það svo að einungis sömu lögfræðilegu álitsgjafarnir og ráðgjafarnir hafa komið að málinu allt frá samningstímanum sem ráðgjafar ríkisstjórna og síðan til að meta niðurstöðuna. Það er mikill veikleiki í málinu að ekki skuli hafa farið fram óháð og sjálfstæð skoðun fleiri sérfróðra aðila á þessum viðkvæma þætti málsins.

Síðast en ekki síst er rétt að nefna að allur undirbúningur hvað varðar framkvæmd og gildistöku samningsins er mjög losaralegur og mörgu þar ábótavant. Nær alla kynningu skortir á innihaldi samningsins og engin almenn umræða hefur orðið um þetta viðamikla mál í íslenskum stjórnmálum eða meðal almennings. Bera stjórnvöld þar mikla ábyrgð og Alþingi sjálft sem daufheyrst hefur við tillögum um að gera sérstakar ráðstafanir í þessu sambandi.

Niðurstaða 1. minni hluta er því sú *að leggja til að Alþingi staðfesti ekki samninginn og felli tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.* Þess í stað verði leitað eftir viðræðum um sérlausn fyrir Ísland. Til vara vill 1. minni hluti gera þá kröfu að viðsemjendum okkar verði tilkynnt, fari svo að samningurinn verði samþykktur, að Ísland muni áskilja sér rétt til þess að fresta framkvæmd samningsins þar sem of mörg álitamál séu hvað varðar stöðu Íslands, undirbúningi sé ábótavant.

Alþingi, 20. mars 2000.

Steingrímur J. Sigfússon.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn ríkislögreglustjóra (8. febrúar 2000).
II. Umsögn Flugleiða (25. janúar 2000).
III. Umsögn landlæknis (9. janúar 2000).
IV. Umsögn Ferðamálaráðs Íslands (13. mars 2000).
V. Umsögn Útlendingaeftirlitsins (28. febrúar 2000).
VI. Umsögn Hafnasambands sveitarfélaga (17. febrúar 2000).

792. Nefndarálit [206. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar.

Evrópuhugsjónin er í meginatriðum reist á tveimur stoðum, efnahagslegri og pólitískri. Aukin Evrópusamvinna var ekki síst svar við þeim lærdómi sem þjóðir álfunnar höfðu dregið af hildarleik seinni heimsstyrjaldarinnar og pólitísk samvinna var aukin einkum í því skyni að minnka hættuna á átökum þjóða í millum. Augljóst er að það hefur borið ávöxt. Evrópusamvinnan á sér hins vegar einnig efnahagslega hlið. Sameiginlegur innri markaður Evrópu var einkanlega skapaður til þess að stuðla að aukinni velferð þjóðanna í Evrópu. Með því að brjóta niður múra, auðvelda efnahagslega starfsemi yfir landamæri og draga þannig úr viðskiptakostnaði komust menn að raun um að hægt væri að bæta lífskjör í Evrópu svo um munaði.

Schengen-samstarfið er sannarlega í anda þess stjórnmálalega samstarfs sem Evrópuhugsjónin byggist á. Á hinn bóginn er jafnljóst að Schengen-samstarfið gengur þvert gegn markmiðum um efnahagslegan ávinning af Evrópusamstarfi. Schengen-samstarfið hefur í för með sér umtalsverðan kostnað sem borinn verður uppi af skattborgurum eða þeim sem ferðast um Schengen-svæðið og eftir atvikum flugrekendum á svæðinu. Hvað Íslendinga áhrærir er ljóst að ekki hefur verið leitað annarra leiða, en að gerast aðilar að Schengen.

Örlög norræna vegabréfasambandsins.

Hér á landi hefur mest áhersla verið lögð á að Schengen sé leið til þess að verja það samstarf sem ríkt hefur um vegabréf innan Norðurlandanna. Þetta er þó ekki alveg svo. Með Schengen fellur það samstarf í rauninni niður og Norðurlöndin verða jafnsett öðrum ríkjum sem standa að Schengen-samstarfinu. Sérstaða Norðurlandasamstarfsins að þessu leyti fellur því varanlega úr gildi.

Bretar og Írar utan Schengen.

Þá er og ástæða til þess að vekja sérstaka athygli á því að tvö ríki innan Evrópusambandsins sem Íslendingar hafa mikil samskipti við, Írland og Bretland, verða ekki aðilar að Schengen-samstarfinu. Í því sambandi má benda á að næstflestir ferðamenn hingað til lands komu einmitt frá Bretlandi á síðasta ári, eða ríflega 31 þúsund, og Írland er með vinsælli viðkomustöðum Íslendinga á erlendri grund. Upplýsingar af þessu tagi, þ.e. um komu farþega hingað til lands, munu hins vegar heyra sögunni til með aðild okkar að Schengen-samstarfinu. Upplýst er að ógerningur verður að skrá komu ferðamanna hingað til lands eftir ríkisfangi. Þar með glatast mikilvæg tæki til markaðssetningar í ferðaþjónustu auk þess sem söfnun mikilvægra hagtalna líður undir lok.

Áhrifin á ferðaþjónustuna.

Við ákvörðun um frekari skref í Evrópusamvinnu er vitaskuld þýðingarmikið að gera sér grein fyrir áhrifunum á atvinnulífið í landinu. Hvað okkur áhrærir er augljóst að áhrifin verða að mestu á sviði ferðamála. Schengen-samstarfið þýðir að niður fellur hefðbundin skoðun vegabréfa á landamærum aðildarríkjanna. Engu síður — og á það er lögð gríðarmikil

áhersla af hálfu hlutaðeigandi — mun verða haldið áfram margs konar persónueftirliti, á flugstöðvum af hálfu flugrekstraraðila og víðar. Fólk sem ferðast innan Schengen-svæðisins mun því eftir sem áður þurfa að bera persónuskilríki sem viðurkennd eru á svæðinu. Líklegast má því telja að almennt muni fólk sem ferðast þar hafa vegabréf í farteski sínu.

Ljóst er að flugrekendur munu standa frammi fyrir yfirgripsmiklum breytingum í starfsumhverfi sínu með tilkomu Schengen-samstarfsins. Ekki síst á það við hér á landi vegna sérstöðu og legu landsins. Erfitt er að sjá nokkurn umtalsverðan ávinning af þessu samstarfi fyrir atvinnugreinina. Vandinn sem flugfélögin standa frammi fyrir getur hins vegar orðið umtalsverður nema gripið verði í taumana af hálfu stjórnvalda, með kostnaði sem ríkissjóður þyrfti þá að bera. Í þessu sambandi má sérstaklega nefna eftirfarandi þætti:

1. Við það að Íslendingar taka að sér landamæraeftirlit á ytri landamærum Schengen-svæðisins má ætla að álag á þessu sviði aukist svo um munar. Tafir við það gætu orðið okkur afar dýrkeyptar og þá ekki síst fyrir flugfélögin. Þannig hafa Flugleiðir hf. hlotið alþjóðlega viðurkenningu og verið valdar fjórða besta flugfélagið og Keflavíkurflugvöllur sömuleiðis verið útnefndur áttundi besti flugvöllur heims og þriðji besti í Evrópu. Hvað tengiflug áhrærir kemur Keflavíkurflugvöllur sérlega vel út vegna hraðrar og skilvirkrar afgreiðslu. Mjög mikilvægt er að unnt verði að viðhalda þessu, enda getur breyting til hins verra á þessu sviði haft afar skaðvænleg áhrif á ferðaþjónustu okkar í heild og stöðu flugfélaganna. Ljóst er að mjög miklu þarf að kosta til svo að afgreiðsla á þessu sviði versni ekki. Gengið er út frá því að hvorki farþegar né flugrekstraraðilar þurfi að borga þann brúsa, heldur lendi kostnaðurinn á hinu opinbera.
2. Í annan stað er ljóst að umtalsverður kostnaður fellur til vegna aðildar okkar að Schengen-samstarfinu. Upplýst hefur verið að ríkissjóður hafi verið skuldbundinn til að greiða bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað þann sem hlýst af aðild Íslands að Schengen og að ekki verði lagðar á viðbótarálögur vegna þess.
3. Þá liggur fyrir að aðild að Schengen mun breyta í mörgu því eftirlitshlutverki sem ávallt fylgir alþjóðlegum flugrekstri. Eftirlitsskylda hvílir á flugrekendum og hefur leitt til þess að þeir eða aðrir sem sjá um afgreiðslu á flugvöllum þurfa að skoða vegabréf farþega. Það er því misskilningur að vegabréfaeftirlit innan Schengen-svæðisins falli niður. Reyndin er sú að eftirlitið breytist.

Af þessu má ráða að grípa þarf til margvíslegra ráðstafana til þess að tryggja að ferðaþjónustan sé jafnsett eftir sem áður. Eigi kostnaður af þeim ekki að lenda á flugrekstraraðilum verður hann borinn uppi af eigendum flugstöðvarinnar, íslenska ríkinu. Arðsemi byggingarinnar og fjárfestingarinnar sem í henni liggur mun því minnka sem því nemur.

Mikil kostnaðaraukning hins opinbera.

Í utanríkismálanefnd hefur mjög verið kostað kapps um að varpa ljósi á kostnað af Schengen-samstarfinu. Skipta má þessum kostnaði í tvennt, annars vegar stofnkostnað og hins vegar rekstrarkostnað. Ljóst er að meginhluti þessa kostnaðar stafar af fjárfestingu og eftirliti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þó liggur fyrir að einnig er stofnað til kostnaðar vegna Schengen-samstarfsins í ýmsum höfnum landsins og í flugstöðvum á Akureyri og Egilsstöðum. Framkvæmdum er lokið á síðarnefnda flugvellinum, en ekki verður ráðist í breytingar á Akureyri fyrr en á næsta ári. Ekki er upplýst um kostnað vegna þessara tveggja flugvalla.

Eftirlit með umferð á sjó verður þannig háttað að á hana er alltaf litið sem umferð frá þriðja ríki. Gildir þá einu hvort um er að ræða íslensk eða erlend skip, fiskiskip í óreglubundnum siglingum til útlanda, fraktskip í reglubundnum siglingum eða skip innan eða utan

Schengen-svæðis. Undantekning frá þessu eru siglingar ferjunnar Norrænu sem hingað kemur frá Schengen-svæði.

Hvað Flugstöð Leifs Eiríkssonar varðar er ljóst að þar er þörf á umtalsverðri stækkun vegna aukinnar umferðar um flugvöllinn. Áætlaður kostnaður við stækkunina er um 3,6 milljarðar króna. Þar af er talið að kostnaður vegna Schengen sé á bilinu 500–900 millj. kr., eða allt að fjórðungi heildarkostnaðar. Ljóst má vera að almennt þarf að miða alla uppbyggingu við tvenns konar farþega, þá sem ferðast innan Schengen-svæðisins og hina sem ferðast inn á svæðið. Þetta á við um hið opinbera sem á og rekur Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Auk þessa fellur til umtalsverður annar kostnaður vegna Schengen-samstarfsins og er gert ráð fyrir um 200 millj. kr. vegna þessa í fjárlagaliðum dómsmálaráðuneytis, að langmestu leyti vegna stofnkostnaðar. Þegar hefur verið veitt heimild til þess að ráða tíu lögreglumenn og þrjá tollverði.

Kostnaður annarra rekstraraðila.

Þá er ótalinn sá stofn og rekstrarkostnaður sem fellur til hjá rekastraraðilum sem hafa með höndum verlsunarrekstur í flugstöðinni. Nú verða þeir að setja upp og starfrækja rekstur á tveimur stöðum, annars vegar á Schengen-svæðinu og hins vegar fyrir aðra farþega. Ógerlegt er á þessu stigi að meta þennan kostnað, en ljóst má vera að hann getur orðið umtalsverður. Á þetta hefur Ferðamálaráð meðal annars bent í umsögn sinni um málið.

Samstarf gegn glæpastarfsemi.

Áratugum saman hafa íslensk lögregluyfirvöld tekið þátt í alþjóðlegu lögreglusamstarfi til þess að ná betri tökum í baráttunni gegn glæpastarfsemi. Í tengslum við Schengen-samstarfið verður settur upp viðurhlutamikill banki sem geymir margháttaðar upplýsingar er að gagni gætu komið í baráttunni við óaldarlýð og glæpamenn. Schengen-upplýsingakerfið (SIS), sem svo er kallað, er byggt upp á þann hátt að annars vegar er um að ræða sérstakan landshluta kerfisins þar sem upplýsingar frá öllum löndunum eru varðveittar og hins vegar er miðlægur hluti kerfisins sem er staðsettur í Strassborg og annast miðlun upplýsinga til aðildarríkjanna. Í þessu kerfi verða varðveittar margháttaðar og yfirgripsmiklar upplýsingar, svo sem um eftirlýsta og óæskilega einstaklinga, týnda einstaklinga, vitni o.fl. Auk þessa verður komið á fót svokölluðum SIRENE-skrifstofum í aðildarlöndunum, sem annast upplýsingamiðlun og annað það er varðar rekstrur Schengen-upplýsingakerfisins. Settar hafa verið fram tillögur um ráðningu 10–12 starfsmanna vegna SIRENE-skrifstofunnar á Íslandi. Ekki þarf að taka það fram að þessi nýja starfsemi verður að sjálfsögðu staðsett í Reykjavík og mun því stuðla að atvinnusköpun á því atvinnusvæði.

Aðild að Schengen er ekki forsendan.

Ljóst er að alþjóðlegt samstarf af því tagi sem Schengen-upplýsingakerfið er gefur færi á betri árangri í viðureign við afbrotamenn. Hitt má líka sjá að Schengen-samstarfið er vitaskuld ekki forsenda upplýsingabanka af þessu tagi. Vel má hugsa sér að því verði komið við í samstarfi ríkja utan og innan Schengen-samstarfsins. Á það reyndi á hinn bóginn ekki í viðræðum okkar við Schengen-ríkin. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að benda á að Bretar og Írar munu standa utan Schengen-samstarfsins. Þeir hafa á hinn bóginn gengið frá sérstökum samningum sem gerir þeim kleift að taka þátt í þeim hluta samningsins sem þeir kjósa. Þeir munu þannig fá sérstaka meðferð og alls ekki þá sömu og aðrir er utan samstarfsins standa. Þannig liggur fyrir að þegnum Írlands og Bretlands verður ekki slegið upp sjálfvirkt í SIS-kerfinu þegar þeir koma frá þriðja ríki. Öðrum farþegum frá þriðju ríkjum verður hins vegar

slegið upp í upplýsingakerfinu. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að Írar og Bretar standa utan Schengen-samstarfsins en munu njóta sömu réttinda á Schengen-svæðinu og ríkisborgarar aðildarríkja þess.

Landamæraeftirlit okkar í hendur annarra ríkja.

Með tilkomu Schengen-samstarfsins verður gríðarleg breyting á eftirliti okkar með komu útlendinga. Kjarni málsins er sá að með aðild okkar að Schengen-samstarfinu verður landamæraeftirlit Íslands ekki lengur í okkar höndum nema að nokkru leyti. Um leið og einstaklingur er kominn inn á Schengen-svæði, hvort sem það er á Ítalíu, Grikklandi, Hollandi eða á Norðurlöndunum svo dæmi séu tekin, lýkur vegabréfaeftirlitinu. Alkunna er að víða er uppi mikil gagnrýni á framkvæmd landamæraeftirlits í ýmsum löndum þeim sem við felum nú framkvæmd landamæraeftirlits fyrir okkar hönd. Vitað er að gríðarlegur fjöldi ólöglegra innflytjenda er nú búsettur á Schengen-svæðinu. Þeir eiga nú greiða leið hingað til lands. Matskennt persónueftirlit af því tagi sem heimilt verður að viðhafa mun ekki koma í veg fyrir að ólöglegir innflytjendur haldi hingað kjósi þeir svo.

Stefnan mörkuð í upphafi.

Á margan hátt stöndum við nú frammi fyrir orðnum hlut. Sú stefna var mörkuð í upphafi að ganga til Schengen-samstarfsins sem fullgildir aðilar. Ljóst má vera af framansögðu að miklu verður kostað til. Ekki hefur verið látið reyna á aðra kosti, svo sem að fara svipaðar leiðir og Bretar og Írar, þjóðir sem við höfum mikið og gott samstarf við. Af því leiðir að við stöndum ekki frammi fyrir góðum kostum, sem annars hefði verið unnt að vinna að. Undirritaður mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2000.

Einar K. Guðfinnsson.

793. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er flutt í framhaldi af niðurstöðu Félagsdóms sem sýknaði Félag íslenskra leikskólakennara af kröfum stefnenda, launanefndar sveitarfélaga f.h. Árborgar, um að uppsagnir nokkurra leikskólakennara yrðu dæmdar brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings og því ólögmæt vinnustöðvun.

Í niðurstöðu sinni vitnar Félagsdómur til 4. gr. laga nr. 75/1996 sem breytti lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, en þar segir: „Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknum sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.“ Um þetta ákvæði segir í niðurstöðu dómsins: „Engin sambærileg breyting hefur verið gerð á ákvæðum laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.“

Niðurstaða Félagsdóms var að hafna þeirri lögskýringu að almenn ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur tækju til opinberra starfsmanna. Þannig hefur ríkisvaldið valið, og ekki í fyrsta sinn, að breyta því með lögum sem tapast fyrir dómstólum.

Vissulega er einnig gagnrýnisvert að stjórnvöld skuli kjósa, meðan kjarasamningar eru í gildi og friðarskylda ríkir, að breyta einhliða og án eðlilegs samráðs við opinbera starfsmenn lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Minnt skal á að í árslok 1986 voru sett ný heildarlög um kjarasamninga opinberra starfsmanna að undangengnu samkomulagi milli aðila. Hér er snúið við blaðinu því að með þessu frumvarpi er fjármálaráðherra að leggja til að lögum verði breytt einhliða og án samráðs við opinbera starfsmenn.

Forustumenn opinberra starfsmanna hafa haldið því fram að með þessu sé fjármálaráðherra að rifta því samkomulagi sem gilt hefur í 13 ár um samskipti ríkis og sveitarfélaga sem vinnuveitanda og stéttarfélaga opinberra starfsmanna sem fulltrúa launafólks. Þetta eru gagnrýnisverð vinnubrögð ekki síst í ljósi þess að samtök opinberra starfsmanna hafa nýverið ítrekað þá afstöðu sína að rétt væri að endurskoða lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna í heild. Lögðu þeir m.a. fram í efnahags- og viðskiptanefnd samanburð verkfallsheimilda og skyldra atriða um samskipti aðila á vinnumarkaði samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeildur, sbr. lög nr. 75/1996, og samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að teknu tilliti til breytingar samkvæmt frumvarpinu (sjá fylgiskjal). Þar kemur fram mikill munur á réttarstöðu opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði að því er varðar samskipti á vinnumarkaði, sem sýnir nauðsyn þess að samræma réttindi og skyldur á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Minni hlutinn telur að eðlilegra hefði verið af hálfu stjórnvalda að hefja heildarendurskoðun og samræmingu við almenna vinnumarkaðinn eins og samtök opinberra starfsmanna hafa lagt til í stað þess að leggja til einhliða að breyta einum þætti laga um opinbera starfsmenn til samræmis við ákvæði sem gilda um almenna vinnumarkaðinn.

Þau vinnubrögð sem stjórnvöld hafa viðhaft í þessu máli eru mjög gagnrýnisverð. Með þeim eru samskipti samtaka opinberra starfsmanna og stjórnvalda sett í uppnám, enda virðist ljóst að stjórnvöld hafi lítið lagt upp úr samráði við opinbera starfsmenn í þessu máli.

Minni hlutinn telur rétt að fjármálaráðherra verði þegar í stað við beiðni samtaka opinberra starfsmanna um að ráðast í heildarendurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar verði leitast við, í fullu samráði við alla aðila, að samræma sem mest réttarstöðu opinberra starfsmanna annars vegar og launafólks á almennum vinnumarkaði hins vegar.

Með vísan til framangreinds leggur minni hlutinn til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 21. mars 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal.

Fylgiskjal með umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986.

Samanburður verkfallsheimilda og skyldra atriða um samskipti aðila á vinnumarkaði samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. lög nr. 75/1996, og samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að teknu tilliti til breytingar samkvæmt stjórnarfrumvarpi um breytingu á lögum nr. 94/1986.

	Lög nr. 80/1938	*Lög nr. 94/1986*	*Ákvæði*
Verkbann (vinnuveitanda) heimilt	Já	Nei	14. gr.**
Meginreglan að verkfall sé heimilt	Já	Nei	14. gr.
Aðeins stéttarfélag boðar verkfall	Já	Já	14. gr.
Leynileg atkvæðagreiðsla áskilin	Já	Já	15. gr.
Póstatkvæðagreiðsla heimil	Já	Nei	15. gr.
Þátttökuskilyrði við verkfallsboðun	Fimmtungur	Helmingur	15. gr.
Meiri hluti reiknaður af	Greiddum atkvæðum	Öllum atkvæðum	15. gr.
Verkföll hjá tilteknum vinnustað/hóp heimilt	Já	Umdeilt	15. gr.
Heimildir til frestunar verkfalla	Já	Umdeilt	15. gr.
Tilkynningarskylda til allra vinnuveitenda	Nei („aðallega")	Já	16. gr.
Tilkynningarfrestur	7 sólarhringar	15 sólarhringar	16. gr.
Fullnustuverkföll heimil	Já	Já	17. gr.
Pólitísk verkföll sögð óheimil	Já	Já	17. gr.
Samúðarverkföll heimil	Já	Já	17. gr.
Verkfallsbrot félagsmanna ólögmæt	Já	Já	18. gr.
Verkfallsbrot innan sambands lýst ólögmætt	Já	Nei	18. gr.
Fjöldauppsagnir starfsmanna bannaðar	Já	Já (skv. frv.)	19./14. gr.
Skilgreining verkfalls	Já	Já (skv. frv.)	19./14. gr.
Bann við aðgerðum á borð við verkbönn	Já	Nei (ei heldur skv. frv.)	19. gr.
Heimild til lengingar á uppsagnarfresti	Nei	Já, í allt að 6 mánuði	46. gr.*
Lögákveðnar takmarkanir á verkfallsrétti	Nei	Já	19. gr.
Beint dómsvald Félagsdóms v. lögbrota	Já	Nei	44./26. gr.
Beint dómsvald Félagsd. v. samningsbrota	Já	Nei	44./26. gr.
Viðurlög (bætur) gagnvart atvinnurekendum	Já	Nei	70. gr.
Refsiviðurlög v. ólögmætra aðgerða starfsm.	Nei	Já	70./35. gr.**
Hópuppsagnir (vinnuveitanda) takmarkaðar	Já	Já — enn þá!	L 95/1992

* 2. mgr. 46. gr laga nr 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

** Auk laga nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna („fangelsi allt að 2 árum"), og 40., sbr. 53. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Undirstrikanir fela í sér atriði sem breytast verði stjórnarfrumvarpið að lögum.

Af þessu yfirliti yfir 26 dæmi um meginatriði úr báðum lagabálkum íslenskrar vinnulöggjafar sést að mikill munur er á réttarstöðu opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði — opinberum starfsmönnum í óhag að því leyti að miklar takmarkanir eru á *réttindum* þeirra að því er varðar samskipti á vinnumarkaði, svo og ríkari skyldur. Af 26 atriðum verða 17 atriði ólík áfram — í stað 18 áður. Aðeins 9 atriði verða eins. Ríkisstjórnin leggur aðeins til að eitt þessara atriða verði samræmt.

794. Frumvarp til laga [500. mál]

um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Breytingar á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn verður svohljóðandi:

Tollfrjálsar vörur.

Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt beinum fyrirmælum í tollskrá skulu eftirfarandi vörur vera tollfrjálsar:

1. Eftirtaldar vörur um borð í förum sem koma hingað til lands frá útlöndum:
   a. Fylgifé fars sem er að mati tollyfirvalda ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgiféð ekki flutt úr viðkomandi fari.
   b. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.
   c. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Sama gildir um vöru sem send er hingað til umflutnings.
2. Varningur sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum sem hér segir:
   a. Venjulegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða. Jafnframt venjulegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin nota þeirra á ferðalaginu að ræða.
   b. Varningur, þ.m.t. áfengi og tóbak, sem ferðamenn og farmenn hafa með sér hingað til lands umfram það sem greinir í a-lið, að tilteknu hámarki sem ráðherra ákveður í reglugerð.
3. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.
4. Heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann flutti til landsins. Tollfrelsi samkvæmt þessum lið tekur ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja. Ráðherra getur með reglugerð takmarkað niðurfellingu samkvæmt þessum lið við notkun, vöruflokka eða hámarksverð að teknu tilliti til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna.
5. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaun fyrir íþróttaafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.
6. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu að mati tollyfirvalds fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
7. Endursendar tómar umbúðir, enda séu að mati tollyfirvalds færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan.
8. Gjafir sem sendar eru hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:
   a. Gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 7.000 kr. Sé verðmæti gjafar

meira en 7.000 kr. skal gjöf þó einungis tollskyld að því marki sem hún er umfram þá fjárhæð að verðmæti.

b. Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra.

c. Gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki.

9. Vísindatæki og vísindabúnaður sem íslenskar vísindastofnanir eða vísindastofnanir sem Ísland er aðili að kaupa fyrir styrki eða eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.

10. Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis, þó ekki ökutæki eða önnur vélknúin farartæki.

11. Sendingar vegna markaðssetningar og vöruþróunar sem hér segir:

a. Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt. Jafnframt sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn verslunarvara.

b. Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.

c. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt þessari grein.

2. gr.

6. gr. laganna ásamt fyrirsögn verður svohljóðandi:

Niðurfelling, lækkun eða endurgreiðsla tolls.

Tollur skal lækka, falla niður eða endurgreiðast í eftirfarandi tilvikum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru:

1. Í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

2. Vegna tímabundins innflutnings í eftirfarandi tilvikum:

a. Af vörum sem sendar eru til landsins til sýningar eða flutnings um stundarsakir, enda verði þær ekki nýttar til annars. Jafnframt af vélum, tækjum og öðrum áhöldum sem eru send til landsins til reynslu um stuttan tíma.

b. Af tækjum, verkfærum og öðrum búnaði sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota hér við athuganir sínar, rannsóknir og starfsemi.

c. Af vörum sem eru sendar tímabundið hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.

d. Af vörum sem fluttar eru tímabundið hingað til lands til að fram geti farið á þeim nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um þann hámarkstíma sem tollfrjáls innflutningur samkvæmt þessum tölulið tekur til, þó aldrei lengur en í tólf mánuði. Ráðherra getur jafnframt í reglugerð afmarkað nánar þær vörur sem ákvæðið tekur til.

3. Af bifreiðum og tengivögnum sem skráðir eru erlendis og fluttir til landsins af mönnum sem hafa haft búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Undanþága þessi gildir í einn mánuð frá komu ökutækis til landsins.

   Tollstjóri getur framlengt tímabundinn innflutning skv. 1. mgr. þessa tölulíðar um allt að þrjá mánuði í senn, í allt að tólf mánuði alls, enda sýni viðkomandi fram á að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki, að hann hafi ekki búsetu hér á landi og að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

   Uppfylli innflytjandi ekki skilyrði 2. mgr. þessa tölulíðar, þess efnis að hann hafi ekki launaða atvinnu og reki ekki fyrirtæki hér á landi, getur tollstjóri þó eigi að síður framlengt tímabilið í samræmi við ákvæði 2. mgr. gegn greiðslu tolls af sem nemur $^{1}/_{60}$ hluta af tollverði viðkomandi ökutækis fyrir hvern byrjaðan mánuð sem leyfi er framlengt. Tollstjóri getur heimilað greiðslu gjalda með skuldaviðurkenningu og fullnægjandi ábyrgð.

   Ákvæði þessa tölulíðar skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem erlendir ferðamannahópar, ferðaskrifstofur eða aðrir sem atvinnu hafa af slíkum fólksflutningum flytja til landsins vegna hópferðalaga um landið, enda verði þær fluttar úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin var ætluð í upphafi.

   Ákvæði tölulíðar þessa gilda með sama hætti um nýjar óskráðar bifreiðar og bifhjól sem keypt eru hér á landi. Ökutæki þessi skulu skráð sérstaklega og uppfylla frekari skilyrði sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Undanþága frá greiðslu tolls samkvæmt þessari málsgrein miðast við skráningardag ökutækis.

   Þegar leyfi er veitt til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis samkvæmt þessum tölulið skal heimilt að flytja eldsneyti með ökutæki í innbyggðum eldsneytisgeymum þess án greiðslu aðflutningsgjalda. Jafnframt skal eiganda eða umráðamanni heimilt, ef ökutæki bilar eða verður fyrir tjóni, að flytja inn varahluti í ökutækið tollfrjálst.
4. Af stærri tækjum, þ.m.t. ökutækjum sem send eru hingað til lands til notkunar um stuttan tíma, þó ekki lengur en í 12 mánuði, og endursend eru þegar að notkun lokinni. Tollur skal í slíkum tilvikum reiknaður af leiguverði fyrir tækin í stað hefðbundins tollverðs. Liggi leiguverð tækis ekki fyrir má reikna toll af áætlaðri leigu sem ákvörðuð skal sem $^{1}/_{60}$ hluti eðlilegs tollverðs fyrir hvern byrjaðan mánuð sem tækið er hér á landi.
5. Af vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðar seldar ónotaðar til útlanda eða í tollfrjálsa verslun.
6. Af vörum sem reynast gallaðar eða hafa eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda, í viðurkenndum geymslum fyrir ótollafgreiddar vörur eða í flutningi milli tollhafna innan lands, áður en þær eru afhentar viðtakanda.
7. Af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum sem ætlaðir eru til nota í flugvélum og skipum. Sama gildir um hluti sem ætlaðir eru til viðgerða eða annarrar aðvinnslu flugvéla og skipa.
8. Af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa tölulíðar. Niðurfelling tolls af hráefni eða efnivöru samkvæmt þessum tölulið nær hvorki til vara sem tilgreindar eru í viðauka IIIA, IIIB, IVA eða IVB við lög þessi né vara sem flokkast í vörulið 1517 eða í tollskrárnúmer 2106.9059 í viðauka I við lög þessi.
9. Af vélum, vélarhlutum og varahlutum sem notuð eru til vinnslu á innlendum framleiðsluvörum.

10. Af tækjabúnaði og miðlum sem kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver nýta til starfsemi sinnar.
11. Af björgunarbúnaði og björgunartækjum, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að búnaðurinn verði einungis nýttur í starfsemi björgunarsveita.
12. Af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. A í lögunum:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Tollur á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt þeim tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skal vera 0, 25, 50 eða 75 hundraðshlutar af þeim tolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.
b. 4. mgr. fellur brott.

4. gr.

Við 46. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Tollgæslumönnum er heimilt að nota handjárn og gasvopn við beitingu valds samkvæmt þessari grein. Ríkistollstjóri skal að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra setja reglur um hvaða tollgæslumönnum verði heimilað að bera og beita slíkum búnaði, notkun hans og þjálfun tollgæslumanna.

5. gr.

Á eftir orðunum „sbr. 101. gr.“ í 3. mgr. 100. gr. laganna kemur: eða ríkistollstjóra, sbr. 102. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „úrskurði tollstjóra skv. 100. gr.“ í 1. mgr. kemur: þó ekki úrskurði sem kæranlegur er til ríkistollstjóra skv. 102. gr.
b. Á eftir orðunum „úrskurð tollstjóra skv. 100. gr.“ í 2. mgr. kemur: þó ekki úrskurð sem kæranlegur er skv. 102. gr.
c. 11. mgr. orðast svo:

Nefndin skal úrskurða kærur um gjöld sem tollstjórar leggja á innfluttar vörur samkvæmt ákvæðum annarra laga, nema úrskurður tollstjóra sæti kæru til ríkistollstjóra, sbr. 102. gr. Gilda ákvæði þessarar greinar um slíkar kærur eftir því sem við getur átt.

7. gr.

102. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Kærur til ríkistollstjóra.

Innflytjandi getur skotið úrskurði tollstjóra skv. 100. gr., er varðar tollfrelsi vara skv. 3. og 5. gr., eða lækkun, niðurfellingu og endurgreiðslu tolls skv. 2.–12. tölul. 6. gr., til ríkistollstjóra innan 60 daga frá póstlagningu úrskurðar.

Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Ríkistollstjóri skal úrskurða um kæru innan 30 daga frá því er hún barst honum. Úrskurður ríkistollstjóra er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

Ríkistollstjóri skal úrskurða kærur um gjöld sem tollstjórar leggja á innfluttar vörur eftir ákvæðum annarra laga ef ágreiningur varðar lækkun eða niðurfellingu gjalds á grundvelli 3. gr., 5. gr. eða 2.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga þessara eða ef sérstaklega er tekið fram í viðkomandi lögum að ákvörðun sú sem ágreiningur er um sæti kæru til ríkistollstjóra.

8. gr.

143. gr. laganna orðast svo:

Samþykki Tollasamvinnuráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána, úrskurði eða gefi út túlkun um tollflokkun eða nýja samræmda tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrá er ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður, breyta eða taka upp ný tollskrárnúmer. Ráðherra er jafnframt heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer ef þess gerist þörf, t.d. til að afla megi nauðsynlegra upplýsinga vegna hagskýrslugerðar.

Breytingar á tollskrá skv. 1. mgr. skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda og hafa ekki afturvirkt gildi. Breytingarnar skulu ekki hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá, gjöld eða gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir og þess háttar sem kveðið er á um í öðrum lögum.

Ráðherra er heimilt að sameina í eitt tollskrárnúmer vörur sem koma til landsins með póstsendingum í einu komunúmeri og eru að tollverðmæti 25.000 kr. eða minna. Slík breyting skal þó ekki hafa áhrif á fjárhæð tolls af viðkomandi vörum.

9. gr.

Við 147. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Fjármálaráðherra skal hrinda í framkvæmd ákvæðum í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, svo og bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra.

II. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

10. gr.

Við 2. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó sætir úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða lækkun gjalda, á grundvelli 3. gr., 5. gr. eða 6. gr. tollalaga, kæru til ríkistollstjóra í samræmi við ákvæði 102. gr. tollalaga.

11. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 3. gr., 5. gr. og 1.–7. og 9.–12. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu ná til vörugjalds samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.

12. gr.

2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Við innflutning og sölu á áfengi til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna. Jafnframt af áfengi sem áfengisgjald hefur verið reiknað eða greitt af en er síðar sent til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollvörugeymslu, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði eða er fargað undir eftirliti tollyfirvalda.
b. 2. mgr. fellur brott.

14. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengisgjalds skv. 6. gr. sætir kæru til ríkistollstjóra í samræmi við 102. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Þá skulu ákvæði tollalaga gilda að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald af innfluttu áfengi.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl., með síðari breytingum.

16. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Við 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður sem orðast svo: Bifreiðar og vélsleðar sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að viðkomandi bifreið eða vélsleði verði einungis notuð í þágu björgunarsveita.

18. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 3. gr., 6. tölul. 5. gr. og 1.–6. og 11. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu ná til vörugjalds af ökutækjum samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

19. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Eftirfarandi vörur skulu undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning:

1. Vörur sem eru tollfrjálsar eða undanþegnar tolli skv. 3. gr., 5. gr. og 2.–6. og 11. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.
2. Vörur sem undanþegnar eru virðisaukaskatti samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

3. Vörur sem undanþegnar eru skattskyldri veltu, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 12. gr.
4. Listaverk sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000 og listamaðurinn sjálfur flytur inn.
5. Ritað mál sem sent er til vísindastofnana, bókasafna og annarra opinberra stofnana án endurgjalds án tillits til í hvaða formi efnið er, enda sé innflutningurinn ekki í viðskiptaskyni.
6. Vörur, þó ekki áfengi eða tóbak, sem fluttar eru til landsins af aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr., ef fob-verð sendingar nemur ekki hærri fjárhæð en 1.500 kr.
7. Bifreiðar og vélsleðar sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á því að viðkomandi bifreið eða vélsleði verði einungis notuð í þágu björgunarsveita.

Úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 1.–6. tölul. 1. mgr. sætir kæru til ríkistollstjóra í samræmi við 102. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

20. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurgreiða skal virðisaukaskatt af rannsóknartækjum sem óskattskyldir aðilar kaupa fyrir styrkfé eða fá að gjöf.

VI. KAFLI
Gildistaka.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000 og taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum ýmissa laga er kveða á um álagningu gjalda á vörur sem fluttar eru hingað til lands eða eru framleiddar hér á landi. Nánar tiltekið er hér um að ræða breytingar á ákvæðum tollalaga, laga um vörugjald, laga um gjald af áfengi, laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og laga um virðisaukaskatt. Með breytingum þeim sem lagðar eru til er stefnt að því að kveðið verði skýrar en nú er á um það í hvaða tilvikum gjöld þau, sem lögð eru á með fyrrgreindum lögum, skuli felld niður eða lækkuð.

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir að engan skatt megi á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Þá er í 77. gr. stjórnarskrárinnar kveðið á um að skattamálum skuli skipa með lögum. Með 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, var málslið bætt við 77. gr. þar sem tekið er fram að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Talið hefur verið að með þessari breytingu hafi heimildir löggjafans til að framselja til framkvæmdarvaldsins ákvörðunarvald um álagningu, breytingu eða niðurfellingu skatta verið þrengdar frá því sem áður var. Af þessum sökum þykir rétt að leggja til breytingar sem miða að því að niðurfelling ýmissa gjalda sem lögð eru á vörur við innflutning þeirra til landsins eða framleiðslu þeirra hér á landi verði lögákveðin í stað þess að handhöfum framkvæmdarvalds sé framseld heimild til að ákveða hvort til lækkunar eða niðurfellingar skuli koma.

Í frumvarpinu er leitast við að setja skýrari lagaákvæði um lækkun og niðurfellingu ýmissa gjalda sem lögð eru á vörur við innflutning þeirra eða framleiðslu innan lands. Í flestum

tilvikum er ekki um efnislegar breytingar að ræða frá núverandi framkvæmd. Þó eru lagðar til nokkrar efnisbreytingar á gildandi reglum um niðurfellingu gjalda. Gerð verður grein fyrir slíkum breytingum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Auk breytinga á ákvæðum tollalaga og annarra laga er varða niðurfellingu gjalda er lögð til breyting á málskotsreglum í þeim tilvikum er ágreiningur rís um niðurfellingu. Í 3. gr., 5. gr. og 6. gr. tollalaga er að finna helstu ákvæði laganna um lækkun og niðurfellingu tolla af vörum í tilteknum tilvikum. Þessar niðurfellingarheimildir ná í mörgum tilvikum jafnframt til vörugjalda og virðisaukaskatts. Samkvæmt gildandi lögum verður úrskurðum tollstjóra um lækkun eða niðurfellingu gjalda skv. 3. gr., 5. gr. og 6. gr. laganna skotið til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð á stjórnsýslustigi.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að í stað þess að úrskurðum tollstjóra um lækkun eða niðurfellingu gjalda verði skotið til ríkistollanefndar verði þeim skotið til ríkistollstjóra sem kveði upp fullnaðarúrskurð á stjórnsýslustigi. Meginrökin fyrir þessari breytingu eru að telja verður að möguleiki innflytjenda til að kæra synjun tollstjóra á niðurfellingu tolls, og eftir atvikum annarra aðflutningsgjalda, verði virkari og málsmeðferð einfaldari við að unnt verði að kæra synjunina til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar. Hafa ber í huga að í flestum tilvikum eru fjárhæðir aðflutningsgjalda ekki háar.

Öðrum úrskurðum tollstjóra en þeim er varða fyrrgreind niðurfellingarákvæði yrði eftir sem áður skotið til ríkistollanefndar.

Auk fyrrgreindra tillagna er lagt til í frumvarpinu að tollgæslumönnum verði heimiluð notkun tiltekinna vopna við störf sín ef þörf krefur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. gr. tollalaga er kveðið á um hvaða vörur skuli vera tollfrjálsar við innflutning. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram en að við ákvæðið bætist ýmsar heimildir sem samkvæmt gildandi lögum eru háðar ákvörðun fjármálaráðherra um niðurfellingu og falla af þeim sökum undir 6. gr. laganna. Jafnframt er lagt til að tekin verði upp í greinina nokkur niðurfellingarákvæði sem ekki er að finna í gildandi lögum.

Um 1. tölul.: Ekki er um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum, sbr. 1.–3. tölul. 5. gr. laganna.

Um 2. tölul.: Sú breyting er lögð til á orðalagi laganna að í stað þess að þau kveði á um heimild fjármálaráðherra til að fella niður toll af varningi sem ferðamenn og farmenn hafa með sér til landsins verði niðurfelling tolls lögbundin. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra ákvarði í reglugerð magn þess varnings sem ferðamenn og farmenn megi hafa tollfrjálst með sér til landsins.

Um 3.–7. tölul.: Ákvæðin eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 6.–10. tölul. 5. gr. laganna.

Um 8. tölul.: Hér er kveðið á um niðurfellingu tolls af gjöfum í tilteknum tilvikum.

Í a-lið er kveðið á um niðurfellingu tolls af gjöfum sem aðilar búsettir erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni. Hér er einkum um að ræða jóla- og afmælisgjafir, svo og aðrar sambærilegar tækifærisgjafir. Niðurfelling á tolli af slíkum sendingum hefur byggst á ákvæði 4. málsl. 10. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, en þar er ráðherra heimilað að fella niður toll af gjöfum sem eru sendar hingað af sérstöku tilefni. Sú regla sem lögð er til í frumvarpinu er sambærileg við núverandi framkvæmd við niðurfellingu aðflutningsgjalda af slíkum tækifærisgjöfum. Þó er lagt til að gjaldfrelsismörk hækki umtalsvert, eða úr 33 SDR (um 3.300 kr.) í 7.000 kr. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að gjöf undir verð-

mætamörkunum sé tollfrjáls, en ef verðmæti hennar er meira verði hún tollfrjáls að því marki sem hún er undir verðmætamörkunum. Gera verður þá kröfu til móttakanda gjafar að hann sýni fram á að um gjöf af sérstöku tilefni sé að ræða.

Í b-lið er lagt til að gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi verði tollfrjálsar, enda sé um að ræða vörur sem nýttar verði beint til viðkomandi starfsemi. Um árabil hefur verið að finna heimild í fjárlögum fyrir fjármálaráðherra til að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi. Lagt er til að í stað þess að slík heimild sé sett í fjárlögum hverju sinni verði niðurfelling lögbundin. Lagt er til að heimildin verði í tollalögum og nái jafnframt til vörugjalds og virðisaukaskatts með tilvísun úr vörugjaldslögum og virðisaukaskattslögum til ákvæðisins.

Jafnframt er tekið fram í b-lið að gjafir sem sendar eru hingað til lands frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra skuli vera tollfrjálsar. Þetta ákvæði er samhljóða 3. málsl. 10. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að um lögbundna niðurfellingu verður að ræða.

Í c-lið er lagt til að tekið verði upp ákvæði þess efnis að gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki skuli vera tollfrjálsar. Gert er ráð fyrir því að ákvæðið nái jafnframt til vörugjalds og virðisaukaskatts með tilvísun úr þeim lögum. Enda þótt ákvæði sem þetta sé ekki að finna í gildandi lögum hefur tíðkast að fella gjöld niður af gjöfum af þessu tagi á grundvelli hinnar almennu heimildar sem ráðherra er veitt í 4. málsl. 10. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna til að fella niður toll af vörum sem aðilar búsettir erlendis senda hingað til lands af sérstöku tilefni.

Lagt er til að heimild 1. málsl. 10. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, til niðurfellingar á tolli og eftir atvikum öðrum aðflutningsgjöldum af venjulegum brúðargjöfum frá aðilum búsettum erlendis, falli brott. Brúðkaupsgjafir mundu þó teljast til gjafa sem gefnar eru af sérstöku tilefni og samkvæmt því njóta niðurfellingar eða lækkunar gjalda, sbr. umfjöllun um a-lið þessa töluliðar. Þá er lagt til að felld verði brott heimild til að fella niður toll af munum sem aðilar búsettir erlendis senda Norræna húsinu að gjöf, en niðurfelling gjalda af þess háttar gjöfum getur byggst á ákvæði um niðurfellingu tolls af gjöfum sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki.

Um 9. tölul.: Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 19. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að niðurfelling verði lögákveðin.

Um 10. tölul.: Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að niðurfelling verði lögbundin.

Um 11. tölul.: Í 11. tölul. er kveðið á um niðurfellingu tolla af ýmsum sendingum sem berast hingað til lands vegna markaðssetningar og vöruþróunar.

Í a-lið er kveðið á um að sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis skuli vera tollfrjáls. Ákvæðið er að mestu samhljóða 21. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að niðurfelling verði lögákveðin.

Í b-lið er kveðið á um tollfrelsi hugbúnaðargagna sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar. Hér er um að ræða heimild sem ekki er að finna í núgildandi lögum en ástæða þykir til að verði lögfest.

Í c-lið er lagt til að verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar verði tollfrjáls. Slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum. Mikið magn af hvers kyns verðlausum bæklingum og bréfum berst

hingað til lands á ári hverju. Hér er að jafnaði um verðlausar eða því sem næst verðlausar vörur að ræða og þykir til hagræðingar að tekið sé fram í lögum um gjaldfrelsi slíkra sendinga.

Í 2. mgr. greinarinnar er tekið fram að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt greininni. Nauðsynlegt er að útfæra niðurfellingarákvæði frekar í reglugerð þannig að ljóst sé hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að gjöld verði felld niður í einstökum tilvikum.

Um 2. gr.

Í 6. gr. tollalaga er að finna heimildir fyrir fjármálaráðherra til að lækka, fella niður eða endurgreiða tolla í tilteknum tilvikum. Lagt er til að í stað slíkrar heimildar fyrir ráðherra verði niðurfelling, lækkun eða endurgreiðsla lögákveðin og jafnframt sett um hana skilyrði í lögum eftir því sem nauðsyn krefur.

Afmörkun á tollfrelsisákvæði 5. gr. og niðurfellingar- og lækkunarákvæði 6. gr. samkvæmt frumvarpinu er nokkuð vandasöm. Við mat á því hvort niðurfelling skuli falla undir 5. gr. eða 6. gr. er fyrst og fremst lagt til grundvallar hvort undanþága frá gjaldskyldu sé háð einhverjum skilyrðum sem ekki liggja fyrir við innflutninginn. Ef svo er ekki flokkast niðurfelling undir 5. gr. Sé niðurfelling hins vegar háð skilyrðum, t.d. um nýtingu vöru, flokkast hún undir 6. gr. Jafnframt heyrir heimild undir 6. gr. ef ekki er um að ræða fulla niðurfellingu tolla heldur eingöngu lækkun.

Um 1. tölul.: Kveðið er á um að tollur skuli lækka eða falla niður í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Tekið er fram til skýringar að niðurfelling eða lækkun taki gildi frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Þetta ákvæði svarar til 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að niðurfelling tolls verður lögbundin í stað þess að vera háð ákvörðun fjármálaráðherra.

Um 2. tölul.: Í 2. tölul. er fjallað um niðurfellingu tolls í ýmsum tilvikum ef um tímabundinn innflutning er að ræða.

Í a-lið er kveðið á um niðurfellingu tolls er vörur eru sendar tímabundið hingað til lands til sýningar eða flutnings. Ákvæðið er að mestu sambærilegt við 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, en þó er gert ráð fyrir að niðurfelling verði lögákveðin.

Ákvæði b–d-liða samsvara 5., 6. og 18. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að niðurfelling tolls er lögákveðin en ekki háð ákvörðun ráðherra.

Í 2. mgr. 2. tölul. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra ákveði hámarkstíma sem tímabundinn tollfrjáls innflutningur taki til hverju sinni, þó þannig að hann skuli aldrei vera til lengri tíma en tólf mánaða. Jafnframt geti ráðherra afmarkað þær vörur sem ákvæðið nái til.

Um 3. tölul: Ákvæðið tekur til niðurfellingar og lækkunar tolls af ökutækjum sem aðilar búsettir erlendis, svo sem erlendir ferðamenn, hafa með sér hingað til lands til tímabundinna nota. Ákvæðið er efnislega að mestu sambærilegt við ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Þó er gert ráð fyrir að tollur verði, í þeim tilvikum er hann reiknast, ákvarðaður sem 1/60 hluti tollverðs. Þetta er í samræmi við gildandi framkvæmd. Þá er í síðustu málsgrein ákvæðisins að finna niðurfellingarákvæði vegna eldsneytis sem eru í tönkum ökutækis við komu til landsins, svo og varahluta sem flytja þarf til landsins ef ökutæki bilar. Þetta er lagt til í samræmi við núverandi framkvæmd.

Um 4. tölul.: Í ákvæðinu er fjallað um tímabundinn innflutning stærri tækja, þ.m.t. ökutækja, í atvinnuskyni hingað til lands. Í 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga er heimilað að

tollur af slíkum tækjum reiknist af leigu eða áætlaðri leigu í stað venjulegs tollverðs og heimilað er að gjaldið reiknist sem fast gjald miðað við venjulegan afskriftartíma tækis.

Lagt er til að hámarkstími slíks innflutnings verði tólf mánuðir þannig að ef innflutningur er til lengri tíma reiknist gjöld af tækinu eins og ef um ótímabundinn innflutning væri að ræða. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að þau tæki sem ákvæðið tekur til bera almennt hvorki tolla né vörugjald. Því ber einungis að greiða af þeim virðisaukaskatt sem innflytjandi sem skráð hefur starfsemi sína hér á landi getur fengið frádreginn sem innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri sínu. Því hefur þýðing þessa ákvæðis minnkað stórlega frá því sem áður var.

Til einföldunar er lagt til að gjaldið verði ætíð hið sama, eða 1/60 hluti eðlilegs tollverðs fyrir hvern byrjaðan mánuð, í stað þess að ráðast af afskriftartíma hvers tækis um sig.

Um 5. tölul.: Í 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga er ráðherra heimilað að fella niður eða endurgreiða toll af vöru sem endurseld er til útlanda. Lagt er til að slík niðurfelling verði lögbundin hvað varðar ónotaða vöru og jafnframt að sama gildi ef vara er seld í tollfrjálsa verslun.

Um 6. tölul: Ákvæðið samsvarar efnislega 9. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að niðurfelling eða lækkun verði lögákveðin.

Um 7. tölul.: Ákvæðið samsvarar efnislega 16. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að niðurfelling eða lækkun verði lögákveðin.

Um 8. tölul.: Hér er að finna ákvæði um niðurfellingu tolls af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur.

Í 13. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga er að finna heimild til fjármálaráðherra til að fella niður eða endurgreiða tolla af hráefni, efnivörum og hlutum í erlendar framleiðsluvörur ef tollar á sams konar erlendri framleiðsluvöru eru jafnháir eða lægri en af efnivörunum. Lagt er til að í stað slíkrar ráðherraheimildar til niðurfellingar tolls verði lögbundin sú meginregla að tollur skuli falla niður af hráefni, efnivöru eða hlut í innlenda framleiðsluvöru, svo og af umbúðum fyrir slíka vöru. Samkvæmt þessu yrði það ekki lengur skilyrði niðurfellingar að tollur á sambærilegri erlendri framleiðsluvöru væri jafnhár eða lægri en tollur af hráefninu eða efnivörunni.

Tekið er fram að sé aðvinnsla sem á sér stað hér á landi óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, teljist framleiðsluvara ekki vera innlend og verður tollur samkvæmt því ekki felldur niður af hráefni, efnivöru eða hlutum í framleiðsluvöruna.

Lagt er til að tollur verði ekki felldur niður ef um er að ræða landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar á grundvelli innlendrar landbúnaðarstefnu. Hér er fyrst og fremst um að ræða þær vörur sem lúta reglum um úthlutun tollkvóta, þ.e. vörur sem tilgreindar eru í viðaukum IIIA og B og IVA og B við tollalög. Þar er m.a. um að ræða kjötvörur, mjólkurafurðir, egg og grænmeti. Einnig er gert ráð fyrir að vörur í vörulið 1517 og tollskrárnúmeri 2106.9059 í tollskrá njóti ekki niðurfellingar, en þar er um að ræða vörur sem telja má staðgönguvörur smjörs, þ.e. smjörlíki og smjörva.

Rétt er að taka fram að í framkvæmd hefur tollur almennt ekki verið felldur niður af framangreindum landbúnaðarvörum þótt þær séu fluttar til landsins sem hráefni í innlenda framleiðslu. Með ákvæðinu er stefnt að því að skjóta skýrari stoðum undir þá framkvæmd.

Framkvæmd niðurfellingar af hráefni, efnivöru og hlutum í innlendar framleiðsluvörur hefur verið í höndum ríkistollstjóra. Verði frumvarpið að lögum mun framkvæmdin flytjast til einstakra tollstjóra en ákvörðun tollstjóra verður hins vegar skotið til ríkistollstjóra. Gera má ráð fyrir að útgefnar heimildir til niðurfellingar verði afturkallaðar og að sækja þurfi að nýju um niðurfellingu samkvæmt þessu ákvæði.

Um 9. tölul.: Kveðið er á um að tollur skuli falla niður af vélum, vélarhlutum og varahlutum sem notaðir eru til vinnslu á innlendum framleiðsluvörum. Í 2. málsl. 13. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga er að finna heimild til ráðherra til slíkrar niðurfellingar.

Um 10. tölul.: Lagt er til að lögfest verði að tollur skuli falla niður af tækjabúnaði og miðlum sem kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver nýta til starfsemi sinnar. Slík niðurfelling hefur tíðkast um árabil með vísan til ákvæðis 13. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, sbr. h- og i-liði hér að framan. Æskilegt þykir að renna tryggari lagastoð undir niðurfellinguna og er breyting þessi því lögð til.

Um 11. tölul.: Í þessum tölulið er kveðið á um að tollur skuli falla niður af björgunarbúnaði og björgunartækjum, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að búnaðurinn verði einungis nýttur í starfsemi björgunarsveita. Í fjárlögum hvers árs um sig hefur verið að finna almenna heimild til fjármálaráðherra til að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita. Æskilegt þykir að niðurfelling verði ákvörðuð í tollalögum og nái jafnframt til vörugjalds og virðisaukaskatts með tilvísun í ákvæðið úr þeim lögum. Þá þykir ekki ástæða til að takmarka niðurfellingu við gjafir heldur nái hún einnig til vara sem sveitirnar flytja sjálfar inn.

Um 12. tölul.: Ákvæðið er efnislega samhljóða 22. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að niðurfelling verður lögbundin.

Í 2. mgr. segir að ráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls og að hann geti gert að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda verði lögð fram. Hér er því gert ráð fyrir að ráðherra útfæri nánar ákvæði greinarinnar um lækkun eða niðurfellingu.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 3. og 4. mgr. 6. gr. A tollalaga um tollkvóta í tollalögum verði sameinuð í eina málsgrein. Með breytingunni skapast möguleiki fyrir landbúnaðarráðherra til að úthluta tollkvótum fyrir vörur sem tilgreindar eru í viðauka IVA við tollalög á 0% eða 25% tolli, en slíka heimild mætti nýta til úthlutunar á tollkvóta fyrir landbúnaðarvörur sem fluttar eru inn sem hráefni í innlenda framleiðslu verði tilefni talið til.

Um 4. gr.

Undanfarin ár hafa afskipti tollgæslumanna af aðilum sem stunda ólöglegan innflutning fíkniefna aukist umtalsvert. Nauðsynlegt er talið að þeim tollgæslumönnum sem einkum fást við eftirlit með slíkum innflutningi verði heimilað að bera nauðsynlegan búnað til að geta gætt öryggis síns og annarra. Því er lagt til að tollgæslumönnum verði heimilað að bera og beita handjárnum og gasvopnum við störf sín. Lagt er til að ríkistollstjóri setji nánari reglur um það hvaða tollgæslumönnum verði heimilt að nýta slíkan búnað, notkun hans og þjálfun tollgæslumanna. Reglur þessar skulu settar að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra. Við það skal miðað að að jafnaði verði einungis þeim tollgæslumönnum sem einkum sinna eftirliti með innflutningi fíkniefna veitt slík heimild.

Um 5. gr.

Lögð er til breyting á 100. gr. tollalaga til samræmis við þá breytingu að ákvörðunum tollstjóra varðandi niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu gjalda, sbr. 3. gr., 5. gr. og 2.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, verði skotið til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar. Um rök fyrir þeirri breytingu vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 101. gr. tollalaga sem fjallar um kærur til ríkistollanefndar, til samræmis við þá breytingu að tilteknum ákvörðunum tollstjóra verði skotið til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar. Um rök fyrir þeirri breytingu vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 7. gr.

Hér er að finna ákvæði um að úrskurðum tollstjóra varðandi tollfrelsi vara skv. 3. og 5. gr. tollalaga, svo og lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu tolls skv. 2.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, verði skotið til ríkistollstjóra.

Ætla má að með þessari breytingu, þ.e. að úrskurðir tollstjóra varðandi niðurfellingu tolls og eftir atvikum annarra gjalda sæti kæru til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar, verði möguleiki innflytjanda til að kæra synjun tollstjóra á niðurfellingu gjalda virkari og málsmeðferð einfaldari. Að jafnaði er ekki um flókin ágreiningsmál að ræða og á að vera auðvelt fyrir tollyfirvöld og innflytjanda að staðreyna hvort réttur til niðurfellingar sé til staðar.

Gert er ráð fyrir að úrskurðir tollstjóra varðandi niðurfellingu eða lækkun tolla á grundvelli fríverslunarsamninga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr., sæti eftir sem áður kæru til ríkistollanefndar. Þar er um að ræða niðurfellingar eða lækkunarheimild sem er annars eðlis en aðrar niðurfellingarheimildir tollalaga. Niðurstaða ræðst m.a. af því hvort uppfyllt séu skilyrði um tiltekinn uppruna vöru. Eðlilegra þykir að mál af þessum toga sæti áfram kæru til ríkistollanefndar.

Í 3. mgr. er kveðið á um í hvaða tilvikum úrskurði tollstjóra varðandi önnur gjöld en toll verði skotið til ríkistollstjóra. Það er annars vegar í þeim tilvikum er ágreiningur varðar lækkun eða niðurfellingu tolls á grundvelli 3. gr., 5. gr. eða 2.–12. tölul. 6. gr., þ.e. í þeim tilvikum þegar ákvörðun yrði skotið til ríkistollstjóra ef um álagningu tolls væri að ræða. Hins vegar verður ákvörðunum skotið til ríkistollstjóra ef sérstaklega er kveðið á um það í viðkomandi lögum að ákvörðun sú sem ágreiningur er um sæti kæru til ríkistollstjóra. Þar gæti verið um að ræða niðurfellingarákvæði sem eru eðlislík niðurfellingarákvæðum tollalaga.

Um 8. gr.

Lögð er til breyting á 143. gr. tollalaga.

Ákvæði 1. mgr., sem fjallar um heimild tollstjóra til að breyta tollskrá í tilteknum tilvikum, samsvarar 2. og 3. mgr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er fjallað um birtingu ákvarðana tollstjóra um breytingar á tollskrá og tekið fram að slíkar breytingar hafi ekki áhrif á álagningu tolla eða annarra gjalda. Ákvæðið samsvarar 4. og 5. mgr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er fjallað um heimild ráðherra til að sameina smásendingar í eitt tollskrárnúmer til einföldunar á tollafgreiðslu. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, en þessi heimild þykir fremur eiga heima í 143. gr.

Um 9. gr.

Lagt er til að ný málsgrein bætist við 147. gr. tollalaga, þar sem ráðherra er falið að láta koma til framkvæmda ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga. Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 2. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, en á fremur heima í 147. gr.

Um 10. gr.

Lögð er til breyting á 11. gr. vörugjaldslaga, nr. 97/1987, þess efnis að úrskurðir tollstjóra um niðurfellingu eða lækkun vörugjalds á grundvelli niðurfellingarákvæða tollalaga skuli sæta kæru til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar.

Um 11. gr.

Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 12. gr. vörugjaldslaga, þar sem skýrt verði kveðið á um hvaða ákvæði tollalaga um tollfrelsi, niðurfellingu eða lækkun tolls skuli jafnframt ná til vörugjalds. Í gildandi lögum er látið nægja að tilgreina að ákvæði tollalaga um gjaldskyldu o.fl. skuli gilda um vörugjald án tilvísunar til einstakra niðurfellingarheimilda. Þar sem vafi getur leikið á um það hvort ákvæði tollalaganna nái í einstökum tilvikum einnig til vörugjalds er lagt til að tekin verði af öll tvímæli með því að tilgreina sérstaklega þau ákvæði sem við eiga.

Gert er ráð fyrir að ákvæði tollalaga um niðurfellingu af hráefni eða efnivöru til innlendrar framleiðslu taki ekki til vörugjalds. Ástæðan er sú að samkvæmt vörugjaldslögum gilda sérstakar reglur gilda um niðurfellingu eða endurgreiðslu vörugjalds af hráefni og efnivöru, svo og um framkvæmd slíkrar niðurfellingar, sbr. 10. gr. vörugjaldslaga.

Um 12. gr.

Í þessari grein er annars vegar lagt til að 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. vörugjaldslaga falli brott, en þar er fjármálaráðherra heimilað að breyta álagningu vörugjalds á einstakar vörur eða tollskrárnúmer til samræmingar á gjaldtöku. Ekki þykir rétt, með vísan til 77. gr. stjórnarskrárinnar, að ráðherra hafi slíka heimild og því er lagt til að hún falli brott.

Hins vegar er lagt til að 2. mgr. 13. gr. laganna falli brott, en þar er ráðherra heimilað að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara og garðyrkjuafurða. Að því er varðar niðurfellingu eða endurgreiðslu vörugjalds af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara er þess að geta að sérstakar reglur gilda um niðurfellingu eða endurgreiðslu vörugjalds af hráefni og efnivöru, svo og um framkvæmd slíkrar niðurfellingar, sbr. 10. gr. vörugjaldslaga. Hvað varðar niðurfellingu vörugjalds af efni til framleiðslu garðyrkjuafurða er þess hins vegar að geta að samkvæmt frumvarpinu verður heimild í tollalögum til niðurfellingar tolls af slíku efni og mun sú heimild einnig ná til vörugjalds.

Um 13. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 6. gr. laga um gjald af áfengi, en þar er fjallað um niðurfellingu og endurgreiðslu áfengisgjalds.

Í a-lið er annars vegar lagt til að innflutningur og sala á áfengi til tollfrjálsra verslana og í tollfrjálsar forðageymslur verði jafnan undanþegin áfengisgjaldi. Samkvæmt gildandi lögum er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjald á áfengi sem flutt er inn eða selt til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna. Eðlilegt þykir að áfengi sem selt er til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna verði jafnan undanþegið gjaldinu og er breyting þessi því lögð til.

Hins vegar er í a-lið lagt til að áfengisgjald skuli endurgreitt af áfengi sem áfengisgjald hefur verið reiknað eða greitt af en er síðar sent til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollvörugeymslu, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði eða er fargað undir eftirliti tollyfirvalda. Rétt þykir að heimila endurgreiðslu áfengisgjalds í þessum tilvikum. Um er að ræða fremur hátt gjald og fyrirkomulag á smásölu áfengis er þannig að hætt er við að í einstökum tilvikum

sé meira magn pantað til smásölu en unnt reynist að selja. Geta birgjar þá neyðst til að taka aftur við óseldum birgðum.

Í b-lið er lagt til að 2. mgr. laganna falli brott. Breytingin er lögð til í ljósi þess að breytingar sem lagðar eru til á 1. mgr. gera ákvæði 2. mgr. óþarft.

Um 14. gr.

Lagt er til að 8. gr. laga um gjald af áfengi verði felld brott, en þar er fjármálaráðherra heimilað að breyta fjárhæð áfengisgjalds. Ekki þykir eðlilegt, í ljósi ákvæðis 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. laga nr. 97/1995, að ráðherra hafi slíka heimild. Tekið skal fram að heimildinni hefur ekki verið beitt.

Um 15. gr.

Lagt er til að ákvarðanir tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengisgjalds skv. 6. gr. laga um gjald af áfengi sæti kæru til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar. Um rök fyrir því fyrirkomulagi vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 16. gr.

Í greininni er lagt til að felld verði brott heimild fjármálaráðherra til að samræma vörugjald af ökutækjum eða öðrum gjaldskyldum vörum samkvæmt lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Ekki þykir eðlilegt, í ljósi ákvæðis 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. laga nr. 97/1995, að slík heimild sé í lögum.

Um 17. gr.

Á undanförnum árum hefur sérstakur liður á fjárlögum verið ætlaður til endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af ökutækjum og vélsleðum sem flutt eru inn vegna starfsemi björgunarsveita. Fjárhæð endurgreiddra gjalda hefur verið takmörkuð við þá fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hvers árs. Samvinna hefur verið á milli fjármálaráðuneytis, landssamtaka björgunarsveita og sérstakrar nefndar, bílanefndar ríkisins, um framkvæmd og eftirlit við endurgreiðsluna.

Lagt er til að þessu fyrirkomulagi verði breytt þannig að í stað endurgreiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í fjárlögum verði lögbundin niðurfelling á ökutækjum og vélsleðum sem flutt eru inn fyrir starfsemi björgunarsveita. Þessi breyting skapar aukið svigrúm til innflutnings í samræmi við þarfir björgunarsveita hverju sinni. Gert er ráð fyrir að svipað eftirlit verði með innflutningnum og verið hefur, þ.e. að bílanefnd ríkisins yfirfari umsóknir um niðurfellingu hverju sinni og að sett verði skilyrði um notkun búnaðar. Að auki er gert ráð fyrir því að landssamtök björgunarsveita staðfesti að viðkomandi bifreið eða vélsleði verði einungis nýtt í starfsemi björgunarsveita.

Um 18. gr.

Í greininni er lagt til að tiltekið verði skýrt hvaða niðurfellingarákvæði tollalaga skuli ná til vörugjalds af ökutækjum.

Um 19. gr.

Í 36. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er kveðið á um það, í hvaða tilvikum vörur skuli undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning. Í 19. gr. frumvarpsins eru lagðar eru til nokkrar efnisbreytingar frá gildandi ákvæði og þykir heppilegra að leggja til nýtt orðalag fyrir greinina í heild.

Í 1. mgr. gildandi laga er vísað til þeirra niðurfellingarákvæða tollalaga sem jafnframt skuli ná til virðisaukaskatts. Lögð er til breyting á þeirri tilvísun, til samræmis við aðrar breytingar í frumvarpi þessu.

Í 2. tölul. er lagt til að tekið verði fram að virðisaukaskattur af innfluttum vörum skuli falla niður í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að.

Ákvæði 3.–5. tölul. samsvara efnislega 2. og 3. mgr. núgildandi greinar. Þó er lagt til að undanþága skv. 2. málsl. 3. mgr. greinarinnar falli brott. Þar er kveðið á um niðurfellingu virðisaukaskatts af rituðu máli sem sent er án endurgjalds. Ekki er talin þörf á slíku ákvæði lengur þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði rýmri ákvæði í tollalög um niðurfellingu gjalda af verðlausum bréfum, bæklingum og prentuðum gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar, sbr. 1. gr. frumvarpsins og mun það ákvæði ná til virðisaukaskatts.

Ákvæði 6. tölul. samsvarar efnislega 4. mgr. gildandi laga.

Í 7. tölul. er lagt til að við greinina bætist ákvæði þess efnis að bifreiðar og vélsleðar sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita skuli undanþegin virðisaukaskatti við innflutning ef fyrir liggur staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að viðkomandi bifreið eða vélsleði verði einungis nýtt í starfsemi björgunarsveita. Um rökin fyrir þessari breytingu og framkvæmd eftirlits vísast til athugasemda með 17. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt 1.–6. tölul. greinarinnar sæti kæru til ríkistollstjóra. Um rök fyrir því vísast til almennra athugasemda við frumvarpið. Gert er ráð fyrir að úrskurður um niðurfellingu skv. 7. tölul. sæti áfram kæru til ríkistollanefndar, þar sem ágreiningur um niðurfellingu vörugjalds af ökutækjum sætir jafnan kæru til þeirrar nefndar og þykir eðlilegt að sama eigi við um virðisaukaskatt.

Um 20. gr.

Lagt er til að við 42. gr. laga um virðisaukaskatt, er fjallar um endurgreiðslu virðisaukaskatts í ýmsum tilvikum, verði bætt ákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts af rannsóknartækjum. Í fjárlögum hvers árs hefur fjármálaráðherra verið heimilað að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af rannsóknartækjum sem eru gefin vísindastofnunum eða keypt fyrir styrki. Lagt er til að í stað fjárlagaheimildar verði endurgreiðsla lögbundin.

Um 21. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí 2000. Nauðsynlegt er að nægur tími verði til að fjármálaráðuneytið, ríkistollstjóri og einstakir tollstjórar geti undirbúið þær breytingar sem af frumvarpinu leiðir, m.a. með setningu nýrra reglugerða og verklagsreglna, svo og með fræðslu og undirbúningi fyrir þá starfsmenn tollyfirvalda sem breytingarnar varða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum o.fl.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem miða að því að niðurfellingar og endurgreiðslur tiltekinna skatta, t.d. tolla, vörugjalda og virðisaukaskatts, verði

lögfestar í stað þess að handhafi framkvæmdarvalds fari með slíkt ákvörðunarvald. Frumvarpið miðast við að sett verði ákvæði í viðkomandi skattalög um niðurfellingu gjalda sem verði í samræmi við núverandi fyrirkomulag þessara mála og er því gert ráð fyrir að áhrifin á tekjuhlið ríkissjóðs verði óveruleg. Einu áhrifin sem frumvarpið er talið hafa á gjaldahlið ríkissjóðs eru af endurgreiðslum skatta af búnaði björgunarsveita. Þær endurgreiðslur hafa verið færðar á gjaldahlið og er 50 m.kr. fjárveiting ætluð til að fjármagna greiðslurnar á viðfangsefninu *09–999–1.19 Ýmsar endurgreiðslur* í fjárlögum ársins 2000. Gert er ráð fyrir að sú fjárveiting falli niður en þar sem tekjur ríkissjóðs mundu lækka í sama mæli yrði afkoma ríkissjóðs óbreytt.

795. Svar [381. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um eftirlit með þungaflutningabifreiðum.

1. *Hvað kostar eftirlit með þungaflutningabifreiðum á ári, aðgreint eftir kjördæmum?*

Eftirlit Vegagerðar og lögreglu felst í eftirliti með stærð og þyngd ökutækja, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, ökumælum til þungaskatts, veitingu hópferðaleyfa og eftirliti með þeim, útgáfu undanþágna til þungaflutninga og útgáfu undanþágna og leyfa vegna ökumæla með tilheyrandi skráningarvinnu í gagnabanka Vegagerðarinnar og Skýrr. Eftirlit þetta kostar um 65 millj. kr. á ári og er kostað af Vegagerðinni.

Erfitt er að aðgreina kostnað eftir kjördæmum þar sem eftirlitsbifreiðar fara milli kjördæma. Mest áhersla er lögð á staði þar sem umferðin er mest, t.d. frá Suðurlandi til Vesturlands, þ.m.t. á höfuðborgarsvæðinu, en um 80% af umferðinni eru á þessum hluta landsins.

2. *Hversu margir vinna við eftirlit með ökuritum og vigtun vörubifreiða?*

Gerðar eru út fjórar eftirlitsbifreiðar að staðaldri, þrjár frá Reykjavík og ein frá Akureyri. Á vorin er bætt við eftirlitsbifreiðum frá Ísafirði og Reyðarfirði meðan frost er að fara úr vegum. Við eftirlitið vinna sex menn frá Vegagerðinni og fjórir frá ríkislögreglustjóra.

3. *Hvers konar tæki eru notuð við eftirlitið?*

Helstu tæki sem notuð eru við eftirlitið eru ásþungavogir, búnaður til skoðunar á skráningarblöðum ökurita, margvíslegur hugbúnaður, ýmis prófunarbúnaður og minni háttar tæki og verkfæri.

4. *Hver er hagrænn ávinningur ríkisins af eftirlitinu?*

Verðmæti vegakerfisins hefur ekki verið reiknað út, en ekki er ólíklegt að það geti numið 80–100 milljörðum. Sé afskriftatími um 30 ár er árleg afskrift 2,5–3 milljarðar króna. Tilgangur með þungaeftirliti er m.a. að vernda vegakerfið gegn álagi og tryggja þar með sem lengstan afskriftatíma, en hvert ár í lengri afskriftartíma skilar ríkinu um 100 millj. kr. á ári.

Árið 1994 var Vegagerðinni ásamt ríkisskattstjóra falið að fylgja eftir reglum um þungaskatt. Með því eftirliti og breyttu lagaumhverfi hafa árlegar tekjur ríkisins aukist um 900 millj. kr. Hluti þessara tekna er tilkominn vegna aukinnar umferðar en talið er að a.m.k. þriðjungur upphæðarinnar sé vegna þessa breytta fyrirkomulags (sjá meðfylgjandi súlurit).



Þá er það mat Vegagerðarinnar að eftirlitið stuðli að auknu umferðaröryggi.

5. *Er fyrirhugað að halda áfram slíku eftirliti og sé svo, er þá áætlað að það verði óbreytt eða aukið?*
Eftirlitinu verður haldið áfram og ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar þar á.

796. Frumvarp til laga [501. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:
Íslensk málnefnd er málræktar- og málverndarstofnun og rekur Íslenska málstöð.

2. gr.

4. gr. laganna, sbr. 121. gr. laga nr. 83/1997, orðast svo:
Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Íslenskrar málstöðvar til fimm ára í senn. Forstöðumaðurinn skal hafa lokið meistaraprófi eða jafngildu prófi í íslenskri málfræði. Leita skal álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur um stöðu forstöðumanns áður en hann er skipaður í stöðuna. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Hann stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar og gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Við undirbúning frumvarpsins var leitað umsagnar Háskóla Íslands og Íslenskrar málnefndar sem hafa lýst sig sammála þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir en leggja áherslu á áframhaldandi tengsl stofnananna. Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um Íslenska

málnefnd er varða ráðningu forstöðumanns og rekstrargrundvöll stofnunarinnar. Forstöðumaður verði skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í samræmi við þá meginreglu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkissins, að forstöðumenn skuli skipaðir til starfa af ráðherra. Þá er gert ráð fyrir að Íslensk málstöð verði sjálfstæð stofnun og ekki rekin í lögbundinni samvinnu við Háskóla Íslands.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að forstöðumaðurinn sé jafnframt prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild Háskóla Íslands. Starfsskyldur forstöðumannsins verði þannig einvörðungu við Íslenska málstöð.

Í 1. gr. er lagt til að sjálfstæði Íslenskrar málstöðvar verði áréttað með því að fella niður áskilnað um að rekstur málstöðvarinnar skuli vera í samvinnu Íslenskrar málnefndar og Háskóla Íslands. Það útilokar þó ekki að unnt verði að viðhalda starfstengslum Íslenskrar málstöðvar við háskólann eða einstakar háskólastofnanir á grundvelli sérstaks samkomulags ef þörf krefur en minnt er á að háskólaráð Háskóla Íslands, heimspekideild Háskóla Íslands og Orðabók Háskólans tilnefna fulltrúa sína í Íslenska málnefnd.

Í 2. gr. er lagt til að forstöðumaður verði skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í samræmi við þá meginreglu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að forstöðumenn skuli skipaðir til starfa af ráðherra. Fellt er niður það skilyrði að forstöðumaðurinn sé jafnframt prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild Háskóla Íslands, en gerðar þær hæfiskröfur að forstöðumaður hafi lokið meistaraprófi eða jafngildu prófi í íslenskri málfræði, sbr. almennar hæfiskröfur til kennara í háskólum samkvæmt lögum nr. 136/1997, um háskóla. Er þar komið til móts við það sjónarmið íslenskuskorar Háskóla Íslands að þótt forstöðumaðurinn verði ekki starfsmaður Háskóla Íslands leiði það ekki til þess að hæfiskröfur til hans minnki að ráði. Gert er ráð fyrir að starfsskyldur forstöðumannsins verði þannig einvörðungu við Íslenska málstöð er verði sjálfstæð stofnun.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að Íslensk málstöð sem rekin er af Íslenskri málnefnd verði gerð að sjálfstæðri stofnun en samkvæmt gildandi lögum er málstöðin rekin í samvinnu við Háskóla Íslands. Þá gerir frumvarpið ekki ráð fyrir að forstöðumaður málstöðvarinnar sé jafnframt prófessor við Háskóla Íslands eins og í gildandi lögum.

Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að Háskóli Íslands leggi Íslenskri málstöð ekki lengur til endurgjaldslaust húsnæði og þjónustu. Bein útgjöld málnefndarinnar námu 20 m.kr. árið 1998 en að auki er áætlað að Háskóli Íslands greiði 2–3 m.kr. árlegan kostnað þar sem hann lætur málnefndinni í té um 150 fermetra húsnæði auk þess að greiða póstburðargjöld hennar. Sé gengið út frá þeim forsendum að þessi kostnaður flytjist frá háskólanum yfir á málstöðina sem verði áfram í húsnæði háskólans og að háskólinn fari ekki fram á greiðslur fyrir húsgögn sem hann hefur lagt til starfseminnar hefur frumvarpið ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð þegar á heildina er litið. Gangi þetta ekki eftir gæti kostnaðarauki ríkissjóðs numið 2–3 m.kr. á ári.

797. Frumvarp til laga [502. mál]

um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er nefnist Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þ.e. flugstöðina sjálfa ásamt öllu því sem henni fylgir, eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum, til hins nýja félags.

2. gr.

Utanríkisráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins og fer með hlut íslenska ríkisins í því.

3. gr.

Unnið skal að því að nafnverð stofnhlutafjár félagsins nemi allt að 80% af bókfærðu eigin fé Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 30. júní 2000 sem jafnframt skal gilda sem stofnefnahagsreikningur félagsins, en 20% af eigin fé færist í varasjóð. Endanleg upphæð hlutafjár skal þó taka breytingum til hækkunar eða lækkunar í samræmi við niðurstöðu matsnefndar, sbr. 4. gr.

4. gr.

Utanríkisráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna, þar sem sitji a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi, til að meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og leggja mat á hvert hlutafé hlutafélagsins skuli vera. Nefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og skulu stjórnendur og starfsmenn hennar veita nefndinni þá aðstoð er hún óskar. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júlí 2000.

5. gr.

Hlutafé félagsins eins og það er ákveðið skv. 3. og 4. gr. telst að fullu innborgað með yfirtöku félagsins á Flugstöð Leifs Eiríkssonar og öllu því er henni fylgir skv. 1. gr.

6. gr.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess og ráðstöfun óheimil án samþykkis Alþingis.

7. gr.

Tilgangur félagsins er að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvelli og hvers konar aðra starfsemi sem þessu tengist.

8. gr.

Heimili og varnarþing félagsins skulu vera á Keflavíkurflugvelli, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

9. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í félaginu né heldur skulu ákvæði 2. mgr. 14. gr. hlutafélagalaga gilda um félagið. Að öðru leyti og ef annað leiðir ekki af lögum þessum taka ákvæði hlutafélagalaga til félagsins.

10. gr.

Félagið greiðir opinber gjöld á sama hátt og önnur hlutafélög hér á landi.

11. gr.

Við niðurlagningu stofnunarinnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sbr. 13. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, eftir því sem við á.

12. gr.

Stofnfund félagsins skal halda fyrir lok ágúst 2000. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið. Á stofnfundi skal kjósa félaginu stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar.

13. gr.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. skal hinn 1. október 2000 yfirtaka stofnunina Flugstöð Leifs Eiríkssonar með öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum sem henni fylgja. Stofnunin skal lögð niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð ráðgefandi stjórnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

14. gr.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. ber í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar á starfssviði og starfssvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem íslenska ríkið undirgengst og varða flugstöðina og starfsemi þá sem félagið yfirtekur. Er félaginu skylt að fara að fyrirmælum stjórnvalda hér að lútandi sem og öðrum fyrirmælum er varða flugstöðina og starfsemi hennar. Utanríkisráðherra er heimilt að útfæra nánar ákvæði þessarar greinar í reglugerð.

15. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að setja þjónustugjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða og jafnframt tekið tillit til nýjunga sem geta haft áhrif á söluverð þjónustu félagsins.

Þjónustugjaldskrá öðlast gildi þegar hún hefur verið staðfest af utanríkisráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

16. gr.

Allur kostnaður Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar greiðist af félaginu.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar var gert ráð fyrir því að hún gegndi tvíþættu hlutverki. Annars vegar skyldi hún notuð í þágu almenns flugrekstrar af hálfu ríkisstjórnar Íslands og hins vegar af heryfirvöldum Bandaríkjanna á ófriðartímum eða í neyðartilfellum í samræmi við varnarsamninginn og tengda samninga. Á grundvelli samkomulags á milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkjanna um framangreint greiddi Bandaríkjastjórn 20 milljónir dollara af byggingarkostnaði flugstöðvarinnar. Flugstöðin er eigi að síður óskipt eign íslenska ríkisins. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að rekstrarformi flugstöðvarinnar verði breytt og rekstur hennar og frekari uppbygging færð til hlutafélags sem verði að öllu leyti í eigu íslenska ríkisins.

Frá því að Flugstöð Leifs Eiríkssonar var tekin í notkun árið 1987 og allt þar til í október 1998 heyrði hún undir embætti flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli. Starfsemi hennar var þó greind frá annarri starfsemi þess embættis að ákveðnu marki og hún hefur til að mynda lengi verið sjálfstæður fjárlagaliður. Frá því í október 1998 hefur verið litið á hana sem sérstaka ríkisstofnun í B-hluta ríkisreiknings. Um stofnunina gilda þó ekki sjálfstæð lög. Stjórnsýslulega heyrir hún undir utanríkisráðuneytið sem skipað hefur henni þriggja manna ráðgefandi stjórn.

Árið 1997 var verulegt átak gert í því að styrkja fjárhag stöðvarinnar. Fólst það aðallega í því að fá einkaaðila til umsvifameiri verslunar- og veitingarekstrar en áður hafði tíðkast þar. Í þessu skyni voru þjónusturými boðin út til leigu og leigugjaldið veltutengt samkvæmt útboðsskilmálum. Þetta skilaði þeim árangri að störfum fjölgaði í flugstöðinni og henni reyndist í fyrsta skipti unnt að standa í skilum með vexti og afborganir af þeim lánum sem enn eru í skuld vegna byggingarkostnaðar hennar.

Framangreindur áfangi var vart að baki þegar ákvörðun var tekin um stækkun flugstöðvarinnar og fyrirséð að þær ráðstafanir sem gripið var til árið 1997 mundu á engan hátt standa undir þeim viðbótarfjárfestingum sem stækkun munu fylgja. Frekari uppbygging stöðvarinnar er hins vegar nauðsynjamál sem ekki er lengur unnt að skjóta á frest og horfast verður í augu við að stækkunin kallar á aukin fjárútlát og aukningu skulda sem eru þó miklar fyrir.

Stefnt er að því að tekjur flugstöðvarinnar standi undir fjárfestingum hennar og rekstri. Stofnun hlutafélags um reksturinn, sem í eðli sínu er á sviði einkarekstrar og viðskipta fremur en opinberrar stjórnsýslu, er ætlað að stuðla að því að markmiði þessu verði náð. Hlutafélag á þess kost í ríkari mæli en ríkisstofnun að laga sig að breyttum aðstæðum enda býður rekstrarformið upp á meiri sveigjanleika en við verður komið í hefðbundnum stofnanarekstri. Þar sem ekki gilda sjálfstæð lög um flugstöðina er henni með frumvarpi þessu mörkuð skýr staða bæði í stjórnunarlegu og rekstrarlegu tilliti.

Umsjón með 1. áfanga stækkunar flugstöðvarinnar, sem þegar er unnið að, er í höndum sérstakrar byggingarnefndar sem starfar á vegum utanríkisráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að byggingarnefndin starfi uns viðbyggingin verður tekin í notkun, en þá taki hlutafélagið við henni. Augljós þörf er á því að byggingarnefndin hafi náið samstarf við stjórn hins nýja hlutafélags um allar ákvarðanir enda er það hlutafélagið sem verður ábyrgt fyrir greiðslu byggingarkostnaðar og öflun fjár til greiðslu hans af rekstri sínum. Er kostnaður þessi áætlaður 3,6 milljarðar króna. Í erindisbréfum byggingarnefndarmanna er fyrir þá lagt að gefa sérstakan gaum að því að í viðbyggingunni verði sköpuð aðstaða fyrir tekjugefandi rekstur en það verður hlutverk nýja hlutafélagsins að bjóða þá aðstöðu út, eða ákvarða fyrirkomulag þessa reksturs að öðru leyti.

Til að styrkja enn frekar fjárhagslegan grundvöll þeirrar uppbyggingar á aðstöðu til farþegaflugs sem nú fer fram á Keflavíkurflugvelli hefur utanríkisráðherra tekið þá ákvörðun

að fella rekstur Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli undir starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Hlutafélagið mun yfirtaka starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eins og hún verður eftir þá breytingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er ríkisstjórninni falið að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Ríkisstjórninni er í því skyni heimilað að leggja hinu nýja hlutafélagi til allar eignir flugstöðvarinnar, hverju nafni sem nefnast, auk réttinda, skulda og skuldbindinga hennar.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra annist fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun hlutafélagsins enda lýtur Flugstöð Leifs Eiríkssonar yfirstjórn hans samkvæmt ákvæðum laga nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., og auglýsingar nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Í samræmi við þetta er jafnframt mælt fyrir um að utanríkisráðherra fari með hlut íslenska ríkisins í félaginu.

Um 3. gr.

Rétt þykir að setja í lög tiltekna viðmiðun um nafnverð stofnfjár hins nýja félags. Sú viðmiðun sem hér um ræðir verður þó að vera háð nánara mati matsnefndar og getur því hækkað eða lækkað þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir, sbr. 4. gr. Gert er ráð fyrir að 20% af eigin fé verði óráðstafað í bókum félagsins í upphafi.

Um 4. gr.

Óháð nefnd sem ráðherra skipar skal meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar flugstöðvarinnar. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags, sbr. 3. gr. Niðurstaða nefndarinnar verður að liggja fyrir eigi síðar en í lok júlí 2000 eigi að takast að stofna félagið 1. september 2000. Stjórnendum og starfsmönnum flugstöðvarinnar er skylt að veita nefndinni þá aðstoð sem hún óskar í þessu skyni og skal nefndin hafa fullan aðgang að öllum gögnum flugstöðvarinnar í starfi sínu. Gert er ráð fyrir því að nefndin verði skipuð þegar við gildistöku laganna og að hún hefji störf þá þegar.

Um 5. gr.

Innborgað hlutafé skal nema þeirri upphæð sem matsnefnd leggur til skv. 4. gr., sbr. 3. gr. frumvarpsins. Með yfirtöku hlutafélagsins á flugstöðinni og því sem henni fylgir telst hlutaféð að fullu greitt.

Um 6. gr.

Öll hlutabréf félagsins verða í eigu íslenska ríkisins við stofnun þess. Í ljósi stöðu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og hins nýja hlutafélags er eðlilegt að Alþingi fjalli um hugsanlega sölu hlutabréfa í fyrirtækinu eða annars konar ráðstöfun þeirra. Engin slík áform eru uppi.

Um 7. gr.

Í grein þessari er tilgangi með rekstri félagsins lýst. Félagið yfirtekur alla starfsemi flugstöðvarinnar eins og hún er rekin eftir að rekstur Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli hefur verið felldur undir starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Um rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvelli vísast til 79. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Félagið hefur jafnframt heimildir til að stunda hvers konar aðra starfsemi sem rekstri flugstöðvarinnar tengist eða tengjast kann. Til að tryggja sveigjanleika gagnvart breytingum sem framtíðarþarfir kunna að kalla á er útilokað að binda tilgangslýsingu félagsins til allrar framtíðar og verður því tekið fram í stofnsamningi að breyta megi henni með breytingum á samþykktum félagsins á hluthafafundi. Þetta er tekið fram til að taka af öll tvímæli, en er í samræmi við þá reglu hlutafélagalaga að samþykktir félags taka við af stofnsamningi þess sem grunnheimild um starfsemi félagsins.

Um 8. gr.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar er og verður á Keflavíkurflugvelli um næstu framtíð. Eðlilegt þykir því að fram komi í lagatextanum að lögheimili og varnarþing félagsins skulu vera á Keflavíkurflugvelli. Ástæða er þó til að taka fram að heimilt sé að stofna útibú, t.d. vegna skrifstofu- eða þjónustustarfa annars staðar.

Um 9. gr.

Hlutafélagalög geyma áskilnað um að ekki færri en tveir aðilar standi jafnan að þeim. Um Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. gildir það frávik að íslenska ríkið stendur eitt að stofnun félagsins og er því nauðsynlegt að veita undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarkstölu stofnenda og hluthafa. Lúta ákvæði 9. gr. annars vegar að því að tryggja heimildir til þeirrar skipunar. Hins vegar skal það ekki hamla skráningu félagsins í hlutafélagaskrá að hlutafé félagsins er ekki greitt með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 14. gr. hlutafélagalaga heldur eins og kveðið er á um í 1., 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins. Um stofnun hlutafélagsins og rekstur þess skal að öðru leyti farið að ákvæðum hlutafélagalaga.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að hlutafélagið verði skattskylt eftir almennum reglum.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að við niðurlagningu stofnunarinnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar fari um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir almennum ákvæðum laga þar að lútandi. Í því felst m.a. að engum starfsmanni verður sagt upp vegna yfirtöku hlutafélagsins á starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þeir starfsmenn, sem falla undir 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996, fyrirgera ekki rétti sínum til biðlauna þótt þeir hafni boði um að starfa áfram hjá félaginu. Rétt er þó að taka fram að hvers konar launatekjur á biðlaunatíma koma til frádráttar biðlaunagreiðslum.

Um 12. gr.

Lagt er til að sett verði tímamörk um stofnun félagsins og er miðað við lok ágúst árið 2000 í þeim efnum. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnsamningi og samþykktum eins og skylt er við stofnun hlutafélaga. Þá skal félaginu jafnframt kosin stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar.

Um 13. gr.

Samkvæmt frumvarpinu yfirtekur hlutafélagið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hinn 1. október 2000. Félagið yfirtekur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar stofnunarinnar sem verður þá lögð niður, þ.m.t. eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Tekið er fram að umboð núverandi ráðgefandi stjórnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar skuli falla niður frá og með sama degi.

Helsta eign félagsins er flugstöðvarbyggingin sjálf og önnur mannvirki og búnaður sem henni tilheyra, ásamt lóðarréttindum.

Meginþáttur reksturs flugstöðvarinnar nú er útleiga á verslunar- og þjónusturýmum. Er stofnunin bundin leigusamningum við rekstraraðila og yfirtekur hlutafélagið réttindi og skyldur stofnunarinnar samkvæmt þeim.

Af byggingarkostnaði flugstöðvarinnar frá árinu 1987 skuldar hún um 4,4 milljarða króna. Þessa skuld yfirtekur hlutafélagið og er því ætlað að standa skil á greiðslu hennar. Er út frá því gengið að félagið leiti endurfjármögnunar og þeirra lánskjara sem það best getur fengið.

Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að hið nýja hlutafélag skuli bundið af þeim skuldbindingum á starfssviði þess sem íslenska ríkið undirgengst. Það eru einkum tvenns konar skuldbindingar sem hér eru hafðar í huga: Annars vegar alþjóðlegar skuldbindingar sem lúta að flugmálum í víðtækustu merkingu en flugstöðin er hluti af samgöngukerfi landsins og landamærastöð. Sem dæmi má nefna skuldbindingar á sviði flugafgreiðslu, flug- og farþegaöryggis, svo og landamæraeftirlits í víðtækum skilningi.

Hins vegar er hér um að ræða skuldbindingar sem lúta að varnarliðinu. Svo sem áður greinir var flugstöðin byggð á grundvelli sérstaks samkomulags milli Íslands og Bandaríkjanna um samvinnu um byggingu hennar. Samkvæmt ákvæðum þess samkomulags skal flugstöðin vera heryfirvöldum Bandaríkjanna til afnota á ófriðartímum eða í neyðartilfellum. Þeim skuldbindingum er á engan hátt raskað með stofnun hlutafélagsins enda skal það teljast bundið af þeim.

Félaginu er skylt að fara að fyrirmælum stjórnvalda hér að lútandi sem og öðrum fyrirmælum er varða flugstöðina og starfsemi hennar og sett eru vegna sérstöðu hennar. Utanríkisráðherra er heimilt að útfæra nánar ákvæði þessarar greinar í reglugerð.

Um 15. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði að setja sérstaka þjónustugjaldskrá fyrir félagið. Við gerð hennar skal gætt almennra arðsemissjónarmiða auk þess sem tillit skal tekið til nýjunga. Á hinn bóginn er lagt til að gjaldskrá sé háð staðfestingu utanríkisráðherra.

Um 16. gr.

Eðlilegt er að hlutafélagið beri allan kostnað af stofnun félagsins, svo sem kostnað matsnefndar og kostnað vegna skjalagerðar og skráningar.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist þegar gildi svo að undirbúningur stofnunar hlutafélagsins geti hafist sem fyrst.

Fylgiskjal I.

Samruni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnar. Rekstrar- og fjárhagsáætlun árin 2001–2005.

Deloitte & Touche

Deloitte & Touche hf.
Stórhöfða 23 112 Reykjavík
Netfang dtt@deloitte.is
Heimasíða www.deloitte.is

Kennitala 521098-2449
Sími 580 3000
Fax 580 3001

Reykjavík, 28. febrúar 2000.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Keflavíkurflugvelli

B.t. Stjórnar Flugstöðvar.

Efni: Samruni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnar ásamt rekstrar-og fjárhagsáætlun tímabilið 2001 til 2005.

Við höfum að ósk yðar samið rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Fríhöfnina fyrir rekstrarárin 2001 – 2005. Við höfum stuðst við ársreikninga þeirra auk innri og ytri upplýsinga og þær forsendur sem fyrir liggja í tengslum við byggingu Suðurhúss Flugstöðvar. Jafnframt höfum við áætlað rekstur og efnahag áranna 1999 og 2000 til þess að tengja áætlunina við síðustu ársreikninga ársins 1998. Meðal forsenda við áætlunagerðina var að sameina Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Fríhöfn og breyta þeim í hlutafélag miðað við árslok 2000. Meðfylgjandi eru rekstrar- efnahags og sjóðstreymisyfirlit fyrir áætlunartímabilið ásamt skýringum.

Helstu niðurstöður okkar eru að samruninn sé vænlegur kostur fyrir framtíð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sem nú lýkur uppgreiðslu eldri byggingarskulda og leggur umtalsverðar upphæðir í áfamhaldandi uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli, eða 2,3 milljarða króna umfram ráðgerðra 3,6 milljarða króna á árinu 2001. Félagið byrjar með 20% eiginfjárhlutfall, en í lok tímabilsins er þetta hlutfall orðið 37%.

Veltufjárhlutfall er ásættanlegt frá upphafi til loka tímabilsins að undanskyldu árinu 2003, en þá gæti komið til þess að taka þyrfti skammtímalán til þess að brúa bilið. Arðsemi eigin fjár er í lok tímabilsins 13,3% .

Gert er ráð fyrir að félagið greiði 1.355,5 milljónir króna í skatta og arðgreiðslur til eiganda síns, sem svarar til árlegri meðaltalsgreiðslu að upphæð 271,1 milljón króna.

Gætt er varúðar við áætlun húsaleigutekna eins og fram kemur í skýringu nr. 3 með áætluninni.

Um nánari skýringar og sundurliðanir vísast til áætlaðra ársreikninga og skýringa með þeim.

Vinsamlegast,

Deloitte & Touche hf.

Ingi R. Jóhannsson

Ingi R. Jóhannsson

Yfirlitsblað

ÁÆTLAÐIR ÁRSREIKNINGAR

REKSTRARREIKNINGUR

	Árið 2001	Árið 2002	Árið 2003	Árið 2004	Árið 2005
Rekstrartekjur	4.115.496	4.346.295	4.599.163	4.781.403	4.970.988
Rekstrargjöld	(2.907.351)	(3.124.472)	(3.263.845)	(3.444.809)	(3.571.348)
Hagnaður fyrir vexti	1.208.145	1.221.824	1.335.318	1.336.594	1.399.640
Afskriftir	(243.973)	(315.444)	(335.837)	(372.622)	(401.842)
Fjármagnskostnaður	(395.005)	(281.519)	(270.190)	(338.514)	(260.350)
Tekju- og eignarskattur	(170.750)	(187.458)	(227.451)	(199.247)	(238.081)
Hagnaður	398.417	437.402	501.840	426.211	499.366

EFNAHAGSREIKNINGUR

	2001	2002	2003	2004	2005
Fastafjármunir	8.461.314	9.664.539	9.979.499	10.522.861	11.073.230
Veltufjármunir	1.783.373	1.191.948	1.413.165	1.116.637	1.015.228
	10.244.687	10.856.487	11.392.663	11.639.498	12.088.458
Eigið fé	2.012.897	2.626.820	3.217.267	3.760.811	4.412.754
Langtímaskuldir	7.397.770	7.295.522	4.458.115	6.854.592	6.627.872
Skammtímaskuldir	834.020	934.144	3.717.281	1.024.096	1.047.833
	10.244.687	10.856.486	11.392.663	11.639.498	12.088.458

SJÓÐSTREYMI

	2001	2002	2003	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	926.232	656.883	679.790	547.733	706.355
Fjárfestingahreyfingar	(3.600.000)	(1.075.000)	(275.000)	(475.000)	(475.000)
Fjármögnunarhreyfingar	2.851.484	(152.566)	(164.792)	(298.521)	(263.000)
Arðgreiðslur	(47.500)	(47.500)	(47.500)	(95.000)	(95.000)
Breyting á handbæru fé	130.216	(618.183)	192.498	(320.788)	(126.644)
Handbært fé í upphafi	1.086.714	1.216.931	598.748	791.246	470.457
Handbært fé í lok árs	**1.216.930**	**598.748**	**791.246**	**470.457**	**343.813**

Áætlaðir rekstrarreikningar

		Árið 2001	Árið 2002	Árið 2003	Árið 2004	Árið 2005
Tekjur						
Leigutekjur Flugstöðvar		643.565	711.676	810.149	843.221	877.646
Hlutdeild í farþegaskatti		74.000	86.490	86.989	87.509	88.049
Hlutdeild í lendingargjöldum		121.912	127.657	133.667	139.953	146.528
Endurgr. Sameigin. kostnaður		45.565	60.801	74.300	76.901	79.592
		885.043	986.624	1.105.105	1.147.583	1.191.815
Vörusala í Fríhöfn		3.218.929	3.347.686	3.481.593	3.620.857	3.765.691
Aðrar tekjur		11.524	11.985	12.465	12.963	13.482
		3.230.453	3.359.671	3.494.058	3.633.820	3.779.173
Samtals tekjur	3	4.115.496	4.346.295	4.599.163	4.781.403	4.970.988
Gjöld						
Verslunarrekstur:						
Vörunotkun		2.110.773	2.152.853	2.238.967	2.328.525	2.421.667
Laun og launatengd gjöld		296.784	316.075	316.075	316.075	316.075
Húsnæðiskostnaður		14.185	14.681	15.195	15.727	16.278
Annar rekstrarkostnaður		67.246	69.600	72.036	74.557	77.166
	4	2.488.988	2.553.209	2.642.273	2.734.884	2.831.185
Flugstöðvarrekstur:						
Viðhald húss og tækja		195.384	262.467	303.010	381.254	400.317
Fasteignaskattar		72.308	133.128	137.786	142.608	148.313
Annar rekstur Flugstöðvar		16.076	16.639	17.221	17.824	18.448
	4	283.766	412.233	458.018	541.687	567.078
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:						
Laun og launatengd gjöld		23.977	29.753	29.753	29.753	29.753
Annar stjórnunarkostnaður		11.170	11.561	11.965	12.384	12.817
Sameiginlegur kostnaður		99.450	117.716	121.836	126.101	130.514
	4	134.597	159.030	163.555	168.238	173.085
Samtals gjöld		2.907.351	3.124.472	3.263.845	3.444.809	3.571.348
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti		1.208.145	1.221.824	1.335.318	1.336.594	1.399.640
Afskriftir	5	243.973	315.444	335.837	372.622	401.842
Hagnaður fyrir vexti		964.172	906.379	999.481	963.972	997.798
Fjármagnskostnaður:						
Vaxtatekjur og verðbætur		-80.628	-83.549	-48.650	-44.160	-28.499
Vaxtagjöld		592.005	564.716	558.529	611.325	518.485
Verðbreytingafærsla	2	-116.373	-219.648	-239.689	-228.652	-229.635
Samtals fjármagnskostnaður	11	395.005	261.519	270.190	338.514	260.350
Hagnaður fyrir skatta		569.168	624.861	729.291	625.458	737.447
Tekjuskattur	10.	-170.750	-187.458	-216.787	-187.637	-221.234
Eignaskattur		0	0	-8.664	-11.610	-16.847
		-170.750	-187.458	-227.451	-199.247	-238.081
Hagnaður		398.417	437.402	501.840	426.211	499.366

Áætlaðir efnahagsreikningar

Eignir:		Árið 2001	Árið 2002	Árið 2003	Árið 2004	Árið 2005
Fastafjármunir:						
Flugstöðvarbygging		7.454.607	8.669.642	8.996.197	9.561.174	10.144.500
Stjórnkerfi og heimtaug		462.308	413.222	369.839	322.912	272.248
Innréttingar og búnaður		544.400	581.675	613.463	638.775	656.482
	5, 6	8.461.314	9.664.539	9.979.499	10.522.861	11.073.230
Veltufjármunir:						
Ríkisfyrirtæki		12.400	12.400	12.400	12.400	12.400
Vörubirgðir		268.244	278.974	290.133	301.738	313.808
Viðskiptakröfur		285.798	301.826	319.386	332.042	345.207
Handbært fé		1.216.931	598.748	791.246	470.457	343.813
		1.783.373	1.191.948	1.413.165	1.116.637	1.015.228
Eignir samtals		10.244.687	10.856.487	11.392.663	11.639.498	12.088.458
Eigið fé						
Hlutafé		950.000	950.000	950.000	950.000	950.000
Varasóður		330.000	330.000	330.000	330.000	330.000
Lögbundinn varasjóður		39.842	83.582	133.766	176.387	226.324
Endurmatsreikningur		56.270	280.291	416.398	628.731	876.307
Óráðstafað eigið fé		636.786	982.948	1.387.104	1.675.693	2.030.123
	7	2.012.897	2.626.820	3.217.267	3.760.811	4.412.754
Skuldir:						
Langtímaskuldir	8, 9	7.550.336	7.460.313	7.356.636	7.117.591	6.911.388
Næsta árs afborganir		-152.566	-164.792	-2.898.521	-263.000	-283.516
		7.397.770	7.295.522	4.458.115	6.854.592	6.627.872
Skammtímaskuldir						
Næsta árs afborganir		152.566	164.792	2.898.521	263.000	283.516
Viðskiptaskuldir		242.279	260.373	271.987	287.067	297.612
Ógreiddir vextir		247.425	298.522	296.454	251.985	205.793
Reiknaðir skattar		170.750	187.458	227.319	199.044	237.912
Virðisaukaskattur		21.000	23.000	23.000	23.000	23.000
		834.020	934.144	3.717.281	1.024.096	1.047.833
Samtals skuldir		8.231.790	8.229.666	8.175.396	7.878.687	7.675.705
Eigið fé og skuldir		10.244.687	10.856.486	11.392.663	11.639.498	12.088.458

Áætlað sjóðstreymi

		Árið 2001	Árið 2002	Árið 2003	Árið 2004	Árið 2005
Framlag rekstrar:						
Hagnaður		398.417	437.402	501.840	426.211	499.366
Afskriftir	5	243.973	315.444	335.837	372.622	401.842
Verðbreytingafærsla	2	-116.373	-219.648	-239.689	-228.652	-229.635
Aðrir liðir		0	62.543	61.114	59.477	56.796
Veltufé frá rekstri		526.017	595.741	659.102	629.658	728.369
Skammtímakröfur		159.816	-26.757	-28.719	-24.261	-25.235
Skammtímaskuldir		240.399	87.899	49.407	-57.664	3.221
Handbært fé frá rekstri		926.232	656.883	679.790	547.733	706.355
Fjárfestingar:	5					
Fjárfest í flugstöð		-2.650.000	-1.000.000	-200.000	-400000	-400000
Fjárfest í stjórnkerfi		-450.000				
Fjárfest í innréttingar		-500.000	-75.000	-75.000	-75.000	-75.000
Fjárfestingar		-3.600.000	-1.075.000	-275.000	-475.000	-475.000
Fjármögnun:						
Afborganir langtímalána	9	-1.648.516	-152.566	-164.792	-2.898.521	-263.000
Nýtt lánsfé	8	4.500.000			2.600.000	
		2.851.484	-152.566	-164.792	-298.521	-263.000
Arður í ríkissjóð	10	-47.500	-47.500	-47.500	-95.000	-95.000
Fjármögnun:		2.803.984	-200.066	-212.292	-393.521	-358.000
Breyting á handbæru fé		130.216	-618.183	192.498	-320.788	-126.644
Handbært fé í upphafi árs		1.086.714	1.216.931	598.748	791.246	470.457
Handbært fé í lok árs		1.216.930	598.748	791.246	470.457	343.813

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. **Framsetning og samræming.**

Áætlaðir ársreikningar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar fyrir árin 2001 – 2005 eru gerðir eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa áætlaðra verðlagsbreytinga og áætlaðs gengis erlendra gjaldmiðla. Í áætluninni er gert ráð fyrir að Fríhöfnin renni saman við Flugstöð Leifs Eiríkssonar í árslok 2000 og verði hlð sameinaða fyrirtæki gert að hlutafélagi á þeim tímamótum.

Í öllum meginatriðum er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og áður hafa tíðkast í ársreikningum stofnunarinnar.

2. **Áhrif almennra verðlagsbreytinga.**

Við gerð áætlaðra ársreikninga áranna 2001 – 2005 er gert ráð fyrir eftirfarandi forsendum í sambandi við verðlags- og gengisþróun:

- Reikað er með að neysluvísitala hækki að meðaltali um 3,5% á ári yfir reikningstímabilið.
- Gengi bandaríkjadals er áætlað í upphafi tímabilsins 73,00 kr. Og er áætluð hækkar um 0,50 kr. á ári. Á síðasta ári tímabilsins er gengi bandaríkjadals áætlað 75,00 kr. fyrir einn dollar.
- Gengi japanska yensins er áætlað 0,7132 kr. árið 2001, en þá líkur greiðslum skulda í þeim gjaldmiðli.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, eins þær voru í byrjun hvers árs og breytingar þeirra innan hvers árs, eru reiknuð og færð í áætlaða ársreikninga félagsins. Miðað er við áætlaðar breytingar á vísitölu neysluverðs, en eins og áður greinir er hækkun vísitölunar áætluð 3,5% á ári frá upphafi til loka áranna 2001 – 2005. Samkvæmt þessum útreikningi nema reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga fyrir áætlunartímabilið 1.033,9 milljónum króna og er sú fjárhæð færð til tekna í rekstrarreikningi á meðal fjármagnsliða, en til mótvægis er hún færð á endurmatsreikning á meðal eiginfjárliða.

Upphaflegt stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna og fengnar fyrningar eru framreiknaðar til loka hvers árs í samræmi við framangreindar breytingar á vísitölu neysluverðs.

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar upp miðað við verðlag í lok hvers árs og áfallnar verðbætur og gengismunur færðar í rekstrarreikninginn.

3. **Farþegaaukningar á tímabilinu**

Gert er ráð fyrir að farþegum fjölgi að jafnaði um 4% á ári á áætlunartímabilinu, en langtímaspar gera ráð fyrir 6% aukningu að jafnaði.

Á árunum 1994 til og með 1998 jókst farþegaumferð um flugstöðina að jafnaði um 10%.

4. **Aðrar forsendur tekna og gjalda**

Forsendur tekna eru sem áður segir miðaðar við 4% árlega farþegaaukningu um flugvöllinn og er árleg fjölgun bíldaga látin haldast í hendur við það. Ennfremur er gert ráð fyrir fullri útleigu eldri hluta flugstöðvar en helmingur nýju byggingarinnar verði leigður út árin 2001 og 2002, en 90% árin 2003 – 2005. Sameiginlegur kostnaður endurgreiðist í hlutfalli við nýtingu hússins til útleigu.

Reiknað er með að vörusala vaxi í samræmi við 4% farþegaaukningu sem almennt er gert ráð fyrir. Ráðgert er að meðalálagning, sem var 51,5% árið 1998, hækki á tímabilinu í 55,5%.

Viðhaldskostnaður af eldra húsi og tækjum er áætlaður 3,5% af endurstofnverði árin 2001 til 2002, 4% á árinu 2003, en 5% tvö síðustu árin. Samsvarandi hlutfallstala nýbyggingar er 1,5%. Í þessu efni er stuðst við staðal Rannsónarstofnunar byggingariðnaðarins. Áætlað er að nýbyggingin verði tekin í notkun á miðju ári 2001 og að hún verði viðhaldsfrí á því ári. Álagning fasteignaskatta er ennfremur miðuð við endurstofnverð, sem birt er á álagningarseðli fasteignaskatta Sandgerðisbæjar, 1,46% á árinu 2001 en 1,5% frá og með árinu 2002.

Áætlað er að launakostnaður aukist um 586 þúsund krónur á mánuði við stækkun Flugstöðvar. Gert er ráð fyrir 6,5% launahækkun á árinu 2002 en að öðru leyti er launakostnaður óbreyttur frá því sem nú er. Annar stjórnunarkostnaður eykst um 2,5 milljónir króna við stækkunina.

Gert er ráð fyrir sömu grunnkaupshækkun launa í fríhafnarverslun og um getur hér að framan.

Gert er ráð fyrir að gjaldfrestur leigu sé einn mánuður og hið sama á við um rekstrargjöld.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Áætlað er að varanlegir rekstrarfjármunir greinist þannig í lok áætlunartímabilsins:

	Fasteignir	Stjórnkerfi	Búnaður	Samtals
Bókfært verð í upphafi	4.797.068	64.599	70.978	4.932.645
Fjárfest á tímabilinu	4.650.000	450.000	800.000	5.900.000
Endurmat tímabilsins	1.767.428	57.151	85.725	1.910.304
Afskriftir á tímabilinu	1.069.996	299.502	300.221	1.669.719
Bókfært verð í lok	10.144.500	272.248	656.482	11.073.230

6. Opinbert mat á Flugstöð Leifs Eiríkssonar í árslok 1999 greinist þannig í milljónum króna.

	Fermetrar	Matstölur
Brunabótamat		5.457,1
Endurstofnverð		5.130,5
Fasteignamat	16.786	2.995,3

Nýbygging er áætluð 15.623 fermetrar og byggingarkostnaður er áætlaður 3.500,0 milljónir króna

Áætlað fasteignarmat í árslok 2001 að meðtalinni nýbyggingu er áætlað 5.486,0 milljónir króna.

Eigið fé

7. Gert er ráð fyrir að breytingar á eigin fé hafi orðið sem hér greinir á tímabilinu 2001 til 2005.

	Hlutafé	Varasjóðir	Endurmat	Óráðstafað
Staða í upphafi			0	1.605.711
Endurmat			1.910.304	
Verðlagsbreytingar			-1.033.997	
Hlutafjárframlag	950.000			-950.000
Varasjóðstillag		330.000		-330.000
Tillag í lögb. Varasjóð		226.324		-226.324
Arður				-332.500
Hagnaður				2.263.236
	950.000	556.324	876.307	2.030.123

8. Gert er ráð fyrir að Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Fríhöfninni verði breytt í hlutafélag í árslok 2000. Reiknað er með að færðar verði 950 milljónir króna á hlutafé, 330 milljónir króna á varasjóð, en þessar ráðstafanir svara til um 80% af eigin fé í árslok 2000.

   Fylgt er fyrirmælum 100. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 varðandi myndun varasjóðs af hagnaði félagsins á áætlunartímabilinu.

   Í lok tímabilsins er eiginfjárhlutfall Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 37 %, en var í byrjun tímabilsins 20%.

Langtímaskuldir

9. Allar langtímaskuldir Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eru háðar gengisáhættu í árslok 1999 og gert er ráð fyrir að tekin verði erlend lán til uppgreiðslu á hluta af eldri lánum auk þess sem tekin verði jafngreiðslulán til byggingarframkvæmda í dollurum með tilstuðlan Ríkisábyrgðarsjóðs. Í áætlanageðinni er gert ráð fyrir að meðalvexir nýrra lána nemi 6% á ári. Lagt er til að lífeyrisskuldbindingar Fríhafnar verði greiddar LSR með skuldabréfi til tíu ára. Reiknað er með jafngreiðslubréfi með 8,8% vöxtum. Í upphafi ársins 2001 er reiknað með að langtímaskuldir félagsins nemi 4,7 milljörðum króna.

10. Afborganir langtímalána í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborganir	283.516
Afborganir 2007	300.892
Afborganir 2008	320.536
Afborganir 2009	341.495
Afborganir 2010	363.859
Afborganir 2011	323.582
Afborganir 2012	343.289
Afborganir 2013	364.195
Afborganir 2014	386.184
Afborganir síðar	3.883.840
	6.911.388

Skattamál og arðgreiðslur

10. Áætlað er að félagið greiði tekju- og eignarskatt á tímabilinu í samræmi við reglur skattalaga. Ekkir eru nýttar heimildir 44. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum til skattalækkunar við útreikning tekjuskatts. Áætlaðir skattar og arðgreiðslur tímabilsins greinast þannig:

Tekjuskattur	985.866
Eignarskattur	37.121
Arður til eigenda	332.500
	1.355.487

Aðrar forsendur og sundurliðanir

12. Áætlaðar fjámunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig á tímabilinu:

	Langtímalán	Annað	Samtals
Vaxtatekjur og verðbætur		182.116	182.116
Vaxtagjöld og verðbætur	2.418.295	132.646	2.550.941
Gengismunur	294.119		294.119
Áhrif verðlagsbreytinga	1.152.176	118.179	1.033.997
	1.560.238	68.709	1.628.947

Yfirlitinu er ætlað að leitast við að upplýsa um áætlaða reiknaða raunvexti af langtímaskuldum annars vegar og öðrum vaxtaberandi eignum og skuldum hins vegar á fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum í rekstrarreikningi.

Áætluð vaxtagjöld af skammtímaskuldum eru reiknuð sem 10% hluti af meðalstöðu skammtímaskulda á hverju ári. Vaxtatekjur og verðbætur eru áætlaðar sem 7% hluti af meðalstöðu handbærs fjár á hverju ári.

Kennitölur

13. Helstu kennitölur úr áætluðum ársreikningur félagsins eru sem hér greinir:

	2001	2002	2003	2004	2005
Veltufjárhlutfall	2,1	1,3	0,4	1,1	1,0
Eiginfjárhlutfall	20%	24%	28%	32%	37%
Innra virði hlutafjár	2,1	2,8	3,4	4,0	4,6
Arðsemi eigin fjár	24,8%	21,7%	19,1%	13,2%	13,3%
Veltufé frá rekstri	526,0	595,7	659,1	629,6	728,3

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að fela ríkisstjórninni að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Gert er ráð fyrir að eignir og skuldir núverandi fyrirtækja renni til hins nýja hlutafélags. Þar á meðal eru taldar lífeyrisskuldbindingar sem verði greiddar LSR með skuldabréfi. Skv. 16. gr. frumvarpsins verður allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku á öðrum rekstri greiddur af félaginu, þar með taldar hugsanlegar biðlaunagreiðslur. Í rekstrar- og fjárhagsáætlunum fyrir hið nýja fyrirtæki er gert ráð fyrir að það fái 25% af lendingargjöldum eins og er í gildandi fjárlögum og sömu hlutdeild og í núverandi farþegaskatti. Í þessari kostnaðarumsögn er gert ráð fyrir að áfengisgjaldi verði skilað til ríkissjóðs eins og nú er. Í fjárlögum fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir 410 m.kr. arði frá Fríhöfninni. Samkvæmt rekstrar- og fjárhagsáætlun hins nýja hlutafélags fyrir árin 2001 til 2005 er gert ráð fyrir að arðgreiðslur verði að meðaltali 66,4 m.kr. á ári, þar til viðbótar koma ríflega 200 m.kr. í tekju- og eignarskatt. Nettótekjur ríkissjóðs af fyrirtækinu lækka þannig um 140 m.kr. á ári á tímabilinu en tæplega 200 m.kr. á fyrsta árinu. Á móti kemur að hlutafélagið mun bera ábyrgð á öllum skuldum félagsins. Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á húsaleigu fyrir landamæravörslu, tollafgreiðslu og öryggiseftirlit, en í athugun er að fella þá leigu niður.

798. Frumvarp til laga [503. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við j-lið 1. mgr. 36. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir að greiða óhjákvæmilegan dvalarkostnað annars foreldris við sjúkrahúsinnlögn barns yngra en 18 ára fjarri heimili. Ef um er að ræða erfiða meðferð við lífshættulegum sjúkdómi er heimilt að slík greiðsla nái til beggja foreldra barns undir 18 ára aldri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessari lagabreytingu er komið til móts við foreldra veikra og langveikra barna um greiðslu dvalarkostnaðar innan lands þegar barn þarf að leggjast inn á sjúkrahús fjarri heimili sínu. Þegar um er að ræða erfiða meðferð við lífshættulegum sjúkdómi nær heimild til

greiðslu dvalarkostnaðar til beggja foreldra. Gert er ráð fyrir að tryggingaráð setji nánari reglur um dvalarkostnað sem ráðherra staðfestir. Reglurnar munu miðast við hluta af daggjaldi sem nú er greitt við dvöl á sjúkrahóteli Rauða kross Íslands og fari heildarfjárhæð samkvæmt reglunum ekki framúr 30 millj. kr. á fjárlögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði, með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, að greiða óhjákvæmilegan dvalarkostnað annars foreldris við sjúkrahúsinnlögn barns yngra en 18 ára fjarri heimili. Ef um erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms er að ræða er heimilt að slík greiðsla nái til beggja foreldra barns að 18 ára aldri.

Samkvæmt upplýsingum sem fengnar eru frá stærstu sjúkrahúsunum má ætla að börn yngri en 18 ára liggi á sjúkrahúsum fjarri heimili 12.000–13.000 legudaga á ári. Dvalarkostnaður annars foreldris gæti því numið 50–55 m.kr. á ári ef miðað er við 4.251 kr. á dag sem er daggjaldataxti heilbrigðisráðuneytis vegna Gistiheimilis RKÍ, Reykjavík.

Samkvæmt upplýsingum sem fengnar eru frá Tryggingastofnun ríkisins má ætla að þar af séu 1.200–2.300 legudagar barna yngri en 18 ára sem liggja á sjúkrahúsum fjarri heimilum sínum við langvarandi og erfiða sjúkdómsmeðferð. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði í þeim tilvikum að greiða dvalarkostnað beggja foreldra og má ætla samkvæmt sömu forsendum að aukinn kostnaður geti numið um 5–10 m.kr. á ári.

Miðað við að allir hlutaðeigendur noti rétt sinn til greiðslu má ætla að útgjöld ríkissjóðs geti aukist samanlagt um 55–65 m.kr. á ári. Í greinargerð frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að reglur sem tryggingaráð setur miðist við hluta af daggjaldi vegna sjúkrahótels Rauða kross Íslands og fari heildarfjárhæð vegna reglnanna ekki yfir 30 m.kr. á ári.

799. Þingsályktun [206. mál]

um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

(Afgreidd frá Alþingi 22. mars.)

Samhljóða þskj. 240.

800. Frumvarp til laga [236. mál]

um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

(Eftir 2. umr., 22. mars.)

1. gr.

Lög þessi gilda um íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins og persónuvernd við skráningu og meðferð upplýsinga í því kerfi.

Með íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins er átt við rafrænt gagnasafn sem starfrækt er hér á landi og tengt sameiginlegu upplýsingakerfi á Schengen-svæðinu.

2. gr.

Ríkislögreglustjóri rekur og ber ábyrgð á upplýsingakerfinu. Hann annast skráningu í það og sendingu annarra gagna samkvæmt lögunum.

Við skráningu í kerfið skal þess gætt að upplýsingar séu réttar og áreiðanlegar og að fullnægt sé skilyrðum laganna fyrir skráningu.

3. gr.

Ríkislögreglustjóri og sá sem á hans vegum annast tölvuþjónustu skulu með skipulögðum og kerfisbundnum hætti tryggja öryggi upplýsingakerfisins þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það. Með sama hætti skal tryggt að kerfið starfi greiðlega og sé aðgengilegt þeim sem við það starfa.

4. gr.

Skráning í Schengen-upplýsingakerfið skal miða að því að tryggja almannaöryggi og allsherjarreglu, þar með talið öryggi ríkisins. Í upplýsingakerfið skal aðeins skrá upplýsingar sem getur í 5. gr., enda sé skráning þeirra nauðsynleg með hliðsjón af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr. og nægjanlega brýnt tilefni til skráningar.

Við skráningu á eftirlýstum einstaklingum með beiðni um handtöku og framsal skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. skal þess gætt að lög þess ríkis sem beiðni er beint til heimili slíkar aðgerðir.

5. gr.

Í upplýsingakerfið má skrá eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga:

a. kenninafn, eiginnafn með vísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna,
b. sérstök varanleg líkamleg einkenni,
c. fyrsta bókstaf annars eiginnafns,
d. fæðingarstað, fæðingardag og -ár,
e. kynferði,
f. ríkisfang,
g. hvort viðkomandi er vopnaður,
h. hvort viðkomandi er ofbeldishneigður,
i. ástæðu fyrir skráningu,
j. aðgerðir sem farið er fram á.

Í upplýsingakerfið má skrá upplýsingar um eftirtalda hluti:

a. vélknúin ökutæki með slagrými yfir 50 rúmsentimetrum sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,

b. eftirvagna eða hjólhýsi með eigin þunga yfir 750 kg sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
c. skotvopn sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
d. óútfyllt skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
e. útgefin persónuskilríki (vegabréf, nafnskírteini, ökuskírteini) sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
f. peningaseðla með skráðum númerum.

6. gr.

Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið í eftirfarandi tilvikum:
a. vegna beiðni um að eftirlýstur maður verði handtekinn og framseldur,
b. þegar meina á útlendingi landgöngu vegna þess að:
   1. hann hefur verið dæmdur hér á landi eða erlendis í fangelsi í a.m.k. eitt ár eða ætla má af öðrum ástæðum að hann muni fremja refsiverðan verknað á Schengen-svæðinu eða
   2. ætla má af fyrri hegðun hans eða öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða á Schengen-svæðið sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi eða
   3. honum hefur verið vísað héðan úr landi og í gildi er bann gegn endurkomu hans til landsins,
c. vegna leitar að horfnum manni eða þegar taka á mann í gæslu tímabundið vegna eigin öryggis eða annarra,
d. vegna eftirgrennslanar um búsetu eða dvalarstað vitnis, sakbornings sem hefur verið ákærður og koma þarf fyrir dóm eða manns sem birta á dóm í opinberu máli eða boða til afplánunar fangelsisrefsingar.

Þegar upplýsingar skv. a-lið 1. mgr. hafa verið skráðar skulu eftirfarandi upplýsingar sendar því ríki sem beiðni er beint til svo fljótt sem verða má:
a. hvaða yfirvald leggur fram beiðni um handtöku,
b. hvort fyrir liggur handtökuskipun,
c. hvers konar brot um er að ræða og vísun til viðeigandi refsiákvæða,
d. málsatvik, þar með talið hvar og hvenær brot var framið og þáttur hins eftirlýsta í því,
e. eftir því sem mögulegt er, hverjar eru afleiðingar brots.

7. gr.

Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga og ökutæki í upplýsingakerfið til að fram fari eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn í eftirfarandi tilvikum:
a. vegna rannsóknar og meðferðar opinbers máls og til að tryggja almannaöryggi þegar:
   1. rökstuddur grunur leikur á að maður fremji eða muni fremja fjölda mjög alvarlegra brota,
   2. heildarmat á viðkomandi manni, þar með talið á þeim brotum sem hann hefur framið, bendir til að hann muni fremja mjög alvarleg afbrot,
b. þegar ótvíræð gögn benda til að upplýsingar um dvalarstað, ferðaleið, ákvörðunarstað, fylgdarmenn eða farþega, hluti meðferðis eða við hvaða aðstæður maður eða ökutæki finnst séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að alvarleg hætta stafi af viðkomandi manni eða alvarlegar ógnanir fyrir öryggi ríkisins.

8. gr.

Heimilt er að skrá í upplýsingakerfið upplýsingar um hluti sem leitað er í þeim tilgangi að leggja á þá hald eða nota sem sönnunargagn í opinberu máli.

9. gr.

Upplýsingar sem skráðar eru í upplýsingakerfið verða ekki nýttar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr.

Með samþykki ríkis sem skráð hefur upplýsingar verður vikið frá 1. mgr. og þær nýttar í öðrum tilgangi skv. 6.–8. gr. þegar þannig stendur á:

a. til að koma í veg fyrir alvarlega og bráða ógnun við almannaöryggi og allsherjarreglu,
b. mikilvægir öryggishagsmunir ríkisins mæla með því,
c. til að koma í veg fyrir alvarleg afbrot.

10. gr.

Eftirtalin stjórnvöld skulu vera beinlínutengd við upplýsingakerfið til að sinna þessum verkefnum:

a. lögreglan við landamæraeftirlit og aðra löggæslu,
b. Útlendingaeftirlitið við afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritun, landgöngu- eða dvalarleyfi og til að sinna öðrum skyldum samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum að því marki sem nauðsynlegt er til að bregðast við upplýsingum sem skráðar eru á grundvelli b-liðar 1. mgr. 6. gr.

Til að starfa við upplýsingakerfið verður viðkomandi starfsmaður að fá sérstaka heimild ríkislögreglustjóra, enda fullnægi hann settum hæfis- og öryggiskröfum. Viðkomandi starfsmaður skal einungis hafa þann aðgang að kerfinu sem honum er nauðsynlegur til að gegna starfi sínu.

11. gr.

Eftirtalin stjórnvöld skulu eftir beiðni hafa aðgang að upplýsingum úr upplýsingakerfinu að því marki sem þeim er nauðsynlegt til að sinna þessum verkefnum:

a. tollgæslan við eftirlit á landamærum og þegar hún annast eða aðstoðar við löggæslu,
b. Landhelgisgæslan þegar hún annast eða aðstoðar við löggæslu,
c. dómsmálaráðuneytið við beitingu heimilda sem æðra stjórnvald.

12. gr.

Hverjum sem í starfi sínu fær vitneskju um atriði sem skráð eru í upplýsingakerfið er skylt að gæta þess að skráðar upplýsingar berist ekki til óviðkomandi. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

13. gr.

Hver sem skráður er í upplýsingakerfið á rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar um sig í kerfinu.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 1. mgr. er ekki fyrir hendi ef nauðsynlegt er að halda upplýsingunum leyndum til að ná því markmiði sem stefnt er að með skráningu eða vegna hagsmuna annarra. Þegar eftirlit með leynd skv. 7. gr. stendur yfir á hinn skráði ekki rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar.

Nú er óskað eftir vitneskju um upplýsingar sem skráðar eru af öðru ríki og skal þá gefa því kost á að gera athugasemdir áður en fallist er á þá beiðni.

14. gr.

Í þinghaldi sem dómari boðar til skv. 67. gr. leggur aðstoðarmaður fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldara, sönnur fyrir fundi og fundargerð skv. 68. gr. og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun þar sem m.a. skal koma fram hversu mikið skuldir eiga að lækka og tekið tillit til brýnasta framfærslukostnaðar skuldara. Ef lánardrottnar mæta ekki eða mæta og gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun. Mæti lánardrottinn hins vegar og leggi fram skrifleg og rökstudd mótmæli skal farið með slík mótmæli eftir ákvæðum 175. gr. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir framkomin mótmæli er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun, þ.e. greiðsluaðlögun í andstöðu við lánardrottna.

Um B (XII. kafla.).

Í kaflanum er fjallað um réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um a-lið (71. gr.).

Í greininni er tekið fram að áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki og gilda því um greiðsluaðlögun að þessu leyti sömu reglur og gilda um réttaráhrif nauðasamninga. Undantekning frá þessu kemur hins vegar fram í 4. mgr. því að heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Um b-lið (72. gr.).

Í 2. mgr. er kveðið á um þá undanþágu frá ákvæðum 64. gr. að skuldari geti lagt fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með þá beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á. Þá er gert ráð fyrir að þóknun skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Um 3. gr.

Breytingin er lögð fram til samræmis við þá breytingu að nýjum kafla um greiðsluaðlögun er bætt inn í lögin, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2001 og því gefist nokkur tími til aðlögunar.

809. Tillaga til þingsályktunar [510. mál]

um vegamál.

Flm.: Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila Vegagerðinni að ráðstafa árið 2000 þeirri inneign sem safnast hefur upp á síðustu árum vegna hærri tekna af lögboðnum tekjustofnum til vegagerðar en reiknað hefur verið með í vegáætlun. Þessu fé verði ráðstafað með eftirfarandi hætti:

1. Varið verði 200 millj. kr. vegna aukins kostnaðar við vetrarþjónustu.
2. Varið verði 150 millj. kr. til að flýta áætlun um uppbyggingu tengivega.
3. Varið verði 150 millj. kr. til að flýta áætlun um uppbyggingu safnvega.
4. Varið verði 50 millj. kr. til að flýta framkvæmdum við breikkun einbreiðra brúa.
5. Varið verði 150 millj. kr. til undirbúnings jarðgangagerðar.

Greinargerð.

Um síðustu áramót var inneign hjá ríkissjóði vegna innheimtu lögboðinna gjalda til vegagerðar um 700 millj. kr. Markaðir tekjustofnar vegna vegagerðar hafa skilað meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun við gerð vegáætlunar. Í 2. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3 frá 1987, með síðari breytingum, segir: „Tekjum samkvæmt lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar.“

Margáréttuð er sérstök þörf á auknu fjármagni til „sveitaveganna“. Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi vorið 1999 er lögð þung áhersla á bættar samgöngur í byggðum sem standa höllum fæti. Í allri vegagerð á síðustu árum hafa tengivegir og safnvegir sem við köllum í daglegu tali „sveitavegi“ dregist hlutfallslega aftur úr í nýframkvæmdum og viðhaldi. Jafnframt hefur þörfin fyrir góðar samgöngur í sveitum aukist, t.d. vegna daglegs heimanaksturs nemenda, vinnu sveitafólks utan bús, daglegra aðdrátta og flutninga á vörum og þjónustu, svo og aukinnar ferðaþjónustu í sveitum landsins.

Eðlilegt er að þessu uppsafnaða fé verði nú ráðstafað í vegáætlun og þá með þeim áherslum og þeirri forgangsröðun sem hér er lagt til. Þetta fjármagn komi til viðbótar því sem lagt er til að varið verði til þessara verkefnaflokka samkvæmt tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 2000–2004 og nú liggur fyrir Alþingi.

Ljóst er að þetta viðbótarfé er engan veginn nægilegt til að hleypa af stokkunum því stórátaki sem flestir eru sammála um að þurfi til að laga „sveitavegina“ og til annarra brýnna framkvæmda á vegum í dreifbýli. Það er því ástæðulaust að láta fjármagn sem þegar hefur verið innheimt til vegamála liggja ónotað.

Þá er hér lagt til að varið verði 150 millj. kr. af þessari inneign hjá ríkissjóði til að hraða undirbúningi jarðgangagerðar. Það er afar brýnt að framkvæmdir við jarðgangagerð geti hafist sem allra fyrst og til að svo megi verða þarf að setja undirbúning þeirra á fulla ferð. Að vísu er ekki gert ráð fyrir því í lögum að fjármagni frá mörkuðum tekjustofnum til vegamála sé varið til jarðgangagerðar en ekkert sérmerkt fé er á fjárlögum þessa árs til jarðgangagerðar eða undirbúnings slíkra framkvæmda.

Þetta er mjög aðkallandi mál og mikilvægt að fjárskortur tefji ekki fyrir undirbúningi. Því er þetta lagt hér til. Að sjálfsögðu verður að veita fjármagn til jarðgangagerðarinnar sjálfrar á fjárlögum.

810. Fyrirspurn [511. mál]

til menntamálaráðherra um vanskil útvarpsgjalda.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hver voru vanskil afnotagjalda útvarps og sjónvarps 1996–1998, sundurgreint eftir árum?
2. Hvað innheimtist af kröfum fyrrnefndra ára?
3. Hver var heildarinnheimtukostnaður?
4. Hver var innheimtukostnaður þar sem kröfur náðust ekki fram?
5. Hve mörg sjónvarps- og útvarpstæki voru gerð upptæk á fyrrnefndu tímabili? Hvert var söluandvirði þessara tækja á opinberu uppboði?
6. Hverjir eru undanþegnir afnotagjaldi útvarps og sjónvarps?

Skriflegt svar óskast.

811. Fyrirspurn [512. mál]

til samgönguráðherra um staðfestingu Íslands á ILO-samþykkt um aðbúnað skipverja.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvenær má búast við fullgildingu ríkisstjórnar Íslands á ILO-samþykktinni S.163 frá 1987, um aðbúnað skipverja?

812. Fyrirspurn [513. mál]

til iðnaðarráðherra um húshitunarkostnað.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvernig er ætlunin að verja því aukna fé sem veitt er á fjárlögum til niðurgreiðslu á rafhitun?
2. Hvað má ætla að húshitunarkostnaður lækki mikið á þessu ári?
3. Verða mótaðar tillögur um aðgerðir svo að dýrari hitaveitur geti lækkað húshitunarkostnað?

813. Tillaga til þingsályktunar [514. mál]

um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið standi utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni að nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar.

Greinargerð.

Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að íslensk utanríkisstefna eigi að byggjast á góðum samskiptum til allra átta og að forðast beri að loka landið af innan hvers konar ríkjabandalaga. Það er eindregin skoðun flutningsmanna að skynsamlegast sé fyrir Íslendinga að halda óháðri stöðu sinni gagnvart efnahagsbandalögum og leita eftir hagstæðum samningum við slík bandalög í Evrópu, Norður-Ameríku, Austur-Asíu og víðar. Þannig gætu Íslendingar fært sér legu landsins í nyt og átt farsæl samskipti við marga heimshluta án þess að afsala sér sjálfsákvörðunarrétti sínum eða forræði yfir náttúruauðlindum. Slíkt er hins vegar óhjákvæmileg afleiðing aðildar að Evrópusambandinu.

Hvað efnahagslífið snertir hefur Ísland alla burði til þess að farnast vel sem óháðu ríki í þjóðbraut milli meginlanda. Af sömu ástæðum yrði landið aldrei annað en jaðarsvæði í stórum efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið. Náttúruauðlindir landsins eru miklar, bæði til lands og sjávar, og ef landsmönnum tekst að koma í veg fyrir mengun og ofnýtingu geta lífskjör hér á landi verið eins og þau gerast best í heiminum.

Þróun alþjóðaviðskipta.

Þróun alþjóðaviðskipta er í raun nokkuð mótsagnakennd þar sem hún einkennist samtímis af vaxandi blokkamyndun og viðleitni til fríverslunar. Þannig eru nú þrjár meginviðskiptablokkir í heiminum: Evrópusambandið, Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku (NAFTA) og hópur landa í Suðaustur-Asíu (ASEAN). Jafnframt er unnið að stórum fríverslunarsamningum á heimsvísu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Eðli alþjóðavæðingarinnar er mál út af fyrir sig og fylgifiskar hennar mæta nú víða vaxandi gagnrýni og andstöðu. Umfjöllun um annmarka hennar og mögulegar hættur fellur hins vegar utan þessarar greinargerðar.

Íslendingar þurfa að laga utanríkisviðskipti sín að framangreindri þróun alþjóðaviðskipta sem fyrst. Það væri óráð að loka sig af innan eins efnahagssvæðis vegna þess hversu smátt íslenska hagkerfið er og atvinnuvegirnir tiltölulega einhæfir. Innan Evrópusambandsins ráða ferðinni hagsmunir gamalgróinna iðnríkja Vestur-Evrópu og áhrif Íslands á þeim vettvangi yrðu hverfandi. Þar er sjávarútvegi, sem er stærsta atvinnugrein Íslendinga, fyrst og fremst stjórnað með hafta- og styrkjafyrirkomulagi sem á að vernda sjávarútveg aðildarríkjanna.

Óvissuástand skaðar hagsmuni Íslands.

Allt frá mótun samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (EES) á árunum um og eftir 1990 hefur framtíð samningsins þótt nokkuð óviss. Svokölluð EFTA-stoð hans varð fljótlega mun veikari en til stóð þar sem Svisslendingar höfnuðu aðild að samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu og bæði Svíar og Finnar gengu í Evrópusambandið. Norðmenn höfnuðu um sama leyti aðild að ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú lætur umræða um aðra aðildarumsókn, sem hefur að mestu legið í láginni síðan, aðeins á sér kræla á nýjan leik í Noregi.

Sú óvissa sem ríkir um það hvernig samskiptum Íslands við Evrópusambandið verði háttað í framtíðinni er óheppileg. Svo lengi sem vafi leikur á um hver framtíðarstefnan verður eru aðilar í hálfgerðri biðstöðu og Íslendingar geta ekki skipulagt samskipti sín við ýmsa aðila í löndum ESB eða einbeitt sér sem skyldi að samskiptum við aðra heimshluta. Það gildir jafnt um utanríkisþjónustuna, ráðuneyti og opinberar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök. Því er nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið og marki stefnuna í stórum dráttum svo að forsendur eða grundvöllur samskiptanna liggi fyrir. Þá verður hægt að byggja upp það fyrirkomulag sem best samrýmist hagsmunum Íslands til framtíðar litið. Við athugun þessara mála þarf þjóðin að líta til allra átta, óbundin af núverandi stöðu. Þess gætir í alltof ríkum mæli að um þessi mál sé rætt af eins konar nauðhyggju. Verði EES-samningurinn ónothæfur í núverandi mynd sé ekki um annað að ræða en „stíga skrefið til fulls“, þ.e. að ganga í Evrópusambandið. Hafa ber í huga að samskipti Íslands við aðrar þjóðir og heimshluta byggjast á tvíhliða samskiptum. Sá kostur er að sjálfsögðu einnig opinn að því er snertir samskipti við Evrópusambandið.

Sveiflur í efnahagslífinu hér á landi eiga sér aðrar rætur en gengur og gerist á meginlandi Evrópu. Þar af leiðandi er afar varhugavert fyrir Íslendinga að vera bundnir af sameiginlegri efnahagsstefnu ESB, enda hefðu íslensk stjórnvöld þá enga möguleika á að bregðast sjálfstætt við, t.d. til að koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi. Endastöð slíkrar bindingar væri aðild að Myntbandalagi Evrópusambandsins (EMU) sem flestöll ríki Evrópusambandsins verða aðilar að innan tíðar. Þar með væri sjálfstæð gengisskráning úr sögunni sem er afar óheillavænleg staða fyrir land sem treystir jafnmikið á útflutning og raun ber vitni. Sveiflur efnahagslífsins á Íslandi mundu eðlilega ekki hafa nokkur minnstu áhrif á sameiginlega gengisskráningu í Evrópusambandinu sem hefur innan sinna vébanda mörg stór hagkerfi, þar á meðal fjögur af sjö helstu iðnríkjum heims.

Íslendingar eiga afar mikið undir útflutningi, einkum á sjávarafurðum. Með inngöngu í Evrópusambandið yrðu Íslendingar að taka upp sömu tollastefnu og önnur lönd bandalagsins gagnvart ríkjum utan ESB. Þar með væri forræði landsins á sviði viðskiptasamninga úr sögunni og samningsumboðið á hendi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þetta mundi augljóslega hefta möguleika Íslendinga á að sækja fram og leita nýrra markaða í öðrum heimshlutum. Það kæmi sér sérstaklega illa ef markaðurinn í ESB-löndum brygðist af einhverjum ástæðum. Nauðsynlegur sveigjanleiki í þessum efnum er best tryggður með samningum við efnahagsbandalög og einstök ríki um fríverslun og félagsleg og menningarleg samskipti.

Þá er ljóst að með inngöngu í Evrópusambandið mundu Íslendingar glata forræði yfir auðlindum hafsins við Ísland til framkvæmdastjórnar ESB. Að undanförnu hafa ýmsir haldið því fram að reglur Evrópusambandsins um stjórn fiskveiða mundu leiða til þess að Íslendingar sætu einir að veiðunum þar sem aðrar þjóðir hafi nánast enga veiðireynslu á Íslandsmiðum. Þar með er sú einkennilega staða komin upp að einhver mikilvægasti ávinningur sjálfstæðisbaráttunnar, útfærsla efnahagslögsögunnar og afleiðingar hennar, er notaður sem rök fyrir því að óhætt sé að afsala sér sjálfstæðinu í þessum efnum. Í þeim málflutningi er látið undir

höfuð leggjast að fjalla um augljósar afleiðingar ESB-aðildar sem m.a. varða svokallað kvótahopp. Í því felst að fyrirtækjum í aðildarlöndum sambandsins væri í lófa lagið að skrá skip sín á Íslandi, fá veiðiheimildir hér en landa aflanum í raunverulegu heimalandi. Þetta er vel þekkt innan ESB og hefur valdið mörgum sjávarbyggðum þar miklum vandræðum. Með aðild Íslands að ESB mundi ESB einnig taka við forræði í gerð samninga við önnur ríki um sjávarútvegsmál. Þar með gætu íslensk stjórnvöld ekki sjálf sótt og varið rétt sinn, t.d. þegar upp kæmi ágreiningur um rétt til að nýta ákveðna fiskstofna.

Framsal fullveldis.

Framsal á fullveldi Íslands er þó stærsta ástæðan fyrir því að aðild að Evrópusambandinu er ekki fýsilegur kostur að mati tillögumanna. Þar með væru Íslendingar skuldbundnir til að innleiða alla lagasetningu Evrópusambandsins hér á landi og Evrópudómstóllinn yrði æðsti dómstóll Íslendinga. Breytingin frá því ástandi sem við nú búum við yrði umtalsverð vegna þess að íslenskir dómstólar skýra innlendar réttarreglur til samræmis við EES-samninginn á grundvelli íslenskra lögskýringarreglna. Landsdómstólar í aðildarríkjum ESB framselja hins vegar þetta vald til Evrópudómstólsins.

Því er stundum haldið fram í umræðu um þessi mál að með aðild að ESB kæmu Íslendingar með beinum hætti að lagasetningu ESB og gætu þannig haft mun meiri áhrif en nú. Einnig að þeir fengju neitunarvald í ráðherraráðinu sem mundi styrkja mjög stöðu Íslands á þessum vettvangi. Minnt skal á að það er engan veginn auðvelt að beita neitunarvaldi vegna fjölmargra samtengdra hagsmuna og samskipta. Jafnframt hafa leikreglur breyst hratt innan ESB með breytingum á stofnsamningi þar sem meirihlutaákvörðun gildir á æ fleiri sviðum. Á sinn hátt gildir svipað um þetta og „öryggisákvæðið“ í EES-samningnum sem ekki hefur verið beitt fram að þessu.

Að öllu samanlögðu er það mat tillögumanna að langskynsamlegast sé að þróa samskipti Íslands við Evrópusambandið í átt til tvíhliða samninga um fríverslun og félagslegt og menningarlegt samstarf. Eðlilegt er að leita eftir slíkum samningum á grundvelli tiltekinna þátta í EES-samningnum og með hliðsjón af Lúxemborgaryfirlýsingunni frá 1984 en hún varðaði m.a. samstarf á sviði mennta- og menningarmála, umhverfismála og rannsókna- og þróunarstarfs.

Samningar Svisslendinga.

Á síðasta ári gerðu Svisslendingar tvíhliða samning við Evrópusambandið um samskipti á sjö sviðum. Þau eru afnám tæknilegra viðskiptahindrana, frjálsar ferðir fólks, rannsóknir, opinber innkaup, samgöngur á landi, farþegaflug og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Gert er ráð fyrir að samningurinn gangi í gildi árið 2001 og verði þá hluti af löggjöf beggja samningsaðila. Samningurinn felur ekki að neinu leyti í sér framsal löggjafarvalds til yfirþjóðlegra stofnana. Meiri hluti samningsákvæðanna felur í sér gagnkvæma viðurkenningu á löggjöf beggja samningsaðila. Hins vegar er kveðið á um upplýsingaskyldu og sérstakt viðræðuferli ef annar samningsaðili hyggst breyta sinni löggjöf á sviðum samningsins. Ekki er vafi á því að vænlegt gæti verið fyrir Íslendinga að fylgja fordæmi Svisslendinga í þessum efnum og leita eftir tvíhliða samningum um samskipti við Evrópusambandið á afmörkuðum sviðum.

Aðrir heimshlutar.

Eðlilegt er að líta á vaxandi samskipti við Norður-Ameríku sem rök fyrir því að halda óháðri stöðu gagnvart efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið. Ísland hefur um langt skeið átt mikil samskipti við Bandaríkin, m.a. á sviði viðskipta og mennta- og menning-

armála. Þessi samskipti munu áfram hafa mikla þýðingu fyrir Íslendinga en aðild Íslands að Evrópusambandinu mundi fljótlega hafa veruleg áhrif á þróun þeirra. Þarf raunar ekki beina aðild til, eins og glöggt má sjá af Schengen-samningnum sem nú er á dagskrá. Undanfarin ár hafa samskipti Íslands og Kanada einnig aukist verulega, ekki síst í tengslum við afmæli landafunda norrænna manna í Vesturheimi og vaxandi áhuga Íslendinga og Kanadamanna af íslenskum ættum á sögu íslensku vesturfaranna. Á síðasta ári var opnuð aðalræðisskrifstofa í Winnipeg og ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að opna sendiráð í Kanada þegar á næsta ári.

Fleira bendir til vaxandi samskipta og viðskipta við Norður-Ameríku í náinni framtíð. Gert er ráð fyrir að viðræðum EFTA-ríkjanna og Kanada um fríverslunarsamning ljúki innan tíðar og að hann verði undirritaður í sumar. Þetta er stærsti fríverslunarsamningur sem EFTA-ríkin hafa gert frá því að EES-samningurinn var undirritaður. Með honum verður útflytjendum í EFTA-löndunum tryggður tollfrjáls aðgangur að Kanadamarkaði og jafngóð útflutningsskilyrði og útflytjendur búa við í hinum NAFTA-ríkjunum, Bandaríkjunum og Mexíkó. Samningurinn gerir samkeppnisaðstöðu EFTA-landanna betri en ESB-landa hvað snertir vöruútflutning til Kanada. Landfræðilega markar samningurinn ákveðin tímamót því að hingað til hefur EFTA einkum beint sjónum sínum að Mið-Evrópu og löndum við Miðjarðarhaf.

Þótt afturkippur hafi komið í efnahagslíf margra Asíulanda fyrir nokkru og þess gæti enn að nokkru leyti í utanríkisviðskiptum þeirra er eftir sem áður vænlegur markaður þar. Vissar afurðir hafa fyrst og fremst farið héðan til Asíu, einkum Japans sem er efnahagslegt stórveldi og stendur utan ASEAN-hópsins. Mögulegt er að viðskiptin verði ekki síður mikil við Kína í framtíðinni en margir telja að þar sé álitlegur markaður fyrir sjávarafurðir. Slík viðskipti gætu haft í för með sér stóraukna vinnslu á uppsjávarfiskum til manneldis. Loks má nefna að Íslendingar hyggjast opna sendiráð í Japan árið 2001 og japönsk stjórnvöld hafa lýst yfir að þau muni opna sendiráð hér á landi sama ár.

Niðurstaða.

Það er sannfæring flutningsmanna þessarar tillögu að Íslendingar geti skapað sér sterka stöðu utan stórra efnahags- og ríkjasambanda og nýtt með því þá kosti sem felast í legu landsins. Treysta á möguleika á alhliða samskiptum við umheiminn en forðast að lokast af innan einstakra viðskiptablokka eða ríkjasambanda. Stefnumörkun í þessum efnum varðar miklu um framtíð lands og þjóðar. Tillagan sem hér er flutt snýst um að marka grundvallarstefnu og meginlínur í alþjóðasamskiptum Íslendinga.

Fylgiskjal.

Kafli úr stefnuyfirlýsingu stofnfundar
Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Sjálfstæð utanríkisstefna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu. Hreyfingin vill binda enda á aðild Íslands að hernaðarbandalögum og veru erlends hers í landinu. Brýnt er að friðlýsa landið og lögsögu þess fyrir kjarnorkuvopnum og banna umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar aðild Íslands að Evrópusambandinu þar eð slík aðild mundi skerða fullveldi Íslands og forræði þjóðarinnar yfir auðlindum lands og sjávar. Í stað hægfara innlimunar í Evrópusambandið ber að þróa samskiptin í átt til einfaldari tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla samstarf allra þjóða heims á grundvelli jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar fyrir ólíkum skoðunum og menningu. Við vörum við aðgerðum sem beint er gegn velferð þjóða og þjóðarbrota. Nauðsynlegt er að leggja hömlur á spákaupmennsku með fjármagn heimshorna á milli með sérstakri skattlagningu eða alþjóðlegum reglum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla þátttöku Íslands í stofnunum Sameinuðu þjóðanna þar sem öll ríki eiga aðild, svo og í svæðisbundnum samtökum, svo sem Norðurlandaráði, Evrópuráði og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Við viljum efla starfsemi Sameinuðu þjóðanna og styrkja lýðræðislega starfshætti á vettvangi þeirra. Treysta ber stoðir þjóðaréttar í þágu friðar og mannréttinda og stuðla að aukinni þátttöku almennra félagasamtaka í stefnumörkun alþjóðamála.

Ísland á að styðja eindregið markmið Sameinuðu þjóðanna og ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar með því að leggja sitt af mörkum til útrýmingar fátæktar, hungurs, félagslegs ranglætis, misskiptingar auðs, kynþáttamismununar, mannréttindabrota og hernaðarhyggju.

814. Fyrirspurn [515. mál]

til heilbrigðisráðherra um framtíð sjúkraflugs.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvað líður undirbúnings- og útboðsvinnu fyrir sjúkraflug, sbr. tillögur í skýrslu Verk- og kerfisfræðistofunnar hf. frá vordögum 1999?
2. Er ráðuneytið tilbúið að standa að heildarútboði sjúkraflugs með öðru flugi sem fyrirsjáanlegt er að bjóða þarf út á næstu missirum?

815. Fyrirspurn [516. mál]

til fjármálaráðherra um lækkun lyfjaútgjalda Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Ögmundi Jónassyni.

1. Mun ráðherra krefjast þess að staðið verði við markmið fjárlaga fyrir árið 2000 um 1.000 millj. kr. lækkun lyfjaútgjalda Tryggingastofnunar ríkisins?
2. Mun ráðherra krefjast þess að því markmiði verði náð með því að hækka greiðsluhlutdeild sjúklinga, þar sem engin breyting hefur enn verið gerð á fyrirkomulagi lyfsölu, verðlagningu lyfja eða innkaupum sem líkleg er til að skila slíkum sparnaði?

816. Fyrirspurn [517. mál]

til iðnaðarráðherra um starfsgrundvöll lítilla iðnfyrirtækja á landsbyggðinni.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að reynt verði að láta lítil iðnfyrirtæki á landsbyggðinni njóta ákveðins forgangs þegar útdeilt er verkefnum sem þarf að vinna fyrir opinbera aðila?

817. Nefndarálit [267. mál]

um frv. til l. um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti.

Markmið frumvarpsins er að lögfesta nauðsynleg ákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt alþjóðasamningi um bann við efnavopnum en Alþingi veitti ríkisstjórninni með þingsályktun árið 1997 heimild til að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Hjálmar Jónsson, Ólafur Örn Haraldsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. mars 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Sverrir Hermannsson.
Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.	Guðrún Ögmundsdóttir.

818. Tillaga til þingsályktunar [518. mál]

um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Ásta Möller, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem geri tillögur um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands.

Nefndin verði skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af ráðherra, tveimur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum af Náttúruvernd ríkisins og einum af Vegagerð ríkisins.

Greinargerð.

Umferð á hálendi Íslands fer sívaxandi. Samkvæmt tillögunni skal skipuð nefnd sem semji drög að framtíðarskipulagi og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands þannig að hægt sé að komast um hálendið án mikilla svaðilfara, en með nokkrum takmörkunum þó.

Aðalleiðir, þ.e. Kjölur, Sprengisandur, Kaldidalur/Uxahryggir og Fjallabaksleið nyrðri, þurfa að vera færar dugmiklum fólksbílum, venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir helsta ferðamannatímann, þ.e. frá júní til september.

Vinsælar leiðir eins og að Öskju, Gæsavötnum, Herðubreið og Snæfelli, Fjallabaksleið syðri, hringleið um Heklu, Emstruleið, inn í Þórsmörk, Dómadalsleið í Landmannalaugar, um Haukadalsheiði, Eyfirðingabraut, yfir Öxi, að Lakagígum og fleiri vinsælar ferðaleiðir á hálendinu þurfa að vera færar öllum venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir sumartímann.

Til að þetta geti orðið til frambúðar þarf að veita fé til uppbyggingar og viðhalds þessara vega á hverju ári. Í flokkun veganna þarf að koma fram tilgangur þeirra, þ.e. hverjir fara um þá og hvert. Setja þarf viðmiðunarreglur um hvar á að brúa og hvar ekki. Rétt er að fjármagnið skiptist eftir þessari flokkun og ástandi og mikilvægi hvers vegar eins og reynt er að gera í byggð.

Með góðum og greiðfærum vegum á hálendinu er hægt að draga úr utanvegaakstri og stuðla þar með að verndun gróðurs og ósnortinna svæða, auka öryggi ferðamanna á ferðum um hálendið og tryggja að ekki verði „óvart“ til nýjar slóðir hér og þar.

Með efldu vegakerfi á hálendinu er auðveldara að stýra umgengni ferðamanna og náttúruunnenda. Almenningi er þannig gefinn kostur á að njóta stórkostlegrar náttúru, nokkuð sem ekki hefur hingað til verið mögulegt á venjulegum farartækjum.

Nauðsynlegt er að taka mið af skipulagi miðhálendis Íslands við skipulagningu vegakerfis um hálendið. Það ætti að einhverju leyti að taka mið af hugmyndafræðinni um að ferðamenn fari um hálendið og njóti náttúrunnar að degi til en dveljist eins og við verður komið við jaðar þess eða á skipulögðum svæðum yfir nætur.

819. Svar [277. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um forkaupsrétt sveitarfélaga að fiskiskipum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða sveitarfélög hafa neytt forkaupsréttar, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, og í hvaða tilfellum var það gert?

Ráðuneytið sendi öllum viðkomandi sveitarfélögum á landinu, 41 að tölu, svohljóðandi bréf 3. febrúar 2000:

„Til sjávarútvegsráðherra hefur á Alþingi verið beint eftirfarandi fyrirspurn: Hvaða sveitarfélög hafa neytt forkaupsréttar, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og í hvaða tilvikum hefur það verið gert?

Í 3.–5. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990 eru ákvæði sem lúta að forkaupsrétti sveitarfélaga sem hljóða svo:

„Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta."

Þar sem sveitarfélög þurfa hvorki að tilkynna ráðuneytinu né Fiskistofu þegar þau neyta forkaupsréttar liggja ekki fyrir neinar upplýsingar í ráðuneytinu um það í hvaða tilvikum slíkt hefur verið gert. Ráðuneytið snýr sér til sveitarfélaga og fer þess á leit við þau að þau veiti ráðuneytinu umbeðnar upplýsingar. Hafi sveitarfélög sameinast eftir 1. janúar 1991, er lögin um stjórn fiskveiða tóku gildi, er þess óskað að upplýst verði hvort sveitarfélögin, fyrir sameiningu, hafi nýtt sér forkaupsréttarheimild laganna. Jafnframt vill ráðuneytið fara fram á það að sveitarfélögin lýsi þeirri reynslu sem fengist hefur af þessu lagaákvæði.

Vegna frests sem sjávarútvegsráðherra hefur til þess að svara fyrirspurnum á Alþingi fer ráðuneytið þess á leit að erindi þessu verði svarað eigi síðar en 21. febrúar nk."

Alls bárust svör frá 35 sveitarfélögum. Aðeins sjö sveitarfélög kváðust hafa nýtt sér forkaupsréttarákvæði laganna: Fjarðabyggð, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Snæfellsbær, Sveitarfélagið Hornafjörður, Vestmannaeyjabær og Vesturbyggð.

Fjarðabyggð. Samkvæmt upplýsingum frá Fjarðabyggð hefur sveitarfélagið ekki nýtt sér forkaupsréttarákvæði laganna eftir sameiningu Reyðarfjarðarhrepps, Eskifjarðarkaupstaðar og Neskaupstaðar. Hins vegar nýtti Neskaupstaður sér heimildina þegar Hlífar Pétur NK var seldur. Þannig hafi aflaheimildirnar haldist í byggðarlaginu og reynslan í því tilviki verið góð.

Grindavíkurbær. Samkvæmt upplýsingum Grindavíkurbæjar hefur sveitarfélagið í einu tilviki neytt forkaupsréttarákvæðis laganna er bæjarstjórn samþykkti 12. október 1994 að festa kaup á bátnum Höfrungi II.

Reykjanesbær. Sveitarfélögin Keflavík, Njarðvík og Hafnir, sem nú mynda Reykjanesbæ, hafa einu sinni nýtt forkaupsrétt að skipi samkvæmt lögunum. Í svari sveitarfélagsins kemur hvorki fram um hvaða skip var að ræða né hvenær kaupin fóru fram.

Snæfellsbær. Eftir sameiningu sveitarfélaga á utanverðu Snæfellsnesi hefur sveitarfélagið ekki neytt forkaupsréttar samkvæmt lögunum. Fram kemur í svari sveitarfélagsins að fyrir sameiningu hafi Ólafsvíkurkaupstaður neytt forkaupsréttar en hvorki kemur fram um hvaða skip var að ræða né heldur hvenær kaupin fóru fram.

Sveitarfélagið Hornafjörður. Samkvæmt upplýsingum Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur bæjarstjórn bæjarfélagsins á Höfn einu sinni samþykkt að nýta sér forkaupsréttarákvæði laganna. Það var í ársbyrjun 1994 þegar vélbáturinn Hrísey SF 48 var seldur. Eftir sameiningu sveitarfélaganna í Austur-Skaftafellssýslu sem hófst sumarið 1994 hefur hið sameinaða sveitarfélag ekki nýtt sér þetta ákvæði laganna.

Vestmannaeyjabær. Vestmannaeyjabær hefur fimm sinnum neytt forkaupsréttar í samræmi við lög nr. 38/1990. Eftirtalin skip voru keypt og seld aftur innan bæjar: Sigurvík, Sjöstjarnan, Sindri, Helga Jóh. og Suðurey. Ekki kemur fram í svarinu hvenær kaupin fóru fram.

Vesturbyggð. Vesturbyggð hefur í tveimur tilvikum neytt forkaupsréttar á fiskiskipum. Í fyrra tilvikinu neytti Patrekshreppur forkaupsréttar á mb. Vigdísi BA 77 (972) fyrir sameiningu sveitarfélaga í Vesturbyggð, en ekki kemur fram í svari sveitarfélagsins hvenær kaupin fóru fram. Í síðara tilvikinu neytti Vesturbyggð forkaupsréttar á mb. Fjólu BA 150 (1192) vorið 1998.

Í fjórum tilfellum þar sem sveitarfélög hafa neytt forkaupsréttar síns hefur það verið fyrir sameiningu (Fjarðabyggð, Snæfellsbær, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vesturbyggð), þar sem einstök bæjarfélög neyttu forkaupskréttar síns (Neskaupstaður, Ólafsvík, Höfn og Patrekshreppur).

Alls svöruðu 28 sveitarfélög erindi ráðuneytisins á þann veg að þau hefðu ekki nýtt sér forkaupsréttarákvæði laga nr. 38/1990.

Níu sveitarfélög lýstu reynslu sinni af lagaákvæðinu. Eitt sveitarfélag taldi reynsluna góða og mikilsvert að geta gefið útgerðaraðilum kost á að kaupa skip þegar til stæði að selja það frá sveitarfélaginu, auk þess sem með þessu móti gæfist tækifæri til að fylgjast með sölum skipa úr byggðarlaginu.

Í svari sjö sveitarfélaga kom fram óánægja með að útgerðaraðilar ættu auðvelt með að komast fram hjá forkaupsréttarákvæði laganna með því að stofna hlutafélög um útgerðir einstakra skipa en selja síðan hlutafélagið og flytja lögheimili þess. Þannig yrði forkaupsréttur sveitarfélaga að engu. Auk þess lýstu fjögur sveitarfélög óánægju sinni með að forkaupsréttarákvæðið skyldi ekki ná til aflaheimilda heldur aðeins til skipa og töldu ákvæðið því hafa takmarkað gildi fyrir sveitarfélög til þess að halda aflaheimildum í byggðarlaginu.

820. Frumvarp til laga [519. mál]

um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Úthlutun sóknardaga til báta sem hafa rétt til veiða samkvæmt þessari grein skal skert um $^1/_5$ á fiskveiðiárinu 2000/2001, um $^1/_4$ á fiskveiðiárinu 2001/2002, um $^1/_3$ á fiskveiðiárinu 2002/2003 og um $^1/_2$ á fiskveiðiárinu 2003/2004.

Fiskveiðiárið 2004/2005 og framvegis fá þessir bátar einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul. 7. gr.

Bátum sem hafa réttindi til veiða á sóknardögum samkvæmt þessari grein er einnig heimilt til og með fiskveiðiárinu 2003/2004 að róa aðra daga á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár

hvert enda hafi þeir þá lokið veiðum sínum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar um sóknardaga, tilkynnt um það til Fiskistofu og leigt til sín veiðiréttindi samkvæmt reglum þar um.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma. Heimilt er að svæðisbinda veiðar einstakra tegunda enda liggi fyrir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksveiðiþol þeirrar fisktegundar sem um ræðir á viðkomandi svæði.

Veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skal úthlutað til einstakra skipa, sbr. þó ákvæði 6. gr. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips. Aflahlutdeild öðlast skip með eftirfarandi hætti:

1. Á fiskveiðiárinu 2000/2001 fær skipið úthlutað aflahlutdeild í samræmi við þau réttindi sem það á samkvæmt því kerfi sem við lýði var við gildistöku þessara laga, að frádreginni skerðingu sem nemur $^{1}/_{10}$ aflahlutdeildar.

   Eftir það skal skerða upphaflegu hlutdeildina árlega fyrir úthlutun um sama hundraðshluta til viðbótar að teknu tilliti til flutnings aflahlutdeildar til skipsins og frá.

   Á fiskveiðiárinu 2009/2010 og framvegis fá þessi skip einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul. þessarar greinar.
2. Skip öðlast aflahlutdeild með því að leigja hana til sín, sbr. þó 1. tölul. Aflahlutdeild sem skip leigir til sín samkvæmt þessu ákvæði lýtur ekki skerðingarákvæðum 1. tölul.
3. Aflamark skips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 1. og 2. tölul.

   Skal Fiskistofa senda útgerð hvers skips sérstaka tilkynningu um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Aflahlutdeild sem ekki er ráðstafað á annan hátt í lögum þessum skal boðin til leigu í einingum með stöðugu og jöfnu framboði.

Hver eining er hlutdeild í veiði á tiltekinni fisktegund til fimm ára í senn. Skal hæstbjóðandi hljóta hverja einingu enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu.

Fiskiskipaflotinn skiptist í eftirfarandi útgerðarflokka og skal heildaraflahlutdeild í hverjum útgerðarflokki vera samanlögð aflahlutdeild allra skipa og báta í flokknum við gildistöku þessara laga og skal bjóða þá aflahlutdeild sem losnar frá skipum í hverjum flokki til leigu til skipa innan hans:

1. flokkur: Almennur flokkur fiskiskipa sem ekki tilheyra 2. og 3. útgerðarflokki samkvæmt þessari grein og bátar undir 6 brúttótonnum sem velja þennan kost.
2. flokkur: Fiskiskip sem veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót og falla undir 1. flokk skipa samkvæmt skilgreiningu í 5. gr. laga nr. 79 26. maí 1997.
3. flokkur: Bátar undir 6 brúttótonnum. Bátum úr þessum útgerðarflokki skal heimilt að leigja til sín aflamark frá skipum utan flokksins.

Heimildir til sérveiða skulu boðnar til leigu sérstaklega aðgreint eftir svæðum og tegundum.

Útgerðir allra skipa sem leyfi hafa til veiða samkvæmt lögum þessum skulu hafa jafnan rétt til að bjóða í þær aflaheimildir sem í boði verða hafi þær rétt til veiða á viðkomandi svæði og í viðkomandi útgerðarflokki. Sé atvinnuöryggi í sjávarbyggð ógnað vegna skorts á afla til vinnslu er ráðherra þó heimilt að láta bjóða aflaheimildir sérstaklega til leigu til útgerða sem skuldbinda sig til að landa afla til vinnslu þar. Heimildin er háð því skilyrði að Byggðastofnun hafi að beiðni sveitarstjórnar metið aðstæður og lagt til að heimildinni verði beitt.

Heimilt er að skila aflahlutdeild sem skip hafa hlotið skv. 2. tölul. 7. gr. og skal þá bjóða hana til leigu að nýju svo fljótt sem auðið er með sambærilegum hætti og aðrar veiðiheimildir. Greitt skal sérstakt umsýslugjald vegna slíks útboðs.

Heimilt skal þeim útgerðum sem leigja til sín aflahlutdeild að framleigja 50% aflamarks og skipta á veiðiheimildum innan síns útgerðarflokks á því fiskveiðiári sem stendur hverju sinni.

Fiskistofa skal sjá um framkvæmd útboða á þeim aflaheimildum sem samkvæmt lögum þessum á að bjóða til leigu á markaði og ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með þessari starfsemi. Fiskistofa getur falið öðrum aðilum framkvæmd einstakra þátta, þar á meðal innheimtu leigugjalds.

Leigugjaldinu skal skila til ríkissjóðs.

Leigugjald vegna veiða á viðkomandi fiskveiðiári skal innheimta með þremur jöfnum greiðslum í samræmi við þá aflahlutdeild sem skipið hefur fengið úthlutað til veiða á því ári skv. 2. tölul. 7. gr. Skulu eindagar greiðslnanna vera 1. sept., 1. jan. og 1. maí.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu flotans í útgerðarflokka, uppboð, leigu og innskilun aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla skal bjóða aflaheimildirnar til leigu samkvæmt ákvæðum 7. gr. a.

5. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Við 6. mgr. 11. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild sem skip hefur hlotið samkvæmt ákvæðum 2. tölul. 7. gr.

7. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögunum bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001 skal skerða aflahlutdeild krókabáta um $^1/_{10}$ á ári þannig að fiskveiðiárið 2008/2009 jafngildi úthlutuð aflahlutdeild $^1/_{10}$ af aflahlutdeild bátsins á fiskveiðiárinu 2000/2001 að teknu tilliti til flutnings aflahlutdeildar til og frá bátnum.

Á fiskveiðiárinu 2009/2010 og framvegis fá þessir bátar einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul. 7. gr.

8. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXV í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001 skal skerða úthlutanir aflaheimilda samkvæmt ákvæði þessu um $^{1}/_{10}$ á ári þannig að fiskveiðiárið 2008/2009 jafngildi úthlutuð aflahlutdeild samkvæmt ákvæði þessu $^{1}/_{10}$ af því sem hún væri óskert en falli niður að loknu því ári.

9. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XXVIII.)

Sjávarútvegsáðherra skal með útgáfu reglugerðar heimila löndun á fiski utan kvóta á næstu tveimur fiskveiðiárum og ákveða verð sem fyrir hann skal greiða til útgerða. Skal við það miðað að útgerðir geti ekki hagnast á að gera sérstaklega út á slíkar veiðar en skaðist þó ekki á því að koma með aflann að landi.

Fiskur, sem landað er samkvæmt þessari heimild, skal seldur hæstbjóðanda og mismunur þess verðs sem útgerðin fær til sín og þess verðs sem fæst fyrir fiskinn skal renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.

b. (XXIX.)

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd fimm sérfróðra manna til þess að fylgjast með framkvæmd laganna og gera tillögur um breytingar ef ástæða þykir til, svo sem um framsalsreglur og um framkvæmd aðstoðar við sjávarbyggðir sem eiga við alvarleg atvinnuvandamál að etja vegna skorts á afla til vinnslu. Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framkvæmd og áhrif þessara laga innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2000.

Greinargerð.

Meginatriði frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér tillögur um verulegar breytingar á nokkrum mikilvægum þáttum gildandi fiskveiðistjórnunarlaga. Megintilgangur breytinganna er að tryggja jafnræði og atvinnufrelsi.

Jafnhliða er gert ráð fyrir breytingum á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, og um tekjuskatt og eignarskatt, nr.75/1981.

1. Úthlutun aflahlutdeilda án endurgjalds verður afnumin í jöfnum áföngum á tíu árum en útgerðum fiskiskipa þess í stað gefinn kostur á öflun aflahlutdeilda til fimm ára í senn á markaði, þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur og nýliðun þar með auðvelduð. Greiðslum fyrir veiðheimildir verður dreift á það ár sem þær eru nýttar á. Allar aflahlutdeildir verða komnar á markað eftir tíu ár.
2. Fiskveiðiflotanum verður skipt í þrjá útgerðarflokka, m.a. til að tryggja hagsmuni landvinnslunnar og strandveiðiflotans, og fær hver um sig tiltekinn hluta heildaraflahlutdeilda. Smábátunum er heimilað að leigja til sín aflakvóta frá öðrum útgerðarflokkum en útgerðarmenn annarra fiskiskipa öðlast ekki heimild til að leigja til sín aflakvóta frá smábátum.
3. Sérstakt tillit verður hægt að taka til sjávarbyggða þar sem við mikla atvinnuerfiðleika er að etja vegna skorts á afla til vinnslu með því að heimila sérstakt útboð á aflahlutdeildum til útgerða sem skuldbinda sig til að landa fiski til vinnslu á viðkomandi stað.
4. Vilji útgerðaraðili ekki nýta aflahlutdeild sem hann hefur aflað sér á markaði er honum

ekki heimilt að framselja hana heldur skal hann skila henni inn og verður hún þá umsvifalaust boðin öðrum. Einungis verður hægt að leigja frá sér innan ársins allt að 50% af aflaheimildum hvers árs, enda hafi útgerðaraðili staðið skil á greiðslu vegna heimildanna. Framsalskerfi aflahlutdeilda og aflamarks samkvæmt núverandi úthlutunarkerfi verður óbreytt þau tíu ár sem tekur að hverfa frá því.

5. Tekið er á brottkasti. Næstu tvö fiskveiðiár skal löndun á afla utan kvóta heimiluð. Verð aflans skal miðast við að útgerðir hagnist ekki á slíkum veiðum en skaðist þó ekki við að koma með fiskinn að landi. Slíkur afli skal seldur hæstbjóðanda og mismunur af andvirði þess sem útgerðin fær og greidds verðs skal renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.
6. Fiskistofu verður falið að hafa umsjón með útboðum aflahlutdeilda en henni jafnframt gefin heimild til þess að fela öðrum aðilum einstaka þætti framkvæmdarinnar. Innheimta leigugjalda á sér stað þrisvar á ári á leigutímanum, jafnóðum og veiðum vindur fram. Leigutekjur renna í ríkissjóð og er m.a. ætlað að standa undir kostnaði hins opinbera af nýtingu auðlindarinnar, svo sem vegna hafrannsókna og eftirlits.
7. Skipuð verður sérstök nefnd sérfræðinga til þess að fylgjast með áhrifum og afleiðingum þessara breytinga, svo sem hvað varðar framsal aflaheimilda og vanda sjávarbyggða, og getur hún lagt til breytingar ef þurfa þykir hvenær sem er á tímabili kerfisbreytingarinnar. Innan fimm ára skal nefndin skila Alþingi sérstakri skýrslu um málið.
8. Á aðlögunartímanum verður útgerðum sem kaupa eða hafa keypt aflahlutdeild í núverandi stjórnkerfi heimilað að afskrifa þær. Útgjöld vegna leigðra aflahlutdeilda eða aflamarks innan árs verða talin til rekstrarútgjalda eins og útgjöld vegna annarra aðfanga.
9. Þróunarsjóðsgjald verður aðeins innheimt af þeim hluta aflamarks sem úthlutað verður samkvæmt núgildandi kerfi og verður þróunarsjóðsgjaldið aðlagað þeim breytingum svo sjóðurinn geti lokið verkefnum sínum.
10. Þá verður lagt til að óheimilt verði að fresta greiðslu skatta af hagnaði af sölu hlutabréfa eða komast hjá skattgreiðslu af slíkum hagnaði með kaupum á nýjum hlutabréfum.

Grundvöllur stefnumörkunar.

Stjórn fiskveiða hefur um árabil verið eitt helsta deilumál meðal þjóðarinnar. Eftir að ljóst varð að takmarka þyrfti aðgang að auðlindinni hefur verið harðlega gagnrýnt að sameign þjóðarinnar skuli hafa verið afhent tilteknum aðilum án endurgjalds og að þeir hafi síðan verið sjálfráðir um hvort þeir nýttu veiðiréttindi sín til eigin veiða, leigðu þau öðrum eða seldu. Atvinnuréttindum í greininni og aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar var þannig breytt í sérréttindi. Þar með var jafnræði og atvinnufrelsi í þessari grein raskað. Útgerðarmenn hafa fengið að hagnast í skjóli sérréttinda undir núgildandi kerfi. Það verður aldrei sátt meðal þjóðarinnar um núgildandi úthlutun veiðiréttinda. Það stangast á við réttlætiskennd landsmanna að helsta auðlind hennar skuli þannig afhent fáum til eignar.

Við framboð Samfylkingarinnar var sú stefna mótuð að komið skyldi á jafnræði þeirra sem nýta sjávarauðlindina. Til að koma á réttlæti og uppfylla jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar virðast í aðalatriðum tvær leiðir færar. Önnur er að nota eingöngu sóknarstýringaraðferðir við fiskveiðistjórnina. Hin byggir áfram á aflamarkskerfinu. Með því að taka upp sóknarstýringarkerfi væri í raun verið að gera tvær byltingar í senn. Annars vegar væri verið að endurheimta eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni en hins vegar að umbylta sjálfri fiskveiðistjórninni. Þó að núgildandi stjórnkerfi væri óhugsandi án sóknarstýringa virðist það ekki eiga upp á pallborðið hjá þjóðinni að nota slíkar aðferðir eingöngu við stjórn fiskveiða. Því er augljóst að sáttaleiðin í þessu máli liggur í að aðlaga aflamarkskerfið að jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Eftir að náðst hefur niðurstaða í meginágreiningsmálinu, sem er eignar-

haldið á auðlindinni og hvernig menn fá aðgang að henni, skapast möguleikar á eðlilegri umræðu um sjálft fiskveiðistjórnunarkerfið en slík umræða hefur í raun ekki fengið eðlilegan framgang vegna átaka undanfarinna ára um eignarhaldið á auðlindinni. Af þessum ástæðum ættu þeir sem vilja leysa þessa deilu með því að taka upp sóknarstýringarkerfi að geta lagt þessum hugmyndum lið. Niðurstaða þingflokks Samfylkingarinnar er því sú að hið pólitíska verkefni nú sé að leysa eignarhaldsdeiluna á grundvelli aflamarkskerfisins.

Úthlutun aflaheimilda á leigumarkaði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að úthlutun aflaheimilda verði í stigvaxandi mæli í formi leigukvóta til hæstbjóðanda. Með vísan til þess sem fram kemur í þessari greinargerð um að löggjafinn hafi heimildir til að breyta núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi sýnist þingflokknum ekkert því til fyrirstöðu að komið verði á kerfi sem byggist á úthlutun aflaheimilda til þeirra sem reiðubúnir eru að greiða fyrir þær hæst verð enda sé jafnræðis gætt meðal bjóðenda. Það er mat þingflokksins, stutt lögfræðilegum úttektum, að kerfi af þeim toga sem lagt er til að komið verði á rúmist fyllilega innan marka stjórnskipunarinnar.

Aflamarkskerfið hefur verið notað annars vegar sem fiskveiðistjórnunarkerfi og hins vegar í hagrænum tilgangi. Leiga veiðiheimilda er aðferð sem tryggir að mati hagfræðinga að fiskveiðiarðurinn verði áfram til staðar en hann mun skiptast með öðrum hætti en hann gerir nú. Sú aðferð sem notuð verður við uppboð veiðiréttarins mun ráðast af þeim markmiðum sem stefnt verður að. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að með þeim reglum sem settar verði skuli gæta sérstaklega að eftirfarandi:

a. að fulls jafnræðis milli þeirra sem starfa í greininni verði gætt,
b. að stöðugleiki skapist í greininni,
c. að reglur verði einfaldar og skýrar og þátttaka á markaðnum aðgengileg um allt land,
d. að framboði veiðiheimilda verði dreift með það að markmiði að verðlag verði sem stöðugast og útgerðarmenn hafi gott ráðrúm til að meta stöðu sína með tilliti til verðlags á heimildunum.

Heildarafli einstakra fisktegunda verður áfram ákveðinn árlega samkvæmt tillögum vísindamanna og fiskveiðiárið verður óbreytt. Lagt til að sú leið verði valin að leigja út aflahlutdeild. Með því móti verður auðveldara að gefa útgerðinni kost á veiðiheimildum til lengri tíma og það einfaldar kerfið hvað varðar breytileika fiskstofnanna.

Leiga veiðiheimilda innan ársins hefur verið hluti af viðskiptum með aflaheimildir á undanförnum árum. Eftir að frjálst framsal aflaheimilda var leyft árið 1990 myndaðist strax markaður með slíka leiguheimildir. Útgerðarmenn þekkja vel til þessa leigukerfis. Takmarkað framboð hefur hins vegar spennt leiguverð langt upp fyrir þau mörk sem jafnvel bestu útgerðir geta borgað. Verðið sem þar hefur ríkt er jaðarverð sem ræðst af ýmsum öðrum aðstæðum en hagnaði af veiðum á viðkomandi tegund. Að loknu aðlögunartímabili, þegar allar aflaheimildir eru komnar á markað, má ætla að leigugjald verði í samræmi við afkomumöguleika útgerðarinnar.

Framsal aflaheimilda.

Aflahlutdeildir sem útgerðir leigja til sín til fimm ára verða ekki framseljanlegar. Útgerðirnar geta hins vegar skilað aflahlutdeildinni til baka ef þær af einhverjum ástæðum sjá sér ekki hag í að nýta sér hana. Er með því horfið frá meginreglu núgildandi laga um óheft framsal aflahlutdeildar. Þingflokkurinn telur þó ekki skynsamlegt að breyta reglum um framsal aflahlutdeilda eða aflamarks í núgildandi kerfi á meðan á aðlögunartímanum stendur. Fráleitt væri hins vegar að leyfa eingöngu þeim sem eru handhafar heimilda úr því kerfi að leigja frá

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmálasamtaka, sem þátt hafa tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

113. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað, eftir almennar alþingiskosningar, að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram, sbr. 120. og 121. gr., og skal þá landskjörstjórn endurúthluta kjördæmissætum þar sem uppkosning hefur farið fram skv. 107. gr. og úthluta jöfnunarsætum að nýju skv. 108. og 109. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

XVIII. KAFLI
Kosningum frestað og uppkosningar.

114. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn til kjörfundar að nýju innan viku. Birta skal fundarboðið á sama hátt og venja er að birta opinberar auglýsingar.

Farist kosning fyrir af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt sem fyrir er mælt í 1. mgr.

Undirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild eftir að hún er hafin ef hún telur óviðráðanlegar ástæður eins og óveður hindra að kosning geti fram haldið og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina, enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar. Hafi kosningu verið frestað ber að kveðja til kjörfundar að nýju á sama hátt og segir í 1. mgr.

Kjörstjórn sem kosin er skv. 2. mgr. 15. gr. kemur í stað undirkjörstjórna við ákvörðun skv. 1.–3. mgr.

Þegar kosningu hefur verið frestað skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 95. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu að kjörskráreintök þau sem kjörstjórnin hefur haft til afnota skulu lögð með öðrum kjörgögnum. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag opnar kjörstjórn umbúðir þær sem kjörgögnin eru í í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans kveður hún til valinkunnan mann

til að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði má þó opna umbúðir og hefja kosningu þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XIV. kafla, eftir því sem við á.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosningu fara fram í kjördeildinni og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og fyrr segir.

115. gr.

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það að kosning er úrskurðuð ógild skv. 46. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 120. og 121. gr. þessara laga, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu kveðja til nýrra kosninga í kjördæmi og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

XIX. KAFLI
Skýrslur til Hagstofu.

116. gr.

Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.

XX. KAFLI
Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.

117. gr.

Það er óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll:

a. að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunnindum í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum ef kosning fari svo eða svo, að torvelda öðrum sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar,
b. að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ.e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni,
c. að hafa merki stjórnmálasamtaka, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma,
d. að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns er stendur á kjörskrá; hér undir heyrir sérstaklega ef maður telur sig til málamynda eiga lögheimili í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá,
e. að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar,
f. að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði sem greitt hefur verið, eða á annan hátt.

XXI. KAFLI
Kosningakærur.

118. gr.

Nú kærir einhver kjósandi að þingmann er kosningu hlaut skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan fjögurra vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kæru í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað umboðsmönnum framboðslistans annað samritið en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

119. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð sveitarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi lögreglustjóra og fer um þau að hætti opinberra mála.

Engum kjósanda, sem greitt hefur atkvæði við kosningar til Alþingis, er skylt að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli hvernig hann hefur greitt atkvæði.

XXII. KAFLI
Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

120. gr.

Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn rannsakar það kæruna og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim er Alþingi berast frá landskjörstjórn og yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda og einnig án þess ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

121. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

XXIII. KAFLI
Hvernig varamenn taka þingsæti.

122. gr.

Varamenn þingmanna taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 107. og 110. gr. þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Forfallist varamaður sökum veikinda eða annars, segi hann af sér, missi kjörgengi eða falli frá tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

XXIV. KAFLI
Kostnaður.

123. gr.

Um greiðslu kostnaðar við framkvæmd á lögum þessum fer sem hér segir:

a. Ríkissjóður greiðir nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.
b. Ríkissjóður greiðir nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld er yfirkjörstjórnir láta í té, svo og fyrir húsnæði þar sem talning atkvæða fer fram.
c. Sveitarsjóðir greiða nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og kjörstjórna skv. 2. mgr. 15. gr. og fyrir kjörgögn þau og áhöld sem kjörstjórnir þessar láta í té, fyrir húsnæði til kjörfunda og fyrir atkvæðakassa.

XXV. KAFLI
Refsiákvæði.

124. gr.

Það varðar sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður hagar fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækir hana.

125. gr.

Það varðar sektum:

a. ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur,
b. ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum,
c. ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra,
d. ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kýs eða hefur kosið,
e. ef maður njósnar um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið,
f. ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu,
g. ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðisbréfi sem honum hefur verið trúað fyrir eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna,
h. ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt sem greint er í d-lið 117. gr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum,
i. ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

126. gr.

Það varðar sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

a. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar,
b. ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri, sem aðstoð veitir, segir frá því hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði,

c. ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri eða sá sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna skv. 54. eða 95. gr. tefur fyrir að þau komist til skila,
d. ef maður torveldar öðrum sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar,
e. ef maður greiðir atkvæði á tveimur stöðum við sömu alþingiskosningar.

127. gr.

Það varðar sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:
a. ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni,
b. ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

128. gr.

Það varðar fangelsi allt að fjórum árum:
a. ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill,
b. ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

XXVI. KAFLI
Breytingar á lögum þessum.

129. gr.

Lögum þessum verður breytt eins og fyrir er mælt í stjórnarskránni.

Ákvæðum 6. gr. um kjördæmamörk og ákvæðum 107.–109. gr. um úthlutun þingsæta verður ekki breytt nema með samþykki $^{2}/_{3}$ atkvæða á Alþingi, sbr. 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

XXVII. KAFLI
Gildistaka og breytingar á öðrum lögum.

130. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991, nr. 92 23. desember 1991 og nr. 9 27. febrúar 1995.

Frá sama tíma breytist 1. mgr. 14. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 43/1996, þannig að í stað orðanna „120. gr. og XVII., XXI. og XXII. kafla“ komi: 114. gr. og XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla.

Frá sama tíma falla brott orðin „og hafa ekki áhrif á skipan kjördæma við alþingiskosningar“ úr 2. gr. laga nr. 17/1998, um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 130. gr. skal beita lögum nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum, við forsetakjör á árinu 2000 eftir því sem við á og

ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, með síðari breytingum. Jafnframt skulu yfirkjörstjórnir er kosnar voru samkvæmt þeim lögum að loknum alþingiskosningum 1999, á 124. löggjafarþingi, halda umboði sínu að því er það varðar.

II.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð yfirkjörstjórna sem kjörnar voru skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1987, síðast í júní 1999, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða I. Alþingi skal þegar í stað kjósa yfirkjörstjórnir skv. 1. mgr. 13. gr. í lögum þessum.

Greinargerð.

I.

Inngangur.

Hinn 25. október 1999 skipaði forsætisráðherra nefnd til að semja frumvarp til nýrra heildarlaga um kosningar til Alþingis. Í nefndina voru skipuð alþingismennirnir Geir H. Haarde fjármálaráðherra, formaður, Sigríður A. Þórðardóttir og Kristinn H. Gunnarsson samkvæmt tilnefningum þingflokka stjórnarflokkanna og Guðmundur Árni Stefánsson og Steingrímur J. Sigfússon samkvæmt tilnefningum þingflokka utan ríkisstjórnar. Með nefndinni hafa starfað Helgi Bernódusson, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis, og Kristján Andri Stefánsson, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar sagði m.a. svo: „Hinn 24. júní sl. voru staðfest stjórnarskipunarlög nr. 77/1999, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Forystumenn allra flokka, er sæti áttu á Alþingi á síðasta kjörtímabili, stóðu sameiginlega að undirbúningi og samþykkt þessara stjórnarskipunarlaga og samkomulag þeirra tók jafnframt til þeirra breytinga sem þau gera ráð fyrir að gerðar verði þeim til samræmis á lögum um kosningar til Alþingis. Drög að slíkum breytingum liggja þegar fyrir og fylgdu frumvarpi til framangreindra stjórnarskipunarlaga við meðferð fyrra þings. – Á vorþingi 123. löggjafarþings var jafnframt lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um kosningar til Alþingis sem ekki varð útrætt. Þar var um að ræða tillögur nefndar, er fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði samkvæmt tilnefningum allra þingflokka, er þá áttu sæti á Alþingi, til að endurskoða kosningalöggjöfina í heild sinni. Þessari nefnd vannst þó ekki tími til að ljúka nema hluta endurskoðunar sinnar og skilaði því auk tillagna sinna lista yfir fjölmörg atriði sem ekki hafði tekist að ljúka umfjöllun um. Taldi sú nefnd eðlilegt að þau atriði og eftir atvikum fleiri kæmu til athugunar í tengslum við þá endurskoðun kosningalaga sem framkvæma þyrfti vegna breytinga á stjórnarskránni síðar."

Á þessum grundvelli var nefndinni falið að semja frumvarp til nýrra heildarlaga um kosningar til Alþingis. Samkvæmt framangreindu var hlutverk hennar þríþætt: 1) Að útfæra breytt ákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 77/1999, um kjördæmaskipan og úthlutun þingsæta ásamt öðrum breytingum á kosningakerfinu sem samkomulag um þessar breytingar gerði jafnframt ráð fyrir, 2) að fjalla um áður fram komnar tillögur um breytingar á kosningalögum og 3) að ljúka endurskoðun kosningalaganna að öðru leyti.

II.

Stjórnarskrárbreytingin og tengd atriði.

Stjórnarskrárbreytingin, sem samþykkt var á sumarþingi 1999, byggðist á tillögum nefndar er forsætisráðherra skipaði 8. september 1997 til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis í því skyni að draga úr misvægi atkvæða og laga hana að þróun

búsetu í landinu. Nefndin var skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka er þá áttu fulltrúa á Alþingi. Nefndin skilaði forsætisráðherra ítarlegri skýrslu um niðurstöður sínar og forsendur þeirra hinn 6. október 1998 og var hún lögð fyrir Alþingi þá um haustið (Alþt. 1998–99, A-deild, bls. 943–1023). Á grundvelli þessarar skýrslu og erindis nefndarinnar til forsætisráðherra, dags. 28. október s.á., ákváðu forustumenn stjórnmálaflokkanna, sem fulltrúa höfðu átt í nefndinni, að gera tillögur hennar að sínum og standa sameiginlega að þeim breytingum sem þar voru lagðar til. Í því skyni fluttu þeir sameiginlega frumvarp það er varð að stjórnarskipunarlögum nr. 77/1999 (254. mál á 123. löggjafarþingi, 1. mál á 124. löggjafarþingi). Um markmið og forsendur þessara breytinga vísast til framsögu og greinargerða með þeim frumvörpum, svo og skýrslu þeirrar er liggur þeim til grundvallar. Stjórnarskrárbreytingin lagði þó aðeins grunninn að hinu nýja kerfi og skapaði stjórnskipuleg skilyrði fyrir þeim breytingum sem hér er lagt til að kosningalögin mæli fyrir um.

Í greinargerð með stjórnarskipunarlagafrumvarpi því, er fyrra þing hafði til meðferðar, kom fram að engin ákvæði stjórnarskrárinnar hefðu tekið jafnoft breytingum og fyrirmæli hennar um kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag. Í því skyni að gera kosningakerfið í senn sveigjanlegra og varanlegra en verið hefði var því lagt til að í stað rækilegra ákvæða um kjördæmamörk og úthlutun þingsæta hefði stjórnarskráin að geyma heldur færri og að sama skapi almennari ákvæði um megindrætti í kjördæmaskipan landsins og tilhögun kosninga til Alþingis. Almenna löggjafnum yrði hins vegar eftirlátin útfærsla þeirra í lögum, sumpart með tilstyrk aukins meiri hluta atkvæða á Alþingi. Heildarfjöldi þingsæta og lengd kjörtíma eru eftir sem áður stjórnarskrárbundin, svo og tilhögun kosninga í megindráttum, svo sem að þær skuli vera leynilegar og hlutbundnar. Hins vegar er lagt í vald löggjafans að ákveða fjölda kjördæma og þingsæta í hverju kjördæmi, innan þeirra marka sem stjórnarskrá setur. Sömuleiðis þarf að setja í lög nánari fyrirmæli um kjördæmaskipan og fyrirkomulag kosninga, þar á meðal um kjördæmamörk utan Reykjavíkur og nágrennis og reglur um úthlutun þingsæta. Með þessu móti er hægt að breyta vissum atriðum er lúta að kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi án þess að til þurfi stjórnarskrárbreytingu. Þó er áskilið að breytingar á lögmæltum kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta eins og þau eru ákveðin í frumvarpi þessu, ef að lögum verður, verði aðeins gerðar með tveimur þriðju hlutum atkvæða á Alþingi.

Þá er í 31. gr. stjórnarskrárinnar að finna tvö nýmæli sem ekki voru þar áður. Annars vegar var horfið frá þeirri reglu núgildandi kosningalaga að þau stjórnmálasamtök ein komi til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem fengið hafa kjördæmissæti. Í staðinn var í stjórnarskrá tekin sú regla að þau samtök ein, sem hlotið hafa fimm af hundraði atkvæða á landsvísu eða meira, geti fengið úthlutað jöfnunarsæti, jafnvel þótt þau hafi ekki fengi þingsæti í kjördæmi. Hins vegar er komið í veg fyrir að misvægi á milli atkvæða kjósenda að baki hverju þingsæti í einstökum kjördæmum geti farið yfir 1:2 með því að fela landskjörstjórn að flytja þingsæti á milli kjördæma þar sem munurinn er mestur til að draga úr misvæginu.

Í samræmi við framangreindar breytingar á stjórnarskrá og þær breytingar á kosningakerfinu, sem liggja þeim til grundvallar og forusta stjórnmálaflokkanna sameinaðist um á síðasta kjörtímabili, er í frumvarpi þessum lagt til að kosningalögin taki eftirtöldum breytingum:

- Kjördæmin verði sex að tölu. Mörk þeirra verði dregin í lögum, þó þannig að landskjörstjórn verði falið að ákveða mörkin milli kjördæmanna tveggja í Reykjavík á grundvelli íbúaskrár þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag.
- Þingsætatala í hverju kjördæmi verði ákveðin þannig að í hverju kjördæmi verði 9 kjördæmissæti og 1–2 jöfnunarsæti.
- Heimild landskjörstjórnar til að færa þingsæti á milli kjördæma til að draga úr misvægi

- Heimild landskjörstjórnar til að færa þingsæti á milli kjördæma til að draga úr misvægi atkvæða verði bundin við kjördæmissæti og þá eingöngu þau sem eru umfram stjórnarskrárbundið lágmark.
- Kjördæmissætum, eins og jöfnunarsætum, verði úthlutað samkvæmt d'Hondt-reglu.
- Úthlutun jöfnunarsæta verði felld að fyrirmælum stjórnarskrár.
- Möguleikar kjósenda til að hafa áhrif á röð efstu frambjóðenda á lista verði auknir.

III.

Aðrar breytingar á kosningalögum.

Í frumvarpi til laga um kosningar til Alþingis, sem dóms- og kirkjumálaráðherra lagði fyrir 123. löggjafarþing (523. mál) en varð ekki útrætt á því þingi, voru lagðar til ýmsar breytingar sem samstaða hafði tekist um á milli stjórnmálaflokkanna í þeirri nefnd er undirbjó frumvarpið. Breytingar samkvæmt því frumvarpi miðuðu flestar að því að auðvelda kjósendum að neyta kosningarréttar síns og bæta úr ýmsum ágöllum sem komið hafa fram við framkvæmd kosninga á undanförnum árum og höfðu almennt að markmiði að skapa umgjörð sem gert gæti framkvæmd kosninga einfaldari og greiðari án þess að draga úr öryggi hennar. Við gerð frumvarpsins var m.a. höfð hliðsjón af breytingum sem gerðar voru á ýmsum ákvæðum um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga með lögum nr. 5/1998.

Breytingartillögur þessa fyrra frumvarps hafa ásamt nokkrum öðrum verið felldar inn í þetta frumvarp og teljast þessar helstar:

- Umboðsmaður Alþingis skal ekki vera kjörgengur til Alþingis.
- Samræmdar eru reglur um öll sveitarfélög.
- Sveitarstjórnir ráði alfarið skiptingu sveitarfélags í kjördeildir og skipan undirkjörstjórna.
- Hverfis- eða yfirkjörstjórnir verði í sveitarfélögum þar sem eru fleiri en ein kjördeild á kjörstað og yfirkjörstjórn verði þar sem slíkir kjörstaðir eru fleiri en einn.
- Kjörstjórnarmaður verði vanhæfur ef til meðferðar er mál sem varðar þann sem er skyldur honum eða mægður.
- Kjörskrárstofn er miðaður við íbúaskrá þjóðskrár eins og hún er fimm vikum fyrir kjördag.
- Ekki má breyta kjörskrá vegna nýs lögheimilis nema flutningur hafi átt sér stað fimm vikum fyrir kjördag og tilkynning um nýtt lögheimili hafi borist Hagstofunni (þjóðskrá) til skráningar fyrir sama tíma.
- Kveðið er á um sérstaka tilkynningarskyldu sveitarfélags ef athugasemdir koma fram við kjörskrá.
- Ákvæði er um að á framboðslista skuli vera nöfn tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri.
- Ákvæði er um að enginn megi mæla með fleiri framboðslistum en einum við sömu kosningar.
- Ákvæði er um hvenær frambjóðandi getur afturkallað samþykki til framboðs.
- Ákvæði er um hvenær meðmælandi getur afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína.
- Aukinn fjöldi kjósenda er áskilinn við umsókn um listabókstaf fyrir ný stjórnmálasamtök.
- Aukinn fjöldi kjósenda er áskilinn sem meðmælendur með framboði stjórnmálasamtaka.
- Ákvæði er um að heiti nýrra stjórnmálasamtaka megi ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem fyrir eru.
- Ákvæði er um að gera skuli leiðbeiningar um tilhögun atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

- Sýslumanni verði heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans en embættisskrifstofu eða útibúi.
- Ákvæði er um að ekki þurfi læknisvottorð til stuðnings ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi.
- Nægilegt verði að umsókn um að greiða atkvæði í heimahúsi hafi borist kjörstjóra fjórum dögum fyrir kjördag.
- Ákvæði er um að framkvæmd og afgreiðslutíma utankjörfundaratkvæðagreiðslu skuli haga þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig.
- Utanríkisráðuneytið geti ákveðið að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram á öðrum stöðum erlendis en í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns og að tilnefndir verði sérstakir kjörstjórar í þessu skyni.
- Atkvæðagreiðsla um borð í skipi, sem er í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, geti náð til farþega með skipinu auk áhafnar þess.
- Kennivottorð, t.d. vegabréf, ökuskírteini o.fl., verði tilgreind sem skilríki kjósanda við atkvæðagreiðslu, auk nafnskírteinis.
- Ákvæði er um að kjörfund skuli almennt setja kl. 9 árdegis en kjörstjórn geti ákveðið að kjörfundur hefjist síðar, þó ekki síðar en kl. 12 á hádegi.
- Einfölduð eru ákvæði um tilhögun atkvæðagreiðslu á kjörfundi í þeim tilgangi að gera athöfnina einfaldari og greiðari.
- Kveðið er á um hlutverk kjörstjórnar við að halda uppi vörslu og reglu á kjörstað.
- Ákvæði er um að á hverjum kjörstað skuli vera tilkynning um framboðslista með heiti stjórnmálasamtaka, listabókstöfum og nöfnum frambjóðenda.
- Ný ákvæði eru um meðferð utankjörfundaratkvæða hjá kjörstjórn.

Nefnd sú er undirbjó fyrrgreint frumvarp, er lagt var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi, skilaði jafnframt tillögum sínum lista yfir nokkur atriði sem ekki hafði tekist að ljúka umfjöllun um í því nefndarstarfi en hún taldi samt sem áður æskilegt að yrðu áfram til skoðunar, eftir atvikum í tengslum við þær breytingar sem gera þyrfti á kosningalögum vegna stjórnarskrárbreytinganna sem þá voru í undirbúningi. Nefnd þeirri, er undirbúið hefur þetta frumvarp, var því einnig falið að fjalla um þessi atriði. Umfjöllun um aðrar og brýnni breytingar á lögunum hefur hins vegar tekið lengri tíma en svo að tekist hafi að fjalla um þessi atriði að marki. Með því að brýnt er orðið að koma fyrir þingið frumvarpi um þær breytingar á kosningalögum sem breytt ákvæði stjórnarskrár kalla á hefur orðið að ráði að leggja fyrrnefndan lista yfir óútkljáð atriði enn til hliðar meðan þingið fjallar um þær tillögur sem samstaða er í meginatriðum um að öðru leyti.

IV.

Yfirlit um efnisskipan frumvarpsins.

Til hægðarauka fylgir hér yfirlit yfir efnisskipan frumvarpsins, númer kafla og heiti, ásamt greinanúmerum:

Kafli	**Heiti (greinanúmer)**
I.	Kosningarréttur og kjörgengi (1.–5. gr.)
II.	Kjördæmi (6.–9. gr.)
III.	Kjördeildir (10. gr.)
IV.	Kjörstjórnir (11.–19. gr.)
V.	Kjördagur (20.–21. gr.)
VI.	Kjörskrár (22.–29. gr.)

VIII. Listabókstafir stjórnmálasamtaka (38. gr.)
IX. Umboðsmenn (39.–40. gr.)
X. Úrskurður um framboð og auglýsing (41.–45. gr.)
XI. Kjörgögn (46.–55. gr.)
XII. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar (56.–67. gr.)
XIII. Kjörstaðir (68.–69. gr.)
XIV. Atkvæðagreiðsla á kjörfundi (70.–96. gr.)
XV. Kosningaúrslit í kjördæmum (97.–105. gr.)
XVI. Úthlutun þingsæta (106.–110. gr.)
XVII. Útgáfa kjörbréfa (111.–113. gr.)
XVIII. Kosningum frestað og uppkosningar (114.–115. gr.)
XIX. Skýrslur til Hagstofu (116. gr.)
XX. Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll (117. gr.)
XXI. Kosningakærur (118.–119. gr.)
XXII. Úrskurður Alþingis um gildi kosninga (120.–121. gr.)
XXIII. Hvernig varamenn taka þingsæti (122. gr.)
XXIV. Kostnaður (123. gr.)
XXV. Refsiákvæði (124.–128. gr.)
XXVI. Breytingar á lögum þessum (129. gr.)
XXVII. Gildistaka og breytingar á öðrum lögum (130. gr.)
Ákvæði til bráðabirgða (I–II)

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er í samræmi við 1. gr. kosningalaga.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru ákvæði sem nú eru í 2. mgr. 15. gr. kosningalaga. Þykir rétt að flytja ákvæðin í I. kafla laganna þar sem þau varða skilyrði kosningarréttarins. Ákvæðin eru í meginatriðum samhljóða gildandi ákvæði. Nauðsyn þykir þó að kveða nánar á um hvernig fara beri með umsóknir þeirra sem flust hafa úr landi en eiga rétt á að vera teknir á kjörskrá. Er lagt til að fram komi í lögum að umsókn, sem berst meira en einu ári áður en réttur fellur niður, skuli ekki tekin til greina. Eitt skilyrði þessa réttar er að umsækjandi staðfesti í umsókn að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Ekki þykir annað við hæfi en að slík yfirlýsing þess sem lengi hefur búið erlendis sé nýleg. Ef umsókn berst of fljótt mun Hagstofan tilkynna umsækjanda það og leiðbeina um hvenær umsókn sé tímabær. Loks er það nýmæli að tekið er fram að ákvæðin gildi á sama hátt um endurnýjun kosningarréttarins.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um að skilyrði kosningarréttar sé að nafn kjósanda sé á kjörskrá. Ákvæði þessa efnis er nú í 25. gr. kosningalaga sem gert er ráð fyrir að falli brott, sbr. og 1. mgr. 80. gr. frumvarpsins þar sem segir að engum sem á kjörskrá stendur megi kjörstjórn meina að greiða atkvæði. Að kjósandi geti verið á kjörskrá á tveimur stöðum við sömu kosningar, sbr. 25. gr. laganna, á ekki að geta átt sér stað vegna reglna um kjörskrárgerð. Beri hins vegar svo við leiðir af sjálfu sér að kjósandi hlýtur sjálfur að eiga val um hvar hann neytir atkvæðisréttar síns, en skv. e-lið 126. gr. frumvarpsins er refsivert að greiða atkvæði á tveimur stöðum við sömu kosningar.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. kosningalaga, en við hana hefur þó verið bætt því ákvæði að umboðsmaður Alþingis sé ekki kjörgengur. Er það í samræmi við 1. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, en þar segir að umboðsmaður megi ekki vera alþingismaður.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. kosningalaga.

Um 6. gr.

Í þessari grein er í samræmi við fyrri málslið 2. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 77/1999, lagt til að kjördæmin verði sex að tölu, þrjú kjördæmi á landsbyggðinni og þrjú á höfuðborgarsvæðinu. Til Norðvesturkjördæmis teljast miðað við fyrri skipan Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi og Norðurlandskjördæmi vestra að undanskildum Siglufjarðarkaupstað, til Norðausturkjördæmis teljast Norðurlandskjördæmi eystra auk Siglufjarðarkaupstaðar og Austurlandskjördæmi að undanskildu Sveitarfélaginu Hornafirði, til Suðurkjördæmis Suðurlandskjördæmi auk Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Suðurnesja í Reykjaneskjördæmi og til Suðvesturkjördæmis Reykjaneskjördæmi án Suðurnesja og Kjalarness. Loks er Reykjavíkurkjördæmi skipt í tvö kjördæmi eins og óhjákvæmilegt er til að fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi geti verið sem jafnastur.

Þessi skipan kjördæmanna er í öllum meginatriðum í samræmi við þá afmörkun sem boðuð var í greinargerð með frumvarpi því er varð að stjórnarskipunarlögum nr. 77/1999 við meðferð fyrra þings. Sú skipting var í öllum meginatriðum í samræmi við aðaltillögu í nefndarskýrslu þeirri er lá því frumvarpi til grundvallar. Eftir að skýrslan kom fram hélt nefndin, er hana samdi, áfram störfum og fylgdist með umræðum um hana og ábendingum sem fram komu um tillögur hennar. Í erindi, er nefndin sendi forsætisráðherra, dags. 28. október 1998, taldi hún mega bregðast við gagnrýni á aðaltillögu hennar með tilteknum breytingum, m.a. þeim að telja Austur-Skaftafellssýslu eða Sveitarfélagið Hornafjörð til Norðausturkjördæmis í stað Suðurkjördæmis. Meðan frumvarp þetta var í smíðum kom bæjarstjórnin á Hornafirði hins vegar á framfæri einkar afgerandi niðurstöðum skoðanakönnunar, er hún lét gera meðal kosningarbærra manna í sveitarfélaginu, á því hvort þeir teldu að sveitarfélagið ætti frekar að tilheyra Suðurkjördæmi en Norðausturkjördæmi. Af þeim sem afstöðu tóku galt yfirgnæfandi meiri hluti jáyrði við þeirri spurningu eða rúmir 62 af hundraði. Þegar til þess er litið að þetta er og sú skipan sem upphafleg aðaltillaga kjördæmanefndarinnar gerði ráð fyrir og að breyting í þessa veru raskar ekki markmiðum hennar að öðru leyti er lagt til að Sveitarfélagið Hornafjörður teljist til Suðurkjördæmis í stað Norðausturkjördæmis.

Annað frávik frá upphaflegum tillögum felst í því að hér er lagt til að Reykjavík verði skipt í norður- og suðurkjördæmi, í stað vestur- og austurkjördæmis. Er sú skipan talin gefa betri þverskurð af íbúum borgarinnar með tilliti til aldursdreifingar, hverfaskiptingar, þjónustu sem veitt er í hvoru kjördæmi um sig o.fl. Auk þess ættu meginumferðaræðar borgarinnar um Miklubraut og Vesturlandsveg að nýtast vel til að draga mörk hvors kjördæmis um sig, einnig með tilliti til uppbyggingar nýrra hverfa og framtíðarþróunar borgarinnar. Að öðru leyti vísast til 7. gr. frumvarpsins um þær viðmiðunarreglur sem landskjörstjórn ber að leggja skiptingu borgarinnar til grundvallar í þessu skyni. Tekið skal fram að eftir sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, sbr. 1. gr. laga nr. 17/1998, ber að telja kjósendur á Kjalarnesi til annars Reykjavíkurkjördæmanna, sbr. einnig þá breytingu sem lagt er til að þau lög taki í 3. mgr. 130. gr. frumvarpsins.

til annars Reykjavíkurkjördæmanna, sbr. einnig þá breytingu sem lagt er til að þau lög taki í 3. mgr. 130. gr. frumvarpsins.

Með þessu móti verða kjördæmin svipuð að stærð miðað við fjölda kjósenda í hverju þeirra. Það gerir að verkum að heildarfjöldi þingsæta í hverju þeirra getur verið áþekkur án mikils misvægis atkvæða milli kjördæma og hægt er úthluta fleiri þingsætum í kjördæmi á grundvelli úrslita í kjördæminu sjálfu, og ættu níu jöfnunarsæti að duga til að tryggja sæmilega vel jöfnuð á milli flokka á landsvísu. Miðað við skiptingu kjósenda milli þessara kjördæma ætti mesta misvægi atkvæða á milli kjördæma samkvæmt þessu að vera 1:1,85 ef miðað er við kjósendur á kjörskrá 8. maí 1999.

Mörk kjördæma hafa fram til þessa verið dregin með því að telja upp þá kaupstaði og sýslur sem heyra til hverju kjördæmi. Skipting landsins í sýslur hefur hins vegar verið afnumin, skipan sveitarfélaga hefur breyst og ekki er lengur byggt á flokkun þeirra í kaupstaði og hreppa. Því er sjálfgefið að mörk kjördæma verði hér eftir dregin með því að tilgreina þau sveitarfélög sem heyra til hverju kjördæmi.

Í 2. mgr. er skýrt hvernig með skuli fara ef heiti eða mörkum sveitarfélags er breytt eða sveitarfélög sameinuð eftir gildistöku nýrra kjördæmamarka skv. 1. mgr. Skv. 2. mgr. skal hið nýja sveitarfélag heyra til þess kjördæmis sem hið fyrra eða hin fyrri heyrðu til, nema sameinuð hafi verið tvö eða fleiri sveitarfélög sem hvort eða hvert hafa heyrt til sínu kjördæmi. Í því tilviki skulu kjördæmamörkin haldast óbreytt og áfram miðast við sömu mörk og fyrri sveitarfélög höfðu áður. Því má síðan breyta með breytingum á kosningalögum að tilskildu samþykki aukins meiri hluta, sbr. 2. mgr. 129. gr. frumvarpsins og 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 77/1999.

Um 7. gr.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins skal Reykjavík skipt í tvö kjördæmi. Til að vægi atkvæða í hvoru þeirra um sig sé sem jafnast þurfa kjördæmin að vera því sem næst jafnstór með tilliti til fjölda kjósenda að baki hverju þingsæti. Mörkin milli kjördæmanna þurfa því að vera hreyfanleg eftir því sem íbúatala Reykjavíkur breytist og borgin stækkar. Í þessari grein er því lagt til að nýtt verði heimild í síðari málslið 2. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 77/1999, til að víkja frá lögbundnum kjördæmamörkum í Reykjavík og nágrenni og landskjörstjórn falið að ákveða mörk kjördæmanna innan borgarinnar eftir búsetu kjósenda. Við það verk eru henni settar ákveðnar viðmiðunarreglur í samræmi við framangreindar forsendur. Samkvæmt þeim skulu mörkin dregin þannig að kjósendur að baki hverju þingsæti, að jöfnunarsætum meðtöldum, verði nokkurn veginn jafnmargir í hvoru kjördæmi um sig. Til að þessir útreikningar fari saman við fjölda kjósenda á kjörskrá er jafnframt lagt til að hvort tveggja sé miðað við íbúaskrá þjóðskrár eins og hún er fimm vikum fyrir kjördag, sbr. einnig 23. gr. frumvarpsins. Gengið er út frá að skipulag borgarinnar í götur og hverfi verði lagt þessari skiptingu til grundvallar rétt eins og tíðkast hefur við skiptingu borgarinnar í kjördeildir. Enda þótt miða beri við að kjördæmin verði á hverjum tíma jafnstór með tilliti til fjölda kjósenda ber einnig að leitast við að haga skiptingunni þannig að hvort kjördæmi um sig verði sem samfelldust heild með tilliti til hverfa- og götuskipulags.

Ekki þykir rétt að festa í lög nánari ákvæði um það hve miklu má muna á fjölda kjósenda að baki þingsætum í hvoru Reykjavíkurkjördæmanna en miðað er við að ekki skakki meira en 2–3%.

Í 2. mgr. er landskjörstjórn gert að auglýsa mörk Reykjavíkurkjördæmanna í Stjórnartíðindum jafnskjótt og þau liggja fyrir, og eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag. Vitaskuld

ber þó að hraða því verki eins og við verður komið, enda getur kjörskrárgerð fyrir hvort kjördæmi um sig ekki hafist fyrr en mörkin hafa verið dregin.

Um 8. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 77/1999, er tala þingmanna bundin við 63 sæti sem kosið er um í leynilegri hlutbundinni kosningu. Skv. 3. mgr. sömu greinar skulu í hverju kjördæmi vera minnst sex kjördæmissæti en skipting þingsæta milli kjördæma að öðru leyti ákveðin í lögum. Hugtakið kjördæmissæti er í 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar skýrt sem þingsæti sem úthlutað er á grundvelli kosningaúrslita í viðkomandi kjördæmi og notað til aðgreiningar frá jöfnunarsætum sem úthlutað er á grundvelli landsfylgis, sbr. 4. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt síðastnefndu ákvæði skal jöfnunarsætum ráðstafað í kjördæmi.

Í samræmi við framangreint er í 1. mgr. þessarar greinar lagt til að öll þingsætin verði bundin tilteknum kjördæmum og heildarfjöldi í hverju þeirra verði nokkurn veginn sá sami, þ.e. tíu þingsæti í hverju landsbyggðarkjördæmanna, en ellefu sæti í hverju þéttbýliskjördæmanna. Í 2. mgr. er lagt til að þessi þingsæti skiptist þannig að í hverju kjördæmi verði kjördæmissætin níu talsins, en jöfnunarsæti tvö í hverju þéttbýliskjördæmanna og eitt í hverju landsbyggðarkjördæmanna. Með því móti verða kjördæmissæti í hverju kjördæmi jafnmörg en það þýðir að stjórnmálasamtök þurfa að fá hlutfallslega jafnmörg atkvæði í hverju þeirra til að fá úthlutað slíku sæti. Jafnframt benda útreikningar ekki til annars en að samtals níu jöfnunarsæti í sex álíka stórum kjördæmum eigi að duga til að tryggja sæmilegan jöfnuð milli stjórnmálasamtaka miðað við heildarfylgi þeirra á landsvísu.

Í 3. mgr. greinarinnar er á því hnykkt að lögbundin skipting þingsæta í kjördæmi komi þó ekki í veg fyrir að þingsæti verði flutt á milli kjördæma ef þau skilyrði skapast sem vísað er til í 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Þau eru nánar útfærð í 9. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 77/1999, var tekið það nýmæli sem ætlað er að koma í veg fyrir að misvægi atkvæða fari fram úr 1:2 milli einstakra kjördæma. Þar var tekin upp sú regla að landskjörstjórn skuli breyta fjölda þingsæta í kjördæmum ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, verða eftir alþingiskosningar orðnir helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi.

Í þessari grein er þessi regla útfærð nánar að því leyti að heimild landskjörstjórnar til að færa þingsæti á milli kjördæma til að draga úr misvægi atkvæða í einstökum kjördæmum er einskorðuð við flutning kjördæmissæta. Svo sem hnykkt er á í 3. mgr. þessarar greinar er jafnframt litið svo til að heimild landskjörstjórnar til að flytja kjördæmissæti taki einvörðungu til þeirra kjördæmissæta í kjördæmi sem eru umfram stjórnarskrárbundið lágmark, sbr. fyrri málslið 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

Bent skal á að 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar bindur atkvæðamisvægi á milli einstakra kjördæma eingöngu við tiltekið hámark. Þannig er heimilt að draga enn frekar úr atkvæðamisvæginu í lögum, innan þeirra marka sem 2. og 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar setja, þótt ekki sé gerð tillaga um það hér.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 6. gr. kosningalaga. Lagt er til að samræmd verði ákvæði um skiptingu sveitarfélaga í kjördeildir og að almenna reglan verði að sveitarstjórn ákveði skiptinguna.

hreppshluta í hreppi, þar sem eru færri en fjórar kjördeildir, geti krafist þess að gerð verði sérstök kjördeild fyrir þá. Vegna breyttra samgangna eru þessi ákvæði óþörf.

Í 2. mgr. er lagt til að sama meginregla gildi um hvernig auðkenna skuli einstakar kjördeildir til aðgreiningar og verði þær að jafnaði kenndar við kjörstað eða tölusettar.

Um 11. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. kosningalaga. Lagt er til að bætt verði í upptalningu kjörstjórna vísun til sérstakra kjörstjórna í sveitarfélögum þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, sbr. 2. mgr. 15. gr.

Um 12. gr.

Greinin samsvarar 8. gr. kosningalaga en fellt er brott ákvæði um að beita skuli hlutfallskosningu. Um það efni gilda almenn ákvæði í lögum um þingsköp Alþingis, sbr. 68. gr. laga nr. 55/1991.

Um 13. gr.

Greinin samsvarar í aðalatriðum 9. gr. kosningalaga. Þar eð mörk kjördæmanna í Reykjavík verða framvegis hreyfanleg milli kosninga er þó lagt til að búseta yfirkjörstjórnarmanna í viðkomandi kjördæmi falli brott sem almennt hæfisskilyrði þeirra, enda sýnist ekki sérstök ástæða til að halda í þetta skilyrði að öðru leyti. Þá er ákvæði í 5. málsl. 1. mgr. 9. gr. kosningalaga um staðgöngu fyrir forfallaðan landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmann flutt í 14. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Greinin kemur í stað 5. málsl. 1. mgr. 9. gr. kosningalaga. Í samræmi við brottfall skilyrðis um búsetu yfirkjörstjórnarmanna í viðkomandi kjördæmi er skylda til að skipa staðgengil þegar yfirkjörstjórnarmaður flyst úr kjördæmi einnig felld brott úr þessu ákvæði.

Um 15. gr.

Greinin kemur í stað 10. gr. kosningalaga.

Lagt er til að ákvæði um skipan undirkjörstjórna verði samræmd og að sveitarstjórn ráði því ein hverjir sitja í undirkjörstjórn. Af því leiðir að lögbundin seta hreppstjóra sem formanns undirkjörstjórnar fellur niður. Þá eru felld niður ákvæði um að kjörstjórnarmenn skuli kosnir úr hópi kjósenda í sveitarfélaginu og um hlutfallskosningu, en um það efni gilda almennar reglur sveitarstjórnarlaga, sbr. 2. og 3. mgr. 40. gr. laga nr. 45/1998.

Kveðið er nánar en í gildandi lögum á um kjörstjórnir í sveitarfélögum þar sem eru fleiri en ein kjördeild. Er miðað við að í sveitarfélagi þar sem kjördeildir eru fleiri en ein geti sveitarstjórn kosið sérstaka kjörstjórn til að hafa umsjón með starfi undirkjörstjórna. Í sveitarfélögum þar sem kjördeildaskipting er landfræðileg, hún ræðst t.d. af fyrri hreppaskipan, kann að vera heppilegt að hafa eina kjörstjórn til að samræma störf undirkjörstjórna, auglýsa kosningu, annast skýrslugerð o.fl. Í þessum sveitarfélögum verði þó ekki skylt að kjósa slíka kjörstjórn. Hins vegar er gert ráð fyrir sérstakri kjörstjórn, hverfiskjörstjórn eða yfirkjörstjórn, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað, er hafi með höndum stjórn undirkjörstjórna á kjörstaðnum, svo sem er í gildandi lögum. Loks er lagt til að þar sem slíkir kjörstaðir eru fleiri en einn kjósi sveitarstjórn sérstaka yfirkjörstjórn. Yfirkjörstjórn þessi gæti eftir atvikum jafnframt gegnt hlutverki hverfiskjörstjórnar. Í Reykjavík mundi slík yfirkjörstjórn þá hafa umsjón með framkvæmd kosninganna í hvoru kjördæmi og hlutverk yfir-

kjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmum yrði þá hliðstætt starfi yfirkjörstjórna í öðrum kjördæmum. Gert er þó ráð fyrir að með samþykki yfirkjörstjórna kjördæmanna geti borgarstjórn ákveðið að þær kjörstjórnir fari með verkefni yfirkjörstjórnar í hvoru kjördæmanna í borginni.

Loks er lagt til að kjörstjórnir í sveitarfélögum verði ekki kosnar til eins árs í senn heldur verði þær kosnar á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára svo sem tíðkanlegt er um nefndir sveitarfélaga. Þar sem kosnar eru sérstakar kjörstjórnir skv. 2. mgr. verði þó heimilt að fresta kosningu undir- og hverfiskjörstjórna þannig að þær verði kosnar fyrir hverjar almennar alþingiskosningar og til eins árs. Er ákvæðið hliðstætt ákvæði 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Þá er einnig lagt til að sveitarstjórn megi fresta kosningu eins eða fleiri varamanna. Í Reykjavík og víðar þar sem eru margar kjördeildir í sveitarfélagi þykja ekki vera efni til að kjósa þurfi fulla tölu varamanna í allar undirkjörstjórnir.

Um 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 11. gr. kosningalaga en tilgreiningu einstakra kjörstjórna er sleppt.

Með 2. mgr. er lagt til að vanhæfisástæður kjörstjórnarmanna verði tilgreindar fleiri en nú er. Ekki þykir þó ástæða til að sömu vanhæfisástæður gildi um kjörstjórnarmenn og almennt er í stjórnsýslu. Er lagt til að kjörstjórnarmaður skuli víkja sæti ef mál sem er til úrskurðar varðar maka hans, þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti við ættleiðingu. Er um að ræða sömu vanhæfisástæður og greinir í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 17. gr.

Greinin er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. kosningalaga. Felld er niður tilgreining einstakra kjörstjórna en því bætt við að kjörstjórnarmaður kunni að vera skipaður, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. mgr. er flutt úr 12. gr. kosningalaga. Tekið er fram að það er ekki einungis borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn heldur einnig að taka sæti í kjörstjórn. Sumir kjörstjórnarmenn eru skipaðir. Þannig skipar ráðherra varamenn vegna forfalla, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Aðrir taka sæti samkvæmt kvaðningu, sbr. 15. gr.

Ákvæði 2. mgr. er nýtt en í samræmi við framkvæmd og 50. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Um 19. gr.

Greinin svarar til 35. gr. kosningalaga. Í 1. mgr. er kjörstjórnum gert að halda gerðabók og bóka þar allar gerðir sínar svo sem verið hefur. Þó er lagt til að í sveitarfélagi þar sem kosin er yfirkjörstjórn verði heimilað að víkja frá því að undirkjörstjórn skuli nota löggilta gerðabók og að nægilegt verði að undirkjörstjórnir færi skýrslu sína á þar til gerð eyðublöð sem látin eru í té. Eins og verið hefur er í 2. mgr. getið um þær athafnir sem kjörstjórnum er skylt að færa til bókar. Þá er orðið „stjórnmálasamtök“ notað í stað hugtaksins „landsframboð“, sbr. athugasemdir við 32. gr.

Um 20. gr.

Almennt ákvæði um kjördag er nú í IX. kafla (57. gr.) kosningalaga. Lagt er til að ákvæðið flytjist framar og komi áður en fjallað er um einstök atriði við framkvæmd alþingiskosninga. Eru 1. og 3. mgr. samhljóða 57. gr.

Í 2. mgr. er lagt til að komi nýtt ákvæði þar sem tekið er fram að dómsmálaráðuneytið skuli auglýsa hvenær almennar reglulegar alþingiskosningar eigi að fara fram, en ákvæði þess efnis er ekki í lögum. Þótt ákvæði um kjördag við almennar reglulegar alþingiskosningar hafi verið í lögum, löngum síðasti sunnudagur í júní, síðasti laugardagur í júní frá 1981, annar laugardagur í maí frá 1987 og nú, frá 1995, miðað við lok fjögurra ára kjörtímabils, sami vikudagur í mánuði talið frá mánaðamótum, hefur kjördagur oftar en ekki verið ákveðinn í tengslum við þingrof, sbr. auglýsingar nr. 7/1995 og nr. 64/1999, um þingrof og almennar kosningar til Alþingis, með lagaákvæði í tengslum við breytingar á kjördæmaskipan og reglum um skiptingu þingsæta eða með sérstöku lagaákvæði svo sem var 1971, sbr. lög nr. 22/1971. Alþingiskosningar 1978 voru haldnar á reglulegum kjördegi í lok kjörtímabils og var kjördagurinn þá auglýstur sérstaklega með auglýsingu dómsmálaráðuneytisins. Áhrif auglýsingar eru m.a. þau að þegar kjördagur hefur verið auglýstur getur kosning utan kjörfundar hafist, sbr. 57. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Ákvæði þetta svarar til upphafs 122. gr. kosningalaga en hefur að öðru leyti verið fært til samræmis við breytt þingrofsákvæði 24. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 56/1991. Niðurlagsákvæði 122. gr. telst vera óþarft og er fellt brott.

Um 22. gr.

Greinin er í samræmi við 14. gr. kosningalaga.

Um 23. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar er í megindráttum samhljóða 1. mgr. 15. gr. kosningalaga en ákvæðin, sem þar eru í 2. mgr., eru flutt í 2. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemdir við þá grein.

Með breytingum á 15. gr. kosningalaganna 1991 og 1995 var ákveðið að á kjörskrá skuli færa þá sem skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Í athugasemdum kom fram að kjörskráin skyldi því verða eins og íbúaskrá þjóðskrár er hverju sinni þremur vikum fyrir kjördag. Þeir sem flytjast milli kjördæma eða kjördeilda eftir áðurgreindan tíma skulu þá teknir á kjörskrá þar sem þeir voru þá skráðir með lögheimili. Í athugasemdunum kom einnig fram að kjósandi geti ekki kært sig á kjörskrá vegna flutnings eftir þennan tíma né heldur ef flutningur hafði ekki verið tilkynntur fyrir þann tíma. Eldri ákvæði höfðu leitt til þess að fólk sem ekki hafði tilkynnt breytingu á lögheimili fyrir 1. desember átti rétt á að vera tekið á kjörskrá á nýja staðnum þar sem það átti lögheimili. Það kerfi fól í sér mikla vinnu hjá sveitarstjórnum og óvissu við frágang kjörskrár. Þessu var ætlunin að breyta þannig að breytingar á kjörskrárstofni Hagstofunnar yrðu tiltölulega fáar.

Með því að rétt þykir að sömu upplýsingar liggi til grundvallar kjörskrárgerð og afmörkun kjördæmanna í Reykjavík er hér lagt til að svigrúm til að undirbúa kjörskrár og leggja þær fram verði aukið nokkuð og kjörskrá miðuð við íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag. Þetta tímamark kann síðar að mega stytta aftur þegar reynsla er fengin af hinu nýja kerfi í framkvæmd. Ákvæði a-liðar er óbreytt frá núgildandi 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. að öðru leyti.

Þykir ekki ástæða til að breyta ákvæðinu. Ákvörðun um í hvaða sveitarfélagi kjósandi skal vera á kjörskrá ræðst af því sem skráð hefur verið í íbúaskrá þjóðskrárinnar. Skilyrði þessa eru þá annars vegar að efnislegar forsendur lögheimilisskráningar séu fyrir hendi fimm vikum fyrir kjördag og hins vegar að tilkynning um nýtt lögheimili hafi verið send og hún borist þjóðskránni fyrir sama tíma. Þessi regla kemur einnig fram á ótvíræðari hátt en áður í 3. mgr. 27. gr. frumvarpsins (sbr. nú 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna).

Samkvæmt b-lið fyrri málsgreinar þessarar greinar eru kjósendur búsettir í útlöndum færðir á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem þeir áttu síðast lögheimili. Með því að Reykjavík er skv. 6. og 7. gr. frumvarpsins skipt í tvö því sem næst jafnstór kjördæmi með tilliti til fjölda kjósenda ber nauðsyn til að skipta þessum hópi, svo og öðrum óstaðsettum í Reykjavík, milli kjördæmanna. Hér er lagt til að þessi skipting verði byggð á fæðingardegi þessara kjósenda þannig að þeir sem fæddir eru í fyrri hluta mánaðar lendi allir í öðru kjördæminu, en þeir sem fæddir eru í seinni hluta mánaðar í hinu. Skipting samkvæmt þessari viðmiðun ætti m.a. að tryggja tiltölulega jafna aldursdreifingu innan hvors hóps um sig.

Um 24. gr.

Greinin er í samræmi við 16. gr. kosningalaga. Hagstofan hefur um langt árabil haft umsjón með frágangi kjörskrárstofna til sveitarstjórna og er lagt til að sú skipan verði lögfest þannig að ekki þurfi atbeina dómsmálaráðuneytisins.

Um 25. gr.

Greinin samsvarar 20. gr. kosningalaga. Þar segir að almenna auglýsingu um framlagningu kjörskráa skuli birta í útvarpi og dagblöðum. Er lagt til að tekið verði fram að með auglýsingu í útvarpi sé átt við auglýsingu í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi).

Um 26. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. kosningalaga. Lagt er til að alfarið verði á valdi sveitarstjórnar og án tillits til eðlis sveitarfélags eða stærðar hvar og á hve mörgum stöðum í sveitarfélagi kjörskrá er lögð fram.

Ákvæði, sem samsvarar 23. gr. kosningalaga, er ekki tekið í frumvarpið. Frestir til að leggja fram kjörskrá hafa verið styttir frá því sem var og hefur ákvæðið því misst gildi sitt.

Um 27. gr.

Greinin samsvarar 21. gr. kosningalaga.

Með 23. gr. frumvarpsins er byggt á því að kjörskrá skuli miðuð við skráð lögheimili í sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag. Fullnægjandi gögn til skráningar á lögheimili þurfa þá að hafa borist þjóðskránni (Hagstofu Íslands) fyrir þennan tíma. Tilkynning, sem berst þjóðskránni síðar, er því of seint fram komin, jafnvel þótt hún kunni að hafa borist sveitarstjórn innan þessa tíma en hún ekki framsent þjóðskrá hana, og kemur hún því ekki til álita við kjörskrárgerð. Nauðsynlegt þykir að ákvæði um þetta séu gerð skýrari en nú, en nokkur álitaefni hafa komið upp við gerð kjörskráa í undanfarandi kosningum. Þessi sjónarmið eru því undirstrikuð enn frekar en áður í 3. mgr. Segir þar að skilyrði þess að kjörskrá verði breytt vegna nýs lögheimilis sé að flutningur hafi átt sér stað í síðasta lagi fimm vikum fyrir kjördag og að tilkynning um nýtt lögheimili þurfi að hafa borist Hagstofu Íslands (þjóðskrá) fyrir sama tíma. Er með því lögð áhersla á að lögheimilisflutningur þarf ekki einungis að hafa átt sér stað heldur þarf tilkynning einnig að hafa borist

þjóðskránni sjálfri en ekki einhverjum þeim sem tekur við tilkynningum á hennar vegum, allt innan þeirra tímamarka sem greind eru.

Með breytingu á 21. gr. kosningalaganna 1995 var reglum um meðferð breytinga á framlagðri kjörskrá breytt og meðferðin gerð einfaldari. Breytingin var gerð vegna þess að talið var að tilvikum, sem geta orðið tilefni athugasemda við kjörskrá, hefði fækkað þar sem kjörskrá væri samin miðað við skráð lögheimili í sveitarfélagi eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár tiltekinn dag fyrir kjördag eða í samræmi við umsóknir sem borist hefðu Hagstofu Íslands á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laganna. Álitaefni vegna lögheimilis hefðu því nánast horfið og tilefni athugasemda við kjörskrá væru því nánast eingöngu vegna nýrra ríkisborgara sem fá ríkisborgararétt stuttu fyrir kosningar.

Gert er ráð fyrir að reglur um meðferð breytinga á framlagðri kjörskrá verði í meginatriðum óbreyttar og að leiðréttingar megi gera fram á kjördag. Verður að treysta því að sveitarstjórnir virði þær reglur sem settar eru um skil sveitarfélaga á því hvar kjósandi skuli vera á kjörskrá. Á því var byggt 1995 að eiginleg álitaefni við kjörskrárgerð yrðu nánast eingöngu þau að mistök hefðu orðið við samningu kjörskrár þannig að nafn vantaði eða hefði fallið niður fyrir vangá. Önnur tilefni vörðuðu einkum andlát og öflun eða missi íslensks ríkisfangs. Tilefni dómsmála hyrfu þannig og var sérstök meðferð kjörskrármála fyrir dómi því felld niður. Hins vegar var litið svo á að að því leyti sem tilefni yrði til dómsmáls mundu almenn ákvæði laga um meðferð einkamála eiga við og að innan þeirra ákvæða ætti vegna eðlis kjörskrármála að vera unnt að tryggja hraða málsmeðferð. Á það skal bent að röng skráning lögheimilis getur fallið undir kosningaspjöll skv. d-lið 117. gr. og verið refsiverð skv. h-lið 125. gr.

Í 2. mgr. er þó nýmæli er varðar meðferð sveitarstjórnar á athugasemdum við kjörskrá. Í athugasemdum við breytingu á 21. gr. kosningalaganna 1995 kom fram að ekki væri ástæða til að setja sérstök ákvæði um það efni í kosningalögin. Um það efni gildi almenn ákvæði stjórnsýslulaga. Meðferð á leiðréttingum þurfi af eðlilegum ástæðum að hraða og gæta verði þess að gefa aðila er mál varðar færi á að koma að athugasemdum. Nú þykir rétt að kveða sérstaklega á um nokkur atriði varðandi málsmeðferðina. Er lagt til að þegar athugasemd er gerð um að nafn skuli tekið af kjörskrá skuli það þegar tilkynnt hlutaðeigandi. Einnig er lagt til að þegar athugasemd er gerð um að taka skuli á kjörskrá einhvern sem ætla má að sé á kjörskrá í öðru sveitarfélagi skuli það þegar tilkynnt hlutaðeigandi sveitarstjórn. Frestur verði þá veittur til að koma að athugasemdum eftir því sem tími og atvik leyfa. Ef ágreiningur verður um mál skal úrskurður ritaður með fáum orðum í gerðabók sveitarstjórnar. Í 28. gr. eru svo ákvæði um að tilkynna skuli leiðréttingar sem sveitarstjórn ákveður. Að öðru leyti fer um mál þessi samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 22. gr. kosningalaga.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 17. gr. kosningalaga.

Um 30. gr.

Greinin er í samræmi við 26. gr. kosningalaga. Nauðsynlegt er að nöfn frambjóðenda komi skýrt fram, sem og önnur deili á þeim. Um nafnskráningu almennt vísast til ákvæða í 19. gr. laga um mannanöfn, nr. 45/1996, en þar segir að á „öllum opinberum skrám og öðrum opinberum gögnum skulu nöfn manna rituð eins og þau eru skráð í þjóðskrá á hverjum tíma“.

Um 31. gr.

Ákvæði þessarar greinar á sér hliðstæðu í fyrri málslið 30. gr. kosningalaga. Hér er þó gerð krafa um að nöfn frambjóðenda á lista séu ávallt tvöfalt fleiri en nemur þingsætum í viðkomandi kjördæmi, hvorki fleiri né færri, enda nauðsynlegt til að nægur fjöldi varamanna sé til reiðu.

Ákvæði síðari málsliðar 30. gr. kosningalaga er flutt í 34. gr. frumvarpsins.

Um 32. gr.

Greinin er í samræmi við 27. gr. kosningalaga. Lagt er til að í 1. mgr. bætist ákvæði um hvernig meðmælandi skuli tilgreina sig. Meðmælendur úr Reykjavík þurfa vitaskuld að vera úr réttu kjördæmi eins og annars staðar.

Ákvæðum um fjölda meðmælenda er breytt og mörkin hækkuð nokkuð. Lætur nærri samkvæmt frumvarpinu að lágmarksfjöldi meðmælenda sé 1% af kjósendum en óheppilegt þykir, vegna breytinga sem geta orðið á kjörskrá, að miða við hana. Með þessari breytingu er enn frekar stuðlað að því að að baki hverju framboði sé full alvara og að það eigi sér einhvern raunverulegan hljómgrunn meðal kjósenda.

Þá er lagt til að í stað hugtaksins „landsframboð“, sem nú er notað um framboð á vegum stjórnmálasamtaka sem saman eiga, verði notað orðið „stjórnmálasamtök“. Þessi breyting varðar allmargar greinar kosningalaganna.

Um 33. gr.

1. mgr. er samhljóða 28. gr. kosningalaga.

2. mgr. er nýmæli. Er þar kveðið á um að sama kjósanda sé einvörðungu heimilt að mæla með einum framboðslista við hverjar alþingiskosningar. Vafi hefur þótt leika á hvort þetta sé heimilt og er lagt til að tekið skuli af skarið um að það skuli óheimilt.

Um 34. gr.

Í grein þessa er safnað saman ákvæðum um það hvað gera skuli þegar framboð er ekki í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

1. mgr. er samhljóða 2. málsl. 30. gr. kosningalaga og 2. mgr. er samhljóða 29. gr. laganna.

3. mgr. er nýmæli. Ákvæðið tekur til þess að sami kjósandi mælir með fleiri en einu framboði sem ekki er heimilt skv. 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins. Verður kjósandinn þá ekki talinn meðmælandi neins framboðanna.

Um 35. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Rétt þykir að kveða á um það hvenær frambjóðandi annars vegar og meðmælandi hins vegar geti í síðasta lagi afturkallað samþykki sitt svo að áhrif hafi á framboð.

Um 36. gr.

Greinin er samhljóða 31. gr. kosningalaga.

Um 37. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. kosningalaga.

Um 38. gr.

Greinin samsvarar 40. gr. kosningalaga en lagðar eru til nokkrar breytingar.

Lagt er til að fjöldi kjósenda sem undirrita þarf tilkynningu um nýjan listabókstaf stjórnmálasamtaka verði hækkaður úr 50 í 300 og er það sami fjöldi og minnst þarf til að mæla með framboðslista í kjördæmi, sbr. 32. gr. Áskilinn fjöldi meðmælenda með hverjum framboðslista var hækkaður 1991 en ákvæðið um listabókstafina kom í kosningalögin 1987 en þá var áskilinn meðmælendafjöldi í kjördæmi minnst 50. Bætt er við nánara ákvæði um efni tilkynningar um ný stjórnmálasamtök, ákvæði um að heiti nýrra samtaka megi ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem þegar eru á skrá, svo og ákvæði þess efnis að samtökum sem eru á skrá skuli tilkynnt um ný samtök og um ósk þeirra um listabókstaf. Loks er nýtt ákvæði sem varðar breytingu á heiti stjórnmálasamtaka sem eru á skrá.

Um 39. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. kosningalaga.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. kosningalaga að því undanskildu að í stað hugtaksins „landsframboð“ er vísað til „stjórnmálasamtaka“, sbr. athugasemdir við 32. gr.

Um 41. gr.

Greinin er í samræmi við 38. gr. kosningalaga. Samkvæmt henni skal umboðsmönnum framboðslista gefinn kostur á að bæta úr göllum á framkomnum listum, svo sem ef þau atvik koma upp sem greinir í 34. og 35. gr. frumvarpsins. Lagt er þó til að yfirkjörstjórn skuli koma saman til fundar þegar næsta dag eftir að framboðsfrestur er liðinn til að fjalla um framboðslista. Nauðsynlegt er að hraða sem mest afgreiðslu yfirkjörstjórnar á framboðum. Nú segir að yfirkjörstjórn skuli koma til fundar á næsta virkum degi. Miðað við að kjördagur sé á laugardegi rennur framboðsfrestur út á föstudegi. Fundardagur er þá laugardagur sem telst virkur dagur. Breytingin er einkum lögð til svo að forðast megi misskilning.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 39. gr. kosningalaga.

Um 43. gr.

Greinin er samhljóða 41. gr. kosningalaga nema að því leyti að vísað er til lista stjórnmálasamtaka í stað landsframboða.

Um 44. gr.

Greinin samsvarar 42. gr. kosningalaga. Tekið er upp hugtakið „stjórnmálasamtök“ í stað „landsframboðs“. Þá er kveðið á um að auglýsing landskjörstjórnar á listabókstöfum, sem birta á í útvarpi, skuli birt í Ríkisútvarpinu (hljóðvarpi og sjónvarpi). Nýtt ákvæði er að landskjörstjórn skuli senda dómsmálaráðuneytinu framboðslista en skv. 50. gr. sér ráðuneytið um gerð kjörseðla.

Um 45. gr.

Greinin samsvarar 43. gr. kosningalaga en hefur verið breytt til samræmis við 44. gr. Ákvæði um að dómsmálaráðuneytið skuli tilkynna breytinguna öllum yfirkjörstjórnum og öllum kjörstjórum utan kjörfundar er talið óþarft og fellt niður.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 44. gr. kosningalaga, en bætt er við ákvæði um sérstakar leiðbeiningar um tilhögun atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og um afgreiðslu kjörgagna til hreppstjóra og skipstjóra sem annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, sbr. 60. gr., og til kjörstjóra erlendis.

Um 47. gr.

Greinin er samhljóða 45. gr. kosningalaga en bætt er við ákvæði um stimpla með listabókstöfum sem gert er ráð fyrir í 62. gr. og notaðir hafa verið um árabil. Nú er hvergi í lögum kveðið á um útvegun stimplanna. Dómsmálaráðuneytið hefur lagt embættum sýslumanna og sendiráðum til stimpla en stimplar hafa ekki verið til afnota hjá öðrum kjörstjórum. Er ekki gert ráð fyrir breytingu á því.

Um 48. gr.

Greinin er í samræmi við 47. gr. kosningalaga. Ákvæði 2. mgr. þeirrar greinar um sérprentun kosningalaga er þó fellt brott. Þess í stað kemur ákvæði í 1. mgr. 46. gr. um kosningaleiðbeiningar sem eiga að vera hjá þeim sem annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Um 49. gr.

1. mgr. samsvarar 48. gr. kosningalaga en ákvæðið, sem varðar skipstjóra sem annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, er orðað á annan hátt án efnislegra breytinga. Niðurlag núverandi ákvæðis um að ekki megi aðrir greiða atkvæði en lögskráðir skipverjar er fellt brott. Ákvæði þessa efnis er í 60. gr. frumvarpsins og drengskaparheit um að kosning fari fram samkvæmt fyrirmælum laganna nær þá til þessa.

Með 2. mgr. er lagt til að sömu ákvæði og um skipstjóra gildi um kjörstjóra sem tilnefndur verður til að annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar erlendis, sbr. 2. mgr. 59. gr. Aðrir kjörstjórar eru opinberir trúnaðarmenn og er þá ekki þörf á að þeir undirriti sérstakt drengskaparheit.

Um 50. gr.

Greinin kemur í stað 49. og 50. gr. og 1. málsl. 52. gr. kosningalaga. Tekið er fram að dómsmálaráðuneytið annist gerð kjörseðla og er það í samræmi við það sem verið hefur um langt skeið. Þá er lagt til að tekið verði fram um gerð kjörseðla að þeir skuli ekki einungis vera úr haldgóðum pappír sem skrift sést ekki í gegnum heldur komi og fram hver skuli vera lágmarksþyngd pappírsins.

Um 51. gr.

Greinin kemur í stað 2. málsl. 52. gr. kosningalaga.

Um 52. gr.

Greinin samsvarar 51. og 53. gr. kosningalaga.

Um 53. gr.

Greinin er samhljóða 54. gr. kosningalaga.

Um 54. gr.

Greinin samsvarar 55. gr. kosningalaga. Lagt er til að ákvæði um að kjörseðlar skuli fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag verði breytt þannig að nægilegt sé að það skuli að jafnaði gert fyrir þann tíma. Ástæðulaust er að ætlast til að prentun kjörseðla fyrir kjördæmi á höfuðborgarsvæðinu skuli lokið svo snemma. Þá er lagt til að orðalag greinarinnar um sendingu kjörseðla frá yfirkjörstjórn til undirkjörstjórna verði einfaldað. Jafnframt er tekið fram að nægilegt sé að yfirkjörstjórn kjördæmis sendi sérstökum kjörstjórnum í sveitarfélögum þar sem eru fleiri en ein kjördeild, sbr. 2. mgr. 15. gr., kjörseðla óflokkaða fyrir kjördeildir og að þær kjörstjórnir annist þá afhendingu kjörseðlanna til undirkjörstjórna.

Um 55. gr.

Greinin samsvarar 56. gr. kosningalaga en bætt er inn ákvæðum um þau gögn sem ætlast er til að dómsmálaráðuneytið og yfirkjörstjórnir láti undirkjörstjórnum í té. Í stað skýrslu um þingmannaefni sem nú er getið í niðurlagi 2. mgr. 56. gr. laganna kemur tilkynning um framboðslista, sbr. 1. mgr., sem festa skal upp á kjörstað, sbr. 77. gr.

Um 56. gr.

Greinin samsvarar 62. gr. kosningalaga. Ákvæðið er einfaldað þar sem ekki er lengur ætlast til að kjósandi þurfi að gera grein fyrir af hverju hann vill greiða atkvæði utan kjörfundar.

Um 57. gr.

Greinin er samhljóða 64. gr. kosningalaga.

Um 58. gr.

Grein þessi fjallar um hvar atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram innan lands og kemur í stað ákvæða sem nú eru í 13. og 63. gr. kosningalaga. Ákvæðin eru í meginatriðum í samræmi við gildandi reglur en lagðar eru til nokkrar breytingar til að auðvelda framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

Í fyrsta lagi er lagt til að fram komi að atkvæðagreiðsla á vegum sýslumanna fari fram í aðalskrifstofu sýslumanns eða í útibúi frá sýslumannsembætti. Útibú eru tilgreind í reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna. Jafnframt er tekið fram að sýslumaður geti ákveðið að atkvæðagreiðsla á aðsetri embættisins fari fram á sérstökum kjörstað utan aðalskrifstofu. Er það staðfesting á því fyrirkomulagi sem m.a. hefur verið tíðkað í Reykjavík. Til viðbótar er sýslumanni síðan heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans, auk atkvæðagreiðslu hjá hreppstjórum, svo sem verið hefur. Ákvæði um atkvæðagreiðslu hjá hreppstjórum eru óbreytt, en til að koma til móts við breytingar sem orðið hafa við fækkun hreppstjóra, m.a. vegna stækkunar sveitarfélaga, þar sem vegalengdir til kjörstjóra lengjast, er lagt til að sýslumaður geti brugðist við og ákveðið sérstakan kjörstað í umdæmi sínu, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Að því er varðar hverjir annist atkvæðagreiðslu á vegum sýslumanns er loks lagt til að sýslumaður þurfi ekki að fá sérstakt samþykki dómsmálaráðuneytisins til að fela öðrum en starfsmönnum sínum það verkefni. Eftir sem áður getur sýslumaður þurft að leita til ráðuneytisins um fjárveitingar til þessa verkefnis.

Orðalagi 2. og 3. mgr. er breytt þannig að ljóst sé að þeir kjósendur, sem undir ákvæðin falla, eigi rétt á að greiða atkvæði á hlutaðeigandi stofnun eða í heimahúsi og að kjörstjóra beri þá að hlutast til um að kosningin fari fram. Um framkvæmdina gilda svo nánari reglur settar skv. 5. mgr. Í 3. mgr. eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum um rétt til að greiða atkvæði í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar. Er lagt til að slakað verði á kröfu um vottun á högum kjósanda sem vill fá að greiða atkvæði á þennan hátt. Í stað læknisvottorðs komi vottorð lögráða manns um hagi kjósandans. Þá er tekið fram að kosning í heimahúsi eigi ekki við ef kjósandi á kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 2. mgr. Loks er lagt til að ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skuli hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag í stað hádegis þann dag þegar ein vika er til kjördags. Rétt þykir að rýmka þessa reglu frá því sem verið hefur þannig að kjósandi geti lagt fram ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi nær kjördegi ef atvik koma upp sem gera honum ókleift að fara á kjörstað. Er þá miðað við að umsókn hafi borist kjörstjóra kl. 16 á þriðjudegi, miðað við kjördag á laugardegi. Hafa verður í huga að ef ósk er síðbúin kunna aðstæður að reynast þær að annmörkum sé háð að komast til kjósanda á þeim tíma sem eftir er fram til kjördags.

Með 4. mgr. er lagt til að kjörstjóri skuli ekki einungis auglýsa hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram heldur skuli hann einnig auglýsa hvar hún fer fram. Þá er tekið fram að framkvæmd og afgreiðslutíma skuli haga þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig. Er áhersla lögð á nauðsyn þess að reglur um hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram verði samræmdar og að þær verði vel kynntar, og að í því sambandi sé jafnan tekið tillit til aðstæðna á hverjum stað eftir því sem unnt er. Þá er nýmæli að tekið er fram að atkvæðagreiðsla á sjúkrahúsi skuli fara fram sem næst kjördegi.

Ákvæði 5. mgr. er óbreytt. Gildandi leiðbeiningar um utankjörfundaratkvæðagreiðslu sjúkra o.fl., nr. 120 20. mars 1991, þarf að endurskoða vegna breyttra ákvæða í 2.–4. mgr. Atkvæðagreiðslu á stofnunum skv. 2. mgr. skal skipuleggja í samráði við stjórn hlutaðeigandi stofnunar, sbr. 4. mgr., og í leiðbeiningum segir að ákvörðun skuli taka eigi síðar en viku fyrir kjördag. Aðstæður á hverri stofnun ráða hve mikinn tíma þarf að ætla þar til atkvæðagreiðslu, hve nærri kjördegi atkvæðagreiðslan eigi að fara fram og þá einnig hvort ástæða geti verið til að atkvæðagreiðsla fari fram oftar en einu sinni. Í 4. mgr. er nú sérstaklega tekið fram að atkvæðagreiðsla á sjúkrahúsi skuli fara fram sem næst kjördegi og skv. 5. mgr. skal umboðsmönnum lista tilkynnt hvenær atkvæðagreiðsla fer fram á stofnun.

Um 59. gr.

Í grein þessari eru sameinuð ákvæði um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar erlendis sem nú eru í 13. og 63. gr. kosningalaga. Lagt er til að auk þess sem atkvæðagreiðsla erlendis fer fram í skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar, í sendiræðisskrifstofu eða í skrifstofu kjörræðismanns, svo sem verið hefur, verði utanríkisráðuneytinu heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum. Stöðum þar sem íslenskir ríkisborgarar dveljast erlendis hefur fjölgað og hafa verið annmarkar á að koma við atkvæðagreiðslu á slíkum stöðum. Þegar aðstaða hefur verið fyrir hendi hefur utanríkisráðuneytið reynt að koma til móts við þarfir slíkra hópa og hafa sendierindrekar í nokkrum tilvikum verið sendir á þessa staði. Rétt þykir að lögfesta þá skipan, en jafnframt er lagt til að utanríkisráðuneytið geti tilnefnt í þessu skyni sérstaka kjörstjóra sem ekki eru sendierindrekar. Slíkir kjörstjórar yrðu væntanlega fyrst og fremst íslenskir ríkisborgarar sem búsettir eru eða dveljast erlendis. Þeir mundu þá fá send kjörgögn sem þeir taka við gegn drengskaparyfirlýsingu um að kosning fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningalaga, sbr. 49. gr. Gert er ráð fyrir að samráð verði haft milli utanríkisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis um hvar slíkir kjörstjórar verða, svo og við aðra sem

þekkja til dvalar Íslendinga erlendis, svo sem Lánasjóð íslenskra námsmanna. Tillögur þessar miða við að áfram verði trúnaðarsamband milli íslenskra stjórnvalda og kjörstjóra erlendis, enda er framkvæmd kosninga á ábyrgð stjórnvalda. Meðal annars ber að tryggja að kosning sé leynileg og að rétt sé að öllu leyti að henni staðið. Misferli við framkvæmd getur varðað kjörstjóra refsiábyrgð skv. 124. gr. og er því brýnt að innlend yfirvöld hafi eftir því sem unnt er lögsögu yfir hlutaðeigandi.

Samkvæmt niðurlagi 4. mgr. 63. gr. kosningalaga er nú einungis gert ráð fyrir að utanríkisráðuneytið auglýsi hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram hjá kjörræðismönnum sem eru kjörstjórar. Í framkvæmd hefur ráðuneytið auglýst hvar og hvenær öll atkvæðagreiðsla fer fram erlendis og er lagt til að orða ákvæðið þannig í 3. mgr.

Um 60. gr.

Ákvæði um kosningu um borð í skipum eru nú í 13. og 63. gr. kosningalaga, auk ákvæða í 47. og 48. gr. og 4. mgr. 66. gr. Ákvæði þessi eru dregin saman í eina grein í frumvarpinu.

Lagt er til að auk skráðra skipverja (áhafnar) á skipi í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum megi farþegar um borð í skipinu einnig greiða þar atkvæði. Eðlilegt þykir að miða við áhöfn skips en binda réttinn ekki við lögskráða skipverja til að hafið verði yfir vafa að ekki sé eingöngu átt við hefðbundna áhöfn skips heldur nái rétturinn einnig til annarra sem starfa um borð í skipi í förum, svo sem vísindamenn við rannsóknir, lækna og ýmsa aðra starfshópa með skipi, jafnvel þótt þeir séu ekki lögskráðir. Þá er lagt til að farþegar með skipi megi einnig greiða þar atkvæði. Til farþega mundu og teljast maki og annað náið skyldmenni sem fylgir skipverja, auk venjulegra farþega samkvæmt skilgreiningu siglingalaga, sbr. 120. gr. laga nr. 34/1985.

Í 2. mgr. er tekið fram að skipstjóri geti tilnefnt annan til að vera kjörstjóri. Kemur það ákvæði þá í stað ákvæða um varamann og staðgengil sem nú eru í 2. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 66. gr. laganna.

Um 61. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvarar 1. og 4. málsl. 2. mgr. 13. gr. kosningalaga. Ákvæði í þeirri málsgrein um varamenn er óþarft, enda er í 58.–60. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að aðrir séu að jafnaði til staðar til að gegna starfi kjörstjóra. Að því leyti sem svo er ekki mundu gilda almennar reglur um skipun varamanna, svo sem að sýslumaður skipar varamann fyrir hreppstjóra, sbr. 5. gr. laga um hreppstjóra, nr. 62/1965.

Um 62. gr.

Ákvæði 1. mgr. er flutt úr upphafi 63. gr. kosningalaga.

2. mgr. er í samræmi við 65. gr. laganna.

Um 63. gr.

Greinin samsvarar 66. gr. kosningalaga.

Í 1. mgr. er lagt til að skýrar verði kveðið á um hvernig kjósandi skuli gera grein fyrir sér áður en hann fær að greiða atkvæði. Kjósandi þarf að sjálfsögðu að greina frá nafni, heimili og fæðingardegi, en hann skal auk þess framvísa viðhlítandi skilríkjum um hver hann er. Auk nafnskírteinis sem hjálpargagns, svo sem nú er tilgreint, er lagt til að tilgreind verði kennivottorð, þ.e. persónuskilríki með mynd og eftir atvikum undirskrift handhafa. Slík skilríki, oft opinber skjöl, eru nú algengari en áður, svo sem vegabréf, ökuskírteini, bankakort, greiðslukort o.fl. Kennivottorð og nafnskírteini eru einungis nefnd sem dæmi. Auk þess er

tilgreint að kjósandi geti gert grein fyrir sér á annan fullnægjandi hátt og þá að mati kjörstjóra. Gera verður ráð fyrir að ríkari kröfur um skilríki verði gerðar við atkvæðagreiðslu erlendis en innan lands.

Í 2. mgr. hafa orðin „í einrúmi“ verið felld niður þar sem nú segir að kjósandi skuli greiða atkvæði „aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái“. Verði þannig fullnægjandi að atkvæði sé greitt „aðstoðarlaust og án þess að nokkur annar sjái“ hvernig það er greitt. Ekki er alls staðar fyrir hendi aðstaða sem fallið getur undir það að vera „í einrúmi“. Aðstoð sem veitt er skv. 3. mgr. skal hins vegar fara fram í einrúmi.

Þá er lagt til að ákvæði sem nú er í 3.–5. málsl. 2. mgr. flytjist í sérstaka málsgrein, 4. mgr. Er þar breytt orðalagi þannig að kjósandi þurfi ekki sjálfur að leggja kjörseðilsumslagið og fylgibréfið í sendiumslagið og loka því. Ekki hefur verið áskilið að kjósandinn áriti sendiumslagið sjálfur og er það óbreytt. Loks er breytt orðalagi þar sem nú er vísað til hrepps, kaupstaðar eða kjördeildar og kemur þess í stað tilvísun til umdæmis þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá.

Um 64. gr.

Greinin er samhljóða 69. gr. kosningalaga.

Um 65. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvarar 2. mgr. 71. gr. kosningalaga. Tekið er fram að atkvæðakassinn skuli innsiglaður af hlutaðeigandi kjörstjórn en ekki undirkjörstjórn. Þar sem kosin er yfirkjörstjórn skv. 2. mgr. 15. gr. mundi hún annast innsiglun. Ákvæðið um innsiglun kassanna er úr niðurlagi 1. mgr. 71. gr.

Ákvæði 2. mgr. samsvarar 70. gr. laganna.

Ákvæði 3. mgr. er flutt úr 5. mgr. 71. gr. laganna en niðurlag þeirrar málsgreinar kemur í frumvarpinu fram í 4. mgr. 90. gr.

Um 66. gr.

Grein þessi kemur í stað ákvæða sem nú eru í 1. og 3. mgr. 71. gr., 2. málsl. 1. mgr. 66. gr. og 67. gr. kosningalaga. Ákvæði um skáningu utankjörfundaratkvæða eru færð á einn stað, bæði þeirra atkvæðisbréfa sem greidd eru hjá kjörstjóra og bréfa hinna sem greidd hafa verið hjá öðrum kjörstjórum og kjörstjóri móttekur.

Um 67. gr.

Greinin er samhljóða 72. gr. kosningalaga.

Um 68. gr.

Greinin samsvarar 58. gr. kosningalaga. Lagt er til að sveitarstjórn ákveði kjörstað fyrir hverja kjördeild svo sem verið hefur. Ákvæðið er hins vegar einfaldað, og felld eru brott ákvæði um að þingstaður skuli að jafnaði vera kjörstaður og að samþykki yfirkjörstjórnar þurfi til að hafa kjörstað utan hreppsfélags. Eftir sem áður verður þetta á valdi sveitarstjórnar. Þá er tekið fram að á sama kjörstað megi vera fleiri en ein kjördeild.

Í 2. mgr. er kveðið á um að kjörstað skuli auglýsa með nægum fyrirvara. Þá auglýsingu mundi mega sameina auglýsingu um upphaf kjörfundar, sbr. 2. mgr. 70. gr.

Um 69. gr.

Greinin kemur í stað ákvæða sem eru í 59. og 60. gr. kosningalaga. Lýsing á því hvernig kjörklefi skal búinn er einfölduð. Nauðsynlegt er að hafa í huga að aðstaða á kjörstað þarf að vera þannig að kjósandi í hjólastól geti kosið, svo og að aðstoð megi veita þar, sbr. 86. gr. Ákvæði 2. og 3. mgr. um atkvæðakassa koma í stað 60. gr. laganna, nokkuð einfölduð.

Um 70. gr.

Greinin samsvarar 73. gr. kosningalaga. Lagt er til að ákvæði um upphaf kjörfundar greini ekki á milli þess hvort sveitarfélag telst hreppur eða kaupstaður. Er lagt til að meginreglan verði að kjörfundur hefjist kl. 9 að morgni en ákveða megi að hann skuli hefjast síðar, þó ekki síðar en kl. 12, og er það í samræmi við 47. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar.

Þá er lagt til að upphaf kjörfundar skuli alltaf auglýsa, enda verður að gera ráð fyrir að kjörfundur sé auglýstur á hverjum stað. Þessa auglýsingu má sameina auglýsingu skv. 2. mgr. 68. gr.

Um 71. gr.

Greinin svarar til 74. gr. og 1. mgr. 75. gr. kosningalaga. Ákvæði um að í kjörfundarstofu skuli ekki vera fleiri kjósendur en einn á kjörklefa er fellt brott en í staðinn kemur ákvæði í 78. gr. um reglu á kjörstað og í kjörfundarstofu. Við ákvæðið um að kjörstjórnarmaður feli öðrum úr kjörstjórninni starf sitt ef hann víkur frá er bætt: nema varamaður sé tiltækur. Ákvæði frumvarpsins um framkvæmd kosninganna geta gert aukna kröfu til viðveru fullrar tölu kjörstjórnarmanna.

Um 72. gr.

Greinin samsvarar 2. mgr. 75. gr. kosningalaga en er nokkuð einfölduð. Efni 1. mgr. greinarinnar er flutt í 71. gr. og að nokkru í 78. gr.

Um 73. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. greinarinnar koma í stað 76. gr. kosningalaga. Í 1. mgr. er bætt við frekari ákvæðum um flokkun utankjörfundaratkvæðanna hjá kjörstjórn. Er gert ráð fyrir að kjörstjórn kanni þegar hvort atkvæði, sem henni berast, skuli taka til greina og opni sendiumslagið í því sambandi. Ef atkvæði skal taka til greina, sbr. 91. gr., verði sett sérstakt merki til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni. Ef það skal ekki taka til greina verði sendiumslagið áritað um ástæðuna. Kjörseðilsumslagið ásamt fylgibréfinu verði í báðum tilvikum lagt í sendiumslagið á ný og geymt þar til atkvæðagreiðslunni lýkur. Utankjörfundaratkvæðin koma þá til meðferðar að nýju, sbr. 90. gr.

Ákvæði 2. mgr. samsvarar 4. mgr. 71. gr. laganna.

Ákvæði 4. mgr. er nýmæli. Þar er heimilað að hefja flokkun utankjörfundaratkvæða daginn fyrir kjördag í sveitarfélögum þar sem kosin er sérstök yfirkjörstjórn, sbr. 2. mgr. 15. gr., og verði atkvæðisbréfum þá komið í rétta kjördeild á kjördag.

Um 74. gr.

Greinin samsvarar 77. gr. kosningalaga.

Um 75. gr.

Greinin samsvarar 89. gr. kosningalaga. Þar er gert ráð fyrir að allir þrír kjörstjórnarmenn hafi hver sitt eintak kjörskrár fyrir sér. Svo hefur ekki verið í reynd og er lagt til að miðað verði við að kjörstjórn hafi tvö eintök af kjörskránni.

Um 76. gr.

Greinin er í samræmi við 90. gr. kosningalaga.

Um 77. gr.

Ákvæði greinarinnar koma í stað ákvæða sem nú eru í 61., 78. og 79. gr. kosningalaga. Nýmæli er ákvæði um að á kjörstað skuli festa upp tilkynningu um framboðslista í kjördæminu með heiti stjórnmálasamtaka, listabókstöfum og nöfnum frambjóðenda, auk kosningaleiðbeininga svo sem nú er. Gögn þessi skulu fylgja kjörgögnum sem yfirkjörstjórn leggur til, sbr. 1. mgr. 55. gr.

Um 78. gr.

Grein þessi kemur í stað 80. gr. kosningalaga. Lagt er til að meginregla verði að kjósendur skuli greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram. Þá er gert ráð fyrir að skipun sérstaks dyravarðar við hverja kjördeild falli niður. Verður það þá hlutverk kjörstjórnar að sjá til þess að á kjörstað sé fullnægjandi regla, eftir atvikum þannig að einn fulltrúi úr kjörstjórn annist dyravörslu. Þá er fellt niður ákvæði um að í kjörfundarstofu megi ekki vera fleiri kjósendur í senn en kjörklefar eru margir. Með þeirri breytingu á framkvæmd kosninga að kjósandi þurfi ekki að ganga að kjörborðinu til að stinga atkvæði í atkvæðakassann, sbr. 85. gr., á kosning að geta gengið greiðar fyrir sig en nú er. Getur þá farið saman eftirlit með því að kjósandi leggi kjörseðil í kassann og dyravarsla. Ef þörf þykir getur kjörstjórn takmarkað fjölda kjósenda í kjörfundarstofu. Um viðveru umboðsmanna í kjörfundarstofu vísast til ákvæða í 39. og 94. gr.

Í 3. mgr. er lagt til að kjörstjórn skuli að öðru leyti sjá til þess að á kjörstað og næsta nágrenni hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga. Um óleyfilegan kosningaáróður og kosningaspjöll er fjallað í 117. gr. Önnur starfsemi, sem fram fer á kjörstað, kann að valda truflun á framkvæmd kosninga, t.d. koma í veg fyrir greiðan aðgang kjósenda að kjörstað eða kjörfundarstofu. Á kjörstað fer oft fram ýmiss konar starfsemi sem ekki tengist sjálfum kosningunum, svo sem merkjasala og sala happdrættismiða. Kjörstjórn verður að meta hvaða starfsemi getur farið þar fram og hlýtur að láta mál til sín taka ef starfsemin hefur truflandi áhrif. Kann kjörstjórnin að þurfa að kalla eftir aðstoð sem sveitarstjórn eða hverfis- eða yfirkjörstjórn lætur í té, og lögregla ef í harðbakka slær.

Um 79. gr.

Greinin samsvarar 81. gr. kosningalaga. Lagt er til að nokkru nánar verði kveðið á um hvernig kjósandi skal gera grein fyrir sér áður en hann fær afhentan kjörseðil. Nauðsynlegt er að kjósandi segi til sín, og þá með nafni, heimili og fæðingardegi (kennitölu). Heimilisfang kemur ekki fram á öllum skilríkjum. Auk þess skal hann framvísa viðhlítandi skilríki og eru þá nefnd til kennivottorð, þ.e. persónuskilríki með nafni handhafa og mynd og eftir atvikum undirskrift, svo sem vegabréf, ökuskírteini, bankakort og greiðslukort, auk nafnskírteinis sem nú er eitt tilgreint í ákvæðinu. Kennivottorð og nafnskírteini eru einungis nefnd sem dæmi. Kjósandi kann einnig að geta gert grein fyrir sér á annan hátt, t.d. með því að

leiða vitni sem kjörstjórn tekur gild. Það er komið undir mati kjörstjórnar hverju sinni hvenær kjósandi telst hafa gert grein fyrir sér á fullnægjandi hátt. Í 2. málsl. er tekið fram að kjörstjórn afhendi kjósanda kjörseðil í stað þess að nú segir að oddviti geri það. Getur því hvaða kjörstjórnarmaður sem er afhent kjörseðilinn.

Um 80. gr.

Greinin er í samræmi við 82. gr. kosningalaga. Úr 1. mgr. er fellt brott ákvæði þar sem gert var ráð fyrir að athugasemd kynni að vera um að einhver hefði ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi. Á kjörskrá eru nú eingöngu teknir þeir sem atkvæðisrétt eiga á kjördegi. Ákvæðið á því ekki lengur við. Þá er tekið fram að vottorð kjörstjórnar skv. 2. mgr. 15. gr., þar sem slík kjörstjórn er kosin, geti komið í stað vottorðs undirkjörstjórnar. Þar sem aðstæður hafa verið til þess hafa mótast liprari samskiptareglur milli kjörstjórna og er gert ráð fyrir að þær haldist.

Um 81. gr.

Greinin er í samræmi við 83. gr. kosningalaga. Tekið er sérstaklega fram að kjósandi megi einn vera í kjörklefanum.

Um 82. gr.

Greinin er í samræmi við 84. gr. kosningalaga. Orðin „af þeim, sem í kjöri eru“ í niðurlagi 1. mgr. eru óþörf og því felld brott.

Um 83. gr.

Greinin er samhljóða 86. gr. kosningalaga.

Um 84. gr.

Greinin er samhljóða 85. gr. kosningalaga.

Um 85. gr.

Greinin er í samræmi við 87. gr. kosningalaga en textinn nokkuð einfaldaður. Af ákvæðinu leiðir að þess er ekki krafist að atkvæðakassinn standi við kjörborðið þar sem kjörstjórnin situr og að nægilegt er að fulltrúi kjörstjórnar fylgist með þegar atkvæði er lagt í kassann, sbr. athugasemdir við 78. gr.

Um 86. gr.

Greinin samsvarar 88. gr. kosningalaga en bætt hefur verið við ákvæði þess efnis að aðstoð megi því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim sem aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði. Er ákvæðið samhljóða texta sem gilt hefur um aðstoð við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, sbr. 3. mgr. 63. gr.

Um 87. gr.

Greinin er samhljóða 91. gr. kosningalaga.

Um 88. gr.

Greinin samsvarar 92. gr. kosningalaga. Felld er brott tilvísun um ráðgerð forföll sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, enda eru sérstök forföll ekki lengur forsenda þess að greiða megi atkvæði utan kjörfundar.

Um 89. gr.

Greinin er samhljóða 93. gr. kosningalaga.

Um 90. gr.

Greinin samsvarar 95. gr. kosningalaga en hefur verið breytt til samræmis við ákvæði sem eru í 73. gr. Er nú gert ráð fyrir að flokkun og könnun utankjörfundaratkvæða hafi þegar farið fram en atkvæðin lögð til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Endanleg afstaða til utankjörfundaratkvæða verður hins vegar ekki tekin fyrr en atkvæðagreiðslunni er lokið.

Um 91. gr.

Greinin samsvarar 96. gr. kosningalaga. Í e-lið 1. mgr. er tekið skýrar fram en nú að ekki megi vera nema eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag í sendiumslagi. Þá er bætt við nýjum lið, h-lið, um að atkvæði skuli því aðeins tekið til greina að það hafi verið greitt á þeim tíma sem atkvæðagreiðsla utan kjörfundar má fara fram, sbr. 57. gr. og 5. mgr. 58. gr.

Um 92.–94. gr.

Greinarnar eru samhljóða 97.–99. gr. kosningalaga.

Um 95. gr.

Greinin samsvarar í meginatriðum 100. gr. kosningalaga. Bætt hefur verið við ákvæði um að fara skuli með utankjörfundaratkvæði sem eiga að fara í aðra kjördeild á sama hátt og önnur kjörgögn sem send eru yfirkjörstjórn. Ákvæðin um frágang kjörgagna eru einfölduð með tilliti til breyttra aðstæðna við flutning. Meðal annars er ekki gert ráð fyrir sérstökum strigapoka undir kjörgögn.

Um 96. gr.

Greinin er samhljóða 101. gr. kosningalaga en ákvæði sem þar er í 2. málsl. 2. mgr. er flutt í 104. gr.

Um 97. og 98. gr.

Greinarnar eru samhljóða 102. og 103. gr. kosningalaga.

Um 99. gr.

Greinin er í samræmi við 104. gr. kosningalaga en við 1. mgr. er bætt ákvæði þess efnis að yfirkjörstjórn skuli kanna hvort tala kjósenda, sem greitt hafa atkvæði, sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skýrslur kjörstjórna.

Um 100. gr.

Greinin er í samræmi við 105. gr. kosningalaga en með e-lið er bætt við ákvæði um það ef í umslagi með utankjörfundarseðli er eitthvað annað en kjörseðill eða meira en einn kjörseðill. Hvort tveggja er til þess fallið að vekja athygli á kjörseðli og er sambærilegt við þau tilvik sem greinir í d-lið. Ákvæði, sem var svipað þessu, var fellt úr 105. gr. með lögum nr. 10/1991 þegar lögfest voru ákvæði um ný kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar en lagt er til að hliðstætt ákvæði komi nú aftur í lögin.

Um 101. gr.

Greinin er samhljóða 106. gr. kosningalaga.

Um 102. gr.

Greinin er samhljóða 107. gr. kosningalaga.

Um 103. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1.–4. mgr. 108. gr. kosningalaga.

Fellt er niður ákvæði þess efnis að talningu skuli stöðva meðan úrskurðað er um ágreiningsseðla. Er það í samræmi við breytt vinnulag við talningu atkvæða. Hins vegar er bætt við ákvæði þess efnis að bóka skuli um fjölda ógildra atkvæða, svo og um ástæður þess, t.d. miðað við flokkun ógildingarástæðna skv. 100. gr. Er æskilegt að slíkar upplýsingar liggi fyrir, hvort heldur um er að ræða atkvæði greidd utan kjörfundar eða á kjörfundi.

Upphafi 3. mgr. er einnig breytt til samræmis við breytt vinnulag við talningu og ákvæði bætt við þess efnis að niðurstaða kosninganna skuli kunngerð þeim sem viðstaddir eru, auk þess sem hún er færð í gerðabók.

Um 104. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 5. mgr. 108. gr. kosningalaga.

Í 2. mgr. er nýtt ákvæði um geymslu notaðra kjörseðla. Nokkur óvissa hefur ríkt um hvað gera skuli við þessa kjörseðla að talningu lokinni. Ekki þykir rétt að þeim verði þegar eytt heldur verði beðið með það þar til Alþingi hefur úrskurðað um kosninguna, enda sé þeirra eigi þörf vegna kæru sem beint hefur verið til lögreglustjóra. Þangað til verði kjörseðlarnir geymdir undir innsigli.

3. mgr. samsvarar ákvæði sem nú er í niðurlagi 2. mgr. 101. gr. kosningalaga, en lagt er til að geymslutími kjörskránna verði styttur úr tveimur árum í eitt ár. Þá er lagt til að tekið verði fram að kjörskránum skuli eytt en það ekki bundið við að þær skuli brenndar. Eðlilegt er að nota megi til þess tæki sem gerð eru til að eyða pappír. Tekið skal fram að til þess getur komið að nauðsynlegt sé að rjúfa innsigli kjörskrárpakka, t.d. hefur þess verið þörf til að afla nauðsynlegra gagna við gerð kosningaskýrslna.

Um 105. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða 109. gr. gildandi kosningalaga að breyttu breytanda að því er varðar 110. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að yfirkjörstjórnir reikni atkvæðatölu frambjóðenda skv. 110. gr. Breytingar á kjörseðlum skipta þó aðeins máli fyrir þá frambjóðendur sem eru í aðal- og varamannssætum (þó aldrei færri en þremur efstu sætunum). Ekki liggur endanlega fyrir hver þau sæti eru fyrr en landskjörstjórn hefur úthlutað jöfnunarsætum, sbr. 108. og 109. gr. En í ljósi þess að kosningaúrslit liggja alla jafna í megindráttum fyrir þegar á kosninganótt og jöfnunarsæti eru aðeins eitt eða tvö í hverju kjördæmi geta yfirkjörstjórnir hagað skýrslugerð sinni til landskjörstjórnar um þessi atriði með hliðsjón af því.

Um 106. gr.

Greinin er samhljóða 110. gr. gildandi kosningalaga að breyttu breytanda að því er varðar tilvísun til annarra greina.

Um 107. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um þá reiknireglu sem lagt er til að beitt verði við útreikning á úrslitum kosninga og úthlutun kjördæmissæta samkvæmt þeim. Samkvæmt gildandi lögum eru mismunandi reglur notaðar við úthlutun kjördæmissæta annars vegar og jöfnunarsæta hins vegar. Við úthlutun kjördæmissæta hefur í núverandi kerfi verið notuð „regla stærstu leifa“. Þeirri reglu hefur verið ætlað að auka möguleika minni flokka í fámennari kjördæmum til að fá kosinn þingmann og ná þannig á auðveldari hátt jöfnuði milli flokka á landsvísu. Þessi reikniregla hefur hins vegar ýmsa galla og með því að nýskipan kjördæma miðar að því að stækka þau og draga úr misvægi atkvæða milli þeirra þykir ekki vera sama þörf og áður á þessari reglu til að tryggja jöfnuð milli flokka. Við útfærslu þessara breytinga á kosningakerfinu var því lagt til grundvallar að útreikningur á úrslitum kosninga og úthlutun þingsæta, bæði kjördæmissæta og jöfnunarsæta, byggðist á svonefndri d'Hondt-reglu. Það er og sú regla sem lengst hefð er fyrir hér á landi og hefur verið notuð við úhlutun jöfnunarsæta á landsvísu.

Í 2. mgr. greinarinnar er að finna sams konar ákvæði og verið hefur 4. mgr. 115. gr. gildandi laga um að listi í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, eigi rétt á jafnmörgum varaþingmönnum af listanum.

Um 108. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er áréttuð sú regla sem fest var í síðari málslið 4. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 77/1999, og mælir fyrir um að þau stjórnmálasamtök komi ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa að minnsta kosti fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. Skiptir þá ekki máli hvort framboð hafi náð þingsæti í kjördæmi eins og nú er, sbr. síðari málslið 1. mgr. 112. gr. kosningalaga, ef það hefur á annað borð náð þessu lágmarksfylgi á landsvísu.

Í 2. og 3. mgr. greinarinnar er lagt til að úthlutun jöfnunarsæta til stjórnmálasamtaka byggist á d'Hondt-reglu eins og verið hefur. Sú regla hefur gilt hér frá því að hlutfallskosningar voru teknar upp í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum, nema í einstökum kjördæmum við alþingiskosningar frá 1987. Óþarft þykir því að skýra þessa reglu nánar hér.

Um 109. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um hvernig þeir frambjóðendur verði fundnir sem hljóta kosningu í þau jöfnunarsæti sem hverjum stjórnmálasamtökum hefur verið úthlutað skv. 108. gr. frumvarpsins. Hér er lögð til sú breyting að jöfnunarsætum verður úthlutað til þeirra frambjóðenda hvers flokks sem hafa hæst hlutfall gildra atkvæða í sínu kjördæmi. Með þessu móti næst talsverð einföldun á því kerfi sem jöfnunarsætum er úthlutað eftir samkvæmt núgildandi lögum. Úthlutun jöfnunarsæta til einstakra frambjóðanda fer þá þannig fram að fyrst er litið til þess hvaða samtök eiga rétt á slíku sæti hverju sinni en síðan er atkvæðahlutfall hjá frambjóðendum samtakanna, miðað við gild atkvæði í kjördæmi, látið skera úr um það hver þeirra hlýtur sætið. Þessi regla takmarkast þó af því að jöfnunarsætin eru bundin við tiltekin kjördæmi.

Um 110. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um hvernig þeir frambjóðendur verði fundnir, sem hlotið hafa kosningu í þau sæti, sem hverjum lista hefur verið úthlutað skv. 107.–109. gr. frumvarpsins.

Jafnframt er í þessari grein lagt til að möguleikar kjósenda til að hafa áhrif á röð einstakra frambjóðenda á lista, þ.e. með því að breyta röð þeirra eða strika þá út, verði auknir nokkuð.

Samkvæmt gildandi lögum þarf t.d. meira en helmingur kjósenda að strika frambjóðanda út til þess að hann falli úr sæti sínu og fellur hann þá reyndar út af listanum. Sama gildir um umröðun, þ.e. að meira en helmingur kjósenda lista þarf til að hreyfa frambjóðanda milli sæta. Með hliðsjón af því hvernig þetta kerfi hefur reynst er lagt til að þessi mörk (helmingur kjósenda listans) verði færð talsvert neðar, en verði þó breytileg eftir því hve margir frambjóðendur eru kjörnir af hverjum lista. Í því skyni er lagt til að tekin verði upp regla sem gilti fram að breytingu á kosningalögunum 1959 og með breytingu (þrengingu) fram til þess að núgildandi kosningalög voru sett (þ.e. „Borda-reglan“). Til að mörkin verði þó ekki óeðlilega lág er lagt til að reglunni verði aðeins beitt á þá frambjóðendur á lista sem ná aðal- eða varamannssæti, þó aldrei færri en þrjá. Þykja með því móti mynduð hófleg mörk fyrir breytingar á framboðslistum. Fái listi sem dæmi 4.000 atkvæði og tvo menn kjörna eru fjórum efstu mönnum listans reiknuð atkvæði og ef engar breytingar hafa verið gerðar á kjörseðlum (útstrikun eða umröðun) hefur fyrsti maður 4.000 atkvæði, annar maður $^3/_4$ eða 3.000 atkvæði, þriðji maður $^2/_4$ eða 2.000 atkvæði og fjórði maður $^1/_4$ eða 1.000 atkvæði. Í þessu dæmi þyrfti meira en 800 útstrikanir hjá einum frambjóðanda, ef engar aðrar breytingar væru gerðar á kjörseðlum, til að hreyfa hann milli sæta. Um nánari útskýringar á reglunni vísast til skýrslu forsætisráðherra til Alþingis um breytingar á kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis, sbr. Alþt. 1998–99, A-deild, bls. 969.

Um 111. gr.

Greinin er í megindráttum samhljóða 116. gr. kosningalaga. Þó er hert á því að stjórnarráðinu skuli birta tilkynningu um úrslit kosninga jafnskjótt og kjörbréf hafa verið afhent, enda sé þá ekkert því til fyrirstöðu að kveðja þing saman hvenær sem henta þykir. Sjálfsagt er að almenningi sé einnig gert kunnugt um úrslitin með sama hraða á þeim vettvangi sem stjórnvöldum er til þess búinn.

Um 112. gr.

Greinin er samhljóða 118. gr. kosningalaga.

Um 113. gr.

Greinin er samhljóða 119. gr. kosningalaga.

Um 114. gr.

Greinin er í samræmi við 120. gr. kosningalaga en lagðar eru til breytingar á 1. og 3. mgr. vegna tilvísana til kaupstaða og kauptúna. Þá er í 4. mgr. lagt til að samræmd regla gildi um að kjörstjórnir sem kosnar eru skv. 2. mgr. 15. gr. skuli taka ákvarðanir um frestun kosninga og boðun þeirra að nýju en ekki hver undirkjörstjórn í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Um 115. gr.

Greinin samsvarar 121. gr. kosningalaga. Fellt er brott ákvæði um að auglýsing um uppkosningar skuli birt í Lögbirtingablaði, svo og ákvæði sem þar er í 2. mgr. um sérstaka tilkynningu til yfirkjörstjórnar. Eftir stendur að kosningin á að fara fram samkvæmt fyrirmælum laganna og gilda þá ákvæði 2. mgr. 20. gr. um auglýsinguna.

Um 116. gr.

Greinin felur í sér nýtt almennt ákvæði um skýrsluskil til Hagstofu Íslands. Í 117. gr. kosningalaga er kveðið á um skýrsluskil landskjörstjórnar til Hagstofunnar. Í 2. mgr. 101.

gr. laganna (2. mgr. 96. gr. frumvarpsins) er almennt ákvæði um skýrslugerð undirkjörstjórna. Hins vegar er í lögunum ekkert ákvæði um skýrslugerð yfirkjörstjórna. Hagstofan hefur í raun safnað skýrslum um kosningar samkvæmt eigin lagaheimild, sbr. a-lið 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um hagstofu Íslands, nr. 24/1913. Rétt þykir að hafa í kosningalögum almennt ákvæði um skýrsluskil allra kjörstjórna til Hagstofunnar.

Um 117. gr.

Greinin er samræmi við 125. gr. kosningalaga að því undanskildu að ákvæði 1. og 2. tölul. þeirrar greinar um óleyfilega söfnun undirskrifta og þess háttar eru felld niður í samræmi við ákvæði 92. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Þá er með a-lið lagt til að það verði almennt talin óleyfileg kosningaspjöll að torvelda öðrum að greiða atkvæði við kosningar en það ekki eingöngu bundið við hjú og aðra sem menn hafa yfir að ráða.

Um 118. gr.

Greinin er samhljóða 126. gr. kosningalaga.

Um 119. gr.

Greinin er samhljóða 127. gr. kosningalaga að því undanskildu að í stað tilvísunar til úrskurða hreppsnefnda og bæjarstjórna er vísað til úrskurða sveitarstjórna. Þá er lagt til að kærum út af brotum á lögunum skuli beint til hlutaðeigandi lögreglustjóra en ekki dómsmálaráðuneytisins. Er það í samræmi við almennar reglur um kærur út af opinberum málum.

Um 120. og 121. gr.

Greinarnar eru samhljóða 128.–129. gr. kosningalaga.

Um 122. gr.

Greinin svarar til 130. gr. kosningalaga.

Um 123. gr.

Greinin er í samræmi við 131. gr. kosningalaga. Til samræmingar eru sveitarsjóðir almennt tilgreindir í c-lið en ekki hreppssjóðir og bæjarsjóðir. Þá er í sama lið bætt inn tilvísun til kjörstjórna skv. 2. mgr. 15. gr.

Um 124. gr.

Greinin er samhljóða 132. gr. kosningalaga, þó þannig að sveitarstjórn er tilgreind í stað hreppsnefndar og bæjarstjórnar.

Um 125. gr.

Greinin er samhljóða 133. gr. kosningalaga að því undanskildu að felldur er niður 3. tölul. þeirrar greinar um óleyfilega söfnun undirskrifta og þess háttar í samræmi við niðurfellingu ákvæða sem lýstu slíka starfsemi óleyfilega, sbr. athugasemdir við 117. gr.

Um 126. gr.

Greinin er samhljóða 134. gr. kosningalaga að því undanskildu að í c-lið er póstur ekki sérstaklega tilgreindur sem flytjandi kjörgagna og d-liður breytist í samræmi við breyttan a-lið 117. gr.

Um 127. gr.

Greinin er samhljóða 135. gr. kosningalaga.

Um 128. gr.

Greinin er samhljóða 136. gr. kosningalaga eins og hún er eftir að varðhaldsrefsing var afnumin með lögum nr. 82/1998, um breyting á almennum hegningarlögum.

Um 129. gr.

Í fyrri málsgrein þessarar greinar segir að kosningalögum verði breytt eins og fyrir mælt í stjórnarskránni. Samkvæmt 44. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 14. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 56/1991, er áskilinn tiltekinn umræðufjöldi til að lagafrumvarp teljist samþykkt og skv. 53. gr. hennar, sbr. 20. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 56/1991, að tilskilinn fjöldi þingmanna þurfi að taka þátt í atkvæðagreiðslu til að þingfundur teljist ályktunarbær. Í 6. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 77/1999, er enn fremur áskilið samþykki aukins meiri hluta atkvæða til að breytingar verði gerðar á ákvæðum kosningalaga um kjördæmamörk og tilhögun á úthlutun þingsæta, sbr. einnig síðari málsgrein þessarar greinar og 6. og 107.–109. gr. frumvarps þessa. Að þessum ákvæðum frátöldum er hins vegar lagt í vald almenna löggjafans að ákveða hvert atkvæðamagn þurfi til afgreiðslu mála á Alþingi. Skv. 67. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, ræður afl atkvæða úrslitum mála, en skv. 2. mgr. 64. gr. s.l. er engin ályktun lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra er atkvæði greiða, ljái henni atkvæði sitt. Almennt dugir því með öðrum orðum einfaldur meiri hluti til að breyta öðrum ákvæðum kosningalaga en að framan greinir.

Um 130. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Þá er lagt til að tilvísunum í ákvæði laga um kosningar til Alþingis sem er að finna í 14. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands verði breytt til samræmis við nýja greina- og kaflaskipan frumvarpsins.

Loks er í samræmi við 6. gr. frumvarpsins lagt til að brott falli ákvæði er tekið var í lög nr. 17/1998, um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, fyrir síðustu alþingiskosningar þegar Kjalarnes varð sökum stjórnarskrárbundinnar kjördæmaskipunar að fylgja Reykjaneskjördæmi þótt sveitarfélagið hefði þá sameinast Reykjavík.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt 6. gr. stjórnarskrárinnar og 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1984, skal forsetakjör fara fram síðasta laugardag í júnímánuði fjórða hvert ár. Forsetakjör fór síðast fram árið 1996 og ber því upp á ný á yfirstandandi ári, nánar tiltekið hinn 24. júní nk. Lögum samkvæmt er undirbúningur að kjörinu þegar hafinn með birtingu auglýsingar um framboð og kjör forseta. Nokkur sérákvæði eru í lögum um framboð og kjör forseta um framkvæmd kjörsins en að öðru leyti er yfirleitt um það vísað til laga um kosningar til Alþingis. Með því að óvarlegt þykir að breyta reglum um kjörið eftir að undirbúningsferlið er hafið er hér lagt til að lög nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum, gildi eftir því sem við á um það forsetakjör sem fram skal fara á sumri komanda. Af þessu tilefni skal tekið fram að enda þótt þau lög falli ekki að gildandi stjórnarskrárákvæði um alþingiskosningar, sbr. 1. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 77/1999, gildir það ákvæði ekki um forsetakosningar. Ekki þarf því að efast um stjórnskipulegt gildi laga nr. 80/1987, með síðari breytingum, með tilliti til forsetakjörs.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Á sumarþingi 1999, 124. löggjafarþingi, að loknum alþingiskosningum í maí 1999, kaus Alþingi yfirkjörstjórnir svo sem skylt var skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1987. Með hliðsjón af því að fyrri kjördæmamörk breytast, kjördæmum fækkar og fyrri kosning getur ekki átt við lengur er lagt til að Alþingi kjósi þegar í stað, eftir samþykkt frumvarpsins, nýjar yfirkjörstjórnir skv. 1. mgr. 13. gr. þess.

824. Frumvarp til laga [523. mál]

um orkunýtnikröfur.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun og notkun orkunýtinna véla, tækja og annars búnaðar, í lögum þessum nefnd vara, með það að markmiði að orka verði notuð á skynsamlegan og hagkvæman hátt.

2. gr.

Lögin taka til nýrrar vöru sem nýtir orku.

Lögin taka ekki til farartækja eða notaðrar vöru.

3. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt með hliðsjón af tilgangi laga þessara að kveða á um í reglugerð hvaða kröfur um orkunýtni tiltekin vara þarf að uppfylla.

Eingöngu er heimilt að setja á markað vöru sem uppfyllir reglur um orkunýtni, sbr. 1. mgr. Óheimilt er að banna markaðssetningu vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni, enda uppfylli hún skilyrði annarra laga.

Ráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð að innflutningur eða framleiðsla vöru til eigin nota skuli lúta sams konar reglum og mælt er fyrir um í 1. mgr.

4. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð hvaða merkingar og upplýsingar skuli fylgja vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni.

5. gr.

Framleiðandi, fulltrúi hans eða sá er markaðssetur vöru, hér eftir nefndur birgðasali, ber ábyrgð á að vörur hans uppfylli orkunýtnikröfur sem settar hafa verið. Birgðasali ber ábyrgð á að nauðsynlegar mælingar og prófanir á orkunýtni búnaðar fari fram svo að kannað verði hvort búnaður uppfyllir kröfur um orkunýtni sem ákveðnar hafa verið með reglugerð byggðri á 3. gr.

Óheimilt er að hefja sölu eða leigu á vöru þar til nauðsynlegar mælingar og prófanir hafa farið fram. Birgðasali ber allan kostnað við framangreindar mælingar og prófanir.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um hvaða aðferðir og staðla skal nota við mælingar og prófanir skv. 1. mgr.

6. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Yfireftirlit samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum Löggildingarstofu.

Við framkvæmd eftirlits með lögum þessum skal farið að lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, eftir því sem við á.

Birgðasalar og seljendur skulu miðla til eftirlitsaðila þeim upplýsingum skv. 5. gr. sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar lögum þessum.

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð slíkra brota fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Tilgangur þessa frumvarps er, eins og fram kemur í 1. gr., að stuðla að bættri nýtingu orku með því að ýta undir þróun og útbreiðslu búnaðar sem nýtir orku vel, þ.e. búnaðar sem notar litla orku í samanburði við afkastagetu. Frumvarpinu er ætlað að taka til hvers konar véla, tækja, og búnaðar sem nýtir orku, þó ekki farartækja eða notaðra tækja.

Frumvarpið felur ekki í sér efnisreglur um orkunýtnikröfur, heldur er með því lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að setja reglugerðir um orkunýtni einstakra tækja. Slíkar reglugerðir myndu fyrst og fremst byggjast á tilskipunum Evrópusambandsins og fela í sér innleiðingu þeirra í íslenskan rétt.

Aðgerðir Evrópusambandsins til að auka orkusparnað og orkunýtni.

Evrópusambandið hefur staðið fyrir ýmsum aðgerðum til að auka orkusparnað og orkunýtni frá því á áttunda áratugnum. Upphaf þessara aðgerða má rekja til olíukreppunnar árið 1973, þegar afhendingaröryggi orkunnar skipti öllu máli og orkusparnaður varð mikilvægt atriði í að draga úr innflutningi á olíu, sérstaklega í tengslum við hátt orkuverð. Þegar þessum þrýstingi létti var lögð minni áhersla á að tryggja orkunýtni.

Í lok áttunda áratugarins og fram á þann níunda gripu einstök aðildarríki til ýmissa aðgerða til að auka orkunýtni en í lok níunda áratugarins komst framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hins vegar að þeirri niðurstöðu að fyrri aðgerðir hefðu ekki uppfyllt vonir um árangur. Voru því gerðar auknar kröfur til aðildarríkjanna um aðgerðir í þessu sambandi.

Í október 1990 setti Evrópusambandið sér það markmið að draga úr aukningu á losun koltvísýrings meðal aðildarríkjanna. Þetta, ásamt markmiðum Evrópusambandsins um aukið afhendingaröryggi og sjálfbæra orkustefnu, hleypti nýju blóði í aðgerðir til að auka orkunýtni, þar sem raforkuframleiðsla telur um 35% af allri frumorkunotkun innan Evrópusambandsins og um 30% af losun koltvísýrings. Í þessu augnamiði var SAVE-áætluninni svokölluðu hleypt af stokkunum í október 1991. Markmið SAVE-áætlunarinnar var að bæta orkunýtni í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Hugðist það ná markmiðum áætlunarinnar með því að leggja áherslu á tvo höfuðþætti. Annars vegar skyldi setja reglur um orkumerkingar og upplýsingaskyldu í því skyni að tryggja að neytendur hefðu greiðan aðgang að upplýsingum um orkunýtni þeirra tækja sem þeim eru boðin til kaups. Hins vegar átti að setja reglur um orkunýtnikröfur. Fyrra markmið SAVE-áætlunarinnar var grundvöllur þess að ráð Evrópusam-

bandsins setti tilskipun 92/75/EBE um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum, en á grundvelli tilskipunar 92/75/EBE hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sett tilskipanir er varða orkumerkingar kæliskápa, þvottavéla, þurrkara, uppþvottavéla o.fl. Síðara markmið SAVE-áætlunarinnar var grundvöllur þess að ráð Evrópusambandsins setti 21. maí 1992 tilskipun 92/42/EBE um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti. Þá hefur verið sett tilskipun 96/57/EB um orkunýtnikröfur kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa. Evrópusambandið hefur enn fremur gert samninga við framleiðendur um kröfur um lágmarksnýtni. Setning reglna á sviði orkunýtnikrafna hefur gengið hægar en varðandi orkumerkingar sökum lengdar ákvarðanatökuferils og skorts á samvinnu frá framleiðendum.

SAVE-áætluninni lauk 31. desember 1995. Í orðsendingum til ráðs Evrópusambandsins og þings Evrópusambandsins frá 11. janúar 1995 (Green Paper) og 13. desember 1995 (White Paper) er að finna stefnumörkun framkvæmdastjórnarinnar í orkumálum og hlutverk orkusparnaðar- og orkunýtniaðgerða. Með ákvörðun ráðs Evrópusambandsins, dags. 16. desember 1996, var hleypt af stokkunum nýrri áætlun (SAVE II), sem stendur til loka ársins 2000.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 29. apríl 1998 er fjallað um stefnumótun og aðgerðir tengdar orkunýtni í Evrópusambandinu. Þar er gerð grein fyrir núverandi aðgerðum til að auka orkunýtni möguleikum á frekari aðgerðum.

Aðgerðir á Íslandi.

Í samræmi við skuldbindingar Íslands á grundvelli EES-samningsins þarf að innleiða ákvæði framangreindra tilskipana í íslenskan rétt. Þetta hefur verið gert með lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., nr. 72/1994, sem byggjast á tilskipun 92/75/EBE. Á grundvelli þeirra laga hefur iðnaðarráðherra sett reglugerðir sem ætlað er að innleiða í íslenska löggjöf fyrrnefndar tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar.

Til að gera þetta kleift varðandi orkunýtnikröfur eru í frumvarpinu ákvæði sem heimila ráðherra að mæla fyrir um kröfur um orkunýtni búnaðar með setningu reglugerða. Verður ráðherra þannig heimilt að innleiða áðurnefndar tilskipanir og aðrar gerðir sem fyrirhugað er að setja um orkunýtnikröfur einstakra tækja með reglugerð á grundvelli ákvæða frumvarpsins.

Kröfur á grundvelli frumvarps þessa geta verið kröfur um orkunotkun, kröfur um ákveðna hönnun eða jafnvel kröfur er varða einstaka hluta búnaðar. Kröfurnar skulu miðast að því að auka nýtni búnaðar á orku og koma í veg fyrir að búnaður sem nýtir orku illa sé settur á markað.

Þegar ráðherra setur kröfur um orkunýtni skal horfa til hagrænna sjónarmiða jafnt sem umhverfissjónarmiða. Kröfurnar skulu mótaðar út frá tæknilegum og efnahagslegum möguleikum á orkusparnaði.

Hér á landi hafa ekki verið í gildi lög um þetta efni. Við samningu frumvarpsins var höfð til hliðsjónar tilskipun ráðs Evrópusambandsins frá 3. september 1996 (96/57/EB) auk danskra laga um kröfur til orkunýtni búnaðar sem notar orku, nr. 94/1994 (lov om normer for energieffektivitet i energiforbrugende udstyr).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna almenna lýsingu á tilgangi laganna, en hann er að stuðla að þróun og notkun orkunýtinna véla, tækja og annars búnaðar. Þannig er ætlunin að draga úr óæskilegum áhrifum raforkuvinnslu og raforkunotkunar á umhverfið um leið og hagkvæmni er aukin.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna afmörkun á gildissviði frumvarpsins, sem er nokkuð vítt. Almennt má segja að lögin taki til hvers konar búnaðar sem notar orku. Má segja að frumvarpinu sé ætlað að ná til þriggja höfuðflokka búnaðar. Í fyrsta lagi er um að ræða heimilistæki, svo sem sjónvörp, myndbandstæki, útvörp o.fl. Í öðru lagi er búnaður sem notaður er í þjónustu og verslun, svo sem kælar og frystibúnaður, þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, faxtæki, ljósritunarvélar, tölvur og búnaður tengdur þeim o.fl. Til þriðja flokksins telst búnaður sem notaður er í framleiðsluiðnaði hvers konar, svo sem rafmótorar, loftræstingarbúnaður, dælubúnaður, katlar o.fl. Lögin ná hins vegar ekki til farartækja eða hvers konar notaðra tækja.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er iðnaðarráðherra veitt heimild til að kveða á um orkunýtnikröfur einstakra tækja í reglugerð. Með þessu er unnt að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins í íslenskan rétt með setningu reglugerða. Eins og áður segir hefur Evrópusambandið þegar sett tilskipun 96/57/EB um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota.

Í 2. mgr. er kveðið á um takmörkun á markaðsaðgengi. Þegar settar hafa verið reglur um orkunýtnikröfur um ákveðna vöru er óheimilt að selja, leigja eða markaðssetja vöru sem ekki uppfyllir slíkar kröfur. Að sama skapi er óheimilt að banna, takmarka eða hindra markaðssetningu vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni. Í tilskipun 96/57 er gert ráð fyrir að vara sem uppfyllir orkunýtnikröfur sé CE-samræmismerkt. Hafi vara slíkt merki ber að líta svo á að hún uppfylli kröfur um orkunýtni nema færðar séu sönnur á hið gagnstæða. Beri vara hins vegar ekki slíkt merki hvílir sú skylda á framleiðanda, fulltrúa hans eða þess sem markaðssetur vöru að sýna fram á að varan uppfylli kröfur um orkunýtni.

Loks er iðnaðarráðherra veitt heimild til að kveða á um að reglur um orkunýtnikröfur skuli einnig ná til innflutnings og framleiðslu á vöru til eigin nota.

Þær orkunýtnikröfur sem ráðherra er heimilt að setja samkvæmt þessari grein skulu byggðar á raunhæfum möguleikum til að bæta orkunýtni þessara ákveðnu tegundar búnaðar. Til hliðsjónar skal hafa áhrif orkunýtnikrafna á þjóðarhag, umhverfið, neytendur og atvinnulíf.

Um 4. gr.

Í greininni er iðnaðarráðherra veitt heimild til að mæla fyrir um í reglugerð hvaða merkingar og aðrar upplýsingar skuli fylgja búnaði sem uppfyllir kröfur um orkunýtni. Tæki sem uppfylla orkunýtnikröfur verða CE-merkt og er aðildarríkjum EES-samningsins óheimilt að banna, takmarka eða tálma að vörur með slíka merkingu séu settar á markað. Þá ber að hafa í huga að um sömu tæki kunna að hafa verið settar reglur um orkumerkingar og ber birgðasölum einnig að hlíta þeim ákvæðum.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. segir að birgðasali beri ábyrgð á að vörur hans uppfylli orkunýtnikröfur sem settar eru á grundvelli 1. mgr. 3. gr. Honum ber því að tryggja að hvert tæki sem fer á markað uppfylli orkunýtnikröfur. Jafnframt er sú skylda lögð á birgðasala að sjá til þess að gerðar séu nauðsynlegar prófanir og mælingar á búnaði til að kannað verði hvort búnaður uppfylli orkunýtnikröfur sem gerðar hafa verið af ráðherra. Hafa ber í huga að þær vörur sem hafa CE-merkingu teljast uppfylla orkunýtnikröfur nema rökstudd ástæða sé til að ætla hið gagnstæða.

Í 2. mgr. er lagt bann við því að hefja sölu eða leigu á vöru þar til nauðsynlegar mælingar og prófanir hafa farið fram. Þetta ákvæði hefur einkum þýðingu ef vara er ekki CE-merkt. Í slíkum tilfellum þarf að framkvæma mælingar og prófanir til að ganga úr skugga um að varan uppfylli kröfur um orkunýtni. Birgðasali ber allan kostnað af slíkum mælingum og prófunum enda á hans ábyrgð að vara uppfylli orkunýtnikröfur.

Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til að mæla fyrir um í reglugerð hvaða aðferðir og staðla skal nota við mælingar og prófanir á orkunýtni búnaðar. Miðað er við að ef viðurkenndir alþjóðlegir eða samevrópskir staðlar eru til, verði við þá miðað. Ef hins vegar ekki eru til viðurkenndir alþjóðlegir eða samevrópskir staðlar eða ef um fleiri en einn staðal er að ræða getur ráðherra mælt fyrir um hvaða staðla eða aðferðir skuli notast við. Slíkir staðlar skulu vera í samræmi við heildaraðferð Evrópusambandsins um samræmisyfirlýsingar. Í ákvörðun ráðs Evrópusambandsins frá 22. júlí 1993, nr. 93/465/EBE, er nánar kveðið á um þessar yfirlýsingar.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laganna. Virkt eftirlit með framkvæmd laganna er nauðsynlegt til að tryggja að farið sé að reglum um orkunýtnikröfur. Með því verður samkeppnisstaða birgðasala og réttur neytenda best tryggður. Í greininni er Löggildingarstofu falið yfireftirlit og ábyrgð á eftirliti. Framkvæmd eftirlits er síðan í höndum óháðra skoðunarstofa.

Í 2. mgr. segir að framkvæmd og eftirlit með lögum þessum fari að lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir gjaldtökuheimild vegna þessa eftirlits. Ástæður þessa eru fyrst og fremst þær að í 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, er kveðið á um eftirlit með öryggi raffanga. Ákvæði laga nr. 146/1996 koma til með að ná til meiri hluta þeirra tækja sem orkunýtnikröfur verða settar um. Í lögum nr. 146/1996 er að finna gjaldtökuheimild vegna eftirlits á grundvelli þeirra laga og yrði um tvöfalda gjaldtöku að ræða á þessum tækjum ef sérstök gjaldtaka væri heimiluð vegna eftirlits með orkunýtnikröfum. Eftirlit á grundvelli laga nr. 146/1996 og eftirlit með orkunýtnikröfum er unnt að framkvæma í einni og sömu skoðun. Þar sem yfireftirlit með öryggi raffanga er í höndum Löggildingarstofu er eftirlit með að tæki uppfylli kröfur um orkunýtni falið Löggildingarstofu. Kostnaður vegna eftirlits samkvæmt frumvarpinu ætti því að vera hverfandi. Þó má gera ráð fyrir einhverjum kostnaði Löggildingarstofu vegna yfireftirlits, breytinga á skoðunarhandbók o.fl.

Í 3. mgr. greinarinnar er lögð skylda á birgðasala að miðla þeim upplýsingum til eftirlitsaðila sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits. Eftirlitsaðili getur því krafist þeirra upplýsinga af birgðasölum og seljendum sem hann telur nauðsynlegar til að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt þessum lögum.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um orkunýtnikröfur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að skilgreina kröfur um orkunýtingu nýrra tækja, véla og búnaðar. Birgðasali ber ábyrgð á að nauðsynlegar mælingar og prófanir á orkunýtni búnaðar fari fram svo að kannað verði hvort búnaður uppfylli kröfur um orkunýtni sem ákveðnar hafa verið. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra geti falið Löggildingarstofu eða öðrum eftirlitsstjórnvöldum að annast eftirlit með því að ákvæðum laganna verði framfylgt. Við framkvæmd og eftirlit er vísað til laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, en þar segir að Löggildingarstofa og önnur eftirlitsstjórnvöld fari með opinbera markaðsgæslu. Skulu eftirlitsstjórnvöld að eigin frumkvæði taka til meðferðar mál er varða öryggi vöru sem heyrir undir eftirlit þeirra.

Faggiltar skoðunarstofur annast framkvæmd eftirlits sem birgðasali greiðir fyrir. Hlutverk Löggildingarstofu er hins vegar yfireftirlit sem felst m.a. í gerð verklags- og skoðunarreglna ásamt eftirliti og úrtaksskoðun á markaði. Í almennum athugasemdum við frumvarpið er greint frá EBE-tilskipunum um orkumerkingar ýmissa heimilistækja en ætlað er að innleiða þær hér á landi. Af því má ráða að fyrst um sinn mun eftirlit með orkunýtni ná til algengra tækja og búnaðar sem nota rafmagn sem orkugjafa þar sem svigrúm er til að auka heildarorkunýtni verulega.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að fljótlega þurfi að auka umfang yfireftirlits Löggildingarstofu um allt að einu starfi og er heildarkostnaður áætlaður um 2,5–3 m.kr. þar sem mæling og eftirlit með orkunýtni krefst tæknilegrar þekkingar og flókins búnaðar. Þó er athygli vakin á 6. gr. í greinargerð, þar sem greint er frá að nú þegar er tekið gjald fyrir þessa þjónustu og ætti því kostnaðurinn að verða hverfandi.

825. Frumvarp til laga [524. mál]

um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Hugtakið netlög merkir í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal varið til hafsbotns- og landgrunnsmála samkvæmt nánari ákvörðun iðnaðarráðherra.

4. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tímalengd leyfis, staðarmörk vinnslusvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingarleyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öryggis- og umhverfisráðstafanir, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald.

Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim leyfum í tvö ár frá gildistöku laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, var lögfestur eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum á, í eða undir hafsbotninum. Í Hrd. 1981.1584 og Hrd. 1981.182 voru kveðnir upp stefnumarkandi dómar um réttarstöðu ríkisins á almenningum og eigendalausum afréttarlandsvæðum. Í dómunum hafnaði Hæstiréttur eignarréttartilkalli íslenska ríkisins þar sem það gat ekki sýnt fram á neinar heimildir fyrir eignatilkalli sínu. Þó var talið að handhafar ríkisvalds gætu í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu þeirra svæða sem um var að ræða. Þessi niðurstaða endurspeglast í síðari lagasetningu, sbr. ákvæði laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

Tilgangur frumvarps þessa er að taka af öll tvímæli um að iðnaðarráðherra sé heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir töku eða nýtingu ólífrænna eða lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Sambærilega heimild forsætisráðherra er að finna í lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, varðandi nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu. Til að koma í veg fyrir ósamræmi og óeðlilega ásókn í þær auðlindir hafsbotnsins sem lögin ná til er æskilegt að tekinn sé af allur

vafi í þessu efni. Hlýtur það að teljast eðlilegt að ríkisvaldið krefjist gjalds fyrir nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda þjóðarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Merking hugtaksins netlög er skilgreind hér í samræmi við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Því þykir rétt að skýra merkingu þess sérstaklega til þess að ekki fari á milli mála hversu langt frá bakka stöðuvatns og stórstraumsfjöru einkaeignarréttur landeigenda nær.

Um 2. gr.

Rannsóknir á auðlindum hafsbotnsins eru kostnaðarsamar og krefjast oftast beitingar dýrs og sérhæfðs tækjabúnaðar. Rétt þykir að sá sem leggur út í slíkar rannsóknir fái nokkurn umþóttunartíma til að meta niðurstöður rannsókna sinna og gera áætlanir um vinnslu á grundvelli þeirra. Tveggja ára forgangstími til vinnslu á rannsóknarsvæðinu að afloknum rannsóknatíma er talinn hæfilegur hámarkstími miðað við þá nýtingu efna hafsbotnsins sem stunduð hefur verið undanfarin ár og eingöngu hefur verið bundin við jarðefnatöku. Komi til viðameiri rannsókna síðar vegna annarra efna sem kunna að finnast á, í eða undir hafsbotninum þarf að endurskoða þennan umþóttunartíma.

Um 3. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við lagafrumvarp þetta er heimild iðnaðarráðherra til að taka endurgjald fyrir nýtingu auðlinda hafsbotnsins í samræmi við önnur sambærileg lög. Einnig er mikilvægt að ekki skapist ójafnvægi á milli efnistöku á landi og í sjó, en efnistaka á landi er undantekningalítið aðeins heimiluð gegn endurgjaldi til landeigenda.

Lagt er til að tekjum af útgáfu leyfa verði varið til hafsbotns- og landsgrunnsmála, svo sem almennra rannsókna, sérstakra olíuleitarverkefna o.fl. samkvæmt nánari ákvörðun iðnaðarráðherra. Almennt hefur verið litið svo á að ekki séu miklar líkur á því að verðmætar auðlindir sé að finna innan lögsögu Íslands. Sú skoðun byggist þó á takmörkuðum rannsóknum og er að svo komnu máli ekki hægt að útiloka að t.d. olía eða málmar kunni að finnast þar í vinnanlegu magni. Í þeim tilgangi að ýta undir frekari rannsóknir á auðlindum hafsbotnsins er lagt til að tekjur af leyfum vegna nýtingar efna á hafsbotninum renni til þessara rannsókna. Gert er ráð fyrir að gjaldtakan verði tengd efnismagni eða efnisverðmæti. Um gjaldtökuna verður mælt fyrir í reglugerð sem heimild er fyrir skv. 5. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í 5. gr. laganna segir að iðnaðarráðherra skuli með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr. laganna. Ástæða þykir til að kveða skýrar á um þetta og tiltaka helstu efnisatriði sem fram skulu koma í leyfunum og umsóknum um leyfin.

Mikilvægt er að þeim sem sækja um leyfi frá stjórnvöldum sé fyrir fram ljóst hvaða gögn þurfi að fylgja umsóknum og hver séu meginefnisatriði leyfisbréfa. Þessi atriði eru þau sömu og umsóknir verða metnar eftir.

Þá er og mikilvægt að leyfishöfum sé fyrir fram ljóst hvaða gögn þeir þurfi að afhenda á leyfistímanum og við lok hans, m.a. til að upplýsa um efnistökustaði, efnismagn og efnisgerð

á hverjum stað, svo nokkuð sé nefnt. Slíkar upplýsingar eru t.d. grundvallaratriði til að unnt sé að fylgjast með að skilyrðum leyfisins sé fylgt, m.a. vegna umhverfissjónarmiða.

Um 5. gr.

Við setningu laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, voru fáir aðilar sem sóttust eftir efnistöku af hafsbotni. Þetta hefur breyst hin síðari ár og hafa þá ýmsir annmarkar komið fram á hinum eldri leyfum. Miklvægt er að leiðrétta þetta, samræma ákvæði leyfanna og koma á gjaldtöku fyrir nýtingu auðlindarinnar. Rétt þykir að þeir sem hafa leyfi við gildistöku laga þessara fái aðlögunartíma að nýrri skipan mála og er aðlögunartíminn metinn hæfilegur tvö ár.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Tilgangur frumvarpsins er að taka af öll tvímæli um að iðnaðarráðherra sé heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir töku eða nýtingu ólífrænna eða lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

826. Frumvarp til laga [525. mál]

um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Markmið laganna er að tryggja fötluðum og einstaklingum með alvarlegar þroskaraskanir greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar. Enn fremur að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði.

Í þessum tilgangi skal á vegum ríkisins starfrækt stofnun, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Hún þjónar landinu öllu.

2. gr.

Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er að annast:

1. Mat og greiningu á fötluðum og einstaklingum með alvarlegar þroskaraskanir sem er vísað til athugunar að lokinni frumgreiningu.
2. Ráðgjöf og fræðslu til foreldra eða annarra aðstandenda og þjónustuaðila varðandi viðeigandi meðferð, þjálfun og önnur úrræði sem þörf er á.
3. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni.
4. Langtímaeftirfylgd og ráðgjöf vegna þeirra einstaklinga sem þess þarfnast og eiga ekki kost á slíku annars staðar.
5. Faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila, t.d. varðandi:
   a. uppbyggingu og starfrækslu greiningar- og ráðgjafarþjónustu og þróun á aðferðum til fjargreiningar,
   b. menntun og þjálfun starfsfólks,
   c. sérhæfðan tækjabúnað og aðgengi fatlaðra,
   d. kannanir á högum og þjónustuþörfum fatlaðra,
   e. umsögn um þjónustu og vistun.
6. Skráningu og varðveislu upplýsinga um fatlaða og einstaklinga með alvarlegar þroskaraskanir í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
7. Öflun og miðlun þekkingar um fatlanir og alvarlegar þroskaraskanir, m.a. með því að fylgjast með nýjungum í greiningu og meðferð á alþjóðavettvangi.
8. Þróun, rannsókn og dreifingu á aðferðum og gögnum til greiningar á fötlunum og þroskaröskunum og á mismunandi meðferðaraðferðum.
9. Fræðilegar rannsóknir á sviði áunninna og meðfæddra fatlana og þroskaraskana og þátttöku í alþjóðastarfi, m.a. á sviði fátíðra fatlana.
10. Fræðslu á sviði fatlana og þroskaraskana og útgáfu fræðsluefnis.

Stofnunin skal hafa samstarf við aðrar stofnanir sem veita þjónustu eða annast kennslu og rannsóknir á sviði fatlana og þroskaraskana, t.d. sveitarfélög og stofnanir þeirra, heilbrigðisstofnanir, háskólastofnanir, landlækni, samstarfsnefnd um málefni fatlaðra, réttindagæslumann fatlaðra og hagsmunasamtök fatlaðra.

3. gr.

Í því skyni að stuðla að skjótri greiningu og meðferð fötlunar og þroskaröskunar skulu starfsmenn sveitarfélaga, menntastofnana og heilbrigðisstofnana gefa sérstaklega gaum að andlegu og líkamlegu atgervi barna. Verði þeir þess áskynja að barn hafi einkenni fötlunar eða alvarlegrar þroskaröskunar skal upplýsa foreldri eða forráðamann um það og hlutast til um að frumgreining fari fram.

Frumgreining getur farið fram á vegum barnadeilda sjúkrahúsa, sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og hjá ýmsum öðrum sérfræðingum.

Leiði frumgreining í ljós að frekari greiningar eða meðferðarúrræða sé þörf skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða öðrum viðeigandi aðilum sem leita heppilegra úrræða í samráði við foreldra eða forráðamenn.

4. gr.

Að jafnaði skal eftirfylgd vera í höndum sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og annarra fagmanna, sem sinna viðkomandi einstaklingi. Þó skal Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sinna eftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma vegna einstaklinga með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir og þroskaraskanir, m.a. með reglubundnu eftirliti eða samráði við þjónustuaðila og foreldra eða forráðamann.

Verði starfsmenn stofnunarinnar þess áskynja að einstaklingur nýtur ekki fullnægjandi þjónustu ber þeim að gera forstöðumanni Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar viðvart. Getur hann, í samráði við hinn fatlaða eða forráðamann hans, gefið viðkomandi félagsmálanefnd eða félagsmálaráðuneyti sérstaka skýrslu um málið telji hann þess þörf. Skal hann þá jafnframt senda afrit til trúnaðarmanns fatlaðra á viðkomandi stað.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólapróf á sviði fatlana og þroskaraskana, auk reynslu af stjórnun, kennslu og rannsóknum. Hann ber fjárhagslega ábyrgð sem yfirmaður stofnunarinnar og er ábyrgur fyrir allri faglegri starfsemi hennar, ráðningu starfsfólks og samskiptum við aðrar stofnanir.

6. gr.

Stofnunin semur árlega fjárlaga- og rekstrartillögur og fjárhags- og framkvæmdaáætlun til fimm ára.

Rekstrarkostnaður stofnunarinnar greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum hennar. Félagsmálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar, að setja gjaldskrá til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald, útgáfu fræðsluefnis, faglega aðstoð og ráðgjöf til sveitarfélaga og annarra aðila sem vinna í samstarfi við Greiningar- og ráðgjafarstöðina, sbr. 5. tölul. 2. gr. Ekki er heimilt að kveða á um gjöld fyrir reglubundna starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar í gjaldskránni.

Sveitarfélögum er heimilt að semja við Greiningar- og ráðgjafarstöðina um afmarkaða verkþætti sem sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er ætlað að annast, en sveitarfélögin sjá sér ekki fært að veita, enda falli slík þjónusta ekki undir gjaldskrána, sbr. 2. mgr.

7. gr.

Starfsfólki Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins ber að gæta þagnarskyldu um atvik er varða lögmæta einkahagsmuni skjólstæðinga stofnunarinnar eða aðstandenda þeirra sem því verða kunn í starfi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Um trúnað, þagnarskyldu, varðveislu persónuupplýsinga og afhendingu þeirra fer að öðru leyti eftir ákvæðum í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

8. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 17. mars 1999, með vísan til bráðabirgðaákvæðis laga um breytingar á lögum um málefni fatlaðra, nr. 161/1996. Í því er kveðið á um að sett skuli ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taki til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt núgildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að sams konar breyting verði á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins var kveðið á um að sett skyldu sérstök lög um stofnunina.

Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins var kveðið á um að sett skyldu sérstök lög um stofnunina.

Nefndinni var ætlað að hafa samráð við laganefnd um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá var henni einnig falið að semja reglugerð um Greiningar- og ráðgjafarstöðina.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hóf starfsemi 1. janúar 1986 skv. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 41/1983, og tók þá við starfi athugunardeildarinnar í Kjarvalshúsi. Í lögunum var ítarleg skilgreining á hlutverki stöðvarinnar, en það hefur haldist að mestu óbreytt við endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra.

Greiningar- og ráðgjafarstöðin hefur frá upphafi þjónað öllu landinu. Hátt á annað hundrað börnum og ungmennum er vísað þangað til greiningar á hverju ári, en auk þess hefur stofnunin árlega eftirfylgd með um 300 börnum og ungmennum. Stöðugildi við Greiningar- og ráðgjafarstöðina eru nú rúmlega 30, þar af nokkur hlutastörf, en alls vinna tæplega 40 manns við stofnunina með sérþekkingu á ýmsum sviðum fatlana. Má þar nefna lækna, sálfræðinga, talmeinafræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, félagsráðgjafa, leikskólakennara o.fl.

Innra skipulag Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar var endurskoðað árið 1997. Þá var sérhæfing innan stöðvarinnar efld og skilvirkni þannig bætt, svo og stuðningur við þjónustu utan stofnunarinnar, svo sem ráðgjöf við leikskóla og aðrar stofnanir þar sem fatlaðir dveljast. Var starfseminni því skipt í fötlunarsvið í stað starfsdeilda einstakra faggreina eins og áður. Á þeim skamma tíma sem liðinn er frá breytingunum hefur helstu markmiðum verið náð og fengist hefur betri yfirsýn yfir þá hópa fatlaðra sem í hlut eiga. Þjónusta Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar hefur orðið skilvirkari, sveigjanlegri og stuðlað að árangursríkara samstarfi við aðra þjónustuaðila.

Við samningu frumvarpsins hefur verið leitast við að staðfesta og lögbinda þá starfshætti sem hafa verið þróaðir í starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Starfsemi stofnunarinnar er löguð að breyttri skipan þjónustu við fatlaða samkvæmt frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt eru skilgreind samskipti við þá sem sinna annarri þjónustu sveitarfélaga, svo sem sérfræðiþjónustu sem rekin er af sveitarfélögum samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 78/1994, og lögum um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið feli í sér meiri umsvif Greiningarstöðvarinnar, en lögð áhersla á að efla hlutverk hennar á sviði rannsókna, fræðslu og þekkingaröflunar, auk greiningar- og ráðgjafarstarfsemi hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er hliðstætt I. kafla laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Með hugtakinu alvarleg þroskaröskun er átt við meðfætt eða áunnið ástand sem veldur því að andlegur eða líkamlegur þroski víkur verulega frá því sem eðlilegt er talið og hindrar einstakling í að aðlagast venjulegum kröfum þjóðfélagsins án mikillar aðstoðar. Með hugtakinu fötlun er átt við það ástand þegar einstaklingur þarf fjölþætta þjónustu og aðstoð til langframa. Ekki er ætlunin að rýmka hugtakið fötlun heldur eru Greiningarstöðinni lagðar auknar skyldur á herðar um þjónustu við börn og ungmenni sem hafa veruleg frávik í þroska og aðlögun en geta með mikilli aðstoð náð sjálfstæði á fullorðinsárum.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp verkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Ákvæðið er að mestu samhljóða 1. mgr. 16. gr. laga nr. 59/1992. Gert er ráð fyrir að meginhlutverk stofnun-

arinnar sé athugun og greining fatlana og í framhaldi af því tilvísun til viðeigandi meðferðaraðila, ásamt ráðgjöf. Greiningar- og ráðgjafarstöðin annast einungis langtímaeftirfylgd þegar hún er talin nauðsynleg og henni er ekki sinnt á öðrum stofnunum.

Þá er tilgreint að Greiningar- og ráðgjafarstöðin skuli sinna ýmiss konar ráðgjöf og faglegri aðstoð við samstarfsaðila þegar þess er óskað. Einnig er tekið fram að hún eigi að hafa með höndum skráningu og varðveislu upplýsinga um fötlun einstaklinga í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld og beita sér fyrir fræðilegum rannsóknum á sviði fatlana. Má í því sambandi nefna að sérfræðingar stofnunarinnar hafa m.a. unnið að rannsóknum á eðli og faraldsfræði fatlana, afleiðingum höfuðáverka, orsökum og eðli málhömlunar og einhverfu hjá börnum, samskiptum foreldra við fötluð börn sín o.fl.

Áhersla er lögð á að fjölga námskeiðum og auka fræðslu- og kynningarstarf Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og hefur sérstakur starfsmaður verið ráðinn til að sinna því. Á hverju vori hefur stofnunin staðið fyrir umfangsmiklu tveggja daga námskeiði þar sem fjallað er um afmarkað efni á sviði fatlana frá ýmsum sjónarhornum. Auk hinna hefðbundnu vornámskeiða eru haldin námskeið um afmörkuð efni fyrir fagfólk, t.d. kennara og leikskólakennara, aðstandendur fatlaðra og ófaglært starfsfólk. Þá er hafin útgáfa á kynningarefni um starfsemi stofnunarinnar og stefnt er að gerð myndbanda og útgáfu bæklinga um ýmsar gerðir fötlunar.

1. tölul. er að mestu samhljóða 1. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 59/1992. Þó er lögð til sú breyting að ekki verði gert ráð fyrir að einstaklingar geti leitað til stöðvarinnar að eigin frumkvæði, heldur þurfi ávallt að liggja fyrir tilvísun sérfræðings eftir frumgreiningu. Er sú breyting í samræmi við starfshætti stofnunarinnar.

2. tölul. er efnislega samhljóða samsvarandi ákvæði 16. gr. laga nr. 59/1992 og þarfnast ekki skýringa.

3. tölul. er efnislega samhljóða 4. tölul. 16. gr. laga nr. 59/1992.

4. tölul. er efnislega samhljóða 3. tölul. 16. gr. laga nr. 59/1992.

5. tölul. kemur að nokkru í stað 5. og 6. tölul. 16. gr. laga nr. 59/1992. Ákvæðið er hins vegar mun ítarlegra og tekur til allra samstarfsaðila sem taldir eru upp í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög og aðrir sem starfa að þjónustu við fatlaða geti fengið faglega aðstoð og ráðgjöf varðandi þau atriði sem talin eru upp, en ekki er um tæmandi upptalningu að ræða.

6. tölul. er efnislega samhljóða 7. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 59/1992. Greiningar- og ráðgjafarstöðin hefur frá upphafi haldið skrá yfir fatlaða einstaklinga og þá sem haldnir eru alvarlegum þroskaröskunum, með samþykki tölvunefndar. Tilgangur skráningarinnar er að auðvelda skipulagningu, uppbyggingu og þróun þjónustu, mat á þjónustuþörf og faraldsfræðilegar rannsóknir.

7.–10. tölul. fjalla um rannsóknar- og fræðsluhlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að starfsfólk hennar vinni að rannsóknum og fylgist með helstu nýjungum á sviði fatlana og þroskaraskana. Jafnframt á að halda námskeið fyrir starfsfólk sveitarfélaga og annarra stofnana sem vinna að þjónustu við fatlaða og fyrir aðstandendur fatlaðra. Einnig skal stofnunin gefa út kynningarefni um starfsemina og um ýmsar gerðir fötlunar og þroskaröskunar.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar til að hafa samstarf við aðrar stofnanir sem veita þjónustu eða annast kennslu og rannsóknir á sviði fatlana og þroskaraskana. Upptalningin er ekki tæmandi.

Um 3. gr.

Greinin er að mestu leyti sambærileg við 17. og 18. gr. laga nr. 59/1992. Lögð er sú skylda á starfsmenn sveitarfélaga, skóla og heilbrigðisstofnana að upplýsa foreldra ef þeir verða þess áskynja að barn hafi einkenni fötlunar eða alvarlegrar þroskaröskunar. Ber þeim jafnframt að hlutast til um að frumgreining fari fram. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að því að frumgreining fari fram svo fljótt sem auðið er og að í beinu framhaldi verði barninu og fjölskyldu þess veitt sú hjálp sem við á.

Frumgreining getur farið fram á barnadeildum sjúkrahúsa, hjá sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og ýmsum öðrum sérfræðingum. Ef frekari greiningar er þörf ber þeim sem sér um frumgreiningu að tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða öðrum viðeigandi aðilum í samráði við foreldra.

Um 4. gr.

Með eftirfylgd er átt við eftirlit og ráðgjöf um kennslu, þjálfun, meðferð og hjálpartæki, auk endurmats, eftir því sem einstaklingur þroskast og aðstæður hans breytast. Að jafnaði er gert ráð fyrir að sérfræðiþjónusta sveitarfélaga og aðrir fagmenn sem sinna viðkomandi einstaklingi sjái um eftirfylgdina. Með sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er átt við t.d. skólaskrifstofu og félagsþjónustu sveitarfélagsins. Þó er gert ráð fyrir að Greiningar- og ráðgjafarstöðin sinni langtímaeftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma vegna einstaklinga sem búa við óvenjuflókna eða sjaldgæfa fötlun og þroskaraskanir, m.a. með reglubundnu eftirliti eða samráði við þjónustuaðila og foreldra.

Jafnframt er kveðið á um hvaða úrræði séu tiltæk ef starfsmenn Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar verða þess áskynja að sveitarfélag eða þjónustustofnun veitir fötluðum ekki fullnægjandi þjónustu. Er þá lagt í hendur forstöðumanns Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar að meta hvort tilvik krefjist sérstakra aðgerða. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að Greiningar- og ráðgjafarstöðin sinni almennu eftirliti.

Um 5. gr.

Ákvæðið er efnislega eins og 3. mgr. 16. gr. laga nr. 59/1992. Þó eru þær breytingar lagðar til að almennar hæfiskröfur forstöðumanns verði auknar, auk þess sem starfssvið hans er skýrt. Forstöðumaður ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á stofnuninni og er ábyrgur gagnvart ráðherra en ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn.

Þá hefur ákvæðið verið lagað að ákvæðum 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Ekki þykir ástæða til að kveða á um starf framkvæmdastjóra líkt og gert er í gildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að ítarleg ákvæði um skipulag stofnunarinnar séu sett í reglugerð.

Um 6. gr.

Hér er mælt fyrir um gerð árlegra fjárlaga- og rekstrartillagna og fjárhags- og framkvæmdaáætlana til fimm ára.

Þá er kveðið á um að félagsmálaráðherra geti sett gjaldskrá, að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar, um afmarkaða þætti í starfsemi hennar. Vakin er athygli á að um heimildarákvæði er að ræða. Félagsmálaráðherra hefur því heimild til að tilgreina í gjaldskrá þann kostnað sem eðlilegt er að sá sem nýtir sér þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar greiði sérstaklega fyrir. Ber að taka fram að ekki er átt við greiðslu fyrir þjónustu við

einstaklinga. Aðallega er átt við ýmis námskeið og útgáfu fræðsluefnis sem Greiningar- og ráðgjafarstöðin stendur að og sveitarfélög og aðrir vilja nýta sér til menntunar og þjálfunar starfsfólks.

Jafnframt er heimild til að kveða á um í gjaldskrá þann kostnað sem fylgir faglegri aðstoð og ráðgjöf til sveitarfélaga og annarra aðila sem leita eftir slíkri sérfræðiaðstoð. Sá kostnaður yrði metinn í tímaeiningum, auk ferðakostnaðar ef nauðsynlegt þykir að starfsmaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar ferðist milli landshluta. Einnig yrði kveðið á um sérstakt einingargjald fyrir þjónustu- og vistunarmat. Hér er einungis átt við þjónustuliði sem sveitarfélögum er ætlað að sinna en er einhverra hluta vegna ekki fært að veita.

Ekki er heimilt að kveða á um gjöld sem ætluð eru til að standa straum af reglulegum kostnaði Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar heldur einungis fyrir útlagðan kostnað við sérstaka þjónustu sem fagfólk stöðvarinnar lætur sveitarfélögum og öðrum aðilum í té. Er því ekki átt við starfsemi sem fellur undir Greiningar- og ráðgjafarstöðina lögum samkvæmt.

Í 3. mgr. er heimild til handa sveitarfélögum til að gera samning við Greiningar- og ráðgjafarstöðina um afmarkaða verkþætti sem sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er ætlað að sinna. Í samningnum skal að minnsta kosti kveða á um hvaða þjónustu sveitarfélag kaupir, magn hennar og greiðslur sveitarfélags fyrir þjónustuna. Litið er á ákvæðið sem undanþáguákvæði sem ber að túlka þröngt. Því verði eingöngu unnt að gera slíkan samning sjái sveitarfélag sér ekki fært að veita þá þjónustu sem því er ætlað lögum samkvæmt og það fái ekki aðgang að slíkri þjónustu hjá öðrum sveitarfélögum eða eigi þess ekki kost að sameinast við þau um hana. Ber sveitarfélaginu þá að greiða sérstaklega fyrir þjónustuna samkvæmt samningnum þar sem hún er ekki á gjaldskrá. Áður en gripið er til slíkrar samningsgerðar verður að vera ljóst að sveitarfélagið fær ekki aðgang að viðkomandi þjónustu hjá öðru sveitarfélagi. Þá skal sveitarfélag jafnan áður hafa reynt samningaviðræður við önnur sveitarfélög um að veita sameiginlega umrædda þjónustu.

Um 7. gr.

Greinin varðar þagnarskyldu starfsfólks Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og meðferð gagna. Atvik geta verið með þeim hætti að starfsmönnum sé skylt að tilkynna um þau, samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t.d. barnaverndarlögum, nr. 58/1992, með síðari breytingum. Er því kveðið á um að einungis lögmætir einkahagsmunir njóti verndar samkvæmt ákvæðinu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Greiningarskýrslur og vinnugögn sem sérfræðingar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar varðveita hafa að geyma upplýsingar um ástand hins fatlaða og aðstæður hans í þjóðfélaginu. Svipar þessum gögnum að eðli og innihaldi svo verulega til sjúkraskýrslna að ástæða er talin til að um varðveislu þeirra og veitingu upplýsinga úr þeim gildi sömu reglur og gilda um sjúkraskrár. Í 2. mgr. er því kveðið á um að um trúnað, þagnarskyldu, varðveislu persónuupplýsinga og afhendingu þeirra fari að öðru leyti eftir lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum. Hafa lög þessi að geyma ítarleg ákvæði um þau atriði sem greinin fjallar um.

Um 8. gr.

Ákvæðið veitir félagsmálaráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Markmiðið með slíkri heimild er að unnt sé að kveða nánar á um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar í reglugerð þar sem m.a. verði skýrð skilin milli þjónustu stöðvarinnar við þjónustusvið sveitarfélaga.

Um 9. gr.

Lögin eiga að taka gildi 1. janúar 2002. Gildistökuákvæði frumvarpsins er í samræmi við gildistöku frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt því frumvarpi er sveitarfélögum ætlað að taka við málefnum fatlaðra af ríki og þykir nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi rúman aðlögunartíma til að búa sig undir það viðamikla verkefni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Frumvarpið er samið með vísan til bráðabirgðaákvæðis laga nr. 161/1996, um breytingar á lögum um málefni fatlaðra. Þar er kveðið á um að áður en málefni fatlaðra verði færð yfir til sveitarfélaga skuli sett sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taki til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Með frumvarpinu yrði starfsemi stöðvarinnar löguð að breyttri skipan þjónustu við fatlaða samkvæmt væntanlegu frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt eru skilgreind samskipti við aðra þjónustu sveitarfélaga, svo sem sérfræðiþjónustu sem rekin er af sveitarfélögum samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 78/1994, og lögum um grunnskóla, nr. 66/1995. Frumvarpið kveður nánar á um ýmis hliðstæð mál í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og leggur m.a. aukna áherslu á eftirfylgd og ráðgjöf og fræðslu- og kynningarstarf. Í frumvarpinu eru ákvæði sem gefa félagsmálaráðherra heimild, að fengnum tillögum forstöðumanns stofnunarinnar, til að setja gjaldskrá til að standa straum af kostnaði við námskeiðahald og útgáfu fræðsluefnis, sem og aðra afmarkaða þætti þjónustunnar. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir auknum umsvifum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins frá því sem nú er. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér verði það óbreytt að lögum.

827. Frumvarp til laga [526. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Á eftir skilgreiningu á félagasamstæðu í 7. gr. laganna kemur ný orðskýring, svohljóðandi:

— hlutdeildarfélag, félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga eignarhlut í og hafa veruleg áhrif á, en félag er talið hafa veruleg áhrif ef það og dótturfélög þess fara með 20% eða meira af atkvæðum í hlutdeildarfélaginu.

2. gr.

Við 29. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aðlagað gjaldþol vátryggingafélags sem á annað vátryggingafélag að dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi er gjaldþol þess skv. 1. mgr. að frádregnum fjárhæðum sem verða til við að sömu eignir séu taldar beint eða óbeint hjá fleiri en einum aðila, svo og öllum eignum sem verða til við gagnkvæma fjármögnun. Tekið skal tillit til allra dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélagsins, félaga sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga. Fjármálaeftirlitið getur í sérstökum tilvikum krafist eða heimilað að önnur aðferð sé notuð við útreikning aðlagaðs gjaldþols.

Sé vátryggingafélag dótturfélag annars vátryggingafélags eða félags þar sem meginstarfsemin er eignarhald á vátryggingafélagi skal reikna aðlagað gjaldþol móðurfélagsins samkvæmt ákvæðum þessarar greinar auk útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélagsins. Við útreikninginn skal taka tillit til allra hlutdeildarfélaga móðurfélagsins.

Nánar skal kveða á um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli í reglugerð. Þar má einnig tilgreina undanþágur frá skyldu til að reikna aðlagað gjaldþol. Taki útreikningurinn til fyrirtækja í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

3. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé aðlagað gjaldþol vátryggingafélags eða móðurfélags þess minna en lágmarksgjaldþol skv. 30., 31. og 33. gr. að viðbættri hlutdeild í lágmarksgjaldþoli allra hlutdeildar- og dótturfélaga sem eru vátryggingafélög skal vátryggingafélagið þegar í stað gera áætlun um hvenær og hvernig markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Fjármálaeftirlitið sem ákveður hvort hún telst fullnægjandi. Lágmarksgjaldþol hlutdeildar- og dótturfélaga skal reiknað samkvæmt nefndum ákvæðum, jafnvel þótt aðrar reglur gildi í heimaríki þeirra.

4. gr.

Við 1. mgr. 43. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórnin ber ásamt framkvæmdastjóra ábyrgð á því að skipulag félagsins og innra eftirlit sé fullnægjandi og á því að félagið geti lagt fram upplýsingar sem þörf er á til eftirlits með því. Fjármálaeftirlitið getur sett almennar reglur um fyrirkomulag innra eftirlits í vátryggingafélögum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal a.m.k. árlega kanna gjaldþol og greiðsluþol vátryggingafélaga á grundvelli ársreiknings fyrir næstliðið reikningsár og annarra nauðsynlegra gagna og upplýsinga um starfsemina. Einnig skal kanna aðlagað gjaldþol vátryggingafélaga og móðurfélaga þeirra ef við á. Fjármálaeftirlitið getur snúið sér til dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélags, félaga sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu, svo og til dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga, til að afla nauðsynlegra gagna hafi vátryggingafélagið sjálft ekki staðið Fjármálaeftirlitinu skil á þeim. Viðkomandi fyrirtæki skal þegar verða við beiðni um slík gögn. Einu gildir hvort eignaraðild er bein eða óbein. Gögnin má sannreyna með athugun á staðnum, hjá vátryggingafélaginu sjálfu eða öðrum félögum í sömu félagasamstæðu. Fjármálaeftirlitið metur síðan hvort skilyrði 29.–33. gr., eftir því sem við á, séu uppfyllt. Hafi Fjármálaeftirlitið at-

hugasemdir fram að færa skal það tilkynnt félaginu. Sé nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana vegna þessa eiga ákvæði XI. kafla við.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið fylgist með viðskiptum vátryggingafélags við dóttur- og hlutdeildarfélög þess, félög sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og við önnur dóttur- og hlutdeildarfélög þeirra félaga. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með viðskiptum vátryggingafélags við einstaklinga sem eiga 20% hlut eða stærri í framangreindum félögum. Sérstaklega skal fylgjast með lánum, ábyrgðum og liðum utan efnahagsreiknings, efnahagsliðum sem myndað geta hluta af gjaldþoli, fjárfestingum, endurtryggingaviðskiptum og samningum um kostnaðarskiptingu.

Árlega skulu vátryggingafélög skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um slík viðskipti eftir nánari ákvörðun þess. Séu viðskiptin við fyrirtæki eða einstaklinga í öðrum ríkjum fer um samstarf eftirlitsstjórnvalda eftir alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og samstarfssamningum sem Fjármálaeftirlitið gerir á grundvelli þeirra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinar frumvarpsins sem varða aðlagað gjaldþol koma þó fyrst til framkvæmda við eftirlit sem byggist á ársreikningum vegna reikningsársins 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til lögfestingar á tilskipun 1998/78/ESB um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í fyrirtækjahópi á vátryggingasviði. Tilskipunin verður felld inn í viðauka IX við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95 frá 16. júlí 1999. Hana þarf að lögfesta í öllum aðildarríkjum EES fyrir 5. júní árið 2000. Til lögfestingar á tilskipuninni þarf að breyta lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum, og setja ákvæði í reglugerð.

Samkvæmt efnisatriðum frumvarpsins eru eftirtaldir aðilar í fyrirtækjahópi með vátryggingafélagi:

— dóttur- og hlutdeildarfélög vátryggingafélagsins,
— félög sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og
— önnur dóttur- og hlutdeildarfélög þeirra félaga sem eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu.

Tilskipunin kveður á um tvíþætt viðbótareftirlit. Annars vegar skal, auk venjulegra útreikninga á gjaldþoli, reikna aðlagað gjaldþol fyrir fyrirtækjahópa sem einkum starfa að vátryggingum og taka tillit til skuldbindinga við tengda aðila og gjaldþols sem af þeim er krafist, sbr. 2., 3. og 5. gr. frumvarpsins. Hins vegar skal hafa eftirlit með viðskiptum vátryggingafélags við tengda aðila, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Til fyllingar ákvæðum tilskipunarinnar eru í 4. gr. frumvarpsins ákvæði um innra eftirlit í vátryggingafélögum, en slík ákvæði hafa verið rýr í íslenskri löggjöf.

Ákvæði frumvarpsins um eftirlit með viðskiptum vátryggingafélags innan fyrirtækjahóps gilda um alla hópa, en ákvæði um viðbótareftirlit með gjaldþoli vátryggingafélaga í fyrirtækjahópum á vátryggingasviði einskorðast við fyrirtækjahópa sem uppfylla annað af tvennu:

— vátryggingafélag á annað vátryggingafélag að dóttur- eða hlutdeildarfélagi eða
— vátryggingafélag er dótturfélag annars félags sem hefur vátryggingastarfsemi að meginstarfsemi, annaðhvort sjálft eða dótturfélög þess.

Þessi takmörkun á því hvaða fyrirtækjahópar skuli sæta viðbótareftirliti með gjaldþoli er fyrst og fremst af tæknilegum ástæðum. Örðugt hefur reynst að ákveða hvernig viðbótareftir-

liti skuli háttað í fyrirtækjahópum sem stunda alhliða fjármálastarfsemi, t.d. ef vátryggingafélag og banki tengjast, en töluverður munur er á ákvæðum um gjaldþol vátryggingafélaga og um eigið fé lánastofnana.

Viðbótareftirlit með gjaldþoli felst í athugun á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélags. Það er í grófum dráttum athugun á styrk fyrirtækis sem yrði til ef eignarhlutir í hlutdeildarfélögum yrðu sameinaðir vátryggingafélaginu.

Nýting sama eigin fjár hjá tengdum vátryggingafélögum hefur verið óveruleg hérlendis. Ekkert bendir til þess að lögfesting ákvæða um aðlagað gjaldþol verði til þess að íslenskt vátryggingafélag þurfi að styrkja fjárhag sinn af þeirri ástæðu einni.

Eðlilegt er að festa í lög ákvæði um báða þætti viðbótareftirlits sem tilskipunin kveður á um. Eftirlit með gjaldþoli er grundvallarþáttur í eftirliti með vátryggingastarfsemi og eru helstu reglur um það að finna í 29.–33. gr. laganna. Kröfurnar um aðlagað gjaldþol sem lagt er til að lögfestar verði þrengja verulega möguleika fyrirtækjahópa til að nýta sama eigið fé oftar en einu sinni.

Lagt er til að ákvæði tilskipunarinnar sem hér um ræðir verði lögfest sem breytingar á gildandi lögum um vátryggingastarfsemi en ekki sem sjálfstæð lög. Tilskipunin sjálf er hins vegar þannig að ákvæði hennar standa sjálfstæð án þess að breyta eldri tilskipunum um vátryggingastarfsemi. Ein ástæða þess kann að vera að tilskipunin gildir um öll vátryggingafélög eins og íslensk lög um vátryggingastarfsemi hafa ávallt gert. Eldri tilskipanir um vátryggingastarfsemi varða hins vegar ýmist skaðatryggingar, líftryggingar eða endurtryggingar. Því er ekki bein samsvörun með íslenskum vátryggingarétti og Evrópuréttinum í uppbyggingu, sem aftur veldur því að efnisskipan í frumvarpinu, svo sem skipting í greinar, er önnur en í tilskipuninni.

Frumvarpið er samið í Fjármálaeftirlitinu, en drög þess voru kynnt íslenskum vátryggingafélögum. Í samræmi við ákvæði EES-samningsins tók forveri Fjármálaeftirlitsins, Vátryggingaeftirlitið, þátt í sérfræðingavinnu á vegum framkvæmdastjórnar ESB við lokagerð frumvarpsdraga sem síðar urðu að þeirri tilskipun sem hér er lagt til að tekin verði inn í íslenska löggjöf. Sú vinna fór fram á árunum 1994 og 1995, en mikil undirbúningsvinna hafði verið unnin innan ESB áður en EES-samningurinn gekk í gildi. Þessi ákvæði hafa því verið alllengi í mótun og tengjast stærra viðfangsefni um gjaldþol eða eiginfjárkröfur til fyrirtækjasamstæðna í fjármálaþjónustu. Reglur þar um eru flóknari og verða ekki fullmótaðar strax. Í Evrópu var því gripið til þess ráðs að setja sérstakar reglur um fyrirtækjahópa sem einkum stunda vátryggingastarfsemi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hugtakið hlutdeildarfélag er ekki skilgreint í lögum um vátryggingastarfsemi, en lagt er til að skilgreining á því verði tekin inn í 7. gr. laganna þar sem er að finna helstu skilgreiningar. Það einfaldar framsetningu þeirra ákvæða sem nú er bætt við, en í mörgum ákvæðum tilskipunarinnar sem verið er lögfesta er miðað við hlutdeildarfélög þegar ákveðið er hvort beita skuli viðbótareftirliti. Skilgreiningin er úr lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, sem lögfesti fjórðu tilskipun EES um félagarétt (1978/660/ESB). Vísað er til eignarinnar, hún er hlutdeildarfélag eigandans. Samsvarandi orð um eigandann er ekki til í íslensku. Nokkurt matsatriði er hvenær telja skuli félag hlutdeildarfélag, en það getur m.a. haft áhrif á hvaða aðferð er notuð við að meta eignarhlutinn við reikningsskil. Þá er áhersla lögð á veruleg áhrif, en mörkin um 20% eignarhlut eru höfð til viðmiðunar. Nemi eignarhlutur 20% eða meiru skal skilyrðislaust telja félagið hlutdeildarfélag nema í sérstökum undantekningartil-

vikum. Dæmi eru úr reikningsskilum vátryggingafélaga um að mörk eignarhlutar séu lægri, t.d. 15%, og að litlum félögum með starfsemi á öðru sviði sé sleppt þótt eignarhlutur fari yfir 20%. Gera má ráð fyrir að mat á því hvort annað fyrirtæki sé hlutdeildarfélag vátryggingafélags verði yfirleitt hið sama, hvort sem um er að ræða reikningsskil eða eftirlit samkvæmt greinum þessa frumvarps.

Um 2. gr.

Lagt er til að ákvæðum sem skilgreina aðlagað gjaldþol verði bætt við þá grein í lögunum sem skilgreinir gjaldþol, en vísað í reglugerð um flestöll útfærsluatriði. Það er í samræmi við uppbyggingu tilskipunarinnar þar sem útfærslan er í viðaukum. Í viðauka við tilskipunina má velja um þrjár aðferðir við að reikna aðlagað gjaldþol. Hér er lagt til að ein þeirra verði lögfest sem meginregla en frávik heimiluð. Aðferðin sem hér er lagt til að verði meginregla var fengin úr danskri löggjöf inn í tilskipunina og virðist einföldust. Hinar tvær aðferðirnar eru einnig notaðar í EES-ríkjum sem þegar hafa sett löggjöf um þetta efni.

Skyldan til að reikna aðlagað gjaldþol skapast þegar vátryggingafélag með starfsleyfi gefið út á Íslandi hefur yfirráð yfir eða á hlutdeild í öðru vátryggingafélagi, af hvaða tagi sem það vátryggingafélag kann að vera, sbr. 1. mgr. geinarinnar. Einnig skal reikna aðlagað gjaldþol móðurfélags vátryggingafélags ef móðurfélagið hefur beint eða óbeint vátryggingastarfsemi að meginstarfsemi, sbr. 2. mgr. greinarinnar.

Ef annað hvort þessara skilyrða eða bæði eru uppfyllt þarf að reikna aðlagað gjaldþol fyrirtækjahópsins. Við útreikninginn þarf að draga frá það fé sem verður til með gagnkvæmum fjárfestingum og viðskiptum innan fyrirtækjahópsins. Þar undir fellur m.a. gagnkvæmur eignarhlutur, en einnig koma aðrir efnahagsliðir til greina. Við þennan frádrátt er tekið tillit til allra fyrirtækja í fyrirtækjahópnum, hvort sem þau eru vátryggingafélög eða ekki. Venjulegt gjaldþol vátryggingafélags er í meginatriðum eigið fé félagsins og verður að vera meira en tiltekið lágmark, sem til einföldunar má segja að sé 18% af iðgjöldum. Aðlagað gjaldþol er eigið fé vátryggingafélags að frádregnu fé sem er tví- eða margtalið innan fyrirtækjahópsins og því fé sem verður beinlínis til innan hans.

Ákvæði um lágmark aðlagaðs gjaldþols eru í 3. gr. frumvarpsins. Tilskipunin gerir ráð fyrir að reiknað lágmark sé dregið frá aðlöguðu gjaldþoli og að útkoman verði að vera jákvæð. Lagt er til að vikið verði frá reikniregla tilskipunarinnar en önnur jafngild reikniregla notuð í staðinn. Með þessu fráviki verða nýju ákvæðin hliðstæð ákvæðum um gjaldþol sem þegar eru í lögum.

Eins og áður segir er lagt til að bundin verði í lög meginregla um hverja af þremur mögulegum aðferðum skuli nota við að reikna aðlagað gjaldþol, en að sett verði nánari ákvæði í reglugerð um útreikninginn. Frávik frá meginreglunni eru eðlileg í ýmsum tilvikum og skulu tvö nefnd. Sé vátryggingafélag hluti samstæðu þar sem samstæðureikningur er gerður getur verið einfaldara og eðlilegra að byggja mat á aðlöguðu gjaldþoli á samstæðureikningnum. Einnig getur verið handhægara að nota þær aðferðir sem notaðar eru í samstarfsríki í samstarfi við eftirlitsstjórnvöld annarra ríkja um mat á aðlöguðu gjaldþoli í fjölþjóðlegum hópi fyrirtækja.

Ítarleg ákvæði eru í tilskipuninni um samskipti eftirlitsstjórnvalda einstakra aðildarríkja þegar tengsl fyrirtækja ná yfir landamæri. Meginsjónarmiðið er að reglan um eftirlit heimaríkis sé virt. Í frumvarpinu er vísað til alþjóðasamninga um þetta efni.

Um 3. gr.

Til þess að ákvarða lágmark aðlagaðs gjaldþols þarf að reikna lágmarksgjaldþol sérhvers vátryggingafélags í viðkomandi fyrirtækjahópi. Ekki er víst að það liggi fyrir þar eð frumtryggingafélög í ýmsum löndum þurfa ekki að uppfylla sömu gjaldþolskröfur og gerðar eru til vátryggingafélaga á EES-svæðinu og einnig eru endurtryggingafélög undanþegin eftirliti í sumum löndum. Gjaldþol og lágmarksgjaldþol slíkra félaga skal reikna eins og gert væri ef íslensk félög ættu í hlut. Samanlagt lágmarksgjaldþol, að teknu tilliti til eignarhluta, er það lágmark sem aðlagað gjaldþol verður að ná. Að öðrum kosti ber að grípa til sömu aðgerða og þegar gjaldþol er ófullnægjandi, en þegar er mælt fyrir um þær í lögunum.

Tilgangur þeirra breytinga sem lagðar eru til er að koma í veg fyrir að sama fé sé nýtt tvisvar eða jafnvel oftar til þess að uppfylla gjaldþolskröfur. Til skýringar má rekja ímyndað dæmi um vátryggingafélag sem ekki uppfyllir kröfur um fjárhagslegan styrk. Það gæti tekið upp á því að stofna dótturfélag og flytja helminginn af vátryggingastofninum þangað. Gjaldþolskrafan til hvors félags um sig yrði helmingur þess sem var til upprunalegs félags. Eigið fé þess væri allt lagt sem hlutafé í dótturfélagið og nægði til að uppfylla gjaldþolskröfur þess. Eigið fé móðurfélagsins nægði einnig fyrir gjaldþolskröfum sem gerðar væru til þess félags eins. Það fé væri allt bundið í hlutafé í dótturfélaginu, sem væri búið að nota það einu sinni til að mæta gjaldþolskröfum. Þannig gæti sama eigið fé staðið undir tvöfaldri gjaldþolskröfu með því að starfseminni væri skipt upp á viðeigandi hátt. Aðlagað gjaldþol móðurfélagsins yrði hins vegar hliðstætt því sem gjaldþol í óskiptu félagi var og þar með ófullnægjandi. Félagið yrði að grípa til ráðstafana til að treysta fjárhagslegan styrk sinn, svo sem að auka hlutafé eða minnka umsvifin þannig að heildargjaldþolskrafa lækkaði. Einföld skipulagsbreyting dygði ekki til að komast fram hjá gjaldþolskröfum þegar félagið þarf líka að uppfylla kröfur um aðlagað gjaldþol.

Til skýringar á aðlöguðu gjaldþoli skal hér tekið dæmi um einfaldaðan útreikning byggt á ársskýrslu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 1998. Þessu dæmi er frekar ætlað að skýra hugtakið aðlagað gjaldþol en að sýna raunverulegt dæmi. Ýmsar upplýsingar, einkum um eignir sem verða til innan fyrirtækjahóps, eru ekki aðgengilegar í ársreikningum eins og þeir hafa verið settir upp til þessa. Að auki voru aðstæður Tryggingamiðstöðvarinnar hf. mjög sérstakar á þessum tíma vegna þess að samruni félagsins og Tryggingar hf. stóð fyrir dyrum. Það olli því að gjaldþolið var, að mati félagsins sjálfs, allt annað en hér kemur fram.

Í skýringu með nefndum ársreikningi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. eru talin upp þrjú vátryggingafélög meðal dóttur- og hlutdeildarfélaga, auk eins fyrirtækis sem starfar á öðru sviði. Getið er um fimmta félagið sem ekki er vátryggingafélag og ekki er gert upp samkvæmt hlutdeildaraðferð þar sem áhrif þess á rekstur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. eru óveruleg. Ítrekað skal að hér er eingöngu einfaldað skýringardæmi og í það vantar ýmsa þætti sem hefðu afgerandi áhrif ef um raunverulega könnun væri að ræða.

Gjaldþol Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (TM) er 2.943 millj. kr. skv. 29. gr. laga um vátryggingastarfsemi og reglugerð sem sett er á grundvelli hennar. Í þessu tilviki er gjaldþolið eigið fé félagsins að frádreginni væntanlegri arðgreiðslu.

Aðlagað gjaldþol Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Gjaldþolsliðir skv. 29. gr., jafnir eigið fé	2.987.803.679	
Arðgreiðslur til hluthafa til frádráttar skv. reglugerð	-44.828.336	
Gjaldþol án tillits til fyrirtækjahópsins		**2.942.975.343**
Skuld við Tryggingu hf.	-54.659.663	
Samtals eignir sem myndaðar eru innan fyrirtækjahópsins		**-54.659.663**
Aðlagað gjaldþol Tryggingamiðstöðvarinnar hf.		**2.888.315.680**

Lágmark aðlagaðs gjaldþols Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Lágmarksgjaldþol	428.048.059		
82,30% af lágmarksgjaldþoli Tryggingar hf.	114.201.393	82,30% af	138.762.324
26,92% af lágmarksgjaldþoli Íslenskrar endurtryggingar hf.	22.756.581	26,92% af	84.534.105
82,3% af 8,9% af lágmarksgjaldþoli Íslenskrar endurtryggingar hf.	6.191.870	82,30% af 8,90% af	84.534.105
15,00% af lágmarksgjaldþoli Sameinaða líftryggingarfélagsins hf.	29.151.175	15,00% af	194.341.167
Lágmark aðlagaðs gjaldþols			**600.349.077**
Gjaldþol sem hlutfall af lágmarksgjaldþoli	6,88		
Aðlagað gjaldþol sem hlutfall af lágmarki	4,81		

Einnig skal draga frá eignir sem myndaðar eru innan fyrirtækjahópsins. Í dæminu sem hér er tekið er það eingöngu skuld móðurfélags við dótturfélag, en hún er eini slíki liðurinn sem fram kemur í ársreikningnum og er reiknuð með í dæmaskyni án þess að fullkannað sé hvort bæri að draga skuldina frá í raunverulegum útreikningum. Ekki er heldur tekið tillit til annarra frádráttarliða sem kunna að vera til staðar án þess að koma fram í ársreikningi. Gildandi löggjöf gerir ekki beina kröfu um frádrátt vegna hlutdeildarfélaga. Tryggingamiðstöðin hf. tók þó tillit til þessa í umræddum ársreikningi, en með öðrum hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir. Það helgaðist m.a. af fyrirhuguðum samruna við Tryggingu hf.

Lágmarksgjaldþol félagsins sjálfs er reiknað skv. 31. gr. laga um vátryggingastarfsemi og reyndist 428 millj. kr. Lágmarksgjaldþol Tryggingar hf. og Íslenskrar endurtryggingar hf. er reiknað samkvæmt sömu grein og þarf TM einnig að eiga fyrir viðeigandi hlutfalli þess. Auk 26,92% eignarhlutar TM í Íslenskri endurtryggingu hf. þarf að taka tillit til 82,30% hlutar félagsins í eignarhlut Tryggingar hf. sem er 8,90%. Beinn og óbeinn eignarhlutur TM í Íslenskri endurtryggingu hf. er því 34,24%. Lágmarksgjaldþol Sameinaða líftryggingafélagsins hf. er reiknað skv. 31. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Samanlagt lágmarksgjaldþol TM og hlutdeildarfélaga er rúmar 600 millj. kr. og verður aðlagað gjaldþol að nema þeirri fjárhæð hið minnsta. Dæmið sýnir að útreikningar á aðlögðuðu gjaldþoli geta orðið flóknir vegna óbeinna eignarhluta, en einnig geta gagnkvæmar kröfur flækt útreikninginn. Gera verður ráð fyrir að vátryggingafélög þurfi að skila sérstakri skýrslu til Fjármálaeftirlitsins um aðlagað gjaldþol.

Í dæminu er gjaldþol Tryggingamiðstöðvarinnar hf. sjálfrar tæplega sjöfalt lágmarksgjaldþol, en aðlagað gjaldþol sem hlutfall af nauðsynlegu lágmarki er lægra hlutfall, eða tæplega fimmfalt. Ákveðnir liðir eru dregnir frá gjaldþoli til þess að reikna aðlagað gjaldþol auk þess sem hlutdeild í lágmarksgjaldþoli hlutdeildarfélaga er lögð við kröfu um lágmarksgjaldþol þannig að hlutfall aðlagaðs gjaldþols af lágmarki verður ævinlega lægra en venjulegt gjaldþolshlutfall viðkomandi félags.

Um 4. gr.

Í 43. gr. laganna er fjallað um stjórn vátryggingafélags. Hér er lagt til að við hana verði bætt ákvæði um að stjórn vátryggingafélags beri ásamt framkvæmdastjóra ábyrgð á að skipulag og innra eftirlit félags sé fullnægjandi. Slík ákvæði eru í lögum um ýmsa aðra fjármálaþjónustu en vátryggingastarfsemi, og jafnvel kveðið á um fyrirkomulag, t.d. í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Tilskipunin sem verið er að lögfesta kveður á um að aðildarríki skuli krefjast þess að vátryggingafélög hafi fullnægjandi innra eftirlit til að geta lagt fram þau gögn sem krafist er vegna eftirlits samkvæmt tilskipuninni. Í frumvarpinu er þetta ákvæði almennara og ekki einskorðað við þau gögn sem frumvarpið fjallar um að öðru leyti.

Í gildandi lögum um vátryggingastarfsemi er aðeins á einum stað minnst á innra eftirlit. 2. málsl. 3. mgr. 55. gr. laganna hljóðar svo: „Einnig skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með rekstrarfyrirkomulagi, bókhaldi og innra eftirliti vátryggingafélaga.“ Engin bein ákvæði eru um að innra eftirlit skuli vera til staðar í vátryggingafélögum og heldur ekki um viðfangsefni þess eða skipulag. Eðlilegt þykir að bæta slíku ákvæði í lögin.

Í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, er heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til þess að setja „leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs“.

Álitamál er hvort gera skuli ráð fyrir reglugerð settri af viðskiptaráðherra eða reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Hér er lagt til að síðari leiðin verði farin.

Um 5. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 54. gr. laganna verði breytt svo að þar verði kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli árlega kanna aðlagað gjaldþol vátryggingafélaga og móðurfélaga þeirra ef við á. Nú eru í málsgreininni ákvæði um að kanna skuli gjaldþol og greiðsluþol. Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilað að afla nauðsynlegra gagna sem vátryggingafélag hefur ekki staðið skil á til eftirlitsins hjá tilteknum öðrum aðilum.

Þá er lagt til að bætt verði inn í lögin ákvæði um að hafa skuli eftirlit með viðskiptum vátryggingafélags og þeirra sem eru í sama fyrirtækjahópi, svo og viðskiptum félagsins við einstaklinga sem eiga hlutdeild í fyrirtæki í hópnum. Tilskipunin gerir eingöngu kröfu um að eftirlitið beinist að því hvort gjaldþoli félaganna sé stefnt í hættu. Verkefni Fjármálaeftirlitsins eru slík að gera verður ráð fyrir að upplýsingarnar verði einnig notaðar til að fylgjast með starfsháttum vátryggingafélaganna. Búast má við að þetta eftirlit beinist einkum að viðskiptum sem ekki eru á markaðsverði og viðskiptum þar sem tekin er meiri áhætta en gert væri í viðskiptum óskyldra aðila. Í dæmaskyni má hugsa sér vátryggingafélag sem rekið er með tapi þannig að fyrirsjáanlegt er að gjaldþolið nægir ekki þeim umsvifum sem stefnt er að. Ef félagið er dótturfélag öflugra vátryggingafélags gæti móðurfélagið lagt því til verulega endurtryggingavernd og greitt hana niður án þess að það stefndi gjaldþoli móðurfélagsins í hættu. Eðlilegra væri að styrkja dótturfélagið með því að leggja til aukið hlutafé. Styrkir í formi

viðskipta á vildarkjörum kunna að brjóta gegn þeirri grundvallarreglu reikningsskila að ársreikningar eigi að gefa glögga mynd af rekstrarafkomu á reikningsárinu og efnahag í lok þess, auk þess sem þeir raska samkeppnisstöðu og útheimta sérstaka meðferð við skattskil.

Lagt er til, í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, að eftirlit með viðskiptum við aðra í fyrirtækjahópi takmarkist ekki við fyrirtækjahópa á vátryggingasviði. Eftirlit með viðskiptum við tengda aðila getur varðað fyrirtæki og einstaklinga sem ekki eru undir opinberu eftirliti og er því eðlilegt að afmarka með skýrum hætti í lögum hver samskipti eftirlitsstjórnvalda við þessa aðila skuli vera. Tilskipunin gerir ráð fyrir þeirri meginreglu að vátryggingafélag skili sjálft skýrslu um viðskipti sín við þá sem það er í tengslum við, en eftirlitsstjórnvöld hafi ekki bein samskipti við þá í þessu skyni nema þess þurfi.

Sú afmörkun á fyrirtækjahópi sem stuðst er við í frumvarpinu er frábrugðin hugtakinu „náin tengsl", sem skilgreint er í 7. gr. laganna. Hér er fortakslaust gert ráð fyrir að einnig verði tekið tillit til annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra aðila sem eiga hlutdeild í viðkomandi vátryggingafélagi.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin öðlist strax gildi svo að ákvæði um innra eftirlit og eftirlit með innbyrðis viðskiptum tengdra félaga taki þegar gildi. Gildistökuákvæði um aðlagað gjaldþol er hins vegar í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar sem verið er að lögfesta.

Frestur til að taka umrædda tilskipun upp í rétt aðildarríkja EES-samningsins er til 5. júní 2000, en þá þurfa nauðsynlegar lagabreytingar og reglugerðir að hafa tekið gildi. Tilskipunin gerir ráð fyrir að ákvæðum hennar verði beitt í fyrsta sinn við eftirlit vegna ársreikninga næsta reikningsárs eftir að hún er lögfest, þ.e. árið 2001, en reikningsár íslenskra vátryggingafélaga er í lögum bundið við almanaksárið.

Lagt er til að aðlögunartíminn sem tilskipunin gerir ráð fyrir verði veittur íslenskum vátryggingafélögum hvað varðar útreikning á aðlöguðu gjaldþoli. Ákvæði frumvarpsins um innra eftirlit og eftirlit með innbyrðis viðskiptum tengdra félaga eru mikilvæg ákvæði, óháð tilskipuninni. Lagt er til að gildistöku þeirra ákvæða verði ekki frestað, en sambærileg ákvæði hafa verið í gildi fyrir daga tilskipunarinnar, t.d. í Danmörku.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

Frumvarpið kveður á um tvíþætt viðbótareftirlit. Annars vegar skal auk venjulegra útreikninga á gjaldþoli reikna aðlagað gjaldþol fyrir fyrirtækjahópa sem einkum starfa að vátryggingum og taka þá tillit til skuldbindinga við tengda aðila og til gjaldþolskrafna sem gerðar eru til þeirra. Hins vegar skal hafa eftirlit með viðskiptum vátryggingafélags við tengda aðila. Þá eru til fyllingar ákvæðum tilskipunarinnar ákvæði í frumvarpinu um innra eftirlit í vátryggingafélögum.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

828. Frumvarp til laga [527. mál]

um yrkisrétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Aðili, sem hefur ræktað, eða uppgötvað og þróað, nýtt yrki (afbrigði eða stofn af plöntutegund) eða öðlast rétt hans, yrkishafi, getur samkvæmt lögum þessum öðlast einkarétt til hagnýtingar þess í atvinnuskyni. Réttur til yrkis (yrkisréttur) er veittur á grundvelli umsóknar til yrkisréttarnefndar, sbr. 22. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Yrkisrétt má veita ef yrki er:

1. sérstætt, þ.e. unnt er að greina það frá öðrum yrkjum sem þekkt eru á umsóknardegi, sbr. 2. mgr.,
2. nægilega einsleitt,
3. stöðugt með tilliti til þeirra einkenna sem notuð eru til aðgreiningar þess frá öðrum yrkjum, sbr. 1. tölul., þegar því er fjölgað með þeirri aðferð sem yrkishafi hefur tilgreint og
4. nýtt, þ.e. efniviður til fjölgunar þess eða uppskera af því hefur ekki, með samþykki yrkishafa, verið seld eða boðin til sölu á almennum markaði ellegar með öðrum hætti framseld til hagnýtingar í atvinnuskyni:
   a. hér á landi lengur en eitt ár eða
   b. erlendis lengur en fjögur ár, þó í sex ár þegar um er að ræða tré eða vínvið.

Yrki telst þekkt ef það hefur verið selt eða boðið til sölu á almennum markaði, er skráð á opinberum lista eða er almennt þekkt með öðrum hætti. Hafi yrki verið lýst í umsókn um yrkisrétt, einkaleyfisumsókn eða umsókn um skráningu á opinberum lista hér á landi eða í öðru ríki telst það þekkt frá umsóknardegi. Þetta gildir þó einungis hafi áðurnefndar umsóknir leitt til samþykktar.

II. KAFLI
Umsókn.

3. gr.

Umsókn um skráningu í yrkisréttarskrá skal skila skriflega til yrkisréttarnefndar.

Í yrkisumsókn skal vera lýsing á yrki og skal sérstaklega tekið fram hvað skilji það frá öðrum yrkjum. Í umsókn skal vera tillaga um heiti yrkis, nafn upphafsmanns yrkis og heimilisfang. Einnig skal þar greina nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda.

Sé umsækjandi annar en upphafsmaður skal hann sýna fram á heimild sína til að sækja um yrkisrétt.

Ef umsækjandi er ekki búsettur eða með aðsetur hér á landi eða í einhverju ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skal hann hafa umboðsaðila sem búsettur er eða hefur aðsetur hér á landi.

Yrkisréttarnefnd getur krafist þess að umsækjandi veiti innan tilskilins frests nauðsynlegar upplýsingar til meðferðar á umsókn. Enn fremur getur nefndin krafist þess að umsækjandi leggi innan tilskilins frests fram gögn og efni til rannsóknar skv. 9. gr.

Umsækjandi skal greiða umsóknargjald 30.000 kr.

4. gr.

Umsókn, sem telst fullnægjandi, skal þegar við móttöku færð í dagbók yrkisréttarnefndar og afrit umsóknar sent umsækjanda með áritun um færslu í dagbókina.

Dagbókin skal vera aðgengileg almenningi, þó ekki upplýsingar um línur sem mynda blendingsyrki og lýsing á þeim hafi umsækjandi óskað þess að þeim verði haldið leyndum.

5. gr.

Veiti umsækjandi ekki þær upplýsingar eða leggi fram þau gögn og efni sem yrkisréttarnefnd hefur krafist skv. 5. mgr. 3. gr. innan tilskilins frests getur nefndin fellt umsókn úr dagbók.

6. gr.

Frá umsóknardegi hefur umsækjandi rétt til verndar yrkisins fram yfir aðra sem síðar sækja um vernd á sama yrki.

Óski umsækjandi þess getur yrkisréttarnefnd litið svo á að umsóknin hafi verið móttekin samtímis fyrstu umsókn um rétt til yrkis í einhverju aðildarríki Alþjóðasambandsins um vernd nýrra yrkja (UPOV) hafi hún verið lögð inn á síðustu tólf mánuðum fyrir umsóknardag hérlendis. Slík beiðni skal koma fram í umsókn og skal leggja fram sönnun fyrir móttöku fyrstu umsóknarinnar innan þriggja mánaða frá umsóknardegi hérlendis.

7. gr.

Svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur verið færð í dagbók skal yrkisréttarnefnd láta fara fram bráðabirgðarannsókn á því hvort yrki fullnægi skilyrðum verndar.

Telji nefndin eftir þá rannsókn að skilyrðunum sé fullnægt birtir hún tilkynningu um umsóknina í Lögbirtingablaði með áskorun til þeirra er hugsanlega eiga hagsmuna að gæta um að andmæla skráningu yrkisins innan tilskilins frests.

Telji nefndin hins vegar skilyrðum ekki fullnægt skal umsækjanda veittur frestur til athugasemda. Ef athugasemdir hans breyta fyrri niðurstöðu skal tilkynning um umsóknina birt í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Ákveði yrkisréttarnefnd á grundvelli andmæla að afskrifa umsókn úr dagbók og hætta við rannsókn skal birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaði.

Yrkisréttarnefnd úrskurðar ekki í málum er varða rétt umsækjanda til yrkis. Nefndin skal benda aðilum á að bera megi ágreining undir dómstóla. Sé nefndinni tilkynnt um málshöfðun skal árita umsóknina þar að lútandi.

III. KAFLI
Rannsókn og skráning.

9. gr.

Áður en yrki getur öðlast vernd, sbr. þó 21. gr., skal yrkisréttarnefnd ganga úr skugga um það, með sérstakri rannsókn ef þörf krefur, að yrkið fullnægi skilyrðum fyrir vernd, sbr. 2. gr., og hvort það búi yfir þeim sérstöku eiginleikum sem nefndir eru í umsókn.

Heimilt er að krefja umsækjanda um greiðslu vegna kostnaðar nefndarinnar af rannsókn skv. 1. mgr. Slík greiðsla umsækjanda skal þó aldrei vera hærri en 30.000 kr.

10. gr.

Teljist yrki fullnægja skilyrðum fyrir vernd skal yrkisréttarnefnd skrá það í yrkisréttarskrá með samþykktu yrkisheiti, sbr. 11. gr.

Yrkisréttarnefnd getur hafnað að skrá yrki verði umsækjandi eigi innan tilskilins frests við áskorun nefndarinnar um að gera tillögu um heiti yrkis eða tillögu um nýtt heiti þess telji nefndin fyrirhugað heiti ekki fullnægja settum skilyrðum.

Hafi mál verið höfðað fyrir dómstólum, sbr. 2. mgr. 8. gr., skal færa athugasemd um það í yrkisréttarskrá.

11. gr.

Yrki skal auðkenna með samþykktu yrkisheiti og skal heitið haldast og yrkið auðkennt með því, einnig þegar það nýtur ekki lengur verndar.

Ekki er heimilt að nota eingöngu tölustafi sem heiti nema það sé viðtekin venja við að auðkenna yrki af þeirri tegund er um ræðir. Heitið skal ekki vera villandi eða til þess fallið að valda ruglingi um einkenni eða gildi yrkisins, hvert það sé eða um það hver yrkishafinn sé. Það skal frábrugðið öllum heitum sem þegar auðkenna yrki af sömu eða náskyldri tegund.

Í tengslum við yrkisheitið má nota aukheiti.

Í sérstökum tilvikum getur yrkisréttarnefnd að beiðni yrkishafa heimilað að yrki sé gefið annað heiti en upphaflega var samþykkt.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur um yrkisheiti.

12. gr.

Þegar yrkisréttarnefnd hefur skráð yrki gefur hún út yrkisréttarskjal sem afhent skal umsækjanda gegn greiðslu 3.000 kr. skráningargjalds. Skjalið gildir í eitt ár en framlengja má gildistíma þess um eitt ár í senn í allt að 25 árum.

Vernd samkvæmt yrkisréttarskjali framlengist með greiðslu árgjalds til yrkisréttarnefndar. Árgjald fellur í gjalddaga á sama mánaðardegi og yrkisréttarskjal var gefið út á. Árgjald fyrir hvert ár frá 1. gjaldári til 10. gjaldárs er 3.000 kr. Gjald fyrir hvert ár frá 11. ári til 25. árs er 6.000 kr. Gjald fyrir hvert ár frá 26. ári til 30. árs er 9.000 kr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur landbúnaðarráðherra sett reglur um lengri gildistíma yrkisréttarskjals tiltekinna tegunda og ættkvísla þannig að yrki njóti verndar allt að 30 árum.

Tilkynningu um skráningu yrkis skal birta í Lögbirtingablaði.

13. gr.

Eftir skráningu getur yrkisréttarnefnd haft eftirlit með því að yrkishafi haldi yrkinu nægilega vel við. Innan þess frests sem nefndin ákveður skal yrkishafi í þessu skyni láta henni í té nauðsynlegan efnivið til fjölgunar yrkis.

14. gr.

Yrkisréttarnefnd skal ógilda veitingu yrkisréttar ef í ljós kemur:

1. að yrki fullnægði ekki á skráningardegi skilyrðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. um að vera sérstætt og nýtt eða
2. að í þeim tilvikum er veiting yrkisréttar byggist að verulegu leyti á upplýsingum og skjölum sem yrkishafi lét í té hafi skilyrðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr., um að yrki væri nægilega einsleitt og stöðugt, ekki verið fullnægt á skráningardegi.

Yrkisréttarnefnd getur fellt yrki úr yrkisréttarskránni ef:

1. yrkishafi fer skriflega fram á það við nefndina,
2. árgjald hefur ekki verið greitt,
3. yrki fullnægir ekki lengur skilyrðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. um að vera nægilega einsleitt og stöðugt eða
4. yrkishafi verður ekki fyrir lok tilskilins frests við áskorun nefndarinnar um að:
   a. láta nefndinni í té nauðsynlegan efnivið til fjölgunar þess vegna eftirlits eftir skráningu eða
   b. gera tillögu um nýtt heiti yrkis hafi nefndin eftir skráningu þess komist að þeirri niðurstöðu að samþykkt heiti sé ekki í samræmi við reglur landbúnaðarráðherra.

Yrki skal fellt úr yrkisréttarskránni tveimur mánuðum eftir að yrkishafa hefur verið tilkynnt ákvörðun yrkisréttarnefndar á sannanlegan hátt nema hann höfði mál fyrir lok frestsins.

15. gr.

Hafi yrki verið fellt úr yrkisréttarskrá verður það eigi skráð að nýju. Yrkisréttarnefnd skal birta tilkynningu þar um í Lögbirtingablaði og tilgreina ástæður.

IV. KAFLI
Yrkisréttur.

16. gr.

Yrkisréttur nær til:

1. þess yrkis sem skráð er samkvæmt lögum þessum,
2. hvers annars safns plantna sem verður ekki með vissu greint frá hinu skráða yrki,
3. yrkis sem er í öllum aðalatriðum komið af hinu skráða yrki, enda sé hið verndaða yrki ekki sjálft komið af öðru í öllum aðalatriðum og
4. yrkis sem er ekki unnt að framleiða nema með endurtekinni notkun skráða yrkisins.

Yrki telst í 3. tölul. 1. mgr. komið af öðru í öllum aðalatriðum þegar:

1. það er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, eða af yrki sem sjálft er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, og heldur þeim megineinkennum sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins,
2. greina má það með vissu frá upphafsyrkinu og
3. það samsvarar, að frátöldum þeim mismun sem felst í aðgerðinni við að fá það fram, upphafsyrkinu í þeim megineinkennum sem ráðast af arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins.

17. gr.

Yrkisréttur felur í sér að aðrir en yrkishafi mega ekki án hans samþykkis fara með efnivið til fjölgunar yrkis sem hér segir:

1. hagnýta efniviðinn í atvinnuskyni til framleiðslu, fjölgunar eða meðferðar vegna fjölgunar,

2. flytja hann inn eða út, bjóða til sölu, selja eða markaðssetja með öðrum hætti eða
3. halda birgðir í þeim tilgangi sem greint er frá í 1. og 2. tölul.

Yrkishafi getur bundið samþykki sitt skilyrðum, þar á meðal um greiðslu hæfilegs nytjaleyfisgjalds.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglur um að sá sem fjölgar yrki af sérstaklega tilgreindum tegundum eingöngu til notkunar í eigin rekstri skuli einnig greiða nytjaleyfisgjald.

Sá sem í atvinnuskyni fjölgar yrki eða selur efnivið til fjölgunar þess skal gefa yrkishafa nauðsynlegar upplýsingar vegna innheimtu nytjaleyfisgjalds.

Ákvæði 1.–4. mgr. gilda einnig um uppskeru af yrki sem fengist hefur með hagnýtingu á efniviði til fjölgunar þess hafi yrkishafi ekki:

1. heimilað þá hagnýtingu og
2. haft tök á að nýta réttindi sín skv. 1. mgr.

Þau skilyrði sem yrkishafi setur skv. 2. mgr., m.a. um gjaldtöku, skulu aðeins eiga við þá notkun og það framboð sem getur í 1. mgr. Skilyrðin skulu vera sanngjörn og skulu allir framleiðendur njóta sambærilegra kjara.

18. gr.

Undanþegin yrkisrétti er:

1. notkun í einkaþágu sem tengist ekki viðskiptum,
2. notkun í tilraunum,
3. notkun til kynbóta,
4. notkun á efniviði til fjölgunar yrkis sem yrkishafi, eða einhver í umboði hans, hefur markaðssett á Evrópska efnahagssvæðinu, svo fremi notkunin feli ekki í sér:
   a. frekari fjölgun yrkisins eða
   b. útflutning á efniviði til fjölgunar yrkisins til lands þar sem yrkisvernd nær ekki til þeirrar ættkvíslar eða tegundar sem yrkið er af, nema um sé að ræða útflutning til neyslu.

19. gr.

Yrkisréttarnefnd skal samkvæmt beiðni kanna hvort þau skilyrði sem yrkishafi hefur sett fyrir samþykki sínu skv. 2. mgr. 17. gr. samræmist 6. mgr. sömu greinar.

20. gr.

Hafi yrkishafi ekki tryggt nægilegt framboð af efniviði til fjölgunar verndaðs yrkis hér á landi á sanngjörnum kjörum, í þeim mæli og með þeim hætti sem þörf krefur til að tryggja matvælaframleiðslu í landinu og aðra mikilvæga almannahagsmuni, getur landbúnaðarráðherra veitt þeim er vill hagnýta yrkið leyfi til þess. Ákvæði 49. og 50. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á um nauðungarleyfi fyrir yrki. Ráðherra getur skyldað yrkishafa til að afhenda leyfishafa nauðsynlegan efnivið til fjölgunar yrkisins gegn sanngjörnu gjaldi.

21. gr

Frá umsóknardegi til skráningar í yrkisréttarskrá getur yrkishafi sett skilyrði skv. 2. mgr. 17. gr., enda tilkynni hann yrkisréttarnefnd það. Tímabil verndar skv. 12. gr. gildir þá frá skráningu þeirrar tilkynningar í dagbók yrkisréttarnefndar. Ákvæði 11. og 20. gr. gilda á sama hátt á umsóknartíma.

Ef ræktandi greiðir nytjaleyfisgjald áður en umsókn er afgreidd skal gjaldið lagt inn á geymslufjárreikning á nafni yrkishafa. Fjárhæðin verður laus sé yrkið skráð. Ef umsókn er hafnað skal hún endurgreidd með vöxtum.

Sé umsókn um vernd yrkis dregin til baka eða henni hafnað eru afnot yrkisins öllum frjáls til fjölgunar. Ræktandi, sem hefur notað yrkið á umsóknartímanum, fær sömu stöðu og við notkun óverndaðs yrkis.

V. KAFLI
Stjórnun.

22. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar yrkisréttarnefnd til fjögurra ára sem annast skal framkvæmd II.–IV. kafla laga þessara.

Nefndin skal skipuð fæst þremur mönnum og flest fimm mönnum. Minnst einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á ræktun og kynbótum nytjaplantna og annar þekkingu á hugverkarétti.

23. gr.

Ákvarðanir yrkisréttarnefndar á grundvelli II.–IV. kafla verða ekki bornar undir aðra stjórnsýsluaðila.

24. gr.

Hafi yrkishafi ekki búsetu eða aðsetur hér á landi eða í einhverju ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er unnt að beina erindum til umboðsmanns hans. Náist ekki til yrkishafa eða umboðsmanns hans skal fara eftir lögum um meðferð einkamála og lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, eftir því sem við á.

25. gr.

Sá sem af ásetningi skerðir yrkisrétt samkvæmt lögum þessum eða reglum á grundvelli þeirra skal sæta sektum.

Nú er brotið framið af lögaðila og er þá heimilt að dæma hann í fésekt.

26. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi skerðir yrkisrétt skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu yrkis og að auki skaðabætur fyrir annað tjón sem skerðingin hefur haft í för með sér.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

27. gr.

Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram á 123. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Með aðild að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (WTO) skuldbinda Íslendingar sig til að lögfesta reglur um vernd hugverka á sviði plöntukynbóta. Ákvæðin, sem kveða á um þetta, er að finna 1. viðauka C, þ.e. samningnum um hugverkarétt í viðskiptum (Agreement on Trade Related Aspects of Intellectual Property Rights, TRIPS).

Iðnaðarráðherra skipaði nefnd til að vinna drög að frumvarpi um vernd á hugverkarétti í tengslum við plöntukynbætur með bréfi dagsettu 29. janúar 1996. Í nefndina voru skipuð Þorsteinn Tómasson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, formaður, Jón Ögmundur Þormóðsson, iðnaðarráðuneyti, Ásta Valdimarsdóttir, Einkaleyfastofunni, og Sveinbjörn Dagfinnsson, landbúnaðarráðuneyti. Einnig var Hólmgeir Björnsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, skipaður til starfa með nefndinni.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hér á landi verði lögfestur möguleiki á vernd á hugverkarétti í plöntukynbótum, svonefndur yrkisréttur. Frumvarpið er samið með tilliti til þess að það samræmist alþjóðlegum samningi um vernd nýrra yrkja, UPOV-samningnum (International Convention for the Protection of New Varieties of Plants), og höfð er hliðsjón af framkvæmd hans í nágrannalöndunum. Gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra muni leggja fram á þessu þingi tillögu til þingsályktunar um aðild Íslands að samningnum. Í aðild að samningnum felst jafnframt aðild að alþjóðlegri stofnun um framkvæmd hans. Mun samningurinn fylgja með þingsályktunartillögu utanríkisráðherra.

Lagt er til að landbúnaðarráðherra fari með framkvæmd laganna og skipi sérstaka yrkisréttarnefnd í því skyni.

Yrki, sem er nýtt og af hvaða plöntutegund sem er, getur að uppfylltum vissum skilyrðum fengið vernd í allt að 25 ár. Lagt er til að yrkisréttarnefnd annist skráningu yrkja. Teljist yrki nýtt samkvæmt ákvæðum laganna og standist það kröfur um að vera sérstætt, nægilega einsleitt og stöðugt samkvæmt sérstakri rannsókn skal það skráð í yrkisréttarskrá og tilkynning þar um birt í Lögbirtingablaði. Yrkið skal skráð með viðurkenndu heiti og fer um það eftir sérstökum reglum og hefðum. Í vissum tilvikum getur yrkisréttur einnig náð til náskyldra yrkja.

Aðalefni yrkisréttar er að hann veitir yrkishafa einkarétt til ræktunar, meðferðar og verslunar með efnivið til fjölgunar yrkisins. Aðrir þurfa leyfi yrkishafa til hagnýtingar þess og er yrkishafanum heimilt að krefjast sanngjarns gjalds (nytjaleyfisgjalds) fyrir. Rétturinn nær hins vegar ekki til uppskeru af yrkinu, sé hún ekki notuð til fjölgunar þess, að því tilskildu að ekki hafi verið á neinn hátt brotið á rétti yrkishafa með ræktuninni. Þá er notkun yrkis í einkaþágu og til tilrauna og kynbóta heimil án sérstaks leyfis. Þó er heimilt að setja reglur um að bændur, sem fjölga yrki af nánar tilteknum tegundum til eigin nota, skuli greiða nytjaleyfisgjald en þó lægra en þegar efniviður til fjölgunar er ræktaðar til sölu.

Með frumvarpi þessu er annars vegar stefnt að því að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga og hins vegar að því að tryggja íslenskum kynbótaaðilum arð af starfi sínu til að standa straum af kostnaði við frekari kynbætur. Með aðild að UPOV-samningnum má komast hjá því að óþörf snurða hlaupi á þráðinn í samskiptum við aðrar þjóðir. Íslenskur landbúnaður er þó þannig að í fáum tilvikum er hætta á hagsmunaárekstrum að óbreyttum lögum og reglum.

Gert er ráð fyrir gjöldum til að standa undir hluta kostnaðar við framkvæmd laganna. Sektir liggja við brotum á þeim.

Gildi og ferill plöntukynbóta.

Kynbætur hafa leitt af sér stórstígar framfarir og framleiðniaukningu í ræktun margra tegunda nytjaplantna. Með kynbótum er meðal annars leitast við að auka uppskeru og bæta ýmsa þætti þeirra afurða sem áhugaverðar eru. Þar getur t.d. verið um að ræða mótstöðu gegn geymslusjúkdómum, efnasamsetningu, útlitseinkenni o.fl. Bætt aðlögun að vaxtarskilyrðum, svo sem upphaf vaxtar á vorin og vaxtarlok á haustin og vetrarþol, eru einnig dæmi um viðfangsefni í plöntukynbótum.

Frá því að vísindalegur grundvöllur kynbótastarfsins var lagður upp úr aldamótum með enduruppgötvun á erfðalögmálum Mendels hefur þróun í plöntukynbótum verið mjög ör og hafa þær aukist jafnt og þétt með vaxandi þekkingu á sviði erfða og erfðatækni. Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur aukning í uppskeru helstu nytjaplantna mannkyns verið um 1–1,5% á ári vegna kynbóta en meiri ef ræktunartækni og illgresis- og sjúkdómavarnir eru teknar með. Unnið er að kynbótum á öllum tegundum plantna í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt. Kynbætur hafa haft mikil áhrif á hvaða tegundir eru ræktaðar og jafnvel á þróun heimsviðskipta. Sem dæmi má nefna kynbætur á sykurrófunni (Beta vulgaris L) sem hófust í Frakklandi þegar Bretar settu hafnbann á landið á tímum Napóleons. Sykurhlutfallið í rófunni var þá um 5%, en er nú liðlega 20%, og heildaruppskeruauki vegna kynbóta er enn tæpt prósent á ári. Þessar framfarir hafa breytt heimsverslun með sykur þar sem framleiðsla á sykri í Evrópu hefur styrkst í samkeppni við reyrsykur sem ræktaður er þar sem hiti er hár og vöxtur mikill.

Ræktun í landbúnaði og garðyrkju byggist á kynbættum yrkjum. Kynbótastarfinu má skipta í nokkur stig þar sem fyrsta stigið felst í að prófa erlend yrki í tilraunum og gefa síðan út lista yfir þau yrki sem mælt er með í ræktuninni. Ýmsar rannsóknir eru gerðar og í framhaldi af því koma stýrðar víxlfrjóvganir og úrval sem smám saman leiða til nýrra yrkja. Mismunandi aðferðir eru notaðar eftir tegundum og því hvort yrki er ein arfgerð eða safn arfgerða.

Verndun yrkisréttar.

Margar þjóðir hafa sett löggjöf um yrkisrétt til að vernda hugverk á þessu sviði og stuðla með því að plöntukynbótum og tryggja framleiðendum og neytendum ný og betri yrki til nytja og prýði. Markmið kynbótaréttarins er því að tryggja þeim sem vinna að plöntukynbótum hlutdeild í arði sem af starfinu leiðir til að standa undir áframhaldandi kynbótum. Þessi vernd er nauðsynleg þar sem plöntukynbætur eru langtímaverkefni sem kostar mikla vinnu og tækniþróun. Með yrkisrétti fæst hvatning og öryggi sem nauðsynlegt er til að réttlæta þá miklu fjárfestingu er að jafnaði felst í kynbótastarfi. Þessi hvatning er í þágu samfélagsins sem hefur hag af því að framleiðni, öryggi og fjölbreytni í ræktun aukist.

Í frumvarpi þessu er afurð kynbótastarfsins nefnt yrki. Eldri hugtök sem oft hafa verið notuð, svo sem afbrigði og stofn, hafa þann ókost að hafa margræða merkingu í mæltu máli. Til dæmis er iðulega talað um afbrigði og stofna af kartöflum en í líffræði hafa þessi orð mismunandi merkingu. Orðið afbrigði er vanalega notað þegar allar plönturnar í tilteknu safni eru af sömu arfgerð en stofn er notað um víxlfrjóvga tegundir þar sem yrkið er safn arfgerða.

Alþjóðasamband um vernd nýrra yrkja (UPOV).

Yrki sem kynbætt eru í einu landi geta reynst áhugaverð til ræktunar í öðru landi. Því er það gagnkvæmur hagur þjóða að tryggja að yrkisréttur geti náð til fleiri landa. Í þeim tilgangi var gerður alþjóðlegur samningur um vernd nýrra yrkja í París árið 1961 (International Convention for the Protection of New Varieties of Plants) og var þá sett á fót stofnun, Alþjóða-

samband um vernd nýrra yrkja (International Union for the Protection of New Varieties of Plants). Sambandið nefnist UPOV sem er dregið af frönsku heiti stofnunarinnar (Union Internationale pour la Protection des Obtentions Végétales). Skrifstofur UPOV eru til húsa í höfuðstöðvum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (World Intellectual Property Organization, WIPO) í Genf. Samningurinn tók gildi árið 1968 og hefur verið endurskoðaður í Genf í þrígang, árin 1972, 1978 og 1991. Í byrjun árs 1996 höfðu þrjátíu ríki staðfest einhverja gerð samningsins, flest gerðina frá 1978. Önnur norræn ríki hafa gerst aðilar að samningnum frá 1978 en Danmörk staðfesti samninginn frá 1991 fyrst ríkja. Sú gerð mun ekki öðlast gildi fyrr en fimm ríki hafa fullgilt samninginn. Nokkur lönd að auki hafa sett lög til samræmis við ákvæði hans.

Meginmarkmið UPOV-samningsins er tvíþætt: að tryggja plöntukynbótamönnum í aðildarríkjunum lágmarksvernd á nýjum yrkjum af nytjaplöntum og samræmi í reglum um nýmæli, sérstæði, einsleitni og stöðugleika og í reglum um heiti nýrra yrkja. Í heild munu liðlega fjörutíu þúsund yrki njóta verndar í þeim löndum sem staðfest hafa samninginn og árleg skráning nýrra yrkja nálgast tíu þúsund.

Einkaleyfi og yrkisréttur.

Uppfinningar og þróun nýrra aðferða liggja iðulega til grundvallar framförum í plöntukynbótum og því væri hugsanlegt að vernda ný yrki bæði á grundvelli einkaleyfalaga og sérlaga um yrkisrétt. Möguleikar á réttarvernd geta verið breytilegir eftir því hvort nýtt yrki er þróað með hefðbundnum aðferðum, hvort notast er við nýtt gen sem einangrað hefur verið eða hvort beitt er nýrri líftæknilegri aðferð sem hægt er að verja með einkaleyfalögum. Einkaleyfi er veitt fyrir uppfinningum sem fela í sér tæknilega nýsköpun en yrkisrétti er ætlað að vernda ný yrki. Skilyrði fyrir vernd samkvæmt þessum réttarsviðum eru ólík og einnig réttarverndin. Samkvæmt einkaleyfalögum eru skilyrðin þau að uppfinningin sé ný og frábrugðin því sem þekkt er á umsóknardegi. Kröfur um nýmæli eru strangar og lýsing á uppfinningunni þarf að vera þannig að fagmaður geti endurtekið það ferli sem leiðir til uppfinningarinnar. Frá þessari kröfu er vikið í yrkisrétti. Yrkið þarf að vera sérstætt en ekki er gerð krafa til að forsendum eða aðferðum við kynbæturnar sé lýst. Sjaldnast er mögulegt að endurtaka ferli sem leiðir til nákvæmlega sama yrkis. Vegna þessa ólíku skilyrða fyrir vernd er að jafnaði ekki unnt að vernda yrki samkvæmt einkaleyfalöggjöf landa almennt. Skv. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, er ekki unnt að öðlast einkaleyfi hér á landi fyrir plöntuafbrigðum.

Varðveisla erfðabreytileika, plöntukynbætur og yrkisréttur.

Mikil umræða á sér stað á alþjóðavettvangi um plöntukynbætur og yrkisrétt, einkum innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Hér skal getið tveggja hugtaka sem eru ofarlega á baugi. Þau eru „réttur bóndans“ (farmer´s right) og „forréttindi bóndans“ (farmer´s privilege). Með seinna hugtakinu er átt við rétt bænda til að rækta eigið útsæði af vernduðu yrki en UPOV-samningurinn frá 1991 gefur færi á takmörkun á þeim rétti. Fyrra hugtakið vísar til þess að til voru verðmætar nytjajurtir og yrki af þeim áður en kynbætur með vísindalegum aðferðum hófust.

Saga ræktunar nær liðlega tíu þúsund ár aftur í tímann og á þeim tíma hefur ræktunin leitt af sér þróuð form nytjaplantna sem eru undirstaða allrar ræktunar í heiminum. Flest eru yrkin og margbreytilegust á þeim landsvæðum þar sem ræktun á sér lengsta sögu. Það er mjög mikilvægt að eiga aðgang að sem flestum og breytilegustum yrkjum í kynbótastarfinu. Af þessum ástæðum hefur miklum efniviði verið safnað á þessum miðsvæðum (centers of diversity)

flest eru í svonefndum þróunarríkjum. Gömul yrki eru grundvöllur að nýjum og fulltrúar þróunarríkja hafa því gert kröfu til hlutdeildar í þeim arði sem plöntukynbætur hafa leitt af sér, með þeim rökum að framfarirnar byggist að verulegu leyti á efniviði sem safnað hefur verið í þróunarríkjunum og því sé hér um nokkurs konar erfðarétt að ræða (rétt bóndans).

Málið er þó snúið þar sem mikill hluti ræktunar í þróunarríkjunum byggist einnig á aðfluttum tegundum.

Samhliða þessari umræðu hefur afstaða til einkaréttar eða eignarhalds á erfðaefni verið að breytast. Hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) hefur lengi verið unnið að mótun skuldbindinga varðandi erfðaefni (Undertaking on plant genetic resources) sem meðal annars fólu í sér þá yfirlýsingu að allt plöntuerfðaefni væri sameiginleg eign alls mannkyns og þess vegna er til dæmis aðgangur að fræi sem geymt er í Norræna genabankanum öllum heimill. Á umhverfisráðstefnunni í Rio de Janeiro í Brasilíu varð breyting á þessari afstöðu. Gerir samningurinn um líffræðilega fjölbreytni ráð fyrir að eignarhald á erfðaefni fylgi upprunalandinu. Til dæmis má nefna að hagnýting íslenskra hveragerla og einstakra erfðaþátta í þeim er nú háð samþykki íslenskra stjórnvalda.

Plöntukynbætur og ræktun á Íslandi.

Áhrif plöntukynbóta á íslenskan landbúnað eru mikil. Umfangsmiklar prófanir á erlendum yrkjum auk plöntukynbóta á vísindalegum grunni hafa einkum verið stundaðar á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og fyrirrennurum þeirrar stofnunar, búnaðardeild atvinnudeildar Háskóla Íslands og gróðrarstöðvunum í Reykjavík og á Akureyri. Aðlögun að umhverfisþáttum er snar þáttur í kynbótastarfinu og því henta fá erlend yrki hinu sérstæða íslenska umhverfi. Tegundafæð íslensku flórunnar hefur leitt til þess að einnig hefur verið lögð mikil áhersla á söfnun villtra tegunda frá ýmsum landsvæðum í öðrum löndum til prófunar hér. Einkum á þetta við um grös til landbúnaðar og uppgræðslu, svo og trjágróður og skrautplöntur. Prófanir á yrkjum og margvíslegum plöntusöfnum hafa oft verðið gerðar í samstarfi við fleiri stofnanir, svo sem Bændaskólann á Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins í Ölfusi og Landgræðslu ríkisins, svo og á vegum Skógræktar ríkisins. Einnig hafa garðyrkjustöðvar, auk grasagarðanna á Akureyri og í Reykjavík, flutt inn og reynt fjölmargar tegundir. Innflutningur og prófun nytjaplantna á sér langa sögu og má nefna störf Vísa-Gísla Magnússonar (1621–96) og Björns Halldórssonar (1724–94) í því sambandi.

Fá íslensk yrki eru seld erlendis og ekki hefur verið sótt um yrkisvernd fyrir þau. Fjárhagsleg þýðing yrkisverndar vegna verslunar með íslensk yrki erlendis hefur ekki verið mikil til þessa. Vallarfoxgrasyrkin Adda og Korpa eru kynbætt á Rannsóknastofnun landbúnaðarins en ræktuð til fræs í Svíþjóð og í Kanada og þar eru þau einnig seld. Stofnunin hefur notið arðgreiðslna af sölunni sem fer eftir því magni af fræi sem selt er þótt ekki hafi verið sótt um yrkisvernd fyrir þau. Hagur íslensks landbúnaðar hefur hins vegar vænkast verulega vegna kosta þessara yrkja, einkum í aðlögun og bættu vetrarþoli sem hefur aukið ræktunaröryggi verulega. Kynbætur á byggi eru komnar á það stig nú að væntanleg eru á markað ný íslensk yrki sem eru allt að fimmtungi betri en það yrki sem mest hefur verið ræktað á Íslandi. Þau eru einnig áhugaverð til ræktunar í norðurhéruðum annars staðar á Norðurlöndum og hugsanlega víðar og er nú unnið að undirbúningi að umsókn um yrkisvernd fyrir þau. Gæti markaðssetning þeirra erlendis skilað umtalsverðum fjármunum, ef vel tekst til, auk þess að renna styrkari stoðum undir kornrækt á Íslandi.

Kynbætur á íslensku birki hafa leitt til þess að eitt yrki af þessari trjátegund hefur verið sett á markað. Einnig hafa víðtækar prófanir á ýmsum innlendum og erlendum trjá- og runnategundum leitt til þess að sérstök yrki hafa verið sett á markað, svo sem Brekkuvíðir og

Hreggstaðavíðir, auk nokkurs fjölda yrkja af erlendum trjátegundum, svo sem Alaskaösp (Keisari, Pinni o.fl.). Á síðustu árum hefur mönnum orðið ljós nauðsyn þess að ræktendum séu boðin skilgreind yrki af trjáplöntum. Í samstarfi nokkurra stofnana og ræktunarstöðva hefur verið unnið að prófunum og úrvali úr mikilli söfnun á fræi og plöntum í Alaska árið 1985. Í þessu samstarfi hefur verið leitast við að koma á þeirri skipan að ný yrki njóti verndar til að þeir aðilar njóti arðs sem mestu kostuðu til við þróun viðkomandi yrkis. Samkvæmt frumvarpinu fylgir slíkum rétti sú mikilvæga kvöð að kynbótamaðurinn verður jafnan að geta afhent fræ eða plöntuhluta sem sannanlega er af nýja yrkinu og tryggja þannig bæði ræktunarstöðvum og neytendum gæði þess sem selt er.

Eftirlit með sölu útsæðis.

Ræktun og sala á útsæði til notkunar í landbúnaði stýrist af lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og reglugerð settri samkvæmt þeim. Samkvæmt þessum lögum er óheimilt að flytja til landsins slíkar vörur nema þeim hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Hluti af þeirri lýsingu lýtur að erfðafræðilegum eiginleikum fræs, svo sem af hvaða yrki það er og hvernig staðið hefur verið að fjölgun þess. Stofnræktun á kartöflum er stýrt af svonefndri útsæðisnefnd sem starfar samkvæmt lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, og reglugerð nr. 61/1995, um kartöfluútsæði. Einungis skilgreind yrki eru í þeim vottunarferli. Innan Evrópusambandsins er öll sala á fræi til landbúnaðarnota háð því að fræið sé af yrki sem skráð er á opinberan sáðvörulista.

Til að komast á opinberan lista yfir landbúnaðarplöntur þarf viðkomandi yrki ekki einungis að hafa staðist þau próf sem leiða til yrkisréttar heldur þarf það einnig að vera nýmæli hvað varðar uppskeru og/eða gæði og taka fram eldri yrkjum á listanum. Yrkisréttur veitir því ekki sjálfkrafa rétt til markaðsfærslu á nýju yrki í landbúnaði.

Nokkrar plöntutegundir sem kynbættar eru á Íslandi verða ekki með tryggilegum hætti ræktaðar til fræs hér á landi. Bygg og vallarfoxgras eru dæmi um slíkar tegundir.

Erfðabreyttar lífverur, yrkisréttur og sala.

Yrki getur verið búið til með þeim hætti að það flokkist til erfðabreyttra lífvera. Sem slíkt getur hið nýja yrki staðist allar kröfur sem gerðar eru til þess með hliðsjón af vernd á yrki. Hins vegar getur engu að síður verið óheimilt að selja það eða rækta samkvæmt ákvæðum laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Sala á sáðvöru (fjölgunarefni) af tilteknu yrki gæti því ráðist af fjórum þáttum: að það njóti yrkisréttar, að það standist lög og reglur um útsæði, að það teljist framför miðað við eldri yrki til ræktunar og að sala á því samræmist lögum um erfðabreyttar lífverur, ef um það er að ræða.

Framkvæmd og áhrif laganna.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að framkvæmd laganna heyri undir landbúnaðarráðherra. Skipuð verði sérstök yrkisnefnd þar sem saman komi lögfræðileg og líffræðileg þekking til að takast á við þetta verkefni. Skráning nýrra yrkja og árleg endurskráning þeirra mun væntanlega skila nokkrum tekjum en þó er vart við því að búast að þessi gjöld standi undir starfseminni.

Yrkisréttur mun væntanlega leiða til nokkurra bóta í framleiðslu og sölu á fræi og plöntum til ræktunar á Íslandi. Áhugi og skilningur framleiðenda og neytenda á mikilvægi þess að verslað sé með skilgreindar afurðir mun aukast og það kemur til með að skila sér í bættum árangri ræktunar. Hliðstæð löggjöf erlendis hefur ávallt leitt til þess að plöntukynbætur hafa

eflst. Gagnvart erlendum samstarfsaðilum mun yrkisréttur auðvelda verslun og auka möguleika á því að hér verði ræktað fjölgunarefni af erlendum yrkjum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr

Í greininni segir hvernig öðlast megi yrkisrétt með umsókn til sérstakrar yrkisréttarnefndar og er kveðið á um að landbúnaðarráðherra fari með framkvæmd laganna. Upphafsmaður nýs yrkis (einstaklingur eða lögaðili), sem hefur ræktað það með kynbótum eða uppgötvað og þróað það með úrvali úr náttúrulegum efniviði, getur öðlast einkarétt til hagnýtingar þess í atvinnuskyni, yrkisrétt. Skilyrði er að nokkur þróunarvinna hafi verið lögð í yrkið ef um einfalt úrval úr náttúrulegum efniviði er að ræða.

Upphafsmaður getur framselt rétt sinn til yrkis til annars aðila. Yrkishafi, þ.e. upphafsmaður eða framsalshafi, verður að sækja um og fá skráðan yrkisrétt til að geta neytt yrkisréttar samkvæmt lögum þessum.

Hér er notað orðið yrki (á ensku variety, cultivar) um það sem áður hefur verið nefnt ýmsum nöfnum, svo sem afbrigði, t.d. í lögum um einkaleyfi, eða stofn. Orðið yrki er þó ekki alveg nýtt í málinu og hefur oft verið notað um t.d. skrautplöntur og tré. Sá greinarmunur hefur verið gerður á merkingu orðanna afbrigði og stofn að afbrigði hefur verið notað um yrki þar sem allar plöntur eru af sömu arfgerð en stofn um yrki af víxlfrjóvga tegundum þar sem yrkið er safn arfgerða. Hér er lagt til að nota eitt orð um hvort tveggja. Nánar kemur fram í skýringum með næstu grein hvað yrki er.

Samkvæmt Alþjóðasamningnum um vernd nýrra yrkja (UPOV) eins og honum var breytt 1991 getur vernd nýrra yrkja náð til allra tegunda plantna þegar breytingin hefur öðlast gildi. Samkvæmt eldri gerð samningsins skyldi talið upp í hverju landi til hvaða tegunda verndin næði. Sá listi er víða orðinn mjög langur, en þó misjafn eftir löndum, þannig að gagnkvæmur réttur var ekki tryggður milli aðildarlanda UPOV eins og að var stefnt. Heimilt er þó að láta verndina ná til takmarkaðs fjölda tegunda í allt að tíu ár eftir að ríki gerist aðili að samningnum en ekki þykir tilefni til að nýta þessa heimild hér. Því verður heimilt að sækja um þá vernd sem lögin gera ráð fyrir á yrki af hvaða tegund plantna sem er. Það er því yrkishafa sjálfs að meta hvort hagur geti verið að því að vernda rétt til yrkis af tegund þar sem slík vernd hefur ekki tíðkast fyrr.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða skilyrðum yrki þurfi að fullnægja til að veita megi yrkisrétt. Í 1.–3. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að yrki skuli vera sérstætt, nægilega einsleitt og stöðugt. Þessi skilyrði fela jafnframt í sér hvað yrki er. Það þarf að vera sérstætt til að unnt sé í ræktun eða með annarri rannsókn að greina það frá öllum öðrum þekktum yrkjum. Jafnframt verður það að vera nægilega einsleitt til að greining á því í sáðvörueftirliti verði trygg. Loks verður það að vera stöðugt. Með því er átt við að það þurfi að halda einkennum sínum í næstu kynslóðum af plöntum.

Til þess að yrki sé sérstætt er nóg að það greinist með einu ótvíræðu einkenni frá öllum öðrum yrkjum. Um getur verið að ræða útlits- eða byggingareinkenni eða einkenni sem má finna með rannsókn á eðliseiginleikum eða með efnarannsókn. Þeir eiginleikar sem greina yrki að þurfa ekki að hafa neitt hagnýtt gildi. Þróun hagnýtra eiginleika sem fæst með hverju nýju yrki er oft minni og annars eðlis en svo að hún nægi til að greina yrki að. Margir hagnýtir eiginleikar eru þó einnig mikilvægir til aðgreiningar, t.d. þroskatími, hæð, styrkur, vetrarþol, viðnám eða þol gegn sjúkdómum og skaðvöldum, efni sem hafa áhrif á gæði eða nær-

ingargildi uppskerunnar o.fl. Í flestum löndum Evrópu og víðar þurfa yrki af landbúnaðarplöntum hins vegar að taka eldri yrkjum fram í einhverjum hagnýtum eiginleika til að þau fáist skráð á opinberan sáðvörulista, þ.e. lista yfir yrki sem heimilt er að votta fræ af til sölu. Hagnýtt gildi nýrra yrkja af landbúnaðarplöntum er prófað í sérstökum opinberum ræktunartilraunum eða yrkisprófunum sem tengjast ekki á neinn hátt veitingu yrkisréttar. Yrki þurfa að standast sömu kröfur um sérstæði, einsleitni og stöðugleika til þess að vera skráð á opinberan sáðvörulista og til að njóta yrkisréttar.

Við mat á einsleitni verður að taka tillit til þess hvaða breytileiki getur talist eðlilegur vegna umhverfisáhrifa og vegna blöndu arfgerða hjá víxlfrjóvga tegundum.

Við mat á stöðugleika verður að taka tillit til þeirrar aðferðar sem yrkishafi hefur tilgreint að eigi að nota við fjölgunina því að ræktunarumhverfi og fjölgunaraðferð geta haft áhrif á stöðugleikann. Ef stöðugleika skortir getur farið svo að ekki verði um sama yrkið að ræða er frá líður. Í 13. gr. er einnig gert ráð fyrir eftirliti á verndartímanum. Getur þá komið í ljós að stöðugleiki reynist ekki nægur þótt það hafi ekki komið í ljós á tiltölulega stuttum rannsóknartíma.

Rannsókn á nýjum yrkjum af helstu tegundum nytjaplantna með tilliti til sérstæðis, einsleitni og stöðugleika er gerð á sérstökum stofnunum víða um lönd og gilda um hana reglur sem UPOV hefur samræmt. Nokkur sérhæfing er meðal þessara stofnana þannig að víða þarf að leita til annarra landa til að prófa yrki af einstökum tegundum. Slík rannsókn tekur venjulega tvö ár.

Í 4. tölul. 1. mgr. er tekið fram að yrki skuli vera nýtt til að veita megi yrkisrétt. Ekki má líða meira en eitt ár frá því að það er boðið fram á markaði í landinu, eða fjögur ár erlendis, þar til sótt eru um yrki. Á það jafnt við um uppskeru til neyslu og efnivið til fjölgunar. Lengri frestur eða sex ár er þó gefinn fyrir tré og vínvið, þar með talin ágræðsluyrki, enda er æviskeið trjáa lengra en flestra annarra nytjaplantna. Sá frestur (griðtími) sem gefinn er frá markaðssetningu þar til sótt er um yrkisrétt er í samræmi við ákvæði UPOV. Yrki telst nýtt þótt það hafi verið ræktað í því skyni að prófa það, jafnvel þótt uppskeran hafi verið seld. Það sem skiptir máli er að uppskeran hafi einungis verið aukaafurð, prófunin hafi verið aðalmarkmiðið með ræktuninni. Hið sama gildir þótt yrkið hafi verið framselt öðrum til prófunar eða annarra rannsókna og kynbóta.

Í 2. mgr. er tilgreint hvað þurfi til að yrki teljist þekkt á umsóknardegi og jafnframt til að það teljist þekkt frá þeim degi sem umsókn með lýsingu hefur verið lögð inn gagnvart umsókn sem kemur seinna fram. Þær stofnanir sem rannsaka ný yrki hafa aðgang að safni með eldri þekktum yrkjum, eða lýsingu á þeim, og geta ræktað til samanburðar hvert það yrki sem getur líkst nýju yrki sem rannsakað er. Eftir að rannsókn lýkur getur komið fram vitneskja um nýtt yrki sem þó er eldra en það sem rannsakað var. Ber þá að taka fullt tillit til þess, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. um ógildingu yrkisréttar frá upphafi.

Um 3. gr.

Yrkisréttur er veittur á grundvelli umsóknar. Hver umsókn getur aðeins tekið til eins yrkis. Í greininni er nánar kveðið á um hvernig umsókn um yrkisvernd skuli úr garði gerð.

Umsókn þarf að hafa að geyma lýsingu á yrki og tiltaka þarf hvað það sé sem geri það hæft til verndunar. Einnig þarf að koma fram heiti yrkis og nafn þess sem hefur ræktað yrkið, eða uppgötvað og þróað það, þ.e. upphafsmanns. Ef upphafsmaður er ekki umsækjandi þarf að liggja fyrir sönnun á rétti umsækjanda til að sækja um yrkisrétt. Nánari reglur um frágang umsókna og efni má setja í reglugerð.

Í 4. mgr. kemur fram krafa um umboðsaðila hérlendis, einstakling eða lögaðila, sé umsækjandi búsettur í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Umsækjandi sem er búsettur í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þarf hins vegar ekki að hafa umboðsaðila hérlendis. Ekki nægir að umsækjandi sem er búsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins hafi umboðsaðila í öðru ríki á svæðinu en Íslandi heldur verður umboðsaðilinn að vera búsettur hérlendis.

Skv. 5. mgr. er yrkisréttarnefnd heimilt að krefjast upplýsinga, efnis og gagna sem með þarf til rannsóknar á yrki til að ganga úr skugga um að yrki fullnægi skilyrðum laganna.

Í 6. mgr. er tilgreint hvert umsóknargjald skuli vera. Með gjaldinu er ætlunin að greiða hluta þess kostnaðar sem hlýst af meðferð umsóknarinnar. Undir þann kostnað fellur greiðsla vegna starfa yrkisréttarnefndar, þ.m.t. vinna við bráðabirgðarannsókn skv. 7. gr. Enn fremur fellur hér undir kostnaður við auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Um 4. gr.

Þegar umsókn sem fullnægir gerðum formskilyrðum hefur verið lögð inn hjá yrkisréttarnefnd er hún skráð í dagbók. Afrit skal sent umsækjanda sem kvittun fyrir móttöku yrkisumsóknar. Nánari reglur um form og efni umsókna er yrkisréttarnefnd látið eftir að setja.

Meðal þeirra atriða sem óskað er eftir í lýsingu yrkis er uppruni, aðferð við kynbætur og önnur skyld atriði sem geta verið gagnleg við að meta umsóknina. Í 2. mgr. er undanþáguákvæði þess efnis að yrkishafi geti farið fram á að upplýsingar um línur sem mynda blendingsyrki og lýsingar á þeim verði ekki gerðar aðgengilegar almenningi. Þessi leynd getur ekki átt við ef blendingsyrki eru fengin með víxlun á yrkjum sem sjálf njóta verndar.

Um 5. gr.

Samkvæmt 5. mgr. 3. gr. getur yrkisréttarnefnd krafist þess að umsækjandi leggi fram ýmsar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að nefndin geti rannsakað yrkisumsókn. Veiti umsækjandi ekki slíkar upplýsingar verður umsóknin felld úr dagbók sem hefur þau réttaráhrif að umsóknin er ógild frá upphafi, þ.e. litið er svo á að hún hafi aldrei verið lögð inn. Ákvæði þessu er ætlað að veita yrkisréttarnefnd möguleika á að koma í veg fyrir að skráðar verði umsóknir sem einungis eru lagðar inn vegna forgangsréttar en ekki er ætlunin að fylgja eftir.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er skýrlega greint frá því hvaða réttur er bundinn við innlagningu umsóknar. Þegar yrki hefur verið skráð telst verndin frá umsóknardegi.

Í 2. mgr. er kveðið á um svonefndan forgangsrétt. Aðili sem sækist eftir vernd á yrki getur í raun valið í hvaða aðildarríki UPOV hann leggur fyrst inn umsókn. Leggi hann inn umsókn í öðru aðildarríki innan tólf mánaða frá fyrstu umsókninni ber að telja þá umsókn hafa borist á sama tíma og sú fyrsta. Umsækjandi þarf þó að bera fram slíka ósk.

Umsækjandi þarf að leggja fram gögn er sanna móttöku fyrstu umsóknarinnar. Í samræmi við 2. mgr. 11. gr. UPOV-samningsins er þess krafist að umsækjandi láti í té, innan þriggja mánaða frá umsóknardegi hér á landi, afrit af fyrstu umsókninni, staðfestri af viðtökuyfirvaldinu, og sýnishorn eða aðrar sannanir fyrir því að um sama yrkið sé að ræða í báðum umsóknunum.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um bráðabirgðarannsókn yrkisréttarnefndar á því hvort yrki fullnægi skilyrðum verndar. Hér er ekki átt við formrannsókn eins og kveðið er á um í 4. gr. Eftir

að kannað hefur verið hvort umsókn fullnægir formskilyrðum og hún hefur verið færð í dagbók fer slík bráðabirgðarannsókn fram. Á þessu stigi rannsakar nefndin aðeins hvort eitthvað standi augljóslega í vegi fyrir skráningu samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í umsókninni sjálfri og öðrum aðgengilegum heimildum. Endanlegt samþykki fyrir skráningu er aðeins hægt að veita á grundvelli rannsóknar sem lýst er í 9. gr. Ef yrkisréttarnefnd telur umsókn fullnægja þeim skilyrðum sem gerð eru til verndar er umsóknin birt til andmæla í Lögbirtingablaði. Í þeirri birtingu skal koma fram að þeir sem hagsmuna hafa að gæta geti innan tilskilins frests mótmælt skráningu yrkisins til yrkisréttarnefndar.

Telji nefndin hins vegar að umsókn uppfylli ekki sett skilyrði skal umsækjanda tilkynnt um það og gefinn kostur á að tjá sig um synjun nefndarinnar.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. fjalla um andmælamál almennt. Ef niðurstaða í slíku máli er sú að taka beri andmælin til greina skal það birt í Lögbirtingablaði.

Niðurstaða í andmælamáli er endanleg niðurstaða á stjórnsýslustigi, sbr. 23. gr. frumvarpsins. Aðilar geta þó að sjálfsögðu alltaf borið mál undir dómstóla.

Í 2. mgr. er í raun að finna undantekningu frá þeirri reglu að yrkisréttarnefnd úrskurði í andmælamálum. Þegar andmælt er skráningu yrkis á þeim grundvelli að umsækjandi sé ekki réttur eigandi yrkis er talið nauðsynlegt að dómstólar fjalli um málið. Í slíkum málum getur verið þörf á vitnaleiðslum og sönnunarmat verið erfitt. Því er gert ráð fyrir því í greininni að aðilum sé bent á að leita megi til dómstóla.

Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu yrkisréttarnefndar til að athuga hvort yrki fullnægi settum skilyrðum fyrir vernd. Getur þá komið til sérstakrar rannsóknar á því hvort yrki sé sérstætt, nægilega einsleitt og stöðugt, sbr. 1.–3. tölul. 1. mgr. 2. gr. og athugasemdir við þá grein. Yrki þarf jafnframt í þeirri ræktun sem er grundvöllur rannsóknarinnar að sýna þá eiginleika sem lýst er í umsókn. Nefndin skal meta þörf á slíkri rannsókn og getur t.d. viðurkennt rannsókn sem yrkishafi lætur gera.

Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að krefja umsækjanda um greiðslu vegna kostnaðar af rannsókn skv. 1. mgr. Slík rannsókn er ekki alltaf nauðsynleg og því er aðeins um heimildarákvæði að ræða. Rannsókn á því hvort yrki uppfylli skilyrði 2. gr. laganna getur í sumum tilvikum verið nokkuð umfangsmikil og kostnaðarsöm. Umsækjandi verður þó aldrei krafin um meira en 30.000 kr. Hér er um að ræða gjald umfram umsóknargjaldið skv. 3. gr. sem allir þurfa að greiða fyrir svonefnda bráðabirgarannsókn. Í sumum tilvikum þurfa umsækjendur því að greiða allt að 60.000 kr. fyrir umsókn og rannsókn.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er fjallað um skráningu yrkis í yrkisréttarskrá með samþykktu yrkisheiti. Nánari ákvæði eru í 11. gr.

Í 2. mgr. er fjallað um það hvernig með skuli fara ef ekki er gerð tillaga um heiti yrkis eða ef lagt er til nýtt heiti sem yrkisréttarnefnd telur fullnægjandi.

Í 3. mgr. segir að færa skuli athugasemd um málshöfðun fyrir dómstólum í yrkisréttarskrá.

Gert er ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um skráningu í yrkisréttarskrá en felast í greininni, sbr. almenna reglugerðarheimild í 28. gr.

Um 11. gr.

Í greininni eru ákvæði um yrkisheiti og kveðið á um að ráðherra sé heimilt að setja reglur þar um. Í reglunum mætti m.a. kveða á um birtingu yrkisheita. Í 2. mgr. 20. gr. UPOV-samningsins eru ákvæði um yrkisheiti sem tekin eru upp í þessa grein.

Gera má ráð fyrir að aukheiti sem nota má skv. 3. mgr. í tengslum við yrkisheitið geti verið vörumerki, nafn einstaklings eða firma, staðarnafn eða nafn á fasteign, enda sé tekið tillit til réttinda annarra.

Hið skráða yrkisheiti skal notað við sölu eða annað framsal á efni til fjölgunar yrkis og á það jafnt við um vernduð yrki sem önnur. Sú skylda á einnig við þótt notað sé aukheiti og skal yrkisheitið jafnan vera greinilegt.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um útgáfu yrkisréttarskjals og gildistíma þess sem er yfirleitt 25 ár en í undantekningartilvikum 30 ár, sbr. 3. mgr. Yrkisréttarnefnd gefur skjalið út gegn greiðslu skráningargjalds sem er ætlað til að greiða kostnað við útgáfu skjalsins og birtingu í Lögbirtingablaði. Í reglugerð Evrópuráðsins nr. 2001/94/EB er gert ráð fyrir 25–30 ára gildistíma eins og hér. Í dönskum lögum er miðað við árafjöldann í fyrrnefndri reglugerð. Samkvæmt UPOV-samningnum skal gildistíminn vera 20 ár að lágmarki.

Gildistími yrkisréttarskjals er eitt ár í senn. Eftir að eitt ár er liðið frá skráningu þarf yrkishafi að greiða árgjald til að framlengja vernd samkvæmt skjalinu. Árgjöld þarf síðan að greiða fyrir hvert ár. Gjalddagi árgjalda er sami mánaðardagur og þegar yrkisréttarskal var gefið út þannig að ef skjalið er gefið út 7. ágúst 2000 er gjalddagi árgjalds 7. ágúst 2001.

Hvað varðar hugsanlegar reglur um lengri gildistíma yrkisréttarskjals en 25 ár má nefna að í Danmörku hefur yrkisvernd kartöfluyrkja varað lengur.

Þegar yrkisréttarnefnd hefur skráð yrki skal það tilkynnt í Lögbirtingablaði.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um heimild til eftirlits eftir skráningu en það yrði í höndum yrkisréttarnefndar og fælist í því að athuga hvort yrkishafi héldi yrkinu nægilega vel við. Er það skilyrði þess að unnt sé með rannsókn að staðfesta að um viðkomandi yrki sé að ræða sem er svo aftur forsenda þess að unnt sé að neyta yrkisréttar.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um skyldu til að ógilda yrkisrétt. Réttaráhrif ógildingar eru frá upphafi verndarinnar.

Í 2. mgr er kveðið á um heimildir til að fella yrki úr yrkisréttarskrá.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um að yrki sem fellt hefur verið úr yrkisréttarskrá verði eigi skráð þar að nýju. Eftir að yrki hefur verið fellt úr skránni nýtur það ekki verndar og er frjálst að nota það. Væri leyft að skrá slíkt yrki á ný gæti það skaðað þá aðila sem hæfu framleiðslu á því í trausti þess að um væri að ræða yrki sem ekki þyrfti að greiða nytjaleyfisgjald af.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um til hvaða yrkja yrkisrétturinn skuli ná. Auk skráðs yrkis, sbr. 1. tölul. 1. mgr., getur rétturinn náð til plöntuhópa eða yrkja sem tengjast því með nánar tilgreindum hætti, sbr. 2.–4. tölul. Skv. 2. tölul. getur verið um að ræða plöntur eða efnivið til

fjölgunar sem annar aðili býður en ekki verður greindur með vissu frá verndaða yrkinu og skv. 3. tölul. yrki sem er í öllum aðalatriðum komið af verndaða yrkinu, þó ekki ef það er sjálft komið af öðru í öllum aðalatriðum eins og nánar er kveðið á um í 2. mgr. Með ákvæðum 4. tölul. um yrki sem ekki er unnt að framleiða nema með endurtekinni notkun skráða yrkisins er einkum átt við blendingsyrki sem fást við víxlun á tveimur eða fleiri línum eða yrkjum en með því móti getur áunnist blendingsþróttur.

Ákvæðið um yrki sem er í öllum aðalatriðum komið af verndaða yrkinu er talið meðal mikilvægustu nýjunga sem komu inn í UPOV-samninginn þegar hann var endurskoðaður 1991, sbr. 5. tölul. 14. gr. hans. Slíkt yrki getur uppfyllt skilyrði til verndar skv. 2. gr. en samkvæmt þessu ákvæði nýtur upphafsyrkið einnig slíks réttar. Einfalt dæmi um yrki sem er í öllum aðalatriðum komið af verndaða yrkinu er þegar frábrugðin planta er valin úr þekktu yrki af tegund sem er fjölgað með vaxtaræxlun. Þetta getur t.d. verið litarafbrigði sem hefur orðið til við stökkbreytingu og getur talist nýtt yrki skv. 2. gr. Ekki þykir sanngjarnt að þetta yrki njóti sömu verndar og upphafsyrkið sem getur verið árangur hefðbundins kynbótastarfs með víxlunum og úrvali í tíu til fimmtán ár. Með aðferðum erfðatækninnar hafa opnast fljótvirkar leiðir til að koma einstökum genum sem stýra mikilvægum hagnýtum eiginleikum inn í eldri yrki. Þessi aðgerð eða genið sjálft getur verið verndað með einkaleyfi. Einkaleyfishafa er heimilt að setja nýja eiginleikann inn í hvaða yrki sem er en hann skal virða rétt yrkishafa, sé yrkið verndað, og ná samkomulagi við hann þegar kemur að markaðssetningu. Með þessu ákvæði er ætlunin að tryggja að þessar leiðir í kynbótastarfinu geti notið sín hlið við hlið.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 14. gr. UPOV-samningsins getur yrki sem er komið af öðru í öllum aðalatriðum fengist með því að velja náttúrulegt eða framkallað stökkbrigði og klóna líkamsfrumubrigði eða einstaka plöntu sem víkur frá plöntum af upphafsyrkinu með bakvíxlun eða með aðferðum erfðatækninnar.

Um 17. gr.

Í greininni kemur fram hvað felst í yrkisrétti. Einnig er þar greint frá skilyrðum sem yrkishafi getur sett um hagnýtingu yrkis, m.a. um greiðslu nytjaleyfisgjalds. Rétturinn nær til efniviðar til fjölgunar yrkis, hvort sem um er að ræða fræ, stöngulhnýði eins og kartöflur, græðlinga eða annað, og til hvers konar viðskipta og meðferðar á efniviðnum í atvinnuskyni, enda sé hann ætlaður til fjölgunar. Hins vegar nær rétturinn samkvæmt greininni ekki til þess ef efniviðurinn er seldur til endanlegrar neyslu, jafnvel þótt hann sé hæfur til fjölgunar. Skv. 1. tölul. 1. mgr. nær rétturinn einnig til þess t.d. ef fræhreinsistöð tekur að sér hreinsun á fræi fyrir annan aðila sem ræktar það í eigin þágu þótt sú ræktun kunni að vera undanþegin yrkisrétti skv. 18. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild til að setja reglur um greiðslu nytjaleyfisgjalds þegar um er að ræða fjölgun yrkja af sérstaklega tilgreindum tegundum eingöngu til notkunar í eigin rekstri. Um er að ræða frávik frá reglunni um forréttindi bóndans (farmer's privilege) sem felur í sér óskoraðan rétt bænda til ræktunar á eigin útsæði. Þetta kom inn í UPOV-samninginn við endurskoðun 1991, m.a. vegna þess að búrekstur er nú orðið víðast í mun stærri einingum en áður tíðkaðist. Áður var þó búið að taka í lög eða reglur frávik varðandi einstakar tegundir þegar um er að ræða ræktun í atvinnuskyni, t.d. skrautplöntur í Noregi og Svíþjóð og sérstaklega tilgreindar skrautplöntur og ávaxta- og berjategundir í Danmörku, m.a. jólastjörnu og rósir. Án slíkrar undantekningar hefði ekki verið um neina raunverulega vernd yrkja af þessum tegundum að ræða þar sem auðvelt er að fjölga þeim með græðlingum. Í reglugerð ráðsins nr. 2001/94/EB, um yrkisrétt sem veittur er í öllu sambandinu í einu, eru

forréttindi bóndans takmörkuð og í kornrækt skulu einungis smábændur njóta óskertra forréttinda. Aðrir greiði nytjaleyfisgjald af eigin útsæði, þó lægra en þegar sáðvara er ræktuð til sölu. Samkvæmt endurskoðuðum bandarískum lögum munu forréttindi bóndans hins vegar haldast óskert hvað varðar yrki af tegundum sem fjölgað er með kynæxlun.

Í 5. mgr. er kveðið á um að yrkisréttur nái einnig til uppskeru af yrki hafi yrkishafi ekki heimilað þá hagnýtingu og haft tök á að nýta réttindi sín. Þetta ákvæði á t.d. við um innflutning frá ríki þar sem yrkið nýtur ekki verndar. Þetta ákvæði er nauðsynlegt samkvæmt UPOV-samningnum. Í 3. mgr. 14. gr. samningsins er ákvæði um vernd sem nær einnig til afurða framleiddra úr uppskeru sem hefur fengist án þess að yrkishafi hafi haft tök á að nýta réttindi sín. Aðildarríkjum samningsins er þó í sjálfsvald sett hvort þau taka upp þetta ákvæði. Hér er lagt til að það verði ekki gert og er það í samræmi við það sem gert er í nágrannalöndunum.

Í 6. mgr. er kveðið á um að skilyrði þau sem yrkishafi setur skuli vera sanngjörn og að framleiðendum skuli ekki mismunað. Ágreiningi má skv. 19. gr. vísa til yrkisréttarnefndar.

Um 18. gr.

Eins og fyrr segir er í 17. gr. kveðið á um hvað felst í yrkisrétti. Hér koma fram undanþágur frá því ákvæði. Notkun í einkaþágu er heimil en slík undanþága er þó takmörkuð, sbr. 16. gr. og athugasemdir við hana. Þá er notkun verndaðs yrkis öllum frjáls til tilrauna og frekari kynbóta. Byggist það á því sjónarmiði að erfðaefni plantna sé sameiginleg auðlind sem skuli öllum frjáls til hagnýtingar.

Í 4. tölul. er ákvæði um svonefnda réttindaþurrð eða tæmingu réttinda, sbr. 16. gr. UPOV-samningsins. Þessi regla felur í sér að ráðstöfunarréttur rétthafa er takmarkaður þannig að eftir að hann hefur markaðssett vöru getur hann ekki lengur beitt réttindum sínum ótakmarkað. Réttindaþurrð getur verið landsbundin, náð til tiltekins svæðis, t.d. EES-svæðisins, eða talist ná til alls heimsins. Á ýmsum sviðum hugverkaréttar er þetta mismunandi, t.d. nær tæming vörumerkjaréttar til alls heimsins en í þessum lögum er tæmingin bundin við EES-svæðið.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að yrkisréttarnefnd skuli, sé þess óskað, kanna réttmæti þeirra skilyrða sem yrkishafi setur skv. 17. gr.

Um 20. gr.

Samkvæmt greininni er heimilt að skylda yrkishafa til að bjóða fram efnivið til fjölgunar yrkis í ríkari mæli eða á annan hátt en hann hefur gert. Í þessu ákvæði felst að veittum yrkisrétti fylgir kvöð um að sinna þörfum íslenskra ræktenda þótt yrkishafi kjósi e.t.v. að veita öðrum markaðssvæðum forgang. Einnig má hugsa sér að skylda megi yrkishafa til að leyfa ræktun hér á landi á efniviði til fjölgunar yrkis þótt framboð erlendis sé nægilegt ef það er talið nauðsynlegt til að vinna gegn því að plöntusjúkdómar berist hingað.

Um 21. gr.

Meðferð umsóknar tekur að jafnaði langan tíma, oft meira en tvö ár ef um nýtt yrki er að ræða. Yrkið getur verið orðið tilbúið til almennrar markaðssetningar áður en sá tími er liðinn. Með ákvæðum greinarinnar er yrkishafa gefinn kostur á að neyta væntanlegs réttar síns, t.d. með því að leggja á nytjaleyfisgjald, áður en umsóknin er afgreidd. Er það í samræmi við

þá hagsmuni sem þessum lögum er ætlað að tryggja, jafnt þeirra sem fást við kynbætur og bænda, að sem minnst töf verði á að nýtt yrki komi til nytja.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði um hvernig skuli farið með nytjaleyfisgjald sem innheimt er í samræmi við ákvæði greinarinnar á umsóknartíma og þegar umsókn hefur verið afgreidd.

Um 22. gr.

Eins og frumvarp þetta ber með sér fylgja margvísleg stjórnunarleg viðfangsefni framkvæmd laga um yrkisrétt. Ákvæði þar að lútandi eru í II.–IV. kafla frumvarpsins.

Greinin mælir fyrir um að til þeirra verkefna skuli skipuð nefnd af ráðherra og að í nefndina séu m.a. skipaðir fulltrúar sem hafi sérþekkingu á ræktun plantna og hugverkarétti.

Þetta fyrirkomulag á sér hliðstæðu annars staðar á Norðurlöndum. Í Danmörku er þó tveimur nefndum ætlað það hlutverk sem einni nefnd er ætlað í frumvarpinu.

Um 23. gr.

Störf yrkisréttarnefndar verða í mörgum tilvikum það sérhæfð að ekki þykir ástæða til að ákvörðunum nefndarinnar verði skotið til annarra stjórnsýsluaðila til breytingar eða ógildingar. Slíkt verður því að gerast fyrir dómstólum.

Um 24. gr.

Nauðsynlegt er við framkvæmd laga þessara að geta beint erindum og ákvörðunum sem hafa réttaráhrif til yrkishafa eða umboðsmanns hans. Verði því ekki komið við er birting erinda heimiluð á þann hátt sem lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, mæla fyrir um.

Um 25. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um viðurlög við brotum á yrkisrétti. Skilyrði refisábyrgðar er ásetningur hins brotlega.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að sekta félög og fyrirtæki fyrir brot á yrkisrétti.

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um skaðabótaskyldu vegna brota á yrkisrétti. Í hugverkarétti getur verið erfitt að ákvarða hve mikið tjón er. Því er sett fram sú regla að greiða skuli hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu og að auki skaðabætur fyrir annað tjón. Reglan um „hæfilegt endurgjald“ á að tryggja tjónþola ákveðnar lágmarksbætur. Dómstólar meta hvað er hæfilegt endurgjald hverju sinni.

Um 27. gr.

Hér er að finna almenna reglugerðarheimild til handa landbúnaðarráðherra sem fer skv. 2. mgr. 1. gr. með framkvæmd laga þessara. Auk þess getur ráðherrann sett reglur um nánar tiltekin atriði, t.d. yrkisheiti, samkvæmt öðrum greinum laganna.

Um 28. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um yrkisrétt.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði möguleiki á vernd á hugverkarétti í plöntukynbótum, yrkisréttur, í samræmi við samning um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem Íslendingar eru aðilar að.

Gert er ráð fyrir að stofnuð verði þriggja til fimm manna yrkisréttarnefnd sem veiti yrkisrétt og hafi eftirlit með því að yrkishafi uppfylli lögboðnar skyldur. Umsækjendur um yrkisrétt greiða gjald fyrir umsókn og kostnað við rannsókn á því að yrkið fullnægi skilyrðum fyrir vernd. Einnig greiða þeir gjald fyrir skráningu yrkisins fyrsta árið og árgjald eftir það. Áætlað er að gjöldin standi undir kostnaði við nefndarstarfið.

829. Tillaga til þingsályktunar [528. mál]

um skipan nefndar um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Katrín Fjeldsted, Össur Skarphéðinsson, Ólafur Örn Haraldsson, Ásta Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján Pálsson, Katrín Andrésdóttir, Gunnar Birgisson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að marka stefnu um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta í þéttbýli og dreifbýli. Tekið verði tillit til hjólreiðamanna við hönnun nýrra mannvirkja og stefnt að því að hjólreiðar verði raunhæfur kostur í samgöngumálum á Íslandi.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. janúar 2001.

Greinargerð.

Markmiðið með tillögunni er að vekja athygli á hjólreiðamönnum í umferðinni, en einnig að fækka slysum og auka öryggi þeirra.

Hjólreiðar eru vinsæl afþreying á Íslandi, sem og annars staðar, og hefur hjólreiðafólki fjölgað mjög á Íslandi á síðustu áratugum. Hjólreiðar eru ódýr, skemmtilegur og heilsusamlegur ferðamáti og vinsæl fjölskylduíþrótt. Fjölmörg dæmi eru um að fólk í þéttbýli noti reiðhjól til þess að ferðast milli áfangastaða.

Hjólreiðar eru holl og góð íþróttagrein og er hluti af daglegri líkamsrækt hjá mörgum. Þær eru einnig afar vinsæll ferðamáti barna og unglinga og er tími til kominn að mótuð verði opinber stefna í þessum málum. Einnig hefur það mjög færst í vöxt að bæði Íslendingar og útlendir ferðamenn ferðist um landið á reiðhjólum. Þannig er á sumrum mikil umferð erlendra ferðamanna frá Leifsstöð og einnig frá Seyðisfirði. Aðstaða hjólreiðafólks á Íslandi er afar slæm og í mörgum tilfellum er hættulegt að ferðast um á reiðhjólum þar sem lítið tillit er tekið til hjólreiðafólks.

Hin fjölfarna þjóðleið frá Hafnarfirði um Garðabæ, Kópavog, Reykjavík og Mosfellsbæ er stórhættuleg hjólreiðafólki, sem og gangandi vegfarendum. Talið er að um 16.000 reiðhjól hafi verið flutt inn til landsins árlega á síðustu 11 árum sem þýðir um 176.000 reiðhjól auk þeirra sem til voru áður. Því er talið að um 66% þjóðarinnar eða tveir af hverjum þremur landsmönnum eigi reiðhjól.

Of sjaldgæft er að fyrirtæki og stofnanir hafi sérstakar reiðhjólagrindur við fyrirtæki sín þó að það hafi batnað nokkuð á síðustu árum en betur má ef duga skal.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir þessum ferðamáta við hönnum nýrra mannvirkja, enda eru hjólreiðar hluti af nútímaafþreyingu og sumarleyfisferðum.

Æskilegt væri að í nefndinni sem skipuð yrði væru t.d. fulltrúar Vegagerðarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands hjólreiðamanna, Fjallahjólaklúbbs Íslands og Hjólreiðafélags Reykjavíkur.

Í Reykjavík var starfrækt sérstök hjólreiðanefnd sem skilaði ítarlegum tillögum til borgarráðs árið 1994, auk þess sem gengið var í samtökin „Car Free Cities".

Athyglisverðar eru hugmyndir bæjarstjórnar Árborgar í þessum efnum þar sem boðið verður upp á leigureiðhjól til þess að auka notkun reiðhjóla í umferðinni á Árborgarsvæðinu. Fleiri bæjarfélög eru að huga að þessum athyglisverða og skemmtilega ferðamáta. Þetta er líkt og er gert í Kaupmannahöfn en aðstaða hjólreiðafólks í Danmörku er til algerrar fyrirmyndar. Þar hafa verið markaðssettar hjólreiðaparadísir, t.d. á Borgundarhólmi, en þar byggist ferðamennska að stærstum hluta á hjólreiðum.

Það er deginum ljósara að eftir því sem aðstaða hjólreiðamanna batnar hvetur það Íslendinga til að nýta sér þann skemmtilega og holla ferðamáta sem hjólreiðar eru.

830. Frumvarp til laga [529. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur Bjarnason, Árni Steinar Jóhannsson.

1. gr.

Við 6. gr. a laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að úthluta aflahlutdeild til skipa, allt að 500 þorskígildistonnum árlega, sem gerð eru út sem skóla- eða starfsþjálfunarskip fyrir ungt fólk. Þessa aflahlutdeild má ekki framselja til annarra skipa. Ráðherra setur nánari reglur um úthlutunina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í rúma tvo áratugi hefur Unglingaheimili ríkisins ásamt fleirum leitast við að kenna ungu fólki sjómennsku. Það hefur fengið tækifæri til að reyna sig á sjó við handfæra-, línu- og netaveiðar og fengið faglega þjálfun í sjómennsku.

Verkefninu hefur Karel Karelsson á bátnum Haftindi stýrt frá upphafi. Það hefur hlotið heitið Sjóliðaverkefni og er ætlað fólki á aldrinum 16–20 ára sem átt hefur erfitt uppdráttar félagslega og vill læra sjómennsku.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að verkefnið hófst hefur þessi aðferð við að aðstoða unglingana í vanda þeirra reynst vel. Reksturinn hefur þó alltaf verið erfiður og stundum hefur orðið að gera hlé á verkefninu. Það sem stendur því fyrir þrifum nú er fyrst og fremst skortur á aflaheimildum. Eigi skólaskipið að koma að notum sem úrræði fyrir ungmenni í vanda verður að tryggja að það hafi heimildir til veiða svo að það geti þjónað hlutverki sínu.

Verkefnið hefur verið rekið í samstarfi við ýmsa aðila og ber þar helst að nefna Reykjavíkurborg, Hitt húsið (ÍTR), Hafnarfjarðarbæ, Reykjanesbæ, félagsþjónustuna í Reykjavík og jafnframt Stýrimannaskólann og Vélstjóraskóla Íslands.

Gert er ráð fyrir að allir nemendur útskrifist með réttindi til að stjórna 30 tonna bát og vélavarðarréttindi.

Mikilvægt er að halda úti slíku úrræði fyrir ungt fólk sem vill vinna við sjávarútveg og getur á þennan hátt aflað sér verkþekkingar.

Takist ekki að leysa vandann sem skortur á veiðiheimildum skapar gæti þetta ágæta verkefni lagst af og reynslan og þekkingin sem er til staðar glatast.

Hafrannsóknaskipið Dröfn hefur á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar sinnt veigamiklu hlutverki sem skólaskip á undanförnum tveimur árum. Skipið hefur verið gert út frá Reykjavík á vorin en á haustin hefur verið farið umhverfis landið og hafa nemendur 9. og 10. bekkjar grunnskóla fengið nasasjón af sjómennskunni og algengum vinnubrögðum á sjó.

Um 2000 grunnskólanemar hafa tekið þátt í þessu verkefni. Í venjulegri veiðiferð er veitt með botnvörpu, oft eru lagðar krabbagildrur og einnig eru handfærarúllur um borð. Nokkuð er breytilegt eftir veðri og sjólagi hvað tekið er fyrir hverju sinni, en að auki er nemendum sýnd fræðslumynd um sjómennsku. Að loknu tveggja ára tilraunatímabili verða skoðaðar leiðir til breyttra hátta og hefur m.a. verið rætt um að sveitarfélög taki við þessu verkefni.

Ljóst er að verði frumvarp þetta samþykkt þarf jafnframt að setja mjög skýrar reglur um úthlutun heimildanna til að koma í veg fyrir misnotkun.

831. Frumvarp til laga [530. mál]

um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Stofna skal hlutafélag um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Nafn félagsins skal vera Samábyrgðin hf. Hlutverk hlutafélagsins er að hafa á hendi þá starfsemi sem vátryggingafélögum er heimil samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum til hlutafélagsins. Við stofnun hlutafélagsins skal allt hlutafé vera í eigu ríkissjóðs.

2. gr.

Viðskiptaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Samábyrgðinni hf.

Ráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í félaginu við stofnun þess. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár á stofnfundi félagsins nemi eigi lægri fjárhæð en 75% af eigin fé

Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum eins og það er samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi fyrir árið 1998. Hlutafé getur þó tekið breytingum til hækkunar.

Ráðherra ákveður skiptingu hlutafjár í hluta.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gilda ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. þeirra laga ekki um fjölda stofnenda og hluthafa.

3. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða sölu á eignarhlut ríkissjóðs í félaginu að hluta til eða að öllu leyti.

4. gr.

Allir starfsmenn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, sem taka laun samkvæmt kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Samábyrgðinni hf. eftir yfirtöku hennar á Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Nú tekur maður, sem gegnir starfi hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, við starfi hjá Samábyrgðinni hf. og skal hann á því tímamarki njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi. Réttur hans til launa hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum fellur niður er hann tekur við starfinu.

5. gr.

Hinn 1. júlí 2000 tekur Samábyrgðin hf. við starfsemi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Á því tímamarki er Samábyrgð Íslands á fiskiskipum lögð niður. Starfsleyfi það er Samábyrgð Íslands á fiskiskipum hefur færist þá sjálfkrafa til hins nýja félags.

Viðskiptaráðherra skipar þriggja manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnunar félagsins og fyrirhugaðrar starfrækslu og ekki falla undir valdsvið stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Við stofnun skal félagið bundið við umrædda löggerninga.

Kostnaður af stofnun hlutafélags greiðist af Samábyrgðinni hf.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Hinn 30. júní 2000 falla úr gildi lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, með síðari breytingum. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, með síðari breytingum.

Um Samábyrgðina hf. og starfandi bátaábyrgðarfélög gilda, að öðru leyti en leiðir af ákvæðum laga þessara, ákvæði laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum. Ákvæði laga um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, eiga einnig við um Samábyrgðina hf., eftir því sem við á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta, sem samið er samkvæmt ákvörðun viðskiptaráðherra, er samið í viðskiptaráðuneytinu. Samkvæmt frumvarpinu skal stofna hlutafélag um rekstur Samábyrgðar

Íslands á fiskiskipum. Er frumvarpið að meginefni til samhljóða frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Tvær meginástæður liggja að baki frumvarpinu. Annar vegar er ætlunin að stofna hlutafélag um rekstur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum til þess að ríkisstjórninni sé kleift að selja félagið ef viðunandi kauptilboð berst í það, en stefnt hefur verið að því um nokkurn tíma að ríkið dragi sig endanlega út úr rekstri vátryggingafélaga á hinum almenna markaði. Hins vegar á að afnema sérlög um bátaábyrgðarfélög og um leið skyldutryggingu þilfarsbáta að 100,49 rúmlestum brúttó.

Frumvarp það er hér liggur fyrir, svo og allmörg atriði athugasemdanna, tekur mið af vinnu nefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem skipuð var árið 1992 og semja átti frumvarp til laga um breytingar á lögum um Samábyrgðina og lögum um bátaábyrgðarfélögin.

2. Stutt ágrip af sögu Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum var stofnuð með lögum nr. 54/1909. Henni var þá ekki lagt til sérstakt stofnfé úr ríkissjóði né gert ráð fyrir að það kæmi frá öðrum. Henni var hins vegar tryggð ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum sínum upp að 200.000 kr. Auk þess lagði ríkissjóður Samábyrgðinni til fjármuni, alls 25.000 kr., vegna kostnaðar við stofnun og stjórn hennar.

Samkvæmt fyrstu lögunum um Samábyrgðina skyldi hún vera gagnkvæmt tryggingafélag. Með lögum nr. 23/1921 voru þau ákvæði laga nr. 54/1909, sem kváðu á um að Samábyrgðin væri gagnkvæmt vátryggingafélag, felld brott og ábyrgð ríkissjóðs vegna skuldbindinga félagsins hækkuð úr 200.000 kr. í 800.000 kr. Bar ríkissjóður einn ábyrgð á skuldbindingum félagsins upp frá því eða allt til 1967 er fyrsta verulega breytingin var gerð á lögunum.

Árið 1941 var ríkissjóði gert að leggja félaginu til stofnfé, 500 þús. kr. og árið 1947 var ríkissjóði enn gert að leggja því til viðbótarstofnfé, 1,5 millj. kr. Frá upphafi og fram til 1967 voru sérstök ákvæði í lögunum um það að ráðstafa skyldi eignum þess til Fiskveiðasjóðs ef félaginu yrði slitið.

Árið 1967 eru sett ný lög um Samábyrgðina eins og áður sagði, lög nr. 47/1967. Með þeim lögum var ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum félagsins felld burtu og sömuleiðis ákvæðin um afdrif eigna félagsins við félagsslit. Árið 1976 eru enn sett ný lög um Samábyrgðina, lög nr. 19/1976. Breytingar á lögunum áttu fyrst og fremst rætur að rekja til nýrra laga um vátryggingastarfsemi, einkum ákvæða um Tryggingaeftirlitið og nýrra sérstakra laga um bátaábyrgðarfélögin sem samtímis voru samþykkt á Alþingi, lög nr. 18/1976. Þau lög gerðu ýmis ákvæði laganna um Samábyrgðina óþörf.

Gildandi lög um Samábyrgðina voru sett árið 1978 sem lög nr. 37/1978. Helsta breytingin, sem þá var gerð, var sú að bráðafúatryggingin, sem sett var inn í lögin árið 1967, var felld niður en í hennar stað kom sjálfstæð tryggingargrein innan Samábyrgðarinnar, Aldurslagasjóður fiskiskipa. Gildandi lögum var breytt með lögum nr. 40/1990 og var þá felldur niður sá kafli laganna sem fjallaði um Aldurslagasjóð. Þá má einnig nefna breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 116/1993 og fjallað verður nánar um síðar.

3. Hver á Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélögin?

Við endurskoðun laga um Samábyrgðina og bátaábyrgðarfélögin hafa vaknað upp spurningar um það hver eigi þessi félög. Einkum má reikna með að ágreiningur sé varðaði eignarhald á Samábyrgðinni.

Er nefnd sú er starfaði árið 1992 vann að tillögum sínum óskaði þáverandi forstjóri Samábyrgðarinnar, Páll Sigurðsson, eftir því við Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmann að hann tæki saman lögfræðilegt álit á þessu álitaefni. Um Samábyrgðina segir lögmaðurinn svo í álitinu:

„... Samábyrgðin er einfaldlega stofnun, sem starfar eftir gildandi lögum á hverjum tíma. Afstaða ríkisvaldsins til félagsins ræðst af lagafyrirmælunum. Þar er ekki um að ræða eignarrétt í þeim skilningi sem það hugtak hefur venjulega. Þannig getur ríkisvaldið t.d. ekki gert með félagið neinar þær ráðstafanir, sem heföbundinn eignarréttur venjulega heimilar eiganda eignar. Sama er að segja um bátaábyrgðarfélögin. Afstaða þeirra til Samábyrgðarinnar er ekki eignarréttur í lögfræðilegum skilningi. Hún ræðst einfaldlega af gildandi lagafyrirmælum á hverjum tíma.

Af þessu leiðir, að Alþingi getur gert hverjar þær ráðstafanir með Samábyrgðina og eignir hennar, sem það kýs. Við þær ráðstafanir verður aðeins að gæta að því að ekki séu skertir hagsmunir þeirra aðila, sem eiga gild fjárhagsleg réttindi á hendur Samábyrgðinni skv. samningum við hana eða á öðrum grundvelli. Að því athuguðu sýnist löggjafinn geta t.d. lagt félagið niður og látið eignir þess renna í ríkissjóð, ákveðið að breyta félaginu í hlutafélag þannig að ríkissjóður fái allt hlutaféð eða þannig að hlutafénu sé deilt út til bátaábyrgðarfélaganna og annarra viðskiptamanna félagsins eftir gefnum reglum.“

Um bátaábyrgðarfélögin segir lögmaðurinn svo í álitinu:

„... bátaábyrgðarfélögin eru eins konar sjálfseignarstofnanir, sem hvorki eru í eigu ríkissjóðs né þeirra útgerðarmanna sem vátryggja skip sín hjá þeim. Því má velta fyrir sér, hvort félögin og eignir þeirra njóti verndar eignarnámsákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar, þannig að hömlur setji á heimildir löggjafans til að breyta fyrirkomulagi félaganna og ráðskast með eignir þeirra. Með hliðsjón af því, hvernig félögin voru stofnuð, þ.e.a.s. fyrir forgöngu ríkisins með lagasetningu og svo hinu að „aðild“ manna að félögunum og stjórn þeirra er ekki bundin við ákveðna menn, heldur þá sem á hverjum tíma skyldutryggja báta sína hjá þeim, er það skoðun mín, að félögin njóti ekki slíkrar verndar beint. Niðurstaðan er þá sú, að löggjafinn hafi, með sama fyrirvara og áður var tilgreindur varðandi Samábyrgðina, þ.e. að ekki séu skertir hagsmunir þeirra aðila, sem eiga gild réttindi á hendur félögunum, heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir um félögin, sem það kýs. Réttarstaða bátaábyrgðarfélaganna sé að þessu leyti hliðstæð réttarstöðu Samábyrgðarinnar.“

Árið 1989 óskaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eftir því að Jón Ingimarsson, lögfræðingur og skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, tæki saman greinargerð um eignarhald á Samábyrgðinni. Hann komst að þeirri niðurstöðu að ríkið ætti Samábyrgðina og að löggjafinn gæti ráðstafað eignum hennar, réttindum og skyldum, ef þurfa þætti, samkvæmt þeim reglum sem á hverjum tíma giltu um ráðstöfun eigna ríkisins. Rök hans voru þessi:

„Stjórnarráðið gerði fyrsta endurtryggingarsamning félagsins fyrir þess hönd, skv. skilningi aðila á upphafsákvæði 2. greinar laga 54/1909, en þar sagði: „Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sé sett vátryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð.“

Ríkið eitt hefur lagt félaginu til stofnfé og m.a.s. í tvö skipti (1941 og 1947). Frá lagabreytingunni 1921 hefur ríkið eitt borið ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeim sem ekki hefur verið unnt að endurtryggja.

Enginn annar aðili en ríkið hefur öðlast með lögum né á annan hátt slík tengsl né aðild að félaginu, að jafnað verði til eignar- eða umráðaréttar, hvorki til handa einstaklingum né samtökum, sem hagsmuna hafa gætt.

Fram til 1967 var gert ráð fyrir að eignir félagsins rynnu við félagsslit til fiskveiðasjóðs Íslands. Um þann sjóð eru og hafa ávallt verið ótvíræð lagaákvæði, sem beinlínis taka fram að hann sé eign ríkisins, sbr. nú síðast í 1. grein laga 44/1976: „Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.“

Niðurfellingu ákvæða um ráðstöfun eigna Samábyrgðarinnar við félagsslit, sem gerð var á Alþingi 1967, ber eingöngu að túlka sem svo, að löggjafinn vilji hafa óbundnar hendur um það, hvert þessar eignir renni, innan ramma ríkisvaldsins.“

Ráðuneytið hefur aflað upplýsinga um það hjá Hagstofu Íslands hvert væri uppreiknað núvirði þeirra framlaga er Samábyrgðin hefur fengið frá ríkissjóði eins og nánar verður að vikið síðar.

Í 3. gr. laga nr. 54/1909 sagði að landssjóður ábyrgðist með allt að 200.000 kr. að félagið fullnægði skuldbindingum sínum. Ef það gæti ekki af eigin rammleik borgað skaðabætur, sem því væri skylt að greiða, legði landssjóður til það er á vantaði, þó aldrei meir en áðurnefnda upphæð. Í 13. gr. sagði að í stjórn Samábyrgðarinnar væru þrír menn, tveir skipaðir af Stjórnarráðinu og einn af vátryggingafélögum þeim sem Samábyrgðin væri í samvinnu við. Og í 13. gr. var einnig kveðið á um það að til kostnaðar við stofnun félagsins og stjórn legði landssjóður því til 5.000 kr. á ári fyrstu fimm árin. Og að lokum sagði í 15. gr. að ef félagið legðist niður félli tekjuafgangur þess til fiskiveiðasjóðs Íslands.

Í núgildandi lögum um Samábyrgðina, sem eru lög nr. 37/1978, eins og áður segir, er hvergi minnst á stofnframlag né bakábyrgð ríkissjóðs. Um stjórn félagsins segir nú að í henni séu fimm menn, ráðherra skipi þrjá, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu LÍÚ, og að tveir komi frá bátaábyrgðarfélögunum.

Þar sem í upphaflegu lögunum var aðeins gert ráð fyrir að ríkissjóður stæði á bak við félagið og að tekjuafgangur, væri Samábyrgðin lögð niður, rynni til fiskiveiðasjóðs sem var í eigu landssjóðs, sbr. lög nr. 52/1905, og ekki var gert ráð fyrir stofnframlagi frá öðrum aðilum, verður að draga þá ályktun að hugmyndir þeirra sem stóðu að stofnun Samábyrgðarinnar hafi miðast við að félagið væri opinbert fyrirtæki. Þannig lagði landssjóður til Samábyrgðarinnar 5.000 kr. á ári fyrstu fimm starfsár sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar hefur ársmeðaltal vísitölu neysluverðs án húsnæðis (áður vísitölu vöru og þjónustu) fyrir árið 1909 verið áætlað 89 stig og á sama grunni stóð sú vísitala í 3.778.011 stigum í desember 1999. Framreiknað þýðir þetta að 5.000 kr. á ári árin 1909 til 1913 samsvara um 10,5 millj. kr. í desember 1999. Er þá ekki tekið tillit til neinna vaxta.

Varðandi frekari fjárframlög úr ríkissjóði til Samábyrgðarinnar er næst kveðið á um þau í lögum nr. 37/1941, en þar segir að ríkissjóður leggi félaginu til stofnfé, 500.000 kr., er greiðist með jöfnum greiðslum á næstu tíu árum. Séu þessar greiðslur reiknaðar til núvirðis með sömu vísitölu og áður verður fjárhæðin um 29,8 millj. kr.

Árið 1947 er enn lagt fé til Samábyrgðarinnar úr ríkissjóði, sbr. lög nr. 52/1947, í þetta skipti 1,5 millj. kr., sem skuli greiðast eftir samkomulagi fjármálaráðherra og stjórnar Samábyrgðarinnar. Ekki eru handbærar upplýsingar um greiðsludreifingu þess framlags. Ljóst virðist af ríkisreikningi að búið hefur verið að inna greiðslur af hendi árið 1950. Að gefinni þeirri forsendu að upphæðin hafi verið greidd með þremur jöfnum greiðslum á þremur árum er núvirði hennar um 73,7 millj. kr.

Þannig virðist liggja ljóst fyrir að ríkissjóður lagði um 114 millj. kr. á núvirði til Samábyrgðarinnar fyrstu rúm 40 starfsár félagsins. Ekki hefur í útreikningum þessum verið tekið tillit til vaxta, arðs af stofnfé, né þess hagræðis sem af því hefur hlotist að félagið var skattfrjálst til 1993. Eigið fé félagsins í árslok 1996 var samkvæmt ársreikningi þess um 253 millj. kr., í árslok 1997 um 265 millj. kr. og í árslok 1998 um 273 millj. kr. Væru framlög ríkis-

sjóðs vaxtareiknuð, eða gert ráð fyrir hæfilegum arði af stofnfénu, mætti reikna með að ríkissjóður ætti a.m.k. jafnháa fjárhæð inni hjá Samábyrgðinni.

Í ríkisreikningi frá 1950 og til dagsins í dag hefur verið eignfært stofnfé Samábyrgðar Íslands, 2 millj. kr., sem nú standa í 20.000 kr. eftir myntbreytingu. Ríkisreikningur er opinber og hefur samkvæmt upplýsingum frá Ríkisbókhaldi ekki verið gerð athugasemd við eignfærslu þessa. Spyrja má sig hvernig á því standi að mótfærsla skuli ekki vera í ársreikningum Samábyrgðarinnar og hvers vegna eignarhlutur ríkissjóðs í Samábyrgðinni skuli ekki hafa verið uppfærður einhvern tímann undanfarin 47 ár. Eignfærsla þessi eru stofnframlög skv. lögum nr. 37/1941, 500.000 kr., og lögum nr. 52/1947, 1,5 millj. kr.

Umfjöllun þessari um eignarhald á Samábyrgð Íslands á fiskiskipum er ætlað að vera til upplýsingar frekar en að henni sé ætlað að vera sérstakur rökstuðningur fyrir því að Samábyrgðin sé í eigu ríkissjóðs. Ráðuneytinu er reyndar ekki kunnugt um að ágreiningur sé lengur um eignarhald á Samábyrgðinni, sbr. það að fulltrúar frá einu bátaábyrgðarfélagi, Gróttu, og stjórnarformaður Samábyrgðarinnar gerðu viðskiptaráðherra tilboð í félagið en tilboð þetta fylgdi með frumvarpi því sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi. Þá hefur og Vörður-Vátryggingafélag (áður Vélbátatrygging Eyjafjarðar) gert tilboð í Samábyrgðina. Ráðuneytinu er kunnugt um að samkomulagsumleitanir hafa verið í gangi um nokkurt skeið á milli fulltrúa frá bátaábyrgðarfélögunum um möguleika þessara aðila á því að gera sameiginlegt tilboð í Samábyrgðina. Rétt er einnig að rifja það upp að stjórnarformaður Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga hefur lýst því yfir á opinberum vettvangi að enginn ágreiningur væri að sínu mati um það að ríkið ætti Samábyrgðina.

Varðandi eignarhald á bátaábyrgðarfélögunum telur ráðuneytið engan vafa leika á því að raunverulegir eigendur þeirra séu þeir sem þar hafa tryggt enda eru þau gagnkvæm vátryggingafélög.

4. Sérlög um bátaábyrgðarfélög felld úr gildi.

Um allnokkurt skeið hefur skyldutrygging sú sem lögð er á herðar eigenda vélbáta með þilfari, 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni, verið gagnrýnd. Ýmsir hafa talið þessa skyldutryggingu tímaskekkju enda var henni komið á er bátafloti landsmanna var annar en hann er nú og aðstæður aðrar. Hefur það enda komið fram í ályktunum hagsmunasamtaka í útgerð að afnema bæri skyldutryggingu skipa undir 100 lestum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, er fór með málefni vátryggingastarfsemi til 28. febrúar 1995, skipaði í þrígang nefndir til að vinna að endurskoðun þessara mála.

Fyrsta nefndin var skipuð 23. apríl 1986 og var henni falið að gera tillögur um breytingar á lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og lögum um bátaábyrgðarfélög til þess að afnema skyldutryggingu skipa undir 100 lestum og gera þær frjálsar. Nefndarstarfinu lauk aldrei formlega. Nefndin skilaði áfangaskýrslu til ráðherra hinn 30. desember 1986 og gerði þar grein fyrir hugmyndum sínum. Nefndin taldi ekki ástæðu til að halda í gildi sérlögum um bátaábyrgðarfélög eftir að skyldutrygging væri felld niður enda hefði afnám skyldutryggingarinnar veruleg áhrif á rekstur félaganna. Þar sem bátaábyrgðarfélögin væru fjárhagslega veik sem vátryggingafélög gæti samkeppni sem hugsanlega fylgdi í kjölfar breytinga á skyldutryggingunni reynst þeim erfið. Nefndin taldi þá lausn heppilegasta að breyta bátaábyrgðarfélögunum í undirdeildir Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Lög um bátaábyrgðarfélög yrðu felld úr gildi. Engin afstaða var tekin til þessara tillagna nefndarinnar og af frekara nefndarstarfi varð ekki.

Önnur nefndin var skipuð 15. nóvember 1989 og var henni falið að gera tillögur um með hvaða hætti mætti losa eigendur þilfarsbáta undir 100 brúttórúmlestum undan því að bátar

þeirra væru skyldutryggðir. Nefndin skilaði áliti sínu til ráðherra 23. mars 1990. Kom þar fram tillaga um að opna eigendum báta minni en 100 lesta leið til að tryggja á frjálsum markaði. Lögin myndu að öðru leyti standa óbreytt meðan reynsla fengist af breytingunni. Að mati Tryggingaeftirlitsins voru tillögur þessar vart framkvæmanlegar.

Enn gerði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilraun til að endurskoða lögin árið 1992. Þann 25. mars það ár skipaði hann nefnd sem hafði þau markmið m.a. að afnema skyldutryggingu þilfarsbáta undir 100,49 rúmlestum brúttó, að afnema hlutverk ráðherra við iðgjaldaákvörðun og að aðlaga rekstur bátaábyrgðarfélaganna aukinni samkeppni sem óhjákvæmilega myndi leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvarp það er sú nefnd skilaði af sér var ekki lagt fram. Nokkur atriði þess, sem einkanlega snertu nauðsynlegar breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, voru tekin inn í frumvarp sem síðar varð að lögum nr. 116/1993.

5. Stutt ágrip af sögu bátaábyrgðarfélaganna.

Lögin um *bátaábyrgðarfélög* eru upphaflega frá árinu 1938 en þá var skyldutrygging á fiskiskipum, 70 smálestum brúttó eða minni, lögfest, sbr. lög um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, nr. 27/1938. Þá voru nokkur bátaábyrgðarfélög þegar starfandi en þeim fjölgaði verulega við þessa lagasetningu. Lögin hafa breyst nokkuð í tímans rás. Þau voru endurskoðuð í byrjun fimmta áratugarins í ljósi reynslunnar af rekstri félaganna, sbr. lög nr. 32/1942. Þá var skyldutryggingin útvíkkuð og hún látin ná til vélbáta með þilfari allt að 100 smálestum að stærð. Enn voru lögin endurskoðuð með lögum nr. 61/1947 og var þá heiti laganna breytt í lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Hér var helsta breytingin sú að félagssvæði bátaábyrgðarfélaganna voru stækkuð og þeim fækkað enda hafði reynslan sýnt að þau voru of lítil og höfðu iðulega orðið að leita til ríkisábyrgðarinnar vegna tjónauppgjörs.

Næst er lögunum breytt árið 1967 með lögum nr. 41 og enn er heiti laganna breytt og verður nú lög um bátaábyrgðarfélög. Fyrirhugað var að útvíkka skyldutrygginguna með þessum lögum úr 100 rúmlestum í 400 rúmlestir brúttó. Í meðförum Alþingis var þessu breytt og gildissvið skyldutryggingarinnar haft óbreytt. Aðrar breytingar voru þær að vátryggingarskilmálar, sem áður höfðu verið í lögunum, voru færðir í reglugerð. Einnig var félögunum heimilað með vissum skilyrðum að taka að sér aðrar tryggingar fyrir útgerðina en skyldutrygginguna. Þá var einnig fellt niður ákvæði, sem fram að þessum tíma hafði verið í lögunum, um ábyrgð ríkisins á bótagreiðslum og um það hvert eignir félaganna skyldu renna ef þau yrðu lögð niður.

Gildandi lög um bátaábyrgðarfélög eru nr. 18/1976. Er það samsett útgáfa laga nr. 41/1967 og breytinga á þeim lögum, nr. 91/1975. Með lögunum frá 1975 var stærðarmörkum breytt úr 100 rúmlestum brúttó í 100,49 rúmlestir brúttó og var það gert til að taka af öll tvímæli um stærðarmörk þeirra skipa sem féllu undir skyldutrygginguna. Ýmsar breytingar voru einnig gerðar vegna tilkomu laga um vátryggingastarfsemi og vegna starfsemi Tryggingaeftirlits. Með lögum nr. 116/1993 voru gerðar þær breytingar á lögum nr. 18/1976 sem nauðsynlegar voru vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. M.a. var felldur niður einkaréttur bátaábyrgðarfélaganna til þess að vátryggja fiskiskip undir 100,49 rúmlestum brúttó, einkaréttur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum að endurtryggja skipin var afnuminn og afnumin var undanþága bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar frá greiðslu tekju- og eignarskatts. Þá var bátaábyrgðarfélögunum gert að setja sér samþykktir með ákvæðum um eignarhald og félagsslit. Eru félögin nú gagnkvæm vátryggingafélög samkvæmt samþykktum sínum.

Bátaábyrgðarfélögin eru nú fjögur talsins, Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, Bátatrygging Breiðafjarðar og Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga. Stærsta bátaábyrgðarfélagið, Vélbátatrygging Eyjafjarðar, hefur nýlega fengið starfsleyfi til alhliða vátryggingastarfsemi og skipt um nafn og heitir nú Vörður-Vátryggingafélag. Formlega séð telst það þó enn þá bátaábyrgðarfélag.

Árið 1992 er nefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra var að störfum við að semja frumvarp til breytinga á lögunum voru bátaábyrgðarfélögin sjö talsins.

5. Lokaorð.

Þann 24. maí 1996 óskaði viðskiptaráðherra eftir því við Landssamband íslenskra útvegsmanna, Vélbátaábyrgðarfélagið Gróttu, Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga og Vátryggingaeftirlitið að þessir aðilar tilnefndu fulltrúa til setu í nefnd er fengi það hlutverk að endurskoða lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og lög um bátaábyrgðarfélög. Að fengnum tilnefningum skipaði ráðherra síðan Svein Hjört Hjartarson, hagfræðing LÍÚ og stjórnarformann Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, Hjálmar Styrkársson, framkvæmdastjóra Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu, Einar Odd Kristjánsson, alþingismann og stjórnarformann Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga, og Erlend Lárusson, þáverandi forstöðumann Vátryggingaeftirlitsins, í nefndina ásamt Kjartani Gunnarssyni, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu, sem skipaður var formaður. Starfsmaður og ritari nefndarinnar var Páll Gunnar Pálsson, þáverandi deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu.

Ekki varð samstaða í nefndinni um starfið og lauk nefndarstarfinu án þess að niðurstaða fengist.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um rekstur Samábyrgðarinnar, að sérlög um bátaábyrgðarfélög verði felld úr gildi þannig að þau bátaábyrgðarfélög, sem eftir lifa, falli undir ákvæði laga um vátryggingastarfsemi og að ekki verði lengur krafist skyldutryggingar vegna þilfarsbáta undir 100,49 brúttórúmlestum.

Eins og fram kemur í inngangi var frumvarp efnislega samhljóða þessu frumvarpi lagt fram á 122. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Með því fylgdi sem fylgiskjal tilboð stjórnarformanns Samábyrgðarinnar, Sveins Hjartar Hjartarsonar, og framkvæmdastjóra Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu, Hjálmars Styrkárssonar, í hlut ríkissjóðs í Samábyrgðinni upp á 190 millj. kr. Ríkissjóður er ekki bundin tilboði þessu né tilboðsgjöfum þar sem frumvarpið náði ekki fram að ganga og ekki reyndist samkomulag á meðal þeirra er talið var að hefðu staðið að tilboðinu. Fyrir liggur einnig tilboð Varðar-Vátryggingafélags upp á 200 millj. kr.

Frumvarp það sem hér er lagt fram fjallar fyrst og fremst um stofnun hlutafélags um rekstur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum en ekki um sölu þess. Hafa ber þó hugfast að það er ásetningur ríkisstjórnarinnar að ríkið dragi sig út úr vátryggingastarfsemi.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ekki er lengur gert ráð fyrir sérlögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Reiknað er með að almenn lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum, gildi um starfsemi hlutafélagsins sem tekur yfir rekstur Samábyrgðarinnar.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar gera ráð fyrir að viðskiptaráðherra fari með eignarhlut ríkisins í Samábyrgðinni hf.

Um 4. gr.

Lagt er til að núverandi starfsmönnum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum verði boðið sambærilegt starf hjá Samábyrgðinni hf. eftir stofnun þess.

Um 5. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að Samábyrgðin hf. þurfi að sækja um starfsleyfi til þess að mega stunda þá vátryggingastarfsemi sem Samábyrgð Íslands á fiskiskipum stundar nú. Komi til þess að Samábyrgðin hf. vilji útvíkka starfssvið sitt fer um slíkt samkvæmt ákvæðum laga um vátryggingastarfsemi.

Hlutverk undirbúningsnefndar sem viðskiptaráðherra kemur til með að skipa, verði frumvarpið að lögum, verður m.a. að tryggja að yfirfærsla starfsmanna verði með þeim hætti er segir í 4. gr. og að ganga frá nauðsynlegum formsatriðum vegna stofnunar hlutafélagsins.

Um 6. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að þau bátaábyrgðarfélög sem nú eru starfandi komi til með að starfa eftir lögum um vátryggingastarfsemi. Af sjálfu leiðir að afnám sérlaga um bátaábyrgðarfélög afnemur skyldu til þess að hafa þilfarsbáta að 100,49 brúttórúmlestum tryggða. Er það í samræmi við það sem gildir um önnur skip og báta, stærri og minni. Um leið er einnig afnumin skylda bátaábyrgðarfélags til þess að taka í tryggingu hvern þann er óskar eftir tryggingu á félagssvæði viðkomandi bátaábyrgðarfélags.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum verði breytt í hlutafélag í eigu ríkissjóðs. Samkvæmt frumvarpinu er viðskiptaráherra heimilt að ákveða sölu á eignarhlut ríkissjóðs í félaginu að hluta til eða öllu leyti. Samkvæmt ársreikningum 1998 var hagnaður af rekstri félagsins 9,7 m.kr. og eigið fé í árslok var 278,4 m.kr.

832. Frumvarp til laga [531. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (rekstrarumgjörð).

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó mega hlutafélög, sem stofnuð verða skv. XII. kafla laganna, halda orðinu kaupfélagi óstyttu í nafni sínu.

2. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo: Upplýsingaskyldan á einnig við um samband félagsins við félög sem það er eigandi að með þeim hætti að það getur haft úrslitaáhrif á töku ákvarðana í þeim.

3. gr.

Við 38. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Samvinnufélögum er með ákvörðun félagsfundar heimilt að hækka séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs félagsins á þann hátt að yfirfæra fjárhæðir sem eftir standa þegar félagið hefur ráðstafað hagnaði í samræmi við ákvæði 54. gr., um tillög í varasjóði og aðra sjóði samkvæmt samþykktum félagsins, eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreikning samkvæmt lögum um ársreikninga. Ákvörðun þessi þarf samþykki $^2/_3$ hluta greiddra atkvæða á félagsfundi og samþykki eigenda $^2/_3$ hluta hlutafjár í B-deild. Ákvörðunin skal jafnframt uppfylla frekari fyrirmæli samþykkta félagsins um breytingar á samþykktum þess. Þegar ákvörðun er tekin um hækkun á séreignarhlutum skal hækkunin afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins. Við hækkun á séreignarhlutum A og B-deildar skal gætt ákvæða um fjárhæð varasjóðs.

Við ákvörðun um hækkun og afhendingu hluta í B-deild skal jafnframt kveða á um hvert skuli vera skiptahlutfall á hlutum í A-deild stofnsjóðs og hlutum í B-deild.

Ákvæði 7. mgr. 61. gr. og 2. og 3. mgr. 61. gr. a. gilda um ákvörðun samkvæmt þessari grein.

4. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Félagsfundur getur samkvæmt tillögu stjórnar ákveðið með $^2/_3$ hlutum greiddra atkvæða að lækka A-deild og B-deild stofnsjóðs félagsins. Ef félagsfundur samþykkir slíka tillögu skal boða hluthafa í B-deild félagsins á fund til að fjalla um tillöguna. Tillagan telst endanlega samþykkt ef hluthafar, er ráða yfir $^2/_3$ hlutum atkvæða sem mætt er fyrir á fundinum, samþykkja hana. Í fundarboði skal m.a. greina frá ástæðum lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram. Í ákvörðuninni skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal stofnsjóðinn um, ásamt upplýsingum um hvernig skuli ráðstafa lækkunarfénu en því má ráðstafa þannig:

1. Til jöfnunar taps sem verður ekki jafnað á annan hátt. Eigi má þó lækka B-deild stofnsjóðs til jöfnunar taps fyrr en A-deild stofnsjóðs er tæmd.
2. Til greiðslu til félagsmanna.
3. Til greiðslu til hluthafa í B-deild stofnsjóðs.
4. Til afskriftar á greiðsluskyldu í stofnsjóði félagsins.

Ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru eða öllu leyti í þeim tilgangi er greinir í 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. skal birta tvisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa félagsins um að tilkynna kröfur sínar til félagsstjórnar innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar. Óheimilt er að framkvæma lækkun fyrr en lýstar kröfur hafa verið greiddar eða fullnægjandi tryggingar settar. Rísi ágreiningur milli félags og kröfuhafa um það hvort framboðin trygging sé nægileg geta hlutaðeigandi, innan tveggja vikna frá því að tryggingin er boðin fram, lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins. Með tilkynningunni um lækkun skal, auk nauðsynlegra sönnunargagna, fylgja yfirlýsing, undirrituð af stjórn félags og endurskoðendum, um að skuldir félagsins séu því ekki til fyrirstöðu að lækkunin geti farið fram.

Sanni félag að það eigi fyrir skuldum er ráðherra heimilt að veita því undanþágu frá innköllunarskyldu skv. 2. mgr. ef ljóst þykir að kröfuhafar félagsins bíði ekki tjón af því.

Eftir lækkunina skulu vera fyrir hendi eignir er svara a.m.k. til stofnsjóðs félagsins og lögmæltra varasjóða.

Ef ráðstafa á allri lækkunarfjárhæðinni til jöfnunar á tapi skal strax tilkynnt til samvinnufélagaskrár að lækkun hafi farið fram. Tilkynning um lækkun, ef ráðstafa á lækkunarfjárhæðinni að nokkru leyti eða öllu skv. 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr., skal berast samvinnufélagaskrá innan árs frá því ákvörðun var tekin, ella fellur hún úr gildi.

5. gr.

Á undan 61. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (61. gr.)

Að tillögu félagsstjórnar getur félagsfundur með $^2/_3$ hlutum greiddra atkvæða samþykkt að breyta samvinnufélagi í hlutafélag. Boða skal til fundarins með minnst tveggja vikna fyrirvara og viku fyrir félagsfund skulu tillaga, áætlun um breytingu og fylgiskjöl liggja frammi á skrifstofu félagsins og send sérhverjum félagsmanni sem þess óskar.

Þegar stjórn hefur samþykkt tillögu um breytinguna er óheimilt að veita nýjum félagsmönnum inngöngu í félagið og að greiða úr stofnsjóði til félagsmanna frá dagsetningu tillögunnar þar til hlutafélagið hefur verið skráð eða tillaga felld. Félagsfund skal halda innan mánaðar frá því að stjórn hefur tekið ákvörðun.

Á fundinum skal lögð fram áætlun um breytingu samvinnufélags. Í áætluninni skal koma fram:

1. Greinargerð stjórnar þar sem gerð er grein fyrir röksemdum og ástæðum fyrir breytingu á rekstrarformi.
2. Við hvaða tímamark skuli miða stofnun hlutafélagsins og slit samvinnufélagsins en það tímamark skal ekki vera síðar en mánuði eftir samþykki tillögu.
3. Fjárhæð hlutafjár sem verði gagngjald fyrir endurmetinn stofnsjóð A-deildar og samvinnuhlutabréf B-deildar og reglu um skiptingu þess á milli félagsmanna.
4. Hvort í félaginu skuli vera mismunandi flokkar hlutafjár.
5. Hvort eða hversu mikill atkvæðisréttur skuli fylgja hlutum í hverjum flokki og jafnframt hvort önnur réttindi, svo sem réttur til arðgreiðslna eða úthlutun eigna við slit, skuli vera mismunandi á milli flokka eða ekki.
6. Hvort einhverjir félagsmenn njóti sérstakra réttinda í hlutafélaginu.
7. Reglur um hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs, sbr. 38. gr.
8. Hvenær hlutabréf skuli afhent í skiptum fyrir stofnsjóðsinneign eða samvinnuhlutabréf.
9. Hvort einhverjir stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og fulltrúanefndarmenn, matsmenn eða eftirlitsaðilar njóti einhverra réttinda í hlutafélaginu.

Staðfest félagaskrá félagsins þar sem séreignarhlutur hvers félagsmanns er skilgreindur, drög að samþykktum hlutafélagsins í samræmi við lög um hlutafélög og sérfræðiskýrsla ásamt gögnum skulu einnig fylgja áætluninni sem fylgiskjöl.

Hafi verið gefin út samvinnuhlutabréf í félaginu sem ætlunin er að breyta í hlutafélag skal á fundinum enn fremur tekin afstaða til eftirfarandi:

1. Réttinda hluthafa í B-deild félagsins í hinu nýja hlutafélagi.
2. Hvernig hlutafé hins nýja félags skal skiptast á milli félagsmanna í A- deild og hluthafa í B-deild.

Ef félagsfundur samþykkir tillögu um breytingu skulu eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs boðaðir til sérstaks fundar til ákvörðunar um tillöguna. Ef tillagan hlýtur samþykki hluthafa er ráða yfir minnst $^2/_3$ hluta atkvæða sem mætt er fyrir á fundinum telst hún endanlega samþykkt.

Gerð skal sérfræðiskýrsla skv. 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þar sem fram kemur mat á fjárhæð hlutafjár samkvæmt áætluninni og eftir atvikum rökstutt álit á því hvort hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs félagsins og skiptahlutfall á milli félagsmanna og hluthafa sé eðlilegt og sanngjarnt, svo og innbyrðis milli félaganna. Þegar skiptahlutfall milli A-deildar og B-deildar er metið skal taka mið af þeim réttindum, sem aðilar hafa í samvinnufélagi, og hvaða réttindi þeir fá í hinu nýstofnaða hlutafélagi. Sérfræðiskýrslunni skulu fylgja ársreikningar félagsins fyrir síðustu tvö reikningsár, efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðinn hluta yfirstandandi reikningsárs og að auki upphafsefnahagsreikningur hins nýja félags. Um hæfi og störf sérfræðinganna gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög.

b. (61. gr. a.)

Ef félagsmenn gera grein fyrir því á félagsfundi, áður en gengið er til atkvæða um tillögu, að þeir vilji ekki gerast hluthafar í hinu nýja hlutafélagi, og ef þeir greiða atkvæði gegn tillögunni, geta þeir krafist þess að greidd verði út fjárhæð séreignarhlutar í stofnsjóði félagsins eins og hann stendur fyrir breytinguna.

Hluthafar í B-deild félags, er greitt hafa atkvæði gegn breytingartillögu, eiga kröfu á því að hlutabréf þeirra verði innleyst ef skrifleg krafa er gerð um það innan mánaðar frá því að fundurinn var haldinn. Ef þess hefur verið farið á leit við hluthafa fyrir atkvæðagreiðslu að þeir sem nota vilja innlausnarréttinn gæfu til kynna vilja sinn í því efni er innlausnarrétturinn bundinn því skilyrði að hlutaðeigendur hafi gefið yfirlýsingu þar um á fundinum. Félagið skal kaupa hlutina af þeim á verði sem svarar til verðmætis hlutanna. Sé ekki um samkomulag að ræða skal verðið ákveðið af matsmönnum, dómkvöddum á heimilisvarnarþingi félagsins. Hvor aðili um sig getur borið ákvörðun matsmanna undir dómstóla. Mál verður að höfða innan þriggja mánaða frá því að mat hefur farið fram.

Félagsmenn og hluthafar í B-deild stofnsjóðs geta krafist skaðabóta af viðkomandi félagi ef þeir hafa gert fyrirvara um það á fundi sem fjallar um breytingartillöguna enda sé skiptahlutfall á milli félagsmanna og hluthafa hvorki sanngjarnt né efnislega rökstutt.

c. (61. gr. b.)

Samvinnufélagi telst slitið og hlutafélagið stofnað þegar öll neðangreind skilyrði eru uppfyllt:

1. Breytingaráætlun hefur verið samþykkt bæði á fundi A-deildar og B-deildar.
2. Ný stjórn og endurskoðendur hafa verið kjörnir fyrir hið nýja félag nema ráð sé fyrir því gert í áætluninni að sömu aðilar og áður skipi þessar trúnaðarstöður til næsta aðalfundar.
3. Kröfur skv. 61. gr. a hafa verið útkljáðar eða fullnægjandi trygging sett fyrir þeim.

Við breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag renna öll réttindi samvinnufélagsins og skyldur til hlutafélagsins.

Tilkynna skal samvinnufélagaskrá um félagsslitin og hlutafélagaskrá um stofnun hlutafélags innan mánaðar frá því að framangreind skilyrði eru uppfyllt.

6. gr.

Við 61. gr. laganna, sem verður 62. gr. a, bætist nýr töluliður sem orðast svo: Ef endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir samvinnufélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. þó ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.

7. gr.

62. gr. laganna verður 62. gr. b.

8. gr.

Fyrirsögn XII. kafla laganna verður: **Breyting á rekstrarformi samvinnufélaga og slit samvinnufélaga.**

9. gr.

Svohljóðandi breytingar verða í lögunum á tilvísunum í endurskoðendur og skoðunarmenn, sbr. lög um endurskoðendur:

a. Í stað orðanna „löggilts endurskoðanda“ í 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. a í lögunum kemur: endurskoðanda.
b. Í stað orðanna „varastjórnarmanna og skoðunarmanna (endurskoðenda)“ í 4. tölul. 5. gr. laganna kemur: varastjórnarmanna, endurskoðenda og skoðunarmanna.
c. Í stað orðanna „skoðunarmanna, endurskoðanda“ í 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: endurskoðenda, skoðunarmanna.
d. Í stað orðanna „stjórnar og skoðunarmanna (endurskoðanda)“ í c-lið 2. mgr. 21. gr. kemur: stjórnar, endurskoðenda og skoðunarmanna.
e. Í stað orðanna „stjórnar og skoðunarmanna“ í d-lið 2. mgr. 21. gr. laganna kemur: stjórnar, endurskoðenda og skoðunarmanna.
f. Í stað orðanna „stjórnarmanna og skoðunarmanna“ í 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: stjórnarmanna, endurskoðenda og skoðunarmanna.
g. Í stað orðanna „löggilts endurskoðanda“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: endurskoðanda.
h. Í stað orðanna „skoðunarmönnum og endurskoðanda“ í 1. mgr 55. gr. laganna kemur: endurskoðendum og skoðunarmönnum, og í stað orðanna „löggiltur endurskoðandi“ í sömu málsgrein kemur: endurskoðandi.
i. Í stað orðanna „löggilts endurskoðanda“ í 2. mgr. 62. gr. laganna, sem verður 62. gr. b, kemur: endurskoðanda.
j. Í stað orðanna „löggiltur endurskoðandi“ í 4. mgr. 62. gr. laganna, sem verður 62. gr. b, kemur: endurskoðandi.
k. Í stað orðanna „skoðunarmenn og endurskoðandi“ í 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: endurskoðendur og skoðunarmenn.
l. Í stað orðanna „skoðunarmönnum og endurskoðanda“ í c-lið 1. mgr. 76. gr. laganna kemur: endurskoðendum og skoðunarmönnum.
m. Í stað orðanna „skoðunarmenn, endurskoðandi“ í 77. gr. laganna kemur: endurskoðendur, skoðunarmenn.

10. gr.

Svohljóðandi breytingar verða á millivísunum í einstökum greinum laganna:

a. Í 56. gr. laganna: „92. gr.“ verður: 70. gr.
b. Í 57. gr. laganna: „87. gr.“ verður: 65. gr.
c. Í 59. gr. laganna: „78. gr. og 79. gr.“ verður: 56. og 57. gr.

d. Í 62. gr. laganna sem verður 62. gr. b: „83. gr.“ verður: 62. gr. a.
e. Í 64. gr. laganna: „83. gr.“ verður: 62. gr. a.
f. Í 65. gr. laganna: „86. gr.“ verður: 64. gr.
g. Í 67. gr. laganna: „86. gr.“ verður: 64. gr.
h. Í 69. gr. laganna: „89. gr.“ verður: 67. gr.
i. Í 70. gr. laganna: „93. gr.“ verður: 71. gr.
j. Í 75. gr. laganna: „96. gr.“ verður: 74. gr.
k. Í 76. gr. laganna: „97. gr.“ verður: 75. gr.
l. Í 79. gr. laganna: „100. gr.“ verður: 78. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sértækt endurmat.

Samvinnufélagi er heimilt að endurmeta séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs þess fyrir árslok 2003. Þegar ákvörðun er tekin um hækkun á séreignarhlutum skal hækkunin afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins. Endurmat þetta skal byggt á verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1996, samkvæmt lögum um ársreikninga, að teknu tilliti til opinberra gjalda, sem tengd eru því ári, og varasjóðs eða fjárfestingarsjóðs sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skattalögum og ekki verið leystur upp og tekjufærður fyrir þann tíma. Ákvæði 7. mgr. 61. gr. gildir um innbyrðis skiptingu félagsmanna.

Ákvæði 4.–6. mgr. 38. gr. gilda um ákvörðun samkvæmt þessari grein.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á vettvangi samvinnufélaga hefur að undanförnu farið fram mikil umræða um skipulagsþróun og framtíðarhæfni samvinnufélaganna. Þróun byggðar og atvinnurekstrar hefur sniðið samvinnufélögum þrengri stakk en áður og heimildir núgildandi laga til að afla fjármagns á markaði með útgáfu B-deildarhluta hefur ekki reynst samvinnufélögunum eins og ætlunin var. Nokkur samvinnufélög hafa þegar ákveðið að stofna hlutafélög um einstaka þætti í rekstri sínum til að bregðast við breyttum aðstæðum. Hafa Vinnumálasambandið og Samband íslenskra samvinnufélaga þrýst á það við stjórnvöld að þau taki lög um samvinnufélög til endurskoðunar með það í huga að færa samvinnufélögum auknar heimildir til þess að bregðast við þessum breyttu aðstæðum og auka samkeppnishæfni sína.

Í ljósi þessarar umræðu skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að gera tillögur að breytingum á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, sem miðuðu að því að auka í lögum svigrúm til breytinga á rekstrarumgjörð samvinnufélaga. Nefndin var skipuð með bréfi, dags. 5. nóvember 1998. Í hana voru skipaðir Geir Geirsson, löggiltur endurskoðandi, Jóhannes Sigurðsson hæstaréttarlögmaður og Páll Gunnar Pálsson, þáverandi deildarstjóri viðskiptaráðuneytisins. Frumvarp þetta hefur að geyma tillögur nefndarinnar með nauðsynlegum breytingum vegna athugasemda fjármálaráðuneytisins, auk þess sem tækifærið hefur verið notað til að bæta við ákvæði um möguleika til slita á samvinnufélagi vegna vanskila á sendingu ársreikninga, leiðrétta millivísanir í lagagreinum og taka upp aðgreiningu laga um ársreikninga í endurskoðendur og skoðunarmenn.

Kveðið er á um starfsemi samvinnufélaga með sérstökum lögum, nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum. Lögin fólu í sér endurskoðun á fyrri löggjöf um samvinnufélög sem var að stofni til frá árinu 1921. Nýju lögunum var ætlað að treysta starfsgrundvöll samvinnufélaga. Meðal annars var kveðið á um heimild til útgáfu og sölu á svokölluðum B-deildarhlutum en með þeirri heimild var ætlunin að laða að aukið fjármagn sem lyti sambærilegum lögmálum og eignarhlutur í hlutafélagi. Nokkur samvinnufélög hafa nýtt sér þessa heimild en bréfin hafa ekki náð að vinna sér sess á markaði og hafa því ekki reynst samvinnufélögunum það tæki sem ætlunin var.

Einn vandi samvinnufélaga er að ekki hefur tekist að viðhalda eða byggja upp eigendavitund á meðal félagsmanna sem talin er nauðsynlegur bakhjarl í rekstri fyrirtækja. Stofnsjóðir samvinnufélaga hafa rýrnað þannig að varla er lengur um að ræða raunverulegt eða eiginlegt eigendafjármagn í þessum fyrirtækjum. Aðeins brot af eigin fé félaganna er beint tengt félagsmönnum og eigendavitund skortir því. Árið 1996 var eigið fé kaupfélaganna um 30% af eignum en stofnsjóður að jafnaði aðeins um 3% af eignunum. Af þessu leiðir að ekki er unnt að leggja viðskiptalegt mat á fyrirtækin og félagsaðilar hafa almennt ekki skýra og beina hagsmuni af arði eða batnandi afkomu fyrirtækjanna.

Til þess að bregðast við þessu hefur verið bent á að nauðsynlegt sé að auka heimildir samvinnufélaga til að gera breytingar á stofnsjóði til lækkunar eða hækkunar og jafnframt að gera þurfi breytingar á skattalögum til að gera þetta kleift, m.a. þannig að hækkun séreignarhluta félagsaðila teljist ekki til skattskyldra tekna. Enn fremur hefur verið bent á að eðlilegt sé að heimila samvinnufélögum að gera breytingar á rekstrarformi sínu og reka samvinnufélag í formi hlutafélags. Vakin hefur verið athygli á því í þessu sambandi að víða um lönd, þar sem samvinnufélög hafa starfað, gilda ekki um þau sérstök lög og má í því efni nefna Danmörku. Þar er rekstur samvinnufélaga ekki bundinn við tiltekið rekstrarform heldur er heimilt að velja um mismunandi form sem samsvara ýmist íslensku sameignarfélagi eða hlutafélagi. Mörg samvinnufyrirtæki Dana eru rekin í formi hlutafélaga, með samvinnueinkenni sem ákvörðuð eru í samþykktum fyrirtækjanna.

Á grundvelli núgildandi hlutafélagalaga er unnt að varðveita ýmis þau einkenni sem samvinnufélög hafa. Má þar nefna eftirfarandi atriði:

— Í tilgangsákvæði samþykkta hlutafélags er unnt að setja félaginu starfsramma. Slíkt ákvæði gæti geymt svipuð markmið og núverandi samvinnufélög starfa eftir.
— Samkvæmt hlutafélagalögum er heimilt að mæla fyrir um að hlutir í hlutafélögum hafi mismunandi atkvæðisrétt og er raunar heimilt að hafa hluti í félaginu án atkvæðisréttar. Þannig væri unnt að láta hluti í einum flokki hafa atkvæðisrétt en hluti í öðrum vera án atkvæðisréttar.
— Þá má með flokkaskiptingu hluta mæla fyrir um mismunandi rétt til arðgreiðslna, úthlutun við slit o.fl. Þannig mætti ná fram svipaðri niðurstöðu og gildir nú um forgangsréttindi B-hluta í samvinnufélögum.

Með þessum ákvæðum og ýmsum öðrum heimildum hlutafélagalaga, t.d. um innlausnarrétt að hlutum, er unnt að skipuleggja hlutafélag með þeim hætti að það hafi mörg einkenni samvinnufélaga.

Með hliðsjón af framansögðu er frumvarp þetta er samið. Markmið þess er að auka möguleika samvinnufélaga til þess að bregðast við breyttum aðstæðum.

Rétt er að leggja áherslu á að ekki er með frumvarpinu gert ráð fyrir lögþvinguðum breytingum á rekstri einstakra samvinnufélaga heldur bent á færar leiðir sem opnar eru félagsmönnum til frjálsrar ákvörðunar. Í frumvarpinu er enn fremur mælt fyrir um hvernig staðið

skuli að breytingum, hvernig ákvarðanir skuli teknar og hver réttindi einstakra aðila skuli vera.

Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

— Heimilað verði að hækka séreignarhluti félagsaðila til þess að stofnsjóðir samvinnufélags endurspegli betur eigið fé félags. Kveðið er á um hvernig að slíkri hækkun verði staðið.
— Heimilað verði að lækka A-deild eða B-deild stofnsjóðs samvinnufélags. Heimildinni er m.a. ætlað að opna fyrir möguleika til að greiða til félagsaðila og eigenda hluta í B-deild hluti þeirra í stofnsjóði ef ástæða þykir til, t.d. vegna þess að félagið hafi selt hluta af starfsemi sinni og hafi því ekki þörf fyrir það fjármagn sem er til í félaginu.
— Heimilað verði að breyta samvinnufélagi í hlutafélag. Kveðið er á um hvernig að breytingunni verði staðið, m.a. hvernig ákvörðun um breytinguna verði tekin. Þá er sérstaklega kveðið á um réttindi stofnsjóðsaðila sem lýst hafa sig andvíga breytingunum.

Frumvarpi þessu fylgir jafnframt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skattalögum er m.a. fela í sér að hlutabréf, sem félagsaðilar eða eigendur samvinnuhlutabréfa í B-deild fá sem gagngjald fyrir séreignarhlut eða samvinnuhlutabréf, skuli ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur. Einnig er kveðið á um að hækkun séreignarhluta félagsaðila teljist ekki til skattskyldra tekna og hvernig reikna skuli kaupverð hlutabréfa sem aðili hefur eignast við breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari breytingu á 3. gr. laganna er verið að gera þeim samvinnufélögum, sem hafa orðið kaupfélag óstytt í nafni sínu, kleift að halda því orði, skrifuðu fullum fetum, í nafni hlutafélags eftir breytingu samvinnufélagsins í hlutafélag skv. XII. kafla og varðveita þannig hugsanlega viðskiptavild er tengist starfsemi viðkomandi kaupfélags. Skammstöfunina kf. mætti samkvæmt þessu ekki nota eftir breytinguna.

Um 2. gr.

Í þessari grein er tilvísun í lagagrein umskrifuð.

Um 3. gr.

Með þessari viðbót við 38. gr. samvinnufélagalaga er lagt til að unnt verði að hækka séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs. Eins og áður hefur komið fram hafa stofnsjóðsinneignir félagsaðila rýrnað mjög í gegnum árin þar sem ávöxtun þeirra hefur um langt skeið verið mun lægri en verðbreytingar í þjóðfélaginu. Stofnsjóðsinneignir félagsmanna eru í dag einungis lítill hluti af eigin fé samvinnufélaga. Með þessari heimild er stefnt að því að skerpa eignarvitund félagsaðila þannig að hlutdeild þeirra í stofnsjóði endurspegli a.m.k. að einhverju marki eigið fé félagsins. Við ákvörðun á því hversu mikið megi hækka A-deild stofnsjóðs verður að hafa í huga að hækkunarheimildin takmarkast samkvæmt ákvæðum 54. gr. og jafnframt verður að gæta þess að jafnvægi sé á milli A-deildar og B-deildar í félaginu.

Til þess að samþykkja breytingu af þessu tagi þarf samþykki aukins meiri hluta á félagsfundi ($^2/_3$ hlutar greiddra atkvæða) og að auki samþykki $^2/_3$ eigenda að hlutafé í B-deild stofnsjóðs. Samkvæmt núgildandi lögum um samvinnufélög er einungis heimilt að greiða út stofnsjóðsinneignir við tilteknar aðstæður, t.d. við andlát félagsaðila, við 70 ára aldur og þegar félagsaðili flytur af starfssvæði félagsins. Til þess að tryggja að eigið fé samvinnufélags verði

ekki greitt út úr því eftir hækkun séreignarhluta er mælt fyrir um það í ákvæðinu að eingöngu sé heimilt að gera þessa breytingu ef stofnuð hefur verið B-deild stofnsjóðs í félaginu. Við hækkun séreignarhluta í A-deild stofnsjóðs færist sá hlutur í B-deild stofnsjóðs og fá félagsaðilar hluti í B-deild, samvinnuhlutabréf, sem svara til hækkunarinnar. Það ræðst síðan af markaðsverði samvinnuhlutabréfanna hvert endurgjald félagsaðili fær fyrir hlut sinn í stofnsjóði ef hann ákveður að selja hlutinn. Hækkun samkvæmt ákvæðum þessarar greinar telst ekki raska réttarsambandi á milli félagsmanna og eigenda hluta í B-deild.

Þá mælir ákvæðið fyrir um það að við ákvörðun um hækkun þurfi að taka ákvörðun um hvert eigi að vera skiptahlutfall milli hluta í A-deild og B-deild. Um þá ákvörðun gilda sömu reglur og lagt er til að gildi um breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag, þ.e. að gerð er svokölluð sérfræðiskýrsla til þess að meta hvort skiptahlutfallið sé eðlilegt og sanngjarnt. Nánar verður vikið að þessari sérfræðiskýrslu í umfjöllun um breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag.

Eitt einkenna samvinnufélaganna er það jafnræði sem ríkja skal milli félagsmanna og m.a. endurspeglast í jöfnum atkvæðisrétti þeirra. Við hækkun stofnsjóðsins kann því að þykja eðlilegt að nokkuð af hækkuninni skiptist jafnt milli allra sem félagsréttindi hafa en að öðru leyti sé hækkunin reiknuð í takt við einstakar stofnsjóðsfjárhæðir og að teknu tilliti til þess hve lengi þær hafa staðið inni hjá félaginu.

Hér eru lögð til sams konar ákvæði og í 43. gr. laga um hlutafélög um hækkun hlutafjár af útgreiðanlegu eigin fé hlutafélags. Hjá samvinnufélögum hefur ekki verið heimilt að greiða út tekjuafgang nema í formi tillags í hlutfalli við viðskipti til stofnsjóðs og með því að vaxtareikna og verðbæta stofnsjóðinn af óskiptum hagnaði. Er því skilgreint í þessari grein af hvaða fjárhæðum endurmeta megi stofnsjóði félagsmanna og greiða þeim út í formi B-deildar samvinnuhlutabréfa. Slík arðsúthlutun hlutafélaga hefur ekki í för með sér skattlagningu hjá hlutaðeigandi fyrr en við endursölu hlutarins. Er lagt til að sama verði leyft hjá samvinnufélögum.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem mælir fyrir um breytingar á skattalögum af þessu tilefni, er kveðið á um í 2. gr. að hækkun séreignarhluta skv. 38. gr. laga um samvinnufélög (3. gr. frumvarps þessa) teljist til skattskyldra tekna hjá eigendum stofnsjóðs við endursölu samvinnuhlutabréfa sem þeim hafa verið afhent samkvæmt þessari grein, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 4. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að heimilað verði að lækka stofnsjóði í samvinnufélögum með svipuðum hætti og heimilt er með hlutafé í hlutafélögum. Markmiðið með þessari heimild er að gefa samvinnufélögum kost á að greiða út til félagsaðila eða eigenda hluta í B-deild fjármuni sem félagsmenn telja ekki ástæðu til þess að nýta í rekstri félagsins. Getur þetta t.d. átt við þegar samvinnufélag hefur selt hluta af starfsemi sinni og ekki þykir ástæða til þess að nýta þá fjármuni sem fengist hafa við slíka sölu til annars rekstur félagsins. Með þessari heimild væri samvinnufélagi einnig unnt að greiða félagsaðilum og eigendum hluta í B-deild út hlutafé í dótturfélagi sem samvinnufélag hefði stofnað um einhvern þátt í starfsemi sinni í þeim tilgangi að treysta eignarvitund þessara aðila gagnvart þeirri starfsemi. Þá væri unnt að nýta þessa heimild til þess að fella niður B-deild stofnsjóðs með því að greiða út alla hluti í B-deild.

Reglunum um lækkun stofnsjóðs svipar mjög til þeirra reglna sem gilda um sambærilegar heimildir í hlutafélagalögum og má um skýringu þeirra vísa til athugasemda við þau ákvæði. Af þeirri ástæðu þykir ekki tilefni til þess að skýra þetta ákvæði út frekar.

Lækkun samkvæmt ákvæðum þessarar greinar telst ekki raska réttarsambandi á milli félagsmanna og eigenda hluta í B-deild.

Um 5. gr.

Um a-lið (61. gr.).

Með nýju ákvæði 61. gr. er mælt fyrir um heimild til þess að breyta samvinnufélagi í hlutafélag samkvæmt lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Til þessara breytinga þarf samþykki sama fjölda félagsmanna og almennt þarf til breytinga á samþykktum félags og slita á því. Þá er einnig í 6. mgr. ákvæðisins mælt fyrir um að afla þurfi samþykkis eigenda $^2/_3$ hluta í B-deild stofnsjóðs svo að slík ákvörðun verði gild. Eðlilegt er að gera kröfu um aukinn meiri hluta við þessar kringumstæður en ekki krefjast samþykkis allra. Þótt um mjög veigamikla breytingu sé að ræða á félaginu er félagið hins vegar áfram starfandi en lýtur nokkuð öðrum reglum um skipulag, stjórnun og fjárhagslega uppbyggingu. Breyting samkvæmt ákvæðum þessarar greinar telst ekki raska réttarsambandi á milli félagsmanna og eigenda hluta í B-deild.

Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að félagaskrá verði lokað þegar stjórn samvinnufélags hefur samþykkt tillögu um breytingu af þessum toga. Er þetta einkum gert með það í huga að fyrir liggi hverjir séu félagsmenn þegar félagsfundur tekur ákvörðun um breytingu og jafnframt til þess að hindra að nýir félagsmenn gangi í félagið til þess að afla sér hagsmuna sem verða til við þessa breytingu. Þá kemur ákvæðið í veg fyrir að greiddir séu út séreignarhlutar í A-deild sem yrðu hugsanlega mun meira virði við þessa breytingu. Til þess að tryggja að óvissuástand, sem óhjákvæmilega fylgir stjórnarákvörðun um tillögu til breytingar, standi ekki lengi er mælt fyrir um að félagsfund þurfi að halda innan mánaðar frá því að stjórn hefur tekið ákvörðun.

Þegar stjórnin tekur ákvörðun þarf hún jafnframt að samþykkja áætlun um breytingu félagsins. Í áætluninni þarf stjórnin að skýra út ástæður fyrir tillögunni og setja fram röksemdir um kosti hennar og galla, svo og þær breytingar sem hún hefur í för með sér varðandi réttindi félagsaðila og eigenda hluta í B-deild. Í 3. mgr. ákvæðisins eru talin upp þau atriði sem ávallt þarf að fjalla um í áætluninni. Þessi atriði lúta einkum að réttindum félagsaðila, eigenda hluta í B-deild og trúnaðarmanna í hinu breytta félagsformi, svo og tímamörkum áætlunarinnar um það hvenær félagið telst breytt. Áður er rakið að með flokkaskiptingu á hlutafé í félagi er unnt að mæla fyrir um mismunandi atkvæðisrétt, arðsrétt og réttindi til úthlutunar við slit á félagi. Gera má ráð fyrir að í a.m.k. einhverjum tilvikum þyki félagsmönnum eðlilegt að halda einkennum samvinnufélags í hlutafélaginu með slíkum flokkaskiptingum. Ef í samvinnufélagi er starfandi B-deild þarf sérstaklega að fjalla um réttindi hluthafa í B-deild og skiptahlutfall á milli félagsaðila og eigenda hluta í B-deild. Mikilvægt er að tillaga um innbyrðis skiptingu hlutafjár milli félagsmanna sé vel rökstudd með tilliti til almennra sjónarmiða um jafnræði auk sjónarmiða um réttindi í samvinnufélagi.

Með 3. tölul. 3. mgr. er verið að leggja til að hlutafé hlutafélagsins við stofnun þess verði eingöngu endurmetinn stofnsjóður A-deildar og samvinnuhlutabréf B-deildar. Ekki er átt við að nafnverð hlutafjár verði að vera jafnt samanlögðum A-deildar stofnsjóði og B-deildar samvinnuhlutabréfum. Hlutabréfin er t.d. hægt að afhenda á yfirverði. Stofnverð bréfanna við endursölu verður engu að síður miðað við endurmetið verðmæti A-deildar stofnsjóðs og B-deildar.

Þá er mælt fyrir um það að með áætluninni þurfi að fylgja tiltekin gögn. Markmiðið með gerð áætlunarinnar og framlagningu hennar og gagna er að tryggja félagsaðilum og eigendum

hluta í B-deild fullnægjandi upplýsingar um tillöguna til þess að þeir geti mótað sér skoðun á því hvort samþykkja beri hana.

Til þess að tryggja að hlutlaust álit liggi fyrir um það hvort ákvörðun stjórnar um hlut og réttindi félagsaðila og eigenda hluta í B-deild í hinu nýja félagi sé sanngjörn og efnislega rökstudd er gert ráð fyrir að útbúin sé sérfræðiskýrsla um þetta efni. Þannig er tryggt að hluta-eigandi fái ekki einungis skoðanir og álit trúnaðarmanna félagsins á þessu mikilvæga málefni heldur einnig álit hlutlauss utanaðkomandi aðila. Styrkir þetta mjög framkvæmd breytinga af þessum toga. Um gerð sérfræðiskýrslunnar og hæfi manna til þess starfa gilda ákvæði hlutafélagalaga, nr. 2/1995. Í ákvæðinu er einnig tekið fram til hvaða þátta eigi helst að líta við ákvörðun á skiptahlutfalli en þau atriði eru ekki tæmandi þar sem þau félög, sem falla undir samvinnufélagalögin, eru mjög mismunandi að gerð. Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um þau gögn sem fylgja eiga sérfræðiskýrslunni. Þegar kemur að því að breyta samvinnufélagi í hlutafélag eftir að endurmat hefur farið fram og yfirfærsla stofnsjóðs A-deildar og samvinnuhlutabréfa B-deildar félagsaðila í stað hlutabréfa í hlutafélaginu kemur til kasta sérfræðinganna að meta gagngjald þessara B-hluta og stofnsjóðs fyrir hlutabréf.

Í ákvörðun um breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag felst jafnframt venjulega ákvörðun um hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs. Slík ákvörðun er þá hluti af ákvörðun um breytingu í hlutafélag. Hafi hins vegar verið tekin sjálfstæð ákvörðun um hækkun séreignarhluta félagsaðila skv. 3. gr. þessa frumvarps er síðari ákvörðun um breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag tekin á grundvelli réttarstöðu félagsaðila í A- og B-deild við síðari ákvörðunina.

Um b-lið (61. gr. a).

Í nýrri 61. gr. a eru ákvæði sem ætlað er að tryggja réttindi þeirra aðila sem ekki vilja vera hluthafar í félagi eftir að samvinnufélagi hefur verið breytt í hlutafélag. Ákvæðum þessum, sem mæla fyrir um innlausnarrétt og rétt til skaðabóta, svipar til ákvæða hlutafélagalaga um minnihlutavernd við samruna hlutafélaga.

Til þess að öðlast rétt til innlausnar verður félagsaðili að hafa sett fram þá kröfu á fundi, sem fjallar um ákvörðunina, og jafnframt að greiða atkvæði gegn tillögunni. Gert er ráð fyrir því að þeir félagsaðilar, sem nýta sér þennan rétt, fái í sinn hlut verðmæti hlutar eins og hann var í samvinnufélaginu en ekki það verðmæti sem þeir hefðu fengið í hlutafélaginu. Þykir þetta eðlilegt í ljósi þess að viðkomandi aðili vill ekki una því að öðlast þau réttindi sem aðrir fá í hlutafélaginu. Um eigendur hluta í B-deild gilda að nokkru frábrugðnar reglur sem taka mið af því að einkenni þeirrar aðildar að félagi eru nær því sem gerist um hluti í hlutafélagi.

Ákvæðið í 3. mgr. um skaðabótarétt á einungis við ef aðili telur að brotið hafi verið á honum við ákvörðun á skiptahlutfalli milli A-deildar og B-deildar. Til þess að öðlast rétt á skaðabótum verða aðilar að sanna að skiptahlutfallið hafi verið ósanngjarnt og ekki efnislega rökstutt.

Um þessi ákvæði vísast að öðru leyti til athugasemda við sambærileg ákvæði í frumvarpi til laga um hlutafélög.

Um c-lið (61. gr. b).

Í nýju ákvæði sem yrði 61. gr. b er skilgreint með nánari hætti hvenær samvinnufélaginu telst slitið og hvenær hlutafélagið telst stofnað. Uppfylla þarf þrjú skilyrði áður en endanleg breyting verður, þ.e. samþykkt áætlunar bæði á félagsfundi og fundi eigenda í B-deild, að kosningu trúnaðarmanna sé lokið og að kröfur vegna minnihlutaverndar skv. 61. gr. a hafi verið útkljáðar eða a.m.k sett trygging fyrir slíkum kröfum.

Þar sem samvinnufélagið öðlast í raun nýtt líf í hlutafélagaforminu mælir ákvæðið fyrir um að öll réttindi og skyldur samvinnufélagsins renni til hlutafélagsins án þess að til sérstakra viðbótargerninga komi.

Þá þarf að tilkynna um breytinguna til samvinnufélagaskrár og hlutafélagaskrár.

Um 6. gr.

Þar eð ný ákvæði koma inn í samvinnufélagalögin samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að númeraröð gildandi 61. og 62. gr. í samvinnufélagalögum breytist í samræmi við þessa og næstu grein. Númeraröð greina í lögunum helst óbreytt að öðru leyti. Þá er í greininni lagt til að sambærileg heimild verði til slita á samvinnufélögum og á hluta- og einkahlutafélögum ef ársreikningar eru ekki sendir stjórnvöldum eins og kveðið er á um í lögum um ársreikninga.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í greininni er gerð tillaga um notkun hugtakanna endurskoðandi og skoðunarmaður með sama hætti og gert er í lögum um ársreikninga. Hugtakið endurskoðandi var áður víðtækara og tók bæði til löggiltra endurskoðenda (nú endurskoðenda) og annarra endurskoðenda (nú skoðunarmanna).

Um 10. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að leiðrétta millivísanir í lagagreinum vegna fyrri breytinga á lögunum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að heimilað verði sértækt endurmat sem er frábrugðið endurmati sem lagt er til í 3. gr. frumvarpsins. Endurmat þetta verður að fara fram fyrir árslok 2003 ef félagið vill nota sér heimildina. Þessi tillaga sækir að nokkru fyrirmynd sína til heimildar hlutafélaga og einkahlutafélaga til að gefa út jöfnunarhlutabréf og reikna út jöfnunarverðmæti útgefinna hluta og hlutabréfa í árslok 1996. En vegna eðlis samvinnufélaga var ekki horft til endurmats ársins 1978, eins og hjá hlutafélögum og einkahlutafélögum, og hlutfallslegri hækkun frá því mati á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félagsins í árslok 1996 sem takmarkast við almennar verðhækkanir sama tímabils. Langt er um liðið og því gæti verið vandkvæðum bundið að fá upplýsingar frá þeim tíma og reikna út hliðstætt endurmat fyrir samvinnufélög.

Gert er ráð fyrir að sams konar reglur gildi um ráðstöfun hækkunarinnar í B-deild stofnsjóðs og skiptahlutfalls milli félagsaðila og fram koma í 3. gr. frumvarpsins. Samvinnufélögin eru mörg hver gömul félög, þau elstu hafa starfað í meira en eina öld, og núverandi félagsmenn eiga sumir stofnsjóðsinnstæður sem myndast hafa á löngum tíma, e.t.v. 60–70 árum. Stofnsjóðurinn er ekki fastur fjárstofn, líkt og hlutafé, heldur breytist hann fyrir áhrif tilfallandi innborgana, svo sem þegar tekjuafgangur eða arður er greiddur í stofnsjóð í hlutfalli við viðskipti viðkomandi. Reiknaðir vextir hafa einnig einhver áhrif en yfirleitt hafa þeir verið

lágir, svo sem rýrnun innstæðnanna gefur til kynna. Ekki eru gefin út skírteini um innstæðuna eins og gert er í hlutafélögum með útgáfu hutabréfa heldur haldið utan um þær í bókhaldi samvinnufélagsins. Um geymslutíma fylgiskjala og reikninga gilda þá ákvæði bókhaldslaga þannig að í sumum tilvikum kann að verða erfitt að rekja nákvæmlega gamlar hreyfingar reikninga. Nokkur vandkvæði eru því fyrirsjáanleg á því að reikna út með mikilli nákvæmni framreiknað verðmæti einstakra stofnsjóðsinnstæðna. Því er ekki talið mögulegt að gera að skilyrði fyrir hækkuninni að allar innborganir hvers félagsmanns framreiknist frá raunverulegum innborgunardegi.

Hér er eins og með breytingu á 38. gr. laganna um grundvallarbreytingu að ræða hjá samvinnufélögum um endurmat stofnsjóðs og afhendingu hækkunar í formi B-deildar samvinnuhlutabréfa til frjálsrar meðferðar hjá félagsaðilum og því rétt að ákvæði um það sé í lögum um samvinnufélög. Gert er ráð fyrir því að ákvæði verði í lögum um tekju- og eignarskatt um skattfrelsi afhendingarinnar til félagsaðila og jafnframt að verðmæti þannig metins stofnsjóðs félagsins verði jafnframt stofnverð B-deildar samvinnuhlutabréfanna og þannig stofnverð nýrra hlutabréfa ef samvinnufélagi verður breytt í hlutafélag.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að auðvelda að breyta samvinnufélögum í hlutafélög og heimila að stofnsjóðir félagsmanna endurspegli betur eigið fé félags.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

833. Frumvarp til laga [532. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum (innlánsdeildir).

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

2. gr. a laganna orðast svo:

Heimilt er samvinnufélagi, að fullnægðum skilyrðum sem talin eru upp í 2. mgr., að starfrækja innlánsdeild sem tekur við innlögum frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum til ávöxtunar sem rekstrarfé félagsins. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykkta.

Skilyrði fyrir því að samvinnufélag megi starfrækja innlánsdeild eru:

1. Að eigið fé félagsins sé minnst 100 milljónir króna og hlutfall eigin fjár þess af heildareignum eigi lægra en 15% eftir að frá eigin fé og heildareignum hefur verið dregið bókfært virði óskráðra eignarhluta og kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög. Sé saminn sam-

stæðureikningur gildir eiginfjárkrafan fyrir samstæðuuppgjörið eingöngu. Samvinnufélög skulu hafa aðlagað sig þessu skilyrði eigi síðar en 31. desember árið 2001 fullnægi félagið ekki skilyrðinu þegar við gildistöku laganna. Eiginfjárhlutfall félaga, sem fullnægja ekki skilyrðinu við gildistöku laganna, skal eigi vera lægra en 18% á aðlögunartímanum. Fullnægi samvinnufélag ekki þessum skilyrðum er viðskiptaráðherra heimilt að veita félaginu frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að fyrrgreindum lágmörkum. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að þrjá mánuði.

2. Að endurskoðun á reikningum félagsins sé í höndum endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
3. Að félagið sé aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Samþykktir sjóðsins skulu staðfestar af viðskiptaráðherra. Í samþykktum skal m.a. kveðið á um eignarhald á sjóðnum og ráðstöfun eigna hans til samvinnufélaga við slit á honum eða slit á innlánsdeild.

Til tryggingar fyrir fé því sem lagt er í innlánsdeild eru eignir félagsins, þar með talin eign í Tryggingarsjóði innlánsdeilda og ábyrgð félagsmanna skv. 18. gr.

Óheimilt er innlánsdeild að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en um getur í 1. mgr. og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi innlánsdeilda samvinnufélaga samkvæmt þessari grein. Hver innlánsdeild skal senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningstímabils og hálfsársuppgjör eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok reikningstímbils. Hálfsársuppgjör skal vera áritað af löggiltum endurskoðanda sem endurskoðað eða kannað. Um eftirlitið gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tryggingarsjóður innlánsdeilda er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti. Skattfrelsi samkvæmt þessari málsgrein gildir einnig fyrir álagningu tekjuskatts og eignarskatts árin 1998 og 1999.

2. gr.

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum orðast svo:

Ákvæði 2. gr. a skal taka til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar 2003.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 2. gr. a í lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, er samvinnufélagi heimilt að starfrækja innlánsdeild að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði sömu laga skal taka nefnt ákvæði laganna til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar árið 2000. Hin tilvitnuðu ákvæði laganna voru sett með lögum nr. 84/1993, um breytingu á lögum nr. 22/1991. Voru þau sett á grundvelli endurskoðunar sem kveðið var á um í þágildandi lögum.

Hinn 5. nóvember 1998 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að endurskoða fyrrgreint ákvæði 2. gr. a í lögunum um samvinnufélög. Var nefndinni falið að taka til umfjöllunar hlutverk innlánsdeilda í því fjármálaumhverfi, sem nú er að þróast, og rekstrarforsendur þeirra miðað við líklega þróun í starfsemi samvinnufélaga og almennt á fjármagnsmarkaði. Þá var nefndinni ætlað að gera tillögur um breytingar á löggjöf í samræmi við niðurstöður sínar.

Í nefndina voru eftirtaldir skipaðir: Eiríkur S. Jóhannsson kaupfélagsstjóri og Ingi Már Aðalsteinsson kaupfélagsstjóri, báðir tilnefndir af Tryggingarsjóði innlánsdeilda, Ragnar Hafliðason, þáverandi forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, síðar aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Páll Gunnar Pálsson, þáverandi deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, síðar forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Páll var skipaður formaður nefndarinnar.

Eins og áður segir var ákvæðum um innlánsdeildir samvinnufélaga síðast breytt með lögum nr. 84/1993. Þá voru sett skýrari skilyrði um starfsemina en áður. Þannig voru sett ákvæði um lágmark eigin fjár (100 millj. kr.) og tiltekið eiginfjárhlutfall (18%). Þá var kveðið á um að endurskoðun á reikningum félagsins skyldi vera í höndum löggilts endurskoðanda og að félagið skyldi vera aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að fyrrgreindum lögum nr. 84/1993 kemur fram að innlánsdeildir samvinnufélaga varðveittu samtals 2.176 millj. kr. í árslok 1991 en þá voru starfandi innlánsdeildir við 20 samvinnufélög. Sjö stærstu innlánsdeildirnar varðveittu samtals 1.538 millj. kr. og námu heildarinnlegg í hverri þeirra frá 176 til 539 millj. kr. Í árslok 1991 nam hlutdeild innlánsdeildanna 20 um 1,4% af heildarinnlánum innlánsstofnana. Til samanburðar eru nú starfandi innlánsdeildir við 10 samvinnufélög með innlán að fjárhæð samtals 2.063 millj. kr. í árslok 1998 eða 0,9% af heildarinnlánum innlánsstofnana. Innlán sjö stærstu innlánsdeildanna námu þá samtals 1.954 millj. kr. með heildarinnlegg í einstökum deildum á bilinu 93 til 600 millj. kr.

Frá síðustu endurskoðun á ákvæðum um innlánsdeildir hafa aðstæður á fjármagnsmarkaði breyst verulega. Frá árinu 1993 hafa lög og reglur um starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana sætt endurskoðun frá grunni. Breytingarnar hafa fyrst og fremst miðað að því að auka öryggi innlánseigenda og annarra viðskiptamanna fjármálafyrirtækja. Á sama tíma hefur samkeppni milli fjármálafyrirtækja stóraukist. Jafnframt hefur þjónusta, sem veitt er af fjármálafyrirtækjum, tekið stökkbreytingum. Liður í samkeppni er að geta boðið upp á fjölþætta fyrsta flokks þjónustu sem löguð er að þörfum hvers viðskiptamanns.

Samdráttur í starfsemi innlánsdeilda miðað við heildarinnlán innlánsstofnana og þær breytingar á fjármagnsmarkaði, sem hér eru raktar, sýna að stöðu innlánsdeilda samvinnufélaga hefur hrakað á síðustu árum í samanburði við viðskiptabanka og sparisjóði. Rökstyðja má að innlánsdeildirnar þjóni ekki þeim þörfum í fjármálaþjónustu sem gerðar eru kröfur um, auk þess sem hagsmunir innlánseigenda séu ekki varðir með sama hætti og í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Nýleg dæmi eru um erfiðleika í starfsemi samvinnufélags þar sem reynir á tryggingaskyldu Tryggingarsjóðs innlánsdeilda til að vernda fjárhagslega hagsmuni viðskiptamanna félagsins.

Í þessu ljósi er tæpast lengur hægt að líta á innlánsstarfsemi samvinnufélaga sem framtíðarleið fyrir samvinnufélög á fjármagnsmarkaði. Rétt er að benda á að innlánsstarfsemi er almennt talin fara illa saman við annan atvinnurekstur. Þannig hafa viðskiptabönkum og sparisjóðum verið settar þröngar takmarkanir varðandi aðra starfsemi en afmarkaða fjármálastarfsemi.

Við síðustu endurskoðun ákvæða um innlánsdeildir var horft til þess að reynsla af nýfengnum heimildum til útgáfu samvinnuhlutabréfa kynni að breyta afstöðu stjórnenda samvinnufélaga til reksturs innlánsdeilda. Útgáfa samvinnuhlutabréfa hefur ekki reynst samvinnufélögum sú lyftistöng sem menn væntu. Undanfarin missiri hefur þeirri skoðun aukist fylgi að opna þurfi leið til að breyta samvinnufélögum í hlutafélög. Einnig hefur verið bent á að auðvelda þurfi samvinnufélögum að hækka séreignarhluti félagsaðila til þess að stofnsjóðir endurspegli betur eigið fé félaganna. Með því kynni vægi B-deilda og þar með samvinnuhlutabréfa að aukast. Viðskiptaráðherra skipaði sérstakan starfshóp til að gera tillögur

að breytingum á lögum um samvinnufélög sem miðuðu að þessu og hefur hópurinn nýlega skilað niðurstöðum sínum. Er þeim tillögum fylgt í grundvallaratriðum í frumvarpi þessu.

Nefndin tók til umfjöllunar hvort efni væru til þess að setja í lög einhvers konar sólarlagsákvæði í því skyni að binda enda á starfsemi innlánsdeilda. Ljóst er að móttaka innlána hefur enn verulega þýðingu í rekstri einstakra samvinnufélaga. Jafnframt verður ekki talið að innlánseigendum margra innlánsdeilda sé sérstök hætta búin af áframhaldandi starfsemi þeirra. Í umfjöllun nefndarinnar kom hins vegar fram að sum samvinnufélaganna séu að kanna leiðir til þess að selja frá sér starfandi innlánsdeildir til viðskiptabanka eða sparisjóða. Telur nefndin rétt að gefa samvinnufélögum ráðrúm til slíkra ráðstafana án þess að setja þeim tímamörk í því sambandi.

Nefndarmenn voru hins vegar sammála um að full ástæða væri til að endurskoða ákvæði um innlánsdeildir, m.a. í því skyni að setja samvinnufélögum þrengri skilyrði og tryggja virkara eftirlit en áður. Varð nefndin ásátt um að leggja til eftirfarandi breytingar á lögunum:

1. Í gildandi lögum er kveðið á um að hlutfall eigin fjár samvinnufélags af heildareignum skuli eigi vera lægra en 18%. Við útreikning þessa hlutfalls geta óskráðir eignarhlutir og kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög haft verulega þýðingu. Reynslan sýnir hins vegar að þessar eignir samvinnufélaga geta reynst fallvaltar. Þótt vissulega sé það ekki algildur mælikvarði á styrk félaga hvort þau eru skráð eða óskráð leiðir það af eðli máls að upplýsingar um rekstur skráðra félaga eru eigendum þeirra, eftirlitsaðilum og almenningi aðgengilegri en óskráðra. Því er að mati nefndarinnar eðlilegt að draga frá óskráða eignarhluti og kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög við útreikning eiginfjárhlutfalls. Augljóst er að slíkur mælikvarði er til þess fallinn að vara stjórnendur samvinnufélaga og Fjármálaeftirlitið við fyrr en ella og gefa þannig frekara ráðrúm til að tryggja hagsmuni innlánseigenda.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd eiginfjárhlutföll þeirra samvinnufélaga sem voru með minna en 25% í eiginfjárhlutfall samkvæmt gildandi reglum í árslok 1998 og til samanburðar eiginfjárhlutföll sömu félaga í árslok 1997. Enn fremur er sýnt hvert eiginfjárhlutfall einstakra félaga hefði orðið á sama tíma miðað við ákvæði frumvarpsins.

Í árslok 1997,%		Í árslok 1998, %	
Samkvæmt gildandi reglum (lágmark 18%)	**Miðað við frumvarp (lágmark 15%)**	**Samkvæmt gildandi reglum (lágmark 18%)**	**Miðað við frumvarp (lágmark 15%)**
33,3	22,3	23,6	10,9
30,6	19,7	22,2	7,4
18,4	14,5	19,3	12,8
21,9	18,9	16,7	14,7
15,8	9,3	*	*

*Félagið hætti starfsemi árið 1999 vegna rekstrarerfiðleika en tölur í árslok 1998 liggja ekki fyrir.

Með hliðsjón af framangreindum hlutföllum þótti eðlilegt að miða við 15% lágmarkseiginfjárhlutfall að teknu tilliti til frádráttar eignarhluta í óskráðum félögum og krafna á dóttur- og hlutdeildarfélög. Eðlilegt er að gera ríkari kröfur en áður til fjárhagslegs styrks samvinnufélaga, sem starfrækja innlánsdeildir, í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á fjármagnsmarkaði og fyrr er rakin. Nokkur samvinnufélög fullnægja ekki þessum skilyrðum, sé miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, og er því nauðsynlegt að gefa þeim nokkurn aðlögunarfrest.

2. Nauðsynlegt er að kveða skýrt á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með starfsemi innlánsdeilda. Með fyrrgreindum lögum nr. 84/1993 var ákveðið að innlánsdeildir samvinnufélaga teldust hvorki til innláns- né lánastofnana í skilningi laga um Seðlabanka Íslands. Með þessu

ákvæði féllu innlánsdeildirnar undan formlegu eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands en gert var ráð fyrir að frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands næði fram að ganga á sama löggjafarþingi þar sem bankaeftirlitinu var tryggt eftirlit með öllum fjármálastofnunum. Það frumvarp varð hins vegar aldrei að lögum. Með lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem öðluðust gildi 1. janúar 1999, var Fjármálaeftirlitinu falið eftirlit með innlánsdeildum. Engu að síður þykir rétt að kveða sérstaklega á um eftirlitið í lögum um samvinnufélög. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um skil á endurskoðuðum ársreikningum og hálfsársuppgjörum til Fjármálaeftirlitsins.

3. Í núverandi 2. gr. a er gert að skilyrði til reksturs innlánsdeildar að samvinnufélagið sé aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Ekki er frekar kveðið á um starfsemi tryggingarsjóðsins, að öðru leyti en því að samþykktir hans skulu staðfestar af viðskiptaráðherra. Í gildandi samþykktum er kveðið á um slit sjóðsins. Þannig er m.a. mælt fyrir um að sameignarhluti sjóðsins skuli greiddur samvinnufélögum, sem eru aðilar hans við slit, í hlutfalli við inngreiðslur. Af ákvæðinu leiðir að ekki eru tryggð réttindi þeirra samvinnufélaga sem áður hafa gengið úr sjóðnum til endurgreiðslu hlutdeildar úr sameignarsjóði. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að breyta þessum ákvæðum samþykktanna þannig að þau hindri ekki samvinnufélög í að hafa frumkvæði að því að slíta innlánsdeildum sínum og selja frá sér innlánin. Því er í frumvarpinu lagt til að í samþykktum skuli m.a. kveðið á um eignarhald á sjóðnum og ráðstöfun eigna hans til samvinnufélaga við slit á honum.

4. Nauðsynlegt er að kveða á um að Tryggingarsjóður innlánsdeilda sé undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti og að sú undanþága gildi frá og með álagningarárinu 1998. Með því móti er gætt samræmis við skattskyldu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (áður Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða).

5. Að síðustu leggur nefndin til að ákvæði samvinnufélaga um innlánsdeildir verði endurskoðuð að nýju eigi síðar en 1. janúar árið 2003. Mikilvægt er að fylgst sé vel með þróun þessara mála og brugðist við með löggjöf ef ástæða þykir til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. tölul. 2. efnismgr. er lagt til að skilyrðið um eiginfjárkröfu samvinnufélaga verði hert frá því sem nú er og ákveðið að miða við 15% af hundraði eftir að frá eigin fé og heildareignum hafi verið dregið bókfært virði óskráðra eignarhluta og kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög. Einnig er vikið að samstæðureikningi. Ef slíkur reikningur er saminn gildir eiginfjárkrafan fyrir samstæðuuppgjörið eingöngu. Í 1. tölul. er einnig sett fram það skilyrði að samvinnufélög skuli hafa aðlagað sig ákvæðinu eigi síðar en 31. desember árið 2001 og fram til þess tíma skal hlutfall eiginfjár þess af heildareignum eigi vera lægra en 18% eins og nú er.

Í 2. tölul. 2. efnismgr. er með orðinu endurskoðandi átt við endurskoðanda samkvæmt lögum um ársreikninga, þ.e. löggiltan endurskoðanda en ekki skoðunarmann.

Í 3. tölul. 2. efnismgr. er bætt inn 2. málsl. þess efnis að í samþykktum Tryggingarsjóðs innlánsdeilda skuli m.a. kveðið á um eignarhald á sjóðnum og ráðstöfun eigna hans til samvinnufélaga við slit á honum eða slit innlánsdeildar. Með þessu ákvæði er bent á nauðsyn þess að breyta samþykktum sjóðsins þannig að tryggðir séu hagsmunir þeirra samvinnufélaga sem ákveða að hætta starfsemi innlánsdeilda fyrir slit sjóðsins.

Í 5. efnismgr. er nýtt ákvæði um að Fjármálaeftirlitið skuli hafa eftirlit með starfsemi innlánsdeilda samvinnufélaga. Enn fremur er gerðar auknar kröfur til innlánsdeilda og kveðið á um reikningsskil og tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins.

Í 6. efnismgr. er kveðið á um að innlánsdeildirnar skulu vera undanþegnar tekjuskatti og eignarskatti og að undanþágan öðlist gildi frá og með álagningarárinu 1998. Með þessu er gætt samræmis við skattskyldu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (áður Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða).

Að öðru leyti er vísað til frekari skýringa í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að styrkja eiginfjárhlutfall innlánsdeilda samvinnufélaga og tryggja virkara eftirlit en verið hefur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

834. Frumvarp til laga [533. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Ríkið starfræki stofnun, þjónustu- og endurhæfingarstöð fyrir sjónskerta, sem nefnist Sjónstöð Íslands.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (6. gr.)

Auk þjónustu við sjónskerta skal stofnunin annast þjónustu við börn yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda. Skal stofnunin í samráði við landlækni og augnlækni viðkomandi barns halda skrá yfir öll þau börn yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda. Sjónmælingar og augnskoðun þessa hóps skal alla jafna ekki vera á verksviði stofnunarinnar heldur hjá augnlækni viðkomandi barns.

b. (7. gr.)

Sérhver sjónskertur einstaklingur yngri en 18 ára skal eiga rétt á sjónglerjum án tillits til orsaka sjónskerðingar. Þá skulu allir einstaklingar sem þurfa á gleraugum að halda í lækningaskyni eiga rétt á sjónglerjum. Umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði skv. 1. mgr. Greiðslur skulu aldrei vera lægri en sem nemur tveimur þriðju hlutum kostnaðar við kaup nauðsynlegra sjónglerja. Stjórn Sjónstöðvar Íslands ákveður hvað skuli teljast nauðsynleg sjóngler í hverju og einu tilfelli. Hver einstaklingur á ekki rétt á endurgreiðslu vegna sjónglerja oftar en einu sinni á hverju tveggja ára tímabili nema læknisfræðilegar ástæður liggi að baki að mati yfirlæknis stofnunarinnar. Ríkið skal ekki taka þátt í kostnaði vegna kaupa á gleraugnaumgjörðum.

3. gr.

Heiti laganna verður: Lög um Sjónstöð Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 122. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu og er nú flutt aftur nær óbreytt.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði einstaklinga yngri en 18 ára. Stefnt er að því að stíga skref í átt til jöfnunar á réttindum þeirra sem eiga við sjónvandamál að stríða gagnvart öðrum hópum samfélagsins sem þurfa á sjúkrahjálp að halda. Einnig er lagt til í frumvarpinu að nafn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, sem komið var á fót með lögum nr. 18/1984, verði fært til samræmis við það nafn sem stofnunin hefur sjálf tekið sér. Undanfarin ár hefur stofnunin notað nafnið Sjónstöð Íslands.

Staðan nú.

Hér á landi hafa verið sett lög til að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar sem á sjúkrahjálp þurfa að halda. Má í þessu sambandi nefna lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, og lög nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Í þessum lögum er á ýmsan hátt vikið að því hvernig haga megi þátttöku ríkisins í kostnaði sem af slíkri fötlun hlýst.

Einn hópur hefur fram til þessa verið nokkuð afskiptur við þessa lagasetningu. Það eru þeir sem þurfa á gleraugum að halda en falla ekki í flokk sjónskertra samkvæmt lögum nr. 18/1984. Þau lög taka einungis til þeirra sem hafa verri sjón en sem nemur $^1/_3$ af venjulegri sjón með aðstoð bestu mögulegra hjálpartækja, sbr. greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 18/1984. Er viðmiðun þessi fengin úr skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, á því hverjir teljist sjónskertir. Aðrir sem við sjónvandamál eiga að stríða hafa ekki átt þess kost samkvæmt lögum að ríkið tæki þátt í kostnaðinum sem hlýst af þeim, þar með talið gleraugnakaupum.

Frá því er reyndar ein undantekning. Sjónstöð Íslands hefur á fjárlögum ár hvert fengið fjárveitingu til þess að taka þátt í kostnaði ákveðinna einstaklinga sem hafa þurft á gleraugum að halda í lækningaskyni. Í lækningaskyni hefur í þessum skilningi verið túlkað mjög þröngt og hafa nærsýnir til dæmis algjörlega fallið utan þess flokks. Vakin skal athygli á því að

þessi undantekning er án lagaheimildar og byggist eingöngu á samstarfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Sjónstöðvar Íslands. Í lögum er einungis kveðið á um að Sjónstöðin sinni sjónskertum samkvæmt framangreindri skilgreiningu WHO, sbr. lög nr. 18/1984 og reglur nr. 59/1987. Ekki er því nein hlutlæg regla til um það hver geti átt rétt á slíkum greiðslum og hver ekki. Sjónstöð Íslands er í raun falið ákveðið sjálfdæmi innan mjög þröngs fjárlagaramma að ákveða hvernig staðið skuli að endurgreiðslum vegna sjónglerja í lækningaskyni.

Með núverandi fyrirkomulagi er gert upp á milli gleraugnanotenda eftir því af hvaða völdum sjónskerðingin er. Nærsýnir einstaklingar hafa ekki fengið aðstoð þar sem nærsýni er venjulega ekki orsök stafrænnar sjóndepru (varanleg sjóndepra vegna vanþroska sjónar) en fjarsýnir hafa fengið aðstoð þar sem fjarsýni kann í sumum tilfellum að leiða til þess að sjón þroskist ekki eðlilega. Bent skal á að nærsýni getur í sumum tilfellum talist félagslegur sjúkdómur, þ.e. valdið viðkomandi ýmiss konar félagslegum óþægindum.

Einnig má benda á þann mun sem er á þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp heyrnarskertra og tannsjúkra annars vegar og hins vegar sjónskertra sem þurfa á sjónglerjum að halda.

Allir heyrnarskertir einstaklingar á skólaskyldualdri eiga rétt á nauðsynlegum heyrnartækjum sér að kostnaðarlausu, sbr. reglur nr. 160/1986, með síðari breytingum. Auk þess eiga allir heyrnarskertir 18 ára og eldri rétt á því að ríkið greiði 60% af kostnaði þeirra við nauðsynleg heyrnartæki. Vakin skal athygli á því að ekki er gerður neinn greinarmunur á því af hvaða orsökum heyrnaskerðing stafar, eins og gert er varðandi sjónvandamál.

Sama á við um þátttöku ríkisins í tannlækniskostnaði. Fyrir öll börn og unglinga, 15 ára og yngri, greiðir ríkið 75% af tannlækniskostnaði, öðrum en gullfyllingum, krónu- og brúargerð. Fyrir 16 ára unglinga eru greidd 50% og 75% kostnaðar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta fullrar tekjutryggingar. Ekki fer fram nein flokkun á því til hvers rekja megi tannskemmdirnar. Tannskemmdir má oft rekja til hirðuleysis barna og/eða foreldra, en vandamál tengd sjón barna verða ekki tengd slíku hirðuleysi.

Af þessu má sjá að misræmið er mikið milli þessara tegunda heilbrigðisvandamála og sjúkrahjálpar, þrátt fyrir að mismunur þeirra frá læknisfræðilegu sjónarhorni sé enginn.

Markmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að bæta réttarstöðu barna yngri en 18 ára sem þurfa nauðsynlega á gleraugum að halda. Auk þess er það markmið frumvarpsins að skjóta stoðum undir endurgreiðslur til þeirra sem eiga rétt á sjónglerjum í lækningaskyni.

Allir geta verið sammála um óréttlætið sem felst í mismun milli heyrnarskertra og sjónskertra hvað varðar þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp þeirra. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands eru vandamál tengd sjón, heyrn og tönnum jafnmikilvæg í læknisfræðilegum skilningi. Öll heilsuskerðing sem þeim tengist er jafnlíkleg til þess að valda þeim einstaklingum sem eiga í hlut erfiðleikum, óþægindum og kostnaði.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að teknar verði upp sambærilegar reglur um sjónskerta og heyrnarskerta heldur er hér einungis um að ræða fyrsta skrefið í þá átt. Reynslan verður að skera úr um hvort þörf verður á því að ganga lengra. Frumvarpið tekur einungis til aukinna réttinda sjónskertra einstaklinga yngri en 18 ára. Ríkið mun taka þátt í greiðslu sjónglerja að tveimur þriðju hlutum að lágmarki hjá sérhverjum þeim sem þarf á gleraugum að halda innan þess hóps.

Sjón barna breytist mjög ört og þau þurfa því að skipta oft um gleraugu, ólíkt því sem gildir um fullorðna. Þá hvílir skólaskylda á börnum og þeim börnum, sem er nauðsyn á gleraugum en fá þau ekki, er hættara en öðrum til að verða fyrir erfiðleikum í námi og jafnvel

einelti. Þá má benda á að það er þung byrði á barnmörgum fjölskyldum ef kaupa þarf tvenn eða þrenn gleraugu á hverju ári. Samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands er sjónlag ættarfylgja og því algengt að systkin noti bæði eða öll gleraugu. Börn ráða ekki hvernig foreldrar ráðstafa heimilistekjunum og geta því ekki tekið ákvörðun um það sjálf að kaupa sér gleraugu og skera niður annars staðar. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands koma foreldrar sjaldnar en ella með börn sín í augnskoðun vegna þess hversu dýrt er að kaupa gleraugu fyrir börnin komi í ljós að þau þurfi á þeim að halda. Í ljósi þessara röksemda nær frumvarpið einungis til einstaklinga yngri en 18 ára. Það nær hins vegar til allra barna og í því eru engar takmarkanir sem gætu leitt til mismununar. Þannig verða lögin og þær heimildir sem þau veita bæði skýrari og einfaldari í framkvæmd og eftirliti.

Það er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hversu langt á að ganga og hvað er raunhæft í fyrstu atrennu, hvernig verja skal fjármunum sem ríkið hefur úr að spila á hverjum tíma. Með frumvarpinu er að mati Sjónstöðvar Íslands og Augnlæknafélags Íslands stigið fyrsta skrefið í þá átt að jafna rétt sjónskertra við rétt annarra.

Þá skal þess getið varðandi þann þátt frumvarpsins sem lýtur að endurgreiðslum sjónglerja í lækningaskyni að gert er ráð fyrir því að sömu reglur gildi áfram og gilt hafi en þeim verði nú í fyrsta skipti veitt lagastoð.

Að lokum skal bent á að samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands hefur sjón ungra Íslendinga hrakað mjög undanfarin ár, nærsýnum hefur fjölgað umtalsvert, sérstaklega í grunn- og framhaldsskólum. Mikilvægt er að bregðast við breyttri þjóðfélagsmynd og gera börnum yngri en 18 ára kleift að eignast gleraugu, óháð efnahag. Þá er ekki síður mikilvæg sú breyting sem lögð er til að Sjónstöð Íslands muni í samráði við landlækni og sjálfstætt starfandi augnlækna koma upp virku eftirliti og skráningu á sjón þessa hóps. Slíkt er brýnt þegar horft er til framtíðar, bæði fyrir rannsóknir og forvarnir á þessu sviði.

Kostnaður af framkvæmd frumvarpsins.

Að mati yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun kostnaðarauki fyrir ríkissjóð vegna lögfestingar þessa frumvarps verða um 50 millj. kr. árlega, miðað við þær forsendur sem þekktar eru um sjón þessa hóps og meðalkostnað sem hlotist hefur af endurgreiðslu sjónglerja í lækningaskyni hjá Sjónstöð Íslands. Reikna má með að 12–15% af heildarfjölda barna yngri en 18 ára þurfi að nota gleraugu og meðalkostnaður við endurgreiðslu sjónglerja hefur verið um 9.750 kr. á hvert par sjónglerja og tveir þriðju hlutar þess eru 7.300 kr. Börn undir 18 ára aldri eru 80 þús. Samtals nota því um 12 þús. börn gleraugu (15% af 80 þús. börnum). Af þeim fá nú þegar um 1.300 endurgreiðslur af læknisfræðilegum orsökum. Kostnaður eykst því um 80 millj. kr. árlega, miðað við að allir þyrftu ný gleraugu á hverju ári (10.700 börn sinnum 7.300 kr.). Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að meginreglan sé sú að börn fái ný gleraugu á tveggja ára fresti nema í undantekningartilfellum sem þar eru greind. Að teknu tilliti til þess má gera ráð fyrir að kostnaðaraukinn yrði um 50 millj. kr. árlega, þar af 10 millj. kr. vegna barna sem þurfa gleraugu á hverju ári af læknisfræðilegum ástæðum. Yfirlæknir Sjónstöðvar Íslands telur að þessar forsendur séu í rýmra lagi og fullyrðir að reglur þær sem fram koma í frumvarpinu muni ekki leiða til þess að börn fari að nota gleraugu að óþörfu. Þvert á móti megi fullyrða að enginn gangi með gleraugu ótilneyddur.

Ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna lögfestingar heimildar til að endurgreiða sjóngler í lækningaskyni. Gert er ráð fyrir því að sömu endurgreiðslureglur gildi áfram.

Viðbótarkostnað ríkissjóðs af lögfestingu frumvarpsins má bera saman við kostnað sem ríkissjóður ber nú vegna tannviðgerða og hjálpartækja fyrir heyrnaskerta. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998 var gert ráð fyrir því að 760 millj. kr. yrði varið í tannlækniskostnað sjúkra-

trygginga, 10 millj. kr. í Tannverndarsjóð og rúmum 104 millj. kr. í rekstur Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Þá má einnig benda á að framlög til Sjónstöðvar Íslands hafa staðið í stað mörg undanfarin ár.

Samkvæmt upplýsingum yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun viðbótarþjónusta á vegum stofnunarinnar skv. a-lið 2. gr. frumvarpsins ekki hafa í för með sér aukinn kostnað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á nafni stofnunarinnar eins og vikið var að í upphafi greinargerðarinnar. Samkvæmt lögunum skyldi stofnunin heita Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Það nafn hefur hins vegar ekki verið notað síðari ár heldur nafnið Sjónstöð Íslands.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um breiðara verksvið Sjónstöðvar Íslands og aukna þátttöku ríkisins í kostnaði þeirra einstaklinga, yngri en 18 ára, sem þurfa á gleraugum að halda.

Um a-lið (6. gr.).

Hér er mælt fyrir um að Sjónstöð Íslands skuli hafa ákveðna eftirlitsskyldu með sjón einstaklinga yngri en 18 ára. Meðal annars skal Sjónstöð Íslands halda skrá yfir sjón þeirra þannig að í framtíðinni verði auðveldara að stunda rannsóknir og stuðla að forvörnum. Með breytingunni er þó ekki ætlast til þess að Sjónstöð Íslands sjái um sjónmælingar eða aðra þætti þeim tengda. Eðlilegt er að allt eftirlit, bæði með sjón og endurgreiðslum vegna sjónglerja, verði á vegum Sjónstöðvar Íslands, þar er fyrir hendi sérfræðiþekking.

Um b-lið (7. gr.).

Hér er mælt fyrir um skyldu ríkisins til þátttöku í kostnaði viðsjónglerjakaup einstaklinga yngri en 18 ára. Með sjónglerjum er átt við gleraugnagler, þar með talið plast, ásamt snertilinsum. Lagt er til að greiddur verði kostnaður hvers einstaklings sem þarf á gleraugum að halda að tveimur þriðju hlutum að lágmarki vegna ódýrustu sjónglerja sem telja verður nauðsynleg. Þó skal í hverju tilfelli stefna að þeirri lausn sem miðar að þörfum hins sjónskerta. Stjórn stofnunarinnar skal að höfðu samráði við yfirlækni hennar setja viðmið um það hvað teljist nauðsynleg sjóngler. Í vafatilvikum er það stjórn Sjónstöðvar Íslands sem tekur ákvörðun. Í því sambandi má vekja athygli á því að til eru margar tegundir sjónglerja og er verðlag þeirra mjög mismunandi. Einstaklingum verður að sjálfsögðu boðið að greiða mismuninn sjálfir kjósi þeir dýrari sjóngler. Þá er tiltekið að umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu sjónglerja.

Um 3. gr.

Sjá skýringar um 1. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

835. Frumvarp til laga [534. mál]

um lífsýnasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmiðið með lögum þessum er að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna úr mönnum með þeim hætti að persónuvernd sé trygg, gætt sé hagsmuna lífsýnisgjafa og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til söfnunar lífsýna, vörslu, meðferðar, nýtingar og vistunar þeirra í lífsýnasöfnum.

Lögin taka ekki til tímabundinnar vörslu lífsýna sem safnað er vegna þjónusturannsókna, meðferðar, eða afmarkaðra vísindarannsókna, enda sé slíkum sýnum eytt þegar þjónustu, meðferð eða rannsókn lýkur. Með tímabundinni vörslu er átt við vörslu í allt að fimm ár, nema vísindasiðanefnd veiti heimild til vörslu í lengri tíma. Sé óskað eftir varðveislu slíkra sýna til frambúðar skal vista þau í lífsýnasafni.

Lögin gilda ekki um geymslu kynfrumna og fósturvísa samkvæmt tæknifrjóvgunarlögum, líffæra samkvæmt lögum um brottnám líffæra eða líkamsleifa samkvæmt þjóðminjalögum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Lífsýni:* Lífrænt efni úr mönnum, lifandi eða látnum, sem veitt getur um þá líffræðilegar upplýsingar.
2. *Lífsýnasafn:* Safn lífsýna sem geymd eru til frambúðar.
3. *Vísindarannsókn:* Rannsókn sem ætlað er að auka þekkingu, m.a. til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma.
4. *Þjónusturannsókn:* Rannsókn sem framkvæmd er vegna heilbrigðisþjónustu við einstaklinga.
5. *Upplýst, óþvingað samþykki:* Samþykki sem veitt er skriflega og af fúsum og frjálsum vilja eftir að lífsýnisgjafi hefur verið upplýstur um markmið með töku sýnisins, gagnsemi þess, áhættu samfara tökunni og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr.
6. *Ætlað samþykki:* Samþykki sem felst í því að lífsýnisgjafi hefur ekki lýst sig mótfallinn því að lífsýni sem tekið er úr honum við þjónusturannsókn verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr., enda hafi skriflegar upplýsingar um að slíkt kynni að verða gert verið aðgengilegar.
7. *Lífsýnisgjafi:* Einstaklingur sem lífsýni er úr.
8. *Leyfishafi:* Einstaklingur eða stofnun sem fengið hefur leyfi ráðherra til starfrækslu lífsýnasafns skv. 4. gr. laga þessara.

II. KAFLI
Stofnun og starfræksla lífsýnasafna.

4. gr.
Heimild til stofnunar og starfrækslu.

Stofnun og starfræksla lífsýnasafns, þ.e. söfnun, varsla, meðferð, nýting og vistun lífsýna, er einungis heimil þeim sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn landlæknis, tölvunefndar og vísindasiðanefndar.

5. gr.
Skilyrði fyrir leyfi.

Leyfi til stofnunar og starfrækslu lífsýnasafns er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Uppfyllt séu ákvæði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem kunna að verða sett á grundvelli þeirra.
2. Lífsýnasafnið sé staðsett hér á landi.
3. Fyrir liggi skýr markmið með starfrækslu og upplýsingar um rekstrargrundvöll safnsins.
4. Gerð sé grein fyrir aðstöðu til varðveislu lífsýna.
5. Starfsreglur lífsýnasafnsins liggi fyrir, þar með taldar reglur safnsins um fyrirkomulag erlends samstarfs.
6. Tilnefnd sé safnstjórn, sbr. 6. gr., og einn einstaklingur sem sé ábyrgur fyrir lífsýnasafninu.
7. Ábyrgðarmaður lífsýnasafnsins hafi stundað sjálfstæð rannsóknar- og þróunarstörf innan heilbrigðisþjónustunnar.

Ráðherra getur bundið leyfi frekari skilyrðum.

6. gr.
Stjórn lífsýnasafns.

Leyfishafi skipar a.m.k. þriggja manna stjórn yfir hverju lífsýnasafni sem skal hafa eftirlit með starfsemi þess. Stjórnin hefur upplýsingaskyldu gagnvart landlækni, tölvunefnd og vísindasiðanefnd um lífsýni og starfsemi lífsýnasafnsins.

III. KAFLI
Söfnun, meðferð og aðgangur að lífsýnum.

7. gr.
Samþykki lífsýnisgjafa og afturköllun þess.

Við öflun lífsýnis til vörslu í lífsýnasafni skal leitað eftir upplýstu, óþvinguðu samþykki þess sem lífsýnið gefur. Það skal veitt af fúsum og frjálsum vilja eftir að lífsýnisgjafi hefur verið upplýstur um markmið með töku sýnisins, gagnsemi þess, áhættu samfara tökunni og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr.

Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt skv. 1. mgr. og skal lífsýninu þá eytt.

Hafi lífsýnum verið safnað vegna þjónusturannsókna eða meðferðar má ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýnið verði vistað í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr., enda sé þess getið í almennum upplýsingum frá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun.

Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað ætlað samþykki sitt fyrir að sýni hans verði vistað í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. og skal það þá einungis notað í þágu lífsýnisgjafa eða með sérstakri heimild hans, sbr. þó 3. mgr. 9. gr.

8. gr.

Varðveisla lífsýna.

Lífsýni skulu tryggilega geymd og merkt, en varðveitt án persónuauðkenna. Tengsl lífsýna við persónuauðkenni skulu vera í samræmi við staðla sem tölvunefnd ákveður.

Varsla lífsýna skal vera þannig að þau glatist hvorki né skemmist og að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Ákveði leyfishafi að hætta rekstri lífsýnasafns, eða sé hann sviptur leyfi skv. 14. gr., skal ráðherra, að fengnu áliti landlæknis, tölvunefndar og vísindasiðanefndar, taka ákvörðun um ráðstöfun lífsýnasafnsins en taka skal tillit til óska og tillagna leyfishafa.

9. gr.

Aðgangur að lífsýnasafni og notkun lífsýna.

Lífsýni skulu að jafnaði ekki notuð í öðrum tilgangi en þeim var ætlað þegar þau voru tekin. Ábyrgðarmaður safns veitir aðgang að lífsýnum til frekari greiningar sjúkdóma. Honum er einnig heimilt að veita aðgang að lífsýnum til notkunar við gæðaeftirlit, aðferðaþróun og kennslu, enda séu þau ekki með persónuauðkennum.

Aðgang vegna vísindarannsókna skal safnstjórn aðeins heimila að fengnu samþykki tölvunefndar og að fyrir liggi rannsóknaráætlun samþykkt af vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar sem skipuð er samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga og reglugerða samkvæmt þeim.

Safnstjórn getur, að fengnu samþykki tölvunefndar og vísindasiðanefndar, heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en ætlað var þegar þau voru tekin, enda mæli brýnir hagsmunir með því og ávinningurinn vegi þyngra en hugsanlegt óhagræði fyrir lífsýnisgjafann eða aðra aðila.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari ákvæði um notkun lífsýna að höfðu samráði við vísindasiðanefnd og tölvunefnd.

10. gr.

Umráðaréttur og gjaldtaka.

Leyfishafi telst ekki eigandi lífsýnanna en hefur umráðarétt yfir þeim með þeim takmörkunum sem lög kveða á um og ber ábyrgð á að meðferð þeirra sé í samræmi við ákvæði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra. Leyfishafa er því óheimilt að framselja lífsýnin eða setja þau að veði til tryggingar fjárskuldbindingum og þau eru ekki aðfararhæf.

Heimilt að taka gjald fyrir lífsýni, eða aðgang að lífsýni, sem nemur kostnaði við öflun, vörslu og aðgang að sýnunum. Gjaldtaka umfram það er óheimil.

Ekki er heimilt að flytja lífsýnasafn eða hluta þess úr landi nema að fengnu samþykki vísindasiðanefndar og tölvunefndar og með þeim skilyrðum sem þær setja.

11. gr.

Þagnarskylda.

Allir starfsmenn lífsýnasafna og þeir sem fá aðgang að þeim eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst eftir að starfi, rannsókn eða kennslu lýkur.

IV. KAFLI
Eftirlit og upplýsingaskylda.

12. gr.
Eftirlit.

Landlæknir annast eftirlit með lífsýnasöfnum að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki í höndum tölvunefndar eða vísindasiðanefndar.

Landlæknir skal árlega gefa út skrá um lífsýnasöfn, tilgang þeirra, starfsemi og starfsreglur. Í skránni skal m.a. koma fram hverjir skipi stjórn hvers safns og hver sé ábyrgðarmaður. Skrá þessi skal kynnt og vera aðgengileg almenningi.

13. gr.
Upplýsingaskylda stjórnvalda og stjórna lífsýnasafna.

Stjórnvöldum er skylt að kynna ítarlega fyrir almenningi ákvæði laga þessara um lífsýnasöfn, sérstaklega ákvæðið um ætlað samþykki lífsýnisgjafa vegna þjónusturannsóknar, svo og rétt einstaklinga skv. 7. gr. og 2. mgr. þessarar greinar.

Landlækni eða safnstjórn er skylt að veita einstaklingi upplýsingar um hvort lífsýni úr honum eru geymd í lífsýnasafni og hvers konar lífsýni það eru.

V. KAFLI
Refsingar og önnur viðurlög.

14. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða leyfishafi verður ófær um að reka safnið. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu skal ráðherra veita honum skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörun skal afturkalla leyfi. Sé um ásetning að ræða eða stórfellt gáleysi getur ráðherra afturkallað starfsleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögunum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann hans. Hafi starfsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.
Stjórnvaldsfyrirmæli.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um frekari framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Breyting á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um lífsýni sem varðveitt eru í lífsýnasöfnum og aðgang að þeim gilda ákvæði laga um lífsýnasöfn.

18. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Áður en lögin taka gildi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fela landlæknisembættinu að annast ítarlega kynningu meðal almennings á lífsýnasöfnum og reglum sem gilda um söfnun og notkun lífsýna.
2. Heimilt er að vista lífsýni sem aflað var fyrir gildistöku laga þessara í lífsýnasafni, nema lífsýnisgjafi lýsi sig mótfallinn því. Sé lífsýnisgjafi látinn skal gengið út frá ætluðu samþykki. Að öðru leyti gilda ákvæði laganna um vörslu, meðferð og notkun fyrrgreindra lífsýna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um lífsýnasöfn byggist á drögum siðaráðs landlæknis að frumvarpi sem ráðið vann á árunum 1996–97 og frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998, en hlaut ekki afgreiðslu. Það frumvarp var samið var af vinnuhópi á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Auk starfsmanna ráðuneytisins áttu sæti í vinnuhópnum þeir Jóhann Heiðar Jóhannsson læknir, sérfræðingur á rannsóknastofu Háskólans í meinafræði, Sveinn Guðmundsson, forstöðulæknir Blóðbankans, og Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir sem tilnefndur var af landlækni. Vinnuhópurinn fékk á sinn fund ýmsa sérfræðinga á sviði læknisfræði, siðfræði, rannsókna og öryggis persónuupplýsinga. Þannig átti vinnuhópurinn m.a. fundi með forsvarsmönnum stærstu lífsýnasafnanna hér á landi.

Vinnuhópurinn kynnti sér sérstaklega samning um verndun mannréttinda og mannlegrar reisnar að því er varðar beitingu líffræði og læknisfræði og samning um mannréttindi og líflæknisfræði sem samþykktur var af ráðherranefnd Evrópuráðsins 19. nóvember 1996 og undirritaður af Íslands hálfu í apríl 1997. Einnig kynnti vinnuhópurinn sér ýmis tilmæli og ráðleggingar ráðherranefndar og ráðgjafarþings Evrópuráðsins um heilbrigðismál og vísindarannsóknir á mönnum, svo sem tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (78) 29 um samræmingu löggjafar í aðildarríkjunum varðandi brottnám, ígræðslu og flutning vefefna úr mönnum, tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (79) 5 til aðildarríkjanna varðandi alþjóðleg skipti og flutninga vefefna úr mönnum, tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (90) 3 til aðildarríkjanna varðandi læknisfræðilegar vísindarannsóknir á mönnum, tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R (92) 3 til aðildarríkjanna varðandi erfðarannsóknir í heilbrigðisskyni og ráðleggingar ráðgjafarþings Evrópuráðsins 934 (1982) um erfðatækni, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Þá kynnti vinnuhópurinn sér nýtt álit frá Evrópsku vísindasiðanefndinni, dags. 21. júlí 1998, *The European Group of Ethics in Science and New Technologies to the European Commission: Adoption of an Opinion on Human Tissue Banking.*

Einnig kannaði hópurinn Helsinki-yfirlýsinguna, með síðari breytingum, um ráðleggingar og leiðbeiningar fyrir lækna varðandi læknisfræðirannsóknir sem gerðar eru á mönnum, er

samþykkt var á þingi Alþjóðafélags lækna í Helsinki árið 1964. Þá má nefna ýmis gögn Evrópuráðsins og yfirlýsingu HUGO-áætlunarinnar (Human Genome Project). Í þessum gögnum, sem hafa þjóðréttarlegt gildi, er tekið á atriðum eins og friðhelgi einkalífs, umgjörð vísindarannsókna, verndun persónuupplýsinga, banni við misnotkun erfðaupplýsinga og almennum öryggissjónarmiðum við geymslu heilsufarsgagna á upplýsingaöld, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Starfsmenn ráðuneytisins hafa nú farið yfir frumvarp það sem lagt var fram á 123. löggjafarþingi með tilliti til þeirra umsagna sem bárust þegar frumvarpið var til meðferðar í þinginu. Umsagnirnar voru yfirleitt jákvæðar en bent var á ýmis ákvæði sem betur mættu fara. Á grundvelli þeirra hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu og eru þessar helstar:

1. Tímabundin varsla er skilgreind sem varsla í fimm ár.
2. Skilgreining á lífsýnum er takmörkuð við lífrænt efni sem veitt getur líffræðilegar upplýsingar um lífsýnisgjafa.
3. Tekið er fram að leyfishafi geti verið einstaklingur eða stofnun.
4. Kröfur til ábyrgðarmanns lífsýnasafns eru auknar og er miðað við að hann hafi stundað sjálfstæð rannsóknar- og þróunarstörf innan heilbrigðisþjónustunnar.
5. Sett eru ákvæði um rétt til að draga til baka samþykki þegar lífsýni er gefið til vörslu í lífsýnasafni og um eyðingu lífsýnis.
6. Sett eru ákvæði um rétt til að draga til baka ætlað samþykki fyrir vistun lífsýnis í lífsýnasafni til notkunar í vísindarannsóknum.
7. Ráðherra setji ákvæði í reglugerð um í hvaða tilgangi nota megi lífsýni.
8. Heimilað er að taka gjald fyrir lífsýni, eða aðgang að lífsýni, sem nemur kostnaði við öflun, vörslu og aðgang að sýnunum, en gjaldtaka umfram það bönnuð.
9. Bannað er að flytja lífsýnasafn eða hluta þess úr landi nema að fengnu samþykki vísindasiðanefndar og tölvunefndar.
10. Fellt er brott ákvæði um aðlögunartíma lífsýnasafna að ákvæðum laganna.
11. Sett er bráðabirgðaákvæði þess efnis að heimilt sé að vista lífsýni sem aflað var fyrir gildistöku laganna í lífsýnasafni, nema lífsýnisgjafi lýsi sig mótfallinn. Þá er tekið fram að gengið skuli út frá ætluðu samþykki sé lífsýnisgjafi látinn.

Meginmarkmið löggjafar á þessu sviði er að styrkja starfsemi þeirra lífsýnasafna sem til eru hér á landi, hvetja til vísinda- og þjónusturannsókna, styrkja samstarf fagaðila hér á landi og samstarf íslenskra vísindamanna við erlenda stéttarbræður þeirra íslenskri heilbrigðisþjónustu og vísindastarfi til heilla. Í frumvarpinu er sérstaklega reynt að tryggja að varsla, meðferð og nýting lífsýna úr mönnum verði með þeim hætti að virðing og réttindi þegnanna séu tryggð og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill.

Hér á landi eru nokkur mjög verðmæt söfn lífsýna. Þau eru sum hver árangur af marga áratuga vinnu heilbrigðisstarfsmanna. Lífsýnasöfnin eru ekki hvað síst verðmæt í ljósi vísindalegra, heilsufarslegra og læknisfræðilegra sjónarmiða. Lífsýnasöfnin hafa m.a. skapað grunn að sívaxandi vísindasamfélagi hér á landi síðustu áratugina. Í mörgum tilvikum hefur verðmætt safn lífsýna ýtt undir áhuga erlendra aðila, vísindastofnana og rannsóknasjóða á ýmiss konar samstarfsverkefnum íslenskra og erlendra vísindamanna. Því er nauðsynlegt að löggjafinn skapi umgjörð um lífsýni almenningi, sjúklingum og vísindasamfélaginu til heilla. Með frumvarpinu er leitast við að hlúa að rekstri þeirra lífsýnasafna sem nú þegar eru til í landinu, jafnframt því að skapa umgjörð um ný lífsýnasöfn. Gerð er grein fyrir réttindum og skyldum leyfishafa er tengjast vörslu á lífsýnum. Þá er reynt að tryggja aðgengi vísinda-

manna á grundvelli starfsreglna og þeirra venja er tíðkast hafa í vísindaheiminum um margra áratuga skeið með góðum árangri. Skylda opinberra aðila, svo sem heilbrigðisráðherra, landlæknis, tölvunefndar og vísindasiðanefndar, til að tryggja eftirlit með þessum lífsýnasöfnum er fest í sessi.

Víða um lönd hafa verið sett lög um líffæra- og lífsýnabanka í tengslum við flutninga líffæra og vefefna milli manna. Lagasetning um lífsýnasöfn, þar sem söfnin þjóna fyrst og fremst vísindalegum tilgangi, er hins vegar á frumstigi.

Meginatriði frumvarpsins.

Rétt er að vekja athygli á helstu álitamálum sem til umræðu komu við gerð frumvarpsins, en þau eru eignarréttur að lífsýnum, fyrirkomulag samþykkis lífsýnisgjafa og vernd persónuupplýsinga.

Eignarréttur að lífsýnum.

Við umfjöllun um lífsýnasöfn verður ekki hjá því komist að taka afstöðu til þess hvort leyfishafi verði eigandi þeirra lífsýna sem vistuð eru í lífsýnasafni hans. Í hefðbundinni skilgreiningu eignarréttarins felst að eigandinn einn hefur heimild til umráða og ráðstöfunar verðmæta, oftast fjárhagslegra. Þá felst það í eignarréttindum að eigandinn getur fylgt heimildum sínum eftir með þvingunum ef á þarf að halda, oftast fyrir atbeina dómstóla og eftir atvikum annarra handhafa opinbers valds. Þá er það einkenni eignarréttinda að aðilaskipti geta orðið að þeim og að þau verða metin til fjár á peningalegan mælikvarða.

Vegna eðlis lífsýna og þess hvernig til lífsýnasafna er stofnað geta þau hvorki né mega lúta lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi. Leyfishafi lífsýnasafns telst því ekki eigandi lífsýnanna; hann getur ekki selt þau eða veðsett, en er heimilt að taka gjald sem nemur kostnaði við öflun, vörslu og aðgang að sýnunum. Leyfishafi fær ákveðinn umráða- og ráðstöfunarrétt yfir þeim, eins og nánar er kveðið á um í frumvarpinu

Samþykki lífsýnisgjafa.

Samkvæmt frumvarpinu verður lífsýni einvörðungu vistað í lífsýnasafni með samþykki lífsýnisgjafa. Samþykki getur annaðhvort verið ætlað eða upplýst, óþvingað samþykki. Í 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins er skilgreint nákvæmlega hvaða kröfur eru gerðar til upplýsts, óþvingaðs samþykkis. Ætlað samþykki er skilgreint í 6. tölul. 3. gr. Þar er gert ráð fyrir að við töku lífsýnis við þjónusturannsókn verði lífsýnisgjafi að lýsa sig mótfallinn því að sýnið verði vistað í safni. Hafi lífsýnisgjafinn ekki gert neina athugasemd getur farið svo að sýnið verði vistað í lífsýnasafni. Lífsýnisgjafa er tryggður réttur til að draga til baka samþykki sitt og skal þá lífsýni sem aflað var til vörslu í lífsýnasafni eytt. Lífsýni sem tekið var við þjónusturannsókn skal hinsvegar geymt til notkunar í þágu lífsýnisgjafa og má þá ekki nota það til vísindarannsókna, nema með sérstöku leyfi hans. Í frumvarpinu er lögð sú skylda á stjórnvöld að kynna efni þess rækilega fyrir almenningi, m.a. hvað felist í samþykki lífsýnisgjafa. Sérstaklega er tekið fram í ákvæði til bráðabirgða með frumvarpinu að landlæknisembættið eigi að annast ítarlega kynningu meðal almennings á fyrirkomulagi lífsýnasöfnunar.

Persónuvernd.

Áhætta af starfrækslu lífsýnasafna felst aðallega í hugsanlegri misnotkun á upplýsingum eða niðurstöðum rannsókna á lífsýnum. Því er í frumvarpinu lögð rík áhersla á að tryggja öryggi persónuupplýsinga í íslenskum lífsýnasöfnum. Mikilvægur þáttur í starfi heilbrigðisstétta er að tryggja persónuvernd og öryggi heilsufarsupplýsinga. Löggjafarvaldið og fram-

kvæmdarvaldið hafa leitast við að tryggja vernd heilsufarsupplýsinga með setningu laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, læknalaga, nr. 53/1988, laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 552/1999, svo nokkur dæmi séu tekin.

Starfræksla lífsýnasafna um margra áratuga skeið og almenn varðveisla heilsufarsupplýsinga hefur hvorki orðið tilefni til tortryggni meðal almennings í garð heilbrigðisstétta né hafa komið í ljós tilvik misnotkunar eða vanrækslu. Þrátt fyrir það er sjálfsagt að tryggja í frumvarpinu að öryggis persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum sé gætt. Þess vegna er það m.a. sett sem skilyrði leyfis til reksturs lífsýnasafns að umsögn tölvunefndar liggi fyrir. Þá hafa leyfishafar lífsýnasafna upplýsingaskyldu gagnvart tölvunefnd, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar fumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um það markmið laganna að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna þannig að persónuvernd sé tryggð og að lífsýnin verði eingöngu nýtt í vísindalegum eða læknisfræðilegum tilgangi. Einnig er kveðið á um að gætt skuli hagsmuna þeirra sem gefa lífsýni, þannig skuli aldrei setja hagsmuni vísinda og samfélags ofar hagsmunum lífsýnisgjafa og óheimilt verði að mismuna lífsýnisgjafa á grundvelli upplýsinga sem fengnar eru úr lífsýni hans.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Lögin taka einungis til söfnunar, vörslu, meðferðar, nýtingar og vistunar lífsýna í lífsýnasöfnum. Þannig taka lögin ekki til tímabundinnar vörslu lífsýna vegna þjónusturannsókna eða vísindarannsókna.

Í leyfum sem vísindasiðanefnd eða siðanefndir sjúkrastofnana veita fyrir vísindarannsóknum er iðulega kveðið á um eyðingu lífsýna eftir að rannsókn lýkur. Í greininni kemur fram að með tímabundinni vörslu sé átt við vörslu í allt að fimm ár. Vísindasiðanefnd getur þó heimilað lengri vörslu ef sérstaklega stendur á. Að þeim tíma liðnum skal sýnunum annaðhvort eytt eða þau vistuð í lífsýnasafni og skiptir þá engu hvort um er að ræða lítið eða stórt safn lífsýna. Hafi þeir sem gera vísindarannsókn ekki leyfi til starfrækslu lífsýnasafns skulu þeir vista sýnin í lífsýnasafni sem fengið hefur leyfi skv. 4. gr. og fer þá um umráðarétt þeirra samkvæmt samningi við safnstjórn.

Að jafnaði er það viðkomandi læknir sem tekur ákvörðun um hvort og þá hve lengi lífsýni sem aflað er vegna þjónusturannsókna skuli geymd og þá fyrst og fremst með hagsmuni sjúklings í huga. Ef gert er ráð fyrir að lífsýni, sem tekin eru í tengslum við þjónusturannsókn, séu varðveitt lengur en fimm ár skal varðveita þau í lífsýnasafni.

Hér má jafnframt benda á að um þjónusturannsóknir eða afmarkaðar vísindarannsóknir gilda ákvæði ýmissa annarra laga og reglugerða, svo sem laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, læknalaga, nr. 53/1988, laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 552/1999.

Lögin gilda ekki um geymslu kynfrumna eða fósturvísa samkvæmt lögum nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, líffæra samkvæmt lögum um brottnám líffæra, nr. 16/1991, eða varðveislu líkamsleifa samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 88/1989.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á meginhugtökum laganna.

Um 1. tölul.

Ákveðið var að hafa skilgreininguna eins rúma og unnt væri þannig að með lífsýni í frumvarpinu er átt við allt lífrænt efni sem tekið er úr mönnum, bæði lifandi og látnum sem veitt getur um þá líffræðilegar upplýsingar. Örverur úr mönnum falla því ekki undir lífsýni.

Um 2. tölul.

Hér er lögð áhersla á það að með lífsýnasafni í frumvarpinu er einvörðungu átt við safn þar sem lífsýni eru vistuð til frambúðar.

Um 3. tölul.

Þessi skilgreining á vísindarannsókn er samhljóða skilgreiningu 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 552/1999, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Um 4. tölul.

Undir þjónusturannsókn falla allar rannsóknir sem gerðar eru á notendum heilbrigðisþjónustu, hvort sem það er vegna þess að viðkomandi hefur lagst inn á sjúkrahús eða leitað til heilbrigðisstofnunar eða læknis. Munurinn á þjónusturannsókn og vísindarannsókn er sá að við vísindarannsókn er það vísindamaðurinn sem leitar eftir samstarfi við einstaklinginn, en við þjónusturannsókn er það oftast einstaklingurinn sem leitar eftir þjónustu eða aðstoð heilbrigðisstofnana.

Um 5. tölul.

Við skilgreiningu á upplýstu, óþvinguðu samþykki var m.a. höfð hliðsjón af umfjöllun um samþykki í 10. gr. laga um réttindi sjúklinga.

Um 6. tölul.

Í þessu ákvæði er að finna skilgreiningu á ætluðu samþykki. Hér er m.a. höfð hliðsjón af 9. gr. laga um réttindi sjúklinga. Lífsýnisgjafi verður að tiltaka það sérstaklega ef hann er mótfallinn því að lífsýni úr honum sé vistað í lífsýnasafni.

Um 7. tölul.

Hér er skilgreint hugtakið lífsýnisgjafi en það er einstaklingur sem lífsýni er úr.

Um 8. tölul.

Hér er leyfishafi skilgreindur og tekið fram að hann geti verið einstaklingur eða stofnun.

Um 4. gr.

Stofnun og starfræksla lífsýnasafns er einungis heimil með leyfi heilbrigðisráðherra. Með starfrækslu er átt við söfnun, vörslu, meðferð, nýtingu og vistun. Ekki þarf leyfi ráðherra til tímabundinnar vörslu lífsýna vegna þjónusturannsókna og einstakra vísindaverkefna, sbr. athugasemdir við 2. gr. Ráðherra skal afla umsagnar landlæknis, vísindasiðanefndar og tölvunefndar áður en leyfi er veitt. Umsögn tölvunefndar er nauðsynleg, m.a. til að vernd persónuupplýsinga verði sem öruggust hjá safninu.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. eru sett skilyrði fyrir því að aðili geti fengið leyfi til stofnunar og starfrækslu lífsýnasafns.

Í fyrsta lagi er sett fram það almenna skilyrði að umsækjandi uppfylli öll ákvæði frumvarpsins og þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem sett kunna að verða á grundvelli þess.

Í öðru lagi er það gert að skilyrði að lífsýnasafn sé staðsett hér á landi. Er þetta skilyrði sett til að hægt verði að koma við fullnægjandi eftirliti íslenskra stjórnvalda með rekstri lífsýnasafnsins og varðveislu lífsýnanna.

Í þriðja lagi er kveðið á um það skilyrði að skýr markmið með starfrækslu liggi fyrir, svo sem að lífsýnunum sé safnað í tilgreindum vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi. Einnig skulu liggja fyrir upplýsingar um rekstrargrundvöll safnsins.

Í fjórða lagi þarf umsækjandi að gera grein fyrir því hvernig varðveislu lífsýnanna er háttað. Þetta skilyrði er sett til að tryggja að lífsýnin skemmist hvorki né glatist vegna ófullnægjandi aðstæðna í lífsýnasafninu.

Í fimmta lagi er kveðið á um að starfsreglur liggi fyrir og að þar séu ákvæði um erlent samstarf. Þau lífsýnasöfn sem nú eru starfandi hér á landi hafa flest sett sér starfsreglur. Sú leið var farin í frumvarpinu að setja starfsemi lífsýnasafnanna ekki of þröngar skorður með því að skilgreina í smáatriðum hvernig starfi þeirra verði háttað.

Í sjötta lagi ber leyfishafa að tilnefna safnstjórn, auk þess sem einn einstaklingur skal vera ábyrgðarmaður lífsýnasafnsins. Til að tryggja hæfni ábyrgðarmannsins skal hann hafa stundað sjálfstæð rannsóknar- og þróunarstörf á sviði heilbrigðisþjónustu. Ekkert er því til fyrirstöðu að ábyrgðarmaður lífsýnasafnsins sé jafnframt stjórnarmaður.

Um 6. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að hvert lífsýnasafn hafi sérstaka stjórn, sbr. 5. gr. Stjórninni, ásamt ábyrgðarmanninum, er ætlað að tryggja að við daglega starfsemi safnsins sé fylgt fyrirmælum laga og reglugerða og gætt þeirra skilyrða sem sett voru fyrir starfsleyfi safnsins. Þá er stjórnin, ásamt ábyrgðarmanni, ábyrg fyrir rekstri safnsins, ráðstöfun lífsýna og vörslu. Stjórnin hefur upplýsingaskyldu gagnvart landlækni, tölvunefnd og vísindasiðanefnd.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta tekur til öflunar lífsýna sem á að varðveita í lífsýnasafni til frambúðar, hvort sem þeirra er aflað vegna tiltekinnar vísindarannsóknar eða til síðari notkunar til óskilgreindra vísindarannsókna skv. 9. gr. Við öflun lífsýna skal aflað skriflegs samþykkis lífsýnisgjafa en við sérstakar aðstæður, svo sem við þjónusturannsókn, má ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings, enda sé þess getið í almennum upplýsingum frá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun, sbr. einnig umfjöllun í almennum athugasemdum. Sama gildir um vefjarsýni sem tekið er við aðgerð. Æskilegt er að það komi fram í skriflegu samþykki fyrir aðgerð.

Kveðið er á um að lífsýnisgjafi geti dregið samþykki sitt til baka hvenær sem er og skal þá eyða lífsýni sem aflað var til varðveislu í lífsýnasafni vegna tiltekinnar vísindarannsóknar eða síðari notkunar til óskilgreinda vísindarannsókna skv. 9. gr. Einnig er kveðið á um að lífsýnisgjafi geti afturkallað ætlað samþykki sitt fyrir varðveislu lífsýnis, sem tekið var við þjónusturannsókn í lífsýnasafni, til notkunar skv. 9. gr. og skal lífsýnið þá eingöngu varðveitt í þágu lífsýnisgjafa og ekki veittur aðgangur að því til vísindarannsókna, nema með sérstöku samþykki hans, sbr. þó 3. mgr. 9. gr.

Um 8. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lífsýni skuli varðveitt án persónuauðkenna og skal tölvunefnd hafa eftirlit með því að öryggi persónuupplýsinga sé tryggt. Þannig skulu tengsl lífsýna við persónuauðkenni vera í samræmi við staðla sem tölvunefnd setur.

Það er eitt af skilyrðunum fyrir leyfi til reksturs lífsýnasafns að aðstæður til geymslu og varðveislu lífsýna séu fullnægjandi. Tryggt þarf að vera að rekstur safnsins sé þannig að lífsýni glatist ekki eða skemmist.

Ef lífsýnasafn hættir rekstri er gert ráð fyrir að ráðherra taki ákvörðun um ráðstöfun safnsins eftir að leitað hefur verið álits landlæknis, vísindasiðanefndar og tölvunefndar. Leyfishafi getur þó gert tillögur um ráðstöfun safnsins. Í virðingarskyni við starf þeirra sem safnað hafa lífsýnum og byggt upp lífsýnasöfn á undanförnum áratugum er eðlilegt að tekið sé tillit til óska þeirra eftir því sem unnt er.

Um 9. gr.

Ákvæði 9. gr. fjalla um aðgang að lífsýnasafni til vísindarannsókna, frekari greiningar sjúkdóma, kennslu og gæðaeftirlits. Þar segir að sýni skuli að jafnaði ekki notuð í öðrum tilgangi en þeim var ætlað í upphafi, en undantekningar frá því eru mögulegar með samþykki vísindasiðanefndar.

Aðgang vegna vísindarannsókna getur safnstjórn ekki heimilað nema að fengnu samþykki tölvunefndar og að fyrir liggi rannsóknaráætlun samþykkt af vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 552/1999, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, eins og gildir almennt um vísindarannsóknir. Safnstjórn getur að fengnu samþykki tölvunefndar (og vísindasiðanefndar þegar það á við) heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en hinum upphaflega, að uppfylltum skilyrðum sem lýst er í greininni. Slíkt gæti m.a. verið vegna erfðamála eða annarrar laganauðsynjar. Rétt þótti að gera ráð fyrir að ráðherra geti sett nánari ákvæði um notkun lífsýna í reglugerð, m.a. um í hvaða tilgangi sé heimilt að nota lífsýni.

Um 10. gr.

Svo sem gerð var grein fyrir í almennum athugasemdum hér á undan eignast leyfishafi lífsýnasafns ekki lífsýnin. Hann fær ákveðinn umráða- og ráðstöfunarrétt yfir þeim, eins og nánar er kveðið á um í frumvarpinu. Að öðru leyti en kveðið er á um í frumvarpinu er leyfishafanum óheimilt að framselja lífsýnin. Honum er óheimilt að setja lífsýni að veði fyrir fjárskuldbindingum og þau eru ekki aðfararhæf. Leyfishafa er því ekki heimilt að selja sýnin eða aðgang að þeim en kveðið er á um að honum sé heimilt að taka gjald fyrir lífsýni eða aðgang að þeim, sem nemur kostnaði við öflun, vörslu og meðferð sýnanna og veitingu aðgangs að þeim.

Eðlilegt þótti að setja ákveðnar skorður við flutningi lífsýna úr landi, enda geta íslensk stjórnvöld ekki komið við eftirliti með meðferð þeirra og persónuvernd lífsýnisgjafa ef sýnin eru flutt úr landi. Það á þó ekki við þegar um er að ræða þjónusturannsóknir. Því er kveðið er á um að ekki sé heimilt að flytja lífsýnasafn eða hluta þess úr landi nema að fengnu samþykki vísindasiðanefndar og tölvunefndar og með þeim skilyrðum sem þær setja.

Um 11. gr.

Ákvæðið er byggt á 1. mgr. 26. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og 12. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu landlæknis til að gefa árlega út skrá um lífsýnasöfn sem aðgengileg er fyrir almenning. Skránni er einnig ætlað að tryggja að réttar upplýsingar um stjórn og ábyrgðarmann hvers safns séu ávallt til reiðu. Þetta er liður í því almenna kynningarstarfi sem heilbrigðisyfirvöldum ber að viðhafa í tengslum við lífsýnasöfnin.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er ítrekuð sú skylda heilbrigðisyfirvalda að kynna almenningi rekstur lífsýnasafna, rétt einstaklinga og hvað felst í ætluðu samþykki. Almenningi verður að vera ljóst að við þjónusturannsóknir verður að taka það sérstaklega fram óski viðkomandi ekki eftir því að lífsýni hans verði vistað í lífsýnasafni og hvernig hann geti á einfaldan hátt komið slíkri ósk á framfæri.

Í 2. mgr. er tryggður upplýsingaréttur einstaklings um það hvort lífsýni úr honum eru geymd í lífsýnasöfnum og um hvers konar lífsýni er að ræða.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um heimild ráðherra til að afturkalla leyfi ef brotið er gegn ákvæðum laganna, stjórnvaldsreglum sem settar eru á grundvelli þeirra, eða skilyrðum leyfis er ekki fullnægt. Áður en rekstrarleyfi er afturkallað skal ráðherra þó veita leyfishafa skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur ráðherra afturkallað leyfi án þess að gefa viðvörun eða veita frest til úrbóta.

Um 15. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða sams konar ákvæðum í lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og þarfnast því ekki sérstakra skýringa.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í 15. gr. laga um réttindi sjúklinga segir kemur m.a. fram að tölvunefnd sé heimilt að veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna. Rétt þykir að taka af tvímæli um að eftir að lífsýni er komið í lífsýnasafn gildi ákvæði laga um lífsýni um þau.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt þykir að gefa vörsluaðilum lífsýnasafna tíma til að aðlaga söfn sín að ákvæðum laganna og er því gert ráð fyrir að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2001

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Rétt þótti að kveða sérstaklega á um að landlæknir skuli kynna lífsýnasöfn ítarlega fyrir almenninngi áður en lögin taka gildi.
2. Hér eru tekin af tvímæli um að gengið skuli útfrá ætluðu samþykki fyrir vistun þeirra lífsýna sem aflað var fyrir gildistöku laganna í lífsýnasafni og gildi það einnig þegar lífsýnisgjafi er látinn. Rétt er þó að benda á að vísindasiðanefnd og/eða tölvunefnd geta sett skilyrði um öflun upplýsts samþykkis fyrir notkun lífsýnis við vísindarannsókn. Á sama hátt geta vísindasiðanefnd og/eða tölvunefnd sett skilyrði um að leitað skuli samþykkis ættingja látins lífsýnisgjafa ef þeir eiga hagsmuna að gæta, t.d. ef talið er að niðurstöður rannsóknar geti veitt mikilvægar upplýsingar um eftirlifandi ættingja.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lífsýnasöfn.

Markmið frumvarpsins er að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna úr mönnum enda sé persónuvernd tryggð og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill. Með frumvarpinu eru sett skilyrði fyrir stofnun og starfrækslu lífsýnasafna, stjórn þeirra og öruggri varðveislu sýna. Samkvæmt frumvarpinu gefur heilbrigðismálaráðherra út rekstrarleyfi fyrir lífsýnasöfn. Landlækni er falið eftirlit með starfsemi þeirra að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki í höndum tölvunefndar og vísindasiðanefndar. Með frumvarpinu er stjórnvöldum gert skylt að kynna almenningi ítarlega rétt einstaklinga og lífsýnisgjafa og svara fyrirspurnum þeirra um hvort lífsýni úr þeim séu geymd á lífsýnasöfnum. Aukinn kostnaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og landlæknis af útgáfu leyfa, eftirliti, afgreiðslu fyrirspurna og almennu kynningarstarfi er 2–3 m.kr. á ári. Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er kveðið á um sérstaka kynningu meðal almennings á fyrirkomulagi lífsýnasöfnunar áður en lögin koma til framkvæmda 1. janúar 2001. Gert er ráð fyrir að kostnaður þeirrar kynningar nemi 1–2 m.kr.

836. Frumvarp til laga [535. mál]

um sjúklingatryggingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Sjúklingar sem lögin taka til.

1. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til starfans. Sama á við um þá sem missa framfæranda við andlát slíkra sjúklinga.

Sjúklingar sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða á annarri heilbrigðisstofnun erlendis, sbr. 35. gr. almannatryggingalaga, og verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á viðkomandi stofnun eiga rétt á bótum samkvæmt lögum þessum, að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki.

Þeir sem gangast undir læknisfræðilega tilraun sem ekki er liður í sjúkdómsgreiningu eða meðferð á sjúkdómi þess er í hlut á eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt lögum þessum nema annars sé getið sérstaklega.

Þeir sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt lögum þessum nema annars sé getið sérstaklega.

Tjónsatvik sem lögin taka til.

2. gr.

Bætur skal greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.
3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.
4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta sé á slíku tjóni.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um það fyrir hvaða tjón greiða skuli bætur skv. 1. mgr. Ráðherra getur einnig sett nánari reglur um að tilgreindir flokkar tjónstilvika skv. 3. tölul. 1. mgr. skuli undanþegnir lögunum.

3. gr.

Greiða skal bætur fyrir tjón sem hlýst af því að sjúkdómsgreining er ekki rétt í tilvikum sem nefnd eru í 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. Þetta á hins vegar ekki við um atvik sem falla undir 3. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr.

Slasist sjúklingur af öðrum orsökum en þeim sem greindar eru í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal því aðeins greiða bætur að sjúklingur hafi verið í rannsókn eða meðferð hjá stofnun eða öðrum aðila sem lögin taka til og slysið hafi borið að þannig að telja verði að þeir beri bótaábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Bætur samkvæmt lögum þessum greiðast ekki ef rekja má tjón til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.

4. gr.

Bætur skal greiða einstaklingum sem nefndir eru í 3. og 4. mgr. 1. gr. ef þeir verða fyrir tjóni sem getur verið afleiðing læknisfræðilegrar tilraunar, brottnáms vefs eða annars þess háttar, nema allt bendi til þess að tjónið verði rakið til annars.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um tjón sem rekja má til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð, sbr. 3. mgr. 3. gr.

Ákvörðun bóta.

5. gr.

Um ákvörðun bótafjárhæðar samkvæmt lögum þessum fer eftir skaðabótalögum, sbr. þó 2. mgr. 10. gr.

Bætur skv. 1. mgr. greiðast ef virt tjón nemur 50 þús. kr. eða hærri fjárhæð. Hámark bótafjárhæðar fyrir einstakt tjónsatvik skal þó vera 5.000.000 kr. Fjárhæðir þessar breytast miðað við 1. janúar ár hvert í samræmi við neysluverðsvísitölu. Ráðherra getur með reglugerð

ákveðið að því aðeins skuli greiða bætur fyrir vinnutap og þjáningar að sjúklingur hafi verið óvinnufær af völdum tjónsatburðar um nánar tiltekinn lágmarkstíma sem þó skal ekki vera lengri en þrír mánuðir.

Ákvæði 2. mgr. og reglugerðar sem kann að verða sett með heimild í henni taka ekki til tjóns sem um ræðir í 1. mgr. 4. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 1. gr.

Ekki skal greiða bætur eftir þessum lögum til að fullnægja endurkröfum.

Eigin sök.

6. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður bætur ef sjúklingur er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Skaðabótaréttur eftir almennum reglum.

7. gr.

Skaðabótakrafa verður ekki gerð á hendur neinum sem er bótaskyldur samkvæmt reglum skaðabótaréttar nema tjón hafi ekki fengist að fullu bætt skv. 5. gr. og þá einungis um það sem á vantar.

Endurkröfuréttur.

8. gr.

Beri bótaskyldur aðili skv. 9. gr., starfsmaður hans eða fyrrverandi starfsmaður bótaábyrgð gagnvart sjúklingi samkvæmt reglum skaðabótaréttar verður endurkrafa ekki gerð á hendur hinum skaðabótaskylda til greiðslu skv. 5. gr. nema hann hafi valdið tjóni af ásetningi.

Bótaskyldir aðilar.

9. gr.

Allir sem veita heilbrigðisþjónustu, innan stofnana sem utan, bera bótaábyrgð samkvæmt lögunum. Þeir eru:

a. heilsugæslustöðvar, hvort sem þær eru reknar af ríki, sveitarfélagi eða öðrum,
b. sjúkrahús, hvort sem þau eru rekin af ríki, sveitarfélagi eða öðrum,
c. aðrar heilbrigðisstofnanir, án tillits til þess hver ber ábyrgð á rekstri,
d. heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hafa hlotið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til starfans, án tillits til þess hvort þeir veita heilbrigðisþjónustu sem sjúklingur greiðir að fullu sjálfur eða sem greidd er af sjúkratryggingum samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins,
e. Tryggingastofnun ríkisins vegna sjúklinga sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða annarri heilbrigðisstofnun erlendis, sbr. 2. mgr. 1. gr., og
f. þeir sem annast sjúkraflutninga.

Vátryggingarskylda.

10. gr.

Bótaskyldir aðilar skv. 9. gr. skulu tryggðir með vátryggingu (sjúklingatryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. þó 11. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur reglugerð m.a. um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldu. Heimilt er ráðherra að binda starfsleyfi heilbrigðisstofnana sem ekki falla undir 11. gr. og heimild heilbrigðis-

starfsmanna til að starfa sjálfstætt því að vátryggingarskyldu samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

Eigin áhætta.

11. gr.

Heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir sem ríkið á í heild eða að hluta eru undanþegin vátryggingarskyldu skv. 10. gr. Sama gildir um Tryggingastofnun ríkisins og þá sem annast sjúkraflutninga. Þeim er þó heimilt að kaupa vátryggingu skv. 10. gr.

Meðferð bótamála hjá vátryggingafélögum.

12. gr.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá öðrum en þeim sem 11. gr. tekur til skal beina til vátryggingafélags hins bótaskylda.

Starfsmenn vátryggingafélaga sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

Meðferð bótamála þegar hinn bótaskyldi er undanþeginn vátryggingarskyldu.

13. gr.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá þeim sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 11. gr., skal beina til Tryggingastofnunar ríkisins.

Sjúklingatrygging Tryggingastofnunar ríkisins.

14. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast sjúklingatryggingu vegna þeirra sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 11. gr.

Ráðherra skal setja í reglugerð reglur um starfsemi sjúklingatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins.

Málsmeðferð hjá Tryggingastofnun ríkisins.

15. gr.

Tryggingastofnun ríkisins aflar gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað skýrslna fyrir héraðsdómi þar sem skýrslugjafi býr. Stofnunin getur krafið heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, aðrar heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hlotið hafa löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra svo og þá sem annast sjúkraflutninga um hvers konar gögn, þar á meðal sjúkraskýrslur sem hún telur máli skipta um meðferð máls samkvæmt lögunum.

Að gagnaöflun lokinni tekur Tryggingastofnun ríkisins afstöðu til bótaskyldu og ákveður fjárhæð bóta.

Starfsmenn stofnunarinnar sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

16. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir öllum hlutaðeigandi niðurstöðu sína í hverju máli. Niðurstöðu má skjóta til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Ársskýrsla um sjúklingatryggingu.

17. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal árlega taka saman skýrslu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um störf vegna sjúklingatryggingarinnar og þau mál sem hún afgreiðir. Jafnframt skal upplýsa í ársskýrslu stofnunarinnar, eftir því sem kostur er, um meðferð vátryggingafélaga á bótakröfum vegna sjúklingatryggingar. Skýrslan skal vera aðgengileg almenningi.

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Kröfur um bætur samkvæmt lögum þessum fyrnast þegar fjögur ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt.

Krafan fyrnist þó eigi síðar en þegar tíu ár eru liðin frá atvikinu sem hafði tjón í för með sér.

19. gr.

Brot gegn 1. mgr. 10. gr., sbr. þó 11. gr., varða sektum.

Brot gegn 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 15. gr. varða sektum eða fangelsi.

Sé refsivert brot framið í starfi hjá félagi, stofnun eða öðrum ópersónulegum aðila er hann ábyrgur fyrir greiðslu sektar.

20. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þar skal m.a. skilgreina frekar hvað fellur undir sjúkdómsmeðferð skv. 1. gr. og hvað telst læknisfræðileg tilraun skv. 3. mgr. sömu greinar.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 og taka til tjónsatvika sem verða eftir þann tíma.

Breytingar á öðrum lögum.

22. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirtaldar breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993:

a. F-liður 1. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.
b. Síðari málsliður lokamálsgreinar 29. gr. laganna fellur brott.
c. Í stað orðanna „og f-liðum“ í lokamálslið 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: lið.
d. D-liður 2. mgr. 43. gr. laganna fellur brott.
e. Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður sem orðast svo: Sjúklingar sem áttu rétt til bóta skv. f-lið 1. mgr. 24. gr. fyrir 1. janúar 2001 skulu halda rétti sínum skv. III. kafla laganna.

Ef krafa er gerð eftir 1. janúar 2001 vegna tjónsatviks sem varð fyrir þann tíma gilda ákvæði f-liðar 1. mgr. 24. gr. og d-liðar 2. mgr. 43. gr. almannatryggingalaga, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

23. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirtaldar breytingar á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993:

a. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3., 4. og 5. málsl. 4. mgr. 5. gr.
b. Á eftir 2. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skal einnig draga frá skaðabótakröfu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp til laga um sjúklingatryggingu var lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–91 en náði ekki fram að ganga. Það var samið af Arnljóti Björnssyni hæstaréttardómara sem þá var prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Fyrirmyndin var danskt lagafrumvarp um sjúklingatryggingu sem síðar varð nær óbreytt að lögum.

Frumvarpið sem hér er lagt fram er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Miðað var við frumvarpið frá 1991 auk þess sem hliðsjón var höfð af löggjöf annarra Norðurlanda um sjúklingatryggingu og réttarþróun sem orðið hefur á þessu sviði frá því að fyrra frumvarpið var samið. Nánar verður vikið að löggjöf á Norðurlöndunum á þessu sviði hér á eftir.

Sjúklingur sem verður fyrir heilsutjóni af völdum læknismeðferðar eða í tengslum við hana á yfirleitt ekki rétt á bótum eftir almennum skaðabótareglum nema hann geti sannað að tjónið verði rakið til sakar annars manns. Sjúklingur getur orðið fyrir heilsutjóni af ýmiss konar skakkaföllum í tengslum við læknismeðferð, rannsókn eða slíkt án þess að skilyrði bótaréttar eftir almennum skaðabótareglum séu fyrir hendi. Oft er sök augljóslega ekki orsök tjóns en í öðrum tilvikum benda líkur til sakar þótt ekki takist að sanna að svo sé. Ýmis dæmi eru um að varanleg örorka hljótist af meðferð sjúklinga, einkum á sjúkrahúsum. Í sumum tilvikum hefur örorka mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjúklinginn.

Ábyrgðartryggingar lækna eða sjúkrahúsa greiða ekki bætur til sjúklinga eða annarra sem verða fyrir tjóni nema skaðabótaréttur hafi stofnast. Víða um lönd hafa orðið miklar umræður um úrræði til að auka rétt sjúklinga á bótum fyrir tjón sem hlýst af læknismeðferð.

Hér á landi var lögum um almannatryggingar, nú lög nr. 117/1993, breytt árið 1989. Þá var ákvæði bætt við slysatryggingakafla laganna (f-lið 24. gr.) sem felur í sér rétt til bóta frá Tryggingastofnun ríkisins vegna heilsutjóns sem sjúklingar verða fyrir vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks. Ákvæðið nær til sjúklinga sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Í því felst að sjúklingarnir eru slysatryggðir eins og launamenn og aðrir sem slysatrygging almannatrygginga tekur til.

2. Sjúklingatryggingar á Norðurlöndunum.

Undanfarin ár hefur sérstökum sjúklingatryggingum verið komið á annars staðar á Norðurlöndunum til að greiða bætur vegna líkamstjóns sem menn verða fyrir í tengslum við heilbrigðisþjónustu, t.d. læknisaðgerðir. Þessi bótakerfi eiga rætur að rekja til Svíþjóðar en þar var slíkum tryggingum komið á árið 1975 og mátti rekja það til þess að árið 1972 gengu í gildi í Svíþjóð almenn skaðabótalög. Hliðstæð bótaúrræði eru ekki til utan Norðurlanda.

2.1. Svíþjóð.

Hinn 1. janúar 1975 gekk í gildi sjúklingatrygging í Svíþjóð. Eigendur sjúkrahúsanna (landsþing og sveitarfélög) komu henni á í samvinnu við fjögur vátryggingafélög. Úrræðið gekk út á að tryggja sjúklingum sem urðu fyrir tjóni bætur án þess að sanna þyrfti að mistök eða gáleysi í tengslum við meðferð hefði valdið því. Úrræðið fólst í slysatryggingu til hagsbóta fyrir þriðja mann (tjónþola) sem stofnanir höfðu sjálfdæmi um hvort þær tækju.

Til 31. desember 1994 var tryggingunni stjórnað af samsteypu, Sjúklingatryggingasamsteypunni, sem vátryggingafélögin fjögur stóðu að. Samkvæmt sænsku samkeppnislögunum sem gengu í gildi 1. júlí 1993 varð þessi starfsemi brot á þeim lögum og því var samsteypan leyst upp frá árslokum 1994. Frá og með 1. janúar 1995 var tryggingin færð til gagnkvæms vátryggingafélags landsþinganna (LÖF).

Í júní 1996 samþykkti sænska þingið ný lög um sjúklingatryggingu sem giltu um tjón eftir 1. janúar 1997.

Sjúklingatryggingin er fjármögnuð af opinbera heilbrigðiskerfinu þannig að landsþingin greiða árlegt iðgjald fyrir hvern íbúa sem byggist á bótum sem hafa komið til greiðslu vegna tjóns á einu ári á tíu ára tímabili. Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir greiða árlegt iðgjald sem er ákveðið fyrir hverja stétt. Skyldan nær til sálfræðinga og félagsráðgjafa.

Sérstök nefnd, sjúklingatjónanefnd, er ráðgefandi jafnt fyrir sjúklinga sem og vátryggingafélagið. Ákvörðunum félagsins má áfrýja til nefndarinnar en í henni eiga sæti lögfræðingar, læknar og fulltrúar almennings og vátryggingafélagsins.

Ákvörðunum nefndarinnar má vísa til gerðardóms. Ef sjúklingur kýs að taka ekki tilboði vátryggingafélagsins um bætur getur hann vísað málinu til gerðardóms en þá byggist málið á almennum reglum skaðabótaréttarins.

Kröfu er beint að vátryggingafélagi landsþinganna. Bætur greiðast samkvæmt sænsku skaðabótalögunum. Það þýðir að bætur eru greiddar vegna missis vinnutekna, miska og missis framfæranda. Tjónið verður þó að hafa leitt af sér fjarveru í meira en 30 daga vegna a.m.k. 50% tímabundinnar örorku eða hafa haft í för með sér sjúkrahúsdvöl í meira en 10 daga eða valdið dauða sjúklingsins. Lögin setja lágmarksupphæð vegna greiðslu bóta sem er 5% af grunnfjárhæð sænsku skaðabótalaganna (u.þ.b. 1.800 sænskar kr.).

Bætt er líkamlegt og andlegt tjón. Tjón vegna lyfjagjafar er bætt, enda sé það afleiðing af því að lyfið var notað í andstöðu við fyrirmæli eða að það er framleitt eða innflutt beint af þeim sem ber ábyrgð á viðkomandi rekstri. Samkvæmt þessu falla flest lyfjatjón undir sjúklingatryggingu, lyfjatryggingu eða skaðsemisábyrgðarlög.

Varðandi sönnunarbyrðina gera lögin þá kröfu að það skuli vera orsakasamband milli rannsóknar, meðferðar o.s.frv. og tjónsins. Sé það tilfellið á að meta að hvaða leyti rannsóknin byggðist á eðlilegum læknisfræðilegum rökum. Matið á því hvort um meðferðartjón eða greiningartjón sé að ræða er í höndum sérfræðinga.

2.2. Finnland.

Lög um sjúklingatryggingu gengu í gildi í Finnlandi 1. maí 1987. Áður höfðu Finnar reynt að koma á sjúklingatryggingakerfi án lagasetningar en ekki tókst að fá nógu marga sjálfstætt starfandi lækna o.fl. til að taka slíkar tryggingar. Verulegar breytingar á lögunum tóku gildi 1. maí 1999. Þar voru ákvæði um tjónsatvik skilgreind betur og gildissvið látið ná til tjóns vegna blóð-, vef- og líffæragjafa, tjóns í sjúkraflutningum, tjóns vegna tækja og vegna ólöglegrar dreifingar á lyfjum.

Gildissvið laganna er jafnvítt og í sænska kerfinu, þ.e. þau taka til allra sem veita heilbrigðisþjónustu og verða þeir að taka tryggingu vegna ábyrgðar sinnar.

Tryggingafélög sem bjóða sjúklingatryggingu skulu verða aðilar að sjúklingatryggingamiðstöð. Miðstöðin tekur við og afgreiðir mál í samræmi við lögin. Sjúklingatjónsnefnd tengist þessu fyrirkomulagi. Nefndin er ráðgefandi og gefur álit og gerir tillögur til sjúklinga, vátryggingafélaga og dómstóla. Niðurstöðu miðstöðvarinnar getur sjúklingur borið undir dómstóla.

Sjúklingatryggingin er fjármögnuð af iðgjöldum, bæði frá hinu opinbera og einkareknu heilbrigðiskerfi, eftir svipuðu fyrirkomulagi og í sænska kerfinu.

Lögin ná til allrar heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsum og í einkarekstri sem löggiltar heilbrigðisstéttir veita, t.d. læknar, tannlæknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, sjóntækjafræðingar og lyfsalar. Ýmsar einkastofnanir sem teljast til félagslegs kerfis, svo sem dvalarheimili, heyra undir lögin, enda veiti þær heilbrigðisþjónustu.

Lögin ná til líkamlegs og andlegs tjóns. Bætur eru í samræmi við almennar finnskar skaðabótareglur og er bæði fjárhagslegt tjón og tjón sem er annars eðlis bætt. Minni háttar tjón er ekki bætt og heldur ekki tjón sem sjúklingur veldur sjálfur.

2.3. Noregur.

Hinn 1. janúar 1988 gengu í gildi í Noregi reglur um sjúklingatryggingu. Reglurnar byggjast á samkomulagi og er ætlað að vera tímabundið bótaúrræði. Stefnt var að því að samkomulagið yrði leyst af hólmi með lögum frá 1. janúar 1991 en reyndin hefur orðið sú að gildistími samkomulagsins hefur verið framlengdur og gildissvið þess rýmkað.

Um bótakerfið sér sjálfstæður aðili, norska sjúklingatryggingin (Norsk Patientskadeerstatning, NPE), sem stjórnað er af stofnun á vegum sveitarfélaganna (Kommunal Landspensjonskasse).

Bætur fyrir tjón sem sjúkrahús bera ábyrgð á eru greiddar af fylkjunum annars vegar og ríkinu hins vegar. Fylkin leggja til fjárhæð sem miðast við fjölda íbúa í fylkinu. Framlag ríkisins til hvers ríkissjúkrahúss miðast við umfang starfsemi þess.

Ríkið ber kostnað af bótum sem greiðast fyrir tjón sem heilsugæslan ber ábyrgð á. Hagkvæmnisástæður lágu að baki því fyrirkomulagi. Gildissvið bótaúrræðisins var rýmkað árið 1992 þannig að það náði einnig til heilsugæslunnar og þá þótti hentugast að ríkið tæki á sig kostnað af því, enda var þá gert ráð fyrir að samningsbundna bráðabirgðaúrræðið yrði fljótlega leyst af hólmi með lögum.

Sú starfsemi heilsugæslunnar sem fellur undir bótaúrræðið nær til þeirra sem starfa hjá hinu opinbera við heilsugæslu sem og þeirra sem starfa sjálfstætt en hafa samning við hið opinbera. Það nær þannig til heilsugæslunnar að mestu leyti. Utan úrræðisins falla þó sjálfstætt starfandi heimilislæknar sem ekki hafa samning við hið opinbera og sérfræðilæknar án tillits til þess hvort þeir hafa samning við hið opinbera eða ekki. Bótaúrræðið í Noregi er því ekki byggt á vátryggingafyrirkomulagi.

Bótakröfur eru til meðferðar hjá sérstakri nefnd sem í eiga sæti fulltrúar sjúklinga, eigenda sjúkrahúsa o.fl. Nefndin hefur að verulegu leyti falið starfsmönnum NPE að annast meðferð bótakrafna. Ákvörðunum þeirra má áfrýja til nefndarinnar.

Ákvörðun um bætur er bindandi gagnvart eigendum sjúkrahúsa og sveitarfélögum. Sjúklingarnir eru hins vegar ekki bundnir af ákvörðuninni og geta því borið hana undir dómstóla eftir almennum reglum stjórnsýsluréttarins. Sjúklingar geta sömuleiðis borið málið undir dómstóla samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins en þá fellur ákvörðun nefndarinnar niður og sjúklingurinn verður að sanna að heilbrigðisstarfsfólk hafi gerst sekt um skaðabótaskylda háttsemi.

Bótaúrræðið nær til sjúklinga sem verða fyrir tjóni á sjúkrahúsum á vegum hins opinbera, bæði á meðferðarsjúkrahúsum og geðsjúkrahúsum, svo og göngudeildum slíkra stofnana, við meðferð í sjúkrabíl sem starfslið sjúkrahúss veitir og við meðferð í heilsugæslu. Bótaúrræðið nær einnig til þeirra sem gefa sig fram til lækningarannsókna og þeirra sem gefa líffæri, vefi og blóð.

Úrræðið nær til líkamstjóns sem verður í tengslum við rannsóknir, greiningu, meðferð, hjúkrun, sýkingar, skort á upplýsingum eða galla í tækjabúnaði. Andlegt tjón er einungis bætt þegar það er bein afleiðing af líkamlegu tjóni. Slys eru bætt eftir almennum reglum skaðabótaréttarins. Undantekningar eru þó margar og í þeim tilfellum eru engar bætur greiddar.

Bætur eru ákvarðaðar eftir ákvæðum skaðabótalaga. Það þýðir að bæta á vinnutekjutap, tap á vinnugetu (örorku), missi framfæranda, lýti o.fl. Tjón undir 5.000 norskum kr. er ekki bætt.

2.4. Danmörk.

Hinn 1. júlí 1992 gengu í gildi í Danmörku lög um sjúklingatryggingu. Lögin ná til tjóns sem sjúklingur verður fyrir við rannsókn eða meðferð á opinberum sjúkrahúsum eða sjúkrahúsum sem hið opinbera hefur gert samning við. Lögin ná ekki til einkarekna heilbrigðiskerfisins nema hið opinbera hafi gert við þá aðila samning sem felur í sér að það greiði a.m.k. helming kostnaðar við rekstur. Lögin ná ekki til heilsugæslu eða heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa.

Rekstraraðilar sjúkrahúsa sem lögin taka til skulu vera tryggðir fyrir tjóni sem lögin ná til. Þessi vátryggingarskylda nær þó hvorki til ríkis né sveitarfélaga. Þau geta valið að taka tryggingu samkvæmt lögunum eða bera ábyrgðina sjálf. Ríkið hefur valið að taka áhættuna en sveitarfélög eru flest tryggð. Tryggingin er greidd með iðgjöldum.

Rekstur tryggingarinnar er í höndum sjúklingatryggingafélags sem í eru vátryggingafélög sem bjóða sjúklingatryggingu. Félagið fjallar um allar bótakröfur samkvæmt lögunum. Vátryggingafélag verður sjálfkrafa þátttakandi í félaginu þegar það tilkynnir heilbrigðisráðuneytinu að það hyggist selja sjúklingatryggingar. Opinberir aðilar sem hafa kosið að bera sjálfir ábyrgðina eru ekki í félaginu þótt tjón sem verður hjá þeim sé á verksviði þess. Þeir sem ekki eru tryggðir eiga þó fulltrúa í stjórn félagsins. Ráðherra setur reglur um stjórn félagsins. Stjórnin er skipuð sjö mönnum, einum tilnefndum af heilbrigðisráðherra. Hinir sex eru tilnefndir af tryggingafélögunum og þeim opinberu aðilum sem hafa kosið að bera sjálfir ábyrgðina.

Til félagsins fara allar bótakröfur samkvæmt lögunum án tillits til hvort stofnunin sem tjónið verður hjá ber eigin áhættu af því eða er tryggð samkvæmt lögunum.

Ákvörðun félagsins má skjóta til sérstakrar kærunefndar samkvæmt lögunum. Í henni eru níu manns en vegna mikils álags starfar hún nú í tveimur níu manna deildum.

Bótaskylda er vegna líkamlegs tjóns. Bætur eru ákvarðaðar eftir skaðabótalögum. Þó er gerð sú krafa að bótakrafan sé hærri en 10.000 danskar kr. Upphaflega var lágmarkið 20.000 danskar kr. en það var lækkað árið 1996 til að fjölga þeim sem ættu möguleika á bótum úr kerfinu.

3. Helstu rök fyrir sjúklingatryggingu.

Með lagafrumvarpi þessu er stefnt að því að færa íslenskar reglur um sjúklingatryggingu nær öðrum norrænum reglum um sjúklingatryggingu og auka þannig bótarétt sjúklinga sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð o.fl. Tilgangur fyrirhugaðra breytinga er að tryggja tjónþola víðtækari rétt á bótum en hann á samkvæmt almennum skaðabótareglum og jafnframt að gera honum auðveldara að ná rétti sínum.

Eins og áður hefur verið vikið að veita skaðabótareglur ekki nærri alltaf bótarétt vegna heilsutjóns sem hlýst af læknisaðgerð eða annarri meðferð innan heilbrigðiskerfisins. Ákvæði almannatryggingalaga frá 1989 bættu að nokkru rétt sjúklinga en allmikið vantar á að sjúklingar hafi rétt á bótum sem nálgast að vera fullar fébætur fyrir raunverulegt tjón.

Rök fyrir úrræði sem tryggir sjúklingum víðtækari rétt til bóta en flestum öðrum tjónþolum eru:

1. Sönnunarvandkvæði í þessum málaflokki eru oft meiri en á öðrum sviðum bæði vegna læknisfræðilegra álitamála og þess að oft eru ekki aðrir til frásagnar en þeir sem eiga hendur sínar að verja þegar tjónþoli heldur því fram að mistök hafi orðið. Kostnaður við rekstur skaðabótamála er einatt mikill, einkum þegar erfitt er að sanna gáleysi eða orsakatengsl.
2. Æskilegt er að sem víðtækust vitneskja fáist um það sem betur má fara í heilbrigðiskerfinu. Slíkt er nauðsynlegt ef bæta á úr göllum þess. Skaðabótamál eru fallin til að skapa tortryggni og geta spillt eðlilegu og nauðsynlegu sambandi sjúklings og þess sem veitir þjónustu. Dómsmál henta illa til að auðvelda öflun almennra upplýsinga um það sem miður fer. Bótaréttur úr sjúklingatryggu er hins vegar ekki háður því að unnt sé að sýna fram á persónulega ábyrgð læknis eða annars starfsmanns. Því er líklegt að starfsmenn muni vera fúsari til samvinnu um að afla upplýsinga.
3. Víðtækur bótaréttur ætti að greiða fyrir því að sjálfboðaliðar fáist til að gangast undir læknisfræðilegar tilraunir eða gefa líffæri, blóð o.s.frv.
4. Bótakröfum vegna ætlaðra mistaka lækna eða starfsmanna sjúkrastofnana fjölgar og virðist það auka þörf á virkari bótaúrræðum en eru fyrir hendi.
5. Afdrifaríkir fylgikvillar eða óvenjuleg eftirköst læknismeðferðar valda sjúklingum einatt vonbrigðum og jafnvel geðrænum veikindum. Víðtækur réttur til fébóta getur dregið úr slíkum afleiðingum.

Um þessi rök má deila. Sum þeirra geta einnig átt við um önnur svið mannlegs lífs þar sem tjónþolar eiga ekki kost á sérstökum bótaúrræðum á borð við sjúklingatryggingu eða slysatryggingu. Veigamestu rökin gegn sjúklingatryggingu eru sennilega kostnaðurinn sem þeim fylgir og það að ekki sé sanngjarnt að veita þessum tjónþolum forgang. Þá hefur m.a. verið bent á að ekki séu rök til þess að þeir sem hljóta örorku vegna áfalla í kjölfar læknismeðferðar öðlist víðtækari bótarétt en þeir sem búa við sambærileg örkuml af völdum slyss eða sjúkdóms.

4. Starfsemi sem frumvarpið tekur til.

Eins og rakið var hér að framan er gildissvið sjúklingatryggingar á Norðurlöndunum mismunandi. Í þessu frumvarpi er lagt til að fetað verði í fótspor Svía og Finna og gildissviðið látið ná til allrar heilbrigðisþjónustu. Þetta þýðir að ef frumvarpið verður samþykkt öðlast þeir bótarétt sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni sem hlotið hefur löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Einnig öðlast þeir sjúklingar bótarétt sem vistast á erlendu sjúkrahúsi á vegum Tryggingastofnunar ríkisins (siglinganefndarmál) að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki.

5. Tjónsatvik sem frumvarpið tekur til.

Sjúklingatrygging verður að ná til fleiri tjónsatvika en þeirra sem leiða til bótaskyldu eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Enn fremur er ljóst að yfirleitt er ástæðulaust að trygging af þessu tagi greiði bætur fyrir tjón sem er óhjákvæmileg afleiðing sjúkdómsins sem átti að lækna og meðferðar við honum.

5.1. Meginreglur um atvik sem hafa í för með sér greiðsluskyldu.

Samkvæmt frumvarpinu skiptir meginmáli um greiðsluskyldu sjúklingatryggingar hvort komast hefði mátt hjá tjóninu sem sjúklingur varð fyrir. Skv. 2. gr. skal í fyrsta lagi greiða bætur vegna allra tjóna sem rakin verða til þess að eitthvað fer úrskeiðis hjá lækni eða öðrum starfsmanni eða til bilunar eða galla tækis, sbr. 1. og 2. tölul. Við mat á því hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis hjá lækni eða öðrum skal ekki nota sama mælikvarða og stuðst er við samkvæmt hinni almennu sakarreglu skaðabótaréttar heldur miða við hvað hefði gerst ef rannsókn eða meðferð hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið. Greiða skal bætur þegar tjón hlýst af bilun eða galla þótt yfirsjónum eða mistökum verði ekki um kennt. Í öðru lagi skal greiða bætur fyrir öll tjón (önnur en afleiðingar rangrar sjúkdómsgreiningar) sem ljóst er við eftirfarandi mat að komast hefði mátt hjá með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á, sbr. 3. tölul. 2. gr. Í þriðja lagi skal greiða bætur fyrir tjón af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem hlýst af rannsókn eða meðferð. Greiða skal bætur þrátt fyrir að tjón hafi verið óhjákvæmilegt, en þó því aðeins að tjónið sé meira en sanngjarnt er að sjúklingur þoli. Þá skal líta til þess hve tjónið er mikið, veikinda sjúklings og heilsufars hans að öðru leyti og loks þess hversu algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir, sbr. 4. tölul. 2. gr.

5.2. Nokkrar aðrar reglur um bótarétt.

Í 1. mgr. 3. gr. er nánar kveðið á um rétt til bóta fyrir tjón af rangri sjúkdómsgreiningu. Sjúklingatrygging jafngildir ekki slysatryggingu og greiðir yfirleitt ekki bætur vegna annarra slysa en þeirra sem rúmast innan 2. gr. Erfitt getur verið að greina viss slysatilvik frá tilvikum sem 2. gr. tekur til. Þess vegna er sú undantekning gerð frá almennu reglunni í 2. gr. að bætur greiðast vegna slysa sem ekki eru í beinum tengslum við meðferð sjúklings ef slysið verður á heilbrigðisstofnun eða hjá aðila sem lögin taka til og það hefur borið þannig að að telja verði að viðkomandi beri bótaábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins eru sérreglur um aukinn bótarétt heilbrigðra manna sem gangast undir læknisfræðilega tilraun og manna sem gefa líffæri o.s.frv.

5.3 Tjón vegna skaðlegra eiginleika lyfja.

Sjúklingatryggingin tekur til líkamlegs og geðræns tjóns en ekki tjóns sem rekja má til eiginleika lyfs sem notað er við rannsóknir eða við sjúkdómum, sbr. 1. gr., sbr. 3. mgr. 3. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. tekur sjúklingatryggingin ekki til tjóns sem einvörðungu verður rakið til eiginleika lyfs. Slíkt tjón fellur undir lög um skaðsemisábyrgð. Verði sjúklingur fyrir tjóni og almenn skilyrði bótaskyldu eftir frumvarpinu eru fyrir hendi á hann bótarétt þótt lyf sé (með)orsök tjónsins (sjá nánar athugasemdir um 3. gr.).

Norrænar sjúklingatryggingar taka jafnan ekki til tjóns af völdum lyfja heldur hefur þar verið komið á fót sérstökum lyfjatjónstryggingum sem greiða bætur fyrir líkamstjón af völdum skaðlegra eiginleika lyfja. Lyfjatjónstryggingarnar eru hliðstæðar sjúklingatryggingu og bera framleiðendur og innflytjendur lyfja kostnað af þeim með iðgjöldum til vátryggingafélaga sem annast hana.

Tjón vegna eiginleika lyfs fellur því undir lög um skaðsemisábyrgð auk þess sem tjón af völdum lyfja getur undir tilgreindum kringumstæðum fallið undir ákvæði laga um sjúklingatryggingu. Þrátt fyrir þetta munu einhver lyfjatjón hvorki falla undir lögin um skaðsemisábyrgð né lögin um sjúklingatryggingu. Ýmis rök mæla með því að samhliða sjúklingatryggingu verði stofnað til lyfjatjónstrygginga hér á landi á sambærilegan hátt og í nágrannalönd-

unum. Með slíkri löggjöf mundu bætur fyrir hvers kyns tjón af völdum eiginleika lyfja vera tryggðar.

6. Skipulag og fjármögnun sjúklingatryggingar.

Í frumvarpinu er lagt til að allir sem veita heilbrigðisþjónustu, innan stofnana sem utan, beri bótaábyrgð, sbr. 9. gr. Gert er ráð fyrir að bótaskyldir aðilar verði tryggðir með vátryggingu (sjúklingatryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi. Heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum sem ríkið á eða er eignaraðili að, Tryggingastofnun ríkisins og þeim sem annast sjúkraflutninga er þó heimilt að bera bótaábyrgðina í eigin áhættu, sbr. 10. og 11. gr.

Gert er ráð fyrir að kröfu um bætur fyrir tjón hjá þeim sem hafa sjúklingatryggingu verði beint til vátryggingafélags viðkomandi. Kröfu um bætur fyrir tjón hjá öðrum skal beint til Tryggingastofnunar ríkisins. Mikið hagræði er talið af því að sjúklingatryggingin sé í umsjá Tryggingastofnunar þar sem stofnunin hefur töluverða reynslu af framkvæmd sjúklingatrygginga samkvæmt núgildandi almannatryggingalögum. Stofnunin hefur á að skipa fagfólki sem hefur mikla reynslu á þessu sviði og má því reikna með að kostnaður við framkvæmdina verði lægri en ella. Ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um bætur er unnt að áfrýja til úrskurðarnefndar almannatrygginga en um sjúklingatryggingu hjá vátryggingafélögum fer með venjubundnum hætti hjá vátryggingafélögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru meginreglur um gildissvið sjúklingatryggingar. Samkvæmt frumvarpinu nær tryggingin til alls heilbrigðiskerfisins og allrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er hér á landi hvort sem er innan sjúkrahúss eða utan. Enn fremur nær tryggingin til tjónsatvika á sjúkrahúsum eða heilbrigðisstofnunum erlendis þegar sjúklingur er á vegum „siglinganefndar" Tryggingastofnunar ríkisins. Tryggingin er ekki takmörkuð við heilbrigðisþjónustu sem greitt er fyrir að hluta eða öllu leyti af sjúkratryggingum almannatrygginga eða beinum fjárframlögum úr ríkissjóði. Hún nær því til heilbrigðisþjónustu sem heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hafa hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra til starfans veita, jafnvel þótt sú þjónusta sé eingöngu greidd af sjúklingnum sjálfum. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi meðferð hjá hnykkjum og fótaaðgerðafræðingum. Þjónusta beggja starfshópanna telst heilbrigðisþjónusta en er ekki greidd af sjúkratryggingum almannatrygginga. Samkvæmt frumvarpinu nær tryggingin til rannsókna og sjúkdómsmeðferðar sem er í þágu sjúklings, þar á meðal ráðstafana til að koma í veg fyrir sjúkdóma, t.d. bólusetningar, og heilsutjóns sem hlýst af tilraunastarfsemi. Einnig nær tryggingin til rannsóknar og meðferðar heilbrigðisstarfsmanns í sjúkraflutningum en tekur ekki til tjóna sem bætt eru samkvæmt tryggingu farartækisins.

Í þessu sambandi telst fóstur vera sjúklingur. Því stofnast réttur til bóta fyrir tjón sem fóstur verður fyrir á meðgöngutíma eða í fæðingu, svo framarlega sem það fæðist lifandi og önnur skilyrði bótaréttar eru fyrir hendi, sbr. m.a. 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Frumvarpið tekur til líkamlegs og geðræns tjóns. Með því er átt við líkamlegt tjón, geðrænar afleiðingar líkamstjóns og hreint geðrænt tjón. Einnig tekur sjúklingatryggingin til tjóns sem verður við meðferð geðrænna sjúkdóma.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. eiga sjúklingar sem brýn nauðsyn er að vistist á erlendu sjúkrahúsi eða annarri heilbrigðisstofnun erlendis bótarétt samkvæmt ákvæðum 35. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og verða fyrir líkamlegu og geðrænu tjóni í tengslum við

rannsókn eða sjúkdómsmeðferð (siglinganefndarmál). Tilvikum þar sem nota þarf heilbrigðisþjónustu erlendis fer fækkandi og hefur „siglinganefnd“ Tryggingastofnunar ríkisins veitt samþykki fyrir vistun 100 einstaklinga á ári erlendis síðustu tvö ár.

Af 3. mgr. 1. gr. leiðir að heilbrigðir menn sem hljóta meðferð vegna læknisfræðilegrar tilraunar njóta góðs af reglum laganna þótt þeir falli ekki undir almenna skilgreiningu á sjúklingum. Hér er bæði átt við alheilbrigða menn og menn sem haldnir eru sjúkdómi sem tilraunin beinist ekki að, þ.e. þegar tilraunin er hvorki gerð í því skyni að greina né lækna sjúkdóm. Tjón sem hlýst af tilraun með lyf skal einnig bæta sem sjúklingatjón. Þó greiðast venjulega ekki bætur fyrir tjón sem rekja má til eiginleika lyfs eða leiðbeininga framleiðanda þess, sbr. 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. 1. gr. kemur fram að þeir sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva njóta sama réttar og sjúklingar nema annars sé getið sérstaklega. Þykir sanngjarnt að láta þá njóta góðs af reglum um sjúklingatryggingu sem leggja þetta af mörkum. Í vissum tilvikum öðlast gefendur vefja og því um líks ríkari rétt til bóta en aðrir tjónþolar, sbr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.

Um 2. gr.

Fram kemur í þessari grein að skilyrði greiðsluskyldu er að tjón tengist rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Nánari skilyrði eru talin upp í fjórum liðum í 1. mgr. og nægir að einn liðurinn eigi við. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins takmarka að nokkru greiðsluskyldu eftir þessari grein. Hins vegar eru í 4. gr. ákvæði um nokkur tilvik þar sem réttur til bóta er meiri en eftir 1. gr.

Skilyrði um að tjón tengist rannsókn eða sjúkdómsmeðferð leiðir til þess að frumvarpið tekur ekki til skaðlegra afleiðinga eða annars tjóns sem hlýst af sjúkdómi sem sjúklingur þjáðist af fyrir. Bætur skal því ekki greiða fyrir tjón sem eingöngu verður rakið til þess að aðgerð eða önnur sjúkdómsmeðferð tókst ekki.

Tjón skal hafa hlotist af meðferð eins og greinir í 1. gr. frumvarpsins. Því skal ekki greiða bætur fyrir tjón af eðlilegum afleiðingum sjúkdómsins eða fylgikvillum sem rekja má til sjúkdómsins. Hafi hins vegar sjúkdómur dregist á langinn vegna þess að sjúklingur fékk ekki viðeigandi meðferð, t.d. af því að sjúkdómsgreining var röng, getur sjúklingur átt rétt á bótum, skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.

Við mat á því hvort nauðsynlegt orsakasamband sé milli tjóns og rannsóknar eða meðferðar sjúklings er nægilegt að sýnt sé fram á að tjón hafi að öllum líkindum hlotist af þessari rannsókn eða meðferð, sbr. upphafsákvæði 2. gr.

Samkvæmt þessu tekur frumvarpið til tjóns sjúklings ef könnun á málsatvikum leiðir í ljós að líklegra sé að tjónið stafi af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum, t.d. fylgikvilla sem upp getur komið án þess að meðferð sjúklingsins hafi á það áhrif. Ef engu verður slegið föstu um orsök tjóns verður að vega og meta allar hugsanlegar orsakir. Ef niðurstaðan verður sú að eins líklegt sé að tjónið sé óháð meðferðinni er bótaréttur ekki fyrir hendi. Sama gildir ef ekkert verður sagt um hver sé líklegasta orsök tjóns.

Vægari regla um sönnun orsakatengsla meðferðar og tjóns er í 1. mgr. 4. gr. um menn sem eru til meðferðar vegna lækningartilrauna eða gefa blóð, vef eða líffæri.

Bótaskilyrði 2. gr. eru byggð á því að bætur skuli aðeins greiða fyrir tjón sem komast hefði mátt hjá með því að haga rannsókn eða meðferð á annan hátt en gert var. Frá þessu er ekki vikið í 1.–3. tölul. Skv. 4. tölul. má hins vegar í vissum tilvikum greiða bætur fyrir tjón sem ekki var komist hjá.

Samkvæmt 1. tölul. þarf að kanna hvort komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og kostur var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

Séu skilyrði 1. tölul. ekki fyrir hendi kemur til athugunar, sbr. 2. tölul., hvort tjón megi rekja til bilunar eða galla í búnaði sem notaður var við rannsókn eða meðferð þannig að komist hefði verið hjá tjóni ef ekkert hefði farið úrskeiðis. Ef tjónið verður rakið til þessa skal greiða bætur skv. 2. tölul. þrátt fyrir að öllu hefði verið hagað eins vel og unnt var. Ef ekki eru skilyrði til bóta skv. 1. eða 2. tölul. kemur 3. tölul. til álita. Samkvæmt honum ber að greiða bætur ef komast hefði mátt hjá tjóni með því að nota aðra aðferð eða tækni sem völ var á. Fáist bætur ekki skv. 1., 2. eða 3. tölul. verður að athuga hvort 4. tölul. getur átt við. Samkvæmt honum á sjúklingur rétt á bótum ef hann skaðast af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en talið verður eðlilegt samkvæmt sjónarmiðum sem nánar eru tilgreind í 4. tölul. Réttur til bóta helst þótt ekki hefði verið unnt að afstýra tjóni með annarri aðferð eða tækni.

Önnur atvik eru ekki bótaskyld samkvæmt frumvarpinu nema hin víðtæka regla um meðferð vegna lækningatilrauna eða blóðgjafar o.s.frv. eigi við, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 1. tölul. 1. mgr.

Ákvæði þessa töluliðar tekur til allra mistaka sem verða við rannsókn, meðferð o.s.frv. Orðið mistök er hér notað í mun víðtækari merkingu en almennt tíðkast í lögfræði. Ekki skiptir máli hvernig mistökin eru. Hér er m.a. átt við hvers konar ranga meðferð, hvort sem orsök hennar er röng sjúkdómsgreining sem rekja má til atriða sem falla undir 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. eða annað sem verður til þess að annaðhvort er beitt meðferð sem ekki á læknisfræðilega rétt á sér eða látið er hjá líða að grípa til meðferðar sem við á. Sama á við ef notaðar eru rangar aðferðir eða tækni eða sýnt er gáleysi við meðferð sjúklings eða eftirlit með honum. Þessi regla á ýmislegt sammerkt með almennu sakarreglunni sem gildir í íslenskum skaðabótarétti þótt þær séu ekki eins. Skv. 1. tölul. er það ekki skilyrði að unnt sé að telja að læknir eða annar starfsmaður sem hlut átti að máli hafi við meðferð sjúklings gerst sekur um handvömm eða vanrækslu sem komast hefði mátt hjá með meiri aðgæslu. Það kemur til af því að skv. 1. tölul. á jafnan að meta hvort afstýra hefði mátt tjóni með því að haga meðferð eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Líta skal til aðstæðna eins og þær voru þegar sjúklingur var til meðferðar, þar á meðal þeirra tækja, búnaðar, lyfja og aðstoðarmanna sem voru tiltækir, svo og þess hvort læknisverk eða önnur meðferð þoldi ekki bið eða hvort nægur tími var til umráða. Matið skal með öðrum orðum byggt á raunverulegum aðstæðum.

Um 2. tölul. 1. mgr.

Ákvæði 2. tölul. taka til annarra mistaka en getur í 1. tölul. Skilyrði bóta er að orsök tjóns sé bilun eða galli í lækningatæki eða öðrum búnaði. Ekki skiptir máli hvernig það veldur sjúklingi tjóni. Sem dæmi má nefna að niðurstöður rannsóknar brenglast af því að rannsóknartæki starfar ekki rétt og sjúkdómsgreining verður því röng. Hér kemur einnig til greina tjón sem hlýst af bilun eða galla búnaðar eða tækja sem notuð eru við skurðaðgerð eða svæfingu. Einu gildir hvort orsök bilunar eða galla er mistök í hönnun eða smíði tækis, ónógar leiðbeiningar um notkun, ófullnægjandi viðhald eða annað. Réttur til bóta er heldur ekki háður því að sjá hefði mátt bilun eða galla fyrir með eðlilegri aðgát. Bætur greiðast því einnig fyrir tjón af völdum leynds galla.

Reglan í 2. tölul. tekur aðeins til tækja, áhalda eða annars búnaðar sem notaður er beint við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Verði tjón vegna bilunar eða galla annarra hluta eða mannvirkja, t.d. venjulegra innréttinga í sjúkrahúsi, lyftu o.fl. verður bóta ekki krafist á

grundvelli 2. tölul. Hins vegar getur réttur til bóta stofnast í ýmsum tilvikum skv. 2. mgr. 3. gr.

Allmörg tilvik sem þessi regla á við um eru þess eðlis að sjúklingur getur átt bótarétt samkvæmt reglum um skaðsemisábyrgð. Réttur til bóta skv. 2. tölul. er þó alls ekki háður því að einhver sé skaðabótaskyldur á grundvelli skaðsemisábyrgðar eða annarra skaðabótareglna.

Reglan í 7. gr. girðir fyrir skaðabótakröfu á hendur þriðja manni að því marki sem sjúklingur eða þeir sem hann lætur eftir sig fær eða á rétt á að fá bætur skv. 5. gr. Um endurkröfurétt sjúklingatryggingar er fjallað í 8. gr.

Um 3. tölul. 1. mgr.

Undir 3. tölul. falla tilvik þar sem tjón verður hvorki rakið til mistaka í víðri merkingu 1. tölul. né bilunar eða galla skv. 2. tölul. 3. tölul. varðar tjón sem ekki verður séð fyrr en eftir á að unnt hefði verið að afstýra með því að velja aðra aðferð eða tækni til meðferðar og ætla má að ekki hefði leitt til tjóns. Hér er með öðrum orðum um að ræða vitneskju sem ekki fæst fyrr en eftir að aðgerð eða annars konar meðferð hefur farið fram og eftir að heilsutjón hefur orðið. Þessi regla 3. tölul. er því víðtækari en ákvæði 1. tölul.

Skilyrði bóta skv. 3. tölul. eru nánar tiltekið þessi:

1. Þegar meðferð fór fram hafi verið til önnur aðferð eða tækni og þá hafi í raun verið kostur á henni, t.d. að unnt hafi verið að senda sjúklinginn til sérfræðings eða á sérstaka deild annars staðar. Ekki skal taka tillit til aðferðar eða tækni sem tíðkaðist ekki fyrr en eftir að sjúklingur var til meðferðar eða ekki var völ á fyrr en síðar.
2. Eftir læknisfræðilegu mati verði að telja að sú aðferð eða tækni sem ekki var gripið til hefði a.m.k. gert sjúklingi sama gagn og meðferðin sem notuð var. Þetta mat verður að fara fram á grundvelli læknisfræðilegrar þekkingar og reynslu eins og hún var þegar sjúklingur hlaut meðferðina. Verði niðurstaðan sú að aðferð eða tækni sem ekki var beitt hefði verið miklu betri en beitt var tekur 3. tölul. til tjónsins.
3. Unnt sé að slá því föstu á grundvelli upplýsinga sem liggja fyrir um málsatvik þegar bótamálið er til afgreiðslu að líklega hefði mátt afstýra tjóni ef beitt hefði verið annarri jafngildri aðferð eða tækni. Við mat á því hvort tjón var óhjákvæmilegt má m.a. líta til þess sem síðan kom í ljós um veikindi sjúklings og heilsufar hans að öðru leyti.

Þegar dæma skal um hvaða tjón verður rakið til aðferðar eða tækni sem var notuð verður að taka tillit til líklegra afleiðinga úrræðanna sem ekki voru valin. Ef ætla má að ekki hefði heldur tekist að lækna sjúklinginn með því að fara síðarnefnda leið verður tjónið aðeins talið vera sú heilsuskerðing sem eingöngu má rekja til aðgerðarinnar eða tækninnar sem beitt var. Reglan í 3. tölul. tekur ekki til tjóns af völdum rangrar sjúkdómsgreiningar, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Um 4. tölul. 1. mgr.

Regla 4. tölul. tekur til ýmissa tjónstilvika sem ekki var unnt að komast hjá, jafnvel þótt beitt sé mati skv. 3. tölul. Markmiðið með 4. tölul. er að ná til heilsutjóns sem ekki er unnt að fá bætur fyrir skv. 1.–3. tölul. en ósanngjarnt þykir að menn þoli bótalaust, einkum vegna misvægis milli þess hve tjónið er mikið og þess hve veikindi sjúklings voru alvarleg og afleiðinganna af rannsókn eða meðferð sem almennt má búast við.

4. tölul. tekur til hvers konar fylgikvilla sjúkdóms, þar á meðal sýkinga sem að öllum líkindum stafa af rannsókn eða meðferð. Fylgikvilli sem rakinn verður til sjúkdóms sem átti að lækna og afleiðinga hans sem eru óháðar rannsókninni eða meðferðinni veitir hins vegar engan bótarétt, nema eitthvert af ákvæðum 1.–3. tölul. eigi við.

Gildissvið 4. tölul. takmarkast við fylgikvilla sem eru meiri en sanngjarnt er að sjúklingur þoli bótalaust. Ekki nægir að fylgikvillinn sem slíkur hafi alvarlegar afleiðingar. Við mat á

því hvort fylgikvilli telst meiri en sanngjarnt er að sjúklingur þoli bótalaust skal taka mið af eðli veikinda sjúklings og því hversu mikil þau eru svo og almennu heilbrigðisástandi hans. Ef augljós hætta er á að sjúklingur hljóti mikla örorku eða deyi ef sjúkdómurinn er látinn afskiptalaus verða menn að sætta sig við verulega áhættu á alvarlegum eftirköstum meðferðar (fylgikvillum). Minni háttar fylgikvilla verða menn einnig að sætta sig við ef unnið er að lækningu sjúkdóms sem ekki er alveg meinalaus. Þegar meta skal hvaða hættu sjúklingur verður að bera verður einnig að líta til þess hvernig málum var háttað að öðru leyti við rannsókn og meðferð, þar á meðal hvort tímans vegna hafi þurft að taka meiri áhættu en venjulega er gert.

Þegar gera á aðgerð til að greina sjúkdóm er oft verulegur munur á hættunni af sjúkdómi sem fyrir var annars vegar og hættunni af fylgikvillum hins vegar. Aðgerðir til sjúkdómsgreiningar eru því nefndar berum orðum í 4. tölul. Til dæmis má nefna að þegar grunur leikur á að sjúklingur sé með heilaæxli getur verið nauðsynlegt að gera röntgenrannsókn með skuggaefni. Slík rannsókn getur valdið verulegum heilaskemmdum en jafnframt leitt í ljós að sjúklingur er ekki með æxli. Slíkt tjón verður ekki bætt skv. 1.–3. tölul. en afleiðingar rannsóknarinnar eru verri en sanngjarnt er að sjúklingur þoli. Hann á því rétt til bóta skv. 4. tölul.

Af sömu ástæðu á sjúklingur almennt rétt til bóta fyrir tjón sem hlýst af eftirköstum ráðstafana sem gerðar eru í því skyni að koma í veg fyrir sjúkdóma, t.d. bólusetningu. Réttur til bóta vegna minni háttar fylgikvilla takmarkast því í þessum tilvikum aðeins af 2. mgr. 5. gr. eða reglum sem settar kunna að vera með heimild í henni.

Þegar meta skal hvort fylgikvilli er meiri en sanngjarnt er að sjúklingur þoli bótalaust skal skv. 4. tölul. m.a. líta til þess hversu algengur slíkur kvilli er, svo og þess hvort eða að hve miklu leyti gera má ráð fyrir hættunni á fylgikvilla í sjúkdómstilfellinu sem um var að ræða. Því meiri sem hættan er á fylgikvilla eftir eðlilega meðferð þeim mun meira tjón verður hann að bera bótalaust. Það hefur engin áhrif á rétt til bóta samkvæmt frumvarpinu hvort læknir hefur sagt sjúklingi frá hættunni á fylgikvilla en 4. tölul. tekur m.a. til fylgikvilla sem eru svo fátíðir að ástæðulaust þykir að læknir vari sjúkling við þeim. Upplýsingar um tíðni fylgikvilla við sambærilegar aðstæður eru meðal þess sem líta verður til þegar metið er hvort fylgikvilli í kjölfar tiltekinnar læknismeðferðar er nógu slæmur til að bætur komi fyrir.

Um 2. mgr.

Ráðherra fær heimild til að afmarka nánar gildissvið reglna í 1. mgr. ef þörf krefur. Þótt frumvarpið sé sniðið eftir norrænum reglum sem sumum hefur verið beitt um nokkurra ára skeið er reynslutími sjúklingatryggingar svo stuttur að erfitt er að sjá fyrir hvernig hentugast er að móta reglur sem þjóna vel þeim markmiðum sem stefnt er að með nýmælum frumvarpsins. Þykir því nauðsynlegt að veita heimild til að setja reglugerð þar sem gildissvið 2. gr. er skilgreint nánar.

Heimildarákvæði í 2. málsl. er sett vegna þess að regla 3. tölul. er svo rúm að upp kunna að koma tilvik sem nauðsynlegt getur verið að undanþiggja gildissviði sjúklingatryggingar.

Um 3. gr.

Efni 3. gr. er aðallega takmarkanir á reglum 2. gr. Varða þær ranga sjúkdómsgreiningu, sbr. 1. mgr., eiginleg slys, sbr. 2. mgr., og tjón af völdum lyfja, sbr. 3. mgr.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að 3. og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. taka ekki til tjóns af völdum rangrar sjúkdómsgreiningar. Fyrir tjón af rangri sjúkdómsgreiningu skal hins vegar greiða bætur þegar skilyrði 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. eru fyrir hendi. Skiptir þá ekki máli

hvort afleiðingar þess að sjúkdómsgreining var röng eru þær að sjúkdómurinn ágerist, bata seinkar eða eftirköst (fylgikvilli) verða meiri, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal ekki meta sjúkdómsgreiningu eftir á (eftirfarandi mat). Reglan í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. á ekki við um ranga sjúkdómsgreiningu eða afleiðingar sjúkdómsgreiningar sem slíkrar. Tjón af völdum aðgerðar í því skyni að greina sjúkdóm er hins vegar meðal þess sem 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. nær til.

Um 2. mgr.

Hér er fjallað um slys en orðið er hér notað í sömu merkingu og í slysatryggingum, þ.e. um skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama.

Reglunni í 2. mgr. er m.a. ætlað að tiltaka nákvæmar takmörk þeirra tilvika sem bóta verður krafist fyrir skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Svo sem greinir í athugasemdum við það ákvæði nær það ekki til tjóns sem rakið verður til bilunar eða galla venjulegra innréttinga í húsum eða annarra hluta sem ekki eru notaðir við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Slys geta einnig orðið við aðrar aðstæður.

Um 3. mgr.

Hér er undanþegið tjón af skaðlegum eiginleikum lyfja eftir því sem nánar er greint í ákvæðinu. Tjón af völdum lyfja fæst yfirleitt bætt hjá þeim sem er bótaskyldur samkvæmt réttarreglum um skaðsemisábyrgð. Ef þetta væri fellt undir sjúklingatryggingu mundi kostnaður við hana aukast að mun.

Undantekningin nær ekki til tjóns sem sjúklingur verður fyrir vegna þess að læknir gefur röng eða ófullnægjandi fyrirmæli um töku lyfja eða starfsfólki verða á mistök við lyfjagjöf. Tjón af nefndum orsökum á sjúklingur rétt á að fá bætur fyrir skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Bótaréttur er einnig fyrir hendi ef heilsutjón hlýst af lyfi og því hefði mátt afstýra með annarri jafngildri meðferð, nema það hefði haft í för með sér sambærilega hættu á að sjúklingur hlyti tjón af lyfinu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. Hið síðastnefnda getur einkum átt við þegar lyf hefur hættuleg aukaáhrif þótt það sé notað á réttan hátt.

Um 4. gr.

Greinin veitir mönnum sem 3. og 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins taka til meiri rétt til bóta en sjúklingar eiga skv. 2. gr. frumvarpsins. Hins vegar felur þessi grein ekki í sér undantekningu frá 3. gr. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. um ranga sjúkdómsgreiningu skiptir ekki máli þegar heilbrigðir menn verða fyrir tjóni. Sama er að segja um slys skv. 2. mgr. 3. gr. vegna þess að hinn sérstaki réttur sem tjónþolar eiga skv. 1. mgr. 4. gr. er háður því skilyrði að orsök tjóns sé læknisfræðileg tilraun, brottnám vefs, líffæris o.s.frv. Undanþágan í 3. mgr. 3. gr. um tjón af völdum eiginleika lyfs getur hins vegar skipt máli þegar verið er að gera tilraun með lyf á heilbrigðum manni. Þess vegna kemur fram í 2. mgr. þessarar greinar að undanþága 3. mgr. 3. gr. eigi einnig við um menn sem ganga undir lækningatilraun. Tjónþolar geta átt skaðabótarétt vegna þess konar tjóns samkvæmt reglum um skaðsemisábyrgð.

Að öðru leyti tekur 1. mgr. til hvers konar tjóns í tengslum við tilraun, brottnám vefs og þess háttar. Þetta skiptir einkum máli að því leyti að skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins um rétt til bóta vegna óhjákvæmilegra eftirkasta á ekki við í þeim tilvikum sem hér um ræðir. Segja má að hvers kyns tjón sem verður fari fram yfir það sem sanngjarnt er að tjónþoli beri. Bótaréttur er því einnig fyrir hendi vegna minni háttar tjóns og gildir lágmarksfjárhæð, sbr. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, því ekki í þessum tilvikum, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Samkvæmt greininni eru gerðar minni kröfur um sönnun á því að tjón sé afleiðing tiltekinna atvika en í 2. gr. Ef hugsanlegt er að tjón sjúklings hafi hlotist af tilraun, brottnámi vefs

eða annars þess háttar á vafi um raunveruleg orsakatengsl jafnan að vera tjónþola í hag. Réttur til bóta er því fyrir hendi þótt tjón geti hafa hlotist af öðrum orsökum.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að um ákvörðun bótafjárhæðar skuli fara samkvæmt skaðabótalögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að með reglugerð verði sett ákvæði um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldu, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Þá felst takmörkun á rétti til bóta í 2. mgr. 5. gr. Takmörkunin felst í því að þeir sem verða fyrir minna tjóni en nemur 50 þús. kr. fá engar bætur frá sjúklingatryggingu. Þessi takmörkun á við um öll tjónsatvik samkvæmt lögunum nema skv. 1. mgr. 4. gr. Meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja sjúklingum allt að 5 millj. kr. í bætur og eftir atvikum aðstandendum þeirra sem misst hafa framfæranda. Þykir eðlilegt að tjónþolar hafi í eigin áhættu tjón sem fer ekki fram úr þessu lágmarki. Fari tjón fram úr lágmarkinu skal bæta það upp að 5 millj. kr. án þess að draga lágmarkið frá.

Með ákvæði 4. málsl. 2. mgr. er ráðherra heimilað að setja með reglugerð frekari takmörk (lágmarkstíma) á bætur fyrir tímabundna örorku (vinnutap) eða þjáningar. Þessi tími má þó ekki vera lengri en þrír mánuðir. Sé sjúklingur óvinnufær allan lágmarkstímann, t.d. í tvo mánuði, á hann rétt á óskertum bótum fyrir vinnutap frá og með deginum sem tekjutap hefst. Það dregur úr áhrifum þessarar takmörkunar að margir launamenn eiga samkvæmt lögum eða kjarasamningi rétt á launum í veikinda- eða slysaforföllum. Reglan takmarkar á engan hátt rétt á bótum fyrir varanlega örorku, lýti, röskun á stöðu og högum, sjúkrakostnað, missi framfæranda eða útfararkostnað. Bæturnar greiðast ef tjón nær 50 þús. kr. þótt vinnutap sé undir lágmarkstíma sem kann að vera ákveðinn í reglugerð. Að baki heimildarákvæðinu í 4. málsl. 2. mgr. liggja sömu rök og ákvæði 1. málsl., þ.e. að einskorða sjúklingatryggingu við tjónstilvik sem hafa alvarlegar og varanlegar afleiðingar.

Rétt þykir þó að leggja til, sbr. 3. mgr., að heilbrigðir menn sem bíða heilsutjón af læknisfræðilegum tilraunum eða við það að gefa vefi, líffæri eða líkamsvökva njóti sérstöðu þannig að bótaréttur þeirra sé ekki háður skerðingarákvæðum 2. mgr. Um þetta má m.a. vísa til athugasemda við 4. gr. varðandi það að skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. um rétt til bóta vegna óhjákvæmilegra eftirkasta eigi ekki við um þá.

Af 4. mgr. leiðir að einungis sjúklingar eða þeir sem bíða tjón við andlát sjúklings geta átt rétt á bótum samkvæmt lögunum. Sjúklingatrygging greiðir ekki endurkröfu af hálfu aðila sem innt hefur af hendi bætur vegna tjónsatviks sem lögin taka til. Þetta hefur m.a. þau áhrif að vinnuveitandi sem hefur greitt tjónþola lög- eða samningsbundið kaup í veikinda- eða slysaforföllum getur ekki krafið sjúklingatryggingu um greiðslu vegna þeirra útgjalda.

Um 6. gr.

Samkvæmt greininni hefur venjulegt (einfalt) gáleysi sjúklings engin áhrif á bótarétt hans. Það er í samræmi við almennar reglur laga um vátryggingarsamninga og laga um almannatryggingar. Almennar reglur skaðabótaréttar um eigin sök tjónþola eru hins vegar strangari í garð tjónþola því að eftir þeim getur einfalt gáleysi hans oft leitt til skerðingar bótaréttar.

Þegar litið er til úrlausna dómstóla í málum þar sem komið hefur til álita að telja að gáleysi sé stórfellt verður að ætla að mjög sjaldan reyni á ákvæði 6. gr.

Um 7. gr.

Þessi grein varðar þau áhrif sem bótaréttur samkvæmt frumvarpinu hefur á rétt tjónþola samkvæmt almennum skaðabótareglum. Eigi tjónþoli rétt á sjúklingatryggingarbótum fellur

skaðabótaréttur hans niður sem því nemur. Skiptir hér engu hvort hinn skaðabótaskyldi er læknir, starfsmaður sjúkrahúss eða einhver annar.

Skaðabótakrafa samkvæmt sakarreglunni eða reglunni um vinnuveitendaábyrgð stofnast í ýmsum tilvikum sem ræðir í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. (og því einnig í nokkrum tilvikum sem 1. mgr. 3. gr. tekur til), svo og í öllum tilvikum 2. mgr. 3. gr. Með 7. gr. er felldur niður réttur til að hafa uppi skaðabótakröfu samkvæmt sakarreglunni eða á öðrum grundvelli, t.d. reglum skaðabótaréttar um ábyrgð án sakar. Skaðabótaréttur sjúklings eða aðstandenda hans er þó fyrir hendi að því er varðar þann hluta tjóns sem tjónþoli ber samkvæmt 2. mgr. 5. gr. eða reglugerð sem kann að vera sett með heimild í því ákvæði.

Sjúklingur eða aðstandendur hans geta að sjálfsögðu krafist bóta samkvæmt skaðabótareglum fyrir tjón sem er utan gildissviðs sjúklingatryggingar.

Um 8. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er alveg girt fyrir það að sjúklingatrygging geti endurkrafið lækni eða annan sem kann að valda tjóni af gáleysi, jafnvel þótt stórfellt sé. Með þessu er vikið frá almennum réttarreglum. Meginástæða þess er að hugsanlega gæti ótti heilbrigðisstarfsmanna við skaðabótakröfur í einhverjum tilvikum spillt eða tafið fyrir rannsókn á orsökum tjóns. Þykir nauðsynlegt að tryggja sem best að hlutaðeigandi veiti fúslega upplýsingar og aðstoð við rannsókn málsatvika.

Fullur endurkröfuréttur er jafnan fyrir hendi ef leitt er í ljós að tjóni hafi verið valdið af ásetningi.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru taldir upp þeir aðilar sem eru bótaskyldir samkvæmt lögunum. Bótaskyldan nær til allra sem starfa í heilbrigðisþjónustu, stofnana og einstaklinga.

Um 10. og 11. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldu bótaskyldra til að kaupa vátryggingu (sjúklingatryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra setji með reglugerð ákvæði um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldunnar.

Heilbrigðisstofnanir sem ríkið á að einhverju eða öllu leyti eru undanþegnar þessari skyldu og geta skv. 11. gr. borið bótaábyrgðina í eigin áhættu, þótt þeim sé heimilt að kaupa vátryggingu. Sama gildir um Tryggingastofnun ríkisins og þá sem annast sjúkraflutninga.

Um 12. og 13. gr.

Í 12. og 13. gr. er fjallað um meðferð bótakrafna vegna sjúklingatryggingar. Meðferðin er mismunandi eftir því hvort bótaskyldur aðili hefur keypt vátryggingu eða ekki.

Bótakröfu vegna tjóns hjá aðila sem keypt hefur vátryggingu skal beina til vátryggingafélags viðkomandi sem afgreiðir kröfuna í samræmi við ákvæði laganna og reglugerðir og skilmála sem settar verða á grundvelli þeirra.

Starfsmenn vátryggingafélaga sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku.

Bótakröfu vegna tjóns hjá bótaskyldum aðila sem er undanþeginn vátryggingarskyldu skal beina til Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er kveðið á um skyldur Tryggingastofnunar ríkisins til að annast sjúklingatryggingu vegna þeirra sem bera tjón í eigin áhættu.

Kostnaður við framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins skal greiðast úr ríkissjóði. Gera má ráð fyrir auknum kostnaði vegna bótagreiðslna þar sem bótaréttur verður víðtækari. Einnig má gera ráð fyrir kostnaði af fleiri málum hjá stofnuninni frá núgildandi lögum þar sem gildissvið verður víkkað töluvert. Leiðir þetta til þess að fjölga þarf starfsfólki hjá Tryggingastofnun. Þó ber þess að geta að umsvifin munu aukast hægt og má reikna með að það taki nokkur ár að ná fullri framkvæmd nýju sjúklingatryggingarinnar. Má í þessu sambandi benda á reynslu af sjúklingatryggingu í Danmörku.

Málum hjá ágreiningsnefnd heilbrigðisþjónustunnar, sem starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, mun fækka með tilkomu nýju sjúklingatryggingarinnar þar sem gert er ráð fyrir að skaðabótamál, sem áður fóru til dómstóla, fari nú til sjúklingatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins og sjúklingatryggingar vátryggingafélaga.

Um 15. og 16. gr.

Hér er fjallað um málsmeðferð Tryggingastofnunar ríkisins en stofnunin skal afla gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað þeirra fyrir dómi. Þá getur stofnunin krafið heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn um gögn, m.a. sjúkraskýrslur.

Að gagnaöflun lokinni tekur Tryggingastofnun ríkisins afstöðu til bótaskyldunnar og ákveður fjárhæð bóta. Stofnunin tilkynnir síðan hlutaðeigandi um niðurstöðu sína og má skjóta niðurstöðunni til úrskurðarnefndar almannatrygginga. Starfsmenn Tryggingastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um öll einkamál sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

Um 17. gr.

Með ákvæðum 17. gr. er sú skylda lögð á Tryggingastofnun ríkisins að taka árlega saman skýrslu til ráðherra um störf vegna sjúklingatryggingarinnar og geta þar eftir því sem kostur er starfsemi vátryggingafélaga vegna sjúklingatryggingar. Gert er ráð fyrir að þau mál sem Tryggingastofnun afgreiðir verði reifuð í skýrslunni.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt þykir að tiltaka sérstakan fyrningarfrest á bótakröfum, m.a. vegna þess hversu erfitt er að ganga úr skugga um hvort skilyrði bóta eru fyrir hendi löngu eftir að málsatvik gerðust. Fyrningarfrestur skv. 1. mgr. er lengri en fyrningarfrestur samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð. Ákvæðið um upphaf fjögurra ára fyrningarfrestsins getur leitt til þess að sjúklingur haldi kröfu sinni miklu lengur en í fjögur ár frá því að tjónsatvik bar að höndum því að fyrningarfrestur byrjar ekki að líða fyrr en tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt.

Fyrningarfrestur skv. 2. mgr. er jafnlangur og almennt gerist um fyrningu skaðabótakrafna samkvæmt fyrningarlögum. Um slit fyrningar fer eftir almennum réttarreglum um fyrningu.

Um 19. og 20. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Rétt þykir að miða gildistöku laganna við 1. janúar 2001 og að þau taki til tjónsatvika sem verða frá þeim tíma.

Um 22. gr.

Við gildistöku laganna falla niður ákvæði almannatryggingalaga um sjúklingatryggingu. Í greininni er nánar tilgreint hvaða ákvæði laganna falla úr gildi. Þá er orðalagi í 31. og 43. gr. laganna breytt. Að auki er kveðið á um að um kröfur eða tilkynningar sem koma fram eftir 1. janúar 2001 vegna tjónsatvika er áttu sér stað fyrir þann tíma skuli fara samkvæmt ákvæðum f-liðar 1. mgr. 24. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Um 23. gr.

Ákvæðið breytir 3. og 5. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, þannig að bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skulu dragast frá skaðabótakröfu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sjúklingatryggingu.

Með frumvarpinu eru ákvæði um sjúklingatryggingu í almannatryggingum felld niður, bótaréttur rýmkaður og bótafjárhæðir hækkaðar. Nýmæli er að lögin ná til trygginga sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna, starfsmanna í sjúkraflutningum og sjúklinga sem af brýnni nauðsyn leita læknishjálpar erlendis. Frumvarpið hefur áður komið fram og sem fyrr var leitað til Talnakönnunar hf. til að meta kostnað af frumvarpinu vegna greiðslu bóta og er byggt á greinargerð þaðan.

Við mat Talnakönnunar hf. var gengið út frá fimm meginforsendum frumvarpsins:

1. Bótafjárhæðir verða á grundvelli skaðabótalaga með ákveðnu þaki, en núgildandi sjúklingatrygging byggist á bótum almannatrygginga.
2. Bótaréttur er rýmri en ákvæði skaðabótalaga.
3. Gildissvið tryggingarinnar er rýmra en núgildandi sjúklingatrygging. Ekki er eingöngu miðað við sjúkrastofnanir eins og nú.
4. Mat á bótarétti er að hluta til byggt á óljósum tilvísunum í „sanngirni“ og má í kjölfarið búast við kröfum með vísan til þess ákvæðis, jafnvel þar sem enginn réttur er samkvæmt venjubundnum uppgjörsreglum.
5. Greiða á tjón sem koma hefði mátt í veg fyrir með annarri meðferð. Ekki er tekið tillit til þess í frumvarpinu hvort sú meðferð hefði hugsanlega leitt til annars tjóns.

Erfitt er að greina á milli framangreindra þátta sem allir leiða til hærri bóta en í núverandi sjúklingatryggingu. Við matið var í fyrsta lagi höfð hliðsjón af greiðslum tryggingafélaga og ríkissjóðs til sjúklinga, í öðru lagi rýmkun bótaréttar og að hækkun bóta leiðir yfirleitt til að kröfur verða meiri en áður og í þriðja lagi var litið til reynslu annarra ríkja. Óvissa er töluverð í slíku mati og er niðurstaðan sú að þegar bótakerfið verður komið í jafnvægi geti árlegar bótagreiðslur numið 150–270 m.kr. Árleg hækkun frá því sem nú er verður því 100–220 m.kr.

Til viðbótar framangreindu mati Talnakönnunar hf. hafa ákvæði í 14.–17. gr. um sjúklingatryggingu Tryggingastofnunar ríkisins og málsmeðferð hennar kostnað í för með sér. Miðað við umfang mála og úrskurða, útgáfu ársskýrslu o.fl. má ætla að aukinn kostnaður stofnunarinnar verði um 4 m.kr. á ári. Samtals má því búast við að kostnaður ríkissjóðs af frumvarpinu, verði það að lögum, aukist um 104–224 m.kr. á ári. Á móti má gera ráð fyrir

að niður falli 2–3 m.kr. kostnaður við meðferð ágreiningsmála innan heilbrigðisþjónustunnar.

Ekki er gerð tilraun til að meta hugsanleg áhrif frumvarpsins á iðgjöld ábyrgðartryggingar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna.

837. Tillaga til þingsályktunar [536. mál]

um ráðuneyti matvæla.

Flm.: Katrín Andrésdóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort breyta skuli landbúnaðarráðuneyti í matvælaráðuneyti, ráðuneyti fyrir matvæli og landbúnað. Sérstaklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmt eftirlit með matvælum frá haga til maga, enn fremur hvort allt eftirlit með dýrahaldi skuli færast undir sama ráðuneyti.

Greinargerð.

Í janúar sl. gaf ESB út svokallaða „Hvíta bók“ sem fjallar um hvernig matvælaeftirliti verði best fyrir komið í ESB-löndum í framtíðinni. Áhersla er lögð á að matvælaeftirlit skuli heyra undir eitt ráðuneyti, eina stofnun og ein lög, eftirlitið skuli vera samræmt allt frá hafi og haga til maga. Danir eru að þessu leyti lengst á veg komnir með stofnun ráðuneytis matvæla, landbúnaðar og fisks, Fødevareministeriet. Í Danmörku hefur allt eftirlit á vegum sveitarfélaganna verið fært til ríkisins.

Í nýju matvælaráðuneyti yrði allt matvælaeftirlit fellt undir eina stofnun undir stjórn yfirdýralæknis. Yfirdýralæknisembættið hefur nú umsjón með miklum hluta innlendra landbúnaðarafurða og sjúkdómavörnum dýra, en ýmsir dýrasjúkdómar geta verið hættulegir mönnum. Við innflutning á hráum matvælum þarf einnig að gæta að ýmsum atriðum sem varða heilbrigði fólks.

Eftirlit með dýrum og landbúnaðarafurðum heyrir nú að mestu leyti undir landbúnaðarráðuneyti en einnig undir umhverfisráðuneyti. Þetta getur valdið ýmsum vandkvæðum, nærtæk dæmi eru salmonellu- og kampýlóbakter-vandamálin, en þar hefur samstarf ýmissa stofnana ekki alltaf gengið sem skyldi. Vandamál sem þessi eiga yfirleitt upptök í landbúnaði og eðlilegast að leysa þau innan stofnunar undir stjórn yfirdýralæknis.

Það torveldar mjög meðferð mála ef grunur leikur á um illa meðferð dýra að forðagæsla heyrir undir landbúnaðarráðuneyti en dýravernd undir umhverfisráðuneyti. Málin geta jafnvel orðið svo flókin að hrossin á bænum heyra undir landbúnaðarráðuneytið en hundarnir undir umhverfisráðuneytið. Hér er brýn þörf á samræmingu í löggjöf og stjórnsýslu og eðlilegast að þessi mál séu á vegum eins ráðuneytis.

Nauðsynlegt er að koma á skipulagi sem hefur að leiðarljósi að gera eftirlit með matvælum og búfjárhaldi einfaldara og skilvirkara. Eftirlitið verður einnig að samræmast kröfum um matvælaeftirlit í helstu útflutningslöndum okkar, bæði austan hafs og vestan og njóta viðurkenningar erlendra yfirvalda.

838. Frumvarp til laga [537. mál]

um bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur ökutækja.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Katrín Fjeldsted, Jón Bjarnason,
Pétur Bjarnason, Ólafur Örn Haraldsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

I. KAFLI
Breytingar á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 47. gr. laganna kemur ný grein, 48. gr., svohljóðandi:

Notkun farsíma við akstur.

Ökumanni vélknúins ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar við akstur.

II. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

7,5% tollur á handfrjálsum búnaði fyrir farsímanotkun í ökutækjum, samkvæmt tollskrárnúmeri 8518.3000 í viðauka I við tollalög, fellur brott.

III. KAFLI
Breyting á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum.

3. gr.

25% vörugjald á handfrjálsum búnaði fyrir farsímanotkun í ökutækjum, samkvæmt tollskrárnúmeri 8518.3000 í E-lið viðauka I við lögin, fellur brott.

IV. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að undanskilinni 1. gr. sem öðlast gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá birtingu laganna.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að bannað verði að nota farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur vélknúins ökutækis. Einnig er lagt til að dómsmálaráðherra fái heimild til að setja nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar við akstur. Þannig yrði tryggt að samfara tæknilegri þróun verði unnt að setja reglur um notkun slíks búnaðar við akstur með hliðsjón af umferðaröryggi.

Í umferðarlögum er ekki ákvæði sem fjallar beinlínis um notkun farsíma við akstur. Almennt varúðarákvæði laganna er í 1. mgr. 4. gr. þar sem mælt er fyrir um að vegfarandi sýni tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, og þannig að

eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. Hann skal og sýna þeim, sem búa eða staddir eru við veg, tillitssemi. Telja verður að þetta ákvæði nái til notkunar farsíma.

Hinn 15. júní 1998 fól þáverandi dómsmálaráðherra starfshópi að kanna áhrif og afleiðingar símanotkunar ökumanna við akstur á umferðaröryggi og til hvaða úrræða ætti að grípa til að tryggja sem best umferðaröryggi hvað þetta varðar. Hópurinn skilaði skýrslu til ráðherra í nóvember 1999. Þar er gerð grein fyrir helstu erlendum rannsóknum á áhrifum farsímanotkunar við akstur á slysatíðni. Ekki hafa komið fram upplýsingar um að notkun farsíma án handfrjáls búnaðar í akstri hafi leitt til umferðaróhappa en niðurstöður margra rannsókna benda til þess að notkun farsíma í akstri leiði til hærri slysatíðni. Þannig hefur m.a. verið bent á að akursturshæfni ökumanns minnki samhliða notkun farsímans, þar sem aðeins önnur hönd er á stýri, og viðbragðstími lengist. Þá er jafnframt bent á augljósa kosti farsímanotkunar við akstur, t.d. við tilkynningar um umferðaróhöpp, yfirvofandi hættur í umferðinni o.s.frv. Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir íslenskri könnun, sem gerð var af tveimur nemendum við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Þar kemur fram að 81,5% þeirra sem svöruðu vilja annaðhvort banna með öllu notkun farsíma við akstur eða leyfa eingöngu notkun handfrjáls búnaðar. Skýrsluhöfundar telja þannig greinilegt að fólk vilji sjá breytingar á þessu sviði.

Hinn 1. júlí 1998 gekk í gildi í Danmörku bann við notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar og er það fyrirmynd þess ákvæðis sem hér er lagt til að verði lögfest. Á Ítalíu, Spáni, í Sviss, Portúgal, Austurríki og Noregi hafa ákvæði verið sett í lög sem banna notkun farsíma við akstur ef ekki er notaður handfrjáls búnaður.

Í framangreindri skýrslu er bent á mikla fjölgun farsímanotenda undanfarin ár og er þar lýst áhyggjum af farsímanotkun ungra ökumanna við akstur. Ljóst sé að slysahætta af akstri ökumanna á aldrinum 17–20 ára hafi verið mun meiri en annarra aldurshópa undanfarin ár og nú bætist þessi áhættuþáttur við. Niðurstöður starfshópsins eru þær að leggja til að ákvæði verði sett í umferðarlög sem banni notkun farsíma við akstur án handfrjáls búnaðar. Þá leggur hópurinn jafnframt til að ekki verði lagður tollur eða vörugjald á handfrjálsan búnað fyrir farsíma til notkunar í bifreiðum.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögin taki strax gildi að undanskilinni 1. gr. Ákvæði 1. gr. öðlist þannig ekki gildi fyrr en sex mánuðum eftir birtingu laganna svo að svigrúm gefist til að kynna almenningi umrætt bann og til undirbúnings þess að handfrjáls búnaður verði fáanlegur í ágætu úrvali hér á landi.

Þá eru í frumvarpinu jafnframt lagðar til breytingar á viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, og E-lið viðauka I við lög um vörugjald, nr. 97/1987, þannig að handfrjáls búnaður farsíma í bifreiðum verði undanskilinn tolli og vörugjaldi. Með þessu er komið til móts við þarfir almennings og honum gert auðveldara að eignast búnaðinn. Verði frumvarp þetta að lögum þarf að breyta tollskrá, sem lögfest var sem viðauki I við tollalög, þar sem fleira á heima undir tollskrárnúmerinu 8518.3000 en umræddur handfrjáls búnaður.

839. Tillaga til þingsályktunar [538. mál]

um að komið verði í veg fyrir uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að lagasetningu með það að markmiði að fólk sé ekki látið gjalda aldurs síns á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi.

Greinargerð.

Margt bendir til að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi áherslu á það við mannaráðningar að ráða ungt fólk til starfa fremur en þá sem eldri eru, jafnvel þótt síðarnefndi hópurinn búi að lengri starfsreynslu. Sums staðar er jafnvel gengið lengra, eldra fólki sagt upp störfum til að rýma fyrir þeim sem yngri eru.

Jafnhliða þessari þróun hefur verið losað um ráðningarfestu þar sem hún hefur verið hvað traustust, þ.e. hjá opinberum starfsmönnum. Stofnanir og fyrirtæki hafa jafnvel gengið svo langt að taka upp þá stefnu að segja fólki upp störfum þegar það hefur náð tilteknum aldri, langt innan við aldursmörk sem lög og samningar kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þegar lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt árið 1996 var tekin upp sú nýbreytni að ráða embættismenn aðeins til fimm ára í senn. Þetta á einnig við um heilar starfsstéttir og má þar nefna lögreglumenn, tollverði og fangaverði.

Þetta hefur valdið óöryggi hjá eldra fólki og ekki að ástæðulausu. Mikilvægt er að fram fari endurskoðun á lögum með það fyrir augum að tryggja stöðu einstaklinga svo að þeir verði ekki látnir gjalda aldurs síns á vinnustað. Þannig yrðu til dæmis mjög veigamikil rök að vera fyrir því að launamenn sem starfa samkvæmt framangreindri fimm ára reglu fái ekki endurráðningu. Mikilvægt er að endurskoðun laganna fari fram í nánu samstarfi við samtök launafólks.

840. Frumvarp til laga [539. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 113/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Pétur Bjarnason, Þuríður Backman.

1. gr.

Við f-lið 33. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Beri meðferð hér á landi ekki fullnægjandi árangur að mati sérfræðinga skal Tryggingastofnun greiða kostnað við loftslagsmeðferð allt að 40 psoriasis-sjúklinga árlega á viðurkenndri meðferðarstöð erlendis í allt að fjórar vikur eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð sem heilbrigðisráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Psoriasis er ólæknandi húðsjúkdómur sem talið er að hrjái 5.000–8.000 Íslendinga í einhverjum mæli, en reikna má með að 100–200 manns séu þungt haldnir af sjúkdómnum og þurfi að vera stöðugt undir læknishendi og jafnvel dveljast á sjúkrahúsi. Sjúkdómur þessi er ættgengur og langvarandi (króníska) og lýsir sér í útbrotum, sárum og fleiðrum sem valda sjúklingnum miklum óþægindum, kláða og vanlíðan. Mjög mismunandi er á hve háu stigi sjúkdómurinn er, en í alvarlegum tilvikum geta sjúklingar verið algjörlega óvinnufærir öryrkjar. Sjúkdómurinn getur lagst á fólk á öllum aldri og hér á landi er nokkur fjöldi barna og unglinga sem er mjög þjáður af psoriasis.

Helstu aðferðir til að lina þjáningar sjúklinga með psoriasis og draga úr einkennum sjúkdómsins eru lyfjameðferð og ljósameðferð auk þess sem leirböð og sjóböð gefa í mörgum tilvikum góðan árangur. Á síðari árum hefur nýr meðferðarkostur verið nýttur hér á landi en það eru böð í Bláa lóninu. Það úrræði hefur reynst misjafnlega, en sjúkdómurinn er afar breytilegur eftir einstaklingum og því mikilvægt að meðferð sé einnig einstaklingsbundin. Þegar sjúkdómurinn er á háu stigi og meðhöndlaður með sterkum lyfjum er hætt við alvarlegum aukaverkunum.

Mörgum sjúklingum með psoriasis á háu stigi hefur gefist vel loftslagsmeðferð í hlýju loftslagi þar sem sólböð og sjóböð eru stunduð undir eftirliti lækna og hjúkrunarfólks. Á árunum 1976–1996 gafst íslenskum psoriasis-sjúklingum kostur á slíkri meðferð með stuðningi Tryggingastofnunar samkvæmt ákveðnum lögbundnum reglum. Árlega áttu um 40 manns kost á loftslagsmeðferð á norskri meðferðarstöð sem rekin er á Kanaríeyjum en kostnaður vegna hvers sjúklings sem slíkrar meðferðar naut í þrjár vikur var aðeins 150.000 kr. Heilbrigðisyfirvöld allra Norðurlanda annarra en Dana senda sjúklinga sína á þessa meðferðarstöð. Danir senda sjúklinga sína í loftslagsmeðferð í meðferðarstöð við Dauðahafið í Ísrael.

Því miður hefur gætt nokkurra fordóma þegar þeir sem lítt eru málum kunnugir ræða um loftslagsmeðferð fyrir psoriasis-sjúklinga og kann að vera að þeir fordómar hafi haft áhrif á að breytingar voru gerðar á áðurnefndum reglum. Rannsóknir vísindamanna hafa hins vegar sýnt að loftslagsmeðferð eins og í boði er á norsku meðferðarstöðinni á Kanaríeyjum hefur haft verulega þýðingu fyrir sjúklinga sem eru þungt haldnir af psoriasis. Þeir sjúklingar sem fengið hafa tækifæri til að njóta loftslagsmeðferðar þar eru einróma sammála um að hún gefi mjög góða raun og orðið til þess að hægt sé að draga mjög úr lyfjanotkun fyrstu mánuðina að slíkri meðferð lokinni.

Þrátt fyrir góðan árgangur af loftslagsmeðferð af þessu tagi hjá mörgum psoriasis-sjúklingum, jákvæðar niðurstöður vísindamanna um gildi meðferðarinnar, minni lyfjanotkun sjúklinga og hlutfallslega lítinn kostnað sem loftslagsmeðferð er samfara hefur mjög dregið úr möguleikum íslenskra psoriasis-sjúklinga til þess að njóta þessarar lækningar. Með breytingu sem gerð var á lögum um almannatryggingar snemma árs 1999 var endanlega afnumið það fyrirkomulag sem gilt hafði allt frá 1979 um loftslagsmeðferð psoriasis-sjúklinga.

Með lögum nr. 50/1979 sem breyttu ákvæðum 39. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, var ákveðið að sjúkratryggingar skyldu greiða kostnað við meðferð psoriasis-sjúklinga erlendis, enda kæmi meðferðin í stað sjúkrahúsvistar samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs. Frá árinu 1979 og til ársins 1995 kostaði Tryggingastofnun að jafnaði loftslagsmeðferðir 40 psoriasis-sjúklinga á norsku meðferðarstöðinni sem áður er getið.

Í lok ársins 1995 samþykkti tryggingaráð hins vegar að 30 psoriasis-sjúklingar yrðu kostaðir í loftslagsmeðferð árið 1996 og eftir það lyki greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar. Meginrök stofnunarinnar fyrir þeirri ákvörðun voru að jafnan væri unnt að veita læknismeðferð hérlendis. Á vorþingi 1999 var ákvörðun þessi staðfest með breytingu á lögum um al-

mannatryggingar þrátt fyrir ábendingar um mikilvægi þess að psoriasis-sjúklingar hefðu áfram möguleika á þessari lyfjalausu en áhrifaríku læknismeðferð.

Í ljós hefur komið að hjá mörgum psoriasis-sjúklingum er árangur ekki fullnægjandi af þeirri meðferð sem í boði er hér á landi, svo sem sjúkrahúsvist, lyfja- eða göngudeildarmeðferð eða læknismeðferð með böðum í Bláa lóninu. Þróunin annars staðar á Norðurlöndum er sú að æ fleiri sjúklingum hefur verið gefinn kostur á loftslagsmeðferð í sólarlöndum, einkum vegna þess að sú meðferð þykir ódýr miðað við aðrar og árangur af henni varir í mörgum tilvikum lengur en en af annarri meðferð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að allt að 40 psoriasis-sjúklingar skuli eiga kost á loftslagsmeðferð árlega. Miðað er við að samið verði um aðgang þessara sjúklinga að norrænu meðferðarstöðinni sem rekin er á Kanaríeyjum. Gert er ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hefði ekki kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Áætlaður kostnaður af loftslagsmeðferð eins psoriasis-sjúklings í þrjár vikur er um 150.000 kr. en gera má ráð fyrir að annar kostnaður falli niður á meðan, svo sem sjúkrahúsvist hér á landi, auk þess sem lyfjanotkun verður minni á meðan árangur af loftslagsmeðferðinni varir.

Með 3. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1977, er kveðið á um að sjúklingur skuli eiga rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita. Með hliðsjón af þessu lagaákvæði þykir ekki annað fært en að heilbrigðisyfirvöld tryggi að loftslagsmeðferð standi íslenskum psoriasis-sjúklingum til boða, enda um að ræða meðferð sem er viðurkennd annars staðar á Norðurlöndum og þykir bæði ódýr og áhrifarík.

841. Tillaga til þingsályktunar [540. mál]

um skólaakstur.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu um lágmarksöryggisbúnað í skólabifreiðum og hámark þess tíma sem skólaakstur grunnskólabarna megi taka á degi hverjum.

Greinargerð.

Engin samræmd löggjöf er til um skólaakstur á grunnskólastigi enda skal samkvæmt grunnskólalögum, nr. 66/1995, allur rekstur almennra grunnskóla vera á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga nema sérstaklega sé kveðið á um annað.

Eins og fram kemur í skýrslu umboðsmanns barna fyrir árið 1998 fjölgaði ábendingum til embættisins sem vörðuðu skipulag og framkvæmd skólaaksturs eftir að grunnskólinn fluttist alfarið til sveitarfélaganna árið 1996. Í álitsgerð umboðsmanns um skólaakstur frá árinu 1998 segir m.a. að í umræddum ábendingum sé því haldið fram að „eftirliti með ástandi og öryggisbúnaði skólabíla sé víða ábótavant, þeir séu margir hverjir komnir til ára sinna og séu oft bæði óþægilegir og kaldir. Í mörgum skólabílum séu börnin ekki í bílbeltum enda ekki lögskylt í eldri hópbifreiðum. Jafnvel komi fyrir að börnin séu of mörg í bílnum.“ Þetta ástand getur ekki talist viðunandi.

Í sömu skýrslu segir að það hafi einnig verið gagnrýnt að „akstur með yngstu börnin sé oft og tíðum óhóflega langur miðað við aldur þeirra“. Þetta þarf ekki að koma á óvart því að

víða háttar svo til að grunnskólabörn þurfa að fara um langan veg til að sækja skóla og verja því miklum tíma í skólabifreiðum á degi hverjum. Þessi ferðalög geta verið afar þreytandi, einkum fyrir yngstu börnin sem þurfa yfirleitt meiri hvíld en þau sem eldri eru.

Í X. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er kveðið á um að vinnudagur barna, þ.e. einstaklinga undir 15 ára aldri, megi aldrei vera lengri en sjö klukkustundir og aldrei meira en tvær klukkustundir á skóladegi. Þótt ferðalög í skólabifreið geti ekki talist vinna er sá tími sem þau taka augljóslega viðbót við skóladaginn hjá þeim börnum sem í hlut eiga. Ljóst er af fyrrnefndum lögum að það er vilji löggjafans að takmarka vinnu og annað álag á börn við sjö stundir á dag eða tvær klukkustundir til viðbótar skóladegi. Því er full ástæða til að marka samræmda stefnu til að koma í veg fyrir að börnum sé ofboðið með löngum ferðalögum daglega. Í þeim tilfellum þar sem skólaakstur tekur lengri tíma en hollt getur talist fyrir börn verða opinberir aðilar að leita allra leiða til nauðsynlegra úrbóta.

Með þingsályktunartillögu þessari er skorað á ríkisstjórnina að beita sér fyrir lagasetningu sem taki til lágmarksöryggisbúnaðar í skólabifreiðum og tryggi að börnum sé ekki ofboðið með löngum skólaakstri.

842. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Borghildi Erlingsdóttur frá Einkaleyfastofunni og Ólaf Ragnarsson og Örn Þór frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa. Þá bárust umsagnir um málið frá Samtökum iðnaðarins, dómsmálaráðuneytinu og laganefnd Lögmannafélags Íslands.

Megintilgangur frumvarpsins er að greiða úr réttaróvissu sem skapast hefur í kjölfar úrskurðar héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. nóvember 1999 þar sem máli íslensks aðila á hendur erlendum eiganda vörumerkis var vísað frá dómi á þeim forsendum að lagaheimild skorti til að reka málið fyrir íslenskum dómstóli. Ekki var fallist á að höfða mætti mál á hendur merkiseiganda á varnarþingi umboðsmanns hans skv. 35. gr. vörumerkjalaga, nr. 45/1997. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í málum sem rekin eru samkvæmt vörumerkjalögum skuli varnarþing erlends eiganda vörumerkis vera í Reykjavík. Sambærilegt ákvæði var að finna í eldri vörumerkjalögum, nr. 47/1968. Með hliðsjón af því og áðurgreindum úrskurði héraðsdóms lítur nefndin svo á að brýnt sé að setja slíkt ákvæði í gildandi lög. Til samræmis við önnur ákvæði gildandi vörumerkjalaga, þar á meðal 35. gr. sem frumvarpinu er ætlað að auka við, virðist hins vegar eðlilegt að tala um eiganda vörumerkis í stað umsækjenda og eigenda skráninga og gerir nefndin því breytingartillögu þess efnis.

Nefndin telur æskilegt að fella brott 4. mgr. 42. gr. vörumerkjalaga í því skyni að ekki þurfi að gefa út ákæru til að banna notkun vörumerkis, sem og að veita ráðherra ótvíræða heimild til að ákveða gjald fyrir áfrýjun í vörumerkjamálum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „Umsækjendur og eigendur skráninga, sem hafa ekki lögheimili hér á landi, teljast“ komi: Eigandi vörumerkis, sem hefur ekki lögheimili hér á landi, telst.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. mars 2000.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Árni R. Árnason.
Pétur H. Blöndal.		Árni Steinar Jóhannsson.

843. Frumvarp til laga [541. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1999, um Orkusjóð.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að veita hitaveitum styrk til stækkunar á dreifikerfi í þeim tilfellum þegar notendur eru of fáir til þess að bera stofnkostnað, enda megi ætla að slík framkvæmd styrki atvinnulíf, þjónustu við ferðamenn og uppbyggingu sumarbústaðalanda til lengri tíma litið.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að Orkusjóði verði gert kleift að styrkja hitaveitur til þess að stækka dreifikerfi sín. Víða um landið háttar þannig til að hitaveitur geta með tiltölulega litlum tilkostnaði stækkað dreifikerfi sín en í mörgum tilfellum eru notendur of fáir til þess að bera stofnkostnað við veitu. Með því að gera Orkusjóði kleift að veita framlög til stofnkostnaðar má ætla að víða um land skapist möguleikar á uppbyggingu í atvinnulífi, svo sem þjónustu við ferðamenn og uppbyggingu sumarbústaðalanda.

844. Tillaga til þingsályktunar [542. mál]

um lagabreytingar til að fullnægja ákvæðum Genfarsáttmálans um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu um viðurlög við stríðsglæpum í samræmi við ákvæði Genfarsáttmálans frá 1949 um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum og viðauka við hann frá árinu 1977.

Greinargerð.

Genfarsáttmálarnir frá árinu 1949 um vernd óbreyttra borgara, sjúkra og fanga við hernaðarátök og hernám eru meðal mikilvægustu alþjóðasáttmála sem gerðir hafa verið um mannréttindi. Í sáttmála um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum er kveðið skýrt á um það í 146. gr. að aðildarríki hans skuldbindi sig til að lögleiða viðeigandi refsingar við alvarlegum brotum gegn ákvæðum sáttmálans. Sáttmálinn var undirritaður 12. ágúst 1949 og tók gildi 21. október 1950, fyrir tæplega hálfri öld. Ísland fullgilti sáttmálann 1965 og tók hann gildi hvað Ísland snertir ári síðar. Með þingsályktunartillögu þessari er skorað á ríkisstjórnina að beita sér fyrir lagasetningu sem fullnægi ákvæðum 146. gr. sáttmálans.

845. Frumvarp til laga [543. mál]

um veiðieftirlitsgjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og veiðileyfa, sem veitt verða á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða, skal greiða 15.000 kr.

2. gr.

Fiskistofa skal innheimta veiðieftirlitsgjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða í samræmi við 2.–5. mgr. Gjaldið skal renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

Eigendur skipa skulu greiða 242 kr. fyrir hvert þorskígildistonn úthlutaðs eða landaðs afla, sbr. 3. mgr., vegna tegunda sem veiðast alfarið innan lögsögu Íslands og íslenskum deilistofnum en 300 kr. vegna tegunda sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands. Gjaldið skal þó aldrei vera lægra en 2.700 kr.

Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa á grundvelli aflahlutdeildar eða krókaaflahlutdeildar skal gjaldið miðast við hlutdeildarstöðu skips og ákvarðað heildaraflamagn þegar gjaldið er lagt á. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en greinir

í 1. málsl. skal gjald miðast við landaðan afla skips í viðkomandi tegund samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Miða skal við landaðan afla krókabáta í þeim tegundum þar sem þeir eru ekki bundnir aflatakmörkunum en sæta ákvörðun um heildarafla.

Gjald samkvæmt þessari grein skal lagt á 1. desember ár hvert. Taki úthlutun veiðiheimilda gildi á tímabilinu 1. desember til 31. ágúst skal gjaldið þó lagt á og greitt fyrir fram við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðiheimildir. Gjaldið er ekki afturkræft þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar. Eindagi gjaldsins er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Sé tekin ákvörðun um að lækka leyfilegan heildarafla einstakra tegunda á tímabilinu 1. desember til 31. ágúst skal Fiskistofa greiða eiganda skips fjárhæð sem nemur grunnfjárhæð skv. 2. mgr. fyrir hvert þorskígildistonn sem aflaheimildir skipsins skerðast um.

Sjávarútvegsráðuneytið skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 1. og 2. málsl. 3. mgr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. málsl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar um er að ræða fisk sem seldur er ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk að undanskildum karfa skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

3. gr.

Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa skal eigandi þess skips sem flutt er frá greiða 1.800 kr.

4. gr.

Greiða skal fyrir veru eftirlitsmanna um borð í skipum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð í skipum sem stunda veiðar á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

Auk kostnaðar skv. 2. mgr. skulu útgerðir fullvinnsluskipa greiða 14.200 kr. vegna eftirlits fyrir hvern dag eða hluta dags sem eftirlitsmaður er um borð.

Hafi stjórnvöld, á grundvelli milliríkjasamnings eða með öðrum skuldbindandi hætti, samið um að eftirlit með veiðum fiskiskipa úr stofni sem alfarið veiðist utan lögsögu Íslands skuli vera með þeim hætti að um borð í hverju fiskiskipi skuli starfa eftirlitsmaður skulu útgerðir skipa er veiðar stunda úr þeim stofni, auk kostnaðar skv. 2. mgr., greiða 15.000 kr. fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar. Verði samið um minna eftirlit, þannig að veiðieftirlitsmaður verði við eftirlitsstörf um borð í hluta skipa er stunda veiðar úr viðkomandi stofni, skal hvert skip greiða gjald, fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar, er nemur sama hlutfalli af daggjaldinu skv. 1. málsl. og umsömdu hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð. Skal gjaldið greitt af öllum skipum er veiðarnar stunda, án tillits til veru eftirlitsmanna um borð í einstökum skipum.

Gjald vegna eftirlitsmanna greiðist Fiskistofu mánaðarlega eftir á, fyrir eftirlit síðastliðins mánaðar.

5. gr.

Sé ákveðið að tiltekin skip skuli búin staðsetningar- og sendingarbúnaði sem veitir sjálfvirkt upplýsingar um staðsetningu þeirra til stöðvar í landi skulu viðkomandi útgerðir kosta nauðsynlegan búnað í skip sín og greiða kostnað við sjálfvirkar sendingar upplýsinga um staðsetningu.

6. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur kveðið nánar á um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 129 28. desember 1989, um veiðieftirlitsgjald.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um gjald fyrir veiðieftirlit verði sameinuð í ein heildarlög en þannig má tryggja betur skýra og samræmda gjaldtöku. Í gildandi lögum má finna ákvæði um gjald fyrir veiðieftirlit í lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, lögum nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, og lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum. Hér er lagt til að gjaldtökuákvæði fyrrnefndra laga vegna veiðieftirlits verði sameinuð í ein lög en í frumvarpi því sem lagt er fram samhliða þessu er lagt til að gjaldtökuákvæði fyrrnefndra laga falli brott.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á gildandi gjaldtökuákvæðum. Lagt er til að grundvöllur veiðieftirlitsgjalds vegna úthlutaðra aflaheimilda verði lögfestur með skýrari hætti en nú er. Einnig er lagt til að grunnfjárhæð gjaldsins, sem ákvörðuð hefur verið með reglugerð, verði lögfest, sem og útreikningsaðferð verðmætahlutfalla einstakra tegunda sem gjaldið miðast við. Veiðieftirlitsgjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við veiðieftirlit. Grunnfjárhæð gjaldsins hefur verið ákvörðuð með hliðsjón af því og þeim þáttum sem gjaldið byggist á, þ.e. úthlutuðu aflamarki og verðmætahlutföllum milli tegunda. Þar sem þessir þættir eru breytilegir má gera ráð fyrir að breyta þurfi grunnfjárhæð gjaldsins reglulega. Af þeim sökum er heppilegra að kveða á um veiðieftirlitsgjald í sérstökum lögum. Þar sem almennt liggur ekki fyrir hver hámarksafli botnfisks verður fyrr en í júlímánuði er nauðsynlegt að leggja til breytingar á álagningartíma gjaldsins. Í stað þess að gjaldið leggist á við úthlutun veiðiheimilda í upphafi fiskveiðiárs er lagt til að það leggist á 1. desember ár hvert. Gefst þá tækifæri til að endurskoða grunnfjárhæð gjaldsins með tilliti til ákvarðaðs hámarksafla og verðmætahlutfalla einstakra tegunda. Vegna breytinga á álagningartíma gjaldsins þykir eðlilegt að miða við það sem skip fengi úthlutað miðað við aflahlutdeildarstöðu þess þegar gjaldið er lagt á. Innheimta gjaldsins hefur verið trygg þar sem úthlutun veiðiheimilda hefur ekki farið fram nema gjaldið hafi fyrst verið innt af hendi. Þessi trygging verður ekki lengur fyrir hendi ef gjalddagi þess verður 1. desember ár hvert. Er því lagt til að skip verði svipt veiðileyfi verði gjaldið ekki greitt og gjaldið tryggt með lögveði í viðkomandi skipi.

Þá eru í frumvarpi þessu lagðar til nokkrar breytingar sem er ætlað að tryggja samræmda álagningu gjalds. Helst er að nefna að lagt er til að orðalagi gildandi laga verði breytt svo að heimild til álagningar veiðieftirlitsgjalds nái til útgáfu hvers konar veiðiheimilda innan fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Er í því sambandi sérstaklega höfð í huga úthlutun krókaafla-

marks og aflahámarks til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Þá er lagt til að heimild til töku gjalds vegna fjareftirlits nái til slíks eftirlits jafnt innan sem utan lögsögu.

Auk framangreindra breytinga er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka breytingu gjalda til að sporna við þenslu í hagkerfinu lagt til að vísitölubinding gjaldsins verði afnumin.

Ekki eru lagðar til breytingar á fjárhæð gjalda að öðru leyti en því að eðlilegt þykir að þau gjöld sem uppfærð hafa verið með reglugerð miðað við byggingarvísitölu uppfærist nú miðað við byggingarvísitölu í janúar 2000.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greininni er ætlað að koma í stað 4. mgr. 18. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Grunnfjárhæð gjaldsins er skv. 4. mgr. 18. gr. laga um stjórn fiskveiða 10.000 kr. sem ráðherra er heimilt að breyta í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Samkvæmt reglugerð nr. 517 27. júlí 1999, um veiðieftirlitsgjald, er gjaldið nú 14.940 kr. Lagt er til að gjaldið verði 15.000 kr. og að binding þess við vísitölu byggingarkostnaðar verði afnumin. Er það í samræmi við mótaða stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka breytingu á fjárhæð gjalda. Þess má geta að í fjárlögum fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir að heildartekjur vegna veiðieftirlitsgjalds, þ.e. vegna veiðileyfis og úthlutaðra þorskígildistonna, verði 150,3 millj. kr. Samkvæmt orðalagi 2. mgr. 8. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands er taka gjalds fyrir útgáfu veiðileyfa bundin við veiðileyfi á úthafinu sem veitt eru á grundvelli tilgreindra ákvæða laganna. Orðalagið er þröngt og er eðlilegra að miða við alla útgáfu veiðileyfa utan lögsögu Íslands.

Um 2. gr.

Greininni er ætlað að koma í stað 1.–3. mgr. 18. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og 3.–6. mgr. 8. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Nokkrar breytingar eru lagðar til á þessum ákvæðum. Í 18. gr. laga um stjórn fiskveiða segir að veiðieftirlitsgjald miðist við áætlað verðmæti þess aflamarks sem úthlutað er. Þar segir að ráðherra skuli áætla hlutfallslegt verðmæti einstakra tegunda í þessu skyni. Ráðherra hefur ákvarðað grunnfjárhæð gjaldsins með reglugerð og miðað við að gjaldið standi undir kostnaði við veiðieftirlit. Í reglugerð nr. 517 27. júlí 1999, um veiðieftirlitsgjald, var grunngjaldið ákveðið 242 kr. Í 8. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands segir að gjald vegna úthlutunar veiðiheimilda úr íslenskum deilistofnum skuli vera hið sama. Grunnfjárhæð vegna úthlutunar úr stofnum sem veiðast alfarið utan lögsögu er hins vegar lögfest 30 aurar á hvert aflakíló. Þess má geta að í fjárlögum fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir að heildartekjur vegna veiðieftirlitsgjalds samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, þ.e. vegna veiðileyfis, færslu aflahlutdeildar og úthlutaðra veiðiheimilda innan árs, verði 150,3 millj. kr. Í fjárlögum fyrir árið 2000 voru tekjur vegna veiðieftirlitsgjalds utan lögsögu, þ.e. gjalds fyrir veiðileyfi, flutning aflahlutdeildar og úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla, svo og gjalds vegna veiðieftirlitsmanna, áætlaðar 32,5 millj. kr.

Eins og greinir í almennum athugasemdum þykir réttara að lögfesta grundvöll veiðieftirlitsgjalds vegna úthlutunar aflaheimilda með skýrari hætti. Í 2. mgr. er því lagt til að grunnfjárhæð gjaldsins verði lögfest. Ekki eru lagðar til breytingar á grunnfjárhæð gjaldsins frá gildandi reglugerð um veiðieftirlitsgjald, enda liggja ekki fyrir upplýsingar um hámarksafla

botnfisktegunda á komandi fiskveiðiári. Eins og áður segir er grunnfjárhæð gjalds vegna veiða úr stofnum sem veiðast alfarið utan lögsögu skv. 4. mgr. 8. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, 30 aurar á hvert aflakíló metið til þorskígilda. Í samræmingarskyni er lagt til að gjaldið verði 300 kr. á hvert þorskígildistonn.

Í 3. mgr. er kveðið á um stofn gjaldsins. Í fyrsta lagi er lagt til að í þeim tegundum sem úthlutun aflahlutdeildar eða krókaaflahlutdeildar hefur farið fram miðist gjald vegna viðkomandi tegunda við hlutdeildarstöðu skips og ákvarðaðan heildarafla á þeim tíma sem gjaldið er lagt á. Ákvæðið nær til hvers konar úthlutunar aflaheimilda innan árs sem byggjast á aflahlutdeild eða krókaaflahlutdeild. Samkvæmt 18. gr. laga um stjórn fiskveiða er miðað við úthlutað aflamark 1. september og er gjaldið lagt á þann dag. Hér er hins vegar í 4. mgr. lagt til að meginreglan verði sú að gjaldið verði lagt á 1. desember ár hvert. Samkvæmt þessu verður 1. desember reiknað hve miklu skip fengi úthlutað, t.d. af aflamarki miðað við aflahlutdeildarstöðu þess og ákvarðaðan heildarafla þann dag. Í öðru lagi er lagt til að fari stjórn veiða í einstökum tegundum fram með öðrum hætti en með ákvörðun aflahlutdeildar eða krókaaflahlutdeildar verði miðað við landaðan afla skips á tólf mánaða tímabili fyrir upphaf veiðitímabils eða fiskveiðiárs. Er ákvæðinu ætlað að koma í stað 3. mgr. 18. gr. laga um stjórn fiskveiða og 6. mgr. 8. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ná til stjórnunar krókabáta að svo miklu leyti sem þeir hafa ekki fengið úthlutað krókaaflamarki á grundvelli krókaaflahlutdeildar, svo og ef einstökum tegundum er stjórnað með öðrum hætti en úthlutun hlutdeildar. Orðalag ákvæðisins er víðara en 6. mgr. 8. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands þar sem það nær ekki aðeins til stjórnunar einstakra tegunda utan íslenskrar lögsögu heldur einnig til íslenskra deilistofna og tegunda sem veiðast eingöngu innan íslenskrar lögsögu. Með stjórn fiskveiða er átt við hvers konar beina stjórnun á veiðum einstakra tegunda, t.d. með útgáfu leyfa til veiða úr einstökum tegundum, reglur um hámarksafla, fjölda daga og sambærilegar ráðstafanir en ekki almennar tæknilegar stjórnunarráðstafanir, t.d. um veiðarfæri, smáfiskavernd og sambærilegar reglur. Dæmi um tegundir sem falla undir þetta ákvæði eru kolmunni og gulllax. Þegar um krókabáta er að ræða ber að miða við landaðan afla tegunda sem sæta ákvörðun um hámarksafla á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs. Bátar sem hafa fengið úthlutað krókaaflamarki á grundvelli krókaaflahlutdeildar greiða af lönduðum afla annarra tegunda, sem sæta ákvörðun um heildarafla, en þeim sem úthlutað hefur verið í. Þegar stjórn lýtur að einstökum tegundum ber að miða við landaðan afla í viðkomandi tegundum á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Tölur um landaðan afla skulu miðast við aflaupplýsingakerfi Fiskistofu, þ.e. Lóðs.

Í 4. mgr. er kveðið á um álagningardag gjalds. Meginreglan er sú að gjaldið skuli lagt á 1. desember ár hvert. Eins og greinir í almennum athugasemdum er það gert til að unnt verði að endurskoða grunnfjárhæð gjaldsins með tilliti til breytinga á verðmætahlutföllum milli einstakra tegunda og ákvörðunar heildarafla áður en gjaldið er lagt á. Sé aflaheimildum úthlutað innan fiskveiðiárs eftir 1. desember segir að greiðsla skuli innt af hendi fyrir fram við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðiheimildir. Er hér m.a. haft í huga að úthlutun í upphafi fiskveiðiárs kann að vera til bráðabirgða. Þá hefur úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa og Flæmingjagrunnsrækju farið fram í upphafi almanaksárs. Þar sem ekki er lengur unnt að binda úthlutun veiðiheimilda við greiðslu gjaldsins er kveðið á um að svipta megi skip veiðileyfi sé gjaldið ekki innt af hendi. Af sömu sökum þykir nauðsynlegt að tryggja gjaldið með lögveði í viðkomandi skipi. Rétt þykir að árétta að gjaldið sé ekki afturkræft þó svo að veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Í 5. mgr. er lýst hvernig finna skuli verðmætahlutföll milli einstakra tegunda. Í lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er í nokkrum greinum, þ.e. 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr. a, 5. og 7. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 18. gr., gert ráð fyrir að ráðherra ákveði verðmætahlutföll milli tegunda. Einnig er í lögum nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, þ.e. 7. mgr. 5. gr., 4., 7. og 8. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 8. gr., og í lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, þ.e. 1. mgr. 6. gr., byggt á slíkri ákvörðun ráðherra. Verðmætahlutföll eru því m.a. notuð við útreikning á því hvort hámarksaflahlutdeild er náð, útreikning á framsalsheimildum aflamarks, veiðiskyldu, veiðieftirlitsgjaldi og gjaldi til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Útreikningur á verðmætahlutföllum er miðaður við framkvæmd síðustu ára. Taka á mið af öllum lönduðum afla á tólf mánaða tímabili, jafnt óunnum sem unnum. Í samræmi við framkvæmd er lagt til að miða við slægðan fisk og slitinn humar. Fiskistofa safnar upplýsingum um verð í öllum viðskiptum og það magn sem selt er og skal við útreikninginn miðað við upplýsingar hennar. Við umreikning á unnum fiski hefur verið miðað við svokallaða nýtingarstuðla, en um þá er fjallað í reglugerð nr. 511 18. ágúst 1998, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, og við umreikning á óslægðum fiski hefur verið miðað við svokallaða slægingarstuðla en þá er að finna í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir hvert fiskveiðiár. Eðlilegt hefur þótt að taka tillit til kostnaðar sem felst í sölu á ferskum fiski erlendis, svo sem flutningskostnaðar. Lagt er til að sú framkvæmd að miða við 88% af verðmæti viðskipta með ferskan fisk verði lögfest. Eðlilegt er að almennt fari útreikningur fram fyrir hverja fisktegund fyrir sig og sami þorskígildisstuðull gildi því um alla stofna sömu tegundar. Frá þessu getur þó í undantekningartilfellum verið eðlilegt að víkja, t.d. ef mikill verðmunur er milli einstakra stofna sömu tegundar.

Um 3. gr.

Greininni er ætlað að koma í stað 6. mgr. 18. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Greinin tekur til flutnings á aflahlutdeild sem úthlutað er á grundvelli laga um stjórn fiskveiða eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða, svo sem laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Lagt er til að heimild til að breyta gjaldinu miðað við breytingar á byggingarvísitölu frá því í janúar 1994 verði felld brott en grunnfjárhæð gjaldsins verði uppfærð miðað við byggingarvísitölu í janúar 2000 og verði því 1.800 kr. í stað 1.500 kr.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um gjaldtöku vegna veru eftirlitsmanna um borð í skipum. 2. mgr. er að mestu efnislega samhljóða 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Eina frávikið felst í því að eðlilegra þykir að orða ákvæðið þannig að það nái skýrlega til allra laga sem fjalla um stjórn fiskveiða.

Í 3. mgr. er lagt til að fjárhæð gjalds sem nú er kveðið á um í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum, verði lögfest. Fjárhæðin er í samræmi við gildandi reglugerð nr. 510 24. ágúst 1998, um leyfi til fullvinnslu sjávarafla um borð í veiðiskipum.

4. mgr. er að mestu samhljóða 7. mgr. 8. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Um 5. gr.

Greininni er ætlað að koma í stað 9. mgr. 8. gr. laga nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Nokkrar breytingar eru lagðar til. Gert er ráð fyrir að þeir kostnaðarliðir sem leggja má á útgerðir skipa séu tilgreindir með tæmandi hætti. Þá er gert ráð fyrir að unnt verði að innheimta gjald vegna slíks eftirlits jafnt innan lögsögu Íslands sem utan.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Lög um veiðieftirlitsgjald, nr. 129 28. desember 1989, voru leyst af hólmi með 18. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og því rétt að nema þau formlega úr gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um veiðieftirlitsgjald.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs. Lagðar eru til breytingar á gjaldtökuákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, laga nr. 151 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu lands, laga nr. 11 27. mars 1998, um Kvótaþing, og laga nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Jafnframt er lagt til að lög nr. 129 28. desember 1989, um veiðieftirlitsgjald, falli brott. Tilgangurinn með frumvarpinu er að tryggja samræmi og skýrleika í gjaldtöku. Í frumvarpinu er lagt til að grunnfjárhæð veiðieftirlitsgjaldsins verði lögfest, sem og reikningsaðferð verðmætis einstakra tegunda sem gjaldið miðast við. Jafnframt er lagt til að í stað þess að gjaldið leggist á við úthlutun aflaheimilda í upphafi fiskveiðiárs leggist það á 1. desember ár hvert og eindagi verði 15 dögum síðar. Einnig er í frumvarpinu nýtt ákvæði um að verði gjaldið ekki greitt falli veiðileyfi skipsins niður og að gjaldið verði tryggt með lögveði í skipi. Þá er í frumvarpinu lagt til að orðalagi gildandi laga verði breytt svo að heimild til álagningar veiðieftirlitsgjalds nái til útgáfu hvers konar veiðiheimilda innan fiskveiðiárs eða veiðitímabils, sem og allra tegunda sem lúta stjórnun sérstaklega. Með þessu orðalagi nær gjaldið til úthlutunar krókaaflamarks og aflahámarks til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og tegunda sem veitt eru sérstök veiðileyfi til, t.a.m. kolmunna og gulllax. Tekjur af veiðieftirlitsgjaldi eru háðar ákvörðun um heildarafla hvert fiskveiðiár. Miðað við óbreyttar forsendur frá því fiskveiðiári sem er að líða má gera ráð fyrir að tekjur af veiðieftirlitsgjaldi hækki um 5 m.kr. Þá eru ekki meðtaldar hugsanlegar tekjur vegna veiðieftirlitsgjalds fyrir kolmunna og gulllax. Veiðieftirlitsgjaldi er ætlað að standa undir kostnaði af veiðieftirliti og í fjárlögum 2000 er gert ráð fyrir að gjaldið skili 183 m.kr. Hefur gjaldið verið endurskoðað árlega með tilliti til áætlaðs kostnaðar við veiðieftirlit og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

846. Frumvarp til laga [544. mál]

um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Skal þessum aflaheimildum skipt milli botnfisktegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.

2. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt ákvörðun ráðuneytis í upphafi árs“ í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. a laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. orðast svo: Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.
b. 2. málsl. 7. mgr. orðast svo: Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.

5. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

13. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIII í lögunum, sbr. 13. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögum nr. 1 14. janúar 1999, um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðanna „750 kr.“ og „285.000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 922 kr., og: 350.000 kr.
b. 4. mgr. fellur brott.

8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Fiskistofa skal innheimta gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins af hverju úthlutuðu þorskígildistonni. Skal gjaldið greitt af eiganda skips og nema 1.230 kr. fyrir hvert þorskígildistonn miðað við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum hvert fiskveiðiár, 1. september, 1. janúar og 1. maí. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skipsins niður. Fiskistofa skal standa Þróunarsjóði jafnharðan skil á innheimtu gjalda.

Fari stjórn fiskveiða krókabáta fram með öðrum hætti en úthlutun aflaheimilda á grundvelli aflahlutdeildar eða krókaaflahlutdeildar skal gjald miðast við landaðan afla viðkomandi báts í þeim tegundum þar sem hann er ekki bundinn aflatakmörkunum en sæta ákvörðun um heildarafla á tímabilinu 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Um gjald þetta gilda að öðru leyti ákvæði þessarar greinar eftir því sem við á.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

9. gr.

2.–9. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 11/1998, um Kvótaþing.

10. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Kvótaþing skal innheimta 700 kr. fyrir hvert tilboð sem skráð er á þinginu. Kvótaþing skal einnig innheimta viðskiptagjald vegna kaupa og sölu aflamarks á þinginu sem nemur 0,13% af verðmæti viðskipta. Sett skal fram trygging fyrir viðskiptagjaldi áður en þjónusta er veitt.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

11. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

VI. KAFLI
Gildistaka.
12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram eftir heildarskoðun á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs. Markmið þess er fyrst og fremst að tryggja skýra gjaldtöku og því er skýrar kveðið á um grundvöll og fjárhæðir gjalda en gert er í núgildandi lögum. Í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka hækkun gjalda til að sporna við þenslu í hagkerfinu er gert ráð fyrir að vísitölubinding gjalda verði afnumin. Þá er í samræmingarskyni lagt til að þróunarsjóðsgjald miðist við hvers konar aflaheimildir innan árs en núgildandi orðalag nær ekki til aflahámarks og krókaaflamarks. Að lokum felur frumvarp þetta í sér minni háttar lagfæringar á orðalagi og tilvísunum. Ekki eru lagðar til breytingar á fjárhæð gjalda að öðru leyti en því að þau verði uppfærð miðað við breytingar á byggingarvísitölu í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið með reglugerð samkvæmt heimild í gildandi lögum.

Eftir framangreinda heildarskoðun þykir á þessu stigi rétt að gera breytingar á gjaldtökuákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, laga nr. 151 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, laga nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum, og laga nr. 11 27. mars 1998, um Kvótaþing. Ekki var talið rétt á þessu stigi að endurskoða gjaldtökuákvæði laga nr. 55 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, þar sem nú er starfandi nefnd skipuð af sjávarútvegsráðherra sem skal endurskoða fyrirkomulag eftirlits með framleiðslu og meðferð sjávarafurða. Slík endurskoðun getur haft áhrif á með hvaða hætti gjöld verða innheimt fyrir eftirlitið og á fjárhæð gjalda.

Frumvarpið skiptist í sex kafla. Í I. kafla eru tillögur um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Lagt er til að 18. gr. laganna þar sem kveðið er á um veiðieftirlitsgjald falli brott. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um veiðieftirlitsgjald þar sem lagt er til að grunnfjárhæð gjaldsins og verðmætahlutföll einstakra tegunda verði lögfest. Þykir skýrara að hafa sérstök lög um veiðieftirlitsgjald og tryggir það betur samræmda gjaldtöku. Í II. kafla eru tillögur um breytingar á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Tekið er tillit til breytinga sem felast í frumvarpi til laga um veiðieftirlitsgjald. Auk þess er lagt til eins og áður segir að vísitölubinding verði afnumin og samræmi tryggt við álagningu gjalds. Í III. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Í samræmi við það sem áður segir um frumvarp til laga um veiðieftirlitsgjald er lagt til að ákvæði 8. gr. laganna sem fjalla um slíkt gjald falli brott. Í IV. kafla frumvarpsins eru tillögur um breytingar á gjaldtökuákvæði laga nr. 11 27. mars 1998, um Kvótaþing. Í samræmi við fyrrgreint markmið frumvarpsins um skýrleika gjaldtöku er lagt til að grundvöllur gjalds fyrir þjónustu Kvótaþings verði lögfestur. Í V. kafla er lagt til að ákvæði laganna um gjaldtöku vegna veru eftirlitsmanna um borð í fullvinnsluskipum falli brott. Í áðurgreindu frumvarpi til laga um veiðieftirlitsgjald, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er fjallað heildstætt um gjaldtöku vegna veru eftirlitsmanna um borð í skipum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpi til laga um veiðieftirlitsgjald sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að útreikningsaðferð verðmætahlutfalla einstakra tegunda verði lögfest. Breytingar sem lagðar eru til í þessari grein eru í samræmi við það.

Um 2.–4. gr.

Um skýringar á þessum greinum vísast í athugasemdir við 1. gr.

Um 5. gr.

Eins og greinir í almennum athugasemdum er lagt til að ákvæði 18. gr. laga um stjórn fiskveiða falli brott og sérstök lög kveði á um veiðieftirlitsgjald.

Um 6. gr.

Í 2. gr. frumvarps til laga um veiðieftirlitsgjald er ákvæði sem nær almennt til stjórnunar veiða sem fer fram með öðrum hætti en á grundvelli úthlutunar aflahlutdeildar eða krókaaflahlutdeildar. Eiga því bátar sem stunda veiðar samkvæmt bráðabirgðaákvæði XXIII í lögum um stjórn fiskveiða að greiða gjald skv. 2. gr. þess frumvarps. Miðað er við að þeir sem fengið hafa úthlutað krókaaflahlutdeild eigi fyrst að greiða gjald í samræmi við hlutdeildarstöðu sína þegar úthlutun krókaaflamarks fer fram.

Um 7. gr.

Í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka hækkun gjalda til að sporna við þenslu í hagkerfinu er lagt til að vísitölubinding þróunarsjóðsgjalds á skip verði afnumin. Hefur gjaldið verið uppfært með reglugerð ár hvert miðað við byggingarvísitölu samkvæmt heimild í 4. mgr. 4. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Var það síðast gert með reglugerð nr. 14 7. janúar 2000, um breytingu á reglugerð nr. 8 14. janúar 1997, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Samkvæmt því er lagt til að grunngjaldið verði 922 kr. og hámark þess 350.000 kr. Þess má geta að í fjárlögum fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir að heildartekjur vegna þessa gjalds verði 90 millj. kr.

Um 8. gr.

Í 6. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er gert ráð fyrir að þróunarsjóðsgjald á aflamark sé a.m.k. 1.000 kr. Lagt er til að grunnfjárhæðin verði lögfest. Miðað hefur verið við 1.000 kr. grunngjald sem hefur verið uppfært árlega miðað við byggingarvísitölu, sbr. 2. mgr. 6. gr. Samkvæmt reglugerð nr. 520 27. júlí 1999, um greiðslu gjalds til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, er gjaldið nú 1.225 kr. Lagt er til að miðað verði við byggingarvísitölu í janúar 2000 og gjaldið verði því 1.230 kr. Er því um óverulega breytingu að ræða. Þess má geta að í fjárlögum fyrir árið 2000 voru áætlaðar tekjur vegna gjaldsins 560 millj. kr. Orðalagi 6. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins hefur verið breytt svo að það nái skýrlega til allra aflaheimilda sem úthlutað er innan árs og allra krókabáta óháð því stjórnkerfi sem þeir stunda veiðar samkvæmt. Nær ákvæðið því t.d. nú til norsk-íslensku síldarinnar og úthlutunar á grundvelli krókaaflahlutdeildar. Í samræmi við það sem segir í athugasemdum við 7. gr. er lagt til að vísitölubinding verði afnumin. Þá er lagt til að gjaldið skuli lagt á eigendur krókabáta en orðalag 6. gr. laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er óljóst að þessu leyti.

Um 9. gr.

Eins og greinir í almennum athugasemdum er lagt til að 2.–9. mgr. 8. gr. laga um fiskveiðar utan landhelgi Íslands sem fjalla um veiðieftirlitsgjald falli brott þar sem heppilegra þykir að kveða á um veiðieftirlitsgjald í sérstökum lögum.

Um 10. gr.

Í 7. gr. laga um Kvótaþing er kveðið á um að gjaldskrá Kvótaþings skuli miðuð við að gjaldið standi undir kostnaði af rekstri þingsins. Með hliðsjón af reynslu viðskiptaársins 1998/1999 var ákveðið í upphafi viðskiptaárs 1999/2000 að gjaldið skyldi vera 700 kr. fyrir skráningu tilboða og 0,13% af verðmæti viðskipta. Þar sem gjaldinu er ætlað að standa undir öllum kostnaði af rekstri þingsins þykir eðlilegra að kveða á um í lögum hvert gjaldið skuli vera. Í fjárlögum fyrir árið 2000 eru tekjur Kvótaþings vegna gjaldtökunnar áætlaðar 16 millj. kr. Kvótaþing hefur aðeins starfað í tæp tvö ár og er því ekki komin mikil reynsla á rekstur þess til að byggja áætlun um gjaldtöku á og má því búast við að endurskoða þurfi gjaldið í ljósi frekari reynslu.

Um 11. gr.

Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp um veiðieftirlitsgjald þar sem fjallað er heildstætt um gjaldtöku vegna veru eftirlitsmanna um borð í skipum. Er því lagt til að slíkt ákvæði laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum falli brott.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs.

Frumvarp þetta er lagt fram eftir heildarskoðun á gjaldtökuákvæðum laga á verkefnasviði sjávarútvegsráðuneytisins. Lagðar eru til breytingar á gjaldtökuákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, laga nr. 151 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu lands, laga nr. 11 27. mars 1998, um Kvótaþing, og laga nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um veiðieftirlitsgjald þar sem ákvæði um gjald fyrir veiðieftirlit í lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, og lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, hafa verið felld niður með þessu frumvarpi sem hér um ræðir.

Markmið frumvarpsins er að auka skýrleika gjaldtöku. Þá er í samræmingarskyni lagt til að þróunarsjóðsgjald miðist við hvers konar aflaheimildir sem úthlutað er innan árs en núgildandi orðalag nær ekki til aflahámarks og krókaaflamarks. Þar sem breytingin leiðir til þess að unnt verður að innheimta gjald vegna úthlutunar veiðiheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum má ætla að þróunarsjóðsgjaldið skili um 30 m.kr. í auknar tekjur til Þróunar-

sjóðs. Þróunarsjóðsgjaldi er samkvæmt lögum ætlað að standa undir skuldbindingum og rekstrarkostnaði Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Í fjárlögum ársins 2000 eru áætlaðar tekjur af þróunarsjóðsgjaldi 650 m.kr.

847. Frumvarp til laga [545. mál]

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Kröfur til endurgreiðslu barnsmeðlaga og sérstakra framlaga skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, sem greidd eru fyrir milligöngu opinberra aðila og endurgreiða ber að lögum, fyrnast á 10 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Um Innheimtustofnun sveitarfélaga gilda lög nr. 54/1971. Stofnunin er sameign allra sveitarfélaga og er hlutverk hennar að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra samkvæmt lögum um almannatryggingar. Innheimtustofnun ríkisins skal skila Tryggingastofnun ríkisins innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist og skal það ganga upp í meðlagsgreiðslur Tryggingastofnunar. Það sem á vantar að Tryggingastofnun hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum skal Innheimtustofnun sveitarfélaga greiða innan tveggja mánaða frá því að meðlag var greitt. Hins vegar greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga Innheimtustofnuninni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar.

II.

Fram til þessa hefur það verið skilningur stjórnenda Innheimtustofnunar sveitarfélaga að meðlagsgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins, sem endurkrafin er af Innheimtustofnuninni hjá meðlagsskyldu foreldri í samræmi við lög um stofnunina, sé samkvæmt lögum endurkrafa vegna þegins sveitarstyrks. Í 5. mgr. 1. gr. fyrningarlaga, nr. 14/1905, er gert ráð fyrir að slík krafa fyrnist ekki.

Í 54. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947, sem féll úr gildi við gildistöku laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, kom fram að líta ætti á meðlag sem greitt væri til forsjárforeldris sem framfærslustyrk til þess sem vanrækt hefði greiðslur, þ.e. hins meðlagsskylda foreldris. Forsjárforeldrið væri því styrkþegi í merkingu laganna. Sama skilgreining á þessum greiðslum kom einnig fram í 79. gr. laga um almannatryggingar, nr. 40/1963. Áður en Innheimtustofnun sveitarfélaga var stofnsett með lögum, nr. 54/1971, bar sveitarfélagi því

sem meðlagsgreiðandi átti framfærslurétt í að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins greidd meðlög vegna hans. Við þá endurgreiðslu öðlaðist sveitarfélagið kröfu á hendur hinu meðlagsskylda foreldri.

Fyrrgreind ákvæði voru túlkuð þannig að orðið „framfærslustyrkur“ samkvæmt framangreindum ákvæðum væri sömu merkingar og orðið „sveitarstyrkur“ í 5. mgr. 1. gr. laga nr. 14/1905. Þessi skilningur á greiðslunum hélst óbreyttur eftir stofnun Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þrátt fyrir að ekki væri svo afdráttarlaust kveðið á um eðli þessara greiðslna í þeim lögum sem við tóku af framfærslulögum, nr. 80/1947, og lögum um almannatryggingar, nr. 40/1963, var því talið ljóst að greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðlagsgreiðendur byggðust á framfærslurétti þeirra, sbr. 72. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, og 60. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, sbr. einnig III. kafla barnalaga, nr. 20/1992. Þá lá fyrir að meðlagsgreiðendum bæri skylda til að endurgreiða Innheimtustofnuninni meðlög sem Tryggingastofnun hefur greitt, sbr. 3. gr. laga, nr. 54/1971.

Fyrrgreind lagatúlkun var oftsinnis staðfest af dómstólum, síðast árið 1983. Í nýgengnu dómsmáli var henni hins vegar hafnað, bæði í héraðsdómi og fyrir Hæstarétti, í máli sem einstaklingur höfðaði gegn Innheimtustofnun sveitarfélaga til að fá aðfarargerð fellda úr gildi. Var dómur þessi kveðinn upp í Hæstarétti 24. ágúst 1999 í málinu nr. 254/1999. Umdeild aðfararbeiðni Innheimtustofnunarinnar var tilkomin vegna ógreidds meðlags. Taldi héraðsdómur að Innheimtustofnunin hefði ekki sýnt fram á með nægilega óyggjandi hætti að meta bæri kröfu þá sem um var deilt sem þeginn sveitarstyrk. Þar sem krafan nyti lögtaksréttar fyrndist hún á fjórum árum samkvæmt ákvæðum 3. tölul. 3. gr. laga, nr. 14/1905, en óumdeilt væri að krafan var eldri en fjögurra ára er aðfararbeiðni barst héraðsdómara til áritunar, sbr. 52. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Innheimtustofnun sveitarfélaga áfrýjaði málinu til Hæstaréttar, sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna hans. Verður að telja að dómurinn hafi ótvírætt fordæmisgildi í sambærilegum málum.

Ekki mun vera um að ræða dóm sem hefur mikil áhrif á starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þau áhrif sem það þó mun hafa á fjárhag Innheimtustofnunarinnar, ef ekkert er að gert, verða fyrst og fremst þau að stofnunin tapar kröfum við eftirgreindar aðstæður:

1. Meðlagskröfur á hendur feðrum vegna barna sem eru t.d. ekki feðruð fyrr en mörgum árum eftir fæðingu glatast að stórum hluta. Slík mál eru þó ekki mjög algeng hérlendis.
2. Aðrar meðlagskröfur fyrnast á fjórum árum nema fyrning sé rofin, t.d. með aðför hjá viðkomandi skuldara. Þetta þýðir að Innheimtustofnun sveitarfélaga verður að hefja innheimtuaðgerðir á a.m.k. fjögurra ára fresti vegna meðlagsskulda sem falla í vanskil. Slíkt er ekki ávallt unnt, t.d. í mörgum þeim tilvikum sem meðlagsskuldari býr erlendis eða afplánar fangavist, sbr. 8. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971.

Hafa verður í huga að það kröfuréttarsamband sem stofnast milli Innheimtustofnunar sveitarfélaga og meðlagsskuldara er um flest ólíkt venjulegum viðskiptakröfum. Kröfur Innheimtustofnunar hækka m.a. mánaðarlega ef ekki er staðið í skilum og samkvæmt núgildandi lögum ber meðlagsskuldara að standa skil á meðlagsgreiðslum allt til þess að barn verður átján ára. Að þeim tíma liðnum getur orðið um frekari greiðsluskyldu að ræða ef barn fær úrskurðað menntunar- eða starfsþjálfunarframlag sem heimilt er að úrskurða til tuttugu ára aldurs. Á þeim tíma geta meðlagsskuldir orðið mjög háar ef um vanskil verður að ræða, og eru þess dæmi að innheimtumálum ljúki ekki að fullu fyrr en fjörutíu árum eftir að barn fæðist. Er því ljóst að það krefst mikillar vinnu af hálfu starfsfólks Innheimtustofnunar að tryggja það að kröfur fyrnist ekki, sé einungis um að ræða fjögurra ára fyrningarfrest.

Því er lögð til í frumvarpinu sú breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum, að kröfur til endurgreiðslu barnsmeðlaga og sérstakra fram-

laga skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, sem greidd eru fyrir milligöngu opinberra aðila fyrnist framvegis á 10 árum. Er sá fyrningarfrestur í samræmi við fyrningarfrest krafna sem sérákvæði gilda ekki um, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1905. Verður að telja að ekki séu efni til að hafa fyrningarfrestinn lengri en 10 ár því með skilvirkum vinnubrögðum við innheimtu á kröfunum á fyrning ekki að geta átt sér stað nema í algerum undantekningartilvikum.

III.

Með lögum, nr. 71/1996, voru gerðar breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, í því skyni að auðvelda þeim er skulda meðlag að leita samninga við Innheimtustofnun sveitarfélaga um lækkun eða niðurfellingu skulda. Var sú lagabreyting gerð í því skyni að létta undir með skuldurum og gera fleiri þeirra að skilamönnum.

Ekki verður talið að sú breyting sem lögð er til í þessu frumvarpi verði til þess að gengið verði harðar fram gagnvart skuldurum. Þvert á móti ætti hún frekar að auðvelda skuldurum samningagerð við Innheimtustofnun sveitarfélaga þar sem stofnunin þarf síður að standa frammi fyrir því að kröfur séu að fyrnast. Ef fyrningarfresturinn verður áfram fjögur ár er nauðsynlegt fyrir stofnunina að fara oftar og tíðar af stað með innheimtumál gagnvart skuldurum en ef fresturinn verður 10 ár.

IV.

Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að um innheimtu barnsmeðlaga gildi 10 ára fyrningarregla. Lagt er til að sama gildi um sérstök framlög á grundvelli 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Í því lagaákvæði er fjallað um sérstök framlög meðlagsskylds aðila vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni. Gert er ráð fyrir að ákvæðið svo breytt taki eingöngu til endurgreiðslukrafna vegna meðlagsskulda og hinna sérstöku framlaga sem greidd eru fyrir milligöngu opinberra aðila, þ.e. Tryggingastofnunar ríkisins, og endurgreiða ber að lögum. Um kröfur sem hinn meðlagsskyldi greiðir beint til framfæranda gildir hins vegar fjögurra ára fyrningarreglan eins og áður.

Af 1. tölul. 7. mgr. 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga leiðir að stofnunin mun geta innheimt allar kröfur sínar með aðför án undangengins dóms eða dómsáttar þar sem í fyrrgreindu ákvæði er tekið fram að lögtaksréttur fyrnist ekki. Gildir þá einu hvort um er að ræða aðför á hendur meðlagsskuldaranum sjálfum eða kaupgreiðanda sem vanrækt hefur að halda eftir hluta af launum eða aflahlut hins meðlagsskylda til lúkningar meðlögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að um innheimtu barnsmeðlaga gildi 10 ára fyrningarregla. Jafnframt er lagt til að sama regla gildi um sérstök framlög á grundvelli 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Ekki verður séð að frumvarpið auki útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

848. Frumvarp til laga [546. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Til arðs telst ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa samkvæmt lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög sem hafa ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa eða hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs samvinnufélaga samkvæmt lögum um samvinnufélög.

2. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. 17. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo:

Kaupverð hlutabréfa í B-deild stofnsjóðs samvinnufélags sem skattaðili hefur eignast við sértækt endurmat A-deildar stofnsjóðs samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um samvinnufélög skal ákvarðast jöfn fjárhæð hækkunar séreignarsjóðshluta A-deildar yfirfærðs stofnsjóðs.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað „78. gr.“ og „81. gr.“ í 2. mgr. kemur: 56. gr., og: 59. gr.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sé samvinnufélagi slitið á þann hátt að því sé breytt í hlutafélag og félagsaðilar samvinnufélagsins fái eingöngu hlutabréf í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir séreignarhluti sína í samvinnufélaginu skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem séreignarhlutinn lét af hendi. Hafi samvinnufélag sem breyta á í hlutafélag myndað sérstaka B-deild stofnsjóðs með sölu hluta og eigendur samvinnuhlutabréfanna í B-deild fá eingöngu hlutabréf í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir B-deildar hluti sína í samvinnufélaginu, þá skulu skiptin á sama hátt ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem samvinnuhlutabréfin lét af hendi. Þegar samvinnufélagi er breytt í hlutafélag skal hlutafélagið, sem við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum samvinnufélagsins sem slitið var.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Til þess að sértækt endurmat stofnsjóðs A-deildar samvinnufélags samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um samvinnufélög njóti skattalegs hagræðis skv. 2. málsl. 1. mgr. 9. gr., 4. málsl. 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 56. gr. laganna skal endurmatið lagt fyrir skattstjóra til staðfestingar ásamt upplýsingum um skiptihlutfallið milli félagsaðila fyrir árslok 2003.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2001 vegna tekna og eigna á árinu 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt í tengslum við frumvarp sem lagt verður fram samhliða þessu frumvarpi um breyting á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, þar sem m.a. er lagt til að hækka og lækka megi stofnsjóði samvinnufélaga og á hvern hátt og með hvaða skilyrðum samvinnufélagi verði breytt í hlutafélag.

Í greinargerð með frumvarpinu um breytingar á samvinnufélagalögunum eru raktir ýmsir erfiðleikar í rekstrarumhverfi samvinnufélaga á undanförnum árum en ein af ástæðunum er rakin til þess að félögin hafi ekki haft aðstöðu til þess að afla sér nýs áhættufjármagns. Jafnframt er bent á að stofnsjóðir félaganna hafa rýrnað fyrir áhrif áratugalangrar verðbólgu þannig að varla sé lengur um að ræða raunverulegt eða eiginlegt eigendafjármagn í samvinnufélögunum.

Ákvæði frumvarpsins er varða skattfrelsi hækkunar stofnsjóðs svipar til þeirra ákvæða er varða skattfrjálsra útgáfu jöfnunarhlutabréfa, sbr. lög nr. 154/1998.

Markmið með breytingu á lögum um samvinnufélög og þessum breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er að gera samvinnufélögum kleift að bregast við þeim vanda sem þau standa frammi fyrir og einfalda þeim að breyta um rekstrarform.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að afhending arðs í formi jöfnunarhlutabréfa eða B-deildar samvinnuhlutabréfa vegna endurmats stofnsjóðs A-deildar og afhendingar á samvinnuhlutabréfum í B-deild teljist ekki til arðs. Þegar kemur að endursölu hlutabréfanna ákvarðast stofnverð bréfanna eftir því hvort um endurmat er að ræða skv. 38. gr. laga um samvinnufélög eða bráðabirgðaákvæði í sömu lögum eins og lagt er til að þau breytist. Í fyrra tilvikinu telst stofnverðið vera 0 kr. en í því síðara telst stofnverðið jafnt verðmæti sértæka endurmatsins, eins og nánar er skýrt í athugasemdum um 2. gr.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um hvernig ákvarða skuli stofnverð hlutabréfa í B-deild samvinnufélaga sem félagsmanni er afhent við sértækt endurmat A-deildar stofnsjóðs hans samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um samvinnufélög, sbr. frumvarp um breytingu á lögum um samvinnufélög. Þetta stofnverð gildir ekki ef um endurmat stofnsjóðs er að ræða skv. 38. gr. laga um samvinnufélög eins og lagt er til að þeirri grein verði breytt. Er þetta sambærilegt við úthlutun jöfnunarhlutabréfa í hlutafélögum og einkahlutafélögum eftir árið 1996. Þetta stofnverð gildir hvort sem selt er B-deildar samvinnuhlutabréf eða hlutabréf í hlutafélagi sem við tekur skv. 56. gr. þegar samvinnufélagi er slitið.

Um 3. gr.

Í 56. gr. laganna er að finna ákvæði um skattskyldu og flutning skattaréttarlegra skyldna og réttinda þegar hlutafélagi er slitið á þann hátt að það sameinast öðru hlutafélagi og þegar samvinnufélag eða hlutafélag sameinast öðru samvinnufélagi. Hér er lagt til að við greinina bætist sams konar ákvæði er tekur til þess þegar samvinnufélagi er slitið á þann hátt að því er breytt í hlutafélag.

Um 4. gr.

Til þess að hækkun stofnsjóðs A-deildar samvinnufélags við sértækt endurmat hans myndi ekki skattskyldu hjá félagsmönnum er gert að skilyrði í greininni að endurmatið verði lagt fyrir skattstjóra til staðfestingar og enn fremur upplýsingar um skiptingu þess á félagsaðila fyrir árslok 2003.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er fyrirhugað að gera breytingar á ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt sem tengjast öðru frumvarpi um breytingar á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, þar sem lagt er til að hækkun á stofnsjóði samvinnufélaga verði skattfrjáls og mælt fyrir um hvernig breyta megi samvinnufélagi í hlutafélag. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

849. Frumvarp til laga [547. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Á eftir orðinu „flutningspeningar“ í 1. málsl. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna kemur: framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda,

2. gr.

Á eftir 8. gr. laganna koma tvær nýjar greinar með fyrirsögninni *Kaup á hlutabréfum samkvæmt kauprétti*, svohljóðandi:

a. (8. gr. A.)

Tekjur skv. 1. tölul. 7. gr., vegna kaupa manns á hlutabréfum samkvæmt kauprétti sem hann hefur öðlast vegna starfa fyrir annan aðila, sbr. þó 8. gr. B, skulu ákveðnar eins og kveðið er á um í þessari grein. Til skattskyldra tekna telst mismunur á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og gangverði bréfanna þegar kaupréttur er nýttur. Með gangverði er átt við skráð gengi í kauphöll á þeim degi þegar kaupréttur er nýttur. Ef hlutir í félagi eru ekki skráðir í kauphöll skal miða við gangverð þeirra í viðskiptum, annars bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi eða árshlutareikningi viðkomandi félags.

b. (8. gr. B.)

Tekjur skv. 8. gr A skulu skattlagðar sem fjármagnstekjur skv. C-lið 7. gr. sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Kaupréttur að hlutabréfum í viðkomandi félagi hafi náð til allra starfsmanna.
2. Starfsmaður hafi verið í föstu starfi hjá félaginu eða í öðru félagi í sömu félagasamstæðu, sbr. lög um ársreikninga.
3. Að lágmarki 12 mánuðir þurfa að líða frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur.
4. Kaupverð sé eigi lægra en gangverð, sbr. 8. gr. A, þegar samningur er gerður.
5. Starfsmaður eigi hlutabréfin í tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur.
6. Samningur um kauprétt sé ekki framseljanlegur.
7. Hámark kaupréttar hvers starfsmanns sé samanlagt 600.000 kr. á ári miðað við kaupverð samkvæmt samningi.
8. Félag sem hefur í hyggju að veita starfsmönnum kauprétt hafi sent ríkisskattstjóra fyrir fram til staðfestingar áætlun um kauprétt starfsmanna ásamt upplýsingum um framangreind atriði í því formi sem hann ákveður.

Í lok hvers árs skal senda skattstjóra upplýsingar um þá starfsmenn sem hafa nýtt kauprétt á árinu samkvæmt staðfestri áætlun ásamt upplýsingum um kaupverð bréfanna. Upplýsingar skulu veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Tekjur samkvæmt þessari grein koma til skattlagningar þegar starfsmaður selur hlutabréfin. Teljast þær mismunur á upphaflegu kaupverði og söluverði þeirra. Sá mismunur telst ekki til rekstrarkostnaðar í skilningi 31. gr. laganna.

3. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. 17. gr. laganna kemur nýr málsliður svohljóðandi: Kaupverð hlutabréfa sem seljandi hefur eignast vegna kaupréttar skv. 8. gr. A skal ákvarðast jafnt gangverði því sem lagt var til grundvallar við ákvörðun tekna samkvæmt því ákvæði.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. 5. tölul. orðast svo: Iðgjöld, bæði eigin greiðsla launþega og framlag launagreiðanda, til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 20% af iðgjaldsstofni, þó aldrei hærra en 1.500.000 kr. Séu iðgjöld til lífeyrissjóðs, samkvæmt staðfestri samþykkt um hann og kjarasamningi, hærri en framangreint hámark skal frádrátturinn miðaður við þau iðgjöld að viðbættum allt að 3% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga til aukningar lífeyrisréttinda skv. II. kafla framangreindra laga. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið er að iðgjöld séu greidd reglulega samkvæmt kjarasamningum eða samningum um viðbótarlífeyrissparnað skv. II. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hafi verið talin til tekna skv. 7. gr.
b. 6. tölul. orðast svo: Iðgjöld manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og framlag launagreiðanda vegna öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að hámarki 20% af iðgjaldsstofni, þó aldrei hærra en 1.500.000 kr. Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið er að iðgjöld séu greidd reglulega til lífeyrissjóðs samkvæmt samningum um viðbótarlífeyrissparnað skv. II. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hafi verið talin til tekna skv. 7. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna:

a. Orðið „innlendum“ í 1. mgr. fellur brott.
b. Orðið „innlendu“ í 4. málsl. 4. mgr. fellur brott.

6. gr.

Á eftir orðunum „þar á meðal“ í 1. málsl. 1. tölul. 31. gr. laganna kemur: iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „og 5. tölul.“ í 2. málsl. 4. mgr. A-liðar kemur: 5. og 6. tölul.
b. Í stað tilvísunarinar „og 5. tölul.“ í 4. málsl. 4. mgr. B-liðar kemur: 5. og 6. tölul.

8. gr.

Við 5. tölul. 74. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Erlend hlutabréf skal færa til eignar á nafnverði, en ef nafnverð er ekki þekkt skulu bréfin færð til eignar á kaupverði.

9. gr.

Tilvísunin „sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.“ í 1. málsl. 78. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Orðin „og að frádregnum bótum skv. 69. gr.“ í 4. mgr. 110. gr. laganna falla brott.

11. gr.

Við 117. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er verða 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Fjármálaráðherra fer með túlkun samninga sem gerðir eru á grundvelli þessarar greinar. Getur hann sett verklagsreglur um túlkun og framkvæmd þeirra sem önnur skattyfirvöld eru bundin af.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga um bindandi álit í skattamálum skal fjármálaráðherra í stað ríkisskattstjóra gefa álit um túlkun og framkvæmd samninga sem gerðir eru á grundvelli þessarar greinar. Álit fjármálaráðherra eru ekki kæranleg til yfirskattanefndar.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2001 vegna tekna og eigna á árinu 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem í megindráttum má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar sem lúta að skattlagningu tekna vegna kaupa á hlutabréfum samkvæmt kauprétti starfsmanna; í öðru lagi breytingar á skattalegri meðferð lífeyrisiðgjalda og; í þriðja lagi breyting á skattafrádrætti vegna hlutabréfakaupa að því er snertir erlend hlutabréf. Að öðru leyti eru lagðar til nokkrar breytingar sem lúta að framkvæmd laganna.

Skattlagning á kauprétti hlutabréfa.

Undanfarin missiri hefur færst mjög í aukana að fyrirtæki semji við starfsmenn um að hluti launa verði greiddur með kauprétti starfsmanna á hlutabréfum í félagi sem þeir starfa

hjá. Í gildandi lögum er ekki sérstaklega kveðið á um skattlagningu slíkra tekna, heldur litið svo á að þær falli undir almenna reglu 7. gr. laganna um starfstengdar greiðslur. Hér er því um að ræða endurgjald til starfsmanns fyrir vinnuframlag hans sem ber að skattleggja hjá honum á sama hátt og aðrar launatekjur. Í frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði í lögin sérstök ákvæði 8. gr. A og 8. gr. B og þannig tekin af öll tvímæli um skattskyldu þessara tekna.

Að baki kaupréttarsamningum í þeim tilvikum sem sérstakur samningur hefur verið gerður liggur oftast til grundvallar skuldbinding um kaup eða sölu á tilgreindum eignum á tilteknum tíma eða eftir tiltekinn tíma og eða að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Á vinnuveitanda hvílir skylda til þess að afhenda umsamið magn hlutabréfa. Starfsmaðurinn hefur ákvörðunarréttinn, en honum ber hins vegar engin skylda til að kaupa bréfin.

Kaupréttur er oftast skilyrðum háður og felur í sér ákveðna skuldbindingu. Til dæmis er rétturinn alla jafna háður því að viðkomandi einstaklingur starfi hjá því fyrirtæki sem réttinn veitir í tiltekinn tíma áður en nýting réttarins verður virk. Þá er ekki óalgengt að það taki starfsmann nokkur ár að ná fullum réttindum. Ýmis önnur skilyrði varðandi réttindin er einnig að finna í slíkum samningum, svo sem um hámarksfjárhæð kaupa, eignarhaldstíma, erfðarétt og fleiri þætti sem máli skipta hverju sinni. Þá getur samningur um kauprétt verið almennur, þ.e. náð til allra starfsmanna í viðkomandi fyrirtæki, eða hann er sértækur sem þýðir að hann gildir einungis milli tiltekins starfsmanns og viðkomandi fyrirtækis.

Fram til þessa hefur þetta samningsform fyrst og fremst verið að finna í tæknifyrirtækjum, svo sem hugbúnaðarfyrirtækjum og ýmsum fyrirtækjum á sviði nýsköpunar, en það verður nú algengara í gamalgrónum fyrirtækjum.

Helstu rök fyrir því að fyrirtæki geri slíka samninga eða veiti starfsmönnum rétt til að kaupa á sérkjörum eru hvatning til starfsmanna þar sem hagsmunir fyrirtækis verða að hagsmunum starfsmannsins. Þá þykir þetta vænleg leið til þess að halda í mikilvæga starfsmenn og halda þannig þekkingu innan fyrirtækisins. Þykir slíkt vænleg leið til þess að brúa upphafstímabil þegar fjármagn skortir auk þess að halda stjórnendum við efnið og brýna þá til góðra verka með langtímamarkmið að leiðarljósi.

Víða erlendis er í löggjöf að finna reglur sem hvetja til þessa fyrirkomulags, m.a. til þess að auka dreifða eignaraðild í félögum og örva nýsköpun. Þykir því rétt að gera í stuttu máli grein fyrir gildandi reglum í Bandaríkjunum, Danmörku og Svíþjóð.

Í Bandaríkjunum þekkjast tvenns konar samningar. Annars vegar eru samningar sem ekki eru háðir sérstökum skilyrðum og fer þá um skattlagningu eftir almennum reglum, þ.e. 39% tekjuskattur á afhendingardegi/innlausnardegi en við sölu bréfanna greiðir starfsmaður fjármagnstekjuskatt sem er 28%. Hins vegar eru hvatningar- eða kaupréttarsamningar sem uppfylla sérstök skilyrði skattalaganna. Þar er gert að skilyrði að sambærilegum hópum starfsmanna standi samningar almennt til boða og að auki eru sett skilyrði um tímalengd, hámarksfjárhæð og eignarhald bréfanna. Þegar þessi skilyrði eru uppfyllt greiðir starfsmaðurinn hvorki skatt af kauprétti sínum á samningsdegi né þegar hann leysir til sín bréfin. Skattlagningu er frestað þangað til starfsmaðurinn selur bréfin. Þá gera bandarískar reglur kröfu um lágmarkseignarhald. Starfsmaður verður annaðhvort að hafa kauprétt undir höndum í a.m.k. tvö ár frá samningsdegi eða halda hlutabréfunum sjálfum í a.m.k. eitt ár. Uppfylli hann skilyrði um lágmarkseignarhald borgar hann fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði sem er mismunurinn milli afhendingarverðsins/innlausnarverðsins og söluverðmætis bréfanna. Starfsmaðurinn getur haft nokkurn hag af því að eiga bréfin í þennan lágmarkstíma þar sem fjármagnstekjuskatturinn er 28% en tekjuskatturinn er 15–39%. Nýlegar breytingar á skattalögunum

fela í sér að eigi starfsmaðurinn bréfin í 18 mánuði eftir kaup verður fjármagnstekjuskatturinn enn lægri eða 20%.

Í Danmörku hefur lögum nýlega verið breytt í þessum efnum. Eru tímamörk skattlagningarinnar tvenns konar. Annars vegar á afhendingardegi eða innlausnardegi og er þá skattstofninn mismunurinn á milli gangverðs eða markaðsverðs hlutabréfanna á kaupdegi og afhendingarverðsins samkvæmt kaupréttinum. Hlutfall skattlagningar launa er þar 28–58%. Við sölu bréfanna er mismunurinn á söluverði og gangverði eða markaðsverði á kaupdegi skattlagður með fjármagnstekjuskatti á bilinu 44–58%. Eigi starfsmaður bréfin lengur en í þrjú ár lækkar skatthlutfallið niður í 25–40%. Þegar starfsmaðurinn leysir til sín bréfin hefur vinnuveitandinn heimild til þess að gjaldfæra í rekstri sömu fjárhæð og starfsmanni er skylt að greiða tekjuskatt af.

Í Svíþjóð eru tímamörk skattlagningar tvenns konar. Þannig er starfsmaður skattlagður þegar kaupréttartímabil hefst, þ.e. þegar starfsmanni er fyrst heimilt að nýta réttinn. Er skattstofninn mismunur á gangverði eða markaðsverði á þeim degi og afhendingarverði kaupréttarins. Hlutfall tekjuskatts er frá 30–56%. Á afhendingardegi eða innlausnardegi borgar starfsmaðurinn engan skatt. Við sölu bréfanna greiðir hann 30% fjármagnstekjuskatt. Skattstofn til fjármagnstekjuskatts er mismunur á söluverði bréfanna og markaðsverði á innlausnardegi og söluverði hlutabréfanna og markaðsverði bréfanna á þeim degi þegar kaupréttartímabilið hófst.

Rétt þykir að setja almennar og skýrar reglur um skattlagningu þessara tekna, ekki aðeins gagnvart þeim sem njóta þeirra heldur einnig um skattalega meðferð gagnvart atvinnurekandanum. Í því sambandi er eðlilegt að horft sé til reynslu og reglna annarra þjóða sem íslensk fyrirtæki eru helst í samkeppni við, einkum aðildarríkja OECD. Óhagstæðar reglur gætu auðveldlega leitt til þess að íslensk fyrirtæki lúti í lægra haldi í samkeppninni við erlend fyrirtæki um vel menntað og sérhæft starfsfólk.

Skattaleg meðferð lífeyrisiðgjalda.

Í gildandi lögum er ekki að finna skýr ákvæði um rétt launagreiðenda til að draga iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna sinna frá sem rekstrarkostnað. Að sama skapi eru ákvæðin óljós um hvort telja eigi slík framlög launagreiðenda til skattskyldra tekna hjá launþegum sem þeirra njóta. Núverandi framkvæmd byggist á framkvæmdahefð sem haldist hefur frá þeim tíma að ákvæði voru í lögum um frádrátt iðgjalda frá skattskyldum tekjum allt að tilteknu hámarki, síðast 11% af launum, og var frádráttarheimildin óháð því hvort launagreiðandi eða launþegi greiddi iðgjaldið svo fremi að þau væru innan tilgreindra marka. Bein ákvæði um þetta féllu úr tekjuskattslögunum árið 1977 en framkvæmd hefur haldist óbreytt þannig að mótframlög launagreiðanda komu til frádráttar frá rekstrartekjum hans.

Samkvæmt almennum ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt ætti að telja iðgjöld launagreiðanda til lífeyrissjóðs til tekna hjá viðkomandi launþega en framangreind framkvæmdaregla hefur falið í sér frávik frá því. Frá því að bein ákvæði um frádráttarheimild heildariðgjalda féllu niður hafa iðgjöld til lífeyrissjóða lengst af verið í föstum skorðum og regla byggð á framkvæmdahefð ekki valdið miklum vandkvæðum. Með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á lífeyrismálum á síðustu árum, einkum með setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða hefur orðið þó nokkur breyting á þessum vettvangi. Skilgreining á lífeyrissjóði hefur breyst og hún þrengd frá því sem áður var en jafnframt opnað fyrir nýja og breytta möguleika á lífeyrissparnaði.

Þessi breyting hefur leitt til óvissu í skattalegum efnum með tilliti til iðgjalda og framlaga til lífeyrissparnaðar. Embætti ríkisskattstjóra hefur nýverið túlkað ákvæði gildandi laga á

þann veg að einungis framlög launagreiðenda til lífeyrissjóða samkvæmt kjarasamningum eða framlög ákveðin með hliðstæðum hætti á grundvelli laga um lífeyrisréttindi séu frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Samkvæmt því eru framlög sem launagreiðendur kunna að greiða til lífeyrissparnaðar umfram iðgjöld til lífeyrissjóða því aðeins frádráttarbær frá skattskyldum tekjum þeirra að þau hafi verið talin til launatekna hjá starfsmanni.

Þá má benda á að núverandi fyrirkomulag felur í sér hættu á mismunun. Frádráttur launþega vegna iðgjalda til lífeyrissjóðs er takmarkaður við 4%. Mögulegt er og þekkjast þess dæmi að mótframlag vinnuveitanda sé hækkað og þannig skapaður frádráttarréttur langt umfram það sem almennt er mögulegt og getur slíkt ekki talist æskilegt.

Af framangreindum ástæðum er lagt til í frumvarpi þessu að tekin verði í lög um tekjuskatt og eignarskatt bein ákvæði um heimildir til að draga iðgjöld og framlög til öflunar lífeyrisréttinda frá skattskyldum tekjum hvort sem er hjá launþega eða launagreiðanda.

Frádráttur vegna fjárfestinga í hlutabréfum.

Í frumvarpinu er lagt til að reglur um frádrátt vegna fjárfestinga í hlutabréfum verði rýmkaðar frá því sem nú er. Hefur heimildin verið bundin við fjárfestingar í innlendum hlutabréfum eingöngu. Lagt er til að heimild til þess að draga frá tekjum einstaklinga fjárfestingu í hlutabréfum taki jafnt til innlendra sem erlendra félaga. Leiðir breytingin af samningsskuldbindingum Íslands á grundvelli EES-samningsins, en Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemd við íslensk stjórnvöld um að núgildandi ákvæði sem takmarkast við innlend hlutabréf fari í bága við 40. gr. EES-samningsins og tilskipun EB nr. 88/361, um frjálsa fjármagnsflutninga.

Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að fellt verði brott það skilyrði fyrir eignarskattsfrelsi hlutabréfa að um sé að ræða fjárfestingu í hlutafélagi sem er skráð hér á landi. Lagt er til að eignarskattsfrelsi nái einnig til erlendra hlutbréfa.

Aðrar breytingar.

Í frumvarpinu er einnig að finna aðrar breytingar sem lúta að framkvæmd laganna, þar á meðal varðandi túlkun og framkvæmd tvísköttunarsamninga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um að framlag launagreiðanda verði skattskyldar tekjur launþega, hvort sem iðgjald er greitt vegna samtryggingar eða í séreignarsjóð. Allar tekjur launþega hafa verið taldar sem skattskyldar tekjur hjá honum, þar á meðal það sem reiknað hefur verið sem iðgjald hans til lífeyrissjóðs. Hefur þessi tillaga því í raun för með sér að heildariðgjöld, bæði eigin greiðsla launþega og framlag launagreiðanda, verða skattskyldar tekjur launþega. Hins vegar er mælt fyrir um í 4. gr. frumvarpsins að á móti komi frádráttur að hámarki 20% af iðgjaldsstofni. Með launagreiðanda í þessu samhengi er átt við hvort sem er vinnuveitanda launþega og sjálfstætt starfandi mann.

Um 2. gr.

Hér eru lagðar til breytingar sem lúta að skattalegri meðferð svokallaðra kaupréttar- eða valréttarsamninga. Er lagt til að bætt verði við lögin tveimur greinum sem verða 8. gr. A og 8. gr. B. Samkvæmt meginreglu laganna eru allar tekjur skattskyldar, nema þær séu sérstaklega undanþegnar skattskyldu. Í 8. gr. A er kveðið á um hvernig skattstofninn skuli ákveðinn þegar starfsmaður hefur tekjur vegna kaupréttar á hlutabréfum í félagi sem hann starfar fyrir.

Þó að inntak ákvæðis þess sem hér er lagt til sé í samræmi við gildandi skattframkvæmd þykir engu að síður rétt að kveða sérstaklega á um það með tilliti til ákvæða 8. gr. B.

Í 8. gr. B er lögð til undantekning frá meginreglu A-liðar 7. gr. þar sem lagt er til að tekjur starfsmanna af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti og að uppfylltum tilteknum skilyrðum verði ekki skattlagðar sem launatekjur en komi til skattlagningar sem fjármagnstekjur skv. C-lið 7. gr. við sölu úr hendi starfsmannsins.

Til skattskyldra tekna skv. 8. gr. A telst mismunur á gangverði þegar kaupréttur er nýttur og þeirri fjárhæð sem starfsmaður greiðir fyrir hlutabréfin samkvæmt kaupréttarsamningi. Með gangverði er átt við skráð gengi á þeim tíma sem kaupréttur er nýttur. Hafi félag ekki skráð gengi skal miða við gangverð í viðskiptum með bréfin, annars bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða uppgjöri félagsins.

Skattskylda á grundvelli A-liðar 7. gr. stofnast um leið og rétturinn er nýttur, þ.e. á þeim tíma þegar starfsmaður leysir til sín bréfin og greiðir fyrir þau hið fyrir fram ákveðna verð. Kveður 8. gr. A á um ákvörðun þeirra tekna. Þær tekjur mynda jafnframt stofn til tryggingagjalds og iðgjalds til lífeyrissjóðs hvort tveggja fyrir starfsmanninn og launagreiðanda. Þá þarf launagreiðandi í samræmi við almennar reglur laganna um upplýsingaskyldu að tilgreina greiðslur þessar á launamiða. Þar sem um tekjur skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna er að tefla telst kostnaður fyrirtækis við veitingu kaupréttar rekstrarkostnaður skv. 31. gr. laganna.

Í 8. gr. B er gert ráð fyrir að um skattlagningu tekna starfsmanns vegna kaupréttar fari eins og um aðrar fjármagnstekjur skv. C-lið 7. gr. laganna að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem talin eru upp í greininni. Hér stofnast ekki til skattskyldu þegar kauprétturinn er nýttur, heldur þegar starfsmaður selur bréfin. Við ákvörðun skattstofnsins skiptir því meginmáli hvert var gangverð hlutabréfanna þegar starfsmaður gerði samning við launagreiðanda um kauprétt og síðan söluverð þeirra. Mismunurinn er skattlagður eins og aðrar fjármagnstekjur.

Til þess að starfsmaður geti nýtt sér sérreglu 8. gr. B þurfa öll skilyrði greinarinnar að vera uppfyllt. Fyrsta skilyrðið er að kaupréttur hafi náð til allra starfsmanna viðkomandi félags. Í þessu felst að allir starfsmenn félagsins eigi rétt á kauprétti að einhverju marki. Annað skilyrðið er að starfsmaður hafi verið í föstu starfi hjá félaginu eða í öðru félagi í sömu félagasamstæðu þegar rétturinn er veittur. Það eru því einungis fastráðnir starfsmenn sem geta nýtt sér sérreglu þessarar greinar. Verktakar, ráðgjafar eða t.d. stjórnarmenn í félagi sem ekki eru fastráðnir geta því ekki notað sérregluna. Þriðja skilyrðið er að 12 mánuðir þurfa að líða frá gerð samnings um kauprétt þar til hann er nýttur. Þannig þarf starfsmaður að vera að lágmarki 12 mánuði í starfi hjá viðkomandi félagi áður en hann getur nýtt sér kaupréttinn. Fjórða skilyrðið er að kaupverð megi ekki vera lægra en gangverð skv. 8. gr. A þegar samningurinn er gerður. Í þessu felst að samningur getur ekki verið um kauprétt á lægra gengi en almennt gangverð eða lægra en bókfært verð eigin fjár ætli starfsmaður að nýta sérregluna. Til þess að geta nýtt sérregluna verður kaupverð samkvæmt kaupréttarsamningi að vera það sama og almennt gangverð bréfanna þegar samningur er gerður. Fimmta skilyrðið er að starfsmaður eigi hlutabréfin í tvö ár eftir að hann nýtir kaupréttinn. Starfsmaður getur því t.d. ekki selt bréfin strax eftir að hann fær þau afhent eftir 12 mánuði heldur verður hann að eiga þau í tvö ár. Sjötta skilyrðið er að kauprétturin er óframseljanlegur. Sjöunda skilyrðið er að hámark kaupréttar hvers starfsmanns megi ekki vera hærra en 600.000 kr. á ári að kaupverði. Sé kaupverð bréfanna hærra en leyfilegt hámark fellur réttur til nýtingar á sérreglu niður og fer þá um skattlagningu skv. 8. gr. A. Áttunda og síðasta skilyrðið er að félag sem hefur í hyggju að gera kaupréttarsamning þarf fyrir fram að senda ríkisskattstjóra til staðfestingar áætlun um kaupréttarsamninga sem það hyggst gera við starfsmenn ásamt upplýsingum um öll framangreind atriði í því formi sem ríkisskattstjóri

ákveður. Því þarf að liggja fyrir áður en félag gerir kaupréttarsamninga á grundvelli sérreglunnar staðfesting frá ríkisskattstjóra um að framangreind skilyrði séu uppfyllt.

Í 2. mgr. 8. gr. B er gert ráð fyrir að árlega sendi viðkomandi félag skattstjóra upplýsingar um þá starfsmenn sem hafa nýtt sér kauprétt á grundvelli sérreglunnar. Þar skal m.a. koma fram á hvað tímapunkti og á hvaða verði starfsmaður hafi keypt bréfin. Er þetta m.a. nauðsynlegt til að unnt sé að fylgjast með skattstofni bréfanna þegar kemur til ákvörðunar á söluhagnaði þeirra.

Í 3. mgr. 8. gr. B kemur fram að skattskylda á grundvelli greinarinnar stofnist ekki fyrr en starfsmaður selur bréfin. Er skattstofninn mismunur á upphaflegu kaupverði og söluverði bréfanna. Að lokum eru tekin af öll tvímæli um að sá mismunur telst ekki til rekstrarkostnaðar á grundvelli 31. gr. laganna hjá félaginu sem veitir kaupréttinn, enda ekki um að ræða launakostnað eða nauðsynlegan kostnað til öflunar tekna félagsins.

Um 3. gr.

Hér er er lagt til að við ákvörðun söluhagnaðar skuli leggja til grundvallar söluhagnað sem miðast við gangverð hlutabréfanna eins og það er ákveðið skv. 8. gr. A.

Um 4. gr.

Lagt er til að tekin verði upp skýr ákvæði um heimildir til að draga iðgjöld og framlög til öflunar lífeyrisréttinda frá skattskyldum tekjum. Er jafnframt lagt til að fyrirkomulagið verði með þeim hætti að ekki skipti máli hvor greiðir iðgjaldið, launagreiðandi eða launþegi, þannig að réttur til frádráttar frá skattskyldum tekjum verði óháður því hvernig samið er um að haga launagreiðslum. Þessu er náð með því að gera ráð fyrir því í samræmi við meginreglu tekjuskattslaganna að öll framlög til öflunar lífeyrisréttinda teljist til skattskyldra tekna þess sem lífeyrisréttinn fær. Á móti fái hann rétt til frádráttar á iðgjaldi og framlagi til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða hvort sem það hefur verið greitt af honum eða launagreiðanda hans. Gert er ráð fyrir að þetta eigi eins við um þá sem starfa við eigin atvinnurekstur. Með þessu skapast jafnræði með tilliti til skattalegra réttinda.

Í ákvæðinu er gerð tillaga um að frádráttarbær iðgjöld verði innan tiltekinna marka sem eru verulega hærri en þær frádráttarheimildir sem nú er að finna í lögum. Möguleiki verður að víkja frá hámarkinu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna styttri starfsaldurs en almennt gerist og hærri iðgjaldagreiðslum af þeim sökum. Í þeim tilvikum er tryggt að viðkomandi launþegi geti þó ákveðið sjálfur að afla sér aukinna lífeyrisréttinda, með séreignarsparnaði, sem yrði frádráttarbært frá skattskyldum tekjum. Auk þess getur hann dregið frá skattskyldum tekjum iðgjöld í lífeyrissjóði eins og þau hafa verið ákveðin í reglugerð eða kjarasamningi viðkomandi launþega. Með kjarasamningi í þessu sambandi er átt við almennan kjarasamning milli stéttarfélags launþegans og vinnuveitenda en ekki einstaka ráðningarsamninga launþega.

Lagt er til að skattfrelsi iðgjalda verði miðað við þau iðgjöld og framlög til öflunar lífeyrisréttinda sem telja verður eðlileg í framfærslutilgangi. Til viðmiðunar í því efni eru hafðar starfstekjur viðkomandi og við það miðað að launþegi geti með greiðslum til lífeyrissparnaðar tryggt sér lífeyri sem sé jafnhár og meðaltekjur hans voru. Þessi viðmiðun felur í sér verulega hækkun á skattfrelsi iðgjalda frá því sem verið hefur. Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er við það miðað að iðgjöld til lífeyrissjóða nægi til að lífeyrir 40 ára iðgjaldagreiðslna verði 56% meðalatvinnutekna yfir starfsævina. Hér er hins vegar lagt til að skattfrelsi verði miðað við að skattfrjáls iðgjöld geti á sömu

forsendum staðið undir lífeyri sem verði 100% af atvinnutekjunum eða nærri tvöföldu lágmarksiðgjaldi. Auk þess er gert ráð fyrir að þessu marki geti menn náð á styttri tíma en 40 árum. Leiðir þetta til þeirrar niðurstöðu að iðgjöld allt að 20% af iðgjaldsstofni verði frádráttarbær. Á grundvelli sömu sjónarmiða um að skattfrelsið helgist af framfærslu á efri árum er jafnframt lagt til að takmörk verði sett á árlega frádráttarbært iðgjald og er lagt til að það verði 1.500.000 kr. sem svarar til 20% af 7.500.000 kr. árstekjum.

Meginregla skattalaganna er að tekjur eru skattskyldar á þeim tíma sem þær verða eign viðkomandi. Þannig eru laun sama í hvaða formi sem er skattskyld á greiðsluári. Fáar undantekningar eru frá þessari meginreglu um skattskyldutíma þar sem skattskyldu er frestað, en nefna má að iðgjöld til lífeyrissjóða og aukins lífeyrissparnaðar eru undanþegin með þeim hætti að draga má þau frá skattskyldum tekjum. Í þeim tilvikum er um að ræða frestun á skattlagningu tekna, sem lögbundið er að leggja skuli til hliðar, þar til lífeyrir er tekinn til framfærslu og kemur þá til skattlagningar.

Um 5. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um breytingu sem leiðir af samningsskuldbindingum Íslands á grundvelli EES-samningsins. Felur breytingin í sér heimild til þess að draga frá tekjum einstaklinga fjárfestingu í hlutabréfum, jafnt í innlendum sem erlendum félögum. Hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert athugasemdir við núgildandi ákvæði sem í dag takmarkast við innlend hlutabréf og fer því í bága við 40. gr. EES-samningsins og tilskipun EB nr. 88/361, um frjálsa fjármagnsflutninga. Til þess að frádráttur verði heimilaður í erlendum félögum þurfa þau félög að uppfylla öll sömu skilyrði og hin íslensku sem talin eru upp í greininni.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að tekinn verði af allur vafi um að lögaðili eða sjálfstætt starfandi maður geti talið sem rekstrarkostnað iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort iðgjöldum sé varið til öflunar lífeyrisréttinda í sameign eða séreign samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða með öðrum sparnaðarformum sem ætluð eru til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanns.

Um 7. gr.

Lagt er til í greininni að jafnaður verði aðstöðumunur sjálfstætt starfandi manna gagnvart öðrum launþegum þegar ákvarðaður er stofn til útreiknings barnabóta og vaxtabóta. Hjá launþegum er tekið tillit til frádráttar frá tekjum vegna iðgjalda sem menn hafa greitt til öflunar lífeyrisréttinda, sbr. 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. Sjálfstætt starfandi menn hafa einnig rétt til að draga frá tekjum sínum iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda, en ekki hefur verið tekið tillit til þess við ákvörðun stofns til útreiknings barnabóta og vaxta sem lagt er til að gert verði.

Um 8. gr.

Í 5. tölul. 74. gr. laganna er kveðið á um að telja skuli hlutabréf til eignar á nafnverði. Hér á landi eru hlutabréf almennt gefin út á nafnverði og því ekki vandkvæðum bundið að framfylgja ákvæðinu. Hins vegar þekkist það víða erlendis að hlutabréf eru ekki gefin út á nafnverði heldur seldir tilteknir hlutar á tilteknu verði. Hefur því verið vandkvæðum bundið að finna stofnverð til ákvörðunar eignarskatts á slík bréf.

Lagt er til að almennt skuli hlutabréf í erlendum hlutafélögum færð til eignar á nafnverði en séu bréfin ekki gefin út á nafnverði skuli þau færð til eignar á kaupverði.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott það skilyrði fyrir eignarskattsfrelsi hlutabréfa að um sé að ræða fjárfestingu í félagi sem er skráð hér á landi. Verði ákvæðið að lögum nær eignarskattsfrelsi einnig til erlendra félaga og með sömu skilyrðum og takmörkunum og hefur gilt um félög sem eru skráð á Íslandi. Hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert athugasemd við íslensk stjórnvöld um að núgildandi ákvæði sem takmarkast við innlend hlutabréf fari í bága við 40. gr. EES-samningsins og tilskipun EB nr. 88/361, um frjálsa fjármagnsflutninga.

Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að fallið verði frá að draga barnabætur og vaxtabætur frá álögðum skatti þegar ákvarðað er hvernig skatturinn skuli greiðast með fimm jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram. Að skuldajafna bótunum á móti álögðum skatti og skipta honum síðan niður á fimm jafna gjalddaga gengur ekki upp þar sem kveðið er á um í reglugerð um barnabætur að þær skuldi greiddar með tveimur jöfnum greiðslum, þ.e. 1. ágúst og 1. nóvember. Hefur því í sumum tilvikum verið búið að skuldajafna barnabótum að fullu á móti álögðum skatti 1. ágúst þegar þær eiga eftir að koma til útgreiðslu 1. nóvember að hluta.

Lagt er til að bótunum skuli aðeins skuldajafnað á móti þeim skatti sem er til greiðslu á gjalddaga hverju sinni þegar að bæturnar skal greiða út.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að fjármálaráðherra fari með túlkun á ákvæðum tvísköttunarsamninga og annarra samninga sem gerðir hafa verið á grundvelli 117. gr. laganna. Fram til þessa hefur það alfarið verið í höndum skattstjóra og ríkisskattstjóra að túlka slíka samninga og láta uppi bindandi álit um það efni. Hér er um að ræða milliríkjasamninga sem ríkisstjórnin er aðili að og er kveðið berum orðum á um það í tvísköttunarsamningum að fjármálaráðherra sé bært stjórnvald til að fara með túlkun og framkvæmd slíkra samninga. Með hliðsjón af því þykir nærtækara að fjármálaráðherra verði falið að túlka ákvæði samninganna og gefa út verklagsreglur um túlkun þeirra til handa öðrum skattyfirvöldum sem ber að fara eftir slíkum reglum við álagningu skatta og gjalda. Með því móti yrði tryggð stefna stjórnvalda sem ríkisstjórnin markar við gerð slíkra samninga.

Jafnframt er kveðið á um í tillögunni að ekki verði hægt að óska eftir bindandi áliti ríkisskattstjóra samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum er varða túlkun á tvísköttunarsamningum og framkvæmd þeirra. Þess í stað er lagt til að gjaldendur geti óskað eftir áliti fjármálaráðherra um túlkun á tvísköttunarsamningum. Um málsmeðferð fer eftir almennum reglum stjórnsýslulaga en ekki eftir lögum um bindandi álit í skattamálum. Álit fjármálaráðherra yrði ekki kæranlegt til yfirskattanefndar en heimilt að bera það undir dómstóla.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til þrenns konar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í fyrsta lagi verði sett skýrari ákvæði í lögin um skattlagningu tekna sem felast í rétti starfsmanna til kaupa á hlutabréfum í félagi sem þeir starfa hjá. Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á skattalegri meðferð lífeyrisgjalda. Í þriðja lagi er lagt til að sömu reglur um frádrátt frá tekjuskatti vegna hlutabréfakaupa og eignarskattsfrelsi hlutabréfa verði látnar gilda um fjárfestingu í erlendum hlutabréfum og nú eiga við um innlend hlutabréf. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir nokkrum breytingum á framkvæmd laganna.

Kostnaðaráhrif frumvarpsins snúa einkum að ákvæðum sem ætlað er að skerpa á skattskyldu tekna sem greiddar eru í mynd kaupréttar starfsmanna á hlutabréfum samkvæmt samningi við vinnuveitanda. Gert er ráð fyrir að sett verði upp tölvukerfi fyrir skattstofur til skráningar og úrvinnslu á kaupréttarsamningum og nýttum kaupréttarheimildum á ári hverju. Sá stofnkostnaður fellur til einu sinni og er áætlaður um 5 m.kr. Þá er áætlað að rekstarkostnaður skattkerfisins muni aukast nokkuð vegna skráningar, yfirferðar og mats á nauðsynlegum gögnum, eða alls um 6 m.kr. Þar af eru 3 m.kr. vegna skráningar og yfirferðar á upplýsingum um valréttaráætlanir og sölu hlutabréfa frá fyrirtækjum og 3 m.kr. vegna aukinnar og flóknari vinnu við yfirferð framtala þeirra sem nýta sér kauprétt á hlutabréfum.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að fjármálaráðuneytið fari með túlkun á ákvæðum tvísköttunarsamninga í stað skattstjóra og ríkisskattstjóra. Aukin vinna á þessu sviði er talin leiða til kostnaðar sem svarar til um eins mannárs á aðalskrifstofu ráðuneytisins, eða sem nemur um 4–5 m.kr.

Að öðru leyti fyrirhugar fjármálaráðuneytið að ákvæði frumvarpsins verði framkvæmd innan útgjaldaramma gildandi fjárlaga. Samtals verður kostnaður af breytingunum því um 15–16 m.kr. Þar af eru 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár.

850. Frumvarp til laga [548. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, er verður 5. málsl., svohljóðandi: Jafnframt skulu ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki greiða virðisaukaskatt af framleiðsluverði á mat sem tilreiddur er í mötuneytum þeirra og seldur er starfsmönnum eða öðrum á verði undir framleiðsluverði.

2. gr.

Við 5. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Afsláttur sem þeir aðilar, er skrá sölu í sjóðvél, veita gegn greiðslu með kreditkorti og tekjufærður er að fullu við afhendingu en dregst frá söluverði við uppgjör greiðslukortafyrirtækis telst ekki háður skilyrðum sem greinir í 1. málsl. þessa töluliðar. Gefi seljandi út reikning samhliða skráningu í sjóðvél skal fjárhæð afsláttar tilgreind á honum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 6. tölul. 3. mgr. orðast svo: Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða og hópbifreiða. Sama á við um sendi- og vörubifreiðar með leyfða heildarþyngd 5000 kg eða minna sem ekki uppfylla skilyrði um burðargetu og lengd farmrýmis er fjármálaráðherra setur í reglugerð.
b. 4. mgr. orðast svo:
   Þeir sem skattskyldir eru á grundvelli 2. mgr. 3. gr. mega einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða hina skattskyldu þætti í starfsemi þeirra.

4. gr.

3. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu, þar á meðal um rafræn skil á skýrslu og greiðslu.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:
   Endurgreiða skal veitingahúsum, mötuneytum og öðrum hliðstæðum aðilum, sem selja tilreiddan mat, sbr. 8. tölul. 2. mgr. 14. gr., fjárhæð er nemur 112,5% af innskatti hvers uppgjörstímabils vegna matvælaaðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt samkvæmt ákvæðinu. Endurgreiðsla þessi skal þó ekki vera hærri en svo að útskattur vegna sölu á tilreiddum mat að frádreginni endurgreiðslu samsvari að minnsta kosti 14% af hráefnisverði að viðbættum 19,25% af mismun söluverðs á tilreiddum mat og hráefnisverðs matvælaaðfanga. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.
b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Endurgreiða skal rekstraraðilum hópbifreiða, sem leyfi hafa samkvæmt lögum um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 19,68% af söluverði hópbifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjármálaráðherra skipaði í byrjun árs 1999 nefnd til að framkvæma athugun á virðisaukaskatti og meta hvort sú reynsla sem fengist hefur af innheimtu skattsins væri þess eðlis að efni væru til breytinga á löggjöf eða einhverjum framkvæmdaratriðum. Tilefni þessarar

nefndarskipunar var að röskur áratugur var liðinn frá setningu laga um virðisaukaskatt en auk þess þótti ástæða til að fara yfir athuganir sem gerðar hafa verið á nokkrum þáttum í framkvæmd laganna.

Nefndin kannaði rækilega flesta þætti virðisaukaskattsins, en einkum þó framkvæmd hans, tekjur af virðisaukaskatti og hvaða lagaleg atriði þörfnuðust úrbóta. Nefndin ræddi m.a. við fulltrúa atvinnulífsins, sveitarfélaga o.fl. Í febrúarmánuði sl. skilaði nefndin niðurstöðum sínum í skýrslu til fjármálaráðherra. Í henni kemur m.a. fram það álit að ekki sé þörf neinna grundvallarbreytinga á lögum um virðisaukaskatt, en þó eru lagðar til nokkrar minni háttar breytingar. Frumvarp þetta byggist á tillögum nefndarinnar.

Í fyrsta lagi er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um skattskyldu mötuneyta í eigu ríkis og sveitarfélaga vegna sölu á mat til starfsmanna á verði undir framleiðslukostnaði.

Í öðru lagi er lagt til að við uppgjör virðisaukaskatts verði heimilað að taka tillit til afsláttar sem veittur er í verslunum þegar greitt er með kreditkorti.

Í þriðja lagi er annars vegar verið að þrengja frádráttarheimild vegna bifreiða til fólksflutninga sem notaðar eru í virðisaukaskattskyldum rekstri. Er það gert m.a. til þess að jafna samkeppnisstöðu rekstraraðila í fólksflutningum sem ekki njóta frádráttar vegna innskatts. Hins vegar er verið að opna fyrir möguleika fyrir ráðherra til að setja reglur um skiptingu innskatts hjá opinberum aðilum.

Í fjórða lagi er lagt til að fjármálaráðherra geti sett reglur um rafræn skil á virðisaukaskatti.

Í fimmta lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á endurgreiðslureglum 42. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að endurgeiðslur á virðisaukaskatti til veitingahúsa verði hækkaðar úr 93,75% af innskatti vegna hráefniskaupa í 112,5%. Þannig er dregið úr því misræmi sem er komið upp vegna þess að verslanir eru í auknum mæli farnar að selja tilbúinn mat sem fellur í 14% skattþrep í samkeppni við veitingahús sem selja mat og aðrar veitingar í 24,5% skattþrepi. Þá þykir nauðsynlegt að setja hámark á endurgreiðslurnar. Hins vegar er lagt til að rekstrarleyfishöfum í fólksflutningum verði greiddur hluti virðisaukaskatts sem eftir stendur af verðmæti hópbifreiða sem seldar eru
úr landi.

Áætlað er að lækkun á tekjum ríkisins vegna þessara breytinga geti orðið á bilinu 100–130 m.kr. og munar þar mestu um hækkun endurgreiðslu til veitingahúsa sem áætluð er að geti orðið á bilinu 100–110 m.kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðinu er ætlað að skjóta styrkari stoðum en verið hafa undir þá skattframkvæmd að fæðissala opinberra aðila sé virðisaukaskattsskyld jafnvel þótt fæði sé selt á lægra verði en nemur framleiðslukostnaði. Þá er kveðið á um skattverð í slíkum tilvikum.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að heimilað verði að draga ákveðna tegund afsláttar frá söluverði við ákvörðun skattverðs. Um er að ræða svokallaðan rafrænan afslátt sem veittur er gegn greiðslu með kreditkorti og er tekjufærður að fullu hjá seljanda við afhendingu en ekki dreginn frá söluverði fyrr en við uppgjör greiðslukortafyrirtækis. Afsláttur inn hjá korthafa kemur fram í formi lægri greiðslu á uppgjöri frá greiðslukortafyrirtækinu. Þennan afslátt, sem veittur er án skilyrða, hafa seljendur ekki getað dregið frá skattskyldri veltu sinni hingað til þar sem hann er ekki dreginn frá söluverði strax við afhendingu eins og áskilið er í 2.

málsl. 5. tölul. 7. gr. laganna. Með breytingunni verður seljendum hins vegar gert mögulegt að lækka skattskylda veltu sína í samræmi við veittan rafrænan afslátt þegar uppgjör milli seljanda og greiðslukortafyrirtækis liggur fyrir. Heimildin er bundin við þá aðila sem skrá sölu sína í sjóðvél enda er í seinni málsliðnum tekinn af allur vafi um að sé reikningur gefinn út samhliða skráningu í sjóðvél verði að tilgreina afsláttinn á honum. Óbreyttar reglur gilda áfram um þá aðila sem ekki skrá sölu sína í sjóðvél.

Um 3. gr.

Í a-lið eru lagðar til breytingar á reglum um innskattsrétt af öflun, rekstri og leigu bifreiða. Gildandi reglum um innskattsrétt af ökutækjum má skipta í eftirtalda þrjá flokka.

1. *Enginn innskattsréttur.* Virðisaukaskatt af öflun, rekstri og leigu fólksbifreiða fyrir níu menn eða færri má almennt ekki færa til innskatts.
2. *Fullur innskattsréttur.* Innskattsréttur af öflun og leigu tiltekinna ökutækja er bundinn því skilyrði að þau séu eingöngu notuð í virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Undir þennan regluflokk falla sendi- og vörubifreiðar að leyfðri heildarþyngd 5000 kg eða minna að uppfylltum tilteknum skilyrðum um burðargetu og stærð farmrýmis, svo og hópbifreiðar, bifhjól, torfærutæki og loftpúðatæki.
3. *Innskattsréttur að hluta.* Þessi regluflokkur felur í sér almennar reglur um innskatt, þ.e. að innskattsréttur er til staðar að svo miklu leyti sem notkun ökutækja varðar virðisaukaskattskylda starfsemi. Undir þennan flokk falla öll ökutæki önnur en þau sem falla undir 1. og 2. flokk hér að framan.

Með ákvæði þessu er lagt til að allar fólks- og hópbifreiðar falli undir framangreindan 1. flokk, svo og þær sendi- og vörubifreiðar að leyfðri heildarþyngd 5000 kg eða minna sem ekki uppfylla hin tilteknu skilyrði til að falla undir 2. flokk. Hópbifreiðar eru í eðli sínu fólksflutningabifreiðar en fólksflutningar falla utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts skv. 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, óháð því hvort kaupandi slíkrar þjónustu stundar virðisaukaskattsskylda starfsemi eða ekki. Þeir sem fólksflutninga stunda eiga ekki rétt til innskatts af öflun og rekstri hópbifreiða. Samkvæmt gildandi lögum á virðisaukaskattsskyldur aðili rétt á innskatti af hópbifreið noti hann hana eingöngu í þágu skattskyldrar starfsemi sinnar, svo sem vegna flutnings á starfsmönnum milli vinnusvæða. Þannig geta skattaleg sjónarmið ráðið því hvort slíkur aðili kýs að reka eigin hópbifreið eða kaupa þjónustu aðila er stunda fólksflutninga. Slíkt verður að teljast óeðlilegt. Vegna breytinga sem orðið hafa á almennum skilgreiningum sendi- og vörubifreiða uppfylla ekki allar skilgreindar sendi- og vörubifreiðir skilyrði varðandi burðargetu og stærð farmrýmis til að falla undir innskattsreglur 2. flokks hér að framan. Breytingu þeirri sem hér er lögð til er ætlað að taka af allan vafa um að virðisaukaskatt af öflun, rekstri og leigu þessara bifreiða má ekki telja til innskatts.

Í b-lið er lagt til að bann við hlutfallslegum innskatti af aðföngum er varða í senn virðisaukaskattsskylda starfsemi og starfsemi er fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts taki ekki til opinberra aðila sem skattskyldir eru á grundvelli 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Með því er opnað, að því er þessa opinberu aðila varðar, fyrir heimild fjármálaráðherra skv. 2. mgr. 16. gr. til að setja reglur um að til innskatts megi telja ákveðinn hluta af virðisaukaskatti innkaupa sem ekki varða eingöngu sölu þeirra á vörum og skattskyldri þjónustu. Umrætt bann þykir raska samkeppnisstöðu deilda og eininga opinberra stofnana og fyrirtækja sem hafa með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi í samkeppni við atvinnufyrirtæki og hafa aðgreindan fjárhag frá öðrum deildum eða einingum.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að ráðherra hafi heimild til að ákveða í reglugerð hvernig rafrænum skilum á virðisaukaskatti skuli háttað. Með því er ætlað að leggja grundvöll að því að gjaldendum verði gefinn kostur á að standa skil jafnt á skýrslum sem greiðslum með rafrænum hætti.

Um 5. gr.

Í a-lið er lagt til að endurgreiðsla til veitingahúsa, mötuneyta og hliðstæðra aðila sem selja tilreiddan mat verði hækkuð úr 93,75% af innskatti vegna matvælaaðfanga í 112,5%. Jafnframt er lagt til að sett verði ákveðið hámark á endurgreiðslur þessar. Hámark þetta er sett til að koma í veg fyrir að endurgreiðslur geti orðið hærri en nauðsynlegt er til að færa útskatt veitingahúsa á matarsölu úr hærra skattþrepi í lægra skattþrep en það er tilgangurinn með lagaákvæðinu.

Endurgreiðslureglan miðast við að verðmæti matvælaaðfanga tvöfaldist við að breytast úr hráefni í framreiddan mat. Jafnframt er gert ráð fyrir að helmingur verðmætisaukningarinnar sé vegna matreiðslu og framreiðslu sem á að skattleggjast í hærra skattþrepi en hinn helmingur verðmætisaukningarinnar sé vegna álagningar og tilreiðslu hráefnis sem á að skattleggjast í lægra skattþrepi. Hráefnið sjálft skattleggst í lægra skattþrepinu. Hámarksreglan hefur ekki áhrif ef verðmætisaukning í veitingahúsum er meiri en verðmæti matvælaaðfanga. Hún hefur hins vegar áhrif ef verðmætisaukning er minni en sem svarar til kostnaðarverðs matvælaaðfanga en þá er gert ráð fyrir að helmingur af verðmætisaukningunni sé í hvoru þrepi. Hlutfallið 19,25 er meðaltal hærra og lægra skattþreps.

Í b-lið er ákvæði sem gerir ráð fyrir að fjármálaráðherra greiði rekstraraðilum hópbifreiða 19,68% af söluverði þeirra við sölu úr landi. Einungis verður heimilt að endurgreiða rekstraraðilum hópbifreiða sem hafa sérstök leyfi til að stunda fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum um skipulag fólksflutninga með hópferðabifreiðum. Hluti af verðmæti hópbifreiða er virðisaukaskattur sem ekki hefur fengist endurgreiddur innan lands þar eð fólksflutningar eru utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts. Ákvæðinu er ætlað að greiða fyrir sölu notaðra hópbifreiða úr landi og auðvelda með þeim hætti endurnýjun hópbifreiða.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1998, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til úrbætur á nokkrum þáttum virðisaukaskattskerfisins í samræmi við niðurstöður nefndar sem unnið hefur að athugun á kerfinu. Breytingarnar miða að því að treysta skattframkvæmd í sambandi við fæðissölu í mötuneytum opinberra aðila, að heimilt verði að draga rafrænan afslátt vegna greiðslu með kreditkorti frá skattskyldri veltu, að endurbæta reglur um innskattsrétt af öflun, rekstri og leigu bifreiða og loks að hækka endurgreiðslur til veitingahúsa og mötuneyta sem selja tilreiddan mat úr 93,75% af

innskatti vegna matvælaaðfanga í 112,5% til að jafna aðstöðu þeirra og verslana sem selja tilbúinn mat. Þessar breytingar eru taldar hafa óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs, að undanskildum endurgreiðslum til veitingahúsa en áætlað er að þær gætu hækkað um 100 m.kr. verði frumvarpið að lögum. Ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo nokkru nemi.

851. Frumvarp til laga [549. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	30
II	Yfir 2.000	45

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „70%“ í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 30%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna.

a. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo:
Greiða skal 10% vörugjald af bifreiðum fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.

b. 4. tölul. 2. mgr. orðast svo:
Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

c. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo:
Vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum skal vera:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Bifreið sem ber lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulið skal skráð á bílaleigu sem hefur leyfi samgönguráðuneytisins til að leigja bifreiðar eða á fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við bílaleigu. Einungis er heimilt að nýta bifreið samkvæmt þessum tölulið til útleigu hjá þeirri bílaleigu sem skráð er fyrir bifreiðinni. Bílaleiga skal haga bókhaldi sínu þannig að hún geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri þeirra bifreiða sem bera lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulið. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna, með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til útleigu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum tölulið. Brot á ákvæðum hans varðar því að hin brotlega bílaleiga missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.

d. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess og hvað teljist vera aðalatvinna skv. 4. tölul. 2. mgr., svo og ákvæði um endurgreiðslu á mismun vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að frátöldum c-lið 3. gr. laga þessara sem tekur gildi 15. maí 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum. Meginbreytingin felst í því að lagt er til að flokkum vörugjalds á fólksbifreiðar verði fækkað úr þremur í tvo. Þannig verði lagt 30% vörugjald á allar fólksbifreiðar með 0–2.000 sm^3 vélar en 45% vörugjald á bifreiðar með vélar yfir 2.000 sm^3. Samkvæmt þessu verður ekki lengur gerður greinarmunur á bensín- og dísilvélum.

Samkvæmt gildandi lögum er vörugjald á fólksbifreiðar sem hér greinir:

	Sprengirými aflvélar		
Flokkur	**Bensínvélar**	**Dísilvélar**	**Gjald í %**
I	0–1.600	0–2.100	30
II	1.601–2.500	2.101–3.000	40
III	Yfir 2.500	Yfir 3.000	65

Undanfarin ár hefur vörugjald af fólksbifreiðum verið lækkað í áföngum og gjaldflokkum fækkað. Með þessu hefur almenningi verið gert auðveldara að kaupa þær gerðir bifreiða sem hann telur best henta þörfum sínum. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er stefnt að því að stíga eitt skref enn í átt til minni neyslustýringar og auðvelda fólki þannig að kaupa öruggari og betur búnar bifreiðar. Ör þróun hefur orðið í öryggisbúnaði bifreiða undanfarin ár og nú bjóðast betur útbúnar og öruggari bifreiðar en áður. Þær eru í mörgum tilvikum stærri en síður útbúnar bifreiðar og búnar vélum með stærra sprengirými. Aukin notkun vel útbúinna bifreiða er til þess fallin að draga úr alvarlegum umferðarslysum. Með hliðsjón af því er lagt til að gjaldflokkum verði fækkað og vörugjald á fólksbifreiðar með aflmeiri vélar lækkað.

Undanfarin ár hafa tiltölulega fáar bifreiðar verið fluttar inn í 65% gjaldflokki. Voru þær á bilinu 900–1.000 síðustu þrjú ár. Mikill meiri hluti innfluttra bifreiða í þessum gjaldflokki hefur verið notaðar bifreiðar, eða um 70%. Slíkur innflutningur getur ekki talist þjóðhagslega hagkvæmur. Þá uppfylla þessar bifreiðar í mörgum tilvikum síður þær kröfur sem nú eru gerðar til nýrra bifreiða varðandi mengunarvarnir og nýtingu eldsneytis. Af því leiðir að bílaflotinn mengar mun meira en ella væri. Enn fremur er talið að töluvert sé um að rangt tollverð sé gefið upp við innflutning á notuðum bifreiðum og er hvatinn þeim mun meiri eftir því sem gjaldprósentan er hærri.

Lækkun á 65% vörugjaldi í 45% er til þess fallin að draga úr hvata til innflutnings notaðra bifreiða sem eins og áður segir eru í mörgum tilvikum búnar ófullkomnum mengunarvarnabúnaði. Með því er stuðlað að því að heildarmengun frá bifreiðum minnki. Auk þess má vænta þess að innheimta aðflutningsgjalda verði betri og vegi þannig að hluta upp það tekjutap sem leiðir af breytingunni. Auk þess má nefna að mikil þróun hefur orðið á bensín- og dísilvélum undanfarin ár. Þessar vélar þurfa í mörgum tilvikum stærra sprengirými en hefðbundnar vélar en menga eftir sem áður mun minna. Því er eðlilegt að draga úr fylgni skattheimtu og sprengirýmis bílvéla.

Nokkrum örðugleikum er háð að meta áhrif framangreindra breytinga á tekjur ríkissjóðs. Kemur það m.a. til af því að innflutningur bifreiða er sveiflukenndur og háður mörgum mismunandi þáttum. Miðað við innflutning síðasta árs má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði 300–350 millj. kr. lægri en að óbreyttum lögum. Hins vegar má ætla að breytingar á eftirspurn og innkaupamynstri, í kjölfar lækkunar á vörugjöldum, dragi úr tekjutapinu.

Gera má ráð fyrir því að framangreindar breytingar á vörugjaldi af fólksbifreiðum muni að öðru óbreyttu leiða til þess að útsöluverð bensínbifreiða með 1.600–2.000 sm^3 vélum lækki um 5–7% en útsöluverð bensínbifreiða með yfir 2.500 sm^3 vélum og dísilbifreiða með yfir 3.000 sm^3 vélum um 10–13%. Hins vegar má gera ráð fyrir því að breytingin hafi þau áhrif að verð á bensínbifreiðum með 2.500–3.000 sm^3 vélum og dísilbifreiðum með 2.000–3.000 sm^3 vélum muni hækka um allt að 2–3%. Gera má ráð fyrir að lækkun á útsöluverði bifreiða leiði til tæplega 0,2% lækkunar á framfærsluvísitölu.

Ekki eru forsendur til þess að stíga stærra skref til lækkunar vörugjalda við núverandi aðstæður og því er óhjákvæmilegt að mæta lækkuðum tekjum með nokkurri hækkun á ákveðinn flokk bifreiða, einkum ef það mark á að nást að fækka gjaldflokkunum úr þremur í tvo.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda og Bílgreinasambandið hafa á undanförnum missirum farið þess ítrekað á leit við fjármálaráðuneytið að það beiti sér fyrir því að vörugjald af ökutækjum verði lækkað og flokkum fækkað. Í því sambandi hafa samtökin verið samstíga um að mæla fyrir því að gjaldtakan verði miðuð við tvo flokka þannig að bifreiðar með 0–2.000 sm^3 vélar beri 30% vörugjald en bifreiðar með stærri vélar 40% gjald. Með frumvarpi þessu er verulega komið til móts við tillögur þessara aðila.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að vörugjald af bifhjólum, vélsleðum og fjórhjólum verði lækkað úr 70% í 30%. Vörugjald af þessum ökutækjum hefur verið óbreytt frá árinu 1991. Á sama tíma hefur vörugjald af öðrum ökutækjum lækkað verulega. Ekki þykir ástæða til að leggja mun hærri gjöld á þessi ökutæki. Miðað við innflutning síðasta árs má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði 50–60 millj. kr. lægri en að óbreyttum lögum.

Loks er lagt til að lækkað verði gjald af fólksbifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum. Þessi breyting er í samræmi við þá stefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum að lækka vörugjald af ökutækjum sem notuð eru í atvinnurekstri. Á það hefur einnig verið bent að þjónusta við ferðamenn sem nýta sér bílaleigubifreiðar sem samgöngutæki sé

arðvænleg. Hátt verð á bifreiðum til þeirrar starfsemi hafi hins vegar hamlað nokkuð uppbyggingu slíkrar þjónustu. Með þessum breytingum er stefnt að því að koma til móts við ferðaþjónustu á þessu sviði og gera hana betur samkeppnishæfa í samanburði við slíka þjónustu í öðrum löndum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að flokkum vörugjalds á fólksbifreiðar verði fækkað úr þremur í tvo. Þannig verði lagt 30% vörugjald á fólksbifreiðar sem knúnar eru vélum með allt að 2.000 sm^3 sprengirými en 45% vörugjald á bifreiðar með stærri vélar. Mismunandi gjaldskylda bifreiða eftir því hvort þær eru búnar bensín- eða dísilvélum fellur niður.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að vörugjald af þeim ökutækjum sem nú bera 70% vörugjald verði lækkað í 30%. Hér er einkum um að ræða bifhjól, vélsleða og fjórhjól, en vörugjald af þessum ökutækjum hefur verið óbreytt frá árinu 1991. Á sama tíma hefur vörugjald af öðrum ökutækjum lækkað verulega. Ekki þykir ástæða til að leggja mun hærri gjöld á þessi ökutæki.

Um 3. gr.

Um a-lið.

Nú er lagt 30% vörugjald á bifreiðar fyrir fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar eru af Tryggingastofnun ríkisins. Samkvæmt almennum reglum ættu þessar bifreiðar að bera 40–65% vörugjald. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu á almennum vörugjöldum er lagt til að vörugjald af framangreindum bifreiðum fyrir fatlaða verði lækkað í 10%.

Einnig er lagt til að felldar verði brott sérreglur varðandi lægra vörugjald af vélsleðum sem ætlaðir eru til nota á svæðum þar sem samgöngur eru torveldar, bifreiðum sem sérstaklega eru ætlaðar til líkflutninga, bifreiðum til útleigu á bílaleigum og vélsleðum í eigu fyrirtækja í ferðaþjónustu. Ekki þykir ástæða til að hafa sérreglur um lægra vörugjald af þessum tækjum ef frumvarpið verður að lögum.

Um b-lið.

Í greininni er lagt til að lækkað vörugjald af leigubifreiðum breytist til samræmis við almennar breytingar á vörugjaldi. Breytingin mun hafa óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Um c-lið.

Lagt er til að vörugjald af bifreiðum fyrir starfsemi bílaleiga verði lækkað þannig að það verði það sama og af leigubifreiðum að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Markmiðið með þessari breytingu er að gera bílaleigum betur kleift að bjóða upp á fjölbreyttara úrval af bifreiðum til leigu gegn lægra gjaldi en nú er. Á það hefur verið bent af hálfu Samtaka ferðaþjónustunnar að verulegur ávinningur fælist í því að geta boðið fjölbreyttara úrval fólksbifreiða til leigu fyrir erlenda ferðamenn á samkeppnisfæru verði.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja fram frumvarp til laga um leigu á ökutækjum þar sem gert er ráð fyrir því að samgönguráðuneytið gefi út starfsleyfi fyrir bílaleigur auk þess sem sett eru almenn skilyrði fyrir rekstri slíkrar starfsemi. Með hliðsjón af því er gert er að skilyrði fyrir lækkun vörugjalda samkvæmt greininni að bifreið sé skráð á bílaleigu sem hefur leyfi samgönguráðuneytisins til að leigja bifreiðar, eða á fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við bílaleigu. Skilyrði fyrir lækkun vörugjalds af bílaleigubifreiðum

eru nokkuð ströng. Það er gert til þess að tryggja sem best að þær bifreiðar sem bera lægra vörugjald samkvæmt greininni verði eingöngu notaðar til útleigu hjá bílaleigum.

Um d-lið.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild til sérstakrar lækkunar vörugjalds af vélsleðum til fyrirtækja í ferðaþjónustu verði felld brott. Í 5. gr. er lagt til að orðalagi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 verði breytt til samræmis við þá breytingu.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildistöku laganna. Eðlilegt þykir að ákvæði c-liðar 3. gr. er varða vörugjald af bílaleigubifreiðum öðlist ekki gildi fyrr en 15. maí nk. þess að svigrúm gefist til að útfæra nánar skilyrði fyrir lækkun gjaldanna í reglugerð og kynningar á þeim. Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Samkvæmt frumvarpinu verða gerðar nokkrar breytingar á álagningu vörugjalds af bifreiðum. Helsta breytingin sem gerð er tillaga um í frumvarpinu felst í því að fækka flokkum vörugjalds á fólksbifreiðar úr þremur í tvo og að vörugjaldið lækki nokkuð frá núgildandi lögum. Áætlað er að ríkissjóður gæti orðið af um 300–350 m.kr. tekjum í kjölfar þessarar breytingar miðað við bifreiðainnflutning síðasta árs. Gera má ráð fyrir að aukin eftirspurn eftir bifreiðum geti vegið það upp að einhverju marki. Einnig er lagt til að vörugjald af bifhjólum, vélsleðum og fjórhjólum lækki úr 70% í 30% og er áætlað að það gæti lækkað tekjur ríkissjóðs um 50–60 m.kr. Loks er gert ráð fyrir að vörugjald á fólksbifreiðar til útleigu hjá bifreiðaleigum verði lækkað þannig að það verði það sama og á leigubifreiðum. Áætlað er að þessar breytingar á álagningu vörugjalda hefðu óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

852. Frumvarp til laga [550. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „0,2%“ í 1. og 2. málsl. 8. mgr. 2. gr. laganna kemur: 0,4%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutfall tryggingagjalds, sem launagreiðendur eða menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi geta haldið eftir af gjaldstofni tryggingagjalds ef sá hluti er lagður fram sem mótframlag við iðgjaldshluta launamanns vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, verði hækkað úr 0,2% í 0,4%. Með lögum nr. 148/1998 var ákvæðum laganna breytt þannig að launagreiðendum var gert að leggja til viðbótarframlag til handa launamönnum sem höfðu gert samning um viðbótarlífeyrissparnað í formi lækkunar á tryggingagjaldi. Markmiðið með breytingunni var m.a. að auka þjóðhagslegan sparnað og að auka lífeyrissparnað þannig að lífeyrir verði í æskilegu hlutfalli við þau laun sem menn hafa yfir starfsævina. Mótframlaginu var ætlað að auka áhuga og fjárhagslegan ávinning einstaklinga af sparnaðinum. Var það hugsað sem tíundi hluti fjárhæðarinnar sem launamaður leggur til hliðar í lífeyrissparnað.

Lagt er til í frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem lagt verður fram samhliða þessu frumvarpi, að rýmkaðar verði heimildir launaþega til að draga frá tekjum iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda í svokölluðum séreignarsjóðum. Aukning á heimildum launþega geta þó verið nokkuð breytilegar eftir kjarasamningum. Til að auka áhuga og fjárhagslegan ávinning einstaklinga á frekari lífeyrissparnaði er lagt til í frumvarpi þessu að mótframlag launagreiðanda í formi lækkunar á tryggingagjaldi, svokölluð tíund, verði aukið í allt að 0,4% af gjaldstofni almenna tryggingagjaldsins.

Ef miðað er við heilt ár og staðgreiðsluárið 2000 má gera ráð fyrir því að lækkun tekna af almennu tryggingagjaldi geti orðið allt að 180 m.kr., við hækkun hlutfallstölunnar úr 0,2% í 0,4%, miðað við að 25% launþega nýttu sér heimildina til fulls.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta felur í sér að tryggingagjald geti lækkað um 0,4% af gjaldstofni, í stað 0,2% samkvæmt gildandi lögum hjá launagreiðendum, sem leggja þann hluta fram sem mótframlag við iðgjaldahluta launamanns vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Áætlað er að við þessa breytingu gætu tekjur af almennu tryggingagjaldi lækkað um 180 m.kr. miðað við að 25% launþega nýti sér heimildina til fulls. Ekki er talið að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo nokkru nemi.

853. Frumvarp til laga [551. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

3. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

3. Göngusilung má veiða frá 1. apríl til 10. október ár hvert. Þó skulu lok veiðitíma göngusilungs í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, miðast við 30. september skv. 1. mgr. Þá er sérstaklega stendur á getur veiðimálstjóri með hliðsjón af ástandi viðkomandi fiskstofna leyft að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet, á stöng, á dorg og á færi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 1. málsl. 9. mgr. orðast svo: Innan tveggja vikna frá móttöku birtir veiðimálastjóri með opinberri auglýsingu umsókn framkvæmdaraðila um undanþágu frá ákvæðum 6. mgr. og kallar eftir umsögnum veiðifélaga á viðkomandi vatnasviði um framkvæmdina.
b. 11. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 3. mgr. 62. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Teljist frágangur fullnægjandi skal veiðimálastjóri gefa út rekstrarleyfi og öðlast starfsemin þar með réttindi skv. 66. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: 2% gjald af útborguðum arði veiðifélaga sem sjóðurinn innheimtir af veiðifélögum eða sjálfstætt starfandi deildum veiðifélaga. Veiðifélög, þar sem félagsmenn stunda veiði fyrir landi sínu eða leigja hana til stangaveiði, skulu innheimta fiskræktarsjóðsgjald hjá félagsmönnum sínum og skila því til fiskræktarsjóðs.
b. D-liður 1. mgr. orðast svo: 3‰ af árlegum heildartekjum vatnsaflsstöðva sem selja orku til almennings. Greitt skal einu sinni á ári og miðað við heildartekjur samkvæmt ársskýrslum.
c. F-liður orðast svo: 3‰ af árlegum heildartekjum vatnsaflsstöðva vegna sölu á raforku samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda. Greitt skal einu sinni á ári og miðað við heildartekjur samkvæmt ársskýrslum.
d. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
4. Gjalddagi þessara gjalda skal vera 1. júní fyrir almanaksárið á undan. Séu gjöld þessi ekki greidd á eindaga, sem er 30 dögum eftir gjalddaga, má innheimta þau með fjárnámi án undangengins dóms og reiknast þá dráttarvextir frá gjalddaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru annars vegar lagfærðir annmarkar á lögunum og samræmd ákvæði þeirra, einkum varðandi fiskræktar- og fiskeldismál. Hins vegar eru lagðar til breytingar til að uppfylla stjórnarskrárákvæði um heimildir til töku skatta og þjónustugjalda í samræmi við lögmætisregluna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Framlenging á sjóbirtingsveiði byggist á faglegu mati á ástandi og gönguhegðun sjóbirtingsstofna að hausti. Oft þarf að afgreiða undanþágur til framlengingar með stuttum fyrirvara og ekki tök á að leggja málið fyrir veiðimálanefnd, sem hittist með nokkurra mánaða millibili. Þetta ákvæði í lögunum varð til þegar umsagnarferlinu var breytt árið 1998 og veiðimálastjóri hætti að vera umsagnaraðili til ráðuneytis sem afgreiddi undanþágu varðandi framlengingu. Veiðimálanefnd fékk þá það hlutverk að gefa umsagnir sem ekki er rökrétt þar sem hún er ekki faglegur aðili. Eðlilegra er að veiðimálastjóri sem er faglegur stjórnsýsluaðili afgreiði slíkar undanþágubeiðnir.

Um 2. gr.

Óeðlilegt verður að telja að auglýsa þurfi opinberlega allar fyrirætlanir veiðiréttareigenda varðandi fiskræktarframkvæmdir, ekki síst ef þeir hafa fengið samþykkta fiskræktaráætlun til fimm ára í samræmi við 2. mgr. 23. gr. Auglýsingaferlið skv. 23. gr. tekur að lágmarki þrjá mánuði en með kæru til ráðherra getur það tekið sex mánuði. Ákvarðanir um seiðasleppingar til fiskræktar eru oft teknar með stuttum fyrirvara og í mörgum tilfellum er stofn úr viðkomandi á ekki tiltækur, einkum þegar minni ár eiga í hlut. Núverandi ákvæði laganna eru því í raun dragbítur á allar fiskræktarframkvæmdir og ýta undir að aðilar taki ákvarðanir um að fara á svig við lögin. Þessi mikla takmörkun fiskræktarframkvæmda með villta stofna er einnig í mótsögn við ákvæði 4. mgr. 23. gr., en þar er veiðimálastjóra heimilt að leyfa notkun hafbeitarstofna í veiðivötnum í samráði við veiðiréttareigendur.

Breytingartillagan hefur í för með sér að flutningar á hafbeitar- eða eldisfiski til veiði verða auglýstir opinberlega auk þess að fá faglega umfjöllun en fiskræktarframkvæmdir fá eingöngu faglega umfjöllun án þess að skylt sé að auglýsa.

Breytingar á 11. mgr. 23. gr. er til samræmis öðrum lögum. Ekki er venja að framkvæmdaraðili beri kostnað af málsmeðferð hins opinbera.

Um 3. gr.

Breyting á 3. mgr. 62. gr. er til að leiðrétta að samkvæmt lögunum skal veiðimálastjóri bæði mæla með staðfestingu rekstrarleyfis og gefa þa út. Fyrir breytingu laganna 1998 mælti veiðimálastjóri með staðfestingu leyfisins og landbúnaðarráðuneytið átti að gefa það út. Við breytinguna láðist að fella niður meðmælaskyldu veiðimálastjóra við veitingu rekstrarleyfis.

Um 4. gr.

Með breytingu á b-lið 1. mgr. 92. gr. laganna er skilgreint hvað átt er við með skírum tekjum auk þess sem kveðið er á um hverjir beri gjaldskylduna og hvaða aðilar sjái um innheimtu gjaldsins. Lagt er til að í stað orðanna „skírum tekjum“ komi „útborguðum arði“. Ákvæðið er gert skýrara í samræmi við þá meginreglu að ákvæði um skattlagningu skuli vera í lögum.

Breytingar á d- og f-lið 1. mgr. 92. gr. eru einnig til að skilgreina betur hvaða gjaldstofn átt er við. Í lögunum stendur 3‰ af óskírum tekjum. Það er ekki nægilega vel skilgreint í samræmi við þá meginreglu að ákvæði um skattlagningu skuli vera í lögum. Hér er því lagt til að í stað orðanna „af óskírum tekjum“ komi „af heildartekjum“. Einnig er nánar útskýrt hvernig gjaldstofninn er reiknaður út, þ.e. að hann er reiknaður af heildartekjum vatnsaflsstöðvanna miðað við ársskýrslur.

F-liður 1. mgr. 92. gr. er óbreyttur í frumvarpinu að öðru leyti en því að gjaldið er skilgreint betur og hverjir eigi að greiða það. Hinn 3. júní 1998 tóku gildi breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, þá voru sett inn í lögin ákvæði sem tóku til sölu vatnsaflsstöðvanna á raforku til nýrra stórnotenda. Lagt er til að það ákvæði haldist óbreytt. Samkvæmt gildandi lögum greiða vatnsaflsstöðvarnar 3‰ af heildartekjum sínum að frádregnum tekjum af gufuaflsstöðvum vegna sölu á raforku til nýrra stórnotenda, þ.e. þeirra lögaðila sem teljast stórnotendur eftir 3. júní árið 1998. Einu breytingarnar á d- og f-lið 1. mgr. 92. gr. eru að nánar er gerð grein fyrir greiðanda og gjaldstofni í samræmi við lögmætisregluna.

Með nýrri 4. mgr. í 92. gr. er kveðið á um þau úrræði sem fiskræktarsjóður hefur borgi aðilar ekki það gjald sem lögákveðið er. Er hér sett inn aðfararheimild til innheimtu án undangengins dóms en mjög mikilvægt er að Fiskræktarsjóður hafi skýrar heimildir til innheimtu gjaldanna séu þau ekki greidd á réttum tíma.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að skýra betur hugtök og gera framkvæmd laganna skilvirkari. Helstu nýmæli eru að veiðifélög innheimta fiskræktarsjóðsgjald hjá félögum sínum í stað innheimtu Fiskræktarsjóðs. Samkvæmt fjárlögum ársins 2000 er gert ráð fyrir að 15 m.kr. framlag renni til Fiskræktarsjóðs. Ekki er gert ráð fyrir hækkun tekna þar sem önnur gjaldtökuákvæði breytast ekki í framkvæmd frá gildandi lögunum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

854. Frumvarp til laga [552. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað liðarins „Búfjárræktarnefnd“ kemur í réttri stafrófsröð nýr liður er orðast svo:
Fagráð: Nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar samkvæmt ákvæðum búnaðarlaga, nr. 70/1998.
b. Liðurinn „Einangrunarstöð“ orðast svo: Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, gæludýr, fugla og fiska.
c. Liðurinn „Sóttvarnardýralæknir“ orðast svo: Faglegur opinber eftirlitsaðili sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „búfjárræktarnefndar“ og „hún“ í 1. málsl. kemur: fagráðs, og: það.
b. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. málsl. kemur: fagráð.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skal annast og bera ábyrgð á“ í 1. málsl. kemur: hefur eftirlit með og ber ábyrgð á.
b. Í stað orðanna „Á sama hátt annast það“ í upphafi 2. málsl. kemur: Á sama hátt hefur það eftirlit með.
c. Í stað orðsins „búgreinasamtökum“ í 2. málsl. kemur: búgreinasamböndum.
d. Í stað orðsins „búfjárræktarnefnd“ í 2. málsl. kemur: fagráð.

5. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva. Landbúnaðarráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.

6. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar getur verið viðkomandi héraðsdýralæknir eða dýralæknir sem yfirdýralæknir ræður sérstaklega til þeirra verka. Yfirdýralæknir setur sóttvarnardýralækni erindisbréf með ákvæðum um skyldur hans varðandi smitgát vegna starfa við sóttvarnastöðina.

7. gr.

Í stað orðanna „búfjárræktarnefnda sem starfa“ í 11. gr. laganna kemur: fagráðs sem starfar.

8. gr.

Í stað orðsins „búfjárræktarnefnd“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: fagráð.

9. gr.

Í stað orðsins „búfjárræktarnefndar“ í 13., 16. og 18. gr. laganna kemur: fagráðs.

10. gr.

17. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, er kveðið á um að landbúnaðarráðuneytið annist og beri ábyrgð á innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögunum. Einnig kveða lögin á um að vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögunum skuli vera til staðar eða byggð sóttvarnastöð. Í samræmi við ákvæði þessi hafa verið reistar sóttvarnastöðvar fyrir nautgripi og svín og einangrunarstöð fyrir gæludýr í Hrísey. Hvað varðar innflutning annarra búfjárkynja, loðdýra og alifugla, er innflutningi þannig háttað að dýrunum er komið fyrir á völdum einangrunarbúum í eigu einstaklinga eða viðkomandi búgreinafélaga þar sem þau eru höfð í sóttkví tilskilinn tíma samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis og undir eftirliti sérfræðinga á vegum embættisins.

Landbúnaðarráðuneytið stofnsetti sóttvarnastöð fyrir nautgripi í Hrísey árið 1973 og sá embætti yfirdýralæknis um rekstur hennar í umboði ráðuneytisins. Sóttvarnastöðin var leigð Landssambandi kúabænda 1. janúar 1994 sem síðan hefur annast rekstur hennar undir eftirliti yfirdýralæknis. Árið 1993 var Svínaræktarfélagi Íslands heimilað að reisa sóttvarnastöð fyrir svín í Hrísey og hefur félagið sjálft annast rekstur stöðvarinnar undir eftirliti yfirdýralæknis. Árið 1990 stofnsetti landbúnaðarráðuneytið einangrunarstöð fyrir gæludýr, hunda og ketti, í Hrísey. Fyrstu árin annaðist embætti yfirdýralæknis rekstur stöðvarinnar í umboði ráðuneytisins en hin síðari ár hefur reksturinn verið í höndum einkaaðila undir eftirliti yfirdýralæknis samkvæmt sérstökum samningi.

Á undanförnum árum hefur verið heimilaður umtalsverður innflutningur á lifandi dýrum og erfðaefni þeirra. Fluttir hafa verið til landsins nýir stofnar alifugla og endurnýjun þeirra tryggð með reglubundnum innflutningi erfðaefnis. Nýir stofnar svína og holdanauta hafa verið fluttir inn svo og loðdýr til kynbóta á þeim stofnum sem fyrir eru í landinu. Þá fer innflutningur á gæludýrum vaxandi. Þessi innflutningur hefur í meginatriðum gengið áfallalaust. Ekki hafa komið upp sjúkdómar sem tengja má innflutningnum enda eru mjög strangar kröfur gerðar um heilbrigði innfluttra dýra og erfðaefnis og sóttvarnir þegar til landsins kemur. Þung áhersla er lögð á það af hálfu landbúnaðarráðuneytisins að tryggja heilbrigði dýrastofna sem fyrir eru í landinu og viðhalda þeirri gæðaímynd sem Ísland og íslensk matvælaframleiðsla hefur. Því er með frumvarpi þessu ekki lagt til að breyta núverandi skipan sóttvarna og einangrunar vegna innflutnings dýra. Hins vegar er lagt til að ákvæði laganna verði aðlöguð þeirri framkvæmd á rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva sem þróast hefur og

landbúnaðarráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum rekstur þeirra undir eftirliti yfirdýralæknis. Áhersla er lögð á að með þeirri breytingu er á engan hátt slakað á kröfum um sóttvarnir sem gildandi lög kveða á um.

Að öðru leyti fela ákvæði frumvarpsins í sér aðlögun laganna um innflutning dýra að þeirri þróun löggjafar á þessu sviði sem orðið hefur frá því að lögin voru sett árð 1990.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í 2. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um að ráðherra skuli skipa nefnd þriggja dýralækna yfirdýralækni til ráðuneytis þegar óskað er heimildar til innflutnings á búfé. Í 4. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, eru ákvæði um að landbúnaðarráðherra skipi dýralæknaráð til fimm ára í senn er sé yfirdýralækni til ráðuneytis. Skal ráðið ávallt fjalla um innflutning búfjár og erfðaefnis þess, berist umsóknir þar um. Litið er svo á að hið nýja dýralæknaráð leysi af hólmi ráðgjafarnefnd þá sem kveðið er á um í 3. gr. laga um innflutning dýra og er því lagt til að ákvæðið falli brott.

Um 3. gr.

Í júní 1998 voru samþykkt á Alþingi búnaðarlög, nr. 70/1998, og koma þau í stað jarðræktarlaga, nr. 56/1987, og laga um búfjárrækt, nr. 48/1989.

Með búnaðarlögum er kveðið á um að fagráð leysi búfjárræktarnefndir af hólmi og er eðlilegt að tilvísanir til þeirra nefnda séu lagaðar að breyttu umhverfi.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar fela í sér að ekki verði lengur skylda landbúnaðarráðuneytisins að annast sjálft innflutning búfjár sem heimilaður kann að verða og framræktun kynja sem inn verða flutt heldur verði hlutverk þess fyrst og fremst fólgið í eftirliti með framkvæmdinni. Er það í samræmi við það verklag sem þróast hefur á undanförnum árum, að viðkomandi búgreinasambönd annist framkvæmdina.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um að starfrækja skuli sóttvarna- og einangrunarstöðvar vegna innflutnings á dýrum og erfðaefnis úr þeim og að landbúnaðarráðherra setji reglugerð um útbúnað slíkra stöðva að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Þá er kveðið á um að landbúnaðarráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðvanna. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem þróast hefur.

Um 6. gr.

Með nýjum lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, er gert ráð fyrir að á þremur stöðum á landinu, þ.e. á Reykjavíkursvæði, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsvæði og Suðurlandssvæði, verði héraðsdýralæknar sem eingöngu sinni embættisstörfum. Verkefni sóttvarnardýralæknis mun falla vel að starfsemi slíks héraðsdýralæknis. Ákvæði laganna þurfa hins vegar að vera sveigjanleg þannig að hægt sé að ráða sérstakan dýralækni sem sóttvarnardýralækni ef hentugt þykir. Til að gæta fyllsta öryggis varðandi hugsanlega smitdreifingu frá sóttvarnastöð er gert ráð fyrir að settar verði reglur um smitgát þeirra dýra-

lækna sem fara inn á sóttvarnastöðvar. Mun erindisbréf sóttvarnardýralækna taka mið af þeim reglum.

Um 7.–9. gr,

Sjá athugasemdir um 3. gr.

Um 10. gr.

Innflutningi á Galloway-kyninu er lokið og hefur flutningur á erfðaefni úr Hrísey til lands fyrir löngu verið heimilaður. 17. gr. laganna er því óþörf.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er aðlögun gildandi laga um innflutning dýra þar sem hlutverk landbúnaðarráðuneytis verður eftirlit með innflutningi í stað þess að það sjái um innflutninginn sjálft.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

855. Frumvarp til laga [553. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:

Álagsgreiðsla er tiltekin fjárhæð sem greiðist á gæðastýrða framleiðslu, sbr. 41. gr.

Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla er dilkakjöt sem framleitt hefur verið samkvæmt kröfum um skilgreindan framleiðsluferil, hollustu og umhverfisvernd.

Jöfnunargreiðsla er tiltekin fjárhæð sem greiðist á framleiðslu umfram 18,2 kg dilkakjöts á ærgildi greiðslumarks samkvæmt skilyrðum sem fram koma í 40. gr.

Útflutningsskylda merkir sameiginlega ábyrgð framleiðenda sauðfjárafurða á að tiltekinn hluti framleiðslu verði fluttur úr landi.

2. gr.

4.–6. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra skal fyrir 1. september ár hvert að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands ákveða það hlutfall kindakjöts sem flytja skal á erlendan markað. Ákvörðun þessi getur gilt fyrir allt að tólf mánaða framleiðslu- og sölutímabil.

Sláturleyfishafa er skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra, semja um skipti á kjöti við sláturleyfishafa með heimild til útflutnings eða gera verktakasamning við útflutningshús um slátrun þess hluta innleggs hússins sem flytja þarf úr landi. Sé þess ekki kostur er sláturleyfishafa skylt að greiða vegna útflutningskvaðar gjald sem landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september ár hvert og skal svara til mismunar á áætluðu heildsöluverði og viðmiðunarverði sem miðast við meðalverð við útflutning á undangengnum tólf mánuðum. Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Landssamtaka sláturleyfishafa, setja nánari reglur um skipulag útflutnings svo að erlendir markaðir nýtist sem best.

Allir sauðfjárframleiðendur skulu taka þátt í útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri vegna útflutningskvaðar fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandi tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru þó þeir framleiðendur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks og eru þeir skuldbundnir til að leggja aðeins inn afurðir þess fjár. Það hlutfall skal taka breytingum í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts á innlendum markaði reiknað frá 7000 tonna árlegri sölu. Fer þá öll framleiðsla þeirra til innanlandssölu enda liggi fyrir fullnægjandi staðfesting um ásetning. Þá getur landbúnaðarráðherra ákveðið að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands að kjöt af sauðfé sem slátrað er á ákveðnum tímabilum utan haustsláturtíðar verði undanþegið útflutningsuppgjöri.

3. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verður: **Um framleiðslu og greiðslumark sauðfjárafurða 2001–2007.**

4. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu sauðfjárafurða eru:

a. að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda,
b. að ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt,
c. að sauðfjárrækt verði í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið,
d. að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,
e. að efla fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt.

5. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Frá og með 1. janúar 2001 verður beingreiðslumark sauðfjárafurða 1.740 millj. kr. á ári og skiptist hlutfallslega eins milli lögbýla og beingreiðslur gerðu árið 2000. Beingreiðslur til einstakra lögbýla taka breytingum í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 38. gr., 1. mgr. 39. gr. og 41. gr.

6. gr.

38. gr. laganna orðast svo:

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Bændasamtök Íslands skulu halda skrá yfir rétthafa greiðslumarks lögbýla og handhafa beingreiðslna samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal að-

eins einn framleiðandi vera skráður handhafi beingreiðslna. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða með aðskilinn búrekstur getur hver og einn þeirra verið handhafi beingreiðslna.

Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla fram til 1. janúar 2004 eða þar til ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi, sbr. 4. mgr., með eftirtöldum skilyrðum: við sameiningu lögbýla; ef eigandi lögbýlis, sem hefur búið og stundað framleiðslu síðastliðin tvö ár, flytur á annað lögbýli; og ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á annað lögbýli. Þegar ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi, sbr. 4. mgr., eða eigi síðar en 1. janúar 2004 verður framsal greiðslumarks milli lögbýla heimilt án framangreindra takmarkana. Framsal greiðslumarks skal taka gildi 1. janúar ár hvert og beingreiðslur greiðast framsalshafa frá sama tíma. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands framsal fyrir 15. janúar ár hvert vegna beingreiðslna fyrir viðkomandi ár.

Sé ábúandi annar en eigandi lögbýlis þarf samþykki ábúenda og eigenda fyrir framsali greiðslumarks.

Ríkissjóði er heimilt að kaupa upp greiðslumark í sauðfé. Beingreiðslum, sem svara til fyrstu 25.000 ærgildanna sem ríkið kaupir upp, skal varið til að greiða álag á framleitt dilkakjöt fyrstu tvö árin. Eftir það nýtast þær til álags á gæðastýrða framleiðslu. Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessa í reglugerð.

7. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Beingreiðslur greiðast úr ríkissjóði til handhafa í samræmi við greiðslumark lögbýlis eins og það er á hverjum tíma. Beingreiðslur skulu vera 4.399 kr. á hvert ærgildi á árunum 2001 og 2002 en lækka árlega eftir það miðað við framangreinda fjárhæð sem hér segir: árið 2003 um 12,5%, árið 2004 um 15%, árið 2005 um 17,5%, árið 2006 um 20% og árið 2007 um 22,5%.

Réttur til beingreiðslna flyst milli aðila innan lögbýlis við ábúendaskipti og við breytingu skráningar ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða.

Til að fá fullar beingreiðslur þarf handhafi að eiga að lágmarki 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks árið 2001. Síðan skal landbúnaðarráðherra ákveða árlega ásetningshlutfall að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Nái ásetningur ekki því lágmarki skerðast beingreiðslur hlutfallslega. Á lögbýlum þar sem búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland er ráðherra heimilt að ákveða lægra ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins. Þá getur ráðherra ákveðið að víkja frá framangreindu ásetningshlutfalli hjá framleiðendum sem hafa skorið niður fé til útrýmingar sjúkdómum.

Falli beingreiðslur niður án þess að gerður hafi verið samningur um búskaparlok heldur viðkomandi lögbýli greiðslumarki sínu. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands um búskaparáform fyrir 15. janúar ár hvert ef handhafi óskar eftir að fá beingreiðslur aftur að loknu hléi. Beingreiðslur greiðast handhafa frá og með 1. janúar ár hvert eftir að hléi lýkur.

Heimilt er að skerða eða fella niður beingreiðslur ef sauðfjárbóndi gefur rangar upplýsingar um ásettan fjölda sauðfjár eða stundar ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé eða brýtur á annan hátt reglur eða samningsbundin ákvæði um afsetningu afurða.

Beingreiðslur sem lausar eru án samninga um búskaparlok getur framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveðið að nota í önnur verkefni.

8. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Jöfnunargreiðslur skal greiða til framleiðenda eftir nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð.

Jöfnunargreiðslur reiknast þannig að greidd verður jöfnun, að hámarki 100 kr. á greiðslugrunn, sem reiknast með eftirfarandi hætti: finna skal það meðalinnlegg dilkakjöts tveggja ára af árunum 1997, 1998 og 1999 sem er umfram 18,2 kg á hvert ærgildi lögbýlisins eins og það var skráð við hver áramót þar á undan. Reikna skal 30% álag á framleiðslu júní- og júlímánaða og 12% álag á framleiðslu ágústmánaðar. Sala líflamba vegna fjárskipta skal talin til framleiðslu.

Einungis þeir framleiðendur sem skiluðu árlega í afurðastöð að reiknuðu meðaltali meira en 1.250 kg dilkakjöts á árunum 1997, 1998 og 1999 geta átt rétt á jöfnunargreiðslum. Skilyrði til að hljóta jöfnunargreiðslur eru enn fremur að innlagt dilkakjöt á árinu fari ekki niður fyrir 18,2 kg á hvert ærgildi greiðslumarks og að innlagt dilkakjöt árið á undan sé að lágmarki 18,2 kg eftir hverja vetrarfóðraða á. Frá og með 1. janúar 2003 er réttur til að hljóta jöfnunargreiðslur einnig bundinn því skilyrði að framleiðendur hafi með höndum gæðastýrða framleiðslu, sbr. 41. gr.

Jöfnunargreiðslur verða ekki framseldar eða uppkeyptar.

9. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Sauðfjárframleiðendur sem á árunum 2003–2007 uppfylla skilyrði um gæðastýrða framleiðslu samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð eiga rétt til sérstakra álagsgreiðslna úr ríkissjóði. Álagsgreiðslur skulu greiddar af uppkaupaálagi, sbr. 4. mgr. 38. gr., og af þeim fjármunum sem beingreiðslur lækka um skv. 1. mgr. 39. gr. Álagsgreiðslur skulu greiddar fyrir tiltekna gæðaflokka dilkakjöts samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Álagsgreiðslur geta að hámarki numið 100 kr. á hvert kg dilkakjöts.

10. gr.

2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslumark lögbýla, beingreiðslur, framkvæmd og tilhögun þeirra, frávik frá ásetningshlutfalli, jöfnunargreiðslur, álagsgreiðslur, kaup ríkissjóðs á greiðslumarki, aðilaskipti að greiðslumarki o.fl.

11. gr.

Í stað orðanna „lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum“ í 3. mgr. 51. gr. laganna kemur: lögum nr. 96 27. maí 1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit“ í 1. mgr. kemur: laga nr. 7 12. mars 1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.
b. Í stað orðanna „laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neysluog nauðsynjavörum“ í 1. mgr. kemur: laga nr. 93 28. júní 1995, um matvæli.
c. Í stað orðanna „lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurð-

um“ í 7. mgr. kemur: lögum nr. 96 27. maí 1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

13. gr.

Í stað orðanna „lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum“ í 4. mgr. 62. gr. laganna kemur: lögum nr. 96 27. maí 1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 að undanskildu ákvæði 4. efnismgr. 6. gr., sem verður 4. mgr. 38. gr. laganna, sem öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra og í samráði við Bændasamtök Íslands. Tilgangur frumvarpsins er að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vegna ákvæða í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða milli landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands sem undirritaður var 11. mars 2000. Samningurinn er að verulegu leyti samhljóða eldri samningum um sama efni en felur einnig í sér nokkrar breytingar.

Með samningi um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt frá 11. mars 1991 sem gerður var milli Stéttarsambands bænda (sbr. nú Bændasamtök Íslands, sbr. lög nr. 130/1994, um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda) og landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og gilda átti fyrir verðlagsárin 1. september 1992 til 31. ágúst 1998 voru gerðar grundvallarbreytingar á starfsskilyrðum sauðfjárræktar. Útflutningsbætur voru aflagðar, framleiðsluskilyrði þrengd og í stað niðurgreiðslna á heildsölustigi komu beingreiðslur til bænda. Greiðslumark tók við af fullvirðisrétti. Heildargreiðslumark skyldi vera tiltekið magn kindakjöts, mælt í tonnum, sem skiptist í greiðslumark lögbýla. Við ákvörðun greiðslumarksins skyldi byggt á neyslu á síðasta almanaksári og söluþróun á tiltekinn hátt. Greiðslumark skyldi vera bundið við lögbýli. Greiðslumark hvers lögbýlis skyldi vera jafnt því sem fullvirðisréttur lögbýlisins yrði að lokinni aðlögun fullvirðisréttar að innlendum markaði, sem skyldi lokið 31. ágúst 1992. Aðlögunin fór fram með því að ríkissjóður keypti upp fullvirðisrétt, ígildi tæplega 4000 tonna, og skyldi þeim fullvirðisrétti sem hvert býli hafði að þeirri aðlögun lokinni breytt í greiðslumark. Ef um skerðingu eða aukningu yrði að ræða skyldi hún ganga hlutfallslega jafnt yfir alla sauðfjárframleiðendur á lögbýlum, sem einir gátu fengið úthlutað greiðslumarki. Greiðslumarkið fól þannig í sér hlutdeild í kindakjötsmarkaði innan lands og rétt til greiðslu úr ríkissjóði sem nam 50% af verði kindakjöts hverju sinni, samkvæmt ákvörðun verðlagsnefndar búvara (sexmannanefnd). Hér var því um að ræða framleiðslurétt sem gefin var heimild til að hafa viðskipti með og selja milli jarða. Væri um að ræða umframframleiðslu hjá einstökum framleiðendum skyldi hún flutt á erlenda markaði og þeim greitt það verð sem til skila gæti komið fyrir þá umframframleiðslu. Ákvæði samningsins frá 1991 voru lögfest með lögum nr. 5/1992, um breytingu á þágildandi búvörulögum, nr. 46/1985. Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með frumvarpi til laga nr. 5/1992, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 115. löggjafarþing 1991–1992, þskj. nr. 298.

Ríkisstjórnin ákvað árið 1995 að gera nýjan samning um framleiðslu sauðfjárafurða og var hann undirritaður 1. október 1995. Samningurinn hafði í för með sér verulegar breytingar á réttarstöðu sauðfjárbænda og löggjöf um sauðfjárframleiðslu. Við gerð samningsins var

af hálfu beggja samningsaðila byggt á eftirtöldum meginmarkmiðum: a) að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur, b) að treysta tekjugrundvöll sauðfjárbænda, c) að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða, d) að koma á samræmi milli sauðfjárræktar og umhverfisverndar. Í samningnum var stefnt að því að ná þessum markmiðum með því að breyta rekstrarumhverfi sauðfjárframleiðslunnar, með frjálsara verðlagskerfi, með uppkaupum og tilfærslu á greiðslumarki og með því að styðja sauðfjárbændur sem hætta vildu búskap.

Í samningnum frá 1995 voru gerðar eftirfarandi grundvallarbreytingar á eldri samningi um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt frá 1991:

Samkvæmt samningnum frá 1995 skyldi öllum sauðfjárframleiðendum vera heimilt að koma með í afurðastöð til förgunar alla framleiðslu án takmörkunar. Allir skyldu fá sama rétt til sölu á innanlandsmarkaði á afurðum sínum án tillits til þess hvort þeir hefðu greiðslumark eða ekki. Talið var að framleiðsla til útflutnings gæti orðið hagkvæm bændum og var útflutningsskylda sett á alla sem tiltekið hlutfall með nokkrum almennum undantekningum. Framleiðsla sauðfjárafurða var hins vegar takmörkuð eftir eldri samningi þar sem hver sauðfjárbóndi hafði framleiðslurétt sem takmarkaði rétt hans til að framleiða á markað innan lands.

Einnig var í samningnum frá 1995 ákveðið að afnema verðlagsákvæði. Verðlagning sauðfjárafurða skyldi gefin frjáls í tveimur áföngum, fyrst í heildsölu og ári síðar til bænda, og skyldi lögð af haustið 1998. Samkvæmt eldri samningnum var heildsölu- og sláturkostnaður ákveðinn hverju sinni af verðlagsnefnd búvara, svo og grundvallarverð til bænda.

Enn fremur voru þær breytingar gerðar í samningnum frá 1995 að ákveðið var að beingreiðslur til bænda skyldu framvegis vera óháðar framleiðslumagni að öllu leyti en gerð var krafa um tiltekna sauðfjáreign sauðfjárbænda, 0,6 kindur á hvert ærgildi. Landbúnaðarráðherra gat veitt bændum undanþágu frá því ákvæði ef þeir tóku þátt í umhverfisverkefnum í samráði við Landgræðslu ríkisins eða Skógrækt ríkisins eða stunduðu nám eða starfsþjálfun eða tóku þátt í atvinnuþróunarverkefnum. Samkvæmt eldri samningi var það skilyrði til að öðlast rétt til beingreiðslna að framleiðsla hvers bónda lægi á bilinu 80–103% af greiðslumarki, mælt í ærgildum.

Þá urðu þær breytingar með samningnum frá 1995 að óheimilt var að meginstefnu að flytja greiðslumark sauðfjárafurða á milli lögbýla.

Ákvæði samningsins frá 1995 um framleiðslu sauðfjárafurða voru síðan lögfest með lögum nr. 124/1995, um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993. Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með frumvarpinu, sbr. Alþingistíðindi A-deild, 120. löggjafarþing 1994–1995, þskj. nr. 100.

Samningur sá sem nú liggur fyrir nær yfir tímabilið 2001–2007. Um efni hans vísast til fylgiskjals I með frumvarpi þessu. Búnaðarþing sem haldið var í mars 2000 samþykkti að mælt yrði með undirritun samningsins. Samningurinn er að nokkru leyti samhljóða sauðfjárhluta samnings sömu aðila um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt sem undirritaður var 11. mars 1991 með breytingum sem gerðar voru á honum með samningi um sauðfjárframleiðslu sem undirritaður var 1. október 1995. Greiðslumark verður áfram bundið við lögbýli. Beingreiðslur eru greiddar óháð framleiðslu. Framleiðsla og afurðauppgjör verður áfram óháð greiðslumarki lögbýlis. Ásetningshlutfall er enn 0,6 ærgildi árið 2001 en eftir það háð ákvörðun landbúnaðarráðherra. Öllum sauðfjárframleiðendum er áfram heimilt að koma með til förgunar alla framleiðslu sína án takmarkana. Allir sauðfjárframleiðendur taka þátt í útflutningi í sama hlutfalli og áður. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru eins og áður þeir bændur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks en það hlutfall tekur breytingum í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts innan lands. Verð-

lagning sauðfjárafurða er enn frjáls en bændur semja sjálfir við sláturleyfishafa um verð fyrir framleiðslu sína.

Nýi samningurinn hefur að markmiði:

— að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda,
— að ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt,
— að sauðfjárrækt verði í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið,
— að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,
— að efla fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt.

Helstu nýmæli í samningnum eru:

Framsal greiðslumarks sauðfjárafurða. Heimilt verður að framselja greiðslumark sauðfjárafurða þegar ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi eða eigi síðar en 1. janúar 2004 en eins og áður segir hefur slíkt framsal verið óheimilt allt frá árinu 1995. Gert er ráð fyrir að framsal greiðslumarks milli lögbýla taki gildi 1. janúar ár hvert og að beingreiðslur greiðist framsalshafa frá og með sama tíma.

Gæðastýrð framleiðsla og álagsgreiðslur. Beingreiðslur fara stiglækkandi á árunum 2003–2007. Hins vegar er gert ráð fyrir að árlega verði sama hundraðshluta beingreiðslna og lækkunin nemur varið til að greiða bændum sem uppfylla skilyrði um gæðastýrða framleiðslu eftir reglum sem landbúnaðarráðherra setur svokallaðar álagsgreiðslur.

Jöfnunargreiðslur. Jöfnunargreiðslur verða greiddar þeim framleiðendum sem nýlega hafa hafið sauðfjárrækt, hafa haft miklar og vaxandi afurðir eftir hverja á eða hafa stækkað bú sín á undanförnum árum. Frekari skilyrði eru sett fyrir því að hljóta jöfnunargreiðslur en gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð. Jöfnunargreiðslur geta að hámarki numið 100 kr. á hvert kg dilkakjöts. Gert er ráð fyrir að varið verði um 60 millj. kr. á ári til jöfnunargreiðslna.

Uppkaup greiðslumarks. Ríkissjóði er í lögunum veitt heimild til að kaupa upp greiðslumark eftir nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur ákveðið að uppkaupum skuli hætt þegar ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi. Gert er ráð fyrir að varið verði allt að 990 millj. kr. til uppkaupanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna skilgreiningu á nýjum hugtökum sem fram koma í lögunum og komu fram í nýjum samningi um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var 11. mars 2000. Ný hugtök eru fjögur, þ.e. álagsgreiðslur sem greiddar verða fyrir gæðastýrða framleiðslu, gæðastýrð sauðfjárframleiðsla sem er dilkakjöt framleitt eftir kröfum um skilgreint framleiðsluferli, hollustu og umhverfisvernd, jöfnunargreiðsla sem er fjárhæð sem greidd er á framleiðslu umfram 18,2 kg á ærgildi samkvæmt skilyrðum sem fram koma í 40. gr. og útflutningsskylda sem felur í sér sameiginlega ábyrgð framleiðenda sauðfjárafurða á að tiltekinn hluti framleiðslu verði fluttur úr landi.

Um 2. gr.

Hér er ákvæði um framleiðslu og uppgjör fyrir afurðir. Eins og áður er gert ráð fyrir að greiðslur fyrir kindakjöt verði óháðar greiðslumarki lögbýlis. Landbúnaðarráðherra skal eigi síðar en 1. september ár hvert taka ákvörðun um það hlutfall kindakjöts sem flytja skal á erlendan markað. Samkvæmt ákvæðinu er sláturleyfishöfum skylt að leggja til kjöt til útflutnings samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra, semja um skipti á kjöti við aðra sláturleyfis-

hafa eða gera verktakasamning við útflutningshús um slátrun en að öðrum kosti greiða gjald vegna úflutningskvaðar. Þá kemur fram í ákvæðinu að allir sauðfjárframleiðendur skuli taka jafnan þátt í útflutningi með fáeinum undanþágum.

Um 3. gr.

Fyrirsögn IX. kafla er hér breytt til samræmis við gildistíma nýs samnings um framleiðslu sauðfjárafurða.

Um 4. gr.

Markmiðum þessa kafla laganna er hér breytt til samræmis við ný markmið sem fram koma í nýjum samningi um framleiðslu sauðfjárafurða. Ákvæðið er samhljóða upphafsákvæði samningsins.

Um 5. gr.

Hér er aðallega um að ræða breytingar á eldra ákvæði um tímaviðmiðun og fjárhæð beingreiðslna.

Um 6. gr

Greinin felur í sér að greiðslumark er bundið við lögbýli og er að því leyti óbreytt frá eldri lögum. Heimild til að framselja greiðslumark er hér óbreytt frá því sem var að öðru leyti en því að ákvæðið er bundið tímatakmörkunum. Nýmæli er hins vegar heimild til að framselja greiðslumark milli lögbýla sem tekur gildi 1. janúar 2004 eða þegar ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi. Samkvæmt ákvæðum nýs samnings um framleiðslu sauðfjárafurða skal slíkt ákvæði koma til framkvæmda eigi síðar en þá. Einnig er hér nýmæli að framsal greiðslumarks skuli taka gildi 1. janúar ár hvert eftir að framsal fer fram og beingreiðslur greiðast framsalshafa frá sama tíma. Ákvæði þetta er sett til að auðvelda aðilaskiptin í framkvæmd. Sé ábúandi annar en eigandi þarf að sjálfsögðu samþykki allra fyrir framsali eins og áður. Loks er í greininni ákvæði um að ríkissjóði sé heimilt að kaupa greiðslumark sauðfjárafurða. Skal beingreiðslum, sem svara til fyrstu 25.000 ærgildanna sem ríkið kaupir, varið til að greiða álag á framleitt dilkakjöt fyrstu tvö árin. Eftir það nýtast þær til álags á gæðastýrða framleiðslu. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessa en efni þeirrar reglugerðar verður væntanlega í samræmi við ákvæði nýs samnings um framleiðslu sauðfjárafurða um þetta atriði.

Um 7. gr.

Greinin felur í sér að beingreiðslur greiðast úr ríkissjóði til handhafa í samræmi við greiðslumark lögbýlis og er það óbreytt frá því sem áður var. Gert er ráð fyrir að beingreiðslur verði kr. 4.399 á árunum 2001 og 2002 en fari síðan stiglækkandi á árunum 2003–2007 eins og fram kemur í ákvæðinu. Gert er ráð fyrir að því fé sem beingreiðslur lækka þannig um verði varið til að greiða bændum álagsgreiðslur fyrir gæðastýrða framleiðslu. Meginreglan um ásetningshlutfall er 0,6 vetrarfóðraðar kindur og lækka beingreiðslur hlutfallslega ef því ákvæði er ekki fullnægt. Fellt er brott úr lögunum ákvæði um að ráðherra sé heimilt að semja við bændur um lækkun ásetningshlutfalls án lækkunar beingreiðslna ef þeir taka þátt í umhverfisverkefnum í samráði við Landgræðslu ríkisins eða Skógrækt ríkisins, stunda nám eða starfsþjálfun eða taka þátt í atvinnuþróunarverkefnum. Þá eru ákvæði um rétt ábúenda til beingreiðslna að loknu búskaparhléi án þess að fyrir liggi samningur um búskaparlok og ákvæði um beingreiðslur sem lausar eru án samninga.

Um 8. og 9. gr.

Greinarnar fela í sér nýmæli en gert er ráð fyrir að nánari reglur um framkvæmd ákvæðanna verði settar í reglugerð. Einnig vísast til almennra athugasemda með frumvarpi þessu og ákvæða nýs samnings um framleiðslu sauðfjárafurða, sbr. fylgiskjal I með frumvarpi þessu.

Um 10. gr.

Greinin felur í sér orðalagsbreytingar í samræmi við annað efni frumvarpsins en gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um fleiri atriði en þar voru áður nefnd, t.d. álagsgreiðslur, gæðastýrða framleiðslu, jöfnunargreiðslur, framsal greiðslumarks o.fl.

Um 11.–13. gr.

Hér er eingöngu um að ræða breytingar á tilvitnunum í önnur lög vegna lagabreytinga sem orðið hafa frá setningu laganna. Greinarnar þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 14. gr.

Gildistökutími laganna er í samræmi við gildistöku nýs samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem miðuð er að meginstefnu við 1. janúar 2001. Ákvæði samningsins um uppkaup ríkissjóðs á greiðslumarki miðast hins vegar við fyrra tímamark en gert er ráð fyrir að uppkaupin hefjist þegar næsta haust og tekur ákvæði 4. efnismgr. 6. gr., sem verður 4. mgr. 38. gr. laganna, því þegar gildi. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal I.

Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða.

Landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtök Íslands, gera samkvæmt 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, með sér eftirfarandi samning um framleiðslu sauðfjárafurða, sem hefur það að markmiði:

- að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda,
- að ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt,
- að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið,
- að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,
- að efla fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt.

Þessum markmiðum hyggjast samningsaðilar ná með því að beina stuðningi í ríkari mæli að gæðastýrðri framleiðslu, viðhalda því kerfi sem gildir um útflutning sauðfjárafurða, efla rannsóknir, kennslu, leiðbeiningar og þróun greinarinnar, vinna að sátt um mat á landnýtingu og aðstoð við þá bændur er vilja hætta sauðfjárframleiðslu.

1. gr.
Hugtök.

1.1 Beingreiðslumark.
Tiltekin fjárhæð, sem ákveðin er í 2. gr. og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

1.2 Jöfnunargreiðslur.
Tiltekin fjárhæð sem greiðist á framleiðslu umfram 18,2 kg á ærgildi samkvæmt skilyrðum sem fram koma í gr. 3.1.

1.3 Álagsgreiðslur.
Tiltekin fjárhæð sem greiðist á gæðastýrða framleiðslu, sbr. gr. 3.2.

1.4 Greiðslumark lögbýla.
Greiðslumark lögbýla er tiltekinn fjöldi ærgilda, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli, sbr. gr. 2.2 og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði.

1.5 Ærgildi.
Við útreikning greiðslumarks til ærgilda er miðað við 18,2 kg kjöts.

1.6 Vetrarfóðruð kind.
Ær, hrútar, sauðir og lömb sem sett eru á vetur og talin fram á forðagæsluskýrslu.

1.7 Útflutningsskylda.
Sameiginleg ábyrgð framleiðenda sauðfjárafurða á að hluti framleiðslu verði fluttur úr landi.

1.8 Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla.
Dilkakjöt sem framleitt hefur verið eftir kröfum um skilgreindan framleiðsluferil, hollustu og umhverfisvernd.

2. gr.
Greiðslumark.

2.1 Beingreiðslumark.
Beingreiðslur til framleiðenda sauðfjárafurða verða 1.740 milljónir kr. á ári og skiptast hlutfallslega milli framleiðenda eins og beingreiðslur gerðu á árinu 2000. Beingreiðslur taka breytingum til samræmis við uppkaup ríkisins skv. gr. 2.3 og einnig frá árinu 2003 til samræmis við álagsgreiðslur á gæðastýrða framleiðslu skv. gr. 3.2.

2.2 Greiðslumark lögbýla.
Greiðslumark er bundið við lögbýli og skal skráð í einu lagi, nema um fleiri sjálfstæða rekstraraðila sé að ræða, sem standa að búinu.

Beingreiðsla greiðist úr ríkissjóði til framleiðenda á samningstímanum. Beingreiðslur verða 4.399 kr. á hvert ærgildi fyrsta og annað árið en lækka árlega eftir það samkvæmt ákvæðum í gr. 3.2.

Til þess að fá fullar beingreiðslur þarf sauðfjárbóndi að eiga að minnsta kosti 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks. Nái ásetningur ekki þeirri tölu skerðast

beingreiðslur hlutfallslega. Ásetningshlutfall þetta skal endurskoða árlega af Framkvæmdanefnd búvörusamninga.

Greiðslumark getur flust milli lögbýla við; a) sameiningu jarða, b) ef eigandi jarðar sem hefur búið og stundað framleiðslu sl. tvö ár flytur á annað lögbýli og c) ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á annað lögbýli. Þessi ákvæði gilda þar til heimilt verður að framselja greiðslumark milli lögbýla án framangreindra takmarkana en það verður í síðasta lagi 1. janúar 2004. Sé ábúandi annar en eigandi þarf samþykki allra fyrir framsali greiðslumarks.

Réttur til beingreiðslna flyst milli aðila innan lögbýlis við; a) ábúendaskipti, og b) breytingu skráningar ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða.

Á jörðum þar sem búfjárbeit kemur í veg fyrir eðlilega framkvæmd uppgræðslu eða veldur of miklu álagi á beitiland, er Framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilt að lækka ásetningshlutfall að fenginni umsögn Landgræðslu ríkisins og/eða Skógræktar ríkisins, enda verði samhliða ráðist í að bæta beitarskilyrði.

Heimilt verður að skerða eða fella niður beingreiðslur ef sauðfjárbóndi gefur rangar upplýsingar um ásettan fjölda sauðfjár eða stundar ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé.

2.3 Uppkaup á greiðslumarki.

Í hagræðingarskyni skal stefnt að uppkaupum á greiðslumarki. Í þeim tilgangi verður öllum greiðslumarkshöfum gert eftirfarandi tilboð um kaup á greiðslumarki:

a) Fyrir þá sem semja fyrir 15. nóvember 2000 gilda eftirfarandi skilmálar:
   Greiddar verða 22.000 kr. fyrir hvert ærgildi greiðslumarks eins og það var skráð 1. janúar 2000.
b) Fyrir þá sem semja fyrir 15. nóvember 2001 gilda eftirfarandi skilmálar:
   Greiddar verða 19.000 kr. fyrir hvert ærgildi greiðslumarks eins og það var skráð 1. janúar 2001.
c) Fyrir þá sem semja fyrir 15. nóvember 2002 gilda eftirfarandi skilmálar:
   Greiddar verða 16.000 kr. fyrir hvert ærgildi greiðslumarks eins og það var skráð 1. janúar 2002.
d) Fyrir þá sem semja eftir 15. nóvember 2002 gilda eftirfarandi skilmálar:
   Greiðslumarkshafi fær greiðslur sem svarar til þriggja ára beingreiðslna en þó aldrei lengur en til loka samningstímans. Gjalddagar verða sömu og um beingreiðslur væri að ræða.

Samningshafar undir stafliðum a, b, c og d skulu undirgangast kvaðir um að framleiða ekki sauðfjárafurðir á samningstímanum. Þeim er þó heimilt að halda allt að 10 vetrarfóðraðar kindur enda séu afurðir þeirra til eigin nota.

Greiðslur skv. a-, b- og c-lið skal inna af hendi með eingreiðslu eftir að samningi hefur verið þinglýst á lögbýlið ásamt kvöð um tímabundið fjárleysi. Heimilt er þó að semja um að greiðslur dreifist á annan hátt þó að hámarki til þriggja ára.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur tekið ákvörðun um að hætta uppkaupum greiðslumarks eftir að 45.000 ærgildi hafa verið keypt.

2.4 Framsal greiðslumarks.

Þegar ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi en þó ekki síðar en 1. janúar árið 2004 verður framsal á milli lögbýla á þeim hluta ríkisstuðnings sem bundinn er greiðslumarki heimilt. Framsal greiðslumarks skal taka gildi 1. janúar ár hvert og beingreiðslur greiðast

framsalshafa frá sama tíma. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands framsal fyrir 15. janúar ár hvert vegna greiðslna fyrir viðkomandi ár.

2.5 Beingreiðslur eftir búskaparhlé.

Falli beingreiðslur niður án þess að gerður hafi verið samningur um búskaparlok, sbr. gr. 2.3 heldur viðkomandi lögbýli greiðslumarki á samningstímanum. Til að fá beingreiðslur að loknu hléi, þarf að tilkynna um búskaparáform fyrir upphaf framleiðsluárs.

2.6 Skráning greiðslumarks.

Bændasamtök Íslands skulu halda skrá yfir rétthafa greiðslumarks, staðfesta þær breytingar sem á henni kunna að verða og skrá þær jafnóðum.

2.7 Eftirstöðvar beingreiðslna.

Beingreiðslur sem lausar eru án samninga, m.a. vegna þess að greiðslumarkshafi uppfyllir ekki skilyrði til að hljóta fullar beingreiðslur, getur Framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveðið að nota í önnur verkefni.

3. gr.
Jöfnunar- og álagsgreiðslur.

3.1 Jöfnunargreiðslur.

Til að bæta stöðu þeirra framleiðenda er nýlega hafa hafið sauðfjárrækt, hafa haft miklar og vaxandi afurðir eftir hverja á eða hafa stækkað bú sín á undanförnum árum, verða nýttar allt að 60 milljónir kr. á ári í sérstakar jöfnunargreiðslur. Greidd verður jöfnun, að hámarki 100 kr/kg á greiðslugrunn, sem reiknast með eftirfarandi hætti: finna skal það meðalinnlegg dilkakjöts tveggja ára af þremur síðustu sem er umfram 18,2 kg á hvert ærgildi lögbýlisins eins og það var skráð við hver áramót þar á undan. Reikna skal 30% álag á framleiðslu júní- og júlímánaða og 12% álag á framleiðslu ágústmánaðar. Sala líflamba vegna fjárskipta skal talin til framleiðslu. Þeir einir njóta jöfnunargreiðslna sem skiluðu árlega í afurðastöð að reiknuðu meðaltali meira en 1.250 kg dilkakjöts á árunum 1997, 1998 og 1999. Skilyrði til að hljóta jöfnunargreiðslur er að innlagt dilkakjöt á árinu fari ekki niður fyrir 18,2 kg á hvert ærgildi greiðslumarks og að innlagt dilkakjöt árið á undan sé að lágmarki 18,2 kg eftir hverja vetrarfóðraða á. Frá og með árinu 2003 verður framleiðslan að vera gæðastýrð. Jöfnunargreiðslur verða ekki framseldar eða uppkeyptar.

3.2 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar.

Gerð hefur verið sérstök áætlun um uppbyggingu gæðastýringar í sauðfjárrækt. Þeir bændur sem taka þátt í því verkefni fá greiðslur sem nema að hámarki 100 kr./kg á ákveðna gæðaflokka dilkakjöts. Nánari lýsingu á verkefninu er að finna í fylgiskjali 1. Til þessa verkefnis verður árlega, frá og með árinu 2003, varið ákveðnum hundraðshluta beingreiðslna eða sem hér segir:

Ár	2003	2004	2005	2006	2007
Hlutfall	12,5%	15%	17,5%	20%	22,5%

3.3 Uppkaupaálag.

Beingreiðslum sem svara til fyrstu 25.000 ærgildanna sem ríkið kaupir upp, skal varið til að greiða álag á framleitt dilkakjöt fyrstu tvö árin. Eftir það nýtast þær til álags á gæðastýrða framleiðslu.

3.4 Verklagsreglur.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga setur nánari verklagsreglur um framkvæmd jöfnunar og álagsgreiðslna, m.a. um mat á framleiðslu þeirra sem skorið hafa niður vegna riðu.

4. gr.
Framleiðsla og uppgjör.

4.1 Framleiðsla og ráðstöfun.

Innlegg og afurðauppgjör er óháð greiðslumarki sem ákveðið er skv. 2. gr. Áður en sláturtíð hefst verður gerð áætlun um framleitt magn af kindakjöti. Jafnframt verði áætlað hvernig haga megi afsetningu framleiðslunnar og þá tekið mið af birgðastöðu við upphaf sláturtíðar. Sláturleyfishöfum og sauðfjárframleiðendum verði kynnt áætlun um útflutningshlutfall fyrir 1. júní ár hvert. Fyrir 1. september ár hvert verði tekin endanleg ákvörðun um það magn kindakjöts sem flytja skal á erlendan markað. Uppgjör við sauðfjárframleiðendur skal tryggja að þeir taki þátt í útflutningi með sama hlutfalli af framleiðslu sinni. Undanþegnir útflutningi eru einungis þeir sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks og skal það hlutfall taka breytingum í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts á innlendum markaði reiknað frá 7.000 tonna árlegri sölu. Fer þá öll framleiðsla þeirra til innanlandssölu, enda liggi fyrir sauðfjártalning búfjáreftirlitsmanns staðfest af öðrum trúnaðarmanni. Framleiðendur skuldbindi sig jafnframt til þess að leggja aðeins inn afurðir þess fjár.

4.2 Uppgjör á afurðum.

Hver sauðfjárbóndi fær séruppgjör frá sláturleyfishafa fyrir kjöt framleitt fyrir innanlandsmarkað og séruppgjör fyrir kjöt framleitt til útflutnings. Verð fyrir framleiðsluna er samningsatriði milli sauðfjárbænda og sláturleyfishafa.

4.3 Slátrun.

Sláturleyfishafa er skylt að leggja til kjöt í útflutning í hlutfalli sem ákveðið er skv. lið 4.1., semja um skipti á kjöti við sláturleyfishafa með heimild til útflutnings eða gera verktakasamning við útflutningshús um slátrun þess hluta innleggs hússins sem flytja þarf úr landi.

4.4 Þjónustu- og þróunarkostnaður.

Ráðstöfun þjónustu- og þróunarkostnaðar er í umsjón bænda. Auk þess að mæta vaxta- og geymslukostnaði skal nota hluta gjaldsins til hagræðingar og vöruþróunar og til að örva slátrun utan hefðbundins sláturtíma, enda dragi sú slátrun úr þörf á birgðahaldi. Framlög ríkissjóðs vegna þjónustu- og þróunarkostnaðar verða 235 milljónir kr. á ári.

4.5 Niðurgreiðslur á ull.

Ráðstöfun fjár til niðurgreiðslna á ull er í umsjón bænda. Framlög ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna á ull verða 220 milljónir kr. á ári.

5. gr.
Kennsla, rannsóknir og leiðbeiningar.

5.1 Framlag til fagmennsku í sauðfjárrækt.

Á samningstímanum skal árlega verja 35 milljónum kr. til að efla fagmennsku í sauðfjárrækt. Þær verða nýttar til að styðja kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greininni og til stuðnings átaksverkefnum á sauðfjárræktarsvæðum. Heimilt er að leita samráðs við Framleiðnisjóð landbúnaðarins við ráðstöfun á hluta þessa fjármagns. Uppbygging gæðastýringar verður studd af þessum lið.

6. gr.
Ýmis ákvæði

6.1 Birgða- og sölumál.

Ávallt verði unnið að því að halda jafnvægi í birgðum sauðfjárafurða m.a. með markvissum markaðsaðgerðum innanlands og með útflutningi.

6.2 Greiðslutilhögun.

Allar fjárhæðir í samningi þessum skulu miðaðar við verðlag 1. mars 2000 og taka breytingum þaðan í frá samkvæmt vísitölu neysluverðs. Stefnt skal að því að greiðsluflæði innan ársins sé sem jafnast og sambærilegt við það sem verið hefur undanfarin ár. Álags- og jöfnunargreiðslur hafa sömu gjalddaga og beingreiðslur. Uppgjör greiðslna vegna jöfnunar- og álagsgreiðslna miðast við áramót.

6.3 Endurskoðun.

Aðilar samnings þessa geta hvor um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans. Að þremur árum liðnum skulu samningsaðilar gera úttekt á framkvæmd samningsins með tilliti til markmiða hans. Skal þá sérstaklega hugað að hvernig til hefur tekist með undirbúning og framkvæmd gæðastýringar og endurskoðað hve stór hluti stuðnings skuli greiddur út á gæðastýrða framleiðslu. Í framhaldi af því skal hefja undirbúning viðræðna um áframhaldandi stefnumörkun á þessu sviði. Samningsaðilar geta tekið ákvörðun um aðra skiptingu fjármuna milli verkefna og ára en í samningi þessum segir.

6.4 Framkvæmd og gildistími.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur umsjón með framkvæmd samnings þessa. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2007.

Reykjavík, 11. mars 2000.

F.h. Bændasamtaka Íslands,

með fyrirvara um samþykki í almennri atkvæðagreiðslu,

Ari Teitsson, form.

Aðalsteinn Jónsson.

Ásbjörn Sigurgeirsson.

Gunnar Sæmundsson.

Jóhannes Ríkharðsson.

Örn Bergsson.

F.h. ríkisstjórnar Íslands,

með fyrirvara um nauðsynlegar lagaheimildir Alþingis,

Guðni Ágústsson,
landbúnaðarráðherra.

Geir H. Haarde,
fjármálaráðherra.

Fskj. 1.

GÆÐASTÝRÐ SAUÐFJÁRRÆKT
(11. mars 2000.)

Stjórnun, ábyrgð, undirbúningur, framkvæmd, eftirlit og tilgangur gæðastýringar í sauðfjárrækt.

Tilgangur. Að bæta sauðfjárbúskap, tryggja neytendum örugga vöru og bændum betri afkomu.

Ábyrgð. Framkvæmdanefnd búvörusamninga er ábyrg fyrir á framkvæmd verkefnisins. Nefndinni er heimilt að ráða aðila til að stýra uppbyggingu verkefnisins.

Samráðsnefnd. Eftirtöldum stofnunum, embættum og samtökum verður auk samningsaðila boðið að tilnefna aðila í samráðsnefnd vegna gæðastýringar: Landssamtökum sauðfjárbænda, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Samtökum sláturleyfishafa, embætti yfirdýralæknis og Landgræðslu ríkisins. Hlutverk nefndarinnar er aðstoð við undirbúning og framkvæmd verkefnisins.

Gæðastýringin tekur til eftirfarandi þátta.

1. **Landnota.** Framleiðandinn sýnir fram á afnotarétt yfir landi, þar með talið afrétt, sem fullnægir beitarþörf alls búpenings viðkomandi bús. Nánar skilgreint í gæðahandbók.
2. **Einstaklingsmerkinga.** Sauðfé merkt og skráð samkvæmt gæðahandbók.
3. **Kynbótaskýrsluhalds.** Bústofn skráður og metinn í viðurkenndu kynbótaskýrsluhaldi.
4. **Gæðadagbókar.** Hirðing og meðferð bústofns skráð samkvæmt gæðahandbók.
5. **Búfjáreftirlits.** Leggja skal fram vottorð frá búfjáreftirlitsmanni sveitarfélags um fóður, aðbúnað og ástand búfjár, sbr. ákvæði gæðahandbókar. Lagt skal mat á ytri ásýnd býlisins, sbr. ákvæði gæðahandbókar
6. **Lyfjaeftirlits.** Gera skal grein fyrir kaupum og notkun lyfja á búinu.
7. **Áburðarnotkunar og uppskeru.** Gera skal grein fyrir áburðarnotkun, hvernig hún er ákvörðuð og uppskera skráð af hverri spildu, sbr. ákvæði gæðahandbókar.
8. **Fóðrunar.** Gera skal grein fyrir fóðrun og fóðurefnum (beit, heygjöf, kjarnfóðri o.fl.) sbr. ákvæði gæðahandbókar.

Undirbúningur að gæðastýringu.

Umsóknir: Bændur sem óska eftir því að taka þátt í verkefninu sækja um það til viðkomandi búnaðarsambands. Í umsókn verði getið þeirra þátta sem óskað er samkvæmt gæðahandbók.
Námskeið. Umsækjendur sækja tveggja daga námskeið til undirbúnings gæðastýringu. Jafnframt verður boðið upp á fagnámskeið í helstu þáttum búrekstrar, sem einkum eru ætluð þeim sem ekki hafa búfræðimenntun.
Staðsetning. Námskeiðin verða haldin sem víðast um landið. Námskeiðsaðstaða skal vera björt, tæki og tækni í lagi og aðbúnaður góður. Þar sem því verður komið við skal miða við að hvert námskeið verði grunnur að hópstarfi. Æskilegt er að miðað verði við ákveðin svæði eða félagseiningu (fjárræktarfélög) þegar námskeið eru skipulögð.
Kennarar/leiðbeinendur. Leiðbeinendur við námskeiðin verða kennarar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, ráðunautar og rannsóknamenn.
Kennslugögn. Búnaðarfræðslan hefur umsjón með gerð kennslugagna. Við gerð þeirra skal miða við að þau nýtist sem handbók við störf bóndans eftir að verkefnið er hafið. Við gerð kennslugagnanna skal taka mið af almennri uppbyggingu gæðastýringar í landbúnaði. Gæðahandbók, unnin á ábyrgð Bændasamtaka Íslands liggi fyrir þegar námskeið hefjast enda er hún í raun verkefnalýsing fyrir þátttakendur.
Eftirfylgni. Búnaðarsambönd verða ábyrg fyrir eftirfylgni verkefnisins. Á hverju búnaðarsambandssvæði verða myndaðir hópar bænda sem funda reglulega undir stjórn eins hópstjóra. Hópstjórar hvers svæðis funda reglulega með sauðfjárræktarráðunaut viðkomandi búnaðarsambands. Að loknu fyrsta ári verkefnisins verður reynslan metin, m.a. hvort nauðsyn sé á frekara námskeiðahaldi.
Eftirlit. Eftirlitið skal vera virkt en ódýrt og í höndum þeirra stofnana og samtaka sem nú starfa í landbúnaði. Skil á kynbótaskýrsluhaldi, gæðahandbók, landnotavottorði og upplýsingum úr búfjáreftirliti er forsenda álagsgreiðslu vegna gæðastýringar. Framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveður hvaða aðilar teljast styrkhæfir á grundvelli þeirra gagna sem talin hafa verið hér að ofan.
Tími. Verkefnið hefst árið 2003.
Greiðslutilhögun. Greitt verður út á hvert innlagt kg dilkakjöts sem uppfyllir ákveðnar gæðakröfur (ekki gæðaflokk P né fituflokka 4 og 5).

Fskj. 2.

Viljayfirlýsing
vegna mats á landnýtingu vegna gæðastýringarþáttar í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða.

Almennt.

Meginviðmiðun við ákvörðun á nýtingu heimalanda og afrétta er að nýtingin sé sjálfbær, ástand beitarlands sé ásættanlegt og gróður í jafnvægi eða framför. Bóndi sem sækir um þátttöku í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu þarf að fá staðfest að hann hafi yfir að ráða beitilandi sem sé í viðunandi ástandi og beitarnýting sé sjálfbær. Nytjaland mun á næstu árum afla grunnupplýsinga um stærð einstakra jarða og gróðurfar þeirra og út frá þeim gögnum áætla hvort nægjanlegt gróðurlendi sé til núverandi beitarnytja. Matsreglur byggjast að stærstum hluta á mati á stærð gróðurlendis og gerð þess (gróðurfar – framleiðni) ásamt fyrirliggjandi gögnum um nýtingu og ástand, t.d. vegna rofs (uppblástur). Leiki vafi á að fullnægjandi beitiland sé fyrir hendi eða þar sem vitað er að ástand landsins er ekki ásættanlegt, svo sem vegna upplýsinga um rof eða hrossabeit, fer fram ítarlegri skoðun á landinu. Jafnframt skal stefnt að því að auðnir og rofsvæði verði ekki nýtt til beitar og gerðar tímasettar framkvæmda- og fjárhagsáætlanir um úrbætur eftir því sem við á. Fáist ekki fjármagn til nauðsynlegra girðinga verða bændur ekki látnir gjalda þess í vottun.

Heimalönd.

Fram fari mat á stærð og gerð gróðurlendis heimalanda. Staðfesta þarf að beitarnýting þess lands sem hver bóndi hefur afnotarétt af sé innan þeirra marka sem viðurkenndar verklagsreglur Nytjalands kveða á um. Séu heimalönd samliggjandi jarða ógirt getur vottunaraðili staðfest fyrir viðkomandi svæði í heild hvort beit sé fullnægjandi, að því tilskyldu að nýtingin sé ágreiningslaus.

Afréttir.

Meta þarf hvar sauðfjárbeit getur talist vistfræðilega sjálfbær, þ.e. að hún stuðli ekki að eyðingu gróðurs og að gróður sé í jafnvægi eða framför. Þar sem land hefur lágmarkshulu gróðurs, rof innan tilskildra marka og ástand gróðurs talið ásættanlegt, skal beitarnýting ekki vera meiri en svo að jafnvægi ríki eða gróðri fari fram og rof minnki. Þar sem gróðurhula er innan við tiltekið lágmark eða rof talið of mikið en þó samfelld gróðursvæði á afrétti, skal miða við að afmarka beitarsvæði afréttarins þar sem gróður er nógur og rof talið lítið. Afréttir sem einkennast fyrst og fremst af auðnum og/eða rofsvæðum geta fengið tímabundna vottun (t.d. allt að 10 ár), ef þar er unnið samkvæmt tímasettri áætlun um friðun afréttar á meðan annarra úrlausna er leitað, svo sem að skapa beit á öðrum stöðum. Þar sem svo háttar skal Landgræðsla ríkisins í samráði við bændur, sveitarfélög, og Nytjaland, vinna aðgerðaráætlun um úrbætur.

Úrbætur.

Þar sem umbóta er þörf svo uppfylla megi kröfur um landnýtingarþátt gæðastýringar gerir framleiðandi og eftir atvikum aðrir umráðaaðilar landgræðslu- og landnýtingaráætlun í samráði við Landgræðsluna. Áætlunin getur m.a. falið í sér beitarfriðun svæða, sáningu og/eða áburðargjöf og að viðkomandi bændur séu að vinna að uppgræðslu í heimalöndum til að geta

minnkað álag á afrétt. Framkvæmd hennar skal höfð til hliðsjónar þegar vottunaraðili metur landið.

Vottunaraðili.

Þar sem verklagsreglur og niðurstöður Nytjalands veita ekki fullnægjandi upplýsingar um að landnýting sé sjálfbær, þarf vottunaraðili með þekkingu á landlæsi að skoða viðkomandi land og nýtingu þess. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins þjálfa starfsfólk og samhæfa vottunina, en þeir sem votta þurfa að fá til þess viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins.

Álita- og ágreiningsmál.

Ágreiningsefnum varðandi synjun á vottun vegna landnota skal vísað til úrskurðarnefndar sem landbúnaðarráðherra skipar.

Gildistaka.

Ákvæði verklagsreglna þessara skulu taka gildi árið 2003 enda sé ljóst í upphafi árs 2003 að þær grunnupplýsingar sem aflað verður með verkefninu Nytjaland liggi fyrir eigi síðar en 1. september 2003.

Reykjavík 11. mars 2000.

Guðni Ágústsson,
landbúnaðarráðherra.

Sveinn Runólfsson,
Landgræðslu ríkisins.

Ari Teitsson,
Bændasamtökum Íslands.

Þorsteinn Tómasson,
Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Aðalsteinn Jónsson,
Landssamtökum sauðfjárbænda.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta lögum svo að markmið nýs sauðfjársamnings nái fram að ganga. Áætlaður kostnaður ríkissjóðs af nýjum sauðfjársamningi er sýndur í eftirfarandi töflu. Allar tölur eru miðaðar við verðlag 1. mars 2000 og taka breytingum þaðan í frá samkvæmt vísitölu neysluverðs.

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	Alls
Viðfangsefni fjárlaga								
1.01 Beinar greiðslur til bænda	1.641	1.542	1.349	1.311	1.272	1.234	1.195	9.544
1.02 Lífeyrissjóður bænda	72	68	61	59	58	56	55	429
1.03 Jöfnunargreiðslur	60	60	60	60	60	60	60	420
1.04 Álagsgreiðslur vegna gæðastýringar			193	231	270	308	347	1.349
1.05 Niðurgreiðslur á ull	220	220	220	220	220	220	220	1.540
1.06 Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki	99	110	110	110	110	110	110	759
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	235	235	235	235	235	235	235	1.645
1.30 Uppkaup á greiðslumarki	923	0	0	0	0	0	0	923
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt	35	35	35	35	35	35	35	245
Samtals	**3.285**	**2.270**	**2.263**	**2.261**	**2.260**	**2.258**	**2.257**	**16.854**
Forsendur								
Beingreiðsla, krónur á ærgildi	4.399	4.399	3.849	3.739	3.629	3.519	3.409	
Uppkaup á ærgildi í krónum	22.000	19.000	16.000	11.217	10.887	7.038	3.409	
Álag vegna gæðastýringar			12,50%	15,00%	17,50%	20,00%	22,50%	
Samtals fjöldi ærgilda	395.544	373.044	350.544	350.544	350.544	350.544	350.544	
Fjöldi uppkeyptra ærgilda	22.500	22.500	0	0	0	0	0	
Fjöldi ærgilda í beingreiðslum	373.044	350.544	350.544	350.544	350.544	350.544	350.544	
Lífeyrisprósenta ofan á beingreiðslur	4,0%							

856. Frumvarp til laga [554. mál]

um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Eftirlitsaðilar skulu einnig með öðrum hætti vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og skulu grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu.

2. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eftirlitsaðilar og matvælafyrirtæki skulu tilkynna til hlutaðeigandi stofnana, sem eru ráðuneytum til ráðgjafar samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna, ef gögn sem þessir aðilar hafa undir höndum eða aðrar ástæður benda til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Sama tilkynningarskylda á við um þá sem starfa við rannsóknir og greiningu á matvælum ef þeir greina í matvælum örverur sem geta valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.

3. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðiseftirlit“ í 2. mgr. 25. gr. laganna kemur: mengunarvarnir.

4. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Hlutaðeigandi ráðherra skal setja gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða skv. VIII. og IX. kafla laganna, svo og vegna skráningar og móttöku umsókna um heimild til notkunar aukaefna og annarra slíkra leyfisveitinga. Gjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem hlýst af útgáfu starfsleyfa og vottorða, skráningu og móttöku umsókna og leyfisveitingum og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

5. gr.

Við 27. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Gjaldtaka skal taka mið af kostnaði við rannsókn og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sem kunnugt er komu upp alvarleg tilvik kampýlóbakter-sýkinga á síðasta ári sem rakin voru til neyslu matvæla. Í framhaldi af þessu var gerð úttekt á stöðu mála á vegum umhverfisráðuneytis í samvinnu við landbúnaðarráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og stofnanir þessara ráðuneyta, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, embætti yfirdýralæknis og landlæknisembættið. Var verkefninu skipt í tvennt. Annars vegar var tekin saman skýrsla um útbreiðslu kampýlóbakter í umhverfi, húsdýrum og matvælum og orsakir sýkinga í mönnum ásamt tillögum til aðgerða sem skilað var til ráðuneytisins í nóvember sl. Hins vegar voru settar fram tillögur um hvernig bregðast skyldi við og voru þær unnar á vegum nefndar umhverfisráðuneytisins sem starfaði í desember sl. Í tillögum nefndarinnar er farið yfir nauðsynlegar aðgerðir sem grípa þarf til á vegum umhverfisráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis. Þar koma fram tillögur sem miða að því að draga úr sýkingum í mönnum af völdum kampýlóbakter með hliðsjón af raunhæfum og tímasettum aðgerðum. Aðgerðirnar beinast einkum að því að draga úr tíðni kampýlóbakter í afurðum alifugla, með því m.a. að fækka menguðum eldishópum alifugla, fyrirbyggja krosssmit eins og hægt er og auka eftirlit og vöktun, en einnig að auka fræðslu til almennings og matvælafyrirtækja um smitleiðir og rétta meðferð matvæla.

Meðal tillagna nefndarinnar eru breytingar sem hér eru lagðar til á lögum nr. 93/1995, um matvæli. Ráðuneytið telur að ef tryggja á framgang þeirra meginmarkmiða sem fram koma í tillögum nefndarinnar, að ná niður kampýlóbakter-mengun í matvælum og sýkingum af völdum kampýlóbakter í mönnum, með því m.a. að auka fræðslu, eftirlit og vöktun, sé nauðsynlegt að breytingar á lögum um matvæli nái fram að ganga. Mikilvægt er að hægt sé

að grípa til þess ráðs að setja reglur um að starfsfólk sem starfar við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli hafa til að bera grundvallarþekkingu á meðferð matvæla, ekki síst með hliðsjón af öryggi þeirra og innra eftirliti fyrirtækjanna. Slík ákvæði er t.d. að finna í nýlegum matvælalögum í Danmörku og hefur verið fylgt þar eftir með námskeiðum fyrir starfsfólk matvælafyrirtækja. Enn fremur er brýnt að sú ótvíræða skylda verði lögð á eftirlitsaðila að þeir reyni að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og grípi til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu. Þetta dregur á engan hátt úr skyldum þeirra sem eru ábyrgir fyrir framleiðslu og dreifingu matvæla, en þeim ber að tryggja eins og unnt er að matvæli valdi ekki heilsutjóni. Í þeim lögum sem eftirlitsaðilar starfa eftir, þ.e. heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, héraðsdýralæknar og Fiskistofa, er að finna ýmiss konar þvingunarúrræði sem hlutaðeigandi eftirlitsaðila er ætlað að beita í slíkum tilvikum. Hins vegar hefur skort ákvæði sem kveða afdráttarlaust á um skyldur eftirlitsaðila til að sinna forvörnum og rannsókn mála sem upp kunna að koma vegna matarsjúkdóma. Enn fremur er nauðsynlegt að koma á tilkynningarskyldu þeirra aðila sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla, eftirlit og rannsóknir og greiningu á matvælum þannig að hlutaðeigandi stofnanir fái nauðsynlegar upplýsingar í tíma og geti þannig unnið að forvörnum. Mikilvægt er líka að tengja ákvæði um tilkynningarskyldu við framkvæmd sóttvarnalaga, nr. 19/1997, enda er eftirlitsaðilum enn fremur ætlað hlutverk samkvæmt þeim lögum, með tilliti til tilkynningarskyldra sjúkdóma í mönnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að hlutaðeigandi ráðherra, sem getur verið umhverfisráðherra, landbúnaðarráðherra eða sjávarútvegsráðherra eftir því um hvers konar eftirlit er að ræða, geti sett reglur þess efnis að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla sæki námskeið um meðferð matvæla. Á slíkum námskeiðum verður lögð sérstök áhersla á innra eftirlit og öryggi matvæla. Námskeið geta verið á vegum opinberra aðila, en einnig kemur vel til greina að aðrir sjái um framkvæmd þeirra. Mikið skortir á að þeir sem starfa við matvælaframleiðslu hér á landi hafi til þess nægjanlega þekkingu eða hljóti fullnægjandi fræðslu áður en þeir taka til starfa. Ekki er óalgengt að starfsfólk sé ráðið og sett í störf við matvælavinnslu án nokkurs undirbúnings. Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt að hlutaðeigandi ráðherra geti sett reglur til þess að tryggja þekkingu starfsfólks með hliðsjón af öryggi matvæla, reynist slíkt nauðsynlegt, þ.e. ef matvælafyrirtæki gera það ekki sjálf.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að eftirlitsaðilar geti að höfðu samráði við Landlækni gert kröfu um reglubundna heilsufarsskoðun starfsfólks. Lagt er til að eftirlitsaðilar skuli einnig með öðrum hætti vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og skuli grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu. Í þessu tilviki er rétt að benda á að eftirlitsaðilar geta með stoð í matvælalögum og öðrum lögum sem þeir starfa samkvæmt gripið til ýmiss konar þvingunaraðgerða. Með þeim viðbótarákvæðum sem hér eru lögð til er hins vegar tekinn af allur vafi um skyldu þessara aðila til að vinna að forvörnum og að því að upplýsa mál sem upp kunna að koma þannig að gripið verði til viðeigandi ráðstafana eins fljótt og kostur er og áður en í óefni er komið.

Um 2. gr.

Nokkuð hefur þótt skorta á að ljóst væri hvaða skyldur þeir sem annast rannsóknir og greiningu á matvælum hafi til að tilkynna til hlutaðeigandi stofnana ef hætta getur stafað af neyslu matvæla. Slík tilkynningarskylda er nauðsynleg ef niðurstöður greininga eða rann-

sókna gefa til kynna að hætta sé á heilsutjóni. Enn fremur er nauðsynlegt að takmarka tilkynningarskyldu rannsóknar- og greiningaraðila við þær örverur sem geta valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997. Um leið er eðlilegt að þeim sem sinna opinberu eftirliti og þeim sem eiga að sinna innra eftirliti í matvælafyrirtækjum beri skylda til að upplýsa um gögn sem þeir hafa undir höndum eða aðrar ástæður sem geta bent til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Með því að taka af allan vafa um skyldu til að skila gögnum eða veita upplýsingar, sé talin hætta á heilsutjóni, á að vera hægt að grípa fyrr til ráðstafana á vegum hlutaðeigandi eftirlitsaðila og stofnana. Ákvæði þessi munu gilda jafnt um allar rannsóknastofur, óháð því hvort þær eru reknar á vegum hins opinbera eða eru í einkaeign og hvort rannsókn eða greining sýna er gerð fyrir matvælafyrirtæki, aðra einkaaðila eða opinbera aðila. Með sama hætti á tilkynningarskylda jafnt við um opinberan eftirlitsaðila og sjálfstætt starfandi skoðunarstofu.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að gerð verði breyting á tilvísun til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, þar sem þau lög voru felld úr gildi með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Um 4. og 5. gr.

Í greinunum er lagt til að kveðið verði á um þann kostnað sem gjaldtaka samkvæmt greinunum er ætlað að mæta. Þau gjöld sem hér er mælt fyrir um eru þjónustugjöld og er sú breyting sem hér er lögð til í samræmi við kröfur sem gerðar eru til heimilda til töku þjónustugjalda.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli.

Tilgangurinn með frumvarpinu er tryggja gæði matvæla og samhæfa aðgerðir stjórnvalda sem sjá um matvælaeftirlit. Frumvarpið kveður á um auknar rannsóknir, greiningar, námskeið, þjálfun og sértækar ráðstafanir. Gert er ráð fyrir að aukinn kostnaður verði greiddur af framleiðendum.

Verði frumvarpið að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

857. Frumvarp til laga [555. mál]

um breyting á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

3. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

2. gr.

4. gr. laganna, er verður 3. gr., orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Landmælinga Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun.

Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna, er verður 4. gr.:

a. 4. tölul. orðast svo: Fjarkönnun. Í því felst öflun, úrvinnsla og miðlun gagna á sviði loft- og gervitunglamynda.
b. 6. tölul. orðast svo: Kortlagning og miðlun upplýsinga um örnefni í samráði við Örnefnastofnun Íslands.
c. 7. tölul. orðast svo: Skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi sem eru í eigu íslenska ríkisins, þ.m.t. mælingar, punktalýsingar, prentuð kort, stafræn kort, hæðarlíkön, loftmyndir og gervitunglamyndir.
d. 8. tölul. orðast svo: Önnur verkefni sem tengjast landmælingum og kortagerð eftir því sem ráðherra ákveður í reglugerð.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Ráðherra setur að fengnum tillögum Landmælinga Íslands og að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins reglugerð um vottun mælingamanna sem sjá um að mæla eignamörk landa og lóða. Til að öðlast vottun sem mælingamaður skal viðkomandi hafa mælingafræðilega menntun eða reynslu af störfum við landmælingar. Í reglugerðinni skal kveðið á um menntun, réttindi og skyldur mælingamanna og um eftirlit Landmælinga Íslands með vottun þeirra og störfum.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „5. gr.“ í 6. gr. laganna kemur: 4. gr.

6. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:

1. Með sölu á afnotum af efni í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar.
2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu á sviði landupplýsinga, loftmynda og fjarkönnunar, landmælinga og kortagerðar sem viðskiptavinir stofnunarinnar óska sérstaklega eftir.

3. Með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna, svo sem ljósritunar.

Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og skal birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá skv. 2. og 3. tölul. skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sem nemur þeim kostnaði. Sé um að ræða gjaldtöku þar sem Landmælingar Íslands eru í samkeppnisrekstri skal stofnunin setja gjaldskrána og gefa hana út.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands skal að öðru leyti greiðast af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð, var í fyrsta skipti í íslenskum lögum tekið á málaflokknum í heild. Áður höfðu verið sett lög um starfsemi Landmælinga Íslands og verkefni stofnunarinnar en að öðru leyti var ekki að finna löggjöf um efnið. Í lögunum eru m.a. ákvæði um starfsemi Landmælinga Íslands, um hlutverk stofnunarinnar í tengslum við höfunda- og afnotarétt, miðlun upplýsinga og aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar og um fjármögnun starfseminnar. Frá því að lögin öðluðust gildi 1. júlí 1997 hefur mikið vatn runnið til sjávar í tengslum við starfsemi Landmælinga Íslands. Stofnunin hefur verið flutt um set og henni verið sett sérstök stefnuskrá sem stjórn stofnunarinnar samþykkti 1998 og hefur uppbygging stofnunarinnar verið hröð. Helstu verkefni stofnunarinnar á næstu árum tengjast landmælingum og stafrænni kortagerð í mælikvarðanum 1:50.000 auk þess sem stofnuninni hefur verið falið að byggja upp fjarkönnunarstarfsemi.

Landmælingar á vegum stofnunarinnar höfðu legið niðri um árabil, enda starfaði þar enginn með menntun á því sviði. Til stofnunarinnar hafa verið ráðnir landmælingaverkfræðingar til að sinna landmælingum. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að á næstu fjórum árum verði unninn stafrænn kortagrunnur af Íslandi í mælikvarðanum 1:50.000 sem er viðamikið og fjárfrekt verkefni. Auk þess var ákveðið í tengslum við samþykkt fjárlaga fyrir árið 2000 að stofnunin byggði upp þjónustu á sviði fjarkönnunar í samráði við hlutaðeigandi stofnanir og samtök. Með fjarkönnun er átt við mælingar á rafgeislun frá lofthjúpi og yfirborði jarðar, annaðhvort úr flugvélum eða gervitunglum, úrvinnslu mæligagna og myndræna framsetningu þeirra.

Verkefni sem tengjast fyrirhugaðri Landskrá fasteigna hafa verið til umfjöllunar hjá hlutaðeigandi ráðuneytum en henni er ætlað að vera samhæft gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Með endurskoðun á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, og lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, sem nú stendur yfir er lagður grunnur að Landskrá fasteigna. Tilgangur frumvarps til laga um skráningu og mat fasteigna er m.a. að leggja fyrsta grunn að skráningu eignamarka lands á tölvutæku formi sem nýtist t.d. til rekstrar landupplýsingakerfa.

Komið hefur fram að nauðsynlegt sé að fagaðili hafi umsjón með vottun mælingamanna sem sjái um að mæla eignamörk landa og lóða. Landmælingar Íslands eru best til þess fallnar að sinna þessu verkefni vegna þess hlutverks sem stofnuninni hefur verið falið lögum samkvæmt en stofnunin er eini aðilinn sem er ætlað að sjá um gerð leiðbeininga um landmælingar og kortagerð og notkun staðla á því sviði.

Lagt er til að stjórn Landmælinga Íslands verði lögð niður og að forstjóri stofnunarinnar fari með stjórn hennar og beri þær skyldur sem stjórn stofnunarinnar hefur haft samkvæmt gildandi lögum. Forstjóri ber eftir sem áður ábyrgð gagnvart ráðherra.

Að lokum þarf að gera fjármögnunarleiðir stofnunarinnar skýrari og eru lagðar til nokkrar breytingar sem ætlað er að styrkja starfsemi Landmælinga Íslands til að takast á við þau verkefni sem stofnuninni er falið að sinna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með gildistöku laga nr. 95/1997 var sett þriggja manna stjórn yfir Landmælingar Íslands sem skipuð var af ráðherra. Í 3. gr. gildandi laga segir að hlutverk stjórnarinnar sé að móta stefnu stofnunarinnar og hafa eftirlit með því að hún gegni hlutverki sínu í samræmi við markmið laganna. Jafnframt ber stjórninni samkvæmt 4. gr. laganna að gera tillögu til ráðherra um forstjóra Landmælinga Íslands.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til á stjórn stofnunarinnar eru í samræmi við breytta stefnu í rekstrarmálum ríkisstofnana og mótaða stefnu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Af hálfu umhverfisráðuneytisins hefur verið unnið markvisst eftir þessari stefnu þannig að forstjórum stofnana sem heyra undir ráðuneytið heftur verið falin sú ábyrgð sem stjórnir viðkomandi stofnana höfðu áður. Sem dæmi má nefna að með lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, var stjórn Hollustuverndar ríkisins lögð niður en hún hafði æðsta vald í málefnum stofnunarinnar og var forstjóra falið það vald sem stjórnin hafði haft og með lögum nr. 169/1998, um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, var stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands lögð niður og forstjóra fengin þau verkefni sem henni höfðu verið falin.

Um 2. gr.

Þar sem í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ekki verði starfandi stjórn yfir stofnuninni er hlutverk hennar til að gera tillögur til ráðherra um skipan forstjóra ekki lengur fyrir hendi. Lagðar eru til breytingar á greininni til samræmis við þetta.

Um 3. gr.

Í 5. gr. laganna er fjallað um verkefni Landmælinga Íslands og er gerð tillaga um breytingar á henni sem hér segir:

Í a-lið er að finna nýmæli en lagt er til að eitt af verkefnum Landmælinga Íslands verði fjarkönnun og skilgreint hvað felst í því, þ.e. öflun, úrvinnsla og miðlun gagna á sviði loft- og gervitunglamynda af landinu. Með fjarkönnun er átt við mælingu á rafsegulgeislun frá lofthjúpi og yfirborði jarðar annaðhvort úr flugvélum eða gervitunglum, úrvinnslu mæligagna og myndræna framsetningu þeirra. Í fjárlögum fyrir árið 2000 var samþykkt að veita 4,5 millj. kr. til Landmælinga Íslands vegna fjarkönnunar og hefur nú þegar verið ráðið í eina stöðu hjá stofnuninni til að sinna þessu verkefni. Við starf Landmælinga Íslands sem tengist fjarkönnun ber stofnuninni að hafa samráð við hlutaðeigandi opinbera aðila sem að þessum málum koma í samræmi við tillögur stjórnskipaðrar nefndar um framkvæmd fjarkönnunar sem skilað var til umhverfisráðherra 1997. Stofnunin mundi fyrst og fremst sinna því hlutverki að vera sameiginlegur vettvangur ríkisstofnana og sveitarfélaga sem nota eða hyggjast nota fjarkönnunargögn og hefði að leiðarljósi að stuðla að umhverfisvöktun með reglubundinni loftmyndatöku og notkun gervitunglagagna.

Í b-lið er lagt til að það sé ekki eingöngu hlutverk Landmælinga Íslands að annast kortlagningu örnefna heldur og að miðla upplýsingum um þau og að það sé gert í samráði við Örnefnastofnun Íslands sem starfar á vegum menntamálaráðuneytisins í samræmi við lög nr. 14/1998, um Örnefnastofnun Íslands.

Í c-lið er að finna það nýmæli að skráning og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi sem eru í eigu íslenska ríksins verði eitt af verkefnum Landmælinga Íslands. Hér er fyrst og fremst átt við mælingar, punktlýsingar, prentuð kort, stafræn kort, hæðarlíkön, loftmyndir og gervitunglamyndir. Mikilvægt er að skráning og miðlun þessara upplýsinga sé á einni hendi svo að þær séu aðgengilegri fyrir notendur og fer vel á því að Landmælingum Íslands verði falið það hlutverk. Þau gögn sem hér um ræðir er að finna hjá mörgum stofnunum og hafa Landmælingar Íslands, í samvinnu við LÍSU — Samtök um samræmd landfræðileg upplýsingakerfi á Íslandi, þegar hafið slíka skráningu og miðlun upplýsinga á vefnum.

Um 4. gr.

Í tengslum við að Landskrá fasteigna verði komið á er lagt er til að mælingamenn sem sjá eiga um mælingar eignamarka landa og lóða fái vottun til að starfa sem mælingamenn. Landmælingamenn skulu hnitasetja eignamörk landa og lóða en fyrirhugað er að allt landið verði hnitasett. Þetta er mjög mikilvægt starf og á að tryggja að upplýsingar um eignamörk landa og lóða sem skráðar verða í Landskrá fasteigna verði réttar. Þetta er nýmæli þar sem engin slík vottun fer fram en mikilvægt er að mælingamenn uppfylli ákveðnar hæfniskröfur.

Í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Landmælinga Íslands og að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins skal setja ákvæði um menntun, réttindi og skyldur mælingamanna og um eftirlit Landmælinga Íslands með vottun þeirra og störfum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um fjármögnun Landmælinga Íslands verði gerð skýrari þannig að ekki leiki vafi á því fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hafi heimild til að taka gjald. Undir efni falla allar upplýsingar, þ.m.t. öll gögn og annað efni frá Landmælingum Íslands sem nýtur höfundaréttar, sbr. skilgreiningu í 2. gr. gjaldskrár Landmælinga Íslands nr. 323/1999. Heimilt er að taka gjald fyrir afnot af gögnum í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu sem nýtur höfundaréttar, svo sem kortum og stafrænum upplýsingum sem unnar eru úr upplýsingagrunni stofnunarinnar. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir sölu á sérhæfðri þjónustu á sviði landupplýsinga, loftmynda og fjarkönnunar, landmælinga og kortagerðar sem viðskiptavinir óska sérstaklega eftir að fá að nota. Undir slíka þjónustu mundu falla landmælingar, kortagerð og vinnsla gervitunglamynda. Undir gjöld vegna afgreiðslu gagna fellur kostnaður við ljósritun og afritun á segulmiðla, svo og annar sambærilegur kostnaður. Gjöld skv. 2. og 3. tölul. eru svokölluð þjónustugjöld og taka því mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og mega gjöld ekki vera hærri en sem nemur þeim kostnaði. Gjald skv. 1. tölul. er hins vegar ekki þjónustugjald heldur gjald fyrir höfundarétt sem Landmælingum Íslands hefur verið falið að gæta fyrir hönd ríkisins, sbr. 8. gr. gildandi laga. Við slíka gjaldtöku ber að taka mið af því sem greitt er fyrir sambærileg réttindi á almennum markaði. Lagt er til að Landmælingar Íslands setji sér sjálf gjaldskrá um efni og þjónustu þar sem stofnunin er í samkeppnisrekstri. Ekki er gerð krafa um að ráðherra staðfesti viðkomandi gjaldskrá heldur mundu Landmælingar Íslands gefa hana út. Telja verður óeðlilegt að samþykki ráðherra þurfi fyrir slíkri gjaldskrá, enda hlyti slík krafa að teljast samkeppnishamlandi. Slíkar gjaldskrár mundu lúta eftirliti samkvæmt samkeppnislögum. Hér er ekki um þjónustugjaldskrá að ræða heldur lýtur gjaldtaka fyrir samkeppnisrekstur stofnun-

arinnar sömu lögmálum og tíðkast vegna sambærilegar starfsemi á markaði. Þær gjaldskrár sem Landmælingar Íslands gefa út þarf ekki að birta í B-deild Stjórnartíðinda enda tíðkast það ekki hjá samkeppnisaðilum stofnunarinnar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina betur starfssvið Landmælinga Íslands og kveða á um ný verkefni sem stofnuninni verða falin varðandi fjarkönnun og skráningu og miðlun upplýsinga um landafræðileg gagnasöfn.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum er áætlað að fyrstu tvö árin muni kostnaður ríkissjóð nema 6 m.kr., en eftir það muni framkvæmdin kosta 3 m.kr. Kostnaður af uppbyggingu fjarkönnunar er áætlaður 3 m.kr. í tvö ár og af auknu vinnuframlagi við skráningu og miðlun upplýsinga sem er talið hálft stöðugildi. Einnig munu Landmælingar Íslands hafa eftirlit með vottun mælingamanna og starfsemi þeirra, og er sá kostnaður um 1 m.kr. Á móti kemur að stjórn stofnunarinnar er lögð niður og sparast því árlega um 0,5 m.kr.

858. Frumvarp til laga [556. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

14. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Hreindýr.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum enda telji veiðistjóraembættið að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum. Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, að fengnum tillögum hreindýraráðs og veiðistjóraembættisins og birtir auglýsingu þar að lútandi í Lögbirtingablaði. Eignarréttur á landi, þar sem hreindýr halda sig, veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Af hverju felldu hreindýri skal greiða til hreindýraráðs sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega og skal gjaldinu varið til reksturs ráðsins, framkvæmda á þess vegum og vöktunar.

Umhverfisráðherra skipar fimm menn í hreindýraráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en aðrir nefndarmenn skulu skipaðir með eftirfarandi hætti: Búnaðarsamband Austurlands, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu og Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi tilnefna einn fulltrúa hvert og Náttúrustofa Austurlands einn og skal hann vera líffræðingur. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Veiðistjóra og fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þá málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk hreindýraráðs er:

a. að vera umhverfisráherra til ráðgjafar um allt er viðkemur vernd, veiðum og nýtingu hreindýrastofnsins á Austurlandi,
b. að sjá um sölu veiðileyfa og er ráðinu óheimilt að framselja þá heimild,
c. að gera tillögur um árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða í samráði við veiðistjóra,
d. að sjá um eftirlit með hreindýraveiðum og ráða til þess eftirlitsmenn,
e. að skipta arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra.

Um vanhæfi þeirra sem sitja í hreindýraráði og annast eftirlit með hreindýraveiðum gilda vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Verði hreindýraráð eða eftirlitsmenn á þess vegum varir við að brotið sé gegn ákvæðum laganna og reglugerðum um hreindýraveiðar er heimilt að svipta viðkomandi veiðileyfi og leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Ráðherra setur að fengnum tillögum hreindýraráðs og veiðistjóra nánari reglur um framkvæmdina, m.a. um veiðieftirlitsmenn og skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Veiðistjóri annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðum, sbr. lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Veiðistjóra er heimilt með samningi, sem ráðherra staðfestir, að fela hæfum aðila vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum. Af hverju felldu dýri skal greiða sérstakt gjald til þess að standa undir vöktun stofnsins og ákveður ráðherra upphæð gjaldsins, sbr. 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um stjórn hreindýraveiða og skiptingu arðs af þeim sem öðlist gildi eigið síðar en 20. júlí árið 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að meginstofni í samræmi við tillögur nefndar sem umhverfisráðuneytið skipaði 23. nóvember og fengið var það hlutverk að endurskoða ákvæði um hreindýraveiðar í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Nefndinni var sérstaklega ætlað að gera tillögur um skipan hreindýraráðs, þar sem m.a. skyldi tekið tillit til náttúrufræðilegrar þekkingar innan ráðsins, um fyrirkomulag rannsókna og vöktunar stofnsins, úthlutun og skiptingu veiðiheimilda, stjórn veiða, sölu veiðileyfa, gjaldtökuheimildir, arðsúthlutun og reglur um vanhæfi þeirra sem starfa að þessum málum. Enn fremur var nefndinni ætlað að fjalla um framkvæmd laganna frá gildistöku þeirra 1. júlí 1994 og gera tillögur með hliðsjón af því.

Í nefndinni áttu sæti: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, Jón Kristjánsson alþingismaður, Þuríður Backman alþingismaður, Björn Hafþór Guðmundsson

bæjarstjóri og Hákon Ingvi Hansson héraðsdýralæknir. Ritari nefndarinnar var Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu.

Nefndin kallaði eftirtalda aðila á fund sinn: Sigurbjörn Snæþórsson frá Búnaðarsambandi Austurlands, Þorvald Jóhannsson frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Áka Á. Jónsson veiðistjóra, Guðrúnu Á. Jónsdóttir og Líneik Sævarsdóttur frá Náttúrustofu Austurlands, Jón Loftsson skógræktarstjóra, fulltrúa frá Búnaðarsambandi Austur Skaftafellssýslu, Tryggva Þórhallsson hjá Hornafjarðarbæ, Skarphéðin Þórisson líffræðing, Aðalstein Jónsson hreindýraeftirlitsmann, Arnór Benediktsson, oddvita Norður-Héraðs, Björn Ingvarsson hreindýraeftirlitsmann, Sigmar B. Hauksson, formann Skotvís, Magnús Þorsteinsson, oddvita og fyrrverandi hreindýraráðsmann, og Jóhann Þórhallsson, oddvita Fljótsdalshrepps.

Enn fremur ræddi nefndin við nokkra aðila sem óskuðu eftir að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Niðurstaða nefndarinnar er að almennt sé góð sátt um framkvæmd laganna og reglugerða sem settar hefa verið á grundvelli þeirra á undanförnum árum. Þó var bent á nokkur atriði sem betur mættu fara og varða þau fyrst og fremst skipun í hreindýraráð og hlutverk þess, svo og greiðslu arðs með hliðsjón af ágangi af völdum hreindýra. Niðurstaðan er sú að langflestir viðmælendur vilja auka afskipti hreindýraráðs af þessum málum þannig að sala veiðileyfa sé eingöngu í höndum ráðsins, sem og greiðsla arðs. Á þennan hátt hefðu sveitarfélögin engin afskipti af þessum málum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er lagt til að leyfisgjald sem ráherra ákveður árlega skuli auk þess að renna til reksturs hreindýraráðs einnig renna til vöktunar á hreindýrastofninum. Jafnframt er lagt til að rannsóknir á hreindýrum verði ekki kostaðar af leyfisgjaldi enda vandséð að hægt sé að tengja rannsóknir og veiðar saman með þeim hætti. Fé til rannsókna á hreindýrum verður að koma úr opinberum sjóðum eða úr veiðikortasjóði.

Í 3. mgr. er lögð til sú breyting á skipan ráðsins að Búnaðarsamband Austurlands hafi einn fulltrúa en ekki tvo, í staðinn komi fulltrúi Náttúrustofu Austurlands og að hann skuli vera líffræðingur að mennt. Það hefur verið gagnrýnt að í hreindýraráði sitji, að formanni undanskildum, eingöngu aðilar sem hagsmuna eigi að gæta. Æskilegt sé að í ráðinu sé fulltrúi með líffræðilega þekkingu og er lagt til að Náttúrustofu Austurlands tilnefni hann. Enn fremur er lögð til sú breyting að fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands eigi seturétt á fundum hreindýraráðs með málfrelsi og tillögurétt og er það í samræmi við hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Í 4. mgr. er gerð grein fyrir hlutverki hreindýraráðs. Í gildandi lögum, þ.e. í 14. gr. laga nr. 64/1994, er ekki kveðið á um hlutverk ráðsins heldur segir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd hreindýraveiða, m.a. um hlutverk hreindýraráðs. Slík ákvæði er að finna í reglugerð nr. 402/1994, um stjórn hreindýraveiða. Það er allsendis ófullnægjandi að stjórnsýslunefnd eins og hreindýraráð skuli byggja starfsemi sína á ákvæðum reglugerðar enda hefur það verið gagnrýnt. Því er nauðsynlegt að kveða skýrt á um hlutverk ráðsins í lögum ekki síst þar sem nefndin fer með ákvörðunarvald í vissum tilvikum. Gerð er tillaga um meginhlutverk ráðsins og er þar um tæmandi upptalningu að ræða en gert er ráð fyrir nánari útfærslu í reglugerð. Lagt er til að hreindýraráð hafi með höndum framkvæmd mála fyrir hönd umhverfisráherra, annist sölu veiðileyfa og hafi ekki heimild til að framselja þá heimild, geri tillögu um veiðikvóta og skiptingu hans, sjái um eftirlit með hreindýraveiðum og ráði til þess eftirlitsmenn, sjái um úthlutun arðgreiðslna og skiptingu arðs af veiddum

dýrum og afurðum felldra dýra. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerð með nánari útfærslu á þessum þáttum til þess að ráðið þurfi sem minnst að byggja ákvarðanir sínar á huglægu mati þótt aldrei verði algjörlega hjá því komist. Þá er og lagt til í 3. mgr. að vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, gildi um þá sem sitja í hreindýraráði eða annast eftirlit með hreindýraveiðum. Ef vanhæfisreglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem gilda um ríkisstarfsmenn, ættu að gilda um þessa starfsemi yrði nánast ógjörningur að skipa menn úr héraði í hreindýraráð og til eftirlits. Önnur skipan mála mundi þannig kalla á utanaðkomandi aðild að hreindýraráði og eftirliti með hreindýraveiðum og færi annars vegar gegn því markmiði að stjórn mála sé heima í héraði og hins vegar ykist stórlega kostnaður af eftirliti með veiðunum.

Lagt er til það nýmæli að verði hreindýraráð eða eftirlitsmenn á vegum þess varir við að brotið sé gegn ákvæðum laganna eða reglugerðum settum samkvæmt þeim sé þeim heimilt að svipta viðkomandi veiðileyfi og að lögreglu sé skylt að aðstoða ef þörf er á.

Í lokamálsgreininni er lagt til að fest verði í lög að veiðistjóra sé heimilt með samningi, sem umhverfisráðherra staðfestir, að fela þar til hæfum aðila framkvæmd vöktunar og rannsókna á hreindýrastofninum. Náttúrufræðistofa Austurlands hefur þegar hafið þessa starfsemi samkvæmt sérstökum samningi við veiðistjóraembættið og hefur fengist til þess nokkurt fé í fjárlögum. Æskilegt væri að stofan sérhæfði sig í vöktun og rannsóknum af þessu tagi sem bundnar eru því svæði sem henni er ætlað að starfa á. Gert er ráð fyrir að vöktun á hreindýrastofninum, sem er fyrst og fremst grundvöllur fyrir ákvörðun veiðiþols, verði kostuð af hreindýraveiðimönnum en aðrar rannsóknir ekki.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem lagðar eru til nokkrar breytingar á stjórn hreindýraveiða er eðlilegt að ný reglugerð um veiðarnar öðlist gildi eigi síðar en í upphafi nýs veiðitímabils 20. júlí 2000. Enn fremur er brýnt að frá sama tíma öðlist gildi reglugerð um skiptingu arðs af veiðunum og virðist eðlilegt að sett verði sérstök reglugerð þar um sem byggist á reglugerð nr. 406/1998, um breytingu á reglugerð nr. 402/1994, um stjórn hreindýraveiða. Í reglugerðinni verði fjallað um skiptingu arðs og mat á ágangi hreindýra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Tilgangur frumvarpsins er breytt skipan hreindýraráðs þar sem sala veiðileyfa verður eingöngu í höndum ráðsins, sem og greiðsla arðs.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

859. Frumvarp til laga [557. mál]

um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Lög þessi gilda um alþjóðaverslun með dýr og plöntur sem heyra undir samninginn að svo miklu leyti sem önnur lög gera ekki strangari kröfur.

2. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, nema hvað sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða nytjastofna sjávar.

Sækja skal um leyfi eða vottorð til hlutaðeigandi stjórnvalds vegna verslunar með dýr eða plöntur sem heyra undir lög þessi.

3. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Samningurinn:* Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) sem gerður var í Washington 3. mars 1973 ásamt breytingum á honum sem gerðar voru í Bonn 22. júní 1979 og viðaukum við hann, fyrir utan þau atriði sem Ísland hefur gert fyrirvara við.
2. *Umsækjandi leyfis eða vottorðs:* Sérhver aðili sem sækir um innflutnings-, útflutnings- eða endurútflutningsleyfi eða vottorð vegna aðflutnings úr sjó.
3. *Verslun*:
   a. innflutningur,
   b. útflutningur,
   c. endurútflutningur sem er útflutningur á dýri eða plöntu sem áður hefur verið flutt inn,
   d. aðflutningur úr sjó sem er innflutningur á dýri eða plöntu sem tekin hefur verið úr sjó utan lögsögu ríkja.
4. *Dýr eða planta:* Sérhvert dýr eða planta og auðþekkjanlegur hluti og afleiðsla þess, sem fjallað er um í samningnum og viðaukum við hann, fyrir utan þau atriði sem Ísland hefur gert fyrirvara við.

4. gr.

Til að stuðla að framkvæmd laga þessara setja umhverfisráðherra og sjávarútvegsráðherra í reglugerð almenn ákvæði um:

1. verslun með dýr og plöntur,
2. innflutnings-, útflutnings- og endurútflutningsleyfi og vottorð vegna aðflutnings úr sjó,
3. lista yfir dýr og plöntur sem talin eru upp í I. viðauka við samninginn og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við, svo og reglur um verslun með þau,
4. lista yfir dýr og plöntur sem talin eru upp í II. viðauka við samninginn og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við, svo og reglur um verslun með þau,
5. lista yfir dýr og plöntur sem taldar eru upp í III. viðauka við samninginn og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við, svo og reglur um verslun með þau,

6. undanþágur frá almennum reglum um verslun með dýr og plöntur í samræmi við samninginn,
7. hlutverk leyfisveitenda og vísindalegra stjórnvalda,
8. verslun með dýr og plöntur við ríki sem ekki eru aðilar að samningnum,
9. eftirlit stjórnvalda með því að ákvæðum laganna sé framfylgt,
10. meðferð lifandi dýra,
11. önnur atriði sem falla undir samninginn.

5. gr.

Umsækjandi leyfis eða vottorðs skal veita hlutaðeigandi stjórnvaldi upplýsingar sem það óskar eftir í því skyni að framfylgja ákvæðum laganna, svo sem leggja fram eða veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, bréfum, leyfum og vottorðum, samningum og öðrum gögnum er varða verslun með dýr eða plöntur.

Kostnaður við meðferð umsókna um leyfi eða vottorð skv. 2. mgr. 2. gr. greiðist af umsækjanda um leyfi eða vottorð. Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að setja gjaldskrá sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun til brota gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, varðar refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um hlutdeild í brotum.

Heimilt er að gera upptæk til ríkissjóðs dýr eða plöntur sem hafa verið flutt eða reynt hefur verið að flytja ólöglega inn eða á annan hátt verið farið með andstætt ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim, án tillits til þess hver er eigandi þeirra eða til eignarhafta sem á þeim hvíla.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og verður honum þá gerð fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga. Einnig er lögaðili ábyrgur fyrir greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda sé brot framið í starfi hans hjá lögaðilanum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu sem gerður var í Washington 3. mars 1973 ásamt breytingu á honum sem gerð var í Bonn 22. júní 1979, hér eftir nefndur samningurinn. Um er að ræða samning sem hefur það að markmiði að vernda villt dýr og plöntur sem eru í útrýmingarhættu með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þau. Hann nær bæði til viðskipta með lifandi dýr og dauð, auk plantna. Samningurinn hefur að geyma reglur um innflutning, útflutning og endurútflutning dýra og plantna og aðflutning tegunda úr sjó sem skráð eru í viðaukum við samninginn. Með þingsályktun 14. desember 1999 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að gerast aðili að samningnum fyrir Íslands hönd og var samningurinn í heild sinni ásamt viðaukum birtur með þingsályktunartillögunni. Samningurinn var

fullgiltur af Íslands hálfu 3. janúar 2000 og á hann að öðlast gildi að því er Ísland varðar 2. apríl 2000.

Í frumvarpinu er lagt til að efnisreglur um framkvæmd frumvarpsins verði settar í reglugerð. Gert er ráð fyrir að þær verði a.m.k. tvær, enda heyrir frumvarpið samkvæmt efni sínu undir tvö ráðuneyti, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Unnið var að frumvarpinu í náinni samvinnu við sjávarútvegsráðuneytið.

Samningurinn sem frumvarpinu er ætlað að leiða í íslenskan rétt fjallar um innflutning, útflutning, endurútflutning og aðflutning dýra og plantna úr sjó. Dýr og plöntur sem falla undir samningin eru talin upp og flokkuð í þrjá viðauka en mismunandi reglur gilda um verslun með þau eftir hvaða viðauka þau falla undir.

Í I. viðauka samningsins eru tegundir sem eru í útrýmingarhættu og viðskipti hafa eða geta haft áhrif á. Verslun með dýr og plöntur sem skráð eru í þessum viðauka er aðeins heimiluð í undantekningartilvikum og með því skilyrði að tilskilin innflutnings-, útflutnings- og/eða endurútflutningsleyfi viðkomandi landa, eða vottorð vegna aðflutnings úr sjó, séu fyrir hendi.

Í II. viðauka eru tegundir sem kunna að vera í útrýmingarhættu ef ekki er höfð stjórn á alþjóðaverslun með þær. Alþjóðaverslun með tegundir í þessum viðauka er einungis heimiluð að uppfylltu því skilyrði að tilskilin útflutnings- og/eða endurútflutningsleyfi viðkomandi landa, eða vottorð vegna aðflutnings úr sjó, séu fyrir hendi.

Innflutningsleyfi vegna tegunda í I. viðauka má aðeins veita ef tryggt er að viðkomandi eintak sé ekki nýtt fyrst og fremst í viðskiptalegum tilgangi og að innflutningur þess stefni tegundinni ekki í hættu. Útflutningsleyfi vegna tegunda í I. og II. viðauka má aðeins veita ef viðkomandi eintak hefur verið fengið löglega og viðskiptin stefna tegundinni ekki í hættu. Það skilyrði er jafnframt sett fyrir veitingu útflutningsleyfis vegna tegunda í I. viðauka að tilskilið innflutningsleyfi sé þegar fyrir hendi. Endurútflutningsleyfi vegna tegunda í I. og II. viðauka má aðeins veita ef eintakið var flutt inn samkvæmt ákvæðum samningsins. Útflutningsleyfi vegna tegunda í III. viðauka má aðeins veita ef viðkomandi eintaks var aflað löglega. Vottorð vegna aðflutnings úr sjó á eintaki tegundar í I. og II. viðauka má aðeins veita ef staðfest er að aðflutningurinn stefni tegundinni ekki í hættu. Það skilyrði er jafnframt sett fyrir veitingu vottorðs vegna tegunda í I. viðauka að fyrir liggi að viðkomandi eintak verði ekki nýtt fyrst og fremst í viðskiptalegum tilgangi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið frumvarpsins en lagt er til að það gildi um alþjóðaverslun með dýr og plöntur sem falla undir samninginn. Lagt er til að frumvarpið gildi einungis að svo miklu leyti sem önnur lög geri ekki strangari kröfur, t.d. um innflutning dýra, en það er í samræmi við samninginn sem heimilar aðildarríkjum að gera strangari kröfur um verslun með dýr og plöntur en samningurinn gerir.

Um 2. gr.

Frumvarpið heyrir samkvæmt efni sínu undir tvö ráðuneyti, umhverfisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti hvað varðar nytjastofna sjávar. Er þessi skipting í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Í 2. mgr. er, í samræmi við skyldur þær sem Ísland gekkst undir samkvæmt samningnum, gert ráð fyrir að öll verslun með dýr og plöntur sem heyra undir lögin sé leyfisskyld. En samningurinn kveður á um að sækja þurfi um sérstakt leyfi eða vottorð til viðeigandi stjórnvalds vegna inn- og útflutnings, endurútflutnings og aðflutnings úr sjó.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem er að finna í frumvarpinu. Við skilgreiningu á hugtökunum hefur m.a. verið byggt á skilgreiningum sem fram koma í samningnum.

Um 4. gr.

Í greininni er að finna heimild fyrir umhverfisráðherra og sjávarútvegsráðherra til að setja reglugerð um atriði sem talin eru upp í ellefu töluliðum. Þau atriði sem þar koma fram eru helstu efnisatriði er varða framkvæmd samningsins auk almennrar heimildar um önnur atriði sem undir hann falla og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við.

Um 5. gr.

Í greininni er að finna heimildir til handa stjórnvöldum til að krefja þann sem sækir um leyfi eða vottorð um að leggja fram eða veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, bréfum, leyfum og vottorðum, samningum og öðrum gögnum sem varða verslun með dýr og plöntur.

Í 2. mgr. er lögð til gjaldtökuheimild vegna kostnaðar við meðferð umsókna um leyfi eða vottorða, en gert er ráð fyrir að allur kostnaður við meðferð umsókna, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins, greiðist af umsækjanda. Heimilt er viðkomandi ráðherra að setja gjaldskrá og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um refsingu fyrir brot gegn ákvæðum laganna og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Varða brot sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Er ákvæðið í samræmi við skyldur þær sem Ísland gekkst undir samkvæmt samningnum en skv. 8. gr. samningsins skulu aðildarríki hans gera viðeigandi ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum hans, m.a. banna verslun með dýr og plöntur í útrýmingarhættu sem brýtur í bága við ákvæði samningsins og gera hana refsiverða.

Í 2. mgr. er lagt til að tilraun til brota gegn frumvarpinu og reglugerðum settum samkvæmt því varði refsingu sem fullframið brot og að hið sama gildi um hlutdeild í brotum.

Í 3. mgr. er lögð til heimild til að gera upptæk dýr og plöntur sem hafa verið flutt eða reynt hefur verið að flytja á ólögmætan hátt inn til landsins eða á annan hátt verið farið með andstætt ákvæðum frumvarpsins eða fyrirmæla sem sett eru samkvæmt því. Samningurinn gerir þær kröfur að heimild sé samkvæmt landsrétti hvers lands að sjá um að dýr og plöntur sem flutt eru inn til aðildarríkis í bága við ákvæði samningsins séu gerð upptæk eða flutt aftur til útflutningslandsins.

Í 4. mgr. er heimild til að sekta jafnt lögaðila sem einstakling. Lagt er til að verði brot framið í starfsemi lögaðila verði honum gerð fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga. Lagt er til að lögaðili beri ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda sé brot framið í starfi hans hjá lögaðilanum.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES).

Tilgangurinn með frumvarpinu er að staðfesta aðild Íslands að CITES, alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, en með aðild gæti Ísland haft áhrif á hvaða tegundir eru skráðar í viðauka við samninginn um dýr og plöntur í útrýmingarhættu. Þetta er m.a. mikilvægt í ljósi vaxandi umfjöllunar um skráningu nytjastofna sjávar í viðaukann. CITES-samningurinn fjallar um inn- og útflutning á dýrum og plöntum sem eru á lista yfir dýr og plöntur sem kunna að vera eða eru í útrýmingarhættu og inn- og útflutning vara sem hefur áhrif á þessa verslun.

Kostnaður við aðildina er tvíþættur: Annars vegar er leyfisveiting og vottun sem greiðist af umsækjenda. Sjávarútvegsráðuneyti með Hafrannsókastofnunina sem umsagnaraðila veitir leyfi og vottar fyrir verslun með nytjastofa sjávar. Umhverfisráðuneyti með Náttúrufræðistofnun sem umsagnaraðila veitir leyfi og vottar fyrir aðrar tegundir en þær sem koma úr sjó. Miðað við tölur frá viðkomandi stofnunum þurfa árlegar tekjur af leyfisveitingu að verða 1,2 m.kr. fyrir vörur úr sjó og 1,5 m.kr. af annarri vöru til að standa undir kostnaði. Hins vegar kostar ríkissjóður ferða- og þjálfunarkostnað fulltrúa stofnana sem koma til með að sjá um upplýsingaöflun fyrir Ísland á alþjóðavettvangi. Reiknað er með að sá kostnaður verði um 500.000 kr. fyrir hverja stofnun fyrir sig eða alls 2 m.kr. á ári.

860. Frumvarp til laga [558. mál]

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87 12. júní 1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. 2. mgr. orðast svo:
   Staðfesting samvistar getur aðeins farið fram ef:
   a. báðir einstaklingarnir eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari sem hefur fasta búsetu hér á landi, eða
   b. báðir einstaklingarnir hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu samvistar þeirra.
2. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ríkisborgararéttur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt skv. a-lið 2. mgr. Dómsmálaráðherra getur ákveðið í reglugerð að ríkisborgararéttur í öðru landi þar sem í gildi eru lög um staðfesta samvist, sem eru hliðstæð lögum þessum, verði einnig lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Lagaákvæði, sem hafa sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans, gilda ekki um staðfesta samvist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Markmið frumvarpsins er að breyta skilyrðum til að stofna til staðfestrar samvistar. Um er að ræða rýmkun sem eðlilegt og sanngjarnt þykir að gera með tilliti til borgara annarra ríkja. Sambærileg breyting og hér er lögð til hefur þegar verið gerð á dönsku lögunum um staðfesta samvist. Stjórnarfrumvarp, sem er efnislega eins og dönsku lögin og þetta lagafrumvarp, er nú til meðferðar í þinginu í Noregi. Í Svíþjóð hefur einnig komið fram stjórnarfrumvarp þar sem lögð er til rýmkun skilyrða til að stofna til staðfestrar samvistar með tilliti til borgara annarra norrænna ríkja. Þar sem löggjöf í Danmörku, Noregi og Svíþjóð um staðfesta samvist er hliðstæð íslenskri löggjöf þykir rétt að leggja ríkisborgararétt í einhverju þessara ríkja að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt.

Með tilliti til annarra ríkja sem kunna að lögleiða hliðstæð ákvæði og í gildi eru hér á landi þykir rétt að dómsmálaráðherra geti ákveðið í reglugerð að ríkisborgararéttur í ríki þar sem löggjöf um staðfesta samvist er hliðstæð íslenskri löggjöf verði lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt með sama hætti og danskur, norskur eða sænskur ríkisborgararéttur verður ef frumvarp þetta verður að lögum. Sem dæmi má nefna að í finnska dómsmálaráðuneytinu hefur löggjöf um staðfesta samvist verið til athugunar og er þar litið til annarra norrænna ríkja um fyrirmynd. Rétt er að geta þess að ekki er lagt til að ríkisborgararéttur í öllum ríkjum sem þegar hafa löggjöf um staðfesta samvist verði lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt. Framangreind heimild dómsmálaráðherra er bundin því skilyrði að löggjöf í því ríki sem um er að ræða sé hliðstæð þeirri íslensku. Hefur hér verið valin sama leið og farin var í Danmörku og lögð er til í norska frumvarpinu, þ.e. að leggja að jöfnu í lögunum ríkisborgara Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, en í sænska frumvarpinu er hins vegar gengið lengra og þar er hollenskur ríkisborgararéttur að auki lagður að jöfnu við sænskan í þessu efni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður ríkisborgararéttur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt sem skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar. Þessi rýmkun verður að teljast eðlileg og sanngjörn þar sem gildandi ákvæði laganna takmarkar mjög heimildir borgara annarra ríkja, sem einnig viðurkenna staðfesta samvist, til þess að stofna til staðfestrar samvistar á Íslandi. Sem dæmi um áhrif framangreindrar lagabreytingar sem gerð var í Danmörku má nefna að tveir Íslendingar af sama kyni, sem eiga lögheimili í Danmörku, geta nú fengið samvist staðfesta þar í landi, en áður gátu þeir það hvorki í Danmörku né á Íslandi vegna kröfunnar um ríkisborgararétt og lögheimili. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður dómsmálaráðherra enn fremur heimilt að ákveða að ríkisborgararéttur í öðru ríki en Danmörku, Noregi eða Svíþjóð verði lagður að jöfnu við

íslenskan ríkisborgararétt í þessu sambandi, þó því aðeins að löggjöf um staðfesta samvist í því ríki sé hliðstæð íslenskri löggjöf.

Með vísun til framanritaðs er lagt til að gerð verði sambærileg breyting á íslensku lögunum um staðfesta samvist og gerð hefur verið á dönsku lögunum að því er varðar norræna ríkisborgara og heimild fyrir dómsmálaráðherra til að ákveða í reglugerð um borgara annarra landa sem hafa lög um staðfesta samvist er hliðstæð eru íslensku lögunum. Í gildandi lögum er það skilyrði sett til að staðfesta megi samvist að a.m.k. annar einstaklingurinn sé íslenskur ríkisborgari sem eigi lögheimili hér á landi. Í greinargerð með frumvarpi til gildandi laga er tekið fram að í 2. mgr. 2. gr. sé átt við lögheimili í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, þ.e. stað þar sem maður hefur fasta búsetu. Það er því ekki gerð breyting á gildandi rétti þótt hér sé lagt til að í texta laganna sé mælt sé fyrir um fasta búsetu í stað lögheimilis, en í 2. og 3. mgr. fyrrgreindrar 1. gr. laga um lögheimili kemur fram hvað felst í fastri búsetu. Þykir rétt að taka í lögunum sjálfum af allan vafa um að skráning lögheimilis hér á landi í tvö ár fullnægir ekki skilyrðum ákvæðisins nema um raunverulega búsetu hér á landi hafi verið að ræða.

Þá er lagt til í b-lið að lögfest verði sambærilegt ákvæði og er í dönsku lögunum um að nægilegt sé að báðir einstaklingarnir hafi haft búsetu í landinu í tvö ár, án tillits til ríkisfangs, en ákvæðið miðar að því að auka réttindi þeirra sem hér hafa fasta búsetu. Ef hvorugur einstaklinganna hefur íslenskan ríkisborgararétt, eða ríkisborgararétt í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð, verður það skilyrði til stofnunar staðfestrar samvistar að báðir einstaklingarnir hafi átt fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin. Í sænska frumvarpinu, sem fyrr er sagt frá, er lagt til að nóg sé að annar aðilinn hafi búið í Svíþjóð síðustu tvö ár þótt hvorugur sé ríkisborgari í Svíþjóð eða hafi ríkisborgararétt sem lagður er að jöfnu við sænskan ríkisborgararétt í frumvarpinu. Hér hefur hins vegar verið valin sama leið og farin var í Danmörku og lögð er til í norska frumvarpinu og það gert að skilyrði fyrir stofnun staðfestrar samvistar að báðir einstaklingarnir hafi haft fasta búsetu hér á landi í a.m.k. tvö ár ef hvorugur þeirra er íslenskur, danskur, norskur eða sænskur ríkisborgari. Rétt er að benda á að með fáum undantekningum hefur staðfest samvist enn ekki gildi í öðrum ríkjum en hér hafa verið nefnd, án tillits til ríkisfangs aðila.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að bætt verði í 6. gr. laganna ákvæði um að lagaákvæði sem hafa sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans gildi ekki um staðfesta samvist. Ákvæðinu er ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hefur eðli málsins samkvæmt þýðingu. Þetta getur t.d. átt við um feðrun barna, en feðrunarreglur um börn giftra foreldra og sambúðarforeldra í barnalögum geta ekki gilt um staðfesta samvist því að óhugsandi er að kona í staðfestri samvist geti verið faðir barns sem maki hennar elur. Þessi tillaga byggist á eðli máls og þarfnast ekki skýringa. Tekið er fram að þessi breyting haggar ekki þeirri réttarstöðu að annar einstaklingurinn í staðfestri samvist fer með forsjá barns hins sem hann eða hún hefur forsjá fyrir, sbr. 3. mgr. 30. gr. barnalaga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87 12. júní 1996.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á skilyrðum til að stofna til staðfestrar samvistar til samræmis við ákvæði laga sem gilda á þessu sviði í öðrum löndum. Ekki er talið að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

861. Frumvarp til laga [559. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (nálgunarbann).

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

1. gr.

Við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

3. Skylt er dómara að verða við ósk manns um að skipa honum verjanda ef þess er krafist að hann sæti nálgunarbanni.

2. gr.

Á eftir orðinu „sinnt“ í d-lið 98. gr. laganna kemur: kvaðningu skv. 110. gr. b eða.

3. gr.

Á eftir XIII. kafla laganna kemur nýr kafli, XIII. kafli A, **Nálgunarbann,** með fjórum nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (110. gr. a.)

Heimilt er leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á.

b. (110. gr. b.)

1. Lögregla gerir kröfu um nálgunarbann.

2. Eftir að dómara hefur borist krafa um nálgunarbann ákveður hann stað og stund þinghalds til að taka kröfuna fyrir og gefur út kvaðningu á hendur þeim sem krafan beinist að. Í kvaðningu skal greina stað og stund þinghalds ásamt áskorun til viðtakanda um að sækja þing. Þá skal þess getið í kvaðningu að verði henni ekki sinnt megi lögregla færa viðtakanda fyrir dóm með valdi ef með þarf.

c. (110. gr. c.)

1. Þegar krafa um nálgunarbann er tekin fyrir kynnir dómari hana þeim sem hún beinist að. Skal honum gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna. Heimilt er í því skyni að veita frest sem ekki skal vera lengri en tveir sólarhringar. Að svo búnu leggur dómari úrskurð á kröfuna.

2. Nálgunarbanni skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en eitt ár. Nálgunarbann verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður.

3. Dómari ákveður sakarkostnað í úrskurði sínum.

d. (110. gr. d.)

1. Nú er sá sem sætir nálgunarbanni ekki viðstaddur þegar úrskurður er kveðinn upp og skal þá úrskurður birtur honum með venjulegum hætti, sbr. 20. gr.

2. Þegar ástæður þær sem lágu til grundvallar nálgunarbanni eru ekki lengur fyrir hendi getur lögregla fellt bannið úr gildi. Ákvörðun lögreglu um að fella úr gildi bann verður ekki borin undir dómara.

3. Lögregla skal tilkynna þeim sem njóta á verndar með nálgunarbanni um að krafa verði lögð fyrir dóm, um lyktir máls og lok nálgunarbanns.

II. KAFLI
Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

4. gr.

1. mgr. 232. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 16/1976, orðast svo:

Ef maður brýtur gegn nálgunarbanni samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að 2 árum.

III. KAFLI
Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra og unnið í samráði við refsiréttarnefnd og réttarfarsnefnd.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði til að vernda þá sem hafa orðið fyrir ofsóknum og ógnunum og felst það í því að unnt verði að leggja svokallað nálgunarbann á þann sem veldur ofsóknum eða ógnunum. Í slíku banni felst að sá sem því sætir má ekki koma á tiltekinn stað eða svæði eða ónáða með einum eða öðrum hætti þann sem verndaður er af banninu. Í frumvarpinu er lagt til að í réttarfarslögum verði kveðið á um hvenær manni verði gert að sæta nálgunarbanni og um meðferð slíkrar kröfu fyrir dómstólum. Þá er lagt til að í hegningarlögum verði mælt fyrir um refsingu við broti gegn nálgunarbanni. Frumvarpið er liður í því að bæta réttarstöðu þeirra sem eru þolendur afbrota, en ýmis lög hafa verið sett í sama skyni á undanförnum árum. Hér má helst nefna lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, og lög nr. 36/1999, um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, en með þeim var bætt til muna réttarstaða brotaþola við meðferð opinberra mála.

Áður en vikið verður að efni frumvarpsins verður í stuttu máli gerð grein fyrir aðdraganda þess.

II.

Hinn 2. desember 1993 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem meðal annars var falið að kanna hvort setja ætti í lög reglur um nálgunarbann. Nefndin skilaði lokaskýrslu sinni 3. febrúar 1998 og þar kemur fram það mat nefndarinnar að nálgunarbann geti verið virkt úrræði þegar framið hefur verið brot gegn lífi, heilbrigði eða frelsi manns og hætta er á að slíkt verði endurtekið eða að einstaklingur verði fyrir alvarlegu ónæði. Af þessum ástæðum lagði nefndin til að lögfest yrðu ákvæði um nálgunarbann. Þar sem nálgunarbann takmarkar frjálsræði þess sem því á að hlíta taldi nefndin rétt að slíkt bann yrði lagt á með úrskurði dómstóls að beiðni lögreglu og að ákvæði þar að lútandi ættu vel samleið með ákvæðum um þvingunarúrræði í lögum um meðferð opinberra mála. Ef reglur um nálgunarbann yrðu lögfestar taldi nefndin einnig nauðsynlegt að breyta til samræmis við það ákvæði 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga um refsinæmi þess að raska friði annars manns þrátt fyrir áminningu lögreglu. Einnig taldi nefndin rétt að refsimörk ákvæðisins yrðu sektir eða fangelsi í eitt ár, en þau eru nú sektir eða fangelsi í allt að sex mánuði.

Í mars 1997 lagði dómsmálaráðherra fram skýrslu á Alþingi um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Í kjölfar þess var ákveðið að skipa þrjár nefndir til að huga að úrbótum á þessu sviði, en þær voru nefnd til að huga að forvörnum gegn heimilisofbeldi, hjálparúrræðum fyrir þolendur og meðferðarúrræðum fyrir gerendur, nefnd til að fjalla um meðferð heimilisofbeldismála á rannsóknarstigi hjá lögreglu og nefnd til að huga að meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu. Þessar nefndir lögðu einróma til að reglur um nálgunarbann yrðu lögfestar. Í skýrslu nefndar til að huga að meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu segir meðal annars svo:

„Nefndin telur nauðsynlegt að settar verði reglur sem geri kleift að vernda þolendur heimilisofbeldis. Með því að beita nálgunarbanni má koma í veg fyrir heimilisofbeldi og bregðast við því í þeim tilvikum sem því hefur verið beitt. Markmiðið með nálgunarbanni er eins og áður hefur komið fram að vernda fórnarlambið og fyrirbyggja frekara ofbeldi. Nefndin telur brýna þörf á slíku úrræði í íslenskum lögum, enda mundi það ótvírætt bæta réttarstöðu þolenda heimilisofbeldis og annarra þolenda ofbeldis og ofsókna. Nefndin leggur til að ákvæði um nálgunarbann verði tekin upp í almenn hegningarlög og lög um meðeðferð opinberra mála. Er í þessu efni höfð hliðsjón af norskum reglum." (Alþt. 1997–1998, A-deild, bls. 5734.)

III.

Samkvæmt 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum að raska friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum, þrátt fyrir áminningu lögreglu. Refsinæmi verknaðar er því bundið undanfarandi áminningu lögreglu. Reglur um slíkt úrræði lögreglu eru ólögfestar að öðru leyti en því að tekið er fram í ákvæðinu að áminning hafi gildi í fimm ár. Í settum lögum er því ekki mælt fyrir um skilyrði áminningar eða um málsmeðferðina þegar lögregla tekur slíka ákvörðun. Þá leikur vafi á því hvort áminning lögreglu sé stjórnvaldsákvörðun, sem sæti meðferð samkvæmt stjórnsýslulögum og verði borin undir dómsmálaráðuneytið með stjórnsýslukæru, eða hvort áminning feli í sér lyktir opinbers máls og sæti því endanlegri ákvörðun ríkissaksóknara. Ástæða er til að geta þess að sárasjaldan hefur refsing verið dæmd vegna brota á 1. mgr. 232. gr. almennra hegn-

ingarlaga. Því er umhugsunarefni hvort lög veiti næga vernd þeim sem þurfa að þola ofsóknir og ógnanir.

Við samningu frumvarpsins var sérstaklega hugað að því hvernig heppilegast væri að standa að lagasetningu um nálgunarbann. Þótti koma til álita annars vegar að mæla fyrir um þetta úrræði í sérstökum lögum um nálgunarbann eða hins vegar að réttarfarsreglur um nálgunarbann yrðu í lögum um meðferð opinberra mála en refsiákvæði í almennum hegningarlögum. Að öllu virtu varð síðari kosturinn fyrir valinu og búa að baki því þær röksemdir að nálgunarbann á sér nokkra samsvörun með þvingunarúrræðum í lögum um meðferð opinberra mála, þótt nálgunarbann hafi ekki það sameiginlega einkenni þvingunarúrræða að tengjast rannsókn eða meðferð sakamáls í tilefni af tilteknu broti. Einnig er haft í huga að einkum kemur til álita að hliðstæðar reglur gildi um meðferð kröfu um nálgunarbann fyrir dómi og eiga við um þvingunarúrræði. Þá þykir einsýnt að kveða í hegningarlögum á um refsingar við broti gegn nálgunarbanni þegar litið er til alvarleika þess að maður þráskallist við boði dómara og virði að vettugi nálgunarbann. Hvað sem þessum röksemdum líður er rétt að gefa því sérstakan gaum við heildarendurskoðun laga um meðferð opinberra mála, sem nú stendur yfir, hvort ástæða sé til að skipa reglum um nálgunarbann með öðrum hætti í lögum.

Í 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar segir að allir skuli vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem settar eru með lögum. Einnig er ferðafrelsi verndað í 2. gr. samningsviðauka nr. 4 við mannréttindasáttmála Evrópu. Þó er tekið fram í ákvæðinu að takmarka megi þann rétt með lögum ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi í þágu allsherjarreglu, til að firra glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra. Samningsviðaukinn og sáttmálinn hafa lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 62/1994. Þá er ferðafrelsið verndað í 12. gr. samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, en ákvæðið gerir ráð fyrir að sá réttur verði takmarkaður með lögum, meðal annars til að vernda allsherjarreglu og réttindi og frelsi annarra, enda sé slík takmörkun samrýmanleg öðrum réttindum sem viðurkennd eru í samningnum.

Það vandamál er þekkt, sérstaklega í málum sem varða heimilisofbeldi og kúgun kvenna, að sá sem ofsækir eða ógnar heggur aftur í sama knérunn. Fórnarlambið kann því að standa frammi fyrir ítrekuðum ofsóknum eða ógnunum í einni eða annarri mynd af hálfu tiltekins manns. Ásóknir af þessu tagi er vitanlega meinlegar fyrir þann sem misgert er við og raunar einnig fjölskyldu hans. Lög sem veita nauðsynlega vernd gegn slíkri áreitni og fela í sér eðlilega takmörkun á athafnafrelsi þess sem henni veldur verða fyllilega talin samrýmast stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði mannréttinda, enda er í þeim reglum beinlínis gert ráð fyrir að slíkur réttur sæti takmörkunum vegna réttinda og frelsis annarra, svo sem hér hefur verið rakið. Þó verður að gæta þess að lagaheimild af því tagi gangi ekki lengra en nauðsyn krefur og slíkri heimild verður að beita með varúð.

Þegar haft er í huga þvingunareðli nálgunarbanns og þær hömlur sem felast í slíku banni þykir rétt vegna réttaröryggis að fela dómstólum að taka ákvörðun um hvort þessu úrræði verði beitt. Slíkt fyrirkomulag er lagt til með frumvarpinu og er gert ráð fyrir að það komi í stað áminningar lögreglu samkvæmt gildandi lögum. Hér eru einnig höfð í huga þau rök að málsmeðferð fyrir dómi leggur ríka áherslu á alvarleika þessara mála og er því frekar til þess fallin að hafa þau áhrif að látið verði af ásókn í garð þess sem njóta á verndar.

Í frumvarpinu er lagt til að brot gegn nálgunarbanni varði sektum eða fangelsi allt að einu ári. Ef brot er ítrekað eða stórfellt er lagt til að það geti varðað fangelsi allt að tveimur árum. Þessi refsimörk taka mið af því að brot gegn nálgunarbanni beinist ekki eingöngu að þeim sem misgert er við heldur felst brotið einnig í því að virða að vettugi dómsniðurstöðu. Brot gegn slíkum fyrirmælum dóms bendir til einbeitts brotavilja og því getur verið ástæða til að

ætla að framhald verði á brotastarfsemi. Það kann að leiða til þess að sakborningi verði í kjölfar brots gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga má ákveða í dómi að fresta skuli með skilyrðum um tiltekinn tíma ákvörðun um refsingu eða fullnustu refsingar. Í 2. tölul. 3. mgr. ákvæðisins er að finna heimild til að binda slíka ákvörðun því skilyrði að dómþoli hlíti fyrirmælum umsjónarmanns um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómstunda. Skv. 2. mgr. 41. gr. hegningarlaganna verður reynslulausn einnig bundin þessu skilyrði og sama gildir um skilorðsbundna náðun. Þessu skilyrði verður meðal annars beitt í því skyni að veita brotaþola vernd gegn þeim sem misgert hefur gegn honum. Ekki er vitað um dæmi þess að umræddu skilyrði hafi verið beitt á þennan veg. Hvað sem því líður er heimildin fyrir hendi og frekar er ástæða til að ætla að henni verði beitt ef reglur um nálgunarbann verða lögfestar. Af þessum sökum þykir að svo komnu ekki ástæða til að leggja til breytingar á þessum ákvæðum almennra hegningarlaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laga um meðferð opinberra mála er dómara skylt að verða við ósk sakbornings og skipa honum verjanda ef þess hefur verið krafist að hann verði settur í gæsluvarðhald eða ef opinbert mál hefur verið höfðað gegn honum. Í frumvarpsgreininni er lagt til að maður sem krafist er að sæti nálgunarbanni eigi einnig rétt á að fá sér skipaðan verjanda. Hér er haft í huga þvingunareðli nálgunarbanns og þær hömlur sem það leggur á þann sem bannið beinist gegn. Þótt nálgunarbann sem slíkt teljist ekki refsing og tilefni þess þurfi ekki endilega að vera rakið til refsiverðrar háttsemi í garð þess sem misgert var við felst allt að einu alvarleg ásökun í kröfu um nálgunarbann. Af þeim sökum er brýnt tilefni til að tryggja sem best réttaröryggi. Þykja því veikamikil rök mæla með að sá sem krafan beinist gegn eigi skilyrðislausan rétt á aðstoð verjanda.

Um 2. gr.

Samkvæmt d-lið 98. gr. laga um meðferð opinberra mála er lögreglu heimilt að handtaka mann ef hann hefur ekki að forfallalausu sinnt fyrirkalli um að mæta fyrir dóm vegna saksóknar á hendur honum eða ef maður gegnir ekki kvaðningu um að gefa skýrslu í opinberu máli. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að einnig verði heimilt að handtaka mann ef hann virðir að vettugi kvaðningu um að mæta fyrir dóm vegna kröfu um nálgunarbann á hendur honum. Nauðsynlegt getur verið að krefja viðkomandi skýringa, auk þess sem hafa verður hliðsjón af þeim varnaðaráhrifum sem málsmeðferð fyrir dómi getur haft þannig að látið verði af ásókn í garð annarra. Þetta er jafnframt í samræmi við almennar reglur um meðferð opinberra mála.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að nýr kafli bætist við lög um meðferð opinberra mála með fjórum greinum og þar verði fjallað um málsmeðferðina fyrir dómi vegna kröfu um að maður sæti nálgunarbanni. Lagt er til að kaflinn komi næst á eftir þeim köflum laganna sem fjalla um þvingunarúrræði vegna rannsóknar eða meðferðar opinbers máls.

Um a-lið (110. gr. a).

Í þessu ákvæði er að finna þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til að nálgunarbann verði ákveðið. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að leggja bann við því að maður komi á tiltek-

inn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann, ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á. Við mat á því hvort þessum skilyrðum sé fullnægt verður að líta til fyrri hegðunar manns sem krafa beinist gegn og samskipta hans við þann sem vernda á með banninu. Hér koma til álita fyrri afbrot, hótanir, ögranir og önnur atriði sem veitt geta rökstudda vísbendingu um það sem koma skal eða kann að vera í vændum. Til að draga megi ályktanir þar að lútandi verður krafa að vera studd haldgóðum og áreiðanlegum gögnum og því verður nálgunarbann ekki reist á því einu að sá sem leitar verndar hafi beyg af öðrum manni. Þær athafnir sem eru tilefni nálgunarbanns þurfa í sjálfu sér ekki að vera refsiverðar og nálgunarbann verður lagt á þótt einungis megi gera ráð fyrir ónæði af hálfu þess sem bannið beinist gegn. Að þessu leyti verður þó að gera nokkrar kröfur og því nægir ekki að búast megi við smávægilegum ama.

Um b-lið (110. gr. b).

Samkvæmt 1. mgr. getur aðeins lögregla krafist þess fyrir dómi að maður sæti nálgunarbanni. Almennt er ekki gert ráð fyrir að slík krafa verði höfð uppi nema eftir beiðni þess sem njóta á verndar. Það er þó ekki skilyrði og því getur lögregla óbeðin krafist nálgunarbanns ef það þykir nauðsynlegt. Í þeim efnum er haft í huga að viðkomandi getur verið ókleift að setja fram slíka beiðni vegna tengsla eða sambands við þann sem krafa beinist gegn.

Í 2. mgr. er fjallað um ákvörðun dómara um þinghald til að taka fyrir kröfu um nálgunarbann og um kvaðningu sem dómari gefur út á hendur þeim sem krafa beinist gegn. Í kvaðningu skal berum orðum tekið fram að verði henni ekki sinnt megi lögregla færa viðtakanda fyrir dóm með valdi ef með þarf.

Um c-lið (110. gr. c).

Í 1. mgr. er fjallað um málsmeðferðina fyrir dómi þegar tekin er fyrir krafa um nálgunarbann. Dómari kynnir kröfuna fyrir þeim sem hún beinist að og gefur honum kost á að tjá sig um kröfuna. Í því skyni er heimilt að veita frest í tvo sólarhringa. Í ljósi þess að krafa um nálgunarbann verður tæplega tekin til greina nema hún styðjist við haldgóð gögn þykir ekki nauðsynlegt að þessi frestur verði lengri. Ekki er gert ráð fyrir viðamikilli gagnaöflun fyrir dómi en þess í stað leiðir vafi um réttmæti kröfu til þess að henni verður hafnað. Einnig þykir nauðsynlegt að málsmeðferð fyrir dómi gangi greiðlega fyrir sig svo að unnt verði fljótt að skapa þá vernd sem felst í nálgunarbanni.

Í úrskurði um nálgunarbann verður að afmarka og lýsa af nákvæmni hvað felst í banninu þannig að þeim sem það beinist gegn megi vera ljóst hvaða athafnir honum séu meinaðar. Nákvæmni að þessu leyti er mikilvæg svo að unnt verði að slá því föstu hvort brotið hafi verið gegn banni. Þegar bannið er afmarkað verður að gæta þess að það veiti hæfilega vernd án þess þó að lagðar séu ríkari hömlur en nauðsyn ber til á þann sem bannið beinist gegn. Úrskurður um nálgunarbann er kæranlegur til Hæstaréttar eftir almennum reglum.

Samkvæmt 2. mgr. skal nálgunarbanni markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en eitt ár. Nálgunarbann verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður. Ef krafist er framlengingar á nálgunarbanni verður að meta á ný hvort skilyrði þess eru fyrir hendi. Í þeim efnum hafa áhrif atvik eftir að bann var upphaflega ákveðið.

Í 3. mgr. er tekið fram að dómari skuli í úrskurði ákveða sakarkostnað í úrskurði sínum. Um það fer eftir XIX. kafla laganna.

Um d-lið (110. gr. d).

Í 1. mgr. er fjallað um birtingu úrskurðar fyrir þeim sem bann beinist gegn.

Samkvæmt 2. mgr. getur lögregla fellt úr gildi nálgunarbann ef ástæður sem lágu til grundvallar því eru ekki lengur fyrir hendi. Ekki er gert ráð fyrir að sá sem naut verndar geti

borið slíka ákvörðun lögreglu undir dómara, en það leiðir einnig af því að viðkomandi á ekki beina aðild að máli.

Þá er lagt til í 3. mgr. að lögreglu beri að tilkynna þeim sem njóta á verndar með nálgunarbanni um að krafa verði lögð fyrir dóm, um lyktir máls og lok nálgunarbanns.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að brot gegn nálgunarbanni verði mælt refsivert í 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga og að það varði sektum eða fangelsi allt að einu ári, en fangelsi allt að tveimur árum ef brot er ítrekað eða stórfellt. Þessi refsimörk taka meðal annars mið af því að sá sem brýtur gegn nálgunarbanni virðir að vettugi fyrirmæli dómara. Einnig er litið til þess að brot gegn nálgunarbanni er jafnan meinlegt fyrir þann sem bannið verndar. Af þessum sökum eru lögð til nokkuð hærri refsimörk en eiga við um brot það sem nú er lýst í ákvæðinu.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (nálgunarbann).

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði úrræði til að vernda þá sem verða fyrir ofsóknum og ógnunum með því að heimilt verði að leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða nálgist annan mann. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að slíkum málum hjá dómstólum fjölgi eitthvað og einnig má gera ráð fyrir nokkru fleiri verkefnum hjá lögreglu við að undirbúa og setja fram kröfu fyrir dómi vegna nálgunarbanns. Ekki er þó talið að af því leiði umtalsverðan kostnaðarauka.

862. Frumvarp til laga [560. mál]

um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

I. KAFLI
Breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

1. gr.

3. og 4. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Barnalífeyrir, sem greiddur er skv. 3. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og 14. gr. laga um almannatryggingar, með síðari breytingum, vegna barns ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað, né heldur barnsmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar sýslumanns eða samkomulags um framfærslu barns sem staðfest hefur verið af sýslumanni. Meðlög eða framfærslulífeyrir til maka eða fyrrverandi maka telst ekki til tekna hjá móttakanda hafi hjónin slitið samvistum eða eftir lögskilnað, að því leyti sem greiðslur þessar takmarkast við sömu fjárhæð og lágmarks ellilífeyrir (grunnlífeyrir) er til einstaklinga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

II. KAFLI
Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Foreldri, sem fær úrskurð stjórnvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur samkvæmt úrskurði innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur um aldur barna. Sama skal gilda um foreldri sem leggur fram staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur og aðrar greiðslur skv. III. kafla barnalaga.

III. KAFLI
Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

4. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Innheimtustofnun sveitarfélaga skal einnig innheimta, sé þess óskað, þann hluta barnsmeðlags, sem er hærri en lögmæltur barnalífeyrir, svo og aðrar kröfur, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyri hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.

IV. KAFLI
Breyting á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum.
5. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðilum, er greinir í 27. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um aldur barns er greinir í almannatryggingalögum svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði á hverjum tíma.

V. KAFLI
Gildistaka.
6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er tvíþætt:

— að leiðrétta það ranglæti að meðlagsgreiðslur umfram lágmarksmeðlag séu skattlagðar.
— að fela Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu á meðlagsgreiðslum umfram lágmarksmeðlag líkt og nú er gert varðandi lágmarksmeðlag.

Í þessu skyni eru lagðar til breytingar á fernum lögum. Í fyrsta lagi er lagt til að breytt verði lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, þannig að meðlagsgreiðslur umfram lögboðið lágmarksmeðlag verði skattfrjálsar. Í öðru lagi er lögð til breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem felur í sér að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að greiða einnig meðlag umfram lágmarksmeðlag, þ.e. aukameðlag, sem úrskurðað er af sýslumanni eða aðilar semja um. Í þriðja lagi er lagt til að sú breyting verði á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, að stofnuninni verði gert skylt, sé þess óskað, að innheimta aukameðlagsgreiðslur. Að lokum er lagt til að barnalögum verði breytt eins og lögum um almannatryggingar.

Innheimta meðlagsgreiðslna.

Samkvæmt 25. gr. barnalaga, er Tryggingastofnun ríkisins skylt að greiða foreldri barns sem á framfærslurétt hér á landi og öðrum sem eru nefndir í 27. gr. laganna framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns sem greinir í almannatryggingalögum svo sem þau mæla fyrir um á hverjum tíma.

Í 2. mgr. 11. gr. og 17. gr. barnalaga er gengið út frá því að óheimilt sé að ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í almannatryggingalögum. Hvergi er að finna ákvæði sem kveður á um hámark meðlagsgreiðslna.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga er það hlutverk stofnunarinnar að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnun barna þeirra samkvæmt almannatryggingalögum. Heimild er fyrir því í 3. mgr. 3. gr. laganna að stofnunin taki að sér innheimtu á aukameðlögum. Þessa heimild hefur stofnunin aldrei nýtt, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið eftir því leitað. Sé samið um hærra meðlag en lágmarksmeðlag eða sýslumaður úrskurðar slíkt þarf foreldrið sjálft að innheimta það sem er umfram lágmarksmeðlag eftir öðrum leiðum. Í frumvarpinu er þessi inn-

heimta gerð að skyldu Innheimtustofnunar ásamt því að felld er brott heimild stofnunarinnar til að taka greiðslu fyrir innheimtuna.

Algengast er að meðlagsgreiðendur, sem í flestum tilvikum eru feður, séu aðeins krafnir um lágmarksmeðlag, þótt heimild sé fyrir aukameðlagi miðað við að mánaðartekjur greiðenda fari yfir 200 þús. kr. Að vísu hefur færst í vöxt að í samningum um skilnaðarkjör og forsjá barna sé kveðið á um greiðslu hærra meðlags en sem nemur fjárhæð barnalífeyris. Þannig hefur þeim samningum fjölgað nokkuð sem kveða á um greiðslu tvöfalds meðlags. Dómsmálaráðuneytið gefur út viðmiðunarreglur til leiðbeiningar við ákvarðanatöku í málum vegna krafna um hærra meðlag með börnum. Ástæða þess að meðlög umfram lágmarksmeðlag eru þó ekki algengari en raun ber vitni er einkum sú að viðtakendur aukameðlaganna, oftast mæður, verða að sjá um innheimtu þeirra.

Nýverið kom fram að sérfræðingar telja þessa tilhögun eina helstu ástæðu þess að margir einstæðir foreldrar sem fara með forræði barna treysti sér ekki til þess að krefjast aukameðlags þótt meðlagsgreiðandi hafi háar tekjur. Meðlag með einu barni er um 13 þús. kr. á mánuði. Það segir sig sjálft að það er ekki stór hluti af framfærslukostnaði hvers barns og því í litlu samræmi við raunveruleikann eða þarfir barnsins.

Í bók Davíðs Þórs Björgvinssonar, lagaprófessors við Háskóla Íslands, Barnarétti, sem kom út árið 1995, segir að í framkvæmd sé þeirri reglu fylgt að úrskurða aðeins aukið meðlag sé þess sérstaklega krafist. Þar af leiðandi er ekki aflað sérstakra gagna um fjárhagslegar og félagslegar aðstæður aðila nema beinlínis sé gerð krafa um hærri framfærslueyri en sem nemur lágmarksmeðlagi. Þá er bent á að skv. 1. mgr. 25. gr. barnalaga eru greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins á grundvelli stjórnvaldsúrskurðar háðar þeim takmörkunum um fjárhæð og aldur barns sem greinir í almannatryggingalögum. Þetta þýðir að Tryggingastofnun ríkisins greiðir aldrei meira samkvæmt úrskurði en sem nemur fjárhæð barnalífeyris, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma, þ.e. lágmarksmeðlag, óháð því hvort úrskurður sýslumanns eða dómsmálaráðuneytis kveður á um hærri greiðslur. Orðrétt segir Davíð Þór Björgvinsson í bók sinni: „Er þess tæplega að vænta að tilgangur 2. mgr. 10. gr. barnalaga náist að öllu leyti nema kveðið sé nánar á um hlutverk sýslumanns eða ráðuneytis varðandi öflun upplýsinga um framangreind atriði eða sú skylda lögð á herðar úrskurðaraðila að leiðbeina krefjanda í þessu efni, og/eða að reglur verði settar um rýmri aðgang að Tryggingastofnun en nú gilda.“ Ljóst er að þetta styður mjög þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Skattfrelsi meðlagsgreiðslna.

Annað meginefnisatriði frumvarpsins er að leggja til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Skv. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna hefur verið litið svo á að meðlag umfram barnalífeyri almannatryggingakerfisins væri skattskylt. Í hugum flestra er meðlag foreldris með barni ekki tekjur móttakanda heldur fremur ráðstöfun tekna meðlagsgreiðanda í þágu barnsins. Má í því sambandi benda á að í 19. gr. barnalaga kemur fram að þessi framfærslueyrir tilheyri barni. Óskiljanleg er því sú skattalega meðferð sem kveðið er á um í skattalögum að aðeins lágmarksmeðlag skuli undanþegið skatti en ekki aukameðlag. Reyndar má segja að þetta sé tvísköttun, þ.e. fyrst er greiddur skattur af tekjum meðlagsgreiðanda og síðan af meðlaginu þegar það er komið í hendur þess sem hefur forræði yfir barninu. Það verður því að teljast í hæsta máta ósanngjarnt að meðlag umfram barnalífeyri almannatryggingakerfisins myndi skattskyldar tekjur.

Við mat á því hvort líta eigi á meðlagsgreiðslur sem eðlilegt andlag skattlagningar verður að líta á eðli greiðslunnar og sifjaréttarleg tengsl foreldris og barns. Í þessu samhengi verður

færslu barns síns. Breytingin sem hér er lögð til á lögum um tekjuskatt og eignarskatt felur í sér að barnsmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar sýslumanns eða samkomulags um framfærslu barns sem staðfest hefur verið af sýslumanni teljist ekki til tekna.

Staða einstæðra foreldra.

Breyttar þjóðfélagsaðstæður sem felast m.a. í auknum menntunarkröfum leiða til þess að börn dveljast lengur í foreldrahúsum en áður og þurfa lengur á framfærslu foreldra sinna að halda. Reyndar er það svo að framfærsla foreldranna er oftast forsenda þess að ungmenni fái tækifæri til að mennta sig. Núna búa 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára í foreldrahúsum.

Félag einstæðra foreldra gerði fyrir nokkrum árum könnun á framfærslukostnaði barna á aldrinum 13–15 ára og var hann áætlaður um 500 þús. kr. árlega. Þetta eru mjög mikil útgjöld, ekki síst í ljósi þess að ætla má að stór hluti einstæðra foreldra þurfi að framfleyta sér á lágmarkslaunum og þurfi að verulegu leyti einnig að sjá um kostnað af menntun og uppeldi barna. Í sömu könnun kom fram að hlutfall meðlags í þeim kostnaði er aðeins um $^1/_8$. Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá 1995, um rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi, kemur fram að konur fara með forsjá barna sinna í yfir 90% skilnaðartilvika og eru einar um umönnun og framfærslu þeirra. Fastar meðlagsgreiðslur miðast við leikskólakostnað og eru því lítill hluti heildarframfærslunnar. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að börn einstæðra foreldra standi félagslega og efnalega verr að vígi en börn í fjölskyldum þar sem báðir foreldrar sjá um framfærsluna. Konur vinni mikið eftir skilnað, bæði heima og heiman, og veik fjárhagsstaða kvenna bitni á lífsskilyrðum barnanna.

Á ráðstefnu sem Félag einstæðra foreldra hélt nýlega komu fram upplýsingar um mjög slæma stöðu einstæðra foreldra og barna þeirra, bæði fjárhagslega og félagslega. Virðist svo vera að á margan hátt hafi einstæðir foreldrar dregist aftur úr öðrum á liðnum árum og má í því sambandi geta þess að á sl. þremur árum hefur einstæðum foreldrum sem leita fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum fjölgað verulega. Auk þess eru einstæðir foreldrar mjög margir í hópi láglaunafólks og þeirra sem þurfa á leiguhúsnæði og félagslegu húsnæði að halda. Einnig má benda á að komið hefur fram hjá landlæknisembættinu að samhengi sé milli heilsufars barna og félagslegrar stöðu foreldra.

Skýrsla sem félagsmálaráðherra lagði fram fyrr á þessu þingi um kjör einstæðra foreldra, að beiðni þingmanna Samfylkingarinnar, staðfestir framangreinda lýsingu á kjörum einstæðra foreldra. Ljóst má því vera að brýnt er að bregðast við og bæta kjör þeirra. Sú leið sem hér er lögð til er skref í þá átt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Hér er lögð til tilfærsla á greinum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og jafnframt lagt til að meðlagsgreiðslur á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings milli aðila umfram lögboðið lágmarksmeðlag verði skattfrjálsar.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sambærileg breyting á almannatryggingalögum og á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að meðlagsgreiðslur umfram lögboðið lágmarksmeðlag verði skattfrjálsar og að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að greiða meðlag sem er umfram lágmarksmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings aðila.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú breyting að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði gert skylt að innheimta, sé þess óskað, þann hluta barnsmeðlags sem er hærri en lögmæltur barnalífeyrir, þ.e. greiðslur umfram lágmarksmeðlag. Þá verði stofnuninni ekki heimilt að taka greiðslu fyrir innheimtuna. Samkvæmt núgildandi lögum um Innheimtusofnun sveitarfélaga er stofnuninni heimilt, gegn gjaldi, að innheimta þessar kröfur, sé þess óskað.

Um 5. gr.

Hér er lögð til sambærileg breyting og á lögum um almannatryggingar, sbr. 3. gr., sem miðar að því að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að greiða meðlag sem er umfram lágmarksmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings aðila.

Um 6. gr.

Lagt er til að frumvarpið öðlist þegar gildi og að ákvæði 2. gr. komi til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000.

863. Frumvarp til laga [561. mál]

um ábyrgðarmenn.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Gísli S. Einarsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson.

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og framsal.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga og viðskiptabréf, þar með talda tékka og víxla, þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara. Enn fremur gilda ákvæði laganna um sams konar samninga þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum aðalskuldara.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð undanþegið samninga og viðskiptabréf ef nafnvirði fjárhæðar nær ekki 200.000 kr., auk þess sem lögin gilda ekki um framsal tékka við innlausn í fjármálastofnun.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirtalin orð merkingu eftir því sem hér segir:

1. *Ábyrgðarmaður:* Einstaklingur sem skuldbindur sig persónulega eða með eigum sínum gagnvart öðrum til tryggingar efndum fjárskuldbindinga þriðja manns.
2. *Aðalskuldari:* Sá sem gengist er í ábyrgð fyrir.
3. *Kröfuhafi:* Eigandi eða handhafi kröfu sem ábyrgðarmaður hefur ábyrgst.

3. gr.

Við framsal kröfu sem ábyrgðarmaður er í ábyrgð fyrir eða eigur standa að veði til tryggingar efndum gilda ákvæði þessara laga um samband framsalshafa og ábyrgðarmanns. Framseljandi kröfu skal tilkynna ábyrgðarmanni um framsalið. Framseljandi ber ábyrgð á því tjóni sem af því kann að hljótast að tilkynningarskyldu er ekki sinnt.

II. KAFLI
Stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga.

4. gr.

Ábyrgðarsamningur skal vera skriflegur.

Ábyrgðarsamningur sem ekki kveður skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara er ógildur. Enn fremur er ábyrgðarsamningur sem kveður á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast í framtíðinni ógildur.

Skilyrði sem ekki kemur fram í ábyrgðarsamningi er ekki bindandi fyrir ábyrgðarmann nema lög kveði á um annað. Ákvæði í ábyrgðarsamningi sem fara í bága við ákvæði laga þessara eru ógild.

5. gr.

Áður en ábyrgðarmaður undirritar ábyrgðarsamning skal kröfuhafi upplýsa skriflega um hvers konar ábyrgð er að ræða og hversu víðtæk hún er. Kröfuhafi skal enn fremur upplýsa ábyrgðarmann hverju það geti varðað falli ábyrgðin að öllu leyti eða að hluta á hann með tilliti til fjárhags ábyrgðarmanns. Auk þess skal kröfuhafi upplýsa ábyrgðarmann um eftirtalin atriði:

a. kröfu þá sem ábyrgðarmaður vill ábyrgjast, auk upplýsinga um þann tíma sem ábyrgðinni er ætlað að gilda, fjárhæð kröfu, fyrningarreglur, hlutfall ábyrgðar eða hæstu fjárhæð sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast og kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna vanefnda aðalskuldara,
b. veð og tryggingar sem auk ábyrgðarloforðs er ætlað að standa til tryggingar efndum kröfu, þar með talið virði eigna sem aðalskuldari hefur sett til tryggingar efndum,
c. að fengnu samþykki aðalskuldara, aðrar skuldir aðalskuldara hjá viðkomandi lánveitanda og hvort þær eru í vanskilum. Hafni aðalskuldari því að ábyrgðarmanni verði veittar þessar upplýsingar skal ábyrgðarmanni tilkynnt um það áður en hann undirritar ábyrgðarsamning.

Ábyrgðarmanni skal afhent eintak af lánssamningi og ábyrgðarsamningi auk annarra skriflegra upplýsinga sem skylt er að veita honum.

III. KAFLI
Réttarsamband kröfuhafa og ábyrgðarmanns.

6. gr.

Kröfuhafi skal tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um vanefndir aðalskuldara. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum kostnaði sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var send tilkynning um vanefndir aðalskuldara. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni ef veð eða aðrar tryggingaráðstafanir eru ekki lengur tiltækar. Jafnframt skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um lát aðalskuldara eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Kröfuhafi skal, fyrir hver áramót, tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um hvaða kröfum hann er í ábyrgðum fyrir, hverjar eftirstöðvar þeirra eru, hvort þær eru í vanskilum og hversu mikil vanskil eru, ef um þau er að ræða.

Vanefni kröfuhafi tilkynningarskyldu sína ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir vegna þess.

7. gr.

Kröfuhafi getur ekki gert fyrirvara um það í ábyrgðarsamningi að hann geti einhliða breytt skilmálum samnings í óhag fyrir ábyrgðarmann. Breyting á upphaflegum lánssamningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur engin áhrif á ábyrgðarsamning nema samhliða sé á honum gerð sams konar breyting. Ákvæði þetta gildir þó ekki um breytingar á vöxtum eða kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur rétt til að breyta samkvæmt samningi við aðalskuldara.

Ákvæði í samningi um að ábyrgðarmaður afsali sér rétti til að gera kröfur á hendur lánveitanda vegna vanefnda á skyldum hans gagnvart ábyrgðarmanni eru ógild.

8. gr.

Vanefni aðalskuldari skyldur sínar þannig að kröfuhafi gjaldfellir kröfu ásamt vöxtum og kostnaði gildir sú gjaldfelling ekki gagnvart ábyrgðarmanni nema honum hafi áður verið tilkynnt um vanefnd aðalskuldara og jafnframt gefinn kostur á að greiða kröfuna. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um dráttarvexti eða kostnað vegna innheimtu eða annarra fullnustuaðgerða nema honum hafi áður verið gefinn kostur á að greiða kröfuna. Ef ábyrgðarmaður ákveður að greiða kröfuna eða koma henni í skil skal hann tilkynna kröfuhafa og aðalskuldara um það um leið og greiðsla hefur átt sér stað.

9. gr.

Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður eða fjölskylda hans býr ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Kröfuhafi getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa hans á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða.

IV. KAFLI
Takmarkanir á ábyrgð.

10. gr.

Hafi kröfuhafi keypt tryggingu vegna hugsanlegs greiðslufalls aðalskuldara og greiðsluskylda fellur til samkvæmt skilmálum tryggingar takmarkar sú greiðsla ábyrgð ábyrgðarmanns sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd er inn á kröfuna.

Ef kröfuhafi vanrækir að lýsa kröfu í gjaldþrota- eða dánarbú aðalskuldara lækkar krafa á hendur ábyrgðarmanni sem nemur þeirri fjárhæð sem ella hefði fengist greidd úr þrota- eða dánarbúi aðalskuldara.

Nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur aðalskuldara, hefur sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

V. KAFLI
Brottfall ábyrgðar eða annarra tryggingaráðstafana.

11. gr.

Ábyrgðarmaður verður ekki skuldbundinn af ábyrgðaryfirlýsingu hafi aðalskuldari aldrei orðið skuldbundinn til að inna greiðslu af hendi samkvæmt samningi.

Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingaráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings skuli ekki lengur standa til tryggingar og breytingin hefur í för með

Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingaráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings skuli ekki lengur standa til tryggingar og breytingin hefur í för með sér að staða ábyrgðarmanns er þá mun verri en hún var er ábyrgðarmaður ekki lengur bundinn af samningi sínum.

Ef kröfuhafi veitir aðalskuldara greiðslufrest er ábyrgðarmaður ekki bundinn af samningi sínum hvað varðar ábyrgð á efndum þeirrar greiðslu nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara.

VI. KAFLI
Gildistaka.
12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 122. og 123. löggjafarþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu. Er það nú endurflutt með nokkrum breytingum. Meginbreytingin á frumvarpinu frá því í fyrra er sú að tekin er inn að nýju reglan um að ekki verði gerð aðför eða fjárnám í heimili ábyrgðarmanns ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Að öðru leyti er ekki um veigamiklar breytingar að ræða frá því að frumvarpið var lagt fram síðast.

Í núgildandi lögum er hvergi að finna almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa því að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga.

Í skýrslu nefndar frá því í nóvember 1996, sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga, kemur fram að gera má ráð fyrir að um 90 þús. einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það eru um það bil 47% allra Íslendinga á þessum aldri.

Flest bendir til þess að ábyrgðarskuldbindingar séu mun algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eða í Vestur-Evrópu. Þannig kemur fram í áðurnefndri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, *Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga,* að höfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar telur að á 10% heimila á Norðurlöndum megi finna einstaklinga sem eru í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Ef aðeins er tekið mið af upplýsingum sem fram koma í skýrslunni er ekki óvarlegt að ætla að á 60–80% heimila hér á landi megi finna einstaklinga yfir 18 ára aldri sem eru í persónulegri ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Því má fullyrða að þróun ábyrgðarskuldbindinga hér á landi hefur orðið með öðrum hætti en annars staðar á Norðurlöndum.

Markmiðið með framlagningu þessa frumvarps, sem skiptist í sex kafla, er að lögfesta almennar reglur um stofnun, form og efni ábyrgðarsamninga, samskipti ábyrgðarmanna og kröfuhafa, upplýsingaskyldu kröfuhafa og ógildingarástæður, auk samskiptareglna milli ábyrgðarmanna og lánveitanda. Ýmsir möguleikar voru kannaðir í því sambandi en niðurstaðan varð sú að leggja til að reglurnar nái til allra samninga og viðskiptabréfa sem nema að fjárhæð 150.000 kr. að nafnvirði eða hærri þar sem einstaklingar skuldbinda sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara. Reglunum er því ætlað að gilda um samninga þar sem einstaklingar takast á hendur persónulega ábyrgð eða ábyrgð fyrir hönd einkafirma síns og aðalskylda skuldara er greiðsla peninga.

Frumvarpið byggist að miklu leyti á sjónarmiðum um neytendavernd. Nauðsyn hennar birtist meðal annars í aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanna annars vegar og viðsemjenda þeirra (lánastofnana) hins vegar. Í flestum tilvikum er öll sérfræðiþekking í láns-

viðskiptum hjá lánveitanda (kröfuhafa), auk þess sem ábyrgðarmaður sjálfur hefur sjaldnast nokkurn hag af samningum. Þá er þess að geta að ástæður einstaklinga fyrir því að gangast í ábyrgð eru oftar en ekki krafa lánastofnana eða annarra stórfyrirtækja um auknar tryggingar, auk þrýstings frá fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum sem erfitt getur verið að standast þar sem afkoma og afdrif einstaklinga geta verið undir því komin að umbeðin fyrirgreiðsla fáist.

Hér á landi virðist hafa verið lögð ríkari áhersla á að þriðji maður ábyrgist efndir aðalskuldara en þekkist í nágrannalöndunum. Minni áhersla hefur verið lögð á að lánveitandi láti fara fram faglegt mat á greiðslugetu lántakenda eins og skýrslan sem vitnað er til hér að framan ber með sér. Lánastofnanir virðast því hafa lagt mun meiri áherslu á að reyna þess í stað að tryggja sér ábyrgð þriðja manns í því skyni að takmarka áhættu sína. Markmiðið með framlagningu frumvarpsins er því öðrum þræði að reyna að breyta vinnubrögðum lánastofnana frá því sem nú tíðkast í allt of ríkum mæli.

Enn fremur er eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja að upplýsingar um áhættu ábyrgðarmanns liggi fyrir þegar ábyrgðarsamningur er undirritaður. Þessi upplýsingagjöf kröfuhafa er forsenda samningsins og liggi upplýsingar ekki nægjanlega skýrt fyrir við samningsgerð getur það leitt til þess að samning megi ógilda á grundvelli reglna frumvarpsins og almennra reglna um brostnar forsendur í samningum, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Finna má þess mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi að forsenda þess að samningar tókust var að þriðji aðili, einstaklingur, tókst á herðar ábyrgð á efndum. Mýmörg dæmi eru um tilvik þar sem samningsaðilum sjálfum var ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samning, en hann komist á þrátt fyrir það, án þess að ábyrgðarmanni væri þessi vitneskja tiltæk. Þetta hefur oft og tíðum leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín og þannig verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna, án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á. Afleiðingarnar hafa oft verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Róttækustu breytingarnar sem frumvarpið felur í sér er að finna í 4. gr. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um að ábyrgðarsamningar skuli vera skriflegir. Það er formskilyrði fyrir gildi þeirra. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að sönnunaraðstaða um efni ábyrgðarsamnings væri annars mjög erfið. Í reynd er það svo að flestir ábyrgðarsamningar eru skriflegir og því mun þessi breyting ekki hafa mikla praktíska breytingu í för með sér frá því sem nú er. Í 2. mgr. er kveðið á um að ábyrgðarsamningar, þar sem ekki er kveðið skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara, séu ógildir. Þá er þar kveðið á um að óheimilt sé að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum til að tryggja kröfu sem kann að stofnast síðar. Sú regla leiddi meðal annars til þess að afhending svokallaðra tryggingavíxla, sem er sér íslenskt fyrirbæri, yrði ekki lengur heimil.

Enn fremur er að finna róttækar breytingar í 9. gr. frumvarpsins en þar er efni ábyrgðarloforðs þrengt frá því sem nú er. Í fyrsta lagi er kveðið á um að ef veðréttur hefur stofnast með aðfarargerð í fasteign þar sem ábyrgðarmaður eða fjölskylda hans býr, vegna kröfu sem á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, kemur ekki til úthlutunar upp í þá kröfu af andvirði fasteignarinnar nema af því andvirði hennar á nauðungarsölu sem er umfram 10 millj. kr. Sama á við þegar fasteign er til meðferðar við gjaldþrotaskipti. Sú fjárhæð, 10 millj. kr., er verðtryggð frá þeim tíma sem lögin taka gildi. Auk þess er kveðið á um það í þessari grein að ekki verði gerð krafa um gjaldþrotaskipti á búi ábyrgðarmanns ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, nema kröfuhafi geri það sennilegt að ábyrgðarmaður hafi skotið undan eign-

Það er mat flutningsmanna að með framlagningu frumvarpsins sé á engan hátt vegið að eðlilegu samningsfrelsi í landinu. Samningsfrelsi er og verður ein af grundvallarreglum samfélagsins þótt sú regla verði að sæta eðlilegum undantekningum sem finna má ýmis dæmi um í löggjöfinni. Í frumvarpinu er að finna skýrar reglur um hvernig standa skuli að samningsgerð þegar þriðji maður gengst í ábyrgð á efndum aðalskuldara vegna fjárskuldbindinga, án þess að lagt sé bann við nokkru sem nú er sérstaklega heimilað.

Rökin að baki þeim reglum sem hér er lagt til að lögfestar verði er markmiðið um vernd einstaklingsins sökum þeirrar yfirburðastöðu sem lánveitendur hafa jafnan við samningsgerð. Það er einnig mat flutningsmanna að sú þróun sem átt hefur sér stað hér á landi hvað varðar fjölda ábyrgðarmanna sé óásættanleg, eins og áðurnefnd skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra ber með sér.

Eins og áður hefur komið fram er frumvarp þetta lagt fram öðru sinni þar sem það varð ekki útrætt á síðasta þingi. Helstu breytingar sem gerðar hafa verið á því eru í fyrsta lagi þær að nú er reglunum ætlað að gilda um tékka og víxla og teljast þeir ábyrgðarmenn í skilningi frumvarpsins sem ekki hafa beina fjárhagslega hagsmuni af útgáfu víxils eða tékka. Í umsögnum um frumvarpið á síðasta þingi komu fram sterk rök fyrir því að markmiði frumvarpsins yrði ekki náð nema reglurnar tækju einnig til tékka og víxla. Í öðru lagi er reglunum ekki ætlað að gilda um fjárskuldbindingar sem ekki ná 150.000 kr. að nafnvirði. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að annað gæti torveldað viðskipti þar sem um lágar fjárhæðir er að ræða. Í þriðja lagi er fellt brott ákvæði um að ekki verði gert fjárnám í heimili ábyrgðarmanns. Þess í stað er lagt til að heimili ábyrgðarmanns verði varið, ef svo má að orði komast, þannig að ekki komi til úthlutunar upp í slíka kröfu nema að andvirði fasteignar nemi meira en 10 millj. kr. Í fjórða lagi er sett inn nýtt ákvæði sem leggur kröfuhöfum þær skyldur á herðar að senda um hver áramót tilkynningu til ábyrgðarmanna með upplýsingum um ábyrgðir sem þeir eru í og hvort þær séu í vanskilum og þá hversu mikil þau vanskil eru. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að haldið sé vel utanum þetta því að eins og ábyrgðarmannakerfið hefur þróast hér á landi er óvíst að allir hafi nákvæmt yfirlit yfir í hvaða ábyrgðum þeir eru. Má í því sambandi benda á Lánasjóð íslenskra námsmanna, en það hefur löngum tíðkast að samstúdentar skrifi upp á hver fyrir annan án þess oft og tíðum að hafa næga yfirsýn yfir þær ábyrgðir sem þeir hafa skrifað upp á.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni munu lögin gilda um samninga og skuldabréf þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega eða fyrir hönd einkafirma til að tryggja efndir peningakröfu. Enn fremur er þeim ætlað að gilda um sams konar samninga þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum peningakröfu á hendur aðalskuldara. Lögin munu gilda um alla samninga einstaklinga þar sem þeir hafa ákveðið að gangast í ábyrgð gagnvart þriðja aðila og breytir engu hvort ábyrgðin er in solidum, pro rata, einföld eða annars konar ábyrgð. Aðalatriðið við mat á því hvort lögin taka til gerningsins er hvort einstaklingur hafi tekist á hendur ábyrgð þar sem aðalskylda aðalskuldara er greiðsla peninga. Lögin tækju til allra í tilvikum þar sem fleiri en einn einstaklingur hefur undirritað ábyrgðarsamning.

Lögunum er ekki ætlað að gilda um ábyrgðir sem ekki ná tiltekinni fjárhæð. Viðskiptaráðherra setur nánari reglur um þá fjárhæð en hún má þó ekki vera hærri en sem nemur 200.000 kr. Miðað er við heildarfjárhæð þeirra ábyrgða sem ábyrgst er gagnvart ákveðnum kröfuhafa. Því verður ekki komist fram hjá þessum reglum með því að gera fleiri samninga en

einn. Meginástæða þess að flutningsmenn vilja takmarka ábyrgðir við ákveðna fjárhæð er sú staðreynd að reglunum er ekki ætlað að hefta viðskipti en slík niðurstaða er hugsanleg ef reglunum væri ætlað að taka til allra viðskipta hversu smávægileg sem þau kunna að vera.

Lögunum er ekki ætlað að gilda um ábyrgðaryfirlýsingar vegna verk- og/eða vinnusamninga eða aðra samninga þar sem kveðið er á um aðra aðalskyldu aðalskuldara en greiðslu peninga. Aðalskuldari getur verið hvort heldur sem er einstaklingur eða lögaðili.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í þessari grein kemur fram það formskilyrði fyrir gildi ábyrgðarsamnings að hann sé skriflegur. Í ábyrgðarsamningi á að koma fram hvaða upplýsingar lágu fyrir við samnings-gerðina. Enn fremur skal koma fram hvaða réttindi kröfuhafi áskilur sér gagnvart ábyrgðar-manni umfram það sem leiðir af lögum og venjum, ef einhverjar eru, því að ábyrgðarmaður er ekki bundinn af öðrum skilyrðum en þeim sem fram koma í samningum nema lög eða venjur kveði á um annað. Ákvæðið nær einnig til handhafabréfa.

Í 2. mgr. kemur fram að ábyrgðarsamningur þar sem ekki kemur skýrt fram hver höfuðstóll kröfu er á hendur aðalskuldara er ógildur. Jafnframt er óheimilt að kveða á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum til tryggingar óákveðinni kröfu. Þetta ákvæði hefur í för með sér að óheimilt er að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast á hendur aðalskuldara í óskilgreindri framtíð. Sem dæmi má nefna að verði frumvarpið að lögum geta bankar, lánastofnanir eða greiðslukortafyrirtæki ekki lengur krafist þess að einstaklingur leggi fram viðskiptabréf, t.d. tryggingarvíxil, með ábyrgðarmönnum áður en umbeðin fyrirgreiðsla fæst, því að slíkur samningur væri ógildur. Lögin eru ófrávíkjanleg og ákvæði í ábyrgðarsamningi sem fara í bága við ákvæði þeirra eru ógild.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um upplýsingaskyldu kröfuhafa við samningsgerð. Vanræksla kröfuhafa á því að upplýsa ábyrgðarmann um atriði sem talin eru upp í greininni geta leitt til þess að ábyrgðarmaður er ekki bundinn við samning sinn, a.m.k. ekki ef vitneskja um atriði hefði getað haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð samkvæmt samningi. Í vafatilvikum hvílir sönnunarbyrðin um vanrækslu kröfuhafa á upplýsingagjöf á honum sjálfum.

Markmiðið með þessu ákvæði er að ábyrgðarmanni sé ljós sú fjárhagslega áhætta sem hann tekst á herðar með undirritun ábyrgðarsamnings. Upptalningin er ekki tæmandi um hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir við gerð ábyrgðarsamnings. Aðalatriðið við skýringu á því hvort kröfuhafi hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína lýtur að því hvort öll atriði sem gátu varpað ljósi á áhættu ábyrgðarmanns hafi legið fyrir við undirritun. Vanræksla kröfuhafa við samningsgerð getur leitt til þess að ábyrgðarloforðið sé ógildanlegt, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Samkvæmt a-lið skal upplýsa ábyrgðarmann um kröfu sem hann ábyrgist, hvort tímamörk eru á ábyrgðinni, fyrningarreglur og hvernig henni verði slitið, höfuðstól kröfu, greiðslubyrði aðalskuldara, hlutfall ábyrgðar, kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna innheimtu og fullnustugerða o.s.frv.

aðalskuldara, hlutfall ábyrgðar, kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna innheimtu og fullnustugerða o.s.frv.

Í b-lið kemur fram að upplýsa skuli ábyrgðarmann um hvaða tryggingar hafa verið settar til að tryggja efndir aðalskuldara og hvers virði þær séu. Þar þarf að liggja til grundvallar mat á markaðsvirði eigna.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að í c-lið kemur fram að ábyrgðarmaður eigi rétt á því að fá að vita um aðrar skuldbindingar aðalskuldara hjá viðkomandi lánveitanda og stöðu þeirra. Þessar upplýsingar verða þó ekki veittar nema að fengnu samþykki aðalskuldara. Á hinn bóginn á ábyrgðarmaður rétt á því að fá að vita um neitun aðalskuldara um að ábyrgðarmaður fái upplýsingar um aðrar skuldir sínar hjá viðkomandi kröfuhafa áður en hann undirritar ábyrgðarsamning.

Að lokum er kveðið á um að ábyrgðarmaður eigi rétt á því að fá afhent eintök af láns- og ábyrgðarsamningum.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu kröfuhafa vegna vanefnda aðalskuldara, auk þess sem kveðið er á um skyldu kröfuhafa til að tilkynna ábyrgðarmanni sérstaklega ef veð eða aðrar tryggingar sem kunna að hafa áhrif á réttarstöðu hans eru ekki lengur tiltækar eða líklegt að þær fari forgörðum á einhvern hátt. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um gjaldþrot eða andlát aðalskuldara verði hann þess vís.

Hér er sú kvöð lögð á kröfuhafa að hann verði að tilkynna ábyrgðarmanni um vanefnd aðalskuldara ef hann ætlar að innheimta dráttarvexti hjá ábyrgðarmanni eða annan kostnað vegna vanefndanna. Hér hvílir að baki sú hugsun að ábyrgðarmaður geti alltaf gripið inn í og greitt gjaldfallna afborgun/greiðslu eins og hún var á gjalddaga.

Í 2. mgr. er sú kvöð lögð á kröfuhafa að tilkynna ábyrgðarmönnum um hver áramót um stöðu þeirra krafna sem þeir eru í ábyrgðum fyrir og ef vanskil eru, hversu mikil þau séu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum telja flutningsmenn nauðsynlegt, vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur hér á landi, að ábyrgðarmenn fái a.m.k. einu sinni á ári yfirlit yfir þær ábyrgðir sem þeir hafa gengist í.

Vanræki kröfuhafi að sinna þessari tilkynningarskyldu ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir. Kröfuhafi skal tryggja sér sönnur á því að hann hafi uppfyllt þessa tilkynningarskyldu. Þetta á við að breyttu breytanda um aðrar greinar frumvarpsins þar sem kveðið er á um tilkynningaskyldu kröfuhafa.

Um 7. gr.

Í greininni kemur fram að kröfuhafi geti ekki svo gilt sé áskilið sér rétt til einhliða breytinga á ábyrgðarsamningi ef þær breytingar munu leiða til tjóns fyrir ábyrgðarmann. Þetta á þó ekki við um eðlilegar breytingar sem leiðir af upphaflega samningnum milli aðalskuldara og kröfuhafa, eins og breytingar á vöxtum, vísitölu eða öðrum kostnaði sem kröfuhafi hafði í upphaflegum samningi við aðalskuldara áskilið sér rétt til að breyta. Hér er enn fremur hnykkt á sjálfstæði réttarsambands ábyrgðarmanns og kröfuhafa og tekið fram að breyting á upphaflegum samningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur ekki sjálfkrafa áhrif á ábyrgðarsamning. Þá er kröfuhafa óheimilt að krefja ábyrgðarmann um yfirlýsingu þess efnis að hann afsali sér rétti til frambúðar á því að krefja kröfuhafa um bætur vegna vanrækslu hans á að uppfylla kröfur sem ákvæði laga þessa gera til hans. Slík ákvæði eru ógild.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um réttarstöðu ábyrgðarmanns í þeim tilvikum þegar kröfuhafi hefur gjaldfellt kröfu. Gjaldfelling kröfunnar hefur ekki áhrif gagnvart ábyrgðarmanni nema honum hafi áður verið gefinn kostur á því að koma kröfunni í skil eða greiða hana upp. Í tilkynningunni skal greina skilmerkilega frá fjárhæðum sem ábyrgðarmaður þarf að greiða hyggist hann koma kröfunni í skil eða greiða hana upp. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er að finna reglur sem þrengja efni ábyrgðarloforðs frá því sem nú er. Í þeim felst að ekki verður gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns, sem hann eða fjölskylda hans býr í, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Markmiðið með þessu ákvæði er að undanskilja heimili ábyrgðarmanns aðför vegna krafna sem eiga rætur að rekja til ábyrgðarsamnings. Engu breytir hvort einn eða fleiri eru í ábyrgð, reglan gildir gagnvart öllum.

Heimili ábyrgðarmanns og fjölskyldu hans telst sá staður þar sem fjölskyldan hefur að jafnaði bækistöð. Í því felst að heimilið er sá staður þar sem viðkomandi einstaklingur geymir þá hluti sem honum eru nauðsynlegir í dagsins önn og eru til þess fallnir að halda eðlilegt heimili. Það má orða þessa skilgreiningu svo að heimili manns sé sá staður hvaðan viðkomandi gerir út sína tilveru. Við skilgreiningu á orðinu heimili þarf að sjálfsögðu að athuga hvar viðkomandi einstaklingur hefur skráð lögheimili, en það þarf þó ekki að vera úrslitaatriði. Á hinn bóginn takmarkar reglan ekki að aðför verði gerð í öðrum fasteignum eða eignum ábyrgðarmanns sem ekki eru undanskildar aðför, sbr. lög nr. 90/1989, þó svo að aðfararheimild eigi rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Ef ábyrgðarmaður heldur tvö heimili skal ekki gerð aðför í þeirri fasteign sem vegur þyngra í heimilishaldi fjölskyldunnar.

Til að því markmiði verði náð að undanþiggja heimili aðför telja flutningsmenn nauðsynlegt að lögfesta reglu um að gjaldþrotaskipta verði ekki krafist á búi ábyrgðarmanns vegna kröfu sem á rót að rekja til ábyrgðarsamnings. Hins vegar ef til gjaldþrotaskipta kemur á búi ábyrgðarmanns njóta ábyrgðarkröfur stöðu samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti. Reglan takmarkar ekki möguleika kröfuhafa á að ganga að veði ef ábyrgðarsamningur er í formi veðsetningar á eign ábyrgðarmanns.

Markmiðið með þessari reglu er að sporna gegn þeirri þróun að einstaklingar missi algerlega fótanna í sinni efnahagslegu tilveru vegna þess eins að þeir hafi gengist í ábyrgð fyrir skuldbindingum annarra, sem síðar hafi fallið á þá.

Um 10. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að kröfuhafi eigi ekki að geta fengið kröfu sína tvígreidda vegna tilvistar ábyrgðarmanns. Hér er skírskotað til þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað annars staðar, að kröfuhafar geta keypt sér greiðslufallstryggingu vegna hugsanlegra vanefnda aðalskuldara.

Ábyrgð á því að kröfu sé lýst í bú þrotamanns er kröfuhafa og hann ber hallann af því ef hann varækir að lýsa kröfu í bú.

Geri kröfuhafi samning við aðalskuldara um að hann greiði aðeins hluta kröfu hefur slíkur samningur sams konar áhrif gagnvart ábyrgðarmanni. Ábyrgðarmaður ábyrgist aðeins skuld aðalskuldara eins og hún er hverju sinni gagnvart kröfuhafa þannig að ábyrgðarmaður verður ekki sóttur sérstaklega vegna greiðslna sem felldar eru niður í samningi kröfuhafa og aðalskuldara.

ábyrgðarmaður ekki bundinn við efndir samningsins. Með öðrum orðum felst í yfirlýsingu ábyrgðarmanns að hann ábyrgist efndir aðalskuldara gagnvart kröfuhafa en ekki gildi samningsins sjálfs.

Ef kröfuhafi samþykkir einhliða breytingar á öðrum tryggingarráðstöfunum sem gera stöðu ábyrgðarmanns verri en ella er hann ekki lengur bundinn af ábyrgðarsamningi. Við skýringu á þessu ákvæði verður þó að hafa til hliðsjónar reglur kröfuréttarins um brostnar forsendur.

Ef kröfuhafi veitir aðalskuldara einhliða greiðslufrest á gjalddaga og hann reynist ógjaldfær þegar kemur að nýjum gjalddaga er ábyrgðarmaður ekki bundinn af ábyrgðarsamningi vegna þeirrar greiðslu nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara á upphaflegum gjalddaga.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

864. Frumvarp til laga [562. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Flm.: Þuríður Backman.

1. gr.

6. málsl. i-liðar 36. gr. laganna orðast svo:

Séu liðnar 36 klst. eða meira frá innritun sjúklings greiðist flutningskostnaður milli sjúkrahúsa að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum greiðir Tryggingastofnun ríkisins kostnað við sjúkraflug ef sjúklingur er fluttur beint að heiman frá sér en sé hann fluttur af sjúkrahúsi greiðir viðkomandi stofnun flutninginn. Þetta fyrirkomulag hefur þann galla að minni sjúkrahús veigra sér við að innrita sjúklinga sem gætu þurft á sjúkraflugi að halda vegna þess að kostnaðurinn gengur nærri fjárhag lítilla stofnana. Það ýtir undir að sjúklingar séu strax sendir á sjúkrahús í Reykjavík eða á Akureyri í stað þess að gangast undir rannsókn heima fyrir til að ganga úr skugga um hvort sjúkraflug reynist nauðsynlegt. Einnig leiðir þetta til ónákvæmrar skráningar í þeim tilfellum þegar sjúklingur nýtur aðhlynningar á litlu sjúkrahúsi áður en til flutnings kemur. Sú breyting sem hér er lögð til mundi koma minni sjúkrahúsunum til góða, bæta nýtingu þeirra og draga úr sjúkraflugi.

865. Frumvarp til laga [563. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir.

1.gr.

Við fyrri málslið 5. mgr. 61. gr. laganna bætist: þ.m.t. fjárhagslegar skuldbindingar vegna einkafjármögnunar og rekstrarleigu.

2. gr.

Við 1. málsl. 3. mgr. 67. gr. laganna bætist: þ.m.t. fjárhagslegar skuldbindingar vegna einkafjármögnunar og rekstrarleigu.

Greinargerð.

Í seinni tíð hafa sveitarstjórnir í auknum mæli „fjármagnað" byggingarframkvæmdir og raunar einnig rekstur húsnæðis með samningum við einkaaðila sem byggja, eiga og reka viðkomandi húsnæði, en sveitarfélögin greiða fyrir afnotaréttinn með langtímasamkomulagi. Þessi leið hefur verið farin hvort heldur um er að ræða lögbundin verkefni sveitarfélaga eða ekki. Um þessa leið hafa verið pólitísk átök og sýnist sitt hverjum um fjárhagslegan ávinning sveitarfélaga af slíkum lántökum þegar ráðast þarf í brýnar fjárfestingar. Fleiri álitamál hafa vaknað í þessu sambandi.

Um það er þó ekki deilt að ákvörðunarvald af þessum toga liggur hjá hverri sveitarstjórn, svo fremi sem fjárhagsleg geta sveitarfélagsins leyfir slíkar skuldbindingar, auk þess að slíkir samningar við einkaaðila gangi að öðru leyti ekki gegn gildandi lögum og reglum.

Á hinn bóginn hefur verið óvissa um hvernig slíkar skuldbindingar skuli færa í ársreikninga sveitarfélaga, sbr. 67. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Hliðstæð álitamál hafa einnig verið uppi varðandi einkaframkvæmdir og rekstrarleigu við gerð og afgreiðslu fjárhagsáætlana, hvort heldur er til eins eða þriggja ára, sbr. 61. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga, enda einkaframkvæmdarsamningar þess eðlis að hverfandi eða enginn kostnaður fellur á sveitarfélög fyrr en framkvæmdum er lokið.

Á því hefur borið að einstök sveitarfélög hafi reynt að komast hjá því að gera fullnægjandi grein fyrir slíkum fjárhagsskuldbindingum í fjárhagsáætlunum og ársreikningum. Það er með öllu óviðunandi að sveitarfélög geti skuldbundið skattgreiðendur jafnvel um milljarða króna til langs tíma án þess að sérstaklega sé gerð grein fyrir þeim í fjárhagsáætlunum, né heldur að þær séu færðar nákvæmlega til bókar í efnahagsreikningi ársreiknings.

Sem dæmi um þetta hefur Hafnarfjarðarbær nýverið gert samninga af þessum toga, annars vegar um leigu grunnskóla og rekstur húsnæðisins til 25 ára upp á samtals 2.500 millj. kr. og hins vegar leigu leikskóla og rekstur húsnæðisins upp á 500 millj. kr. Fyrir þessum skuldbindingum er alls ekki gerð fullnægjandi grein í fjárhagsáætlunum Hafnarfjarðarbæjar og alls óljóst hvort og hvernig þessar gríðarlegu fjárskuldbindingar munu verða færðar í bókhald bæjarins og síðar ársreikninga hans.

Félagsmálaráðuneytið hefur reynst ófært um að veita fullnægjandi svör við fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna um þessi álitaefni og hefur m.a. vísað til þess að hér sé um nýmæli að ræða hjá sveitarfélögum hérlendis og að ekkert sé sérstaklega um þau atriði fjallað í sveitarstjórnarlögum. Ekki nægir að taka á þessum veigaþungu álitamálum í reglugerð ráðherra sem honum ber að setja um nánari ákvæði varðandi bókhald og ársreikninga sveitarfélaga að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Alþingi verður að setja lög um hvernig með skuli fara, þannig að allri óvissu sé eytt.

Til að taka af öll tvímæli í þessum efnum er þetta frumvarp flutt. Í því er gerð ljós sú skylda sveitarfélaga að upplýsa nákvæmlega um fjárhagsskuldbindingar vegna einkafjármögnunar og leigurekstur í fjárhagsáætlunum og ársreikningum.

866. Frumvarp til laga [564. mál]

um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Breytingar á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna hljóðar svo:

Lögin gilda ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt stjórnsýslulögum. Lögin gilda heldur ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nema óskað sé eftir aðgangi að skjölum eða öðrum gögnum sem 2. mgr. 3. gr. laga þessara tekur til. Þá gilda lögin heldur ekki ef á annan veg er mælt í þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að.

2. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og hljóðar svo:

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem fram kemur í gögnum er nefndinni eru látin í té. Sama gildir um þá sem hún kann að kveðja sér til aðstoðar.

3. gr.

Við 2. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður síðari málsliður þeirrar málsgreinar og hljóðar svo: Stjórnvaldi er skylt að láta nefndinni í té afrit af þeim gögnum er kæra lýtur að.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og hljóðar svo:
   Úrskurður samkvæmt lögum þessum um aðgang að gögnum eða afrit af þeim er aðfararhæfur, nema réttaráhrifum hans hafi verið frestað.
b. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Birting og aðfararhæfi úrskurðar.*

5. gr.

Í stað orðanna „birtingu úrskurðar“ í lokamálslið 18. gr. laganna kemur: birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa úrskurðar.

Breyting á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

6. gr.

Í stað orðsins „skráningu“ í 17. gr. laganna kemur: persónuvernd.

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu 1. og 6. gr. laganna ekki öðlast gildi fyrr en fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru sex mánuðir frá birtingu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi hefur nú til meðferðar frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ákvæði frumvarpsins eru víðtæk og almenns eðlis í þeim skilningi að þau taka til hvers kyns meðferðar og vinnslu persónuupplýsinga hvar og hvernig sem hún fer fram með þeim frávikum sem fram koma í frumvarpinu. Af þeim sökum er í 1. mgr. 44. gr. frumvarpsins tekið fram að það taki jafnframt til meðferðar og vinnslu slíkra upplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega. Slík sérákvæði er m.a. að finna í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og í upplýsingalögum, nr. 50/1996, en ætla verður að þau taki að hluta til sömu gagna og frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Til að taka af allan vafa er því jafnframt tekið skýrt fram í 2. mgr. 44. gr. frumvarpsins að ákvæði þess takmarki ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem stjórnsýslulög og upplýsingalög kveða á um.

Í IV. kafla stjórnsýslulaga er að finna ákvæði um rétt aðila máls til aðgangs að þeim gögnum er mál hans varða. Samkvæmt lagaskilareglu 44. gr. halda þessi ákvæði gildi sínu óháð frumvarpinu, enda mæla stjórnsýslulögin ekki sérstaklega fyrir um gildissvið þeirra gagnvart gildandi lögum nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum. Í 6. gr. frumvarpsins er aðeins leitað eftir smávægilegri lagfæringu að því er varðar vísun til þeirra laga í 17. gr. stjórnsýslulaganna.

Þessu er öðru vísi farið í upplýsingalögum. Efnisreglur þeirra eru tvenns konar. Önnur mælir fyrir um aðgang almennings að upplýsingum í vörslu stjórnvalda en hin um aðgang aðila að upplýsingum um hann sjálfan í öðrum tilvikum en þeim sem falla undir stjórnsýslulögin. Með fyrri málslið 2. mgr. 2. gr. upplýsingalaga eru skilin á milli þeirra laga og gildandi laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga dregin með þeim hætti að upplýsingar sem hin síðarnefndu taka til eru í raun undanþegnar gildissviði upplýsingalaga. Gildissvið upplýsingalaga hefur því að þessu leyti oltið á því hvernig gildissvið laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga er afmarkað. Í grófum dráttum má segja að mörkin þarna á milli hafi verið dregin á þann hátt að gildandi lög um persónuupplýsingar taki til aðgangs að persónuupplýsingum í skrám sem færðar eru kerfisbundið en upplýsingalögin til persónuupplýsinga sem varðveittar eru á annan hátt. Hvort leyst er úr beiðni um aðgang að persónuupplýsingum eftir upplýsingalögum eða lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga hefur því í raun oltið á því á hvaða formi slíkar upplýsingar eru varðveittar.

Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persóunuupplýsinga er öðru vísi úr garði gert en gildandi lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir að gildissvið laganna verði rýmkað að því leyti að það nái til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga án tillits til þess hvort afmörkuðum upplýsingum er safnað í skipulagsbundna heild eða ekki. Því er ljóst að breyta þarf framangreindri lagaskilareglu í upplýsingalögum til að varðveitt verði sömu lagaskil og verið hafa á milli þeirra laga og nýrra laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Er það megintilgangur frumvarps þessa.

Að auki er í frumvarpi þessu leitað eftir nokkrum breytingum á V. kafla upplýsingalaga um úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Nefndin er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og verða synjanir um aðgang að upplýsingum á grundvelli upplýsingalaga kærðar til nefndarinnar hvar sem slík ágreiningsmál kunna að rísa í stjórnsýslunni. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslustigi og skapa því mikilvæg fordæmi fyrir önnur stjórnvöld við túlkun laganna. Nefndin hefur nú starfað í á fjórða ár og kveðið upp meira en 90 úrskurði. Störf hennar þykja því almennt hafa gefið góða raun og hraðað því að aukið samræmi hefur fengist í framkvæmd laganna. Með því að nokkur reynsla er nú fengin af störfum nefndarinnar er í frumvarpi

þessu leitað eftir að starfsskilyrði hennar verði bætt og gerð skýrari í nokkrum atriðum svo sem nánar greinir í athugasemdum við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gildissvið upplýsingalaga gagnvart lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verði afmarkað þannig að upplýsingalögin taki ekki til aðgangs að upplýsingum er lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga taka til nema leitað sé eftir aðgangi að skjölum eða öðrum gögnum sem 2. mgr. 3. gr. upplýsingalaga nær til. Í því ákvæði er inntak upplýsingaréttarins skilgreint á þann hátt að aðgangur almennings taki til gagna í máli sem er eða hefur verið til meðferðar hjá stjórnvöldum og liggja fyrir hjá þeim. Eftir þessa breytingu ber að virða ákvæði upplýsingalaga sem sérákvæði í samanburði við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 44. gr. þeirra, en í raun leiðir það til sömu niðurstöðu og nú gildir um lagaskil milli upplýsingalaga og laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Á þennan hátt halda ákvæði upplýsingalaga gildi sínu óháð lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og ekki verður hallað á þann upplýsingarétt sem almenningi hefur þegar verið tryggður samkvæmt núgildandi lögum, en í 72. lið formála tilskipunar nr. 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, er gert ráð fyrir að taka megi tillit til slíkra sjónarmiða. Ef breyting í þessa veru yrði hins vegar ekki gerð myndi það að öðru óbreyttu hafa verulega réttaróvissu í för með sér um skil upplýsingalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Upphafs- og lokamálsliðir greinarinnar eru efnislega óbreyttir frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að tekið verði í upplýsingalög ákvæði um þagnarskyldu nefndarmanna í úrskurðarnefnd um upplýsingamál. Um þetta hefur skort skýr ákvæði í upplýsingalögin sjálf, enda þótt ætla verði að þagnarskylduákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, taki til nefndarmanna sem opinberra starfsmanna í rýmri merkingu. Ljóst þykir hins vegar að þagnarskylduákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, tekur ekki til nefndarmanna þar eð seta í nefndinni telst ekki vera fullt starf og enginn þeirra sinnir því sem aðalstarfi svo sem gildissvið laganna gerir kröfu til, sbr. 1. gr. þeirra.

Ákvæðið tekur til nefndarmanna og varamanna þeirra svo og til þeirra sem nefndin kann að kveðja sér til aðstoðar, hvort heldur starfsmanna nefndarinnar, svo sem ritara, eða sérfræðinga sem leita má til við úrlausn einstakra mála.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að tekið verði í upplýsingalög ákvæði um að stjórnvöldum sé fortakslaust skylt að láta úrskurðarnefnd í té þau gögn sem hún þarf á að halda til að geta sinnt störfum sínum. Hér er í raun ekki um breytingu að ræða þar eð skyldu þessa má samkvæmt almennum reglum leiða af kærusambandi við nefndina, sbr. 14. gr. upplýsingalaga, skyldu nefndarinnar til að upplýsa mál áður en úrskurðað er í því, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga, og af eðli máls m.t.t. úrskurðarhlutverks nefndarinnar. Engu síður hefur borið við að stjórnvöld hafa verið treg til að láta nefndinni í té umbeðin gögn án nánari útskýringa, m.a. vegna þess að skýrt ákvæði hefur skort um þessa skyldu í lög. Skýlaust ákvæði þetta varðandi er því eingöngu ætlað til hægðarauka í störfum nefndarinnar.

Um 4. gr.

Upplýsingalögin búa kæranda ekki sérstök tæki til að ná fram rétti sínum, ef stjórnvald skirrist við að veita aðgang að upplýsingum samkvæmt endanlegum úrskurði úrskurðarnefndar. Af þeim sökum er lagt til að úrskurðir úrskurðarnefndar um upplýsingamál um að veita aðgang eða afrit af gögnum verði gerðir aðfararhæfir lögum samkvæmt, svo sem áskilið er um aðfararheimildir skv. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

Um 5. gr.

Í 18. gr. upplýsingalaga er úrskurðarnefnd um upplýsingamál heimilað að fresta réttaráhrifum úrskurðar síns eftir kröfu stjórnvalds. Heimildin er bundin því skilyrði að stjórnvald beri efnisúrskurðinn undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa. Eins og ákvæðið er orðað hefur þótt leika á því nokkur vafi hvenær frestur þessi byrji að líða. Hér er lagt til að áréttað verði að fresturinn byrji að líða frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa úrskurðar.

Um 6. gr.

Í 17. gr. stjórnsýslulaga er heimilað að takmarka aðgang aðila máls að gögnum þess ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga þykja standa því í vegi. Hér er einungis lagt til að vísun til þessara laga verði uppfærð þannig að takmörkunin vísi eftirleiðis til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að breytingar á upplýsingalögum er lúta að starfsskilyrðum úrskurðarnefndar um upplýsingamál taki gildi við birtingu, verði frumvarpið að lögum, en gildistaka breytinga sem leitað er eftir í tengslum við frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verði stillt saman við gildistöku þess frumvarps, verði það að lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996, o.fl.

Tilgangur frumvarpsins er að samræma upplýsingalög ákvæðum frumvarps til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum verður ekki séð að þau hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

867. Tillaga til þingsályktunar [565. mál]

um vetraríþróttasafn.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd sem undirbúi stofnun og rekstur safns vetraríþrótta.

Greinargerð.

Vetraríþróttir eru ríkur þáttur í sögu og nútíð landsmanna en fjölbreytni þeirra og vöxtur hefur þó aldrei verið meiri en síðustu ár. Jafnframt þessu voru skíði, sleðar og önnur tæki hluti af samgöngu- og flutningatækjum áður fyrr. Eðlilegt er að komið verði upp safni sem hafi að geyma muni, myndir og frásagnir um vetraríþróttir á Íslandi. Skíði og skíðamennska er heppilegur upphafsþáttur í safni vetraríþrótta og þar yrðu einnig skautar og sleðar frá fyrstu tíð ásamt eintökum sem brygðu upp mynd af þróun þessara hluta og notkun þeirra allt fram á þennan dag. Þá ættu aðrar vetraríþróttir einnig að eiga sinn sess á safninu enda þótt þær eigi sér skemmri sögu en skíði og skautar. Til þess að efla slíkt safn mætti koma þar fyrir ýmiss konar búnaði sem tengist sögulegum viðburðum, svo sem björgunarleiðöngrum, björgunarstarfi og ferðalögum.

Söfn vetraríþrótta eru þekkt víða um lönd þó að þau séu nokkuð misjafnrar gerðar. Nærtækast er að benda á söfnin í Noregi sem geyma sögu skíða og skíðaferða en þau draga að sér mikinn fjölda ferðamanna og eru lærdómsrík fyrir þá sem nú lifa og síðar koma. Enginn vafi er á að slíkt safn hér á landi mun efla ferðaþjónustu og auka fjölbreytni og fræðslu meðal almennings.

Brýnt er að vinna að stofnun vetraríþróttasafns sem fyrst, a.m.k. þeim þáttum sem snúa að varðveislu muna og frásagna sem farið geta forgörðum á næstu árum ef ekki er að gætt. Enn er að finna meðal okkar fólk sem lagt getur fram mikilvægan fróðleik og frásagnir um þróun vetraríþrótta á síðustu áratugum og enn má finna muni sem hafa mikið varðveislugildi.

Flest bendir til þess að verulegur áhugi verði á að stofna og efla safn um vetraríþróttir, enda eru margir aðilar sem lagt geta slíku safni lið, stofnanir, fyrirtæki, félög og almenningur. Leggja þarf áherslu á víðtækt samstarf allra og sem víðast á landinu.

Nokkrir staðir koma til greina þegar hugað er að stað fyrir safn vetraríþrótta en nærtækast er að benda á Akureyri enda er þar er nú þegar miðstöð vetraríþrótta og fjöldi gesta er þar mikill bæði íþróttamenn og venjulegir ferðamenn. Safnið mun efla miðstöð vetraríþróttanna og auðga bæjarlífið á Akureyri.

868. Tillaga til þingsályktunar [566. mál]

um tónminjasafn.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd til að undirbúa stofnun og rekstur tónminjasafns.

Greinargerð.

Tónminjasafn aflar, varðveitir og sýnir hvers kyns gömul og ný verðmæti sem tengjast tónlist á Íslandi, þar á meðal hljóðfæri, hljómtæki, hljóðupptökur, nótur, bækur, myndir, heimildir um tónlistarsögu og frásagnir af tónlistarflutningi, tónlistarmönnum, tónlistarviðburðum og hvers kyns gripum sem tengjast samningu og flutningi tónlistar.

Með stofnun og rekstri tónminjasafns verður menningarverðmætum bjargað frá glötun og tónlistarsaga þjóðarinnar verður gædd lífi og gerð aðgengileg fyrir almenning. Jafnframt mun tónminjasafn draga að ferðamenn, kynna þeim ríkan þátt í lífi þjóðarinnar og auka fjölbreytni þess sem þeim býðst að skoða. Með vönduðum frágangi er mögulegt að búa til safn sem gleður bæði augu og eyru. Þar verður hægt að flétta saman hljóðupptökur, gömul og ný hljóðfæri, gripi sem tengjast hljómsveitum og tónlistarmönnum, myndir, kvikmyndir og frásagnir.

Tónlistarlíf á Íslandi hefur orðið æ blómlegra á síðustu áratugum. Þeim sem stunda tónlistarnám og tónlistarflutning hefur fjölgað afar mikið og í raun hefur orðið bylting á þessu sviði á 20. öldinni, enda stóð tónlistarlíf á Íslandi í upphafi hennar töluvert að baki því sem var meðal annarra Evrópuþjóða. Jafnframt þessu er nú að koma fram vitneskja úr handritum okkar sem sýnir að tónlistin á sér ríkulegri sögu á Íslandi en áður var talið. Hins vegar er það ekki einungis saga tónlistarinnar og mikil ástundun sem vekur athygli heldur einnig að samning og flutningur tónlistar eru vaxandi atvinnuvegur og útflutningur hér á landi. Tónminjasafn þarf þannig að taka til allra þátta tónlistar og allra tegunda tónlistar.

Margt bendir til þess að víða um land og hjá ótal aðilum liggi efniviður í tónminjasafn og enn fremur að vinda verði bráðan bug að söfnun og skráningu áður en það er orðið um seinan. Enn eru lifandi margir þeir sem muna og geta sagt frá þeim árum sem síðar verða talin hin viðburðaríkustu í tónlistarsögu þjóðarinnar, og enn má finna hljóðfæri, hljómtæki, gripi og búninga hljómsveita, nótur, útsetningar o.s.frv. sem líklegt er að fari forgörðum, jafnvel á næstu árum. Að sjálfsögðu hefur mörgu af því sem tengist tónlist verið safnað og úr því unnið, enda er það á starfssviði ýmissa stofnana. Aðrir aðilar hafa þó einnig stundað skipulega söfnun og vinnslu á verðmætum sem tengjast tónlist. Tónminjasafn á ekki að taka við hlutverki slíkra aðila eða taka fram fyrir hendur þeirra sem fyrir eru heldur eiga öflugt samstarf við þá.

Enginn vafi er að mikill áhugi verður á stofnun og rekstri tónminjasafns, enda er áhugi og efniviður meðal þjóðarinnar nægur. Fjölmargir aðilar meðal stofnana, fyrirtækja, félaga, skóla, kóra, hljómsveita, leikfélaga, einstaklinga o.fl. munu vera tilbúnir að leggja slíku safni lið ef vel er á málum haldið.

Mikilvægt er að undirbúa stofnun og rekstur tónminjasafns og eiga víðtækt samstarf við þá fjölmörgu sem stutt geta slíkt safn, og því er þessi tillaga flutt.

869. Frumvarp til laga [567. mál]

um rannsókn sjóslysa.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Lög þessi taka til slysa og atvika til sjós, í lögum þessum nefnd sjóslys, svo og til köfunarslysa, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1996.

Með sjóslysarannsóknum er átt við þá sérstöku málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum þessum og alþjóðareglum sem Ísland hefur staðfest.

Rannsóknir sjóslysa samkvæmt lögum þessum miða að því einu að koma í veg fyrir slys um borð í skipum og að öryggi til sjós megi aukast.

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við sjóslys fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í lögum þessum merkir orðið sjóslys þann atburð sem leiðir til skaða á mönnum og tjóns á skipi og verðmætum í sambandi við rekstur skips. Ráðherra setur nánari reglur um skilgreiningu á hugtakinu sjóslysi með hliðsjón af skilgreiningum í alþjóðareglum.

3. gr.

Samgönguráðherra skipar fimm manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn til að rannsaka sjóslys. Nefndarmenn skulu hafa menntun og starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við sjóslysarannsóknir.

Samgönguráðherra ræður, að fenginni umsögn nefndarinnar, framkvæmdastjóra sem ræður annað starfslið í samráði við nefndina. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Nefndin ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar sjóslyss umfram það sem henni er skylt samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lögsaga rannsóknarnefndar sjóslysa tekur til allra íslenskra skipa, svo og allra erlendra skipa í siglingum að og frá landinu þegar slys varðar íslenska hagsmuni. Heimilt er nefndinni að rannsaka önnur slys eða atvik sem verða á erlendum skipum er koma til landsins eða í íslenska efnahagslögsögu ef nefndin telur ástæðu til þess eða þess er óskað af fánaríki.

Nefndin skal m.a. rannsaka:

a. sjóslys þar sem skráð skip eiga hlut að máli og sem verða á íslensku yfirráðasvæði,
b. sjóslys þar sem skip skráð á Íslandi á hlut að máli, hvar sem það er statt í heiminum,
c. slys og önnur atvik til sjós og á vötnum sem verða á óskráðum skipum, þ.m.t. skipum undir 6 metrum að lengd.

Um skráningu sjóslysa sem verða um borð í íslenskum skipum af hvaða stærð sem er, svo og skráningu slysa og atvika sem verða á erlendum skipum sem nefndin tekur til skoðunar skulu settar sérstakar reglur.

6. gr.

Skipstjóra eða þeim er kemur í hans stað er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa á mönnum sem verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningarskyldan tekur m.a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi.

Nú verður sjóslys sem ekki fellur undir 1. mgr., sbr. 1., 2. og 5. gr., og ber þá skipstjóra, útgerðarmanni, Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, Landhelgisgæslu, lögregluyfirvöldum eða öðrum sem verða þess áskynja að tilkynna og ganga úr skugga um að rannsóknarnefnd sjóslysa fái vitneskju um slysið.

7. gr.

Hafi sjóslys orðið, sbr. 6. gr., má ekki breyta vettvangi fyrr en skoðun þar til bærra aðila hefur farið fram, þ.m.t. að taka til geymslu alla hluti sem hreyfðir verða og tengjast slysinu. Verði sjóslys á hafi úti, þar sem eigi verður komist hjá því að breyta vettvangi áður en formleg rannsókn fer fram, er skipstjóra og öðrum skipstjórnarmönnum skylt að gera ítarlega skýrslu um vettvang, tildrög slyss og hverjir voru á vettvangi við störf eða annað. Skipstjórnarmönnum er skylt að taka til varðveislu hvers konar hluti sem bila, svo sem blakkir, lása, víra, keðjur, tóg og veiðarfærahluta, og annað sem tengist slysinu. Verði slysið rakið til annars búnaðar, svo sem vél-, raf-, gufu-, hand- eða vökvaknúinna tækja, skal sá búnaður ekki notaður fyrr en rannsókn á honum hefur farið fram, nema öryggi og framhald siglingar krefjist. Í þeim tilvikum þegar viðgerð á tæki úti á sjó er óumflýjanleg er skipstjóra og yfirvélstjóra skylt að sjá um að ítarleg skýrsla sé gerð um bilunina og viðgerðina og að allir hlutir sem taka þarf út og setja nýja í staðinn fyrir séu varðveittir. Slíkar skýrslur, svo og allir hlutir sem skylt er að taka til varðveislu um borð í skipi í sambandi við slys, skulu afhentir nefndinni við komu til hafnar.

8. gr.

Við rannsókn sjóslyss getur nefndin óskað aðstoðar og upplýsinga frá öðrum opinberum aðilum.

Rannsóknarnefnd sjóslysa og starfsmenn hennar skulu hafa óhindraðan aðgang að vettvangi sjóslyss, jafnvel þótt um staði í einkaeign sé að ræða. Nú fer jafnframt fram lögreglurannsókn á vettvangi og skulu þá aðilar hafa samráð um vettvangsskoðun.

Nefndin og starfsmenn hennar hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi eftir eigin mati, sbr. 9. gr.

9. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa og starfsmönnum hennar er heimilt að krefjast framlagningar allra skjala er varða skip, svo sem leiðar-, dag- og véladagbókar, eftirlitsbókar, allra vottorða sem skylt er að hafa um borð í skipi, skráa yfir skipverja, útskrifta úr tölvum er varða siglingu og vélbúnað skips, svo og annarra gagna er ástæða þykir til, t.d. um fjarskipti og gögn sem varða rekstur og siglingu skipsins. Þeim er einnig heimilt að taka skýrslur af eiganda, notanda eða umráðanda skips, áhöfn þess og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins.

Nefndin getur leitað aðstoðar rannsóknastofnana, innlendra eða erlendra, eftir því sem nauðsynlegt er við rannsókn sjóslyss. Innlendum aðilum er skylt að veita nefndinni þessa aðstoð.

Rannsóknarnefnd sjóslysa er heimilt að kalla til starfa með nefndinni sérfræðinga á tilteknum sviðum telji hún það nauðsynlegt.

10. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa getur haldið skipi eða hverjum hluta þess og búnaði sem er svo lengi sem hún telur þörf vegna rannsóknarinnar. Slíkri heimild skal þó ekki beita nema það teljist óhjákvæmilegt vegna rannsóknar málsins.

Ágreining um hvort skip sé látið laust má bera undir dómara í varnarþingi þar sem skipið er statt.

11. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa er heimilt að hljóðrita skýrslur er varða rannsókn sjóslyss. Nefndin afritar það af upptökum sem hún telur máli skipta varðandi rannsókn máls, ella skulu aðalatriði skýrslu skráð.

Aðila máls, fyrirsvarsmanni hans og öðrum þeim sem rannsóknarnefnd sjóslysa telur nauðsynlegt að gefi skýrslu til að upplýsa málið er skylt að koma fyrir nefndina til að svara spurningum sem til þeirra er beint.

12. gr.

Skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, sbr. 4. mgr. 1. gr., enda er markmið sjóslysarannsókna samkvæmt lögum þessum að greina orsakaþætti sjóslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir að slys af sömu eða sambærilegum orsökum endurtaki sig til sjós. Tilgangurinn er ekki að skipta sök eða ábyrgð. Skal þessa getið á forsíðu hverrar lokaskýrslu sem rannsóknarnefnd sjóslysa sendir frá sér.

Ekki skal afhenda gögn með framburði skýrslugjafa fyrir nefndinni.

13. gr.

Aðilar máls, eigandi, útgerðarmaður viðkomandi skips og flokkunarfélag þess, svo og Siglingastofnun Íslands, skulu eiga þess kost, á þann hátt sem rannsóknarnefnd sjóslysa ákveður, að tjá sig um drög að lokaskýrslu nefndarinnar innan tilskilins frests áður en endanlega er gengið frá skýrslunni, sbr. 14. gr., enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða það sé augljóslega óþarft. Nú er gerð skrifleg krafa um að mega tjá sig áður en lokaskýrsla er gerð og skal þá verða við þeirri kröfu.

14. gr.

Þegar rannsókn er lokið skal rannsóknarnefnd sjóslysa svo fljótt sem verða má semja skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um varúðarráðstafanir sem gera má til að afstýra frekari slysum af sama eða líkum toga. Skýrslan skal send samgönguráðherra, Siglingastofnun Íslands, siglingaráði og aðilum máls.

Rannsóknarnefnd sjóslysa skal gera tillögur um úrbætur í öryggismálum til sjós eftir því sem rannsókn á orsökum sjóslysa gefur tilefni til. Siglingastofnun Íslands ber að sjá til þess að tillögur til úrbóta sem berast frá nefndinni séu teknar til formlegrar afgreiðslu hverju sinni. Siglingastofnun Íslands skal senda nefndinni niðurstöður slíkrar afgreiðslu.

Nefndin skal í lok hvers starfsárs semja yfirlit um hvernig tillögum hennar hefur verið framfylgt og senda samgönguráðherra. Yfirlitið skal birta í heildarskýrslu nefndarinnar.

Nefndin skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert og afhenda ráðherra.

Rannsóknarnefnd sjóslysa sér um að dreifa skýrslum nefndarinnar um einstök mál. Skýrslurnar skulu teljast opinber gögn. Skýrslur nefndarinnar má selja á kostnaðarverði.

15. gr.

Rannsóknarnefnd sjóslysa getur endurupptekið þegar rannsakað mál, sbr. 13. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati. Mat nefndarinnar í þessu efni er endanlegt.

16. gr.

Í reglugerð sem samgönguráðherra setur skal nánar kveðið á um störf rannsóknarnefndar sjóslysa, m.a. um samskipti við aðra rannsóknaraðila, skrifstofuhald, geymslu málsgagna, persónuskilríkja um réttarstöðu nefndarmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað og tæki nefndarinnar til vettvangsrannsókna og einstaka þætti málsmeðferðar eftir því sem þurfa þykir.

Ráðherra er enn fremur heimilt að setja reglugerðir um rannsókn sjóslysa að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum.

17. gr.

Brot á ákvæðum 6. gr. varðar sektum.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000.

Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði 230. og 231. gr. laga nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi skipun núverandi rannsóknarnefndar sjóslysa og skal ráðherra eftir gildistökuna skipa rannsóknarnefnd sjóslysa samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta var að stofni til lagt fram á 123. löggjafarþingi, en varð eigi útrætt. Við framlagningu á þessu þingi hefur því verið breytt lítillega meðal annars með tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu við meðferð málsins og umsagna hagsmunaaðila á Alþingi.

Jafnframt þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum.

Frumvarpið var samið af starfshópi á vegum samgönguráðuneytis sem eftirtaldir áttu sæti í: Frá samgönguráðuneyti Jón Birgir Jónsson ráðuneytisstjóri og Ragnhildur Hjaltadóttir skrifstofustjóri, frá rannsóknarnefnd sjóslysa Haraldur Blöndal, formaður, og Kristján Guðmundsson framkvæmdastjóri, frá Siglingastofnun Íslands Hermann Guðjónsson forstjóri og Ari Guðmundsson deildarstjóri og frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti Benedikt Bogason skrifstofustjóri. Auk þess var leitað álits og umsagnar Boga Nilssonar, þáverandi rannsóknarlögreglustjóra, á réttarfarsatriðum.

II.

Upphaf rannsókna á sjóslysum við Ísland má rekja til þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti árið 1963 um að fela ríkisstjórninni að láta fara fram opinbera rannsókn á orsökum hinna fjölmörgu skipstapa sem orðið höfðu næstu tvö til þrjú árin á undan. Samkvæmt

tillögunni átti að „leggja fram tillögur að nýjum reglum um sjóhæfni íslenskra fiskiskipa, um breytingar á eldri skipum, staðsetningu veiðarfæra og hjálpartækja og búnað skips í sambandi við þau og annað það, er aukið getur öryggi sjófarenda frá því sem nú er".

Rannsóknarnefnd sjóslysa var í fyrstu skipuð fulltrúum hagsmunaaðila í siglingum og sjávarútvegi, enda var hlutverk nefndarinnar þá fyrst og fremst að fylgjast með starfi sjódóma og safna upplýsingum og miðla þeim til sjómannaskóla, sjómanna og útgerðarmanna.

Með lögum frá 1986 um breytingu á siglingalögum var núverandi skipan sjóslysanefndar komið á. Með þeirri lagabreytingu jókst mjög starfsemi nefndarinnar og er henni nú heimilt að rannsaka sjóslys sem hún telur ríkar ástæður til að rannsaka. Auk þess er henni skylt að rannsaka orsakir allra slysa þegar íslensk skip farast og öll slys þar sem manntjón verður. Lagaumhverfi, húsnæðismál og fjárveitingar voru þó þannig að ekki var talið skynsamlegt að nefndin rannsakaði einstök mál óháð lögreglu og dómstólum og var rannsóknarferlið því að þessu leyti eins og áður. Þó skipti miklu að nú gat nefndin krafist lögregluranns óknar og sjóprófa og í reynd fer frumrannsókn sjóslysa fram hjá lögreglu og í sjóprófum.

III.

Í frumvarpinu eru nokkur nýmæli frá gildandi löggjöf. Þau eru þessi helst:

1. Óumdeilt er að öflug rannsókn sjóslysa er ein virkasta forvörn til að fækka slysum á sjó og auka öryggi skipa og sjómanna. Því er mjög brýnt að efla og styrkja rannsóknarnefnd sjóslysa og mynda sem bestan lagaramma um rannsóknir þeirra hér. Er það ekki síst nauðsynlegt til að tryggja annars vegar réttaröryggi þeirra sem rannsókn beinist að og hins vegar, og ekki síður, til að markmiðum rannsóknar verði náð en þau eru einungis að auka öryggi og fækka sjóslysum.

   Með þessu frumvarpi er lagt til að sjóslysarannsóknir verði algjörlega sjálfstæðar og að því leyti hliðstæðar rannsóknum flugslysa en hingað til hefur frumrannsókn sjóslysa verið hjá lögreglu og í sjóprófum. Starfsemi rannsóknarnefndar sjóslysa verður því efld og sjálfstæði hennar aukið.
2. Þess hefur orðið vart í vaxandi mæli að ýmsir telja að álit nefndarinnar séu um of notuð til að kveða á um sök í sjóslysamálum og hefur það óneitanlega leitt til tortryggni og þess að menn er misfúsir að gefa upplýsingar. Sama vandamál blasti við rannsóknarnefnd flugslysa og hefur svipað verið uppi á teningnum erlendis. Rannsókn sjóslysa mun samkvæmt þessu frumvarpi ekki fara eftir ákvæðum laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, enda fela þau ákvæði í sér sjálfstæðar rannsóknarheimildir sem frumvarp þetta hefur engin áhrif á. Framkvæmd opinberrar rannsóknar út af sjóslysum og ákvörðun um slíka rannsókn er í höndum ákæruvaldsins. Í frumvarpinu er því kveðið á um að sönnun í opinberum málum verði ekki byggð á skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa. Ástæðan er ekki síst sú að trúnaður megi haldast milli rannsakanda og þeirra sem rannsóknin beinist að. Þetta er í samræmi við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunar sem hefur undanfarin ár unnið að því að setja alþjóðlegar reglur um rannsóknir sjóslysa. Önnur ástæða er tillit til réttaröryggis þeirra sem gefa skýrslur. Framburður fyrir rannsóknarnefnd sjóslysa verður gefinn við aðrar aðstæður en við rannsókn opinbers máls. Þannig er lögreglu skylt að greina hlutaðeigandi frá því hvort hann er yfirheyrður sem grunaður eða vitni. Ekki gert ráð fyrir því samkvæmt frumvarpinu að réttarstaða manna gagnvart nefndinni sé mismunandi, enda kemur enginn fyrir hana sem grunaður maður í skilningi laga um meðferð opinberra mála. Það samræmist þess vegna ekki kröfum sem gerðar eru til réttaröryggis og varða réttarstöðu sakaðra manna að framburður sem gef-

inn er fyrir nefndinni verði notaður sem sönnunargagn í sakamáli. Vísast nánar um þetta til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

3. Þriðja mikilvæga nýmælið er í 14. gr. frumvarpsins og fjallar um úrbætur í öryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum sjóslysa gefur tilefni til. Ef rannsóknir sjóslysa eiga að ná tilgangi sínum er mjög mikilvægt að álit nefndarinnar verði notuð til að efla forvarnir og auka öryggi skipa og sjómanna. Í 14. gr. er þessi meginregla lögfest.

Þá er þess einnig að geta að ekki er gert ráð fyrir að sjópróf verði lögð af, en samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til breytinga á siglingalögum og vísast til þess. Samkvæmt því verður ekki lengur skylda að halda sjópróf.

Að lokum skal tekið fram að með frumvarpinu er leitast við að velja þá leið sem hefur minnstan kostnað í för með sér án þess þó að rannsóknarhagsmunir og réttaröryggi skerðist.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er settur ramminn um sjóslysarannsóknir. Ná lögin til slysa og atvika til sjós er verða í sambandi við rekstur skips og varða öryggi skips, áhafnar og annarra manna, þ.m.t. þegar liggur við slysi. Enn fremur taka lögin til rannsókna á köfunarslysum, sbr. 7. gr. laga um köfun, nr. 31/1996.

Þá er tekið sérstaklega fram að tilgangur rannsóknarinnar sé að auka öryggi til sjós og að rannsóknin sé ekki framkvæmd til að komast að meintri refsiverðri háttsemi.

Um 2. gr.

Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt ályktun um reglur um rannsókn sjóslysa og óhappa á sjó. Þar eru sjóslys skilgreind og flokkuð. Nauðsynlegt þykir að skilgreina orðið sjóslys í samræmi við alþjóðareglur. Hentugra er að vísa til slíkra reglna en að taka skilgreiningarnar upp í lögin, þar sem þær breytast ört.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að rannsóknarnefnd sjóslysa verði skipuð fimm mönnum sem hafi menntun og starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við sjóslysarannsóknir. Hingað til hafa verið skipaðir menn með ólíka starfsreynslu og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Nú er formaður nefndarinnar lögfræðingur. Þá sitja í nefndinni skipaverkfræðingur, vélstjóri, fyrrverandi skipstjóri á kaupskipi og fyrrverandi skipstjóri á fiskiskipi.

Lagt er til að kostnaður við nefndina verði greiddur úr ríkissjóði.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um sjálfstæði nefndarinnar vísast til almennra athugasemda um rökin fyrir því. Rétt er að leggja áherslu á að samgönguráðherra hefur engan íhlutunarrétt varðandi rannsókn máls sem er alfarið og endanlega í höndum nefndarinnar. Tekið er fram að nefndin ákveði sjálf hvenær efni eru til rannsóknar. Í því felst m.a. að nefndin ákveður endanlegt umfang rannsóknar með tilliti til gildis hennar fyrir slysavarnir til sjós. Þá getur og til þess komið að nefndin þurfi að ákveða umfang rannsóknar með tilliti til mikilvægis verkefnis miðað við önnur verkefni sem bíða nefndarinnar, svo og með hliðsjón af fyrirsjáanlegum kostnaði við rannsókn og þeim fjármunum sem nefndin hefur til ráðstöfunar.

Um 5. gr.

Greinin er í samræmi við samsvarandi ákvæði um flugslysarannsóknir og er upptalningin til frekari áherslu á ákvæði 1. gr. Rétt er taka sérstaklega fram að þarna er gert ráð fyrir að sjóslysanefnd rannsaki slys er varða skip sem eru í siglingum til og frá Íslandi. Er þetta meðal annars gert til að ljóst sé að skip sem sigla undir hentifánum og eru í áætlunarsiglingum hingað til lands, oft með íslenska áhöfn, eigi undir nefndina.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um skyldu til að tilkynna um sjóslys. Lögð er áhersla á að tryggt sé að nefndin fái tafarlaust vitneskju um sjóslys.

Í 1. mgr. hvílir tilkynningarskyldan á skipstjóranum. Greinin er nær óbreytt ákvæði síðustu málsgreinar 221. gr. siglingalaga.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um tilkynningarskyldu á slysum til nefndarinnar vegna annarra slysa en greinir í 1. mgr. Þeir sem eru taldir upp í greininni eru í hópi þeirra sem væntanlega fá fyrstir vitneskju um sjóslys.

Um 7. gr.

Hér er nánar greint frá skyldum skipstjórnarmanna. Ákvæði greinarinnar miðar að því að girða fyrir að sönnunargögnum sé spillt. Í reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eru nánari leiðbeiningar þar um. Ætlunin er að afhent verði eyðublöð í íslenskum skipum þar sem fram komi nánar hvaða upplýsingar er beðið um svo að skipstjórnarmenn þurfi ekki að velkjast í vafa um hvernig best sé að standa að skýrslugerð. Ljósmynda- og myndbandatökur væru mjög æskilegar, en ekki þykir fært að gera það að lagaskyldu að útgerðir hafi tæki til slíks um borð þótt líklegt sé að einstakir skipverjar eigi slík tæki. Eins má vitanlega hljóðrita skýrslur.

Um 8. gr.

Hér er skýrgreint vald nefndarinnar til að rannsaka slys á vettvangi. Tekið er fram að fari jafnframt fram lögregluranns ókn skuli aðilar hafa samstarf um vettvangsrannsókn. Þá er kveðið á um rétt nefndarinnar til að fá upplýsingar og óska aðstoðar annarra opinberra aðila, t.d. Siglingastofnunar, Landhelgisgæslunnar og lögreglu. Slíkar upplýsingar og aðstoð verður að veita, nema það sé í andstöðu við lög og reglur viðkomandi stofnana.

Í 230. gr. siglingalaga er kveðið á um skyldu lögreglu til að aðstoða nefndina. Ekki þykir rétt að lögbinda þannig skyldu lögreglu til að veita aðstoð, en vitanlega er gert ráð fyrir góðu samstarfi þessara aðila, eftir því sem ólík rannsóknarviðhorf leyfa.

Um 9. gr.

Ákvæðið er efnislega í samræmi við gildandi reglur en kveðið er fastar að orði. Þá er rétt að ótvírætt sé að nefndin geti leitað aðstoðar sérfræðinga, en slíkt getur reynst kostnaðarsamt. Taka þarf tillit til slíks kostnaðar í fjárlögum.

Um 10. gr.

Í 220. gr. núgildandi siglingalaga er heimild fyrir Siglingastofnun og rannsóknarnefnd sjóslysa að láta taka tollvegabréf erlendra skipa þar til sjópróf hefur farið fram.

Hér er gert ráð fyrir að heimildir rannsóknarnefndar sjóslysa nái einnig til íslenskra skipa, enda sömu rök til þess að halda íslensku skipi og erlendu ef kanna þarf ástand skipsins. Nauðsynlegt er að skipstjóri eða útgerðarmaður geti krafist þess að skip sé látið laust og bor-

ið þá kröfu undir dómara. Ákvæðið mundi einnig ná til þeirra skipshluta sem hald hefur verið lagt á og skipi eru nauðsynlegir til áframhaldandi siglingar. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 11. gr.

Með hliðsjón af breyttum vinnubrögðum er nauðsynlegt að skýr heimild sé fyrir því að hljóðrita megi skýrslur.

2. mgr. er nýmæli. Með hliðsjón af þeirri meginbreytingu frumvarpsins að nefndin annist frumrannsókn sjóslysa er nauðsynlegt að kveða á um skyldu manna til að koma til skýrslutöku. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 12. gr.

Greinin er nýmæli sem tekur af tvímæli um að skýrslur nefndarinnar eru ekki gerðar með tilliti til skiptingar sakar eða ábyrgðar og eiga því ekki að vera nýttar sem sönnunargögn í sakamálum. Þetta er í samræmi við yfirlýst markmið tillagna Aljóðasiglingamálastofnunarinnar. Þar segir þó jafnframt að ekki eigi að hika við að birta niðurstöður um ástæður slyssins þótt draga megi ályktanir um sök eða ábyrgð út frá þeim.

Þetta haggar ekki heimildum þar til bærra yfirvalda til málsmeðferðar samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, en ekki er gert ráð fyrir að frumkvæði að slíkri rannsókn komi frá rannsóknarnefnd sjóslysa.

Á hinn bóginn er ekki óhugsandi að Siglingastofnun óski í einhverjum tilvikum eftir opinberri rannsókn þegar hún hefur fengið skýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa í hendur, jafnvel áður en hún fær lokaskýrslu.

Fari fram opinber rannsókn er eðlilegt að gögn um þann hluta rannsóknar nefndarinnar sem varðar vettvang og tæknilegar upplýsingar verði látin þeim í té sem annast opinberu rannsóknina.

Réttaröryggissjónarmið leiða á hinn bóginn til þess að ekki er rétt að byggja opinbera málsmeðferð á gögnum með framburði aðila fyrir rannsóknarnefnd sjóslysa, enda slík skýrslugjöf yfirleitt ekki samkvæmt formreglum laga um meðferð opinberra mála. Þá mundi afhending slíkra gagna brjóta í bága við alþjóðlega sáttmála um mannréttindi sem Ísland er aðili að.

Um 13. gr.

Grein þessi er nýmæli og eðlileg með hliðsjón af meginreglum stjórnsýslulaga og rétti manna til að tjá sig. Rétt þykir að taka fram að menn geti krafist þess skriflega að gera athugasemdir áður en skýrslugerð er lokið. Bókuð krafa, t.d. við skýrslutöku, hefði vitanlega sama gildi. Þessar athugasemdir mundu fyrst og fremst beinast að atvikalýsingu, en sjálf röksemdafærsla nefndarinnar og niðurstaða verður vitanlega ekki borin undir aðila.

Um 14. gr.

Greinin hefur að geyma mikilvægt nýmæli. Til að markmið sjóslysarannsókna náist er nauðsynlegt að tryggja að unnið sé úr niðurstöðum nefndarinnar og tillögum hennar fylgt eftir.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að skýrslur nefndarinnar séu aðeins birtar ef sérstakar ástæður mæla með því. Í þessu frumvarpi er birting skýrslunnar meginregla og afhending hennar til ákveðinna aðila lögfest. Hins vegar eru skýrslurnar opinber gögn sem almenningur hefur aðgang að eftir upplýsingalögum. Birtingin er ekki formbundin og er jafngild hvort sem hún birtist á netinu eða á prenti.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Með hliðsjón af mikilvægi þess að skýrslur sé gefnar og nefndin fái tafarlaust tilkynningu um slys er lagt til að brot á tilkynningarskyldu geti varðað sektum.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Rétt er að taka fram að ekki er gert ráð fyrir að núgildandi ákvæði um sjópróf breytist, enda rétt að vinna nefndarinnar við þau sé óbreytt meðan þau ákvæði standa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn sjóslysa.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum. Tilgangurinn með frumvarpinu er að gera sjóslysarannsóknir sjálfstæðar og að því leyti hliðstæðar rannsóknum flugslysa. Í frumvarpinu er lagður grundvöllur að lagaramma fyrir rannsóknir sjóslysa. Er það annars vegar til þess að tryggja réttaröryggi þeirra sem rannsókn beinist að og hins vegar til þess að markmiðum rannsóknar verði náð, um að auka öryggi og fækka sjóslysum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs.

870. Frumvarp til laga [568. mál]

um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

219. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 220. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sjópróf fyrir héraðsdómi skal haldið ef Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa, eigandi, útgerðarmaður, leigutaki skips eða skipstjóri fyrir þeirra hönd, farmeigandi eða vátryggjandi skips, áhafnar, farþega eða farms eða lögreglustjóri, yfirvélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stéttarfélög viðkomandi sjómanna óska þess sérstaklega. Nú

hlýst tjón af siglingu skips eða útgerð skips og getur þá tjónþoli á sama hátt óskað eftir sjóprófi.

b. Í stað orðanna „landhelgi, sbr. 1. gr. l. nr. 41/1979“ í 2. mgr. kemur: efnahagslögsögu, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1979.
c. Í stað orðanna „getur þá Siglingastofnun Íslands eða rannsóknarnefnd sjóslysa“ í 3. mgr. kemur: geta þá sömu aðilar og greinir í 1. mgr.
d. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú synjar héraðsdómari að fram fari sjópróf og er þá heimilt að kæra þá ákvörðun til Hæstaréttar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 221. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Á eftir orðinu „lögregluyfirvöld“ í 3. mgr. kemur: og rannsóknarnefnd sjóslysa.
c. Orðin „sem greinir í 2. mgr.“ í 4. mgr. falla brott.
d. 5. mgr. fellur brott.

4. gr.

Lokamálsliður 222. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

223. og 224. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 226. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar sjópróf fer fram gefur dómari sjóprófsbeiðanda kost á að leiða og spyrja vitni. Aðrir þeir sem óskað geta sjóprófs, sbr. 220. gr., geta á sama hátt leitt og spurt vitni, kynnt sér málsskjöl og gert þær bókanir sem þeir telja nauðsynlegar. Vitnaskýrslur skal bóka eða samandregin skýrsla dómara um framburð vitna hljóðrituð og síðan vélrituð nema dómari telji nauðsyn bera til að milliliðalaus hljóðritun sé notuð.

b. 3. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðanna „við sjópróf skal dómurinn skoða“ og „jafnframt skal dómurinn framkvæma eða láta framkvæma“ í 4. mgr. kemur: við sjópróf getur dómurinn skoðað, og: jafnframt getur dómurinn framkvæmt eða látið framkvæma.
d. 5. mgr. orðast svo:

Þegar halda skal sjópróf ber sjóprófsbeiðanda að tilkynna Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa og lögreglustjóra þar sem sjópróf er haldið þar um.

e. 6. og 7. mgr. falla brott.
f. Á eftir orðinu „senda“ í 8. mgr. kemur: viðkomandi lögreglustjóra.

7. gr.

Í stað orðanna „getur þá Siglingastofnun, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri“ í 228. gr. laganna kemur: geta þá þeir sem sjóprófs geta beiðst, sbr. 1. mgr. 220. gr.

8. gr.

229.–231. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um rannsóknir sjóslysa sem lagt er fram samhliða þessu kemur fram að ekki er lagt til að leggja sjópróf af, enda geta þau verið nauðsynleg af öðrum ástæðum en vegna sjóslysarannsókna sem fara eiga fram sjálfstætt. Af þessum sökum þarf að gera nokkrar breytingar á kaflanum um sjópróf í siglingalögum. Annars vegar falla greinarnar um rannsóknarnefnd sjóslysa brott, og jafnframt er ákvæðið um skyldu skipstjóra til að skrá slys haft í frumvarpinu um rannsóknir sjóslysa, en hins vegar hafa ákvæðin um sjópróf verið endurskoðuð með hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið á réttarfari landsins. Meginbreytingin er þó sú að ekki verður lengur skylda að halda sjópróf.

Samkvæmt 1. mgr. 221. gr. siglingalaga er tilgangur sjóprófs „að leiða í ljós, svo sem framast má verða, orsakir viðkomandi atburðar og aðrar staðreyndir sem máli skipta í því sambandi, þ.m.t. upplýsingar um allt það er varðar mat á haffærni skips eða öryggi á siglingu, svo og um allt er leitt gæti til aukins öryggis sjófarenda eða refsi- eða skaðabótaábyrgðar útgerðarmanns, skipstjóra, skipverja eða annarra manna".

Þar sem sjóslysarannsóknir fjalla einungis um öryggi sjófarenda er undanskilið það hlutverk sjóprófa að leiða í ljós refsi- eða skaðabótaábyrgð. Nú er skylt að halda sjópróf ef skipverji eða farþegi deyr eða slasast alvarlega, svo og ef skip hefur farist, árekstur hefur orðið með skipum, ásigling eða strand átt sér stað, skip hefur laskast að mun eða valdið umtalsverðu tjóni á verðmætum utan skips, svo og þegar skip hefur verið yfirgefið í hafi eða lent í bráðri hættu, svo sem þegar sprenging eða eldsvoði verður um borð, þegar farmur hefur færst verulega úr stað eða aðrar sambærilegar hættur ber að. Þá ber að halda sjópróf ef Siglingastofnun Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa, útgerðarmaður eða skipstjóri fyrir hans hönd óska þess sérstaklega, enda þótt um sé að ræða önnur tilvik en að framan greinir.

Siglingastofnun Íslands eða rannsóknarnefnd sjóslysa geta auk þess krafist þess að sjópróf séu haldin vegna slysa eða tjóna sem verða á erlendum skipum ef slys verður í íslenskri landhelgi eða þau snerta verulega íslenska hagsmuni, enda komi skipið eða áhöfn þess í íslenska höfn. Loks geta yfirvélstjóri, meiri hluti skipshafnar eða stéttarfélög viðkomandi sjómanna farið fram á að haldið verði sjópróf og skal þá leggja fram skriflega og rökstudda beiðni þar um.

Sjópróf eru í eðli sínu hliðstæð þinghöldum sem haldin eru skv. 77. gr. einkamálalaga, og má færa rök fyrir því að þau ákvæði ein séu nægjanlegar heimildir til þess að taka sjóferðarskýrslu fyrir dómi. Ríkissaksóknari og hagsmunaaðilar telja hins vegar nauðsynlegt með hliðsjón af sérstöðu siglinga og útgerðar að hægt sé að halda sjópróf eins og verið hefur þótt þau verði ekki skylda. Í frumvarpinu er lagt til að sjópróf verði ekki skylda, en hins vegar geti þeir sem getið er í 2. gr. frumvarpsins óskað eftir sjóprófum. Gera má ráð fyrir að sjóprófum fækki heldur, enda eru flest tilvikin rannsökuð af öðrum aðilum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem ekki verður lengur skylda að halda sjópróf er greinin óþörf, sbr. almennar athugasemdir.

Um 2. gr.

Hér eru taldir upp þeir aðilar sem geta krafist sjóprófs og þeim fjölgað til samræmis við frumvarp sem Guðmundur Hallvarðsson og fleiri þingmenn hafa flutt. Þá er talið eðlilegt að farmeigendur og vátryggjendur farms, áhafnar, farþega og skips geti krafist sjóprófs, svo og lögreglustjórar. Jafnframt þykir rétt að yfirvélstjóri, meiri hluti áhafnar og stéttarfélög hafi þennan rétt. Þótt rannsóknarnefnd sjóslysa hafi sjálfstæðar rannsóknarheimildir er ekki talið rétt að útiloka þann möguleika að nefndin geti krafist sjóprófs.

Í d-lið er nýmæli þar sem veitt er heimild til að kæra til Hæstaréttar ákvörðun héraðsdómara um synjun á sjóprófi. Þessi heimild er ekki fyrir hendi nú eins og nýr Hæstaréttardómur, dags. 17. mars 2000, í máli Básafells hf. gegn Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara ber með sér.

Um 3. gr.

Breytingin er gerð með hliðsjón af réttarfarslögum, og er hún sú að frumkvæðisskyldan er hjá sjóprófsbeiðanda. Dómari stjórnar réttarhaldinu. Fellt er brott ákvæði um að dómari geti fyrirskipað lögregluranns ókn, en óbreytt eru ákvæði um skyldu skipstjóra til að láta lögreglu vita um mannskaða eða meiri háttar líkamstjón. Síðasta málsgrein 221. gr. fellur brott, en samsvarandi ákvæði er í frumvarpi um rannsóknarnefnd sjóslysa.

Um 4.–9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um rannsókn sjóslysa. Tilgangurinn með frumvarpinu er að endurskoða ákvæði um sjópróf með hliðsjón af þeim breytingum sem hafa orðið á réttarfari. Meginbreytingin er sú að ekki er lengur skylda að halda sjópróf. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs.

871. Frumvarp til laga [569. mál]

um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

E-liður 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Undanþegin ákvæðum c-liðar eru skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni. Samgönguráðherra er heimilt að ákveða að skip sem stunda veiðar nálægt landi verði undanþegin ákvæðum c-liðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi sem varð að lögum nr. 39/1999, um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum, voru gerðar breytingar á lögunum vegna sjálfvirks tilkynningarkerfis sem áformað er að taka í fulla notkun á næstunni.

Í 1. gr. laganna er kveðið á um hvenær og hve oft skip skuli tilkynna sig í sjálfvirka tilkynningarkerfinu til eftirlitsmiðstöðvar og ræðst það af stærð skipsins og farsviði. Meginreglan er sú að öll skip skulu tilkynna brottför og komu í höfn. Að öðru leyti gilda eftirfarandi reglur:

a. Skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri skulu tilkynna sig á tólf klukkustunda fresti.
b. Skip sem eru styttri en 24 metrar og er heimilt að sigla utan þjónustusvæðis sjálfvirkrar tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á einnar klukkustundar fresti.
c. Skip sem eru styttri en 24 metrar og sigla á þjónustusvæði sjálfvirks tilkynningarkerfis á metrabylgju skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.
d. Farþegaskip sem notuð eru í atvinnuskyni skulu tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.

Í e-lið 2. mgr. 1. gr. laganna er kveðið á um að skipum sem stunda takmarkaða sjósókn eða hafa aðeins sumarhaffæri sé heimilt að tilkynna sig með öðrum leiðum eftir því sem nánar verði ákveðið í reglugerð. Miðað hefur verið við að þessum skipum verði eftir sem áður skylt að tilkynna sig í handvirka kerfinu meðan það er rekið samhliða því sjálfvirka. Áætlað hefur verið að um 150 skip falli undir ákvæði e-liðar. Taka þarf afstöðu til þess hvernig þessi skip eiga að tilkynna sig þegar handvirka kerfið verður lagt niður.

Með frumvarpi þessu er lagt til að e-lið 2. mgr. 1. gr. verði breytt á þann veg að bátum sem ekki eru notaðir í atvinnuskyni verði ekki skylt að tilkynna sig í gegnum sjálfvirka tilkynningarkerfið, en það eru fyrst og fremst skemmtibátar.

Jafnframt er lagt til að samgönguráðherra verði heimilt að ákveða að skip sem stunda veiðar nálægt landi verði undanþegin ákvæðum c-liðar. Með þessu er miðað við að ráðherra geti ákveðið að undanþágan nái einnig til báta sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni og stunda aðeins veiðar innan 1,5 sjómílna frá landi, en aðstæður um borð í þessum bátum eru þannig að ekki er unnt að hafa þar nauðsynlegan búnað til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu. Áætlað er þessir bátar séu um 20–30 og munu þeir væntanlega hverfa úr rekstri innan nokkurra ára.

Ástæður þessara breytinga sem felast í því að gerð er krafa um að fleiri skip skuli búin búnaði til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu byggjast einkum á eftirfarandi:

a. Markmið sjálfvirkrar tilkynningarskyldu er að skip og bátar tilkynni sig örar en verið hefur eða a.m.k. á klukkustundar fresti og allt niður í 15 mínútur fyrir skip styttri en 24 metrar. Verði tíðni tilkynninga fyrir báta með takmarkaða sjósókn eða sumarhaffæri önnur og lægri er verið að draga úr því öryggi sem sjálfvirk tilkynningarskylda á að veita bátum af minnstu gerð.
b. Eins og reglur eru í dag er bátum sem einungis hafa sumarhaffæri heimilt að vera án gúmmíbjörgunarbáts. Það mælir enn frekar með því að þessir bátar tilkynni sig reglulega gegnum sjálfvirka tilkynningarskyldu.
c. Bent hefur verið á að bátar með takmarkaða sjósókn og sumarhaffæri geti notað svokallaðan símakrók. Ef sú leið yrði valin yrði að gera kröfu um að bátarnir yrðu útbúnir NMT-farsímum til að sinna tilkynningarskyldunni sem yrði þá í öllum tilvikum handvirk.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að skip sem stunda takmarkaða sjósókn eða hafa aðeins sumarhaffæri verði ekki undanskilin frá ákvæðum um sjálfvirka tilkynningarskyldu. Samkvæmt samkomulagi um framkvæmd sjálfvirkrar tilkynningarskyldu sem undirritað var 5. mars 1998 er miðað við að 40.000 kr. styrkur verði veittur úr ríkissjóði til skipa sem þurfa að kaupa búnað til VHF-fjarskipta vegna sjálfvirka tilkynningarskyldukerfisins. Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu má ætla að fjöldi skipa sem þetta á við um sé um 150.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna þess verði 6 m.kr. í eitt ár og falli niður eftir það.

872. Frumvarp til laga [570. mál]

um bílaleigur.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um leigu á skráningarskyldum ökutækjum í atvinnuskyni án ökumanns.

Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að eigi þurfi leyfi til leigu á tilteknum flokkum ökutækja eða fyrir tiltekinni leigustarfsemi.

2. gr.
Orðskýringar.

Bílaleiga er starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni þar sem almenningi er boðið til leigu skráningarskylt ökutæki.

Leigusamningur er samningur milli bílaleigu og leigutaka um leigu á bifreið eða öðru ökutæki til afnota gegn gjaldi.

Starfsleyfi er leyfi til reksturs bílaleigu.

3. gr.
Starfsleyfi.

Hver sá sem vill reka bílaleigu skal hafa til þess starfsleyfi samgönguráðuneytsins. Starfsleyfi skal veitt til fimm ára í senn. Gjald fyrir útgáfu starfsleyfis skal vera 10.000 kr.

Samgönguráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa samkvæmt lögum þessum.

Þeim einum er rétt að nefna sig bílaleigu sem fengið hefur starfsleyfi til leigu ökutækja samkvæmt lögum þessum.

Bílaleiga á grundvelli starfsleyfis skal rekin á fastri starfsstöð. Bílaleiga getur á grundvelli starfsleyfis sett á fót útibú. Á fastri starfsstöð skal framkvæmdastjóri eða yfirmaður fullnægja skilyrðum 4. gr. Fyrirsvarsmaður útibús skal einnig fullnægja skilyrðum 4. gr.

Heimilt er leyfishafa að leggja inn til samgönguráðuneytis starfsleyfi sitt. Honum er óheimilt að segja upp starfsábyrgðartryggingu sinni fyrr en að fenginni staðfestingu samgönguráðuneytisins á innlögn leyfisins.

4. gr.

Skilyrði starfsleyfis.

Framkvæmdastjóri bílaleigu samkvæmt lögum þessum og fyrirsvarsmaður útibús skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að hafa búsetu á Íslandi.
2. Að hafa náð tuttugu ára aldri.
3. Að vera lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, né lögum um sölu notaðra ökutækja.
4. Að hafa forræði á búi sínu.

Áður en starfsleyfi er veitt skal umsækjandi leggja fram skírteini um að hann hafi tekið starfsábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, aflað sér bankatryggingar eða lagt fram aðra tryggingu sem ráðherra metur gilda til að bæta viðskiptamönnum tjón er hann kann að baka þeim með rekstri bílaleigu. Nánari ákvæði um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingarskilmála, skulu ákveðin með reglugerð.

Meiri hluti stjórnarmanna lögaðila skal fullnægja skilyrðum 1. mgr. Þó eru stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, undanþegnir búsetuskilyrðum 1. tölul. 1. mgr. Ráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

5. gr.

Skyldur bílaleigu.

Leyfishafi skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Leyfishafi ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við leigu bíla sem væru þau verk hans sjálfs.

Skylt er að leyfisbréf vegna starfseminnar liggi frammi á starfsstöð.

Bílaleiga skal tryggja að skráningarskyld ökutæki til útleigu séu ætíð í góðu ásigkomulagi og fullnægi kröfum sem gerðar eru um þau.

6. gr.

Leigusamningur.

Leyfishafi skal sjá um að endanlega sé gengið frá leigusamningi. Leigusamningur skal vera undirritaður af báðum aðilum og skal hvor halda sínu eintaki. Í samningnum skal greina helstu atriði varðandi leigu ökutækisins eftir því sem nánar skal ákveðið í reglugerð.

Leyfishafi skal upplýsa erlenda leigutaka um íslenskar umferðarreglur, umferðarmerki og reglur um bann við umferð utan vega. Jafnframt skal leyfishafi vekja sérstaka athygli á hættu sem stafar af dýrum á vegum.

7. gr.

Leigutaki.

Óheimilt er að leigja bifreið eða annað ökutæki öðrum en þeim sem hafa réttindi til að stjórna bifreiðinni eða ökutækinu sem leigja á. Bílaleigu er þó heimilt að gera leigusamning við aðila sem ekki hefur tilskilin ökuréttindi, enda tilnefni hann ökumann skriflega og má sá aka bifreiðinni eða ökutækinu. Skal ökumaður uppfylla framangreind skilyrði.

8. gr.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð um leigustarfsemina og nánari framkvæmd laganna að öðru leyti.

9. gr.

Brot o.fl.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim varða sektum.

Nú rekur aðili starfsemi sem starfsleyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án leyfis og skal þá lögreglustjóri þegar í stað stöðva starfsemina, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

10. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þær bílaleigur sem starfa við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér starfsleyfis fyrir 1. september 2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu og er ætlað að setja almenna umgjörð um rekstrarumhverfi bílaleiga. Frumvarpið er samið að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið.

Með vaxandi fjölda erlendra ferðamanna hefur útleiga bíla orðið sívaxandi þáttur í þjónustu við ferðamenn. Hefur bílum í útleigu fjölgað verulega á undanförnum árum eins og sést á eftirfarandi töflu sem sýnir árlegar nýskráningar bílaleigubíla, þ.e. fjölda nýrra bíla sem teknir eru í notkun af bílaleigum og skráðir sem slíkir.

Ár	Fjöldi
1993	188
1994	251
1995	122
1996	329
1997	432
1998	672
1999	802

Heimild: Skráningarstofan.

Fjölgun þessi endurspeglar ljóslega mikla aukningu umsvifa í atvinnugreininni en einnig þá þróun sem hefur verið innan greinarinnar að leggja sífellt meiri áherslu á að bjóða viðskiptavinum sem nýjasta bíla. Meðalaldur bifreiðanna hefur farið lækkandi og heita má fátítt að notaðir séu í útleigu eldri bílar en tveggja ára.

Þar sem lagaumhvefi bílaleiga hefur verið frekar óljóst á undanförnum árum og í raun gerðar mjög litlar kröfur um hæfi aðila til að setja upp bílaleigur hefur rekstrareiningum fjölgað og þá oft með lítilli stærðarhagkvæmni. Með frumvarpi þessu er leitast við að setja starfsgreininni fastari skorður með því herða kröfur til þeirra sem fást við útleigu bifreiða og auka þannig öryggi viðskiptavinanna.

Auknar kröfur til rekstraraðila skapa síðan forsendur þess að hægt sé að tryggja fyrirtækjum í atvinnugreininni sams konar rekstrarskilyrði og öðrum ferðaþjónustufyrirtækjum varðandi innkaup á rekstrarvörum. Samkvæmt gildandi reglum er greitt fullt vörugjald af bílum sem bílaleigur kaupa líkt og um einkabíla væri að ræða, með þeirri undantekningu þó að bifreiðar sem falla í flokk II bera 30% vörugjald en ekki 40% eins og einkabílar í sama flokki. Gjöldin geta farið upp í 65% en sams konar bíll skráður til hópferðaaksturs ber 5% vörugjald. Unnið er að breytingum á þessum reglum innan fjármálaráðuneytisins.

Þessi mismunun hefur komið fram í hlutfallslega háu leiguverði og er útleiguverð á bílaleigubílum á Íslandi eitt það hæsta í Evrópu eins og kemur fram í fylgiskjali. Að mati Samtaka ferðaþjónustunnar geta bílaleigur boðið lægra verð, sem stuðlar að aukinni einstaklingsumferð, verði vörugjöldin lægri. Sú tegund ferðaþjónustu er hagstæð að því leyti að hún dreifist um landið og nýtir vel minni gististaðina sem hafa oft verri nýtingu. Einnig jafnast hún yfir allt árið. Lægri vörugjöld mundu einnig gera leigunum kleift að bjóða betur búna bíla, t.d sjálfskipta, án verulegs aukagjalds.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna, þ.e. leiga á hvers konar ökutækjum í atvinnuskyni án ökumanns. Um hvaða ökutæki eru skráningarskyld vísast til umferðarlaga og reglugerða samkvæmt þeim. Ef bifreiðin er leigð út með ökumanni gilda ákvæði laga um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum og laga um leigubifreiðar.

Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra sé heimilt að ákveða með reglugerð að ekki þurfi leyfi til leigu á tilteknum flokkum ökutækja eða fyrir tiltekinni leigustarfsemi og kveða að öðru leyti á um leigustarfsemina, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Með þessari grein eru orð sem notuð eru í frumvarpinu skýrð frekar.

Um 3. gr.

Miðað er við að samgönguráðuneytið veiti leyfi til reksturs bílaleigu og að það gildi til fimm ára í senn. Gert er ráð fyrir að bílaleiga hafi fasta starfsstöð og geti stofnað útibú á grundvelli starfsleyfisins. Miðað er við að framkvæmdastjóri eða yfirmaður fastrar starfsstöðvar og og fyrirsvarsmaður útibús verði að fullnægja skilyrðum 4. gr.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um skilyrði sem uppfylla þarf áður en starfsleyfi er veitt. Starfsábyrgðartrygginging yrði að öllum líkindum svipuð ferðaskrifstofutryggingum og í samræmi við umfang rekstursins, t.d. miðað við fjölda bifreiða í útleigu hverju sinni, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um skyldur bílaleigu. Í 3. mgr. 5. gr. er kveðið á um að bílaleiga skuli tryggja að skráningarskyld ökutæki séu ætíð í góðu ásigkomulagi og að ökutækin fullnægi kröfum sem gerðar eru um þau, t.d. að þau séu færð til lögboðinnar skoðunar og að ábyrgðartryggingar séu í fullu gildi eins og lög og reglur kveða á um.

Um 6. gr.

Greinin kveður á um að gerður skuli skriflegur leigusamningur. Byggt er á því að í reglugerð verði birt samræmt leigusamningsform. Slíkt yki neytendavernd verulega og eyddi margs konar óvissu í viðskiptum milli aðila, öllum til hagsbóta.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra setji reglugerð um atriði sem kveða þarf nánar um í starfsemi bílaleiga, t.d. um efni leigusamnings og skyldur bílaleigu gagnvart viðskiptavinum og önnur atriði er varða framkvæmd laganna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Miðað er við að lögin öðlist gildi 1. júlí 2000. Með því gefst svigrúm til kynningar á lögunum og setningar reglugerðar á grundvelli þeirra. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða verður starfandi bílaleigum veittur frestur til 1. september 2000 til að uppfylla skilyrði laganna og afla sér starfsleyfis til starfseminnar.

Verð á bílaleigubílum í nokkrum löndum.

I. Á háönn, ótakmarkaður kílómetrafjöldi.

Land	Einkenni	Flokkur	Tegund	14 daga pakki	Helgar, 3 dagar	Skattur	Gjaldmiðill	Tímabil	Gengi	14 dagar, IKR	Helgar, 3 dagar IKR
Austurríki	ECMN	A	Opel Corsa	7.310	1.572	20,0%	ATS	1. apríl – 31. mars	5,33180	38.975	8.382
Danmörk	ECMN	A	Opel Corsa 1,2	4.892	815	25,0%	DKR	1. apríl – 31. mars	9,85300	48.201	8.030
Finnland	EBMN	A	VW Polo 1,3	5.059	965	22,0%	FIM	1. apríl – 31. mars	12,33950	62.426	11.908
Frakkland	EBMN	A	Renault Twingo	2.418	500	20,5%	FRF	1. apríl – 31. mars	11,18470	27.045	5.592
Lúxemborg	EBNM	A	VW Polo 1,4	23.622	4.233	15,0%	LUF	1. apríl – 31. mars	1,81670	42.914	7.690
Noregur	EBNM	A	VW Polo Coupé 1,3	7.360	1.000	23,0%	NOK	1. apríl – 31. mars	9,07400	66.785	9.074
Svíþjóð	CCMN	A	VW Polo 1,6 l	4.882	1.200	25,0%	SEK	1. apríl – 31. mars	8,52800	41.634	10.234
Bretland	ECMN	-	Ford Fiesta 1,1 LX	281	52	17,5%	GBP	1. apríl – 31. mars	119,52000	33.609	6.191
Holland	ECMN	A	Renault Twingo	1.003	288	17,5%	NLG	1. apríl – 31. mars	33,29250	33.392	9.588
Sviss	ECMN	A	Seat Ibiza	789	236	7,5%	CHF	1. apríl – 31. mars	45,42000	35.836	10.719
Spánn	EBMN	A	Nissan Micra 1,0L	66.941	17.689	16,0%	ESP	1. apríl – 31. okt.	0,44100	29.521	7.801
Ísland	CCMN	A	Nissan Micra 1,0L	1.867	485	24,5%	USD	1. júní – 31. ágúst	72,63000	135.600	35.226
Írland	ECMN	A	Ford Fiesta	361	91	12,5%	IEP	1. júlí – 31. ágúst, 15. des.– 31. des.	93,15690	33.630	8.477

II. Á lágönn, ótakmarkaður kílómetrafjöldi.

Land	Einkenni	Flokkur	Tegund	14 daga pakki	Helgar, 3 dagar	Skattur	Gjaldmiðill	Tímabil	Gengi	14 dagar, IKR	Helgar, 3 dagar IKR
Austurríki	ECMN	A	Opel Corsa	7.310	1.572	20,0%	ATS	1. apríl – 31. mars	5,33180	38.975	8.382
Danmörk	ECMN	A	Opel Corsa 1,2	4.892	815	25,0%	DKR	1. apríl – 31. mars	9,85300	48.201	8.030
Finnland	EBMN	A	VW Polo 1,3	5.059	965	22,0%	FIM	1. apríl – 31. mars	12,33950	62.426	11.908
Frakkland	EBMN	A	Renault Twingo	2.418	500	20,5%	FRF	1. apríl – 31. mars	11,18470	27.045	5.592
Lúxemborg	EBNM	A	VW Polo 1,4	23.622	4.233	15,0%	LUF	1. apríl – 31. mars	1,81670	42.914	7.690
Noregur	EBNM	A	VW Polo Coupé 1,3	7.360	1.000	23,0%	NOK	1. apríl – 31. mars	9,07400	66.785	9.074
Svíþjóð	CCMN	A	VW Polo 1,6 l	4.882	1.200	25,0%	SEK	1. apríl – 31. mars	8,52800	41.634	10.234
Bretland	ECMN	-	Ford fiesta 1,1 LX	281	52	17,5%	GBP	1. apríl – 31. mars	119,52000	33.609	6.191
Holland	ECMN	A	Renault Twingo	1.003	288	17,5%	NLG	1. apríl – 31. mars	33,29250	33.392	9.588
Sviss	ECMN	A	Seat Ibiza	789	236	7,5%	CHF	1. apríl – 31. mars	45,42000	35.836	10.719
Spánn	EBMN	A	Nissan Micra 1,0L	62.719	16.567	16,0%	ESP	1. nóv. – 31. mars	0,44100	27.659	7.306
Ísland	CCMN	A	Nissan Micra 1,0L	1.386	259	24,5%	USD	Aðrir tímar	72,63000	100.665	18.811
Írland	ECMN	A	Ford Fiesta	361	91	12,5%	IEP	Aðrir tímar	93,15690	33.630	8.477

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um bílaleigur.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að setja löggjöf um starfsemi og rekstrarumhverfi bílaleiga. Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi ákvæði 70. gr. umferðarlaga sem fjallar um leigu ökutækja án ökumanns. Í frumvarpinu er einnig kveðið á um að samgönguráðuneytið gefi út starfsleyfi fyrir þá sem vilja reka bílaleigu. Útgáfa starfsleyfa kostar 10 þús. kr. á hvert leyfi. Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu má ætla að 20 bílaleigur þurfi að sækja um starfsleyfi eftir að lögin taka gildi og 2–3 á ári eftir það. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má ætla að tekjur ríkissjóðs, til að mæta kostnaði við útgáfu starfsleyfanna, verði á fyrsta ári 200 þús. kr. og 20–30 þús. kr. á ári eftir það.

873. Tillaga til þingsályktunar [571. mál]

um jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að á árunum 2000–2004 skuli varið 4.650 millj. kr. til að grafa jarðgöng sem hluta af vegakerfi landsins. Fyrstu verkefnin sem framkvæma skal eru jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar annars vegar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að næstu verkefnum. Sérstaklega verði rannsökuð göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á Vestfjörðum og á Austfjörðum ný göng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og göng milli Héraðs og Vopnafjarðar.

Fjárveitingar skiptast á verkefni og ár sem hér segir (millj. kr.):

	2000	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**
Siglufjörður–Ólafsfjörður og Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður	100	200	1400	1400	1400
Rannsóknir til undirbúnings jarðganga á Vestfjörðum og Austfjörðum			50	50	50
Samtals	**100**	**200**	**1450**	**1450**	**1450**

Kostnaður við jarðgangagerðina greiðist úr ríkissjóði. Verði fjár aflað sérstaklega í þessu skyni, m.a. með sölu ríkiseigna.

Jarðgangaáætlun skal felld að vegáætlun og endurskoðuð jafnhliða henni, á tveggja ára fresti. Við endurskoðun bætast við tvö ár hverju sinni.

Greinargerð.

Hinn 11. mars 1999 var samþykkt á Alþingi eftirfarandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Áætlunin feli í sér úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð á landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna. Sérstaklega verði horft til framkvæmda sem rjúfa vetrareinangrun, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar, stytta vegalengdir eða stækka atvinnusvæði. Áætlunin liggi fyrir áður en lokið verður við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar."

Samgönguráðuneytið fól Vegagerðinni málið til afgreiðslu, með bréfi dags. 30. mars 1999.

Í janúar sl. lagði Vegagerðin fram umbeðna jarðgangaáætlun. Í fylgiskjali er að finna tillögur um fyrstu verkefni samkvæmt áætluninni, sem og skrá yfir verkefni til síðari skoðunar. Þar kemur fram rökstuðningur fyrir vali verkefna. Er vísað til þess hér og til áætlunarinnar sjálfrar, en þar er að finna margs konar upplýsingar tengdar jarðgangagerð almennt, svo og þeim verkefnum sérstaklega sem þar er fjallað um.

Í þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir að lokið verði rannsóknum og öðrum undirbúningi fyrir göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, svo og milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, á þessu og næsta ári. Ákvörðun um útboð þessara verkefna og í hvort þeirra verður ráðist fyrst eða þau unnin samhliða verði tekin þegar rannsóknir eru komnar á góðan rekspöl.

Með þeim fjárveitingum sem gerð er tillaga um gætu framkvæmdir hafist af krafti árið 2002. Kostnaður við umrædd verkefni er metinn þannig:

Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður	3,0 milljarðar kr.
Siglufjörður–Ólafsfjörður	5,3 milljarðar kr.

Í báðum tilvikum er reiknað með tvíbreiðum göngum. Sé gert ráð fyrir sömu fjárveitingum áfram, 1.400 millj. kr. á ári, gæti báðum verkefnunum verið lokið árið 2007.

Samkvæmt tillögunni er fé einnig veitt til undirbúningsrannsókna jarðgangaverkefna á Vestfjörðum og Austfjörðum. Eru þar talin þrjú verkefni sem rannsökuð verða.

Fylgiskjal.

Tillögur í jarðgangaáætlun Vegagerðarinnar.
(Janúar 2000.)

Vegagerðin leggur til að þeim jarðgöngum sem verið hafa til skoðunar verði skipt í tvo flokka:

1. Fyrstu verkefni.
2. Verkefni til síðari skoðunar.

Þær tillögur sem hér eru lagðar fram byggjast að nokkru leyti á nýjum áherslum. Áður hefur við forgangsröðun jarðgangaframkvæmda verið litið á vetrareinangrun sem veigamesta atriðið. Hér má segja að meiri áhersla sé lögð á göng sem geta stækkað og styrkt byggðakjarna, ekki síst með styttingu vegalengda. Meginástæður þessarar viðhorfsbreytingar eru tvær. Einn mikilvægra þátta til að sporna við stöðugri fólksfækkun á landsbyggðinni hlýtur að vera efling byggðakjarna sem eru nógu stórir til að geta haldið uppi fjölbreyttu atvinnu-, mennta- og menningarlífi. Þá hefur komið í ljós, eins og fram kemur m.a. í könnunum sem kynntar eru í þessari skýrslu, að nýlegir, vel uppbyggðir fjallvegir geta í mörgum tilfellum tryggt góðar heilsársamgöngur og þótt vetrarþjónusta sé þar sívaxandi er kostnaður við-

ráðanlegur. Tillögur um jarðgangaframkvæmdir sem hér eru kynntar miða við að áfram verði haldið á þeirri braut að byggja upp heilsársfjallvegi þar sem þess er kostur og fresta um sinn gerð jarðganga á þeim stöðum meðan enn er verið að byggja upp hið almenna vegakerfi landsins. Þannig er til dæmis lagt til að vegur milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar verði lagður í jarðgöngum þar sem mjög erfitt er talið að byggja upp veg og tryggja vetrarþjónustu á Hrafnseyrarheiði, en hins vegar er það talið gerlegt á Dynjandisheiði. Meginröksemd fyrir tillögu um jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er sú að með því tengist Siglufjörður byggðum við Eyjafjörð þannig að Eyjafjarðarsvæðið í heild verður öflugra mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar þétta byggðina á Mið-Austurlandi og koma í stað hættulegs vegarkafla um Vattarnes sem að öðrum kosti þarf að byggja upp á næstu árum.

Fyrstu verkefni.

Það er mat Vegagerðarinnar að sem fyrstu verkefni í jarðgangaáætlun skuli telja þrjár vegtengingar (í landfræðilegri röð):

Arnarfjörður–Dýrafjörður
Siglufjörður–Ólafsfjörður
Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður

Þessum verkefnum er nánar lýst síðar í skýrslunni. Meginröksemdir fyrir þessu vali eru:

- Seinni tvö verkefnin stækka atvinnu- og þjónustusvæði mikilvægra byggðakjarna á landsbyggðinni, þ.e. Mið-Austurlands og Eyjafjarðarsvæðis.
- Þessi sömu verkefni komast næst því að sýna arðsemi með hefðbundnum reikniaðferðum þar sem um töluverða styttingu vegalengda er að ræða.
- Öll verkefnin stytta vegalengdir milli þéttbýlisstaða verulega.
- Í öllum tilfellum þarf innan fárra ára að fjárfesta í vegabótum sem nýtast lítið ef jarðgöng koma síðar.
- Jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar eru skilyrði fyrir heilsárssamgöngum innan landshlutans.

Lagt er til að næsta skref verði að ljúka rannsóknum og öðrum undirbúningi fyrir göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar annars vegar og Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hins vegar. Áætlað er að sá þáttur taki um tvö ár og kosti samtals 300 millj. kr. Vegna samgönguleysis er óvissa um hvernig best er að standa að rannsóknum með jarðborum og öðrum tækjum í Héðinsfirði og gæti það haft áhrif á tíma- og kostnaðaráætlanir. Mat á umhverfisáhrifum hefur þar einnig áhrif. Ákvörðun um útboð þessara verkefna (röð þeirra eða hvort þau verða unnin samhliða) verði tekin þegar rannsóknir eru komnar á góðan rekspöl. Rannsóknum á göngum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, sem miða að því að festa endanlega legu jarðganga, þarf einnig að halda áfram.

Kostnaðaráætlun fyrir þessi þrjú verkefni er rúmir 9 milljarðar kr. Heildarverktími er áætlaður um átta ár miðað við að eitt verkefni taki við af öðru og ávallt unnið frá báðum gangaendum. Það þýðir að jafnaði ríflega 1.100 millj. kr. á ári ef miðað er við að öll göngin verði einbreið. Með tvíbreiðum göngum í öllum tilfellum yrði heildarkostnaður um 11 milljarðar kr. og árlegur kostnaður að meðaltali tæplega 1.400 millj. kr. Á þessu stigi er vissara að gera ráð fyrir að seinni tvenn göngin á listanum verði tvíbreið. Kostnaður við þau er þá áætlaður um 8,3 milljarðar kr. Miðað við að þriðju göngin verði einbreið yrði heildarkostnaður um 10,5 milljarðar kr.

Verkefni til síðari skoðunar.

Eftirfarandi jarðgangaverkefni telur Vegagerðin að eigi að koma til skoðunar og ákvörðunar síðar (í landfræðilegri röð):

1. Staðarsveit–Kolgrafarfjörður.
2. Brattabrekka.
3. Klettsháls.
4. Dynjandisheiði.
5. Óshlíð.
6. Ísafjörður–Súðavík.
7. Eyrarfjall í Djúpi.
8. Tröllatunguheiði.
9. Öxnadalsheiði.
10. Vaðlaheiði.
11. Vopnafjörður–Hérað.
12. Seyðisfjörður–Hérað/Norðfjörður.
13. Norðfjörður–Eskifjörður.
14. Fáskrúðsfjörður–Stöðvarfjörður.
15. Stöðvarfjörður–Breiðdalsvík.
16. Skriðdalur–Berufjörður.
17. Undir Berufjörð.
18. Almannaskarð.
19. Reynisfjall í Mýrdal.
20. Vestmannaeyjar.
21. Hellisheiði.

Ýmsar aðstæður í byggðaþróun, breytingar á samgöngumynstri og áherslum í gerð samgöngumannvirkja, ásamt framþróun vegakerfisins almennt, munu síðan færa einhver þessara verkefna upp í efri flokkinn þegar tímar líða. Innan nokkurra ára þarf að taka ákvörðun um hver þeirra fara á rannsóknarstig þar eð æskilegt er að hafa rúman undirbúningstíma fyrir verkefni af þessu tagi. Þó skal þess getið að verði farið eftir tillögum um þau þrjú verkefni sem hér eru sett í forgangsröð kemur ekki að næstu verkefnum fyrr en eftir tíu ár. Lagt er til að jarðgangaáætlun sé gerð til tíu ára hverju sinni og endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Við fyrstu endurskoðun yrði þá ákveðið hvaða verkefni úr þessum hópi kæmu næst til rannsóknar. Líklegt má telja að í þeim áfanga væru einhver verkefnanna nr. 5–7 af Vestfjörðum og nr. 11–15 af Austfjörðum.

Í langtímaáætlun í vegagerð 1999–2010 eru fjárveitingar til uppbyggingar vega á nokkrum þeirra staða sem eru á framangreindum lista yfir jarðgöng til síðari skoðunar. Jarðgöng koma þar varla til álita fyrr en eftir 30 ár í fyrsta lagi. Þar má nefna Staðarsveit–Kolgrafarfjörð, Bröttubrekku, Klettsháls, Almannaskarð og e.t.v. fleiri.

874. Frumvarp til laga [572. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga fara ekki fram úr 250.998 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 362.988 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 250.998 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna hans sem umfram eru.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga fara ekki fram úr 376.497 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 373.140 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 376.497 kr. skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Um tekjutryggingu samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á.

Tekjur maka hafa ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega. Hjónum sem bæði eru lífeyrisþegar er heimilt að nýta ónýtt frítekjumark hvort annars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að tekjutenging tekjutryggingar lífeyrisþega við tekjur maka hans verði afnumin. Tekjutenging er því aðeins við hans eigin tekjur. Gert er ráð fyrir að millifæra megi frítekjumark hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar, þ.e. að þau geti nýtt frítekjumark hvort annars, nýti annað þeirra það ekki að fullu. Fjárhæðir í frumvarpinu eru fengnar frá Tryggingastofnun ríkisins og miðast við 1. apríl 2000.

Það er réttlætismál að sá sem ekki getur séð sér farborða með því að vinna fyrir sér fái lágmarksframfærslu úr sameiginlegum sjóðum velferðarkerfisins. Þeir sem missa atvinnuna fá greiddar atvinnuleysisbætur óháð tekjum maka. Sama gildir ekki um lífeyrisþega. Eins og málum er nú háttað skerða tekjur maka lífeyrisgreiðslur. Heimild fyrir þessari skerðingu var sett inn í almannatryggingalögin 1998 um leið og skerðingarmörk gagnvart tekjum maka voru hækkuð. Áður var skerðingarreglan í reglugerð. Öryrkjabandalag Íslands höfðaði mál gegn Tryggingastofnun ríkisins þar sem það taldi að Tryggingastofnun hefði verið óheimilt að skerða tekjutryggingu öryrkja vegna tekna maka frá 1995. Niðurstaða héraðsdóms Reykjavíkur lá fyrir í lok síðasta árs en um það hvort Tryggingastofnun hafi verið heimilt að skerða tekjutrygginguna vegna tekna maka eftir lagabreytinguna á 17. gr laganna frá 1998 ríkir aftur á móti réttaróvissa þar sem dómarar í málinu voru ekki á einu máli þar um.

Ákvæði þessarar skerðingarreglu hafa í för með sér að fjölskyldur lífeyrisþega lenda í fátæktargildru jaðarskattanna þar sem tekjur maka, auk tekna lífeyrisþegans sjálfs, geta skert tekjutryggingu hans. Ekki er nóg með að tekjutenging þessi sé andstæð eðli almannatryggginga heldur virðist einnig um að ræða brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr.: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Lífeyrisþegum er með þessari skerðingarreglu mismunað eftir hjúskaparstöðu. Fólki á vinnualdri er einnig mismunað eftir því hvort það á við atvinnuleysi eða heilsubrest að stríða. Slík mismunun hlýtur að teljast andstæð anda stjórnarskrárinnar.

Tekjutengingin virðist einnig brjóta gegn 11. gr. stjórnsýslulaganna, nr. 37/1993, þar sem segir að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og að þeim sé beinlínis óheimilt að mismuna aðilum á grundvelli þjóðfélagsstöðu eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Hér virðast lög vera brotin, ekki ein heldur fleiri, á þeim sem síst skyldi og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Við meðferð frumvarps til laga um almannatryggingar árið 1935, þeirra fyrstu sem sett voru, kom fram í nefndaráliti að gert væri ráð fyrir að í þeim fælist hrein persónutrygging. Samkvæmt því er það andstætt tilgangi og markmiði laganna að færa tryggingarskylduna yfir á maka og að hið opinbera firri sig ábyrgð ef lífeyrisþeginn er í hjónabandi eða sambúð.

Þá stríðir þetta gegn mannréttindasáttmálum og alþjóðasamningum sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til að virða. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt var á allsherjarþinginu 10. desember 1948, segir í inngangsorðum: „Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.“ Í 2. gr. sáttmálans segir einnig: „Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“ Í 16. gr. er fjallað um jafnrétti til hjúskapar og stofnunar fjölskyldu og er þar sérstaklega kveðið á um hlutverk fjölskyldunnar og skyldur ríkisins gagnvart henni. Þar segir m.a.: „Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana.“ Í 25. gr. sáttmálans segir enn fremur: „Hver maður á kröfu til lífskjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnumissi, elli eða öðrum áföllum sem skorti valda og að fötluðum sé ekki mismunað með lögum hvað varðar kynferðissambönd, hjónaband og barneignir.“

Núgildandi lagagrein, sem kveður á um að tekjur maka skerði tekjutryggingu lífeyrisþega, grefur undan hjónabandinu og möguleikum lífeyrisþega til að hefja sambúð og stofna fjölskyldu. Unnt er að leiðrétta þetta með samþykkt þessa frumvarps.

Í bók Stefáns Ólafssonar prófessors, Íslenska leiðin, um íslenska velferðarkerfið, segir um þessa tekjutengingu (bls. 273): „Þá er önnur beiting skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu á Íslandi einnig fátíð, en það er skerðing lífeyris öryrkja vegna tekna maka þeirra. Sú regla er arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum, þar sem framfærsluskylda var lögð á fjölskylduna eða ættingja í heild, áður en til fátækraaðstoðar gæti komið, með tilheyrandi athugun á þörf og því hvort hinn fátæki verðskuldaði aðstoðina.

Hugmyndafræði almannatrygginga, sem leysti gömlu fátækraaðstoðina að mestu af hólmi á 20. öldinni, gengur gegn þessari hugsun að örorkulífeyrisþegi hafi ekki fullan borgararétt og beri skarðan framfærslurétt ef maki hans hefur einhverjar tekjur, eins og fram kom í fyrstu

tveimur köflunum í þessari bók. Þess vegna hafa vestrænar þjóðir horfið frá slíkri framkvæmd almannatrygginga nú á dögum. Framkvæmd þessarar reglu á Íslandi rýrir mjög kjör þeirra öryrkja sem fyrir verða, samkvæmt mati OECD á kjarastöðu lífeyrisþega í aðildarríkjunum, og það kemur einnig fram í skýrslu forsætisráðherra vorið 1999 um stöðu öryrkja. En félagsleg og sálræn áhrif slíks fyrirkomulags eru þó enn alvarlegri því öryrki í slíkri stöðu er að hluta rændur sjálfstæði sínu og mannlegri reisn.“

Greiðslur til lífeyrisþega, ekki síst öryrkja, skulu vera óháðar tekjum maka þeirra. Þannig styðjum við best við bakið á því fólki sem verst er statt í samfélaginu og einnig við grunneiningu þjóðfélagsins, fjölskylduna. Einnig er ástæða til að benda á að lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð á ekki rétt á heimilisuppbótum allt að 21.537 kr. á mánuði, sem hann ætti rétt á byggi hann einn. Þannig er lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð með lægri almannatryggingagreiðslur, eða þriðjungi lægri en einhleypingur, auk þess sem tekjur maka skerða tekjutryggingu hans. Hér er því lagt til að sett verði ákvæði í almannatryggingalögin ákvæði sem felur í sér að tekjur maka skuli ekki hafa áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega. Breyting á lögunum í þessa veru var lögð fram nokkrum sinnum á síðasta kjörtímabili en náði ekki fram að ganga.

875. Frumvarp til laga [573. mál]

um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Bryndís Hlöðversdóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson,
Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Í Hæstarétti eiga sæti níu dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra að fengnu samþykki $^2/_3$ hluta atkvæða á Alþingi.

Er ráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst gera tillögu um sem hæstaréttardómara tilkynnir hann forseta Alþingis um það. Tillaga ráðherra skal hljóta meðferð í sérnefnd skv. 32. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, áður en hún er borin undir atkvæði þingmanna. Nefndin skal fjalla um hæfni umsækjanda um embættið og skila skýrslu til þingsins með rökstuddri niðurstöðu um mat sitt innan fjögurra vikna. Jafnframt skal nefndin leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu.

Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands. Synji Alþingi staðfestingar á tillögu ráðherra gerir hann aðra tillögu og skal hún fá sömu meðferð.

b. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

2. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands veitir dómara við Hæstarétt lausn frá embætti um stundarsakir samkvæmt tillögu forsætisráðherra, en dómsmálaráðherra veitir héraðsdómara slíka lausn. Áður en lausn er veitt um stundarsakir skal ráðherra afla skriflegrar umsagnar frá nefnd um dómarastörf.

3. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Þegar hæstaréttardómara hefur verið veitt lausn frá embætti um stundarsakir höfðar forsætisráðherra fyrir hönd ríkisins mál á hendur honum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um að honum verði vikið úr embætti með dómi. Dómsmálaráðherra höfðar mál á hendur héraðsdómara. Um rekstur máls fer eftir almennum reglum um meðferð einkamála að öðru leyti en því að það sætir flýtimeðferð og skal dómur skipaður þremur héraðsdómurum.

4. gr.

1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands veitir dómurum við Hæstarétt lausn frá embætti samkvæmt tillögu forsætisráðherra en dómsmálaráðherra héraðsdómurum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslensk stjórskipun byggir á þrígreiningu ríkisvalds, þ.e. löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvaldi. Hugmyndafræðin að baki því að skipta ríkisvaldinu upp með þessum hætti er sú að ekki safnist of mikið vald á fárra hendur. Af þeim sökum er hverjum valdþætti fyrir sig ætlað að hafa eftirlit með hinum og tryggja á þann hátt að farið sé að almennum leikreglum í samfélaginu.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með einn þátt ríkisvaldsins — dómsvaldið. Samkvæmt hefðbundum skilningi felur dómsvald í sér heimild til að skera úr tilteknum réttarágreiningi og kveða á um hvað sé rétt og lögum samkvæmt í hverju tilviki.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar að í stað þess að hæstaréttardómari sé skipaður samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra tilnefni forsætisráðherra dómara að fengnu samþykki $^2/_3$ hluta atkvæða á Alþingi. Áfram er gert ráð fyrir að forseti Íslands skipi hæstaréttardómara. Þegar forsætisráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst tilnefna skal hann tilkynna forseta Alþingis um tilnefningu sína. Tillögu ráðherra skal vísa til meðferðar í sérnefnd skv. 32. gr. laga um þingsköp Alþingis sem kjósa skal til að fjalla um tilnefningu ráðherra. Nefndin skal fjalla um hæfni þess sem tillaga er gerð um og skila skýrslu með mati sínu innan fjögurra vikna frá því að hún fær tillöguna til umfjöllunar. Líkt og er nú skal umsagnar Hæstaréttar leitað um hæfi og hæfni umsækjanda til að gegna embættinu.

Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands sem skipar viðkomandi í embætti hæstaréttardómara. Verði tillaga ráðherra hins vegar ekki samþykkt á Alþingi skal ráðherra gera aðra tillögu sem skal fá sömu meðferð og fyrr.

Gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um lausn hæstaréttardómara frá embætti að öðru leyti en því að forsætisráðherra gerir tillögu til forseta Íslands um lausn í stað dómsmálaráðherra eins og nú er.

876. Tillaga til þingsályktunar [574. mál]

um Argos-staðsetningartæki til leitar og björgunar.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að finna leiðir til þess að auka og auðvelda notkun Argos-staðsetningartækja meðal þeirra sem ferðast um hálendi Íslands og auðvelda þannig leit og aðstoð við þá sem týnast eða þurfa á hjálp að halda.

Greinargerð.

Ferðalög um hálendi Íslands aukast ár frá ári og eru ferðir við erfiðar aðstæður æ algengari, svo sem að vetri til. Þeim sem leggja í slíkar ferðir getur verið hætta búin vegna þess hve veður eru válynd og torleiði mikið í óbyggðum. Alloft þarf að fá fjölmennt lið og búnað björgunarsveita, Landhelgisgæslu, lögreglu, slökkviliðs o.fl. til björgunar. Eins og vera ber er þá ekkert til sparað til að bjarga lífi og heilsu þeirra sem týnst hafa á fjöllum.

Argos-staðsetningartækið hefur valdið byltingu í átt til aukins öryggis og auðveldari og ódýrari leitar að týndu fólki. Tækið sendir stöðugt út merki um hvar það er statt og segir þannig til um staðsetningu þess sem það ber. Merkið frá Argos-tækinu berst til gervihnatta og þaðan um alþjóðlegt kerfi til móttökustöðvar hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík. Þannig er hægt að fylgjast nákvæmlega með ferðum þess sem tækið ber og vita nákvæmlega hvar hann er staddur ef hann þarf á björgun eða aðstoð að halda. Tækið er þar að auki búið sérstakri merkjasendingu með 16 möguleikum sem sendandinn getur notað til þess að segja til um hvers hann óskar. Hann getur þannig gefið til kynna hvort um bráðan háska er að ræða og björgunar sé óskað strax eða hvort vandinn er minni háttar og aðeins er óskað eftir minni háttar aðstoð vegna bilana á búnaði o.s.frv. Einn augljós kostur tækisins er að ekki þarf að biðja um leit þó að ferðamaðurinn tefjist án þess að vera í nokkrum vanda staddur. Með einfaldri merkjasendingu getur hann gefið merki um slíka óvænta en hættulausa töf.

Argos-kerfið hefur verið í notkun hérlendis í fimm ár og hefur þegar orðið til þess að bjarga lífi fólks á hálendinu og um leið komið í veg fyrir umfangsmiklar og kostnaðarsamar leitir. Hægt hefur verið að koma þeim sem notað hafa tækið og kallað eftir hjálp samstundis til bjargar og ganga að dvalarstað þeirra með lágmarksfyrirhöfn og kostnaði.

Uppsetning og fjárfesting við Argos-kerfið hér á landi hefur verið um 6 milljónir króna og auk þess er rekstrarkostnaður kerfisins allnokkur vegna afnotagjalda og leigu á gervihnattasambandi. Þá þarf einnig að greiða sérstakt gjald, sem þó er lágt, af hverju tæki sem ferðamaður tekur með sér. Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík hefur borið þennan kostnað. Það eru hins vegar augljósir hagsmunir allra sem að öryggismálum og björgunarmálum vinna að sem flestir noti Argos-tækið í ferðum þar sem búast má við töfum, erfiðleikum eða hættu. Nægir í því sambandi að benda á þá hagsmuni sem felast í færri og markvissari útköllum á þyrlum Landhelgisgæslunnar. Láta mun nærri að rekstrarkostnaður kerfisins á einu ári nemi kostnaði af einu útkalli stóru þyrlunnar í eina umfangsmikla leit. Þá er ótalinn allur beinn og óbeinn kostnaður björgunarsveita og einstaklinga sem af mikilli ósérhlífni inna af hendi sjálfboðaliðastarf og leggja fram dýr tæki.

Nauðsynlegt og eðlilegt er að ríkisvaldið leggi sitt af mörkum til þess að auka notkun Argos-tækjanna. Með því er öryggi þegnanna aukið og um leið sparað fé, fyrirhöfn og áhyggjur.

877. Tillaga til þingsályktunar [575. mál]

um rekstur björgunarsveita í landinu.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að setja á fót nefnd með það að markmiði að létta rekstur björgunarsveita í landinu og bæta starfsaðstöðu þeirra. Nefndin skoði tekjumöguleika sveitanna og rekstrarkostnað þeirra og þá sérstaklega gjöld og álögur sem þær greiða til opinberra aðila. Enn fremur leggi nefndin fram tillögur um hvernig tryggja megi framtíðarstöðu björgunarsveitanna.

Greinargerð.

Björgunarsveitir gegna mikilvægu hlutverki á Íslandi. Aðstæður hér eru með þeim hætti að oft þarf að leita eftir aðstoð bæði björgunarsveita og opinberra aðila, svo sem Landhelgisgæslu, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraliðs. Starf björgunarsveitanna er ómetanlegt. Mest af því er sjálfboðaliðastarf og það útheimtir mikil útgjöld. Björgunarsveitir búa við erfið rekstrarskilyrði og margt bendir til að slíkt muni draga úr starfsgetu þeirra miðað við auknar kröfur á sviði öryggismála. Enn fremur er hætta á minni aðsókn sjálfboðaliða.

Mikilvægt er að rekstrar- og starfsgrundvöllur sveitanna sé skoðaður og að opinberir aðilar tryggi framtíðarstöðu þeirra enda eiga opinberir aðilar mikið undir því að njóta starfs sveitanna og tryggja þannig öryggi þegnanna með viðráðanlegum kostnaði.

Íslendingar meta líf og heilsu hvers einstaklings mikils. Enn fremur eru mikil verðmæti í húfi ef vá steðjar að. Náttúra landsins er óblíð og getur skapað hættur og veitt mönnum þungar búsifjar. Atvinnuhættir landsmanna kalla oft á að brugðist sé við hættuástandi og þá yfirleitt mjög skjótt. Búseta þeirra krefst einnig sérstakra ráðstafana í öryggismálum, bæði vegna strjálbýlis og hversu byggð er víða nærri hættum náttúrunnar.

Björgunar- og hjálparstörf hér á landi hafa að mestum hluta mætt á björgunarsveitunum. Að baki sveitunum stendur fólk sem hefur ánægju af því að aðstoða aðra og verða að liði í samfélaginu. Þetta fólk leggur fram gríðarmikið sjálfboðaliðastarf og dýran búnað sem það þarf sjálft að kaupa. Það vinnur einnig að fjáröflun til sveitanna en þær þurfa verulegt fé til rekstrar og tækjakaupa og húsnæðiskaupa. Allir landsmenn þekkja að björgunarsveitir koma til hjálpar við smæstu og stærstu tilvik. Varla verður mikið að vetrarferð áður en fólk þarf á aðstoð björgunarsveita að halda; varla þarf mikið að hvessa án þess að björgunarsveitir séu kallaðar út til þess að bjarga verðmætum, að ekki sé minnst á hin alvarlegri mál þegar leita þarf að fólki eða bjarga því úr sjávarháska. Þá er öllum í fersku minni ómetanlegt starf björgunarsveitarfólks við hin hörmulegu og mannskæðu snjóflóðaslys.

Enda þótt Íslendingar séu svo lánsamir að búa að einstæðri hefð um framlag björgunarsveitanna má það ekki gleymast að störf í þágu öryggis borgaranna og björgunarstörf eru skyldur samfélagsins. Víðast hvar erlendis bera opinberir aðilar kostnað af slíku að mestu með atvinnubjörgunarmönnum og herliði. Jafnframt því sem björgunarsveitarfólk hér á landi leggur fram liðsinni sitt af fúsum og frjálsum vilja án þess að ætlast til endurgjalds verður samfélagið að sjá til þess að rekstrar- og starfsaðstaða sveitanna sé góð. Hér er ekki aðeins um sanngirnissjónarmið að ræða heldur þarf beinlínis að koma í veg fyrir að sveitirnar skreppi saman eða gefist upp annaðhvort vegna fjárskorts eða manneklu. Sums staðar á landsbyggðinni hafa björgunarsveitirnar ekki haft rekstrargrundvöll og væru ekki starfandi ef ekki kæmi til stuðningur frá heildarsamtökum viðkomandi björgunarsveita. Víða í þjóð-

félaginu hefur orðið vart minni vilja til þess að inna af hendi sjálfboðaliðastarf og baráttan um frítíma fólks eykst. Baráttan í fjáröflun hefur farið harðnandi og óhemjumikill tími björgunarsveitarfólks fer í fjársöfnun en gæti ella farið til annarra starfa í þágu sveitanna. Þá er einnig til þess að líta að enginn er krafinn um gjald þegar björgunarsveit kemur til hjálpar og opinberir aðilar eru oft þeir sem þurfa mest á starfi sveitanna að halda.

Björgunarsveitirnar greiða flest opinber gjöld og álögur á við annan rekstur. Meðal þessara gjalda er virðisaukaskattur og aðflutningsgjöld af stórum hluta aðfanga þótt ýmsir þættir séu þar undanþegnir, þungaskattur af bifreiðum, gjöld vegna síma og fjarskipta, gatnagerðargjöld, fasteignagjöld, tryggingar og fleira mætti telja.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitast við að finna leiðir til þess að styrkja björgunarsveitirnar eins og þær eru reknar en ekki er verið að leggja til að breyta þeim einstæða og verðmæta grundvelli sem þær byggjast á, sem er hugsjón og vilji til þess að verða náunga sínum og samfélaginu að liði. Það eru hagsmunir og skylda ríkisvaldsins að skapa slíkri starfsemi lífsskilyrði.

878. Tillaga til þingsályktunar [576. mál]

um bókaútgáfu.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar og efla bókaútgáfu á Íslandi. Markmiðið með aðgerðunum verði að efla íslenska tungu og glæða menntun og menningu þjóðarinnar jafnframt því að örva ritun bóka og bæta lestrarhæfni og aðstöðu til náms. Enn fremur verði haft að markmiði að auka atvinnustarfsemi tengda prentun, útgáfu og sölu bóka. Skipaður verði starfshópur sem móti tillögur um aðgerðir til eflingar bókinni. Í starfshópnum verði m.a. fulltrúar menntastofnana, námsmanna, kennara, aðila prentiðnaðarins, bókaútgefenda, neytenda og launþega. Hópurinn skili tillögum sínum fyrir árslok 2000.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 120., 121. og 122. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga.

Ótvíræðar vísbendingar vitna um að óheillavænleg áhrif sæki að íslenskri tungu og að hún muni eiga í harðnandi samkeppni. Málsamfélag þjóðarinnar verður þá í hættu. Staða bókarinnar kann að ráða úrslitum um þessa þróun en á síðustu árum hefur bóklestur dregist saman, lestrarkunnáttu hefur hrakað, skilningur ungs fólks á rituðu máli hefur rýrnað, ritun bóka hefur dalað, bókaútgáfa hefur verið á undanhaldi, útgefnum titlum hefur fækkað, bóksala hefur minnkað og bókakostnaður námsmanna hefur aukist. Áhrif þessa hafa einnig verið alvarleg fyrir prentun, bókaútgáfu og annað atvinnulíf sem bókum tengist.

Íslensk tunga er sá stofn sem ber uppi íslenska menningu. Án rótfastrar og lifandi tungu eru Íslendingar sviptir þeim sérkennum og þeirri samkennd sem æ fleiri þjóðir gera sér grein fyrir að er nauðsynleg um leið og þær vilja auka samstarf hver við aðra. Íslendingar vilja flestir taka þátt í slíku samstarfi og njóta þeirra jákvæðu áhrifa sem menning annarra þjóða

getur haft á þjóðlíf okkar. Við þurfum að geta tekið fullan þátt í alþjóðasamskiptum en jafnframt haldið einkennum okkar og gróskumikilli menningu.

Stórar og öflugar þjóðir svo sem Frakkar, Bretar, Norðmenn og fleiri leggja ofuráherslu á sérkenni og fegurð þjóðtungu sinnar og telja nauðsynlegt að verja málsamfélög sín með stuðningi við bókina.

Bókin flytur þá næringu sem tungunni og menningunni er nauðsynleg. Skammsýni og andvaraleysi getur leitt til óheillaþróunar sem ekki verður við snúið, jafnvel þó að miklum fjármunum yrði til kostað. Aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar eru því aðkallandi.

879. Tillaga til þingsályktunar [577. mál]

um skattfrádrátt meðlagsgreiðenda.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem kanni hvort rétt sé að setja reglur sem heimili að meðlagsgreiðslur foreldra gangi til lækkunar á tekjuskattsstofni þeirra. Í þessu sambandi verði meðal annars skoðaðar þær reglur sem gilda annars staðar á Norðurlöndum og hvort rétt sé að binda heimildina við þá foreldra sem hafa stofnað til hjúskapar eða hafið sambúð að nýju.

Nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir 1. september 2000.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 122. og 123. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún miðar að því að kannað verði hvort rétt sé að setja í lög heimild til handa meðlagsskyldum foreldrum til að draga meðlagsgreiðslur frá tekjuskattsstofni og lækka þar með tekjuskattsgreiðslur þeirra. Hér eru fyrst og fremst hafðir í huga þeir foreldrar sem hafa gengið í hjónaband eða hafið sambúð að nýju. Þegar þannig háttar til hafa viðkomandi foreldrar framfærsluskyldu gagnvart nýju fjölskyldunni sem þeim gengur oft og tíðum illa að fullnægja vegna greiðslubyrði sinnar af meðlagsgreiðslum. Í sumum tilfellum verður afleiðingin að greiðslubyrðin verður einstaklingunum ofviða og þeir lenda í stöðu sem þeir ná ekki að vinna sig út úr, t.d. gjaldþroti. Slíkt leiðir síðan til þess að viðkomandi foreldrar sjá sér ekki annan kost en að hefja svarta atvinnustarfsemi svo að hin nýja fjölskylda hafi til hnífs og skeiðar. Með því að heimila slíkan skattfrádrátt í ákveðnum afmörkuðum tilvikum væri hægt að koma í veg fyrir margan fjölskylduharmleikinn.

Í Noregi og Danmörku er foreldrum heimilt að draga frá tekjuskattsstofni greitt meðlag að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Eðlilegt er því að skoða hvort ekki sé rétt að hafa sama hátt á hér á landi.

880. Tillaga til þingsályktunar [578. mál]

um loftpúða í bifreiðum.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að veittur verði afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru sérstökum loftpúðum í öryggisskyni.

Greinargerð.

Loftpúðar í bifreiðar voru fundnir upp í Bandaríkjunum fyrir meira en 50 árum. Hugmyndin var síðan endurvakin á síðasta áratug er Bandaríkjamenn hófu að leita nýrra leiða til að draga úr afleiðingum alvarlegra umferðarslysa. Evrópskir bílaframleiðendur fóru á sama tíma að huga að því hvernig hægt væri að stemma stigu við fjölgun hálsáverka sem leiddi af almennari notkun öryggisbelta og hófu í framhaldi af því að þróa loftpúðakerfið.

Í stuttu máli virka loftpúðarnir þannig að á bak við fremri stuðara eða á öðrum hentugum stað eru skynjarar sem bregðast við árekstri. Yfirleitt er miðað við árekstur sem verður á meiri hraða en 20–30 km á klst. Púðinn, sem komið er fyrir í stýri bílsins, er blásinn upp með gasi og fyllist hann á u.þ.b. 0,02 sek. eða í tæka tíð til að taka við högginu sem verður þegar höfuð ökumannsins skellur á stýri bílsins. Til þess að forða því að höfuð ökumannsins kastist til baka þegar það lendir á púðanum byrjar gasið að leka úr honum strax eftir að hann hefur fyllst. Tilraunir hafa sýnt að púðarnir bregðast nánast aldrei, þeir fyllast nær undantekningarlaust af gasi ef árekstur er nægilega harður.

Víða um lönd hafa nú þegar verið settar reglur um að allir nýir bílar skuli búnir loftpúðum, svo sem í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Hollandi. Í áætlun sem fjöldi alþjóðlegra bílaframleiðenda tók þátt í að gera var talið að árið 2000 yrðu komnir loftpúðar í alla bíla í Bandaríkjunum, í 60% bíla í Japan og í 70% bíla í Evrópu.

Rannsóknir sýna að notkun loftpúða dregur verulega úr fjölda alvarlegra áverka af völdum umferðarslysa. Þannig hefur reynslan af notkun loftpúða í Bandaríkjunum leitt í ljós að dauðaslysum fækkar um 20%. Gildir það bæði um þá sem nota öryggisbelti og enn frekar þá sem ekki spenna beltin. Rannsókn á tíðni meðaláverka og alvarlegra áverka í umferðinni í Bandaríkjunum árið 1991 sýndi að slíkir áverkar voru 25–29% færri meðal ökumanna í bifreiðum af árgerð 1990 sem búnar voru loftpúðum en meðal ökumanna í bifreiðum af sömu árgerð sem einungis voru búnar bílbeltum. Innlagnir á sjúkrahús voru 24% færri meðal ökumanna í bifreiðum sem búnar voru loftpúðum. Þannig eru loftpúðar þýðingarmikill öryggisbúnaður til viðbótar við öryggisbelti.

Flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að hafa loftpúða í öllum bifreiðum í framtíðinni. Eins og lögum er nú háttað hækkar öryggisbúnaður eins og loftpúðar bílverð verulega. Afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru loftpúðum ætti að vera sjálfsagt mál. Með slíkum afslætti aukast líkur á örari útbreiðslu loftpúða í bifreiðum. Þó að tekjur ríkissjóðs skerðist sem nemur afslættinum af vörugjaldinu skila þeir peningar sér margfaldlega í minni kostnaði af völdum umferðarslysa.

881. Tillaga til þingsályktunar [579. mál]

um bætta þjónustu hins opinbera.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að bæta afgreiðslu og þjónustu opinberra stofnana við almenning og atvinnulífið.

Greinargerð.

Almenningur og atvinnufyrirtæki bera háan kostnað og hafa mikla fyrirhöfn af samskiptum sínum við stjórnsýslu og opinberar stofnanir. Samskipti þessi tengjast fjölþættum verkefnum sem hinu opinbera hafa verið falin en þau eru m.a. leyfisveitingar, eftirlit, eignaumsýsla og stjórn framkvæmda. Að stórum hluta eru ítök hins opinbera eðlileg eða óhjákvæmileg en að hluta til leifar eldri stjórnarhátta og að sumu leyti líka þær aðferðir sem hið opinbera notar í þjónustu og afgreiðslu erinda. Þetta á ekki aðeins við um samskipti við almenning og atvinnulífið heldur einnig um seinvirk samskipti milli opinberra aðila innbyrðis. Sennilega er margt sem veldur, m.a. fjárskortur, en á hitt ber að líta að mikill fjárhagslegur ávinningur felst í endurbótum og aukinni skilvirkni í opinberri þjónustu.

Kröfur um aukna skilvirkni, bætta þjónustu og skjóta afgreiðslu mála hafa orðið háværari á síðustu árum. Samkeppni hefur harðnað, alþjóðaviðskipti aukist og tölvu- og fjarskiptatækni tekið byltingarkenndum breytingum. Viðmiðanir um hvað teljist góð þjónusta hafa gerbreyst. Almenningur og atvinnulífið hafa brugðist við þessum aðstæðum með bættri gæðastjórnun, aukinni tækniþekkingu og meiri framleiðni. Á þessu sviði verða Íslendingar að standast fremstu þjóðum snúning.

Víða hafa orðið endurbætur í opinberri þjónustu. Margt bendir þó til þess að stjórnsýslan og opinberar stofnanir hafi setið eftir í þessari þróun og að almenningur og atvinnurekstur fái þar hvorki jafngóða þjónustu né jafnskjóta afgreiðslu erinda og tíðkast á öðrum sviðum viðskiptalífsins. Meðal ábendinga er að ákvarðanataka sé seinvirk, fundir um aðkallandi mál skili ekki niðurstöðu, bréfum sé svarað seint eða aldrei, erfitt sé að vita hvar mál séu stödd, ábyrgð sé óljós, lipra þjónustu skorti og seint sé brugðist við kvörtunum. Einkafyrirtæki sem þannig sinnti viðskiptavinum sínum yrði fljótlega undir í samkeppninni en hið opinbera nýtur verndar að þessu leyti. Hið opinbera virðist því ekki hafa tekið að fullu þátt í þeim framförum sem orðið hafa og getur þannig hamlað auknum afköstum í samfélaginu.

Þetta er þeim mun alvarlegra þegar á það er litið að afskipti hins opinbera af viðskiptum og daglegu lífi eru mikil. Opinberir aðilar fara með eignarhald og aðstöðu, sjá um leyfisveitingar og eftirlit í ótal þáttum samfélagsins. Á sama tíma hafa almenningur og íslensk fyrirtæki lítið fjármagn og hraði viðskiptalífsins þolir litlar tafir. Seinvirk afgreiðsla erinda getur stórskaðað viðkvæm fyrirtæki. Betri og skilvirkari þjónusta stjórnsýslunnar og opinberra stofnana mun skila íslensku samfélagi miklum ávinningi á sviði viðskipta og almennings-þjónustu.

882. Tillaga til þingsályktunar [580. mál]

um að draga úr losun mengandi lofttegunda.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson.

Alþingi ályktar að draga beri úr losun mengandi lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum með því að vinna og nýta metangas frá öllum stærri sorphaugum og urðunarstöðum landsins. Enn fremur ályktar Alþingi að mótuð verði framtíðarstefna um sorpurðun sem tryggi fyllstu endurvinnslu og nýtingu verðmæta sem felast í úrgangi. Umhverfisráðherra beiti sér fyrir gerð framkvæmdaáætlunar og lagafrumvarps sem stuðli að framangreindum markmiðum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 121. og 122. löggjafarþingi. Henni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

„Hvert tonn af metangasi (CH_4) veldur tuttugu til tuttugu og fimm sinnum meiri gróðurhúsaáhrifum í lofthjúpi jarðar en hvert tonn af koltvísýringi (CO_2). Metangas fylgir allri rotnun og því streymir metangas stöðugt upp frá gömlum og nýjum sorphaugum hér á landi. Áætlað er að um verulegt magn sé að ræða á ári hverju. Metangasi er hægt að eyða og gera skaðlaust með því að brenna það við útstreymi, nýta það við stóriðju eða sem eldsneyti á bíla sem sérstaklega eru búnir til slíks. ...

Frá urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi streyma nú um 750 tonn af metangasi á ári. Ef ekki væri að gert ylli það svipuðum gróðurhúsaáhrifum og allur koltvísýringur sem kemur frá álverinu í Straumsvík á 70 dögum. Útstreymi metangass frá Álfsnesi mun aukast um 90 tonn á ári til ársins 2008 og verður þá orðið um 1.600 tonn á ári. Til samanburðar má nefna að það jafngildir um $^2/_3$ af árlegu koltvísýringsútstreymi frá væntanlegu álveri á Grundartanga. Í Álfsnesi hefur Sorpa hins vegar unnið frumkvöðulsstarf og safnar metangasi saman og brennir því. Nú er brenndur um $^1/_4$ af gasinu og um næstu áramót verður öllu metangasi frá Álfsnesi brennt.

Metangasið í Álfsnesi kemur frá um 460 þúsund tonnum af úrgangi sem þar eru urðuð, en á gömlu sorphaugunum í Gufunesi eru um 2,5 milljónir tonna af úrgangi grafnar og augljóslega streymir þar út mikið metangas. Þessu metangasi þarf að safna og vinna og draga þar með úr neikvæðum gróðurhúsaáhrifum. Aðrir stórir sorphaugar liggja nú grafnir í nágrenni Akureyrar, við Selfoss og víðar og framtíðarurðunarstaður er t.d. við Kirkjuferjuhjáleigu fyrir Suðurland. Í raun eru þarna mengunarvaldar sem um leið eru ónýtt orkuforðabúr sem þarf að nýta.

Söfnun og vinnsla metangass auðveldar Íslendingum að auka varnir gegn mengun andrúmsloftsins auk þess sem gott skipulag sorpurðunar undirbýr framkvæmd þeirra gerða (tilskipana) sem fylgja EES-samningnum um frágang urðunar og söfnun metangass.

Mikið átak er fram undan hjá Íslendingum í að nýta betur sorp og annan úrgang sem til fellur. Engin heildarlöggjöf er til um sorphirðu (hreinsun og förgun) og má m.a. benda á að engin lög skylda almenning til þess að flokka úrgang en þó er slíkt þegar hafið að nokkru leyti með flokkun drykkjarvöruumbúða, dagblaða og mjólkurferna, auk grófara efnis, svo sem garðaúrgangs, timburs, járns og fleira. Má benda á að einstök sveitarfélög geta sett sér samþykktir um sorphirðu þar sem hægt er að kveða á um meðferð og flokkun úrgangs og hafa þó nokkur sveitarfélög nýtt sér þá heimild. Þannig gera engin lög skylt að dagblaða-

pappír og umbúðaefni sem skolar úr strönduðu flutningaskipi sé flutt til endurnýtingar heldur er þeim fargað á nærtækasta og ódýrasta stað.

Tímabært er að hraða vinnu að þessum verkefnum, þ.e. vinnslu metangass, og áherslu á sjálfbæra þróun í sorpurðun og endurnýtingu verðmæta. Alþingi beinir því til umhverfisráðherra að hann móti framkvæmdaáætlun og undirbúi lagasetningu um þessi mikilvægu viðfangsefni.“

883. Tillaga til þingsályktunar [581. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 2. og 22. febrúar 2000.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 2. og 22. febrúar 2000. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2000.

Samkvæmt samningi þessum munu aðilar semja fyrir 1. júlí 2000 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá júlí 2000 til apríl 2001. Er eins og í samningi landanna frá 1999 við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Í samningnum er kveðið á um það nýmæli að færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðunum 1999/2000 og 2000/2001 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu á hvorri vertíð innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2000.

Loks er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2000.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 22. febrúar 2000 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 2. febrúar 2000

Hr. lögmaður
Anfinn Kallsberg
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til samtala milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000.

1. gr.

Aðilar munu semja fyrir 1. júlí 2000 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá júlí 2000 til apríl 2001. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðunum 1999/2000 og 2000/2001 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu á hvorri vertíð innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2000. Að höfðu samráði við landsstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2000. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landsstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2000 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Tórshavn, 22. februar 2000

Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Uttanríkisráðuneytið, Ísland

Harra uttanríkisráðharri.

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara dagsett 2. februar 2000, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2000.
Eg havi skilt, at semja er vordin um fylgjandi:

"Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2000.

1. gr.
Partarnir fara fyri 1. juli 2000 at gera sáttmála um veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í lodnutíðini, sum varar frá juli 2000 til apríl 2001. Samráðingarstøðið er, at veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í hesum tíðarskeiði verða um 30 túsund tons, treytað av at fyritreytir viðvíkjandi loyvdari heildarveiði og onnur viðurskifti, sum hava týdning, ikki broytast munandi.
Loyvt er at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta tann partin av veiðini, sum er veiddur í tíðarskeiðnum januar til apríl um borð, og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.
Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 1999/2000 og 2000/2001 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fíngnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.
Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í íslendskum búskaparøki í 2000. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.
Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í føroyskum sjógvi í 2000. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.
Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2000 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðurhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp."

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfyllt."

Eg loyvi mær at staðfesta, at tað ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya landsstýris, og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing
Anfinn Kallsberg
løgmaður

884. Tillaga til þingsályktunar [582. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000 sem gerðir voru í Þórshöfn 20. október 1999:

1. Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2000.
2. Bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.
3. Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.
4. Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2000.

5. Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2000.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000 sem gerðir voru í Þórshöfn 20. október 1999: 1. sameiginlegri bókun milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2000; 2. bókun milli Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000; 3. samningi milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000; 4. samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2000; og 5. samkomulagi milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2000. Sameiginlega bókunin er prentuð sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari, bókunin um sérstakar verndunarráðstafanir sem fylgiskjal II, samningurinn við Færeyjar sem fylgiskjal III, samkomulagið við Noreg sem fylgiskjal IV og samkomulagið við Rússneska sambandsríkið sem fylgiskjal V.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur: Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma. Önnur langtímamarkmið koma fram í bókuninni. Samkvæmt lið 6.2. skulu aðilar í viðræðum sínum um skiptingu aflaheimilda á komandi árum taka mið af breytingum sem verða á dreifingu stofnsins. Á grundvelli þessa ákvæðis var komið á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í þessu skyni. Kveðið var á um skiptingu heildarafla samningsaðila fyrir árið 1996. Hins vegar náðist ekki samkomulag við Evrópubandalagið um takmarkanir á veiðum þess á árinu 1996 og ákvarðaði það sér einhliða 150 þúsund lesta kvóta.

Brýnt var talið að ná samkomulagi allra aðila sem stunda veiðar úr stofninum. Eftir tvær samningalotur tókust í Ósló hinn 14. desember 1996 samningar strandríkjanna fjögurra og Evrópubandalagsins um veiðar á árinu 1997. Aðilar hafa síðan samið árlega um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Á fundi aðila í Þórshöfn 20. október 1999 náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000. Heildaraflamarkið var ákveðið 1.240.000 lestir, sbr. sameiginlega bókun aðila, fylgiskjal I, en það var 1.300.000 lestir árið 1999. Samkvæmt sérstakri bókun er Rússland skuldbundið til þess að veiða ekki 10 þúsund lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kemur, sbr. fylgiskjal II. Aflinn skiptist milli aðila í sömu hlutföllum og verið hefur og koma í hlut Íslands 194.230 lestir, í hlut Færeyja 68.270 lestir, í hlut Evrópubandalagsins 104.800 lestir, í hlut Noregs 712.500 lestir og í hlut Rússlands 170.200 lestir.

Eins og fyrr er í sameiginlegu bókuninni gert ráð fyrir að aðilar komi sér í sérstökum tvíhliða samningum saman um frekara fyrirkomulag veiða, meðal annars um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars. Í samningi milli Íslands og Færeyja er kveðið á um að skipum hvors aðila verði heimilt að veiða allan sinn hlut í lögsögu hins með sama hætti og á undanförnum árum, sbr. fylgiskjal III.

Samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Noregs fá íslensk skip áfram ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen og mega veiða 8.700 lestir af kvóta Íslands í efnahagslögsögunni við meginland Noregs. Norsk skip fá heimild til að veiða allt að 138.500 lestir í íslenskri lögsögu á árinu 2000, sbr. fylgiskjal IV. Samkvæmt samningi milli Íslands og Rússlands er rússneskum skipum veitt heimild til að veiða allt að 5.400 lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta efnahagslögsögu Íslands, sbr. fylgiskjal V.

Það nýmæli felst í samkomulagi aðila að ákveðið var að frá og með árinu 2001 skuli nota aflareglu sem miðast við fiskveiðidánarstuðulinn 0,125 í stað 0,15 sem verið hefur viðmiðunin undanfarin ár. Þetta er mikilvægt skref til að draga úr hættu á hruni stofnsins og tryggja jafnari veiði á komandi árum. Aðilar urðu enn fremur sammála um að grípa til enn strangari veiðitakmarkana ef ástand stofnsins gæfi tilefni til að mati Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Sameiginlegu bókuninni og öðrum samningum skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2000. Bókunin og samningarnir öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið.

Fylgiskjal I.

SAMEIGINLEG BÓKUN
um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2000.

1. Sendinefnd Evrópubandalagsins undir forystu Friedrich Wieland, sendinefnd Færeyja undir forystu Kaj P. Mortensen, sendinefnd Íslands undir forystu Eiðs Guðnasonar, sendinefnd Noregs undir forystu Stein Owe og sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu Vladimir V. Sokolov hittust í Þórshöfn 19. og 20. október 1999 til að eiga viðræður um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.

2. Formenn sendinefndanna komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að því fyrirkomulagi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, sem greinir í I. viðauka við bókun þessa, verði komið á. Enn fremur komu þeir sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, það fyrirkomulag langtímastjórnunar sem greinir í II. viðauka.

3. Bókun þessari, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2000 og öðlast bókunin og samningarnir gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

AGREED RECORD
of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) Stock in the Northeast Atlantic for 2000

1. A Delegation of the European Community headed by Mr. Friedrich Wieland, a Delegation of the Faroe Islands headed by Mr. Kaj P. Mortensen, a Delegation of Iceland headed by Mr. Eiður Guðnason, a Delegation of Norway headed by Mr. Stein Owe and a Delegation of the Russian Federation headed by Mr. Vladimir V. Sokolo in Tórshavn 19–20 October 1999 to consult on the management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock for 2000.

2. The Heads of Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangements for the regulation of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock in 2000 set out in Annex I to this Agreed Record. Furthermore, they agreed to recommend to their respective authorities the long-term management arrangement set out in Annex II.

3. This Agreed Record, including the bilateral arrangements related to the implementation of this Agreed Record, shall be applied provisionally from 1 January 2000 and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.

Gjört í Þórshöfn 20. október 1999 í fimm frumeintökum á ensku. Aðilar skulu koma sér saman um opinbera texta bókunar þessarar á ensku, færeysku, íslensku, norsku og rússnesku.

Friedrich Wieland
Fyrir sendinefnd Evrópubandalagsins

Kaj P. Mortensen
Fyrir sendinefnd Færeyja

Eiður Guðnason
Fyrir sendinefnd Íslands

Stein Owe
Fyrir sendinefnd Noregs

Vladimir V. Sokolov
Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins

I. VIÐAUKI

1. Aðilar voru sammála um að leggja til grundvallar að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum verði 1.252.000 lestir á árinu 2000.

2. Samkvæmt framantöldu voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000 við 1.250.000 lestir á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópubandalagið	104800 lestir*
Færeyjar	68.270 lestir*
Ísland	194.230 lestir
Noregur	712.500 lestir
Rússneska sambandsríkið	170.200 lestir

3. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða hver í annars fiskveiðilögsögu og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

4. Aðilar komu sér saman um að senda eftirfarandi beiðni til ICES:

Þess er óskað að ICES láti í té upplýsingar um ástand stofnsins eins og gert er ráð fyrir í viðauka við gagnkvæma bókun ICES og NEAFC. Enn fremur er þess óskað að ICES láti í té aflaspá fyrir árið 2001 og að miðað verði við fiskveiðidánarstuðla á bilinu F = 0,08–0,15.

Þess er einnig óskað að ICES meti líkindi þess að hrygningarstofninn minnki niður fyrir B_{pa} sem er 5.000.000 lestir og B_{lim} sem er 2.500.000 lestir á 5 og 10 ára tímabili miðað við mismunandi þunga sókn sem helst óbreytt út tímabilið, að því tilskildu að hrygningarstofninn sé stærri en B_{pa}. Prófa skal

Done at Tórshavn on 20 October 1999 in five originals in English. The Parties shall agree on official texts of this Agreed Record in English, Faroese, Icelandic, Norwegian and Russian.

Friedrich Wieland
For the Delegation of the Community

Kaj P. Mortensen
For the Delegation of the Faroe Islands

Eiður Guðnason
For the Delegation of Iceland

Stein Owe
For the Delegation of Norway

Vladimir V. Sokolov
For the Delegation of the Russian Federation

ANNEX I

1. The Parties agreed to take as a basis a TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock, hereinafter referred to as herring, of 1,252,000 tonnes in 2000.

2. In keeping with the above, the Parties agreed to restrict their fishing on the herring stock in 2000 to a maximum limit of 1,250,000 tonnes on the basis of the following quotas:

The European Community	104,8	tonnes*
The Faroe Islands	68,27	tonnes*
Iceland	194,23	tonnes
Norway	712,5	tonnes
The Russian Federation	170,2	tonnes

3. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties, are regulated by bilateral arrangements.

4. The Parties agreed to submit the following request to ICES:

ICES is requested to provide information about the stock development in accordance with the Annex of the Memorandum of Understanding with NEAFC. Furthermore, it should provide catch options for 2001 based on fishing mortalities in the range F = 0.08 to 0.15.

ICES should evaluate the probability that the SSB will fall below B_{pa} of 5 000 000 tonnes and B_{lim} of 2 500 000 tonnes in a 5 and 10-year period at various levels of constant fishing mortalities while the SSB is above B_{pa}, including values in the range of F= 0.05, 0.08, 0.10, 0.125, 0.15.

sókn sem miðast meðal annars við fiskveiðidánarstuðlana F = 0,05, 0,08, 0,10, 0,125 og 0,15.

Í því tilviki að hrygningarstofninn minnki niður fyrir B_{pa} skal ICES meta hvaða nýtingarstefna mundi tryggja 50–80% líkur á því að hann verði kominn yfir B_{pa} innan 2ja–5 ára.

Að því er hverja þessara aflaspáa varðar er þess óskað að ICES meti væntanlegt meðaltal hlutfallslegra breytinga á afla frá ári til árs og væntanlegan meðalafla á sama 10 ára tímabili.

Þess er óskað að ICES láti þessar upplýsingar í té á fundi sínum í maí 2000.

ICES should evaluate strategies that would ensure a probability in the range of 50 to 80 % of restoring the SSB to above B_{pa} within 2 to 5 years, in a case where SSB is below B_{pa}.

For each of these combinations, evaluate the expected average percentage change in catches from year to year and the expected average catches over the same ten year period.

ICES is requested to provide this information at its meeting in May 2000.

---

* Færeyjar og Evrópubandalagið munu í tvíhliða samningi skiptast á 3.800 lestum.

* Within the bilateral arrangements, the Faroe Islands and the European Community will exchange 3,800 tonnes.

II. VIÐAUKI

Fyrirkomulag langtímastjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Aðilar voru sammála um að framkvæma langtímastjórnunaráætlun vegna veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem sé í samræmi við varúðarleiðina og sé ætlað að halda nýtingu innan öruggra líffræðilegra marka og tryggja sjálfbærar veiðar. Áætlunin skal samanstanda af eftirfarandi:

1. Leitast skal við eftir fremsta megni að halda hrygningarstofninum yfir hættumörkunum (B_{lim}) 2.500.000 lestum.

2. Að því er árið 2001 og eftirfarandi ár varðar voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar á grundvelli leyfilegs heildarafla í samræmi við fiskveiðidánarstuðul undir 0,125 fyrir viðeigandi aldurshópa eins og skilgreint er af ICES, nema vísindaráðgjöf í framtíðinni krefjist breytinga á þessum fiskveiðidánarstuðli.

3. Skyldi hrygningarstofninn minnka niður fyrir viðmiðunarmörkin 5.000.000 lestir (B_{pa}) skal aðlaga fiskveiðidánarstuðulinn sem getið er um í 2. mgr. í ljósi vísindalegs mats á ríkjandi aðstæðum. Slík aðlögun skal tryggja að hrygningarstofninum verði með öruggum og skjótum hætti komið yfir 5.000.000 lestir.

4. Aðilar skulu, eftir því sem við á, endurskoða þessar stjórnunarráðstafanir og nýtingarstefnu á grundvelli nýrrar ráðgjafar sem ICES lætur í té.

ANNEX II

Arrangement on the Long-term Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-scandian Herring) Stock

The Parties agreed to implement a long-term management plan for the Norwegian spring spawning herring (Atlanto-Scandian herring) stock, which is consistent with a precautionary approach, intended to constrain harvesting within safe biological limits and designed to provide for sustainable fisheries. The plan shall consist of the following:

1. Every effort shall be made to maintain a level of Spawning Stock Biomass (SSB) greater than the critical level (B_{lim}) of 2 500 000 tonnes.

2. For the year 2001 and subsequent years, the Parties agreed to restrict their fishing on the basis of a TAC consistent with a fishing mortality rate of less than 0.125 for appropriate age groups as defined by ICES, unless future scientific advice requires modification of this fishing mortality rate.

3. Should the SSB fall below a reference point of 5 000 000 tonnes (B_{pa}), the fishing mortality rate, referred to under paragraph 2, shall be adapted in the light of scientific estimates of the conditions then prevailing. Such adaptation shall ensure a safe and rapid recovery of the SSB to a level in excess of 5 000 000 tonnes.

4. The Parties shall, as appropriate, review and revise these management measures and strategies on the basis of any new advice provided by ICES.

Fylgiskjal II.

BÓKUN
um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-Öslenska síldarstofninum á árinu 2000.

Með vísan til liðar 2.1 í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi og sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2000 sem undirrituð var í dag.

Rússneska sambandsríkið skal láta 10.000 lestir af kvóta sínum á árinu 2000 í efnahagslögsögu sinni í Barentshafi óveiddar í verndunarskyni.

Gjört í Þórshöfn 20. október 1999 í fjórum frumeintökum á ensku.

Kaj P. Mortensen
Fyrir sendinefnd Færeyja

Eiður Guðnason
Fyrir sendinefnd Íslands

Stein Owe
Fyrir sendinefnd Noregs

Vladimir V. Sokolov
Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins

UNDERSTANDING
on Special Conservation Measures with Respect to Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) Stock in 2000

With reference to Article 2.1 of the Protocol on the Conservation, Rational Utilisation and Management of Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) in the Northeast Atlantic and with reference to the Agreed Record of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock in the North-East Atlantic for 2000 signed today.

The Russian Federation shall reserve for conservation purposes 10,000 tonnes of its quota for 2000 in its Exclusive Economic Zone in the Barents Sea.

Done at Tórshavn on 20 October 1999 in four originals in English.

Kaj P. Mortensen
For the Delegation of the Faroe Islands

Eiður Guðnason
For the Delegation of Iceland

Stein Owe
For the Delegation of Norway

Vladimir V. Sokolov
For the Delegation of the Russian Federation

Fylgiskjal III.

Samningur
milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.

Ísland og Færeyjar
vísa til niðurstöðu samningaviðræðna um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000

Semja
millum Føroyar og Ísland um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 2000.

Føroyar og Ísland,
vísa til niðurstøðu í samráðingunum, sum hava verið um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini

milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússlands í Tórshavn 20. október 1999

og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Ísland heimilar færeyskum veiðiskipum að veiða 68.270 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum innan efnahagslögsögu Íslands samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

Færeyjar heimila íslenskum veiðiskipum að veiða 194.230 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum innan fiskveiðilögsögu Færeyja samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

2. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan lögsögu hins aðilans. Veiðiskip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Skip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn.

3. gr.

Til að tryggja skipulegar veiðar getur landsstjórn Færeyja takmarkað fjölda íslenskra skipa sem stunda samtímis veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja við 25 skip og íslensk stjórnvöld takmarkað fjölda færeyskra skipa sem stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Íslands við 8 skip.

4. gr.

Samningur þessi hefur ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli aðila í framtíðinni.

Gjört í Tórshavn 20. október 1999 í tveimur eintökum, öðru á íslensku og hinu á færeysku.

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Eiður Guðnason

Fyrir hönd færeysku sendinefndarinnar:
Kaj P. Mortensen

í 2000 millum Europeiska Felagsskapin, Føroyar, Ísland, Noreg og Russland í Tórshavn 20. oktober 1999,

hava gjørt semju um fylgjandi:

l. gr.

Ísland loyvir føroyskum fiskiførum at veiða 68.270 tons av várgýtandi norðurhavssild á íslendska búskaparliga økinum undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

Føroyar loyva íslendskum fiskiførum at veiða 194.230 tons av várgýtandi norðurhavssild á føroyskum fiskiøki undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

2. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða norðurhavssild á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týdningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøki, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd áðrenn komu á økið og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp.

3. gr.

Til tess at tryggja skipaða veiðu kunnu føroyskir myndugleikar avmarka talið av íslendskum skipum sum veiða í senn í føroyskum sjógvi til 25 skip og íslendskir myndugleikar avmarka talið av føroyskum skipum sum veiða í senn á íslendska búskaparøkinum til 8 skip.

4. gr.

Henda avtala hevur ikki fordømisgildi fyri semjur partanna millum í framtíðini.

Gjørd í Tórshavn 20. oktober 1999 í tveimum eintøkum, onnur á føroyskum og hin á íslendskum.

Vegna føroysku sendinevndina:
Kaj P. Mortensen

Vegna íslendsku sendinevndina:
Eiður Guðnason

Fylgiskjal IV.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2000.

Í samræmi við 3. tölul. viðauka I við sameiginlega bókun frá 20. október 1999 um niðurstöður fiskveiðiviðræðna milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2000 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2000 heimilt að veiða allt að 194.200 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 8.700 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er heimilt að veiða allt að 138.500 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2000.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í Þórshöfn 20. október 1999

Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:	Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Stein Owe	Eiður Guðnason

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on access to the Icelandic Economic Zone and the Norwegian Economic Zone and the Fishery Zone around Jan Mayen in 2000

In accordance with paragraph 3 of Annex I to Agreed Record dated 20 October 1999 of conclusions of fisheries consultations between the European Community, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock in the Northeast Atlantic for 2000, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2000 to fish 194,200 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62° N of which a maximum of 8,700 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62° N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2000 to fish 138,500 tonnes of herring in the Icelandic Economic Zone.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at Tórshavn, 20 October 1999

For the Norwegian delegation:	For the Icelandic delegation:
Stein Owe	Eiður Guðnason

Fylgiskjal V.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2000.

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2000, sem undirrituð var í dag af Íslandi, Færeyjum, Noregi, Rússneska sambandsríkinu og Evrópubandalaginu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 2000 allt að 5.400 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands austan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:

A. 64°00'N–09°00'V
B. 67°00'N–09°00'V
C. 69°25'N–13°00'V

2. Rússnesk yfirvöld skulu tilkynna Fiskistofu Íslands fyrir fram um hvaða fiskiskip hyggjast stunda fiskveiðar innan efnahagslögsögu Íslands og hvaða gerð veiðarfæra verði notuð. Fjöldi þeirra fiskiskipa, sem tilkynnt eru, skal ekki vera meiri en 20. Þeim er ekki heimilað að hefja fiskveiðar fyrr en Fiskistofa Íslands hefur veitt samþykki sitt fyrir veiðum þeirra.

3. Eftirfarandi reglur gilda um tilkynningar til Landhelgisgæslu Íslands um veru rússneskra skipa innan efnahagslögsögu Íslands og veiðar þeirra þar:

A. Öll fiskiskip skulu tilkynna, með mest 12 klukkustunda fyrirvara en minnst 6 klukkustunda fyrirvara, um komu sína inn í efnahagslögsögu Íslands og láta í té upplýsingar um aflann um borð.

B. Öll fiskiskip skulu tilkynna daglega, milli klukkan tíu fyrir hádegi og tólf á hádegi á meðan þau eru innan efnahagslögsögu Íslands, um staðsetningu sína og láta í té upplýsingar um aflann undangengnar 24 klukkustundir.

C. Þegar skip siglir út úr efnahagslögsögu Íslands ber að tilkynna það og láta í té upplýsingar um allan afla um borð.

ARRANGEMENT
between Iceland and the Russian Federation on Access to the Icelandic Economic Zone in 2000

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between Iceland, the Faroe Islands, Norway, the Russian Federation and the European Community on the Management of the Norwegian Spring Spawning herring (Atlanto-Scandian herring) stock in the Northeast Atlantic for 2000, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels be granted access in 2000 to take up to 5,400 tonnes of herring within the Icelandic Economic Zone east of a line drawn between the following points:

A. 64°00'N–09°00'W
B. 67°00'N–09°00'W
C. 69°25'N–13°00'W

2. Russian authorities shall notify the Directorate of Fisheries in Iceland in advance as to which fishing vessels intend to engage in fisheries within the Icelandic Economic Zone and the type of fishing gear to be used. The total number of fishing vessels notified shall not exceed 20. They are not authorised to commence fishing until the Directorate of Fisheries in Iceland has agreed to their fishing.

3. Regarding notification to the Icelandic Coast Guard on the presence and fishing of Russian vessels within the Icelandic Economic Zone, the following rules shall apply:

A. Each fishing vessel shall, at a notice of 12 hours maximum but 6 hours minimum, notify of its arrival into the Icelandic Economic Zone and provide information on the catch onboard.

B. Each fishing vessel shall notify daily between 10 a.m. and 12 noon, while within the Icelandic Economic Zone, of the vessel's position and provide information on the last 24 hours' catch.

C. A notification shall be given when a vessel sails out of the Icelandic Economic Zone and information shall be provided on the total catch onboard.

4. Fara skal að með sérstakri gát ef skip eru þétt saman að veiðum á fiskveiðisvæði. Sýna ber hringnótaskipum sérstaka tillitssemi.

4. In case of high density of fishing vessels in a fishing area, the fishing operations shall be carried out with particular caution. Special consideration shall be shown towards purse seine fishing vessels.

Þórshöfn, 20. október 1999

Fyrir hönd sendinefndar Íslands:
Eiður Guðnason

Fyrir hönd sendinefndar Rússneska sambandsríkisins:
Vladimir V. Sokolov

Tórshavn, 20 October 1999

For the delegation of Iceland:
Eiður Guðnason

For the delegation of the Russian Federation:
Vladimir V. Sokolov

885. Tillaga til þingsályktunar [583. mál]

um staðfestingu breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir hönd Íslands breytingar á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem gerðar voru í Cardiff 19. maí 1999.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta breytingar á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem gerðar voru á 26. þingi aðila stofnunarinnar sem haldið var í Cardiff 18.–20. maí 1999. Stofnsamningurinn með umræddum breytingum er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

EUTELSAT á upphaf sitt að rekja til ársins 1977 þegar stofnunin var sett á laggirnar með bráðabirgðasamkomulagi. Endanlegur stofnsamningur var undirritaður 15. júlí 1982 í París þar sem stofnunin hefur aðsetur. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 12. júní 1987, en Alþingi hafði með ályktun 18. mars 1987 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Samhliða undirritun stofnsamningsins undirrituðu símastjórnir aðildarríkjanna rekstrarsamkomulag. Hafa þær sem rekstraraðilar lagt fram hlutafé til stofnunarinnar og haft æðsta vald í daglegum rekstri hennar.

Gervitungl EUTELSAT veita svæðisbundna fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. flutning á sjónvarpsmerkjum. Rekstraraðilar hafa haft einkarétt á aðgangi að gervitunglunum og því að veita fjarskiptaþjónustu um þau.

Hin almenna stefna Evrópusambandsins um afnám einkaréttar í fjarskiptum og markaðssjónarmið hafa valdið vaxandi gagnrýni á núverandi fyrirkomulag EUTELSAT. Það er talið hindra eðlilegan vöxt stofnunarinnar, enda sé einkaréttur sá sem felst í stofnsamningnum í ósamræmi við ríkjandi markaðsaðstæður. Á þingi aðila EUTELSAT í París 18.–20. maí 1999 var ákveðið að breyta rekstrarformi stofnunarinnar með breytingum á stofnsamningi hennar til að gera henni kleift að laga starfsemi sína að breyttum aðstæðum. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Stofnað verður nýtt fyrirtæki, Eutelsat SA, í samræmi við frönsk lög og verður það í upphafi staðsett í Frakklandi. Samkomulag verður gert milli EUTELSAT og Eutelsat SA í þeim tilgangi að skilgreina samband stofnunarinnar og nýja fyrirtækisins og skyldur þeirra hvors gagnvart öðru. Markmiðið með samkomulaginu er þó einkum að skapa EUTELSAT grundvöll til að hafa umsjón með Eutelsat SA til þess að tryggja að félagið virði grundvallarreglur stofnunarinnar.
2. Fyrirtækið Eutelsat SA mun starfrækja gervitunglakerfi og veita þjónustu um það. Í því skyni verða eignir EUTELSAT og starfsemi yfirfærð til Eutelsat SA. Um rekstur fyrirtækisins fer eftir stofnsamþykktum þess og gildandi lögum í skráningarlandi fyrirtækisins.
3. Meginverkefni EUTELSAT verður að tryggja að Eutelsat SA fari að grundvallarreglum stofnunarinnar sem felast í eftirfarandi:
   a. Skyldur til að veita almenna þjónustu og alþjónustu. Skyldur þessar eiga við um geimskor og notkun þess til að veita þjónustu sem tengist almennum talsímanetum. Hljóð- og myndþjónusta verður boðin í samræmi við innlendar reglur og alþjóðasamninga, eftir því sem við á, einkum ákvæði Evrópusamnings um sjónvarp yfir landamæri, með hliðsjón af hugmyndum um alþjónustu og upplýsingasamfélaginu.
   b. Skyldur varðandi þjónustusvæði gervitunglakerfisins. Eutelsat SA skal með hagkvæmni að leiðarljósi leitast við, með alevrópsku þjónustusvæði gervitungla sinna, að þjóna öllum svæðum þar sem þörf er fyrir fjarskiptaþjónustu í aðildarríkjum EUTELSAT.
   c. Jafnræði. Notendum skal veitt þjónusta á réttlátum grundvelli með fyrirvara um sveigjanleika í viðskiptum og í samræmi við viðeigandi lög.
   d. Heiðarleg samkeppni. Eutelsat SA skal fara eftir öllum viðeigandi lögum og reglum er lúta að heiðarlegri samkeppni.
4. EUTELSAT skal einnig hafa að markmiði að tryggja órofið ástand að því er varðar réttindi og skyldur samkvæmt þjóðarétti, einkum samkvæmt radíóreglugerðinni um notkun tíðna, að því er varðar starfrækslu EUTELSAT geimskorsins sem yfirfærist til Eutelsat SA.
5. EUTELSAT og Eutelsat SA skulu komast að samkomulagi um greiðslu á kostnaði og útgjöldum stofnunarinnar. Samkomulagið á að tryggja að Eutelsat SA beri kostnað af stofnun og starfrækslu skrifstofu EUTELSAT, þ.m.t. húsaleigu og kostnað tengdan rekstri skrifstofu, laun og aukagreiðslur til starfsliðs, kostnað við að halda þing aðila samningsins, kostnað við fundi stofnunarinnar og aðilanna og annarra stofnana og kostnað við ráðstafanir til þess að tryggja að Eutelsat SA virði grundvallarreglur EUTELSAT.
6. Innan stofnunarinnar skal annars vegar vera þing aðila og hins vegar skrifstofa undir stjórn framkvæmdastjóra.
7. Aðilar geta lagt EUTELSAT niður ef tveir þriðju hlutar þeirra rifta stofnsamningi hennar. Lok samningsins skulu ekki hafa áhrif á áframhaldandi tilvist Eutelsat SA. Án samkomulags við fyrirtækið skal ekki tekin ákvörðun um endalok stofnunarinnar á meðan alþjóðleg réttindi og skyldur sbr. 3. lið að framan eru í gildi.

Sérstök ákvæði gilda á tímabilinu meðan breytingar á rekstrarformi EUTELSAT eiga sér stað og eru þau eftirfarandi, sbr. viðauka A við samninginn:

1. Sérhver samningur, sem EUTELSAT er aðili að og er í gildi þegar Eutelsat SA er stofnað, skal gilda áfram nema honum sé breytt eða bundinn endi á hann í samræmi við ákvæði hans. Sérhver ákvörðun, sem tekin er af stofnuninni og er í gildi þegar fyrirtækið er stofnað, skal gilda áfram nema ákvörðuninni sé breytt eða hún falli úr gildi.

2. Ef stjórnunareining EUTELSAT hefur hafið eitthvert verk sem hún hefur heimild til eða er skylt að framkvæma en ekki lokið því þegar Eutelsat SA er stofnað skulu framkvæmdastjóri EUTELSAT eða framkvæmdastjóri fyrirtækisins, innan valdmarka sinna og í samræmi við samkomulag milli stofnunarinnar og fyrirtækisins, vera í forsvari fyrir þá stjórnunareiningu í þeim tilgangi að ljúka verkinu.
3. EUTELSAT skal gera samning við Eutelsat SA um að yfirfæra eignir sínar og skuldir sem lúta að starfsemi stofnunarinnar til fyrirtækisins.
4. Yfirfærslan skal fela í sér allsherjaryfirfærslu á öllum réttindum, eignarrétti, hagsmunum og hagsbótum og öllum skuldbindingum og skyldum sem tengjast eignum og skuldbindingum sem yfirfærð eru. Eignir og skuldbindingar sem þannig eru yfirfærðar skulu mynda heildstæðan og sjálfstæðan rekstrarþátt.
5. Yfirfærslan skal, með fyrirvara um það sem áður segir, öðlast almennt gildi á þeim degi sem tilgreindur er í yfirfærslusamningnum, án þess að tilkynna þurfi eða fá samþykki frá neinum aðila, þ.m.t. aðilum sem EUTELSAT hefur framangreindar skuldbindingar og skyldur gagnvart.

Hinn 24. mars 2000 höfðu fjögur ríki, Danmörk, Litháen, Malta og Mónakó, staðfest umræddar breytingar á stofnsamningi EUTELSAT. Breytingarnar munu öðlast gildi 120 dögum eftir að tveir þriðju hlutar aðildarríkja samningsins, þ.e. 32 af 47 ríkjum, hafa staðfest breytingarnar.

Að mati samgönguráðuneytisins kallar staðfesting breytinganna á samningnum ekki á lagabreytingar hér á landi. Heimildar Alþingis er þó leitað til að staðfesta breytingarnar í ljósi þess að leitað var heimildar Alþingis til að fullgilda stofnsamning EUTELSAT á sínum tíma og þess að um grundvallarbreytingar á samningnum er að ræða.

Samningurinn var prentaður í fylgiskjali með tillögunni á íslensku og ensku.
Alþjóðasamningar og samningar við erlend ríki birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

886. Tillaga til þingsályktunar [584. mál]

um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var í Genf 23. júní 1981.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóða-

vinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981. Samþykktin er prentuð sem fylgiskjal með tillögunni.

Samhliða gerð samþykktar ILO nr. 156 voru á þinginu afgreidd tilmæli nr. 165 sem bera sama nafn og samþykktin og fela í sér nánari útfærslu á efni hennar. Í tilmælunum eru ríki hvött til aðgerða til að stuðla að jafnræði til handa vinnandi körlum og konum með fjölskylduábyrgð.

Samþykkt ILO nr. 156 ásamt tilmælum nr. 165 hafa það að markmiði annars vegar að stuðla að jafnrétti karla og kvenna, sem hafa fjölskylduábyrgð, til starfa og hins vegar að jafna aðstöðu þeirra starfsmanna sem bera ábyrgð á fjölskyldu og þeirra sem ekki hafa slíka ábyrgð. Í stórum dráttum má segja að tilgangurinn sé að hvetja aðildarríki til að grípa til allra viðeigandi aðgerða til að koma þessum markmiðum í framkvæmd með tilliti til mismunandi aðstæðna í hinum ýmsu ríkjum fremur en að fastákveða nákvæmlega hvaða aðgerðir ríkin skuli grípa til. Í undirbúningsgögnum samþykktarinnar kemur þannig skýrlega fram að stefnan við gerð hennar var að heimila aðildarríkjum að hafa sem mest svigrúm við að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd.

Helstu skuldbindingar sem ríki takast á hendur með fullgildingu samþykktar ILO nr. 156 eru eftirfarandi:

- Að setja það markmið í stjórnarstefnu sína að gera einstaklingum með fjölskylduábyrgð, sem eru í atvinnu eða óska eftir að gegna launuðu starfi, kleift að framfylgja þeim rétti sínum án þess að verða fyrir mismunun og, að svo miklu leyti sem mögulegt er, án árekstra milli atvinnu og fjölskylduábyrgðar (3. gr.).
- Að gera allar mögulegar ráðstafanir til að gera starfsfólki með fjölskylduábyrgð kleift að nýta rétt sinn til frjáls vals atvinnu og jafnframt að taka tillit til þarfa þeirra varðandi starfskjör, vinnuskilyrði og félagslegt öryggi (4. gr.).
- Að gera ráðstafanir til þess að tekið sé tillit til þarfa starfsfólks með fjölskylduábyrgð á sveitarstjórnarstigi. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á barnagæslu og fjölskylduaðstoð (5. gr.).
- Að stuðla að upplýsingum og fræðslu sem leiði til almennari skilnings á meginreglunni um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu og á vandamálum starfsfólks með fjölskylduábyrgð (6. gr.).
- Að gera ráðstafanir, svo sem á sviði starfsfræðslu og þjálfunar, til þess að gera starfsfólki með fjölskylduábyrgð kleift að hefja og halda áfram þátttöku í atvinnulífinu, svo og að koma á vinnumarkaðinn á ný eftir fjarveru vegna þessarar ábyrgðar (7. gr.).
- Að tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík verði ekki gild ástæða til uppsagnar starfs (8. gr.).
- Að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar með lögum, reglugerðum, kjarasamningum, starfsreglum, gerðardómum, dómsúrskurðum eða með hverjum öðrum þeim hætti sem við kann að eiga, að teknu tilliti til aðstæðna í viðkomandi landi (9. gr.).

Aðildarríki gangast jafnframt undir þá skuldbindingu að haft sé alþjóðlegt eftirlit með framkvæmd samþykktarinnar eins og öðrum samþykktum ILO.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð, öðlaðist gildi 11. ágúst 1983 og hinn 1. mars 2000 höfðu alls 29 ríki fullgilt hana.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur á undanförnum árum verið fjallað um mögulega fullgildingu samþykktar ILO nr. 156 af Íslands hálfu í þríhliða samráðsnefnd ráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Í tengslum við þessa umfjöllun hefur verið kannað hvort aðstæður á Íslandi séu

í samræmi við efni samþykktarinnar. Í ljós hefur komið að stefna fyrirtækja í málefnum starfsmanna með fjölskylduábyrgð er fremur sveigjanleg. Í gildi er samkomulag á milli aðila vinnumarkaðarins um greiðslu til starfsfólks vegna veikinda barna. Stjórnvöld hafa markvisst unnið að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaðinum. Benda má á framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í jafnréttismálum og þátttöku í norrænum samstarfsverkefnum á þessu sviði. Þá samþykkti Alþingi árið 1992 lög um starfsmenntun í atvinnulífinu sem meðal annars miða að því að fjölga tækifærum vinnandi fólks, ekki síst kvenna, til starfsmenntunar. Sveitarfélög hafa markmisst unnið að uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn. Öll þessi atriði gera það kleift að fullgilda samþykktina.

Samkvæmt þingsályktunartillögu um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar, sem félagsmálaráðherra lagði fram og samþykkt var á Alþingi 13. maí 1997, ályktaði Alþingi að ríkisstjórnin mótaði opinbera fjölskyldustefnu á grundvelli þeirra meginforsendna og markmiða sem lýst er í þingsályktuninni. Fjölskyldustefnan skal m.a. taka mið af því að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar. Á grundvelli þingsályktunarinnar hefur félagsmálaráðherra t.d. skipað fjölskylduráð sem hefur m.a. það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum og eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar. Í III. kafla tillögunnar, sem fjallar um aðgerðir í þágu fjölskyldunnar, er mælt fyrir um að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt ILO nr. 156.

Niðurstaða samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði var sú að fullgilding samþykktarinnar kalli á eina lagabreytingu hér á landi, þ.e. vegna ákvæðis 8. gr. samþykktarinnar um að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs. Um verður að ræða nýja reglu í íslenskum vinnurétti, en meginreglan er nú sú að atvinnurekendur þurfa ekki að gefa upp ástæður uppsagnar.

Félagsmálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi frumvarp til laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

Í fylgiskjali með tillögunni var samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 prentuð á íslensku og ensku.

Alþjóðasamningar og samningar við erlend ríki birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

887. Tillaga til þingsályktunar [585. mál]

um fullgildingu samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögunni.

Samningur þessi er tvímælalaust mikilvægasti alþjóðasamningur undanfarinna ára er snýr að kjarnavopnum. Samningurinn kveður á um allsherjarbann við tilraunum með kjarnasprengingar. Áður höfðu samningar náðst um bann við tilraunum í andrúmslofti, í geimnum og neðansjávar (1963), sem og um takmörkun sprenginga við 150 kílótonna styrkleika (1974).

Afvopnunarráðstefnan í Genf hóf samningaviðræður um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn 26. janúar 1994. Ráðstefnan getur einungis tekið ákvarðanir með almennu samþykki þeirra ríkja sem taka þátt í henni og þegar upp var staðið var eitt ríkjanna, Indland, ekki reiðubúið til að samþykkja þau samningsdrög sem samstaða var um að öðru leyti. Af þessum sökum var samningurinn lagður fyrir aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem kallað var saman sérstaklega í þessum tilgangi og samþykkti það samninginn með miklum meiri hluta 10. september 1996. Samningurinn var lagður fram til undirritunar 24. september 1996 og var hann undirritaður af Íslands hálfu sama dag.

Samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn hafði hinn 24. mars 2000 verið undirritaður af 155 ríkjum og fullgiltur af hálfu 55 ríkja. Samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en þau 44 ríki, sem tilgreind eru í 2. viðauka við samninginn, hafa fullgilt hann. Af þessum ríkjum hafa 28 ríki fullgilt samninginn en 41 undirritað hann. Þrjú ríkjanna, Indland, Pakistan og Norður-Kórea, hafa ekki undirritað samninginn. Kjarnorkuveldin Bandaríkin, Rússland, Kína, Frakkland og Bretland hafa öll undirritað samninginn. Tvö síðastnefndu ríkin hafa enn fremur fullgilt samninginn.

Samningurinn gerir ráð fyrir alþjóðlegu eftirlitskerfi sem samanstendur af alls 321 stöð víðs vegar um heim í samtals 89 löndum. Kerfið er tvískipt, aðalkerfi og varakerfi. Tvær þessara stöðva verða staðsettar á Íslandi til mælinga á geislavirkni og jarðhræringum. Stöð til mælinga á geislavirkni tilheyrir aðalkerfinu og verður staðsett á Rjúpnahæð. Uppsetning stöðvarinnar er áætluð síðar á þessu ári. Verður hún í umsjón Geislavarna ríkisins sem einnig munu sjá um að miðla upplýsingum frá stöðinni til alþjóðlegrar gagnamiðstöðvar sem safnar saman upplýsingum frá stöðvum víðs vegar um heim. Stöð til jarðskjálftamælinga, sem Veðurstofa Íslands hefur umsjón með, er staðsett í nágrenni við Borgarnes og er henni ætlað að þjóna varakerfinu.

Sérstök stofnun með aðsetur í Vínarborg hefur umsjón með framkvæmd samningsins og rekstri alþjóðaeftirlitskerfisins og gagnamiðstöðvarinnar.

Kjarnorkuveldin hafa frá árinu 1945 framkvæmt alls 2.046 sprengingar með kjarnavopn. Engar tilraunasprengingar fóru fram eftir að samningurinn var lagður fram til undirskriftar í september 1996 þar til í maí 1998 að Indland og Pakistan rufu þá samstöðu sem ríkti um allsherjarbann.

Allsherjarbann við kjarnasprengingum hefur mikla þýðingu til að stemma stigu við vígbúnaðarkapphlaupi á sviði kjarnavopna. Samningurinn setur ríkjum skorður í þróun og smíði kjarnavopna, einkum þeim ríkjum sem ekki eiga slík vopn fyrir en hafa í hyggju að koma þeim upp. Samningurinn hamlar einnig gegn frekari þróun nýrra vopna þeirra ríkja sem þegar hafa á að skipa kjarnavopnum. Samningurinn hefur þannig mjög mikið gildi í viðleitni til að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna og hefta frekari þróun þeirra. Hann er einnig álitinn skipta miklu hvað varðar fækkun kjarnavopna.

Kjarnorkuveldin Bandaríkin, Rússland og Kína hafa enn ekki fullgilt samninginn um alls-

herjarbann við tilraunum með kjarnavopn. Bandaríkin voru meðal þeirra ríkja sem höfðu forustu um gerð samningsins og hafa alla tíð verið í fararbroddi í því að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna. Öldungadeild Bandaríkjaþings felldi í atkvæðagreiðslu (51–48) ályktun um fullgildingu samningsins í október 1999. Bandaríkjaforseti lýsti því yfir að hann mundi halda áfram að berjast fyrir allsherjarbanni við tilraunum með kjarnavopn og að Bandaríkin mundu halda áfram þeirri stefnu sem mörkuð var árið 1992 að gera ekki tilraunir með kjarnavopn.

Rússland og Kína hafa lýst því yfir að þau muni fullgilda samninginn en ekki liggur fyrir hvenær það verður.

Það leiðir af framangreindu að það er allsendis óvíst hvenær samningurinn mun öðlast gildi. Vestræn ríki hafa almennt lagt áherslu á að fullgilda samninginn hið fyrsta og framfylgja ákvæðum hans án tillits til hvenær hann öðlast formlega gildi. Að baki búa pólitískar ástæður og viðleitni til að skapa aðstæður sem flýtt geta fyrir gildistöku samningsins.

Samningurinn samanstendur af inngangsorðum, 17 greinum og tveimur viðaukum, auk bókunar með viðaukum.

Í inngangsorðum er farið almennum orðum um markmið samningsins og þær skyldur sem aðildarríki takast á hendur samkvæmt honum. Í 1.–6. gr. eru sett fram meginefnisatriði samningsins.

1. gr. felur í sér skuldbindingu aðildarríkja til að framkvæma engar tilraunasprengingar kjarnavopna eða að taka á nokkurn hátt þátt í slíkum tilraunum og banna allar slíkar sprengingar í lögsögu eða á yfirráðasvæði þeirra.

2. gr. fjallar um stofnun þá í Vínarborg sem fer með umsjón og framkvæmd samningsins, uppbyggingu hennar, starfsreglur og hlutverk.

3. gr. tilgreinir þær ráðstafanir sem hvert aðildarríkjanna þarf að standa að heima fyrir til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt samningnum.

4. gr. felur í sér ítarleg ákvæði um eftirlit og alþjóðlega eftirlitskerfið, þær skuldbindingar sem aðildarríkin taka á sig varðandi eftirlit á staðnum, framkvæmd eftirlits og önnur atriði sem lúta að eftirliti með því að samningnum sé framfylgt.

5. gr. fjallar um aðgerðir til að tryggja að staðið sé við skuldbindingar samkvæmt samningnum, þar á meðal viðurlög.

6. gr. fjallar um lausn deilumála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd samningsins.

7. gr. segir til um hvernig farið skuli með tillögur um breytingar á samningnum.

8. gr. fjallar um endurskoðunarráðstefnur samningsins sem haldnar eru á tíu ára fresti.

9.–17. gr. fjalla m.a. um gildistíma og úrsögn, gildi bókunar og viðauka, undirritun, fullgildingu, gildistöku, fyrirvara og vörsluaðila.

Tveir viðaukar eru við samninginn. Sá fyrri er listi yfir aðildarríki samningsins sem tekið geta sæti í framkvæmdaráði samkvæmt ákveðinni landfræðilegri skiptingu. Framkvæmdaráðið er hluti stofnunarinnar í Vínarborg og í því eiga sæti fulltrúar 51 aðildarríkis. Seinni viðaukinn er listi yfir þau 44 ríki sem þurfa að fullgilda samninginn til þess að hann geti öðlast gildi.

Í bókuninni með samningnum er ítarleg útfærsla á 4. gr. samningsins um eftilit. Bókunin skiptist í þrjá hluta. Sá fyrsti tekur til alþjóðlega eftirlitskerfisins og gagnamiðstöðvarinnar. Annar hlutinn fjallar um starfsreglur og eftirlit á staðnum og sá þriðji um traustvekjandi aðgerðir. Tveir viðaukar eru við bókunina. Sá fyrri hefur að geyma lista yfir stöðvar alþjóðlega eftirlitskerfisins og sá seinni tilgreinir tæknilega mælikvarða sem gagnamiðstöðin hefur til hliðsjónar í störfum sínum.

Dómsmálaráðuneytið hefur til athugunar hvort þörf sé á setningu nýrra laga eða breytingu á núgildandi lögum til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem í samningnum felast.

Í fylgiskjali með tillögunni var samningurinn prentaður á íslensku og ensku. Enska textanum fylgdu viðaukar.

Alþjóðasamningar og samningar við erlend ríki birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

888. Tillaga til þingsályktunar [586. mál]

um fullgildingu Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem samþykkt var í Róm 17. júlí 1998.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 17. júlí 1998 var á ríkjaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Róm samþykktur samningur um stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls, Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar samþykktarinnar sem er prentuð sem fylgiskjal með tillögunni.

Rómarsamþykktin lá frammi til undirritunar í Róm til 17. október 1998 og unnt verður að undirrita hana í New York til 31. desember 2000. Samþykktin var undirrituð fyrir Íslands hönd 26. ágúst 1998. Hinn 29. mars 2000 höfðu alls 95 ríki undirritað samþykktina en sjö ríki höfðu fullgilt hana, þ.e. Senegal, Trínidad og Tóbagó, San Marínó, Ítalía, Fídjieyjar, Gana og Noregur. Samþykktin mun öðlast gildi tveimur mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hana.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn, sem hafa mun aðsetur í Haag, hefur það hlutverk að dæma í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Stofnun dómstólsins er tvímælalaust eitt mikilvægasta framlag til mannréttindaverndar og friðar í heiminum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna. Unnið hefur verið að stofnun slíks dómstóls allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Hópmorð, glæpir gegn mannúð og stríðsglæpir eru skilgreind í Rómarsamþykktinni, en kveðið er á um að dómstóllinn skuli ekki beita lögsögu sinni að því er glæpi gegn friði varðar fyrr en skilgreining á þeim liggur fyrir. Dómstóllinn hefur sjálfvirka lögsögu í málum er undir hann heyra, þ.e. óháða sérstöku samþykki viðkomandi ríkja. Skilyrði er þó að annaðhvort þegnríki sakbornings eða ríkið þar sem hið meinta brot var framið sé aðili að samþykktinni. Aðildarríki er heimilt að undanþiggja sig lögsögu dómstólsins að því er stríðsglæpi varðar til allt að sjö ára frá því að samþykktin öðlast gildi gagnvart því.

Sérstakur saksóknari starfar samkvæmt samþykktinni og getur hann að eigin frumkvæði eða eftir tilvísun frá aðildarríki eða öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hafist handa við að

rannsaka og gefa út ákæru í málum er undir dómstólinn heyra. Samkvæmt samþykktinni er óheimilt að hefja eða halda áfram rannsókn eða saksókn í máli á eins árs tímabili eftir að öryggisráðið hefur lagt fram beiðni þar að lútandi til dómstólsins, í samræmi við ályktun sem samþykkt er samkvæmt VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Lögsaga Alþjóðlega sakamáladómstólsins er til fyllingar lögsögu einstakra ríkja til að saksækja og dæma í þeim málum sem hér um ræðir. Lögsaga dómstólsins verður því aðeins virk að viðkomandi ríki hafi sökum skorts á getu eða vilja látið undir höfuð leggjast að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn er varanlegur og hefur almenna lögsögu. Hann er því frábrugðinn alþjóðastríðsglæpadómstólunum í málefnum fyrrum Júgóslavíu og Rúanda sem hafa takmarkaða lögsögu bæði í tíma og rúmi.

Rómarsamþykktin um Alþjóðlega sakamáladómstólinn samanstendur af alls 128 greinum og skiptist hún í eftirfarandi kafla:

1. kafli. Stofnun dómstólsins (1.–4. gr.).
2. kafli. Lögsaga, skilyrði þess að mál sé tækt til meðferðar og réttarheimildir (5.–21. gr.).
3. kafli. Grundvallarreglur refsiréttar (22.–33. gr.).
4. kafli. Skipan og stjórn dómstólsins (34.–52. gr.).
5. kafli. Rannsókn og saksókn (53.–61. gr.).
6. kafli. Dómsmeðferð (62.–76. gr.).
7. kafli. Refsingar (77.–80. gr.).
8. kafli. Áfrýjun og endurupptaka (81.–85. gr.).
9. kafli. Alþjóðasamstarf og réttaraðstoð (86.–102. gr.).
10. kafli. Fullnusta (103.–111. gr.).
11. kafli. Þing aðildarríkjanna (112. gr.).
12. kafli. Fjármögnun (113.–118. gr.).
13. kafli. Lokaákvæði (119.–128. gr.).

Ríkjaráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Róm var haldin dagana 15. júní til 17. júlí 1998. Ísland var í hópi rúmlega 60 ríkja á ráðstefnunni sem lagði áherslu á að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn yrði sjálfstæður og öflugur og hefði sjálfvirka lögsögu í málum er undir hann heyra. Hópurinn taldi enn fremur afar mikilvægt að tryggja sjálfstæði og frumkvæðisrétt saksóknarans. Í hópnum voru m.a. öll aðildarríki ESB að Frakklandi undanskildu, Noregur, Sviss, Kanada, Ástralía og Nýja Sjáland auk ýmissa Austur-Evrópuríkja, Mið- og Suður-Ameríkuríkja, Afríkuríkja og Asíuríkja. Nokkur ríki, þar á meðal Bandaríkin, Frakkland, Rússland, Kína, Indland, Mexíkó og ýmis Arabaríki, vildu á hinn bóginn draga úr valdi saksóknarans og takmarka lögsögu dómstólsins. Bandaríkin lögðu megináherslu á að þegnríki sakbornings yrði að veita samþykki sitt í hvert skipti til að lögsaga dómstólsins yrði virk, en samkvæmt því væri t.d. ekki unnt að lögsækja bandaríska hermenn nema með sérstöku samþykki Bandaríkjanna.

Að morgni lokadags ráðstefnunnar, 17. júlí 1998, lagði formaður aðalsamninganefndarinnar, Kanadamaðurinn Philippe Kirsch, fram ný samningsdrög sem byggðust að verulegu leyti á sjónarmiðum 60 ríkja hópsins. Komið var þó að nokkru leyti til móts við sjónarmið hinna ríkjanna, m.a. að því er varðar lögsögu dómstólsins. Fyrrnefndi hópurinn taldi drögin ásættanleg í heild og hvatti til þess að þau yrðu samþykkt án nokkurra breytinga. Á lokafundi aðalsamninganefndarinnar lögðu Indland og Bandaríkin hvort um sig fram breytingartillögur, en mikill meiri hluti ríkja samþykkti tillögur Noregs um að taka breytingartillögurnar ekki fyrir. Í kjölfarið voru samningsdrögin samþykkt með lófataki.

Á allsherjarfundi um kvöldið kröfðust Bandaríkin atkvæðagreiðslu um samningsdrögin. Voru þau samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða: 120 ríki greiddu atkvæði með, 21 sat hjá og aðeins 7 greiddu atkvæði á móti, þar á meðal Bandaríkin, Indland, Kína og Ísrael. Meðal þeirra sem greiddu atkvæði með drögunum voru Frakkland og Rússland.

Á ríkjaráðstefnunni í Róm var sett á fót nefnd til að undirbúa stofnun Alþjóðlega sakamáladómstólsins. Meðal verkefna undirbúningsnefndarinnar er að semja drög að málsmeðferðarreglum dómstólsins og að lýsingu á efnisþáttum þeirra brota er falla undir Rómarsamþykktina, en gert er ráð fyrir að þessum verkefnum verði lokið fyrir lok júní 2000. Ísland hefur tekið þátt í starfi nefndarinnar.

Norðurlöndin hafa haft með sér samráð um undirbúning fullgildingar Rómarsamþykktarinnar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, enda er málið bæði flókið og umfangsmikið. Fullgilding Rómarsamþykktarinnar kallar á löggjöf um framkvæmd hennar hér á landi. Í dómsmálaráðuneytinu er unnið að undirbúningi frumvarps þar að lútandi og er gert ráð fyrir að það verði lagt fyrir Alþingi í upphafi 126. löggjafarþings.

Í fylgiskjali með tillögunni var samningurinn prentaður á íslensku og ensku.

Alþjóðasamningar og samningar við erlend ríki birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

889. Tillaga til þingsályktunar [587. mál]

um staðfestingu ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/96, 87/97, 15/98, 20/99, 41/99, 42/99, 57/99, 82/99, 83/99, 84/99, 95/99, 96/99, 121/99, 165/99, 166/99, 168/99, 12/00, 20/00 og 21/00 um breytingar á II., IV., IX., X., XI., XVI., XVII., XVIII., XIX. og XX. viðauka og bókun 37 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/96, 87/97, 15/98, 20/99, 41/99, 42/99, 57/99, 82/99, 83/99, 84/99, 95/99, 96/99, 121/99, 165/99, 166/99, 168/99, 12/00, 20/00 og 21/00 um breytingar á II., IV., IX., X., XI., XVI., XVII., XVIII., XIX. og XX. viðauka og bókun 37 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992. Ákvarðanir þessar kalla á lagabreytingar hér á landi og voru teknar af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Hér er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirra tilskipana sem felldar verða inn í samninginn með ákvörðunum þessum og nauðsynlegum lagabreytingum til

innleiðingar þeirra í íslenskan rétt. Þær gerðir sem hér um ræðir fela ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentaðar sem fylgiskjöl I–XIX með tillögu þessari.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Á þeim sex árum sem liðin eru frá því að EES-samningurinn tók gildi hefur Ísland beitt þessum fyrirvara alls 38 sinnum. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkuð frávik frá almennri meðferð við staðfestingu þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er á hvaða hátt það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið vegna þess að við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu verður að teljast rétt að færa almenna meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt verður leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis verður leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt verður þeirri föstu vinnureglu komið á, með vísan til 24. gr. laga um

þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

Ein af ástæðum þess að tillaga þessi er borin fram er að upp hefur safnast nokkur fjöldi ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara við og er hluti þeirra ákvarðana orðinn eldri en sex mánaða. Það hefur annars vegar í för með sér að viðeigandi ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar ganga hvorki í gildi að því er Ísland né hin aðildarríkin varðar og hins vegar að Ísland gæti staðið frammi fyrir því að önnur aðildarríki færu fram á að frestað yrði framkvæmd einstakra viðauka samningsins eða hluta þeirra gagnvart Íslandi, sbr. 102. gr. samningsins. Þótt aðdragandi að slíkri frestun sé allnokkur og þar með takmarkaðar líkur á því að mál gangi svo langt verður ekki fram hjá því litið að áhrif frestunar gætu orðið mjög alvarleg. Að undanförnu hafa önnur aðildarríki og þó einkum framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lýst yfir vaxandi áhyggjum af töfum á afléttingu stjórnskipulegra fyrirvara og verður að teljast nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að bæta frammistöðu Íslands að þessu leyti. Því var tekin ákvörðun um að leita í einu lagi eftir samþykki Alþingis til staðfestingar umræddum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og jafnframt um að taka upp nýtt fyrirkomulag við meðferð ákvarðana nefndarinnar sem gerður verður stjórnskipulegur fyrirvari við í framtíðinni.

3. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar.

3.1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/96 frá 25. október 1996 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna (fylgiskjal I).

Með tilskipuninni er leitast við að samræma lög og reglur innan Evrópska efnahagssvæðisins varðandi umfang og skilyrði réttinda höfunda og annarra rétthafa yfir efni gagnabanka og uppbyggingu þeirra.

Í tilskipuninni er byggt á því meginsjónarmiði að gagnabankar séu mikilvægt tæki í þróun markaðar á sviði upplýsinga og að hraður vöxtur í upplýsingamiðlun á öllum sviðum viðskipta og iðnaðar kalli á fjárfestingu í upplýsingatækni og upplýsingamiðlun. Hvati að slíkri fjárfestingu og uppbyggingu sé meðal annars stöðug og samræmd lagaleg vernd þeim til handa sem leggja af mörkum fjármuni og hugvit í þessu skyni.

Hin lagalega vernd gagnabanka sem fjallað er um í tilskipuninni er annars vegar byggð á höfundarréttarsjónarmiðum og hins vegar á sjónarmiðum er snerta ólögmæta samkeppni með tilliti til fjárfesta, þ.e. þeirra sem eiga frumkvæði að gerð gagnabanka og taka fjárhagslega áhættu við gerð þeirra.

Í tilskipuninni er efni og uppbyggingu hvers kyns gagnabanka veitt vernd án tillits til þess hvers kyns upplýsingar þeir hafa að geyma og hvort sem gagnabankarnir eru geymdir á stafrænu formi eða ekki. Tilskipunin takmarkar ekki rétt einstakra höfunda samkvæmt höfundalögum til þess að ákveða hvort og hvernig verk þeirra verða felld inn í gagnabanka. Höfundum gagnabanka, þ.e. þeim einstaklingi eða einstaklingum sem býr hann til, er veittur einkaréttur til að heimila tiltekin afnot af honum. Hin sérstaka vernd sem fjárfestum er veitt er fyrst og fremst til þess að sporna gegn óheimilli gerð útdrátta eða endurnotkun alls eða verulegs hluta gagnabankans. Hin sérstaka vernd er veitt í 15 ár.

Heimilt er að takmarka réttindi sem fjallað er um í tilskipuninni ef um er að ræða not gagnabanka vegna almennara öryggissjónarmiða eða til kennslu og vísindalegrar umræðu. Ef um er að ræða gagnabanka sem ekki er á rafrænu formi er heimilt að takmarka verndina við einkanot.

Tilskipunin kallar á breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, og hefur menntamálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp þar að lútandi.

3.2. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/97 frá 9. desember 1997 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB frá 3. september 1996 um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota (fylgiskjal II).

Í tilskipuninni er kveðið á um að ekki megi setja á markað eða taka í notkun rafknúna kæliskápa, frystiskápa eða sambyggða kæli- og frystiskápa sem ekki fullnægja lágmarkskröfum varðandi orkunýtni. Í tilskipuninni er kveðið á um CE-merkingu.

Tilskipunin kallar á löggjöf um orkunýtnikröfur og mun iðnaðar- og viðskiptaráðherra leggja fram á Alþingi frumvarp þar að lútandi.

3.3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/98 frá 6. mars 1998 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga (fylgiskjal III).

Tilgangurinn með tilskipuninni er að samræma löggjöf aðildarríkjanna að því er varðar vernd neytenda við gerð samninga milli þeirra og seljenda vöru og þjónustu í fjarsölu. Með fjarsölu er átt við að seljandi vöru eða þjónustu noti fjarskiptatækni, t.d. síma, sjónvarp, bréfasíma og tölvu, við sölu og gerð samnings um kaup á vöru eða þjónustu.

Tilskipunin kallar á breytingu á lögum nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu, og hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp þar að lútandi.

3.4. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/99 frá 26. febrúar 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun ráðsins 97/11/EB frá 3. mars 1997 um breytingu á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (fylgiskjal IV).

Tilskipunin hefur í för með sér breytingar á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Eldri tilskipunin var tekin upp í íslenskan rétt með lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Með tilskipun 97/11/EB er lögð sérstök áhersla á aðgang almennings að mati á umhverfisáhrifum á meðan á matinu stendur og að almenningi sé tilkynnt um niðurstöður matsins. Fleiri framkvæmdir eru matsskyldar en áður, sbr. I. viðauka, og í II. viðauka er listi yfir framkvæmdir sem ber að tilkynna til þess yfirvalds sem fer með mat á umhverfisáhrifum, sem síðar ákveður hvort þær skuli sæta mati. Aðildarríki ber að tilkynna framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru og geta haft veruleg áhrif á umhverfi annars aðildarríkis og veita því ríki tækifæri til að koma að athugasemdum. Yfirvöld sem heimild hafa til að veita undanþágu frá því að framkvæmd sem er á skyldulista, sbr. I. viðauka, fari í mat á umhverfisáhrifum skulu tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar um slíka undanþágu og rökstyðja hana.

Tilskipunin kallar á breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og hefur umhverfisráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp þar að lútandi.

3.5. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/99 frá 26. mars 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir (fylgiskjal V).

Með tilskipuninni eru eldri tilskipanir ESB um sama efni, 75/129/EBE og 92/56/EBE sem báðar eru hluti EES-samningsins, leystar af hólmi auk þess sem nokkrar breytingar hafa verið

gerðar með það að markmiði að auka rétt starfsmanna varðandi hópuppsagnir, m.a. þannig að fækkað er tilvikum sem ekki falla undir ákvæði tilskipunarinnar.

Tilskipunin kallar á löggjöf um hópuppsagnir og hefur félagsmálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp þess efnis.

3.6. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/99 frá 26. mars 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun ráðsins 96/34/EB frá 3. júní 1996 um rammasamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að og tilskipun ráðsins 97/75/EB frá 15. desember 1997 um að breyta tilskipun 96/34/EB um rammasamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC stóðu að og láta hana ná til Breska konungsríkisins og Norður-Írlands (fylgiskjal VI).

Tilskipun 96/34/EB staðfestir rammasamning sem Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE), Evrópusamtök opinberra fyrirtækja (CEEP) og Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) gerðu og undirritaður var 14. desember 1995. Með tilskipun 97/75/EB tekur tilskipun 96/34/EB til Breska konungsríkisins og Norður-Írlands.

Í tilskipuninni er kveðið á um lágmarkskröfur sem ætlað er að auðvelda vinnandi foreldrum að samræma skyldur sínar í atvinnulífi og sem foreldrar. Tilskipunin tekur til launþega, karla og kvenna, sem hafa ráðningarsamning eða ráðningarkjör samkvæmt skilgreiningu laga eða kjarasamninga eða eins og réttarvenjur í hverju aðildarríki um sig gera ráð fyrir.

Tilskipunin fjallar um lágmarksréttindi varðandi foreldraorlof og tímabundið leyfi frá starfi í neyðartilvikum þar sem jafnframt yrði gert ráð fyrir því að aðildarríki og/eða aðilar vinnumarkaðarins kvæðu nánar á um skilyrði fyrir framkvæmd slíks foreldraorlofs.

Tilskipunin kallar á löggjöf um foreldraorlof og hefur félgsmálaráðuneytið undirbúið frumvarp þar að lútandi.

3.7. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/99 frá 30. apríl 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun ráðsins 98/50/EB frá 29. júní 1998 um breytingu á tilskipun 77/187/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar (fylgiskjal VII).

Tilskipunin felur í sér breytingu á tilskipun 77/187/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar. Meginbreytingarnar byggjast á fordæmum Evrópudómstólsins í málum vegna tilskipunar nr. 77/187/EBE en ástæða þótti til að breyta tilskipuninni vegna þeirra. Um er að ræða breytingar á skilgreiningum hugtakanna aðilaskipti, launþegi o.fl. Mælt er fyrir um að starfsmönnum eða fulltrúum þeirra sé óheimilt að falla frá þeim réttindum sem tilskipunin kveður á um. Auk þess eru tekin upp ýmis heimildarákvæði sem ríki ákveða sjálf hvort þau taka upp í landsrétt.

Tilskipunin kallar á löggjöf um aðilaskipti og hefur félagsmálaráðuneytið hafið undirbúning að samningu frumvarps þar að lútandi. Tilskipun þessi kemur til framkvæmda árið 2001.

3.8. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/99 frá 25. júní 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB frá 30. júní 1997 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (fylgiskjal VIII).

Hér er um að ræða breytingu á tilskipun 89/552/EBE um sjónvarp án landamæra. Meginmarkmið með breytingunum er að uppfæra tilskipunina og kveða skýrar á um ákveðna þætti hennar. Markmið tilskipunarinnar frá 1989 er að samræma viðkomandi ákvæði aðildarríkj-

anna með það í huga að tryggja frjálsa útbreiðslu sjónvarpsútsendinga. Með tilkomu tilskipunarinnar, og sameiginlegra reglna á þeim sviðum þar sem nauðsynlegt var að setja slíkar reglur, er nægilegt fyrir sjónvarpsfyrirtæki með staðfestu í aðildarríki að fara að þeim lögum sem gilda í því ríki til að óhindrað sé unnt að taka á móti útsendingum þess og endurvarpa þeim til allra staða innan ESB.

Helstu nýmæli með breytingunum á tilskipuninni um sjónvarp án landamæra eru:

1. Útsendingar á viðburðum sem hafa verulega þýðingu fyrir þegnana. Hverju aðildarríki um sig er veitt heimild til að gera ráðstafanir til að tryggja að útvarpsrekendur sem heyra undir lögsögu þess sendi ekki út í lokaðri dagskrá frá slíkum viðburðum.
2. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram rannsókn á hugsanlegum kostum og göllum þess að gerðar verði frekari ráðstafanir með það í huga að auðvelda foreldrum og forráðamönnum að hafa eftirlit með því sjónvarpsefni sem ólögráða börn kunna að horfa á. Athugunin skal meðal annars taka til þess hversu æskilegt er að setja upp ákveðin matskerfi og hvetja til fjölskyldustefnu um áhorf, auk annarra ráðstafana sem miða að því að uppfræða og efla vitund fólks.
3. Frumútsending kvikmynda. Aðildarríkin skulu tryggja að útvarpsrekendur sem heyra undir lögsögu þeirra sendi ekki út kvikmyndaverk utan tímabila sem um hefur verið samið við rétthafa.

Tilskipunin kallar á breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, og hefur menntamálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp þar að lútandi.

3.9. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/99 frá 25. júní 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (fylgiskjal IX).

Tilskipunin á að tryggja samræmdar reglur og samræmda persónuvernd í öllum aðildarríkjum ESB. Innan þess ramma sem hún setur er einstökum aðildarríkjum heimilt að setja strangari reglur sem tryggja meiri vernd en leiðir af ákvæðum tilskipunarinnar. Það fer eftir einstökum ákvæðum hennar að hvaða marki heimilt er í löggjöf einstakra ríkja að mæla fyrir um meiri vernd en tilskipunin sjálf gerir ráð fyrir. Í tilskipuninni er hins vegar að finna bann við því að aðildarríki setji reglur um persónuvernd sem banna eða takmarka frjálsan flutning persónuupplýsinga milli aðildarríkjanna. Markmið tilskipunarinnar er annars vegar að tryggja grundvallarmannréttindi einstaklinga og þá sérstaklega rétt manna til þess að njóta friðhelgi um einkalíf sitt í tengslum við meðferð persónuupplýsinga og hins vegar að tryggja frjálst flæði persónuupplýsinga milli aðildarríkja ESB. Ákvæði tilskipunarinnar eiga almennt við um vinnslu persónuupplýsinga þegar vinnsla fer fram með rafrænum hætti, hvort heldur sem er í heild eða að hluta, og um handunna vinnslu upplýsinga þegar upplýsingarnar eru eða eiga að verða hluti af persónuupplýsingaskrá. Tilskipunin nær hins vegar ekki til vinnslu sem er alfarið til einkanota og heldur ekki til vinnslu persónuupplýsinga á þeim sviðum sem ekki lúta lögsögu Evrópusambandsins. Samkvæmt tilskipuninni er aðildarríkjunum skylt að setja á laggirnar stofnanir til þess að hafa eftirlit með því að ákvæðum hennar sé fylgt innan landamæra viðkomandi ríkis. Skulu slíkar stofnanir njóta fullkomins sjálfstæðis í störfum sínum og m.a. hafa vald til þess að framkvæma rannsóknir, veita leyfi, stöðva ólöglega starfsemi o.fl. Almenningi skal vera kunnugt um tilvist allrar vinnslu með persónuupplýsingar og stofnuninni vera skylt að halda skrá um alla vinnslu sem fram fer, þ.e. þá vinnslu sem er leyfis- eða tilkynningarskyld.

Tilskipunin kallar á löggjöf um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og hefur dómsmálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp þar að lútandi.

3.10. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/99 frá 25. júní 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífsins á sviði fjarskipta (fylgiskjal X).

Tilskipunin varðar úrvinnslu persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins á sviði fjarskipta og kemur hún sem viðbót við tilskipun 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Tilskipunin fjallar ekki um aðgerðir í þágu þjóðaröryggis eða við rannsókn sakamála.

Í tilskipuninni eru ákvæði sem fyrirhugað er að innleiða með áðurnefndu frumvarpi til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem dómsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi.

3.11. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/99 frá 16. júlí 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingahópi (fylgiskjal XI).

Tilskipunin geymir ákvæði sem fela í sér ráðstafanir sem munu gera eftirlitsaðila með tryggingamálum betur í stakk búna til að meta raunverulega gjaldfærni vátryggingafélags sem er hluti af hópi vátryggingafélaga. Tilgangurinn er að tryggja að vátryggingafélög séu hæf til að standa við samningsskuldbindingar gagnvart vátryggingatökum.

Tilskipunin skilgreinir lágmarksreglur fyrir gagnkvæma viðurkenningu og eftirlit heimaríkis. Samræmdar reglur eru settar um skilgreiningar, viðskipti innan hópsins og aðferðir til að hindra margnotkun eiginfjár.

Við tilskipunina eru tveir viðaukar, I. viðauki um útreikning á leiðréttu gjaldþoli og II. viðauki um frekari eftirlitsaðferðir fyrir vátryggingafélög sem eru dótturfélög vátryggingaeignarhaldsfélaga.

Tilskipunin kallar á breytingu á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, og vinna iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin að undirbúningi frumvarps þar að lútandi.

3.12. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/99 frá 16. júlí 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/52/EB frá 13. október 1997 um breytingu á tilskipun 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE sem fjalla um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu, um vörukaup og gerð opinberra verksamninga og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/4/EB frá 16. febrúar 1998 um breytingu á tilskipun 93/38/EBE um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti (fylgiskjal XII).

Með tilskipununum er verið að laga löggjöf ESB um opinber útboð að reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Að auki felur ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í sér breytingar á XVI. viðauka við EES-samninginn þar sem felld eru út ákvæði og listar yfir stofnanir sem eiga við um Austurríki, Finnland og Svíþjóð.

Tilskipunin kallar á breytingu á lögum um opinber innkaup, nr. 52/1987, og skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, og vinnur fjármálaráðuneytið að undirbúningi frumvarps þar að lútandi.

3.13. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/99 frá 24. september 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um lögbannsaðgerðir með það í huga að vernda hagsmuni neytenda (fylgiskjal XIII).

Í tilskipuninni er að finna reglur er miða að því að samræma réttindi samtaka og opinberra stofnana sem starfa að málefnum neytenda eða annarra sambærilegra aðila til þess að fara í lögbannsaðgerðir eða sams konar aðgerðir til að tryggja heildarhagsmuni neytenda.

Með „heildarhagsmunum“ er átt við að unnt sé að verja hagsmuni án þess að þeir hagsmunir sem verja á séu samnefnari fyrir ákveðinn fjölda einstaklinga sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni.

Aðildarríkjunum ber samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar að tilnefna samtök eða opinberar stofnanir sem eiga rétt til að vernda „heildarhagsmuni“ neytenda og óska eftir að bann verði lagt við athöfnum sem telja má brot á lögum sem tilskipunin tekur til. Í tilskipuninni eru taldar upp tilskipanir um óréttmætar og villandi auglýsingar, húsgöngusölusamninga, neytendalán, sjónvarpsútsendingar, alferðir, lyfjaauglýsingar, ósanngjarna samningsskilmála, samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis og fjarsölusamninga.

Aðildarríkjunum ber einnig að tilnefna dómstóla eða önnur lögbær yfirvöld sem eiga að úrskurða í málum sem slíkir tilnefndir aðilar sækja í því skyni að:

1. Óska efir banni við stjórnvald eða lögbanni vegna brota sem beinast að heildarhagsmunum neytenda og eru brot gegn þeim lagaákvæðum sem tilskipuninni er ætlað að vernda.
2. Óska eftir birtingu á ákvörðunum um að stöðva beri athöfn sem veldur skaða eða birtingu annars konar yfirlýsingar sem miðar að því að aflétta áhrifum brotsins.
3. Að aðila sem málið beinist að sé gert skylt að greiða sektir til ríkissjóðs eða annarra aðila sem teljast eiga rétt til greiðslu samkvæmt almennum lagareglum í aðildarríkinu ef hann skirrist við að hlíta ákvörðun stjórnvaldsins eða dómstólsins innan þeirra tímamarka sem ákveðin hafa verið í úrskurðinum.

Tilskipunin kallar á lagabreytingar hér á landi og munu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin og dómsmálaráðuneytið semja lagafrumvarp þar að lútandi.

3.14. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/1999 frá 26. nóvember 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB frá 17. febrúar 1997 um breytingu á viðauka við tilskipun 93/7/EBE um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis (fylgiskjal XIV).

Efni tilskipunar 96/100/EB er viðbót við viðauka við tilskipun 93/7/EBE frá 15. mars 1993 um að skila menningarverðmætum sem hafa verið flutt ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Tilgangur tilskipunar 96/100/EB er að gera upptalningu á viðaukanum ítarlegri og betri.

Í viðaukanum við tilskipun 93/7/EBE eru taldir upp þeir flokkar sem minjar verða að tilheyra til að unnt sé að skila þeim samkvæmt tilskipuninni. Tilskipun 96/100/EB bætir við, í A-lið viðaukans, nýjum flokki minja, 3A: Vatnslitamyndir, gvassmyndir og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er. Auk þess er í lið 3 bætt við setningunni: „(Myndir og málverk) önnur en þau sem getið er um í flokki 3A og 4“ og við lið 4 er bætt við setningunni: „(Mósíkverk) gerð í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er“. Við B-lið viðaukans, sem eru fjárhagsleg viðmiðunarmörk (í evrum) fyrir tiltekna flokka í A-lið, er bætt nýjum flokki: 30 000 – (Vatnslitamyndir, gvassmyndir og pastelmyndir).

Tilskipunin kallar á breytingu á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, og vinnur menntamálaráðuneytið að undirbúningi frumvarps þar að lútandi.

3.15. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/1999 frá 26. nóvember 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi (fylgiskjal XV).

Í tilskipuninni eru reglur um kröfur sem gera má til öryggis tækja til sjúkdómsgreininga. Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir að sjúklingar og þeir sem nota lækningatæki verði fyrir tjóni. Gerðar eru kröfur um að tækin séu prófuð og samræmismat fari fram áður en þau eru markaðssett, seld eða notuð. Uppfylli tækin viðeigandi grunnkröfur má merkja þau með CE-merkinu og þar með selja þau hvar sem er innan EES. Er um viðbótartilskipun að ræða við tilskipun 90/385/EBE um virk ígræðanleg lækningatæki og 93/42/EB um lækningatæki.

Tilskipunin kallar á löggjöf um lækningatæki og hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið samið frumvarp þar að lútandi.

3.16. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 frá 26. nóvember 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku (fylgiskjal XVI).

Framkvæmdastjórn ESB hefur um langt skeið unnið að því að auka frelsi milli ríkja sambandsins í viðskiptum með raforku og jarðgas. Árið 1990 voru lögfestar tilskipanir annars vegar um gagnsæi verðlagningar á rafmagni og jarðgasi og hins vegar um flutning á rafmagni og jarðgasi um flutningskerfi þriðja ríkis. Þessar tilskipanir gilda á evrópska efnahagssvæðinu. Ísland hefur undanþágu frá tilskipununum um gagnsæi verðlagningar og gegnumflutning á jarðgasi. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku miðar að því að auka frelsi í viðskiptum með rafmagn og jarðgas milli stærri notenda og framleiðenda.

Hornsteinar tilskipunarinnar um innri markað á sviði raforku eru í fyrsta lagi afnám einkaréttar starfandi orkufyrirtækja, sé hann fyrir hendi, m.a. til að framleiða og selja rafmagn, í öðru lagi aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, a.m.k. í bókhaldi og hvað flutningskerfið varðar er einnig krafist stjórnunarlegs aðskilnaðar, og í þriðja lagi lágmarksaðgangur þriðja aðila að flutningskerfum þannig að þeir orkukaupendur, sem fullnægja tilteknum skilyrðum sem hvert ríki fyrir sig setur á grundvelli tilskipunar, geti gert samninga um orkukaup og fengið orkuna flutta um flutnings- og dreifikerfin.

Ætla má að gera þurfi eftirfarandi lágmarksbreytingar á löggjöf og skipan raforkumála hér á landi til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar:

- Breyta þarf ákvæðum orkulaga, nr. 58/1967, varðandi veitingu virkjanaleyfa. Fella þarf úr gildi að Alþingi þurfi að samþykkja allar virkjanir stærri en 2 MW. Í stað þess þarf að setja skilyrði sem allir aðilar sem óska eftir að fá að virkja þurfa að uppfylla. Skilyrðin þurfa að vera gagnsæ, mega ekki mismuna umsækjendum og þau þarf að birta opinberlega.
- Greina þarf á milli raforkuvinnslu, -flutnings, -dreifingar og -sölu og annarrar starfsemi í bókhaldi fyrirtækja sem stunda fleiri en einn framangreindra þátta.
- Setja þarf reglur um ársreikninga orkufyrirtækja þannig að þeir verði færðir í samræmi við lög um ársreikninga, nr. 144/1994.
- Útnefna þarf ábyrga aðila til að reka flutnings- og dreifikerfin. Ef fyrirtæki sem sinnir einnig vinnslu eða dreifingu eða sölu rafmagns rekur flutningskerfi þarf að tryggja stjórnunarlegan aðskilnað flutningskerfisins.
- Aflétta þarf ákveðnum skuldum sem orkufyrirtækin hafa nú.
- Tryggja þarf að allir endanlegir notendur sem nota 100 GWst. af rafmagni á ári eða meira, svokallaðir forgangsnotendur, geti samið beint um viðskipti sín.

- Hugsanlegt er að setja þurfi ákvæði til að tryggja rétt forgangsnotenda til að tengjast beint við virkjanir eða flutningskerfið með línum eða jarðtengingum.

Tilskipunin kallar á löggjöf um raforku og hafa iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin hafið samningu frumvarps þar að lútandi. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hefur Ísland tveggja ára frest frá gildistöku ákvörðunarinnar til að uppfylla skuldbindingar sem af henni leiðir vegna sérstakra tæknilegra eiginleika raforkukerfis landsins.

3.17. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/00 frá 28. janúar 2000 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi (fylgiskjal XVII).

Í tilskipun 99/44/EB er að finna ákvæði er varða sölu lausafjármuna til neytenda, svonefnd neytendakaup. Í tilskipuninni eru ákvæði sem varða réttarvernd neytenda að því er varðar kaup á vörum, svo og ábyrgðaryfirlýsingar sem seljendur vöru gefa út í því sambandi. Neytendur eiga rétt á ógölluðum vörum sem eru í samræmi við þá vörulýsingu sem gefin er. Ef um er að ræða vöru sem neytandi á sjálfur að setja saman og leiðbeiningar seljanda eru ófullnægjandi, eða á annan hátt óskiljanlegar, telst hlutur gallaður ef hann skemmist eða eyðileggst vegna rangrar samsetningar af hálfu kaupandans. Í tilskipuninni eru auk þess ákvæði um hvaða lágmarkskröfur skuli gerðar til ábyrgðaryfirlýsinga af hálfu seljenda vöru sem gefnar eru út til kaupenda á neytendavörum.

Tilskipunin kallar á löggjöf um lausafjárkaup og hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp þar að lútandi. Frumvarpið endurspeglar að hluta ákvæði tilskipunar 99/44/EB en þörf er á setningu frekari ákvæða til að innleiða hana að fullu og hefur ráðuneytið hafið undirbúning að samningu viðbótarfrumvarps.

3.18. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/00 frá 25. febrúar 2000 um að fella inn í XVI. viðauka EES-samningsins breytingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999 (fylgiskjal XVIII).

Um er ræða breytingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/99 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/52/EB frá 13. október 1997 um breytingu á tilskipun 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE sem fjalla um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu, um vörukaup og gerð opinberra verksamninga og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/4/EB frá 16. febrúar 1998 um breytingu á tilskipun 93/38/EBE um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.

Með tilskipununum er verið að laga löggjöf ESB um opinber útboð að reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Að auki felur ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í sér breytingar á XVI. viðauka við EES-samninginn þar sem felld eru út ákvæði og listar yfir stofnanir sem eiga við um Austurríki, Finnland og Svíþjóð.

Tilskipunin kallar á breytingu á lögum um opinber innkaup, nr. 52/1987, og skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, og vinnur fjármálaráðuneytið að undirbúningi frumvarps þar að lútandi.

3.19. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/00 frá 25. febrúar 2000 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB frá 13. október 1998 um lögverndun hönnunar (fylgiskjal XIX).

Með tilskipuninni er ætlunin að samræma lög aðildarríkja EES um hönnunarvernd. Ákvæði gerðarinnar varða þó aðeins grundvallaratriði slíkrar verndar, svo sem skilgreiningu

á hönnun, skilyrði fyrir vernd, verndarsvið, umfang verndar, gildistíma skráninga og ógildingarástæður. Ýmis atriði falla fyrir utan tilskipunina. Meðal annars geta aðildarríki sjálf ákveðið hvort umsóknir um skráningu hönnunar skuli vera rannsakaðar fyrir skráningu eða hvort engin slík rannsókn fari fram.

Tilskipunin kallar á breytingar á lögum nr. 48/1993, um hönnunarvernd, og hafa iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin hafið undirbúning að samningu frumvarps þar að lútandi. Breytingar verða gerðar á lögum annarra norrænna ríkja og verður tekið mið af þeim breytingum.

Eftirfarandi fylgiskjölum var útbýtt með tillögunni:

I. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/96 frá 25. október 1996.*
II. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/97 frá 9. desember 1997.*
III. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/98 frá 6. mars 1998.*
IV. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/99 frá 26. febrúar 1999.*
V. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/99 frá 26. mars 1999.*
VI. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/99 frá 26. mars 1999.*
VII. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/99 frá 30. apríl 1999.*
VIII. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/99 frá 25. júní 1999.*
IX. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/99 frá 25. júní 1999.*
X. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/99 frá 25. júní 1999.*
XI. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/99 frá 16. júlí 1999.*
XII. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/99 frá 16. júlí 1999.*
XIII. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/99 frá 24. september 1999.*
XIV. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/1999 frá 26. nóvember 1999.*
XV. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/1999 frá 26. nóvember 1999.*
XVI. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 frá 26. nóvember 1999.*
XVII. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/00 frá 28. janúar 2000.*
XVIII. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/00 frá 25. febrúar 2000.*
XIX. *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/00 frá 25. febrúar 2000.*

890. Tillaga til þingsályktunar [588. mál]

um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök.

Flm.: Katrín Fjeldsted, Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson,
Ásta Möller, Ísólfur Gylfi Pálmason, Gunnar Birgisson,
Drífa Hjartardóttir, Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og hvernig samskiptum stjórnvalda og sveitarstjórna við þau er háttað. Jafnframt skili nefndin tillögum til ríkisstjórnarinnar um hvernig samráði stjórnvalda við frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála verði hagað með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningi um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem undirritaður var í Árósum 23.–25. júní 1998.

Greinargerð.

Í lýðræðisríkjum hafa frjáls félagasamtök (Non-Governmental Organisations, NGOs) gegnt sífellt mikilvægara hlutverki undanfarna áratugi. Á þetta ekki síst við á sviði umhverfismála. Þau veita stjórnvöldum og atvinnurekendum mikilvægt aðhald og sinna bæði fræðslu- og eftirlitshlutverki. Einkenni frjálsra félagasamtaka er að þau eru óháð ríkisvaldinu, hafa sjálfstæðan fjárhag, eru rekin án gróðasjónarmiða og hafa fagleg vinnubrögð að leiðarljósi. Fleiri og fleiri viðurkenna nauðsyn þess að virkja mannauð og þekkingu frjálsra félagasamtaka.

Stjórnvöld í ríkjum heims hafa gengið einna lengst í að viðurkenna nauðsyn þess að almenningur og frjáls félagasamtök séu höfð með í ráðum þegar umhverfismálum er skipað. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Ríó 1992 var í samningi um Dagskrá 21, 27. kafla, fjallað um nauðsyn þess að styrkja stöðu frjálsra félagasamtaka og mikilvægt hlutverk þeirra í umfjöllun um sjálfbæra þróun.

Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig haldið svæðisbundnar ráðstefnur um umhverfismál. Á fjórða ráðherrafundi umhverfisráðherra um umhverfismál í Evrópu sem haldinn var í Árósum í Danmörku 23.–25. júní 1998 var gengið skrefi lengra og undirritaður alþjóðasamningur um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Samningurinn felur í sér viðurkenningu á réttindum borgaranna að því er varðar umhverfismál og er, eins og fram kom í yfirlýsingu umhverfisráðherranna, mikilsvert framfaraskerf bæði fyrir umhverfið og lýðræðið. Með samningnum er staðfest mikilvægi þess að einstaklingar og frjáls félagasamtök taki þátt í mótun umhverfisreglna og viðurkennt að stjórnvöldum beri að hafa eðlilegt samráð við almenning við mótun umhverfisstefnu.

Flutningsmenn tillögunnar telja eðlilegt að skipuð verði nefnd er geri annars vegar úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og samskiptum stjórnvalda við þau og hins vegar tillögur byggðar á Árósa-samningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Flutningsmenn gera hvorki tillögu um fjölda nefndarmanna né hvernig þeir verða skipaðir. Eðlilegt er að nefndin verði skipuð á breiðum grunni, þ.e. með þátttöku hins opinbera, atvinnulífsins, launþegasamtaka og frjálsra félagasamtaka.

891. Tillaga til þingsályktunar [589. mál]

um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum.

Flm.: Árni Johnsen, Drífa Hjartardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Hjálmar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kristján L. Möller, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um við Siglingastofnun Íslands að hún hefji sem fyrst rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru og öðrum aðstæðum í tengslum við ferjuleið frá Vestmannaeyjum að Bakkafjöru.

Greinargerð.

Inngangur.

Um 150 þúsund manns ferðast árlega til Vestmannaeyja, en þær eru meðal þriggja fjölsóttustu ferðamannastaða á Íslandi. Hugmyndin að ferjusiglingu stystu leið milli lands og Eyja byggist á því að flytja fólk, bíla og gáma. Slík framkvæmd mundi gjörbylta samgöngum milli lands og Eyja og aðstöðu allri á Suðurlandsundirlendinu því þá yrði um að ræða ferðir á 30–60 mínútna fresti og siglingartími yrði ekki fjarri þeim tíma sem tæki að aka göng til Eyja.

Möguleiki er á að stytta verulega ferjusiglingu milli lands og Eyja með ferjuaðstöðu á Bakkafjöru, sem er stysta sjóleiðin, allt niður í 20 mínútna siglingartíma.

Rannsóknir.

Mikið hafnleysi einkennir suðurströnd landsins. Af þeim sökum hafa rannsóknir á sjólagi og efnisflutningum þar ekki verið ofarlega á baugi til þessa. Áhuginn hefur hingað til einkum beinst að Þorlákshöfn í vestri og Hornafirði í austri, en þar á milli eru um 350 km. Við uppbyggingu landshafnarinnar í Þorlákshöfn um miðjan áttunda áratuginn og eftir að Ósinn við Hornafjörð lokaðist fyrir tíu árum fóru fram umfangsmiklar rannsóknir og athuganir við þessar hafnir. Þann grunn má nýta til að skilgreina hvaða upplýsinga þarf að afla til að svara spurningum um hafnargerð á Bakkafjöru.

Aðstæður til siglinga upp að Bakkafjöru eru um margt svipaðar og á grynnslunum utan Hornafjarðaróss. Þar er dýpið um 7 m og munur á flóði og fjöru um 0,5 m minni en við Bakkafjöru. Í rauninni er siglt inn um mjög vítt og stöðugt hlið á Hornafirði þar sem Hvanney og sjávarföllin í Ósnum halda aðstæðum stöðugum.

Með þekkingu á hegðun sandrifjanna og hliðanna við Bakkafjöru er talið að finna megi aðstæður sem hægt væri að nýta fyrir sérbúið ferjuskip til að sigla að ferjuaðstöðu þar sem leitast hefði verið við að finna sem haganlegastar aðstæður.

Lítið er vitað um sjólag og breytingar á sandrifjunum við Bakkafjöru. Til að afla gagna um fjöruna, botninn úti fyrir og sjólag þar þarf að sigla um svæðið og mæla dýpið reglulega. Skip eins og Lóðsinn í Vestmannaeyjum hentar mjög vel til þessara rannsókna, m.a. vegna þess að hann er búinn tveimur aflmiklum vélum og hefur góða stjórnhæfni. Siglt yrði upp að Bakkafjöru þegar aldan gengi niður eftir brim og svæðið mælt bæði innan og utan sandrifjanna til að fylgjast með hliðum. Þetta þyrfti að gera 5–10 sinnum í 3–4 ár. Á sama tíma væri fjaran mæld reglulega. Ölduspá fyrir Bakkafjöru gæti verið aðgengileg á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands og á grundvelli gagna væri hægt að reikna efnisflutninga með ströndinni.

Gert er ráð fyrir að a.m.k. þrjú ár þurfi til að meta hvort aðstæður eru þannig að ferja gæti haldið uppi reglulegum siglingum upp að Bakkafjöru og þá væru frátafir vegna brima þekktar eins og á Hornafirði.

Hönnun og þróun aðstöðu fyrir ferju tæki einkum mið af að halda í lágmarki stofnkostnaði og rekstrarkostnaði vegna dælingar á sandi og möl og frátafa vegna brima. Þessi aðstaða verður að uppfylla allar öryggiskröfur sem gerðar eru fyrir farþega á ferjum.

Eftirfarandi er áætlun um undirbúningsrannsóknir:

	Kostnaður (millj. kr.)
Búnaður um borð á Lóðsinum: DGPS-staðsetningartæki og mælingabúnaður líkur búnaði SÍ ásamt Doppler-straummæli og búnaði til að taka botnsýni. Stofnkostnaður og leiga á Lóðsinum: 5 millj. kr. + 2 millj. kr.	7
Búnaður til að sniðmæla fjörur á landi	3
Sjálfvirk veðurathugunarstöð á Bakkafjöru	2
Ölduduflútifyrir ströndinni og ölduspár við Bakkafjöru á heimasíðu SÍ	3
Hugbúnaður til að reikna efnisflutninga með ströndinni. Stofnkostnaður 2 millj. kr. og vinna 2 millj. kr.	4
Grjótnámsrannsóknir vegna brimvarna	5
Jarðvegsathuganir á hafnarstæði	3
Úrvinnsla mælinga og vinna við skýrslugerð	3
Samtals	**30**

Kostnaður er áætlaður um 10 millj. kr. á ári miðað við þriggja ára tímabil.

892. Tillaga til þingsályktunar [590. mál]

um sjálfbæra atvinnustefnu.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta rammaáætlun um sjálfbæra atvinnustefnu á Íslandi í samræmi við Dagskrá 21 og Staðardagskrá 21 og hrinda í framkvæmd á næstu fjórum árum m.a. eftirtöldum aðgerðum:

1. Að ryðja braut nýjum starfsgreinum á sviði umhverfisfræða og fjölga menntunartækifærum í umhverfistækni og umhverfisstjórnun. Þá verði þekkingariðnaður tengdur þessum greinum efldur með samræmdum aðgerðum. Lögð verði sérstök áhersla á rannsóknir og í því skyni verði framlög til þeirra aukin og hluti fjárveitinga merktur rannsóknum á sviði umhverfistækni og umhverfisstjórnunar.
2. Að taka upp sjálfbæra orkustefnu með það að markmiði að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum komi í stað innfluttrar orku og dregið verði úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Tillit verði tekið til umhverfis- og náttúruverndar í áætlunum um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og öllum stóriðjuframkvæmdum frestað uns lokið er gerð rammaáætlunar. Þá verði gert átak í rannsóknum á vistvænum orkugjöfum á borð við vindorku, sólarorku og virkjun sjávarfallanna.
3. Að ákveða að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni og móta áætlun til að tryggja að settum markmiðum verði náð. Horft verði til þeirra atvinnuskapandi tækifæra sem fullgilding bókunarinnar getur fært okkur. Í áætluninni verði lögð áhersla á leiðir til að mæta aukningu á losun gróðurhúsalofttegunda sem fylgir þeirri stóriðju sem heimiluð hefur verið síðan 1990.
4. Að draga úr sorpmyndun og vinna verkefni um nýjar og áhugaverðar leiðir til að endurnýta og endurvinna úrgang. Stefnt verði að því að draga úr sorpmyndun um 5% á ári a.m.k. næstu fimm árin. Sérstaklega verði unnið að því að:

a. flokka í auknum mæli sorp frá heimilum og atvinnustarfsemi og bæta skil til móttökustöðva með sérstakri áherslu á efni sem brotna hægt niður í náttúrunni, svo sem gúmmí og nælon,
b. endurskipuleggja fráveitukerfi landsmanna með áherslu á vistvæn hreinsiferli,
c. endurnýta allan lífrænan úrgang til jarðgerðar og framleiðslu á lífrænum áburði,
d. auka verðmætasköpun úr hvers kyns öðrum endurunnum úrgangi.

5. Að stefna að því að allir atvinnuvegir þjóðarinnar lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar. Við alla framleiðslu verði lögð áhersla á hreint framleiðsluferli og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Allt kapp verði lagt á að varðveita hreinleika lands og sjávar, enda er slíkt forsenda fyrir framleiðslu og sölu á hollum neysluvörum. Unnið verði markvisst að því að framleiðsluvörur þjóðarinnar standi undir ímynd hollustu og hreinleika.
6. Að gera sérstakt átak í atvinnuuppbyggingu í tengslum við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði. Landvörðum og leiðsögumönnum verði fjölgað, staða þeirra styrkt og menntun í ferðaþjónustu efld. Komið verði á fót tilraunaverkefnum með sjálfbær samfélög undir merkjum vistmenningar og þau samfélög efld sem þegar eru til staðar.
7. Að vinna markvisst að því að koma á umhverfisstefnu og „grænu bókhaldi“ í stofnunum og fyrirtækjum. Þjóðhagsstofnun vinni að því að birta „græna þjóðhagsreikninga“. Fyrirtækjum sem stunda mengandi starfsemi verði gert að leggja árlega fram yfirlit yfir notkun hvers kyns efna ásamt förgunaráætlun. Gerð verði áætlun um gagngera endurskoðun skattkerfisins sem miði að því að taka í áföngum upp „græna skatta“. Markmiðið verði að innkaupsverð vöru endurspegli þann umhverfiskostnað sem framleiðsla, notkun og eyðing vörunnar hefur í för með sér.
8. Að stuðla að öflugu samstarfi sveitarfélaga og atvinnulífs í umhverfismálum, m.a. með stuðningi við verkefni í anda sjálfbærrar þróunar og Staðardagskrár 21, í samræmi við samþykktir heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992.
9. Að koma á fót virku eftirliti með því að Íslendingar fari eftir alþjóðlegum samningum sem þeir hafa fullgilt á sviði umhverfis- og náttúruverndar, svo sem Ramsar, OSPAR, rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, samningi um líffræðilega fjölbreytni, framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum, Bernarsamningnum, samningi um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun svo og samkomulagi um Norðurskautsráðið og alþjóðlegri framkvæmdaáætlun gegn mengun hafsins af völdum þrávirkra lífrænna efna.
10. Að stuðla að sjálfbærri þróun innan einstakra atvinnuvega á eftirfarandi hátt:
    a. Í sjávarútvegi verði lögð áhersla á notkun vistvænna veiðarfæra og umhverfisvænna vinnsluaðferða. Unnið verði markvisst að því að draga úr orkunotkun á aflaeiningu. Hvatt verði til varkárni í umgengni við auðlindina og allt lífríki sjávar. Mörkuð verði stefna sem miði að fullvinnslu afla og fundnar verði leiðir til að nýta allan lífrænan úrgang sem til fellur í sjávarútvegi, jafnt í landvinnslu sem á hafi úti.
    b. Í ferðaþjónustu verði lögð áhersla á sjálfbæra og menningartengda ferðamennsku. Stórátak verði gert í skipulagi og umhverfismálum á vinsælum ferðamannastöðum, svo að þeir geti borið að skaðlausu álag af ferðamannastraumi en ella verði aðsókn takmörkuð. Þá verði gerð áætlun sem miði að því að dreifa ferðamönnum um landið miðað við áætlaðan fjölda þeirra á næstu tíu árum.
    c. Í landbúnaði verði lögð áhersla á lífræna búskaparhætti og stefnt því að hlutfall lífrænnar framleiðslu verði 5% á árinu 2005. Gerðar verði markvissar áætlanir um beitarstjórnun í öllum landshlutum og lögð drög að öflugri gæðastýringu sem komið

verði á til að mæta auknum kröfum um merkingu afurða og gæðavottun til að tryggja fæðuöryggi.

d. Mörkuð verði framtíðarstefna um gróðurvernd, landgræðslu og skógrækt með vistvænum aðferðum. Landvarsla og löggæsla á hálendinu og aðliggjandi ferðamannastöðum verði efld og fast verði fylgt eftir reglum um umgengni við landið og náttúruna. Haldið verði áfram stefnumörkun í skipulagsmálum hálendisins með verndarsjónarmið í fyrirrúmi. Þá verði allar rannsóknir á vistkerfum landsins stóreflda og hraðað verði skráningu búsvæðagerða, sbr. áætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands, og gerð náttúruverndaráætlunar, sbr. áætlanir Náttúruverndar ríkisins.
e. Gerð verði menningaráætlun sem taki jafnt til menningarstarfsemi atvinnu- sem áhugamanna. Mikil áhersla verði lögð á alþýðumenningu hvers konar þar sem menningararfur þjóðarinnar og einstakra byggðarlaga verði nýttur sem efniviður til listflutnings. Gera þarf átak til að efla skráningu, uppgröft og varðveislu fornminja og annars mannvistarlandslags og sjá til þess að slíkar minjar verði aðgengilegar fyrir lærða sem leika og uppspretta atvinnutækifæra. Hugað verði sérstaklega að eflingu áhugafélaga um listir og menningu í dreifbýli með það að markmiði að tengja starf þeirra t.d. skólastarfi og ferðamennsku.
f. Í iðnaði verði lögð áhersla á hreint framleiðsluferli, rannsóknir á vistvænum efnum sem geta komið í stað skaðlegra efna, minni umbúðanotkun og fullvinnslu úr innlendum hráefnum. Stutt verði sérstaklega við verkefni sem miða að hreinni framleiðslutækni (Cleaner Production) og uppbyggingu umhverfisstjórnunarkerfa. Þá verði mörkuð stefna um eflingu smáiðnaðar sem nýtir hugmyndaauðgi, listfengi og endurnýtingu hvers konar efna við vinnsluna.
g. Hraðað verði uppbyggingu náms í skipulagsfræðum, arkitektanáms á háskólastigi og rannsókna er tengjast byggingarlist og vistvænni húsagerð. Efldar verði rannsóknir sem varpað gætu ljósi á húsasótt og áhrif raf- og segulsviðs í híbýlum manna.

Ríkisstjórnin gefi Alþingi skýrslu árlega um framkvæmd og endurskoðun áætlunarinnar.

Greinargerð.

Umhverfis- og náttúruvernd er óaðskiljanlegur hluti farsællar samfélagsþróunar og skilyrði þess að mannkynið haldi velli og viðunandi jöfnuður náist með einstaklingum og þjóðum. Það á ekki síður við hér á Íslandi en annars staðar. Því er mikilvægt að nú þegar verði hafist handa við að skipuleggja hvernig Íslendingar geti byggt upp sjálfbæra atvinnustefnu þar sem umhverfisvernd og atvinnuuppbygging fara saman. Ein helsta forsenda þess að svo geti orðið er að skilningur á þeim miklu atvinnutækifærum sem í raun felast í markvissri og metnaðarfullri umhverfisvernd verði efldur. Nauðsynlegt er að eyða tortryggni sem oftar en ekki stafar af því að litið er á umhverfisvernd sem dragbít á eða jafnvel andstæðu þróttmikils atvinnulífs. Vernd náttúru og umhverfis er ekki einungis skylda okkar við komandi kynslóðir heldur einnig uppspretta tækifæra.

Tækni og menntun.

Á Íslandi eru afar góðar aðstæður til margs kyns rannsókna á sviði náttúruvísinda. Landið er stöðugt í mótun og í rauninni lifandi kennsluefni í jarðfræði, líffræði og fleiri greinum. Rannsóknarefnin eru næg og skapa möguleika á að laða hingað erlenda vísindamenn til rannsókna í samvinnu við innlenda aðila. Norræna eldfjallastöðin, Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna, Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar eru dæmi um stofnanir sem hægt er að efla og hafa til hliðsjónar við uppbyggingu alþjóðlegra

vísindarannsókna á Íslandi. Þá mætti hugsa sér að koma upp vísindasetrum í tengslum við þjóðgarða og önnur friðlýst svæði.

Frændur okkar Norðmenn hafa komið á fót aðstöðu fyrir vísindamenn á Svalbarða þar sem boðið er upp á aðstöðu fyrir fjölda vísindamanna úr ýmsum greinum náttúruvísinda. Þar dveljast nú næstum 300 vísindamenn við rannsóknir og tengd störf yfir sumartímann og að vetrarlagi dveljast þar 90–100 vísindamenn. Það eru háskólar og aðrar rannsóknastofnanir sem kosta dvöl vísindamannanna á Svalbarða og hefur starfsemin þar aukist mjög á síðustu árum.

Annað dæmi má nefna frá japönsku eynni Hokkaido þar sem grænþörungurinn *Cladophora aegagropila* þekur stór botnsvæði í vatni einu og nær þvílíkri stærð að það hefur gert hann að miklu aðdráttarafli fyrir vísindamenn og ekki síður ferðamenn frá öllum heimshornum. Þetta vatn, Akanvatn, mun vera annað af tveimur vötnum í heiminum þar sem þessi þörungur nær slíkri stærð, hitt vatnið er Mývatn.

Ljóst er að náttúra landsins og fjölbreytileg vistkerfi hennar eru uppspretta atvinnutækifæra jafnt í ferðamennsku sem í vísindasamfélaginu. Nú hafa verið settar upp tvær skrifstofur á Akureyri sem tengjast umhverfissamstarfi Norðurlandanna, Bandaríkjanna, Kanada og Rússlands. Önnur þeirra (CAFF – Conservation of Arctic Flora and Fauna) hefur umsjón með samvinnuverkefni um náttúruvernd á norðurslóðum og hin (PAME – Protection of the Arctic Marine Environment) annast þau verkefni samstarfsins sem lúta að verndun hafsins. Skrifstofurnar skapa möguleika á enn frekara samstarfi á sviði vísinda, tækni og menntunar.

Íslendingar eiga líka að nýta sér sóknarfæri sem felast í því að þróa umhverfisvæna tækni á ýmsum sviðum en hún verður stöðugt dýrmætari og eftirsóttari. Umhverfisvæn tækni er forsenda ýmiss konar vottunar eða viðurkenningar sem gefur vörum forskot á markaði. Jafnframt fer þörfin fyrir nýjar umhverfisvænar leiðir ört vaxandi með aukinni alþjóðlegri samvinnu um vernd umhverfis og náttúru, ekki síst í iðnvæddum ríkjum.

Orkumál.

Sjálfbær orkustefna er gríðarlega mikilvægur liður í sjálfbærri þróun á jörðinni. Núverandi orkubúskapur heimsins er í hrópandi andstöðu við þá hugmyndafræði. Íslendingar eru svo lánsamir að eiga miklar endurnýjanlegar orkulindir og því er mikilvægt að nýta þær eins skynsamlega og kostur er. Sú stóriðjustefna sem nú er fylgt bindur gríðarlegt orkumagn í fáeinum stórverksmiðjum. Hverfa verður af þeirri braut ef Íslendingar ætla að eiga þess kost að taka í notkun umhverfisvæna orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis og verða sjálfum sér nægir um orku. Samfara stóriðjustefnunni hefur meginhersla verið lögð á stórar vatnsaflsvirkjanir með hámarksrekstrarhagkvæmni án tillits til umhverfiskostnaðar. Flutningsmenn tillögunnar hafna þessari stefnu og telja rétt að fresta öllum stóriðjuáformum og gera langtímaáætlun um vernd og nýtingu allra vatnsfalla og jarðhitasvæða á landinu. Skynsamlegt er að huga í auknum mæli að smávirkjunum sem hafa sáralítil umhverfisáhrif og gætu skapað störf í dreifbýli, ekki síst til sveita. Þessar smávirkjanir gætu tengst orkuflutningsneti Landsvirkjunar sem keypti raforkuna af eigendum smávirkjana. Jafnframt eru aðstæður hér á landi ákjósanlegar til að vinna að rannsóknum á nýjum orkuberum eða orkugjöfum og gætu þær haft í för með sér mörg störf á sviði vísinda. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með tillögu til þingsályktunar um sjálfbæra orkustefnu á þskj. 13 (13. mál yfirstandandi löggjafarþings).

Endurvinnsla og endurnýting.

Nauðsynlegt er að stuðla markvisst að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs hér á landi. Til þess að svo megi verða þarf að gera stórátak í flokkun sorps og annars úrgangs, bæði frá heimilum og fyrirtækjum. Lykilatriði í þeirri þróun er skilningur á því að endurvinnsla er hluti af náttúruvernd og er atvinnuskapandi þrátt fyrir þann kostnað sem hún hefur í för með sér. Með aðild sinni að Ríó-yfirlýsingunni frá 1992 hafa Íslendingar ákveðið að taka upp svokallaða mengunarbótareglu. Hún felur í sér að miða skuli við að sá sem veldur mengun borgi fyrir þær ráðstafanir sem gera þarf til að koma í veg fyrir umhverfisskaða af völdum mengunarinnar. Ljóst er að í framtíðinni mun gjaldtaka fyrir sorphirðu og förgun í vaxandi mæli taka mið af þessari reglu þannig að hver og einn beri kostnaðinn af meðferð síns sorps. Þegar hafa nokkur sveitarfélög hafið undirbúning að sorphirðukerfi sem á að hvetja fólk til að minnka sorp. Þar yrði heimilisúrgangur vigtaður og sorphirðugjöld miðuð við magnið.

Á undanförnum árum hafa nokkrir aðilar hér á landi unnið að vöruþróun í tengslum við endurvinnslu með góðum árangri. Svo dæmi sé tekið hefur Sæplast hf. þróað endurvinnanleg fiskkör frá árinu 1994, svonefnd MPC-kör, sem eru einstök á markaðinum. Þau eru dýrari í innkaupum en hefðbundin kör en á móti kemur að auðvelt er að endurnýta plastið í þeim á umhverfisvænan hátt þegar þar að kemur. Í hefðbundnum körum er pólý-úretan-einangrun sem gerir ómögulegt að endurvinna þau og því er mun dýrara að farga þeim. Annað fyrirtæki sem hefur farnast vel á þessu sviði er Gúmmívinnslan hf. sem framleiðir öryggishellur úr endurunnu gúmmíi og jók sölu sína á endurunnum vörum um 100% frá 1998 til 1999. Þá hefur Úrvinnslan hf. sérhæft sig í framleiðslu á brettakubbum úr pappa og plasti sem fellur til í landbúnaði. Loks má nefna að Hampiðjan hefur verið að feta sig áfram með framleiðslu á girðingarstaurum úr endurunnu plasti.

Víða um land er ástand fráveitumála afar slæmt og ljóst að ráðast þarf í mjög dýrar framkvæmdir til að bæta þar úr. Enginn vafi leikur á því að hér um bil öll sveitarfélög landsins munu eiga afar erfitt með að standa undir framkvæmdum við nauðsynlegar hreinsistöðvar. Kostnaður vegna skolphreinsunar mun í framtíðinni að öllum líkindum dreifast æ meir í samræmi við mengunarbótaregluna og lenda að töluverðu leyti á fyrirtækjum. Í þessu felast hins vegar líka tækifæri því að hér á landi fer mikill úrgangur frá matvælaframleiðslufyrirtækjum út í holræsi og þaðan til sjávar. Þegar þessum úrgangi er blandað saman við húsaskolp og það síðan grófhreinsað með miklum tilkostnaði verður til þurrefni sem í besta falli nýtist til landgræðslu en meiri hluta lífrænna efna er dælt í sjóinn.

Með því að skilja að húsaskolp og skolp frá matvælaiðnaði og stóreldhúsum má bæði draga úr kostnaði og búa til verðmæti úr skolpinu. Frá fiskvinnslunni á Íslandi fara um 10.000 tonn af nýtanlegu þurrefni á ári og frá sláturhúsunum fara sennilega um 500 tonn. Með nýrri hreinsitækni geta t.d. fiskvinnslufyrirtæki hreinsað sitt eigið skolp, sjálfum sér og umhverfinu til hagsbóta. Í fiskvinnslu sem framleiðir 50 tonn af afurðum á dag, svo dæmi sé tekið, fellur til nægilegt magn af lífrænu efni til að framleiða lífrænan áburð fyrir 300 hektara af ræktuðu landi á ársgrundvelli. Þetta þýðir að t.d. frárennslið frá allri fiskvinnslu á Akureyri mundi duga til að framleiða lífrænan áburð fyrir 10–15% af ræktuðu landi í Eyjafirði. Þessi áburður hefur þann stóra kost umfram húsdýraáburð að í honum eru engin óæskileg fræ, hvorki illgresisfræ né önnur. Ef Íslendingar tileinkuðu sér þessa vistvænu hreinsitækni væri stærsta hindrunin fyrir þróun lífræns landbúnaðar hér á landi úr sögunni.

Önnur leið til að búa til verðmæti úr lífrænum úrgangi er að framleiða gas sem gæti komið í stað olíu. Fiskvinnslufyrirtækið í dæminu hér að framan gæti með vistvænu hreinsiferli framleitt eldsneyti sem svarar hálfu tonni af olíu á dag og t.d. nýtt það til að knýja bifreiðar

og vinnuvélar á vegum fyrirtækisins. Búnaðurinn sem til þarf kostar á bilinu 2–10 millj. kr. eftir stærð fyrirtækisins en borgar sig hratt upp. Ef áfram er miðað við 50 tonna framleiðslu á dag er hagnaðurinn 30.000 kr. á dag eða 7 millj. kr. á ári ef lífræni áburðurinn er verðlagður eins og og tilbúinn áburður. Þessi hreinsitækni er mjög umhverfisvæn, hagkvæm og atvinnuskapandi. Henni fylgja störf tæknimanna og umsjónarmanna á hverjum stað. Hún dregur úr mengun, stuðlar að aukinni endurnýtingu og bætir ímynd matvælafyrirtækjanna og íslensks atvinnulífs.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur magn úrgangs sem er grafinn í jörð stöðugt farið vaxandi frá 1992 og nam árið 1998 152.000 tonnum eða um 68% af því sem til féll á árinu. Afar dýrt er að grafa svo stóran hluta sorpsins, ekki er um varanlega lausn að ræða og enn fremur er verið að kasta verðmætum á glæ. Hægt er að draga mikið úr þessu magni með meiri flokkun og endurvinnslu, m.a. á pappír, plasti og ekki síst lífrænum úrgangi. Engar tölur eru aðgengilegar um hlutfall lífræns úrgangs af fyrrnefndu magni. Þó liggur fyrir að árlega eru grafin 10.000 tonn af lífrænum úrgangi frá sláturhúsum hér á landi. Hægt er að geta sér til um magn lífræns úrgangs sem fellur til á íslenskum heimilum. Í Bandaríkjunum er hlutfall lífræns úrgangs af heimilissorpi um 30% (sjá t.d. *Backyard Composting*, Harmonious Press, 1992, bls. 7). Heildarmagn sorps hér á landi er um 68.000 tonn þannig að ætla má að þar af séu yfir 20.000 tonn af lífrænum úrgangi að því gefnu að hlutfallið sé svipað hér og í Bandaríkjunum. Hvað sem því líður er ljóst að magnið er verulegt og mætti hæglega nýta til jarðgerðar eða annarrar verðmætasköpunar með svipuðum hætti og áður er lýst. Ekki verður fullyrt hér um arðsemi þess en það er án efa skynsamlegt að nýta sem mest af lífrænum úrgangi til landgræðslu og áburðarframleiðslu.

Sjávarútvegur.

Flutningsmenn tillögunnar leggja höfuðáherslu á almenna umhverfisnálgun við sjávarútveginn. Brýnt er að þessi undirstöðuatvinnugrein landsmanna verði löguð að kröfum um vistvænni veiðar og vinnslu aflans. Þar fara saman hagsmunir umhverfisins og atvinnugreinarinnar sjálfrar þar sem útflutningur sjávarafurða styðst mjög við ímynd íslenskrar náttúru. Það gefur íslenskum sjávarútvegi talsvert forskot að þar er ekki við stórkostleg vandamál að eiga vegna ofveiði. Stöðugt eru gerðar meiri kröfur um vottun afurða með tilliti til umhverfissjónarmiða og neytendur spyrja æ oftar ekki aðeins um hvaðan varan sé komin heldur hvernig hún hafi verið unnin á öllum stigum framleiðslunnar. Í þessari þróun felast því ýmis tækifæri fyrir Íslendinga ef þeir bera gæfu til að huga betur að umhverfismálum í sjávarútvegi. Okkur ber að leggja áherslu á fullvinnslu aflans með vistvænu framleiðsluferli þannig að sem mest verðmæti fáist fyrir afurðirnar með sem minnstum áhrifum á umhverfið. Í því sambandi vísast til þess sem fyrr er sagt um endurvinnslu lífræns úrgangs.

Áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar eru eitt af mikilvægustu umhverfismálum þessa atvinnuvegar. Rannsóknir í Norðursjó benda til að um 50% af yfirborði sjávarbotnsins þar sé raskað á hverju ári. Enn er lítið vitað um áhrif dragnóta- og botnvörpuveiða á lífríkið á hafsbotninum en ljóst er að toghlerar botnvörpunnar valda þar nokkru raski. Á síðustu árum hafa fregnir borist af stórkostlegri eyðileggingu kóralsvæða á hafsbotni við Noreg og fyrir liggur að þar hefur mikilvægum uppvaxtarsvæðum nytjafiska verið spillt til frambúðar. Það er því allra hagur að rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar verði efldar og unnið verði markvisst að þróun vistvænni veiðarfæra.

Orkunotkun í sjávarútvegi er ekki síður stórt mál. Losun koltvíoxíðs, sem er helsta gróðurhúsalofttegundin, frá fiskiskipaflotanum hefur farið stigvaxandi allt frá árinu 1982 þegar hún nam 539.000 tonnum. Árið 1998 var þessi losun hins vegar 781.000 tonn og hafði því aukist

um tæp 45% á tímabilinu. Hlutur fiskiskipaflotans í heildarlosun koltvíoxíðs jókst á sama tíma úr tæplega 31% í tæp 40%. Olíunotkun flotans hefur aukist úr rúmlega 192.000 tonnum árið 1983 í nálega 260.000 tonn árið 1998. Ástæður þessa er trúlega fyrst og fremst að finna í stærri og afkastameiri togurum sem eru búnir kraftmeiri vélum og nota sífellt stærri og þyngri veiðarfæri. Því hljóta að vakna áleitnar spurningar um samsetningu flotans með tilliti til orkunotkunar. Ekki eru haldbærar upplýsingar um eldsneytisnotkun skipa eftir stærðarflokkum en vísbendingar fást ef bornar eru saman tölur úr ritum Orkustofnunar og Hagstofunnar. Í töflu er að finna upplýsingar um aflamagn og aflaverðmæti á Íslandsmiðum 1998 og eldsneytisnotkun 1995.

Afli og aflaverðmæti á Íslandsmiðum 1998 og olíunotkun flotans 1995.

	Afli í t 1998	Verðmæti í þús. kr.	Þús. kr. á tonn	Olíunotkun í tonnum 1995	Afli/olíu í tonnum	Þús. kr. á tonn af olíu
Opnir bátar	40.093	3.456.147	86,204			
Vélbátar að 10 t	25.852	2.340.964	90,553			
Vélbátar 10–200 t	159.678	12.827.906	80,336			
Vélbátar >200 t	1.119.814	13.025.849	11,632			
Aðrir en togarar samtals	1.345.436	31.650.866	23,525	82.100	16,39	385,516
Togarar	315.333	25.973.519	82,369	174.472	1,81	148,869
Öll skip	1.660.769	57.624.385	34,697	256.572	6,47	224,593

Heimildir: Orkumál 1995. Útvegur 1998.

Ekki má gleyma því að togaraflotinn sækir auðvitað að miklu leyti á fjarlæg mið þar sem öðrum skipum verður ekki beitt og fer því oft miklar vegalengdir í sínum veiðiferðum. Samt sem áður er greinilegt að togararnir nota óhemjumikla olíu við veiðar sínar miðað við smærri skip. Þegar litið er á aflamagn og aflaverðmæti sem skipin skila fyrir hvert tonn af olíu er munurinn mikill en hafa ber í huga að veiðar á uppsjávarfiskum gætu skekkt myndina töluvert. Þar er aflamagn mikið en verðmæti tiltölulega lítið hlutfallslega. Þessar tölur gefa sterkar vísbendingar um að báta- og smábátaflotinn skili margföldu aflaverðmæti á hvert tonn af olíu miðað við það sem gerist í togaraútgerð. Þessa þætti er nauðsynlegt að rannsaka til hlítar og nota niðurstöðurnar til að þróa fiskveiðar á Íslandsmiðum í átt til umhverfisvænni veiðiaðferða.

Brottkast afla hefur lengi verið vandamál í íslenskum sjávarútvegi. Útgerðin telur sig ekki hafa neinn hag af því að færa undirmálsfisk og úrgang að landi og því fer hvort tveggja allt of oft í sjóinn. Leita verður leiða til að breyta þessari umgengni við hafið og fá sjómenn til að skila öllum afla á land. Eins og áður hefur komið fram má hæglega skapa verðmæti úr fiskúrgangi sem ekki er nýttur til að framleiða skepnufóður. Það er aftur á móti afar ósennilegt að slíkt geti orðið hagkvæmt fyrir útgerðina nema þeim mun hærri gjöld væru lögð á hana samkvæmt mengunarbótareglunni. Slíkt væri þó bæði illframkvæmanlegt og óheppilegt enda síst til þess fallið að breyta viðhorfum útgerðarmanna til þessara mála. Athugandi væri að styrkja fyrirtæki til að gera út skip sem tækju við þessum úrgangi og færðu hann að landi.

Ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta fer ört vaxandi hér á landi enda hefur fjöldi ferðamanna sem koma til landsins rúmlega sexfaldast á síðustu tíu árum. Árið 1998 komu rúmlega 230.000 erlendir ferðamenn til Íslands og fjölgaði þá um 15% frá árinu áður. Gjaldeyristekjurnar af erlendum ferða-

mönnum námu 26 milljörðum kr. árið 1998 og 28 milljörðum kr. árið 1999. Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu hafa aukist um meira en 30% frá árinu 1995, og eru þá tekjur af innlendum ferðamönnum ótaldar.

Enginn vafi leikur á því að náttúra Íslands er það aðdráttarafl sem öðru fremur laðar erlenda ferðamann hingað til lands í svo miklum mæli. Það er því mikið hagsmunamál fyrir ferðaþjónustuna að viðhalda óspilltri náttúru eftir fremsta megni og varðveita þannig auðlindina til framtíðar. Ferðaþjónustu á Íslandi verður að skipuleggja og reka í anda sjálfbærrar þróunar í sátt við landið. Aðeins þannig er mögulegt að gera ferðaþjónustuna að blómlegri atvinnugrein til framtíðar og gæta þess um leið að náttúra og umhverfi hljóti ekki skaða af. Hluti af sjálfbærri ferðaþjónustu er að styrkja menningarsamfélög til að vekja athygli ferðamanna á menningu og sögu viðkomandi þjóðar. Þar eiga Íslendingar vannýtta auðlind sem sjálfsagt er að nota til að efla ferðaþjónustuna.

Jafnframt ber að nefna möguleika sem eru í heilsutengdri ferðaþjónustu sem er meðal nýjustu vaxtarbrodda í þessum atvinnuvegi. Heilsutengd ferðaþjónusta gæti átt mikla framtíð fyrir sér á Íslandi þar sem hér er m.a. hreint loft og heilnæmt vatn. Nægir að benda á hina miklu uppbyggingu sem hefur orðið í tengslum við Bláa lónið að undanförnu. Á síðasta ári voru gestir þar rúmlega 250 þús. og gert er ráð fyrir 350 þús. gestum á þessu ári. Þar er aðstaða til meðhöndlunar húðsjúkdóma og unnið að þróun og framleiðslu á húð- og snyrtivörum. Aðstandendur starfseminnar hafa uppi áform um rannsóknir á lífríki svæðisins og fengu nýlega nýsköpunarverðlaun Rannís og Útflutningsráðs.

Til að tryggja sjálfbæra þróun ferðaþjónustunnar þarf að vinna fjölmörg verk. Nauðsynlegt er að kortleggja betur helstu ferðamannasvæði og beina ferðamannastraumnum til fleiri staða þannig að álag verði ekki of mikið á vinsælustu svæðunum. Einnig þarf að auka landvörslu til mikilla muna, bæði til að auka öryggi ferðamanna og koma í veg fyrir landspjöll. Þá er nauðsynlegt að sinna rannsóknarverkefnum sem tengjast náttúruvernd og álagi á ferðamannastaði til að vakta auðlindina. Allt er þetta atvinnuskapandi og óhjákvæmilegt að leggja í kostnað sem því fylgir. Þar að auki sýnir vaxandi markaður fyrir ferðaþjónustu sem stenst kröfur um sjálfbæra þróun að umhverfisvernd í þessari atvinnugrein hefur beinan efnahagslegan ávinning í för með sér. Reynsla annarra þjóða sýnir að ferðamenn eru tilbúnir að greiða mun hærra verð fyrir ferðir inn á verndarsvæði og um þjóðgarða, jafnvel allt að 100% hærra verð, en greitt er fyrir ferðir um óskilgreind svæði.

Landbúnaður.

Íslenskur landbúnaður mun víðast hvar vera stundaður í meiri sátt við náttúruna en gengur og gerist í flestum nálægum löndum. Þó þarf að taka fyrir ofbeit af völdum sauðfjár og hrossa í úthaga þar sem hennar gætir enn. Ef rétt er á haldið eru mikil tækifæri fólgin í því að taka í auknum mæli upp lífræna búskaparhætti hér á landi. Meginhindrunin í vegi þeirrar þróunar hefur verið skortur á lífrænum áburði þar sem innlendur húsdýraáburður hefur ekki dugað til. Með vistvænu hreinsiferli á lífrænu skolpi og endurnýtingu lífræns úrgangs er hægt að ryðja þessari hindrun úr vegi.

Markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur stækkar stöðugt. Í fyrstu var eftirspurnin aðallega bundin við grænmeti, korn og ávexti en í seinni tíð hefur hún náð til annarra afurða á borð við kjöt, mjólk og egg. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd og fellur afar vel að hugmyndum um sjálfbæra þróun. Með meiri hvatningu, stuðningi og rannsóknum gæti lífrænn landbúnaður einnig stuðlað að traustari byggð til sveita og uppbyggingu í úrvinnsluiðnaði.

Nú vantar lífrænt vottað dilkakjöt á markað í nágrannalöndum okkar og á síðasta ári fór megnið af framleiðslu lífrænna bænda á erlendan markað. Það þýddi að ekki var til nægilegt magn fyrir innanlandsmarkað. Þetta sýnir að nú er lag fyrir fleiri bændur að leggja til atlögu við lífrænt vottaða framleiðslu. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að 50 bændur væru í stakk búnir að stíga þetta skref án mikillar fyrirhafnar. Þeir bættust þá í hóp þeirra 30 sem nú þegar stunda lífræna ræktun. Það er ekki einfalt að stíga þetta skref og víðast hvar í Evrópu hafa bændur fengið hvatningu frá hinu opinbera kerfi í formi aðlögunarstyrkja fyrstu árin sem þeir stunda búskap af þessu tagi. Nú er það opinber stefna í Evrópusambandinu að hvetja bændur til að breyta búskaparháttum sínum á þennan hátt. Það væri stórt en veigamikið skref í átt til sjálfbærrar þróunar ef íslensk stjórnvöld gerðu slíkt hið sama.

Ekki einasta ræktun á lífrænu dilkakjöti gæti orðið ábatasöm búgrein hér því að miklir möguleikar eru einnig fólgnir í grænmetis- og blómarækt. Það er vandasamt að rækta grænmeti án tilbúins áburðar og án allra eiturefna við íslenskar aðstæður, en það fæli í sér atvinnu fyrir fjölda fólks ef rannsóknir á þessu sviði væru efldar, raforkukostnaður til ylræktarbænda lækkaður og útflutningur lífrænt ræktaðra afurða aukinn. Ekki skortir erlenda markaði því að gera má ráð fyrir að hlutdeild lífrænnar framleiðslu í löndum Evrópusambandsins, sem nú er 2%, aukist í 5–10% á næstu fimm árum. Í Þýskalandi telja 70% neytenda lífrænt ræktaðar matjurtir hollari en aðrar matjurtir og innlendir framleiðendur anna ekki eftirspurn. Það gera Danir ekki heldur; þeir flytja inn sem svarar 30% af seldri lífrænni matvöru. Markaður fyrir lífrænar afurðir stækkar óðum í Bretlandi. Þar eru flutt inn u.þ.b. 70% af heildarneyslu lífrænna matvæla. Svo stækkar okkar innlendi markaður hratt.

Umræðan um erfðabreytt matvæli virðist styrkja markað fyrir lífrænar afurðir þar sem neytendur stilla þessum afurðum upp sem andstæðum. Það er mikil andstaða gegn erfðabreyttum matvælum um alla Evrópu og andstaðan fer vaxandi í Bandaríkjunum. Mörg lönd hafa lögleitt bann við ræktun erfðabreyttra matjurta, m.a. Brasilía sem er næstmesta kornframleiðsluland heimsins. Í Þýskalandi eru neytendur afar tortryggnir gagnvart erfðabreyttum afurðum sem kemur kannski best fram í því að segja má að allur barnamatur þar sé að verða framleiddur úr lífrænum afurðum og þar í landi hefur brauðgerð úr lífrænt ræktuðu korni vaxið hröðum skrefum síðustu ár.

Það er nokkuð ljóst að matvæli framleidd úr lífrænum afurðum eru ekki tískubóla því að markaður fyrir þessar vörur hefur verið í örum vexti í 30 ár. Einnig er ljóst að neytendur setja hollustu í auknum mæli í forgang og neysluvenjur taka mið af því. Þannig má segja að tækifærin til nýsköpunar í landbúnaði og ræktun felist í lífrænum aðferðum.

Gróðurvernd, landgræðsla og skógrækt.

Á þeim tiltölulega skamma tíma sem liðinn er frá því að búseta manna hófst á Íslandi hefur orðið stórkostleg gróðureyðing. Uppblástur hefur leikið stór landsvæði grátt og ógnar viðkvæmum svæðum, ekki síst á hálendinu sem verður ein mesta auðlind landsmanna í framtíðinni. Þrátt fyrir aukinn kraft í baráttunni gegn landeyðingu á síðustu áratugum er ljóst að betur má ef duga skal. Allar aðgerðir í þeirri baráttu verða að vera vandlega skipulagðar og byggjast á rannsóknum og þekkingu.

Gróðurvernd á þar að vera forgangsverkefni, að verja það sem eftir er af náttúrulegu gróðurfari landsins og vistkerfi sem því tengjast. Nauðsynlegt er að friða svæði sem eru illa farin og skapa þannig forsendur fyrir endurheimt landgæðanna. Aðferðir við uppgræðslu verða að standast kröfur um sjálfbæra þróun og sérstaklega ber að varast innflutning plöntutegunda sem geta skaðað íslenskt lífríki. Hér verða að koma til lög um jarðvegs- og gróðurvernd sem taka heildstætt á nýtingu og verndun þessara auðlinda.

Nú eru um 1,4% Íslands klædd skógi og kjarri en ef einungis eru talin svæði sem teljast vaxin skógi samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu er hlutfallið aðeins 0,3%. Þetta hlutfall er hið lægsta í Evrópu en skógleysið er hins vegar ekki náttúrulegt ástand miðað við gróðurfarsskilyrði hér á landi. Talið er að ef útbreiðsla skóga hér væri svipuð og við landnám þektu þeir á bilinu 25–30% landsins. Danir og Írar stóðu í svipuðum sporum og Íslendingar við síðustu aldamót hvað þetta snertir, um 1% landanna vaxið skógi. Ræktunaraðgerðir þar hafa borið góðan árangur, nú eru 8% Írlands og 12% Danmerkur þakin skógi.

Brýnt er að efla rannsóknir á þessu sviði og ljóst að mikilvægi þeirra mun aukast á nýrri öld. Í því sambandi má benda á nauðsyn þess að finna leiðir til að stunda árangursríka skógrækt í sátt við vistkerfið sem fyrir er, rannsaka áhrif hennar á vatnsbúskap, jarðvegsvernd, líffræðilega fjölbreytni o.s.frv. Þá má nefna rannsóknir á umhirðu og ræktun nytjaskóga sem nú er stunduð víða um land, skógrækt til að binda koltvísýring og til að bæta búsetuskilyrði, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Endurheimt votlendis er framtíðarverkefni, sem brýnt er að leggja drög að, enda eru votlendissvæði lífseigustu vistkerfi landsins. Votlendi setur mikinn svip á náttúru Íslands en mjög hefur verið gengið á það undanfarna áratugi. Frjósamar láglendismýrar hafa verið ræstar fram í miklum mæli auk þess sem vegagerð og þéttbýlismyndun hafa tekið sinn toll, að ekki sé talað um áhrif virkjana sem hafa sökkt stórum svæðum votlendis undir miðlunarlón. Umræðan um endurheimt votlendis hefur eflst mjög síðustu ár og nú er svo komið að rannsóknir leiða í ljós miklar líkur á að við ákveðnar aðstæður og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sé endurheimt votlendis möguleg. Vísindamenn starfa nú ötullega við að fullkomna þessar rannsóknir en eins og aðrar rannsóknir í náttúruvísindum hefur þær skort fjármagn og hvatning frá hinu opinbera hefur verið lítil. Rannsóknir á votlendi Íslands gætu skapað fjölda starfa, að ekki sé talað um sjálfa aðgerðina sem fólgin er í undirbúningi að endurheimt votlendisins. Þar er mikilvægt að standa vel og faglega að málum, enda er endurheimt á ákveðnum svæðum bæði vandmeðfarin og kostnaðarsöm. Með endurheimt votlendis vinnst margt. Landið er fært aftur til fyrra horfs sem skapar lífsskilyrði fyrir gróður og dýralíf sem áður ríkti á svæðunum. Þannig má líta á endurheimt votlendis sem lið í almennri náttúru- og landslagsvernd. Þá má gera ráð fyrir að endurheimtin auki útivistargildi svæða, þau verði áhugaverð til fuglaskoðunar og skilyrði geti skapast til veiða á fugli og fiski. Með tímanum mun endurheimt votlendis að öllum líkindum binda kolefni í stað þess að losa það út í andrúmsloftið og önnur virkni ætti að færast til fyrra horfs. Endurheimt votlendis væri þannig liður í því að hamla gegn losun koltvísýrings, metans og annarra skaðlegra lofttegunda út í andrúmsloftið.

Jarðvegsrannsóknir er ein tegund rannsókna sem skortir tilfinnanlega hér á landi. Íslenskur jarðvegur er eldfjallajarðvegur sem er um margt afar sérstæður og sjaldgæfur í meira lagi. Sem dæmi um sérstöðu hans má nefna mjög háa fosfórbindingu, en rannsóknir á honum skortir. Hér væri um að ræða rannsóknir sem ætla mætti að vísindamenn alls staðar teldu eftirsóknarvert að komast í.

Nauðsynlegt er að við stöndum vörð um líffræðilega fjölbreytni og leggjum okkar af mörkum til að uppfylla samninginn um líffræðilega fjölbreytni sem tók gildi hér á landi 10. desember 1994. Það gerum við fyrst og fremst með öflugum rannsóknum á vistkerfi landsins og tegundavernd, jafnt í dýra- og jurtaríkinu, einnig með því að marka varfærna stefnu hvað varðar erfðabreyttar lífverur og afurðir framleiddar úr erfðabreyttum lífverum, bæði dýrum og plöntum.

Menning og listir.

Íslendingar eiga fjölda glæsilegra menningarstofnana. Má þar nefna Þjóðminjasafn, Þjóðarbókhlöðu, Þjóðmenningarhús, Þjóðleikhús, Þjóðskjalasafn, Listasafn Íslands, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið. Allar þessar stofnanir búa yfir möguleikum til landvinninga á lista- og menningarsviðinu. Hugmyndir og kunnátta starfsfólks slíkra stofnana eru auðlind sem nýta mætti betur en gert er. Oft skortir fjármagn, en stundum hefur líka vantað hvatningu stjórnvalda. Til að nýta til fullnustu þær hugmyndir sem lúra í hugskoti fræði- og listamanna þarf að semja menningaráætlun sem stjórnvöld og stofnanir gætu komið sér saman um að fara eftir.

Aukin tækifæri til listsköpunar og menningarstarfsemi má finna við hvert fótmál og er hægt að hugsa sér að aukið samstarf milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar geti gefið af sér nýjungar í því tilliti. Þar má nefna hugmyndir að atvinnuleikhúsum í landsfjórðungum, samstarf Listaháskóla Íslands og stofnana og félaga á landsbyggðinni, frumkvöðlasetur á sviði menningar, vísinda og lista o.fl. Út um allt land standa auðar byggingar sem eitt sinn hýstu menntastofnanir á borð við húsmæðraskóla og héraðsskóla. Þessar byggingar gætu gegnt lykilhlutverki í að efla menningarstarfsemi á landsbyggðinni og efna til samstarfs milli aðila.

Byggðaleikhús er dæmi um starfsemi sem gæti tengt ólíkar greinar og ólíkar stofnanir saman í skapandi starfi. Hugmyndafræði byggðaleikhúss byggist á því að sett er á svið leiksýning sem sækir efnivið í sögu viðkomandi byggðarlags eða svæðis. Hópur manna velur sér verkefni, t.d. skútuöldina á Fáskrúðsfirði. Safna þarf heimildum, rituðum jafnt sem munnmælum. Þar mætti hugsa sér að unga fólkið fengi það hlutverk að taka viðtöl við eldra fólkið í bænum. Skjalasafn bæjarins yrði skoðað og leitað fjársjóða í því. Ættfræðingar og sagnfræðingar kæmu að málinu og þegar heimildirnar væru fengnar væri hægt að hefjast handa við ritsmíðina, skrifa leikritið. Svo þarf að safna tónlist frá tímanum, grafa upp hljóðfæri eða smíða þau og læra að leika á þau. Söngvana þarf að rifja upp og skrifa út. Dansarnir þurfa líka að vera til staðar og með réttum blæ. Þá þarf að velja sýningunni stað, mögulega verður gert upp gamalt hús eða gömul bryggja, og það þarf að sækja hugmyndir að leikmunum og búningum á byggðasafnið. Saumakonur, smiðir og málarar eru þar með komin til starfa. Síðan þarf að gefa út leikskrá eða vandaða bók með sýningunni, þá þarf ljósmyndara og grafíska hönnuði og svona mætti áfram telja. Útkoman er sýning sem getur lifað ár eftir ár og laðað ferðamenn til bæjarins, jafnt innlenda sem erlenda. Þetta er dæmi um menningartengda ferðamennsku.

Verðugt verkefni er að skrá menningarlandslag Íslands, skrá allar búsetuminjar og koma þeim fjársjóði sem landið býr yfir í því tilliti á framfæri. Vel má hugsa sér að slíkt starf gæti auðveldað okkur að viðhalda búsetu um allt land. Til dæmis má hugsa sér verkefni sem fælist í rannsóknum og skráningu á strandmenningu íslensku þjóðarinnar. Hvernig hefur það verið í gegnum aldirnar að búa við sjávarsíðuna? Hvað hefur einkennt líf þess hluta þjóðarinnar sem þannig hefur búið? Hvaða sögur voru sagðar til sjós og hvaða söngvar sungnir?

Enn eru ótaldir þeir möguleikar sem felast í náttúrustofum landshlutanna. Þar eru stofnanir sem komið hefur verið á fót af vanefnum, þeim ekki verið markað nægilega skýrt hlutverk og ekki verið hvatt til tengsla við aðrar stofnanir í nægilega ríkum mæli. Fullt tilefni er til að leita nýrra hugmynda um það hvernig flétta mætti náttúrustofurnar inn í menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Þar er örugglega vannýtt auðlind.

Þegar öllu er á botninn hvolft sést hversu mikið mætti framkvæma af hugmyndum sem enn lúra bara í kollinum á fræðimönnum og listamönnum þjóðarinnar. Jafnt áhugamenn sem atvinnumenn búa yfir hafsjó af fróðleik og kunnáttu sem er hluti af mannauði okkar. Þessa

þætti þarf að tvinna saman og leita leiða til að vefa fjölskrúðugan vef úr menningararfinum okkar þar sem hann blandast listflutningi framsýnna hugmyndasmiða.

Vistvæn húsagerð o.fl.

Í landinu hefur verið að þróast kunnátta í vistvænni húsagerðarlist og hafa myndast byggðakjarnar sem byggðir eru á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Má þar nefna nýjustu byggðina að Hellnum á Snæfellsnesi. Þá finnast líka samfélög sem byggjast á hugmyndafræði vistmenningar (permaculture). Dæmi um slíkt eru Sólheimar í Grímsnesi sem voru útnefndir fyrsta vistvæna samfélagið (ECO-Village) á Íslandi af alþjóðasamtökunum Global Eco Village Network árið 1997. Markmið slíkra vistvænna samfélaga felast í því að setja í öndvegi manngildi, ræktun og umhverfismál í víðasta skilningi. Hugmyndin er byggð á því að blanda saman hefðum og nýrri tækni til að efla menningu í samræmi við hringrás náttúrunnar og ábyrga nýtingu auðlinda sem ekki skerðir möguleika komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Rétt er að hvetja til þess að byggðakjarnar sem starfa í þessum anda rísi sem víðast um landið. Hér er um að ræða mannfélag sem byggist á mikilvægum gildum, jafnt í andlegu sem efnahagslegu tilliti, þar sem mannrækt er í hávegum höfð og áhersla er lögð á samhljóm manns og náttúru.

Meginreglur umhverfisréttar.

Á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1992 var m.a. samþykkt yfirlýsing, Ríó-yfirlýsingin, þar sem staðfestar voru nokkrar grundvallarreglur um samskipti manns og umhverfis sem stuðla eiga að sjálfbærri þróun. Ríki heims voru hvött til þess að taka þessar reglur upp í umhverfislöggjöf sinni. Þrátt fyrir góðan vilja og tilraunir fyrrverandi umhverfisráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, hafa þessar meginreglur enn ekki verið festar í íslensk lög og hlýtur það að teljast löngu tímabært. Ríkisstjórnin samþykkti 1997 framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Í eftirfarandi kafla, sem er úr þeirri áætlun, má lesa lýsingu á meginreglum umhverfisréttar:

„Í Ríó-yfirlýsingunni segir að mannkyninu beri réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna. Þar er einnig minnst á réttinn til þróunar, sem beri að nýta með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlifandi og komandi kynslóða. Tekið er fram að hver einstaklingur eigi rétt á upplýsingum um umhverfið, ástand þess og aðgerðir á sviði umhverfismála. Einnig á hver einstaklingur rétt á þátttöku í ákvarðanatöku sem snerta nánasta umhverfi hans.

Segja má að þessar réttindayfirlýsingar séu ein af fjórum meginreglum sem finna má í Ríó-yfirlýsingunni. Hinar eru:

Varúðarreglan sem kveður á um að ekki skuli að öðru jöfnu ráðist í framkvæmdir sem kunna að hafa alvarleg eða óbætanleg umhverfisáhrif í för með sér, fyrr en sýnt sé að þær hafi ekki slík áhrif.

Mengunarbótareglan sem kveður á um að þeir sem spilla umhverfinu beri nauðsynlegan kostnað við að bæta skaðann og kostnað vegna aðgerða sem miða að því að koma í veg fyrir umhverfisskaða. Reglan felur m.a. í sér að þeir sem hyggja á framkvæmdir sem geta haft mengun eða umhverfisspjöll í för með sér greiði kostnað við mat á umhverfisáhrifum og umhverfiseftirlit.

Nytjagreiðslureglan sem felur í sér að þeir sem nýta náttúrulegar auðlindir sér til ávinnings eða ánægju greiði þann kostnað sem til fellur við verndun og viðhald þessara auðlinda."

Hugmyndafræði þessarar þingsályktunartillögu er að stórum hluta byggð á Ríó-yfirlýsingunni og þeim meginreglum sem þar voru staðfestar. Hér er því vakin athygli á nauðsyn þess að þessar fjórar grundvallarreglur verði lögfestar þótt slíkt falli utan ramma tillögunnar.

Niðurlag.

Þingsályktunartillaga þessi er afrakstur hugmyndavinnu á vegum þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á undanförnum mánuðum. Þó að tillagan komi ekki til endanlegrar afgreiðslu á þessu löggjafarþingi er hún framlag í umræðu um möguleika til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar sem felast í markvissri umhverfis- og náttúruvernd á forsendum sjálfbærrar þróunar.

Fylgiskjal.

Um Dagskrá 21 og Staðardagskrá 21.

(Af heimasíðu Staðardagskrár 21.)

Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó í Brasilíu árið 1992 markaði tímamót í alþjóðlegu samstarfi að umhverfismálum. Tveir alþjóðlegir samningar voru samþykktir á ráðstefnunni: Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og alþjóðlegur samningur um líffræðilega fjölbreytni, tvær alþjóðlegar yfirlýsingar voru staðfestar: Meginreglur um sjálfbæra nýtingu skóga og Ríó-yfirlýsingin um umhverfi og þróun og síðast en ekki síst framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum, Agenda 21 eða Dagskrá 21 eins og samþykktin hefur verið nefnd á íslensku. „Agenda" þýðir dagskrá eða verkaskrá og talan 21 vísar til þess að um er að ræða áætlun til næstu aldar, 21. aldarinnar.

Fulltrúar 179 þjóða stóðu að samþykkt Dagskrár 21 á ráðstefnunni í Ríó. Þar með skuldbundu þessar þjóðir sig til að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar. Þessar skuldbindingar hafa þó ekki þjóðréttarlegt gildi, heldur eru viðkomandi ríki siðferðilega og stjórnmálalega skyldug að fylgja þeim leiðbeiningum sem í samþykktinni felast.

Í Dagskrá 21 eru sett fram markmið og leiðir að sjálfbærri þróun, þ.e. aðgerðir til að stuðla að og viðhalda umhverfisgæðum um leið og stefnt er að því að uppræta fátækt og vanþekkingu í heiminum. Áætlunin tekur ekki einungis til umhverfismála í þrengsta skilningi þess orðs, heldur spannar hún vistfræðilega, efnahagslega og félagslega þætti. Þarna er því um að ræða heildaráætlun um þróun samfélaganna fram á næstu öld.

Dagskrá 21 skiptist í 40 kafla. Í 28. kafla er fjallað um hlutverk staðbundinna stjórnvalda í þeirri viðleitni að koma á sjálfbærri þróun í heiminum. Útdráttur úr 28. kaflanum fer hér á eftir í lauslegri þýðingu:

„Mörg þeirra vandamála og lausna sem getið er um í Dagskrá 21 eiga rætur að rekja til staðbundinna aðgerða. Því eiga staðbundin stjórnvöld lykilhlutverki að gegna í því að koma á sjálfbærri þróun.

Staðbundin stjórnvöld, svo sem sveitarstjórnir, byggja og viðhalda einingum á borð við vatnsveitur og vegi. Þau hafa yfirumsjón með skipulagi íbúðabyggðar og iðnaðar, setja sér staðbundna stefnu í umhverfismálum og taka þátt í að framkvæma umhverfisstefnu stjórnvalda á landsvísu.

Sem það stjórnvald sem næst er fólkinu gegna þau þýðingarmiklu hlutverki í að mennta og hvetja almenning á leið til sjálfbærrar þróunar. Á árinu 1996 ættu öll staðbundin stjórn-

völd, í samráði við íbúa á hverjum stað, að hafa búið til „Staðardagskrá 21“ (Local Agenda 21) fyrir samfélagið.

Embættismenn á hverjum stað ættu að leita til íbúanna og samfélagsins, fyrirtækja og samtaka iðnaðarins til að safna upplýsingum og ná samstöðu um leiðir að sjálfbærri þróun. Þessi samstaða mun verða þeim að liði við endurskoðun staðbundinna áætlana, stefnumótunar, laga og reglugerða til að ná markmiðum Dagskrár 21. Samráðið við fyrrnefnda aðila er til þess fallið að efla meðvitund fólks um málefni sjálfbærrar þróunar.“

Á sama hátt og Dagskrá 21 er forskrift að sjálfbærri þróun í ríkjum heims, er Staðardagskrá 21 heildaráætlun um þróun einstakra samfélaga í samræmi við 28. kafla yfirlýsingarinnar frá Ríó. Eitt af helstu slagorðum ráðstefnunnar í Ríó var „Hugsaðu hnattrænt, framkvæmdu heimafyrir“ (Think Globally – Act Locally). Þetta slagorð er í raun hornsteinn hugmyndarinnar um Staðardagskrá 21. Það undirstrikar mikilvægi þess að einstök samfélög og staðbundin stjórnvöld geri sér grein fyrir því að jafnvel hinar smávægilegustu aðgerðir (eða aðgerðaleysi) í litlum samfélögum eiga sinn þátt í því hvernig ástand umhverfismála í heiminum þróast.

893. Tillaga til þingsályktunar [591. mál]

um háskólanám á Austurlandi og Vestfjörðum.

Flm.: Þuríður Backman, Hjálmar Jónsson, Jón Bjarnason,
Pétur Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að sjá til þess að haustið 2001 verði komið á fót kennslustöðvum til háskólanáms á Austurlandi og Vestfjörðum undir stjórn Háskólans á Akureyri.

Greinargerð.

Mikilvægt skref til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu byggðar um allt land er að sjá til þess að íbúar á landsbyggðinni eigi greiðan aðgang að menntun á öllum skólastigum. Með hinni öru tækniþróun undanfarinna ára hafa hugmyndir um að stofna námsbrautir í ýmsum byggðarlögum, undir stjórn skólastofnana sem vel geta verið staðsettar annars staðar, fengið byr undir báða vængi.

Nýlega hafa hugmyndir Háskólans á Akureyri um þróun háskólanáms á Austurlandi og Vestfjörðum undir stjórn skólans verið ræddar í hópi þingmanna í þessum kjördæmum, en Háskólinn á Akureyri hefur lagt kapp á að sérhæfa sig sem háskóli landsbyggðarinnar. Fram kom að skólinn hefur áhuga á að vinna að því koma á fót kennslustöðvum á Egilsstöðum og Ísafirði og hefur gert samþykktir þar um. Í minnisblaði skólans um þetta efni kemur fram að kostnaður við verkefnið á árinu 2001 er talinn verða 31 millj. kr. Hér er gert ráð fyrir að þessi upphæð verði veitt skólanum á fjárlögum.

Í þessari tillögu er tekið undir fyrirliggjandi hugmyndir skólans um svonefndar kennslustöðvar á Austurlandi og Vestfjörðum. Það er gert með það sjónarmið að leiðarljósi að meiri líkur séu til að háskólanám á Austurlandi og Vestfjörðum geti orðið að veruleika í samvinnu við Háskólann á Akureyri en með stofnun sjálfstæðra háskóladeilda í þessum landsfjórðungum. Háskólinn á Akureyri sinnir nú þegar margháttaðri starfsemi um land allt. Verði

þessi hugmynd að veruleika gefst um leið mikilvægt tækifæri til að styrkja tengsl skólans við landsbyggðina og auka möguleika á fjölbreyttari starfsemi, m.a. rannsóknastarfsemi.

Gildi háskólastofnana á landsbyggðinni.

Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2000 sem samþykkt var á Alþingi síðasta vor er m.a. kveðið á um að menntun á háskólastigi verði tekin upp á landsbyggðinni þar sem kostur er, m.a. með samningum milli framhaldsskóla og háskóla. Sérstök áhersla er þar lögð á að á Austurlandi og Vestfjörðum verði nám á háskólastigi í boði svo fljótt sem verða má.

Fátt er mikilvægara nú um stundir en framboð á menntun á öllum skólastigum. Góðir menntunarmöguleikar varða bæði æskufólk og þá sem eldri eru og þörf hafa fyrir endurmenntun og símenntun. Fyrir farsæla byggðaþróun skipta góðir skólar og fjölbreytt framboð á fræðslu afar miklu, sem og samspil skóla við atvinnu- og menningarlíf á viðkomandi svæðum.

Háskólanám á Austurlandi.

Á Austurlandi gefst nú kostur á háskólanámi og endurmenntun í formi fjarkennslu á vegum Fræðslunets Austurlands sem formlega var stofnað sumarið 1998. Sú starfsemi er gott skref og tengist sérstaklega framhaldsskólum í fjórðungnum. En þar má ekki láta staðar numið. Austfirðingar þurfa á því að halda að rennt verði stoðum undir háskólamenntun í fjórðungnum á völdum sviðum eins og gert hefur verið í flestum öðrum landshlutum. Nægir þar að minna á Háskólann á Akureyri og Samvinnuháskólann á Bifröst. Öllum ber saman um hvílík lyftistöng fræðamiðstöðvar og skólasetur eru fyrir viðkomandi landshluta og um leið fyrir landið allt. Austurland má ekki verða afskipt í þessari þróun og skynsamlegt virðist að tengja háskólanám á Austurlandi þeim háskólastofnunum sem þegar starfa í landinu en ráðast ekki að svo komnu máli í að setja þar upp sjálfstæðan háskóla. Þess má geta að erlendis er sífellt algengara að háskólar stofni kennslustöðvar eða útibú langt frá sínum aðalbækistöðvum og má taka uppbyggingu háskólamenntunar í hálöndum og eyjum Skotlands sem dæmi um það. Hagnýting nútímaupplýsingatækni við fjarkennslu og gagnaflutninga gefur aukin sóknarfæri á þessu sviði.

Um þessi mál hefur þegar verið fjallað nokkuð á Austurlandi en í lok nóvember sl. óskaði Háskólinn á Akureyri eftir aðstoð Þróunarstofu Austurlands við að kanna undirtektir Austfirðinga við hugmyndir um kennslustöð Háskólans á Akureyri á Austurlandi. Á fundum sem aðilar málsins héldu um þetta efni fögnuðu Austfirðingar því frumkvæði sem Háskólinn á Akureyri sýnir í málinu og lögðu áherslu á að sú leið sem hér er lögð til væri æskileg og miðaði að því að efla háskólamenntun í fjórðungnum.

Áður hafa verið lagðar fram tillögur um háskólanám á Austurlandi og þá gjarnan horft til Eiða, en þar hefur um langan aldur verið menningar- og menntasetur fjórðungsins. Að þessu sinni er tekin sú afstaða að binda ekki tillöguna við Eiða, enda liggja fyrir fjölmargar áhugaverðar hugmyndir um nýtingu húsakosts og aðstöðu þar. Skynsamlegra virðist á þessu stigi málsins að leggja alla áherslu á að stofnað verði til háskólanáms á Austurlandi en láta liggja milli hluta í hvaða húsakynnum eða hvar í fjórðungnum sú starfsemi fari fram þó að líklegast sé að Egilsstaðir verði fyrir valinu.

Fyrri hugmyndir og tillögur um háskólanám á Austurlandi.

Á Austurlandi hefur um margt verið unnið brautryðjendastarf í menntamálum og má þar nefna ýmis verkefni til sögunnar. Á árunum 1984–1989 komu þar fram hugmyndir um sér-

kennslunám fyrir kennara sem leiddu til náms með fjarkennslusniði í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Frumkvöðlar að málinu voru Berit Johnsen sérkennslufulltrúi og Guðmundur Magnússon fræðslustjóri. Ýtti þessi tilraun meðal annars undir stofnun farskóla Kennaraháskólans 1992.

Árið 1988 tók Farskóli Austurlands til starfa og var þar um nýmæli í íslenskum fræðslumálum að ræða. Skólinn hefur starfað í tengslum við Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað en starfsemi hans hefur farið fram að heita má í öllum byggðarlögum fjórðungsins. Á vettvangi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA) var sumarið 1996 rætt um nauðsyn þess að koma á háskólamenntun á Austurlandi. Aðalfundur SSA 1996 gerði svohljóðandi ályktun um málið:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, haldinn í Neskaupstað 29. og 30. ágúst 1996, felur stjórn SSA að undirbúa í samvinnu við stjórnvöld og forsvarsmenn skóla á háskólastigi að koma á fót háskólamenntun á Austurlandi í tengslum við austfirskt atvinnulíf og til að efla þekkingu og menntun í fjórðungnum."

Þá er þess að geta að haustið 1996 fluttu þrír þingmenn Austurlandskjördæmis, Hjörleifur Guttormsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Jón Kristjánsson, tillögu til þingsályktunar um upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi. Var tillagan endurflutt ári síðar undir heitinu Miðstöð háskóla- og endurmenntunar á Austurlandi. Um tillöguna var fjallað í menntamálanefnd en hún hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Framangreind þingsályktunartillaga ýtti þó undir að stofnað var til háskólanefndar á vegum SSA haustið 1996, en sú nefnd, undir formennsku Emils Björnssonar, undirbjó og mótaði tillögur um Fræðslunet Austurlands sem tók til starfa sumarið 1998. Var meðal annars fjallað um málið á aðalfundi SSA 1997 og á fundum með þingmönnum kjördæmisins. Var fjármagn veitt til undirbúnings á fjárlögum fyrir árið 1998. Samkvæmt skipulagsskrá Fræðslunets Austurlands frá 30. október 1998 er meginmarkmið þess að bæta aðgengi íbúa fjórðungsins að háskólanámi og símenntun og styrkja með því jákvæða byggðaþróun. Fræðslunetið er skipulagt sem sjálfseignarstofnun með tíu manna stjórn stofnaðila.

Austfirðingar hafa fagnað hugmyndum Háskólans á Akureyri um háskólanám á Austurlandi, enda hafa þeir markvisst unnið að því að komið verði á fót háskólanámi í fjórðungnum eins og fyrr er nefnt. Leggja þarf áherslu á að skipulagning og uppbygging námsins fari fram í nánum tengslum við heimamenn.

Vestfirðingar og fjarnám á háskólastigi.

Segja má að í meira en áratug hafi háskólanám verið stundað á Vestfjörðum með fjarkennslusniði, einkum á vegum Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands og nú einnig frá Háskólanum á Akureyri. Upphaf þess má rekja til svonefnds starfsleiknináms sem um sextíu kennarar (og leiðbeinendur) á Vestfjörðum stunduðu á árunum 1989–1993. Þetta var tveggja ára nám á vegum Kennaraháskóla Íslands sem unnt var að stunda samhliða starfi og var styrkt af menntamálaráðuneytinu.

Einnig stuðluðu Vestfirðingar að stofnun Fjarskóla Kennaraháskóla Íslands sem hóf störf 1993 og í fyrsta hópnum sem brautskráðist af þeirri námsbraut 1996 var fjórðungur nemenda frá Vestfjörðum. Þessi áhugi Vestfirðinga. hefur m.a. orðið til þess að kennurum, sem lokið hafa B.Ed. prófi, hefur fjölgað á Vestfjörðum. Nokkur fjöldi kennara af Vestfjörðum sótti einnig framhaldsnám í sérkennslufræðum sem boðið var upp á í samstarfi Kennaraháskóla Íslands og fræðsluyfirvalda á Vesturlandi og Vestfjörðum og lauk þaðan hluta meistaraprófs með sérstakri áherslu á sérkennslu.

Þá er þess að geta að fyrir rúmum tveimur árum (haustið 1998) hófu tíu nemendur á Vestfjörðum nám í hjúkrunarfræðum sem þeir stunda við Háskólann á Akureyri og mun þar vera um að ræða fyrstu námsbraut Háskólans á Akureyri sem eingöngu er kennd í fjarnámi með aðstoð tölva og fjarfundarbúnaðar.

Farskóli Vestfjarða var stofnaður í byrjun árs 1990 og hefur staðið fyrir námskeiðahaldi vítt um Vestfirði á fjölmörgum sviðum atvinnulífs og menntunar af miklum þrótti, en Farskólinn starfaði alla tíð í nánum tengslum við Menntaskólann á Ísafirði.

Haustið 1999 var svo Fræðslumiðstöð Vestfjarða stofnuð sem auk þess að hafa tekið við hlutverki Farskóla Vestfjarða er ætlað að vera vettvangur fyrir nám á háskólastigi í fjórðungnum og standa fyrir námi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi. Fræðslumiðstöðin yrði því tengiliður og starfsvettvangur háskólanámsins fyrir fjórðunginn.

Heimamenn á Vestfjörðum hafa sýnt þeim hugmyndum sem fram koma í þessari þingsályktunartillögu mikinn áhuga og eru sammála um mikilvægi þess að fundnar verði leiðir til að bjóða upp á háskólanám á Vestfjörðum, enda er slíkt talin ein helsta leiðin til að efla og styrkja byggð á svæðinu.

Hvaða námsbrautir koma til álita?

Í gögnum Háskólans á Akureyri, þar sem þessar hugmyndir eru kynntar, er gerð grein fyrir þeim námsbrautum sem hugsanlegt væri að byrja með á Austurlandi og Vestfjörðum. Mikilvægt er að skólinn fái í byrjun tækifæri til að bjóða þær námsbrautir sem hann telur sig best búinn til að sinna. Jafnframt er æskilegt að á komandi árum verði litið til nýrra möguleika sem taka sérstaklega mið af atvinnu, samfélagi og staðháttum í þeim byggðarlögum sem um er að ræða hverju sinni.

Á Austurlandi væri t.d. skynsamlegt að þróa, í samráði við heimamenn, háskólanámsbrautir á sviði ferðaþjónustu, umhverfisfræða og tengdra greina, svo sem á sviði landnota, gróður- og jarðvegsverndar og skógræktar. Slíkar námsbrautir tengdust vel vísinda- og fræðastarfi sem þegar fer fram í fjórðungnum, t.d. við Náttúrustofu Austurlands og hjá Skógrækt ríkisins.

Á Vestfjörðum má hugsa sér námsbrautir sem t.d. tengjast ferðaþjónustu, sjávarútvegi og matvælaiðnaði. Námsbrautirnar þarf að tengja þeirri vísindastarfsemi sem þegar fer fram á Vestfjörðum, svo sem starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúrustofu Vestfjarða og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Auk þessa má nefna að bæði á Austurlandi og Vestfjörðum væri áhugavert að sjá háskólanámsbrautir starfa á sviði sagnfræði og mannfræði þar sem sérstaklega væri fjallað um mannlíf og samfélag eyðibyggðanna annars vegar á Ströndum og hins vegar í eyðifjörðum á Austurlandi þar sem áður var blómlegt mannlíf.

Þótt þessir möguleikar séu kynntir hér er engu að síður nauðsynlegt að ítreka að farið verði með opnum huga yfir sviðið og horft til mismunandi kosta. Á Austurlandi og á Vestfjörðum þarf einnig að leggja áherslu á að kennslustöðvar undir stjórn Háskólans á Akureyri bjóði upp á margvísleg námskeið og endurmenntun á háskólastigi.

Samvinna við aðrar háskólastofnanir.

Í þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að háskólanámsbrautir á Austurlandi og Vestfjörðum heyri undir Háskólann á Akureyri. Engu síður er nauðsynlegt að gera ráð fyrir sem bestum tengslum þessara háskólanámsbrauta við aðrar háskólastofnanir, svo sem Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Samvinnuháskólann á Bifröst og háskóladeildir

menntastofnana landbúnaðarins á Hvanneyri og Hólum í Hjaltadal, svo og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Jafnframt er sjálfsagt að gera ráð fyrir fullkomnustu aðstöðu til fjarkennslu með nettengslum við aðrar háskólastofnanir í landinu og góðri aðstöðu til rannsóknastarfsemi.

Gera má ráð fyrir að þáttur í starfi háskóladeilda af því tagi sem hér er fjallað um yrði stuðningur við þá sem kunna að stunda fjarnám við aðrar háskólastofnanir og þannig auka tækifæri skóla til samvinnu og samræmingar í starfi. Mjög hefur verið litið til þess að fjarnám af ýmsu tagi auðveldi aðgang fólks úti á landi að ýmiss konar menntun. Það er vissulega rétt, en þó er ekki öll sagan sögð. Fjarnám reynist nemendum sem það stunda oft afar erfitt og kemur þar einkum tvennt til, annars vegar sú staðreynd að nemandi og kennari eru ekki í sams konar persónulegu sambandi og við hefðbundið nám og hins vegar hin mikla einsemd fjarnemans sem situr einn við tölvu sína en fær ekki þann stuðning og félagsskap samnemenda sem hefðbundið skólasamfélag býður upp á.

Mikilvæg pólitísk stefnumörkun.

Ákvörðun um að koma á fót háskólanámi á Austurlandi og á Vestfjörðum gæti haft mikið gildi fyrir þessi landsvæði og um leið fyrir háskólamenntun í landinu. Þótt hér sé stefnt að því að stofna háskóladeild undir stjórn Háskólans á Akureyri yrði það væntanlega aðeins fyrsta skref í uppbyggingu öflugra sjálfstæðra háskólastofnana. Þróun á sviði menntamála er ör og gildi framhaldsmenntunar eykst ár frá ári. Landsfjórðungar eins og Vestfirðir og Austurland mega ekki verða þar afskiptir.

894. Tillaga til þingsályktunar [592. mál]

um sjúkraflug.

Flm.: Þuríður Backman, Árni Steinar Jóhannsson, Hjálmar Jónsson, Kristján Möller, Jón Bjarnason, Pétur Bjarnason, Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að koma á og tryggja rekstur á sérútbúinni flugvél til sjúkraflutninga. Einnig verði gerðar ráðstafanir til að tryggja mönnun og nauðsynlega bráðaþjónustu samhliða rekstri vélarinnar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Greinargerð.

Mikilvægur þáttur í því að jafna aðgengi allra landsmanna að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu er að halda uppi öruggu sjúkraflugi þannig að flytja megi sjúklinga til þeirrar heilbrigðisstofnunar sem hentar hverju sinni á sem öruggastan hátt. Mikilvægt er að flutningurinn valdi sjúklingnum og sjúkraflutningamönnum sem minnstum óþægindum.

Engin sérútbúin flugvél til sjúkraflutninga er hér á landi, heldur hefur verið notast við flugvélar til almenns farþegaflugs fyrir sjúkraflutninga, auk þess sem þyrla Landhelgisgæslunnar hefur sinnt neyðartilvikum. Rauði kross Íslands kom einnig fyrir nokkrum árum upp sjúkraflugsbúnaði á nokkrum stöðum á landinu og er sá búnaður settur í venjulegar farþegaflugvélar þegar þær fara í sjúkraflug. Þótti mikil bót að þessu framtaki Rauða krossins.

Sjúkraflug fyrr og nú.

Sjúkraflug hefur verið stundað hér í allmörg ár en var á sínum tíma algjör bylting í þjónustu við slasað og alvarlega veikt fólk úti á landi. Vart er á nokkurn hallað þó að einn maður, Björn Pálsson flugmaður, sé nefndur sérstaklega til sögunnar þegar rætt er um brautryðjendur á þessu sviði, en auk hans hafa margir flugmenn lagt lið þessu mikilvæga verkefni, oft við afar erfiðar aðstæður. Hér er líka rétt að geta Sveinbjörns Dúasonar sjúkraflutningamanns sem af mikilli elju og áhuga hefur barist fyrir því að bæta öryggi og þjónustu í sjúkraflugi og m.a. tekið saman skýrslu um framtíð sjúkraflugs á Íslandi.

Breyttar aðstæður, ný tækni og sérhæfing hefur breytt heilbrigðisþjónustunni síðustu áratugina. Þetta hefur aukið þörfina fyrir flutning fólks utan af landi til stóru sjúkrahúsanna. Auk þessarar almennu þróunar koma upp bráðatilvik og slys sem krefjast skjótrar hjálpar og flutnings á sjúkrahús. Skipulag sjúkraflugsins verður að uppfylla kröfur fólks um jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustunni og gera þarf mögulegt að veita heilbrigðiskerfinu úti á landi stuðning ef það fær of stór verkefni, svo sem við stórslys.

Í skýrslu sem heilbrigðisráðuneytið lét gera árið 1999 er lýst núverandi fyrirkomulagi sjúkraflugs (Úttekt á sjúkraflugi á Íslandi, Verk- og kerfisfræðistofan ehf., vor 1999). Af lestri skýrslunnar má ráða að núverandi fyrirkomulag er afar óburðugt; ekkert formlegt skipulag er á sjúkrafluginu eða umsjón með því, ábyrgð virðist óljós, flugvélar í mörgum tilvikum ófullkomnar og ekki mannaðar flugmönnum og sjúkraflutningamönnum eins og reglur kveða á um, útkallskerfið er flókið og kraftar fagfólks illa nýttir.

Þótt margt gott megi finna í skýrslunni eru mikilvægar forsendur veikar og sumar jafnvel beinlínis rangar, auk þess sem aðrar mikilvægar forsendur hreinlega vantar. Grunnvinnan er í lagi en endurvinna þyrfti skýrsluna að fengnum raunhæfari upplýsingum. Frá því að skýrslan birtist hefur ástandið enn versnað þar sem dregið hefur úr áætlunarflugi til smærri staða og hætt er við flug til enn fleiri staða leggist af.

Íbúar á landsbyggðinni búa því við mjög ófullnægjandi þjónustu hvað sjúkraflutninga varðar. Það er afar brýnt að myndarlega verði tekið á málunum til að tryggja viðunandi sjúkraflug sem hluta af heildarskipulagi heilbrigðiskerfisins. Velútbúin sjúkraflugvél er jafnsjálfsögð á landsbyggðinni og velútbúinn neyðarbíll er í þéttbýli.

Til þess að hægt sé að halda uppi sjúkraflugi til allra landshluta er nauðsynlegt að yfirvöld flugmála á Íslandi sjái til þess að full þjónusta sé á ákveðnum flugvöllum úti á landi, sérstaklega á svæðum þar sem samgöngur á landi geta verið erfiðar.

Skilgreining á sjúkraflutningum.

Sjúkraflutningum má skipta í þrjá flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða bráðaflutninga með mikið veikt eða slasað fólk sem þarf læknisaðstoð og aðhlynningu í flutningi, í öðru lagi er flutningur á minna veikum sjúklingum sem þarf samt sem áður að flytja í körfu og þurfa aðstoðar og aðhlynningar við og í þriðja lagi eru þeir sem geta setið uppi. Síðasttaldi hópurinn getur í mörgum tilvikum notað áætlunarflug eða ferðast í bílum. Hina hópana tvo þarf að flytja í sérstakri sjúkraflugvél til þess að hægt sé að veita viðeigandi hjúkrun og læknismeðferð meðan á ferðinni stendur.

Sérhæfð sjúkraflugvél.

Það ber að hafa í huga þegar rætt er um sjúkraflug að verið er að ræða um flug milli heilsugæslustöðva og/eða sjúkrahúsa þar sem flugvöllur er. Hér er ekki átt við björgunarflug eða flug af slysstað á sjúkrahús. Í þeim tilvikum eru þyrlur ákjósanlegar, auk þess sem þær henta vel þegar veðurskilyrði hamla venjulegu flugi.

Sérhæfð eða sérútbúin sjúkraflugvél er flugvél sem er búin svipuðum sjúkrabúnaði og vel útbúinn sjúkrabíll. Í slíkri flugvél er hægt að hafa betri og sérhæfðari sjúkrabúnað um borð en þegar laus sjúkrabúnaður er settur í farþegavél, auk þess að hægt er að koma búnaðinum betur fyrir en ella. Við það að hafa fastan búnað sparast sá tími sem fer í að taka sæti úr farþegavélinni og setja börufestingar, börur og annan sjúkrabúnað um borð eins og gert er nú.

Sjúkraflugvél er eingöngu notuð til sjúkraflutninga eins og sjúkrabíll og stendur ávallt tilbúin til notkunar. Það styttir viðbragðstíma í útköllum til muna. Flugvélin þarf að vera með þrýstirými (pressure cabin) þar sem slíkar vélar eru þægilegri og öruggari fyrir sjúkling og áhöfn. Flugvélar með jafnþrýstibúnaði geta oftast flogið upp fyrir verstu veður og komist úr ókyrrð og ísingu. Slíkar flugvélar eru nauðsynlegar fyrir sjúkraflutninga. Auk þess að vera þægilegri fyrir alla sem þær nota er mikilvægt að átta sig á að sjúklingar þola oft illa breytingar sem verða á loftþrýstingi við hækkun í flugi. Einnig þyrfti sérhæfð sjúkraflugvél að vera búin hverfihreyfli (turboprop) þar sem sjúkraflug er oft farið við erfið veðurskilyrði og afli hreyflanna breytt í sífellu. Flugvélin þarf að vera það rúmgóð að hægt sé að koma fyrir þeim búnaði sem talinn er nauðsynlegur til sjúkraflutninga hverju sinni og að vel fari um sjúklinga, áhöfn og fylgdarlið.

Nokkrar tegundir flugvéla koma til greina sem sjúkraflugvélar og eru þær mismunandi að stærð, vélbúnaði og hreyflagerð.

Æskilegir eiginleikar sjúkraflugvéla eru að mati reyndra sjúkraflugmanna þessir, raðað í forgangsröð, gott afl og hverfihreyflar, gott rými, góð blanda hraðflugs- og hægflugseiginleika, góð siglingartæki og jafnþrýstibúnaður.

Mönnun sjúkraflugvélar.

Alþjóðlegar reglur krefjast þess að í sjúkraflugvélum séu alltaf tveir flugmenn. Þó að flugvél sé skráð fyrir einn flugmann er áríðandi að í sjúkraflugvél séu þeir tveir þar sem álagið er mikið, oft er flogið við verstu veðurskilyrði og auk þess þarf tvo flugmenn til að sinna aðflugs- og lendingartækni. Þá er oft mikill þrýstingur á áhöfnina um að ná fljótt á áfangastað.

Auk flugmanna á sjúkraflutningamaður að vera í áhöfn sjúkraflugvélar samkvæmt reglugerð frá 18. nóvember 1986 þar sem segir að einungis megi veita þeim leyfi til sjúkraflutninga sem hafa í þjónustu sinni menn með tilskilin réttindi til slíkra flutninga. Sjúkraflutningar skulu vera á ábyrgð sjúkraflutningamanna hvort sem er í lofti, á láði eða legi. Sjúkraflutningamaður tryggir fagmennsku og öryggi við flutning sjúkra og slasaðra í lofti. Auk þess sem hann getur sparað tíma og krafta lækna eða hjúkrunarfólks sem ella þyrftu að fylgja sjúklingum. Ef sjúkraflutningamaður er í áhöfn sjúkraflugvélar sparar hann heilbrigðisstofnunum og Tryggingastofnun fé við að koma fylgdarmönnum aftur til síns heima. Kostnaður af hverri ferð eykst ekki þar sem sjúkraflutningamennirnir koma í stað annarra heilbrigðisstarfsmanna. Sjúkraflutningamaður um borð er trygging fyrir því að þekking á sjúkrabúnaði vélarinnar sé til staðar og að hann sé í lagi. Sjúkraflutningamaður getur í flestum tilvikum annast einn sjúkling í flugi. Frá ársbyrjun 1997 hafa sjúkraflutningamenn yfirleitt farið með í sjúkraflug frá Akureyri. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir hjá læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum. Sjúkraflutningamenn á Akureyri hafa með þessu móti öðlast góða reynslu í að sinna sjúkraflugi.

Læknar eða hjúkrunarfræðingar fylgja sjúklingi auk sjúkraflutningamanns þegar um meiri háttar slys og sjúkdóma er að ræða eða ef ástand sjúklingsins er það alvarlegt að öryggis hans yrði ekki gætt nema með fylgd læknis eða hjúkrunarfræðings.

Kostnaður við sjúkraflug.

Árið 1996 greiddi Tryggingastofnun ríkisins rúmlega 25 millj. kr. fyrir sjúkraflug, en farin voru 242 flug. Í eftirfarandi töflu kemur fram skipting þessara ferða milli landshluta og meðalverð þeirra.

Brottfararstaður	Áfangastaður	Fjöldi ferða	Meðalverð
Vesturland	Reykjavík	18	61.612
Vestfirðir	Reykjavík	46	96.468
Norðurland vestra	Reykjavík	7	101.171
Norðurland vestra	Akureyri	11	38.036
Norðurland eystra	Reykjavík	6	106.513
Norðurland eystra	Akureyri	42	73.764
Austurland	Reykjavík	75	159.644
Austurland	Akureyri	16	77.574
Vestmannaeyjar	Reykjavík	21	59.440

Heimild: Úttekt á sjúkraflugi á Íslandi. Verk- og kerfisfræðistofan ehf. Vor 1999.

Þær ferðir sem þarna er um að ræða voru í öllum tilvikum neyðarflug sem óskað var eftir á ýmsum tímum sólarhrings og oft var sjúklingurinn ekki á sama stað og flugvélin, þannig að millilenda þurfti vélinni. Samkvæmt upplýsingum sem þarna koma fram má ætla að verulegur sparnaður næðist með því að beina sjúkraflugi frá Austurlandi, Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra oftar til Akureyrar að því tilskildu að sjúkrahúsið þar geti veitt nauðsynlega þjónustu í hverju tilviki.

Sjúkrahúsþjónusta.

Eins og fram kemur í skýrslu Verk- og kerfisfræðistofunnar (kafli 2.5, bls. 9) eru margir þeirrar skoðunar að hægt sé að ná fram hagræðingu í rekstri sjúkrahúsanna með skynsamlegu skipulagi sjúkraflutninga á landi og í lofti. Þróunin í sjúkrahúsþjónustu undanfarin ár hefur verið í þá átt að efla sérfræðiþekkingu ákveðinna sjúkrahúsa sem þá hafa möguleika á að byggja upp tækjakost og fjölga þjálfuðu starfsfólki. Hugsanlega er hægt að ná fram hagkvæmari nýtingu á sjúkrahúsum með verkaskiptingu sem byggist á því að efla nokkur sérhæfð sjúkrahús sem þjóna ákveðnum landshlutum og nýta hin sjúkrahúsin til almennari þarfa. Til þess að þetta sé mögulegt þarf að vera hægt að flytja sjúklinga á milli sjúkrahúsanna fljótt og örugglega.

Tryggja þarf að sjúklingar geti hindrunarlaust nýtt sér þjónustu sérhæfðu sjúkrahúsanna svo að starfsfólkið haldist í góðri þjálfun. Laus legupláss hinna sjúkrahúsanna má nýta með því að flytja þangað sjúklinga til eftirmeðferðar, svo framarlega sem staðsetning sjúkrahússins er ekki til óþæginda fyrir sjúklinginn eða aðstandendur hans.

Sjúklingar sem fluttir eru með sjúkraflugi frá Austurlandi fara flestir til Reykjavíkur. Ef hægt væri að sinna þessum tilfellum á Akureyri hefði það tvo kosti í för með sér. Í fyrsta lagi mundi það efla þjónustu sjúkrahússins á Akureyri sem kæmi öllum Norðlendingum og Austfirðingum til góða. Í öðru lagi mundi það spara mikinn kostnað við sjúkraflugið þar sem mun ódýrara er að fljúga frá Austurlandi til Akureyrar en til Reykjavíkur, sbr. töfluna hér að framan.

Í Neskaupstað er sjúkrahús sem sinnir almennum skurðlækningum, lyflækningum og fæðingarhjálp. Af ýmsum ástæðum, m.a. fækkun íbúa á Austurlandi, hefur ekki verið byggð upp sérgreinaþjónusta eða sérstök bráðamóttökudeild við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað

(FSN), sem nú tilheyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands. Af öryggisástæðum verður að tryggja núverandi þjónustu FSN og skapa stofnuninni möguleika á að auka þjónustu á öðrum sviðum en við bráðaþjónustu í framtíðinni. Góðar samgöngur eru ein forsenda þess að svo geti orðið.

Á Ísafirði er sjúkrahús með skurðlæknaþjónustu sem nú þjónar 5.000 manna byggð. Þar er hægt að byggja upp nægilega góða þjónustu og þjálfa starfsfólk til að sinna mörgum bráðatilfellum og slysum. Eftir að byggðir á Vestfjörðum voru tengdar með jarðgöngum hefur þörfin fyrir sjúkraflug til Reykjavíkur minnkað og sjúkrahúsið á Ísafirði hefur tekið við fleiri verkefnum. Á Vestfjörðum eru aðstæður oft þannig að ekki er hægt að lenda flugvélum vegna veðurs. Því er mikilvægt að sjúkrahúsið á Ísafirði geti sinnt neyðartilfellum. Sökum sérstöðu Ísafjarðarflugvallar verður að leitast við að hafa flugvél þar yfir vetrarmánuðina líkt og nú.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) er eina sérgreinasjúkrahúsið utan höfuðborgarsvæðisins og skapar nauðsynlegt mótvægi við sjúkrahúsin þar. Það þjónar Norðurlandi eystra og að hluta til Norðurlandi vestra og Austurlandi. Erfitt getur verið að halda uppi fjölbreyttri þjónustu á Akureyri ef sjúklingar frá þessum landshlutum eiga ekki greiðan aðgang að sjúkrahúsinu. Fækkun áætlunarferða milli Egilsstaða og Akureyrar hefur gert Austfirðingum erfiðara fyrir að nýta sér þjónustu FSA og því hefur verið leitað til sérfræðinga eða farið til rannsókna í Reykjavík þrátt fyrir að sama þjónusta hafi verið í boði á Akureyri.

Staðsetning sérútbúinnar sjúkraflugvélar.

Akureyri er næst því að vera miðsvæðis af þeim stöðum sem koma til greina sem rekstrar- og heimaflugvöllur sjúkraflugvélar sem þjónar landsbyggðinni. Oftast er lagt upp í sjúkraflug frá Norðaustur- og Austurlandi og því hentar Akureyri mjög vel. Flugtími frá Akureyri verður að öllu jöfnu langstystur þegar sækja þarf sjúkling, hvort sem hann yrði fluttur til Akureyrar eða Reykjavíkur.

Flugvöllurinn á Akureyri er annar varaflugvöllur landsins og um hann er talsverð umferð. Landslag og veðurskilyrði eru slík að flug er tiltölulega öruggt þar allt árið. Það er helst að vetrarlagi sem völlurinn getur lokast vegna veðurs, en einungis tekur um 10–15 mínútur að opna aftur brautina með snjóruðningstækjum sem eru þar.

Mjög góð viðhaldsþjónusta flugvéla er á Akureyrarflugvelli, góð flugskýli og farþegaafgreiðsla.

Vegalengdir frá flugvelli inn í miðbæ Akureyrar eru stuttar svo að starfsmenn á bakvakt, sem hugsanlega væru kallaðir út í sjúkraflug, geta bruðgist mjög skjótt við í neyðartilvikum þar sem hver mínúta skiptir máli.

Eins og áður er komið fram er Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eina sérgreinasjúkrahúsið utan höfuðborgarsvæðisins. Það er vel mannað hæfu starfsfólki og vel undir það búið að taka við fleiri verkefnum ef fjárhagsstaða þess er tryggð. Af því sem hér kemur fram er ljóst að Akureyrarflugvöllur og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri væru afar góðir kostir sem miðstöð sjúkraflugs fyrir landsbyggðina.


250 km.
100 km.
250 km.
100 km.

Áætlaður kostnaður við rekstur sérútbúinnar sjúkraflugvélar.

Lengstum hafa litlu svæðisbundnu flugfélögin stundað sjúkraflug og notið styrkja frá ríkisvaldinu af fjárlögum. Þá hafa sjúkrastofnanir og Tryggingastofnun greitt verulegar fjárhæðir vegna sjúkraflugs. Nú eru flest litlu flugfélögun að leggja upp laupana auk þess sem flugvélakostur þeirra fullnægir ekki kröfum tímans. Því er allt sjúkraflug á Íslandi í uppnámi um þessar mundir.

Sérútbúin sjúkravél.

Þegar rætt er um sérútbúna sjúkraflugvél þarf að hafa í huga hvort ætlunin er að kaupa nýja eða notaða vél. Einnig skiptir máli af hvaða tegund flugvélin er og hvaða búnaður verður í henni. Að sögn þeirra sem best til þekkja er vélin Beechcraft King Air B200 heppilegasta vélin. Samt sem áður þyrfti að breyta búnaði hennar nokkuð til að auðvelda flutning sjúklinga auk þess sem laga þyrfti vélina að þeim takmörkuðu aðstæðum sem víða blasa við á flugvöllum á landsbyggðinni.

Stofnkostnaður nýrrar eða notaðar Beechcraft King Air 200 (í millj. kr.).

Það munar rúmum 170 millj. kr. á nýrri og notaðri flugvél sem er sérútbúin til sjúkraflugs. Ýmsa aðra kosti er hægt að skoða, bæði dýrari og ódýrari, en í þessu dæmi er reiknað með Beechcraft 200. Kostnaðaráætlunin er unnin af Benedikt Guðmundssyni, forstöðumanni þróunarsviðs Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar.

Kostnaður við sjúkrabúnað í vélinni ræðst að miklu leyti af kröfum heilbrigðisstarfsmanna og getur bæði lækkað og hækkað frá því sem hér er gert ráð fyrir.

Árgerð	Verð	Fjögurra blaða skrúfa	Breytingar á dyrabúnaði	Sjúkrabúnaður	Kostnaður alls
2000	300.000	12.000	300	8.000	320.300
1986	127.500	12.000	300	8.000	147.800

Rekstrarkostnaður Beechcraft King Air 200.

Ef gengið er út frá því að rekstur sjúkraflugs væri sjálfstæð eining og sinnti sjúkraflugi eingöngu væri beinn kostnaður á flugtíma eftirfarandi:

	Kr.
Eldsneyti	13.000
Varahlutir	4.000
Viðhaldsvinna	8.000
Hreyflar	4.000
Lendingargjöld	2.500
Ófyrirséð	2.500
Samtals	**34.000**
Læknar og sjúkraliðar	15.000
Flugtími samtals	**49.000**

Árlegur kostnaður yrði hins vegar sem hér segir:

	Kr.	Athugasemdir
Áhafnir	60.000.000	Sex flugstjórar og fjórir aðstoðarflugmenn.
Flugskýli	300.000	Miðað við leigða aðstöðu.
Aðstaða	300.000	Aðstaða flugrekstraraðila og flugmanna.
Stjórnunarkostnaður	3.500.000	Skipulagning, fjárreiður, umsjón o.fl.
Fjármagnskostnaður	3.000.000	Miðað við 2% vexti af verðmæti vélarinnar.
Tryggingar	2.000.000	Ábyrgð og húftrygging innifalin.
Samtals	**69.100.000**	
Afskriftir	9.000.000	
Flugtímar	19.600.000	Beinn kostnaður við 400 flugtíma.
Kostnaður samtals	**97.700.000**	244.250 kr. á flugtíma.

Við þetta er svo því að bæta að ávinningur flugrekstraraðila felst í 10–15% álagningu á flugtíma og þá yrði árlegur kostnaður 109.900.000 kr., 274.800 kr. á flugtíma.

Ef sjúkraflugið yrði rekið með áætlunarflugi frá Akureyri þyrfti aðeins að bæta við tveimur áhöfnum og kostnaður á hvern flugtíma lækkaði úr 274.800 kr. í 173.500 kr. Til samanburðar kostaði flugtíminn ríkið 137.500 kr. árið 1996, með styrkjum, og þá er ekki meðtalið sjúkraflug til Grænlands og sjúkraflug að tilstuðlan tryggingafélaga.

Heilbrigðisþjónustan úti á landi er nátengd samgöngum bæði á landi og í lofti. Því er ljóst að líta verður á sjúkraflutninga sem hluta af heildarskipulagi heilbrigðiskerfisins. Heilbrigðisþjónustan hefur þróast misjafnlega eftir landsvæðum svo að skapast hefur misvægi og ójöfnuður milli íbúa eftir búsetu. Auk þess eykur frumstætt og veikburða sjúkraflug enn á óöryggi íbúa á landsbyggðinni og ýtir undir fólksflutninga til höfuðborgarinnar. Af þessum sökum hafa fjölmargir sem málið varðar, heilbrigðisstarfsmenn og sveitarstjórnarmenn haldið fundi og sent frá sér samþykktir og ályktanir. Þar er mikilsverður stuðningur við hugmyndirnar sem fram koma í þessari þingsályktunartillögu.

Fylgiskjal I.

Ályktun aðalfundar Félags íslenskra landsbyggðarlækna um sjúkraflug.

(5. mars 1999.)

Aðalfundur Félags íslenskra landsbyggðarlækna haldinn í Hlíðarsmára 8 í Kópavogi 5. mars 1999 samþykkti eftirfarandi ályktun:

Félag íslenskra landsbyggðarlækna skorar á yfirvöld heilbrigðismála að koma sem fyrst á úrbótum í sjúkraflutningum með flugvélum.

Félagið telur að fá verði öfluga flugvél með jafnþrýstibúnaði sem yrði sérstaklega útbúin til sjúkraflutninga.

Telur félagið að þessi flugvél verði best staðsett á Akureyri.

Greinargerð.

Núverandi fyrirkomulag sjúkraflugs á Íslandi hefur gengið sér til húðar. Þörf er á stórátaki til þess að bæta þennan nauðsynlega þátt heilbrigðisþjónustunnar og tryggja það að hann sé til staðar þegar á þarf að halda. Bæta þarf aðbúnað sjúklinga og tryggja íbúum landsins jöfn

réttindi hvað varðar sjúkraflutninga. Traust og öflug sjúkraflugsþjónusta er mikill stuðningur við heilbrigðisstarfsmenn í dreifbýli.

Staðsetning sjúkraflugvélar á Akureyri hefur marga kosti og má nefna m.a. styttri vegalengdir á helstu sjúkraflugvelli og styttri viðbragðstíma. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri mundi eflast sem bráðasjúkrahús með auknum verkefnum og þar með landsbyggðarlækningar, sjúkrahúsið gæti komið til hjálpar með greiningasveit og fyrstuhjálparteymi við stærri áföll. Akureyrarflugvöllur er á öðru veðursvæði en Reykjavík. Þá má nefna að Norðausturland og Austurland eru utan núverandi þyrluþjónustusvæðis í bráðatilvikum og að staðsetning sjúkraflugssveitar á Akureyri væri stuðningur við byggðaþróun á landsbyggðinni með nýjum störfum og bættri þjónustu.

Fylgiskjal II.

Samþykkt um sjúkraflug frá stjórn Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

(1. júní 1999.)

Stjórn Heilbrigðisstofnunar Austurlands samþykkti á fundi sínum 1. júní 1999 að lýsa yfir fullum stuðningi við þær hugmyndir sem fram hafa komið um öfluga, sérútbúna sjúkraflugvél sem verði staðsett á Akureyri, en þaðan er skemmst til flestra þeirra staða sem mest þurfa að nota sjúkraflug og þar er öflugt sjúkrahús sem getur verið þessari þjónustu sá faglegi bakhjarl sem nauðsynlegur er.

Vélin þarf að vera tilbúin í útkall með stuttum fyrirvara og vera mönnuð lækni og eða hjúkrunarfræðingi auk sjúkraflutningamanns þegar á þarf að halda.

Náist það fram að koma sjúkrafluginu á þetta stig verður stigið stórt skref til að jafna aðstöðumun íbúa landsins hvað heilbrigðisþjónustu varðar, því í dreifbýli þarf að vera hægt að koma til hjálpar með skjótum hætti þegar í nauðirnar rekur og heilbrigðiskerfið á viðkomandi stað ræður ekki hjálparlaust við verkefni sín.

Á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Austurlands hefur víða verið stopul mönnun lækna og hjúkrunarfræðinga, bæði vegna skorts á fagfólki og viðleitni til að draga úr afleysingum, sem gerir þörfina fyrir öfluga sjúkraflutninga enn brýnni.

Á síðustu árum hefur aðgengi að sjúkraflugi versnað á landinu. Ekki er hægt að stóla á að þeir, sem tekið hafa á sig að sinna sjúkraflugi, hafi vélar og áhafnir tiltækar þegar á þarf að halda og má nefna þess mörg dæmi hvað varðar Austfirðingafjórðung. Sá kostur, sem hér er lýst stuðningi við, virðist skynsamlegur og rétt að láta reyna á hann.

Íbúar Austurlands verða að geta treyst á öruggt sjúkraflug.

Fyrir hönd stjórnar Heilbrigðisstofnunar Austurlands,
virðingarfyllst,

Einar Rafn Haraldsson framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal III.

Ályktun læknaráðs Heilbrigðisstofnunar Austurlands um sjúkraflug.

(9. júní 1999.)

Á fundi í læknaráði Heilbrigðisstofnunar Austurlands á Eskifirði 9. júní 1999 var samþykkt *ályktun um sjúkraflug*. Var undirrituðum falið að koma áliti fundarins á framfæri.

Það er samdóma álit læknaráðs að gera þurfi verulegar úrbætur í sjúkraflugi og koma upp búnaði og skipulagi sem stendur undir kröfum tímans. Sjúkraflugsþjónustan þarf að mæta þörfum íbúanna úti á landi fyrir aðstoð og sjúkraflutning í neyðartilfellum og vera nokkurs konar ígildi neyðarbíls.

Sjúkraflug er þýðingarmikill þáttur í heilbrigðiskerfinu. Þessum þætti hefur ekki verið gefinn sá gaumur sem vert væri og hefur hnignunarskeið staðið yfir undanfarin ár í sjúkraflugi landsbyggðarinnar. Á sama tíma hefur orðið framþróun í sjúkraflutningum og neyðarhjálp. Neyðarbíl hefur verið komið á laggirnar í höfuðborginni og þyrluþjónusta Landhelgisgæslunnar hefur eflst og fest sig í sessi. Þjónar hún vel bráðatilfellum í vissum radíus kringum höfuðborgina en nýtist verr þegar lengra dregur í burtu. Þarna þróast mál misjafnlega fyrir íbúana eftir búsetu þeirra og er þetta einn af þeim þáttum er leiða til misvægis og mismununar og sem veikja byggð í dreifbýli.

Í þessu sambandi leggja læknar á Austurlandi á það áherslu að í sjúkraflugvél verði ávallt tveir flugmenn og sjúkraflutningamaður, vélin verði jafnþrýst og öflug fyrir flug í misjöfnu veðri. Vel verði búið að sjúklingi í vélinni og hún sérbúin til þessa verkefnis. Þessa vél þarf að staðsetja á Akureyri þaðan sem jafnstyst er til þeirra landsvæða sem í dag þurfa um $^{2}/_{3}$ alls sjúkraflugs á Íslandi og þar sem hægt er að manna vélina læknum og öðru fagfólki þegar neyð skapast. Vakin er athygli á því að forsvarsmenn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hafa lýst sig reiðubúna til þess að leggja til starfsfólk þegar manna þarf vélina sérstaklega.

Það fyrirkomulag sem hér er lýst mundi styðja verulega við bakið á heilbrigðisþjónustu landsbyggðarinnar og nýtast íbúunum vel, ekki síst á þrengingatímum í læknismönnun.

Fylgiskjal IV.

Athugasemdir Hálfdáns Ingólfssonar flugstjóra, Ísafirði, um skýrslu Verk- og kerfisfræðistofunnar ehf.

(12. nóvember 1999.)

Vorið 1999 gerði Verk- og kerfisfræðistofan ehf. skýrslu um sjúkraflug á Íslandi fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Eftirfarandi athugasemdir eru byggðar á 22 ára reynslu undirritaðs sem atvinnu- og sjúkraflugmaður á Vestfjörðum og víðar. Tilefni athugasemdanna er að margar flugtæknilegar forsendur skýrslunnar eru ekki réttar, og sumar meira að segja alrangar.

Athugasemdirnar eru að mestu bundnar við þá staði og þau atriði sem undirritaður þekkir vel af eigin reynslu, en gera má ráð fyrir að skýrslan innihaldi hliðstæða galla hvað varðar önnur svæði sem fjallað er um.

Við gagnaöflun virðist sem ekki hafi verið leitað upplýsinga hjá þeim aðilum sem mesta reynslu hafa af neyðarflugi, þ.e. flugmanna Langhelgisgæslu (LG) og annarra flugmanna sem mikla reynslu hafa af sjúkraflugi á hefðbundnum flugvélum. Þar með hefur verið sniðgengin áratuga raunveruleg reynsla varðandi þetta efni, sem hlýtur að teljast ómissandi innlegg í umræðuna.

Kraftaverkalausnin.

Í skýrslunni er alltaf reiknað með að kalla út þyrlu LG ef ófært er venjulegum sjúkraflugvélum á tiltekna flugvelli, sérstaklega Ísafjörð, Siglufjörð og Vestmannaeyjar. Augljóst er að ekki hefur verið leitað til LG varðandi raunverulega getu og takmarkanir þyrluflotans,

heldur virðist byggt á þeirri fjölmiðlaímynd sem hefur skapast eftir komu TF-LIF til landsins, í stuttu máli: „Stóra þyrlan ræður við ALLT."

Staðreynd málsins er sú að TF-LIF er helst ekki flogið langar leiðir samkvæmt blindflugsreglum og aðeins í neyð er flogið inn í þekkt ísingarskilyrði, öfugt við þær flugvélar sem notaðar hafa verið til þessa. Þyrlan getur athafnað sig við aðstæður sem eru ófærar flugvélum, en hið gagnstæða á einnig oft við: Ósjaldan hefur sjúkraflugvél farið frá og til Ísafjarðar við aðstæður sem eru gjörsamlega ófærar fyrir þyrlu. Einnig virðist lítið gert úr því hversu miklu lengur þyrlur eru í förum, sérstaklega í slæmum veðrum.

Undirritaður hvetur eindregið til að leitað verði frekari upplýsinga hjá LG áður en ákvarðanir eru teknar sem e.t.v. byggjast á ofmati á getu þyrluflotans.

Flugvellirnir.

Ísafjörður og Vestmannaeyjar hafa nokkra sérstöðu, því að þeir flugvellir verða oft ófærir fyrir áætlunarflug. Ef Ísafjörður er ófær vegna skyggnis er Þingeyri einnig oftast ófær af sömu orsökum. Þingeyri er þó nothæfur varaflugvöllur þegar Ísafjörður er ófær vegna vinda, en undirritaður minnist ekki að þess hafi þurft vegna sjúkraflugs á 22 ára ferli hans.

Ísafjörður og Vestmannaeyjar hafa enn fremur þá sérstöðu að undantekningarlítið er hægt að komast **burt** í neyðarflugi, þótt erfitt eða jafnvel vonlaust sé að komast **til** þessara staða. Í skýrslunni er gert allt of lítið úr þessari staðreynd, væntanlega vegna ófullnægjandi upplýsingaöflunar. Í skýrslunni er lagt til að leysa þetta með því að senda bara þyrlu þegar ófært er, væntanlega einnig vegna ófullnægjandi upplýsingaöflunar.

Á Patreksfirði er hægt að gera tvenns konar blindaðflug, en þau eru bæði haldlítil í slæmu skyggni. Á Bíldudal er ekkert blindaðflug. Til þessa hefur þó tekist vel til með því að mjög reyndir flugmenn hafa beitt óhefðbundnum aðferðum til að komast til þessara staða, og byggist það alfarið á góðri staðháttaþekkingu. Brottflug frá þessum stöðum er ekki vandamál.

Þótt Hólmavíkurflugvöllur hafi ágætt blindaðflug er hann ekki búinn til flugs að næturlagi. Flug til Hólmavíkur í myrkri og slæmu skyggni er alfarið háð góðri staðarþekkingu flugmanna, og er sú fullyrðing byggð á langri reynslu.

Flugvélar.

Í skýrslunni er aldur minni vélanna talinn margfalda áhættu og talinn skerða rekstraröryggi. Ljóst er að skýrsluhöfundar líta á gamlar flugvélar eins og gamla bíla, þ.e. að bilanatíðni tengist aldri. Þetta er þó fjarri sanni vegna hinna ströngu viðhaldsreglna sem gilda um flugvélar. Heimildir um þennan þátt hefði átt að sækja til lofthæfideildar Loftferðaeftirlits. Helsta viðhaldsvandamál minni véla er þegar vanrækt er viðhald á búnaði sem ekki beinlínis varðar flugöryggi eða sem ekki er skylda að hafa í lagi. Gamlar flugvélar eru iðulega ekki eins vel búnar tækjum og nýrri vélar, en þó má vart á milli sjá, t.d. ef bornar eru saman Chieftain-, Twin Otter, Dornier- og Metro-flugvélar í notkun hér á landi.

Vélar með jafnþrýstibúnað hafa marga kosti, og þann helstan að þær eru aflmeiri og að betur fer um mjög veikan sjúkling í farflugshæðum. Þá er einnig horft fram hjá þeirri staðreynd að klefaþrýstingur þannig véla í farflugshæð þeirra er ekki sá sami og við sjávarmál, heldur ámóta og t.d. í Chieftain í 8000 feta hæð! Ókyrrð í farflugshæðum minni véla er þó ekki nærri eins algeng og af er látið í skýrslunni, auk þess sem engin trygging er fyrir minni ókyrrð í hærri hæðum nema farið sé út fyrir veðrahvolfið.

Allar flugvélar fljúga svo í sömu ókyrrðinni við aðflug og brottflug, og eru vélar með jafn-

þrýstibúnað sýnu verri vegna meiri flughraða. Þyrlum er að öllu jöfnu flogið í sjónflugshæðum þar sem ókyrrð er mikil þegar hvasst er, svo að ekki eru þær betri hvað þetta varðar.

Reynsla flugmanna.

Núverandi fyrirkomulag hefur þann kost að með því að tiltekinn flugrekstraraðili annist tiltekið svæði öðlast viðkomandi flugmenn góða staðarþekkingu á sínu svæði, öfugt við það sem látið er að liggja í skýrslunni. Ef sjúkraflugi er einungis sinnt frá tveimur stöðum er viðbúið að slík staðarþekking verði ekki lengur fyrir hendi hvað varðar erfiðustu staðina. Mikil reynsla flugmanns í hefðbundnu áætlunarflugi gagnast ekki mikið við flug á erfiðustu flugvellina, sem viðkomandi flugmenn hafa sjaldan og jafnvel aldrei komið á, ekki síst þar sem ekkert blindaðflug er til staðar og beita getur þurft óhefðbundnum aðferðum. Þetta þykir undirrituðum ranglega metið í áhættumati skýrslunnar á bls. 23.

Mikilvægt er að hafa aðgát hvað þetta varðar, t.d. með reglubundnu þjálfunarflugi til erfiðustu staðanna. Það er þó kostnaðarsamt, en ekki virðist gert ráð fyrir slíku í kostnaðaráætlunum skýrslunnar.

Sjúkraflutningamenn.

Þjálfaðir sjúkraflutningamenn eru tiltækir víðar en í Reykjavík og á Akureyri. Læknir eða hjúkrunarfræðingur hefur þó oftast fylgt sjúklingum frá Vestfjörðum, væntanlega af þeirri einföldu ástæðu að flugvélin fer til baka hvort sem er.

Viðbragðstími.

Ekki er gert mikið úr lengri viðbragðstíma við að koma sjúkraflugvél til Ísafjarðar eða Vesturbyggðar frá Akureyri eða Reykjavík. Í skýrslunni kemur réttilega fram að viðbragðstími þarf sjaldnast að vera styttri en 30 mínútur sem er sá tími sem tekur að undirbúa sjúkling og koma á flugvöll. Á Ísafirði og í Vesturbyggð hefur **aldrei** þurft að bíða sjúkraflugvélar meðan flugvél er tiltæk á Ísafirði. Þegar flugvél er **ekki** staðsett á Ísafirði heyrir til undantekninga að flugvél sé komin á staðinn fljótar en 1,5–2 klst. eftir útkall, sérstaklega að degi til (sjá næsta lið). Algengara er að það taki 2–3 klst.

Sjúkraflugvél ekki tiltæk.

Allir flugrekendur reyna að hámarka nýtingu á flugflota og flugmönnum. Þetta þýðir að allar flugvélar eru uppteknar að degi til, og allar líkur á að veruleg bið verði á að vél verði tiltæk. Að auki er flugrekendum afar illa við að setja áætlunarflug sitt úr skorðum vegna sjúkraflugs. Sama á við um flugáhafnir: Ef áhöfn er kölluð í sjúkraflug að næturlagi mun hún ekki geta sinnt áætlunarflugi næsta dag vegna ákvæða um hvíldartíma. Miðað við nýtingu flugrekenda undanfarin ár eru allar líkur á að engin varaáhöfn sé tiltæk, sem setur áætlunarflug næsta dags einnig úr skorðum.

Fyrir flugrekanda sem tekur að sér rekstur sjúkraflugvélar þýðir þetta að hafa þarf tiltæka aukaflugvél og aukaflugmann. Til þessa hafa flugrekendur gert þetta gegn 5–6 millj. kr. greiðslu, og er þá miðað við litla flugvél (t.d. Chieftain) og einn aukaflugmann.

Í tillögunum þar sem gert er ráð fyrir sérútbúinni, hraðfleygri skrúfuþotu **ætti** þetta ekki að vera vandamál, en þó virðist einungis vera gert ráð fyrir beinum rekstrarkostnaði vegna sjúkraflugs, þ.e. gert er ráð fyrir að vélin sé að öðru leyti í fullum rekstri (í skýrslunni er miðað við að kostnaður sé 300 kr./km fyrir þannig vél). Ef svo er má **ekki** gera ráð fyrir að vélin sé tiltæk hvenær sem er! Í fljótu bragði virðist horft fram hjá þeim staðreynd að rekstrarkostnaður pr. flugstund hækkar verulega ef vélin á alltaf að vera tiltæk, því að hún getur

ekki sinnt öðrum verkefnum ef uppfylla skal það skilyrði. Þetta skapar líka þörf fyrir heila áhöfn sem er alltaf tiltæk, því að hraðfleyg skrúfuþota þarf tvo flugmenn. Ljóst er að flugrekandi sem annast rekstur síkrar vélar og áhafnar þarf meira en 5 millj. kr. aukagreiðslu á ári eins og gert er ráð fyrir í skýrslunni.

Ísafjörður.

Hér skal taka til nokkurra atriða sem varða Ísafjörð og Vestfirði sérstaklega.

Í skýrslunni er ítrekað vitnað til þess að ekki sé bakvaktakerfi fyrir flugradíómenn á Vestfjörðum. Undanfarin 30 ár hefur þetta ekki verið vandamál, því flugradíómenn og aðrir flugvallarstarfsmenn hafa alltaf gætt þess að vera tiltækir allan sólarhringinn. Þetta hafa þeir gert af eigin hvötum þótt engar aukagreiðslur hafi komið til. Undantekning er stutt tímabil fyrir skömmu þegar farið var fram á aukagreiðslur fyrir formlegar bakvaktir, en Flugmálastjórn brást við með því að banna þeim að sinna útköllum utan vaktatíma. Það mál hefur nú verið leyst á farsælan hátt, og er viðbragstími þeirra mjög stuttur, um 10–15 mínútur að jafnaði.

Engin nýju tillagnanna gerir ráð fyrir að flugvél sé staðsett á Ísafirði yfir vetrarmánuðina, og í þeim tilvikum sem ófært er venjulegum flugvélum á að beita kraftaverkalausninni, þ.e. senda þyrlu. Skýrslan gerir ekki ráð fyrir þeirri staðreynd að verulegar líkur eru á að einnig sé ófært fyrir þyrlu! Enn fremur er reiknað með að flugtími þyrlu til Vestfjarða sé innan við klukkustund sem er alrangt, sérstaklega í slæmu veðri. Samkvæmt óformlegum upplýsingum frá einum af flugstjórum þyrlunnar má reikna með mun lengri flugtíma í þannig veðrum, allt að 2–3 klst. því að búast má við að fljúga þurfi sjónflug fyrir öll annes. Að sjálfsögðu má búast við svipuðum flugtíma til baka. Því er ljóst að öryggi sjúklinga mun versna til muna, og aðeins tímaspursmál hvenær þetta kostar mannslíf sem annars hefði mátt bjarga.

Fylgiskjal V.

Skýrsla Stefáns Þórarinssonar, héraðslæknis Austurlands, um stöðu sjúkraflugs á Íslandi frá Höfn til Vestfjarða.

(10. febrúar 2000.)

Rekstur landshlutaflugfélaga á Ísafirði og Egilsstöðum hefur lagst af að kalla. Á Egilsstöðum er staðsett vél í eigu Flugfélags Austurlands af Piper Navaho gerð, sömu tegundar og lengi hefur þjónað sjúkraflugi á landinu. Hún er komin verulega til ára sinna, þarf mikið og tímafrekt viðhald og eru hreyflar hennar að ganga sér til húðar og verða ekki endunýjaðir að óbreyttu og á að selja vélina. Íslandsflug hefur selt sína vél sem var sams konar. Flugfélag Íslands á tvær vélar af þessari gerð á Akureyri, þær eru enn eldri og fara að fara úr umferð. Mýflug á sams konar vél sem er yngst þessara véla, hún er staðsett á Ísafirði og er einn flugmaður þar á stöðugri vakt yfir veturinn líkt og er á Egilsstöðum. Of oft eru þessar vélar ekki til taks þegar á þarf að halda. Einn maður getur ekki enst til lengdar á stöðugri vakt. Ekki eru flugmenn á vöktum í Reykjavík eða á Akureyri heldur eru leitaðir uppi þegar beiðni berst. *Framtíð sjúkraflugs er ótrygg* um þessar mundir og krefst það úrbóta hið fyrsta.

Alþjóðareglur krefjast þess að tveir flugmenn séu ávallt í þessum flugvélum. Það er fengin undanþága til að hafa einungis einn flugmann í sjúkrafluginu. Það skýtur skökku við að flug með veikt fólk, oft við erfiðustu aðstæður, skuli stundað með lakari flugvélum en tíðkast í almennu farþegaflugi innan lands (í þeim er ekki jafnþrýstibúnaður, þær eru með kraftminni hreyfla og eru komnar til ára sinna) og að auki reknar með afslætti á öryggiskröfum hvað varðar fjölda flugmanna.

Tæknilegar bilanir í þessu flugi eru orðnar algengari en svo að á verði sæst og er reynt starfsfólk farið að finna til óöryggis við að vinna við þessar aðstæður. Við núverandi ástand er *öryggi sjúklinga og starfsmanna* orðið áhyggjuefni.

Þyrla Landhelgisgæslunnar þjónar ekki íbúum á Vestfjörðum og norðan og austan hálendisins nema að takmörkuðu leyti vegna fjarlægðar frá Reykjavík og landfræðilegra og veðurfræðilegra aðstæðna.

Fram hefur komið tillaga um að færa rekstur sjúkraflugsins til nútímahorfs og að auka þjónustugildi þess og neyðarúrræði heilbrigðiskerfisins í dreifbýli. Hún er að stofnuð verði *öflug sjúkraflugssveit á Akureyri* sem hefur:

1. öfluga jafnþrýsta sérútbúna flugvél fyrir sjúkraflug,
2. tvo flugmenn á vakt og útkallstíma sem er minni en 30 mínútur,
3. sjúkraflutningamann eða -menn í áhöfn,
4. möguleika að fá með lækni og/eða hjúkrunarfræðing frá FSA þegar þess gerist þörf.

Með þessu fyrirkomulagi yrði lyft grettistaki fyrir öryggi íbúa þeirra landsvæða sem mest verða að reiða sig á sjúkraflug. Þeir munu þá búa við sambærilega þjónustu og nú býðst á þjónustusvæði neyðarbíla og þyrlu. Þetta mun einnig auðvelda fáliðuðu heilbrigðisstarfsfólki í dreifbýli störf þess og draga úr álagi á það með meiri bakstuðningi og minni þörf á að það fari burt úr héraði vegna sjúkraflutnings.

Flugtími frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði er mun lengri en frá Akureyri til Hafnar og enn meiru munar í flugtíma þegar kemur austar á Austurland og á Norðausturlandi. Fjarlægðin er sambærileg frá Akureyri og Reykjavík til Vestfjarða en þá skiptir viðbragðsflýtirinn máli. Mikilvægt er að vélin sé fljót á staðinn og geti komið með sérhæfða aðstoð sem fyrst ef mikið liggur við.

Þetta verkefni kostar mikið fé og samstillt átak margra aðila. Ávinningur þessa fyrirkomulags gerir mun meira en að vega upp gallana og kemur sjúkraflugsþjónustunni á hærra stig en nú er. Þetta mætir einnig þeirri jafnræðiskröfu íbúanna úti á landi að eiga áþekkan aðgang að neyðarþjónustu og tíðkast í þéttbýlinu. Gallarnir felast einkum í meiri kostnaði og í því að hafa vél ekki staðsetta á fleiri stöðum. Meiri flughraði og fluggeta en nú býðst og batnandi lendingarskilyrði á flugvöllum vega þama á móti. Flugsveit sem þessi getur sinnt nýjum verkefnum á sviði sjúkraflugs.

Ég hef persónulega langa reynslu af sjúkraflugsþjónustu og bý og starfa með fólki sem fær að reyna það á eigin skinni hvernig þessum málum er nú komið. Heilbrigðisstarfsfólk á landsbyggðinni tekur heilshugar undir þessa nýju hugmynd. Eins og málum er nú háttað ber ég verulegan kvíðboga fyrir þessum þjónustuþætti heilbrigðiskerfisins og vil skora á alla sem mega leggja því lið að gerðar verði myndarlegar úrbætur á sjúkraflugi á Íslandi.

Fylgiskjal VI.

Ályktun um sjúkraflug frá Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

(6. mars 2000.)

Á fundi stjórnar Eyþings 29. febrúar sl. var fjallað um stöðu sjúkraflugs á landinu. Eftirfarandi bókun var samþykkt á fundinum:

„Stjórn Eyþings ályktar að skora á alþingismenn og ríkisstjórn að beita sér fyrir því að fengin verði sérhæfð sjúkraflugvél til að sinna sjúkraflugi landsmanna og að hún verði staðsett á Akureyri.

Greinargerð.

Það er áhyggjuefni að sjúkraflug á Íslandi stendur frammi fyrir miklum vanda. Breyttar aðstæður eru í innanlandsflugi. Áætlunarflug hefur lagst af til margra minni sveitarfélaga á landsbyggðinni og þar með hefur fótunum verið kippt undan rekstrargrundvelli litlu landshlutaflugfélaganna, sem áður sinntu sjúkraflugi. Litlu flugvélarnar, sem mest hafa verið notaðar í sjúkraflug á undanförnum árum, eru úr sér gengnar og hverfa brátt af sjónarsviðinu. Þörf er á því að hugsa dæmið upp á nýtt í heild sinni.

Nútíminn krefst aukins öryggis í flugi og þæginda fyrir sjúklinginn. Þess vegna er lagt til að fengin verði vel útbúin sérhæfð sjúkraflugvél með jafnþrýstibúnaði til þess að sinna þessu aðkallandi verkefni. Hagstæðast er að slík vél verði staðsett á Akureyri þar sem Akureyri er miðsvæðis í sjúkraflugsverkefnum. Í tengslum við þetta væri rétt að byggja upp miðstöð sjúkraflugs á Íslandi með tilheyrandi sveitum flugmanna, sjúkraflutningamanna, lækna og hjúkrunarfólks. Öll aðstaða og starfsfólk er fyrir hendi á Akureyri og mikil reynsla í því að sinna sjúkraflugi.

Þetta mundi jafna muninn á aðgengi að þessari þjónustu á milli íbúa á suðvesturhorni landsins og íbúa landsbyggðarinnar. Fólkið á suðvesturhorninu hefur auðveldan aðgang að þyrluþjónustu með sérhæfðri læknisþjónustu, en sú þjónusta sem hefur verið fyrir hendi á landsbyggðinni stefnir til verri vegar. Þess vegna er lagt til að aðstöðumunur fólks verði jafnaður með ofangreindum hætti.“

Fylgiskjal VII.

Samþykkt Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi um sjúkraflug á landsbyggðinni.

(23. mars 2000.)

Á fundi stjórnar SSA 22. mars 2000 var eftirfarandi tekið fyrir og afgreitt þannig:

Sjúkraflug á landsbyggðinni.

Fram var lagt efni og ályktanir, m.a. Heilbrigðisstofnunar Austurlands (formaður og framkvæmdastjóri) og Eyþings, um sjúkraflug á landsbyggðinni.

Einnig skýrði framkvæmdastjóri frá kynningarfundi um málið sem haldinn var á Hótel Héraði 20. mars sl. Þar var samþykktur stuðningur við kaup á sérútbúinni sjúkraflugvél fyrir landsbyggðina sem staðsett verði á Akureyri.

Samráðsnefnd SSA og Eyþings hefur einnig verið með málið til umfjöllunar á fundum sínum.

Eftirfarandi var samþykkt:

Stjórn SSA samþykkir að skora á heilbrigðisráðherra, alþingismenn og ríkisstjórn að beita sér fyrir því að fengin verði sérhæfð sjúkraflugvél til að sinna sjúkraflugi landsbyggðarinnar og verði hún staðsett á Akureyri.

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal VIII.

Áskorun til heilbrigðisyfirvalda um úrbætur á sjúkraflugi landsmanna.
(27. mars 2000.)

Við undirrituð skorum á yfirvöld heilbrigðismála að bæta nú þegar úr því ófremdarástandi sem blasir við í sjúkraflugi landsmanna. Það verði gert með því:

- Að fengin verði vel útbúin, sérhæfð og öflug sjúkraflugvél sem þjónað geti landinu öllu.
- Að miðstöð sjúkraflugs verði á Akureyri sem er miðsvæðis og þar sem öll þjónusta er fyrir hendi til að reka slíka starfsemi á traustum grunni.
- Þá verði sökum sérstöðu Ísafjarðarflugvallar leitast við að hafa flugvél staðsetta á Ísafjarðarflugvelli yfir vetrarmánuðina með svipuðum hætti og nú er.
- Þá verði sökum sérstöðu Vestmannaeyjaflugvallar leitast við að hafa flugvél staðsetta á Vestmannaeyjaflugvelli með sviuðum hætti og nú er.

Frekari útskýringar eru í meðfylgjandi greinargerð: Sjúkraflug á Íslandi, mars 2000.

Virðingarfyllst,

Friðný Jóhannesdóttir, héraðslæknir Vestfjarða,
Ólafur Hergill Oddsson, héraðslæknir Norðurlands,
Pétur Skarphéðinsson, héraðslæknir Suðurlands,
Stefán Þórarinsson, héraðslæknir Austurlands.

Greinargerð með áskorun til yfirvalda heilbrigðismála á Íslandi um úrbætur á sjúkraflugi landsmanna.

Sjúkraflug á Íslandi.
(Mars 2000.)

Af hverju blasir við ófremdarástand í sjúkraflugi landsmanna?

Á undanförnum árum hafa átt sér stað miklar breytingar í innanlandsfluginu, m.a. vegna bættra samgangna á landi. Þetta hefur haft það í för með sér að starfsemi landshlutaflugfélaganna hefur nú lagst af að mestu leyti. Þó hefur verið reynt að halda úti einhverri starfsemi sem hefur byggst á sjúkra- og leiguflugi. Nú er svo komið að þær flugvélar sem mest hafa verið notaðar í sjúkrafluginu (Piper Chieftain) eru úr sér gengnar og svara vart lengur kröfum nútímans um öryggi, rými og þægindi í flugi. Þá liggur það fyrir að fjórar af þessum flugvélum eru að hverfa af sjónarsviðinu, verða seldar úr landi, og þess vegna blasir við ófremdarástand í sjúkraflugi landsmanna.

Hvað er sérhæfð sjúkraflugvél og hvers vegna er mælt með henni?

Sérhæfð (sérútbúin) sjúkraflugvél er flugvél sem útbúin er með búnaði áþekkum þeim sem er í sjúkrabílum og stendur ávallt með þessum búnaði tilbúin til notkunar, en það styttir viðbragðstímann til muna. Þessi flugvél væri ekki upptekin í áætlunar- eða leiguflugi þar sem hún yrði ekki notuð til annars en sjúkraflugs.

Flugvélin þarf að vera með jafnþrýstibúnaði. Fyrir því eru aðallega tvær ástæður. Hin fyrri er sú, að flugvél með jafnþrýstibúnaði getur flogið hærra en þær flugvélar sem ekki hafa

jafnþrýstibúnað. Það þýðir að hún getur flogið upp úr ókyrrð og ísingu í flestum tilfellum, sem þýðir þægilegra og öruggara flug fyrir sjúklinga og áhöfn. Hin síðari er sú, að sumir sjúklingar þola illa eða ekki þær breytingar sem verða á loftþrýstingi við hækkun í flugi.

Af hverju á miðstöð sjúkraflugs að vera á Akureyri?

Akureyri er mest miðsvæðis af þeim stöðum er til greina koma sem rekstrar- og heimaflugvöllur sjúkraflugs á landsvísu. Flest sjúkraflug eru farin frá Norðaustur- og Austurlandi. Landfræðileg staðsetning Akureyrar hentar því mjög vel auk þess sem þar er aðalvarasjúkrahús landsins utan höfuðborgarsvæðisins með breiðri læknis- og heilbrigðisþjónustu. Flugtími frá Akureyri verður því að öllu jöfnu langstystur þegar sækja þarf sjúkling, hvort heldur hann yrði fluttur til Akureyrar eða Reykjavíkur. *Flugleiðin Ísafjörður – Akureyri er jafnlöng flugleiðinni Ísafjörður – Reykjavík.*

Frá ársbyrjun 1997 hafa sjúkraflutningamenn á Akureyri farið með í flestöll sjúkraflug sem gerð hafa verið út frá Akureyri. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir hjá læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum sem ekki þurfa þá að yfirgefa sína heimabyggð í lengri eða skemmri tíma. Sjúkraflutningamenn á Akureyri hafa því með þessu móti öðlast góða reynslu í að sinna sjúkraflugi.

Í þeim tilfellum þar sem ekki er talið nægja að einungis sjúkraflutningamaður fari einn í sjúkraflugið er FSA tilbúið að manna sjúkraflugið með læknum.

Þá er Slökkvilið Akureyrar tilbúið til þess að taka á móti beiðnum um sjúkraflug, beint eða í gegnum Neyðarlínuna, og sjá um að kalla út viðeigandi mannskap, þannig að þeir heilbrigðisstarfsmenn sem þurfa að kalla til sjúkraflugvél hringja nú einungis í eitt símanúmer og geta síðan notað sinn tíma í það að sinna sjúklingnum. Á Akureyri er öll aðstaða fyrir hendi til að sinna flugrekstri með tryggum hætti.

Sérstaða Ísafjarðarflugvallar.

Ísafjarðarflugvöllur hefur mikla sérstöðu meðal flugvalla á Íslandi. Lendingar í náttmyrkri eru aðeins heimilar í neyðartilvikum. Fyrirhugað er að bæta aðflugsbúnað þannig að takmarkanir á Ísafirði kynnu að rýmkast á næstunni. Hins vegar eru veðurfarskilyrði oft þannig að hægt er að taka á loft frá Ísafirði en ekki lenda þar. Sökum þessarar sérstöðu Ísafjarðarflugvallar er æskilegt að þar verði staðsett flugvél yfir vetrarmánuðina, sbr. núverandi fyrirkomulag. Á Ísafirði er búsettur flugmaður með 20 ára reynslu í sjúkraflugi frá Vestfjörðum sem sinnt hefur þessum þætti og mun gera það áfram. Þetta er fyrirkomulag sem í sjálfu sér gæti ekki verið betra. Sérhæfð sjúkraflugvél frá Akureyri mundi engu að síður henta vel fyrir þjónustu við Vestfirði yfir sumarmánuðina.

Sérstaða Vestmannaeyjaflugvallar.

Vestmannaeyjaflugvöllur hefur þá sérstöðu að þar eru oft miklir sviptivindar sem gera aðflug erfitt, þó að þar sé svokölluð krossbraut, þ.e. hægt að gera aðflug úr fjórum áttum. Í Vestmannaeyjum gildir því hið sama og á Ísafirði að í einstaka tilfellum er hægt að fljúga frá flugvellinum þó að það sé ekki hægt að lenda þar. Sökum þessarar sérstöðu Vestmannaeyjaflugvallar er æskilegt að þar verði staðsett flugvél sem geti sinn sjúkraflugi þegar þörf er á, sbr. núverandi fyrirkomulag. Þá má einnig hugsa sér að nota sérhæfðu sjúkraflugvélina ef lendingarskilyrði eru hagstæð og heilbrigðisstarfsfólk í Vestmannaeyjum telur að þörf sé á sérútbúnaði vélarinnar eða sérfræðingum í læknastétt frá FSA. Í einstaka tilfellum er hugsanlegt að nota þyrlu þó ekki sé hægt að notast við flugvélar.

Fylgiskjal IX.

Útskrift úr fundargerðabók bæjarráðs Seyðisfjarðar.
(28. mars 2000.)

Mánudaginn 27. mars 2000 kom bæjarráð Seyðisfjarðar saman til fundar á skrifstofu, Hafnargötu 44. Mættir voru auk bæjarstjóra, Gunnþór Ingvason, Vilborg Borgþórsdóttir, Ólafía Þórunn Stefánsdóttir og Friðrik Aðalbergsson. Hófst fundurinn kl. 16.00.

Gerðir fundarins:

3. **Sjúkarflug á landsbyggðinni,** sbr. fund haldinn 20. mars 2000 og ályktanir SSA frá 22. mars 2000.
Bæjarráð Seyðisfjarðar skorar á heilbrigðisráðherra, alþingismenn og ríkisstjórn að beita sér fyrir því að fengin verði sérhæfð sjúkraflugvél og hún staðsett á Akureyri. Flugvélin sinni sjúkraflugi landsbyggðarinnar.

895. Tillaga til þingsályktunar [593. mál]

um endurreisn velferðarkerfisins.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera rammaáætlun um markvissa endurreisn velferðarkerfisins og framtíðarþróun velferðarsamfélags á Íslandi. Áætlunin taki til helstu þátta velferðarþjónustunnar sem eru eftirfarandi:

Trygginga- og félagsmál.

Gerð verði heildarendurskoðun á almannatryggingalögum með það að meginmarkmiði að:

a. tryggja öllum sem þurfa að reiða sig á almannatryggingar laun sem duga til framfærslu,
b. tryggja öryrkjum sjálfstæðan, einstaklingsbundinn rétt til framfærslu án tillits til hjúskaparstöðu,
c. auka hlutdeild almannatrygginga í tannlæknaþjónustu og efla forvarnastarf,
d. hækka atvinnuleysisbætur og auka stuðning til endurmenntunar og menntunar fyrir ný störf,
e. hækka barnabætur og tryggja réttindi foreldra og aðstandenda langveikra barna,
f. hraða endurskoðun á samspili lífeyrisréttinda, almannatrygginga og skattkerfis og endurskoða viðmiðun tekjutenginga,
g. afnema skatt af húsaleigubótum,
h. finna leiðir til að gera sveigjanleg starfslok raunhæfan valkost.

Heilbrigðismál.

Opinber stuðningur við heilbrigðisþjónustuna verði tekinn til endurskoðunar með það fyrir augum að efla hana og tryggja jafnan aðgang allra landsmanna að henni. Meðal brýnna verkefna eru:

a. afnám sjúklingaskatta og komugjalda á heilsugæslustöðvar,
b. endurskoðun lyfjakostnaðar,
c. réttarbætur fyrir langveik börn,
d. umbætur í geðheilbrigðismálum, m.a. með stuðningi við fjölskyldur geðsjúkra,
e. aukið forvarnastarf á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar.

Menningarmál, uppeldis- og menntamál.

Opinber stuðningur við menningarmál, uppeldis- og menntamál verði endurskoðaður og tryggt að menntun og menningarstarfsemi verði aldrei séreign útvalinna einstaklinga eða hópa. Þannig er m.a. mikilvægt að:

a. tekjustofnar sveitarfélaga til rekstrar leikskóla og grunnskóla verði endurskoðaðir,
b. tryggt verði að opinbert fé til skólastarfs skerðist ekki vegna stuðnings við einkaskóla, hvort sem er á grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi,
c. fjölgað verði tækifærum til framhaldsnáms og námsfólki á landsbyggðinni boðið samfellt nám í heimabyggð sinni til 18 ára aldurs,
d. fjölgað verði námsleiðum á framhaldsskólastigi og komið á fót stuttum starfsmenntabrautum,
e. tryggt verði að þeir sem eiga í félagslegum erfiðleikum eða námserfiðleikum njóti ráðgjafar og stuðnings til að geta nýtt sér þær námsleiðir sem í boði eru,
f. viðmiðunarmörk Lánasjóðs íslenskra námsmanna um framfærslu og frítekjumark hækki til samræmis við framfærsluþörf,
g. gert verði sérstakt átak í fræðslumálum fatlaðra á framhaldsskólastigi og í fullorðinsfræðslu fatlaðra,
h. sérstakt átak verði gert til að efla og styrkja mikilvægustu menningarstofnanir þjóðarinnar, svo sem Ríkisútvarpið, atvinnuleikhús, sinfóníuhljómsveitir o.fl.,
i. skipulagður stuðningur verði veittur til sjálfsprottinnar menningarstarfsemi víðs vegar um land og starf áhugahópa á sviði menningar og lista stutt þannig að slíkir hópar og einstaklingar eigi þess kost að starfa á sínum heimaslóðum á eigin forsendum.

Mannvænt samfélag umhyggju og samhjálpar.

Markviss áætlun verði sett fram um það á hvern hátt brugðist verður við ýmsum knýjandi verkefnum sem við blasa í samfélaginu. Meðal forgangsverkefna á þessu sviði er að:

a. tryggja að móttaka innflytjenda til Íslands verði þannig að sómi sé að og að málefni þeirra sem velja sér Ísland að heimalandi fái sérstakan forgang,
b. takast á við þau verkefni sem breyting á sjálfræðisaldri hafði í för með sér,
c. efla forvarnir gegn notkun fíkniefna,
d. veita fjármagn til að taka á vanda ungmenna sem af einhverjum ástæðum eiga þess ekki kost að stunda almennt skólanám, hvort sem er á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi,
e. auka fjármagn og fjölga valkostum til meðferðar og stuðnings við ungmenni sem eiga við alvarlegan félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda að stríða,
f. koma á fjölskylduvænu skattkerfi,
g. stuðla að sveigjanlegum vinnutíma.

Fjármögnun velferðarkerfisins.

Mikilvægt er að skattkerfið verði tekið til heildstæðrar skoðunar. Gerð verði langtímaáætlun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og skattstofnar sveitarfélaga endurskoðaðir með það í huga að tekjur sveitarfélaga dugi til þeirra verkefna sem þeim er ætlað að sinna.

Brýnustu verkefni á þessu sviði eru að:
a. tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir,
b. skattþrepum í tekjuskatti einstaklinga verði fjölgað,
c. skattleysismörk fylgi launaþróun,
d. skattur á fjármagnstekjur og arðgreiðslur verði endurskoðaður.

Greinargerð.

Inngangur og rökstuðningur.

Í þingsályktunartillögu þeirri sem hér liggur fyrir leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til aðgerðir í nokkrum þeirra mála sem hvað brýnast er að takast á við í íslensku samfélagi um þessar mundir. Hitt ber einnig að ítreka að með tillögunni verður ekki látið staðar numið heldur mun þingflokkurinn halda áfram að setja fram markvissar tillögur um úrbætur og endurreisn velferðarkerfisins til hagsbóta fyrir alla Íslendinga.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að líta heildstætt á velferðarþjónustuna og vill ráðast í lagabreytingar með skýra og markvissa framtíðarsýn. Sama gildir um atvinnu- og umhverfismál, en samhliða þessari þingsályktun flytur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þingsályktunartillögu um sjálfbæra atvinnustefnu. Þessir málaflokkar hafa verið umfjöllunarefni á stjórnmálafundum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur efnt til um land allt á þessu ári undir yfirskriftinni: Grænn framtíð – atvinna, velferð, umhverfi. Tillögurnar eru því sprottnar úr starfi á vegum flokksins og umræðum á almennum fundum í öllum kjördæmum landsins. Afrakstur starfsins lítur nú dagsins ljós í þessum tillögum, en því er ekki lokið þar með heldur verður unnið áfram að viðfangsefninu næstu mánuði.

Uppbyggileg framtíðarstefna.

Kannanir benda til þess að félagslegrar mismununar sé farið að gæta innan velferðarþjónustunnar hér á landi. Við þetta eiga Íslendingar ekki að sætta sig. Með þessari þingsályktunartillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er lagt til að hafin verði gagnsókn til að styrkja og bæta velferðarkerfið. Það mun gagnast öllu samfélaginu, gera það kröftugra og betur í stakk búið að takast á við verkefni í nútíð og framtíð. Mikilvægt er að horft sé til langs tíma og mörkuð uppbyggileg stefna til að skapa velferðarsamfélagi framtíðarinnar traustan grunn. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að í allri stefnumótun verði kvenfrelsissjónarmið lögð til grundvallar og allar ákvarðanir stjórnvalda metnar með tilliti til þess hvaða áhrif þær hafa á stöðu kvenna.

Aukin misskipting.

Íslenska velferðarkerfið varð aldrei jafnþróað og velferðarkerfi annarra Norðurlandaþjóða. Þegar skoðað er umfang opinbera geirans í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð árin 1980 og 1996 kemur í ljós að auk þess sem Íslendingar vörðu minni hluta vergrar landsframleiðslu til velferðarsamfélagsins en hinar þjóðirnar árið 1980 varð þróunin allt önnur á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum á næstu 16 árum. Þetta kemur greinilega fram í eftirfarandi töflu:

Heildarútgjöld til velferðarmála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1980	1996
Danmörk	56,2	61,5
Finnland	38,1	57,4
Ísland	32,5	38,4
Noregur	43,3	45,5
Svíþjóð	60,1	64,7

Heimild: Íslenska leiðin, Stefán Ólafsson, Tryggingastofnun ríkisins, Háskólaútgáfan 1999.

Á þeim 16 árum sem tafla þessi tekur til varð afturför í velferðarmálum mest á undangengnum áratug en þá kom til sögunnar hærri gjaldtaka innan heilbrigðis- og skólakerfis. Á sama tíma var dregið úr stuðningi við barnafólk með stórfelldum niðurskurði á barnabótum. Barnabætur voru 1,21% af vergri landsframleiðslu (VLF) í byrjun tíunda áratugarins, en eru nú aðeins 0,60%. Auk þessa voru skattbyrðar auknar hjá láglauna- og millitekjuhópum. Frá 1988 til 1999 hefur staðgreiðsluhlutfall skatta hækkað um 9%. Hækkunin var mest fyrstu ár staðgreiðslunnar, en síðan hækkaði staðgreiðsluhlutfallið þrisvar sinnum: 1993 til að fjármagna lækkun aðstöðugjalds, 1994 til að fjármagna hluta af lækkun virðisaukaskatts á matvæli og í ársbyrjun 1997 vegna yfirtöku sveitarfélaga á rekstri grunnskólans. Árið 1997 var síðan ákveðið að lækka skatthlutfallið um 4% í áföngum. Á meðfylgjandi töflu, sem fengin er úr skýrslu ASÍ og BSRB, Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks, má sjá breytingu á tekjuskattshlutfalli, útsvari og persónuafslætti á árabilinu 1988–99.

Ár	Tekjuskatts-hlutfall	Útsvar	Staðgreiðslu-hlutfall[1]	Hátekju-skattur[2]	Persónu-afsláttur	Skattleysis-mörk
1988	28,5	6,70	35,2		15.552	44.182
1989	30,8	6,94	37,74		18.631	49.367
1990	32,8	6,99	39,79		21.482	53.988
1991	32,8	6,99	39,79		23.377	58.750
1992	32,8	7,05	39,85		23.968	60.144
1993	34,3	7,04	41,34	5,00	23.761	57.477
1994	33,15	8,69	41,84	5,00	23.930	57.193
1995	33,15	8,78	41,93	5,00	24.495	59.310
1996	33,15	8,79	41,94	5,00	24.544	60.332
1997	30,41	11,57	41,98	5,00	24.544	60.902
1997	29,31	11,57	40,88	7,00	23.901	60.902
1998	27,41	11,61	39,02	7,00	23.360	62.361
1999	26,41	11,93	38,34	7,00	23.329	63.386

[1] Tekjuskattur og útsvar.
[2] Sérstakur tekjuskattur.
Heimild: Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks. Úttekt. Lífeyris-, velferðar- og skattanefnd ASÍ, skattanefnd BSRB, september 1999.

Skattleysismörk hafa ekki þróast í samræmi við launaþróun og veldur tvennt: tekjuskattshlutfall hefur verið hækkað án þess að persónuafsláttur hækki nægilega til að viðhalda óbreyttum skattleysismörkum og persónuafsláttur hefur að auki lækkað, eins og fram kemur í töflunni.

Þegar líða tók á tíunda áratuginn varð ljóst að aukin misskipting var farin að valda alvarlegri félagslegri mismunun. Í skýrslu sem landlæknisembættið gaf út í apríl 1997 undir heitinu Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð, segir m.a.: „Gjalda ber varhug við frekari hækkun gjalda eða verulegum þjónustugjöldum, því að í óbirtri rannsókn landlæknisembættisins kemur í ljós að meðal barnafólks, sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði, er *allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts.*“ Í skýrslunni kemur fram að það er einkum á sviði tannlækninga sem fólk veigrar sér við að leita lækninga. „*Hér hefur orðið grundvallarbreyting á, því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.*“

Góð samfélagsþjónusta gagnast öllu samfélaginu.

Í könnun sem danska atvinnumálaráðuneytið lét gera meðal atvinnurekenda árið 1996 á því hvaða þættir skiptu mestu máli þegar þeir ákváðu staðsetningu fyrirtækja sinna kom fram að góð almannaþjónusta skipti höfuðmáli við valið. Yfir 90% sögðu að skólamál, heilbrigðismál og löggæsla skiptu meginmáli. Fast á hæla þessara þriggja þátta með yfir 80% komu leikskólarnir og stoðkerfi samfélagsins, þ.e. samgöngur, veitur, sími og póstur. Tæplega 80% lögðu áherslu á öldrunarþjónustu. Þessi könnun ber þess glögglega vott að forsvarsmenn í atvinnurekstri gera sér í vaxandi mæli grein fyrir mikilvægi þess að treysta innviði samfélagsins. Þarna fara því saman efnahagslegar forsendur uppbyggingar í atvinnulífi og kröfur um félagslegt réttlæti og samábyrgð þegnanna.

Þessi sjónarmið koma sérstaklega til álita þegar hugað er að byggðastefnu því að traust samfélagsþjónusta er lykilatriði til að tryggja atvinnulíf og þar með byggð. (Bætum samfélagsþjónustuna, BSRB, 1999.)

Einkavæðing veikir samfélagsþjónustuna.

Á undanförnum árum hafa nokkrar stofnanir í eigu ríkisins verið gerðar að hlutafélögum með það að markmiði að selja þær í hendur einkaaðilum. Innan velferðarþjónustunar er þessarar stefnu einnig farið að gæta bæði í skólakerfinu og heilbrigðisþjónustunni. Þegar hafa elliheimili verið boðin út á grundvelli svokallaðra einkaframkvæmda. Athygli vekur að í kynningu á einkaframkvæmdum leggur ríkisstjórnin áherslu á að „sem stærstur hluti tekna rekstraraðila sé fenginn með notendagjöldum ...“ (Skýrsla frá árinu 1998, Einkaframkvæmd). Hér er beinlínis verið að boða skólagjöld og sjúklingaskatta sem koma til með að valda mismunun í þjóðfélaginu í framtíðinni ef svo fer fram sem horfir.

Sú einkavæðingarstefna sem fylgt hefur verið undangenginn áratug hefur orðið til að veikja samfélagsþjónustuna og draga úr almannaþjónustu, einkum á landsbyggðinni, þar sem þjónustan er talin hafa hlutfallslega mestan kostnað í för með sér. Þannig er nú verið að fækka starfsmönnum innan póst- og símaþjónustu á landsbyggðinni og hætt er við því að með frekari einkavæðingu innan almannaþjónustunnar muni starfsfólki enn fækka á þeim stöðum sem síst mega við frekari röskun. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur beitt sér fyrir því á Alþingi að allri einkavæðingu verði slegið á frest og breiðri sátt náð um markalínur milli opinbers rekstrar og einkarekstrar. Þeim mun brýnna er að huga að samspili skipulagsbreytinga í samfélaginu og byggðaþróunar að á undanförnum árum hefur orðið meiri byggðaröskun í landinu en verið hefur áratugum saman.

Byggðaröskun.

Stórfelld röskun byggðar í landinu er mikið áhyggjuefni. Allar götur síðan 1979 hefur straumurinn legið frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og síðastliðin tíu ár hafa brottfluttir af landsbyggðinni umfram aðflutta verið um 12.500. Þessi þróun hefur á margan hátt haft neikvæð félagsleg og menningarleg áhrif á allt þjóðfélagið, en nú fer einnig vaxandi skilningur á þjóðhagslegum kostnaði sem er samfara þessari röskun. Talið er að það kosti sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu a.m.k. 3–5 millj. kr. á hvern íbúa sem þangað flyst að byggja upp nauðsynlega aðstöðu og þjónustu og er þá rekstrarkostnaður ekki meðtalinn. Á móti verður fjárfesting og uppbygging á landsbyggðinni vannýtt. Skólar, heilbrigðisstofnanir og aðrar þjónustustofnanir standa hálftómar og tekjur sveitarfélaganna minnka, auk félagslegra erfiðleika sem skapast. Er þá ónefndur mikill kostnaður fjölskyldna og einstaklinga sem oftar en ekki yfirgefa eignir sínar verðlitlar eða verðlausar og þurfa að kosta miklu til að útvega sér húsnæði og koma sér fyrir á nýjum stað.

Fjölbreytni er forsenda góðrar byggðastefnu.

Við svo mikla byggðaröskun verður atvinnuþróun óhagstæðari og atvinnulíf einhæfara, einkum í fámennari byggðarlögum. Hafa ber í huga að búseta ræðst ekki lengur aðeins af atvinnu heimilisföður heldur þarf að taka tillit til þess að konur eru einnig virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Þær mennta sig ekki síður en karlar og eiga bæði þær sjálfar og þjóðfélagið rétt til þess að sú menntun og starfskraftar nýtist. Orsakir byggðaröskunar felast einnig í margháttuðum aðstöðumun byggðarlaga hvað varðar samgöngur, verslun og vöruverð, orkukostnað, aðstöðu til menntunar, heilsugæslu og margvíslegrar félagslegrar þjónustu. Þá er ekki hægt að líta fram hjá því að fjölbreytni á sviði menningar og afþreyingar vegur þungt og skiptir fólk æ meira máli. Fjölbreytni, jöfn lífsskilyrði og öryggi eru því lykilorðin við markmiðssetningu í byggðamálum. Síðast en ekki síst snýst málið um að efla tiltrú fólks á búsetu til framtíðar í byggðum utan höfuðborgarsvæðisins. Um vilja þess hefur verið spurt í skoðanakönnun sem staðfestir að fjölmargir kysu búsetu á landsbyggðinni ef öryggi og allar aðstæður væru þar í góðu lagi. Því liggur beint við að ályktа að róttækar aðgerðir til úrbóta gætu snúið við þeirri þróun sem verið hefur í flutningum fólks af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis.

Skal nú vikið að einstökum áhersluatriðum, þáttum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að hafa skuli forgang við endurreisn velferðarkerfisins í samræmi við þingsályktunartillöguna sem hér er flutt.

Trygginga- og félagsmál.

Almannatryggingalöggjöfin er mjög yfirgripsmikil heildarlöggjöf með fjölda réttinda- og heimildarákvæða. Undanfarin ár hafa verið gerðar ýmsar breytingar á einstökum liðum laganna án tillits til þess hver áhrif þær breytingar hafa á aðra þætti. Þetta hefur valdið því að kerfið er hvorki gagnsætt né skilvirkt, í mörgum tilvikum getur eitt rekist á annars horn og þeir sem þurfa á þjónustu kerfisins að halda þekkja iðulega ekki rétt sinn og hafa litla möguleika á að kynna sér hann. Almannatryggingakerfið er öryggiskerfi sem allir landsmenn njóta góðs af, en ljóst er að þegar fram líða stundir mun lífeyrissjóðakerfið að verulegu leyti leysa það af hólmi. Sú breyting mun hins vegar taka langan tíma og mikilvægt er að menn rasi ekki um ráð fram við tekjutengingu lífeyris.

Breyttar áherslur.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill gerbreyttar áherslur í almannatryggingakerfinu. Í stað þess að nota hugtökin „bætur“ og „bótaþegi“ um þá sem fá greiðslur úr almannatryggingum og atvinnuleysistryggingum ber að tala um laun til að leggja áherslu á þann rétt sem einstaklingnum ber til tekna hvort sem um er að ræða atvinnutekjur eða samfélagslaun.

Þá vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð afnema tekjutengingu vegna maka hjá öryrkjum og draga úr öðrum tekjutengingum innan almannatryggingakerfisins. Koma þarf í veg fyrir að kerfið festi í sessi ríkjandi hugmyndir um karlinn sem aðalfyrirvinnu og konu hans sem efnalega háða honum.

Stuðningur við atvinnulausa.

Enda þótt atvinnuleysi hafi minnkað mjög á síðustu árum er það engu að síður enn alvarlegt vandamál þúsunda einstaklinga og fjölskyldna. Þrátt fyrir að atvinnuleysi sé komið niður fyrir 2% eru tæplega 3.000 manns á atvinnuleysisskrá. Brýnt er að tryggja réttindi þessa fólks til endurmenntunar og sjá til þess að það fái stuðning til að finna starf við hæfi. Þá má aldrei gleymast að tryggja þarf atvinnulausu fólki tekjur til að sjá sér farborða, stunda menningarlíf og veita sér og börnum sínum þá lífsfyllingu sem aðrir þegnar þjóðfélagsins telja sjálfsagða.

Sveigjanleg starfslok.

Ryðja þarf úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir að fólk geti hætt starfi, breytt starfshlutfalli eða á annan hátt endurskipulagt vinnu sína þegar það kemst á efri ár.

Heilbrigðismál.

Vel starfhæft heilbrigðiskerfi sem reist er á þeirri meginforsendu að allir hafi þar sama rétt til þjónustu er einn af hornsteinum sterks velferðarkerfis. Þar til fyrir fáum árum uppfyllti íslenska heilbrigðiskerfið allvel þessar kröfur. Á undanförnum árum hefur hins vegar verið vegið að þessari þjónustu með niðurskurði og kerfisbreytingum sem hafa bæði bitnað á þeim sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda og starfsfólki heilbrigðiskerfisins. Jafnframt hafa verið innleiddir sjúklingaskattar í ýmsum myndum. Það hefur haft þær afleiðingar að tekjulægsta fólkið, sem þó þarf oft mest á heilbrigðisþjónustu að halda, getur ekki notað hana vegna útgjaldanna sem það hefur í för með sér.

Langtímaáætlun.

Skipulag heilbrigðisþjónustunnar þarf að hugsa til langs tíma. Á því leikur ekki vafi að þegar til lengri tíma er litið mundi það spara mikla fjármuni ef forvarnastarf yrði eflt innan heilbrigðisþjónustunnar. Auk þess mætti grípa til margvíslegra aðgerða til að gera þjónustuna markvissari og hagkvæmari. Í því sambandi má nefna svokölluð sjúkrahótel sem er millistig milli sjúkrahúss og heimilis. Þegar í stað þarf hins vegar að ráðast í lagabreytingar til að tryggja jöfnuð innan kerfisins. Afnema þarf sjúklingaskatta og komugjöld á heilsugæslustöðvar og brýnt er að taka lyfjakostnað til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum að draga úr óhóflegum kostnaði sem veldur því að efnalítið fólk hefur ekki ráð á því að kaupa nauðsynleg lyf.

Meðal brýnna verkefna á sviði heilbrigðismála eru réttarbætur fyrir langveik börn og fjölskyldur þeirra. Þá leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ríka áherslu á nauðsyn umbóta í geðheilbrigðismálum.

Menntun og menning.

Menning þjóðarinnar birtist í hvers konar athöfnum hennar þar sem saman fara verk hugar og handa. Góð grunnmenntun er undirstaða þess að menning, vísindi og listir blómstri og það er skylda samfélagsins að sjá til þess að allir þegnar þess eigi jafnan aðgang að bestu grunnmenntun á hverjum tíma.

Leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli.

Kostnaður við rekstur leikskóla og grunnskóla eru stærstu útgjaldaliðir sveitarfélaganna og jafnframt einn mikilvægasti málaflokkurinn sem þau sinna. Í ljós hefur komið að eins og margir óttuðust hafa breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla haft í för með sér grundvallarbreytingar á því skólastigi. Mörg sveitarfélög ráða illa við hinn mikla kostnað sem skólarekstrinum fylgir og það hefur m.a. orðið til þess að skólar hafa verið lagðir niður eða sameinaðir. Mjög áríðandi er að tekjustofnar sveitarfélaga til skólarekstrarins verði endurskoðaðir og tryggt að öll sveitarfélög geti staðið undir góðu og metnaðarfullu skólastarfi, bæði í leikskóla og grunnskóla.

Áhugi stjórnvalda á því að styðja einkaframkvæmdir og draga úr opinberum rekstri hefur meðal annars orðið til þess að hluti þess opinbera fjármagns sem ætlað er til skólastarfs grunnskóla og framhaldsskóla fer til að styrkja einkaskóla sem síðan afla viðbótarfjár með skólagjöldum og/eða styrkjum frá fyrirtækjum og stofnunum. Í Reykjavík þar sem reknir eru nokkrir einkaskólar á grunnskólastigi er einkaskólunum ætluð sama fjárhæð fyrir hvern nemanda og grunnskólar sveitarfélagsins fá. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þessa þróun ógna mjög þeirri jafnréttishugsun sem mikilvægt er að höfð sé að leiðarljósi þegar grunnmenntun þjóðarinnar er annars vegar og leggur áherslu á að tryggt verði að opinber fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólastarfs skerðist ekki vegna stuðnings við einkaskóla, hvort sem er á grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi.

Samfellt grunnnám allra ungmenna.

Engin stéttaskipting er hættulegri en menningarleg stéttaskipting. Það er því grundvallaratriði að ungmenni, hvar sem þau búa á landinu og hver sem efnahagsleg staða þeirra eða fjölskyldna þeirra er, eigi greiðan aðgang að skólanámi a.m.k. til 18 ára aldurs. Benda má á þá mismunun sem felst í miklum námskostnaði þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína, en ekki er fjarri lagi að kostnaður við það sé 300–500 þús. kr. á ári. Á vegum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur verið lögð fram þingsályktunartillaga um tólf ára samfellt grunnnám alls staðar á landinu þannig að unglingar innan sjálfræðisaldurs geti stundað nám daglega frá heimili sínu.

Verknám.

Þróun menntamála undanfarin ár hefur orðið til þess að stefna æ fleiri nemendum til bóknáms þegar komið er á framhaldsskólastig og jafnvel svo að ástæða er til að óttast um framtíð verkmenntunar í landinu. Sem dæmi má nefna að í Iðnskólanum í Reykjavík, stærsta iðnmenntaskóla landsins, hefur fjölgun nemenda í skólanum í heild fyrst og fremst orðið á bóknámsbrautum, svo sem í almennu námi, fornámi og á tölvufræðibraut, en á þeirri braut eru nemendur þrisvar sinnum fleiri nú en þeir voru í upphafi tíunda áratugarins. Nemendum hefur hins vegar fækkað mjög á nær öllum iðnnámsbrautum. Þetta eru alvarleg tíðindi þegar hugsað er til iðn- og verkmenntunar í landinu og mikilvægt að grípa í taumana og styrkja sérstaklega verknáms- og iðnnámsbrautir og gera slíkar námsbrautir fýsilegar fyrir góða námsmenn.

Allt skólastarf á að miða að því að samfara góðri fræðslu í mismunandi námsgreinum verði lögð áhersla á að efla samfélags- og siðferðisvitund nemenda, frumkvæði þeirra og hugmyndaflug. Mikilvægt er einnig að nám sé metið til jafns við aðra vinnu og áhersla lögð á að nám sérhvers námsmanns sé mikilvægt fyrir þjóðina alla. Því ber að gera öllum kleift að stunda háskólanám, starfstengt nám og endurmenntun með stuðningi hagstæðra námslána sem einnig taka til efnis- og bókakaupa.

Listir og menning.

Listsköpun og hvers kyns menningarstarfsemi skilar þjóðinni bæði menningarlegum og fjárhagslegum verðmætum. Þess vegna er mikilvægt að efla skilning á hlut lista og menningar í þjóðlífinu, í hugsun og handverki, smekk, tísku og lífsmáta. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur grundvallaratriði að helstu menningarstofnanir þjóðarinnar, svo sem Ríkisútvarpið, Þjóðarbókhlaða, atvinnuleikhús, sinfóníuhljómsveitir og listasöfn, eflist sem máttarstólpar menningarinnar í landinu og verði áfram burðarásar hver á sínu sviði og í eigu þjóðarinnar allrar. Jafnframt er nauðsynlegt að veita sjálfsprottinni menningarstarfsemi víðs vegar um land skipulegan stuðning þannig að starf áhugahópa á sviði menningar og lista geti dafnað og blómstrað, en slíkt styður ekki síst við farsæla byggðaþróun í landinu.

Mannvænt samfélag umhyggju og samhjálpar.

Hnignun velferðarkerfisins á Íslandi hefur m.a. haft í för með sér að samfélagið hefur þróast meira og meira í átt til sérhyggju og hagsmunagæslu fyrir þá sem best standa fjárhagslega og félagslega. Jafnframt hefur verið horfið frá ýmsum gildum sem fram á síðustu ár hafa verið undirstaða velferðarkerfisins. Þannig kemur víða fram að umhyggja fyrir öðrum, samhjálp og samábyrgð þykja gamaldags og afturhaldssöm viðhorf. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er því ósammála og leggur þess í stað áherslu á að tekið verði markvisst og skipulega á málum margra samfélagshópa sem ekki eiga þess alltaf kost að gæta eigin hagsmuna. Hér er aðeins getið örfárra mikilvægra verkefna sem við blasa.

Móttaka útlendinga sem setjast að á Íslandi.

Á undanförnum árum hefur fjölgað útlendingum sem setjast að á Íslandi eða óska eftir að gera Ísland að heimalandi sínu. Þetta er fjölbreyttur hópur og ástæður þess að Ísland hefur valist sem dvalarstaður eru mismunandi. Sem dæmi má nefna að síðustu ár hafa nokkrir hópar erlendra flóttamanna komið hingað og sest hér að, íslenskt atvinnulíf hefur tímabundið sóst eftir erlendu vinnuafli og Íslendingar hafa gengið í hjónaband með erlendu fólki. Þá getur verið um að ræða fólk sem á fjölskyldu hér fyrir, erlenda foreldra eða erlend börn Íslendinga.

Sumum útlendinganna sem hér hafa sest að hefur tekist vel að samlagast íslensku samfélagi, þeir hafa sett svip sinn á það, styrkt og auðgað á margvíslegan hátt. Því miður eru þeir þó miklu fleiri sem þurfa sérstakan stuðning þegar þeir setjast að í nýju landi með framandi tungu og menningu. Ef ekki verður brugðist við og tryggt að innflytjendum sem setjast að á Íslandi verði sérstaklega sinnt og séð til þess að þeir og börn þeirra fái viðunandi kennslu á öllum skólastigum og innan fullorðinsfræðslunnar, tryggt að almennar upplýsingar um íslenskt samfélag, t.d. um heilbrigðis- og tryggingarkerfi, séu tiltækar og búið svo um hnúta að íslenskur vinnumarkaður sé þeim aðgengilegur, er hætt við að áður en langt um líður verði ýmis vandamál sem tengjast þessum hópi þjóðfélagsþegna á Íslandi orðin svo yfirgripsmikil og fjölþætt að vart verði við ráðið. Síðast en ekki síst þarf að sjá til þess að innflytjendurnir missi ekki tengsl við eigin menningu og fyrra samfélag.

Hækkun sjálfræðisaldurs.

Þegar sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 bentu margir á að sú ákvörðun hefði í för með sér að endurskoða þyrfti og hugsanlega breyta fjölda lagaákvæða sem varða ungmenni á þessum aldri. Í skýrslu umboðsmanns barna fyrir 1996 er að finna ítarlega greinargerð um þau atriði sem umboðsmaðurinn telur að taka þurfi til endurskoðunar. Þó að svo kunni að hafa verið gert að einhverju marki er ástæða til að skipulega verði farið yfir alla löggjöf þar sem fjallað er um ungmenni á aldrinum 16–18 ára og gengið úr skugga um að réttur þessa hóps sé að öllu leyti tryggður.

Forvarnir og fíkniefni.

Notkun fíkniefna er sívaxandi vandamál hér á landi og því miður virðist neysla fíkniefna færast æ neðar í aldurshópa. Brýnt er að taka í taumana, bæði með því að stórefla forvarnastarf og fjölga meðferðarúrræðum.

Í bæklingi sem Fræðslumiðstöð í fíknivörnum hefur sent frá sér er aðgerðum í fíkniefnamálum skipt í þrennt. Þar er forvarnastarf nefnt fyrsta aðgerðastig í fíkniefnamálum. Forvarnir beinast fyrst og fremst að þeim sem ekki hafa neytt fíkniefna. Annað aðgerðastig er íhlutun sem hefur það að markmiði að draga sem mest úr hugsanlegum eða yfirvofandi vanda sem hlýst af neyslu fíkniefna. Þriðja stig er svo meðferð þar sem brugðist er við neyslu sem farin er að hafa afgerandi áhrif á neytanda eða stjórna lífi hans.

Ef takast á að ná fram markmiðum áætlunar um Ísland án eiturlyfja árið 2002 er ljóst að verja verður umtalsverðu fjármagni, tíma og vinnu í að sameina krafta þeirra sem þegar starfa á þessu sviði, tengja starf stjórnvalda, stofnana og félagasamtaka og leita nýrra leiða til ná betri árangri.

Einnig er nauðsynlegt að auka fjármagn og fjölga valkostum til meðferðar og stuðnings við ungmenni sem eiga við alvarlegan félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda að stríða, en slíkur vandi er oft afleiðing vímuefnaneyslu annaðhvort unglingsins sjálfs eða nákomins ættingja hans.

Skattar.

Mikilvægt er að tryggja ríki og sveitarfélögum trausta tekjustofna svo að þau rísi undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna. Það er staðreynd að á sama tíma og verkefni hafa verið færð frá ríki til sveitarfélaga skortir á að nægilegt fjármagn hafi fylgt með. Þetta segir til sín m.a. í versnandi skuldastöðu sveitarfélaganna.

Versnandi hagur sveitarfélaganna að þessu leyti er gagnstæður því sem gerist hjá ríkinu sem á undanförnum árum hefur greitt niður skuldir sínar.

Tekjuþróun hjá hinu opinbera.

Miklu máli skiptir að skattlagning sé réttlát og að þeir beri skatta sem eru aflögufærir. Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig tekjur hins opinbera hafa þróast á undanförnum árum hér á landi sem hlutfall af VLF. Upplýsingarnar eru fengnar frá Þjóðhagsstofnun.

Tekjur hins opinbera 1990–98 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Tekjuskattar	10,11	10,23	10,52	11,15	11,10	11,68	12,20	12,70	13,35
1100 Tekjuskattar einstaklinga .	9,34	9,45	9,61	10,32	10,25	10,55	11,29	11,26	11,71
1200 Tekjuskattar fyrirtækja ..	0,77	0,78	0,91	0,82	0,86	1,13	0,91	1,04	1,16
1300 Fjármagnstekjuskattur ...	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,40	0,47
Launa- og tryggingagjöld	1,98	2,46	2,54	2,48	2,49	2,58	2,81	2,79	2,82
Vöru- og þjónustuskattar	17,07	17,25	17,18	16,15	15,66	15,63	15,86	15,42	15,95
Skatttekjur hins opinbera, samtals	33,50	34,48	34,82	33,09	32,46	33,22	34,08	34,09	35,17

Eins og getið er um að framan hafa álögur á einstaklinga, einkum láglauna- og millitekjuhópa, farið vaxandi þar sem skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun auk þess sem dregið hefur úr stuðningi við barnafólk. Á sama tíma hafa skattbyrðar á fyrirtæki verið minnkaðar, aðstöðugjaldi verið aflétt og tekjuskattshlutfall fyrirtækja hefur farið lækkandi. Jafnframt voru skattar á arðgreiðslur lækkaðir úr tekjuskattshlutfalli niður í 10%, sem er sama hlutfall og skattur af fjármagnstekjum.

Þróun tekjuskatts hjá fyrirtækjum.

Á meðfylgjandi töflu má sjá hvernig tekjuskattur fyrirtækja hefur þróast á árunum 1990–98 til samanburðar við þróun tekjuskatts einstaklinga og skattleysismörk.

Skattur lagður á	Vegna tekna ársins	Hf., %	Sf., %	Einstaklingur, %	Einstaklingur í Reykjavík, %	Þar af ríki, %	Þar af útsvar, %	Persónuafsláttur, kr.	Skattleysismörk ellilífeyrisþega, kr.	Skattleysismörk launamanns, kr.	Hátekjuskattur, %	Hátekjumörk á mánuði, kr.
1990	1989	50,00	50,00	37,74	37,50	30,80	6,70	18.631	49.365	49.367		
1991	1990	45,00	45,00	39,74	39,50	32,80	6,70	21.482	54.056	53.988		
1992	1991	45,00	45,00	39,79	39,50	32,80	6,70	23.377	58.750	58.750		
1993	1992	39,00	41,00	39,85	39,50	32,80	6,70	23.968	60.144	60.144		
1994	1993	33,00	41,00	41,34	41,00	34,30	6,70	23.761	57.477	57.477	5,00	203.340
1995	1994	33,00	41,00	41,84	41,55	33,15	8,40	23.930	57.193	57.193	5,00	207.840
1996	1995	33,00	41,00	41,93	41,55	33,15	8,40	24.494	58.416	59.310	5,00	233.820
1997	1996	33,00	41,00	41,96	41,55	33,15	8,40	24.544	58.494	60.332	5,00	233.820
1998	1997	33,00	41,00	41,94	40,55	29,31	11,24	23.901	56.989	60.902	5,00	233.820
1999	1998	30,00	38,00	39,02	38,65	27,41	11,24	23.360	59.867	62.361	7,00	266.500
2000	1999	30,00	38,00	38,34	37,65	26,41	11,24	23.329	60.848	63.386	7,00	273.163

Heimild: Embætti ríkisskattstjóra, að undanskildum útreikningi á skattleysismörkum.

Stundum er því haldið fram að íslenskt atvinnulíf búi við þyngri álögur en atvinnurekstur annars staðar á Norðurlöndum eða innan OECD. Á meðfylgjandi töflu, sem birtist í séráliti fulltrúa ASÍ og BSRB í nefnd sem starfaði á vegum ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar á jaðarsköttum á árunum 1996–97, kemur í ljós að hlutföll og uppbygging skattkerfisins hér á landi eru talsvert frábrugðin því sem þekkist annars staðar. T.d. er hlutfall tekjuskatta, bæði einstaklinga og fyrirtækja, lægra hér á landi og sama gildir um launa- og tryggingagjöld.

Skattar á vöru og þjónustu eru hins vegar svipaðir og í Evrópuríkjum OECD en hærri en annars staðar á Norðurlöndum.

	Ísland	Norðurlönd	Evrópuríki OECD
Tekjuskattur einstaklinga	9,5	15,7	12,2
Tekjuskattur fyrirtækja	1,0	2,5	3,4
Launa- og tryggingagjöld	2,5	8,6	14,0
Skattar á vöru og þjónustu	15,1	13,0	15,7
Skatttekjur hins opinbera samtals 1994 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	30,9	40,8	47,8

Þessu til viðbótar má svo nefna að hlutfall fjármagnstekjuskatts hér á landi er mjög lágt miðað við ríki OECD.

896. Fyrirspurn [594. mál]

til samgönguráðherra um símnotkun og símkostnað landsmanna.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hvernig hefur símkostnaður breyst hjá fyrirtækjum annars vegar og einstaklingum hins vegar síðustu tíu ár?
2. Hvaða breytingar hafa orðið hjá Reykvíkingum á notkun síma og kostnaði við hana síðustu tíu ár, sundurliðað eftir langlínusímtölum annars vegar og innanbæjarsímtölum hins vegar?
3. Hvernig hefur símkostnaður Reykvíkinga þróast á þessu tímabili miðað við vísitölu framfærslukostnaðar?

Skriflegt svar óskast.

897. Frumvarp til laga [595. mál]

um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Lán sem áhættugjald skv. 4. gr. hefur verið greitt af, húsbréf útgefin af Íbúðalánasjóði, skuldbindingar sem Íbúðalánasjóður tók við frá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna við gildistöku laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum í innlánsstofnunum, skuldbindingar vegna útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð, Seðlabanki Íslands og Lánasjóður íslenskra námsmanna eru undanþegin greiðslu ábyrgðargjalds skv. 6. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1997 voru sett ný lög um ríkisábyrgðir á grundvelli skýrslu nefndar sem fjármálaráðherra skipaði til að fjalla um meðferð og tilhögun ríkisábyrgða. Markmið lagabreytinganna var að draga úr ríkisábyrgðum og setja skýrar reglur um beitingu þeirra. Einnig skyldi jafna samkeppnisstöðu einkamarkaðarins gagnvart fjármálastofnunum og fjárfestingarlánasjóðum sem reknir eru á ábyrgð ríkisins með því að taka gjald af þeim fyrir ríkisábyrgðir.

Fyrir ríkisábyrgðir er greitt með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða áhættugjald, en það er greitt í upphafi lánstíma af lántökum þeirra aðila sem njóta ríkisábyrgða á lánum. Gjaldið er breytilegt eftir áhættumati og nemur 0,25–4,00% af höfuðstól ábyrgðarskuldbindingar fyrir hvert ár lánstímans. Hins vegar geta ábyrgðarþegar greitt ábyrgðargjald í stað áhættugjalds, en það er tiltekið hlutfall af útistandandi skuldbindingum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem njóta ábyrgðar ríkisins. Gjald þetta er greitt ársfjórðungslega og nemur 0,0625% af höfuðstól erlendra skuldbindinga og 0,0375% af höfuðstól innlendra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili. Með lögunum frá 1997 var gjaldstofninn breikkaður þannig að hann nær bæði til innlendra og erlendra skuldbindinga en hafði áður einungis náð til erlendra skuldbindinga.

Í lögunum er tiltekið að skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum innlánsstofnana, skuldbindingar vegna útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð, Seðlabanki Íslands og húsbréf útgefin af Íbúðalánasjóði séu undanþegin greiðslu gjaldsins. Undanþága húsbréfa byggist á því að húsbréfadeild tekur 0,35% vaxtaálag af fasteignaveðbréfum sem standa á móti skuldbindingum vegna húsbréfa. Aðrar skuldbindingar Íbúðalánasjóðs eru hins vegar ekki undanþegnar gjaldskyldu þar sem ekki er lagt fé í varasjóð til að mæta útlánatöpum vegna lánveitinga á grundvelli þeirra.

Með lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, tók Íbúðalánasjóður yfir skuldbindingar Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna jafnframt því sem lánveitingum úr þeim var hætt. Þrátt fyrir að útlánum þeirra hafi verið hætt hvíla enn verulegar skuldbindingar á sjóðunum sem Íbúðalánasjóður hefur tekið yfir. Ljóst er að þar til útistandandi lán hafa verið innheimt mun þurfa að endurfjármagna lántökur þeirra til að mæta misvægi í greiðslustreymi innlána og útlána. Að óbreyttum lögum mun þurfa að greiða ábyrgðargjald af þeim lántökum. Þar sem um er að ræða endurfjármögnun vegna eldri lána er ekki hægt að krefjast ábyrgðargjalds af þeim sem lánað var til á sínum tíma heldur yrði að mæta því með sérstöku framlagi úr ríkissjóði. Því er í frumvarpinu lagt til að skuldbindingar þessar verði undanþegnar ábyrgðargjaldi.

Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að skuldbindingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði undanþegnar ábyrgðargjaldi. Sjóðurinn starfar á félagslegum grunni og er fjármagnaður með lántökum á markaðsvöxtum. Mismuni á þeim og útlánsvöxtum sjóðsins er hins vegar mætt með framlagi úr ríkissjóði. Verði sjóðurinn áfram látinn greiða ábyrgðargjald verður að mæta kostnaði við gjaldið með samsvarandi framlögum úr ríkissjóði að því gefnu að ekki eigi að breyta útlánakjörum til námsmanna og innheimta gjaldið hjá þeim.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna greiði ekki ríkisábyrgðargjald vegna lántöku sinnar.

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2000 er ekki gert ráð fyrir að sjóðirnir greiði ríkisábyrgðargjald. Komi til greiðslu gjaldsins má gera ráð fyrir að rekstrarafkoma Íbúðalánasjóðs versni um sem nemur 151 m.kr. og Lánasjóðs íslenskra námsmanna um sem nemur 28 m.kr., samtals 179 m.kr.

Til að mæta útgjöldum Íbúðalánasjóðs er áætlað að hækka þyrfti vexti Byggingarsjóðs ríkisins úr 4,9% í 5,1% og vexti í Byggingarsjóði verkamanna um því sem næst fjórðung. Hækkun vaxta hefði áhrif á útgreiðslu vaxtabóta úr ríkissjóði en ekki liggur fyrir hver hún yrði. Til að mæta útgjöldum Lánasjóðs íslenskra námsmanna þyrfti ríkissjóður að leggja sjóðnum til 28 m.kr. miðað við að raungildi eigin fjár sjóðsins haldist óbreytt.

Verði frumvarpið að lögum þarf ekki að hækka útlánsvexti eða framlög úr ríkissjóði.

898. Nefndarálit [371. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Pálma Pálsson frá Akraneskaupstað, Jón Valgarðsson frá Hvalfjarðarstrandarhreppi, Jón Þór Guðmundsson frá Skilmannahreppi, Sigurð Valgeirsson frá Leirár- og Melasveit og Anton Ottesen frá Innri-Akraneshreppi. Þá bárust umsagnir frá Norðuráli hf., Landsvirkjun, Akraneskaupstað og stjórnarnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Norðurál hf. á Grundartanga greiði Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt til viðbótar við það sem nú er vegna fyrirhugaðrar stækkunar álversins um 30.000 lestir.

Álver Norðuráls hf. er staðsett í hreppunum tveimur, þ.e. Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi, sem hafa töluverðar tekjur af því. Mikill meiri hluti þeirra sem vinnur hjá álverinu er hins vegar búsettur á Akranesi og nýtur þjónustu þar. Því vaknaði sú spurning við meðferð málsins í nefndinni hvort eðlilegt væri að Akraneskaupstaður, sem og aðrir hreppar í nágrenni álversins, ættu hlutdeild í tekjum af jafnstóru fyrirtæki og álverið á Grundartanga er. Nefndin bendir hér á hlutverk svokallaðrar tekjustofnanefndar en eitt af markmiðum hennar er að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga þannig að þeir séu hverju sinni í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögum er lögskylt að sinna. Jafnframt vekur nefndin athygli ríkisstjórnarinnar á því að opinber gjöld af stóriðjuverum renna að jafnaði

til lítilla sveitarfélaga. Fyrir þessi sveitarfélög getur verið um að ræða verulega fjármuni og þeir hagsmunir sem þar eru í húfi geta dregið úr vilja viðkomandi sveitarfélaga til sameiningar við önnur verr stödd sveitarfélög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. mars 2000.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Drífa Hjartardóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Árni R. Árnason.
Pétur H. Blöndal.		Árni Steinar Jóhannsson.

899. Svar [453. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar K. Sverrisdóttur um reglur um innherjaviðskipti og dreifða eignaraðild.

1. Hvað líður setningu reglna um innherjaviðskipti?

Um viðskipti innherja er fjallað í IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og í II. kafla reglna Verðbréfaþings Íslands um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa. Lagakaflinn um meðferð trúnaðarupplýsinga er byggður á tilskipun ESB þar að lútandi og dönskum lögum. Breytingar á þessum ákvæðum eru vandasamar og þarfnast mikillar yfirlegu. Brýnt er að fylgjast grannt með vinnu nágrannaríkja okkar á þessu sviði en í mörgum þeirra er um þessar mundir verið að vinna að endurbótum á reglum um innherjaviðskipti.

Hér á landi er ýmislegt hægt að gera til að draga úr líkum á innherjasvikum. Má þar t.d. nefna að Verðbréfaþing Íslands hefur ákveðið að taka upp nafnbirtingu innherja sem eiga viðskipti með bréf frá 1. júlí næstkomandi. Þá hefur Verðbréfaþingið áhuga á að auka tíðni uppgjöra, t.d. taka upp ársfjórðungsuppgjör, sem einnig dregur úr líkum á innherjasvikum.

Að höfðu samráði við Verðbréfaþing og Fjármálaeftirlitið telur ráðuneytið að vel komi til greina að leggja til við Alþingi að heimilt verði að setja reglugerð um innherjaviðskipti á grundvelli IV. kafla laga um verðbréfaviðskipti í því skyni að skerpa frekar á ákvæðum um fruminnherja. Í slíkri reglugerð væri hægt að setja nánari reglur um framkvæmd viðskipta innherja, t.d. um takmarkanir á viðskiptum, tilkynningu um viðskipti og birtingu þeirra og tilgreiningu innherja og birtingu lista yfir þá.

2. Hvað líður setningu reglna um dreifða eignaraðild að bönkum og fjármálastofnunum?

Engin vinna er í gangi við setningu reglna um dreifða eignaraðild. Við stefnumótun um sölu á þeim bönkum sem enn eru í meirihlutaeigu ríkisins verður höfð hliðsjón af reynslu þeirra ríkja þar sem takmarkanir af einhverju tagi eru settar á eignarhald að fjármálafyrirtækjum.

900. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Í frumvarpinu er lagt til að samræma verðmat mannvirkja og endurbóta í eigu fráfarandi ábúenda á jörðum á öllu landinu. Núverandi fyrirkomulag býður upp á mismunun á mati, sérstaklega þar sem engar samræmdar matsreglur liggja fyrir. Sömuleiðis er erfitt að halda uppi faglegri þjálfun matsmanna þegar fá verkefni koma til hvers sveitarfélags á hverju kjörtímabili. Samræmdar reglur eða matshandbók er því nauðsynleg hið allra fyrsta og mundi ein sér samræma að mestu mat á jörðum á landinu öllu við óbreytta skipan úttektarmanna og gæti því dugað til bráðabirgða þar til heildarendurskoðun ábúðarlaga væri lokið.

Gild rök geta verið fyrir því að stækka svæði úttektarmanna með tilliti til þjálfunar og samræmingar á mati. Í frumvarpinu er lagt til að landið verði eitt skoðunarsvæði og að landbúnaðarráðherra skipi tvo úttektarmenn, annan samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og hinn án tilnefningar. Ekki kemur fram hvar úttektarmenn eigi að sitja.

Hægt er velja mismunandi leiðir til að stækka svæði úttektarmanna án þess að ganga svo langt að gera landið allt að einu úttektarsvæði. Ýmsir erfiðleikar geta verið því samfara, m.a. vegna þess að úttektir þarf að framkvæma allar á sama tíma eftir fardaga og á tilskildum tíma. Að auki gæti ferða- og dvalarkostnaður verið óhóflega mikill. Í 41. gr. núgildandi laga er kveðið á um greiðslur til úttektarmanna en í frumvarpinu er skilinn eftir opinn reikningur gagnvart hlutaðeigandi aðilum. Frumvarpið mun leiða til aukins kostnaðar leigutaka við ábúðarskipti frá því sem nú er.

Mikilvægt er að um mat á jörðum sjái aðilar sem eru sérfróðir um landbúnað, byggingar og lögfræðileg atriði sem snerta ábúðaskipti. Þá verður að teljast stjórnsýslulega hæpið að landeigandi, sem er í flestum tilfellum ríkið, setji reglur um útreikning á raunvirði eigna og skipi jafnframt úttektarmenn og yfirmatsnefnd. Í þeim tilfellum þegar ríkið er ekki eignaraðili og leigusali jarða þurfa lögin að taka tillit til þess að sátt getur verið milli landeigenda og leigutaka um úttektir, mat og leigu á jörð. Ástæðulaust er þá að efna til óþarfa kostnaðar við ábúðarskiptin.

Til að stækka svæði úttektarmanna frá því sem nú er, án þess að ganga svo langt að gera landið allt að einu svæði, er hægt að setja úttektina undir svæði og ábyrgð sýslumannsembættanna. Þar kemur annar stjórnsýsluaðili að málinu. Fyrir hendi eru ákvæði um skipan úttektarmanna eða virðingagjörðarmanna á vegum sýslumannsumdæmanna sem sinna landskiptum og meta veðhæfni jarða. Með því að fela sýslumönnum umsjónina styrkjast verkefni og fagleg vinna á landsbyggðinni. Samkvæmt þessari svæðaskiptingu og faglegum kröfum yrðu úttektarmenn þrír, þ.e. einn tilnefndur af sýslumanni, einn af viðkomandi búnaðarsambandi og einn af samtökum sveitarfélaga á viðkomandi svæði og væri hann byggingafróður maður.

Landbúnaðarráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða lagaákvæði sem snerta jarðir. Mikilvægt er að hraða heildarendurskoðun ábúðarlaga, jarðalaga og laga um Jarðasjóð og getur þessi breyting á ábúðarlögum vel beðið hennar.

Alþingi, 3. apríl 2000.

Þuríður Backman.

901. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar (ÞBack).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   39. gr. laganna hljóðar svo:
   Sýslumenn skulu hver í sínu umdæmi skipa þrjá úttektarmenn til fjögurra ára í senn til að framkvæma úttektir á jörðum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Skal einn tilnefndur af viðkomandi búnaðarsambandi, einn tilnefndur af samtökum sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi og skal hann vera sérfróður um byggingar og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   43. gr. laganna hljóðar svo:
   Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, sem hér segir:
   1. Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er reiknað í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfaranda og viðtakanda.
   2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir ákveðst greiðslan á sama hátt, og ber þeim að greiða, sem krafist hefur virðingar- eða skoðunargerðar. Þó kosta landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er skv. 16. gr., að hálfu hvor.
3. Við 7. gr. 1. efnismgr. orðist svo:
   Landeigandi og fráfarandi ábúandi geta krafist yfirmats á eignum fráfarandi ábúanda samkvæmt lögum þessum innan fjögurra vikna frá dagsetning úttektar skv. 42. gr.

902. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands og Grétar Mar Jónsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Í gildandi lögum er kveðið á um framsal veiðiheimilda í c-lið 2. gr. og þar segir orðrétt: „Innan hvers árs er heimilt að framselja ákveðinn hluta árlegs aflahámarks hvers skips miðað við aflareynslu þess við veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á þremur síðustu vertíðum og leyfilegan heildarafla hvers árs. Skal það magn, sem heimilt er að framselja, nema 50%

af sama hlutfalli heildarveiðiheimilda og nam hlutdeild sama skips í heildarafla síðustu þriggja síldarvertíða.“

Með frumvarpinu er lagt til að aflétt verði takmörkunum á heimild til flutnings aflahámarks af skipum sem stunduðu síldveiðar á viðmiðunarárunum 1995, 1996 og 1997 og skipum sem hafa komið í þeirra stað. Hins vegar er skýrt kveðið á um að ekki megi framselja veiðiheimildir af skipum sem ekki stunduðu síldveiðar á viðmiðunarárunum eða komið hafa í stað þeirra. Er tilgangurinn með því að koma í veg fyrir að sótt verði um veiðileyfi og aflahámark fyrir skip í þeim eina tilgangi að flytja af þeim aflahámarkið.

Ástæða er til að vekja athygli á því að samkvæmt gildandi lögum skal sjávarútvegsráðherra fyrir 1. nóvember nk. leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000. Því má vænta þess að breytingar verði á lögunum sem hafi áhrif á veiðistjórnunina þegar á næsta ári.

Guðmundur Hallvarðsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 27. mars 2000.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Árni R. Árnason.	Vilhjálmur Egilsson.	Guðmundur Hallvarðsson, með fyrirvara.

903. Nefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir um það frá Leiðsöguskólanum, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Félagi leiðsögumanna, Ferðamálaráði Íslands, Samtökum ferðaþjónustunnar, Birnu G. Bjarnleifsdóttur, umsjónarmanni Leiðsöguskóla Íslands, og Félagi íslenskra framhaldsskóla. Þá óskaði nefndin eftir umsögn menntamálanefndar og er hún birt sem fylgiskjal með álitinu.

Frumvarpið er flutt í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að mál sem varði menntun leiðsögumanna verði færð frá samgönguráðuneyti til menntamálaráðuneytis.

Nefndin telur eðlilegt að menntun leiðsögumanna heyri undir menntamálaráðuneyti. Nefndin er jafnframt sammála því sem kemur fram í umsögn menntamálanefndar sem birt er sem fylgiskjal með áliti þessu, þar á meðal því að með frumvarpinu sé á engan hátt verið að breyta inntaki námsins, sem er mjög sérhæft, né inntökuskilyrðum, þ.e. að nemendur séu 21 árs og hafi m.a. lokið stúdentsprófi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Jónína Bjartmarz, Lúðvík Bergvinsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. mars 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Ólafur Örn Haraldsson.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Sverrir Hermannsson.	Katrín Fjeldsted.

Fylgiskjal.

Umsögn menntamálanefndar.
(31. mars 2000.)

Menntamálanefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingum, 366. mál, í samræmi við bréf allsherjarnefndar frá 1. þ.m.

Nefndin fékk á sinn fund vegna málsins Hörð Lárusson frá menntamálaráðuneyti, Margréti Friðriksdóttur frá Menntaskólanum í Kópavogi og Kristbjörgu Þórhallsdóttur frá Félagi íslenskra leiðsögumanna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að flytja mál er varða menntun leiðsögumanna frá samgönguráðuneyti til menntamálaráðuneytis. Nefndin mælir með tilfærslu námsins þar sem hún lítur svo á að menntamál heyri undir menntamálaráðuneyti samkvæmt eðlilegri skiptingu Stjórnarráðsins. Það er skilningur nefndarinnar að með þessu sé í engu verið að breyta inntaki þessa náms, sem er mjög sérhæft, né inntökuskilyrðum, þ.e. að nemendur séu 21 árs og hafi m.a. lokið stúdentsprófi. Nefndin leggur áherslu á að það sé tryggt.

Þá kom fram í viðræðum í nefndinni að nú þegar er starfræktur samráðshópur þriggja aðila, þ.e. Menntaskólans í Kópavogi, Félags leiðsögumanna og Samtaka ferðaþjónustunnar, sem hefur það að markmiði að bæta menntun og þekkingu leiðsögumanna, m.a. með tilliti til Evrópustaðla. Niðurstöður hópsins verða sendar menntamálaráðuneytinu.

Nefndin telur nauðsynlegt að þessi mál verði skoðuð í heild sinni, m.a. með tilliti til staðsetningar námsins í menntakerfinu.

Virðingarfyllst,

Helga E. Þórisdóttir,
ritari menntamálanefndar.

904. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. apríl.)

1. gr.

38. gr. laganna hljóðar svo:

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum skal framkvæma úttektir á þeim og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúenda. Landeigandi skal tilkynna leiguliðaskipti og óska eftir úttekt.

Úttektir skulu framkvæmdar af úttektarmönnum skv. 39. gr.

2. gr.

39. gr. laganna hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra skipar tvo úttektarmenn fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn til að framkvæma úttektir á jörðum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Skipa skal annan úttektarmanninn án tilnefningar og hinn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

40. gr. laganna hljóðar svo:

Úttektarmenn skulu byrja úttekt og framkvæma vettvangsskoðun eigi síðar en fjórum vikum eftir að beiðni um úttekt berst nema óviðráðanlegar ástæður standi í vegi fyrir því.

Úttektarmenn skulu gera landeiganda og fráfarandi og viðtakandi ábúanda viðvart með nægum fyrirvara um hvenær úttektir fara fram og gefa þeim kost á að vera viðstaddir og gæta réttar síns.

Úttektarmenn skulu framkvæma ítarlega skoðun á vettvangi og rita lýsingu á ástandi jarða, ræktunar og mannvirkja landeiganda og fráfarandi ábúanda. Í ástandslýsingu skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um stærð ræktunar og mannvirkja landeiganda og fráfarandi ábúanda, skemmdir á mannvirkjum sem kunna að hafa orðið af völdum ábúanda, hvernig húsum hefur verið viðhaldið og annað eftir því sem þurfa þykir. Einnig skulu úttektarmenn rita upplýsingar um allar jarðnytjar og hvernig jörð hafi verið setin.

4. gr.

41. gr. laganna hljóðar svo:

Úttektarmenn skulu framkvæma mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda sem háðar eru kaupskyldu landeiganda skv. 16. gr. Við matið skulu úttektarmenn leggja til grundvallar raunvirði eigna og endurbóta fráfarandi ábúanda að teknu tilliti til ástands og viðhalds þeirra.

Við mat á eignum skulu úttektarmenn leggja til grundvallar efnisleg verðmæti eigna. Mat skal vera nýviði eigna að frádregnum eðlilegum afskriftum reiknað til staðgreiðslu. Nývirði er kostnaður sem því mundi fylgja á matsdegi að smíða nýja eign sem komið gæti að öllu leyti í stað hinnar metnu. Afskriftir eru verðrýrnun eigna sem rekja má til aldurs, hrörnunar, slits, úreldingar og minnkaðs notagildis.

Við mat á endurbótum skal leggja til grundvallar ástand og viðhald eigna að teknu tilliti til aldurs þeirra og eðlilegs slits af notkun.

Úttektarmenn skulu leggja mat á afleiðingar þess að viðhaldi eigna hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti eða að gallar eða slit hafi orðið vegna óeðlilegrar notkunar eigna.

Aðrir þættir skulu ekki hafa áhrif á mat á endurbótum á eignum fráfarandi ábúanda.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd mats að öðru leyti og kostnað við það að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

5. gr.

42. gr. laganna hljóðar svo:

Úttektarmenn skulu skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og staðfesta úttektir með undirritun sinni.

Úttektarmenn skulu skila niðurstöðum sínum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

6. gr.

43. gr. laganna hljóðar svo:

Kostnaður við úttektir greiðist að jöfnu af landeiganda og fráfarandi ábúanda.

7. gr.

44. gr. laganna hljóðar svo:

Landeigandi og fráfarandi ábúandi geta krafist yfirmats á eignum fráfarandi ábúanda samkvæmt lögum þessum innan tveggja vikna frá dagsetningu úttektar skv. 42. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í yfirmatsnefnd fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Um störf yfirmatsnefndar gilda ákvæði 40.–41. gr.

Yfirmatsnefnd skal að lokinni vettvangsskoðun komast að niðurstöðu á fundum. Ef ágreiningur verður ræður afl atkvæða úrslitum.

Yfirmatsnefnd skal skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og skulu allir nefndarmenn staðfesta matsgerðir með undirritun sinni. Yfirmatsnefnd skal skila niðurstöðum sínum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

Yfirmatsnefnd úrskurðar um hvernig kostnaður við yfirmat greiðist.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

905. Þingsályktun [257. mál]

um fullgildingu bráðabirgðasamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu.

(Afgreidd frá Alþingi 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 324.

906. Frumvarp til laga [199. mál]

um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

(Eftir 2. umr., 3. apríl.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1. gr.

7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, enda varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila.

Ákvæði þessara laga eiga, eftir því sem við á, við um eftirlit Fjármálaeftirlitsins, athuganir þess og upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðum sérlaga. Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan.

Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að skipa sérfræðing til að gera athugun á tilteknum þáttum í starfsemi eða rekstri eftirlitsskylds aðila eða til að hafa að öðru leyti sértækt eftirlit með eftirlitsskyldum aðila. Sérfræðingurinn skal skipaður til tiltekins tíma, ekki lengri en fjögurra vikna í senn. Á hann rétt á að hafa starfsstöð hjá hinum eftirlitsskylda aðila og skal honum veittur aðgangur að öllu bókhaldi, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum og upplýsingum sem eftirlitsskyldi aðilinn hefur í sinni vörslu og óskað er eftir. Sérfræðingurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn eftirlitsskylds aðila sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi. Um þagnarskyldu hans fer skv. IV. kafla þessara laga. Eftirlitsskyldur aðili sem um ræðir skal bera kostnað af starfi sérfræðingsins, að hluta eða öllu leyti, eftir mati Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera sérstakar athuganir á starfsstað og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að eftirlitsskyldur aðili hafi brotið gegn lögum eða reglum sem um viðkomandi starfsemi gilda eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð opinberra mála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Komi í ljós að eftirlitsskyldur aðili fylgi ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

Fjármálaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur eftirlitsskylds aðila að öðru leyti óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti, enda þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við, og er jafnframt heimilt að krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

Þegar svo stendur á sem greinir í 1. eða 2. mgr. getur Fjármálaeftirlitið boðað til fundar í stjórn eða framkvæmdastjórn hins eftirlitsskylda aðila til þess að fjalla um athugasemdir þess og kröfur og leiðir til úrbóta. Fulltrúa Fjármálaeftirlitsins er heimilt að stýra fundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Í stað 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því. Greinarnar orðast svo ásamt fyrirsögnum:

a. (11. gr.)

Févíti og dagsektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Greiðast þær þangað til farið hefur verið að kröfum Fjármálaeftirlitsins. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri hins eftirlitsskylda aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Ákvarðanir um dagsektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur lagt févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Til ákvarðana samkvæmt þessari grein teljast kröfur um úrbætur skv. 10. gr. Févíti getur numið frá 10.000 kr. til 2 millj. kr. Við ákvörðun um fjárhæð févítis skal tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Ákvarðanir um févíti skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Ákvörðunum um févíti eða dagsektir má skjóta til kærunefndar samkvæmt lögum þessum innan sjö daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Sé ákvörðun skotið til kærunefndar er ekki heimilt að innheimta févíti eða dagsektir fyrr en úrskurður hefur verið felldur.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að eftirlitsskyldur aðili verði síðar við kröfum Fjármálaeftirlitsins nema stjórn Fjármálaeftirlitsins ákveði það sérstaklega.

Févíti og dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæf. Sama gildir um úrskurði kærunefndar.

Innheimt févíti og innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu févítis og dagsekta í reglugerð.

b. (12. gr.)

Tilkynningarskylda.

Ef brot eru alvarleg og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur að mati Fjármálaeftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegur við lög ber Fjármálaeftirlitinu að greina ríkislögreglustjóra frá þeim.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skv. 4. mgr. 9. gr., 11. gr. og 1. mgr. þessarar greinar skulu þegar í stað tilkynntar viðskiptaráðherra, þeim ráðherra sem annars fer með viðkomandi málaflokk og stjórn hins eftirlitsskylda aðila eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til að dreifa.

6. gr.

12. gr. laganna, er verður 13. gr., orðast svo:

Stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um lögmenn, endurskoðendur, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum Fjármálaeftirlitsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi og er óheimilt að nýta í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.

Upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt lögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila eru háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má veita í samandregnu formi þannig að einstakir eftirlitsskyldir aðilar séu ekki auðkenndir.

Þegar eftirlitsskyldur aðili er gjaldþrota eða þvinguð slit fara fram er heimilt við rekstur einkamála að upplýsa um atriði sem þagnarskylda gildir annars um skv. 1. mgr. Þagnarskyldan gildir þó um upplýsingar sem varða þriðja aðila sem á hlut að björgunaraðgerðum vegna eftirlitsskylds aðila.

Opinber umfjöllun af hálfu þess aðila sem þagnarskyldunni er ætlað að vernda um trúnaðarupplýsingar veitir starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins eða sérfræðingum sem starfa eða starfað hafa á vegum þess ekki heimild til að láta af hendi trúnaðarupplýsingar.

7. gr.

13. gr. laganna, er verður 14. gr., orðast svo:

Fjármálaeftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja EES-samningsins upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu skv. 13. gr. sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og slík upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi ríki. Þagnarskylda skv. 1. mgr. 13. gr. gildir um hliðstæðar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja.

Semja má við eftirlitsstjórnvöld ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins um skipti á upplýsingum, en þó því aðeins að gætt sé þagnarskyldu í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Ákvæði 1. mgr. gilda um skipti á upplýsingum við stjórnvöld hér á landi eða erlendis sem fjalla um gjaldþrot og slit eftirlitsskyldra aðila, eftirlit með þeim sem framkvæma endurskoðun hjá þeim eða tryggingastærðfræðilegar úttektir. Sama gildir um þá sem eftirlit hafa

með þessum aðilum. Í því skyni að stuðla að stöðugleika og öryggi á fjármálasviði skulu upplýsingaskipti einnig heimil milli eftirlitsstjórnvalda og stjórnvalda og aðila sem starfa að því að rannsaka brot á félagarétti.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki EES-samningsins er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

8. gr.

15. gr. laganna, er verður 16. gr., orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína fyrir 15. september ár hvert. Í framhaldi af því gerir viðskiptaráðherra Alþingi grein fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

9. gr.

17. gr. laganna, er verður 18. gr., orðast svo:

Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins má skjóta til sérstakrar kærunefndar.

Kærunefndin er skipuð af viðskiptaráðherra til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír. Hæstiréttur tilnefnir nefndarmenn og formann nefndarinnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði. Þóknun til nefndarmanna er ákveðin af viðskiptaráðherra.

Úrskurður kærunefndar skal liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni. Úrskurðum nefndarinnar verður ekki skotið til viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti nefndarinnar. Í slíkri reglugerð má jafnframt kveða nánar á um valdsvið kærunefndar, hvaða málefnum megi skjóta til hennar og kærufresti.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

10. gr.

93. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða, svo og starfsemi innlendra viðskiptabanka og sparisjóða erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í 44. gr. að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í viðskiptabanka eða sparisjóði í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 10. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við viðskiptabanka eða sparisjóð, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

11. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Um stofnun lánastofnunar og meðferð eignarhlutar fer að öðru leyti eftir ákvæðum II. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

12. gr.

Í stað orðsins „Seðlabankinn“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Fjármálaeftirlitið.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins og heimildir fer að öðru leyti en greinir í lögum þessum skv. XIV. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

14. gr.

53. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hér á landi, svo og starfsemi innlendra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Skal Fjármálaeftirlitið hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem að þess mati eru nauðsynleg vegna eftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 12.–14. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Hafi Fjármálaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum IV. kafla laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til rannsóknar málsins.

Um eftirlit með fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. 4. málsl. fellur brott.

b. Við greinina bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í hlutafélagi sem starfar samkvæmt lögum þessum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 6. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Hafi Fjármálaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum 19. eða 26. gr. laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til athugunar á málinu.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Um eftirlit samkvæmt þessum lögum gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessum lögum.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

16. gr.

Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 6. mgr., svohljóðandi:

Stjórn vátryggingafélags skal setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

17. gr.

Við 55. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í vátryggingafélagi í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 39. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut skv. 39. og 40. gr.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við vátryggingafélag, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með vátryggingafélaginu.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

18. gr.

Við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr töluliður er verður 5. tölul., svohljóðandi: að setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum lífeyrissjóða, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi lífeyrissjóði.

20. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gilda, eftir því sem við getur átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessum lögum.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

907. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Landssíma Íslands hf. og Seðlabanka Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að undanþága frá greiðslu stimpilgjalda af útgefnum hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. verði afnumin. Er það eðlilegt þar sem starfsemi þeirra er nú á samkeppnismarkaði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.		Kristján L. Möller.

910. Fyrirspurn [596. mál]

til samgönguráðherra um smíði nýrrar Hríseyjarferju og útboð á ferjusiglingum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvenær var tekin ákvörðun um smíði nýrrar Hríseyjarferju?
2. Hverjar voru meginforsendur ákvörðunarinnar?
3. Var hönnun og teikning skipsins boðin út? Ef ekki, hverjar voru ástæður þess?
4. Hver var upphafleg áætlun um stærð skipsins, brúttótonn, farþegafjölda, lengd og djúpristu? Hver er stærð skipsins nú?
5. Hver hefur meðalfjöldi farþega með ferjunni verið á dag síðustu tvö ár?
6. Hvað tekur ferjan sem nú er notuð marga farþega? Er hún talin ónothæf?
7. Er gert ráð fyrir að nýja Hríseyjarferjan sigli einnig til Grímseyjar?
8. Hvers vegna var valinn vélbúnaður án stýris í skipið?
9. Hver var áætlaður kostnaður við smíði skipsins og afhendingartími? Hver er kostnaðurinn nú orðinn og hvenær eru áætluð verklok?
10. Hver er áætlaður afhendingartími skipsins og hvað hafa tafir orðið miklar frá upphaflegum áætlunum? Hverjar eru meginástæður þessara tafa?
11. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður nýju ferjunnar samanborið við eldri ferjur?

12. Hver var áætlaður kostnaður við hafnarmannvirki með tilkomu nýrrar ferju? Hver er kostnaðurinn nú?
13. Hvað líður útboðum á ferjusiglingum á öllum ferjuleiðum sem Vegagerð ríkisins hefur umsjón með?

Skriflegt svar óskast.

911. Fyrirspurn [597. mál]

til félagsmálaráðherra um lagalega stöðu byggðasamlaga.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hver er lagaleg staða byggðasamlaga?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sett verði lög um byggðasamlög í því skyni að skýra réttarstöðu starfsmanna þeirra og viðsemjenda í samskiptum við byggðasamlögin?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa sveitarfélög sameinast um rekstur ýmiss konar þjónustu við íbúana og myndað svokölluð byggðasamlög um reksturinn. Mikil óvissa virðist vera um lagalega stöðu þessa rekstrarfyrirkomulags, t.d. hvort sveitarfélög sem standa að byggðasamlögum beri ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þeirra. Nú eru áform um að mynda byggðasamlag um slökkviliðin á höfuðborgarsvæðinu og því mikilvægt að skýrar reglur verði settar um þetta rekstrarfyrirkomulag.

912. Fyrirspurn [598. mál]

til utanríkisráðherra um alþjóðasamninga á sviði mannréttinda.

Frá Ástu Möller.

Hvaða alþjóðasamningar á sviði mannréttinda, sem Ísland hefur undirritað, hafa ekki verið fullgiltir af Íslands hálfu og hver er ástæða þess?

Skriflegt svar óskast.

913. Fyrirspurn [599. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslur til hjúkrunarheimila.

Frá Ástu Möller.

1. Hverjar voru heildargreiðslur til reksturs hjúkrunarheimila/hjúkrunarrýma vegna aldraðra hjúkrunarsjúklinga árin 1998 og 1999 samkvæmt daggjöldum/föstum fjárlögum?
2. Hverjar voru heildargreiðslur vegna vasapeninga aldraðra á hjúkrunarheimilum/hjúkrunarrýmum 1998 og 1999?
3. Hvað greiddu aldraðir á hjúkrunarheimilum/hjúkrunarrýmum samkvæmt reglugerð nr. 47/1990 árin 1998 og 1999?
4. Hverjar eru heildargreiðslur vegna dvalarheimilisuppbótar aldraðra árin 1998 og 1999?

Skriflegt svar óskast.

914. Fyrirspurn [600. mál]

til samgönguráðherra um úrbætur í öryggismálum sjómanna.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hafa þær átján tillögur sem nefnd um úrbætur í öryggismálum sjómanna lagði til með bréfi til fyrrverandi samgönguráðherra, dags. 5. júní 1998, verið teknar til meðferðar í ráðuneytinu?
2. Hvernig er fyrirhugað að fylgja eftir tillögum nefndarinnar?

Skriflegt svar óskast.

915. Fyrirspurn [601. mál]

til umhverfisráðherra um erfðabreyttar afurðir.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver eru helstu stefnumið ríkisstjórnarinnar að því er varðar erfðabreyttar afurðir, þ.m.t. matvæli?
2. Hvernig metur ráðuneytið reynsluna af lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur? Eru uppi áform um að fá fram breytingar á lögunum og ef svo er, um hvaða efnisþætti? Hverjir eiga sæti í ráðgjafanefnd, sbr. 6. gr. laganna?
3. Hefur reynt á ákvæði 19. gr. laga um erfðabreyttar lífverur sem gerir ráð fyrir að ráðherra geti „að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar, bannað eða takmarkað hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða

vöru sem inniheldur þær ef hætta er talin á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi“?
4. Er munur á stöðu Íslands og Noregs innan EES-samningsins að því er varðar erfðabreyttar lífverur og afurðir þeirra og ef svo er, í hverju er hann fólginn? Hver er afstaða Íslands gagnvart þeim fimm erfðabreyttu afurðum sem Noregur hefur hafnað (miðað við haust 1999) en ESB leyft, sem og til GUR-tækninnar (genetic use restriction technologies)?
5. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að almenningur/neytendur fái hlutlausar og faglegar upplýsingar um erfðabreytt matvæli og þau áhrif sem erfðabreyttar lífverur geta haft á umhverfið?
6. Hvenær er áformað að gefa út reglugerð um merkingar erfðabreyttra matvæla og hvernig má gera ráð fyrir að erfðabreytt matvæli verði merkt í verslunum?
7. Hvernig verður hagað auðkenningu eða merkingum dýrafóðurs, sáðvöru og annarra aðfanga framleiðenda landbúnaðarafurða þar sem erfðabreyttar lífverur og/eða afurðir þeirra eru notaðar við framleiðsluna?
8. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sértækum aðgerðum til að tryggja stöðu lífrænnar ræktunar hér landi með tilliti til erfðabreyttra lífvera þar sem alþjóðlegt bann er í gildi við notkun þeirra við lífræna landbúnaðarframleiðslu?
9. Hyggst ráðherra beita sér fyrir sértækum aðgerðum til að koma í veg fyrir hugsanlega erfðamengun í íslensku lífríki af völdum erfðabreyttra lífvera, t.d. í plöntum og fiski?

Skriflegt svar óskast.

916. Fyrirspurn [602. mál]

til umhverfisráðherra um heftingu sandfoks.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hver er reynslan af hækkun Sandvatns á Haukadalsheiði í heftingu sandfoks?
2. Ef reynslan er jákvæð, hvar kemur víðar til greina að ráðast í framkvæmdir sem þessar til að hefta sandfok?

917. Fyrirspurn [603. mál]

til umhverfisráðherra um Hagavatn á Biskupstungnaafrétti.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvað líður rannsóknum á umhverfi Hagavatns á afrétti Biskupstungna?
2. Hvenær telur ráðherra að hægt verði að leggja fram nýtt umhverfismat þannig að hefja megi framkvæmdir við hækkun Hagavatns til þess að draga úr uppblæstri á Biskupstungnaafrétti?

918. Fyrirspurn [604. mál]

til umhverfisráðherra um verndun Þjórsárvera við Hofsjökul.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvað líður ákvörðun um mörk Þjórsárvera við Hofsjökul?
2. Liggur fyrir bráðabirgðaniðurstaða um mörk Þjórsárvera eftir samkomulag árið 1981 um friðun þeirra?
3. Er ágreiningur um virkjanir í grennd við Þjórsárver sem gætu skaðað svæðið?

919. Fyrirspurn [605. mál]

til menntamálaráðherra um stuðning við norræna rannsóknarsamstarfsverkefnið „Byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi“.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Sverri Hermannssyni.

1. Hvernig áformar ráðherra að tryggja að lokið verði við Íslandsþáttinn í norræna rannsóknarverkefninu „Byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi“?
2. Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir því að úrvinnslu rannsókna á Íslandsþætti verkefnisins geti lokið á árinu 2000?

920. Fyrirspurn [606. mál]

til menntamálaráðherra um svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hvað hefur verið gert til eflingar dagskrárgerð á landsbyggðinni á því ári sem liðið er frá samþykkt þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 í mars 1999 þar sem ríkisfjölmiðlum er ætlað að efla starfsemi á landsbyggðinni, m.a. með aukinni dagskrárgerð og útsendingum frá starfsstöðvum Ríkisútvarpsins þar? Hvað er fyrirhugað að gera á næstunni?
2. Á að veita meira fé til svæðisstöðva Ríkisútvarpsins, sem eru farnar að þjóna bæði útvarpi og sjónvarpi, til að unnt sé að bæta tækjakost og mannafla? Ef svo er, hve mikið?
3. Verður veitt fé til að bæta aðstöðu svæðisútvarpsins á Ísafirði sem Vinnueftirlitið hefur nýlega úrskurðað óviðunandi? Ef svo er, hve mikið?
4. Er ætlunin að útsendingar svæðisútvarps Vestfjarða nái á næstunni einnig til Strandasýslu, Barðastrandar og Reykhóla?

Skriflegt svar óskast.

921. Nefndarálit [328. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Georg Lárusson og Jóhann Jóhannsson frá Útlendingaeftirliti, Guðjón Atlason og Ólaf M. Ólafsson frá Mannréttindasamtökum innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra og Þorgeir Pálsson og Ástríði Thorsteinsson frá Flugmálastjórn.

Umsagnir bárust frá Útlendingaeftirliti, ríkissaksóknara, Flugmálastjórn, ríkistollstjóra, Siglingastofnun Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindasamtökum innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum sem nauðsynlegar eru vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Er það eitt af fleiri lagafrumvörpum sem verið hafa til meðferðar hjá nefndinni vegna þeirrar þátttöku en 22. mars sl. veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um þátttöku Íslands í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999.

Við meðferð málsins hjá nefndinni kom berlega í ljós að mikil þörf er á heildstæðri löggjöf um málefni útlendinga hér á landi. Núgildandi lög eru að stofni til frá 1965 en þá voru þau sett til að laga íslenska löggjöf að nýgerðum samningi Norðurlandanna um afnám vegabréfaskyldu. Bent var á að frumvarp þetta breytti í raun litlu um það lagalega tómarúm sem hér væri til staðar um öll helstu grunnatriði sem varða lagalega stöðu útlendinga, meðferð á málum þeirra, komu og dvöl í landinu og brotthvarf héðan. Schengen-samstarfið gerir ráð fyrir að í hverju aðildarríki fyrir sig sé fyrir hendi heildstæð löggjöf um réttindi og stöðu útlendinga. Nefndin telur afar brýnt að löggjöf á þessu sviði verði endurskoðuð í heild nú þegar, bæði vegna stöðu mála innan lands og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 4. efnismgr. 7. gr. frumvarpsins (4. mgr. 16. gr. laganna) á þann veg að ábyrgð skv. 2. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 3. gr. laganna gildi ekki þegar farið er um innri landamæri Schengen-svæðisins. Samkvæmt skilgreiningu 1. gr. Schengen-samningsins á innri landamærum svæðisins falla siglingar skipa milli aðildarríkja undir komur frá þriðja ríki nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða reglubundnar ferjusiglingar milli hafna á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna. Því er lagt til að ákvæðinu verði breytt til samræmis við þetta þannig að skip sem ekki falla undir skilgreiningu 1. gr. samningsins falli ekki undir ákvæðið.
2. Lagt er til að við 8. gr. frumvarpsins bætist nýr liður þar sem kveðið verði á um að 4. mgr. (er verði 5. mgr.) 17. gr. laganna verði breytt á þann veg að sá sem á hlutdeild í því að útlendingur komist ólöglega inn í landið skuli, auk refsiábyrgðar, skyldur til að greiða þann kostnað sem fellur á hið opinbera vegna ólöglegrar dvalar útlendingsins hér á landi og heimsendingar hans. Er þessi breyting gerð til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á 4. tölul. 2. mgr. sömu greinar.
3. Nefndin leggur til breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins en hún telur það ekki nægilega skýrt. Með því að heimila dómsmálaráðherra að ákveða hvenær lögin öðlist gildi er verið að framselja heimild löggjafans til að ákvarða um gildistöku laga. Hér er

um að ræða undantekningu frá því sem almennt tíðkast og er það ekki í samræmi við þá lagahefð sem skapast hefur hér á landi að Alþingi ákveði hvenær lög sem það hefur samþykkt öðlist gildi. Við meðferð málsins hjá nefndinni hefur komið fram að stefnt er að því að þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu hefjist 25. mars á næsta ári. Það veltur þó á því hvernig undirbúningi miðar og ljóst er að breytingar geta orðið þar á. Nefndin leggur því til að lögin öðlist gildi 25. mars 2001. Verði breytingar á því yrði að bregðast við með því að flytja frumvarp á næsta þingi sem breytti gildistökuákvæðinu í samræmi við það.

Jónína Bjartmarz, Lúðvík Bergvinsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. mars 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Sverrir Hermannsson.	Katrín Fjeldsted.	Ólafur Örn Haraldsson.

922. Breytingartillögur [328. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 7. gr. 4. efnismgr. orðist svo:
   Ábyrgð skv. 2. mgr. og 2. mgr. 3. gr. gildir ekki þegar farið er um innri landamæri Schengen-svæðisins.
2. Við 8. gr. Við bætist nýr liður er orðist svo: 4. mgr. (er verður 5. mgr.) orðast svo:
   Sá sem á hlutdeild í því að útlendingur kemst ólöglega inn í landið skal, auk refsiábyrgðar, skyldur til að greiða þann kostnað sem fellur á hið opinbera vegna ólöglegrar dvalar útlendingsins hér á landi og heimsendingar hans.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 25. mars 2001.

923. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegs-

manna, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands og Grétar Mar Jónsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Með hliðsjón af því að samkvæmt gildandi lögum skal sjávarútvegsráðherra fyrir 1. nóvember nk. leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000 má vænta þess að breytingar verði á lögunum sem hafi áhrif á veiðistjórnunina þegar á næsta ári. Því telur 1. minni hluti ekki þörf á þessari lagabreytingu og leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 3. apríl 2000.

Pétur Bjarnason.

924. Svar [475. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um launaþróun í heilbrigðisþjónustu.

Fyrirspurn þessi um launaþróun í heilbrigðisþjónustu er umfangsmeiri en svo að unnt sé að svara henni á einfaldan hátt innan tilskilins frests. Kemur þar tvennt til, annars vegar að launavinnsla Sjúkrahúss Reykjavíkur og sjúkrahúsa utan Reykjavíkur auk meginhluta heilsugæslunnar fer fram í launakerfum utan launaafgreiðslu Ríkisbókhalds og hins vegar að röðun starfa samkvæmt kjarasamningum við flest stéttarfélög opinberra starfsmanna er ekki lengur miðlæg og því ekki hægt að fá upplýsingar um röðun einstakra starfsheita úr launakerfunum eins og áður var. Þar við bætist að algengast er nú að launaþrep ráðist af ævialdri en ekki starfs- eða prófaldri og því er minna um sambærileg þrep, sbr. 3. lið fyrirspurnarinnar. Kjarasamningar sem gerðir voru á tímabilinu gjörbreyttu einnig uppbyggingu launataflna allra hópanna, nema sjúkraliða, og því hvernig laun starfsmanna eru ákveðin. Af þeim sökum er samanburður á þeim forsendum sem fyrirspurnin byggist á illframkvæmanlegur.

Svörin miðast við laun á ríkisspítölum fyrir sameiningu stóru sjúkrahúsanna og eru fengin úr launavinnslukerfi ríkisins hjá Ríkisbókhaldi.

1. *Hver voru að meðaltali í janúar 1997 og janúar 2000 mánaðarlaun (þ.e. föst laun og grunnlaun ef þau eru önnur):*
   a. *sjúkrahúslækna,*
   b. *almennra hjúkrunarfræðinga, að frátöldum aðstoðardeildarhjúkrunarfræðingum og hærra launuðum hjúkrunarfræðingum,*
   c. *hjúkrunarfræðinga,*
   d. *sjúkraliða,*
   e. *aðstoðarfólks á Ríkisspítölunum?*

		Janúar 1997	Janúar 2000
a.1.	Allir sérfræðingar 1–3	314.193	465.872
a.2.	Sérfræðingar 1–3, án fastlaunasamnings		337.656
b.	Almennir hjúkrunarfræðingar	160.647	
c.	Hjúkrunarfræðingar	169.158	265.820
d.	Sjúkraliðar	128.393	165.889
e.	Gæslumenn	118.961	134.319

Athugasemdir.

Ekki er alveg ljóst hvað átt er við með föstum launum, enda þyrfti sérstaka vinnslu til að aðskilja þau frá öðrum launum. Því var hér reiknað meðaltal heildarlauna á stöðugildi hjá viðkomandi hópum, eftir því sem unnt var. Ekki var unnt að taka tillit til breytinga á vinnumagni á tímabilinu og getur það haft áhrif á útkomuna.

Sjúkrahúslæknar. Svarið í lið a.1. gildir um alla sérfræðinga 1–3 samkvæmt kjarasamningi við Læknafélag Íslands. Þar með teljast einnig, í janúar 2000, sérfræðingar á fastlaunasamningum, en þeim hefur fjölgað mikið eftir gerð kjarasamnings Læknafélagsins 1. nóvember 1997 og eru þeir nú 37% sérfræðinga. Í fastlaunasamningi felst að læknir hættir rekstri stofu utan sjúkrahúss en helgar sig störfum á sjúkrahúsinu og sinnir þar þeim ferliverkum sem hann sinnti áður á stofunni. Hér skiptir máli að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir ferliverk lækna ganga nú til sjúkrahússins sem greiðir lækninum umsamið hlutfall en áður greiddi Tryggingastofnun ríkisins læknunum beint og kom það því ekki fram í launum þeirra í janúar 1997. Í lið a.2. sjást einnig meðalheildarlaun sérfræðinga sem ekki eru á fastlaunasamningi.

Hjúkrunarfræðingar. Sundurliðun hjúkrunarfræðinga eftir starfsheitum er ekki lengur fyrir hendi í launakerfinu og er því ekki unnt að svara b-lið hvað varðar laun í janúar 2000. Í útreikningi launa í janúar 1997 er stoðhjúkrunarfræðingum sleppt.

Aðstoðarfólk á ríkisspítölum. Ekki er ljóst við hvaða starfsmenn er átt. Til voru eftirtalin starfsheiti aðstoðarmanna í heilbrigðishópi SFR í janúar 1997: aðstoðarmaður tannlæknis, við iðjuþjálfun, við sjúkraþjálfun og á röntgendeild, en ekki er talið að hér sé átt við þá. Í g- og h-lið 2. liðar er spurt um aðstoðarfólk við aðhlynningu á Ríkisspítölum. Undir þetta hugtak geta fallið störf gæslumanna við geðhjúkrun eða Sóknarstarfsmanna við aðhlynningu og koma laun þeirra fyrrnefndu í janúar 1997 fram í töflunni. Hins vegar er ekki hægt að greina þá út úr launakerfinu í janúar 2000, sbr. framanritað, og eru í staðinn reiknuð meðallaun í A-ramma launatöflu SFR.

2. *Hver voru í janúar 1997 og janúar 2000:*
   a. *byrjunarlaun sjúkrahúslækna í lægsta virka launaflokki/þrepi,*
   b. *mánaðarlaun sjúkrahúslækna í efsta þrepi að meðaltali,*
   c. *byrjunarlaun almennra hjúkrunarfræðinga í lægsta virka launaflokki/þrepi,*
   d. *mánaðarlaun almennra hjúkrunarfræðinga í efsta þrepi, með og án námskeiðshækkana,*
   e. *byrjunarlaun sjúkraliða í lægsta virka þrepi,*
   f. *mánaðarlaun sjúkraliða í efsta þrepi, með og án námskeiðshækkana,*
   g. *byrjunarlaun aðstoðarfólks við aðhlynningu á Ríkisspítölunum í lægsta virka launaflokki/þrepi,*
   h. *mánaðarlaun aðstoðarfólks við aðhlynningu á Ríkisspítölunum í efsta þrepi, með og án námskeiðshækkana?*

		Janúar 1997	Janúar 2000
a.	Sérfræðingur 1	150.848	230.034
b.	Sérfræðingur 1	191.180	291.067
c.	Almennir hjúkrunarfræðingar	82.154	
d.	Almennir hjúkrunarfræðingar	105.020	
	Almennir hjúkrunarfræðingar með viðbótarnám	114.759	
e.	Sjúkraliðar	65.973	87.248
f.	Sjúkraliðar	80.776	97.576
	Sjúkraliðar með viðbótarnám	89.988	116.511
g.	Gæslumenn	58.001	
h.	Gæslumenn	67.361	
	Gæslumenn með viðbótarnám	74.107	

Athugasemdir.

Í a-lið gildir svarið um sérfræðinga eins og í a-lið 1. liðar.

Í b-lið er spurt um mánaðarlaun að meðaltali. Ekki er ljóst við hvað er átt. Svarið miðast við hæsta launaþrep sérfræðings 1.

Í b-, d-, f- og h-liðum er spurt um mánaðarlaun í efsta þrepi en láðst hefur að taka fram nánari skilgreiningu eða við hvaða launaflokka er átt. Þar sem í samsvarandi liðum er fjallað um byrjunarlaun tiltekinna hópa er sá kostur valinn hér að miða svarið við laun sama hóps í efsta þrepi, án þess að til stöðubreytinga komi. Dæmi: Starfsheiti sjúkraliða ná nú frá sjúkraliða 1 til sjúkraliða 6. Svarið fjallar eingöngu um sjúkraliða 2 sem er lægsta starfsheiti félagsins í notkun í janúar 2000.

Um aðstoðarfólk á ríkisspítölum, sjá athugasemdir við 1. lið.

Af ástæðum sem greint var frá í athugasemdum við 1. lið er ekki unnt í öllum tilfellum að gefa svör um laun í janúar 2000.

3. *Hver er hlutfallslegur launamunur sambærilegra þrepa á umsömdum mánaðarlaunum milli framangreindra hópa í janúar 1997 og janúar 2000?*

	Janúar 1997	
Sjúkraliðar, byrjunarlaun	100%	
Gæslumenn, byrjunarlaun	88%	af launum sjúkraliða
Sjúkraliðar, efsta þrep	100%	
Gæslumenn, efsta þrep	83%	af launum sjúkraliða
Sjúkraliðar með viðbótarnám, efsta þrep	100%	
Gæslumenn með viðbótarnám, efsta þrep	82%	af launum sjúkraliða

Athugasemdir.

Um sambærileg þrep milli þessara hópa er ekki að ræða nema milli sjúkraliða og gæslumanna 1997. Þrep sérfræðinga miðast við árafjölda eftir útskrift úr háskóla og eðli málsins samkvæmt ráðast þeir ekki sem sérfræðingar fyrr en að loknu sérfræðingsnámi, mörgum árum eftir læknapróf. Þrep hjúkrunarfræðinga í janúar 1997 miðuðust sömuleiðis við prófaldur, þ.e. útskrift úr háskólanámi að viðbættum fjórum námsárum, en í janúar 2000 við ævialdur. Þrep sjúkraliða og gæslumanna miðuðust við sama ævialdur 1997 en vegna breytinga á kjarasamningi SFR sem gæslumenn tilheyra er ekki miðað við sama ævialdur hjá þeim í janúar 2000 og hjá sjúkraliðum í sama mánuði og þrep þessara stétta því ekki samanburðarhæf það ár.

925. Svar [477. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um loftslagsmeðferð erlendis fyrir psoriasissjúklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hafa verið heimilaðar margar ferðir psoriasissjúklinga til loftslagsmeðferðar erlendis árlega frá árinu 1980?

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins fóru að jafnaði tveir 20 manna hópar psoriasissjúklinga í loftslagsmeðferð á vegum stofnunarinnar árin 1980–1995, en 1996 fór einn slíkur hópur. Stofnunin hefur ekki nákvæmari upplýsingar um þetta tímabil að svo stöddu þar sem gögn með frekari upplýsingum eru í geymsluhúsnæði utan stofnunarinnar, en á næstu vikum verður gengið frá þeim á ný í skjalasafni Tryggingastofnunar.

Í lok árs 1995 ákvað tryggingaráð að farið yrði að reglum um utanferðir psoriasissjúklinga eins og reglum um utanferðir annarra sjúklinga skv. 35. gr. almannatryggingalaga þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir greiðslu Tryggingastofnunar á meðferð erlendis. Nefndin setur sér þær reglur að þörf verði að vera mjög brýn og meðferð hérlendis sé fullreynd áður en sjúklingar eru sendir úr landi. Gildir þetta um alla sjúklinga.

Einnig hafði komið í ljós við vísindalegar rannsóknir sem voru gerðar á meðferðarmætti Bláa lónsins að árangur af meðferð þar var mjög góður, bæði meðferð við böðun en ekki síður ef ljósalampar voru einnig notaðir. Í framhaldi af þessum niðustöðum gerði Tryggingastofnun samning við Bláa lónið um meðhöndlun 222 sjúklinga á ári, en áður höfðu einungis 30–40 sjúklingar átt kost á meðferð erlendis. Einnig var gerður samningur um sjúkrahótel í tengslum við Bláa lónið fyrir þá sem koma utan af landi og greiðir Tryggingastofnun dvalarkostnað þeirra.

Frá árinu 1996 hafa umsóknir um loftslagsmeðferð erlendis verið afgreiddar af „siglinganefnd“ (utanfararstyrkveitinganefnd), skv. 35. gr. almannatryggingalaga.

Árið 1997 barst nefndinni engin umsókn frá psoriasissjúklingi um loftslagsmeðferð erlendis, en á árinu 1998 voru heimilaðar sex ferðir, þrjár ferðir 1999 og fjórar ferðir hafa verið heimilaðar það sem af er árinu 2000.

926. Svar [454. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar K. Sverrisdóttur um fjölda starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og veitingu húsnæðislána í kjördæmum.

1. *Hver er fjöldi starfsmanna á vegum sveitarfélaga í einstökum kjördæmum og hvernig hefur hann breyst síðustu tíu ár?*

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur safnað upplýsingum um fjölda stöðugilda í sveitarfélögunum annað hvert ár og má sjá hver hann var árin 1990 og 1998 í töflunni hér á eftir. Verið er að taka saman upplýsingar um stöðugildi árið 2000 og er sveitarfélögunum ætlað að skila þeim til sambandsins fyrir 15. apríl nk. Rétt er að vekja athygli á því að sveitarfélögin tóku alfarið við rekstri grunnskóla árið 1996 og urðu kennarar þá starfsmenn sveitarfélaganna.

	Stöðugildi 1. janúar 1990	Stöðugildi 1. janúar 1998	Fjölgun stöðugilda
Reykjavík	4.603	7.295	2.692
Reykjanes	1.795	3.077	1.282
Vesturland	274	671	397
Vestfirðir	268	460	192
Norðurland vestra	196	462	266
Norðurland eystra	813	1.805	992
Austurland	281	651	370
Suðurland	429	1.018	589
Samtals	**8.659**	**15.439**	**6.780**

2. *Hver er fjöldi starfsmanna á vegum ríkisins í einstökum kjördæmum og hvernig hefur hann breyst síðustu tíu ár?*

Fyrirspurn um fjölda starfsmanna ríkisins er rétt að beina til fjármálaráðherra. Félagsmálaráðuneytið hefur ekki þessar upplýsingar.

3. *Hvernig hefur veitingu húsnæðislána verið háttað síðustu tíu ár, sundurliðað eftir kjördæmum?*

Leitað var til Íbúðalánasjóðs um svör við þessum lið og má sjá þau í meðfylgjandi töflu. Bent skal á að tölur fyrir 1999 eru bráðabirgðatölur þar sem ársuppgjör er ekki frágengið.

Veitt lán í Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og samþykkt húsbréfaviðskipti í húsbréfadeild hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og Íbúðalánasjóði 1990–1999.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1990	%	1991	%	1992	%	1993	%	1994	%	1995	%	1996	%	1997	%	1998	%	1999	%
Reykjavík	8.069	44,7	10.306	43,3	8.855	41,7	5.274	39,4	7.960	44,5	6.421	42,4	7.353	45,0	7.426	42,0	12.075	43,0	16.004	44,0
Reykjanes	5.526	30,6	7.409	31,1	6.974	32,8	4.633	34,5	5.712	32,0	5.445	35,9	5.426	33,0	6.675	38,0	9.477	34,0	12.192	34,0
Vesturland	387	2,1	711	3,0	601	2,8	436	3,3	733	4,1	394	2,6	617	4,0	576	3,0	1.008	4,0	1.495	4,0
Vestfirðir	397	2,1	540	2,3	626	2,9	266	2,0	334	1,9	311	2,1	287	2,0	217	1,0	723	3,0	489	1,0
Norðurland vestra	369	2,0	512	2,2	472	2,2	271	2,0	313	1,8	256	1,7	207	1,0	248	1,0	620	2,0	465	1,0
Norðurland eystra	1.900	10,5	2.259	9,5	1.783	8,4	1.205	9,0	1.266	7,1	1.173	7,7	1.317	8,0	1.637	9,0	2.353	8,0	3.243	9,0
Austurland	544	3,0	804	3,4	809	3,8	530	4,0	437	2,4	325	2,1	377	2,0	338	2,0	538	2,0	834	2,0
Suðurland	845	4,0	1.275	5,4	1.118	5,3	779	5,8	1.121	6,3	821	5,4	862	5,0	711	4,0	1.102	4,0	1.661	5,0
Samtals	**18.035**	100,0	**23.815**	100,2	**21.237**	99,9	**13.394**	99,9	**17.875**	100,1	**15.147**	99,9	**16.446**	100,0	**17.827**	100,0	**27.896**	100,0	**36.383**	100,0
Framreiknað miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1999	**24.509**		**30.067**		**26.557**		**16.202**		**21.242**		**17.473**		**17.865**		**18.680**		**28.548**		**36.383**	

Athuga skal að húsbréfakerfið var tekið í notkun í nóvember 1989 en veitt voru lán samkvæmt kerfinu frá 1986 fram í mars 1994 vegna langs afgreiðslutíma lánsloforða.
Heimildir: Ársskýrslur Húsnæðisstofnunar ríkisins 1990–97 og tölfræðigögn Íbúðalánasjóðs.

927. Fyrirspurn [607. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hvert er mat ráðherra á árangri af því forvarnastarfi gegn krabbameini sem hér hefur verið unnið, þ.m.t. á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins; hefur ráðuneytið eða landlæknisembættið metið áhrif þessa starfs á heilbrigðisþjónustuna?
2. Hefur ráðherra fyrirætlanir um auknar forvarnir gegn krabbameini, t.d. með víðtækari krabbameinsleit? Ef svo er, hverjar eru þær, hvenær komast þær í framkvæmd og hvernig verða þær skipulagðar? Ef svo er ekki, mun ráðherra þá styðja hugmyndir annarra aðila um forvarnir, svo sem Krabbameinsfélagsins, einstakra lækna eða annarra?

928. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38/1998 er ríkisstjórnin að leggja til að skip sem voru við síldveiðar á árunum 1995, 1996 og 1997 fái veiðiheimildir afhentar af hálfu hins opinbera án endurgjalds og þurfi síðan ekki að veiða neitt en megi umsvifalaust selja allar þær veiðiheimildir sem þau fá. Önnur skip sem fá veiðiheimildir en voru ekki við síldveiðar á árunum 1995, 1996 eða 1997 mega hins vegar ekki framselja neitt heldur verða þau að veiða allt. Í desember árið 1998 féll frægur dómur, nr. 145, í Hæstarétti. Meginniðurstaða hans var sú að það samræmdist ekki atvinnufrelsis- og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að þeir einir gætu fengið veiðileyfi sem hefðu haldið skipum sínum til veiða á tilteknum árum. Í janúar síðastliðnum féll í undirrétti svokallaður Vatneyrardómur þar sem niðurstaðan er sú að sama eigi við um veiðiheimildir og það sem Hæstiréttur komst að niðurstöðu um varðandi veiðileyfi, að það samræmdist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að þeir einir fengju úthlutað veiðiheimildum eða kvóta sem leiði rétt sinn til reynslu tiltekinna ára. Niðurstöðu Vatneyrardóms var vísað til Hæstaréttar og þegar þetta nefndarálit er lagt fram hefur ekki fallið dómur í því máli.

Fyrir utan það siðleysi sem felst í að afhenda réttinn til veiðanna án endurgjalds keyrir auðvitað um þverbak að ríkisstjórnin skuli leggja það til að síðan gildi ekki sömu reglur fyrir alla. Reglur ríkisstjórnarinnar fara eftir því hvort skip var við síldveiðar árið 1995, 1996 eða 1997. Það ræður hvernig þau eru meðhöndluð. Þetta eru töfraárin að mati ríkisstjórnarinnar, þau ár sem gefa rétt til úthlutunar ókeypis gæða sem síðar má selja. Ef viðskiptin með veiðiréttinn eru talin svona mikilvæg, af hverju eru veiðiheimildirnar þá ekki boðnar út þannig að allir sitji við sama borð?

Þegar lögin um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum voru sett vorið 1998, fyrir tæpum tveimur árum, og leystu af hólmi þá aðferð að nota úthafsveiðilöggjöfina sem grundvöll veiðanna, lögðu jafnaðarmenn til að síldarkvótarnir yrðu boðnir út. Það var og í sam-

ræmi við sérstakt þingmál í þá veru sem þá hafði tvisvar verið flutt af jafnaðarmönnum. Það gekk út á að úthafslögunum yrði breytt þannig að heimilt yrði að bjóða síldarkvótana út. Í því áliti sem fulltrúar jafnaðarmanna í sjávarútvegsnefnd lögðu á sínum tíma fram við 2. umræðu um frumvarp ríkisstjórnarinnar sem varð að lögum nr.38/1998, um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, kemur m.a. fram að með þeirri skipan mála að veiðarnar yrðu boðnar út væri líklegast að þau markmið fiskveiðistjórnar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðiréttarins næðust fram.

Því áliti var jafnframt lýst að frumvarpið væri bastarður, niðurstaða málamiðlunar stjórnarflokkanna sem ekki gátu komið sér saman um hvort veiðireynsla úr síldarstofninum ætti að mynda grunn að fastri aflahlutdeild eða ekki eins og meiri hluti nefndarinnar hafði áréttað sérstaklega við setningu úthafsveiðilaganna árinu áður. Nú virðist hins vegar samstaða um málið meðal stjórnarþingmanna. Veiðireynsla á ekki aðeins að mynda grunn að fastri aflahlutdeild og veiðirétti heldur fullkominn framsalsrétt, nánast eignarrétt sem ókeypis er afhentur þeim sem héldu skipum sínum til síldveiða á tilteknum árum. Gildandi lög segja að sjávarútvegsráðherra eigi fyrir 1. nóvember árið 2000 að leggja fram frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Því er ljóst að með þeim breytingum verið er að leggja til er verið að tjalda til einnar nætur. En þar sem ríkisstjórnin kýs, þrátt fyrir það, að ganga til breytinga á lögunum í þá veru sem áður er lýst munu fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni leggja fram breytingartillögur við frumvarp ríkisstjórnarinnar og fylgja þannig eftir þeirri skoðun að líklegast sé að markmið fiskveiðistjórnar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðiheimilda fáist með því að bjóða veiðarnar út.

Alþingi, 4. apríl 2000.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Jóhann Ársælsson.

929. Breytingartillaga [407. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar (JÁ, SvanJ).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

B-, c- og d-liður 2. gr. laganna orðast svo:

b. Bjóða skal allar veiðiheimildir er í hlut Íslands koma til leigu á opnum markaði sem öll fiskiskip sem leyfi hafa til síldveiða skv. a-lið þessarar greinar hafa jafnan aðgang að.

Takmarkaðar aflaheimildir sem Íslendingum verður heimilt að veiða innan lögsögu annarra ríkja skulu aðgreindar eftir hafsvæðum og boðnar fram sérstaklega.

Skulu hæstbjóðendur hljóta veiðiheimildirnar í samræmi við tilboð sín, þó skal hvert skip ekki fá úthlutað meira en 7.000 tonnum.

c. Heimilt skal að framselja til annarra skipa sem leyfi hafa til síldveiða skv. a-lið þessarar greinar allt að 50% þess aflamarks sem skip hefur fengið úthlutað.

d. Sjávarútvegsráðherra skal setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Ráðherra skal fela til þess færum aðila að sjá um framkvæmd útboðsins og innheimtu leigugjaldsins en hefur eftirlitsskyldu varðandi framkvæmdina. Þeir fjármunir sem innheimtast vegna leigugjaldsins skulu renna í ríkissjóð.

930. Nefndarálit [549. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas N. Möller og Bergþór Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Katrínu Ólafsdóttur frá Þjóðhagsstofnun, Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Jónas Þór Steinarsson og Boga Pálsson frá Bílgreinasambandinu og Arnór Sighvatsson frá Seðlabanka Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum.

Helsta breytingin sem lögð er til er fækkun á flokkum vörugjalds á fólksbifreiðar úr þremur í tvo og að vörugjald á fólksbifreiðar með aflmeiri vélar verði lækkað nokkuð frá núgildandi lögum. Með breytingunni er stefnt að því að gera fleirum kleift að kaupa öruggari og betur búnar bifreiðar en einnig mun breytingin að líkindum leiða til þess að draga mun úr innflutningi notaðra bifreiða sem oft eru búnar ófullkomnum mengunarvarnabúnaði.

Meðal annarra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er að vörugjald af bifhjólum, vélsleðum og fjórhjólum verði lækkað úr 70% í 30%. Þá er lagt til að lækkað verði gjald af fólksbifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum þannig að bílaleigur hérlendis verði samkeppnishæfari samanborið við slíka þjónustu í öðrum löndum. Loks er lögð til veruleg lækkun á vörugjaldi á bifreiðar sem eru sérútbúnar fyrir fatlaða.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Pétur H. Blöndal, frsm.	Gunnar Birgisson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Jón Kristjánsson.	Vigdís Hauksdóttir.

931. Framhaldsnefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

10. og 12. gr. falli brott.

Lúðvík Bergvinsson og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Jónína Bjartmarz.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Vigdís Hauksdóttir.	Hjálmar Jónsson.

Ásta Möller.

932. Svar [329. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni.

1. *Hvernig hefur af Íslands hálfu verið staðið að framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni frá því að samningurinn tók gildi hér á landi, 11. desember 1994?*

Við gildistöku samningsins um líffræðilega fjölbreytni hér á landi var samningurinn vistaður hjá Náttúrufræðistofnun Íslands sem var um leið falið að sjá um undirbúning og þátttöku í þingum aðildarríkja samningsins og fundum vísindanefndar, auk þess að annast framkvæmdina hér innan lands. Í samræmi við það tók stofnunin þátt í fyrstu þremur þingum aðildarríkja samningsins og sá jafnframt um að undirbúa þátttöku í þeim í samráði við umhverfisráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið. Stofnunin sá auk þess um málefni vísinda- og tækninefndar samningsins og vinnslu fyrstu tillagna um undirbúning að framkvæmd samningsins hér á landi.

Fljótlega kom þó í ljós að til þess að ná yfir öll áherslusvið samningsins í framkvæmd og í umfjöllun á aðildarríkjaþingum væri nauðsynlegt, vegna eðlis hans og þess hversu víðtækt gildissvið hans er, að fleiri ráðuneyti en umhverfisráðuneytið og stofnanir þess kæmu að honum. Því var tekin ákvörðun um það í byrjun árs 1998 að færa umsjón með samningnum

frá Náttúrufræðistofnun til umhverfisráðuneytisins og var á sama tíma ákveðið að setja á laggirnar samráðsnefnd um samninginn með aðild utanríkisráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis, auk umhverfisráðuneytis og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Við gerð frumvarpa til laga undanfarin missiri hefur ráðuneytið tekið mið af ákvæðum samningsins um líffræðilega fjölbreytni og unnið markvisst að því að styrkja grundvöll fyrir framkvæmd hans hér á landi. Má þar m.a. nefna ný náttúruverndarlög sem tóku gildi 1. júlí sl. en þar er að finna ákvæði um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera, sbr. 41. gr. laganna, sem miðar að því að vernda líffræðilega fjölbreytni gegn óæskilegum áhrifum af framandi tegundum plantna og dýra í samræmi við h-lið 8. gr. samningsins. Á næstunni verður sett reglugerð um innflutning og ræktun útlendra plöntutegunda og skipuð nefnd sérfræðinga til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þessi mál í samræmi við ákvæði 41. gr. náttúruverndarlaga. Þá má nefna 37. gr. laganna þar sem taldar eru upp landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar, svo sem tjarnir, stöðuvötn, mýrar, flóar, sjávarfitjar og leirur, og er það m.a. í samræmi við d-lið 8. gr. samningsins sem fjallar um vernd vistkerfa og náttúrulegra búsvæða og viðhald lífvænlegra tegundastofna í náttúrulegu umhverfi. Breyting var einnig gerð á friðlýsingarákvæðum náttúruverndarlaga í þeim tilgangi að stuðla að verndun og friðun lífvera, búsvæða og vistkerfa, sbr. 50. gr. laganna. Auk þess er mikilvægt að nefna ákvæði 65. gr. um gerð náttúruverndaráætlunar sem lögð skal fyrir Alþingi á fimm ára fresti, fyrst árið 2002, en slík áætlun er í fullu samræmi við b-lið 6. gr. samningsins þar sem kveðið er á um að áætlanir og stefnumál hinna ýmsu geira þjóðfélagsins skuli samþætt vernd og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga áform um samræmingu slíkra áætlana í tengslum við vinnu að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem hófst á síðasta ári á vegum iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Auk framantalinna atriða í náttúruverndarlögunum er vert að minnast á ákvæði um nýtingu jurta í atvinnuskyni og heimildir til þess að setja ákvæði um hana, m.a. um upplýsingagjöf um tegundir og magn þess sem nýtt er.

Jafnframt var með 34. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sem heyra undir iðnaðarráðuneytið, sett ákvæði til þess að fullnægja til bráðabirgða ákvæðum samningsins, sbr. 15.–19. gr. hans, sem fjalla um aðgang að erfðaauðlindum, aðgang að tækni og miðlun hennar, upplýsingaskipti og meðferð líftækni og dreifingu hagnaðar af henni. Á vegum umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis er hafin vinna við að endurskoða ákvæðið, sem leiðir væntanlega til sjálfstæðrar löggjafar um erfðaauðlindir, aðgang að þeim og skiptingu hagnaðar af nýtingu þeirra.

Fyrir utan nauðsynlega lagasetningu til þess að styrkja ákvæði samningsins í íslenskri löggjöf og framkvæmd hans hér á landi hafa stofnanir ráðuneytisins, sérstaklega Náttúrufræðistofnun Íslands, haft ákvæði samningsins að leiðarljósi við mótun stefnu og gerð starfsáætlana á undanförnum árum. Skuldbindingar sem felast í samningnum speglast að mörgu leyti í verkefnavali stofnunarinnar og mótun verkefna. Sum þessara verkefna eru fjölþjóðleg og svæðisbundin en önnur eru lögboðin og reglubundin verkefni stofnana sem aðlöguð hafa verið breyttum áherslum og ákvæðum samningsins. Hér má nefna verkefni eins og CPAN-verkefnið sem er eitt af verkefnum innan CAFF-Norðurskautssamstarfsins og miðar að því að meta kerfisbundið fyrirliggjandi upplýsingar um lífríki friðaðra svæða og meta þörf á friðun nýrra svæða til þess að tryggja næga vernd allra þátta flóru og fánu viðkomandi landa.

2. *Hvaða áætlanir hafa íslensk stjórnvöld um viðbrögð, vinnu og rannsóknir hérlendis í samræmi við einstök ákvæði samningsins?*

Í umhverfisráðuneytinu hefur undanfarið verið farið ítarlega yfir samninginn til þess að skoða hvaða ákvæði kalla á sérstakar aðgerðir af hálfu stjórnvalda og til að leggja grunn að vinnslu framkvæmdaáætlunar fyrir samninginn þar sem sett verða markmið og gerðar tillögur um framkvæmd hans. Jafnframt því þarf að gera áætlun um vöktun og mat á árangri aðgerða til þess að hægt verði að endurmeta markmið og leiðir og framkvæmd samningsins í heild með tilliti til ákvæða hans.

Þessar áætlanir byggjast hins vegar á þekkingu á líffræðilegri fjölbreytni og þeim ferlum og ákvörðunum um aðgerðir sem kunna að hafa áhrif á hana hér á landi. Vitneskja um stöðuna er því miður ekki nægilega góð. Því er mikilvægt að efla starf stofnana á þessu sviði þannig að þeim verði betur kleift að afla ítarlegra upplýsinga um ástand náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni og ógnir sem að henni steðja, verndun hennar og nýtingu.

Helstu almennu skuldbindingarnar um framkvæmd samningsins er að finna í 6.–10. og 14. gr. hans, en auk þess eru ýmis sértækari ákvæði í öðrum greinum. Ráðuneytið hefur undirbúið gerð framkvæmdaáætlunar fyrir samninginn og mun á næstunni hefja nánari útfærslu hennar í samvinnu við samráðsnefndina.

3. *Hvernig hefur verið háttað starfi samstarfsnefndar um líffræðilegan fjölbreytileika sem skipuð var 18. febrúar 1998, hversu oft hefur hún komið saman og hvað hefur hún lagt til við umhverfisráðuneyti og/eða ríkisstjórn?*

Samráðsnefnd um samninginn, sem skipuð var í febrúar 1998, hefur fjórþætt hlutverk en henni var falið:

- að gera tillögur til ráðuneytisins um þátttöku í þróun samningsins og áherslur íslenskra stjórnvalda í því sambandi,
- að fylgjast með umræðum og tillögugerð innan ramma samningsins og gera tillögur um afstöðu íslenskra stjórnvalda til þeirra,
- að gera tillögur um nauðsynlega þátttöku í alþjóðlegu starfi sem tengist samningnum og
- að fara yfir ákvarðanir sem eru teknar innan ramma samningsins og gera tillögur um framfylgd þeirra hér á landi.

Nefndin hefur haldið sex fundi og fjallað um samninginn og farið yfir tillögur og þingskjöl sem til umfjöllunar voru á síðasta aðildarríkjaþingi. Nefndin mótaði afstöðu til þeirra tillagna sem varða framkvæmd samningsins og helstu hagsmuni Íslands. Jafnframt fjallaði nefndin um þátttöku í aðildarríkjaþinginu og þeir nefndarmenn sem sóttu þingið tóku virkan þátt í mótun samþykkta þess. Á þinginu var sérstaklega fjallað um sjávarútvegsmál og tók sendinefndin virkan þátt í því.

4. *Hvað veldur því að Ísland, eitt fárra Evrópulanda, hefur ekki skilað skýrslu (National Report) til skrifstofu samningsaðila þrátt fyrir eindaga í janúar 1998?*

Ástæðan fyrir því að dregist hefur að skila til skrifstofu samningsins skýrslu Íslands um líffræðilega fjölbreytni hér á landi er fyrst og fremst upplýsingaskortur og skortur á fé til þess að ljúka vinnslu skýrslunnar.

Ráðuneytið fól Náttúrufræðistofnun Íslands síðla árs 1997 að vinna skýrsluna. Hóf stofnunin verkið og kynnti ráðuneytinu drög að skýrslunni árið 1998. Stofnunin tilkynnti ráðuneytinu jafnframt að hún hefði ekki fé til þess að vinna skýrsluna frekar. Ráðuneytið fékk síðan árið 1999 send drög að skýrslunni og hefur verið farið yfir þau í ráðuneytinu með tilliti til þess hvernig vinnu við hana verður fram haldið og hvaða gagna þurfi að afla til viðbótar

vegna nauðsynlegrar stefnumörkunar um framkvæmd samningsins. Ráðgert er að hraða þessari vinnu og er stefnt að því að ljúka gerð skýrslunnar og senda hana til skrifstofu samningsins á næstu mánuðum.

5. *Hvernig var háttað þátttöku Íslands í undirbúningi og afgreiðslu bókunar um verslun með erfðabreyttar lífverur og afurðir þeirra (Biosafety Protocol) sem samkomulag tókst um með 132 aðildarríkjum samningsins 29. janúar árið 2000?*

Á öðru þingi aðildarríkja samningsins í Jakarta í nóvember 1995 var ákveðið að hefjast handa við gerð bókunar við samninginn sem fjalla skyldi um öruggan flutning, meðhöndlun og notkun lifandi erfðabreyttra lífvera í samræmi við ákvæði 3. mgr. 19. gr. samningsins og niðurstöðu undirbúningsnefndar sem var á fyrsta þingi aðildarríkja samningsins falið að gera tillögur að framkvæmd ákvæðisins. Sett var á laggirnar sérstök vinnunefnd sem skyldi undirbúa og gera drög að bókun um lífvernd (Protocol on Biosafety). Á fyrsta fundi nefndarinnar, sem haldinn var í Árósum sumarið 1996, var Daninn Veit Koester valinn til þess að hafa forustu í starfi nefndarinnar. Fyrir fundinn fjallaði umhverfisráðuneytið um fundarefni og þátttöku í honum. Var ákveðið að fara þess á leit að Hollustuvernd ríkisins tæki þátt í fundinum en af því gat ekki orðið vegna annarra starfa starfsmanna stofnunarinnar. Ekki varð heldur af þátttöku í vinnuferlinu né í fundum á síðari stigum en umhverfisráðuneytið fylgdist með störfum nefndarinnar og fór reglulega yfir þær tillögur sem hún vann að. Einnig var fylgst með málinu og framgangi þess með beinum viðræðum við formann nefndarinnar á aðildarríkjaþingum.

Sérstaklega var fjallað um þátttöku í aukaaðildarríkjaþingi sem hófst í Cartagena í Kólumbíu í febrúar 1999. Þar var ætlunin ar að ná samkomulagi um efni og texta bókunarinnar en vegna kostnaðar var fallið frá þátttöku. Ekki tókst að ná samkomulagi um bókunina og var þinginu frestað til þess að skapa svigrúm til óformlegra samningaumleitana og freista þess að ná samkomulagi milli þeirra fimm fylkinga sem komu fram á samningafundum. Ráðuneytið sá sér ekki fært vegna kostnaðar að taka þátt í óformlegu viðræðunum sem fram fóru á síðasta ári, þ.e. fundum sem haldnir voru í Montreal í Kanada í lok júní 1999 og í Vín í Austurríki í september, né heldur í seinni hluta aukaaðildarríkjaþings sem fram var haldið í Montreal í Kanada í lok janúar á þessu ári, en þar náðist samkomulag og niðurstaða um texta bókunarinnar.

6. *Hvernig verður hagað þátttöku Íslands í næsta fundi vísinda- og tækninefndar samningsins og undirbúningi og þátttöku í 5. fundi samningsaðila (COP-5) í Nairobi í maí árið 2000?*

Ísland hefur tekið þátt í fundum samningsins, bæði fundum vísinda- og tækninefndar og aðildarríkjafundum, eftir því sem efni hafa staðið til og fjármunir leyft. Vísinda- og tækninefnd samningsins hélt fund síðast í Montreal í Kanada í lok janúar og byrjun febrúar sl. og sótti fundinn fulltrúi frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Næsta fund nefndarinnar er ráðgert að halda í febrúar eða mars árið 2001 og þar næsta fund í september sama ár. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um þátttöku í þeim. Tekin verður afstaða til þátttöku í næsta fundi nefndarinnar er nær dregur fundinum og skjöl sem leggja á fyrir fundinn verða aðgengileg, annaðhvort á heimasíðu samningsins eða þegar gögnin berast ráðuneytinu og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Undirbúningur að þátttöku Íslands í fimmta aðildarríkjaþinginu, sem haldið verður í Nairobi í Kenýa 15.–29. maí, er hafinn. Mun samráðsnefndin sjá um undirbúning, fara yfir fundargögn, gera tillögur um afstöðu Íslands til þeirra málefna sem fjallað verður um og gera

tillögur um þátttöku í fundinum eftir því hvaða málefni verða þar til umfjöllunar. Síðasta þing aðildarríkja, sem haldið var í Bratislava í maí 1998, sóttu fjórir fulltrúar fyrir hönd Íslands og komu þeir frá umhverfisráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, Náttúrufræðistofnun Íslands og utanríkisráðuneyti.

7. *Hversu miklu hefur árlega verið kostað til af Íslands hálfu vegna aðildar að samningnum árin 1995–99, sundurliðað eftir félagsgjöldum, kostnaði við þátttöku í fundum erlendis og eftir aðgerðum og verkefnum hér innan lands sem miða að því að hrinda í framkvæmd einstökum samningsákvæðum?*

Heildarkostnaður af aðild Íslands að samningnum á árunum 1995–99 nemur ríflega 8 millj. kr. vegna aðildargjalda, ferðakostnaðar og vinnuframlags Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. meðfylgjandi töflu. Kostnað við framkvæmd samningsins hér á landi er erfitt að meta en stofnanir ráðuneytisins, sérstaklega Náttúrufræðistofnun Íslands, hafa eftir því sem við á miðað starfsáætlanir sínar og rannsóknarvinnu við ákvæði samningsins og nær útilokað er að gera grein fyrir þeim kostnaði. Árlegur kostnaður vegna samningsins hefur numið frá 670.000 kr. árið 1997 upp í tæpar 2,3 millj. kr. árið 1996.

Aðildargjöld samningsins eru breytileg milli ára og fara þau eftir samþykktum aðildarríkja á fjárlagaramma fyrir skrifstofu samningsins og framkvæmd hans, en Ísland greiðir 0,032% af heildarkostnaði við samninginn í samræmi við reglur Sameinuðu þjóðanna um kostnaðarskiptingu.

Kostnaður af aðild að samningnum um líffræðilega fjölbreytni.

	1995	1996	1997	1998	1999	Samtals
Aðildargjöld, Bandaríkjadalir .	3.000	2.846	2.114	1.915	2.409	12.284
Aðildargjöld, íslenskar krónur	195.110	190.294	149.978	139.697	175.621	850.700
Ferðakostnaður:						
Umhverfisráðuneyti				238.231		238.231
Náttúrufræðistofnun Íslands ..	739.201	1.476.239	421.667	642.671	514.348	3.794.126
Framkvæmdir:						
Vinna Náttúrufræðistofnunar .	1.200.000	600.000	100.000	100.000	1.200.000	3.200.000
Samtals	**2.134.311**	**2.266.533**	**671.645**	**1.120.599**	**1.889.969**	**8.083.057**

Náttúrufræðistofnun Íslands gerði ráðuneytinu grein fyrir þeim kostnaði sem stofnunin telur hafa hlotist af vinnu starfsmanna í tengslum við samninginn. Er þar fyrst og fremst um að ræða undirbúning og frágang vegna aðildarríkjaþinga og funda vísinda- og tæknineffndar samningsins en einnig norrænna samráðsfunda. Samkvæmt þessari samantekt er heildarkostnaður ráðuneytisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands ríflega 8 millj. kr. á þessum árum. Þess ber þó að gæta að ekki er hér tekinn með kostnaður sem fallið hefur á sjávarútvegsráðuneyti og utanríkisráðuneyti vegna þátttöku í aðildarríkjaþingum og fundum vísindanefndar samningsins og ekki metin til fjár sú vinna sem fram hefur farið á vegum umhverfisráðuneytisins og samstarfsnefndarinnar.

8. *Hversu miklu fé verður varið í vinnu í samræmi við ákvæði samningsins um líffræðilega fjölbreytni hérlendis á þessu ári, sundurliðað eftir aðgerðum?*

Í fjárlögum þessa árs er ekki gert ráð fyrir fé til framkvæmdar samningsins en í ferðaáætlun ráðuneytisins er ráðgert að kostnaður við þátttöku í þingi aðildarríkja verði um 350.000 kr. við að senda einn fulltrúa á þingið. Komi til þess að önnur ráðuneyti eða stofnanir taki

þátt í þingi aðildarríkja mun kostnaður við þátttöku þeirra greiðast af viðkomandi ráðuneytum og stofnunum. Auk þess munu tveir starfsmenn ráðuneytisins vinna á þessu ári við skýrslu um framkvæmd samningsins og undirbúning framkvæmdaáætlunar hér á landi.

933. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Rúnu Jónsdóttur frá Stígamótum, Georg Kr. Lárusson og Jóhann Jóhannsson frá Útlendingaeftirlitinu, Helgu Haraldsdóttur frá samgönguráðuneyti og Karl Steinar Valsson frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Jafnframt bárust umsagnir um málið frá Útlendingaeftirlitinu, Bandalagi íslenskra listamanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi íslenskra leikara, Bandalagi háskólamanna, Félagi nýrra Íslendinga, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Jafnréttisráði og Miðstöð nýbúa. Þá barst nefndinni erindi frá félagsmálaráðuneyti í tengslum við umfjöllun málsins um breytingu á 13. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga varðandi réttarstöðu erlendra maka íslenskra ríkisborgara.

Nú fer fram heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, en samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneyti hefur orðið gífurleg fjölgun í hópi þeirra sem koma hingað til lands í allt að fjórar vikur árlega og stunda vinnu á nektarstöðum í þann tíma á grundvelli undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi. Frumvarpinu er einkum ætlað að veita félagsmálaráðherra skýra lagaheimild til að setja reglur sem skilgreina hverjir falli undir undanþágu b-liðar 14. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og geti talist listamenn í skilningi laganna. Með því er unnt að gera erlendra nektardansara sem koma hingað til lands í atvinnuskyni háða reglum um atvinnuleyfi. Slíkir dansarar hafa fram til þessa hlotið undanþágu á grundvelli þess að hér sé um listamenn að ræða, en ljóst er að undanþáguákvæði 14. gr. laganna var aldrei ætlað að halda uppi viðvarandi atvinnustarfsemi útlendinga hér á landi með þeim hætti sem orðið hefur. Reynsla erlendis sýnir að slíku umhverfi fylgir iðulega vændi, eiturlyfjasala og önnur neðanjarðarstarfsemi. Umsagnir um málið voru almennt jákvæðar, en í umsögnum Bandalags íslenskra listamanna og Félags íslenskra leikara komu fram efasemdir um réttmæti þess að félagsmálaráðherra setti reglur sem skilgreindu störf listamanna. Buðust samtökin til þess að aðstoða við skilgreiningu á því hver væri listamaður ef verulegur vafi léki á því hvort viðkomandi stundaði listræn störf. Þess skal þó getið að breytingunni er aðeins ætlað að veita félagsmálaráðherra heimild til að skilgreina hverjir eru listamenn í skilningi laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, og þar með undanþegnir kröfum um atvinnuleyfi, en ekki að ráðstafa réttindum listamanna á annan hátt.

Meðan frumvarpið var til meðferðar hjá nefndinni lagði samgönguráðherra fram frumvarp um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum (406. mál). Þar er m.a. gert ráð fyrir þremur nýjum flokkum veitingastaða í þeim tilgangi að veita sveitarstjórnum úrræði til að hafa áhrif á hvar rekstur „erótískra“ veitingastaða fer fram, en þar er skilgreint hvers konar veitingastaður telst vera næturklúbbur. Í tengslum við frumvarp samgönguráðherra komu fram hugmyndir um hvort ekki væri æskilegt að tilgreina skýrt í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hverjir féllu ekki undir undanþágu samkvæmt lögunum

miðað við skilgreiningu frumvarpsins á næturklúbbum. Tillaga þess efnis að þeir sem kæmu fram á næturklúbbum féllu ekki undir undanþáguna kom fram við meðferð málsins. Nefndin lítur svo á að hér sé um að ræða ákvæði sem taki ótvírætt til nektardansara og er gerð breytingartillaga um það í sérstöku þingskjali.

Nái frumvarpið fram að ganga verður unnt að skylda erlenda nektardansara sem hingað koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins til að sækja um dvalarleyfi hér á landi og leggja fram heilbrigðisvottorð. Nefndin lítur svo á að ákvæði frumvarpsins muni auðvelda yfirvöldum að hafa eftirlit með a.m.k. hluta þeirra kvenna sem hingað koma í stuttan tíma árlega í þeim tilgangi að stunda nektardans og þar með sporna við starfsemi hluta þeirra staða sem teljast til næturklúbba, þ.e. hinna „erótísku“ veitingastaða.

Jafnframt leggur nefndin til breytingu á 13. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, samkvæmt tillögu félagsmálaráðuneytis, en henni er ætlað að undanþiggja maka íslenskra ríkisborgara með skýrum hætti frá skilyrðum laganna um atvinnuleyfi, enda hafi þeir fengið dvalarleyfi hér á landi eða afhent skráningaryfirvaldi norrænt flutningsvottorð. Breytingartillaga þess efnis er gerð í sérstöku þingskjali.

Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram ábending um að mikil og brýn þörf væri á heildstæðri löggjöf um útlendinga hér á landi og tekur nefndin heils hugar undir það.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir álitið með fyrirvara.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. apríl 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Kristján Pálsson.
Jónína Bjartmarz.	Pétur H. Blöndal.	Vigdís Hauksdóttir.
Kristján L. Möller.	Drífa Hjartardóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

934. Breytingartillögur [261. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   A-liður 13. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgara í ríkjum sem eiga aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, hafi þeir fengið dvalarleyfi eða afhent skráningaryfirvaldi norrænt flutningsvottorð. Hið sama gildir um maka Íslendinga eftir því sem við á.

2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.). Greinin orðist svo:
   Við 14. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
   Þeir sem koma fram á næturklúbbum falla ekki undir þessa undanþágu.
   Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu skv. 1. mgr.

935. Nefndarálit [549. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með frumvarpinu er verið að fækka gjaldflokkum og lækka vörugjald af stærri ökutækjum, einkum stærstu bifreiðunum með sprengirými yfir 2.500 rúmsentímetrum. Undantekning er þó vörugjald af bifreiðum með 2.000–2.500 rúmsentímetra slagrými sem hækkar úr 40% í 45%, auk þess sem vörugjald er óbreytt af ódýrustu bifreiðunum með vélarstærð undir 1.600 rúmsentímetrum. Jafnframt er verið að lækka verulega vörugjald af bifhjólum, vélsleðum og fjórhjólum, eða úr 70% í 30%, og lækka vörugjald af bifreiðum í atvinnurekstri, eins og af leigubifreiðum til fólksflutninga og útleigu á bílaleigum.

Ríkjandi efnahagsástand mælir gegn breytingunni.

Ýmis rök kunna að vera fyrir því að einfalda og samræma vörugjald af ökutækjum eins og hér er lagt til og afar jákvætt að verið sé að lækka verulega vörugjald af sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða. Ástæða er til að fagna því, enda hefur sú breyting óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Hins vegar tekur minni hlutinn undir það með Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka, ASÍ og BSRB að lækkun skatta á stærstu bifreiðarnar sé óskynsamleg miðað við núverandi stöðu efnahagsmála. Áætlað tekjutap ríkissjóðs sem leiðir af breytingunum samkvæmt mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er um 300–350 millj. kr. og auk þess 50–60 millj. kr. vegna lækkunar á vörugjaldi af bifhjólum, vélsleðum og fjórhjólum. Á móti gerir fjárlagaskrifstofan ráð fyrir að aukin eftirspurn eftir bifreiðum geti að einhverju leyti vegið upp tekjutapið. Sú athugasemd að breytingin leiði til aukinnar eftirspurnar er allrar athygli verð og staðfestir að áhrif frumvarpsins eru þensluhvetjandi.

Það er skoðun minni hlutans að þessar breytingar séu afar varhugaverðar miðað við ríkjandi efnahagsástand. Þjóðhagsstofnun telur að þótt út frá hagfræðilegu sjónarhorni megi færa rök fyrir því að leggja beri sömu opinber gjöld á allar gerðir bifreiða þannig að gjaldtakan sjálf stýri ekki kaupákvörðunum neytenda vegi þó þyngra að þær efnahagslegu aðstæður sem nú ríkja mæla á móti slíkri breytingu. Undir þessi sjónarmið tekur minni hluti nefndarinnar.

Vaxandi innflutningur bíla.

Þjóðhagsstofnun bendir jafnframt á að innflutningur hafi vaxið mjög hratt á síðustu árum, en frá árinu 1995 hefur verðmæti innfluttra bifreiða, mælt á föstu verði, aukist um 175%. Innfluttum bílum hefur fjölgað gífurlega, úr 6.950 bílum árið 1995 í 17.358 árið 1999. Inn-

flutningur á bifreiðum með 1.501–2.500 rúmsentímetra vélar hefur aukist mest, eða úr 2.807 árið 1995 í 10.002 árið 1999. Innflutningur á ódýrustu bílunum, með 0–1.500 rúmsentímetra vélar, hefur aftur á móti lítið breyst á þessum árum, verið 3.000–4.500 bílar á ári. Innflutningur á stærri bílum með 2.500–3.000 rúmsentímetra vélar jókst mikið árin 1995–1999, eða nálægt því fimmfaldaðist, úr 356 í tæplega 2.100, og rúmlega tvöfaldaðist á bílum með vélar yfir 3.000 rúmsentímetrum, fór úr 353 í 716 á síðasta ári.

Innflutningur bíla hefur því aukist gífurlega og má búast við að hann aukist enn við þessa breytingu. Í því sambandi má benda á að frá árinu 1995 hefur einkaneysla aukist um tæplega 6% á ári á mann, en bifreiðaliður einkaneyslunnar hefur aukist um 12 ½ % á ári á mann. Jafnframt er vakin athygli á því að einkaneysla undanfarin ár hafi aukist meira en kaupmáttur og mikill halli sé á vöruskiptum við útlönd.

Umferðaþungi og mengun.

Þjóðhagsstofnun bendir á að í lok árs 1999 var fjöldi skráðra einkabifreiða 151.400 og því 1,8 manns um hvern bíl, samanborið við 2,1 árið 1990. Samkvæmt yfirliti frá stofnuninni yfir fólksbílaeign í löndum OECD árið 1995 var Ísland meðal þjóða með flest ökutæki á hverja 1.000 íbúa, en frá þeim tíma hefur bílaeign Íslendinga vaxið um 250%.

Einkabílaeign er því með því mesta sem þekkist. Á þessu ári er áætlað að 1,7 íbúar verði um hvern bíl. Bílainnflutning og bílaeign landsmanna, sem vafalaust mun aukast við þessa breytingu, er líka vert að skoða í því ljósi að umferð í Reykjavík er þrisvar til fjórum sinnum meiri en gerist í borgum annars staðar í Evrópu af sambærilegri stærð. Það segir einnig sína sögu að skráðum einkabílum í Reykjavík fjölgaði um 40% milli áranna 1994 og 1999, enda er þunginn í umferðinni og álagið á gatnakerfið og vaxandi mengun því samfara áhyggjuefni. Varla dregur úr því með þeirri breytingu sem hér er lögð til, hún mun vafalaust enn auka á vandann hvað þessa þætti varðar.

Lántökur og skuldir vegna bifreiðakaupa.

Þjóðhagsstofnun telur varlega áætlað að bílalán nemi um helmingi af kaupverði að meðaltali. Jafnframt bendir stofnunin á að skuldir heimilanna hafi aukist um 77 milljarða kr. á einu ári, frá árslokum 1998 til ársloka 1999, og orðið 513 milljarðar kr.

Einnig má benda á að samkvæmt svari viðskiptaráðherra á Alþingi nýverið um útlán hjá tryggingafélögum og eignarleigufyrirtækjum að útlán eignarleigufyrirtækja til einstaklinga hafa aukist um hátt í 500% á fjórum árum. Þau voru 1.997 millj. kr. á árinu 1995 en 9.297 millj. kr. árið 1998.

Ælta má að þessi útlán, sem eru að verulegu leyti hjá Glitni hf. og Lýsingu hf., séu mest til bílakaupa. Útlán vátryggingafélaga voru tæpir 6 milljarðar kr. árið 1996 en rúmlega 10 milljarðar kr. 1998 og jukust um 68% á þremur árum. Af þessu má ætla að um 20 milljarðar kr. hafi farið í bílalán hjá eignarleigufyrirtækjum og tryggingafélögum á árinu 1998. Þessar fjárhæðir í bílalán á einu ári eru fyrir utan útlán bankanna sem árið 1998 voru 106 milljarðar kr., væntanlega að töluverðu leyti bílalán, en útlán bankanna til einstaklinga hafa tvöfaldast á fjórum árum. Ljóst er því að útlánaaukning banka, eignarleigufyrirtækja og tryggingafélaga hafa aukið verulega á einkaneysluna og dregið úr þjóðhagslegum sparnaði.

Skattalækkanir sem frumvarpið gerir ráð fyrir á bifreiðum gætu enn aukið á útlán í bönkum og valdið þenslu í þjóðfélaginu.

Þjóðhagsleg áhrif breytinganna.

Þegar hefur verið getið um mat Þjóðhagsstofnunar á áhrifum þessara breytinga, en stofnunin varar við þeim.

Athugasemdir Seðlabankans lúta að þjóðhagslegum áhrifum breytinganna við ríkjandi efnahagsskilyrði. Telur hann það ganga í öfuga átt miðað við þá þörf sem er á auknu aðhaldi. Orðrétt segir Seðlabankinn: „Skattalækkun sem í þessari breytingu felst mun ýta enn frekar undir innlenda eftirspurn. Hún mun leiða til aukins viðskiptahalla, annars vegar vegna beinna tekjuáhrifa, en einnig munu breytingar á hlutfallslegum verðum verða sjálfstætt tilefni bifreiðakaupa, sem í einhverjum mæli verða fjármögnuð með lánsfé.“ Mælist Seðlabankinn til þess að breytingin verði útfærð þannig að skattlagning á innfluttar bifreiðir minnki ekki á heildina litið.

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn frumvarpinu, m.a. vegna þess að viðskiptahallinn stafi að stórum hluta af mikilli aukningu vöruinnflutnings sem hafi aukist meira en kaupmáttur og landsframleiðsla á undanförnum árum, en á síðasta ári var aukningi einna mest í bifreiðainnflutningi.

Einnig bendir ASÍ á að skattalækkun á dýrari bifreiðum gagnist fyrst og fremst þeim sem hafi efni á að kaupa dýra, stóra og neyslufreka bíla og hún auki líka á tekjuójöfnuð í landinu. Orðrétt segir í umsögn ASÍ: „Ef lækka á skatta telur ASÍ að lækkunin eigi fyrst og fremst að gagnast þeim tekjulægstu og elli- og örorkulífeyrisþegum.“

Í umsögn BSRB kemur fram eftirfarandi:

„Eðlilegt er að spyrja hvað valdi því að ríkisstjórnin beiti sér fyrir skattalækkunum á bifreiðum nú því erfitt er að koma auga á félagsleg og efnahagsleg rök sem mæla með þeim breytingum áformaðar eru. Þegar ráðist er í skattalækkanir er eðlilegt að forgangsraðað sé þannig að skattaívilnair skili sér fyrst og fremst til þeirra sem mest þurfa á þeim að halda. Það er ekki gert með þessu frumvarpi. Að vísu er lagt til að skattar á bifreiðar fatlaðra lækki og styður BSRB þá breytingu. Þegar á heildina er litið koma breytingarnar mest til góða þeim sem hyggjast festa kaup á stórum og dýrum bifreiðum. Ætla má að kaupendur slíkra bifreiða séu þeir hópar í þjóðfélaginu sem hafa best efnin. Frumvarpið er því ekki kjarajafnandi nema síður sé.

Efnahagsleg rök virðast ekki mæla með þessari aðgerð fremur en hin félagslegu. miklar líkur eru á að breytingarnar séu þensluvaldandi, auki innflutning bíla til landsins með tilheyrandi lántöku og þá einnig með þeim afleiðingum að viðskiptajöfnuður við útlönd verði enn óhagstæðari en hann nú er og er þá vart á bætandi.

BSRB hvetur til varfærni í þessum efnum og hvetur alþingismenn til að grípa til þeirra skattkerfisbreytinga einna sem eru til þess fallnar að stuðla að kjarajöfnuði í þjóðfélaginu jafnframt því sem þær treysti stöðugleika í efnahagslífinu.“

Niðurstaða.

Það er skoðun minni hlutans að það sé vissulega umhugsunarvert að ríkisstjórnin ætli að ganga þvert gegn alvarlegum aðvörunum efnahagsstofnana þjóðarinnar, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar. Þær vara sterklega við þensluhvetjandi áhrifum þessara breytinga, sem munu m.a. auka viðskiptahallann og útlán lánastofnana, kynda undir verðbólguna og draga úr sparnaði. Þjóðhagslegur sparnaður hefur ekki verið minni um langt skeið, eða síðan í lok áttunda áratugarins, en hann var á síðasta ári aðeins 14% af landsframleiðslu.

Minni hlutinn telur afar óráðlegt að grípa til þensluhvetjandi aðgerða við ríkjandi efnahagsaðstæður og getur því ekki stutt málið.

Alþingi, 4. apríl 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Rannveig Guðmundsdóttir. Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:
I. Umsögn Þjóðhagsstofnunar (4. apríl 2000).
II. Umsögn Seðlabankans (4. apríl 2000).
III. Umsögn ASÍ (4. apríl 2000).
IV. Umsögn BSRB (4. apríl 2000).

936. Lög [360. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingu.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 614.

937. Lög [199. mál]

um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 906.

938. Breytingartillaga [549. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Endurgreiða skal mismun greidds vörugjalds af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum, sbr. c-lið 3. gr. laga þessara, og tollafgreiddar eru eftir gildistöku þeirra og þess

vörugjalds sem borið hefði að greiða ef bifreið hefði verið tollafgreidd eftir 15. maí 2000. Endurgreiðsla skal háð því að skilyrðum c-liðar 3. gr. laga þessara til lækkunar vörugjalds sé fullnægt.

939. Breytingartillaga [549. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 3. gr. Í stað a-liðar komi tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:

a. Við 1. tölul. 2. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Bifreiðar fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
b. 3. tölul. 2. mgr. fellur brott.

940. Framhaldsnefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. efnismgr. 1. gr. orðist svo:

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum og ekki liggur fyrir samkomulag milli aðila um skiptin skal framkvæma úttektir á jörðunum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Pétur Bjarnason áheyrnarfulltrúi sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. apríl 2000.

Hjálmar Jónsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Drífa Hjartardóttir.
Jónína Bjartmarz.	Guðjón Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Þuríður Backman, með fyrirvara.		Katrín Andrésdóttir.

941. Nefndarálit [233. mál]

um till. til þál. um notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jónsson veðurstofustjóra og Harald Ólafsson veðurfræðing. Umsagnir bárust frá Landssambandi smábátaeigenda, Gísla Jónssyni, fyrrverandi menntaskólakennara, Félagi íslenskra veðurfræðinga, Veðurklúbbnum á Dalbæ, Siglingastofnun Íslands, Skólastjórafélagi Íslands, Háskóla Íslands, Landsvirkjun, Veðurstofu Íslands, Íslenskri málnefnd, Háskólanum á Akureyri, Orðabók Háskólans, Vegagerðinni, Menntaskólanum á Akureyri, Páli Bergþórssyni, fyrrverandi veðurstofustjóra, Haraldi Ólafssyni, veðurfræðingi hjá Háskóla Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Jóni G. Friðjónssyni og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og sameiginleg umsögn barst um málið frá útvarpsráði og málfarsráðunaut Ríkisútvarpsins.

Markmiðið með tillögunni er að hvetja til þess að viðhalda íslensku veðurhugtökunum sem hafa unnið sér sess í málvitund þjóðarinnar samhliða því að alþjóðlegt einingakerfi sé notað til að lýsa veðurhæð. Þannig sé lögð áhersla á að viðhalda fjölbreytileika íslenskrar tungu samhliða notkun alþjóðlegra skilgreininga. Að mati meiri hluta nefndarinnar væri miður ef íslensk veðurheiti glötuðust úr málinu og telur hann mikilvægt að Veðurstofa Íslands viðhaldi þeim.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 5. apríl 2000.

Kristján Pálsson, varaform., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Katrín Andrésdóttir.	Vigdís Hauksdóttir.	Gunnar Birgisson.

942. Beiðni um skýrslu [608. mál]

frá dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Jóhanni Ársælssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Kristjáni L. Möller, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi annars vegar og annars staðar á Norðurlöndum hins vegar varðandi löggjöf og eftirlit með:

1. klámi,
2. vændi,
3. fylgdarþjónustu,

4. símavændi,
5. klámi á netinu.

Greinargerð.

Mikilvægt er að skoða hvernig þau lönd sem næst okkur standa haga löggjöf sinni á þessu sviði, hvernig hún hefur reynst og hvaða breytingum hún hefur tekið á síðustu árum. Við búum að mörgu leyti við gamla löggjöf og getur verið nauðsynlegt að taka hana til endurskoðunar þannig að hún verði í samræmi við þróun þessara mála hér á landi.

Hliðstæð skýrsla var gerð á vegum umboðsmanns barna, „Heggur sá er hlífa skyldi“, um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum (1997). Þar er gerður samanburður á ýmsum lagabálkum á Norðurlöndum og gerð grein fyrir hvaða breytinga er þörf í íslenskri löggjöf í þeim málum. Skýrsla þessi hefur verið ómetanleg í allri vinnu barnaverndarnefnda og þeirra sem sinna málefnum barna á einhvern hátt.

Með því að taka saman skýrslu af þeim toga sem hér er farið fram á er hægt að nýta þá þróun sem orðið hefur annars staðar á Norðurlöndum og vinna að endurskoðun og stefnumörkun í þessum málum hér á landi.

943. Breytingartillaga [549. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá fjármálaráðherra.

Við 3. gr. B-liður orðist svo: 4. tölul. 2. mgr. orðast svo: Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

944. Fyrirspurn [609. mál]

til fjármálaráðherra um erfðafjárskatt.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hve háar upphæðir innheimtir ríkissjóður sem erfðafjárskatt miðað við eftirfarandi flokkun:
   a. börn og aðrir niðjar;

b. foreldrar og niðjar þeirra;
c. aðrir fjarskyldir og óskyldir?
2. Hver er kostnaður ríkissjóðs af skiptum dánarbúa á ársgrundvelli?

Skriflegt svar óskast.

945. Fyrirspurn [610. mál]

til heilbrigðisráðherra um bað- og snyrtiaðstöðu á hjúkrunarheimilum.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hverjar eru reglur heilbrigðisráðuneytisins um bað- og snyrtiaðstöðu fyrir vistrými á hjúkrunarheimilum, þ.e. um:
   a. stærð,
   b. frágang?
2. Er leyfilegt að hafa sameiginlega bað- og snyrtiaðstöðu fyrir tvö eða fleiri aðliggjandi hjúkrunarrými?

Skriflegt svar óskast.

946. Svar [482. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um útflutning á lambakjöti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var árlegur útflutningur á lambakjöti árin 1995–2000, sundurliðað eftir útflutningslöndum og magni?*
2. *Hvað fékkst fyrir hvert kg af útfluttu lambakjöti sömu ár, sundurliðað eftir löndum?*
3. *Hverjar hafa árlegar greiðslur frá sláturleyfishöfum til bænda verið af útfluttu lambakjöti á sama tímabili?*

Útflutningur kindakjöts frá 1995 til janúar 2000.

Árið 2000 (janúar)	Magn (kg)	Fob-verð (kr.)*	Fob-verð á kg
Danmörk	13.394	3.201.714	239
Noregur	106.041	27.269.826	257
Jórdanía	19.202	1.879.253	98
Færeyjar	39.349	10.715.950	272
Japan	21.325	3.695.314	173
Samtals	**199.311**	**46.762.057**	**235**

Verð sláturleyfishafa til bænda er áætlað 170–240 kr./kg.**

Árið 1999	Magn (kg)	Fob-verð (kr.)*	Fob-verð á kg
Danmörk	148.802	52.214.191	351
Noregur	132.429	32.574.462	246
Lúxemborg	80	61.462	768
Færeyjar	414.335	101.368.672	245
Holland	292	125.344	429
Bretland	5.235	1.246.098	238
Japan	97.955	15.655.259	160
Svíþjóð	20.309	1.766.395	87
Bandaríkin	11.363	6.045.202	532
Þýskaland	70	30.319	433
Belgía	2.903	2.986.339	1.029
Samtals	**833.773**	**214.073.743**	**257**

Verð sláturleyfishafa til bænda var á bilinu 170–190 kr./kg.**

Árið 1998	Magn (kg)	Fob-verð (kr.)*	Fob-verð á kg
Danmörk	187.994	44.126.904	235
Noregur	20	27.081	1.354
Lúxemborg	220	216.073	982
Færeyjar	388.045	94.164.279	243
Holland	566	181.120	320
Ítalía	12.265	3.558.115	290
Japan	88.052	12.061.763	137
Svíþjóð	25.666	2.797.520	109
Bandaríkin	26.799	14.505.498	541
Þýskaland	84	37.072	441
Belgía	18.995	13.082.704	689
Kanada	260	88.017	339
Grænland	17.768	4.247.245	239
Grikkland	12.232	2.873.614	235
Rússland	14.935	1.412.493	95
Samtals	**793.901**	**193.379.498**	**244**

Verð sláturleyfishafa til bænda var á bilinu 160–180 kr./kg.**

Árið 1997	Magn (kg)	Fob-verð (kr.)*	Fob-verð á kg
Danmörk	103.085	26.760.556	260
Bosnía og Hersegóvína	76.000	7.130.836	94
Lúxemborg	82	8.238	100
Færeyjar	447.676	109.714.485	245
Bretland	133.604	30.518.876	228
Ítalía	4.999	1.420.102	284
Japan	89.750	12.626.794	141
Svíþjóð	62.208	7.432.061	119
Bandaríkin	14.026	8.117.816	579
Suður-Afríka	9.511	449.877	47
Belgía	24.617	14.498.521	589
Kanada	260	82.108	316
Króatía	8.918	612.353	69
Tékkland	56.918	9.088.259	160
Rússland	15.693	875.311	56
Samtals	**1.047.347**	**229.336.193**	**219**

Verð sláturleyfishafa til bænda var á bilinu 150–180 kr./kg.**

Árið 1996	Magn (kg)	Fob-verð (kr.)*	Fob-verð á kg
Danmörk	451.069	61.085.445	135
Bosnía og Hersegóvína	166.723	15.556.208	93
Lúxemborg	51	13.913	273
Færeyjar	340.333	84.228.689	247
Bretland	317.778	55.671.648	175
Þýskaland	186	62.018	333
Japan	143.843	17.540.236	122
Svíþjóð	503.248	71.944.308	143
Bandaríkin	117.599	41.879.701	356
Taiwan	36.262	2.169.340	60
Belgía	29.935	18.469.510	617
Kanada	5.725	1.956.250	342
Króatía	18.043	1.456.474	81
Tékkland	279.775	32.226.356	115
Rússland	327.372	21.441.850	65
Venezúela	2.689	1.297.595	483
Noregur	79.985	19.868.041	248
Sviss	232	165.691	714
Frakkland	6.730	1.100.202	163
Grænland	54.325	8.316.044	153
Túnis	67.872	7.710.403	114
Ungverjaland	73.735	4.626.761	63
Samtals	**3.023.510**	**468.786.683**	**155**

Verð sláturleyfishafa til bænda var á bilinu 120–180 kr./kg.**

Árið 1995	Magn (kg)	Fob-verð (kr.)*	Fob-verð á kg
Danmörk	62.103	12.009.078	193
Hongkong	26	34.151	1.314
Lúxemborg	125	61.929	495
Færeyjar	346.920	81.730.774	236
Þýskaland	541	134.405	248
Japan	150.649	18.192.487	121
Svíþjóð	449.009	70.900.079	158
Bandaríkin	95.133	27.646.505	291
Belgía	9.695	5.935.395	612
Rússland	60	38.377	640
Sviss	153	83.385	545
Grænland	11.058	1.929.008	174
Ungverjaland	14.786	957.961	65
Samtals	**1.140.258**	**219.653.534**	**193**

Verð sláturleyfishafa til bænda var á bilinu 70–130 kr./kg.**

* Um er að ræða kjöt á mjög mismunandi vinnslustigi, allt frá heilum skrokkum til skrokkhluta í hæsta gæðaflokki.

** Verð til bænda hefur verið mismunandi öll þessi ár á milli sláturleyfishafa.

947. Lög [549. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	30
II	Yfir 2.000	45

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „70%“ í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 30%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við 1. tölul. 2. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Bifreiðar fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
b. 3. tölul. 2. mgr. fellur brott.
c. 4. tölul. 2. mgr. orðast svo: Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

d. Við 2. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum skal vera:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Bifreið sem ber lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulið skal skráð á bílaleigu sem hefur leyfi samgönguráðuneytisins til að leigja bifreiðar eða á fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við bílaleigu. Einungis er heimilt að nýta bifreið samkvæmt þessum tölulið til útleigu hjá þeirri bílaleigu sem skráð er fyrir bifreiðinni. Bílaleiga skal haga bókhaldi sínu þannig að hún geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri þeirra bifreiða sem bera lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulið. Tollstjóri getur án fyrir-

vara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna, með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til útleigu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum tölulið. Brot á ákvæðum hans varðar því að hin brotlega bílaleiga missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.

e. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess og hvað teljist vera aðalatvinna skv. 4. tölul. 2. mgr., svo og ákvæði um endurgreiðslu á mismun vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að frátöldum d-lið 3. gr. laga þessara sem tekur gildi 15. maí 2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurgreiða skal mismun greidds vörugjalds af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum, sbr. d-lið 3. gr. laga þessara, og tollafgreiddar eru eftir gildistöku þeirra og þess vörugjalds sem borið hefði að greiða ef bifreið hefði verið tollafgreidd eftir 15. maí 2000. Endurgreiðsla skal háð því að skilyrðum d-liðar 3. gr. laga þessara til lækkunar vörugjalds sé fullnægt.

948. Lög [491. mál]

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 773.

949. Lög [371. mál]

um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 627.

950. Lög [366. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingu.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 621.

951. Lög [267. mál]

um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 350.

952. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Í lögum um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, nr. 103/1996, segir í lok 2. mgr. 4. gr.: „Hlutabréf, sem gefið verður út í tengslum við stofnun félagsins eða skiptingu þess samkvæmt niðurlagsákvæði í 2. mgr. 2. gr. skal undanþegið stimpilgjöldum.“

Samkvæmt heimild í 2.mgr. 2. gr. hafa nú verið stofnuð tvö hlutafélög, Landssími Íslands hf. og Íslandspóstur hf. Ekki verður séð að síðan þá hafi nokkuð gerst sem ekki var fyrirséð við setningu laganna árið 1996 og því er ekki sérstök ástæða nú fremur en þá til að innheimta stimpilgjöld af viðkomandi hlutabréfum sem eru að fullu í eigu ríkisins. Miðað við óbreytt eignarform, þjónustuskyldur og kvaðir gangvart landsmönnum öllum, óháð búsetu og stöðu í þjóðfélaginu, er ekki nú frekar en við setningu laganna sérstök ástæða til að ríkið innheimti þessi gjöld. Allur arður af hlutafélögunum rennur til ríkissjóðs.

Skýrt kom fram við setningu laganna að ekki stæði til að setja hlutabréf Pósts og síma hf. á markað eða selja fyrirtækin sem stofnuð væru á grundvelli þeirra. Eigi hins vegar að selja Landssíma Íslands hf. eða Íslandspóst hf. að hluta eða öllu leyti er þessi lagabreyting vafalaust nauðsynleg. Eina sýnilega ástæðan með þessu frumvarpi er að búa í haginn fyrir sölu fyrirtækjanna. Sé svo hefðu þær ástæður einfaldlega átt að koma fram í greinargerð með frumvarpinu.

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er andvígur öllum tilburðum stjórnvalda sem lúta að sölu og einkvæðingu þessara mikilvægu þjónustustofnana almennings og því styður minni hlutinn ekki frumvarpið.

Jón Bjarnason.

953. Fyrirspurn [611. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað ríkissjóðs við öflun markaða erlendis fyrir lambakjöt.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Hversu miklu fé hefur verið varið úr ríkissjóði frá því að greiðsla útflutningsbóta hófst og til ársloka 1999 til þess að greiða fyrir sölu lambakjöts frá Íslandi og afla markaða erlendis? Svar óskast sundurliðað eftir fjárframlögum á núvirði til einstakra útgjaldaliða sem eru eftirfarandi: útflutningsbætur, þar á meðal umboðs- og sölulaun, geymslugjald og flutningsgjald, svo og fjárframlög sem sérstaklega hefur verið varið til markaðsöflunar, söluátaks, kynningarstarfa og sérstakra átaksverkefna í tengslum við markaðsöflun erlendis fyrir íslenskt lambakjöt.

Skriflegt svar óskast.

954. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, sbr. lög nr. 47 16. maí 1990.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð H. Ólafsson og Sigríði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti, Andra Ottesen frá fjármálaráðuneyti, Gunnar Bragason og Eirík Hannesson frá Endurvinnslunni hf., Rósmund Guðnason frá Hagstofu Íslands og Ögmund Einarsson frá Sorpeyðingarstöð höfuðborgarsvæðisins (Sorpu). Umsagnir bárust frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Verslunarráði Íslands, Landvernd, borgarverkfræðingnum í Reykjavík, Sorpu og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Endurvinnslan hf. sendu auk þess sameiginlega umsögn til nefndarinnar.

Í frumvarpinu er lögð til endurskoðun á ákvæðum laga um umsýsluþóknun sem lögð er á einnota umbúðir undir drykkjarvörur. Jafnframt eru lagðar til breytingar sem fela það í sér að hver umbúðategund beri þann umsýslukostnað sem af henni hlýst og hærri umsýsluþóknun verði lögð á óhagkvæmar umbúðir. Að mati nefndarinnar var orðið tímabært að endurskoða fjárhæðir umsýsluþóknunar hjá Endurvinnslunni og telur hún mikilvægt að rekstrargrundvöllur hennar sé tryggður enda um mikið þjóðþrifafyrirtæki að ræða.

Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu. Í 1. gr. frumvarpsins sem breytir 1. mgr. 1. gr. laganna er umhverfisráðherra heimilað að hækka hámarksfjárhæð umbúðaeiningar í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá síðustu hækkun gjaldsins. Með ákvæðinu er ráðherra framseld heimild til að hækka gjaldið en samkvæmt stjórnarskránni verður að kveða skýrt á um skilyrði skattlagningar í lögum. Leggur nefndin til að ráðherra verði gert skylt að hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs þannig að skylda komi í stað heimildar.

Þá skoðaði nefndin málið með fulltrúum Endurvinnslunnar og fulltrúum fjármálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis og leggur til að gerðar verði breytingar á fjárhæðum í frumvarpinu. Samkvæmt frumvarpinu skal skilagjaldið nema 5,63 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu. Skilagjald var síðast hækkað vorið 1994 en neysluvísitala hefur frá þeim tíma hækkað um 14%, þar af um 5% á síðasta ári, sem jafngildir hækkun skilagjalds úr 5,63 kr. í 6,43 kr. án virðisaukaskatts (8 kr. með vsk.). Með hækkun í 6,43 kr. mun skilagjald halda raungildi sínu frá því að það var ákveðið 4 kr. án söluskatts árið 1989. Telur nefndin rétt að láta skilagjaldið haldast í hendur við almennar verðlagshækkanir og því tímabært að hækka skilagjaldið í ljósi verðlagshækkana síðustu missira og tryggja þannig áframhaldandi góð skil umbúða til Endurvinnslunnar hf.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að umbúðategund beri þann umsýslukostnað sem af henni hlýst. Við meðferð þess hjá nefndinni hefur komið í ljós að söluverð Endurvinnslunnar hf. á áldósum og ólituðum plastflöskum til endurvinnslu erlendis hefur hækkað á síðustu mánuðum sem veldur því að sértekjur fyrirtækisins aukast samhliða því að umsýslukostnaður af þessum umbúðum lækkar. Því er ekki þörf á jafnhárri umsýsluþóknun fyrir þær og frumvarpið gerir ráð fyrir. Jafnframt er búist við áframhaldandi söluaukningu á öli og gosdrykkjum sem mun gefa fyrirtækinu auknar tekjur. Er því lagt til að umsýsluþóknun fyrir ólitað plastefni verði 0,32 kr. án vsk. Einnig er lagt til að umbúðum úr gleri verði skipt upp í tvo flokka þannig að greitt verði 1,60 kr. án vsk. fyrir glerflöskur 500 ml og minni og 2,20 kr. án vsk. fyrir flöskur stærri en 500 ml. Umsýsla með gler er afar kostnaðarsöm og því er umsýsluþóknun há. Að mati nefndarinnar er því mismunandi umsýsluþóknun fyrir lítil og stór gler eðlileg.

Gildandi lög hafa stuðlað að miklum árangri í umhverfisvernd. Skilagjöldum vegna einnota gosumbúða var komið á árið 1989 og hefur skilagjaldakerfið verið mjög árangursríkt en um 85% umbúða er skilað til endurvinnslu. Sorpa og Endurvinnslan hf. hafa gert með sér samstarfssamning um móttöku skilagjaldsumbúða á öllum móttökustöðvum Sorpu á höfuðborgarsvæðinu og kom fram í máli fulltrúa fyrirtækjanna að þjónustan hefði mælst vel fyrir og yxi stöðugt. Hvað varðar aðrar umbúðategundir er nú unnt að skila sérflokkuðum drykkjarumbúðum úr pappa í dagblaðagáma sem eru nú um 70 talsins víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Sorpa hefur jafnframt byggt upp samstarf við endurvinnsluaðila á Norðurlöndum sem taka við umbúðunum. Skil á drykkjarfernum nú eru hins vegar ekki meiri en tæp 5% samanborið við 85% skil gosumbúða samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur fengið frá umhverfisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Við meðferð málsins ákvað nefndin að kanna leiðir til að taka upp skilagjald á drykkjarfernur og kallaði til viðræðna um það mál aðila frá Hagstofu Íslands og Sorpu. Að sögn forustumanna Sorpu er ekkert því til fyrirstöðu að bæta þessum umbúðategundum við þær sem þegar eru háðar skilagjaldi. Hvað varðar móttöku og endurvinnslu á drykkjarfernum gegn skilagjaldi er því tæknilega fært að taka við pappafernum og sjá um greiðslu skilagjalds. Telur nefndin að það mundi auka skil stórlega að taka upp skilagjald á drykkjarfernur. Mat fulltrúa Hagstofunnar var hins vegar að álagning skilagjalds á þessar vörur nú yrði til þess að hækka verð þeirra og að öllum líkindum hafa áhrif til hækkunar á vísitölu.

Nefndin telur sér því ekki fært að leggja fram tillögur í þessa veru að sinni en beinir því til umhverfisráðuneytis að fundnar verði leiðir til að taka upp skilagjald á drykkjarfernur án þess að það valdi hækkun á vísitölu, líkt og er með skilagjald af gosumbúðum. Þá er hvatt til þess að samhengi vísitölu og skilagjalds verði kannað með tilliti til þess að skilagjald verði tekið upp á fleiri tegundir af endurnýtanlegu efni, t.d. pappa og bíldekk.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2000.

Kristján Pálsson, varaform., frsm.	Ásta Möller.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Katrín Fjeldsted.	Vigdís Hauksdóttir.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.

955. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, sbr. lög nr. 47 16. maí 1990.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
   Á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Skal gjaldið nema 6,43 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu og skal ráðherra hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá síðustu hækkun gjaldsins. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja umsýsluþóknun á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 3,00 kr. á umbúðir úr stáli, 2,20 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 1,60 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 1,60 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 0,32 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000.

956. Yfirlitsskýrsla [612. mál]

utanríkisráðherra um alþjóðamál.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. SÓKN OG VÖRN FYRIR ÍSLENSKA HAGSMUNI

Utanríkismál teygja sig inn á sífellt fleiri svið í íslensku þjóðlífi. Sóknarfæri atvinnulífsins tengjast oftar en ekki aðgangi að erlendum mörkuðum. Hnattvæðingin og frelsisþróun í alþjóðaviðskiptum kalla á árvekni utanríkisþjónustunnar sem hefur það hlutverk að standa vörð um hagsmuni þjóðarinnar.

Þetta hlutverk verður æ fjölþættara og gerir auknar kröfur um sérþekkingu á mörgum sviðum. Það snýst líka um hugsjónir. Virðing fyrir lýðræði, frelsi og jafnrétti fólks og þjóða eru lífsgildi sem við Íslendingar viljum halda á lofti í alþjóðlegu samstarfi. Raunar má færa rök fyrir því að þessi lífsgildi séu samtvinnuð hagsmunum okkar.

Utanríkisráðherra hefur lagt áherslu á að Alþingi og þjóðin fái sem allra bestar upplýsingar um starf stjórnvalda að utanríkismálum. Með því vill hann stuðla að þróttmikilli og upplýstri umræðu um utanríkismál. Í því skyni hefur hann látið taka saman tvær skýrslur til Alþingis; ítarlega skýrslu um Ísland og Evrópusambandið og þessa yfirlitsskýrslu um utanríkismál. Hér er því aðeins stiklað á stóru um Evrópumál.

Í ræðu sinni um utanríkismál á Alþingi 2. nóvember sl. benti ráðherra á að umfang íslenskra utanríkismála væri orðið meira en svo að hægt væri að gera öllum þáttum þeirra nægjanleg skil innan þeirra tímamarka sem þeirri ræðu væru sett. Því hefði hann ákveðið að láta taka saman og dreifa yfirlitsskýrslu um utanríkismál með vorræðu sinni árið 2000, en ráðherra fór líkt að haustið 1997. Samanburður á þessum tveimur skýrslum, sem komið hafa fram með fárra missira millibili, leiðir vel í ljós ört vaxandi umsvif Íslendinga í alþjóðasamstarfi.

2. UTANRÍKISÞJÓNUSTAN

Margvísleg þróun síðustu ára í heiminum, og vaxandi starf Íslendinga á alþjóðavettvangi, hefur breytt í veigamiklum atriðum hlutverki og umsvifum íslensku utanríkisþjónustunnar. Utanríkisþjónustan gegnir lykilhlutverki í að skilgreina sífellt margslungnari hagsmuni Íslands í fjölmörgum greinum alþjóðamála. Ráðuneytinu hefur verið gert kleift að fjölga nokkuð sendiskrifstofum erlendis, setja á stofn eigin viðskiptaþjónustu, sem vinnur með íslenskum fyrirtækjum að markaðsmálum erlendis, og auka lítillega við mannafla og þekkingaröflun hér heima. Engu að síður er kostnaður við utanríkisþjónustuna mjög lítill í samanburði við önnur umsvif hins opinbera. Að meðtöldum útgjöldum til þróunarmála, sem aukist hafa stórlega á síðustu árum í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að auka mjög aðstoð okkar við fátækari þjóðir, og að meðtöldum framlögum til alþjóðastofnana, sem einnig hafa verið aukin, nemur heildarkostnaður við utanríkisþjónustuna innan við tveimur prósentum af útgjöldum ríkisins.

Þrátt fyrir þetta hefur reynst unnt að taka fullan og vaxandi þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi á jafnréttisgrundvelli við miklu stærri ríki. Ísland hefur þannig á síðustu missirum tekið að sér formennsku í nokkrum mikilvægum nefndum og ráðum á alþjóðavettvangi, nú síðast formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins, í ráðherraráði EFTA og í Norrænu ráðherranefndinni. Vegna smæðar Íslands, sem oft hefur komið í veg fyrir að Íslendingar axli ábyrgð af þessum tagi, hefur þessi stefna okkar á síðustu árum vakið verulega athygli á meðal sam-

starfsríkja. Ein stærsta viðurkenningin á burðum okkar til alþjóðlegs samstarfs felst í stuðningi norrænu ríkjanna við framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fyrir lok þessa áratugs.

Vegna smæðar þjóðarinnar, og þess þrönga ramma sem útgjöldum til utanríkismála er settur, verða Íslendingar hins vegar að forgangsraða verkefnum sínum með miklu skipulegri og nákvæmari hætti en stærri ríki. Á tímum stóraukinna alþjóðasamskipta og hnattvæðingar í viðskiptum og stjórnmálum, sem kallar á varðstöðu á sífellt fleiri sviðum, verður þetta æ erfiðara viðfangs. Þetta kallar á enn skipulegri vinnu við öflun þekkingar á því hvar helstu hagsmunir okkar liggja og hvernig opinberir aðilar geta best, og í sem mestri samvinnu, unnið að málefnum þjóðarinnar á alþjóðavettvangi.

Utanríkisþjónustan hefur nú starfsemi í 17 sendiskrifstofum erlendis, en þær eru staðsettar í fjórtán löndum og þremur heimsálfum. Ellefu þessara skrifstofa eru sendiráð í erlendum ríkjum, fimm eru fastanefndir hjá alþjóðlegum samtökum. Að auki er nú rekin ein aðalræðisskrifstofa í Winnipeg í Kanada. Í viðauka við skýrsluna er að finna upplýsingar um staðsetningu þessara skrifstofa, starfsmannafjölda þeirra og hvaða ríkjum þau sinna, en flestar skrifstofanna erlendis sinna allmörgum ríkjum í senn. Að auki er að finna sem viðauka sérstaka skýrslu um starf sendiskrifstofa Íslands að menningarmálum, sem er mikilvægur þáttur í vinnu okkar á alþjóðavettvangi.

Á næsta ári er stefnt að því að tvö ný sendiráð verði opnuð, í Kanada og Japan. Enn fremur er gert ráð fyrir að skrifstofa fastanefndar Íslands í Vín, sem einkum sinnir Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, verði jafnframt gerð að sendiráði í Austurríki. Það er ávallt nokkuð álitamál í lítilli utanríkisþjónustu hvar brýnast er að hafa sendiskrifstofur. Það er þó skoðun stjórnvalda að næstu skref í þessum efnum séu nokkuð augljós. Japan er ekki aðeins næststærsta efnahagskerfi heimsins, og næststærsti innflytjandi heimsins á neysluvörum á eftir Bandaríkjunum, heldur í flestu tilliti mikilvægasta miðstöð þess svæðis veraldar sem örast vex að efnahagslegu og viðskiptalegu mikilvægi. Frá Vínarborg liggja greiðar leiðir inn á markaði Mið- og Austur-Evrópu sem vonandi munu fara ört vaxandi í framtíðinni eftir þá erfiðleika sem fylgdu í kjölfar kalda stríðsins í þessum heimshluta. Tengsl Íslendinga og nágranna okkar í Kanada hafa mjög verið styrkt að undanförnu og munu enn styrkjast með opnun sendiráðs í Ottawa. Þessi tengsl eru mikilvæg af mörgum ástæðum, viðskiptalegum, pólitískum, landfræðilegum, og ekki síst af menningarlegum ástæðum, sem margar tengjast hinu stóra samfélagi Vestur-Íslendinga í Kanada. Íslensk stjórnvöld hafa mjög reynt að efla tengslin við þetta samfélag á síðustu missirum.

Reynslan hefur sýnt að sendiráðin gegna þýðingarmiklu hlutverki í sókn íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum. Því má líta á aukin umsvif utanríkisþjónustunnar sem þátt í uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi. Um leið munu ný sendiráð, sem og þau sem fyrir eru, gæta þess að hagsmunir okkar á sviði öryggismála, umhverfismála, auðlindanýtingar og menningarmála, svo nokkur atriði séu nefnd, verði ekki fyrir borð bornir.

Skipurit utanríkisþjónustunnar



Mars 2000

3. EVRÓPUMÁL

Þátttaka Íslands í evrópskri samvinnu er einn veigamesti hluti íslenskra utanríkismála. Samstarf Evrópuríkja á fjölmörgum sviðum er nú mjög í deiglunni og því er nákvæmrar greiningar sífellt þörf á hagsmunum Íslands og á stöðu okkar í þessum efnum. Utanríkisráðherra leggur fyrir Alþingi sérstaka skýrslu um þessi mál, eins og fyrr segir, og því eru þeim ekki gerð þau skil hér sem annars væri.

3. A. FRÍVERSLUNARSAMTÖK EVRÓPU (EFTA)

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), fagna í ár þeim merka áfanga að fjörutíu ár eru liðin frá stofnun samtakanna. Íslendingar fögnuðu enn fremur þriggja áratuga aðild að EFTA þann 1. mars sl. Með aðildinni urðu þáttaskil í utanríkisviðskiptum okkar. Um leið var grunnur lagður að náinni tengingu Íslands við efnahags- og viðskiptasamstarf Evrópuríkja, sem enn efldist með samningnum um Evrópska Efnahagssvæðið. Ekki þarf að fjölyrða um þátt Evrópusamstarfsins í efnahagsvexti og almennri velmegun Evrópulanda.

Fyrir Ísland hefur þátttaka okkar í þessu samstarfi orðið einn af hornsteinum atvinnulífsins í landinu. Innan EFTA tókst Íslendingum að ná fram þeirri stefnu að sambærilegar reglur ættu að gilda um viðskipti með sjávarafurðir og giltu um iðnaðarvörur. Með þessum áfanga, sem náðist eftir langa baráttu, var lagður mikilvægur grunnur að því viðskiptaumhverfi sem íslenskur sjávarútvegur hefur fengið að blómstra í hin síðari ár.

Þótt aðildarríkjum EFTA hafi fækkað mjög við inngöngu margra þeirra í ESB, eru samtökin Íslendingum enn afar mikilvæg. Í þeim eru nú fjögur ríki, sem öll stunda alþjóðaviðskipti í mun meira mæli en stærð þeirra gefur til kynna, enda eru þau öll á meðal auðugustu ríkja heims. Auk Íslands eru þetta Sviss, Noregur og Liechtenstein.

Meginhlutverk EFTA er þríþætt. Í fyrsta lagi að fjalla um samskipti EFTA-landanna sjálfra á grundvelli stofnsamnings samtakanna, Stokkhólmssamningsins. Í öðru lagi að vera aðildarríkjunum vettvangur við gerð fríverslunarsamninga við lönd utan samtakanna og Evrópusambandsins og í þriðja lagi að vera samstarfsvettvangur þeirra þriggja EFTA-ríkja sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Í öllum tilvikum er hér um að ræða starf sem skiptir Ísland miklu máli.

Á síðustu árum hefur EFTA unnið að því að koma upp neti fríverslunarsamninga við ríki Mið- og Austur-Evrópu samhliða sams konar neti ESB. Með þessu er komið í veg fyrir að íslensk fyrirtæki og fyrirtæki annarra EFTA-landa verði í verri samkeppnisaðstöðu í þessum löndum en fyrirtæki innan ESB. Auk iðnvarnings ná þessir samningar til fríverslunar með sjávarafurðir. Með samningunum leggja ríkin fjögur líka sitt af mörkum við uppbyggingu viðskiptalífs í þessum heimshluta, sem er forsenda þess að lýðræði fái að skjóta rótum og stöðugleiki að festast í sessi.

Meginverkefni EFTA um þessar mundir er að ljúka gerð fríverslunarsamnings aðildarríkjanna við Kanada. Viðræður um þennan samning hófust á formennskutímabili Íslands í EFTA fyrri hluta árs 1998 og stefnt er að því að ljúka þeim með undirritun samnings á ráðherrafundi í júní næstkomandi. Þetta verður fyrsti fríverslunarsamningur EFTA við eitt af stærri iðnríkjum heims. Undirbúningi að fríverslunarsamstarfi við tvö af ríkjum rómönsku Ameríku, Mexíkó og Chíle, verður haldið áfram. Stefnt er að því að hefja viðræður við þau um gerð fríverslunarsamnings á formennskutímabili Íslands síðar á þessu ári. Þá verður hafinn undirbúningur að fríverslunarsamstarfi við Suður-Afríku síðar á árinu og er stefnt að því að viðræður um þetta geti hafist á formennskutíma Íslands. Einnig verða kannaðar leiðir til aukins fríverslunarsamstarfs við tvö af öflugustu ríkjum Asíu, Japan og Suður-Kóreu.

Af öðrum verkefnum má nefna áframhald á fríverslunarviðræðum við Egyptaland, Túnis, Kýpur, Makedóníu og Jórdaníu. Undirbúningur að gerð samstarfsyfirlýsingar EFTA við Úkraínu og Alsír stendur yfir.

Ríkin fjögur halda reglubundna samráðsfundi með þeim ríkjum sem samningar hafa verið gerðir við og þar er farið yfir framkvæmd samninganna og ákvæðum þeirra fylgt eftir.

Ákvæði Stokkhólmssamningsins hafa nú staðið óbreytt í fjörutíu ár. Á ráðherrafundi í Lillehammer í júní í fyrra buðu svissnesk stjórnvöld hinum aðildarríkjunum þremur að semja um sömu kjör og Sviss hafði samið um við Evrópusambandið í tvíhliða viðræðum. Í framhaldi af því var heildarendurskoðun Stokkhólmssamningsins ákveðin. Gert er ráð fyrir að henni ljúki fyrir 1. janúar á næsta ári þegar tvíhliða samningar Sviss við Evrópusambandið taka gildi. Ellefu vinnuhópar munu endurskoða hin ýmsu svið samningsins.

Stokkhólmssamningurinn fullnægir ekki lengur þeim kröfum sem gera verður til nútímalegra fríverslunarsamninga þar eð hann tekur fyrst og fremst til vöruviðskipta og inniheldur engin ákvæði um þjónustuviðskipti, hugverkarétt, fjármagnsflutninga og samkeppnisreglur. Samningar Sviss við ESB eru sjö talsins og fjalla þeir um opinber innkaup, gagnkvæma viðurkenningu á stöðlum, viðskipti með landbúnaðarafurðir, samgöngur á landi, samgöngur í lofti, frjálsa för fólks á milli landa og vísindasamstarf sem gengur ekki eins langt og samstarfið sem EES samningurinn kveður á um. Samningarnir eru á takmörkuðum sviðum og ná ekki til fríverslunar með vörur, né heldur til annarra þjónustuviðskipta en samgangna á landi og í lofti. Fjármálaþjónusta er til að mynda utan við þessa samninga. Samningarnir tryggja því ekki frelsin fjögur sem EES-samningurinn byggir á nema að takmörkuðu leyti og einna helst með ákvæðum um frjálsa för fólks á milli landa. Sameiginlegar samkeppnisreglur falla líka að mestu leyti utan við gildissvið samninganna, þeir veita mjög takmörkuð réttindi varðandi fjárfestingar, fjármagnsflutninga og hugverkarétt en ganga þó lengra en flestir töldu áður mögulegt að ná fram í tvíhliða samningum við ESB.

4. ÖNNUR SVÆÐISBUNDIN SAMVINNA

4. A. NORRÆNT SAMSTARF

Samstarf og samráð í utanríkismálum við önnur Norðurlönd hefur frá upphafi verið einn hornsteina íslenskrar utanríkisstefnu. Það er eðlilegt að Norðurlandaþjóðirnar með sameiginlega sögu, tungu og samfélagsgildi hafi svipaða sýn á utanríkismál. Stefna landanna í utanríkismálum er samt sem áður mótuð eftir hagsmunum hvers lands fyrir sig eins og sést t.d. þegar litið er á skipan öryggis- og varnarmála þeirra.

Norðurlöndin hafa um áratuga skeið haft náið samstarf í fjölmörgum málaflokkum, svo sem alkunnugt er. Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 með Helsinkisáttmálanum og hófu þjóðþingin þá að flytja sameiginlegar tillögur með áskorunum til ríkisstjórna sinna um ýmis málefni á samnorrænum grundvelli. Staða landanna var þó mismunandi hvað utanríkisstefnu varðaði og voru utanríkismálin því formlega undanþegin í starfi Norðurlandaráðs. Samráð í utanríkismálum var samt sem áður töluvert milli Norðurlandanna, bæði tvíhliða og óformlega.

4.A.1. Breytingar vegna Evrópumálefna.

Norðurlandaráð hóf umfjöllun um utanríkismál árið 1988 þegar umræða um aðild Norðurlandanna að Evrópusambandinu var í algleymingi. Breytingar á Helsinkisáttmálanum voru gerðar á aukaþingi Norðurlandaráðs árið 1995 og sérstök áhersla lögð á utanríkismál. Samstarfinu var skipt í þrjár meginstoðir: hið hefðbundna Norðurlandasamstarf, samstarf um Evrópumál og samstarf Norðurlanda við grannsvæði.

Margir óttuðust að samstarf innan Norðurlandaráðs, og jafnvel tvíhliða samstarf milli Norðurlandanna, minnkaði er Svíþjóð og Finnland gengu í Evrópusambandið í ársbyrjun 1995. Annað hefur komið á daginn. Hið hefðbundna samstarf hefur haldið áfram eins og áður, en samráð hefur aukist hvað varðar Evrópumál og grannsvæði Norðurlanda. Á vettvangi Norðurlandaráðs er umræðan um Evrópumál nú einna mest áberandi ásamt umræðu um öryggis- og varnarmál. Hið sama gildir í Norrænu ráðherranefndinni.

Þrátt fyrir ólíkar leiðir í Evrópusamstarfi hefur upplýsingastreymi milli landanna um samstarfið verið mikið. Það gefur auga leið að fyrir Ísland er það ómetanlegt að hafa aðgang að upplýsingum um stefnu og ákvarðanir Evrópusambandsins í tengslum við samstarf Norðurlanda og oftar en ekki vegna persónulegra samskipta ráðherra, þingmanna og embættismanna.

4.A.2. Aukið svæðasamstarf.

Með aukinni alþjóðavæðingu og stækkun Evrópusambandsins hefur mynstur ríkjasamstarfs smám saman tekið nokkrum breytingum. Fjölbreytilegt svæðasamstarf hefur aukist til muna á undanförnum árum. Fyrir utan Norðurlandaráð starfa Norðurlöndin saman innan annarra svæðasamtaka, m.a. á vettvangi Eystrasaltsráðsins, Norðurskautsráðsins og Barentsráðsins.

Norðurlandasamstarfið hefur verið byggt upp og skipulagt á annan hátt en flest önnur svæðasamtök. Þátttaka og stuðningur hinna frjálsu félagasamtaka við norrænt samstarf þekkist ekki í sama mæli annars staðar en á Norðurlöndum. Norðurlandaráð hefur verið fyrirmynd samstarfs þingmanna og ríkisstjórna í Eystrasaltslöndunum þremur og líklegt má telja að fleiri svæðasamtök myndist í löndum Mið- og Austur-Evrópu með Norðurlandasamstarfið sem fyrirmynd.

Með fyrirhugaðri stækkun Evrópusambandsins munu ríki, sem hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta á ýmsum sviðum, eflaust hafa með sér nánara samráð um ýmis málefni. Norðurlandaráð og annað samstarf Norðurlandanna mun því áfram skipa veigamikinn sess í samskiptum Íslands við önnur lönd. Samtímis mun eðli samstarfsins væntanlega breytast, hið formlega mun í auknum mæli víkja fyrir hinu óformlega og aukið svigrúm mun myndast fyrir sveigjanlega samvinnu milli ákveðinna ríkja og um sértæk málefni.

4.A.3. Formennska í Norðurlandasamstarfi.

Árið 1999 fór Ísland með formennsku í Norðurlandasamvinnunni. Utanríkismál eru undanþegin Norrænu ráðherranefndinni og fer samvinnan fram beint á milli landanna, án afskipta skrifstofu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Sérstök skýrsla um formennsku Íslands í ráðherranefnd Norðurlandaráðs hefur verið gefin út.

Utanríkisráðherrafundir Norðurlanda eru tveir á ári og voru þeir báðir haldnir á Íslandi á árinu 1999, sá fyrri 16.–17. febrúar í Reykjavík og sá síðari 29. –30. ágúst á Egilsstöðum, en þá voru jafnframt haldnir fundir utanríkisráðherra Norðurlanda með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þriggja og sérstakur fundur þessara aðila með utanríkisráðherra Kanada. Á fyrri fundinum var samþykkt yfirlýsing um utanríkismál en á þeim síðari var samþykkt sérstök yfirlýsing þar sem hvatt var til þess að Sameinuðu þjóðirnar sammæltust um bann við herþjónustu barna undir 18 ára aldri.

Samnorræn sendiráðsbygging í Berlín var opnuð 20. október 1999. Allir þjóðhöfðingjar og utanríkisráðherrar Norðurlanda voru viðstaddir opnunina. Í tengslum við opnuna bauð Joschka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands, utanríkisráðherrum Norðurlandanna til fundar. Var aukin samvinna Norðurlanda og Þýskalands þar sérstaklega til umræðu.

Norrænn þróunarmálaráðherrafundur var haldinn á Íslandi á formennskuárinu sem og fundir ráðuneytisstjóra norrænu utanríkisráðuneytanna og fundir ráðuneytisstjóra þróunarmála. Einnig voru haldnir margir samráðsfundir norrænna embættismanna á Íslandi á árinu eins og fylgir formennsku í norrænu samstarfi.

4.A.4. Norrænt samstarf í alþjóðastofnunum.

Skýrsla um norrænt samstarf í utanríkismálum — Reynsla og niðurstöður frá því á vormissiri 1995 — var samþykkt á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Västerås í Svíþjóð árið 1998. Skýrslan er yfirlit yfir norrænt samstarf á ýmsum sviðum utanríkismála í því skyni að bregða ljósi á þá reynslu sem fengist hefur frá því að Finnar og Svíar gengu í Evrópusambandið.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur náið samstarf Norðurlanda haldið áfram eftir inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í ESB. Löndin koma hins vegar sjaldnar fram sem ein heild þar sem ESB reynir eftir fremsta megni að tala fyrir munn allra aðildarríkja sinna. ESB-ríkin reyna að gefa Íslandi og Noregi færi á að móta sömu afstöðu og unnið er að meðal aðildarríkjanna. Í framboðsmálum er norrænu skiptireglunni fylgt og sameiginlegur stuðningur veittur norrænum frambjóðendum. Hvað varðar umbætur á skipulagi Sameinuðu þjóðanna hafa tillögur Norðurlanda notið mikils stuðnings. Innganga Finnlands og Svíþjóðar í ESB hefur aðeins í litlum mæli haft áhrif á norrænt samstarf á sviði þróunarmála.

Langvarandi og sterk hefð er fyrir norrænu samstarfi í mannréttindamálum. Minna ber á formlegu samstarfi í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna en áður. Óformlega samstarfið heldur áfram óbreytt. Það hefur leitt til meiri norrænna áhrifa á ESB-samstarfið í samræmi við sérstöðu Norðurlanda á þessu sviði.

EES-samningurinn felur í sér samræmingu á lögum og reglugerðum Norðurlanda á fjölda sviða og tengir þannig löndin enn nánar saman. Öll löndin hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta innan innri markaðarins. Þar með hafa opnast möguleikar á að nota reglubundið norrænt samstarf sem vettvang til að fara saman yfir mikilvæg mál innan Evrópustefnunnar þrátt fyrir að tengslin við ESB séu mismunandi.

Jákvæð þróun undanfarinna ára í Evrópu hefur skapað skilyrði fyrir nánara samráð í öryggismálum milli Norðurlanda. Norðurlönd vinna áfram saman að því markmiði að geta, þegar þörf krefur, sent sameiginlegar friðarsveitir á vettvang. Löndin hafa komið á víðtæku samstarfi til að efla öryggi Eystrasaltsríkjanna. Norrænt samstarf í varnarmálum er líklega meira en nokkru sinni fyrr.

Náið óformlegt norrænt samstarf heldur áfram innan margra alþjóðastofnana, t.d. ÖSE, Evrópuráðsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Alþjóðabankans og OECD.

4.A.5. Norræn samvinna í sendiráðum.

Í sendiráðum norrænu ríkjanna á sér stað formlegt og óformlegt samráð. Þróunin hefur verið sú að samráð milli Norðurlandanna hefur aukist að undanförnu því að færst hefur í vöxt að tvö eða fleiri Norðurlönd sameinist um sendiráðsbyggingu. Ísland hefur tekið þátt í slíku samstarfi í Berlín, svo sem fyrr segir, en allar Norðurlandaþjóðirnar byggðu þar sendiráðsbyggingar sínar með sameiginlegu þjónustuhúsnæði. Það gefur auga leið að sameiginleg norræn sendiráðsbygging örvar samstarf landanna. Í Berlín veitir húsnæðið möguleika á m.a. norrænum menningarkynningum, fundum og ráðstefnum. Fyrir lítið land eins og Ísland getur slíkt verið ómetanlegt.

Verið er að undirbúa flutning íslenska sendiráðsins í London í skrifstofuhús danska sendiráðsins þar. Flutningurinn verður mjög til bóta því nýja húsnæðið er betur sniðið að þörfum sendiráðsins en það gamla.

Í sendiráðum Norðurlandanna í Brussel hefur, frá árinu 1995, starfað norrænn samráðshópur um Evrópumálefni. Tilgangur hópsins er að skiptast á upplýsingum og ræða sjónarmið í Evrópumálum. Ísland fór með formennsku í hópnum á árinu 1999 og skilaði skýrslu um samstarfið.

Í öllum borgum þar sem íslensk sendiráð og fastanefndir eru til staðar taka íslenskir sendierindrekar þátt í norrænum samráðsfundum og eru þeir hinni fámennu íslensku utanríkisþjónustu ómetanlegir.

4.B. ÖRYGGIS OG SAMVINNUSTOFNUN EVRÓPU (ÖSE)

Við skilgreiningu á hagsmunum Íslendinga er tekið mið af mun víðtækari og almennari sjónarmiðum en þeim sérstöku viðskipta- og öryggishagsmunum Íslands sem utanríkisþjónustan einbeitir sér að í daglegu starfi sínu. Sameiginleg lífsgildi íslensku þjóðarinnar, eins og lýðræði, mannréttindi, frelsi og jafnrétti, á að flokka með grundvallarhagsmunum okkar á alþjóðavettvangi. Ástæðurnar eru ekki aðeins hugmyndalegar og siðferðilegar, heldur snertir það brýna lífshagsmuni þjóðarinnar að friður ríki í okkar alþjóðlega umhverfi. Skilningur er vaxandi á því í heiminum að lýðræði og virðing fyrir mannréttindum séu hvort tveggja í senn, hin sameiginlegu gildi allra manna, hver sem menning þeirra kann að vera, og forsenda varanlegs friðar og stöðugleika.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, sem er afsprengi Helsinkisáttmálans og tilrauna manna til að draga úr viðsjám kalda stríðsins í Evrópu, er einstæð stofnun í heiminum að því leyti að hún vinnur að öryggismálum í Evrópu í víðasta skilningi þess hugtaks. Stofnunin spannar landsvæðið frá Vancouver, á austurströnd Kyrrahafsins í Kanada, til Vladivostok, á vesturströnd Kyrrahafsins í Rússlandi. Hún byggist á viðurkenningu þeirra 55 ríkja, sem aðild eiga að henni og þeirri staðreynd að öryggi þjóða, mannréttindi og lýðréttindi séu tengd órjúfanlegum böndum. Um leið er viðurkennt að athafnir ríkja innan þeirra eigin landamæra eru ekki lengur þeirra einkamál, ef mannréttindum og lýðræði er ógnað. Með þessu hefur skapast ómetanlegur grundvöllur til þróttmikils starfs að uppbyggingu varanlegs friðar um stóran hluta heimsins, á traustari grunni en menn hafa nokkru sinni reynt að byggja fyrr.

Það er Íslendingum ljúft og skylt að taka þátt í þessu starfi. Íslensk stjórnvöld vilja gera það myndarlega. Í samræmi við þá stefnu stofnuðu Íslendingar fastanefnd hjá höfuðstöðvum ÖSE í Vín í fyrra.

Öll aðildarríki ÖSE hafa jafnan rétt innan samtakanna og ákvarðanir þar eru teknar samhljóða. Pólitísk forysta ÖSE er í höndum fastaráðsins, sem Ísland á fulla aðild að, en formennskuríkið hverju sinni hefur talsvert svigrúm til frumkvæðis. Á síðasta ári gegndi Noregur formennsku í ráðinu á sama tíma og Ísland fór með formennsku í Evrópuráðinu. Mjög gott samstarf var þar á milli, en ástand mála á Balkanskaga og í nokkrum fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna var eitt helsta áhyggjuefni beggja samtakanna.

ÖSE, sem spratt upp úr umræðuvettvangi ríkja Austurs og Vesturs, er nú alþjóðastofnun með víðtæka starfsemi í mörgum löndum Evrópu og á jöðrum Evrópu í fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna. Til að ná markmiðum sínum um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn átökum og útbreiðslu átaka vinnur stofnunin meðal annars að afvopnun, aðgerðum sem aukið geta gagnkvæmt traust á milli ríkja, mannréttindamálum, uppbyggingu lýðræðis, umhverfismálum, efnahagsmálum og diplómatískum ráðstöfunum sem geta fyrirbyggt átök.

Á leiðtogafundi ÖSE í Istanbúl í vetur var grunnurinn að starfinu styrktur enn frekar með samþykkt Öryggissáttmála Evrópu og með öðrum ákvörðunum sem sérstaklega var ætlað að styrkja stofnunina í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir vopnuð átök. Þar má nefna ákvörðun um að koma upp viðbragðssveitum sérfræðinga (REACT) sem hafa það verkefni að koma í veg fyrir að deiluaðilar grípi til vopna. Þá er unnið að athugun á því hvernig ÖSE getur aðstoðað við baráttu gegn spillingu, sem oft hamlar efnahagslegri og lýðræðislegri uppbyggingu. Á vegum ÖSE starfa 19 sendinefndir og skrifstofur í aðildarríkjum sem vinna að þessum málum. ÖSE ber meðal annars ábyrgð á framkvæmd ákvæða friðarsamkomulagsins um Bosníu á sviði afvopnunar og aðgerða til að skapa traust á milli deiluaðila.

Þrjár stofnanir heyra undir ÖSE. Lýðræðis- og mannréttindastofnunin, sem fylgist með þróun mannréttinda, sinnir kosningaeftirliti og veitir lagalega aðstoð við þróun lýðræðis og mannréttinda, skrifstofa sérlegs fulltrúa ÖSE vegna þjóðernisminnihluta, sem ber ábyrgð á að gripið sé til aðgerða til að forðast átök sem eiga rætur í málefnum þjóðernisminnihluta, og skrifstofa sérlegs fulltrúa ÖSE fyrir frjálsa fjölmiðlun sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með og beita aðgerðum gegn brotum á skuldbindingum ÖSE á sviði tjáningarfrelsis og frjálsrar fjölmiðlunar.

4.B.1. Balkanskagi.

Stærstu verkefni ÖSE eru á Balkanskaga þar sem upplausn Júgóslavíu hefur valdið langvarandi ófriði, stórfelldum mannréttindabrotum og miklum óstöðugleika. ÖSE hefur nú með höndum umfangsmikið starf í fjórum hlutum fyrrum Júgóslavíu: Kósóvó, Bosníu, Króatíu og Makedóníu og að auki í Albaníu. Endurreisn samfélagsins í Kósóvó á grundvelli ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244, er stærsta verkefnið sem ÖSE hefur tekið að sér. Fastaráð ÖSE hefur skilgreint hlutverk samtakanna í Kósóvó með þessum hætti:

- Að byggja upp mannauð í Kósóvó með þjálfun á sviði opinberrar stjórnsýslu, stjórnmála, réttarfars, löggæslu og mannréttinda;
- að skapa almenn skilyrði fyrir þróun til lýðræðis og lýðræðislegs stjórnarfars;
- að skipuleggja og hafa umsjón með kosningum;
- að hafa eftirlit með að mannréttindi séu virt;
- annað starf eftir óskum aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Uppbygging á þessu starfi ÖSE í Kósóvó hefur almennt gengið vel, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, en á vegum ÖSE starfa um 1500 manns í Kósóvó. Talsvert hefur verið þrýst á ÖSE að taka að sér enn fleiri verkefni í landinu. Það er hins vegar mikið áhyggjuefni að lítið hefur dregið úr hefndaraðgerðum manna úr albanska meirihlutanum gegn fólki af serbneska minni hlutanum og fólki af Roma-Sinti þjóðflokknum, sem Íslendingar kalla Sígauna. Vonir manna um að endurreisa megi fjölþjóðlegt samfélag í Kósóvó hafa því dvínað, sem fyrr er það þó eitt af meginmarkmiðum uppbyggingarstarfsins í héraðinu.

Starf ÖSE í Bosníu, þar sem 250 manns eru á vegum samtakanna, hefur gengið hægt af sömu ástæðum. Eins og í Kósóvó, hefur gengið afar erfiðlega að efla traust á milli þeirra þjóðarbrota sem landið byggja, þótt friður hafi nú ríkt í nokkur ár. Stefnt er að þingkosningum í Bosníu með haustinu.

Í Króatíu, þar sem sendinefnd ÖSE er svipuð að stærð og í Bosníu, hefur starfið fyrst og fremst beinst að lýðræðis- og mannréttindamálum og að tilraunum til sátta á milli Króata og serbneska minnihlutans í landinu. Þetta starf gekk illa framan af en horfur á árangri eru betri nú en áður, ekki síst eftir nýlegar forseta- og þingkosningar í landinu. Þessi þróun mála í Króatíu getur stuðlað að jákvæðri þróun í nágrannaríkjunum. Í Makedóníu reynir ÖSE að styðja og styrkja þróun til lýðræðis, sem í ýmsum greinum hefur þokast áfram. Ástandið í

landinu er hins vegar afar viðkvæmt vegna erfiðra samskipta þjóðarbrota í landinu. Í Albaníu aðstoðar sendinefnd ÖSE stjórnvöld við eflingu lýðræðis, en ástandið í Albaníu er sömuleiðis viðkvæmt og um margt nátengt þróun mála í Kósóvó og víðar.

Ástandið á öllum þeim svæðum sem hér hefur verið fjallað um minnir á þá staðreynd að vandamál ríkjanna á Balkanskaga eru flest nátengd. Stöðugleikasáttmálinn, sem ÖSE hefur eftirlit með, felur í sér tilraun til lausnar á vandamálum allra þjóðanna á svæðinu. Því er ekki að neita að óánægju gætir víða með að framkvæmd sáttmálans sé erfið. Vinnuhópar vinna þess vegna að því að skipuleggja aðgerðir þó að langt sé í land þar til árangur verður áþreifanlegur. Eðlilegt er hins vegar að lítil biðlund sé á meðal þeirra sem verst hafa orðið úti í hörmungum síðustu ára á Balkanskaga. Horfast verður í augu við brýn vandamál þessa fólks, ekki síst flóttamanna, og greiða með öllum mögulegum hætti fyrir því að fólk geti snúið sem fyrst til heimkynna sinna og byggt upp líf sitt á ný.

4.B.2. Tsjetsjnía og Kákasussvæðið.

Fyrstu viðbrögð aðildarríkja ÖSE við hernaðaraðgerðum Rússa í Tsjetsjníu voru á fremur lágum nótum og ákveðinn skilningur var á nauðsyn aðgerða gegn hryðjuverkamönnum. Fljótlega kom þó í ljós að Rússar brutu skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum um hefðbundinn vígbúnað í Evrópu (CFE). Bæði í fastaráðinu og í Vettvangi um samvinnu í öryggismálum (FSC) hafa Rússar verið gagnrýndir fyrir óhóflega beitingu hervalds með tilheyrandi afleiðingum fyrir óbreytta borgara. Vísað hefur verið til ákvæða atferlisreglna ÖSE (Code of Conduct on Politico — Military Aspects of Security) á hernaðarsviðinu, sem samþykktar voru á leiðtogafundi ÖSE í Búdapest 1994.

Þá hafa Rússar verið hvattir til að standa við skuldbindingar sínar í Vínarskjalinu frá 1994 (nú VD 2000) um að veita upplýsingar um herstyrk sinn á svæðinu. Jafnframt hefur verið óskað eftir heimild til að fara í eftirlitsferð til að sannreyna eldri upplýsingar frá Rússlandi.

ÖSE hefur í málflutningi sínum frá upphafi boðið Rússlandi aðstoð við að finna pólitíska lausn á deilunum. Áhugi er fyrir að nýta Aðstoðarhóp ÖSE (OSCE Assistance Group to Chechnya), sem settur var á fót í apríl 1995 þegar átökin stóðu síðast 1994 — 1996. Þessi hópur hraktist frá Tsjetsjníu þegar núverandi átök mögnuðust og hefur verið í Moskvu. Þess hefur verið óskað af hálfu ÖSE að hópurinn fái að starfa í Ingútséu, en engin svör hafa fengist frá Rússum.

Innan ÖSE er nú mjög vaxandi gagnrýni á Rússland vegna hernaðaraðgerðanna í Tsjetsjníu. Í 23. gr. yfirlýsingar leiðtogafundarins í Istanbúl var litið svo á að Rússland hefði samþykkt aðstoð ÖSE við að finna pólitíska lausn á vandanum þar.

Rússar hafa staðfastlega haldið því fram að deilan sé innanríkismál. Þeir ítreka að um sé að ræða baráttu gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Ekki sé þörf utanaðkomandi aðstoðar við að finna pólitíska lausn á átökunum. Rússar halda því fram að á hernumdu svæðunum í Tsjetsjníu hafi ríkt algert stjórnleysi frá því að fyrri átökum lauk 1996. Samfélagsstofnanir hafi verið óstarfhæfar, t.d. hafi börn ekki gengið í skóla um langt skeið og farið á mis við heilsugæslu, svo sem bólusetningar.

Aðgerðir Rússa hafa leitt til vaxandi öryggisleysis á Kákasussvæðinu. Í Georgíu og Nagorno-Karabakh er ástandið ótryggt þó að þróunin hafi verið í rétta átt að undanförnu.

Ástandið í Georgíu hefur batnað og auknar líkur eru á að samningar stjórnvalda við aðskilnaðarsinna í Suður-Ossetíu haldi. Deilan við aðskilnaðarsinna í Abkhasíu er hins vegar enn óleyst. Þá náðist verulegur árangur á leiðtogafundinum í Istanbúl í leit að lausn á deilu Georgíu og Rússlands vegna veru rússnesks hers í Georgíu. Auk aðstoðar við sáttaumleitanir og lýðræðisþróun hefur sendinefnd ÖSE nú tekið að sér að hafa eftirlit með landamærum

Georgíu og Rússlands (Tsjetsjníu) að beiðni Georgíu til að hindra hugsanlega birgðaflutninga til uppreisnarmanna í Tsjetsjníu.

Vonir eru bundnar við vilja stjórnvalda Armeníu og Aserbaijan til að ná sáttum um Nagorno-Karabakh. Fundir leiðtoganna hafa styrkt þær vonir þó að enn sé langt í land. ÖSE hefur sett upp skrifstofu í Yerevan, höfuðborg Armeníu, og stefnt er að því að gera slíkt hið sama í Bakú höfuðborg Aserbaijan innan tíðar.

Sendinefnd ÖSE í Moldavíu hefur reynt að miðla málum milli stjórnvalda og aðskilnaðarsinna í Trans-Dnjestríu. Árangur hefur hingað til verið takmarkaður. Nokkur hreyfing hefur þó verið á málum eftir að Moldavía og Rússland náðu samkomulagi um brottflutning rússneskra herja frá landinu í áföngum. Framkvæmdin er þó eftir og engin lausn er í sjónmáli vegna Trans-Dnjestríu héraðsins.

4.B.3. Mið-Asía.

Sendinefndir ÖSE starfa í höfuðborgum allra fimm ÖSE ríkjanna í Mið-Asíu, þ.e. Kasakstan, Kirgisistan, Tadjikistan, Túrkmenistan og Úsbekistan. ÖSE þarf að auka starfsemi sína í þessum ríkjum og hefur formennskuríkið, Austurríki, sett það á oddinn. Ljóst er að víða er verulegur afturkippur í lýðræðisþróun og virðingu fyrir mannréttindum, sérstaklega í Túrkmenistan og Úsbekistan. Hafa þessi ríki verið gagnrýnd í fastaráðinu að undanförnu og hvött til að virða þær skuldbindingar sem þau hafa gengist undir með aðild að ÖSE. Einnig er bágborið efnahagsástand í öllum þessum ríkjum. Tadsjikistan er í sárum eftir langvarandi borgarastyrjöld og gegnir enn stóru hlutverki í alþjóðlegri glæpastarfsemi og eiturlyfjasmygli.

4.B.4. Önnur svæði.

Eitt erfiðasta viðfangsefni ÖSE um þessar mundir er að freista þess að snúa neikvæðri þróun í Hvíta-Rússlandi við. Þar hefur ráðgjafanefnd ÖSE náð takmörkuðum árangri en þó hefur tekist að beina athygli umheimsins að vandamálum þar. Í fastaráðinu er haldið uppi stöðugri gagnrýni á stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi fyrir að ganga gegn raunverulegu lýðræði, bæði með aðgerðum gegn stjórnarandstöðu og nýrri kosningalöggjöf. Hvíta-Rússland hefur gert sambandssamning við Rússland sem er leiðandi ríki í ÖSE. Óljóst er með öllu hvernig þau mál muni þróast í stjórnartíð nýs Rússlandsforseta. Framkvæmd fyrirhugaðra þingkosninga í Hvíta Rússlandi í haust verður undir eftirliti ÖSE.

Í Úkraínu er hlutverk sendinefndar ÖSE takmarkað við verkefni á sviði mannréttinda og lýðræðisþróunar.

Þróun mála í Eystrasaltsríkjunum hefur almennt verið jákvæð. ÖSE hefur sendinefndir í Lettlandi og Eistlandi. Í Lettlandi eru brýn verkefni fram undan, einkum varðandi þjóðernisminnihlutana. Eftir að tungumálalöggjöf var samþykkt í samræmi við óskir ÖSE og annarra alþjóðastofnana hefur samstarf stjórnvalda og sendinefndarinnar gengið vel. Eistar telja sig ekki lengur hafa neina þörf fyrir ÖSE í landinu og hafa jafnvel gripið til andófsaðgerða til að vekja athygli á málinu. Samstaða er þó um að nauðsynlegt sé að fylgja eftir framkvæmd nýrra laga um tungumál og framkvæmd löggjafar um aðlögun rússneska minnihlutans.

4.B.5. Vettvangur um öryggismálasamstarf (VÖS).

Auk fastaráðs ÖSE starfar Vettvangur um öryggismálasamstarf að því að þróa traustvekjandi aðgerðir á sviði öryggismála og annarra afvopnunarmála. Tilgangur VÖS er fram-

kvæmd Vínarskjals frá 1999 um traustvekjandi aðgerðir á hernaðarsviðinu. Þar er einnig fjallað um öryggismál á almennum grunni.

Í VÖS hefur verið til umfjöllunar samþykkt leiðtogafundar ÖSE um að kanna mögulegar aðgerðir af hálfu ÖSE gegn útbreiðslu léttra vopna, einkum handvopna, og þá í samhengi við aðgerðir annarra alþjóðastofnana, svo sem Sameinuðu þjóðanna, á þessu sviði.

Áhugi er fyrir því að virkja VÖS betur til umræðu um öryggismál almennt. Eftirlitshlutverk VÖS þyrfti einnig að efla en í því felast traustvekjandi aðgerðir og reglur um framkvæmd og hegðun varðandi hernað (Code of Conduct). Rússland hefur verið mjög gagnrýnt í VÖS undanfarið fyrir að virða hvorki þessar reglur né skuldbindingar um afhendingu upplýsinga um vígbúnað.

4.C. EVRÓPURÁÐIÐ

Evrópuráðið fagnaði fimmtíu ára afmæli sínu á síðasta ári. Það var stofnað 5. maí árið 1949, í kjölfar hörmunga síðari heimsstyrjaldarinnar, og var frá öndverðu ætlað að tryggja frið sem byggðist á réttlæti og alþjóðasamvinnu ásamt því að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála. Samkvæmt stofnskrá Evrópuráðsins er því ætlað að efla samvinnu meðal aðildarríkjanna með það að markmiði að standa vörð um mannréttindi, styrkja lýðræðislega stjórnarhætti, efla mannleg gildi og almenn lífsgæði Evrópubúa. Rík áhersla hefur verið lögð á að auka skilning og samkennd meðal íbúa álfunnar á grundvelli sameiginlegrar arfleifðar. Ísland gerðist aðili að ráðinu 7. mars 1950 og hefur frá upphafi tekið virkan þátt í starfsemi þess.

Á grundvelli þessara markmiða sinnir Evrópuráðið fjölbreytilegum málaflokkum eins og mannréttindamálum, félagsmálum, umhverfismálum, sveitarstjórnarmálum, menntun, menningu og samvinnu á sviði löggjafar svo að nokkur dæmi séu nefnd. Á meðal grundvallarsamninga Evrópuráðsins eru mannréttindasáttmáli Evrópu og félagsmálasáttmáli Evrópu en alls hefur Evrópuráðið staðið að gerð um það bil 170 alþjóðasamninga. Þessir samningar hafa átt mikilvægan þátt í því að stuðla að frekari samvinnu meðal aðildarríkjanna, efla samkennd þeirra og styrkja hugsjónir um mannréttindi og lýðræði.

Afmælis Evrópuráðsins var minnst með margvíslegum hætti á Íslandi á síðasta ári og má þar m.a. nefna útgáfu bókar og bæklinga um starfsemi ráðsins. Auk þess var haldið Alþingi unga fólksins sem skipulagt var af utanríkisráðuneytinu og Alþingi.

4.C.1. Stærra hlutverk Evrópuráðsins.

Evrópuráðið hefur, frá falli Berlínarmúrsins, gegnt mikilvægu hlutverki við að styðja þjóðir Mið- og Austur-Evrópu á leið þeirra til lýðræðislegra stjórnarhátta. Þessi ríki njóta margvíslegrar aðstoðar Evrópuráðsins við uppbyggingu lýðræðislegra stofnana og dómstóla og flest þeirra eru nú aðilar að Evrópuráðinu. Til að öðlast aðild hafa ríkin þurft að undirgangast margvíslegar skuldbindingar um lýðræði og mannréttindi og aðrar grundvallarreglur en um leið felur aðildin í sér viðurkenningu á stöðu þeirra meðal lýðræðisþjóða. Aðild ríkjanna að ráðinu hefur veitt þeim stuðning og aðhald og skapað þeim skilyrði fyrir þátttöku í evrópsku samstarfi og styrkt þau í öðru alþjóðlegu samstarfi.

Aðildarríki ráðsins eru nú fjörutíu og eitt talsins og hefur fjölgað ört á síðastliðnum tíu árum. Aðild að Evrópuráðinu er opin öllum evrópskum lýðræðisríkjum sem viðurkenna grundvallarreglur lýðræðis, réttarríkis og mannréttinda. Sex önnur ríki hafa lagt fram umsókn um aðild að ráðinu. Þetta eru Armenía, Aserbaijan, Bosnía og Hersegóvína, Mónakó, Hvíta-Rússland (Belarus) og Sambandslýðveldið Júgóslavía (Serbía-Svartfjallaland). Umsóknir þessara ríkja eru nú til umfjöllunar hjá ráðherranefndinni og þingmannasamkomu

ráðsins en náið er fylgst með lýðræðisþróun í löndunum. Umsóknir tveggja síðastnefndu landanna hafa verið lagðar til hliðar í bili en þar virða stjórnvöld augljóslega ekki þau grundvallargildi sem starfsemi Evrópuráðsins byggir á.

4.C.2. Formennska Íslands í ráðherranefnd Evrópuráðsins.

Ráðherranefndin fer með ákvörðunarvald innan Evrópuráðsins, markar ráðinu stefnu og fylgist með margháttuðum störfum þess. Í henni sitja utanríkisráðherrar aðildarríkjanna sem koma saman tvisvar á ári en þess á milli sitja fulltrúar ríkisstjórnanna fundi nefndarinnar. Ísland gegndi formennsku í ráðherranefndinni frá 7. maí til 4. nóvember 1999 og kom það í hlut þess að vera m.a. í pólitísku fyrirsvari fyrir hönd Evrópuráðsins varðandi aðildarumsóknir nýrra ríkja og gagnvart öðrum alþjóðastofnunum.

Á meðal áhersluatriða í formennsku Íslands var aukin samvinna og samráð Evrópuráðsins við Evrópusambandið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Haldnir voru sérstakir samráðsfundir ráðherra með báðum þessum stofnunum en á árinu 1999 gegndi Noregur formennsku í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Finnland leiddi starf Evrópusambandsins á síðari hluta ársins. Lögð var áhersla á að efla og samhæfa starf stofnananna, auka skilvirkni og að komið yrði í veg fyrir tvíverknað.

Annað áhersluatriði voru auknar fjárveitingar til mannréttindadómstóls Evrópu en málafjöldi fyrir dómstólnum eykst ár frá ári bæði vegna fjölgunar aðildarríkja Evrópuráðsins og þeirrar staðreyndar að þegnar þeirra eru í auknum mæli meðvitaðir um skyldur aðildarríkjanna á sviði mannréttinda. Sum aðildarríki hafa verið treg til að auka framlög sín til Evrópuráðsins en hætta er á að slík afstaða komi niður á störfum dómstólsins. Áfangar náðust í átt til varanlegrar lausnar á fjárhagsmálum dómstólsins en miklu skiptir að fjárhagslegur stöðugleiki sé fyrir hendi á þeim sviðum sem ríkin hafa veitt forgang.

Utanríkisráðherra tók jafnframt þátt í leiðtogafundi í Sarajevó um stöðugleikasáttmála fyrir Suðaustur-Evrópu (Stability Pact) og í formennskutíð Íslands náðist samkomulag um hlutverk Evrópuráðsins í uppbyggingarstarfinu í Kósóvó, í samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir. Framlag Evrópuráðsins mun að miklu leyti felast í aðstoð við samningu laga ásamt þjálfun embættismanna og dómara. Evrópuráðið opnaði á síðasta ári skrifstofu í Pristína í Kósóvó.

Í októbermánuði 1999 fór utanríkisráðherra ásamt framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til Úkraínu og áttu þeir fundi með þarlendum stjórnvöldum en Úkraína hafði verið gagnrýnd fyrir að misvirða skuldbindingar sínar sem aðildarríki að Evrópuráðinu m.a. með tilliti til dauðarefsinga en afnám dauðarefsinga er skilyrði fyrir aðild að Evrópuráðinu. Stjórnvöld í Úkraínu áréttuðu vilja sinn til umbóta og ákveðnar umbætur á sviði mannréttindamála hafa nú þegar átt sér stað, en þing Úkraínu ákvað 23. febrúar sl. að afnema dauðarefsingu í landinu.

Í júní og september ávarpaði utanríkisráðherra þingmannasamkomu Evrópuráðsins, sem kemur saman fjórum sinnum á ári í Strassborg, og flutti því skýrslur um störf og stefnu ráðherranefndarinnar. Þar áréttaði hann m.a. mikilvægi þess að aðildarríkin virtu skuldbindingar sínar gagnvart Evrópuráðinu á sviði mannréttinda og lýðræðis sem þau hefðu undirgengist með aðild sinni að ráðinu. Þingmannasamkoma Evrópuráðsins hefur orðið æ meira áberandi í starfsemi ráðsins á undanförnum árum og sem dæmi má nefna frumkvæði þess og samráð við rússnesk stjórnvöld vegna átakanna í Tsjetsjníu. Hún hefur á undanförnum árum gegnt lykilhlutverki í stækkun Evrópuráðsins og hefur sett nýjum ríkjum ströng skilyrði um lýðræði, mannréttindi og reglur réttarríkisins og í framhaldinu fylgst með því að ríkin virtu þessi skilyrði. Íslenskir þingmenn taka þátt í starfi hennar og hefur Íslandsdeild þingmanna-

samkomu Evrópuráðsins verið mjög virk í starfi sínu. Stjórnmálanefnd þingmannasamkomu Evrópuráðsins hélt fund sinn á Íslandi í septembermánuði 1999 samhliða opinberri heimsókn Walter Schwimmer framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til Íslands. Jafnframt ávarpaði utanríkisráðherra sveitarstjórnarsamkomu Evrópuráðsins (CLRAE) sem kemur saman einu sinni á ári í Strassborg. Sveitarstjórnarsamkoman er ráðherranefndinni til ráðgjafar um sveitarstjórnarmálefni í aðildarríkjunum.

Mikilvægur áfangi í starfi ráðsins á síðasta ári var stofnun embættis mannréttindafulltrúa við Evrópuráðið. Mannréttindafulltrúanum er ætlað að fylgjast með þróun mannréttinda og lýðræðis í aðildarríkjunum og veita þeim aðstoð.

Evrópuráðið nýtur virðingar fyrir störf sín að mannréttindamálum, uppbyggingu lýðræðislegra stofnana og sem umræðu- og samstarfsvettvangur þingmanna úr allri Evrópu.

4.D. GRANNSVÆÐARÁÐ

Grannsvæðaráðin þrjú Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið voru öll stofnuð með það fyrir augum að efla samstarf aðildarríkja um málefni og málaflokka sem kalla á samvinnu, samráð og gagnkvæma miðlun upplýsinga. Þau hafa nú starfað um nokkurt skeið og með ágætum árangri. Eystrasaltsráðið var stofnað 1992, Barentsráðið 1993 og Norðurskautsráðið 1996. Samsetning, markmið og dagskrá ráðanna er mismunandi en sameiginlegt er þeim öllum að málefni á norðurslóðum og/eða í norðanverðri Evrópu eru í þungamiðju starfseminnar.

Aðild að Eystrasaltsráðinu eiga Norðurlöndin fimm, Eystrasaltsríkin þrjú, Rússland, Pólland og Þýskaland. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á einnig sæti í ráðinu. Ráðið starfar á mjög breiðum grunni sem miðar að því að efla samvinnu og samstarf á hinum ýmsu sviðum. Starfsemi Barentsráðsins miðast fyrst og fremst við landfræðilega afmarkað svæði sem nær til Norðvesturhluta Rússlands og nyrðri hluta Finnlands, Svíþjóðar og Noregs. Samvinna héraða, bæja, félagasamtaka og fyrirtækja innan svæðisins á ýmsum sviðum einkennir starfsemina.

Í reynd má líta á Barentsráðið sem norræna vídd samstarfsins við Rússland en einnig á framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sæti í ráðinu.

Norðurskautsráðið hefur fyrst og fremst starfað á sviði umhverfismála og sjálfbærrar þróunar. Aðild að ráðinu eiga Norðurlöndin fimm, Bandaríkin, Kanada og Rússland.

Í fyrra markaði Evrópusambandið, undir formennsku Finnlands, stefnu sem kennd hefur verið við „norðlæga vídd“ og miðar að aukinni áherslu sambandsins í norðanverðri Evrópu og er miðað við að grannsvæðaráðin taki þátt í framkvæmd þeirrar stefnu.

Hér er nánar gerð grein fyrir grannsvæðaráðunum þremur sem og hinni norðlægu vídd Evrópusambandsins.

4.D.1. Eystrasaltsráðið.

Eystrasaltsráðið hefur mjög víðtæka dagskrá og miðar að því að efla tengsl og samvinnu aðildarríkja á sviði efnahags- og viðskiptamála, mannréttinda og lýðræðisþróunar, menningar- og menntamála, samgöngumála, orkumála og umhverfismála. Utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna funda árlega en þess á milli eru alltíðir fundir embættismanna. Tveir leiðtogafundir hafa verið haldnir, í Visby í Svíþjóð 1996 og Riga í Lettlandi 1998. Sá þriðji verður haldinn í Kolding í Danmörku í apríl á þessu ári.

Þrír vinnuhópar starfa á vegum ráðsins, einn um efnahagssamvinnu, annar um geislavarnir og sá þriðji um lýðræðisstofnanir. Þá starfar vinnuhópur um glæpastarfsemi í umboði leiðtogafundarins 1998. Skrifstofa Eystrasaltsráðsins er í Stokkhólmi. Á vegum ráðsins hefur

einnig frá 1994 starfað sérstakur fulltrúi fyrir mannréttindi, minnihlutahópa og lýðræðisstofnanir og hefur hann skrifstofu í Kaupmannahöfn.

Ýmsir hópar og félagasamtök tengjast einnig starfi Eystrasaltsráðsins með einum eða öðrum hætti. Meðal annars má nefna samtök um svæðisbundna samvinnu Eystrasaltsins (Baltic Sea States Sub-regional Co-operation), samband borga við Eystrasalt, (Union of the Baltic Cities), þingmannasamtök Eystrasaltsins (Baltic Sea Parliamentary Conference) og atvinnumálaráð Eystrasaltsins (Baltic Business Advisory Council).

Hin fjölmörgu málefni sem eru á dagskrá Eystrasaltsráðsins hafa ekki einungis verið til umfjöllunar á árlegum utanríkisráðherrafundum, eða verið tilefni leiðtogafunda, heldur hafa ráðherrar aðildarríkja á sviði orku- iðnaðar- og viðskiptamála sem og mennta- og umhverfismála fundað nokkuð reglulega um málefni sem undir þá heyra.

Formennska í Eystrasaltsráðinu skiptist árlega á milli aðildarríkja og hefur Noregur haft formennsku frá miðju síðasta ári en Þýskaland tekur við í júní á þessu ári. Í formennskutíð Noregs er sérstök áhersla á fjögur höfuðsvið samstarfsins; lýðræðisþróun og samvinnu er lýtur að landamærum, efnahagssamvinnu, samvinnu á sviði orkumála og almannaöryggi.

Þegar samsetning Eystrasaltsráðsins er skoðuð kemur í ljós að fjögur ríki, Þýskaland, Danmörk, Svíþjóð og Finnland eiga aðild að Evrópusambandinu og fjögur Eistland, Lettland, Litháen og Pólland hafa sótt um aðild að sambandinu. Eins og að líkum lætur eru tengslin við Evrópusambandið, í gegnum Eystrasaltsráðið, verulegur þáttur í samstarfinu hvort sem er fyrir hin fjögur ríki sem sótt hafa um aðild eða Rússland.

Starfsemi Eystrasaltsráðsins minnir um margt á hefðbundið samstarf Norðurlandanna þótt ýmislegt sé ólíkt. Ráðið leitast við að stuðla að sem mestum og fjölbreytilegustum tengslum milli aðildarríkja og umræðu og samvinnu um ýmis málefni sem takast þarf á við hverju sinni. Það er því mikilvægur vettvangur umræðu er tekur til stjórnmála sem og annarra þátta landsmála og milliríkjasamskipta.

4.D.2. Norðurskautsráðið.

Norðurskautsráðið hefur nú verið starfrækt frá 1996. Aðild að því eiga átta ríki, Norðurlöndin fimm, Bandaríkin, Kanada og Rússland. Þá eiga sæti í ráðinu heimsskautaráð Inúíta, Samaráðið, Rússnesk samtök innfæddra þjóða norðursins og alþjóðasamtök Alúta. Allmörg ríki, milliríkjastofnanir, þingmannasamtök og frjáls félagasamtök eiga áheyrnaraðild að ráðinu.

Norðurskautsráðið byggir að miklu leyti á grunni sem á rætur að rekja til samstarfs um umhverfisvernd á norðurslóðum (AEPS-Arctic Environmental Protection Strategy) sem hófst 1991 í Rovaniemi í Finnlandi. Kjarninn í starfi Norðurskautsráðsins frá upphafi hefur verið framhald og frekari þróun á því samstarfi. En auk þessa starfs var kveðið á um, í stofnyfirlýsingu ráðsins, að annar meginþáttur samstarfsins skyldi lúta að sjálfbærri þróun á norðurslóðum.

Umhverfismálin eru verkefni fjögurra vinnuhópa ráðsins, AMAP (Arctic Monitoring and Assessment Program), CAFF (Conservation of Arctic Fauna and Flora), PAME (Protection of the Arctic Marine Environment) og EPPR (Emergency Prevention, Preparedness and Response).

- AMAP-hópurinn safnar upplýsingum og fylgist með mengun á norðurslóðum, metur áhrifin á umhverfið og gerir tillögur um hvernig bregðast beri við þeim.
- CAFF-vinnuhópurinn um líffræðilegan fjölbreytileika stuðlar að upplýsingaskiptum og samhæfingu rannsókna á búsvæðum dýra og jurta og fjallar um viðhald og verndun þeirra. Skrifstofa CAFF er staðsett á Akureyri.

- PAME-vinnuhópurinn fjallar um mengun sjávar á norðurslóðum og hefur lagt fram aðgerðaáætlun um varnir gegn mengun sjávar sem samþykkt var á fyrsta ráðherrafundi Norðurskautsráðsins haustið 1998. Skrifstofa PAME sem m.a. hefur það verkefni að fylgjast með og stuðla að framkvæmd áætlunarinnar er á Akureyri.
- EPPR-hópurinn fjallar um viðbrögð í neyðartilvikum þar sem umhverfi norðurslóða stafar hætta af mengunarslysum og gerir tillögur um aðgerðir í slíkum tilfellum.

Enginn vafi leikur á að vinnuhópar Norðurskautsráðsins á sviði umhverfismála hafa unnið mjög gagnlegt starf og full samstaða er um að halda því starfi áfram og efla það. Ýmislegt er á döfinni í þeim efnum, m.a. er verið að vinna að heildaráætlun um aðgerðir á norðurslóðum á sviði mengunarvarna. Þá er einnig á borðinu áætlun um athugun á loftslagsbreytingum á norðurskautssvæðinu.

Starf ráðsins á sviði sjálfbærrar þróunar er í höndum vinnuhóps um það efni. Ekki ber að skilja það svo að skörp skil séu gerð milli sjálfbærrar þróunar og umhverfisverndar enda samtengingin augljós. En staðreynd er að umhverfisþátturinn í starfsemi ráðsins hefur verið afmarkaður þannig að aðrir þættir, sem falla eðlilega undir sjálfbæra þróun, eru nýir af nálinni og er ráðið enn að gera upp við sig hvernig haldið skuli á málum. Ekki hefur náðst samstaða um að móta heildarstefnu á sviði sjálfbærrar þróunar þannig að enn sem komið er markast þetta verksvið ráðsins af einstökum verkefnum. Meðal þeirra eru verkefni er lúta að heilsu og menntun barna og ungmenna á norðurskautssvæðinu, fjarlækningar og umhverfisvæn ferðaþjónusta.

Norðurskautsráðið er í reynd samráðsvettvangur enda hefur ekki náðst samstaða um að gera það að eiginlegri alþjóðastofnun með tilheyrandi höfuðstöðvum og föstum fjárframlögum aðildarríkja. Aðildarríki ráðsins skiptast á um formennsku í ráðinu og er hún til tveggja ára. Kanada hafði á hendi formennsku í ráðinu frá stofnun þess 1996 til haustmánaða 1998 þegar Bandaríkin tóku við. Finnar munu væntanlega taka við formennskunni á haustmánuðum 2000. Skrifstofuhald og kostnaður við það hefur fram til þessa verið á ábyrgð formennskulandsins. Skrifstofuhald og verkefni vinnuhópa eru byggð á frjálsum fjárframlögum aðildarríkja hverju sinni.

Ísland hefur lagt allmikla áherslu á starfsemi Norðurskautsráðsins og kemur það m.a. fram í því að tveir vinnuhópar ráðsins CAFF og PAME hafa skrifstofur sínar hér á landi. Starfsemi ráðsins er enn í mótun en greinilegt er að það vinnur mjög gagnlegt starf sem ber að þróa og efla sem kostur er.

4.D.3.Barentsráðið (BEAC).

Sem fyrr segir starfar Barentsráðið á landfræðilega afmörkuðu svæði og beinir athygli og kröftum að verkefnum innan þess svæðis. Uppbyggingu ráðsins er þannig háttað að utanríkisráðherrar funda árlega en þess á milli embættismenn þátttökuríkja en einnig sérstakt svæðisráð með skrifstofu í Kirkenes sem í eiga sæti fulltrúar þeirra héraða sem eru á Barentssvæðinu. Þá starfa einnig vinnuhópar á vegum ráðsins sem beina athyglinni að efnahagssamvinnu, orkumálum, umhverfismálum og samgöngumálum. Nýrri af nálinni eru vinnuhópar um heilbrigðismál, menntamál og málefni ungmenna.

Í reynd fer stór hluti af starfsemi ráðsins fram á vettvangi svæðisráðsins sem hefur frumkvæði og milligöngu að auknum tengslum innan Barentssvæðisins á þeim sviðum sem vinnuhóparnir beina augum að og er almennt litið svo á að það hafi skilað góðum árangri.

Á utanríkisráðherrafundi Barentsráðsins í Bodö í mars 1999 var ákveðið að ýta úr vör fjölþjóðlegu verkefni um hreinsun geislavirks úrgangs í rússneskum hluta Barentssvæðisins. Er hér um að ræða útvíkkun á verkefni sem Noregur og Bandaríkin hafa þegar hafið í sam-

vinnu við Rússland. Viðræður hafa staðið yfir við Rússland undanfarið ár um samningsdrög, sem ætlað er að leggja grunninn að hinu fjölþjóðlega verkefni, en samkomulag hefur ekki tekist enn sem komið er. Mikilvægt er að samningar takist enda er hér greinilega um þýðingarmikið mál að ræða, einnig fyrir Ísland, sem lýst hefur eindregnum stuðningi við það.

4.D.4. Norðlæg vídd Evrópusambandsins.

Finnar voru í forsæti Evrópusambandsins seinni hluta ársins 1999. Á þessu tímabili og mánuðina á undan höfðu þeir frumkvæði að mótun stefnu Evrópusambandsins sem miðar að aukinni áherslu á norðvestanverða Evrópu. Þessi stefna sem venjulega er kölluð norðlæg vídd Evrópusambandsins hefur verið viðtekin af sambandinu og um hana var haldinn sérstakur ráðherrafundur í Helsinki í nóvember sl. Við undirbúning og mótun hinnar norðlægu víddar höfðu Finnar náið samráð við ríki utan sambandsins þar á meðal Ísland.

Ísland hefur verið því mjög fylgjandi að Evrópusambandið beini kröftum sínum í ríkari mæli að norðanverðri Evrópu og hefur tekið virkan þátt í samráði um stefnumótun er varðar hina norðlægu vídd. Meðal annars stóð sendiráð Íslands í Brussel fyrir málþingi um umhverfisþátt norðlægu víddarinnar sl. haust í þessu skyni. Af Íslands hálfu hefur einkum verið lögð áhersla á umhverfisvernd, sérstaklega mengun hafsins, förgun geislavirks úrgangs og rannsóknir á norðurslóðum.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur það verkefni að hanna aðgerðaáætlun sem byggt verður á við framkvæmd hinnar norðlægu víddar. Miðað er við að því verki ljúki síðar á þessu ári. Nú þegar er gengið út frá því að Eystrasaltsráðið og Barentsráðið komi að framkvæmd stefnunnar en jafnframt hafa norrænu ríkin hvatt til þess að Norðurskautsráðið tengist málinu.

5. UTANRÍKISVIÐSKIPTI

5.A. ALÞJÓÐAVIÐSKIPTASTOFNUNIN (WTO)

WTO er eini formlegi alþjóðavettvangurinn þar sem fjallað er reglubundið um fyrirkomulag heimsviðskipta. Ríflega 25 samningar hafa að geyma þær leikreglur sem gilda um viðskipti milli hinna 136 aðildarríkja WTO, en þau viðskipti nema ríflega 90% af heimsviðskiptum. Tilgangur þessara samninga er að tryggja frjáls og hnökralaus viðskipti með vörur og þjónustu. Samningarnir eru afrakstur Úrúgvæviðræðnanna sem stóðu yfir frá 1987–1994 og tók WTO til starfa í ársbyrjun 1995. Fram að þeim tíma lagði GATT-samningurinn frá 1947 grundvöllinn að reglum um vöruviðskipti milli aðildarríkja þess samnings.

Með stofnun WTO gengu í gildi mun umfangsmeiri og ítarlegri reglur um vöruviðskipti í heiminum en áður höfðu þekkst. Þar ber fyrst að nefna GATT-samninginn frá 1994 sem leysti eldri samninginn frá 1947 af hólmi, landbúnaðarsamninginn, samning um hollustuhætti og heilbrigði, samning um viðskipti með vefnaðarvörur, tæknilegar viðskiptahindranir, upprunareglur, fjárfestingar, undirboð, gagnráðstafanir og svo mætti lengi telja.

Þessu til viðbótar gengu í gildi, í fyrsta sinn, samningur um þjónustuviðskipti (GATS) og samningur um hugverkarétt í viðskiptum. Á grundvelli þjónustu-viðskiptasamningsins hefur verið lokið gerð viðauka um fjármálaþjónustu og grunnfjarskipti. WTO var einnig fengið það verkefni að fjalla um fjölmörg ný málefni svo sem um tengsl viðskipta og þróunar, viðskipta og umhverfis, um opinber innkaup, samkeppnismál o.m.fl. Loks voru settar ítarlegri og skilvirkari reglur um meðferð og lausn deilumála. Frá stofnun hefur lausn deilumála verið eitt mikilvægasta verkefni WTO. Á síðustu 5 árum hefur verið fjallað um 150 kærumál. Flest málin snerta meint brot á grundvallarreglum WTO.

Grundvallarreglur WTO eru þrjár og ganga þær eins og rauður þráður gegnum allt samningakerfi samtakanna. Þessar grundvallarreglur eru:

a. Bestukjararéttindi.
Reglan um bestukjararéttindin felur í sér að óheimilt er að mismuna þjóðum í viðskiptum með vörur og þjónustu. Til dæmis er óheimilt að leggja lægri tolla á tilteknar vörur frá Japan en sambærilegar vörur frá Bandaríkjunum. Í heimsviðskiptum eiga allir að sitja við sama borð.

b. Jafnréttiskjör.
Þessi regla kveður á um að innflutt vara skuli hljóta sömu meðhöndlun og innlend framleiðsla. Til dæmis er óheimilt að leggja lægri virðisaukaskatt á innlenda vöru en lagður er á sambærilega innflutta vöru.

c. Gagnsæi.
Þessi regla skuldbindur aðildarríki WTO til að tilkynna samtökunum um allar ráðstafanir sem gripið er til og kunna að hafa áhrif á viðskipti milli ríkjanna.

5.A.1. Gildi WTO fyrir Ísland.
Utanríkisviðskipti eru Íslendingum lífsnauðsynleg og fá ríki í heiminum eru eins háð þeim og Ísland. Frelsi í milliríkjaviðskiptum er Íslendingum því afar mikilvægt. Í Úrúgvæviðræðunum fékkst viðurkenning á því að sjávarafurðir teldust til iðnaðarvara en einn mikilvægasti ávinningurinn með GATT samningnum frá árinu 1994 er að nú eru viðskipti með iðnaðarvörur algerlega frjáls og ekki er heimilt að hafa áhrif á innflutning eða útflutning nema með tollum og öðrum gjöldum. Utanríkisviðskipti Íslands njóta því mikilvægs frelsis í skjóli WTO-samninganna.
Það er yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda að landbúnaður sé nauðsynlegur til að tryggja fæðuöryggi og vegna byggðasjónarmiða. Stjórnvöld hafa því skuldbundið sig til að styðja sérstaklega þessa atvinnugrein. Í landbúnaðarsamningi WTO eru þessi sjónarmið viðurkennd.
Ákvarðanir á vettvangi WTO eru teknar samhljóða og afl atkvæða ræður því ekki úrslitum. Ísland getur því haft umtalsverð áhrif.
Nokkur aðildarríki WTO, þ.á m. Ísland hafa lagt áherslu á að viðskipti og umhverfismál verði til umfjöllunar í WTO. Sú umræða gæti reynst mikilvæg fyrir hagsmuni Íslands.
Á undanförnum árum hefur verið vaxandi áhugi á tengslum viðskipta og umhverfismála á vettvangi WTO. Almennt er álitið að alþjóðaviðskiptakerfið eigi að stuðla að sjálfbærri þróun og að stefnumörkun á sviði viðskipta og umhverfismála eigi að styðja og styrkja hvor aðra. Það hefur hins vegar vafist fyrir aðildarríkjum WTO hvaða hlutverki stofnunin eigi að gegna í þessu efni. Ísland hefur lagt áherslu á að WTO sé ekki umhverfisstofnun en hafi lykilhlutverki að gegna í því að ná ofangreindum markmiðum með því að laga alþjóðaviðskiptakerfið að kröfum sjálfbærrar þróunar. Þetta getur WTO gert með því að leysa einstök verkefni sem stuðla samtímis að aukinni samkeppni, vernd umhverfis og náttúruauðlinda og sjálfbærri þróun. Dæmi um slíkt er afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi sem stuðlar að ofveiði. Slíkir styrkir draga úr heilbrigðri samkeppni, þeir stuðla að rányrkju og auk þess vinna þeir gegn sjálfbærri þróun jafnt í iðnvæddum ríkjum sem í þróunarríkjunum.
Ísland hefur sýnt frumkvæði og beitt sér fyrir því að viðræður um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi, er stuðla að ofveiði, verði eitt af verkefnum næstu samningalotu WTO.

Þróunarríkin hafa mörg óttast að umræður um viðskipta- og umhverfismál gætu falið í sér leyndar viðskiptahindranir af hálfu þróaðra ríkja. Í málflutningi sínum hefur Ísland lagt áherslu á að afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi feli í sér ávinning fyrir alla, ekki síður þróunarríki sem eiga í erfiðleikum með að byggja upp hagkvæman sjávarútveg í samkeppni við ríkisstyrktan sjávarútveg þróaðra ríkja. Tillaga Íslands hefur nú þegar fengið stuðning margra ríkja, svo sem Bandaríkjanna, Perú, Filippseyja, Argentínu, Ástralíu, Nýja Sjálands, Noregs, Kanada, Marokkó, Egyptalands, Mexíkó og Chile. Þá hefur Evrópusambandið lýst því yfir að það væri opið fyrir því að ræða áhrif ríkisstyrkja í sjávarútvegi á sjálfbæra þróun.

Helsta andstaðan gegn tillögu Íslands hefur verið frá Japan og Kóreu.

5.A.2. Framtíðarverkefni WTO.

Við lok Úrúgvæviðræðnanna var tekin sú ákvörðun að hefja skyldi nýjar samningaviðræður um landbúnaðarmál og þjónustuviðskipti á þessu ári. Iðnríkin, þar á meðal Ísland og sum þróunarríki, hafa þrýst á um að samningalotan verði víðtækari og fjalli um alla helstu samninga WTO. Þá er enn fremur áhugi fyrir því að fjallað verði um fjölmörg ný mál, svo sem umhverfismál, þróunarmál, samkeppnismál, viðskiptaliprun, opinber innkaup og vinnumarkaðsmál. Þróunarríkin hafa hins vegar viljað takmarka umfjöllunina við framkvæmd núverandi samninga og að ekki yrði gengið til samningaviðræðna um annað en landbúnaðarmál og þjónustuviðskipti. Á ráðherrafundi WTO í Seattle í desember 1999 átti að jafna ágreininginn og ýta nýrri lotu viðræðna um heimsviðskiptin úr vör. Það mistókst af fjölmörgum ástæðum sem ekki verða tíundaðar hér.

Meginverkefni WTO á næstunni verður því að freista þess að ná samstöðu um að nýrri lotu verði ýtt úr vör sem fyrst auk þess að hefja viðræður um viðskipti með landbúnaðarvörur og þjónustu. Í ljósi þess að ákvörðun um nýjar víðtækari samningaviðræður hefur ekki verið tekin má búast við því að viðræður um landbúnaðarvörur og þjónustuviðskipti fari hægt af stað á þessu ári.

Ísland mun, ásamt þeim ríkjum sem fylkt hafa sér bak við tillögur um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi, halda áfram að vinna þessum tillögum brautargengi þrátt fyrir að ekki hafi tekist að ýta nýrri samningalotu úr vör.

5.B. OECD

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) var sett á laggirnar árið 1961 til að leysa af hólmi Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC). Ísland var stofnaðili að OECD og er nú eitt af 29 aðildarríkjum stofnunarinnar. Markmið OECD er að ná sem mestum viðvarandi hagvexti í aðildarríkjunum, bæta lífskjör, tryggja atvinnu og fjárhagslegan stöðugleika innan þeirra ásamt því að stuðla að efnahagslegri þróun og aukningu heimsviðskipta á fjölþjóðlegum grundvelli.

Í síbreytilegum heimi eru fæst málefni þess eðlis að hægt sé að fást við þau í einangrun og fyrir aðildarríkin liggur helsti styrkur OECD í þverfaglegri þekkingu sem spannar litróf opinberrar stjórnsýslu. Þannig skapar OECD vettvang fyrir aðildarríkin til skoðanaskipta um nánast öll þau mál sem þau standa frammi fyrir í daglegum ríkisrekstri, til að leita lausna á sameiginlegum vandamálum og samhæfa stefnumörkun í ljósi síaukinnar hnattvæðingar. Einnig er OECD kjörinn vettvangur til að greina framtíðarmálefni í ljósi efnahagslegrar þróunar eða vísinda- og tækniframfara og leggja drög að hugsanlegum viðbrögðum aðildarríkjanna áður en til kastanna kemur.

Hagsmunir aðildarríkjanna í samstarfi af þessu tagi eru verulegir og má færa gild rök fyrir því að ávinningur Íslands af samstarfinu sé síst minni en hjá stærri aðildarríkjum. Öll fagráðuneyti og margar ríkisstofnanir taka beinan þátt í starfsemi stofnunarinnar. Mest áberandi er samstarf á sviði efnahags-, viðskipta- og ríkisfjármála en önnur störf stofnunarinnar, t.d. á sviði sjávarútvegs-, iðnaðar-, umhverfis- og landbúnaðarmála, eru ekki síður mikilvæg. Samstarf á vettvangi OECD hefur skilað þýðingarmikilli þekkingu og reynslu inn í íslenska stjórnkerfið og haft markverð áhrif á töku ákvarðana og stefnumótun hér innan lands.

Af helstu verkefnum OECD á komandi missirum mætti nefna undirbúningsvinnu til styrktar fyrirhuguðum samningaviðræðum á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, yfirgripsmikið verkefni á sviði sjálfbærrar þróunar, margvísleg þverfagleg verkefni er tengjast hnattvæðingu og ábyrgri stjórnsýslu, úttekt á líftækni og áhrifum hennar á matvælaöryggi, verkefni tengd upplýsingasamfélaginu og rafrænum viðskiptum og gerð leiðbeinandi reglna um fjölþjóðleg fyrirtæki. Enn fremur verður áframhaldandi áhersla lögð á samskipti við ríki utan stofnunarinnar í viðleitni til að deila þeirri þekkingu sem aðildarríkin telja sig hafa fram að færa. Næsti ráðherrafundur OECD verður haldinn undir lok júní, samhliða alþjóðlegri ráðstefnu um helstu viðfangsefni stofnunarinnar.

5.C. VIÐSKIPTAÞJÓNUSTAN (VUR)

Í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis árið 1995 var lögð áhersla á nauðsyn þess að efla og laga utanríkisþjónustuna að alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja. Nú lesum við um fjármálafyrirtæki sem hasla sér völl í Evrópu eða Bandaríkjunum, hátæknifyrirtæki sem sækja áhættufjármagn með því að skrásetja hlutabréf á erlenda markaði eða sjávarútvegsfyrirtæki sem stækka með yfirtökum á erlendum keppinautum. Það sem af er þessu ári hafa íslensk fyrirtæki fjárfest erlendis fyrir sem nemur 8 milljörðum íslenskra króna sem er umtalsvert hærri fjárhæð en allt árið í fyrra. Þetta er bylting sem hefur orðið á tiltölulega fáum árum en er aðeins byrjunin á þróun sem mun hafa sífellt meiri áhrif á samfélag okkar.

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins (VUR) var stofnuð 1. september 1997. Markmiðið hennar er að nýta þá möguleika sem felast í víðtæku neti utanríkisþjónustunnar til hagsbóta fyrir íslensk fyrirtæki sem stunda alþjóðaviðskipti. Þetta hefur verið gert með aukinni sérhæfingu starfsmanna og með því að auðvelda fyrirtækjum aðgang að þekkingu utanríkisþjónustunnar á viðskiptasamningum, menningu og staðháttum erlendis.

Það er augljóst að með því að virkja þetta víðtæka alþjóðlega net enn betur er hægt að vinna atvinnulífinu verulegt gagn. Í því skyni hafa verið ráðnir viðskiptafulltrúar í sex sendiráð sem vinna að markaðsrannsóknum, koma á fundum og aðstoða við stofnun fyrirtækja eða leit og val á erlendum viðskiptaaðilum svo dæmi séu tekin. Með þessum hætti er íslenskum fyrirtækjum auðveldaður aðgangur að nýjum mörkuðum og viðskiptasamböndum. Viðskiptaþjónustan hefur mælst mjög vel fyrir og hafa fyrirtæki stöðugt sótt meira til hennar.

Í Norður-Ameríku hafa íslensk fyrirtæki, undir verkstjórn viðskiptafulltrúa utanríkisþjónustunnar og fulltrúa ferðamálaráðs, tekið höndum saman um að treysta ímynd Íslands. Markmiðið er að auka tekjur þjóðarbúsins af alþjóðlegum viðskiptum, þ.e. að framleiða meira eða auka eftirspurn sem leiðir til hærra verðs. Í þessu starfi í Norður-Ameríku er áhersla lögð á náttúrulegar íslenskar afurðir og þjónustu. Í ljósi reynslunnar af þessu samstarfsverkefni utanríkisþjónustunnar, samgönguráðuneytisins og íslenskra fyrirtækja kemur til álita að taka upp svipuð vinnubrögð t.d. í Frakklandi, Bretlandi og Þýskalandi.

Þekking, aðlögunarhæfni og árvekni eru nauðsynlegir eiginleikar í samkeppni á alþjóðamarkaði. Heimurinn er að breytast í þekkingarsamfélag og upplýsingatækni virðir ekki hefðbundin landamæri. Þessi þróun gerir nýjar kröfur til fyrirtækja og utanríkisþjónustunnar.

Atvinnulífið hefur þörf fyrir hraðvirka þjónustu og skilning á þörfum neytenda á erlendum markaðstorgum. Það er ljóst að halda verður áfram að þróa viðskiptaþjónustuna og laga að síbreytilegum heimi.

VUR tekur þátt í óformlegu samstarfi stoðstofnana fyrir íslenskt atvinnulíf sem hefur það að markmiði að skerpa verksvið einstakra stofnana og auðvelda nýtingu og aðgang að sérfræðiþekkingu sem þar er að finna. Miðað er að því að einfalda leit fyrirtækja að aðstoð, minnka líkur á tvíverknaði og lækka kostnað með samlegðaráhrifum. Því er brýnt að verksvið utanríkisþjónustunnar verði skilgreint með tilliti til starfsemi annarra stofnana.

Gagnvirkt upplýsingastreymi þarf að vera milli fyrirtækja og utanríkisþjónustunnar. Nauðsynlegt er að efla kynningu á starfi VUR og gera starfsemina sýnilegri íslensku atvinnulífi. Starfsemi og þjónusta VUR verður markvisst kynnt og jafnframt verða tengslin við atvinnulífið efld.

Stór þáttur í kynningarstarfi VUR undanfarið hefur verið gerð heimasíðu þar sem fyrirtækjum er gefinn kostur á að setja sig í samband við einstaka viðskiptafulltrúa hennar milliliðalaust á veraldarvefnum með fyrirspurnir og óskir um sérhæfða markaðsaðstoð.

Viðskiptatækifæri íslenskra fyrirtækja liggja víða. Reynslan sýnir að opinberar heimsóknir nýtast vel til að byggja upp og styrkja viðskiptatengsl. Gott dæmi um það er ferð utanríkisráðherra til Rússlands 6. til 10. mars sl. Með í för voru yfir tuttugu fulltrúar sextán fyrirtækja sem kynntu starfsemi sína í Múrmansk og Kaliningrad. Viðskiptafulltrúi sendiráðsins í Moskvu skipulagði stefnumót íslenskra og rússneskra fyrirtækja á meðan á heimsókninni stóð. Þá voru formlega opnaðar kjörræðisskrifstofur í Pétursborg og Kaliningrad sem vafalítið munu greiða götu íslenskra útflytjenda á Rússlandsmarkaði.

Þróunarhjálp iðnríkja hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. Áhersla hefur í auknum mæli verið lögð á að tengja þróunaraðstoð einkaframtaki fyrirtækja þar sem það á við. Þessa hefur einnig gætt hér þar sem íslensk fyrirtæki leita í vaxandi mæli viðskiptatækifæra og verkefna á vegum alþjóðastofnana í þróunarríkjum. Utanríkisþjónustan getur nýst sérstaklega vel í þessum tilgangi og þarf í auknum mæli að hafa frumkvæði að því að veita faglega ráðgjöf um tækifæri og vandamál í viðskiptum í þróunarríkjum.

Við ákvörðun ríkisstjórnar um að gera tillögu að stofnun nýrra sendiráða í Japan og Kanada vógu viðskiptarök þungt enda bæði löndin mikilvægir markaðir fyrir íslenska útflytjendur. Verði tillagan samþykkt verða þau vel búin til að sinna viðskiptahagsmunum.

Viðskiptaþjónusta er vaxandi þáttur í starfsemi sendiráða okkar. Samsvarandi þróun má greina í samkeppnislöndunum. Stofnun VUR var svar okkar við alþjóðavæðingu atvinnulífsins og þeirri þróun sem var fyrirsjáanleg fyrir þremur árum. Utanríkisráðherra telur að framtíðarsýn okkar hafi verið rétt og mun hann og ráðuneytið leggja áherslu á að efla þjónustuna sem á að vera öldubrjótur fyrirtækja í alþjóðlegum viðskiptum og stuðla þannig að aukinni hagsæld á Íslandi í framtíðinni.

6. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL

6.A. ATLANTSHAFSBANDALAGIÐ (NATO)

Atlantshafsbandalagið er sem fyrr burðarás öryggis og varna á hinu svokallaða Evró-Atlantshafssvæði. Bandalagið var stofnað sem samstarfsvettvangur lýðræðisríkja í Norður-Ameríku og Evrópu fyrir rúmum fimmtíu árum með það að meginmarkmiði að tryggja sameiginlegar varnir aðildarríkja þess. Það hefur, líkt og flestar aðrar alþjóða- og svæðisbundnar stofnanir, tekið miklum breytingum á undanförnum árum í takt við breyttar aðstæður í alþjóðakerfinu og nýjar áherslur í alþjóðamálum.

Fyrrgreind þróun hefur gert kröfu um endurmat á markmiðum og innra og ytra skipulagi bandalagsins, svo það sé betur í stakk búið til að takast á við þau nýju og oft ögrandi verkefni sem fram undan eru hverju sinni. Undanfarin ár hefur eitt viðamesta verkefni bandalagsins falist í samræmdum aðgerðum aðildarríkjanna til að koma á friði á Balkanskaga í nánu samstarfi við aðrar svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir. Segja má að friðargæsluSveitir bandalagsins hafi unnið brautryðjendastarf í Bosníu og Kósóvó. Auk friðaraðgerða og friðargæslu í Evrópu, hefur bandalagið síðustu ár eflt verulega samstarf í þágu friðar við önnur ríki á Evró-Atlantshafssvæðinu auk þess að leggja sérstaka rækt við samstarf við Úkraínu og einnig Rússland, en nú er litið á bætt samskipti og samstarf við Rússland sem eitt af brýnustu forgangsverkefnum bandalagsins.

Síðast en ekki síst ber að nefna „Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum" sem felur í sér stuðning Atlantshafsbandalagsins við það að ríki Evrópu taki á sig aukna ábyrgð á öryggis- og varnarmálum álfunnar, og er þá sérstaklega átt við hugsanlegar hættuástandsaðgerðir. Hröð þróun á þessu sviði undanfarin missiri, og þá sérstaklega á vettvangi Evrópusambandsins (ESB), gæti haft umtalsverðar afleiðingar fyrir Atlantshafsbandalagið. Mikið er í húfi að tryggja að efling Evrópusamstarfs á þessu sviði renni frekari stoðum undir Atlantshafsbandalagið en veiki það ekki. Þáttur bandalagsins í framtíðarskipan öryggis- og varnarmála í álfunni mun því verða eitt af veigamestu hagsmunamálum þess í fyrirsjáanlegri framtíð.

6.A.1. Evrópsk öryggis- og varnarmál.

Mikil og hröð þróun hefur átt sér stað á sviði evrópskra öryggis- og varnarmála undanfarin missiri og þá sérstaklega á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, Vestur-Evrópusambandsins (VES) og Evrópusambandsins (ESB). Líklegt er að þessi þróun muni hafa veruleg áhrif á starfsemi Atlantshafsbandalagsins til framtíðar. Fyrir Ísland, sem var stofnaðili að Atlantshafsbandalaginu en stendur utan ESB, eru miklir hagsmunir í húfi því ef svo fer sem horfir að þyngdarpunktur stefnumótunar á sviði evrópskra öryggis- og varnarmála, svo og töku ákvarðana um framkvæmd aðgerða vegna hættuástands í álfunni, færast í auknum mæli frá Atlantshafsbandalaginu yfir til ESB er brýnt að tryggja að rödd Íslands heyrist áfram, enda um að ræða stefnumótun og töku ákvarðana innan ESB er varða öryggis- og varnarmál allrar Evrópu. Íslensk stjórnvöld hafa því lagt á það mikla áherslu undanfarin missiri að reyna að tryggja aðkomu og þátttöku Íslands innan fyrirhugaðs stofnanakerfis ESB á sviði öryggis- og varnarmála.

Segja má að niðurstöður fundar forseta Frakklands og forsætisráðherra Bretlands í St. Malo í Frakklandi í árslok 1998 hafi átt sinn þátt í að hrinda af stað þessu ferli. Stjórnvöld í Frakklandi og Bretlandi höfðu um skeið mjög ólíkar áherslur varðandi sérstakt evrópskt frumkvæði í öryggis- og varnarmálum, einkum innan ESB. Í St. Malo samþykktu leiðtogar þessara ríkja hins vegar að framfylgja niðurstöðu leiðtogafundar ESB í Amsterdam um mótun sameiginlegrar evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu og ákváðu að taka tillit til stofnanaramma ESB í því tilliti. Ekki var ætlunin að ESB myndi ráðast í sjálfstæðar aðgerðir þar sem Atlantshafsbandalagið væri hernaðarlega þegar á vettvangi og engar breytingar yrðu á sameiginlegum varnarskuldbindingum bandalagsins. Einhugur franskra og breskra stjórnvalda, sem átti m.a. rætur að rekja til versnandi ástands í Kósóvó, auðveldaði næstu skref.

Á leiðtogafundi aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í Washington D.C. í apríl 1999 var samþykkt að lýsa almennum stuðningi við mótun sameiginlegrar evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu innan ESB og gefið fyrirheit um aðgang ESB að búnaði og liðsafla banda-

lagsins, m.a. með því skilyrði að þátttaka hinna sex evrópsku bandalagsríkja sem stæðu utan ESB yrði tryggð í fyrirhuguðu stofnanakerfi ESB, og að réttur þeirra til reglulegrar stefnumótunar og umræðu innan sambandsins á sviði öryggismála, svo og til þátttöku í aðgerðum á vegum sambandsins yrði tryggð. Þar sem bandalagið og ESB höfðu engin formleg samskipti og fyrirætlanir ESB voru mjög óljósar var um mikilvægt pólitískt frumkvæði að ræða af hálfu bandalagsins. Það olli því stjórnvöldum í bandalagsríkjum utan ESB töluverðum vonbrigðum hversu skammt var komið til móts við þau á leiðtogafundi ESB í Köln rúmum mánuði síðar, en í Köln var lagður grunnur að nýju stofnanakerfi ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Af þeim sökum gerðu nokkur þeirra, þ. á m. Ísland, átak á síðari árshelmingi 1999 í kynningu í höfuðborgum aðildarríkja ESB á áhyggjum sínum og áherslum varðandi þátttökuréttinn.

Af niðurstöðum leiðtogafundar ESB í Helsinki í desember 1999 mátti ljóst vera að fyrrgreint kynningarátak Íslands, Noregs og hinna ríkjanna fjögurra hafði ekki skilað tilætluðum árangri. Í niðurstöðum leiðtogafundarins var einungis kveðið á um að setja ætti á stofn „viðeigandi fyrirkomulag“ innan ESB um þátttöku ríkjanna sex, svo og tólf umsóknarríkja sambandsins, í fyrirhuguðum stofnunum og nefndum á sviði öryggis- og varnarmála innan ESB. Með þessu voru bandalagsríkin utan ESB enn í óvissu um framhaldið og þau spyrt saman við önnur samstarfsríki ESB. Á haustfundi utanríkisráðherra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn var í Brussel stuttu síðar, var rætt um ferlin tvö innan beggja stofnana, eflingu Evrópusamstarfsins á sviði öryggis- og varnarmála innan Atlantshafsbandalagsins og mótun sameiginlegrar evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu innan ESB. Í umræðum fundarins um þetta mál kom fram að flest aðildarríkin voru sammála um tvær megináherslur: að komið yrði á formlegum samskiptum milli stofnananna tveggja hið fyrsta og að þátttökuréttur bandalagsríkja utan ESB yrði tryggður með ásættanlegum hætti.

Stjórnvöldum í Portúgal, sem tóku við formennsku í ESB og VES í ársbyrjun, var falið að koma með hugmyndir að framkvæmd niðurstaðna leiðtogafundarins í Helsinki. Aðildarríki ESB ákváðu að nýjar öryggismálastofnanir skyldu hefja störf til bráðabirgða 1. mars 2000. Þetta eru sérstök stjórnmála- og öryggismálanefnd, hermálanefnd og hermálastarfslið, sem starfar undir forystu sérstaks talsmanns á sviði utanríkis- og öryggismála, en hann gegnir jafnframt starfi framkvæmdarstjóra VES. Stofnanirnar eru fyrst um sinn til bráðabirgða vegna nauðsynlegra samningsbreytinga og fullgildingar allra aðildarríkja ESB. Evrópsku bandalagsríkin sex, sem ekki eru aðilar að ESB, hafa lagt áherslu á að þau eigi aðild að stofnunum ESB frá upphafi og á það bæði við um bráðabirgðafyrirkomulagið og hinar endanlegu stofnanir ESB sem mun gera þeim fært að taka þátt í reglulegri stefnumótun er varða öryggis- og varnarmál álfunnar. Tillögur formennskuríkisins um þátttökuréttinn og samskipti ESB og bandalagsins hafa verið til umfjöllunar frá því um miðjan febrúar sl.

Á leiðtogafundi ESB í Köln var samþykkt að taka ákvarðanir um framtíðarstöðu VES fyrir árslok 2000. Þar sem stofnsamningur VES felur í sér sameiginlegar varnarskuldbindingar er ekki gert ráð fyrir algerri innlimun samtakanna í ESB, heldur að ákveðin viðfangsefni verði yfirfærð. Af hálfu margra aðildarríkja ESB og VES hefur verið bent á kosti þess að ESB nýti þá reynslu og þekkingu sem felst í starfsliði og starfsaðferðum VES, auk þess sem hægt verði að byggja á samskiptum VES við Atlantshafsbandalagið.

Í samræmi við niðurstöður leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Washington D.C. í apríl 1999 hefur átt sér stað töluverð umfjöllun um það innan bandalagsins með hvaða hætti beri að styðja við mótun sameiginlegrar evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu innan ESB. Á leiðtogafundinum var ákveðið að þessi vinna myndi ráðast af uppbyggingu viðeigandi stofnana innan ESB, einkum tilhögun þátttökuréttar bandalagsríkja utan ESB. Skoðanaskipti

eru hafin á vettvangi bandalagsins um hugsanlegt samstarf þess við ESB og gera má ráð fyrir að þau fari vaxandi á þessu ári.

6.A.2. Stækkun Atlantshafsbandalagsins.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Washington D.C. í apríl 1999 voru þrjú ný aðildarríki, Pólland, Tékkland og Ungverjaland, formlega boðin velkomin í bandalagið. Um leið ítrekaði bandalagið stefnu sína um „hinar opnu dyr" þ.e. að dyr bandalagsins stæðu áfram opnar nýjum aðildarríkjum. Þessu til staðfestingar var samþykkt sérstök aðgerðaáætlun fyrir umsóknarríki, sem felur í sér aukna aðstoð bandalagsins í hagnýtum undirbúningi aðildar. Aðgerðaáætlunin breytir því ekki að ákvörðun bandalagsins um frekari fjölgun aðildarríkja krefst sérstakrar (pólitískrar) ákvörðunar.

Aðgerðaáætluninni er ætlað að auka og bæta upplýsingastreymi og samráð á milli bandalagsins og umsóknarríkjanna þar sem síðarnefndum gefst kostur á að þiggja ráðleggingar frá bandalaginu um hvað betur má fara í undirbúningsáætlun viðkomandi ríkis. Með þessu er komið til móts við umsóknarríkin, sem mörg höfðu áður kvartað yfir því að skoðanaskipti við bandalagið væru einhliða. Varleg svörun í kjölfar leiðtogafundar bandalagsins í Madríd árið 1997 endurspeglaði viðleitni þess til að gera ekki greinarmun á einstökum umsóknarríkjum, en aðgerðaáætlunin felur í sér að árangurinn dæmir þau sjálf.

Níu ríki sem hafa formlega óskað eftir aðild að bandalaginu taka þátt í aðgerðaáætluninni, en gert er ráð fyrir að aðild að Evró-Atlantshafsráðinu og friðarsamstarfinu sé forsenda þátttöku. Á leiðtogafundinum í Washington D.C. var samþykkt að taka stækkunarferli bandalagsins til endurskoðunar á fyrirhuguðum leiðtogafundi árið 2002.

6.A.3. Samstarf NATO og Rússlands.

Stofnsamningur um samstarf Atlantshafsbandalagsins og Rússlands var undirritaður á leiðtogafundi bandalagsins í París 27. maí 1997. Samstarfið hafði þá aukist stöðugt frá 1991, en Rússar urðu aðilar að samstarfi í þágu friðar (PfP) í júní 1994.

Samstarfsráð Atlantshafsbandalagsins og Rússlands, sem kemur saman reglulega á sendiherrastigi, er vettvangur samráðs og samvinnu og til ákvarðana um sameiginlegar lausnir þegar aðstæður leyfa. Það veitir Rússlandi hins vegar ekki rétt til þátttöku í ákvörðunum sem teknar eru innan NATO. Málefni sem fjallað hefur verið um í samstarfsráðinu eru m.a. útbreiðsla gereyðingarvopna, upplýsingaskipti um varnarstefnu og uppbyggingu herafla, kjarnavopn, umbreyting hergagnaiðnaðar í annan iðnað, umhverfismál á hermálasviði, almannavarnir og sameiginlegar friðargæsluaðgerðir. Rússar hafa frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu friðargæslusveitunum undir stjórn NATO í Bosníu og Hersegóvínu (IFOR og síðar SFOR) og síðan í Kósóvó (KFOR).

Starfsemi samstarfsráðsins hefur enn ekki komist á samt stig og fyrir aðgerðir bandalagsins í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Kósóvó), þegar Rússar hættu þátttöku þar. Frá því fundir samstarfsráðsins hófust á ný, í kjölfar þess að aðgerðum bandalagsins í Júgóslavíu lauk um mitt ár 1999, hafa Rússar ekki viljað ræða önnur mál en ástand og horfur í Bosníu og Kósóvó. Þrátt fyrir harða gagnrýni rússneskra stjórnvalda í garð bandalagsins á opinberum vettvangi hefur samvinna við sveitir þeirra í KFOR gengið vel. Vonast er til að heimsókn framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins til Moskvu um miðjan febrúar sl. liðki fyrir samskiptum milli bandalagsins og Rússlands í nánustu framtíð.

6.A.4. Samstarf NATO og Úkraínu.

Með stofnun samstarfsnefndar Atlantshafsbandalagsins og Úkraínu (NUC) árið 1997 var með formlegum hætti fest í sessi samvinna þessara aðila er staðið hafði frá árinu 1991, þegar Úkraína hlaut sjálfstæði, og hefur hún aukist jafnt og þétt síðan. Samstarfsnefndin hittist reglulega í hópi sendiherra og hermálafulltrúa og á ráðherrastigi í tengslum við reglubundna fundi utanríkisráðherra bandalagsins. Fjöldi stjórnmálamanna, fréttamanna og fræðimanna frá Úkraínu heimsækir NATO ár hvert. Skipulagðar eru ráðstefnur og námskeið, m.a. að frumkvæði Úkraínu, auk þess sem landið tekur þátt í ýmiss konar samvinnu innan friðarsamstarfsins (PfP). Sveit Úkraínu hætti þátttöku í stöðugleikasveitunum í Bosníu og Hersegóvínu í lok síðasta árs, eins og gert hafði verið ráð fyrir, en önnur sveit frá Úkraínu hóf störf með KFOR í Kósóvó um miðjan nóvember.

Tveir starfsmenn NATO, annar frá alþjóðastarfsliðinu og hinn frá alþjóðahermálastarfsliðinu, voru skipaðir NATO-tengiliðir með aðsetur í Kænugarði á síðasta ári. Bætir það mjög alla vinnu sem tengist verkefnum innan ramma friðarsamstarfsins, endurmenntun hermanna sem hættir eru herþjónustu, samstarfi á sviði almannavarna, flugumferðar, vísinda o.fl. Fastaráð bandalagsins þáði boð um að fundur sendiherra í samstarfsnefndinni yrði haldinn í Kænugarði í mars sl., en það var í fyrsta skipti sem slíkur fundur fór fram utan höfuðstöðva bandalagsins í Brussel.

6.A.5. Þróun samstarfs innan Evró-Atlantshafsráðsins (PfP og EAPC).

6.A.5.a. Evró-Atlantshafsráðið.

Á utanríkisráðherrafundi NATO í Portúgal vorið 1997 var ákveðið að stofna Evró-Atlantshafsráðið (EAPC) með það að meginmarkmiði að efla frið og öryggi á Evró-Atlantshafssvæðinu á grundvelli sameiginlegra hugsjóna sem m.a. eru skilgreindar í rammasamkomulagi um friðarsamstarf samstarfsþjóðanna (PfP). Evró-Atlantshafsráðið er vettvangur skoðanaskipta og samráðs milli einstakra samstarfsþjóða og NATO og er því mikilvægur hluti af hinu nýja öryggiskerfi Evrópu. Með inngöngu Írlands í ráðið í desember sl. eru aðildarríki ráðsins nú samtals orðin 45 talsins, að bandalagsríkjunum nítján meðtöldum.

Á síðustu árum hefur Evró-Atlantshafsráðið sýnt umtalsverðan árangur í samstarfi við bandalagið og ber þar hæst þátttöku 15 samstarfsþjóða í friðarstörfum SFOR í Bosníu og Hersegóvínu og 17 samstarfsþjóða í friðarstörfum KFOR í Kósóvó. Að auki eru samstarfsþjóðir Evró-Atlantshafsráðsins virkir þátttakendur í allri viðleitni til að efla stöðugleika á Balkanskaga.

Aðgerðaáætlun Evró-Atlantshafssamstarfsins er mikilvægur grundvöllur undir skoðanaskipti innan þess en hún byggist á eftirfarandi þáttum: 1) skammtímaáætlun fyrir Evró-Atlantshafsráðið um fundi og sameiginlega vinnuáætlun, 2) langtímaáætlun fyrir framtíðarverkefni og áherslusvið vegna samráðs og samstarfs NATO og samstarfsríkjanna, 3) almannavörnum og viðbúnaðaráætlunum en sem dæmi má nefna að stofnun nýrrar samræmingarmiðstöðvar á þessu sviði var mikilvægur þáttur í framlagi Atlantshafsbandalagsins og samstarfsþjóðanna á sviði mannúðarmála í Kósóvó í fyrra og 4) samstarfi innan ramma friðarsamstarfsins um öryggis- og varnarmál á breiðum grundvelli.

Fastafulltrúar hinna 45 aðildarríkja Evró-Atlantshafsráðsins hittast mánaðarlega og utanríkisráðherrarnir hittast tvisvar á ári. Ef ástæða þykir til er leiðtogum samstarfsríkjanna einnig boðin þátttaka, líkt og gert var á leiðtogafundi bandalagsins í Washington D.C. árið 1999. Rússar hafa ekki tekið þátt í störfum ráðsins frá því í mars 1999 þegar þeir hættu tímabundið samstarfi við bandalagið í kjölfar loftárása þess á Sambandslýðveldið Júgóslavíu.

Hins vegar, eins og áður hefur komið fram, á fastaráð Atlantshafsbandalagsins reglulega fundi með Rússum og Úkraínumönnum bæði á sviði stjórnmála og hermála.

6.A.5.b. Samstarf í þágu friðar.

Innan friðarsamstarfs Atlantshafsbandalagsins (PfP) starfa nú 26 þjóðir, að meðtöldu Írlandi sem gerðist aðili að því í lok árs 1999. Ákvörðun um samstarf í þágu friðar var tekin á leiðtogafundi bandalagsins í Brussel árið 1994. Markmið þessa samstarfs er m.a. að stuðla að því að herir samstarfsríkjanna starfi samkvæmt lýðræðislegu fyrirkomulagi og að uppbygging þeirra og starf sé í samræmi við þá staðla sem herir bandalagsins hafa tileinkað sér. Á undanförnum árum hefur þetta samstarf verið aukið jafnt og þétt þannig að þjóðir sem áhuga hafa á aðild að Atlantshafsbandalaginu í framtíðinni séu sem best undirbúnar. Eru nú allmörg verkefni í gangi milli bandalagsins og einstakra samstarfsríkja þar sem hvert samstarfsríki ákveður sjálft eigin áherslur og umfang samstarfsins.

Sérstök samræmingarmiðstöð fyrir æfingar á vegum friðarsamstarfsins starfar hjá yfirstjórn herafla Atlantshafsbandalagsins í Evrópu (SHAPE) í Mons, Belgíu, og eiga allar aðildarþjóðir bandalagsins og samstarfsþjóðirnar fulltrúa þar að Íslandi undanskildu. Hins vegar er Ísland þátttakandi í þessum þætti friðarsamstarfsins undir merkjum Almannavarna ríkisins og er gestgjafi annað hvert ár fyrir æfingar gegn náttúruvá sem nefnast Samvörður. Næsta æfing er fyrirhuguð á Íslandi í sumar en þá verða æfð viðbrögð við stórslysum á hafi úti.

Að auki taka foringjar úr herjum samstarfsríkjanna virkan þátt í störfum stjórnstöðva á vegum NATO og starfa nú um 38 foringjar í 8 mismunandi herstöðvum bandalagsins.

6.A.6. Vestur-Balkanskagi; friðargæsla Atlantshafsbandalagsins í Kósóvó og Bosníu.

Þrátt fyrir að ástandið í Kósóvó hafi batnað umtalsvert frá því alþjóðlegar friðargæsluSveitir Atlantshafsbandalagsins (KFOR) hófu þar störf fyrri hluta sumars 1999 má segja að enn sé miklu starfi ólokið í héraðinu svo ástandið geti talist eðlilegt og íbúarnir öruggir. Þótt morðum, ránum og gíslatökum hafi fækkað verulega sl. mánuði hefur önnur glæpastarfsemi færst í vöxt og smyglstarfsemi er viðvarandi vandamál í héraðinu. Þrátt fyrir að nú starfi um 2000 alþjóðlegir lögreglumenn á vegum UNMIK, sem er stofnun Sameinuðu þjóðanna í Kósóvó, vantar enn töluvert á að hún geti staðið undir þeim verkefnum sem henni var falið að leysa í héraðinu. Þjálfun innlendra lögreglumanna er vel á veg komin og því von til þess að dragi úr glæpum áður en langt um líður. Það helst í hendur við stofnun eða endurreisn dómskerfis sem UNMIK hefur staðið að og skipun um 300 dómara. Vel hefur gengið að útbúa húsnæði til vetrardvalar fyrir íbúa sem misstu eigið húsnæði á síðastliðnu ári. Skólar starfa víða og aðföng á matvælum eru fullnægjandi þótt ekki megi mikið út af bera til þess að skortur á viðurværi geri vart við sig. Raframleiðsla í héraðinu er enn stopul og stafar það af úreltum tækjum sem enn eru notuð svo og skorti á eldsneyti til að starfrækja rafstöðvar. Atvinnuleysi er mikið og hefur stofnun sérstakra hjálparsveita (KPC) 3000 liðsmanna, ásamt 5000 manna varaliði, hjálpað til. Þessum hjálparsveitum, sem eru að hluta til stofnaðar á grunni skæruliðasamtakanna KLA, er ætlað að aðstoða við enduruppbyggingu Kósóvó undir stjórn KFOR og UNMIK.

Liðsafli SFOR í Bosníu og Hersegóvínu hefur dregist saman og er stefnt að því að fækka hermönnum í 19.000 í lok mars á þessu ári úr 30.565 þegar mest var. Almennt er talið að þeim þætti enduruppbyggingar sem byggist á viðveru öflugs herliðs sé lokið, enda öryggisástand í landinu nokkuð stöðugt. Þjóðernisbrotin þrjú hafa enn fremur orðið sammála um að fækka verulega í eigin herjum og öllum þyngri vopnum hefur verið komið fyrir í

sérstökum geymslum sem SFOR gætir. Hins vegar er enn langt í land áður en efnahagsleg og stjórnmálaleg uppbygging verður komin það vel á veg að viðunandi megi teljast. Spilling og glæpir eru viðvarandi vandamál sem erfiðlega gengur að uppræta.. Að mati yfirmanns SFOR er mikilvægt að nýta þann tíma sem til stefnu er til hins ítrasta áður en alþjóðleg aðstoð við landið dregst saman enn frekar svo Bosnía og Hersegóvína sé sem best í stakk búin til að halda áfram á braut friðar í framtíðinni.

Liðsafli KFOR í Kósóvó er nú rúmlega 44 þúsund hermenn frá öllum aðildarríkjum bandalagsins auk 17 samstarfsþjóða. Ísland hefur lagt til 6 starfsmenn sem tekið hafa þátt í uppbyggingarstarfinu í Kósóvó á vegum Atlantshafsbandalagsins, ÖSE og Sameinuðu þjóðanna. Þar af starfar einn verkfræðingur í höfuðstöðvum KFOR í Pristina. Þótt enn sé langt í land má fullyrða að árangur núverandi starfs í Kósóvó sé umtalsverður og áþreifanlegur. Samtals starfa nú 5 Íslendingar á vegum íslenskra stjórnvalda í Bosníu, þar af tveir hjúkrunarfræðingar með SFOR. Til viðbótar er vitað um a.m.k. 6 Íslendinga til viðbótar sem unnið hafa að uppbyggingarstarfinu í Kósóvó.

6.A.7. Vísindastarf innan NATO.

Vísindanefnd NATO ákvað, í kjölfar hruns Sovétríkjanna fyrir rúmum áratug, að taka upp vísindasamstarf við fyrrum Varsjárbandalagsríkin á afmörkuðum sviðum. Árið 1998 fór fram gagnger endurskoðun og endurmat á öllu starfi Vísindanefndarinnar og afráðið að gera allt vísindasamstarfið að sameiginlegum vettvangi NATO-ríkjanna og samstarfsríkjanna. Helstu rökin fyrir breytingunni voru þau að vísindasamstarfið ætti að þjóna pólitískum markmiðum bandalagsins sem væru önnur í dag en þegar stofnað var til samstarfsins á dögum kalda stríðsins.

Farvegir vísindasamstarfsins eru að mestu hinir sömu og áður: Ráðstefnur, sumarskólar og samstarfsstyrkir auk vísindastyrkjanna sem hvert aðildarríki fyrir sig úthlutar. Sérhverju verkefni er stýrt sameiginlega af einum vísindamanni frá NATO-ríki og öðrum frá samstarfsríki. Engin fræðasvið eru útilokuð í samstarfinu en sérstök áhersla er lögð á vísindi og tækni tengd afvopnun. Jafnframt aðstoðar vísindanefndin við uppbyggingu tölvuneta og þjálfun vísindastjórnenda í samstarfsríkjunum. Einnig hefur verið tekin upp ný áætlun sem kallast „vísindi í þágu friðar" og felst einkum í tækniaðstoð við fyrirtæki.

Þrátt fyrir endurskipulag vísindasamstarfsins er reynt til hins ítrasta að tryggja að hin vísindalegu gæði verkefna haldist óbreytt og beitt er sömu matsaðferðum á umsóknir og áður var.

6.A.8. Takmarkaðar eldflaugavarnir.

Fyrirhugað er að Bandaríkjaforseti taki ákvörðun um uppsetningu takmarkaðs eldflaugavarnarkerfis í Bandaríkjunum síðar á árinu sem ætlað er til varnar gegn hugsanlegum árásum „skúrkríkja". Það er mat bandarískra stjórnvalda að raunveruleg hætta sé á fyrirvaralausum árásum eða hótunum um árásir á landið með langdrægum eldflaugum sem búnar eru eiturefna- eða kjarnaoddum frá ríkjum á borð við Norður-Kóreu, Írak og Líbíu, innan næstu 15 ára.

Kjarni hins takmarkaða eldflaugavarnarkerfis verður fyrst um sinn um 100 eldflaugar í Alaska. Ráðgert er að uppsetningu þeirra verði lokið fyrir árið 2005, verði ákvörðun um það tekin. Sú ákvörðun mun meðal annars ráðast af því hvort eldflaugavarnarkerfið telst tæknilega fullnægjandi til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þess. Árið 2010 yrði kannað nánar hvort ástæða væri til að koma upp öðru sambærilegu eldflaugavarnarkerfi á austurströnd Bandaríkjanna.

Áformin hafa sætt gagnrýni ýmissa ríkja, þar á meðal Rússlands. Ljóst er að uppsetning eldflaugavarnarkerfis krefst breytinga á tvíhliða ABM-samningi Bandaríkjanna og Rússlands. Hafa Bandaríkjamenn hafið viðræður við Rússa um efnið en Rússar hafa lýst sig mótfallna öllum breytingum á samningnum (sjá nánari umfjöllun hér aftar um afvopnunarmál).

Aðildarríki NATO hafa átt ítarlegt samráð við bandarísk stjórnvöld um málið á undanförnum mánuðum. Ekki er gert ráð fyrir að NATO sem stofnun hafi afskipti af hugsanlegri ákvörðun Bandaríkjamanna um að koma upp eldflaugavarnarkerfi innan eigin landamæra en allmörg aðildarríki hafa lagt áherslu á að verði kerfinu komið fyrir í Bandaríkjunum sé mikilvægt að það geti einnig varið önnur ríki bandalagsins, gerist þess þörf.

6.B. VARNARSAMSTARFIÐ

— Meginmarkmið varnarstefnu Íslands eru eftirfarandi:
— Að tryggja varnir landsins og fullveldi á láði, legi og í lofti.
— Að tryggja greiðar flug- og siglingasamgöngur til landsins og frá landinu á ófriðar- eða hættutímum.

Varnir Íslands hafa verið tryggðar um fimm áratuga skeið með aðild að Atlantshafsbandalaginu (1949) og tvíhliða varnarsamningi við Bandaríkin (1951). Þessir hornsteinar varnarstefnu Íslands eru óaðskiljanlegir. Ísland lætur bandalaginu og Bandaríkjunum í té aðstöðu hér á landi. Varnarstöðin á Miðnesheiði og ratsjárstöðvarnar fjórar eru órjúfanlegur hluti af samræmdu varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Hnattlega landsins snertir varnarhagsmuni margra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og eru Atlantshafstengslin milli Bandaríkjanna og Evrópu lífæð bandalagsins.

Utanríkisráðuneytið, og innan þess varnarmálaskrifstofa, fer með mál er varða framkvæmd varnarsamningsins við Bandaríkin, þ.m.t. dagleg samskipti við yfirstjórn varnarliðsins. Samskipti íslenskra stjórnvalda við varnarliðið eru í eðli sínu milliríkjasamskipti. Mætti jafnvel líkja þeim við samskipti sendiráða við stjórnvöld móttökuríkja á alþjóðavettvangi. Forsenda þess fyrirkomulags er sú að stjórnvöld mæli einni röddu í samskiptum við önnur ríki. Því fer utanríkisráðuneytið með öll samskipti við varnarliðið fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Ein lög gilda hins vegar í landinu, hvort heldur er innan eða utan varnarsvæða. Utanríkisráðuneytið gegnir því hlutverki allra fagráðuneytanna á varnarsvæðunum en hefur jafnframt náið samráð við þau til að tryggja að stjórnsýsla innan varnarsvæða samrýmist stjórnsýslunni utan þeirra.

Verkefni skrifstofunnar eru í meginatriðum fjórþætt: Varnarsamstarfið við Bandaríkin og samskipti við önnur ríki á sviði varnarmála, stjórnsýsla á varnarsvæðunum og eftirlit með samskiptum varnarliðsins við íslenska aðila. Einnig starfa sjö nefndir á vegum skrifstofunnar. Verkefnum skrifstofunnar hefur fjölgað á undanförnum árum, einkum vegna aukinnar áherslu íslenskra stjórnvalda á alþjóðasamstarf á sviði varnarmála og virkari þátttöku Íslendinga í vörnum landsins. Jafnframt hafa stjórnsýslulög og upplýsingalög leitt til fjölgunar verkefna.

Stjórnsýsluhlutverk varnarmálaskrifstofu tekur m.a. til dómsmála, lögreglumála, tollamála, samgöngumála, heilbrigðismála, atvinnumála og skipulags-, umhverfis- og byggingarmála.

Eftirlitshlutverk skrifstofunnar felur m.a. í sér málefni verktaka á varnarsvæðunum og viðskiptaaðila varnarliðsins, samskipti íslenskra aðila og stofnana við varnarliðið, málefni Ratsjárstofnunar og Umsýslustofnunar varnarmála og flest þeirra mála er rekja má til dvalar varnarliðsins hér á landi.

Varnarmálahlutverk skrifstofunnar felur í stórum dráttum í sér varnarsamstarfið við Bandaríkin og samráð við önnur ríki en einnig upplýsingaöflun og mat á varnarþörf landsins og fyrirkomulagi varnanna, skipulag og framkvæmd varnaræfingarinnar Norðurvíkingur í samvinnu við varnarliðið. Einnig er skrifstofunni ætlað að stunda rannsóknir á herfræðilegum og hertæknilegum málefnum er Ísland varða. Auk þess annast skrifstofan samskipti við önnur ríki á sviði varnarmála, eftirlit með þróun alþjóðlegra varnarmála og skipulag friðarsamstarfsæfingarinnar Samvörður í samvinnu við Almannavarnir ríkisins og varnarliðið.

6.C. TVÍHLIÐA VARNARSAMSTARF VIÐ BANDARÍKIN

Varnarstöðin á Miðnesheiði telur nú um 1900 hermenn og um 2000 fjölskyldumeðlimi. Á ófriðar- og hættutímum mun varnarviðbúnaður hins vegar verða aukinn í samræmi við hættumat íslenskra og bandarískra stjórnvalda.

Helstu stoðir loftvarna eru ratsjárkerfið og fjórar F-15C Eagle orrustuþotur bandarískra flughersins og ein KC-135 Stratotanker eldsneytisvél. Viðbragðssveit varnarstöðvarinnar telur um 100 manns. Þungamiðju sveitarinnar mynda landgönguliðar flotans. Fimm P-3C Orion kafbátaleitarvélar sjá um hernaðareftirlit á hafinu í kringum landið og felst veigamesti þátturinn í eftirliti með ferðum kafbáta. Landhelgisgæslan annast eðli máls samkvæmt eftirlit með efnahagslögsögunni og landhelginni. Fjórar HH-60G Pavehawk brynvarðar björgunarþyrlur og ein HC-130 Hercules fjarskipta- og eldsneytisvél eru flugflota varnarliðsins til aðstoðar vegna leitar og björgunar. Umræddur flugkostur gegnir einnig mikilvægu borgaralegu björgunarhlutverki á sjó og landi í samstarfi við Landhelgisgæsluna.

6.C.1. Norðurvíkingur.

Varnaræfingin Norðurvíkingur fór fram í júní 1999. Æfingin hefur verið haldin annað hvert ár frá 1983 að telja. Markmið hennar var sem áður að æfa varnir Íslands á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 og bókunarinnar frá 1996. Grunnhugmynd æfingarinnar hefur verið breytt og er það í samræmi við þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað í öryggisumhverfi Íslands síðan kalda stríðið leið undir lok. Í Norðurvíkingi 99 voru ekki æfð viðbrögð við árás óvinaríkis, sem hyggst taka landið hervaldi, heldur varnir gegn alþjóðlegum hryðjuverkum. Þátttakendur voru heldur færri en 1997, en rúmlega 2800 manns tóku þátt í æfingunni. Sveitir andstæðinga voru hins vegar um þrisvar sinnum fjölmennari en á síðustu æfingu og gegndu þýskar og bandarískar sérsveitir því hlutverki.

Utanríkisráðuneytið tók virkan þátt í Norðurvíkingi 99, jafnt skipulagi sem framkvæmd, og er það í samræmi við þá markvissu stefnu stjórnvalda að axla stærra hlutverk í vörnum landsins. Þátttaka Landhelgisgæslunnar var umfangsmeiri en verið hefur og víkingasveitin tók í fyrsta sinn þátt með beinum hætti. Rétt er samt að geta þess að Landhelgisgæslan og víkingasveitin voru í löggæsluhlutverki og tóku ekki þátt í hernaðaraðgerðum. Aukin þátttaka af Íslands hálfu verður höfð að leiðarljósi við framkvæmd Norðurvíkings 2001 en undirbúningur er þegar farinn af stað.

6.C.2. Smíði nýs varðskips.

Stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um smíði 3000 tonna varðskips. Það mun verða búið þeim tækjakosti að það geti tekið þátt í sameiginlegum æfingum með varnarliðinu á sviði björgunar og sjóferðaeftirlits.

6.C.3. Ný bókun við varnarsamninginn.

Verulegar breytingar hafa orðið á varnarviðbúnaði landsins í samræmi við þær róttæku breytingar sem átt hafa sér stað í alþjóðamálum. Engar breytingar eru hins vegar gerðar á varnarviðbúnaði án samráðs við íslensk stjórnvöld. Á þessum áratug hefur hermönnum verið fækkað um rúmlega þriðjung, kafbátaleitarvélum úr tólf í fimm, orrustuvélum úr átján í fjórar og allar ratsjárvélar (AWACS) hafa horfið á braut. Þessar breytingar voru staðfestar af íslenskum og bandarískum stjórnvöldum með tveimur bókunum við varnarsamninginn frá 1994 og 1996. Bókanirnar kveða einnig á um ýmis önnur atriði er varða varnarsamstarfið, svo sem kostnaðarlækkun.

Samkvæmt bókuninni frá 1996 geta samningsaðilar óskað eftir því að hún verði endurskoðuð að fjórum árum liðnum frá undirritun (nánar tiltekið frá og með 9. apríl árið 2000). Skal þá kappkostað að hefja viðræður innan fjögurra mánaða frá því að slík beiðni er lögð fram.

6.D. FJÖLÞJÓÐLEGT VARNARSAMSTARF

Varnarmálaskrifstofa sækir hefðbundna fundi varnarmálaráðherra og fundi herráðsforingja aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og einnig slíka fundi með samstarfsríkjunum. Samráð við ýmsa embættismenn bandalagsins er einnig í verkahring skrifstofunnar.

6.D.1. Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Þátttaka Íslands í samráði Norðurlandanna um varnarmál hefur aukist undanfarin ár. Ráðherrar varnarmála funda tvisvar á ári. Stjórnvöld hafa einnig lagt talsvert af mörkum til samstarfsverkefnis Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um skipulag og uppbyggingu flugumferðarstjórnunar (BALTNET), sem miðar að því að færa umsjón almenns flugs og herflugs í hendur eins og sama aðila. Ísland hefur einnig styrkt varnarmálaskóla Eystrasaltsríkjanna (BALTDEFCOL) fjárhagslega.

6.D.2. Samvörður.

Almannavarnaræfingin Samvörður var fyrst haldin hér á landi 1997. Tilurð æfingarinnar má rekja til þeirrar stefnu stjórnvalda að auka hlut Íslands í alþjóðlegu öryggis- og varnarmálasamstarfi. Samvörður fer fram undir merkjum Samstarfs í þágu friðar. Markmið friðarsamstarfsæfinga er að efla samvinnu og samhæfa aðgerðir ríkja Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þess, svo sem á sviði friðargæslu og viðbragða við náttúruhamförum. Samvörður 2000 mun fara fram dagana 7.–12. júní. Almannavarnir ríkisins, Landhelgisgæslan og utanríkisráðuneytið hafa umsjón með skipulagi hennar fyrir Íslands hönd. Framkvæmdastjóri Almannavarna mun fara með æfingarstjórn.

Atburðarásin snýst að þessu sinni um björgun í hafsnauð. Æfingin er tvískipt: fyrri hluti æfingarinnar felst í fyrirlestrum og málstofu, en seinni hlutinn er vettvangsæfing. Æfðar verða björgunaraðgerðir vegna skemmtiferðaskips í hafsnauð. Verður skólaskipið Sæbjörg í hlutverki skemmtiferðaskips og verða um 400 sjálfboðaliðar um borð. Vettvangsæfingin tekur fyrir viðbrögð við háska um borð í farþegaskipi, svo sem slökkvistörf, reykköfun, varúðarráðstafanir vegna eiturefna, aðhlynningu slasaðra, flutning slasaðra og óslasaðra frá borði í land, móttöku og umönnun slasaðra í landi og jafnframt uppsetningu fjarskiptasambands innan æfingasvæðis og milli æfingasvæða.

6.D.3. SACLANT-málþing.

Málþingið verður haldið í Reykjavík 6.–7. september nk. á vegum Atlantshafsherstjórnar

Atlantshafsbandalagsins og utanríkisráðuneytisins. Málþingið ber yfirskriftina „Future of North Atlantic Security: Emerging Strategic Imperatives". Málþinginu er ætlað að skapa vettvang fyrir skoðanaskipti fræðimanna, herforingja, fulltrúa stjórnvalda og alþjóðasamtaka frá Bandaríkjunum, Evrópu og Rússlandi um Atlantshafstengslin, öryggi norðurvængs Atlantshafsbandalagsins og önnur mál er snerta öryggi Evrópu. Búist er við því að um 300 manns sæki málþingið.

6.E. STJÓRNSÝSLA Á VARNARSVÆÐUNUM

6.E.1. Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli.

Stærstu verkefni embættisins eru löggæsla og tollgæsla í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og löggæsla innan afgirtra varnarsvæða í samstarfi við bandarísk löggæsluyfirvöld þegar það á við. Jafnframt hefur embættið eftirlit með ferðum manna og muna inn og út um afgirt varnarsvæði. Embættið annast einnig innheimtu opinberra gjalda.

Aukning flugumferðar um Keflavíkurflugvöll hefur haft í för með sér vaxandi álag á starfsemi embættisins. Schengensamstarfið mun hafa í för með sér stóraukið landamæraeftirlit í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, enda verður Leifstöð hluti af ytri landamærum Schengenríkjanna. Verður starfsfólki fjölgað því til samræmis á næstu missirum, en nú starfa við embættið tæplega 80 manns. Einnig er verið að kanna nánara samstarf við embætti sýslumannsins í Keflavík með það fyrir augum að samnýta starfskrafta embættanna, að því marki sem unnt er og efla þar með löggæslu á Suðurnesjum.

Að lokum skal þess getið að utanríkisráðuneytið hefur varið fjármunum til aukins tækjabúnaðar og bættrar þjálfunar fíkniefnadeildar tollgæslunnar. Efling fíkniefnadeildarinnar hefur nú þegar skilað umtalsverðum árangri.

6.E.2. Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli.

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli annast alla flugumferðarþjónustu á flugvellinum og stjórnar aðflugi og brottflugi fyrir Reykjavíkurflugvöll. Flugmálastjórn leggur til mannaflann til flugumferðarþjónustunnar, en varnarliðið húsnæði og búnað. Í ljósi þess að Keflavíkurflugvöllur þjónar bæði hernaðarlegu og borgaralegu flugi annast varnarliðið viðhald á athafnasvæðum flugvéla, þ.e. flugbrauta, akbrauta og flugvélastæða og felst viðhaldið fyrst og fremst í viðgerðum á malbiki. Jafnframt sér varnarliðið um snjóhreinsun og hálkuvarnir og leggur til flugvallarslökkvilið, en starfsmenn þess eru íslenskir. Allir þessir verkþættir falla þó undir starfssvið flugmálastjórnarinnar.

Flugumferð um Keflavíkurflugvöll hefur aukist um 40% á tíu ára tímabili, frá 1989 til 2000. Umferð herflugvéla hefur hins vegar dregist saman undanfarin ár. Árið 1989 var hlutfallið 38% borgaralegt flug og 62% hernaðarlegt. Árið 1999 var hlutfallið orðið 70% borgaralegt flug og 30% hernaðarlegt.

6.E.3. Umhverfis- og skipulagsmál á varnarsvæðunum.

Á sviði skipulags- og umhverfismála starfar sérstök nefnd, skipulags-, umhverfis- og byggingarnefnd varnarsvæða. Nefndin hefur sama hlutverk og sambærilegar nefndir sveitarfélaga en auk þess hefur hún samráð við varnarliðið og nágrannasveitarfélög. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sér um heilbrigðiseftirlit innan varnarsvæða undir yfirstjórn utanríkisráðuneytisins. Meginreglan á því sviði er sú að þær reglur gilda sem ganga lengra, hvort heldur þær eru íslenskar eða bandarískar, nema fyrirhuguð notkun mannvirkja í þágu landvarna krefjist annars.

6.F. EFTIRLIT

6.F.1. Atvinna Íslendinga á varnarsvæðunum.

Rúmlega 1500 Íslendingar vinna innan varnarsvæðanna. Þar af starfa um 850 hjá varnarliðinu. Ekki eru þá taldir þeir starfsmenn sem annast almenna flugstarfsemi. Launagreiðslur til íslenskra starfsmanna voru árið 1999 um 3 milljarðar króna.

Kjör og réttarstaða þeirra íslensku starfsmanna sem starfa hjá öðrum en varnarliðinu fara að öllu leyti eftir almennum reglum á íslenskum vinnumarkaði. Vegna úrlendisréttar varnarliðsins gildir annað fyrirkomulag um starfsmenn þess og á sá háttur sér stoð í varnarsamningnum. Varnarliðinu ber, að því marki sem unnt er, að ráða íslenska starfsmenn til framkvæmdar varnarsamningsins og skulu slíkar ráðningar fara fram með milligöngu íslenskra stjórnvalda. Jafnframt skulu kjör íslenskra starfsmanna vera í samræmi við þau sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði. Til að fullnægja skilyrðum um milligöngu stjórnvalda við ráðningar til varnarliðsins hefur utanríkisráðuneytið um margra áratuga skeið rekið ráðningardeild varnarmálaskrifstofu á Suðurnesjum. Þess skal getið að utanríkisráðuneytið er líklega eina ráðuneytið sem rekur útibú utan Reykjavíkur.

Til að tryggja að kaup og kjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins fari að íslenskum lögum og venjum hefur, frá árinu 1952, verið starfrækt kaupskrárnefnd varnarsvæða. Eru reglugerðir nefndarinnar endurskoðaðar reglulega af varnarmálaskrifstofu.

6.F.2. Viðskipti við varnarliðið.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á fyrirkomulagi verklegra framkvæmda á varnarsvæðunum undanfarin ár. Reglur um útboð á framkvæmdum sem kostaðar eru af mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins tóku gildi hér á landi 1995. Viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir, sem kostuð eru af Bandaríkjastjórn, verða boðin út í áföngum. Var eitt verk boðið út á síðasta ári og fyrirhugað er að bjóða tvö verk út á þessu ári en verktakan verður að fullu gefin frjáls í janúar 2004. Vörukaupa- og þjónustusamningar varnarliðsins, að verðmæti 25.000 Bandaríkjadalir eða hærri, hafa verið boðnir út frá 1995 að undangengnu forvali utanríkisráðuneytisins. Forvalsnefnd utanríkisráðuneytisins annast forvalið í samræmi við íslenskar reglur. Á þremur fyrstu árum eftir að fyrirkomulagið var innleitt höfðu viðskipti, að andvirði um 2 milljarðar króna, verið boðin út.

6.F.3. Umsýslustofnun varnarmála (Sala varnarliðseigna).

Meginverkefni stofnunarinnar er sem fyrr að taka við varningi sem hefur verið fluttur inn gjaldfrjálst í þágu varnarliðsins. Stofnunin sér um sölu slíks varnings á markaði og rennur hagnaðurinn til ríkissjóðs sem hlutfallslegt ígildi tolla, vörugjalda og virðisaukakatts sem veitt var undanþága frá við innflutning. Umsýslustofnunin kemur einnig að forvali verktaka sem bjóða í verkefni fyrir varnarliðið.

6.F.4. Ratsjárstofnun.

Ratsjárstofnun heyrir undir utanríkisráðuneytið og kemur fram fyrir hönd íslenskra stjórnvalda við framkvæmd þeirra milliríkjasamninga sem liggja til grundvallar starfsemi ratsjárstöðvanna á Miðnesheiði, Stokksnesi, Gunnólfsvíkurfjalli og Bolafjalli og jafnframt þeirra samninga sem snerta rekstur og viðhald íslenska loftvarnarkerfisins (Iceland Air Defence System). Starfsemi Ratsjárstofnunar er fjármögnuð af bandarískum stjórnvöldum samkvæmt samningi. Fyrirtækið Kögun hf. starfar sem undirverktaki Ratsjárstofnunar við tiltekna þætti starfseminnar.

Í starfsemi Ratsjárstofnunar felst veigamikið framlag Íslands til eigin varna. Hún felur í sér rekstur og viðhald tiltekinna grunnþátta varnarvirkja landsins. Rúmlega 70 Íslendingar starfa hjá Ratsjárstofnun og um 20 Íslendingar annast rekstur hugbúnaðarstoðkerfis íslenska loftvarnarkerfisins í varnarstöðinni á Miðnesheiði.

6.G. AFVOPNUNARMÁL

Afvopnunarmál hafa á undanförnum árum ekki haft viðlíka vægi í milliríkjasamskiptum og tíðkaðist á tímum kalda stríðsins enda kringumstæður gjörólíkar og hafa leitt af sér mjög mikinn niðurskurð á sviði vígbúnaðar án tilverknaðar afvopnunarsamninga. Þrátt fyrir það er afvopnun, fyrir tilstilli samninga, áfram málaflokkur sem skiptir miklu og nauðsynlegt er að fylgjast grannt með og taka afstöðu til hvort sem er í tvíhliða samskiptum eða á fjölþjóðlegum vettvangi. Mörg þeirra viðfangsefna sem eru á dagskrá í umræðu og samningaviðræðum um afvopnunarmál eru í eðli sínu hnattræn og skipta þar af leiðandi Íslendinga máli eins og aðra. Þetta á m.a. við um fækkun kjarnavopna eða viðleitni til að hefta útbreiðslu gereyðingarvopna hvort sem þar er um að ræða kjarnavopn, efnavopn eða lífræn vopn.

Eftirfarandi er það helsta sem er á dagskrá í afvopnunarmálum um þessar mundir. Rétt er að geta þess að efnisatriði sem hér eru rakin endurspegla umræðuna í fyrstu nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sl. haust. Af þeim sökum er sú umræða ekki rakin frekar í kaflanum um Sameinuðu þjóðirnar.

6.G.1. Fækkun kjarnavopna.

START-samningaferlið hefur verið aðalfarvegur viðræðna Bandaríkjanna og Rússlands um fækkun langdrægra kjarnavopna um árabil. START I-samningurinn, sem gekk í gildi undir árslok 1994, kvað á um fækkun kjarnaodda í áföngum hjá hvorum aðila um sig niður í 6000. START II-samningurinn, sem undirritaður var í ársbyrjun 1993, en gengur ekki gildi fyrr en bæði ríkin hafa fullgilt hann, kveður á um fækkun kjarnavopna í áföngum og miðar að því að hvort ríki um sig hafi á að skipa 3000-3500 kjarnaoddum undir árslok 2007.

Öldungadeild bandaríkjaþings fullgilti START II-samninginn í ársbyrjun 1996. Rússneska Dúman hefur hins vegar ekki fullgilt samninginn ennþá og hefur málinu ítrekað verið slegið á frest af ýmsum ástæðum sem rætur eiga að rekja til stjórnmálaástandsins í Rússlandi almennt og samskipta við vestræn ríki.

Á fundi þjóðarleiðtoga Bandaríkjanna og Rússlands í Helsinki í marsmánuði 1997 var ákveðið að hefja viðræður um START III sem myndu miða að enn frekari fækkun kjarnaodda eða 2000–2500 undir árslok 2007. Viðræður um START III hafa verið í gangi en Bandaríkin hafa tekið þá afstöðu að formlegar samningaviðræður geti ekki hafist fyrr en START II-samningurinn hafi verið fullgiltur af hálfu Rússlands.

Samhliða viðræðum um START III hefur gagneldflaugasamningurinn frá 1972 – ABM samningurinn (Anti-Ballistic-Missile Treaty) – verið á dagskrá en Bandaríkjamenn hafa hug á að fá honum breytt í ljósi áætlana um að koma upp gagneldflaugakerfi í Alaska. Samningurinn kveður á um bann við uppsetningu gagneldflauga gegn langdrægum eldflaugum að öllu leyti nema því að báðir aðilar hafa rétt til að setja upp tvö slík kerfi, annað í kringum borg en hitt í kringum bækistöðvar langdrægra eldflauga.

Bandaríkin hafa ekki tekið ákvörðun um uppsetningu gagneldflaugakerfis, svo sem fyrr segir, en hún verður væntanlega tekin á sumarmánuðum.

Rússar hafa lýst sig mótfallna hvers konar breytingum á ABM-samningnum og vísað til þess að hann hafi verið og sé enn afar mikilvægur fyrir stöðugleika á sviði langdrægra

kjarnavopna sem og forsenda fyrir frekari niðurskurði þeirra. Kína hefur tekið hliðstæða afstöðu.

Ljóst er að miklu getur skipt fyrir viðræður um fækkun kjarnavopna hver niðurstaðan verður í þessu máli.

6.G.2. Samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, sem lokið var við á haustmánuðum 1996 (CTBT), er tvímælalaust mikilvægasti samningur undanfarinna ára er snýr að kjarnavopnum. Samningurinn, sem 155 ríki hafa undirritað, kveður á um allsherjarbann við tilraunum með kjarnasprengingar. Áður höfðu samningar náðst um bann við tilraunum í andrúmslofti, í geimnum og neðansjávar (1963) sem og takmörkun sprenginga við 150 kílótonna styrkleika (1974).

Samningurinn gerir ráð fyrir alþjóðlegu eftirlitskerfi sem samanstendur af samtals 320 stöðvum víðs vegar um heim í samtals 89 löndum. Tvær þessara stöðva verða staðsettar á Íslandi til mælinga á geislavirkni og jarðhræringum.

Þýðing samningsins felst í því að hann setur ríkjum skorður í þróun og smíði kjarnavopna og þá einkum ríkjum sem ekki eiga þau fyrir en hafa í hyggju að koma þeim upp. Samningurinn spornar einnig við frekari þróun nýrra vopna þeirra ríkja sem þegar eiga kjarnavopn. Samningurinn hefur þannig mjög mikið gildi í viðleitni til að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna og hefta frekari þróun þeirra. Hann er einnig álitinn skipta miklu í þeirri viðleitni að fækka kjarnavopnum.

Samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn hefur ekki tekið gildi ennþá og gerir það ekki fyrr en 44 ríki, sem tilgreind eru í samningnum, hafa fullgilt hann. Af þessum 44 ríkjum hafa 41 ríki undirritað samninginn en þrjú þeirra ríkja sem tilgreind eru, Pakistan, Indland og Norður-Kórea hafa ekki undirritað samninginn. Alls hafa 41 af 44 ríkjum sem þarf til að fullgilda samninginn undirritað hann og þar af höfðu 23 fullgilt við áramót. Samtals hafa rúmlega 50 ríki nú fullgilt samninginn af þeim 155 sem hafa undirritað hann.

Kjarnorkuveldin Frakkland og Bretland hafa fullgilt samninginn en ekki Bandaríkin, Rússland og Kína. Öldungadeild Bandaríkjaþings felldi í atkvæðagreiðslu (51–48) ályktun til fullgildingar samningnum í október sl. Bandaríkjaforseti lýsti því yfir að hann myndi halda áfram að berjast fyrir allsherjarbanni við tilraunum með kjarnavopn og að Bandaríkin myndu halda áfram þeirri stefnu, sem mörkuð var 1992, að gera ekki tilraunir með kjarnavopn.

Bandaríkin voru meðal þeirra ríkja sem höfðu forystu um gerð samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og hafa alla tíð verið í fararbroddi fyrir því að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna. Óhætt er að fullyrða að afstaða öldungadeildarinnar er verulegt bakslag í seglin í þeirri viðleitni.

Rússland og Kína hafa lýst yfir að þau muni fullgilda samninginn en ekki liggur fyrir hvenær það verður.

Samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn er eðlilegt að líta á sem einn af höfuðþáttum þeirrar viðleitni að hefta útbreiðslu kjarnavopna og fækka þeim. Það bakslag sem nú er komið í það ferli, sem er undanfari þess að samningurinn taki gildi, gefur tóninn fyrir endurskoðunarráðstefnuna um samninginn um útbreiðslu kjarnavopna (NPT-Non-Proliferation Treaty) sem haldinn verður í New York í apríl/maí á þessu ári. Það hefur einkennt umræður um NPT samninginn, allar götur frá því hann gekk í gildi 1970, að þau

ríki sem hafa skuldbundið sig til að koma ekki upp kjarnavopnum hafa gert þá kröfu á móti til kjarnorkuveldanna að þau fækki kjarnavopnum og hætti tilraunum með kjarnavopn.

6.G.3. Jarðsprengjusamningurinn.

Mikilvægur árangur á sviði afvopnunarmála náðist með gerð samningsins um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn fólki og um eyðingu þeirra en hann var lagður fram til undirritunar í Ottawa í desember 1997. Samningurinn gekk í gildi 1. mars 1999 en þá hafði tilskilinn fjöldi ríkja fullgilt hann. Ísland fullgilti samninginn í apríl 1999.

Bakgrunnur samningsins er hin mikla dreifing og notkun jarðsprengna gegn fólki í heiminum og þær afleiðingar sem þær geta haft í för með sér. Þrátt fyrir víðtæka hreinsun á jarðsprengjum víða um heim á undanförnum árum er talið að a.m.k. 60–70 milljónir sprengna séu enn faldar í jörðu. Að líkindum er um helmingur sprengnanna í 12 löndum.

Gildi jarðsprengjusamningsins ber ekki síst að meta út frá mannúðarsjónarmiðum. Óhætt er að fullyrða að í ríkjum þar sem jarðsprengjum hefur verið komið fyrir í miklu magni eru áhrifin á þjóðlífið gífurleg. Vikulega deyða og limlesta jarðsprengjur yfir 500 manns um heim allan eða um 26.000 manns á ári og er stærstur hluti þeirra óbreyttir borgarar.

Með samningnum er stigið stórt skref til að uppræta jarðsprengjur sem beint er gegn fólki. Enn er þó langt í land að bægja frá hættunni sem stafar af þeim sprengjum sem fyrir eru víðs vegar um heim og skiptir miklu hvernig staðið verður að framkvæmd samningsins. Jafnframt ber að hafa í huga að allmörg ríki hafa ekki gerst aðilar að samningnum. Þar á meðal eru Bandaríkin, Rússland, Kína, Suður-Kórea og Indland.

6.G.4. Efnavopnasamningurinn.

Ísland fullgilti efnavopnasamninginn í aprílmánuði 1997 og fer Hollustuvernd Ríkisins með framkvæmd hans hér á landi í samráði við utanríkisráðuneytið. Frumvarp til laga sem tryggja á framkvæmd samningsins hér á landi var lagt fram á Alþingi í febrúarmánuði sl.

Efnavopnasamningurinn kveður á um algjört bann við efnavopnum og notkun þeirra og skuldbindur aðildarríki til að eyða þeim sem fyrir eru í eigu þeirra eða vörslu. Takmarkið er að eyðingu verði lokið á þessum áratug og er það starf þegar hafið í 3/4 þeirra ríkja sem eiga efnavopn.

Efnavopnastofnunin tók formlega til starfa árið 1997 í Haag en henni er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd samningsins. Hagsmunir Íslendinga af þátttöku í Efnavopnastofnuninni eru að taka þátt í samvinnu um eyðingu efnavopna og koma í veg fyrir að hráefni til framleiðslu slíkra vopna séu seld eða flutt um landssvæði aðildarríkjanna til þeirra sem ekki vilja hlíta banni við efnavopnum.

Ráðstefnur aðildarríkja Efnavopnastofnunarinnar eru haldnar einu sinni á ári. Sérstakt framkvæmdaráð hefur það hlutverk milli ráðstefna að fylgja eftir ákvörðunum aðildarríkjanna, tryggja samráð þeirra í millum og fylgjast með starfsemi stofnunarinnar. Í framkvæmdaráðinu sitja fulltrúar 41 ríkis. Önnur Norðurlönd hafa skipst á setu í ráðinu. Öll aðildarríki hafa hins vegar rétt til að sitja fundi ráðsins sem áheyrnaraðilar. Fjölmörg ríki nýta sér þann rétt en fundir eru haldnir 4–6 sinnum á ári.

6.G.5. Aðlögun samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu (CFE).

Á leiðtogafundi ÖSE í Istanbúl 18.–19. nóvember 1999 var undirritaður endurskoðaður samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu. Samningurinn á að tryggja öryggi og stöðugleika í Evrópu með allmiklu minni herstyrk en verið hefur.

Samningurinn kveður á um fyrirkomulag þess hvaða skorður eru settar við herstyrk ríkja og svæða. Hann felur einnig í sér nákvæmar upplýsingar um takmarkanir hvað varðar einstakar vopnategundir, þ.e. skriðdreka, brynvörð ökutæki, stórskotaliðsvopn, herþotur og árásarþyrlur. Stefnt er að frekari niðurskurði á herstyrk allra aðildarríkja.

Til að ná fram fækkun í vígbúnaði er boðið upp á sveigjanleika í framkvæmd samningsins. Í fyrsta lagi er mögulegt að endurskoða þau mörk sem sett eru á ríki og svæði innan ákveðinna marka. Í öðru lagi er heimild til að fara umfram svæðatakmarkanir við friðargæsluaðgerðir undir leiðsögn ÖSE eða Sameinuðu þjóðanna og vegna heræfinga eða annarra tímabundinna aðgerða.

Eitt stærsta atriðið í endurbættum CFE-samningi er ákvæðið um mögulega aðild fleiri ríkja að samningnum en aðildarríki hans eru nú 30. Einungis eitt ríki hefur lýst opinberlega yfir áhuga á aðild en Slóvenía óskaði aðildar á Istanbúlfundinum. Litháen hefur einnig sýnt áhuga.

Framkvæmd CFE-samningsins hefur almennt gengið vel og fækkað hefur verið í samræmi við ákvæði samningsins varðandi þær 5 tegundir vígbúnaðar sem hann tekur til. Í sumum tilvikum hefur niðurskurður jafnvel orðið meiri en samningurinn kveður á um. Alls hefur, frá gildistöku samningsins í júlí 1992, verið eytt 51.689 vígtólum. Með grófri skiptingu má segja að fyrrum Varsjárbandalagsríki hafi skorið niður vígbúnað sinn um 75% en Atlantshafsbandalagsríki 35%. Á sama tíma hefur hermönnum fækkað um tæplega 2 milljónir á samningssvæðinu, úr um 5,8 í 3,9 milljónir.

6.G.6. Annað.

Aðalvettvangur fjölþjóðlegra samningaviðræðna um afvopnun er afvopnunarráðstefnan í Genf en 66 ríki taka þátt í henni. Ráðstefnan hefur á undanförnum árum náð töluverðum árangri í afvopnunarviðræðum og endurspeglast það í samningnum um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og efnavopnasamningnum. Ráðstefnan hefur upp á síðkastið m.a. beint athyglinni að því að ná samkomulagi um bann við framleiðslu kjarnakleyfra efna. Árangur hefur verið takmarkaður til þessa en haldið er áfram viðræðum um málið.

Af öðrum málum á sviði afvopnunar, sem eðlilegt er að nefna, er viðleitnin til að koma á skilvirku eftirliti með því að samningur um bann við lífrænum vopnum sé haldinn. Samningurinn, sem er frá 1972, hefur þann galla að eftirlitsákvæði eru veik. Sérstök nefnd, sem stofnað var til á endurskoðunarráðstefnu samningsins 1994, hefur haft það hlutverk að semja um málið. Samningsdrög liggja fyrir en eru langt frá því að vera fullgerð.

7. MÁLEFNI MIÐ-AUSTURLANDA, ASÍU OG AFRÍKU

7.A. MIÐ-AUSTURLÖND

Verulegar breytingar hafa orðið á stöðu mála í Mið-Austurlöndum þótt enn sé langt í land með að friðvænlegt geti talist í þeim heimshluta. Vonir manna um árangur af friðarferlinu, sem hófst í Ósló fyrir nokkrum árum, hafa hvað eftir annað brugðist því skref eru tekin aftur á bak nánast jafnóðum og eitthvað virðist miða áfram. Um leið hafa hins vegar nokkrar glufur myndast í veggi sem áður sýndust býsna þéttir og því er enn grundvöllur fyrir nokkurri bjartsýni á að jafnvel stór skref verði tekin í átt til friðar í Mið-Austurlöndum á næstu mánuðum og missirum. Þetta á ekki síst við um friðarsamninga milli Ísraelsmanna og Sýrlendinga. Stærsta vandamálið í þessum heimshluta er hins vegar sem fyrr hversu illsættanlegir hagsmunir Palestínumanna og Ísraelsmanna eru í nokkrum greinum. Má þar t.d. nefna stöðu Jerúsalem, stöðu einstakra hluta herteknu svæðanna á Vesturbakkanum og ekki síst rétt palestínskra flóttamanna í nágrannaríkjunum til að snúa heim. Ísraelsmenn hafa þver-

tekið fyrir að palestínskir flóttamenn geti snúið til heimkynna sinna þótt um frið verði samið. Þótt málin séu afar flókin og hagsmunir illsættanlegir, sérstaklega hvað varðar Palestínumenn og Ísraelsmenn, hefur þunginn að baki þeim hagsmunum sem krefjast friðar í þessum heimshluta farið svo vaxandi hin síðari ár að viss bjartsýni hefur gert vart við sig. Ljóst er hins vegar að friður mun ekki verða viðvarandi í þessum heimshluta fyrr en viðunandi samningar verða gerðir við Palestínumenn. Fagna má þeim mikilvæga áfanga til friðar sem nú virðist í höfn með ákvörðun ríkistjórnar Ísraels að kveðja ísraelska herinn heim frá hernámssvæðum hans syðst í Líbanon.

Ísland tók upp formleg samskipti við stjórnvöld Palestínumanna (Palestinian Authority) nýverið. Ákveðið hefur verið að sendinefnd palestínskra stjórnvalda í Ósló verði jafnframt sendinefnd þeirra gagnvart Íslandi. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun fyrir tæpum þremur árum að veita tæplega 50 milljónum króna af framlagi okkar til efnahagslegrar uppbyggingar á sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna á Vesturbakkanum og Gazasvæðinu til byggingar tveggja barnaskóla. Skólarnir voru opnaðir í fyrra og var aðalræðismaður Íslands í Jórdaníu viðstaddur opnunina fyrir Íslands hönd.

7.B. ASÍA

Efnahagskreppunni í Austur- og Suðaustur-Asíu má heita lokið og nýtt hagvaxtarskeið er nú hafið í flestum þeirra ríkja sem illa urðu úti í kreppunni 1997–1998. Velmegun vex nú á ný örar í mörgum þessara ríkja en þekkist nánast í nokkrum öðrum ríkjum heimsins. Asíukreppan virðist því hafa verið stutt hlé á örri og heimssögulegri þróun til velmegunar í þessari langfjölmennustu álfu heimsins, en nær 60% allra manna búa í Asíu. Með þessari þróun eru stöðugt að verða til nýir og stórir markaðir fyrir ýmiss konar vöru og þjónustu sem íslenskt athafnalíf hlýtur að nýta sér í vaxandi mæli. Að því vilja íslensk stjórnvöld stuðla með margháttaðri aðstoð við sókn inn á þessa fjarlægu en oft ábatasömu markaði.

Efnahagserfiðleikar halda þó áfram í Japan en þeir höfðu hafist löngu fyrir Asíukreppuna og eru að mestu leyti af allt öðrum og ólíkum toga en þau vandræði sem orsökuðu hina skammvinnu Asíukreppu. Þrátt fyrir erfiðleikana eru Japanir með hærri þjóðartekjur á mann en nokkurt annað stórt ríki í heiminum og hagkerfi þeirra er stærra en samanlögð hagkerfi Þýskalands og Bretlands. Ýmsar af þeim efnahagsumbótum sem Japanir reyna nú að koma til framkvæmda, þótt hægt gangi, geta stuðlað að frekari opnun á mörkuðum þar í landi. Þrátt fyrir stöðnunina í japanska hagkerfinu geta Íslendingar því horft með bjartsýni til þess að stofnun sendiráðs í Tókýó á næsta ári greiði fyrir tækifærum fyrir íslenskt atvinnulíf og verði upphafið að auknum viðskiptum við þetta mikilvæga ríki.

Þrátt fyrir að nokkuð hafi hægt á hagvexti í Kína, og nokkra váboða megi greina í efnahagslífi landsins, er hagvöxtur og uppbygging þó meiri í Kína en víðast hvar annars staðar í heiminum. Aukið vægi Kína, og vaxandi máttur landsins í stjórnmálum og efnahagslífi heimsins, kom vel í ljós í Asíukreppunni sem Kínverjar áttu verulegan þátt í að gera skammvinnari en annars hefði getað orðið. Kína er augljóslega vaxandi stórveldi sem mikilvægt er að tengist sem traustustum og þéttustum hætti við meginstrauma alþjóðlegra samskipta. Nú hyllir undir að Kína gangi í Alþjóðaviðskiptastofnunina, eftir erfitt samningaferli við Bandaríkin og Evrópusambandið, en aðild Kína að stofnuninni mun þegar fram í sækir auðvelda verulega alþjóðleg viðskipti við Kína. Aðlögun Kína að alþjóðlegum viðskiptareglum mun hins vegar taka verulegan tíma og krefjast þolinmæði og nákvæmrar hagsmunagæslu af hálfu ríkja eins og Íslands sem vilja greiða fyrir viðskiptum eigin atvinnulífs í Kína. Tækifærin eru gríðarleg og vilji kínverskra stjórnvalda til að greiða fyrir auknum viðskiptum við lönd eins og Ísland er greinilegur.

Kínversk stjórnvöld áforma nú að einbeita sér að uppbyggingu utan stórborga landsins og strandhéraðanna þar sem byltingarkenndar breytingar hafa orðið á síðustu árum. Um 850 milljónir manna byggja innsveitir Kína þar sem þróun er víða skammt á veg komin. Erlend fjárfesting og viðskipti við Vesturlönd munu leika þar lykilhlutverk.

Breytingarnar í Kína eru ekki einungis fólgnar í einni mestu efnahagsbyltingu sem nokkru sinni hefur átt sér stað í heiminum heldur ná þær nú orðið til flestra sviða samfélagsins. Völd á landsvísu eru þó enn öll hjá kínverska kommúnistaflokknum. Flokkurinn ver einokun sína á völdum með því að vísa til þess að halda verði öruggum höndum um stjórnartaumana í þessu risaríki á tímum mikilla umbyltinga á öllum sviðum ef ekki á illa að fara. Ráðamenn þreifa sig nú hins vegar áfram með því að innleiða lýðræðislegar aðferðir við kjör sveitarstjórna.

Einstaklingsfrelsi hefur einnig aukist á flestum sviðum í Kína. Kínversk stjórnvöld hafa sýnt viðkvæmni fyrir gagnrýni á ástand mannréttindamála í landinu, en um leið hafa þau sýnt vilja til þess að bæta réttarkerfi í landinu og til að auka lýðréttindi. Kínverjar hafa í því sambandi sýnt áhuga á að kynna sér ýmislegt í reynslu vestrænna ríkja og þá ekki síst Norðurlanda. Margt bendir til þess að verulegar þjóðfélagsumbætur og umtalsverð þróun í átt til lýðræðislegri stjórnarhátta sé möguleg og jafnvel líkleg í Kína. Ótti stjórnvalda við upplausn á þessum miklu byltingartímum í efnahagslífi landsins kemur í veg fyrir að slík þróun geti orðið mjög ör.

Í Indónesíu hefur pólitísk ólga, í kjölfar hruns gamallar einræðisstjórnar, tafið fyrir því að hagvöxtur komist aftur á fullan skrið þótt nokkuð miði nú í rétta átt í efnahagsmálum. Pólitískar umbætur munu vonandi leiða til aukins stöðugleika í framtíðinni en fjöldi óuppgerðra deilumála frá langri tíð einræðisstjórnar í landinu, ekki síst á milli einstakra þjóðernis- og trúarhópa í þessu víðfeðma ríki, mun tefja sókn til velmegunar. Fagnaðarefni er hins vegar að íbúar Austur-Tímor hafa nú loks fengið sjálfstæði eftir langa baráttu. Þar hefur nú tekið við mikið uppbyggingarstarf sem alþjóðasamfélagið verður að styðja myndarlega á næstu árum.

Um leið og því er fagnað að mörg ríki Asíu taka nú risavaxin skref fram á við í efnahags- og þjóðfélagsmálum er full ástæða til að hafa áhyggjur af vaxandi vígbúnaði á mörgum svæðum í álfunni og mikilli spennu í samskiptum nokkurra ríkja hennar. Sú óheillaþróun hefur orðið á Indlandsskaga að öflugustu ríki svæðisins, Indland og Pakistan, hafa kosið að vígbúast með kjarnorkuvopnum. Þetta gerir langvarandi deilumál ríkjanna, meðal annars vegna Kasmír, enn alvarlegri, og dregur um leið þrótt úr efnahagsuppbyggingu á Indlandsskaga. Þar búa nú fleiri í sárri fátækt en í allri Afríku. Íbúar Indlandsskaga, í Indlandi, Pakistan og Bangladesh, eru orðnir jafnmargir og íbúar Kína, um 1300 milljónir manna. Þótt stór hluti þessa mannhafs búi við mikla fátækt er verulegur vöxtur í nokkrum greinum atvinnulífsins, ekki síst á Indlandi, en þarlend stjórnvöld hafa að undanförnu lagt áherslu á aukin alþjóðleg viðskipti. Í landinu er nú að finna tækifæri í viðskiptum sem íslensk fyrirtæki hljóta að líta til í framtíðinni.

Alvarlegustu ógnina í Asíu við stöðugleika í alþjóðamálum er líklega að finna í deilum Kínverja við stjórnvöld á Tævan. Frá hendi Kínverja hefur mátt greina aukinn þrýsting á lausn þessa máls, nú þegar Hong Kong og Maká hafa sameinast kínverska alþýðulýðveldinu undir formerkjum stefnu Deng Xiaoping um „eitt ríki, tvö kerfi". Á Tævan hefur hins vegar mátt greina nokkuð aukinn styrk þeirra afla sem vilja að Tævan verði með tímanum formlega sjálfstætt ríki, frekar en sjálfstjórnarsvæði innan Kína. Kínversk stjórnvöld hafa þrásinnis lýst yfir að þau muni beita hervaldi gegn framgangi þeirrar stefnu.

Um leið og deilur Kínverja við stjórnvöld á Tævan eru hinar alvarlegustu hafa Kína og Tævan hins vegar haldið áfram að tengjast æ nánari efnahagslegum böndum. Fjárfestingar fyrirtækja frá Tævan í Kína eru gífurlegar og öll truflun á þessum samskiptum getur haft mjög alvarleg áhrif í för með sér fyrir báða aðila, og umtalsverð áhrif á heimsviðskipti, enda eru fjölþjóðleg framleiðsluferli í mörgum iðngreinum nú mjög háð snurðulausum viðskiptum innan Austur- og Suðaustur-Asíu.

Ísland hefur um áratuga skeið fylgt sömu afstöðu og flest önnur vestræn ríki í þessu máli. Hún er sú að einungis sé til eitt kínverskt ríki. Ísland hefur því ekki formleg samskipti við Tævan. Þetta hefur hins vegar ekki staðið í vegi fyrir mjög verulegum viðskiptum við Tævan.

Sár úr fortíðinni, sem ekki hafa náð að gróa, halda áfram að valda tortryggni og spennu á milli nokkurra ríkja í Asíu. Í Kína, Suður-Kóreu og í fleiri ríkjum gætir enn verulegrar tortryggni gagnvart Japönum, sem ekki hafa farið sömu leið og Þjóðverjar fóru í Evrópu við að horfast í augu við og gera upp sekt vegna heimstyrjaldarinnar síðari. Þessi sár hafa umtalsverð áhrif á öryggismál í Asíu og margvísleg en oft lítið sýnileg áhrif á önnur samskipti.

7.C. AFRÍKA

Íslensk stjórnvöld hafa fylgt þeirri stefnu að allur þorri þróunaraðstoðar íslenska ríkisins renni til verkefna í Afríku, og þá sérstaklega til nokkurra landa í sunnanverðri álfunni, en nánar er fjallað um þróunarsamstarf Íslendinga við aðrar þjóðir síðar í þessari skýrslu. Þótt íbúar í ríkjunum syðst í álfunni búi við miklar hremmingar af ýmsu tagi, eins og náttúruhamfarir, ógnir alnæmis, sem hvergi er útbreiddara, og langvarandi styrjaldir hefur þróun mála í ýmsum greinum verið heldur fram á við í þessum hluta álfunnar.

Verkefni stjórnvalda í Suður-Afríku, stærsta ríkis svæðisins, eru risavaxin en leiðtogar landsins hafa um margt sýnt aðdáunarverða þrautseigju í að glíma við þau. Sama má segja um Mósambík, þar sem Íslendingar reyna að leggja uppbyggingarstarfi lið, en landið var orðið fátækasta ríki jarðarinnar eftir langvarandi og einstaklega grimmilegt borgarastríð. Það er hins vegar ástæða til bjartsýni með að varanlegur friður hafi náðst í Mósambík og þar ríkir nú mikill vilji til uppbyggingar á öllum sviðum. Árangurinn af uppbyggingu síðustu missira er þegar farinn að segja verulega til sín. Hagvöxtur varð meiri í Mósambík í fyrra en í nokkru öðru landi heims eða yfir tíu af hundraði. Búsifjar af völdum flóða að undanförnu munu hins vegar reynast mönnum þungar í skauti.

Því miður er ekki þessi sami þróttur í uppbyggingarstarfi alls staðar í Afríku. Í álfunni eru nú háð allmörg mannskæð stríð sem sum hver virðast næsta gleymd vestrænum fjölmiðlum. Stríðið í Angóla hefur nú staðið í aldarfjórðung þrátt fyrir ítrekaðar og alvarlegar tilraunir studdar af alþjóðasamtökum til að miðla þar málum. Átökin í Kongó á síðustu missirum ógna ekki aðeins hinum fátæku íbúum þessa auðuga lands heldur einnig stöðugleika á stóru svæði í Afríku og er því alvarlegra en flest önnur átök í álfunni. Fjöldi ríkja hefur með ýmsum hætti dregist inn í átökin og nokkur ríki hafa orðið beinir aðilar að stríðinu og halda úti hernaði í landinu. Ómögulegt er á þessu stigi að segja til um hvernig friðarumleitunum, sem margir aðilar koma að, mun vinda fram eða hvort samningar sem gerðir hafa verið og eru í bígerð munu halda. Niðurstaðan getur haft veruleg áhrif á framvindu mála víða í Mið-Afríku.

Litlu norðar í álfunni, í Súdan, hefur stríð geisað í 17 ár og á landamærum Eþíópíu og Erítreu hafa mjög mannskæð átök staðið að undanförnu. Nokkurrar bjartsýni gætir varðandi frið á milli Eþíópíu og Erítreu, og upp á síðkastið hafa alvarlegar tilraunir verið gerðar af báðum stríðsaðilum í Súdan til að finna friðsamlega lausn á hinum langvarandi átökum í

landinu. Vestar í álfunni hafa tvö ríki, Líbería og Sierra Leóne, nánast hrunið á síðustu árum en margt bendir til að það versta sé yfirstaðið í báðum ríkjunum.

Í Nígeríu, stærsta ríki álfunnar, hefur lýðræði verið innleitt að nýju en stöðugleika í ríkinu er ógnað af fjölþættum vandamálum. Sá þróttur sem verið hefur í lýðræðinu í Suður-Afríku, og merki um auknar kröfur almennings um lýðræðislega og opna stjórnarhætti í nokkrum öðrum ríkjum Afríku, gefur tilefni til nokkurrar bjartsýni á stjórnmálaþróun í álfunni þótt öllum sé ljóst að risavaxin vandamál bíða úrlausnar um alla Afríku á næstu árum.

Flest þessara vandamála eiga gamlar og djúpar rætur í Afríku en eitt hið versta þeirra er þó nýtt af nálinni. Alnæmi heggur nú stór skörð í raðir ungs fólks í mörgum ríkjum álfunnar og dregur úr þrótti samfélaga til uppbyggingar. Í nokkrum ríkjum í sunnanverðri Afríku er svo komið að fjórðungur ungmenna á aldrinum 15–19 ára hefur smitast af alnæmi. Stór hluti þeirra barna sem fæðist í þessum löndum, og í mörgum löndum norðar og vestar í álfunni, fæðist með alnæmisveiruna. Ef ekki koma til stórstígar framfarir í læknavísindum og stóraukið fé til heilsugæslu blasa við hörmungar fyrir ótaldar milljónir einstaklinga og fyrir heil samfélög. Ísland er í hópi margra ríkja sem leggur áherslu á að sem mestri alþjóðlegri samstöðu verði að ná um aðstoð við Afríkumenn á þessu sviði. Alþjóðastofnanir, frjáls félagasamtök, líknarfélög, trúfélög og fyrirtæki verða að leggjast á eitt með að veita sem virkasta aðstoð sem gagnast getur samfélögum í Afríku sem heyja nú erfiða varnarbaráttu gegn þessum vágesti.

8. HNATTRÆN MÁLEFNI

8.A. SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

Innan Sameinuðu þjóðanna koma ríki heims saman á jafnréttisgrundvelli til að taka á þeim vandamálum sem mannkynið stendur frammi fyrir. Flest þessara vandamála verða ekki leyst nema með sameiginlegu átaki og þrátt fyrir að sum þeirra virðist fjarlæg koma þau okkur við, ekki síst í ljósi aukinnar hnattvæðingar.

Síðan kalda stríðinu lauk hefur mikilvægi Sameinuðu þjóðanna aukist og þeim gefist ný tækifæri til að sinna hlutverki sínu í þágu alls mannkyns. Þetta hlutverk er vandmeðfarið og stofnunin verður oft fyrir gagnrýni. Á þeim stundum ber að hafa í huga að stofnunin getur hvorki orðið betri né verri en aðildarríkin sem að henni standa. Því er brýnt að hvert ríki um sig leggi sitt af mörkum til að tryggja góðan árangur. Ísland getur ekki skorast undan. Ábyrgð og skyldur fylgja viðurkenningu annarra ríkja á frelsi og fullveldi Íslands.

Kofi Annan, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur viðrað bæði róttækar og umdeildar hugmyndir sínar um stofnunina á nýrri öld. Hann hefur bent á nauðsyn þess að aðildarríkin nái samkomulagi um úrbætur á starfsemi stofnunarinnar við friðargæslu og aðgerðum til að koma í veg fyrir hernaðarátök. Nauðsynlegt sé að Sameinuðu þjóðirnar geti látið til sín taka í ófriði innan aðildarríkja þegar við blasi fjöldamorð eða aðrir glæpir gegn mannkyni sem hið alþjóðlega samfélag geti ekki horft aðgerðalaust upp á. Ella muni Sameinuðu þjóðirnar bregðast því meginhlutverki sínu að tryggja frið og öryggi.

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, hefur tekið sterklega undir sjónarmið aðalframkvæmdastjórans en margir telja afskipti samtakanna af innanríkismálum aðildarríkja útilokuð samkvæmt stofnsáttmála S.þ. Þessir aðilar leggja áherslu á helgan fullveldisrétt ríkja. Búist er við mikilli umræðu meðal aðildarríkja stofnunarinnar á næstu árum um heimild hennar til að beita vopnaðri íhlutun af mannúðarástæðum.

Ísland hefur ítrekað, í málflutningi sínum á allsherjarþinginu, lagt áherslu á nauðsyn þess að afnema ríkisstyrki í sjávarútvegi. Ríkisstyrkir eru að mati íslenskra stjórnvalda einn meginvaldur þess að fiskveiðiflotar eru víða allt of stórir og hætt við ofveiði af þeim sökum.

Bent hefur verið á að bæta megi hina árlegu umræðu um málefni hafsins en þar þurfi að byggja á starfi þeirra stofnana sem nú fjalla um þau málefni og gæta þess að alþjóðastofnanir fari ekki inn á starfssvið svæðastofnana eða staðarsérfræðinga í málefnum sem varða stjórnun fiskveiða.

Aldamótaleiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna verður haldinn í New York 6.–8. september á þessu ári í upphafi 55. allsherjarþingsins. Mikil vinna hefur farið í undirbúning fundarins en nokkur ágreiningur er enn milli sumra ríkjahópa um nánari útfærslu hans. Ákveðið hefur verið að hann fjalli að meginefni um hlutverk Sameinuðu þjóðanna á nýrri öld. Forsætisráðherra verður fulltrúi Íslands á fundinum.

Ísland tekur þátt í samstarfi ýmissa ríkjahópa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hefur samstarfið verið mjög mikilvægt fyrir störf fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum Auk norræna samstarfsins tekur Ísland virkan þátt í fundum svokallaðs JUSCANZ ríkjahóps en þar eiga sæti Japan, Bandaríkin, Sviss, Kanada, Ástralía, Nýja-Sjáland, Tyrkland, Mexíkó, Noregur og Suður-Kórea auk Íslands. Rússland tekur einnig þátt í störfum þessa hóps innan annarrar nefndar allsherjarþingsins og í efnahags- og félagsmálaráðinu, ECOSOC.

Ísland tekur einnig þátt í störfum annars samráðshóps 26 ríkja, svokallaðs Vinci hóps, í málefnum annarrar nefndar og ECOSOC og í samráðshópi vestrænna ríkja í afvopnunarmálum, Mason-hópnum. Reglulegir fundir eru og sóttir í samstarfshópi vestrænna ríkja um framboðsmál, WEOG.

Á 54. allsherjarþinginu var Ísland kjörið í annað embætta varaforseta sem féll WEOG-hópnum í skaut. Stýrði Þorsteinn Ingólfsson fastafulltrúi allmörgum fundum allsherjarþingsins á grundvelli þessa. Þá var Ísland í formennsku í hópi Norðurlandanna innan Sameinuðu þjóðanna árið 1999.

8.B. UMBÓTASTARF INNAN SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Síðustu missiri hefur mikilvæg umræða átt sér stað um umbótastarf innan Sameinuðu þjóðanna. Skipaðir voru starfshópar til að gera tillögur um breytingar á helstu þáttum í starfsemi þeirra. Mikilvægt er að umbótastarf þetta beri árangur og að rekstur stofnunarinnar verði færður í nútímalegra horf.

Þær umbætur sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lagði til á 52. allsherjarþinginu hafa flestar komið til framkvæmda og er nokkuð almenn ánægja með árangur endurbótastarfsins. Ljóst er þó að mikið starf er enn óunnið.

Íslensk stjórnvöld hafa stutt tillögur um að fjölga föstum og kjörnum sætum í öryggisráðinu til að ráðið endurspegli betur fjölgun aðildarríkja og breyttar aðstæður í heiminum. Aftur á móti leggja þau áherslu á að ekki megi draga úr getu ráðsins til ákvarðanatöku og framkvæmda.

Umræður um breytingar á starfsháttum og skipan öryggisráðsins hafa staðið á sjöunda ár án nokkurs árangurs. Helsta fyrirstaðan er þrákelkni þeirra ríkja sem fast sæti eiga í öryggisráðinu að fallast á nokkrar breytingar sem haft geta áhrif á stöðu þeirra innan ráðsins. Norðurlöndin, ásamt Íslandi, lögðu strax í upphafi fram sameiginlegar umbótatillögur þar sem m.a. var lýst yfir stuðningi við fjölgun fastra sæta í ráðinu og einnig þeirra sem kosið er í. Ef aðildarríki sættast t.a.m. á breytingu á kjörnum sætum gæti það hugsanlega haft áhrif á tímasetningu framboðs Íslands til öryggisráðsins. Slík fjölgun gæti flýtt fyrir íslensku framboði sem er ráðgert árið 2008 fyrir tímabilið 2009–2010.

Áætlaðar heildarskuldir aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna voru 2.510 milljónir Bandaríkjadala í upphafi 54. allsherjarþingsins. Stór hluti þeirra eru útistandandi skuldir Banda-

ríkjanna en heildarskuld þeirra er um það bil 1,6 milljarður Bandaríkjadala. Bandaríkjastjórn hefur lengi lýst yfir eindregnum vilja til að gera upp skuldir Bandaríkjanna við stofnunina. Bandaríska þingið samþykkti nýlega að greiða hluta þeirra en skilyrti greiðsluna á sama tíma. Uppgjörið er m.a. skilyrt við lækkun á framlögum Bandaríkjanna til stofnunarinnar. Íslensk stjórnvöld hafa í umræðum um þetta mál lagt á það áherslu að ekki sé viðunandi að einstök ríki greiði ekki sín framlög að fullu og án skilyrða. Gerðar eru sífellt meiri kröfur til Sameinuðu þjóðanna á alþjóðavettvangi og setur þessi slæma skuldastaða stofnunina í mikinn vanda.

8.C. FRIÐARGÆSLA

Aðalhlutverk Sameinuðu þjóðanna er að varðveita heimsfrið og öryggi. Friðargæsla heldur því áfram að vera grundvallarþáttur í starfi stofnunarinnar. Ný friðargæsluverkefni hófust í Kósóvó og Austur-Tímor á síðasta ári og er það einkennandi fyrir þessi verkefni hversu víðtæku hlutverki S.þ. er ætlað að gegna. Ekki er um að ræða friðargæslu sem eingöngu miðast við að koma í veg fyrir vopnuð átök milli stríðandi fylkinga eins og t.d. UNDOF á landamærum Ísraels og Sýrlands og UNFICYP á Kýpur. Fremur er um að ræða friðargæsluverkefni þar sem Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðastofnunum í samvinnu við þær er fengið það hlutverk, af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, að endurbyggja samfélög frá grunni og að stjórna þessum samfélögum þar til hægt er að koma á lýðræðislegum stjórnarháttum.

Ísland hefur verið virkur þátttakandi í friðargæslu Atlantshafsbandalagsins í Bosníu og Hersegóvínu síðan 1994 en þá störfuðu íslenskir læknar og hjúkrunarfræðingar með norska hernum innan IFOR. Frá árinu 1997 hafa íslensk stjórnvöld verið með samning við bresk stjórnvöld um samstarf að friðargæslu í Bosníu og Hersegóvínu. Þar starfa að meðaltali tveir læknar og tveir hjúkrunarfræðingar með breska hernum. Verið er að þróa samstarfið við Breta þannig að það nái einnig til friðargæslu í Kósóvó og fleiri staða á Balkanskaga. Má þá gera ráð fyrir að sex Íslendingar starfi að jafnaði við friðargæslu á Balkanskaga í samstarfi við Breta.

Ísland hefur haft að jafnaði þrjá lögreglumenn við löggæslustörf í Bosníu á vegum Sameinuðu þjóðanna síðan 1997. Lögreglumennirnir starfa innan danskrar lögreglusveitar og er ætlað að kenna og hafa eftirlit með bosnískum starfsbræðrum sínum. Haustið 1999 var einnig ákveðið að hafa tvo lögreglumenn í Kósóvó með alþjóðalögregluliði Sameinuðu þjóðanna þar í landi. Starf þessara lögreglumanna er ólíkt starfi lögreglumannanna í Bosníu þar sem þeim er ætlað að sjá um löggæslu á staðnum því engin staðarlögregla er enn fyrir hendi. Íslensku lögreglumennirnir hafa starfað í Mitrovica. Það er eitt erfiðasta svæðið innan Kósóvó og hefur verið mikið í fréttum vegna átaka og haturs milli Serba sem búa í norðurhlutanum og Kósóvó-Albana í suðurhlutanum.

Auk fólks úr heilbrigðisstéttum og lögreglunni er fólk úr öðrum starfsgreinum á vegum íslenska ríkisins í Kósóvó. Þar ber að nefna verkfræðing hjá KFOR ásamt upplýsingafulltrúa og mannréttindalögfræðingi hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Einnig hefur íslenskur sérfræðingur verið ráðinn til starfa hjá UNIFEM í Pristínu.

8.D. EFNAHAGS- OG FÉLAGSMÁLARÁÐIÐ (ECOSOC)

Ísland lauk þriggja ára setu í ECOSOC í árslok 1999 en Ísland hafði þá átt sæti í ráðinu frá ársbyrjun 1997. Þátttaka Íslands í starfi ECOSOC veitti mikla og hagnýta innsýn í starfsemi einnar mikilvægustu stofnunar Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt hefur á fundum ráðsins gefist tækifæri af hálfu íslenskra stjórnvalda til að halda á lofti íslenskum áherslum þar sem

ráðið fjallar um málefni sem eru Íslendingum mikilvæg. Frá upphafi aðildar hefur Ísland einungis einu sinni áður átt sæti í ráðinu en það var á árunum 1985–1987.

ECOSOC vinnur í anda ákvæða sáttmála Sameinuðu þjóðanna um alþjóðasamvinnu að efnahags- og félagsmálum, einkanlega hvað snertir lagfæringu lífskjara, trygga atvinnu, félagslega þróun, heilbrigði, menningar- og menntamál og mannréttindi. Í 61.–72. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna er fjallað um störf og verksvið ráðsins. Ráðið hefur frumkvæði að rannsóknum, skýrslugerð og tillögum í efnahags-, félags-, menningar-, menntunar-, umhverfis-, þróunar-, mannréttinda- og heilbrigðismálum. Það vinnur tillögur í þeim efnum til allsherjarþingsins, sérstofnana og einstakra aðildarríkja, gerir uppkast að samningum og hvetur til alþjóðlegra ráðstefna um ýmis mál. Ráðið er einnig öryggisráðinu til aðstoðar sé þess óskað. Það fylgist einnig með framkvæmd ákvarðana alþjóðlegra stórráðstefna sem haldnar hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna á undanförum árum. Undir ráðið heyra ellefu starfsnefndir, fimm svæðanefndir um efnahagsmál og níu fastar nefndir og sérfræðingahópar. Flestar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna heyra stjórnskipulega undir ráðið og sérverkefni Sameinuðu þjóðanna sameiginlega undir það og allsherjarþingið.

Á ECOSOC þinginu, sem haldið var í Genf í júlí 1999, var áhersla lögð á útrýmingu fátæktar. Sérstaklega var fjallað um mikilvægi atvinnu í því sambandi og, í ljósi þess að meiri hluti fátækra í heiminum eru konur, var undirstrikað mikilvægi þess að þeim væri tryggt jafnrétti. Var samþykkt að ávallt þyrfti að taka jafnrétti kynjanna inn í stefnumörkun sem að þessu lýtur. Í ljósi þess að konur frá fátækum löndum sækja gjarnan vinnu til ríkja sem búa við meiri hagsæld til að sjá sér og sínum farborða, og að þessar konur eru oft beittar alls kyns ofbeldi og misrétti, var viðurkennd þörfin á að vernda réttindi farandverkafólks. Aðildarríkin voru hvött til að setja lög til að tryggja útrýmingu alls ofbeldis gegn konum.

Ísland á fulltrúa í orkunefnd ECOSOC og nefndinni um hagskýrslur.

8.E. MANNRÉTTINDAMÁL

Efling mannréttinda og barátta gegn mannréttindabrotum eru órjúfanlegur hluti af starfi Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar og öryggis. Tengsl mannréttindamála og öryggismála verða sífellt mikilvægari. Mannréttindi eru í eðli sínu alþjóðleg og ekkert ríki getur hafnað alþjóðlegum afskiptum af mannréttindamálum sínum með vísun til þess að um innanríkismál sé að ræða. Það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins alls að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og Norðurlönd hafa verið þar í fararbroddi. Ísland mun leggja áherslu á að styðja baráttuna fyrir alþjóðlegum mannréttindum, sem er samofin baráttunni gegn fátækt, kúgun og ófriði.

Það er ekki síst á sviði mannréttinda sem starf Sameinuðu þjóðanna hefur borið árangur. Þetta sést glöggt þegar litið er til allra þeirra alþjóðasamninga um mannréttindi sem hafa verið gerðir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ísland er aðili að flestum þessara samninga. Í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og niðurstöður mannréttindaráðstefnunnar í Vínarborg árið 1993 leggja íslensk stjórnvöld áherslu á að tryggja beri mannréttindi um allan heim óháð svæðisbundnum aðstæðum, t.d. stjórnarfari og menningu, félagslegu umhverfi eða trúarbrögðum.

Íslensk stjórnvöld telja sérlega mikilvægt að Sameinuðu þjóðirnar haldi áfram að sinna þessum málaflokki og hafa lagt áherslu á þetta í ræðum á allsherjarþinginu. Á 54. allsherjarþinginu hélt fastafulltrúi Íslands nokkrar ræður um mannréttindi. Fjölluðu þær um réttindi barna, kvenna og flóttamanna og trúfrelsi.

Á 54. allsherjarþinginu báru aðildarríki Evrópusambandsins fram tillögu um ályktun um gerð alþjóðasamnings um afnám dauðarefsinga. Þessa tillögu dagaði uppi vegna mjög harðrar andstöðu margra ríkja, einkum Asíu- og Afríkuríkja. Mikill hiti var í óformlegri um-

ræðu um þetta mál. Flutningsríkin ákváðu því að lokum að fylgja því ekki eftir til að koma í veg fyrir alvarlegan klofning milli ríkjahópa sem gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Þrátt fyrir að ekki væri hægt að ná samkomulagi um málið fögnuðu íslensk stjórnvöld því að mál þetta skyldi yfirleitt vera rætt á þessum vettvangi.

Fimmtugasta og fimmta þing mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna fór fram í mars og apríl 1999. Á þinginu átti Ísland meðflutningsaðild að tuttugu og þremur ályktunartillögum. Næsta þing mannréttindaráðsins verður haldið í Genf 20. mars til 28. apríl 2000. Sem fyrr verður fylgst náið með tillöguflutningi í ráðinu og gera má ráð fyrir að Ísland gerist meðflytjandi að þeim ályktunartillögum sem styrkt geta þróun alþjóðlegra mannréttinda. Á þinginu verða væntanlega ræddar og afgreiddar tillögur um margvíslegar endurbætur á starfi mannréttindaráðsins.

Á vegum mannréttindaráðsins starfa nú fjórtán sérstakir fulltrúar sem ætlað er að fylgjast með stöðu mannréttinda í nokkrum löndum þar sem mannréttindi eru hvað síst virt. Jafnframt er á vegum ráðsins fjallað um einstök mannréttindamál sem ýmist hafa verið falin ákveðnum einstaklingi eða vinnuhópum.

Áfram verður fylgst með gerð bókunar við alþjóðasamninginn gegn pyntingum og annarri grimmdarlegri, ómanneskjulegri eða niðurlægjandi meðferð svo og yfirlýsingunni um réttindi frumbyggja ásamt könnun á hvaða stöðu málefni frumbyggja eigi að hafa innan kerfis Sameinuðu þjóðanna. Einnig er unnið að gerð bókunar við alþjóðasamninginn um réttindi barna, sölu á börnum, barnavændi og barnaklám.

8.E.1. Jafnréttismál.

Ráðherra vék í ræðu sinni á allsherjarþinginu að stöðu fátækra kvenna í þróunarlöndum og undirstrikaði mikilvægi þess að efla þátt menntunar í þróunarhjálp. Jafnframt lagði hann áherslu á baráttu gegn hvers konar misrétti gegn konum.

Í ræðu sinni um trúfrelsi á 54. allsherjarþinginu vakti fastafulltrúi athygli á grófum mannréttindabrotum Talibana gegn konum í Afganistan með skírskotun til trúarbragða. Konur þar gætu ekki haft áhrif á eigin örlög. Mannréttindi væru altæk og því ekki hægt að réttlæta mannréttindabrot með því að skírskota til trúarbragða, venja eða hefða.

Hinn 10. desember 1999 var lögð fram til undirritunar valkvæð bókun við alþjóðasamninginn um afnám mismununar gegn konum. Ísland var í hópi 22 ríkja sem undirrituðu bókunina við hátíðlega athöfn. Bókunin opnar kæruleið hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna fyrir konur sem verða fyrir misrétti á grundvelli kynferðis síns og ná ekki fram rétti sínum með eðlilegum hætti heima fyrir. Verið er að undirbúa fullgildingu bókunarinnar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Dagana 5.–9. júní nk. verður haldinn sérstakur fundur allsherjarþingsins í New York um eftirfylgni framkvæmdaáætlunarinnar sem samþykkt var á kvennaráðstefnunni í Peking árið 1995. Fundurinn ber yfirskriftina „Konur 2000: Jafnrétti kynjanna, þróun og friður á 21. öldinni." Utanríkisráðuneytið hefur unnið að undirbúningi þessa fundar í samráði við félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð Íslands.

8.E.2. Málefni barna.

Allsherjarþingið minntist þess árið 1999 að liðin voru tíu ár frá samþykkt alþjóðasamningsins um réttindi barna. Alls hafa 191 ríki nú fullgilt samninginn. Á næsta ári hefst áratugur Sameinuðu þjóðanna, tileinkaður menningu, friði og baráttu gegn ófriði í þágu barna.

Mikil áhersla hefur verið lögð á aukin réttindi barna og áréttuð hefur verið ályktun fundar utanríkisráðherra Norðurlanda, sem haldinn var á Egilsstöðum, um nauðsyn alþjóðasamþykktar um bann við því að börn innan 18 ára aldurs séu látin gegna herþjónustu.

Til marks um hversu alvarlegum augum alþjóðasamfélagið lítur þátttöku barna í vopnuðum átökum, og að börn verði fórnarlömb styrjalda, fjallaði öryggisráðið sérstaklega um þetta mál sumarið 1999. Í framhaldi af umræðunum samþykkti ráðið ályktun. Þar skoraði það á ríki heims og alla aðila Sameinuðu þjóðanna að gera sitt ítrasta til að tryggja að hætt verði að ráða og nota börn í vopnuðum átökum í trássi við alþjóðalög. Ráðið lýsti einnig yfir stuðningi við störf vinnuhóps mannréttindaráðsins sem unnið hefur að gerð viðbótarbókunar við alþjóðasamninginn um réttindi barna og vonaði að honum yrði ágengt í starfi sínu.

Umræddur vinnuhópur náði síðan málamiðlun í janúar árið 2000 eftir fimm ára samningaviðræður. Samkomulagið kveður á um að börnum, átján ára og yngri, verði óheimil þátttaka í vopnuðum átökum. Átján ára reglan á einnig við um herskyldu en sjálfviljug herskráning innan átján ára aldurs verður þó heimil með ákveðnum skilyrðum. Vinnuhópurinn mun leggja þetta samkomulag fyrir mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna á næsta þingi þess. Ráðið mun væntanlega afgreiða samkomulagið áfram til endanlegrar afgreiðslu allsherjarþingsins.

8.F. VARNIR GEGN AFBROTUM

Alþjóðleg glæpastarfsemi er þess eðlis að nauðsynlegt er að ríki heims taki höndum saman til að kveða hana niður. Hjá Sameinuðu þjóðunum í Vínarborg er verið að vinna að alþjóðasamningi gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Einnig er þar unnið að gerð valfrjálsrar bókunar við hann sem ætlað er að vinna gegn verslun með fólk. Fjöldi einstaklinga sem gengur kaupum og sölum er hóflega talinn vera 4 milljónir á ári og velta þessarar starfsemi 5–7 milljarðar Bandaríkjadala árlega. Í undirbúningi er sérstakt átak Sameinuðu þjóðanna gegn þessari starfsemi.

Samþykkt var ályktun á yfirstandandi allsherjarþingi um alþjóðlegan samning um baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka. Í samningnum er gerð krafa um að innlend löggjöf skilgreini sannanlega fjármögnun til hryðjuverkastarfsemi glæpsamlega og að lög verði sett sem heimili upptöku þessara fjármuna.

Barátta gegn spillingu og eiturlyfjum fékk ítarlega umfjöllun á 54. allsherjarþinginu. Í ræðu sinni á þar hvatti utanríkisráðherra aðildarríkin til að efla baráttuna gegn eiturlyfjavandamálinu.

8.F.1. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn.

Hinn 17. júlí 1998 var, á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Róm, samþykktur samningur um stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls, Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Dómstóllinn, sem hafa mun aðsetur í Haag, hefur það hlutverk að dæma í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Stofnun Alþjóðlega sakamáladómstólsins er tvímælalaust eitt mikilvægasta framlag til mannréttindaverndar og friðar í heiminum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna. Unnið hefur verið að stofnun slíks dómstóls allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Rómarsamþykktin skilgreinir hópmorð, glæpi gegn mannúð og stríðsglæpi, en kveðið er á um að dómstóllinn skuli ekki beita lögsögu sinni að því er glæpi gegn friði varðar fyrr en skilgreining á þeim liggur fyrir. Dómstóllinn hefur sjálfvirka lögsögu í málum er undir hann heyra, þ.e. óháða sérstöku samþykki viðkomandi ríkja. Skilyrði er þó að annaðhvort þegnríki

sakbornings eða ríkið þar sem hið meinta brot var framið sé aðili að samþykktinni. Aðildarríki er heimilt að halda sig utan við lögsögu dómstólsins að því er stríðsglæpi varðar til allt að sjö ára frá því að samþykktin öðlast gildi gagnvart því.

Sérstakur saksóknari starfar samkvæmt samþykktinni og getur hann að eigin frumkvæði eða eftir tilvísun frá aðildarríki eða öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hafist handa við að rannsaka og gefa út ákæru í málum er undir dómstólinn heyra. Samkvæmt samþykktinni er óheimilt að hefja eða halda áfram rannsókn eða saksókn í máli á eins árs tímabili eftir að öryggisráðið hefur beint ósk þar að lútandi til dómstólsins í formi ályktunar samkvæmt VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Lögsaga alþjóðlega sakamáladómstólsins er til fyllingar lögsögu einstakra ríkja til að sækja til saka og dæma í þeim málum sem hér um ræðir. Lögsaga dómstólsins verður því aðeins virk að viðkomandi ríki hafi, sökum skorts á getu eða vilja, látið undir höfuð leggjast að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn er varanlegur og hefur almenna lögsögu. Hann er því frábrugðinn alþjóðastríðsglæpadómstólunum í málefnum fyrrum Júgóslavíu og Rúanda sem hafa takmarkaða lögsögu bæði í tíma og rúmi.

Rómarsamþykktin var undirrituð fyrir Íslands hönd 26. ágúst 1998. Alls hafa 94 ríki undirritað samþykktina en sex ríki hafa fullgilt hana. Samþykktin mun öðlast gildi tveimur mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hana.

Norðurlöndin hafa haft með sér samráð um undirbúning fullgildingar Rómarsamþykktarinnar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, enda er málið bæði flókið og umfangsmikið. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samþykktarinnar hefur verið lögð fyrir Alþingi og er stefnt að afgreiðslu hennar á næstunni. Fullgilding Rómarsamþykktarinnar kallar á löggjöf um framkvæmd hennar hér á landi og er gerð frumvarps þar að lútandi í höndum dómsmálaráðuneytisins.

Á ráðstefnunni í Róm var sett á fót nefnd til að undirbúa stofnun Alþjóðlega sakamáladómstólsins. Meðal verkefna undirbúningsnefndarinnar er að semja drög að málsmeðferðarreglum dómstólsins og að lýsingu á efnisþáttum þeirra brota er falla undir Rómarsamþykktina, en gert er ráð fyrir að þessum verkefnum verði lokið fyrir lok júní árið 2000. Ísland hefur tekið þátt í starfi nefndarinnar.

8.G. ÖRYGGISRÁÐIÐ

Með tilliti til þeirrar stefnu að láta enn frekar að sér kveða í starfi Sameinuðu þjóðanna hefur verið ákveðið að bjóða Ísland fram til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2009–2010. Kosningarnar fara fram haustið 2008.

8.H. AUÐLINDA- OG UMHVERFISMÁL

8. H.1. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD).

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun var komið á fót í framhaldi af ráðstefnu samtakanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rió de Janeiró í júní 1992. Henni er ætlað að fylgjast með og stuðla að framkvæmd samþykkta ráðstefnunnar, einkum Dagskrár 21. Nefndin starfar undir Efnahags- og félagsmálaráði S.þ. (ECOSOC). Í nefndinni eiga sæti hverju sinni 53 ríki sem kosin eru til þriggja ára í senn. Fundir nefndarinnar eru haldnir ár hvert í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York. Auk þeirra ríkja sem í nefndinni eiga sæti sækja fundina flest aðildarríkin og hafa þar fullt málfrelsi og geta tekið þátt í mótun ályktana á óformlegum fundum nefndarinnar. Sérstakir ráðherrafundir eru haldnir á sama

tíma og sækja að jafnaði fleiri en 50 ráðherrar þessa árlegu fundi. Rúmlega eitt þúsund félagasamtök eiga rétt til setu sem áheyrnarfulltrúar á fundum nefndarinnar.

Árið 1997 var haldinn sérstakur fundur allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í tilefni þess að þá voru liðin fimm ár frá því að ráðstefna samtakanna um umhverfi og þróun var haldin í Ríó de Janeiró. Á fundinum var metin framkvæmd niðurstaðna ráðstefnunnar undanfarin fimm ár og samþykkt áætlun til að stuðla frekar að framkvæmd Dagskrár 21. Jafnframt var samþykkt fimm ára vinnuáætlun fyrir nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun fyrir tímabilið 1998–2002.

Nefndin hefur umtalsverða þýðingu fyrir Ísland þar sem á fundum hennar er ályktað um öll svið þjóðfélagsins í því augnamiði að stuðla að framgangi sjálfbærrar þróunar um heim allan. Ályktanirnar miða að því að samræma og styrkja stefnumörkun ríkja, svæðisbundinna samtaka og alþjóðastofnana og að því að bæta samræmingu í starfi Sameinuðu þjóðanna að umhverfis- og þróunarmálum. Þannig snerta ályktanir nefndarinnar flesta þætti daglegs lífs. Auk hefðbundinna umhverfismála, á borð við mengun og náttúruvernd, er tekið á ýmsum grundvallarþáttum í samskiptum manns og náttúru, svo sem neyslu- og framleiðsluháttum, tengslum alþjóðaviðskipta og umhverfismála, fólksfjölgun, fátækt og samvinnu iðnríkja og þróunarríkja, félags- og heilbrigðismálum, nýtingu náttúruauðlinda; fiskveiðum, orkumálum og iðnaði, svo dæmi séu tekin. Þannig hefur nefndin mótandi áhrif á alþjóðaviðhorf til mikilvægra atvinnu- og félagsmála frá sjónarhóli sjálfbærrar þróunar og umhverfismála. Sem dæmi má nefna að nefndin fjallaði sérstaklega um vernd og nýtingu hafsins á ársfundinum 1999.

Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi nefndarinnar og átti sæti í henni árin 1993–1995. Samkvæmt starfsáætlun nefndarinnar verða meginviðfangsefni hennar næstu ár eftirfarandi:

Árið 2000: Landbúnaður, skógrækt og landnýting.
Fjárhagslegur stuðningur við þróunarríkin, alþjóðaviðskipti og fjárfestingar, og hagþróun.

Árið 2001: Loftslagsmál, orkumál og samgöngur.

Árið 2002: 10 ára mat á framkvæmd niðurstaðna ráðstefnu S.þ. um umhverfi og þróun.

Ísland sækist eftir því að taka aftur sæti í nefndinni árið 2001.

8.H.2. Kyótóferlið.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var samþykktur á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiró 1992. Ísland gerðist aðili að samningnum 16. júní 1993 en samningurinn öðlaðist gildi 21. mars 1994. Markmið samningsins er að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um að auðvelda félagslega og efnahagslega aðlögun að loftslagsbreytingum.

Á þriðja aðildarríkjaþingi rammasamningsins í Kyótó í desember 1997 var samþykkt bókun við samninginn. Hún felur í sér skuldbindingu af hálfu OECD-ríkja og ríkja Austur-Evrópu (ríki sem skráð eru í viðauka B við bókunina) að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda við tiltekin losunarmörk. Bókunin gerir ráð fyrir að árleg heildarlosun þessara ríkja til samans dragist saman um liðlega 5% á tímabilinu 2008–2012 miðað við losun þeirra árið 1990. Í viðauka B við bókunina eru tilgreind losunartakmörk hvers ríkis um sig. Bókunin tekur gildi þegar 55 ríki hafa staðfest hana, enda séu þar á meðal iðnríki sem til samans bera ábyrgð á losun a.m.k. 55% af koltvísýringslosun iðnríkja árið 1990. Ekkert iðnríki hefur enn sem komið er fullgilt bókunina.

Kyótó bókunin hefur með tvennum hætti mikla þýðingu fyrir Ísland. Í fyrsta lagi kynnu loftslagsbreytingar að hafa áhrif á hafstrauma og veðurfar á norðurslóðum og í öðru lagi er möguleiki Íslands á að takmarka losun gróðurhúsaloftegunda minni en annarra iðnríkja.

Mikilvægasta verkefnið fram undan er að vinna að lausn á vanda innan bókunarinnar sem varðar Ísland sérstaklega. Því var lýst yfir af hálfu Íslands þegar Kyótó bókunin kom til lokaafgreiðslu aðildarríkjaþingsins í Kyótó að Ísland gæti ekki tekið á sig þær skuldbindingar sem bókunin felur í sér. Ekki var talið raunhæft að standa við þær sökum sérstöðu Íslands sem skapast fyrst og fremst af smæð hagkerfisins og hlutfallslega miklum áhrifum einstakra framkvæmda á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Sú ákvörðun var þó tekin að Ísland myndi ekki standa í vegi fyrir samþykkt bókunarinnar þar sem jafnhliða henni var gerð sérstök samþykkt þess efnis að taka skuli til skoðunar og, eftir atvikum, gera ráðstafanir vegna stöðu ríkja þar sem einstakar framkvæmdir geta haft veruleg hlutfallsleg áhrif á heildarlosun viðkomandi ríkis, hið svokallaða íslenska ákvæði.

Í framhaldi af þessari samþykkt lagði Ísland fram tillögu til lausnar þessu vandamáli sumarið 1997. Í tillögunni felst að losun frá iðnverum, sem leiðir til meira en 5% aukningar á heildarlosun einstaks ríkis, verði haldið utan við losunarmörk Kyótó bókunarinnar, með tilteknum skilyrðum. Þessi skilyrði eru í fyrsta lagi að heildarlosun viðkomandi ríkis sé ekki meiri en 0,05% af heildarlosun iðnríkjanna miðað við losun þeirra árið 1990. Í öðru lagi að endurnýjanlegir orkugjafar séu notaðir til framleiðslu þeirrar orku sem notuð er í iðnverinu og í þriðja lagi að notast sé við bestu umhverfisvenjur við framleiðsluna.

Tillagan hefur verið til skoðunar hjá aðildarríkjum loftslagssamningsins og er þess vænst að endanleg ákvörðun um íslenska ákvæðið svokallaða verði tekin á 6. aðildarríkjaþingi rammasamningsins sem verður í Haag 13.–24. nóvember nk. Samþykkt tillögu Íslands, eða annars fyrirkomulags sem gerir Íslandi mögulegt að halda áfram nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, myndi gera Íslandi kleift að gerast aðili að bókuninni.

Önnur mikilvæg verkefni á vettvangi Kyótóferlisins varða útfærslu nokkurra mikilvægra ákvæða bókunarinnar er lúta að framkvæmd hennar. Ber þar fyrst að nefna sveigjanleikaákvæðin svokölluðu sem ætlað er að skapa iðnríkjunum svigrúm til að ná markmiðum bókunarinnar á sem hagkvæmastan hátt. Þessi ákvæði eru þrjú og varða viðskipti með losunarkvóta, sameiginlegar framkvæmdir á meðal iðnríkja og sameiginlegar framkvæmdir iðnríkja með þróunarríkjum. Í annan stað ber að nefna útfærslu á reglum um bindingu gróðurhúsalofttegunda með ræktun. Loks eru það reglur um framfylgd bókunarinnar. Unnið er að útfærslu þessara atriða og er stefnt að því að samningaviðræðum ljúki með samþykkt ákvarðana sem hefðu að geyma reglur um þessi atriði á næsta aðildarríkjaþingi rammasamningsins í Haag á komandi hausti. Ljóst er að ekkert iðnríkjanna mun fullgilda bókunina nema ásættanleg niðurstaða náist um útfærslu þessara atriða.

8.H.3.Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES).

Samningurinn um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu var gerður í Washington 3. mars 1973, en hann öðlaðist gildi 1. júlí 1975. Aðildarríki hans eru nú um 145 talsins.

Markmið samningsins er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær. Hann nær bæði til viðskipta með lifandi dýr og dauð og plöntur. Samningurinn er í eðli sínu alþjóðlegur viðskiptasamningur.

Í honum eru reglur um innflutning, útflutning og endurútflutning dýra og plantna sem skráð eru í viðaukum við samninginn svo og um aðflutning þeirra úr sjó. Dýr og plöntur sem falla undir samninginn eru talin upp og flokkuð í þrjá viðauka eftir því hvaða reglur gilda um alþjóðaverslun með þau. Í I. viðauka eru skráðar tegundir sem eru í útrýmingarhættu og viðskipti hafa eða geta haft áhrif á. Skilyrði fyrir alþjóðaverslun með tegundir sem skráðar eru í I. viðauka eru mjög ströng og aðeins heimiluð í undantekningartilvikum. Í II. viðauka eru skráðar tegundir sem kunna að verða í útrýmingarhættu sé ekki höfð stjórn á alþjóðaverslun með þær. Í III. viðauka eru skráðar tegundir, sem verndaðar eru í einstökum aðildarríkjum.

Ísland lagði fram aðildarskjöl vegna ofangreinds samnings hjá vörsluríki hans, Sviss, í byrjun janúar 2000 en Alþingi samþykkti aðildina með þingsályktunartillögu sem samþykkt var 14. desember 1999. Ísland fær aðild að samningnum með fullum réttindum 2. apríl 2000. Með aðild að honum tekur Ísland þátt í alþjóðlegu samstarfi um vernd dýra og plantna í útrýmingarhættu. Með aðild getur Ísland og haft áhrif á það hvaða tegundir eru skráðar í viðauka við samninginn. Er þetta mikilvægt í ljósi vaxandi umfjöllunar á vettvangi CITES-samningsins um skráningu fisktegunda í viðaukana. Nauðsynlegt er að hafa í huga að þótt einhverjar fisktegundir kunni að vera ofveiddar á einstökum hafsvæðum getur ástand þeirra verið gott annars staðar og fjarri því að vera í útrýmingarhættu. Með aðildinni getur Ísland einnig fengið önnur aðildarríki í lið með sér við að vernda einstakar íslenskar tegundir sem eru í útrýmingarhættu með því að skrá þær í III. viðauka.

Við aðildina að CITES gerði Ísland fyrirvara um 14 hvalategundir, sem skráðar eru í I. og II. viðauka svo sem heimilt er samkvæmt reglum samningsins. Aðildarskjölum Íslands fylgdi einnig yfirlýsing þar sem segir að það sé skoðun Íslands að umræddar hvalategundir eigi ekki heima í I. og II. viðauka þar sem þær uppfylli ekki þau líffræðilegu skilyrði sem CITES gerir kröfur um varðandi þessa tvo viðauka. Þá segir enn fremur í yfirlýsingunni að aðeins séu taldar upp þær hvalategundir sem sé að finna í íslenskri efnahagslögsögu en með því sé ekki verið að samþykkja allar þær tegundir aðrar sem í viðaukunum séu upp taldar. Tekið er fram að ef ný vísindarök hníga að því að tegundir sem Ísland hefur gert fyrirvara við eigi í raun heima í I. eða II. viðauka muni Ísland endurskoða afstöðu sína og leggur jafnframt áherslu á að viðaukarnir verði endurskoðaðir þannig að þeir séu í fullu samræmi við aðra grein CITES samningsins og þá líffræðilegu mælikvarða sem notast er við á vettvangi CITES.

Fram undan er ellefta aðildarríkjaþing CITES samningsins. Verður það haldið í Næróbí 10.–20. apríl 2000. Þar verður meðal annars fjallað um tillögur Norðmanna og Japana um að færa hrefnu úr I. í II. viðauka en hún mætir mikilli andstöðu hvalfriðunarríkja. Annað mikilvægt mál, sem fjallað verður um á þinginu, er að breyta reglum um atkvæðagreiðslur þannig að þær verði ekki lengur leynilegar. Hafa Bandaríkin nokkra forystu um að afnema leynilegar atkvæðagreiðslur. Vaxandi þrýstingur er nú frá ýmsum þjóðum um að CITES láti fiskveiðar til sín taka í vaxandi mæli og að byrjað verði að skrá fisktegundir í viðauka samningsins. Þjóðir sem stunda sjálfbærar fiskveiðar munu berjast hart gegn þeim áformum.

8.H.4. Nýr samráðsvettvangur Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins.

Á 54. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var samþykkt ályktun um nýjan samráðsvettvang um málefni hafsins. Ályktunin á rætur að rekja til samþykktar nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD) á 7. fundi hennar vorið 1999. Á þessum vettvangi er ætlunin að undirbúa umfjöllun allsherjarþingsins um málefni hafsins. Árlega verður efnt til vikufundar sem haldinn verður í tengslum við fundi um hafréttarsamninginn. Þar verður fjallað um skýrslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins í þeim

tilgangi að benda á einstök atriði sem gefa þarf sérstakan gaum í ályktunum allsherjarþingsins og sem stuðlað geta að samræmingu milli ríkja og betra starfi stofnana Sameinuðu þjóðanna. Ísland tók virkan þátt í mótun þessarar ályktunar sem og ályktunar nefndar samtakanna um sjálfbæra þróun.

Þetta hefur mikla þýðingu fyrir Ísland. Áhugi á vernd og nýtingu hafsins hefur farið vaxandi um heim allan. Einkum hefur að undanförnu verið áhugi á að auka samræmingu á málefnum hafsins innan Sameinuðu þjóðanna. Þessi áhugi mótast af áhyggjum af mengun hafsins og því að of víða er illa gengið um auðlindir þess og rányrkja stunduð á fiskstofnum.

Aukin umræða um málefni hafsins á allsherjarþinginu er jákvæð. Hún mun vekja athygli á ógnun við lífríki hafsins og móta aðgerðir til verndar hafinu og sjálfbærrar nýtingar auðlinda þess. Hins vegar leynast ýmsar hættur í þessu ferli. Ber þar að nefna þrýsting frá einstökum ríkjum og umhverfisverndarsamtökum um að komið verði á fót einhvers konar hnattrænni stjórn á málefnum hafsins, þar með talið stjórn fiskveiða.

Fyrsti fundur þessa nýja vettvangs verður í maí árið 2000. Þá mótast viðfangsefnin. Ísland hefur löngum haft umtalsverð áhrif á umfjöllun og niðurstöður Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins, hvort sem um hefur verið að ræða mengun hafsins eða nýtingu á lifandi auðlindum þess. Rík áhersla verður lögð á virka og öfluga þátttöku af hálfu Íslands í starfi þessu strax frá upphafi til að freista þess að hafa mótandi áhrif í þágu íslenskra hagsmuna.

Um hafréttarhliðar málsins vísast til kafla 8.A.3.

8.H.5. Alþjóðlegar fiskveiðistofnanir og samstarf um veiðistjórn.

Hlutverk svæðisbundinna samtaka til stjórnunar fiskveiða, er taka bæði til úthafsins og til fiskstofna sem ganga inn og út úr lögsögum einstakra ríkja, verður æ stærra. Ekki síst eftir tilkomu úthafsveiðisamningsins. Íslendingar taka virkan þátt í starfi þeirra stofnana sem taka til Norður-Atlantshafs og hafa enn fremur tekið þátt í undirbúningi stofnunar svæðissamtaka á Suður-Atlantshafi. Það er stefna Íslands að efla staðbundna og svæðisbundna stjórn fiskveiða en vinna gegn þeirri tilhneigingu sem nú gætir hjá ýmsum að draga úr mikilvægi svæðisstofnana og koma á víðtækari stjórnun fiskveiða sem jafnvel tæki til heimshafanna í heild. Það væri óæskileg þróun.

8.H.5.a. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC).

Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin hefur með höndum stjórn veiða á úthafs- og djúpkarfa, makríl, kolmunna og síld úr norsk-íslenska síldarstofninum. Íslendingar hafa um nokkurt skeið barist fyrir því að fá viðurkennt að á Reykjaneshryggnum sé verið að veiða úr tveimur karfastofnum, annars vegar djúpkarfa, sem heldur sig undir 500 metra dýptarlínu, og hins vegar úthafskarfa sem er ofan 500 metra. Hafa vísindarannsóknir og gögn sem styðja þetta ítrekað verið lögð fram og kynnt á ársfundum NEAFC.

Á ársfundi NEAFC í nóvember 1999 lá fyrir veiðiráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins, ICES, fyrir karfaveiðar á Reykjaneshrygg. Í fyrsta skipti var ráðgjöfin tvískipt. Lagt var til að veiddar yrðu 60 þúsund lestir úr efri stofninum en 25 þúsund lestir úr þeim neðri. Árið áður hafði veiðiráðgjöfin hljóðað upp á 153 þúsund lesta veiði úr báðum stofnum. Þar af komu 45 þúsund lestir í hlut Íslendinga. Íslendingar hafa einbeitt sér að veiðum úr neðri stofninum sem gefur mun verðmætari afurðir. Árið 1998 voru heildarkarfaveiðar í Atlantshafi 218 þúsund lestir, þar af veiddu Íslendingar 116 þúsund lestir.

Fyrir ársfundinn höfðu Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar haldið samráðsfund og stóðu sameiginlega að tillögu á NEAFC fundinum um að byggt yrði á vísindaráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins og tekið tillit til tvískiptingar stofnsins. Á það féllust hin aðildar-

ríki NEAFC ekki og samþykktu heildarveiði úr báðum stofnum er nemur 120 þúsund lestum, sem er 40% umfram ráðgjöf sem Alþjóðahafrannsóknaráðið lagði til. Á þetta gat Ísland með engu móti fallist og greiddi atkvæði gegn tillögu þar um og lét bóka mótmæli við samþykkt hennar þar sem tillagan gerði ráð fyrir óábyrgum veiðum þvert á vísindaráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Á sama fundi NEAFC var samþykkt tillaga um stjórn veiða á makríl. Tillagan var, eins og árið áður, samþykkt gegn mótmælum Íslands og Rússlands. Mótmæli Íslands byggjast á því að önnur aðildarríki NEAFC hafa ekki viljað fallast á rétt Íslands sem strandríkis til veiða úr makrílstofninum, enda þótt makríll gangi inn í íslenska lögsögu.

Mikilvægi kolmunnaveiða hefur vaxið undanfarin missiri í íslenskum sjávarútvegi og skipum sem veiðarnar geta stundað hefur farið fjölgandi. NEAFC ákveður leyfilegan hámarksafla úr stofninum. Aflinn er óskiptur og hefur ekki náðst samkomulag um kvótaskiptingu milli aðildarríkjanna. Haldinn var strandríkjafundur í febrúar árið 2000 til að fjalla um kolmunnakvóta. Niðurstaða fékkst ekki og verður haldið áfram að fjalla um málið.

8.H.5.b. Norsk-íslenski síldarstofninn.

Samvinna strandríkjanna innan NEAFC um stjórn og veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum er nú komin í fastar skorður. Í október 1999 var gert samkomulag milli Íslands, Færeyja, Noregs, Rússlands og Evrópusambandsins um veiðar úr síldarstofninum á árinu 2000.

Leyfilegur heildarafli samningsaðila verður 1.240 þúsund lestir, sem er um 50 þúsund lestum minna en var 1999. Af heildaraflamagninu koma tæplega 195 þúsund lestir í hlut Íslands. Í samningum fyrri ára um skiptingu heildaraflans voru Ísland og Færeyjar með sameiginlegan kvóta, sem löndin síðan skiptu með sér. Það fyrirkomulag hefur nú verið afnumið. Innan strandríkjahópsins hefur Ísland lagt áherslu á að heildaraflamagnið yrði um ein milljón lesta á ári.

Það nýmæli fólst í samkomulaginu sem gert var í Þórshöfn í Færeyjum í október að ákveðið var að frá og með árinu 2001 skuli nota aflareglu sem miðist við fiskveiðidánarstuðulinn 0.125 í stað 0.150 sem verið hefur viðmiðunin undanfarin ár. Að mati okkar Íslendinga er þetta mikilvægt skref í þá átt að draga úr hættu á hruni stofnsins og tryggja jafnari veiði á komandi árum. Strandríkin eru sammála um að grípa til enn strangari veiðitakmarkana ef Alþjóðahafrannsóknaráðið telur ástand stofnsins gefa tilefni til. Þessi niðurstaða Þórshafnarfundarins var staðfest á ársfundi NEAFC í nóvember.

8.H.5.c. Norðvestur Atlantshafsfiskveiðistofnunin (NAFO).

Rækjuveiðarnar á Flæmingjagrunni lúta stjórn NAFO. Kanadamenn hófu rækjuveiðar á þessum miðum árið 1993, en stuttu síðar bættust fleiri þjóðir í hópinn, þeirra á meðal Færeyingar, Íslendingar og Norðmenn. Fyrsta árið var veiði Íslendinga á svæðinu 2200 lestir en mest varð veiðin 1996, 21 þúsund lestir. Heildaraflinn á svæðinu er ákveðinn 30 þúsund lestir árið 2000. Er það óbreytt aflamagn frá árinu 1999.

Rækjuveiðunum á Flæmingjagrunni er stjórnað með sóknardagastýringu sem felst í því að ákveðnum fjölda veiðidaga er úthlutað til hvers lands. Íslendingar hafa verið ósáttir við skipan þessara mála og mótmælt henni. Af hálfu Íslands hafa verið fluttar tillögur um að tekið verði upp aflamarkskerfi. Á það hafa önnur aðildarríki NAFO ekki viljað fallast. Gagnrýni okkar á sóknardagastýringuna byggist meðal annars á því að sóknardagakerfið sé óheppilegt til að mæta nauðsynlegum veiðitakmörkunum með hagkvæmum hætti og þar að auki hafi framkvæmd sóknardagakerfisins ekki verið sem skyldi. Hefur afli íslenskra skipa á svæðinu því byggst á einhliða ákvörðunum íslenskra stjórnvalda.

Í upphafi ársins 2000 gaf sjávarútvegsráðuneytið út reglugerð, sem kvað á um að á árinu væri þeim skipum sem hefðu aflamark í rækju á Flæmingjagrunni heimilt að veiða þar allt að 9300 lestir sem er sama magn og 1999. Ákvörðun um heildaraflamagn verður endurskoðuð síðar á árinu 2000.

Í lok mars 2000 átti að halda fund til að ræða frekar tillögur Íslands um aflamarkskerfi og hvernig veiðiheimildir hugsanlega myndu skiptast samkvæmt slíku kerfi.

Nokkrir íslenskir útgerðaraðilar hafa staðið að rækjuveiðum á Flæmingjagrunni með skipum undir fána annarra þjóða, einkum Eystrasaltsríkjanna.

8.H.5.d. Suðaustur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin (SEAFO).

Frá árinu 1998 hefur verið unnið að undirbúningi stofnunar svæðissamtaka um stjórnun fiskveiða utan lögsögu á Suðaustur-Atlantshafi. Frumkvæði í málinu hefur komið frá strandríkjunum, Suður-Afríku, Namibíu, Angóla og Bretum fyrir hönd smáeyjanna Tristan da Cuhna, Ascensioneyjar og St. Helenu. Að auki hafa Bandaríkin, Rússland, Pólland, Úkraína, Kórea, Japan, Evrópusambandið, Noregur og Ísland tekið þátt í undirbúningi að stofnun samtakanna.

Fulltrúar Íslands hafa setið tvo undirbúningsfundi vegna stofnunar þessara fyrirhuguðu samtaka. Íslensk skip hafa í nokkrum mæli stundað veiðar á því svæði sem hér um ræðir og íslenskir aðilar hafa ítök í útgerð í Namibíu.

Þess er vænst að stofnsamningur samtakanna verði tilbúinn til undirritunar í Windhoek í Namibíu um miðjan maí. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í upphafi ársins 2000 má ætla að kostnaður Íslendinga vegna aðildar að SEAFO gæti numið um tveimur milljónum króna á ári.

Það er sameiginlegt álit utanríkisráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis að rétt sé að Íslendingar taki þátt í þessu svæðisbundna samstarfi um stjórn fiskveiða á Suðaustur-Atlantshafi.

8.H.5.e. Atlantshafstúnfiskveiðiráðið (ICCAT).

Frá árinu 1995 hefur Ísland haft áheyrnaraðild að Atlantshafstúnfiskveiðiráðinu, ICCAT. Áheyrnaraðild fylgir málfrelsi, sem þó er háð mati fundarstjóra, á fundum ráðsins og vinnunefnda sem settar eru á laggirnar á þess vegum. Eitt íslenskt skip, Byr VE 373, hefur stundað veiðar á bláuggatúnfiski undanfarin 2 ár bæði í íslensku efnahagslögsögunni og á alþjóðlegu hafsvæði. Þá hafa japönsk skip stundað tilraunaveiðar samkvæmt sérstöku leyfi í íslenskri lögsögu.

Á vettvangi ICCAT hefur Ísland ítrekað lýst óánægju með núverandi skiptingu veiðiheimilda og lagt áherslu á að tekið verði tillit til réttar strandríkjanna við úthlutun veiðiheimilda. Undir þetta hafa ýmsir aðrir tekið, þeirra á meðal Færeyingar og Marokkómenn. Íslendingar hafa lagt áherslu á að þeir geti ekki samþykkt stjórnunarreglur sem meini þeim að stunda veiðar úr stofni sem gengur inn í lögsögu Íslands.

Innan ICCAT starfar nú vinnuhópur að endurskoðun reglna um úthlutun veiðiheimilda. Verða nýjar reglur ræddar á fundi vinnuhópsins í apríl á þessu ári. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort Ísland sækir um aðild að Atlantshafstúnfiskveiðiráðinu, ICCAT, en ráðið hefur óskað eftir að Ísland gerist aðili.

8.H.5.f. Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC).

Íslendingar gengu úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992. Þá var þess vænst að fleiri ríki myndu fylgja í kjölfarið og ganga úr ráðinu. Sú varð ekki raunin. Síðan hafa Íslendingar sótt

fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúar, en án málfrelsis eins og reglur ráðsins kveða á um.

Innan alþjóðahvalveiðiráðsins er meirihluti aðildarríkjanna fylgjandi algjöru hvalveiðibanni og engin samstaða er um „írsku tillöguna“, sem svo er nefnd, en hún kom frá formanni ráðsins, M. Canny frá Írlandi. Hún gerir ráð fyrir að heimila takmarkaðar veiðar innan efnahagslögsögu en leyfa ekki útflutning hvalafurða. Ekki hefur tekist að ná samkomulagi um endurskoðaða nýtingaráætlun (Revised Management Scheme) og er samkomulag þar um ekki í sjónmáli. Hugsanlegt er að fleiri ríki sem vilja nýta hvalastofna sem þola veiðar gangi í ráðið en ekki er fyrirsjáanlegt, þótt svo verði, að það muni valda straumhvörfum í ráðinu á næstunni.

Í framhaldi af samþykkt Alþingis frá 10. mars 1999 þar sem segir „að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land“ kemur vel til greina að Ísland gangi í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju. Næsti fundur ráðsins verður í Ástralíu í byrjun júlí 2000.

8.H.5.g. Aðrir samningar.

Hinn 15. maí 1999 var undirritaður í St. Pétursborg samningur milli Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs og bókanir þar að lútandi. Var þar með til lykta leiddur ágreiningur ríkjanna þriggja um veiðar íslenskra skipa í Barentshafi á alþjóðahafsvæðinu, sem gegnið hefur undir nafninu „smugan“. Deilur höfðu staðið um þessar veiðar allt frá árinu 1993 er íslensk skip hófu veiðar á svæðinu.

Í tvíhliða bókunum við samninginn kemur fram að árið 1999 fengu Íslendingar rétt til að veiða 8.900 lesta þorskkvóta í Barentshafi, sem skiptist til helminga milli lögsagna Noregs og Rússlands, en það samsvarar 1.86% af leyfilegum heildarafla þorsks í Barentshafi. Norsk skip fengu á sama ári rétt til að veiða 500 lestir af löngu, keilu og blálöngu utan 12 mílna í íslenskri lögsögu á ákveðnum svæðum á tilteknum árstíma.

Samkvæmt bókun bjóða Rússar íslenskum útgerðum tiltekinn hluta þess afla sem veiða má í rússneskri lögsögu til kaups á markaðsverði. Í bókunum við samninginn er miðað við að fari leyfilegur heildarþorskafli í Barentshafi niður fyrir 350 þúsund lestir falli gagnkvæm veiðiréttindi niður. Samningurinn og bókanir við hann gilda út árið 2002. Með þessu samkomulagi var til lykta leidd langvinn deila sem sett hafði svip sinn á samskipti þjóðanna á sjávarútvegssviðinu um nokkurra ára skeið.

Þríhliða rammasamningur milli Íslands, Grænlands og Færeyja um stjórnun veiða, vernd og rannsóknir sameiginlegra karfa- og grálúðustofna hefur beðið undirritunar um skeið. Þess er vænst að samninginn verði unnt að undirrita síðar á árinu 2000.

8.I. MATVÆLA- OG LANDBÚNAÐARSTOFNUN SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (FAO)

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) var stofnuð árið 1945 og var Ísland meðal 45 stofnaðila. Aðildarríki FAO eru nú 180. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að bæta fæðuframleiðslu og lífskjör í aðildarríkjunum með aukinni framleiðslu og betri dreifingu matvæla og landbúnaðarafurða. Stofnunin safnar, greinir, túlkar og dreifir upplýsingum sem snerta næringarfræði, fæðu og landbúnað. Fiskveiðar, sjávarafurðir, fiskeldi og skógrækt eru talin með landbúnaði samkvæmt skilgreiningu stofnunarinnar.

Hagsmunir Íslands á þessum sviðum eru verulegir í heimi þar sem alþjóðasamstarf verður æ mikilvægara og reynt er að ná samstöðu um aukið frelsi í heimsviðskiptum. Hjá FAO er lagt á ráðin og reynt að ná samstöðu um sameiginlegar leikreglur, t.d. um nýtingu auðlinda, framleiðsluhætti og lágmarksgæði fæðu og landbúnaðarafurða. Fyrir Ísland sem fiskveiði- og landbúnaðarþjóð er þessi þátttaka nauðsynleg.

Þátttaka Íslands í FAO hefur verið styrkt á markvissan hátt á síðustu missirum í kjölfar leiðtogafundar stofnunarinnar um fæðuöryggi í Róm árið 1996. Jacques Diouf, framkvæmdastjóri FAO, heimsótti Ísland 1997 og ári síðar var skipaður fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá stofnuninni með aðsetur í París. Starfandi er sérstök FAO-nefnd hér á landi, skipuð af utanríkisráðherra, sem fjallar um málefni stofnunarinnar, miðlar fróðleik um starf hennar hérlendis og sinnir samráði og upplýsingaskiptum við landsnefndir annarra Norðurlanda.

Norðurlöndin hafa um langt skeið haft með sér náið samstarf í málefnum FAO. Í nóvember á síðasta ári tók Ísland að sér auknar skyldur í þessu samstarfi með því að taka í fyrsta sinn sæti í FAO-ráðinu. Með setu í ráðinu hefur Ísland tekið að sér að stýra þeirri málefnavinnu og samstarfi sem er á meðal Norðurlandanna á þessum vettvangi og var af því tilefni opnuð skrifstofa með staðarfulltrúa í Róm sem heyrir undir sendiráð Íslands í París.

Mikilvægasta og metnaðarfyllsta verkefni FAO á næstu árum á rætur að rekja til leiðtogafundarins árið 1996, en þar settu aðildarríkin sér það markmið að fækka hungruðum í heiminum um helming fyrir 2015. Af verkefnum sem tengjast Íslandi beint ber hæst undirbúning fiskveiðiráðstefnu á Íslandi haustið 2001 undir heitinu „Ábyrgar fiskveiðar í vistkerfinu". Umsjón með ráðstefnunni hefur FAO-nefndin. Stefnt er að því að ráðstefnan verði þýðingarmikill liður í að ná alþjóðlegri samstöðu um nýtingu þessa stærsta fæðubúrs heims.

8.J. UNESCO

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, var stofnuð árið 1945, en Íslendingar gerðust aðilar að henni árið 1964. Samkvæmt stofnskrá er hlutverk UNESCO að stuðla að friði og öryggi með því að efla samvinnu þjóða í mennta-, vísinda- og menningarmálum og efla þannig almenna tiltrú og virðingu fyrir réttlæti, lögum og mannréttindum, án tillits til trúarbragða, kynþáttar, kynferðis eða tungumála eins og tekið er fram í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna sjálfra. UNESCO er opin öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna.

Markmiðum sínum leitast UNESCO m. a. við að ná með því að efla almannafræðslu og stuðla að því, að allir eigi jafnan rétt til náms. Enn fremur með samvinnu þjóða um útbreiðslu þekkingar og skilnings manna á meðal og með því að aðstoða aðildarlönd við að byggja upp menntakerfi sem henta á hverjum stað. UNESCO hefur einnig forystu um verndun menningararfleifðar heimsbyggðarinnar. Á síðustu árum hafa tvær viðamiklar skýrslur á vegum stofnunarinnar sett mark sitt á starf hennar; annars vegar um menntun á 21. öld (Education for the 21st Century) undir ritstjórn Jacques Delors og hins vegar um menningu og þróun (Our Creative Diversity) undir ritstjórn Peres de Quellar. Gagnrýnisraddir í garð UNESCO eru nú að mestu hljóðnaðar og traust aðildarþjóða og virðing fyrir stofnuninni hefur verið endurreist.

Menntamálaráðuneytið fer með faglega umfjöllun í málum er varða UNESCO. Sendiherra Íslands í Parísarborg er jafnframt fastafulltrúi hjá stofnuninni. Fastanefndin fylgist almennt með umræðum í stofnuninni og tekur þátt í starfsemi hennar, sem er sérstaklega krefjandi, þegar aðalráðstefnan stendur yfir. Þátttaka Íslands í starfsemi stofnunarinnar fer vaxandi. Á vettvangi hennar hafa Íslendingar lagt öðrum þjóðum til þekkingu, ráðgjöf og aðstoð, t.d. á sviði jarðvarma og kennslufræði. Árið 1995 bauð Ísland til Evrópufundar UNESCO um málefni kvenna í verkefnaáætluninni, en stofnunin hefur samþykkt sérstaka áætlun um jafna stöðu kynjanna, enda ærin verkefni í þeim efnum þar sem konur eru tveir þriðju ólæsra í heiminum.

Ísland átti sæti í framkvæmdaráði fyrir hönd Norðurlanda 1983–1987. Nú er til athugunar hugsanlegt framboð til framkvæmdaráðsins á aðalráðstefnu UNESCO haustið 2001.

Á Íslandi starfar landsnefnd UNESCO, skipuð af menntamálaráðherra, sem sinnir málefnum stofnunarinnar, miðlar fróðleik um starf stofnunarinnar innan lands og sinnir samráði og upplýsingaskiptum við landsnefndir annarra Norðurlanda. Á vegum nefndarinnar er unnið að ýmsum verkefnum. Nefndin sinnir einnig árlegum UNESCO-styrkjum, sem stofnunin veitir til ýmissa verkefna á Íslandi, sem tengjast verkefnaáætlun hennar. Fyrsti styrkurinn, skömmu eftir að Ísland gerðist aðili að UNESCO, fór til Stofnunar Árna Magnússonar til þess að ljósmynda íslensk handrit í söfnum erlendis.

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, hefur um hríð gegnt veigamiklu hlutverki hjá UNESCO. Hún er forseti heimsnefndar um siðgæði í tækni og vísindum, en til umfjöllunar hjá nefndinni eru mörg málefni, sem hafa ekki aðeins mikla þýðingu í þróun vísinda í framtíðinni, heldur eru einnig viðkvæm pólitísk deilumál, t.d. ferskvatnsvandi heimsins. Vigdís Finnbogadóttir er einnig sérstakur sendiherra stofnunarinnar fyrir tungumál heimsins.

Ljóst er að Ísland getur sótt meira til UNESCO en gert hefur verið, sérstaklega á sviði vísinda. Starfsemi stofnunarinnar á sviði jarðvísinda og haffræðirannsókna (IOC) getur komið Íslandi að gagni og Íslendingar gætu jafnframt lagt þar ýmislegt af mörkum, ekki síst hvað varðar starfsemi UNESCO á sviði skólamála, námsefnisgerðar og skipulagningar menntakerfa. Starf UNESCO á sviði verndunar menningararfleifðarinnar (World Heritage Foundation) hefur einnig þýðingu fyrir viðleitni til að varðveita bæði menningarsögulegar og náttúrulegar minjar. Ísland gerðist aðili að því starfi í desember 1995.

8.J.1. Alþjóðahaffræðinefndin (IOC).

Alþjóðahaffræðinefndin var stofnsett árið 1960 og starfar sem sjálfstæð stofnun innan UNESCO. Nú eru 125 ríki aðilar að henni. Hlutverk IOC er samkvæmt stofnskrá að þróa, samhæfa og efla alþjóðlegar rannsóknir á hafinu, á strandsvæðum og miðla upplýsingum til aðildarríkja. IOC á meðal annars og rekur öfluga gagnabanka með upplýsingum um hvers kyns efni sem tengjast hafinu og hefur aðstoðað aðildarþjóðir við að koma sér upp aðstöðu til haffræðirannsókna. IOC hefur í samvinnu við aðrar stofnanir S. þ., eins og t.d. FAO og UNEP, rannsakað hafið sem forðabúr og kannað umhverfisvandamál og mengunarvarnir. Starf IOC á sviði sjálfbærrar þróunar og varðandi nýtingu náttúruauðlinda tengist hafréttarsamningnum.

Bein þátttaka Íslands í störfum IOC hefur ekki verið mikil til þessa, en þó má geta þess að náið samstarf er milli IOC og Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES), sem Íslendingar taka virkan þátt í.

9. HAFRÉTTARMÁL

9.A. HAFRÉTTARMÁL Á VEGUM SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

9.A.1. Hafréttarsamningurinn.

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna, sem samþykktur var 10. desember 1982, er fyrsti og eini heildstæði alþjóðasamningurinn á sviði hafréttar. Með honum voru settar eða staðfestar reglur um öll not hafsins og tekur hann til allra hafsvæða, þar á meðal loftrýmisins yfir þeim og hafsbotnsins og botnlaganna undir þeim. Samningurinn fjallar m.a. um landhelgi, efnahagslögsögu, landgrunn, úthafið og alþjóðlega hafsbotninn, réttindi strandríkja og annarra ríkja til fiskveiða, annarrar auðlindanýtingar, siglinga og flugs, verndun gegn mengun hafsins og lausn deilumála.

Ísland fullgilti hafréttarsamninginn 21. júní 1985 og var fyrsta Evrópuríkið til þess. Ýmsar breytingar voru gerðar á ákvæðum samningsins um alþjóðlega hafsbotninn með

samningi um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamningsins sem samþykktur var 28. júlí 1994. Markmiðið með breytingunum var að gera iðnríkjum kleift að gerast aðilar að hafréttarsamningnum. Samningurinn öðlaðist gildi 16. nóvember 1994 og eru aðildarríki hans nú 132 talsins. Samningurinn sem slíkur bindur ekki önnur ríki, en flest ákvæði hans hafa stöðu þjóðréttarvenju og eru því bindandi fyrir öll ríki heims.

Á grundvelli hafréttarsamningsins eru haldnir reglulega fundir aðildarríkja samningsins. Er þar einkum fjallað um rekstrar-, skipulags- og fjármál.

Eftir að grunnur að hafréttinum hefur nú verið lagður má gera ráð fyrir að helstu laga- og tæknilegum viðfangsefnum hafréttarins verði eftirleiðis vísað til þeirra stofnana sem settar hafa verið á laggirnar samkvæmt hafréttarsamningnum: Alþjóðlega hafréttardómsins, Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og Landgrunnsnefndarinnar. Stofnanirnar hafa þegar sett sér starfsreglur og tekið til starfa.

Alþjóðlegi hafréttardómurinn hefur fengið fimm mál til meðferðar og leyst úr þeim með skilvirkum hætti. Dómurinn hefur aðsetur í Hamborg og er Guðmundur Eiríksson á meðal 21 dómara sem sæti eiga í honum. Alþjóðahafsbotnsstofnunin, sem hefur aðsetur í Kingston á Jamaíka, hefur lokið fyrstu umræðu um reglur um námuvinnslu (Mining Code).

Landgrunnsnefndin hefur samþykkt vísindalegar og tæknilegar viðmiðunarreglur og er nú reiðubúin að taka við upplýsingum frá strandríkjum um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna og gera tillögur þar að lútandi. Ekkert ríki hefur enn lagt slíkar upplýsingar fyrir nefndina en alls munu um 30 ríki eiga rétt til landgrunns utan 200 sjómílna. Samkvæmt hafréttarsamningnum skal strandríki leggja upplýsingar um mörk landgrunns síns fyrir nefndina innan 10 ára frá gildistöku samningsins að því er viðkomandi ríki varðar.

9.A.2. Úthafsveiðisamningurinn.

Í kjölfar aukinnar ásóknar í fiskstofna utan efnahagslögsögunnar var knúið á um að gerður yrði samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamningsins um deilistofna og víðförula fiskstofna og var slíkur samningur í höfn 4. ágúst 1995. Samningurinn, sem nefndur hefur verið úthafsveiðisamningurinn, skapar ramma um samstarf strandríkja og úthafsveiðiríkja á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistofnana um verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim. Sérstök réttindi strandríkja eru viðurkennd í samningnum og í honum felast takmarkanir á hefðbundnu frelsi til fiskveiða á úthafinu.

Ísland fullgilti úthafsveiðisamninginn 14. febrúar 1997, en meðal annarra ríkja sem það hafa gert eru Noregur, Rússland, Bandaríkin og Kanada. Aðildarríki samningsins eru nú alls 25. Hann öðlast gildi þegar 30 ríki hafa fullgilt hann og er þess væntanlega ekki langt að bíða.

Þótt samningurinn hafi enn ekki öðlast gildi hafa ákvæði hans engu að síður haft mikil áhrif á starf svæðisbundinna fiskveiðistofnana á undanförnum árum. Á þetta m.a. við um starf Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar (NAFO).

9.A.3. Mikilvægi samninganna — umfjöllun um hafréttarmál.

Hagsmunir Íslands sem strandríkis, sem á mikið undir nýtingu lifandi auðlinda hafsins, eru vel tryggðir í hafréttarsamningnum og úthafsveiðisamningnum. Af Íslands hálfu hefur, í samræmi við þetta, verið lögð á það áhersla að í hafréttarmálum beri að vinna á grundvelli þeirra samninga sem gerðir hafa verið og að mikilvægt sé að ákvæðum þeirra sé framfylgt.

Jafnframt hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á að ekki beri að opna að nýju mál sem þegar hafa verið afgreidd, enda þjónar það ekki okkar hagsmunum. Einstök ríki og ríkja-

hópar, sem telja á sig hallað í einstökum málum, hafa hins vegar haft ríka tilhneigingu í þessa átt. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að niðurstaða hafréttarráðstefnunnar fól í sér pakkalausn þar sem einstök ríki fengu sitt fram á sumum sviðum en urðu að gefa eftir á öðrum. Í úthafsveiðisamningnum felst og hárfínt jafnvægi milli hagsmuna strandríkja og úthafsveiðiríkja.

Efnisleg umfjöllun um hafréttarmál fer einkum fram á allsherjarþinginu. Æ fleiri alþjóðastofnanir, þ.m.t. sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna, láta þó hafréttarmál til sín taka með einum eða öðrum hætti. Tryggja þarf að starf þessara stofnana sé samræmt og að ákvæði hafréttarsamningsins séu virt, en nokkur misbrestur hefur verið á því. Allsherjarþingið hefur hér mikilvægu hlutverki að gegna.

Á 54. allsherjarþinginu var samþykkt ályktun um að koma á fót nýjum samráðsvettvangi sem ætlað er að undirbúa umfjöllun allsherjarþingsins um málefni hafsins. Ísland tók virkan þátt í gerð ályktunarinnar og hafði þar framangreind sjónarmið að leiðarljósi. Í ályktuninni er m.a. viðurkennt að hafréttarsamningurinn skapi hinn lagalega ramma um starf hins nýja vettvangs og áréttað mikilvægi þess að standa vörð um ákvæði hans. Nánar er fjallað um hinn nýja samráðsvettvang um málefni hafsins í 8. kafla.

9.B. LÖGSÖGUMÁL

9.B.1. Afmörkun efnahagslögsögunnar.

Við útfærslu efnahagslögsögunnar í 200 sjómílur árið 1975 ákváðu Íslendingar að nota Grímsey og Kolbeinsey sem viðmiðunarpunkta við ákvörðun miðlínu milli Íslands og Grænlands og Hvalbak sem viðmiðunarpunkt við ákvörðun miðlínu milli Íslands og Færeyja. Danmörk gerði fyrirvara við þessa ákvörðun fyrir hönd Grænlands og Færeyja og ákvarðaði miðlínurnar miðað við grunnlínur landanna án tillits til áðurnefndra eyja. Þar með urðu til tvö umdeild hafsvæði, annars vegar milli Íslands og Grænlands og hins vegar milli Íslands og Færeyja.

Ágreiningur landanna hafði legið í láginni um árabil en kom upp á ný sumarið 1996 þegar dönsk skip hófu loðnuveiðar á umdeilda svæðinu norður af Kolbeinsey. Í kjölfarið fóru fram samningaviðræður milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar á grundvelli 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, er gerir ráð fyrir að afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns milli Íslands og annarra landa skuli eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi lönd.

Sumarið 1997 náðist samkomulag um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Grænlands. Í samkomulaginu, sem tók bæði til afmörkunar fiskveiðilögsögu og landgrunns, fólst viðurkenning á fullum áhrifum Grímseyjar við afmörkunina, en umdeilt hafsvæði vegna Kolbeinseyjar skiptist þannig að Ísland fékk 30% í sinn hlut og Grænland 70%. Samkomulagið var fært í formlegan búning með samningi sem undirritaður var 11. nóvember 1997 og nær hann til allrar miðlínunnar milli Íslands og Grænlands.

Forsenda þess að unnt væri að tilgreina austasta punkt markalínunnar milli lögsögu Íslands og Grænlands var að samkomulag tækist milli Íslands, Grænlands og Noregs um skiptingu lítils þríhyrnds hafsvæðis þar sem lögsaga Íslands, Grænlands og Jan Mayen skarst. Haustið 1997 náðist samkomulag um að skipta þessu svæði þannig að 35% kæmu í hlut Íslands, 35% í hlut Grænlands og 30% í hlut Noregs.

Ekki hefur enn náðst samkomulag um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja, en samningaviðræðum um það mál verður haldið áfram. Aðstæður á þessu hafsvæði eru á margan hátt frábrugðnar aðstæðum á hafsvæðinu milli Íslands og Grænlands og er tekið fram

í samningnum milli Íslands og Grænlands að hann hafi ekki fordæmisgildi að því er varðar afmörkun fyrrnefnda hafsvæðisins.

Þriðja umdeilda hafsvæðið var á mörkum íslensku efnahagslögsögunnar og bresku fiskveiðilögsögunnar sem miðuð var við klettinn Rockall. Sumarið 1997 gerðist Bretland aðili að hafréttarsamningnum og lýstu þarlend stjórnvöld því þá yfir að þau féllu frá tilkalli til 200 sjómílna fiskveiðilögsögu umhverfis Rockall þar sem hún samræmdist ekki ákvæðum samningsins. Í kjölfarið voru gerðar viðeigandi breytingar á bresku lögsögunni og er ágreiningur um mörk íslensku efnahagslögsögunnar í suðri þar með úr sögunni.

9.B.2. Afmörkun landgrunns utan 200 sjómílna.

Með reglugerð nr. 196/1985 var landgrunn Íslands utan 200 sjómílna afmarkað til suðurs. Voru ákvæði 76. gr. hafréttarsamningsins um skilgreiningu á landgrunninu lögð til grundvallar. Meðal þeirra svæða er falla undir íslenska landgrunnið samkvæmt reglugerðinni er Hatton Rockall svæðið, en auk Íslands hafa Danmörk f.h. Færeyja, Bretland og Írland gert kröfu til svæðisins.

Eins og getið er um að framan skulu strandríki, samkvæmt hafréttarsamningnum, leggja upplýsingar um mörk landgrunns þeirra utan 200 sjómílna fyrir Landgrunnsnefndina innan 10 ára frá gildistöku samningsins að því er viðkomandi ríki varðar. Nefndin skal gera tillögur til strandríkja þar að lútandi og eru mörk landgrunnsins, sem strandríki ákveður á grundvelli þessara tillagna, endanleg og bindandi. Frestur Íslands til þess að leggja upplýsingar fyrir nefndina er til 16. nóvember 2004.

10. ÞRÓUNARSAMVINNA

10.A. TVÍHLIÐA ÞRÓUNARAÐSTOÐ

Hlutverk Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) er skilgreint í lögum nr. 43/1981. Samkvæmt 2. gr. laganna skal stofnunin „vinna að samstarfi Íslands við þróunarlöndin. Markmið þess samstarfs skal vera að styðja viðleitni stjórnvalda í löndum þessum til að bæta efnahag þeirra og á þann veg eiga þátt í að tryggja félagslegar framfarir og stjórnmálalegt sjálfstæði þeirra á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur skal að því stefnt með auknum samskiptum, m.a. á sviði menningar og viðskipta, að efla gagnkvæman skilning og samstöðu Íslands og þróunarlandanna".

Í 3. gr. laganna er talið upp með hvaða hætti stofnunin skuli ná markmiðum sínum. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur leitast við að starfa samkvæmt þessum ábendingum og reynt að sinna nær öllum þeim atriðum sem þar eru talin upp. Hefur hún lagt sig fram við að uppfylla skyldur laganna og framkvæmdir á hennar vegum hafa verið í samræmi við þá takmörkuðu fjármuni sem stofnuninni hefur framundir þetta verið úthlutað.

Stjórn ÞSSÍ setti sér fyrst heildstæð starfsmarkmið og mótaði stefnu sína í grundvallaratriðum árið 1985. Þessi stefnumið hafa tvisvar verið endurskoðuð, síðast árið 1995. Grundvallarsjónarmiðin hafa í sjálfu sér ekki mikið breyst enda felst í þeim undirstaða allrar þróunarsamvinnu, svo sem að „hjálpa fátækum þjóðum heims, sérstaklega verst settu þjóðfélagshópunum, til sjálfsbjargar með því að stuðla að varanlegum framförum í atvinnulífi, nýtingu og vernd auðlinda ásamt því að bæta lýðræði og mannréttindi".

Framlög iðnríkja til þróunaraðstoðar hafa dregist nokkuð saman á undanförnum árum. Veldur þetta töluverðum áhyggjum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega meðal þróunarríkjanna. Ísland er eitt fárra ríkja sem er að auka sína þróunaraðstoð en ríkisstjórnin ákvað að þrefalda framlög til tvíhliða þróunaraðstoðar á fimm ára tímabili frá 1999–2003.

Í tvíhliða þróunaraðstoð Íslands hefur töluverð áhersla verið lögð á verkefni til þess ætluð að bæta hag kvenna og stuðla þar með að auknu jafnrétti kynjanna.

Á síðustu missirum hafa umsvif Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vaxið umtalsvert í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að þrefalda fjárveitingar til stofnunarinnar á árabilinu 1998 til 2003. Helstu samstarfslönd stofnunarinnar eru Namibía, Malaví og Mósambík en starfsemi á Grænhöfðaeyjum verður hætt. Í undirbúningi er að hefja samstarf við nýtt land í sunnanverðri Afríku á þessu eða næsta ári. Enn sem fyrr eru fiskimálaverkefni áberandi í starfinu en heilsugæsla og menntamál eru verkefnissvið sem aukin áhersla er lögð á, m.a. í samvinnu við Rauða kross Íslands og fleiri íslensk félagasamtök. Um 20 Íslendingar starfa nú hjá stofnuninni í Afríku, aðallega við þjálfun, kennslu og rannsóknir. Langtímaáætlun fyrir starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hefur verið borin undir utanríkisráðuneytið og samþykkt af stjórn stofnunarinnar.

10.B. MARGHLIÐA ÞRÓUNARAÐSTOÐ

10.B.1. Alþjóðabankinn (IBRD).

Ísland gerðist stofnaðili að Alþjóðabankanum (International Bank for Reconstruction and Development – IBRD) ásamt 28 öðrum ríkjum árið 1945. Bankinn hafði það að markmiði að stuðla að endurreisn og þróun landssvæða eftir hörmungar seinni heimstyrjaldarinnar. Þegar því uppbyggingarstarfi lauk breyttust áherslur bankans og veitir hann nú eingöngu lán til þróunarríkja.

Systurstofnanir bankans eru fjórar:

Alþjóðalánastofnunin (International Finance Corporation – IFC) sem sett var á stofn árið 1955. Hlutverk hennar er að örva vöxt einkaframtaks með því að eiga hlut að framkvæmdum í þróunarlöndum þar sem ekki er tiltækt nægilegt einkafjármagn.

Alþjóðaframfarastofnunin (International Development Association – IDA) sem tók til starfa árið 1960. Markmið IDA er að stuðla að efnahagslegum framförum í þróunarlöndum. Hún lánar einvörðungu fátækustu ríkjum heims, oft á sérstökum vildarkjörum. Lánin geta verið vaxtalaus til allt að 40 ára, án afborgana fyrstu 10 árin.

Alþjóðlega stofnunin til lausnar fjárfestingardeilum (The International Center for Settlement of Investment Disputes – ICSID) sem stofnuð var 1965. Tilgangur hennar er að veita þjónustu til lausnar fjárfestingardeilum milli aðildarríkja og þegna annarra aðildarríkja. Þannig er stofnuninni ætlað að ýta undir alþjóðlegar fjárfestingar.

Alþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin (Multilateral Investment Guarantee Agency – MIGA) sem sett var á fót 1988 með það fyrir augum að auðvelda þróunarríkjum að útvega fé til fjárfestinga.

Í daglegu tali er rætt um Alþjóðabankann (World Bank) og er þá átt við IBRD og IDA. Ef talað er um Alþjóðabankahópinn (The World Bank Group) er átt við allar stofnanirnar fimm, bankann og systurstofnanirnar fjórar. Ísland gerðist aðili að MIGA árið 1998 og er þar með aðili að öllum þessum stofnunum.

10.B.2. Almennt.

Á nokkrum undangengnum árum hafa áherslur í starfsemi Alþjóðabankans breyst verulega. Nú er lögð aukin áhersla á samfélagslega uppbyggingu, svo sem á sviði menntunar og heilbrigðisþjónustu. Bankinn hefur veitt þróunarlöndum aukna aðstoð við endurskipulagningu opinberra stofnana og bætt stjórnarfar almennt. Umhverfismálum er aukinn gaumur gefinn og um þessar mundir fer fram gagnger endurskoðun á umhverfisstefnu bankans.

Um áramótin lauk tveggja og hálfs árs átaki til að bæta innri skipulagningu Alþjóðabankans. Þessi endurskipulagning hefur meðal annars leitt til þess að í framtíðinni verður meiri áhersla lögð á aðstoð til handa fátækustu íbúum þróunarríkja. Stjórnun hefur verið gerð skilvirkari með dreifðri ábyrgð deilda bankans og skrifstofur hans í þróunarríkjum hafa verið styrktar. Þetta á að gera bankanum betur kleift að takast á við þau ólíku verkefni sem hann fæst við á ólíkum menningarsvæðum.

Síðustu missirin hafa stjórnendur Alþjóðabankans í auknum mæli beitt sér fyrir auknu og bættu samstarfi við aðrar þróunarstofnanir annars vegar og auknu og bættu samstarfi þróunarstofnana og þróunarríkja hins vegar. Með þetta fyrir augum var í upphafi árs 1999 hrundið af stað sérstöku átaki sem náði til 13 þróunarlanda. Markmiðið var að virkja forystumenn þessara landa til að taka forystu og frumkvæði í eigin málum og leggja mat á hvar skórinn kreppir, meðal annars í samvinnu við frjáls félagasamtök, samtök atvinnulífsins og menntastofnanir. Að átakinu komu alþjóðlegar tvíhliða þróunarstofnanir sem veita tækni- og fjárstuðning. Í framhaldinu verður þróunarverkefnum síðan raðað í forgangsröð sem byggist á mati heimamanna.

Forseti Alþjóðabankans, James D. Wolfensohn, sem setið hefur síðan 1995, var í haust sem leið endurskipaður til næstu fimm ára.

10.B.3. Norrænt samstarf í málefnum Alþjóðabankans.

Undanfarin ár hefur Ísland látið æ meira að sér kveða í starfi og stefnumótun Alþjóðabankans. Árin 1997 og 1998 leiddi Ísland starfið í þróunarnefnd bankans fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í fyrsta skipti. Nú skipar Íslendingur stöðu aðstoðarmanns á skrifstofu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í bankanum í Washington, næstu tvö árin kemur staða ráðgjafa á skrifstofunni í okkar hlut og árið 2003 fellur staða aðalfulltrúa í stjórn bankans til ársins 2006 okkur í skaut.

Samskipti utanríkisráðuneytisins við skrifstofuna í Washington eru náin, enda er það eitt af markmiðum hennar að upplýsa aðildarlöndin um gang mála hjá bankanum. Annars byggist daglegt fyrirkomulag hins norræna samstarfs á samræmingarstarfi, sem meðal annars fer fram á vikulegum símafundum þar sem farið er yfir helstu mál sem stjórn bankans fjallar um. Að auki eru haldnir þrír embættismannafundir árlega.

10.B.4. Heimsókn forseta Alþjóðabankans.

Wolfensohn, forseti Alþjóðabankans, heimsótti Ísland í júní 1998 og var gestur á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Hann sat jafnframt fund með utanríkisráðherra Íslands þar sem farið var yfir samstarf Íslands og Alþjóðabankans. Wolfensohn gerði grein fyrir áhuga sínum á að byggja upp þekkingu á sem allra flestum sviðum í Alþjóðabankanum og hvernig Íslendingar gætu komið að þeirri uppbyggingu.

10.B.5. Þróunarnefnd Alþjóðabankans.

Málin sem voru efst á baugi á árunum 1997 og 1998, þegar Ísland leiddi starfið fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, voru niðurfelling skulda fátækustu ríkja heims (HIPC), sem nánar er fjallað um hér á eftir, og viðbrögð við efnahagskreppunni í Asíu og hlutverk Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í slíkri kreppu. Umræða um aukna áherslu á samvinnu við aðrar alþjóðlegar þróunarstofnanir var fyrirferðarmikil og síðast en ekki síst fór fram ákveðin stefnumótun í baráttunni gegn spillingu og um leið baráttu fyrir bættu stjórnarfari í þróunarlöndum.

10.B.6. Niðurfelling skulda fátækustu ríkja heims.

Í haust sem leið ákvað ríkisstjórnin að taka þátt í niðurfellingu skulda fátækustu ríkja heims og mun á næstu árum greiða rúmar 200 milljónir króna í sérstakan sjóð – HIPC Trust Fund – á vegum Alþjóðabankans, sem verður notaður í þessu skyni. Þessar greiðslur bætast við aðrar greiðslur til Alþjóðabankans, til dæmis IDA framlagið, sem er um 60 milljónir króna á ári um þessar mundir. Ísland ásamt öðrum Norðurlöndum, leggur ríka áherslu á að iðnríki heims taki þátt í HIPC-átakinu og láti það ekki bitna á annarri þróunaraðstoð með tilfærslu framlaga.

Norðurlöndin hafa í bili ákveðið að halda að sér höndum með greiðslur í HIPC-sjóðinn þar til línur skýrast varðandi framlög annarra iðnríkja. Meðal annars er beðið eftir Bandaríkjamönnum. Tillaga ríkisstjórnar þeirra um fjárveitingu, sem renna átti í sjóðinn á þessu ári, var felld í fulltrúadeild Bandaríkjaþings. Fyrir liggur tillaga frá stjórn Clintons um afgreiðslu málsins á fjáraukalögum þessa árs. Einnig leggur stjórnin þunga áherslu á að fjárveiting fáist á fjárlögum 2001. Útkomunnar er beðið með nokkurri eftirvæntingu.

Vonast er til að HIPC-átakið muni gera fátækustu ríkjum heims kleift að nota þá fjármuni, sem hingað til hafa farið í afborganir skulda, til að ýta undir hagvöxt, berjast gegn fátækt og treysta innviði sína. Megnið af tekjum margra fátækustu ríkja heims hefur um árabil farið í að borga skuldir. Svigrúm til að byggja upp menntakerfi og heilsugæslu, svo dæmi séu tekin, hefur þar af leiðandi ekkert verið. Þar er þó um að ræða meginstoðir í baráttu gegn fátækt og vágestum eins og alnæmi þar sem fræðsla og forvarnir eru lykilorð.

10.B.7. Jarðhitaskóli og Sjávarútvegsskóli.

Íslendingar hafa um árabil átt gott samstarf við Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur starfað hér á landi síðan 1979. Í ljósi góðrar reynslu af Jarðhitaskólanum var Íslendingum falið að setja á stofn Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem tók til starfa 1998.

10.B.8. Annað samstarf Norðurlanda á sviði þróunarmála.

Samstarf Norðurlandanna á sviði marghliða þróunarmála hefur verið mikið og gott. Ráðherra- og embættismannafundir eru haldnir reglulega. Á þeim er leitast við að stilla saman strengi. Norðurlöndin tala gjarnan einum rómi í alþjóðastofnunum, svo sem Alþjóðabankanum og Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), og ná með því móti að hafa veruleg áhrif á stefnumótun þeirra. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) er fjármagnaður með framlögum Norðurlanda til þróunarmála. Sjóðurinn lánar fé á vildarkjörum og til langs tíma og eingöngu til verkefna sem til framfara horfa í fátækustu ríkjum heims. Óhætt er að segja að NDF hafi aflað sér virðingar á alþjóðavettvangi fyrir skilvirkni og er hann nú eftirsóttur samstarfsaðili annarra alþjóðlegra þróunarsjóða, sem starfa undir sömu eða svipuðum formerkjum.

11. AÐSTOÐ VIÐ FLÓTTAMENN OG STRÍÐSHRJÁÐ RÍKI

Vandi flóttamanna í heiminum verður sífellt áleitnara og erfiðara viðfangsefni. Íslendingar hafa á síðustu árum í reynd snúið við blaðinu frá því sem áður var og stóraukið þátttöku sína í alþjóðlegri viðleitni til hjálpar flóttafólki. Ísland var í hópi fyrstu ríkja í heiminum til að taka á móti flóttamönnum frá Kósóvó eftir að þeir tóku að streyma frá heimkynnum sínum. Þaðan komu hingað til lands 77 flóttamenn í fyrra. Þeim var boðin hér ótímabundin vist svo lengi sem þeir töldu sig þurfa á gistivináttu okkar að halda. Tæplega helmingur þeirra hefur nú snúið heim á leið. Opinberir aðilar, einstaklingar og samtök hafa

lagst á eitt um að auðvelda þeim sem eftir eru dvölina hér og aðlögun að íslensku samfélagi. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur verið kynnt sérstaklega það kerfi stuðningsfjölskyldna við nýkomna flóttamenn, sem komið hefur verið upp hér á landi, og hefur það þótt áhugavert. Gert er ráð fyrir að 20–25 flóttamönnum frá fyrrum lýðveldum Júgóslavíu verði boðið hingað síðar á árinu.

Flóttamenn í heiminum skipta nú tugum milljóna og margir þeirra búa við afar kröpp kjör og hinar erfiðustu aðstæður. Draumar þeirra flestra snúast um lítið annað en að komast heim til sín aftur. Allur þorri flóttamanna í heiminum býr í Mið-Austurlöndum, Asíu og Afríku, en aðeins lítill minnihluti þeirra er í Evrópu. Sérstakur vandi flóttamanna í Evrópu hefur hins vegar orðið að vaxandi áhyggjuefni á síðari árum. Því er ekki að neita að hjá almenningi í mörgum löndum álfunnar gætir nú mikillar þreytu á straumi flóttamanna, sem í nokkrum ríkjum álfunnar má telja í hundruðum þúsunda. Gagnar þá stundum lítið að benda á þá staðreynd að flóttamennirnir sjálfir eru ekki vandamálið, heldur þær aðstæður sem ollu flótta þeirra. Í þessum efnum geta Íslendingar það best lagt til mála að taka á móti svo mörgum sem við treystum okkur til á hverjum tíma og umfram allt að reynast þeim vel sem hingað koma.

Grundvallaratriði í þessum efnum er að stuðla að uppbyggingu á svæðum sem fólk hefur flúið vegna ófriðar og gera flóttamönnum með því mögulegt að snúa heim eftir að friður hefur komist á. Íslensk stjórnvöld hafa lagt fé til þriggja verkefna af þessu tagi að undanförnu og eru með það fjórða í undirbúningi. Á Austur-Tímor hafa íslensk stjórnvöld veitt styrk til uppbyggingarstarfs og friðargæslu að upphæð 1,2 milljónir króna. Tvöfalt hærri upphæð, eða 2,4 milljónir króna, var veitt til verkefna við Kvennahúsið í Sarajevó í Bosníu, en á vegum þess er rekin margvísleg starfsemi til hagsbóta fyrir konur í Bosníu. Í Bosníu hafa íslensk stjórnvöld einnig styrkt á síðustu árum stoðtækjaverkefni í samvinnu við Alþjóðabankann. Íslendingar hafa skuldbundið sig til að leggja fram allt að eitt þúsund stoðtæki og um leið höfum við boðist til að veita framhaldsaðstoð við notendur stoðtækjanna til að minnsta kosti þriggja ára. Við uppbygginguna í Kósóvó vilja íslensk stjórnvöld leggja áherslu á aðstoð við konur og börn í samvinnu við íslensk mannúðarsamtök.

Skipuleg alþjóðleg aðstoð við fólk sem lendir í neyð vegna náttúruhamfara eða stríðsátaka hefur farið vaxandi þótt enn vanti oft mikið á að nægjanlega hratt og skipulega sé brugðist við. Vonir standa til að skipulag á þessum málum geti batnað með þeirri endurskoðun sem fram hefur farið á starfi Sameinuðu þjóðanna að þessum málum. Oft eru það þó einstök ríki og alþjóðleg mannúðarsamtök sem leggja mest af mörkum þegar neyð knýr skyndilega dyra. Íslensk stjórnvöld hafa reynt að bregðast við þeirri sameiginlegu ábyrgð sem vel stæð samfélög verða að axla í þessum efnum, og í nokkrum tilvikum hafa þau veitt fé til neyðaraðstoðar. Vegna hörmunganna í Kósóvó í fyrra voru veittar 10 milljónir króna í neyðaraðstoð, að hluta til í gegnum Rauða Kross Íslands, og sömu upphæð var varið til matvælaaðstoðar í Rússlandi í samvinnu við Rauða Kross Íslands. Hjálpargögn voru einnig send til Makedóníu.

Á síðasta ári sendu íslensk stjórnvöld í fyrsta sinn björgunarsveit til starfa í öðru ríki þegar utanríkisráðuneytið, í samvinnu við Almannavarnir og Slysavarnarfélagið Landsbjörgu, sendi níu manna sveit til leitar að fólki í rústum húsa eftir jarðskjálftana í Tyrklandi. Í framhaldi af þessu hefur farið af stað vinna við stofnun alþjóðlegrar björgunarsveitar á Íslandi. Sveitin verður á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, en utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra hafa undirritað samning um samstarf við félagið um þátttöku sveitarinnar í alþjóðlegum björgunaraðgerðum á neyðarsvæðum.

Ísland gerðist á síðasta ári aðili að UNDAC, sem er samræmingarmiðstöð Sameinuðu þjóðanna um neyðaraðstoð, en þetta var gert í samvinnu við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu. Tveir íslenskir sérfræðingar hafa verið útnefndir til þátttöku þegar miðstöðin kallar eftir mati á þörfum fyrir neyðaraðstoð.

12. MENNINGAR- OG UPPLÝSINGAMÁL

Íslenska utanríkisþjónustan hefur frá upphafi starfað að kynningu á íslenskri menningu erlendis í samræmi við lög um hlutverk utanríkisþjónustunnar. Sérstakur viðauki um hluta þeirrar starfsemi fylgir.

12.A. UPPLÝSINGAMÁL

Markviss notkun veraldarvefsins mun hafa vaxandi þýðingu fyrir starfsemi utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofa Íslands í nánustu framtíð. Vefurinn þróast hratt og er mikilvægt að fylgjast vel með á hvern hátt tækninýjungar á upplýsingasviði geta best þjónað hagsmunum okkar í framtíðinni.

Um þessar mundir er stefnt að því að gera vefsetur utanríkisráðuneytisins að enn öflugra tæki í þágu íslenskra hagsmuna og upplýsingamiðlunar um íslensk utanríkismál og starfsemi utanríkisráðuneytisins. Heimasíða ráðuneytisins, www.mfa.is er í stöðugri þróun og sýna tölur um heimsóknir á vefinn að hún er á meðal mest sóttu heimasíðna stjórnarráðsins.

Utanríkisráðuneytið vinnur að þróun samræmdrar heimasíðu fyrir allar sendiskrifstofur Íslands erlendis. Stefnt er að því að opna vefsíður fyrir öll sendiráð fyrir mitt þetta ár. Á heimasíðunum verður að finna grundvallarupplýsingar um Ísland og íslensk málefni með tengingum í aðra sértækari upplýsingavefi. Nokkur sendiráð Íslands erlendis hafa þegar komið á laggirnar eigin heimasíðum á veraldarvefnum með góðum árangri. Tilurð heimasíðna hjá einstökum sendiráðum hefur dregið úr vinnuálagi á sendiskrifstofum, sem oft eru undirmannaðar, og aukið svigrúm starfsmanna til að takast á hendur önnur verkefni.

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins opnaði í upphafi árs eigin heimasíðu, eins og fyrr greinir, þar sem áhersla er lögð á að veita íslenskum fyrirtækjum upplýsingar og margvíslega fyrirgreiðslu varðandi útflutning. Hefur þessi nýja þjónusta hlotið góðar undirtektir.

Utanríkisráðuneytið tekur þátt í undirbúningsstarfi á vegum verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið vegna uppsetningar á nýjum upplýsingavef um Ísland á ensku, www.Iceland.is

Tilgangur vefsins er að vekja athygli á Íslandi, íslensku mannlífi, atvinnuháttum og menningu á jákvæðan hátt og miðla upplýsingum um stjórnarfar. Vefurinn er einnig hugsaður sem upplýsingabanki fyrir þá sem þurfa að kynna Ísland á erlendum vettvangi. Stefnt er að því að fyrsta heildarútgáfa af vefnum verði tilbúin um mitt þetta ár.

Þrátt fyrir ofangreindar áherslur á sviði upplýsingatækni mun utanríkisráðuneytið áfram leggja áherslu á útgáfu vandaðs upplýsingaefnis í prentuðu máli á erlendum tungumálum. Nýverið kom út vandað upplýsingarit um íslenskar hagtölur, „Iceland in figures 1999–2000“, sem ráðuneytið gaf út í samstarfi við Hagstofu Íslands. Ráðuneytið mun áfram gefa út sérhæft upplýsingaefni er varðar starfsemi utanríkisráðuneytisins og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þetta upplýsingaefni verður einnig aðgengilegt á veraldarvefnum.

12.B. MENNINGARMÁL

Fátt eykur skilning milli þjóða jafnmikið eða færir þær nær hver annarri en gagnkvæm kynni af menningu og háttum. Því er sérstök áhersla lögð á þessa þætti í starfi utanríkisþjónustunnar. Verulegur árangur hefur náðst og hefur utanríkisþjónustan ýmist haft forgöngu eða

lagt hönd á plóginn í nánu samstarfi við menntamálaráðuneytið, opinberar stofnanir eða hagsmunaaðila í viðskiptum og ferðaþjónustu. Til dæmis er mikil gróska um þessar mundir í menningartengdri ferðaþjónustu og vinna sendiskrifstofur Íslands ötult að því að styrkja ímynd okkar sem menningarþjóðar er áhugavert væri að heimsækja.

Í fjárhagsáætlunum fyrir sendiskrifstofur Íslands hefur ekki verið gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna menningarstarfsemi og dregur sú staðreynd, eðli máls samkvæmt, verulega úr möguleikum sendiskrifstofa á því að halda uppi blómlegri starfsemi á sviði menningarmála. Ráðuneytið hefur gert tillögur um fjárveitingar sem skapa sendiskrifstofunum meira svigrúm á þessu sviði. Með tilkomu nýs sendiráðs Íslands í Berlín og hlutdeildar Íslands í sameiginlegu húsnæði sendiráða Norðurlanda hafa skapast nýir möguleikar á því að koma íslenskri menningu á framfæri. Leggur utanríkisráðuneytið nú fram árlegt framlag til sendiráðsins í Berlín í því skyni.

Þrátt fyrir fjárhagslega annmarka sýna margar sendiskrifstofur Íslands lofsvert frumkvæði á þessu sviði og standa reglulega að fjölbreyttri íslenskri menningardagskrá í gisti- og umdæmisríkjum sínum í samstarfi við hagsmunaaðila og velunnara Íslands. Má þar minna á menningarkynningar, kvikmyndahátíðir, bókmenntakynningar, leiklist, tónleika og listsýningar af ýmsu tagi.

Forræði í menningarmálum heyrir undir menntamálaráðuneytið er veitir styrki til margvíslegrar menningarstarfsemi erlendis. Utanríkisþjónustan hefur átt gott samstarf við menntamálaráðuneytið á þessu sviði og veitir eftir bestu getu liðsinni sitt við undirbúning og kynningu á einstökum menningaratburðum. Utanríkisþjónustan leggur áherslu á að fá vitneskju um íslenska menningaratburði sem fyrirhugaðir eru erlendis með góðum fyrirvara svo sendiráð Íslands nýtist sem best við undirbúning og kynningu á umræddum atburði. Sendiskrifstofur hafa þekkingu og tengsl í gistiríki, til dæmis gagnvart fjölmiðlum, sem eðlilegt er að nýta sem best.

12.B.1. Þjóðrækni og landafundir.

Í upphafi ráðherraferils síns í utanríkisráðuneytinu mótaði utanríkisráðherra skýra stefnu um að efla tengsl og samskipti við fólk af íslenskum ættum vestanhafs í Bandaríkjunum og Kanada. Ábyrgð á þessum samskiptum hafði lengi hvílt á utanríkisráðuneytinu, enda fær ráðuneytið sérstakt framlag á fjárlögum til þessa verkefnis. Mjög vaxandi og almennur áhugi er á því að efla samskiptin enn frekar, bæði hér heima og á meðal frænda okkar í Vesturheimi. Endurspeglast hann meðal annars í metnaðarfullu starfi frjálsra félagasamtaka á Íslandi og í Norður-Ameríku er helga sig þjóðræknismálum og auknum almennum samskiptum. Stórbættar samgöngur á milli Íslands og Kanada á skömmum tíma hafa einnig skapað ný sóknarfæri er meðal annars endurspeglast í aukinni ferðaþjónustu og vaxandi viðskiptum.

Fyrir rúmu ári var stofnuð aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg. Eitt meginhlutverk skrifstofunnar er að halda utan um aukin tengsl við íbúa Kanada af íslensku bergi brotna og ættræknisfélög þeirra. Með stofnun skrifstofunnar var stigið stórt skref í þá átt að rækta betur samskiptin við fólk af íslenskum ættum í Kanada. Á skömmum starfstíma aðalræðisskrifstofunnar hefur mikill árangur náðst á þessu sviði.

Á síðasta ári höfðu íslensk stjórnvöld frumkvæði að undirbúningi fjölbreyttrar dagskrár í Bandaríkjunum og Kanada á þessu ári í tilefni af landafundum norrænna manna í Norður-Ameríku. Í því skyni var stofnuð sérstök landafundanefnd, með aðild utanríkisráðuneytisins, er nýtur framlags úr ríkissjóði til verkefnisins. Metnaðarfull og fjölbreytt dagskrá landafundanefndar liggur nú fyrir og skipta dagskrárliðir nú hundruðum um alla álfuna. Grund-

vallarmarkmið með dagskrá landafundanefndar er ekki aðeins að vekja athygli íbúa Norður-Ameríku á siglingaafrekum Íslendinga heldur ekki síður á þeirri þjóð er nú byggir Ísland, menningu hennar og lýðræðishefð og á hverju hún byggir lífsafkomu sína.

12.B.2. Víkingasýningar í Norður-Ameríku.

Þann 27. apríl verður opnuð í Washington D.C. umfangsmikil sýning helguð víkingum og menningararfleifð þeirra. Sýningin er samstarfsverkefni Norðurlanda og Smithsonian-stofnunarinnar og verður hún formlega opnuð að viðstöddum þjóðhöfðingjum Norðurlanda og fulltrúum þeirra. Fjölmargir munir frá þjóðminjasöfnum Norðurlanda verða á sýningunni er gera hana einstaka í sinni röð. Samhliða sýningunni verður margvíslegt upplýsingaefni um víkingaöldina unnið, jafnt í prentuðu máli og á veraldarvefnum.

Frá Washington heldur sýningin til New York og til fimm annarra borga í Bandaríkjunum og Kanada á næstu þremur árum.

12.B.3. Norræn menningarmiðstöð í New York.

Ný norræn menningarmiðstöð í New York, „Scandinavia House", verður formlega tekin í notkun 17. október nk. Eigandi og rekstraraðili hússins er stofnunin „American Scandinavian Foundation" í Bandaríkjunum. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er um 1,5 milljarðar íslenskra króna. Samtökin hófu fjársöfnun til verkefnisins árið 1995. Þau leituðu meðal annars fyrirgreiðslu frá ríkisstjórnum Norðurlanda. Það var ekki fyrr en tveimur árum seinna, í kjölfar frumkvæðis utanríkisráðherra og ríkisstjórnar Íslands, að ríkisstjórnir annarra Norðurlanda tóku ákvörðun um fjárframlög til verkefnisins. Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi sýnt verkefninu mikinn áhuga. Jafnframt hafa íslensk fyrirtæki sýnt verkefninu áhuga með verulegum fjárframlögum. Samtals nemur fjárframlag íslenskra stjórnvalda og fyrirtækja til verkefnisins nú um 800 þúsund Bandaríkjadölum, andvirði um 60 milljóna íslenskra króna. Nú hefur verið ákveðið að bókasafn norrænu menningarmiðstöðvarinnar beri nafn Halldórs Kiljan Laxness.

12.C. SAMSKIPTI VIÐ KJÖRRÆÐISMENN ÍSLANDS

Kjörræðismenn Íslands hafa, frá upphafi sjálfstæðrar íslenskrar utanríkisþjónustu fyrir sextíu árum, gegnt veigamiklu hlutverki við hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd. Nú gegna 225 einstaklingar stöðu kjörræðismanna Íslands í 64 þjóðríkjum. Starfsemi kjörræðismanna er sérstaklega mikilvæg fyrir fámenna utanríkisþjónustu eins og þá íslensku, þar sem fjöldi sendiskrifstofa er takmarkaður.

Í ljósi mikilvægs hlutverks kjörræðismanna Íslands leggur utanríkisráðuneytið nú áherslu á að fræða ræðismenn Íslands enn betur um helstu hagsmunamál Íslands, starfsemi ráðuneytisins og sendiskrifstofa Íslands. Vel upplýstur ræðismaður er öflugri liðsmaður og betur fallinn til að sinna starfi sínu í þágu íslenskra hagsmuna. Í þessu skyni hefur starfsemi ráðuneytisins á þessu sviði verið efld og upplýsingamiðlun til ræðismanna aukin. Enn fremur hefur utanríkisráðuneytið hafið útgáfu „Ræðismannsins — the Consul", upplýsingarits á ensku sem helgað er starfsemi ráðuneytisins og sendiskrifstofa Íslands.

Undirbúningur hefur jafnframt hafist að fimmtu ræðismannaráðstefnunni sem haldin verður í Reykjavík 3.–5. september á næsta ári. Slík ráðstefna var síðast haldin í október 1995. Tilgangur ráðstefnu af þessu tagi er að kalla saman alla kjörræðismenn Íslands til skrafs og ráðagerða og kynna þeim á markvissan hátt sem flesta þætti í íslensku þjóðfélagi með áherslu á útflutningshagsmuni Íslands.

13. VIÐAUKAR

1. Menningarmálakaflar frá sendiráðum Íslands.
2. Tafla: Opinber framlög Íslands til þróunarmála 1989–1999.
3. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sendiskrifstofur og umdæmi (mars 2000).
4. Stjórnmálasamband og ræðissamband Íslands við erlend ríki (mars 2000).
5. Fyrirsvar Íslands við ríki sem Ísland hefur stjórnmála- eða ræðissamband við og fyrirsvar þeirra gagnvart Íslandi (apríl 2000).
6. Helstu alþjóðastofnanir og samtök sem Ísland á aðild að og framlög til þeirra (mars 2000).

VIÐAUKI I

FRÁ ÓSLÓ:

Norðmenn hafa mikinn áhuga á Íslandi og Íslendingum og er sendiráðið að vinna að ýmsum verkefnum á sviði menningarmála með Íslendingum og Norðmönnum. Verður fjallað um nokkur þessara verkefna.

Eitt virtasta listasafn Noregs, Sonja Heine-safnið er, í samvinnu við sendiráðið, að vinna að Íslandsdögum við safnið sumarið 2001. Um er að ræða átta vikna dagskrá þar sem boðið verður upp á að skoða íslenska myndlist, snæða íslenskan mat og hlusta á íslenska tónlist. Safnið hefur ekki haft slíka daga erlends ríkis í nokkuð mörg ár en forráðamenn þess hafa ákveðið að taka aftur upp þessa starfsemi og hefja hana á íslenskum dögum. Norska menningarmálaráðuneytið hefur þegar ákveðið að styrkja þetta verkefni árin 2000 og 2001.

Norðmenn eru að smíða eftirlíkingu af stafkirkju sem sett verður upp í Vestmannaeyjum og verður þjóðargjöf Norðmanna til Íslendinga vegna þess að þúsund ár eru liðin frá því að Íslendingar urðu kristnir. Einnig hafa Norðmenn safnað og gefið verulegar fjárhæðir vegna smíði Snorrastofu í Reykholti. Vígja á Snorrastofu 29. júlí nk. og stafkirkjuna 30. júlí nk. Forseti Íslands hefur boðið norska konungnum að koma til Íslands vegna þessara atburða. Verulegar líkur eru á því að konungur muni þiggja boðið. Sendiráðið hefur komið að þessum málum með einum eða öðrum hætti. Norðmenn eru að vinna með Íslendingum að smíði Auðunnarstofu á Hólum í Hjaltadal. Stefnt er að því að ljúka verkefninu á árinu 2001, en handverksmenn frá öllum Norðurlöndunum koma að smíði hennar.

Bergen er ein af menningarborgum Evrópu árið 2000 og unnið er að ýmsum samstarfsverkefnum milli þeirrar borgar og Reykjavíkur á þessu ári.

Nokkrar norrænar listahátíðir eru árlega í Noregi og eru íslenskir listamenn á mörgum þeirra. Hér má nefna Norræna vetrarlistahátíð í Lillehammer, en á hátíðinni í febrúar á næsta ári verður höfuðáhersla lögð á Ísland. Einnig má nefna að íslenskir listamenn hafa oft tekið þátt í Norrænum menningardögum í Akershuskastala í Ósló.

Íslensk fjölskylda opnaði árið 1998 gallerí sem selur íslensk málverk og listmuni, fatnað eftir íslenska hönnuði og rekur kaffihús því samhliða í Ósló. Þar eru haldnar sýningar reglulega með verkum íslenskra listmálara. Sendiráðið hefur stutt við bakið á þessu framtaki. Jafnframt er starfandi í Ósló annað íslenskt gallerí sem selur íslenska listmuni og hefur sendiráðið einnig veitt því stuðning.

Sendiráðið hefur unnið að kynningu Íslands og stutt ýmsar uppákomur Íslendinga í samvinnu við íslendingafélög, ræðismenn í Noregi og skrifstofu Flugleiða í Ósló. Hér má m.a. nefna 17. júníhátíðir, 1. desemberhátíðir, þorrablót, Íslendingadaga, hljómleika o.s.frv.

FRÁ BERLÍN:

Almennt.

Sendiráð Norðurlandanna í Berlín standa fimm saman, ásamt sameiginlegri byggingu, á lóð og mynda „V" líkt og fimm svanir í oddaflugi sem er til marks um árangurinn af samvinnu Norðurlandanna. Sendiráðin voru opnuð með vígsluathöfn 20. október 1999. Meðal gesta voru þjóðhöfðingjar Norðurlandanna og utanríkisráðherrar, forseti Þýskalands og utanríkisráðherra og borgarstjóri Berlínar. Þar sem Ísland var í formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 1999 flutti forseti Íslands ávarp fyrir hönd Norðurlandanna og sagði m.a. að nýju sendiráðsbyggingarnar væru tileinkaðar hugsjónum um órofinn frið, velsæld og lýðræði til handa íbúum Evrópu. Enn fremur sagði hann að Norðurlöndin gegndu mikilvægu hlutverki í hinni nýju Evrópu.

Norrænt menningar- og kynningarsamstarf í Þýskalandi.

Í ræðu sinni sagði forseti Íslands að hið nána samstarf sem hefur slípast og agast milli Norðurlandanna við áratuga reynslu, þar sem lögð er áhersla á sérstöðu hvers einstaks lands, skapar flókið mynstur, samveru og einhug til samvinnu. Sendiráðssvæðið og hið ríka menningar- og kynningarsamstarf Norðurlandanna í Þýskalandi er liður í samvinnunni. Með tilkomu norræna sendiráðssvæðisins og sameiginlega hússins í Berlín hafa norrænu sendiráðin aukið og koma til með að auka enn meira norrænt menningar- og kynningarsamstarf í Þýskalandi þ.e. bæði í sameiginlega húsinu og annars staðar í Þýskalandi. Enn fremur eru menningartengslin milli Norðurlandanna og Þýskalands náin og gera má ráð fyrir að hið nýja sendiráðssvæði komi til með að auka tengslin verulega.

Á þessu ári og á næstu árum verður fjölbreytt menningar- og kynningardagskrá hjá Norðurlöndunum í Þýskalandi. Haldnar verða norrænar myndlistar- og arkitektasýningar, norrænar bókmenntir verða kynntar, norrænar kvikmyndir verða sýndar, norræn tónlist verður flutt, boðið verður upp á norræna leiklist og haldnar verða ráðstefnur um norræn málefni. Þessi starfsemi er oft unnin í samvinnu við þýskar mennta-, menningar- og kynningarstofnanir og félög. Ísland tekur þátt í flestum þessum viðburðum.

Dæmi um norrænt menningar og kynningarsamstarf í Þýskalandi árið 2000 m.a. uppákomur haldnar í sameiginlega húsinu, sem Ísland tekur þátt í:

1. Norræn ljósmyndasýning í sameiginlega húsinu. Janúar árið 2000.
2. Norræn keramiksýning „Nordisk Keramik Triennal" haldin í sameiginlega húsinu frá 5. febrúar 2000 til 13. mars 2000.
3. Samstarf norrænu menningarborganna, Reykjavík, Bergen og Helsinki. Uppákomur í sameiginlega húsinu sumarið 2000.
4. Uppákoma í sameiginlega húsinu í tengslum við árlega ferðamálaráðstefnu sem haldin er í byrjun mars árið 2000.
5. Norræn „Summer Jazz-session" með evrópskum tónlistarmönnum. Haldin í júní 2000.
6. Norræn arkitektaráðstefna, haldin í sameiginlega húsinu haustið 2000.
7. Uppákoma í tilefni af norrænum kvikmyndadögum í Lübeck. Haldin í sameiginlega húsinu 7.–9. apríl 2000.
8. Norrænt-þýskt fjölmiðlaverkefni. Þátttaka norrænna og þýskra blaðamanna (IJP).
9. Málþing um norræn og þýsk utanríkis- og öryggismál. Haldið í sameiginlega húsinu 15. maí 2000.
10. Norræn bókahátíð um ævintýri, goðsagnir og sögur, haldin í sameiginlega húsinu í nóvember árið 2000.

Framtíðaráherslur í norrænu menningar- og kynningarsamstarfi í Þýskalandi.

Á þessu og á næstu árum verður unnið að því að byggja upp og skipuleggja enn öflugra norrænt menningar- og kynningarsamstarf í Þýskalandi, fjölga uppákomum og nýta sameiginlega húsið í Berlín í þeim tilgangi, sem er kjörinn vettvangur til að kynna norræna menningu fyrir Þjóðverjum. Aðsókn að sameiginlega húsinu og sendiráðssvæðinu er mjög mikil og því býður það upp á frábært tækifæri til að kynna norræna menningu á erlendri grund. Líklega hafa Íslendingar hvergi annars staðar jafngóða aðstöðu og í Berlín til að kynna menningu sína og er því þýðingarmikið að nýta þessa miklu fjárfestingu sem best. Íslenska sendiráðið í Berlín leggur ríka áherslu á þátttöku í norræna menningar- og kynningarsamstarfinu.

Íslenskt menningar- og kynningarsamstarf í Þýskalandi og framtíðaráherslur þess.

Sendiráðið í Berlín vinnur markvisst að íslenskum menningar- og kynningarmálum í Þýskalandi. Á þessu og næstu árum verður hliðstæðri íslenskri menningar- og kynningardagskrá og stefnu framfylgt og getið er um hér að framan varðandi Norðurlöndin.

Dæmi um íslenska menningar- og kynningarstarfsemi í Þýskalandi árið 2000:

1. Menningaruppákomur í tengslum við heimssýninguna EXPÓ 2000: -tónleikar með Kammersveit Reykjavíkur.
2. Íslenskir rithöfundar lesa úr verkum sínum í Þýskalandi, m.a. í sameiginlega húsinu:
   — Hinn 27. janúar 2000 las Ólafur Haukur Símonarson úr verkum sínum í menningarmiðstöð í Steglitz – Berlín og 16. febrúar 2000 las Einar Kárason úr verkum sínum í sameiginlega húsinu.
   — Verkið „Englar Alheimsins“ kemur út í þýskri þýðingu í kiljuformi í apríl 2000. Útgefandi er Bertelsmann-forlagið. Samtímis verður kvikmyndin frumsýnd í Þýskalandi. Unnið að því í samráði við menntamálaráðuneytið að hafa uppákomu í tengslum við útgáfu bókarinnar og sýningu kvikmyndarinnar.
   — Þátttaka Íslands í rithöfundaverkefninu Literatur Express Europa árið 2000.
3. Íslensk myndlist:
   — Sýning Steinunnar Þórarinsdóttur í Bonn árið 2000.
   — Fyrirhuguð samsýning 12 listamanna frá Þýskalandi og Íslandi í Berlín árið 2000. Heiti sýningar: „Leitin að Snarkinum“.
   — Evrópuhátíðin „Open Europe“ haldin í Berlín 6. maí 2000. Egill Sæbjörnsson, ungur íslenskur myndlistarmaður, tekur þátt í hátíðinni.
4. Íslensk tónlist:
   — Norræn tónleikaröð haldin í „Deutsche Oper Berlín“ árin 2000 og 2001 Á einum tónleikunum árið 2000 flytur þýsk kammersveit íslenska tónlist. Unnið í samvinnu við Rut Ingólfsdóttur.
5. Þátttaka, í samstarfi við arkitekt sendiráðsbyggingarinnar Pálmar Kristmundsson, í ýmsum arkitektakynningum til að kynna Ísland og íslensku sendiráðsbygginguna.
6. Ráðstefnur um íslensk málefni:
   — Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, flutti, 11. og 16. febrúar 2000, erindi í sameiginlega húsinu í Berlín um „Ástand og horfur í íslenskum stjórnmálum og þjóðlífi og afstöðu Íslands til ESB“.
   — Kynning á íslenskuverkefninu BRAGI, í samstarfi við Humboldt-háskóla í Berlín.
   — Íslenskir menningardagar í Lübeck árið 2000. Unnið í samstarfi við „Auslandsgesellschaft Lübeck“ og Goethe-stofnunina á Íslandi.

FRÁ BRUSSEL:

Það sem helst hefur staðið menningar- og kynningarmálum í umdæmislöndum sendiráðsins í Brussel fyrir þrifum er fjárskortur. Ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaði við menningartengda starfsemi í fjárhagsáætlun sendiráðsins. Er það afar bagalegt þar sem jafnvel tiltölulega lágar upphæðir myndu gera sendiráðinu kleift að taka þátt í og styðja ýmis menningarverkefni þegar eftir því væri leitað. Verður gerð tillaga um það í fjárhagsáætlun sendiráðsins að sendiherra fái fjárveitingu til minni háttar verkefna á sviði menningarmála.

Af framansögðu leiðir að sendiráðið hefur orðið að beita sér á þeim sviðum þar sem fjármagns er ekki þörf. Hefur sendiráðið lagt vinnu í að kortleggja tónlistarsali í Brussel og öðrum helstu borgum landsins, bæði í Vallóníu og í Flæmingjalandi, þar sem íslenskir tónlistarmenn gætu komist að með tónleikahald. Er oft um að ræða menningarmiðstöðvar sem gætu nýst, hvort heldur sem er tónlistar- eða myndlistarmönnum, til tónleika eða sýningarhalds.

Þá hefur sendiráðið komið að skipulagningu nokkurra myndlistarsýninga, aðstoðað skipuleggjendur þeirra og haldið móttökur. Má þar nefna sýningar Ingólfs Arnarsonar, Arngunnar Ýrar Gylfadóttur og Ásdísar Sigurðardóttur á síðasta ári og Jóns Sigurpálssonar, Helgu Kristmundsdóttur og Sigrúnar Eldjárn á þessu ári.

Sendiráðið hefur einnig komið að undirbúningi og kynningu tveggja kvikmyndahátíða sem haldnar eru í Brussel árlega.

Eins hefur sendiráðið aðstoðað eftir mætti samvinnu Reykjavíkur og Brussel, menningarborga árið 2000. Er unnið að því að setja upp sýningu um Reykjavík í Brussel, íslenskur myndlistarmaður, Halldór Ásgeirsson, verður meðal þátttakenda á opnunarsýningu hátíðahaldanna í Brussel, sem haldin verður í Evrópuþinginu. Að auki munu íslenskir listamenn taka þátt í tveimur öðrum listviðburðum á árinu og hafa skipuleggjendur í Brussel óskað aðstoðar sendiráðsins.

Sendiráðið hefur stutt við skólahald fyrir íslensk börn í Brussel sem Íslendingafélagið hefur staðið fyrir. Bókasafn skólans er til húsa í sendiráðinu og verður reynt að efla það eftir mætti. Mjög gott samstarf hefur verið við Íslendingafélagið, ekki síst skólann, sem vinnur mjög mikið og þarft starf. Skólinn hefur nýverið flutt í nýtt húsnæði og hefur það eflt starf hans til muna.

Stærstu verkefni sem fram undan eru, er annars vegar þátttaka í leikhúshátíð konunglega flæmska leikhússins í Brussel og hins vegar kynning á verkum Halldórs Kiljan Laxness.

Ákveðið hefur verið að helga leikárið 2000–2001 norrænu leikhúsi. Fulltrúi sendiráðsins hefur þegar átt nokkra fundi með leikhúsmönnum. Þeir leita einkum samstarfs við minni leikhús/leikhópa, frekar enn stærri leikhús. Gert er ráð fyrir einu til tveimur leikverkum frá hverju Norðurlanda og leikið á þjóðtungum, með þýðingu á skjá. Leikhópar verða valdir þannig að forsvarsmenn konunglega leikhússins færu sjálfir, að fengnum tillögum, til að velja og bjóða til þátttöku. Allur kostnaður verður greiddur af konunglega flæmska leikhúsinu, en sendiráðið mun leggja fram aðstoð sína við undirbúning og skipulagningu.

Sendiráðið vinnur, í samvinnu við bókmenntakynningarsjóð, að skipulagningu sýningar um líf og starf Halldórs Kiljan Laxness. Er um farandsýningu að ræða sem þegar hefur verið sett upp í Póllandi og verður næst sett upp á svæði Íslands á heimssýningunni í Þýskalandi á þessu ári. Að því loknu mun sýningin verða sett upp í Lúxemborg og Liechtenstein, í samvinnu við ræðismenn Íslands þar. Þá mun sendiráðið, ásamt sendiráðinu í París, vinna að því að fá sýninguna þýdda á frönsku til frekara sýningarhalds í hinum frönskumælandi heimi.

Að lokum má geta Íslandskynninga í Lúxemborg og Liechtenstein, en vinna við þær er nú á frumstigi. Þrátt fyrir að slíkar kynningar verði unnar í nánu samstarfi hagsmunaaðila

og velunnara Íslands er óhjákvæmilegt að slíku fylgi nokkur kostnaður. Er því enn ítrekuð sú ósk sendiráðsins að gert sé ráð fyrir menningar- og kynningarmálum þegar fjárhagsáætlun sendiráðsins er mótuð.

FRÁ HELSINKI:

Íslensk menning var mjög í sviðsljósinu í Finnlandi á liðnu ári og lagði sendiráðið sitt af mörkum í því efni. Hæst bar íslenska menningardaga í þremur borgum dagana 22.–31. mars. Sendiráðið stóð að undirbúningi og skipulagningu daganna í nánu samstarfi við norrænu stofnunina í Finnlandi (NIFIN), Norræna félagið og skrifstofu Flugleiða í Helsinki og naut sérstaks fjárframlags frá utanríkisráðuneytinu í því skyni. Rithöfundarnir Einar Kárason og Einar Már Guðmundsson kynntu verk sín ásamt þekktum finnskum þýðendum. Anna Einarsdóttir frá Máli og menningu aðstoðaði við íslenska bókasýningu í stærstu bókaverslun Helsinki. Hljómsveitin Unun efndi til vel sóttra tónleika í borgunum þremur. Efnt var til málþinga um íslensk málefni með þátttöku íslenskra fyrirlesara og heimamanna. Leikhópar frá Íslandi settu upp leikritið Ferðir Guðríðar eftir Brynju Benediktsdóttur undir leikstjórn höfundar og leikritið Ormstungu eftir Benedikt Erlingsson undir leikstjórn Peter Engkvist.

Samhliða menningardögunum var efnt til íslenskrar kvikmyndahátíðar í Helsinki, Åbo og Kuopio. Sýndar voru myndirnar Agnes, Benjamín Dúfa, Count me out, Bíódagar, Djöflaeyjan, Cold Fever og Nei. Aðstandendur menningardaganna áttu gott samstarf við Kvikmyndasjóð Íslands vegna undirbúnings hátíðarinnar.

Fjölmargar íslenskar myndlistarsýningar voru haldnar í Helsinki á liðnu ári. Þar á meðal var sýning á norrænni nútímalist, sem Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, opnaði í janúar en á sýningunni áttu verk íslensku listmálararnir Georg Guðni, Kristján Davíðsson og Birgir Andrésson. Á vormánuðum sýndu eigi færri en 10 myndlistarmenn verk sín: Hreinn Friðfinnsson, Hulda Hákon, Jón Óskar, Sigurlína Margrét Helgadóttir, Jóhanna Boga, Ragna Róbertsdóttir, Kristján Guðmundsson, Finnbogi Pétursson, Guðrún Marinósdóttir og Sif Ægisdóttir. Sendiráðið aðstoðaði við kynningu sýninganna og útvegaði veitingar við opnanir þeirra.

Sendiráðið gaf út bókina Islantikirja í samvinnu við þjónustumiðstöð bókasafna í Finnlandi. Í bókinni er finnskum börnum greint frá staðháttum á Íslandi, uppruna og sögu íslensku þjóðarinnar, álfum, draugum og spúandi eldfjöllum.

Heimasíða sendiráðsins hefur reynst öflugt tæki til kynningar á Íslandi. Á fyrstu 18 mánuðunum eftir að hún fór á veraldarvefinn var yfir milljón blaðsíðum flett á finnsku. Heimasíðan hefur að geyma um 100 síður á finnsku, 15 á sænsku, 15 á eistnesku og er tengd lettneskri heimasíðu aðalræðisskrifstofunnar í Riga. Heimasíðan er í stöðugri endurskoðun og er unnin í sendiráðinu. Nú er unnið að því að auka efni á sænsku og síðar á eistnesku. Almenningur og skólafólk í Finnlandi er mjög netvætt og nýtir sér slíkar heimasíður til hins ítrasta. Fer þá saman mikil útbreiðsla kynningarefnis um Ísland og mikill vinnusparnaður sendiráðsins við kynningu lands og þjóðar í síma og með útsendingu bæklinga.

Skrifstofa Flugleiða í Helsinki hefur unnið mikið landkynningarstarf undanfarin missiri og hefur sendiráðið aðstoðað við það eftir föngum. Ísland hefur hlotið mikla jákvæða umfjöllun fjölmiðla, jafnt ritmiðla sem ljósvakamiðla. Flugleiðir hafa boðið fjölmiðlamönnum til Íslands, sem hefur skilað sér vel, og sendiherra hefur átt viðtöl við dagblöð, útvörp og sjónvörp víðs vegar um landið. Hefur sendiherra reyndar lagt mikla áherslu á að gera Ísland sýnilegra í Finnlandi. Árangur kynningarstarfsins hefur líka skilað sér með auknum fjölda finnskra ferðamanna til Íslands, en þeim fjölgaði um 56% milli áranna 1998 og 1999.

Á árinu 2000 verður töluvert um íslenska menningaratburði í Finnlandi. Þegar er vitað að söngkonan Björk og kór ungra söngvara frá menningarborgunum 9 koma fram í lok ágúst. Ýmsir myndlistarviðburðir eru ráðgerðir, Egill Ólafsson og tríó Björns Thoroddsen mun flytja tónlist o.s.frv. Bókmenntadagar voru haldnir á Álandi í lok mars og kom Vigdís Grímsdóttir þar fram fyrir Íslands hönd. Sendiráðið hefur haft milligöngu um að útvega styrk til þátttöku hennar. Í sömu viku las Jóhann Hjálmarsson úr verkum sínum í Helsinki.

Ljóst er, að um frjóan jarðveg er að ræða í menningarmálum í Finnlandi og mun sendiráðið leitast við að rækta þann garð eftir föngum. Áhugi er einnig í umdæmislöndunum Eistlandi og Lettlandi, en í því síðarnefnda stjórnar Guðmundur Emilsson kammersveit í Riga.

KAUPMANNAHÖFN:

Störf sendiráðsins í Kaupmannahöfn að menningar- og kynningarmálum á sl. ári miðuðust við að styðja og aðstoða á ýmsan hátt þá aðila sem stóðu að menningarviðburðum í Danmörku og óskuðu aðstoðar sendiráðsins. Jafnframt sinnti sendiráðið sem endranær daglegum störfum að kynningarmálum og svaraði fjölda fyrirspurna.

Það er út af fyrir sig gleðiefni að fjölmargir menningarviðburðir, þar sem íslenskt listafólk kom við sögu, áttu sér stað án nokkurs atbeina sendiráðsins.

Meðal þeirra mörgu menningarviðburða sem fram fóru má nefna uppsetningu leikhóps frá Íslandi á leikritinu Heimur Guðríðar eftir Steinunni Jóhannesdóttur sem styrkt var af menntamálaráðuneytinu. Leiksýning þessi var sett upp í tilefni af 80 ára afmæli Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn og sýnd í Hellig kors Kirke.

Verkið Englar alheimsins eftir Einar Má Guðmundsson var sýnt í danskri leikgerð við mjög góðar undirtektir á haustdögum í Kaupmannahöfn. Má í því sambandi geta þess að mjög mikið og vinsamlega hefur verið fjallað um bækur Einars Más í Danmörku að undanförnu. Honum voru í lok nóvember, ásamt Thor Vilhjálmssyni, veitt heiðursbókmenntaverðlaun Karen Blixen, sem hafa aðeins verið veitt þrisvar áður.

Meðal myndlistarsýninga má nefna sýningu í Álaborg í nóvember á verkum Erró. Tryggvi Ólafsson, Ólöf Einarsdóttir, Jóhanna Óskarsdóttir og Helga Kristmundsdóttir héldu samsýningu á málverkum, grafík, vefnaði og keramik í september í Ebeltoft á Jótlandi og opnaði sendiherra þá sýningu.

Listasýningin Elementer, sem haldin var í Sívalaturni í ágúst og september, vakti mikla athygli. Vigdís Finnbogadóttir opnaði þar sýningu á íslenskri abstraktlist eftir listamennina Bjarna Sigurbjörnsson, Guðjón Bjarnason, Guðrúnu Kristjánsdóttur og Helgu Egilsdóttur. Sýningin naut styrks Dansk-Islandsk Samfund og stóð sendiráðið að móttöku í tilefni hennar. Meðal annarra myndlistarsýninga má geta sýningar Birgis Andréssonar í Kaupmannahöfn og Sossu í Sct. Gertruds Galleri.

Björn Steinar Sólbergsson hélt orgeltónleika í Sankti Mattheusarkirkjunni í Kaupmannahöfn í júní. Í sama mánuði hélt íslenskur Kvennakór Kaupmannahafnar tónleika undir stjórn Ingibjargar Guðjónsdóttur óperusöngkonu áður en kórinn lagði upp í söngferðalag til Íslands. Kvennakórinn og kirkjukórinn héldu fleiri tónleika í Kaupmannahöfn á árinu.

Sendiherra hélt fyrirlestur um læsi, málrækt og menningararf Íslendinga á ráðstefnu sem samtökin Aktion Læsning héldu í Landtingssalen í danska þinghúsinu. Var þar um afar gott tækifæri að ræða til að kynna íslenska tungu og menningarrækt Íslendinga.

Starfsemi í Jónshúsi var með miklum ágætum og fjölmargar sýningar íslenskra listamanna, upplestur rithöfunda og tónleikahald, rekstur bókasafns og skólahald fyrir íslensk börn auk félagsstarfs hafa farið fram í húsinu. Má segja að brotið hafi verið blað í rekstri

hússins og starfseminni þar með ráðningu umsjónarmanns hússins í fullt starf í byrjun september á sl. ári.

Meðal menningarviðburða sem fram fóru í Jónshúsi á sl. ári má geta eftirfarandi: Myndlistarsýningar: Stefán Berg (málverk), Árný Birna Hilmarsdóttir (gler og leirlistaverk). Upplestur: Þórarinn Eldjárn og Gyrðir Elíasson. Tónlist: Gitar Islandico, Eyrarsundskvartettinn (Snorri Heimisson, Haukur Gröndal, Björn Blöndal, Berglind Tómasdóttir), Ása Briem, Diljá Sigursveinsdóttir, Hljómsveit Hauks Gröndal. Handritaspjall: Stefán Karlsson sem bæði talaði á vegum Íslendingafélagsins og fyrir ræðismenn í Danmörku er þeir komu saman í Kaupmannahöfn í tilefni af 1. desember.

FRÁ LONDON:

Eins og ráðuneytinu er kunnugt hefur — vegna hins fámenna starfliðs sem sendiráð Íslands hafa almennt á að skipa — oft reynst erfitt fyrir einstök sendiráð að sinna eins vel og skyldi öllum þeim fjölmörgu verkefnum er þeim ber með réttu að sinna, þ.m.t. menningar- og kynningarmálum. Þetta hefur m.a. leitt til þess að oft hefur ekki sem skyldi verið fylgst nógu vel með því sem er að gerast á þessu sviði og unnið nægilega úr þeim tækifærum sem gefast eða gætu haft þýðingu fyrir íslenska hagsmuni. Því ber að fagna þeirri byltingu sem orðið hefur á undanförnum árum í fjarskipta- og upplýsingatækni og nýtast mun sendiráðunum í framtíðinni verði þeim gert kleift að fylgja þeirri þróun eftir.

Frá því að staða sérstaks menningarfulltrúa var lögð niður hefur þetta sendiráð ekki fengið, þótt eftir því hafi verið leitað nær árlega, neina fjárveitingu til að sinna þessum málaflokki eða fylgja eftir og hlúa að þeim vísi að menningarstarfsemi sem lagður var á tíma menningarfulltrúans. Því hefur, á allra síðustu árum, menningar- og kynningarstarfsemi sendiráðsins einkum falist í því að dreifa upplýsingum til aðila sem um þær hafa beðið. Svara fyrirspurnum og taka þátt í að skipuleggja menningarviðburði og aðra viðburði eftir því sem þurfa hefur þótt.

Í þessu sambandi má til fróðleiks geta þess að sendiráðið, í samvinnu við menntamálaráðuneytið, er að skipuleggja þátttöku í dagskrá „The Dome" (bresku aldamótahvelfingunni) í ágústlok á þessu ári, þar sem land og þjóð verður kynnt í tónum og myndum. Það á við um menningarmálin, allt eins og viðskipta- og pólitísku málin, að tekið er á móti gestum sem fræðast vilja um land og þjóð. Sendiráðið hefur boðið íslenskum listamönnum, búsettum í Bretlandi, að sýna verk sín í anddyri sendiráðsins. Hefur þessi tilhögun staðið í nær 4 ár.

Því miður hefur fjárskortur oft hamlað þessari starfsemi sendiráðsins. Það er þó ekki nokkur vafi á að menningar- og kynningarstarfsemi er mjög þýðingarmikil og gagnleg landkynning.

Sendiráðið fær fjöldann allan af fyrirspurnum á degi hverjum um land og þjóð. Mikið er um að blaðamenn hafi samband við sendiráðið til að fá aðstoð vegna greina sem þeir eru að skrifa, Íslandsferða sem þeir eru að fara í o.s.frv. Yfirleitt eru þessir blaðamenn frá virtum fjölmiðlum eins og t.d. *The Times, International Herald Tribune, BBC (hvort tveggja útvarp og sjónvarp).* Einnig hefur verið töluvert um að japanskir fjölmiðlar (aðallega sjónvarp) með fréttastofur í London hafi haft samband við sendiráðið áður en lagt er til Íslands.

Það er heldur enginn vafi á því að söngkonan Björk hefur haft mikil áhrif á þann aukna áhuga sem virðist vera á Íslandi hér í landi. Danski menningarfulltrúinn í London telur að Ísland hafi á undanförnum árum fengið meiri fjölmiðlaumfjöllun en öll hin Norðurlöndin samanlagt.

Allur þessi áhugi kostar tíma og fyrirhöfn sem stundum er erfitt að koma fyrir vegna annarra krefjandi verkefna sendiráðsins. Þrátt fyrir það reynir sendiráðið að svara af kostgæfni öllum þeim fjölmörgu fyrirspurnum sem til þess berast.

Á árinu 1997 var, að frumkvæði sendiráðsins, stofnaður sjóður sem kenndur er við Egil Skallagrímsson. Auk sendiráðsins standa flest íslensku fyrirtækjanna á Bretlandseyjum að sjóðnum. Tilgangur sjóðsins er að efla ísenska menningu og listir á Bretlandseyjum og er styrkjum úthlutað tvisvar á ári. Styrkir eru veittri bæði einstaklingum og hópum til margvíslegra verkefna svo sem tónleikahalds, myndlistarsýninga, leiksýninga o.s.frv. Einnig hefur sendiherra og einstakir starfsmenn sendiráðsins styrkt menningarviðburði m.a. með teitum vegna útgáfu íslenskra nútímabókmennta, við opnanir á myndlistasýningum svo eitthvað sé nefnt.

Íslendingasögurnar hafa flestar verið þýddar á ensku og önnur erlend tungumál, en minna hefur farið fyrir þýðingu nútímabókmennta. Það er því ánægjulegt að útgáfufyrirtækið *„Mare's Nest Publishing"* í London er að gefa út íslenskar nútímabókmenntir og hefur sendiráðið verið í góðu sambandi við útgáfufyrirtækið. Gefnar hafa verið út bækur eftir Einar Má Guðmundsson, Thor Vilhjálmsson, Fríðu Á. Sigurðardóttur, Ólaf Gunnarsson, Guðberg Bergsson, Vigdísi Grímsdóttur og Þórarin Eldjárn og ljóðasafn sem ber nafnið *„Brushstrokes of Blue - the Young Poets of Iceland"* og auk þess ljóðabókin „Voices from Across the Water" eftir Matthías Johannessen og Kristján Karlsson.

Haustið 1995 bauð University College London upp á nám í nútímaíslensku til BA-prófs. Er það í fyrsta skipti sem íslenska er kennd til prófs við háskóla utan Íslands og er það mikið og stórt skref í kynningu íslenskrar menningar. Sendiráðið sækir árlega fundi norrænu deildar skólans og hefur gott samband við íslenska lektorinn. Einnig sækir sendiráðið fundi í *Nordic Academic Fund* í London School of Economics sem styrkir heimsóknir norrænna háskólakennara í starfskynningu til LSE.

Eins og kunnugt er var starfandi sérstakur menningarfulltrúi við sendiráðið í London frá miðju ári 1991 til haustsins 1994. Hafði hann sérstaka fjárveitingu til að sinna sínum verkefnum. Meginviðfangsefni hans voru að styðja og efla markaðssetningu og kynningu á íslenskri menningu erlendis. Þau störf sem hann vann, og þá sérstaklega í tengslum við afmælishátíð lýðveldisins árið 1994, eru ráðuneytinu kunn og því óþarfi að tíunda nánar hérna.

Það er skoðun sendiráðsins að kynning á íslenskri menningu og listum sé mjög jákvæð landkynning sem skili sínu til þjóðarbúsins m.a. í auknum áhuga á Íslandi og þar með ferðamannastraumi til landsins. Þetta er líka varanlegri landkynning en margt annað sem gert er og skilar sér ekki hvað síst til þess hóps ferðamanna sem fer vaxandi ár frá ári og kanna vill nýja og framandi áfangastaði á ferðalögum sínum um heiminn.

Sendiráðið lítur svo á að full ástæða sé til að skipaður verði sérstakur menningarfulltrúi við sendiráðið í London til að sinna menningar- og kynningarstarfi svo hægt sé að nýta þau sóknartækifæri sem þar gefast.

FRÁ MOSKVU:

Almennt langtímamarkmið er að stuðla að sem öflugustu menningarsamstarfi, einkum með það í huga að kynna Ísland í sem víðustu samhengi. Menningartengsl eru hér sérlega vel til þess fallin að koma á framfæri slíkri kynningu. Varla er nokkurs staðar eins mikill og almennur menningaráhugi og í Rússlandi. Þótt möguleikunum séu vissulega veruleg takmörk sett vegna smæðar sendiráðsins, og fjárskorts, er þó margt hægt að gera. Sendiráðið hefur

kappkostað að ná tengslum við menningarstofnanir, og efla tengsl við sambærilegar stofnanir á Íslandi. Reynt verður að vekja öfluga starfsemi vináttufélags.

Í þessu samhengi skal þess jafnframt getið að boð og risna gegna stærra hlutverki í Rússlandi en víðast annars staðar. Mjög sterk hefð er fyrir slíku hjá Rússum og litið á það sem ófrávíkjanlegan hluta slíks samstarfs. Sendiráðið mun koma á föstum árlegum þjóðhátíðarboðum.

Unnið hefur verið að því að koma á tengslum milli Listasafns Íslands og Tretjakov-safnsins í Moskvu. Sendiráðið hefur náð góðu sambandi við Tretjakov-safnið og hefur komið fram mikill áhugi á tengslum við Ísland. Tretjakov-safnið er háborg rússneskrar myndlistar. Forstöðumaður Listasafns Íslands kom fyrir áeggjan sendiráðsins til Moskvu í aprílmánuði sl. og átti hér fundi. Afrakstur þeirra funda er samvinna á milli safnanna, sem gæti leitt til sýningaskipta, í Moskvu árið 2001 og Reykjavík árið 2002. Vel kæmi til greina að tengja opnun íslenskrar málverkasýningar í þessu virta safni opinberri heimsókn til Moskvu og „íslenskum dögum".

Sendiráðið hefur undanfarið ár stutt aukin tengsl Háskóla Íslands við Plekhanovstofnunina í Moskvu sem er virtasti háskóli í hagfræði og skyldum greinum í Rússlandi. Mikill hluti leiðtoga í rússnesku stjórnmála- og efnahagslífi hefur hlotið menntun sína þar. Verulegur áhugi er af hálfu Plekhanovstofnunarinnar. Rektor H.Í. sótti Moskvu heim í júní á síðasta ári og sendinefnd frá Plekhanov fór til Íslands mánuði síðar. Starfsmenn sendiráðsins hafa sótt stofnunina heim og átt ágætt samstarf við menn þar. Þess má geta að Plekhanovstofnunin mun hefja kennslu í íslensku á þessu ári.

Sendiráðið hefur einnig sett sér það mark að koma á formlegum og virkum samskiptum milli Háskóla Íslands og Moskvuháskóla sem verði víðtækara en það samstarf á hagfræði- og viðskiptasviðinu sem samvinna við Plekhanov býður upp á.

Nú er í bígerð útgáfa á nokkrum Íslendingasögum og þáttum á rússnesku (tveggja binda verk) með fulltingi sendiráðsins. Gengið hefur verið frá samningi og verður verkið gefið út í mars eða apríl á þessu ári. Sendiráðinu tókst að tryggja fjárstuðning menntamálaráðuneytisins og íslenskra fyrirtækja í Rússlandi.

Stefnt er að frekari slíkum verkefnum. Má þar sérstaklega nefna hugsanlega samvinnu við Sagnfræðistofnun Rússlands um útgáfu grunnskjala rússnesk(sovésk)-íslenskra samskipta. Svipaðar útgáfur hafa átt sér stað, eða eru í bígerð, í samvinnu Rússa og hinna Norðurlandanna. Þetta yrði að sjálfsögðu langtímaverkefni. Er hér með lagt til að farið verði út í þetta verkefni nú á 60 ára afmæli utanríkisþjónustu Íslands og stefnt að því að því ljúki árið 2003 þegar 60 ár verða frá upptöku stjórnmálatengsla. Annað langtímaverkefni er hugsanleg útgáfa íslensk-rússneskrar orðabókar, en orðabók Berkovs er nú illfáanleg og nokkuð komin til ára sinna. Æskilegt væri að reyna að koma á fót föstu skipulagi gagnkvæmra þýðinga/útgáfa á sviði íslenskra og rússneskra bókmennta, sagnfræði og vísinda með stofnun sérstaks sjóðs. Sendiráðið mun vinna að því máli.

Menningarsamskipti við önnur umdæmislönd sendiráðsins en Rússland hafa verið með allra minnsta móti. Sendiráðið telur að fyrsta skref í samskiptum við þessi ríki gæti t.d. falist í veitingu námsstyrkja til íslensku og bókmenntanáms. Menningartengsl við þessi ríki gætu verið mjög áhugaverð og gagnleg, ekki síður fyrir okkur Íslendinga en viðkomandi þjóðir sem eiga sér forna og merka menningu. Sendiráðið hefur hafið undirbúning að eflingu þessara tengsla, m.a. með því að fá nemendur til Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna.

FRÁ NEW YORK:

Aðalræðismaður í New York sinnir hefðbundnum ræðisstörfum auk samstarfi við Íslendingafélagið á staðnum. Aðalræðismaður gegnir jafnframt starfi varafastafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum. Á vegum aðalræðisskrifstofunnar hefur verið staðið að íslenskum menningarviðburðum, svo sem málverkasýningum og veittur stuðningur vegna bókaútgáfu um Ísland. Einnig hefur verið reynt að hvetja til þátttöku Íslendinga í norrænum sýningum.

Náið samstarf hefur verið að undanförnu milli norrænu aðalræðisskrifstofanna í New York varðandi menningarmál. Eitt stærsta verkefni á því sviði er að búa í haginn fyrir komu Víkingasýningar Smithsoniansafnsins til New York en ráðgert er að sú sýning opni í Museum of Natural History í október næstkomandi. Í þeim mánuði verður mikið um dýrðir og margir atburðir sem tengjast Íslandi. Auk sýningarinnar verður vegleg dagskrá á vegum Landafundanefndar, norræna menningarmiðstöðin, „Scandinavian House" verður formlega opnuð, víkingaskip munu leggjast að bryggju í borginni svo fátt eitt sé talið.

Norrænu aðalræðisskrifstofurnar áforma að standa fyrir sameiginlegum viðburðum í tengslum við Víkingasýninguna sem minnir á víkingarfleifðina og þann menningarheim sem tengir þessi ríki saman. Segja má að norræn samvinna í tengslum við Víkingasýninguna muni gera Ísland enn sýnilegra í New York og vera til viðbótar við þá viðburði sem ráðgerðir eru á vegum Landafundanefndar. Það er mikilvægt að vel takist til með hátíðahöld vegna landafunda í New York sem flestir telja, að öðrum ólöstuðum, menningarháborg heimsins.

Í New York eru starfandi tvö norræn vinafélög sem aðalræðisskrifstofa hefur tengst sterkum böndum.

Annað þeirra er „American Scandinavian Society". Á vegum félagsins hefur verið reynt að styðja við bakið á ungum listamönnum sem reynt hafa að feta sig áfram í stórborginni. Félagið hefur stutt við bakið á ungu listafólki frá Íslandi og á síðasta ári voru haldnar tvær myndlistarsýningar á vegum félagsins í samvinnu við aðalræðisskrifstofuna í New York.

Annað þessara norrænu vinafélaga, sem hefur átt náið samstarf við aðalræðisskrifstofu, er „American Scandinavian Foundation", ASF.

Félagið réðst í það stórvirki á síðasta ári að hefja byggingu norrænnar menningarmiðstöðvar í borginni, „Scandinavian House". sem verður formlega opnað í október á þessu ári og mun verða menningarviðleitni Íslendinga í New York mikil lyftistöng. Aðalræðismaður Íslands tók á síðasta ári fyrstu skóflustunguna fyrir Íslands hönd að þessu húsi sem áætlað er að kosti fullbyggt um 20 milljónir Bandaríkjadala en þar að auki verður 4 milljónum dala varið til reksturs byggingarinnar. Stjórn ASF mun annast allan rekstur og sýningarstjórn en áformað er að náið samráð verði milli félagsins og norrænu aðalræðisskrifstofanna.

Ríkisstjórn Íslands reið á vaðið fyrir þremur árum, fyrst norrænna ríkisstjórna, með styrkveitingu til þessarar byggingar. Íslensk fyrirtæki hafa einnig sýnt sérstakan myndarskap og safnað miklu fé til hússins. Það er sérstakt gleðiefni að íslensk fyrirtæki lögðu snemma grunninn að því að bókasafn hússins yrði nefnt í höfuð á Nóbelsskáldinu Halldóri Laxness.

FRÁ PARÍS:

Meðal íslenskra menningarkynninga í París á síðastliðnu ári ber hæst Erró-sýninguna sem haldin var í ríkislistasafninu Jeu de Paume með styrk frá íslensku ríkistjórninni. Samskipti safnsins við íslensk stjórnvöld varðandi undirbúning sýningarinnar fóru um hendur sendiráðsins. Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, var við opnun sýningarinnar ásamt Catharine Trautmann, menningarmálaráðherra Frakklands. Daginn eftir áttu ráðherrarnir tvíhliða fund og ræddu menningarsamskipti landanna. Menntamálaráðherra nefndi þá hugmynd um íslenska menningarkynningu í París árin 2001 eða 2002 og vísaði til samkomulags landanna

frá 1983 um menningar- og vísindasamvinnu, en í 7. gr. þess er hvatt til þess að skipulagðir séu í báðum ríkjunum listviðburðir sem miði að gagnkvæmri kynningu á menningu landanna. Franski menningarmálaráðherrann lýsti áhuga sínum á hugmyndinni en taldi ekki að af slíku verkefni gæri orðið í Frakklandi fyrr en eftir júní 2002. Mikilvægt væri að málið yrði tekið upp á næsta samráðsfundi landanna um framkvæmd menningarsamningsins sem væntanlega verður í apríl/maí nk. í Reykjavík. Menntamálaráðherra bauð menningarmálaráðherra Frakklands í opinbera heimsókn og hefur hún þegið boðið.

Það er álit sendiráðsins að á samráðsfundinum í Reykjavík ráðist hvort af myndarlegri menningarkynningu geti orðið. Aðstoð franskra stjórnvalda er undirstaða þess að fá viðunandi húsnæði fyrir menningarkynningar í borg eins og París, þar sem framboð listviðburða er gífurlegt og barist um aðstöðuna.

Af öðrum atburðum á sl. ári má nefna að Pétur Gunnarsson, rithöfundur, hlaut í nóvember norrænu bókmenntaverðlaunin á listahátíðinni „Borealis de Normandie" sem haldin er árlega við háskólann í Caen og telja má helsta kynningaraðila í Frakklandi á bókmenntum Norðurlanda. Verðlaunin hlaut Pétur fyrir bókina Punktur punktur komma strik, sem kom út í franskri þýðingu Régis Boyer árið 1998, með styrk frá bókmenntakynningarsjóði. María Guðmundsdóttir hélt ljósmyndasýningu í UNESCO-byggingunni, Schola cantorum tók þátt í kóramóti í Picardie, Eyjólfur Eyjólfsson, flautuleikari, hélt tónleika í október og Pétur Jónasson, gítarleikari, í desember. Sendiráðið aðstoðaði viðkomandi eftir því sem aðstæður leyfðu.

Þrjár doktorsritgerðir á sviði íslenskra fræða voru varðar í desember 1999. Patrick Guelpa varði doktorsritgerð við Sorbonne um skáldskap Einars Benediktssonar „Visages de la poesie chez Einar Benediktsson (1864–1940)". Héléne Tétrel varði einnig doktorsritgerð við Sorbonne um Karlamagnúsarsögu „L'Épisode de la guerre de Saxe dans la Chanson des Saines de Jean Bodel et dans la Karlamagnússaga. Avatars de la matiére épique" og Christophe Pons varði doktorsritgerð við háskóla í Marseilles um samskiptakerfi Íslendinga við framliðna.

Í kjölfar þess að í Madríd var lausráðinn sérstakur fulltrúi til þess að sinna einstökum menningarverkefnum hafa menningarsamskipti stóraukist. Á síðastliðnu ári var íslensk kvikmyndahátíð haldin í Barcelóna og Madríd og fyrsta íslenska málfræðin í fornískensku kom út á spænsku. Íslenskar bækur voru til sýnis í norræna bókabásnum á bókakaupstefnunni í Madríd, íslenskar sögur voru þýddar í norrænt safnrit og út kom spænsk þýðing á bók Guðbergs Bergssonar „Hjartað býr enn í helli sínum". Nokkrar hugmyndir eru uppi um menningarviðburði á árinu 2000, þátttaka Íslands í bókakaupstefnunni í Madríd, hugsanleg bókmenntakynning í Barcelóna, þátttaka Íslands í málstefnu um jaðarsvæði Evrópu og sýn þeirra á Evrópusamrunann.

Menningarsamningur við Ítalíu var undirritaður í Róm á síðasta ári en er ekki kominn til fullra framkvæmda. Ráðuneytisstjóri ítalska menningarráðuneytisins kom til Íslands í janúar í sambandi við opnunarhátíð menningarborgar Reykjavíkur.

Sendiráðið hugleiðir með hvaða hætti sé unnt að koma á fastri farandsýningu sem auðvelt sé að senda um umdæmislöndin t.d. ljósmyndasýningu, sem byggð yrði upp á 50–100 römmum sem komið yrði fyrir í sérstökum kössum. Þarna gæti verið um að ræða sýningu um sögu og menningu Íslands, sem flytja mætti milli staða með hóflegum kostnaði.

Sendiráðinu berst talsvert af beiðnum frá áhugasömu fólki um fjárstyrk til þess að koma í framkvæmd ýmsum verkefnum sem tengjast kynningu á íslenskri menningu. Ekki er neinn liður á fjárlögum sendiráðsins til slíkra verkefna og eru þessar óskir því sendar í bréfi til ráðuneytisins með samriti til menntamálaráðuneytisins.

Sendiráðið kom á sínum tíma með þá hugmynd að 1% af fjárveitingu til sendiráðsins verði sérstaklega merkt menningarmálum til þess að unnt verði að veita stuðning til áhugaverðra verkefna. Enn fremur má benda á kosti þess að stofnaður yrði íslensk-franskur menningarsjóður (og sjóðir sem tengdust öðrum umdæmislöndum sendiráðsins) sem væri undir stjórn valinna manna sem gætu á hverjum tíma metið allar þær umsóknir um styrki sem tengjast margvíslegum menningarverkefnum. Menningarsjóðir Íslands og Finnlands, Íslands og Svíþjóðar til að efla menningarsamskiptin gætu verið fyrirmynd slíkra sjóða gagnvart umdæmislöndunum hér og myndu einfalda og bæta starf sendiráðsins á þessu sviði. Íslensku fyrirtækin hér hafa lýst áhuga á íslenskri menningu sem tæki til að kynna starfsemi sína. Fyrirtækin verja háum upphæðum til kynningar og gæti vel verið að þau vildu leggja fé til menningarhátíðar.

FRÁ PEKING:

Allt frá stofnun sendiráðsins í Peking hefur verið lögð mikil og vaxandi áhersla á að efla hvers kyns menningarsamskipti. Þar ræður sú grundvallarhugsun að fátt auki í jafnríkum mæli skilning milli fjarlægra þjóða eða færi þær nær hver annarri en gagnkvæm kynni af menningu og háttum. Meginþungi átaksins hefur beinst að Kína þar sem býr fimmtungur mannkyns. Um leið og fjarlægðin eykur þörfina fyrir kynningarstarf leggur hún stein í götu þess með því að ferðakostnaður er mun meiri en til allra annarra landa sem íslensk sendiráð starfa í. Um sum verkefnin hefur sendiráðið haft forgöngu en í öðrum tilvikum lagt hönd á plóginn með opinberum aðilum, þar á meðal utanríkisráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu, eða aðilum viðskiptalífsins sem góðu heilli veita slíku starfi vaxandi stuðning. Verulegur árangur hefur náðst.

Meðal vel heppnaðra verkefna má sérstaklega geta yfirlitssýningar á íslenskri málaralist 20. aldar í Peking og Hong Kong á árinu 1998. Þar voru sýnd nálægt 60 verk eftir flesta helstu listmálara þessa tímabils. Vegleg sýningarskrá með litmyndum allra verka sýningarinnar og kínverskum skýringartexta, ásamt ritgerð eftir Halldór Björn Runólfsson listfræðing, hefur reynst frábær til kynningar á íslenskri myndlist meðal Kínverja síðan. Þá var öflug þátttaka í fyrstu alþjóðlegu myndlistarsýningunni í nýrri listamiðstöð í Qingdao, einni af framsæknustu borgum við sjávarsíðuna í Kína, árið 1999. Þar voru sýnd málverk og grafísk verk eftir listmálarana Ástu Ólafsdóttur og Tryggva Ólafsson svo og skúlptúrar eftir Gerði Gunnarsdóttur. Hlynnt var að framtaki Ineke og Sigurðar Guðmundssonar, en þau gengust fyrir stofnun Kínversk-evrópskrar listamiðstöðvar er tengist háskólanum í annarri ört vaxandi borg, Xiamen, sl. haust. Er þetta fyrsta stofnun sinnar tegundar í öllu Kína. Þau hjónin hafa verið búsett í landinu á 3ja ár og m.a. haldið uppi fræðslu um evrópska myndlist. Fyrsta myndlistarsýningin í listamiðstöðinni var á verkum Sigurðar. Síðan hafa fleiri evrópskir listamenn fylgt í kjölfarið. Sendiherra hefur flutt ávarp við opnun sýninga og ritað formálsorð í sýningarskrár þar sem fram á slíkt hefur verið farið og gripin hafa verið ýmis fleiri tækifæri til að halda á loft blómlegu listalífi íslensku.

Úrval ljóða eftir 37 íslensk skáld í kínverskri þýðingu skáldsins Dong Jiping sá dagsins ljós haustið 1998. Flest ljóðin eru frá síðari hluta 20. aldar, valin af Sigurði A. Magnússyni rithöfundi. Hann kom til Kína í tilefni útgáfunnar og flutti þá fyrirlestra um íslenskar bókmenntir og landafundi við tvo helstu háskóla Pekingborgar. Um sama leyti birtist rit um norræna goðafræði, samið og saman tekið af Lin Hua er lengi starfaði á Íslandi og í Danmörku á vegum kínversku utanríkisþjónustunnar. Naut hann m.a. leiðsagnar íslenskra fræðimanna við undirbúning ritsins sem sendiráðið tók öflugan þátt í að kynna.

Frumflutningur íslensku óperunnar Tunglskinseyjunnar eftir Atla Heimi Sveinsson fór fram í Peking vorið 1997. Tónleikar Rutar Ingólfsdóttur fiðluleikara og Gerrit Schuil píanóleikara voru haldnir í Harbin og Dalian sumarið 1998. Skömmu síðar fór Kristján Jóhannsson tenór með aðalhlutverk á sögufrægri sýningu óperunnar „Turandot" eftir Puccini í gömlu keisarahöllunum, Forboðnu borginni í Peking. Voru listamanninum gerð góð skil í greinum víðlesinna blaða og útvarpsþáttur um hann náði eyrum hundraða milljóna. Kammersveit Reykjavíkur fór í tónleikaferð til Kína sl. haust og var einn viðburða er tengdust 25 ára afmæli hljómsveitarinnar. Hélt hún tónleika í stórborgunum Peking og Nanking. Öldutúnsskólakórinn, undir stjórn Egils Friðleifssonar, kom til Kína síðsumars 1999 til þátttöku í alþjóðlegu kóramóti í Peking. Hann heimsótti einnig borgina Baoding sem er í vinabæjatengslum við Hafnarfjörð. Allir hafa hinir íslensku listamenn notið einkar góðra undirtekta og er verulegur áhugi á framhaldi slíkra heimsókna.

Sendiráðið hefur í starfi sínu hlúð að vinarbæjartengslum Hafnarfjarðar og Baoding sem eru einu vinabæjartengslin milli Íslands og Kína. Sendiherra hefur margsinnis heimsótt Baoding í tengslum við menningarviðburði og vörusýningar þar í borg. Afhenti hann m.a. borgaryfirvöldum listaverkið „Stjórnandinn" eftir Gerði Gunnarsdóttur sem Hafnarfjörður gaf vinabænum í tilefni 50 ára afmælis Alþýðulýðveldisins Kína. Stefnt er að því að koma á vinarbæjartengslum við fleiri kínverskar borgir á næstunni. Enn fremur er verið að kanna möguleika þess að koma á vinaskólasambandi milli íslenskra og kínverskra skóla.

Nú er fram undan eitt mesta og ánægjulegasta stórvirkið í menningarsamskiptum Íslands og Kína, sem ráðist hefur verið í til þessa, þ.e. fyrsta útgáfa Íslendingasagna á kínversku. Sjö valdar Íslendingasögur koma út um mitt árið, þ.e. Njála, Egils saga, Laxdæla saga, Vatnsdæla saga, Gunnlaugs saga ormstungu og Vínlandssögurnar. Með útgáfu þeirra síðastnefndu eru landafundirnir vestanhafs kynntir í tilefni 1000 ára afmælisins. Útgáfan í heild verður í tveimur veglegum bindum sem 6 íslenskir myndlistarmenn hafa myndskreytt að tilhlutan sendiráðsins, þau Ásta Ólafsdóttir, Guðjón Ketilsson, Helga Ármanns, Jón Axel Björnsson, Valgerður Bergsdóttir og Þorgerður Sigurðardóttir. Mun bókunum verða dreift til allra helstu landa þar sem kínverskumælandi fólk er fjölmennt svo sem Indónesíu, Malasíu og Singapúr. Þarna er því um að ræða eitt stærsta átak sem gert hefur verið til kynningar á íslenskum bókmenntaarfi. Vonir standa til að í kjölfarið geti komið svipuð kynning íslenskra nútímabókmennta.

Kynning íslenskra kvikmynda hefur einnig átt sér stað þar á meðal gekkst sendiráðið fyrir því að settur var kínverskur texti við kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar „Hrafninn flýgur". Og söng- og þjóðdansaflokkurinn „Bragarbót" tók lagið og steig dans á ferðamálahátíð í hjarta Pekingborgar.

Ísland er um þessar mundir rækilega kynnt í kínversku sjónvarpi eftir tvo vel heppnaða leiðangra kínverskra sjónvarpsmanna til Íslands á sl. ári fyrir forgöngu sendiráðsins í Peking í samstarfi við VUR, Útflutningsráð og fleiri aðila. Er í öðru tilvikinu um að ræða röð 10 þátta um hin ýmsu þjóðlífssvið. Í hinu var Ísland aðalefnið í einum vinsælasta spurningaþætti kínverska sjónvarpsins sem talið er að hundruð milljóna fylgist með.

Í deiglunni eru ýmis verkefni af því tagi sem hér hafa verið talin upp í Kína, Japan, Kóreu, Tælandi – og Eyjaálfulöndunum, Ástralíu og Nýja-Sjálandi, sum tengd listahátíðum í þessum löndum. Í flestum þessara landa er að finna kunnáttumenn um íslenskar fornbókmenntir og kennsla í þeim m.a. stunduð við háskólastofnanir í Japan.

Í Japan verður umfangsmikil Íslandskynning á árinu 2001 í tengslum við stofnun sendiráðs í Tókýo. Kynningin verður þrískipt helguð viðskiptum, menningu og ferðaþjónustu.

FRÁ STOKKHÓLMI:

Þar sem sendiráðin hafa ekki sérstaka fjárveitingu til menningar- og kynningarstarfsemi eru möguleikar til slíkrar starfsemi takmarkaðir. Þó er reynt að taka með einhverjum hætti þátt í þeim menningarviðburðum sem eiga sér stað í umdæmi sendiráðsins að frumkvæði annarra aðila og sendiráðið fær vitneskju um, t.d. með samvinnu á undirbúningsstigi, sem felst m.a. í að koma á tengslum við hugsanlega samstarfs- og/eða stuðningsaðila, dreifa upplýsingum um viðburði og síðast en ekki síst veita risnu í sambandi við frumsýningar eða sýningaropnanir.

Í janúar 1999 sýndi leikhúsið „Pero“ í Stokkhólmi „Gunnlaug Ormstungu“ í leikgerð Peters Engqvist, en Bára Magnúsdóttir var í aðalhlutverki. Skömmu fyrir frumsýningu var haldin kynning á leikritinu fyrir grunnskólakennara, sem gætu síðan tengt leikhúsför með nemendum námsefni, bæði í sögu og bókmenntun. Í lok kynningar bauð sendiráðsfulltrúi upp á veitingar að „íslenskum hætti“, brennivín, flatkökur og hangikjöt, harðfisk o.fl. Eiginkona sendiherra og sendiráðsfulltrúi voru enn fremur viðstaddar frumsýningu leikritsins og veislu að henni lokinni.

Leikrit Hlínar Agnarsdóttur, „Hótel Hekla“ var sýnt í Stokkhólmi í mars. Að frumsýningu lokinni var aðstandendum leikhúss, ásamt leikhúsgestum, boðið í síðkvöldverð á heimili sendiráðsfulltrúa.

Anna Líndal, myndlistarmaður, hélt sýningu í virtu galleríi í miðborg Stokkhólms í maí. Sendiherrahjón voru viðstödd opnun sýningarinnar og sendiráðsfulltrúi gaf vín sem veitt var við það tækifæri.

Í október var leikritið „Ég heiti Ísbjörg, ég er ljón“, byggt á samnefndri skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur, sýnt í leikhúsinu Giljotin í Stokkhólmi. Vigdís Grímsdóttir var viðstödd frumsýningu og að henni lokinni bauð sendiráðsfulltrúi aðstandendum sýningarinnar o.fl. til síðkvöldverðar á heimili sínu.

Vegna tilnefningar til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs kom Hallgrímur Helgason til Stokkhólms og las úr verkum sínum og tók þátt í bókmenntaumræðum í Kulturhuset. Sendiherrahjón voru viðstödd þann viðburð.

Í janúar 2000 var Ísland í brennidepli á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Gautaborg, „Göteborgs Filmfestival“. Á öðrum degi hátíðarinnar, laugardagskvöldi, héldu sendiherrahjón móttöku fyrir um 200 gesti, en meðal þeirra voru margir þekktir einstaklingar úr menningarlífi Svíþjóðar. Veitingar voru að „íslenskum hætti“, hangikjöt, harðfiskur, brennivín o.fl. Tveir félagar Kvæðamannafélagsins Iðunnar voru fengnir til að troða upp með stutta kynningu á rímnakveðskap sem vakti verðskuldaða athygli.

Tekið skal fram að auk risnu aðstoðaði sendiráðið með einhverjum hætti við öll framangreind tækifæri og eru ráðgjöf og kynning lykilorð í því sambandi.

Sendiráðið leggur áherslu á að verða við beiðnum ýmissa félagasamtaka sem óska eftir fyrirlesara um Ísland. Sendiráðsfulltrúi hefur heimsótt ýmsar deildir símenntunarstofnunar verkalýðsins (Arbetarnas bildningsförbund), skóla og bókasöfn í þeim tilgangi. Hér er um ódýra og góða land- og menningarkynningu að ræða, sem áfram verður lögð áhersla á.

Ýmsar hugmyndir eru í vinnslu varðandi menningar- og kynningarstarfsemi á árinu. Á vegum Sænsk-íslenska verslunarráðsins er verið að kanna möguleika á að halda veglega Íslandskynningu í verslunarmiðstöð í Täby í nágrenni Stokkhólms haustið 2000. Sendiráðið er í góðu og nánu sambandi við verslunarráðið. Síðasti fundur sænskra stjórnarmanna þess var haldinn í sendiráðinu og notaði sendiherra það tækifæri til þess að lýsa yfir stuðningi við slíkar fyrirætlanir. Hann lagði enn fremur áherslu á að slíkt tækifæri yrði að nýta sem best,

m.a. með því að tengja menningarkynningu og almenna Íslandskynningu við slíka viðskiptakynningu.

Samstarf sendiráðsins við „Samfundet Sverige-Island" hefur verið í föstum skorðum undanfarin ár, en starfsemin hefur verið í lágmarki m.a. vegna þess að endurnýjun félagaskrár þess hefur gengið erfiðlega. Ákveðið hefur verið að gera í ár, á 70 ára afmæli félagsins, átak til að blása í það lífi. Af þessum sökum mun sendiráðið efla samstarfið við Samfundet Sverige-Island enn frekar.

Hefð er komin á þátttöku sendiráðsins, með einhverjum hætti, í árlegu bókasýningunni í Gautaborg. Íslenskar bókmenntir verða í heiðurssæti haustið 2000 og væntanlega verður þátttaka sendiráðsins af þeim sökum öflugri en ella.

FRÁ WINNIPEG:

Það sem rís hæst við upphaf landafundaársins í Kanada er vaxandi starfsemi í öllum þeim félögum og stofnunum sem tengjast Íslandi. Á árinu verða til dæmis opnuð tvö hús í Manitóba sem að hluta til eru fjármögnuð af íslenskum stjórnvöldum og Eimskipafélagi Íslands. Þar er um að ræða „New Iceland Heritage Museum í Gimli og ný uppgert húsnæði fyrir íslenska bókasafnið í Winnipeg.

Hátíðahöldin í Kanada hefjast í Ottawa í apríl, þau ná hámarki með komu víkingaskipsins Íslendings til Nýfundnalands í júlí og Íslendingadeginum í Gimli í ágúst og svo hátíðahöldum í Manitóba í október. Hátíðahöldin standa samfellt í sjö mánuði. Um 150 atriði verða á dagskránni. Þau eru að mestu skipulögð af skrifstofu aðalræðismannsins í nánu samráði við félög og stofnanir heimamanna.

Aðalræðisskrifstofan hefur unnið náið með öllum hópum Íslendinga á árinu og þar sem skipulagðir hópar hafa ekki verið til hafa nýir risið. Meðal nýjustu félaganna eru félögin í Montreal, í Halifax og Vinir Íslands í Ottawa. Félögin eru ómetanleg auðlind fyrir íslenska menningu, vinátta þeirra er óbrigðul og gefandi. Við opnun ræðismannsskrifstofunnar fékk ræðismaðurinn það hlutverk að undirbúa hátíðahöldin og að hafa sem best samband við fólk af íslenskum uppruna. Þessari starfsemi utanríkisþjónustunnar hefur verið einkar vel tekið.

Hvergi í heiminum er annars eins fjöldi fólks af íslenskum ættum og í Kanada. Þar er að finna fjölmargar stofnanir, félög og samtök sem tengja sig við Ísland. Hér fer á eftir fer lauslegt yfirlit yfir félagsstarfsemina. Hún er rakin frá vestri til austurs.

Í Bresku Kólombíu eru tvö félög. „Icelanders of Victoria" sem stendur fyrir margskonar verkefnum. Styrkur þess fer vaxandi. Í Vancouver er starfið einna öflugast meðal fólks af íslenskum uppruna. Félagið heitir: „The Icelandic Canadian Club of Bristih Columbia" og á Íslandshúsið. Þar er dágott bókasafn, gamalt að vísu.

Í Alberta eru þrjú félög. Þau eru í Edmonton, Markerville og Calgary. Félagið í Calgary heitir „The Leif Eiriksson Icelandic Club". Félagið stendur fyrir margvíslegri starfsemi og tekur myndarlega þátt í hátíðahöldunum í ár. Starfsemi félagsins í Markerville, litlum bæ, snýst að miklu leyti í kringum endurminninguna um Stephan G. Stephansson, þ.e. íbúðarhús skáldins og um rjómabúið sem starfrækt er sem safn. Stephan G. var gjaldkeri félagsins og beitti sér fyrir stofnun rjómabúsins. Rjómabúið er sýnt gestum og gangandi á sumrin.. Félagið tekur þátt í hátíðahöldunum meðal annars með því að taka á móti Brúðuleikhúsi Hallveigar Thorlacíus. Opinbert heiti félagsins er „The Stephan G. Stephansson Icelandic Society". Í Edmonton starfar félag sem heitir „Edmonton Icelandic Society; Norðurljós." Félagsmenn eru hátt á þriðja hundrað. Starfsemin er öflug og stendur það fyrir sérstakri Íslandsviku í apríl.

Í sléttufylkinu Saskatshewan er eitt félag sem sinnir íslenskum málefnum. Félagið tekur myndarlega þátt í hátíðahöldunum. Á árinu 1998 var afhjúpuð stytta af íslenskri fjölskyldu í Vatnabyggð, einkar athyglisvert minnismerki. Opinbert heiti félagsins er „Vatnabyggð; Saskatshewan Chapter of the Icelandic National League."

Manitóba er fjölmennasta byggðarlag Íslendinga í heiminum utan Íslands. Talið er að fólk af íslenskum uppruna telji um 100 þúsund manns í fylkinu. Starfsemin í Manitóba er með öllu ósambærileg við það sem gerist í öðrum fylkjum. Þar eru margar stofnanir og félög sem tengjast Íslandi og íslenskri menningu. Íslendingafélögin í Manitóba eru sex talsins: Frón, Árborg, Fálkinn, „Gimli Chapter INL", „Lundar Chapter INL" og félagið í Selkirk.

Íslendingadagsnefndin í Gimli er ein mikilvægasta „stofnunin" á vegum fólks sem er af íslenskum ættum í Manitóba. Íslendingadagurinn í Gimli er stórfyrirtæki. Í rauninni er um 3ja daga samfellda hátíð að ræða. Talið er líklegt að í þessu þrjú þúsund manna byggðarlagi verði um 50 þúsund manns á Íslendingadeginum í sumar.

Íslenska bókasafnið við Háskólann í Manitóba er nú búið undir að flytja í betra húsnæði eftir myndarlega gjöf íslensku ríkisstjórnarinnar og Eimskipafélags Íslands til safnsins. Upphaf þess má rekja til bókagjafar Arnljóts Björnssonar í Gimli en hann gaf safninu allar bækur sínar alls um 1.300 bindi árið 1936. Safnið tvöfaldaðist þegar bækur frá Akademíu Jóns Bjarnasonar bættust við árið 1940. Menntamálaráðuneytið leggur reglulega fram nokkra upphæð til bókakaupa á Íslandi fyrir safnið.

Íslenskudeildin við háskólann í Manitóba hefur starfað frá 1951. Þar eru kennarar þær Kirsten Wolf, prófessor, sem er í fastri stöðu, og Kristín Jóhannsdóttir. Markmið fjársöfnunar sem er í gangi er að tryggja báðar stöðurnar til frambúðar.

Lögberg/Heimskringla er vikublað með um 1400 áskrifendum. Ríkisstjórnin hefur styrkt blaðið árlega með 8000 kanadískum dollurum, um 1/10 rekstrarkostnaðar.

Safnið um Nýja Ísland í Gimli, „New Iceland Heritage Museum" er safn minja og sögu íslenska landnámsins í Vesturheimi. Það hefur lengi verið starfrækt í gamla barnaskólanum í Gimli en fær fljótlega inni í nýrri Betelbyggingu sem er að rísa.

Styttan af Jóni Sigurðssyni mætti teljast sjálfstæð „stofnun" vegna þess að hún á sér merkilega sögu. Styttan er eins og styttan á Austurvelli. Þegar Íslendingar í Vesturheimi söfnuðu fjármunum til styttu Jóns Sigurðssonar, árið 1911, varð svo mikill afgangur af söfnunarfénu að unnt var að gera aðra styttu. Hún stendur fyrir framan þinghúsið í Winnipeg og snýr þannig að Jón horfir í norður, „heim" til Íslands.

„Icelandic National League, INL" er samband félaga sem nær yfir Norður-Ameríku. Innan vébanda félaganna eru um 2000 manns. Skrifstofa INL er í Gimli.

Þegar undirbúningur hófst fyrir hátíðahöldin varð til nefndin „Millennium 125". Nafnið endurspeglar 1000 ára afmæli landnáms Íslendinga í Vesturheimi og 125 ára landnámsafmæli Íslendinga við Winnipegvatn; í Gimli. Það varð úr að mynda nefnd með aðilum úr flestum fylkjum Kanada til að annast verkefnin. Nefndin er tengiliður fylkjanna í samvinnu við ræðismannskrifstofuna.

Ræðismannskrifstofan var stofnuð í maí. Skrifstofan er að Donald Street 5 í Winnipeg. Þar er Lögberg einnig til húsa. Á skrifstofunni eru tveir ritarar, annar í hlutastarfi. Neil Bardal er nú kjörræðismaður Íslands í Gimli en hafði áður um árabil verið ræðismaður Íslands í Manitóba.

Kanadísk íslenska stofnunin, „Canadian Icelandic Foundation", hefur veitt fé undanfarin ár til einstakra verkefna eins og Snorra-verkefnisins. Stofnunin er landsstofnun með aðsetur í Winnipeg. Snorra-verkefnið fór af stað í fyrra, þegar 20 kanadísk ungmenni heimsóttu

Ísland í sex vikur til að læra íslensku, kynnast jafnöldrum sínum og til þess að vinna. Framhald verður á Snorra-verkefninu.

The Icelandic Canadian er tímarit sem kemur út einu sinni til tvisvar á ári.

Í Ontaríó er eitt félag sem tengist Íslandi „The Icelandic Canadian Club of Toronto". Félagsmenn eru um 600 talsins. Í hátíðahöldunum í ár teflir félagið fram margvíslegu efni. Þá verða hátíðahöld á tveimur öðrum stöðum í ár.

Utanríkisráðherra afhjúpar minnismerki um landnám Íslendinga í Kinmount í júlí. Í Kinmount bjuggu Íslendingarnir við erfiðan kost um tíma. Hópur fólks, í samráði við Torontó félagið, stendur fyrir gerð styttunnar. Þá verður ljósmyndasýning íslensks-kanadísks myndlistarmanns í London í Suður-Ontaríó opnuð í október.

Þegar undirbúningur hófst fyrir hátíðahöldin í Kanada beitti undirritaður sér fyrir því að kallað var til fólk með íslensk tengsl í Ottawa. Nokkrir í hópnum eru tengdir þinginu og ekki búsettir í höfuðstaðnum nema um þingtímann. Fyrsta félagið í Québec hefur verið stofnað og heitir það „Icelandic Canadian Club of Québec."

Reglubundið flug Flugleiða til Halifax hefur orðið til þess ásamt öðru að félagsleg starfsemi í kringum Ísland hefur orðið virkari en áður. Þá hefur verið stofnað í Halifax „The Icelandic Memorial Society of Nova Scotia." Á Nýfundnalandi er ekki félag en þar er þó mikil íslensk starfsemi. Í þessari upptalningu koma við sögu öll hin gömlu fylki, „province", í Kanada, nema tvö, það er Prince Edward Island og New Brunswick. Þá er enn engin starfsemi tengd Íslendingum á norðursvæðunum. Þar var þó lengi einn Íslendingur áhrifameiri en aðrir; Vilhjálmur Stefánsson, landkönnuðurinn mikli.

Sjá nánar um hátíðahöldin á vefsíðu: iceland2000.org.

Tafla 1. Opinber framlög Íslands til þróunarmála 1989-1999 *apr.99*

(í milljónum króna) Áætlun

	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Bein framlög	**106,6**	**123,7**	**154,9**	**225,1**	**277,9**	**217,3**	**250,6**	**232,5**	**331,0**	**328,2**	**396,5**
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	64,9	77,1	103,2	111,7	183	131,3	153,8	158,6	172,0	177,0	234,0
Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	13,7	16,8	22,6	26,4	26,8	28,5	32,0	33,8	33,8	30,8	44,0
Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	-	-	-	-	-	-	-	3,3	3,5	21,5	22,2
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sþ., FAO	5,7	6,8	6,3	7,7	8,6	6,8	-	12,6	7,0	7,5	7,5
Þróunaraðstoð Sþ., UNDP	10,8	13,6	10,1	17,8	22,7	-	20,6	-	13,6	18,3	18,3
Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn, UNICEF	3,3	2,3	7,0	8,2	11,1	-	19,4	-	8,8	9,5	9,5
Aðstoð við Palestínumenn	-	-	-	-	-	18,7	10,0	-	30,0	-	-
Aðstoð við Bosníu-Hersegóvínu	-	-	-	-	-	-	-	10,7	49,0	27,5	27,5
Ýmis framlög til þróunarmála	8,2	7,1	5,7	53,3	25,7	32,0	14,8	13,5	13,3	14,1	17,5
Flóttamannaaðstoð og neyðarhjálp				32,0	14,0	8,9	13,3	10,0	10,0	12,0	16,0
Hluta- og stofnfjárframlög	**84,2**	**107,0**	**134,8**	**233,6**	**203,1**	**201,3**	**238,1**	**166,0**	**180,5**	**183,5**	**174,5**
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF	-	16,0	16,5	24,2	39,4	39,6	48,1	-	19,4	20,5	20,0
Alþjóðabankinn, IBRD	34,6	25,3	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Ráðgjafasjóður Íslands við IBRD	-	4,0	3,3	4,0	-	3,5	3,2	3,2	6,5	6,5	6,5
Alþjóðaframfarastofnunin, IDA	47,3	47,3	107,9	107,6	82,2	89,9	89,4	86,8	78,6	80,0	80,0
Alþjóðalánasjóðurinn, IFC	-	-	-	0,8	1,3	-	-	-	-	-	-
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF	2,3	14,4	7,1	24,6	15,9	-	41,8	43,0	53,0	54,0	45,0
Þróunarbanki Evrópu, EBRD	-	-	-	44,5	46,0	49,7	50,1	17,0	8,0	11,0	11,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfél., NEFCO	-	-	-	5,6	6,0	6,2	5,5	7,0	6,0	12,0	12,0
Norræn fjárfestingaráætlun v/Eystrasaltsríkja	-	-	-	22,3	12,3	12,4	-	9,0	9,0	-	-
Framlög, alls	**190,8**	**230,7**	**289,7**	**458,7**	**481,0**	**418,6**	**488,7**	**398,5**	**511,5**	**511,7**	**571,0**
Verg landsframleiðsla, milljarðar króna	308,2	363,9	396,7	397,8	410,9	434,5	455,4	495,3	519,8	578,8	600,0
Framlög í % af VLF	**0,06%**	**0,06%**	**0,07%**	**0,12%**	**0,12%**	**0,10%**	**0,11%**	**0,08%**	**0,10%**	**0,09%**	**0,10%**

VIÐAUKI 3

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sendiskrifstofur og umdæmi.
(Mars 2000.)

Samtals eru um 180 launaðir starfsmenn í utanríkisþjónustunni, þar af eru um 80 í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík og um 105 í sendiskrifstofum erlendis. Af þeim síðarnefndu eru um 70 útsendir (þar af 10 frá öðrum ráðuneytum) og 35 staðarráðnir. Ólaunaðir kjörræðismenn eru um 225, þar af 55 aðalræðismenn, 140 ræðismenn og 30 vararæðismenn. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru samtals um 410.

Sendiskrifstofur erlendis (sendiráð, fastanefndir og sendiræðisskrifstofur) eru 17 í 14 löndum og 13 borgum. Umdæmislönd þeirra eru 81. Kjörræðisskrifstofur (ræðisskrifstofur skipaðar ólaunuðum ræðismönnum) eru 188 í 61 landi. Umdæmislönd sem heyra beint undir ráðuneytið eru 38. Ísland hefur stjórnmála- eða ræðissamband við samtals 119 ríki.

Berlín
Umdæmislönd: 5 (Þýskaland, Austurríki, Króatía, Sviss og Ungverjaland).
Ræðisskrifstofur: 17.
Útsendir starfsmenn: 3.
Staðarráðnir: 2.
Samtals: 5 + 19 kjörræðismenn.

Brussel, sr.
Umdæmislönd: 3 (Belgía, Liechtenstein og Lúxemborg)
Stofnanir: 1 (ESB).
Ræðisskrifstofur: 4.
Útsendir starfsmenn: 6.
Staðarráðnir: 3.
Frá öðrum ráðuneytum: 8.
17 samtals + 4 kjörræðismenn.

Brussel, fn.
Stofnanir: 3 (NATO, OPCW og VES).
Útsendir starfsmenn: 5.
Staðarráðinn: 1.
6 samtals.

Genf
Stofnanir: 8 (EFTA, WTO, SÞ, ITU, WHO, WIPO, WMO og ILO).
Útsendir starfsmenn: 4.
Staðarráðnir: 2.
6 samtals.

Helsinki
Umdæmislönd: 4 (Finnland, Eistland, Lettland og Úkraína).
Ræðisskrifstofur: 8.
Útsendir starfsmenn: 2.
Staðarráðnir: 3.
5 samtals + 10 kjörræðismenn.

Kaupmannahöfn
Umdæmislönd: 6 (Danmörk, Ísrael, Litháen, Malta, Rúmenía og Tyrkland).
Ræðisskrifstofur: 23.
Útsendir starfsmenn: 3.
Staðarráðnir: 2.
Frá öðru ráðuneyti: 1.
6 samtals + 26 kjörræðismenn.

London
Umdæmislönd: 8 (Bretland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Maldíveyjar, Nepal og Nígería).
Ræðisskrifstofur: 24.
Útsendir starfsmenn: 4.
Staðarráðnir: 2.
Frá öðru ráðuneyti: 1.
7 samtals + 25 kjörræðismenn.

Moskva
Umdæmislönd: 7 (Rússland, Armenía, Aserbaídsjan, Georgía, Moldóva, Túrkmenistan og Úsbekistan).
Ræðisskrifstofur: 2.
Útsendir starfsmenn: 3.
Staðarráðnir: 4.
7 samtals + 3 kjörræðismenn.

New York Stofnanir: 1 (SÞ). Umdæmislönd: 4 (Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Grenada og Kúba). Ræðisskrifstofa: 1 (New York, New Jersey, Connecticut og Rhode Island). Útsendir starfsmenn: 6. Staðarráðnir: 2. 8 samtals, þar af 2 ræðismenn. **Osló** Umdæmislönd: 6 (Noregur, Egyptaland, Makedónía, Pólland, Slóvakía og Tékkland). Ræðisskrifstofur: 15. Útsendir starfsmenn: 3. Staðarráðnir: 2. 5 samtals + 16 kjörræðismenn. **París** Umdæmislönd: 6 (Frakkland, Andorra, Ítalía, Portúgal, San Marínó og Spánn). Stofnanir: 3 (OECD, FAO og UNESCO). Ræðisskrifstofur: 25. Útsendir starfsmenn: 4. Staðarráðnir: 4. 8 samtals + 34 kjörræðismenn.	**Peking** Umdæmislönd: 10 (Kína, Ástralía, Indónesía, Japan, Mongólía, Norður-Kórea, Nýja-Sjáland, Suður-Kórea, Taíland og Víetnam). Ræðisskrifstofur: 8. Útsendir starfsmenn: 3. Staðarráðnir: 3. 6 samtals + 12 kjörræðismenn. **Stokkhólmur** Umdæmislönd: 8 (Svíþjóð, Albanía, Bangaldesh, Búlgaría, Kýpur, Pakistan, Júgóslavía (Serbía og Svartfjallaland) og Slóvenía). Ræðisskrifstofur: 10. Útsendir starfsmenn: 3. Staðarráðnir: 2. 5 samtals + 11 kjörræðismenn. **Strassborg** Stofnun: 1 (Evrópuráðið). Útsendir starfsmenn: 2. Staðarráðinn: 1. 3 samtals. **Vín** Stofnanir: 3 (ÖSE/OSCE, IAEA og SÞ). Umdæmisland: 1 (Bosnía-Hersegóvína). Útsendir starfsmenn: 2. Staðarráðinn: 1. 3 samtals.	**Washington** Umdæmislönd: 13 (Bandaríkin, Argentína, Brasilía, Chile, Gvatemala, Kanada, Kostaríka, Kólumbía, Mexíkó, Níkaragva, Perú, Úrúgvæ og Venesúela). Ræðisskrifstofur: 40. Útsendir starfsmenn: 5. Staðarráðnir: 2. 7 samtals + 51 kjörræðismaður. **Winnipeg** Ræðisskrifstofa: 1 (Manitoba, nema Gimli). Útsendir starfsmenn: 2. Staðarráðinn: 1. 3 samtals, þar af 1 ræðismaður. ... **Utanríkisráðuneytið** Lönd sem heyra beint undir ráðuneytið: 38. Ræðisskrifstofur sem heyra beint undir ráðuneytið: 12 (Filippseyjar, Jórdanía, Líbanon, Malasía, Mónakó, Namibía, Panama, Singapúr, Srí Lanka, Suður-Afríka og Túnis). 80 starfsmenn + 12 kjörræðismenn.

VIÐAUKI 4

Stjórnmálasamband og ræðissamband Íslands við erlend ríki
(Mars 2000)

I. **Stjórnmálasamband (og ræðissamband) (118).**

A. *Bæði löndin hafa skipað sendiherra (72).*

EVRÓPA (36)

Albanía	Ítalía	Rúmenía
Austurríki	Júgóslavía (Serbía og	Rússland
Belgía	Svartfjallaland)	Slóvakía
Bretland	Króatía	Slóvenía
Búlgaría	Kýpur	Spánn
Danmörk	Lettland	Sviss
Eistland	Litháen	Svíþjóð
(Evrópusambandið)	Lúxemborg	Tékkland
Finnland	Makedónía[i]	Tyrkland
Frakkland	Noregur	Ungverjaland
Grikkland	Páfagarður	Úkraína
Holland	Portúgal	Þýskaland
Írland	Pólland	

AFRÍKA (sunnan Sahara - 6)

Grænhöfðaeyjar	Namibía	Suður-Afríka
Kenía	Nígería	Tansanía

MIÐ-AUSTURLÖND (og Norður-Afríka - 6)

Egyptaland	Íran	Jórdanía
Írak	Ísrael	Túnis

ASÍA (utan Mið-Austurlanda - 11)

Bangladess	Kína	Suður-Kórea[iii]
Indland	Mongólía	Taíland
Indónesía	Norður-Kórea[ii]	Víetnam
Japan	Pakistan	

EYJAÁLFA (1)

Ástralía		

NORÐUR-AMERÍKA (3)

Bandaríkin	Kanada	Mexíkó

SUÐUR-AMERÍKA (Mið-Ameríka og Karíbahaf meðtalin - 9)

Argentína	Chile	Perú
Barbadoseyjar	Kólumbía	Úrúgvæ
Brasilía	Kúba	Venesúela

B. *Aðeins annað ríkið hefur skipað sendiherra (26).*

a. Aðeins hið erlenda ríki hefur skipað sendiherra (15).

Alsír	Kúveit	Níger
Angóla	Lesótó	Níkaragva
Botsvana	Malasía	Srí Lanka
Filippseyjar	Marokkó	Svasíland
Gana	Nepal	Úganda

b. Aðeins Ísland hefur skipað sendiherra (11).

Andorra	Eþíópía	Moldóva
Armenía	Georgía	Nýja-Sjáland
Bahamaeyjar	Kostaríka	Sádi-Arabía
Bosnía og Hersegóvína	Liechtenstein	

C. *Sendiherrar ekki skipaðir (20).*

Aserbaídsjan	Malaví	San Marínó
Barein	Maldíveyjar	Seychelleseyjar
Grenada	Malta	Singapúr
Gvatemala	Marshalleyjar	Sómalía
Jemen	Mósambík	Túrkmenistan
Katar	Óman	Úsbekistan
Líbanon	Panama	

II. Ræðissamband eingöngu (aðeins Ísland hefur skipað ræðismann - 1).

Mónakó		

III. Ríki sem Ísland hefur hvorki stjórnmálasamband né ræðissamband við (71).

EVRÓPA (1)

Hvíta-Rússland		

AFRÍKA (sunnan Sahara - 30)

Benín	Kamerún	Rúanda
Búrkína Fasó	Kongó	Saír
Búrúndí	Kómoreyjar	Sambía
Djíbútí	Líbería	Saó Tóme og Prinsípe
Erítrea	Madagaskar	Senegal
Fílabeinsströndin	Malí	Simbabve
Gabon	Máritanía	Síerra Leóne
Gambía	Máritíus	Súdan
Gínea	Mið-Afríkulýðveldið	Tógó
Gínea-Bissá	Miðbaugs-Gínea	Tsjad

MIÐ-AUSTURLÖND (Norður-Afríka meðtalin - 4)

Afganistan	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Sýrland
Líbía		

ASÍA (utan Mið-Austurlanda - 8)

Brúnei	Kasakstan	Burma
Bútan	Kirgisía	Tadsjikistan
Kambódía	Laos	

EYJAÁLFA (11)

Fídjieyjar	Palá	Tonga
Kíribatí	Papúa	Túvalú
Míkrónesía	Salómonseyjar	Vanúatú
Nárú	Samóa	

SUÐUR-AMERÍKA (Mið-Ameríka og Karíbahaf meðtalin - 17)

Antígva og Barbúda	El Salvador	Sankti Kristófer og Nevis
Belís	Gvæana	Sankti Lúsía
Bólivía	Haítí	Sankti Vincent og Grenadíneyjar
Dóminíka	Hondúras	
Dóminíska lýðveldið	Jamaíka	Súrínam
Ekvador	Paragvæ	Trínídad og Tóbagó

Samantekt

I. Stjórnmálasamband (og ræðissamband)	118
A. Bæði löndin hafa skipað sendiherra	72
B. Aðeins annað ríkið hefur skipað sendiherra	26
a. Erlenda ríkið	15
b. Ísland	11
C. Sendiherrar ekki skipaðir	20
II. Ræðissamband eingöngu (aðeins Ísland hefur skipað ræðismann)	1
III. Ekkert stjórnmála- eða ræðissamband	71
Lönd samtals[iv]	190

[i] Fyrrum sambandslýðveldi Júgóslavíu.

[ii] Alþýðulýðveldið Kórea.

[iii] Lýðveldið Kórea.

[iv] Lönd heims eru 191 talsins (með Íslandi). Miðað er við lönd sem tilheyrir Sameinuðu þjóðunum (188) og sérstofnunum þeirra (Páfagarður og Sviss), auk Túvalú.

VIÐAUKI 5

Fyrirsvar Íslands við ríki sem Ísland hefur stjórnmála- eða ræðissamband við og fyrirsvar þeirra gagnvart Íslandi
(Apríl 2000)

Land	Fyrirsvar Íslands[i]	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Albanía	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Alsír	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Andorra	Sr. París	Ráðuneytið
Angóla	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Argentína	Sr. Washington	Sr. Osló
Armenía	Sr. Moskvu	Ráðuneytið
Aserbaídsjan	Sr. Moskvu	Ráðuneytið
Austurríki	Sr. Berlín	Sr. Kaupmannahöfn
Ástralía	Sr. Peking	Sr. Stokkhólmi
Bahamaeyjar	Fn. New York	Sr. Washington.
Bandaríkin	Sr. Washington	Sr. Reykjavík
Bangladess	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Barbadoseyjar	Fn. New York	Sr. London
Barein	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Belgía	Sr. Brussel	Sr. Osló
Bosnía og Hersegóvína	Fn. Vín	Sr. Stokkhólmi
Botsvana	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Brasilía	Sr. Washington	Sr. Osló
Bretland	Sr. London	Sr. Reykjavík
Búlgaría	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Chile	Sr. Washington	Sr. Osló
Danmörk	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Reykjavík
Egyptaland	Sr. Osló	Sr. Osló
Eistland	Sr. Helsinki	Sr. Kaupmannahöfn
(Evrópusambandið)	Sr. Brussel	Sr. Osló
Eþíópía	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Filippseyjar	Ráðuneytið	Sr. London
Finnland	Sr. Helsinki	Sr. Reykjavík
Frakkland	Sr. París	Sr. Reykjavík
Gana	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Georgía	Sr. Moskvu	Ráðuneytið
Grenada	Fn. New York	Ráðuneytið
Grikkland	Sr. London	Sr. Osló
Grænhöfðaeyjar	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Gvatemala	Sr. Washington	Ráðuneytið
Holland	Sr. London	Sr. London
Indland	Sr. London	Sr. Osló
Indónesía	Sr. Peking	Sr. Osló
Írak	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Íran	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Írland	Sr. London	Sr. Kaupmannahöfn
Ísrael	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Osló
Ítalía	Sr. París	Sr. Osló
Japan	Sr. Peking	Sr. Osló
Jemen	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Jórdanía	Ráðuneytið	Sr. London

Júgóslavía[ii]	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Kanada	Sr. Washington	Sr. Osló
Katar	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Kenía	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Kína	Sr. Peking	Sr. Reykjavík
Kostaríka	Sr. Washington	Ráðuneytið
Kólumbía	Sr. Washington	Sr. Stokkhólmi
Króatía	Sr. Berlín	Sr. Kaupmannahöfn
Kuveit	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Kúba	Fn. New York	Sr. Stokkhólmi
Kýpur	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Lesótó	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Lettland	Sr. Helsinki	Sr. Kaupmannahöfn
Liechtenstein	Sr. Brussel	Ráðuneytið
Litháen	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Kaupmannahöfn
Líbanon	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Lúxemborg	Sr. Brussel	Sr. London
Makedónía	Sr. Osló	Sr. London
Malasía	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Malaví	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Maldíveyjar	Sr. London	Ráðuneytið
Malta	Sr. Kaupmannahöfn	Ráðuneytið
Marokkó	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Marshalleyjar	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Mexíkó	Sr. Washington	Sr. Osló
Moldóva	Sr. Moskvu	Ráðuneytið
Mongólía	Sr. Peking	Sr. London
Mónakó[iii]	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Mósambík	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Namibía	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Nepal	Sr. London	Sr. London
Níger	Ráðuneytið	Sr. Brussel
Nígería	Sr. London	Sr. Dublin
Níkaragva	Sr. Washington	Sr. Stokkhólmi
Norður-Kórea[iv]	Sr. Peking	Sr. Stokkhólmi
Noregur	Sr. Osló	Sr. Reykjavík
Nýja-Sjáland	Sr. Peking	Ráðuneytið
Óman	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Pakistan	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Panama	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Páfagarður	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Perú	Sr. Washington	Sr. Stokkhólmi
Portúgal	Sr. París	Sr. Osló
Pólland	Sr. Osló	Sr. Osló
Rúmenía	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Kaupmannahöfn
Rússland	Sr. Moskvu	Sr. Reykjavík
San Marínó	Sr. París	Ráðuneytið
Sádi-Arabía	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Seychelleseyjar	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Singapúr	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Slóvakía	Sr. Osló	Sr. Osló
Slóvenía	Sr. Stokkhólmi	Sr. Kaupmannahöfn

Sómalia	Ráðuneytið	Ráðuneytið
Spánn	Sr. París	Sr. Osló
Srí Lanka	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Suður-Afríka	Ráðuneytið	Sr. Osló
Suður-Kórea[v]	Sr. Peking	Sr. Osló
Svasíland	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Sviss	Sr. Berlín	Sr. Osló
Svíþjóð	Sr. Stokkhólmi	Sr. Reykjavík
Taíland	Sr. Peking	Sr. Kaupmannahöfn
Tansanía	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Tékkland	Sr. Osló	Sr. Osló
Túnis	Ráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Túrkmenistan	Sr. Moskvu	Ráðuneytið
Tyrkland	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Osló
Ungverjaland	Sr. Berlín	Sr. Stokkhólmi
Úganda	Ráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Úkraína	Sr. Helsinki	Sr. Helsinki
Úrúgvæ	Sr. Washington	Sr. Ottawa
Úsbekistan	Sr. Moskvu	Ráðuneytið
Venesúela	Sr. Washington	Sr. Osló
Víetnam	Sr. Peking	Sr. Stokkhólmi
Þýskaland	Sr. Berlín	Sr. Reykjavík
Samantekt	**Fjöldi umdæmislanda[vi]** Sr. Washington: 13 Sr. Peking: 10 Sr. London: 8 Sr. Stokkhólmur: 8 Sr. Moskva: 7 Sr. Kaupmannahöfn: 6 Sr. Osló: 6 Sr. París: 6 Sr. Berlín: 5 Sr. Helsinki: 4 Fn. New York: 4 Sr. Brussel: 3 Fn. Vín: 1 Samtals: 81 Ráðuneytið: 38	**Fjöldi erlendra sendiráða[vii]** Reykjavík: 10 Stokkhólmur: 28 Osló: 23 Kaupmannahöfn: 15 London: 8 Brussel: 1 Dublin: 1 Helsinki: 1 Ottawa: 1 Washington: 1 Samtals: 89 Ráðuneytin: 30
Samtals: 119[viii]	Samtals: 119	Samtals: 119

[i] Miðað er við forsetaúrskurð nr. 134/1999.

[ii] Serbía og Svartfjallaland.

[iii] Aðeins ræðissamband.

[iv] Alþýðulýðveldið Kórea

[v] Lýðveldið Kórea.

[vi] Íslenskra sendiráða, fastanefnda og utanríkisráðuneytisins.

[vii] Gagnvart Íslandi í viðkomandi borgum og fjöldi utanríkisráðuneyta sem fer með fyrirsvarið.

[viii] Lönd heims eru 191 talsins. Miðað er við lönd sem tilheyra Sameinuðu þjóðunum (188) og sérstofnunum þeirra (Páfagarður og Sviss), auk Túvalú. Þar af hefur Ísland hvorki stjórnmálasamband né ræðissamband við 71 þeirra.

VIÐAUKI 6

Helstu alþjóðastofnanir og -samtök sem Ísland á aðild að og framlög til þeirra.
(Mars 2000.)

I. Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og skyldar stofnanir (utan alþjóðabankans).
II. Alþjóðabankinn og skyldar stofnanir.
III. Aðrar alþjóðastofnanir og -samtök.
IV. Norðurlandastofnanir.
V. Aðrar svæðisbundnar stofnanir og samtök.

Nokkrar aðrar alþjóðastofnanir og -samtök sem Ísland varða.

I. Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og skyldar stofnanir	Skamm-stöfun	Höfuð-stöðvar	Aðild-arár	Fyrirsvar/ umsjón [1]	Framlög '99, m.kr.
Sameinuðu þjóðirnar, SÞ, www.un.org • Skrifstofa SÞ • Skrifstofa SÞ • Skrifstofa SÞ	UN	 New York Genf Vín	1946	Fastanefnd Íslands, New York Genf Vín	26,7
Alþjóðafjarskipta-sambandið, *www.itu.int*	ITU	Genf	1949	Fn. Ísl. Genf/ Samgöngurn.	4,3
Alþjóðaflugmála-stofnunin, *www.icao.org*	ICAO (áður PICAO)	Montreal	1947 (1945)	Samgöngurn.	75,7
Alþjóðahafréttar-dómstóllinn, *www.un.org/depts/los*	ITLOS	Hamborg	1996	Utanríkisrn.	0,3
Alþjóðahafsbotns-stofnunin, *http://isa.org.jm*	ISA	Kingston	1994	Utanríkisrn.	0,2
Alþjóðaheilbrigðis-stofnunin, *www.who.int*	WHO	Genf	1948	Fn. Ísl. Genf/ Heilbrigðisrn.	8,7
Alþjóðahugverka-stofnunin, *www.wipo.org*	WIPO	Genf	1986	Fn. Ísl. Genf/ Iðnr./Mentrn.	2,3
Alþjóðakjarnorkumála-stofnunin, *www.iaea.org*	IAEA	Vín	1957	Fn. Ísl. Vín	5,4
Alþjóðapóstsambandið, *www.upu.int*	UPU	Bern	1874	Samgöngurn.	1,9
Alþjóðasiglingamála-stofnunin, *http://imo.org*	IMO (áður IMCO)	London	1982 (1960)	Samgöngurn.	1,1
Alþjóðaveðurfræði-stofnunin, *www.wmo.ch*	WMO	Genf	1950	Fn. Ísl. Genf Samgöngurn.	0,9
Alþjóðaviðskipta-stofnunin, *www.wto.org* (aukaaðild að GATT 1964, aðild 1968)	WTO (áður GATT)	Genf	1995	Fn. Ísl. Genf	2,2
Alþjóðavinnumála-stofnunin, *www.ilo.org*	ILO	Genf	1945	Fn. Ísl. Genf/ Félagsmálarn.	5,1
Matvæla- og landbúnaðar-stofnun SÞ, *www.fao.org*	FAO	Róm	1945	Fn. Ísl. París/Róm	7,5
Menningarmálastofnun SÞ, *www.unesco.org*	UNESCO	París	1964	Fn. Ísl. París/ Menntamálarn.	7,6
Sérframlög					
• Alþjóðaáætlun SÞ um fíkniefnavarnir, *www.undcp.org*	UNDCP	Vín	---	Utanríkisrn.	0,4
• Alþjóðaþróunarsjóður landbúnaðarins, *www.ifad.org*	IFAD	Róm	---	Utanríkisrn.	0,3
• Barnahjálp SÞ, *www.unicef.org*	UNICEF	New York	---	Utanríkisrn.	9,5
• Flóttamannastofnun SÞ, *www.unhcr.ch*	UNHCR	Genf	---	Utanríkisrn.	5,5

• Flóttamanastofnun SÞ v. Kósóvó					5,0
• Jarðhitaháskóli HSÞ, *www.os.is/unugtp*	UNUGTP	Reykjavík	---	Utanríkism.	44,0
• Mannfjöldasjóður SÞ, *www.unfpa.org*	UNFPA	New York	---	Utanríkism.	0,5
• Mannúðarmálaskrifstofa SÞ, *www.reliefweb.int ocha_ol*	OCHA	New York/ Genf	---	Utanríkism.	0,7
• Matvælaáætlun SÞ, *www.wfp.org*	WFP	Genf	---	Utanríkism.	0,4
• Palestínuflóttamanna-aðstoðin, *www.un.org/unrwa*	UNRWA	Gaza/ Amman	---	Utanríkism.	0,5
• Sjávarútvegsskóli HSÞ	UNUFTP	Reykjavík	---	Utanríkism.	22,2
• Sjóður SÞ fyrir fórnarlömb pyntinga, *www.unhchr.ch/html menu2/9/vftortur.htm*	UNVFVT	Genf	---	Utanríkism.	0,4
• Skrifstofa rammasamnings SÞ um loftslagsbreytingar, *www.unfccc.de*	UNFCCC	Bonn	---	Utanríkism./ Umhverfism.	0,2
• Skrifstofa samnings SÞ um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, *www.unccd.ch*	UNCCD	Genf	---	Umhverfism.	0,2
• Stríðsglæpadómstóllinn v. Júgóslavíu, *www.un.org/icty*	ICTY	Haag	---	Utanríkism.	2,0

• Stríðsglæpadómstóllinn v. Rúanda, *www.ictr.org*	ICTR	Arusha	---	Utanríkisrn.	1,4
• Umhverfisstofnun SÞ, *www.unep.org*	UNEP	Nairobi	---	Utanríkisrn./ Umhverfisrn.	4,2
• Þróunaráætlun SÞ, *www.undp.org*	UNDP	New York	---	Utanríkisrn.	18,3
• Þróunarsjóður SÞ fyrir konur, *www.unifem.undp.org* • UNIFEM á Íslandi	UNIFEM	New York	---	Utanríkisrn.	1,0 2,5
II. Alþjóðabankinn og skyldar stofnanir	**Skamm-stöfun**	**Höfuð-stöðvar**	**Aðild-arár**	**Fyrirsvar/ umsjón**	**Framlög '99, m.kr.**
Alþjóðabankinn, *www.worldbank.org*	IBRD	Washington	1945	Utanríkisrn.	14,6
Alþjóðaframfara-stofnunin, *www.worldbank.org/ida*	IDA	Washington	1961	Utanríkisrn.	65,1
Alþjóðagjaldeyris-sjóðurinn, *www.imf.org*	IMF	Washington	1945	Forsætisrn.	19,8
Alþjóðalánastofnunin, *http://ifc.org*	IFC	Washington	1956	Utanríkisrn.	---
Alþjóðastofnunin um lausn fjárfestingardeilna, *www.worldbank.org/icsid*	ICSID	Washington	1966	Utanríkisrn.	---
Fjölþjóðlega fjárfestinga-ábyrgðastofnunin, *www.miga.org*	MIGA	Washington	1998	Utanríkisrn.	---
III. Aðrar alþjóða-stofnanir og -samtök	**Skamm-stöfun**	**Höfuð-stöðvar**	**Aðild-arár**	**Fyrirsvar/ umsjón**	**Framlög '99, m.kr.**
Alþjóðagerðardómurinn, *www.pca-cpa.org*	PCA	Haag	1955	Dómsmálarn.	0,03
Alþjóðahafrannsókna-ráðið, *www.ices.dk*	ICES	Kaupmanna-höfn	1938	Sjávarútvegsrn.	1,1
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, *www.interpol.int*	INTERPOL	París	1971	Dómsmálarn.	2,8
Alþjóðasjómælinga-stofnunin, *www.iho.shom.fr*	IHO	Monte Carlo	1970	Dómsmálarn.	0,8
Alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti, *www.intelsat.int*	INTELSAT	Washington	1975	Utanríkisrn./ Samgöngurn.	---
Alþjóðastofnun til að gefa út tollalög, *www.bitd.org*	ICTB	Brussel	1891	Fjármálarn.	0,1
Alþjóðastofnun um notkun gervitungla í siglingum, *www.inmarsat.org*	INMARSAT	London	1991	Utanríkisrn./ Samgöngurn.	---

Efnavopnastofnunin, *www.opcw.nl*	OPCW	Haag	1997	Fn. Ísl. Brussel	0,7
Heimssýningasamtökin (Bureau International d'Expositions)	BIE	París	1999	Utanríkisrn.	0,1
Tollasamvinnuráðið, *www.wcoomd.org*	WCO	Brussel	1950	Fjármálarn.	1,4
IV. Norðurlandastofnanir	**Skamm-stöfun**	**Höfuð-stöðvar**	**Aðild-arár**	**Fyrirsvar/ umsjón**	**Framlög '99, m.kr.**
Menningarsjóður Norðurlanda, *www.nordiskkulturfond.dk*	NK	Kaupmanna-höfn	1976	Forsætisrn.	---
Norðurlandaráð, *www.norden.org*	NR	Kaupmanna-höfn	1952	Alþingi	2,9
Norræna ráðherranefndin, *www.norden.org*	NMR	Kaupmanna-höfn	1971	Forsætisrn.	71,4
Norræni fjárfestingar-bankinn, *www.nibank.org*	NIB	Helsinki	1976	Fjármálarn.	1,1
Norræni iðnaðarsjóðurinn, *www.nordisk-industrifond.no*	NI	Osló	1973	Iðnaðarrn.	---
Norræni verkefna-útflutningssjóðurinn, *www.nopef.com*	NOPEF	Helsinki	1982	Forsætisrn.	---
Norræni þróunarsjóðurinn, *www.ndf.fi*	NDF	Helsinki	1989	Forsætisrn.	40,7
Norræni þróunarsjóðurinn fyrir hin vestlægu Norður-lönd (Lánasjóður Vestur-Norðurlanda), *www.vestnorden.is*	VNF	Reykjavík	1987	Alþingi	---
Norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, *www.nefco.fi*	NEFCO	Helsinki	1990	Umhverfisrn.	5,6
Vestnorræna ráðið, *www.vestnordisk.is*	VNR	Reykjavík	1985	Alþingi	4,0
V. Aðrar svæðisbundnar stofnanir og samtök	**Skamm-stöfun**	**Höfuð-stöðvar**	**Aðild-arár**	**Fyrirsvar/ umsjón**	**Framlög '99, m.kr.**
Atlantshafsbandalagið, www.nato.int	NATO	Brussel	1949	Fn. Ísl. Brussel	31,5
• NATO-þingið				Alþingi	0,1
Barentsráðið, *(www.barentsinfo.fi)*	BEAC	(breytilegt)	1993	Utanríkisrn.	0,4
Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunin, *www.oecd.org*	OECD (áður OEEC)	París	1961 (1948)	Fn. Ísl. París	14,0
Endurreisnar- og þróunar-banki Evrópu, *www.ebrd.com*	EBRD	London	1991	Viðskiptarn.	17,1
Evrópuráðið, *www.coe.fr*	COE	Strassborg	1950	Fn. Ísl. Strassborg	15,5

• Evrópska marg-miðlunarstofan, *www.obs.coe.int*	EAO	Strassborg	1992	Menntamálarn.	0,1
• Kvikmyndasjóður Evrópuráðsins, *http://culture.coe.fr/Eurimages/*	EUR-IMAGES	Strassborg	---	Menntamálarn.	6,0
• Evrópska nýmálastofan, *http://culture.coe.fr/ecml/index_e.htm*	ECML	Graz	1998	Menntamálarn.	0,4
• Evrópski menningarsjóðurinn, *http://culture.coe.fr/skills/index.html*	FEMP	Strassborg	---	Menntamálarn.	0,01
Evrópustofnun fjarskipta um gervitungl, *www.eutelsat.org*	EUTELSAT	París	1987	Utanríkisrn./ Samgöngurn.	---
Eystrasaltsráðið, *www.baltinfo.org* • Varnarmálaskóli • Tímabundin verkefni • Samstarfsverkefni við Eystrasaltsríkin	CBSS	Stokkhólmi	1995	Utanríkisrn.	2,4 0,4 0,9 1,7
Fríverslunarsamtök Evrópu, *www.efta.int*	EFTA	Genf	1970	Fn. Ísl., Genf	38,0
• Eftirlitsstofnun EFTA, www.efta.int	ESA	Brussel	1994	Sr. Ísl. Brussel	54,8
• EFTA-dómstóllinn, www.efta.int	---	Lúxemborg	1994	Sr. Ísl. Brussel	18,1
• Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal	EFTA-IFP	Genf	1977	Fn. Ísl. Genf	2,0
• Þróunarsjóður EFTA	---	Brussel	1994	Sr. Ísl. Brussel	97,9
Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndin, *www.neafc.org*	NEAFC	London	1963	Sjávarútvegsrn.	5,0
Norður-Atlantshafs-laxverndarstofnunin, *www.nasco.org.uk*	NASCO	Edinborg	1983	Landbúnaðarrn.	3,4
Norður-Atlantshafs-sjávarspendýraráðið, *www.nammco.no*	NAMMCO	Þrándheimi	1992	Sjávarútvegsrn.	5,9

Norðurskautsráðið, *http://arctic-council.usgs.gov*	AC	(breytilegt)	1996	Utanríkism.	---
• CAFF-skrifstofan (vernd gróður- og dýralífs á norðurslóðum), *www.grida.no/caff*	CAFF	Akureyri	1996	Umhverfism.	9,8
• PAME-skrifstofan (vernd gegn mengun hafsins á norðurslóðum)	PAME	Akureyri	1999	Umhverfism.	10,0
Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðistofnunin, *www.nafo.ca*	NAFO	Dartmouth	1979	Sjávarútvegsm.	1,5
Vestur-Evrópusambandið, VES (aukaaðild), *www.weu.int*	WEU	Brussel	1992	Fn. Ísl. Brussel	2,5
Öryggis- og samvinnu-stofnun Evrópu, ÖSE (áður RÖSE), www.osce.org	OSCE (áður CSCE)	Vín	1994 (1975)	Fn. Ísl. Vín	10,9
• ÖSE-þingið				Alþingi	0,2

Nokkrar aðrar alþjóða-stofnanir og -samtök sem Ísland varða	**Skamm-stöfun**	**Höfuð-stöðvar**	**Aðild-arár**	**Fyrirsvar/ umsjón**	**Framlög '99, m.kr.**
Alþjóðagreiðslubankinn, *www.bis.org*	BIS	Basel	1950	Seðlabankinn	---
Alþjóðajarðfræði-sambandið, *www.iugs.org*	IUGS	Þrándheimi	1962	Náttúrufræði-stofnun Ísl.	0,03
Alþjóðalandfræði-sambandið, *www.obs-mip.fr/uggi*	IUGG	Toulouse	1967	Menntamálarn.	0,03
Alþjóðanáttúruverndar-sambandið, *http://iucn.org*	IUCN	Gland	1973	Umhverfism.	0,6
Alþjóðanefndin um mannshvörf (International Commission on Missing Persons)	---	---	---	Utanríkism.	1,5
Alþjóðaorkumálaráðið, *www.worldenergy.org*	WEC	London	1949	Orkustofnun	0,3
Alþjóðaraftækninefndin (aukaaðild), *www.iec.ch*	IEC	Genf	1998	Staðlaráð Ísl.	1,6

Alþjóðaráð Rauða krossins, *www.icrc.org*	ICRC	Genf	---	Utanríkisrn.	3,0
Alþjóðastjarnfræði-sambandið, *www.iau.org*	IAU	París	1988	Menntamálarn.	0,1
Alþjóðaþingmanna-sambandið, *www.ipu.org*	IPU	Genf	1951	Alþingi	1,0
Alþjóðlegu staðlasamtökin, *www. iso.ch*	ISO	Genf	1992	Staðlaráð Ísl.	1,4
Ástralíuhópurinn, *(http:// projects.sipri.se/cbw/ research/ AG-mainpage.html)*	AG	(breytilegt)	1993	Utanríkisrn.	---
Evrópusambandið, ESB (ekki aðili), *http://europa.eu.int*	EU	Brussel	---	Sr. Ísl. Brussel	242,0 [ii]
Margmiðlunarsamtökin EUREKA, *www. aveureka.be/homepage.htm*	AE	Brussel	1995	Menntamálarn.	0,1
Menntastofnun Ísl. og Bandaríkjanna, *www.usa.is*	FC	Reykjavík	1964	Menntamálarn.	10,5
Rafstaðlasamtök Evrópu, *www.cenelec.be*	CENELEC	Brussel	1988	Staðlaráð Ísl.	0,8
Sameindarlíffræðistofnun Evrópu, *www.embo.org*	EMBO	Heidelberg	---	Menntamálarn.	0,5
Samningurinn um vernd Norðaustur-Atlantshafsins, *http://www.ospar.org*	OSPAR	London	1998	Umhverfisrn.	2,7
Samningurinn um viðskipti með dýr og plöntur í útrýmingarhættu, *www.cites.org*	CITES	Genf	2000	Utanríkisrn.	0,01
Samstarf um dreifingu eldflaugatækni, *(http://projects.sipri.se expcon/ mtcr_informationpaper.htm)*	MTCR	(breytilegt)	1993	Utanríkisrn.	---
Staðlasamtök Evrópu, *www.cenorm.be*	CEN	Brussel	1988	Staðlaráð Ísl.	1,7
Undirbúningsnefnd stofnunar allsherjarbanns við tilraunum með kjarnavopn, *www.ctbto.org*	CTBTO	Vín	1997	Fn. Ísl. Vín	1,4
Vísindanefnd um áhrif sólar á jörð, *www.ngdc.noaa.gov/stp/SCOSTEP/scostep.html*	SCOSTEP (áður IUCSTP)	(breytilegt)	1978 (1969)	Menntamálarn.	0,03

[i] Í dálkinum „Fyrirsvar/umsjón" er viðkomandi fastanefnd Íslands erlendis tiltekin, en önnur tilgreind ráðuneyti eða stofnanir innanlands kunna að hafa með að gera efnislega umfjöllun á vissum sviðum.

[ii] Á fjárlagalið menntamálaráðuneytisins vegna rammaáætlana.

957. Svar [511. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um vanskil útvarpsgjalda.

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Ríkisútvarpinu og er svarið við fyrirspurninni byggt á þeim.

1. *Hver voru vanskil afnotagjalda útvarps og sjónvarps 1996–1998, sundurgreint eftir árum?*

Kröfur sendar í lögfræðiinnheimtu voru sem hér segir á árunum 1996–1999:

Ár	Kr.	Fjöldi mála
1996	119.992.469	4.020
1997	239.513.596	8.515
1998	82.871.730	2.756
1999	87.996.422	3.514

Ríkisútvarpið sendir ekki kröfur í innheimtu hjá lögfræðingi fyrr en eftir áminningarbréf auk þess sem reynt er að semja um skuldina með því að hafa samband símleiðis við skuldarann.

2. *Hvað innheimtist af kröfum fyrrnefndra ára?*

Árin 1996–1998 skilaði lögfræðiinnheimtan eftirfarandi:

Ár	Kr.
1996	50.149.730
1997	52.883.916
1998	63.520.688
1999	58.652.899

3. *Hver var heildarinnheimtukostnaður?*

Heildarinnheimtukostnað RÚV má telja heildarkostnað við innheimtudeild Ríkisútvarpsins sem var sem hér segir þessi ár:

Ár	Kr.
1996	59.953.000
1997	61.538.000
1998	71.786.000
1999	69.582.000

4. *Hver var innheimtukostnaður þar sem kröfur náðust ekki fram?*

Kostnaður Ríkisútvarpsins vegna lögfræðiinnheimtunnar var sem hér segir þessi ár:

Ár	Kr.
1996	4.631.000
1997	5.005.000
1998	5.544.000
1999	4.749.000

Ríkisútvarpið hefur gert nýja samninga um þessa innheimtu og gert er ráð fyrir að kostnaður þess af kröfum sem ekki nást lækki um helming á yfirstandandi ári og falli alveg niður á næsta ári.

5. *Hve mörg sjónvarps- og útvarpstæki voru gerð upptæk á fyrrnefndu tímabili? Hvert var söluandvirði þessara tækja á opinberu uppboði?*

Undanfarin fjögur ár hafa samtals 654 sjónvarpstæki verið seld á nauðungaruppboðum vegna vangreiddra afnotagjalda hjá þeirri lögfræðistofu sem annast megnið af innheimtu vangoldinna afnotagjalda fyrir Ríkisútvarpið. Uppboð hjá hinum stofunum eru hverfandi fá. Flest umræddra tækja hafa verið verðlítil eldri tæki og skuldarar í flestum tilvikum eignalausir eða gjaldþrota. Eftirstöðvar uppboðskrafna hafa verið afskrifaðar og umræddum skuldurum gert kleift að byrja með hreint borð aftur sem í flestum tilvikum hefur reynst vel.

Ár	Seld tæki	Kr.
1996	187	940.776
1997	231	643.502
1998	170	235.156
1999	66	140.274

Eins og þessi listi gefur til kynna hefur nauðungarsölum á sjónvarpstækjum fækkað til muna vegna betri skila á afnotagjöldum.

6. *Hverjir eru undanþegnir afnotagjaldi útvarps og sjónvarps?*

Fáir eru undanþegnir útvarpsgjaldi. Stærsti hópurinn er örorku- og ellilífeyrisþegar sem ekki njóta heimilisuppbótar en eiga rétt á sérstakri heimildaruppbót. Þeir eru gjaldfríir, svo framarlega sem um er að ræða einkaafnot viðkomandi á heimili, sbr. reglugerð nr. 357/1986 með breytingum frá 1. júlí 1997. Ekki bætist í þennan hóp gjaldfrírra notenda samkvæmt reglugerðinni, en þeir töldust 1.916 28. febrúar síðastliðinn.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem eru fastráðnir og hafa verið í fullu starfi í þrjú ár greiða ekki afnotagjald og þeir starfsmenn sem eru fastráðnir og hafa unnið í eitt ár greiða 30% eða sem nemur hljóðvarpsgjaldi. Sama á við um nokkra umsjónarmenn Landssímans vegna dreifikerfsins. Alls voru í þessum hópi 429 manns 28. febrúar síðastliðinn.

958. Svar [506. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um umferð um Hvalfjarðargöng.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mörg ökutæki hafa farið um Hvalfjarðargöng í hverjum mánuði frá því að göngin voru tekin í notkun, sundurliðað eftir ökutækjaflokkum?

Ráðuneytið leitaði til Vegagerðarinnar um svar við fyrirspurninni. Vegagerðin mun síðan hafa fengið upplýsingar frá rekstraraðila Hvalfjarðarganga, Speli ehf., um það sem spurt er um. Svarið getur að líta í eftirfarandi töflu.

Ráðuneytið telur einnig að af þessari fyrirspurn leiði að rétt sé að benda á umferðartölur fyrir og eftir að Hvalfjarðargöngin voru opnuð.

Umferð hjá Fossá í Hvalfirði var árið 1997 681.000 bílar og ef áætlað er að með Akraborginni hafi verið fluttir 182 bílar á dag er reiknuð umferð árið 1997 samtals 747.000 bílar.

Árið 1999 var umferð hjá Fossá aðeins 94.000 bílar en umferð um Hvalfjarðargöngin 1.031.000 bílar.

Af þessum tölum sést að umferð hjá Fossá í Hvalfirði var árið 1999 aðeins 14% af því sem hún var árið 1997. Jafnframt liggur ljóst fyrir að umferð um Hvalfjörð hefur aukist um 38% milli áranna 1997 og 1999 sé áætluð umferð með Akraborginni talin með árið 1997. Svona mikil umferðaraukning milli tveggja ára á sér vart hliðstæðu hér á landi.

Þróun gjaldskyldrar umferðar um Hvalfjarðargöng.

	1998	Hlutfallsleg skipting %				1999	Hlutfallsleg skipting %				Aukning milli ára %	2000	Hlutfallsleg skipting %				Aukning milli ára %
	Umferð alls	Styttri en 6 m	6–12 m	Lengri en 12 m	Vélhjól	Umferð alls	Styttri en 6 m	6–12 m	Lengri en 12 m	Vélhjól		Umferð alls	Styttri en 6 m	6–12 m	Lengri en 12 m	Vélhjól	
jan.						51.948	92,7	4,2	3,1	0,0		59.187	92,5	3,4	4,2	0,0	13,9
feb.						50.238	92,4	4,1	3,5	0,0		53.677	91,4	3,9	4,8	0,0	6,8
mars						65.768	92,8	3,9	3,3	0,0		55.958	91,6	3,9	4,5	0,0	
apríl						79.361	94,6	2,9	2,4	0,1							
maí						93.683	94,3	3,2	2,2	0,3							
júní						107.194	94,6	3,0	2,1	0,3							
júlí	39.794					145.355	96,0	2,2	1,5	0,3							
ágúst	112.912	*92,8*	*4,0*	*3,0*	*0,2*	132.553	95,8	2,2	1,8	0,2	17,4						
sept.	80.623					91.262	94,2	2,9	2,8	0,1	13,2						
okt.	72.822	93,4	3,9	2,6	0,0	83.657	94,1	3,1	2,7	0,0	14,9						
nóv.	62.251	93,0	4,2	2,8	0,0	65.842	92,9	3,7	3,3	0,0	5,8						
des.	62.203	93,1	4,0	2,9	0,0	63.726	93,5	3,3	3,2	0,0	2,4						
	430.605	93,0	4,0	2,9	0,1	**1.030.587**	94,4	3,0	2,5	0,1		**168.822**	91,9	3,7	4,5	0,0	

Umferð í júlí 1998 er frá 21. þ.m.

Umferð í mars 2000 er til 27. þ.m.

959. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Njál Möller frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Bílgreinasambandinu, Íslenskri Nýorku ehf., Metani hf., Endurvinnslunni hf., Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Hollustuvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í frumvarpinu er lögð til lækkun á vörugjaldi af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Er markmiðið með því að styðja öra þróun í hönnun og framleiðslu slíkra ökutækja sem hafa mun minni skaðleg áhrif á umhverfið en bifreiðar sem nota eldsneyti úr olíum.

Hjálmar Árnason, Pétur H. Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til leggja fram og styðja breytingatillögur við málið.

Kristinn H. Gunnarsson og Katrín Andrésdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 3. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Gunnar Birgisson.
Hjálmar Árnason, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.

Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

960. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Birgi Má Ragnarsson frá viðskiptaráðuneyti og Arnar Sigurmundsson og Úlfar Steindórsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

Með frumvarpinu er lagt til að haldnir verði ársfundir í Nýsköpunarjóði atvinnulífsins eins og almennt tíðkast í atvinnulífinu, eigi síðar en 31. maí ár hvert.

Ljóst er að þörf fyrir miðlun upplýsinga sem tengjast starfsemi Nýsköpunarsjóðs er síst minni en í atvinnulífinu almennt. Leggur nefndin því til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 23. mars 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

961. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Þorkelsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Orkustofnun, Lögmannafélagi Íslands, Verslunarráði Íslands og Fjármálaeftirlitinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem lúta að því að útfæra gjaldtökuheimildir laganna þannig að þær standist kröfur ákvæða stjórnarskrárinnar til slíkra heimilda. Þá eru lagðar til nokkrar nýjar gjaldtökuheimildir vegna starfsleyfa og leyfa til rannsókna.

Nefndin leggur til tvær smávægilegar breytingar á frumvarpinu. Lúta þær að því að samræma ákvæði laganna breytingum á ákvæðum annarra laga.

Nefndin telur að ekki hafi verið mörkuð nægilega skýr heildarstefna hjá hinu opinbera varðandi skil milli þjónustugjalda og skattheimtu. Beinir nefndin því til fjármálaráðherra að hann hlutist til um að fram fari endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og ríkisstofnana, með hliðsjón af þingsályktun frá 8. maí 1993, um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Leggur nefndin áherslu á að endurskoðuninni verði hraðað þannig að ráðherra geti í upphafi næsta þings lagt fram frumvarp sem byggi á heildarstefnu um skil á milli skattheimtu og þjónustugjalda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Katrín Andrésdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.		Ögmundur Jónasson.

962. Breytingartillögur [258. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „húsgagna- og innanhússhönnuða“ og „landslagshönnuða“ í 21. tölul. komi: húsgagna- og innanhússarkitekta, og: landslagsarkitekta.
2. Við 2. gr. Á eftir d-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: 15. tölul., er verður 20. tölul., orðast svo: Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað, leyfi fyrir næturklúbb, kaffihús og krá, 50.000 kr.

963. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Þorkelsson og Eggert J. Hilmarsson frá fjármálaráðuneyti, Arnór Pétursson frá Tryggingastofnun ríkisins og Sjálfsbjörg, Sigurð Einarsson frá Sjálfsbjörg, Guðríði Ólafsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands, Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands og Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Umsagnir bárust um málið frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Öryrkjabandalagi Íslands, Sjálfsbjörg, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Alþýðusambandi Íslands og Tryggingastofnun ríkisins.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði undanþágur frá greiðslu bifreiðagjalds sem nú er kveðið á um í reglugerð. Þá er gert ráð fyrir að álagning bifreiðagjalds verði flutt frá ríkisbókhaldi til ríkisskattstjóra.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að felld verði niður gjaldskylda vegna fjórhjóla sem eru undir 400 kg að eigin þyngd, en slík ökutæki munu í öllum tilvikum vera skráð sem torfærutæki.
2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 4. gr. frumvarpsins. Lagt er til að réttur foreldra langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð eru utan heimilis til undanþágu frá bifreiðagjaldi verði hinn sami og réttur foreldra langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð eru heima. Þá er orðið umönnunarbætur fellt brott úr greininni en þær munu ekki vera greiddar lengur, aðeins umönnunargreiðslur. Þá er loks lögð til smávægileg lagfæring á orðalagi e-liðar.
3. Lögð er til breyting á 6. gr. frumvarpsins á þá leið að fjármálaráherra feli tilteknum skattstjóra eða ríkisskattstjóra að annast álagningu bifreiðagjalds, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri annist innheimtu þess. Verður með þessari breytingu mögulegt að fela innheimtu gjaldsins einhverjum af skattstjórum landsbyggðarinnar.
4. Loks er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins og gildistaka þess færð til 1. júlí 2000.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Katrín Andrésdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.		Ögmundur Jónasson.

964. Breytingartillögur [219. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist nýr stafliður er verði a-liður, svohljóðandi: Við d-lið 2. mgr. bætist: og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
2. Við 4. gr.
   a. A-liður orðist svo: Bifreiðir í eigu þeirra sem fá greiddan örorkustyrk, örorkulífeyri, bensínstyrk eða umönnunargreiðslur vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt eiga þeir öryrkjar sem notið hafa niðurfellingar skv. 1. málsl. rétt á niðurfellingu ef þeir hafa öðlast rétt til ellilífeyrisgreiðslna eða dveljast á stofnun, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Sama rétt eiga foreldrar langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð eru utan heimilis ef réttur til umönnunargreiðslna héldist óskertur væri barnið heima. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds vegna þeirra sem fá greiddan örorkustyrk, örorkulífeyri eða bensínstyrk er bundinn því skilyrði að bóta- eða styrkhafi sé í ökutækjaskrá annaðhvort skráður eigandi bifreiðar eða umráðamaður bifreiðar samkvæmt eignarleigusamningi. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds af bifreiðum í eigu þeirra sem fá umönnunargreiðslur vegna örorku barna nær til einnar bifreiðar og er bundinn því skilyrði að skráður eigandi bifreiðar samkvæmt ökutækjaskrá fari með forsjá barnsins. Óheimilt er að fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem eru yfir 3.500 kg að eigin þyngd og nýttar eru í atvinnurekstri. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngst. Fyrir álagningu bifreiðagjalds skal Tryggingastofnun ríkisins senda ríkisskattstjóra upplýsingar um bifreiðaeign þeirra sem fá slíkar greiðslur frá stofnuninni sem að framan greinir.
   b. Orðin „í jafnlangan tíma“ í e-lið falli brott.
3. Við 6. gr. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Fjármálaráðherra felur tilteknum skattstjóra eða ríkisskattstjóra álagningu bifreiðagjalds og aðra framkvæmd laganna.
4. Við 10. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000.

965. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Verslunarráði Íslands, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Íbúðalánasjóði, Verðbréfaþingi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda og Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum nokkurra laga til samræmis við það nýmæli sem felst í rafrænni útgáfu verðbréfa, sbr. lög nr. 131/1997.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í fyrsta lagi leggur nefndin til að hugtakið „efndalok“ verði skýrt í orðskýringum laganna.
2. Þá leggur nefndin til að verðbréfamiðstöðvum verði skylt, en ekki einungis heimilt eins og nú er, að veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi sem þar er eignaskráð. Er ljóst að mikilvægt verður fyrir hlutafélög að hafa aðgang að þessum upplýsingum.
3. Lögð er til breyting á orðalagi 1. gr. frumvarpsins sem miðast að því að gera hana markvissari.
4. Lagt er til að bætt verði við frumvarpið grein varðandi úrræði verðbréfamiðstöðvar ef reikningsstofnun eða aðili sem gert hefur aðildarsamning virðir ekki þau ákvæði sem gilda um aðild að miðstöðinni. Verður verðbréfamiðstöð þá heimilt að ákveða í aðildarsamningi að aðgangur að eignarskráningu verði takmarkaður eða honum lokað vegna brota á samningnum og einnig geti verðbréfamiðstöð kveðið á um heimild til að ákveða refsiviðurlög í formi févítis í aðildarsamningi.
5. Loks er lögð til smávægileg breyting á 5. gr. frumvarpsins sem varðar breytingu á lögum um húsnæðismál. Er með henni kveðið skýrt á um að í auglýsingu um yfirfærslu eldri flokka húsbréfa í áþreifanlegu formi í rafbréf skuli koma fram hvaða húsbréfaflokka eigi að yfirfæra hverju sinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. mars 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

966. Breytingartillögur [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við frumvarpið bætist tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (1. gr.)
      Við 2. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring: *efndalok:* fullnaðaruppgjör viðskipta reikningsstofnana með rafbréf og fullar efndir á þeim, svo sem með greiðslujöfnun eða peningagreiðslu, sem lagðar eru til grundvallar við lokafærslu á reikning í verðbréfamiðstöð.
   b. (2. gr.)
      1. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Stjórn verðbréfamiðstöðvar skal veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum í verðbréfamiðstöð um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi sem þar er eignarskráð.
2. Við 1. gr. er verði 3. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Seðlabanka Íslands er samkvæmt samningi við reikningsstofnun heimil veðtrygging í rafbréfum reikningsstofnunar til tryggingar á efndalokum er lúta að greiðsluuppgjöri í greiðslukerfum, sem viðurkennd eru af ráðherra skv. 3. gr. laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, nr. 90/1999, og skal skrá veðréttindin skv. IV. kafla laga þessara. Hafi reikningsstofnun ekki uppfyllt skyldur sínar innan þess frests sem ákveðinn er í gildandi reglum um viðskipti samkvæmt þessari grein er Seðlabankanum heimilt að innleysa þegar í stað þau rafbréf sem standa til tryggingar hlutaðeigandi efndalokum.
3. Á eftir 2. gr. er verði 4. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Á eftir 32. gr. laganna kemur ný grein og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:
   Verðbréfamiðstöð er heimilt í aðildarsamningi, svo og reglum sem stjórn félagsins setur, að ákveða takmörkun eða lokun aðgangs að eignarskráningu þar vegna brota á aðildarsamningi eða reglum sem gilda um starfsemina. Telji stjórn verðbréfamiðstöðvar þess þörf getur hún í aðildarsamningi jafnframt kveðið á um refsiviðurlög í formi févítis standi reikningsstofnun ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt aðildarsamningi, enda varði brot ekki við 34. gr.
4. Við 5. gr. er verði 8. gr. 1. tölul. 2. mgr. orðist svo: Hvaða húsbréfaflokka yfirfæra eigi hverju sinni.

967. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (vitnavernd, barnaklám o.fl.).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá ríkissaksóknara, dómstólaráði og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að tekið verði fram í lögunum að við ákvörðun refsingar hafi áhrif hvort sakborningur hefur upplýst um aðild annarra að brotinu. Einnig er lagt til að bætt verði við lögin sérstöku ákvæði um refsinæmi brota sem beinast að vitnum, lagt er til að sektarhámark í hegningarlögum verði afnumið og lagðar eru til breytingar sem veita börnum frekari vernd gegn barnaklámi.

Við meðferð málsins hjá nefndinni kom fram tillaga frá ríkissaksóknara um að gera breytingar á 5. mgr. 57. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu skal dómari kynna dómfellda rækilega skilyrði skilorðsdóms og afleiðingar skilorðsrofa. Í þeim tilvikum þegar dómfelldi hefur ekki verið viðstaddur uppsögu skilorðsbundins héraðsdóms hefur lögregla birt dóminn, sbr. 3. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Samkvæmt orðalagi 5. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga hefur dómari ekki heimild til að fela öðrum að kynna dómfellda skilyrði skilorðsdóms og afleiðingar skilorðsrofa. Hlutverki dómara hefur hins vegar verið talið lokið um leið og dómur er kveðinn upp á dómþingi jafnvel þótt kynning á skilorði og afleiðingum skilorðsrofa hafi ekki getað farið fram vegna fjarveru dómfellda. Að mati nefndarinnar er rétt að leggja fram breytingu sem heimili dómara að fela lögreglu að kynna dómfellda skilorð dóms og afleiðingar skilorðsrofa hafi hann ekki verið viðstaddur dómsuppsögu. Dómari ætti um leið að láta lögreglu í té leiðbeiningar um hvernig kynna beri skilorð og afleiðingar skilorðsrofa.

Nefndin leggur einnig til lagfæringar á 5. gr. Lagt er til að vísun til 225. gr. laganna um nauðung falli brott. Fjallað er um nauðung í fleiri ákvæðum almennra hegningarlaga og telur nefndin ekki rétt að ákvæðið takmarkist við nauðung skv. 225. gr. Með sama hætti er líkamlegt ofbeldi samkvæmt ákvæðinu ekki bundið við líkamsárás skv. 217. og 218. gr. laganna heldur geta önnur ofbeldisbrot komið til greina, t.d. skv. 106. gr. laganna. Þá er í frumvarpinu lagt til að heimilt verði að beita sektum ef brot er smávægilegt eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi. Brot sem beinast að vitnum geta tæplega talist smávægileg og því er lagt til að sektarheimild verði bundin við málsbætur.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sverrir Hermannsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.	Vigdís Hauksdóttir.	Hjálmar Jónsson.

968. Breytingartillögur [359. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (vitnavernd, barnaklám o.fl.).

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, 3. gr., er orðist svo:
   Við 5. mgr. 57. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi dómfelldi ekki verið viðstaddur uppsögu héraðsdóms getur dómari falið lögreglu að kynna honum skilyrði og afleiðingar skilorðsrofa um leið og dómur er birtur.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   108. gr. laganna orðast svo:
   Hver sem beitir annan mann eða nána vandamenn hans eða aðra honum tengda líkamlegu ofbeldi, ólögmætri nauðung eða hótun skv. 233. gr. vegna skýrslugjafar hans hjá lögreglu eða fyrir dómi skal sæta fangelsi allt að 6 árum eða sektum ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

969. Nefndarálit [233. mál]

um till. til þál. um notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Eftir talsverðar umræður í nefndinni og nákvæma yfirferð umsagna er það álit minni hlutans að rök Magnúsar Jónssonar veðurstofustjóra, Steingríms Jónssonar, prófessors við Háskólann á Akureyri, og Guðrúnar Kvaran, forstöðumanns Orðabókar Háskólans, séu þess eðlis að fallast verði á þau. Inntak þeirra er að málvernd sé sannarlega verðugt baráttumál og þunga áherslu beri að leggja á mikilvægi málræktar. Hins vegar sé vandséð hvernig það geti verið hlutverk Veðurstofu Íslands að stunda þá málvernd sem þingsályktunartillagan virðist leggja henni á herðar.

Í umsögn Orðabókar Háskólans segir: „Orðabók Háskólans er annt um hvert orð tungunnar og reynir að gæta þess að ekkert þeirra lendi í glatkistunni. Við verðum þó að horfast í augu við að mörg orð, sem tengjast verkháttum, sem eru á undanhaldi í búskap og sjávarútvegi, munu hverfa úr daglegum orðaforða og aðeins lifa á bókum hvernig sem reynt verður að sporna á móti. Þannig hafa orð öldum saman fallið í gleymsku þegar viðmiðið breytist. Tungan hefur þó ekki orðið orðfærri og ný orð verða sífellt til í stað þeirra sem hverfa. Þau af umræddum veðurorðum, sem raunverulega eru hluti daglegs orðaforða, munu halda velli og lifa áfram í málinu. Hin verða að láta í minni pokann fyrir öðrum sömu merkingar. Þetta sýnir saga orðanna á liðnum öldum.“

Í umsögn Háskólans á Akureyri koma fram svipuð sjónarmið: „Það er mitt álit að það sé tímaskekkja að fela Veðurstofunni það verkefni að gæta varðveislu íslenskra orða sem væntanlega eru dauðadæmd hvort eð er. Ef orðin lifa ekki með þjóðinni í lífsbaráttunni á nýjum og breyttum tímum þá verður þeim ekki haldið á lífi með því að skylda stofnanir til að þylja þau í fjölmiðlum í tíma og ótíma. Þá verða þau með tímanum stofnanamál sem enginn skilur

hvort eð er. Nær væri fyrir flutningsmenn að hafa áhyggjur af talnalæsi Íslendinga og beita sér fyrir því að fók fengi meiri og betri þekkingu í meðferð talna þar sem lífsmáti þjóðarinnar í framtíðinni byggist í æ ríkara mæli á því að geta metið upplýsingar á tölulegu formi, t.d. vindhraða í m/sek.“

Í umsögn sinni lýsir Veðurstofan andstöðu við þingsályktunartillöguna, „enda mun hún litlu sem engu breyta í sambandi við málauðgi eða málfátækt íslenskrar tungu þegar rætt er um veður og vinda“. Í umsögn Veðurstofunnar og í máli Magnúsar Jónssonar veðurstofustjóra á fundi nefndarinnar komu m.a. fram eftirfarandi rök:

a. Vindstyrkheitin hafa mismunandi merkingu í hugum fólks og eru breytileg í tíma og eftir landshlutum.
b. Almenn notkun veðurhugtaka í daglegu lífi eru yfirleitt án tengingar við ákveðinn vindstyrk og notuð jafnvel um annað en vind. Hugtakið kaldi er t.d. í huga margra hitahugtak fremur en vindhugtak.
c. Fjöldi orða um vind og vindstyrk er í almennri notkun, þótt þau hafi ekki verið notuð í veðurlýsingum Veðurstofunnar.
d. Meiri hluti þjóðarinnar þekkir ekki veðurfræðilega merkingu þessara vindstyrksheita. Í nýlegri könnun vissi um 80% aðspurðra ekki eða svaraði rangt spurningu um veðurfræðilega merkingu orðsins stinningskaldi.
e. Vindstigaheitin og mörk vindstiga hafa verið breytileg frá einum tíma til annars í veðurlýsingum Veðurstofunnar.
f. Sjómenn vilja nota töluleg heiti yfir vindstyrk fremur en vindheiti og var notkun vindheita hætt í sjóveðurspám fyrir fimm árum.
g. Vindheitin ná ekki yfir vindhviður sem geta haft mun meiri vindhraða en meðalvindur á tímaeiningu og nauðsynlegt er að geta notað mælanlega hraðaeiningu í lýsingu á þeim.
h. Ekki er eftirsóknarvert að tvítaka vindstyrk/vindhraða í veðurlýsingum í útvarpi og lengja þannig veðurfréttatíma.
i. Notkun m/sek. er nákvæmari en veðurhugtökin og samræmist mælikerfi nágrannaþjóðanna.
j. Veðurstofan notar oft ákveðin hugtök um vindstyrk til áhersluauka í veðurfréttum, sérstaklega þegar um er að ræða spá um mikinn vindstyrk eins og fárviðri og ofsaveður.
k. Óhentugt getur verið að nota veðurhugtök jafnhliða m/sek. þegar spá um vind er á ákveðnu vindbili. Til dæmis ná fjögur veðurhugtök yfir vindstyrk á bilinu 5–10 m/sek., þ.e. gola (3,4–5,2 m/sek.), kaldi (5,3–7,4 m/sek.), stinningsgola (7,5–9,8 m/sek.) og stinningskaldi (9,9–12,4 m/sek.).

Þessu til viðbótar telur minni hlutinn það ekki eðlilega stjórnsýslu að Alþingi feli umhverfisráðherra að beina því til faglegrar undirstofnunar ráðuneytisins að breyta ákvörðun sem byggist á faglegum rökum.

Að framansögðu leggur minni hlutinn til að þingsályktunartillagan verði **felld.**

Alþingi, 5. apríl 2000.

Ásta Möller, frsm.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kolbrún Halldórsdóttir.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Umsögn Veðurstofu Íslands (1. mars 2000).

970. Lög [236. mál]

um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 800.

971. Lög [237. mál]

um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl.)

I. KAFLI
Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Á eftir orðunum „28. maí 1970“ í 1. mgr. 8. gr. a laganna, sbr. lög nr. 72/1993, kemur: eða alþjóðlegum samningum innan Schengen-samstarfsins.

II. KAFLI
Breyting á lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, er orðast svo:

Hafi dómþoli komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins er heimilt eftir beiðni frá til þess bæru stjórnvaldi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð að úrskurða dómþola í gæsluvarðhald til að tryggja nærveru hans þar til fullnægjandi gögn með beiðni um fullnustu refsingar hafa borist eða ákvörðun um hvort fallist verði á beiðni er tekin. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru dómþola.

III. KAFLI
Breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.

3. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með samningi við önnur ríki má ákveða að tiltekin brot skuli ekki talin stjórnmálaafbrot.

4. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú berst beiðni um framsal frá ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu og skulu þá lög þess ríkis gilda um rof fyrningarfrests.

5. gr.

Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr. a, er orðast svo:

Nú samþykkir sá sem óskast framseldur til ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu framsal og getur hann þá jafnframt lýst því yfir að heimilt sé að höfða mál gegn honum eða láta hann taka út refsingu í ríkinu, sem biður um framsal, fyrir annan refsiverðan verknað en þann sem greinir í framsalsbeiðni. Slík yfirlýsing er bindandi nema viðkomandi falli frá samþykki fyrir framsali. Samþykki og yfirlýsing skulu bókuð og samþykkt skriflega hjá lögreglu, ákæruvaldi eða í dómi.

6. gr.

3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að verða við beiðni ef verknaðurinn sem hún er tilkomin vegna eða sambærilegur verknaður er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann samkvæmt ákvæðum í 5.–7. gr. getur ekki verið grundvöllur framsals. Síðara skilyrði 1. málsl. gildir ekki gagnvart ríkjum sem taka þátt í Schengen-samstarfinu. Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð gildir fyrra skilyrði 1. málsl. eingöngu vegna stjórnmálaafbrota.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56 19. maí 1993.

7. gr.

Á eftir 1. mgr. 22. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Víkja má frá skilyrðum b-liðar 1. mgr. ef dómþoli hefur komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins. Sama gildir ef senda á dómþola úr landi eða vísa honum brott úr ríkinu sem biður um fullnustu.

8. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi dómþoli komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins frá ríki sem biður um fullnustu er heimilt að beiðni þess ríkis að úrskurða dómþola í gæsluvarðhald til að tryggja nærveru hans þar til fullnægjandi gögn með beiðninni hafa borist eða ákvörðun um hvort fallist verði á beiðni er tekin. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru dómþola.

9. gr.

Við 2. mgr. 38. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Samþykki dómþola er þó ekki skilyrði þegar dómþoli hefur komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja frá landinu. Sama gildir ef senda á dómþola úr landi eða vísa honum brott að fullnustu lokinni.

V. KAFLI
Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

10. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo: að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dag-

bók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessar skrár.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Orðið „og“ í f-lið fellur brott.
b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: hvar og hvenær íslenskir ríkisborgarar skuli bera og sýna vegabréf.

VII. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

972. Frumvarp til laga [370. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 7. apríl.)

1. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem orðast svo:

Eigandi vörumerkis, sem hefur ekki lögheimili hér á landi, telst hafa varnarþing í Reykjavík í málum sem rekin eru samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

4. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Í stað orðanna „gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit o.fl.“ í 65. gr. laganna kemur: gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit, áfrýjanir o.fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

973. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eggert J. Hilmarsson og Halldór Þorkelsson frá fjármálaráðuneyti, Ástgeir Þorsteinsson og Kristinn Ólafsson frá bifreiðastjórafélaginu Frama, Eyrúnu Ingadóttur frá Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, Benedikt G. Guðmundsson frá Félagi hópferðaleyfishafa, Odd Einarsson frá Félagi sérleyfishafa, Unni Sverrisdóttur og Jón Pálsson frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Þorleif Þór Jónsson og Björn Sigurðsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Guðmund Arnaldsson frá Landvara, Árna Jóhannsson frá Samtökum iðnaðarins, Pétur U. Fenger frá Almenningsvögnum bs. og Hörð Gíslason frá Strætisvögnum Reykjavíkur. Umsagnir um málið bárust frá Vegagerðinni, Bændasamtökum Íslands, Strætisvögnum Reykjavíkur hf., Samtökum ferðaþjónustunnar, Almenningsvögnum bs., Samtökum iðnaðarins, Landssambandi vörubifreiðastjóra, Félagi sérleyfishafa, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samskipum hf., Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, Bílgreinasambandinu og Landvara, félagi íslenskra vöruflytjenda.

Með lögum nr. 83/1998 var afsláttarkerfi laga um fjáröflun til vegagerðar afnumið, þ.e. felld voru brott ákvæði laganna sem veittu eigendum ökutækja sem greiða þungaskatt samkvæmt ökumæli rétt til afsláttar þegar tiltekinni akstursvegalengd var náð. Í stað þess voru sett ný ákvæði um að greiða skyldi, auk gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, fast árgjald þungaskatts af bifreiðum sem væru 14.000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira. Þá var með lögum nr. 151/1998 heimilað að eigendur og umráðamenn bifreiða 4.000 kg eða þyngri gætu valið, áður en gjaldár hefðist, að greiða gjald sem samsvaraði 95.000 km akstri á gjaldári í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Ástæðan fyrir þessum breytingum á lögunum var álit samkeppnisráðs nr. 4/1997 þar sem fram kom að ráðið teldi að afsláttarkerfi laganna fyrir breytinguna raskaði samkeppnisstöðu atvinnubílstjóra.

Í febrúar 1999 sendi Landssamband vörubifreiðastjóra kvörtun til Samkeppnisstofnunar sem beindist að þeim breytingum á lögum um fjáröflun til vegagerðar sem gerðar voru með lögum nr. 83/1998 og nr. 151/1998 og gaf samkeppnisráð álit sitt á kvörtuninni í áliti nr. 8/1999. Í því segir m.a. að breytingar sem gerðar voru með lögunum gangi þvert á þá hugsun sem fram hafi komið í áliti ráðsins nr. 4/1997. Þessar breytingar valdi því að af þyngri bifreiðum sé greiddur lægri skattur á hvern ekinn kílómetra í hlutfalli við þyngd en af þeim bifreiðum sem léttari eru og ekið er minna.

Með frumvarpi þessu er brugðist við áliti Samkeppnisstofnunar nr. 8/1999. Er í því lagt til að afnumin verði skylda til greiðslu fasts árgjalds, 100.000 kr., af bifreiðum sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira og einnig að afnumin verði heimild til handa eigendum eða umráðamönnum ökutækja sem eru 4.000 kg eða þyngri að velja, áður en gjaldár hefst, að greiða gjald sem samsvari 95.000 km akstri á gjaldári í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra.

Við meðferð málsins í nefndinni var tekið til skoðunar að ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að afnumin verði heimild eigenda og umráðamanna bifreiða undir 4.000 kg að þyngd til að velja milli þess að greiða fast gjald þungaskatts og þess að greiða þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Þar sem Samkeppnsiráð hafði komist að þeirri niðurstöðu í áliti nr. 8/1999 að slíkt fyrirkomulag varðandi þyngri bifreiðar raskaði sam-

keppnisstöðu þeirra þótti nefndinni ástæða til að fá álit samkeppnisráðs á slíku fyrirkomulagi fyrir bifreiðar undir 4.000 kg. Sendi nefndin því ráðinu bréf þar sem farið var fram á álit þess.

Samkeppnisráð svaraði umræddu erindi nefndarinnar með bréfi dags. 28. febrúar 2000. Í bréfi Samkeppnisráðs segir m.a.:

„Samkeppnisráð telur að það sjónarmið sem fram kom í fyrri álitum ráðsins, að fastagjald geti haft í för með sér aðgangshindrun að markaðnum fyrir nýja keppinauta, eigi við um heimild til eigenda bifreiða sem eru allt að 4.000 kg til að greiða fast gjald þungaskatts. Þannig þyrfti nýr keppinautur að greiða 7,11 kr. kílómetragjald fyrir hvern ekinn kílómetra af bifreið sem er allt að 4.000 kg að þyngd. Sá sem ræki bifreið eins og tekin var sem dæmi hér að framan, sem væri 2.999 kg að eigin þyngd og væri ekið 60.000 km á ári, greiddi hins vegar sem svaraði 3,66 kr. fyrir hvern ekinn kílómetra.

Með vísan til framanritaðs telur samkeppnisráð að það kunni að raska samkeppni á milli þeirra sem reka bifreiðar sem eru undir 4.000 kg að heildarþyngd og þeirra sem reka bifreiðar sem eru 4.000 kg og þyngri ef ákvæði A-liðar 4. gr. laga nr. 3/1987, með síðari breytingum, stendur óbreytt. Á sama hátt kann það að mati ráðsins að hafa áhrif til að takmarka aðgang nýrra keppinauta að markaðnum að hafa annað form þungaskatts í A-lið 4. gr. laganna en í B-lið greinarinnar."

Þegar þetta álit ráðsins lá fyrir átti nefndin tvo kosti. Annars vegar að leggja til breytingar á frumvarpinu í samræmi við álit samkeppnisráðs og hins vegar að afgreiða frumvarpið án breytinga og mælast til þess við fjármálaráðherra að hann léti fara fram heildarendurskoðun á lögunum í ljósi álits samkeppnisráðs. Valdi meiri hlutinn síðari kostinn.

Leggur meiri hlutinn því til að fjármálaráðherra skipi nefnd sem taki lögin um fjáröflun til vegagerðar til heildarendurskoðunar. Verði við hana m.a. kannaðir að nýju kostir og gallar þess að taka upp olíugjald. Þá verði afsláttur vegna aksturs almenningsvagna í áætlunarferðum einnig tekinn til sérstakrar skoðunar. Leggur meiri hlutinn áherslu á að vinnu nefndarinnar verði hraðað þannig að leggja megi fram frumvarp til breytinga á lögunum í upphafi næsta löggjafarþings.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingu á bráðabirgðaákvæði þess sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson, með fyrirvara.

974. Breytingartillögur [223. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, KHG, HjÁ, SAÞ, PHB, GunnB).

1. 5. gr. falli brott.
2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

   Hinn 11. júní 2000 skal lagt 33.333 kr. fast árgjald þungaskatts á bifreiðar sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, sbr. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laganna eins og þau eru fyrir gildistöku laga þessara.

   Ný gjaldskrá B-liðar 4. gr. tekur gildi 11. júní 2000. Nýja gjaldið fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu þriðja álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 2000, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrrgreinds álestrartímabils.

   Þeir sem sótt hafa um heimild til ríkisskattstjóra til að greiða gjald fyrir gjaldárið 2000 er tekur mið af 95.000 km akstri í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk 100.000 kr. fasts árgjalds, sbr. 4. mgr. B-liðar 4. gr., fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda rétti sínum til greiðslu áðurgreinds gjalds.

975. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með frumvarpi þessu er enn verið að gera breytingar og lagfæringar á þungaskattskerfinu, en málið hefur reglulega komið til kasta Alþingis á liðnum árum, bæði vegna mikillar óánægju með fyrirkomulag á þungaskatti og eins vegna úrskurða samkeppnisráðs.

Í áliti samkeppnisráðs frá árinu 1997 kemur fram að það mismuni og raski samkeppnisstöðu atvinnubifreiðastjóra að veita stighækkandi afslátt af þungaskatti sem innheimtur er af eigendum vöruflutningabifreiða eftir því hversu mikið þeim er ekið. Afsláttarkerfið var því afnumið 1998, en þess í stað voru sett ný ákvæði um greiðslu fasts árgjalds þungaskatts af bifreiðum og eftirvögnum og gjald vegna ekinna kílómetra lækkað um 5% af ökutækjum undir 14.000 kg en um 30% af ökutækjum sem greitt var af fast árgjald. Árið 1998 var fasta árgjaldið afnumið og lögfest sérstök gjaldskrá þannig að innheimta skyldi gjald fyrir hvern ekinn kílómetra sem væri breytilegt eftir leyfðri heildarþyngd vagnanna. Einnig var heimilað að velja áður en gjaldár hæfist að greiða gjald sem samsvaraði 95.000 km akstri á gjaldári í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra.

Samkeppnisráð úrskurðaði síðan á síðasta ári að þær breytingar sem gerðar voru 1998 mismuni samkeppnisaðilum og dragi verulega úr möguleikum nýrra keppinauta á markaði jafnframt því að takmarka aðgang sem sé andstætt markmiði samkeppnislaga. Frumvarp það sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur nú haft til meðferðar er lagt fram til að bregðast við þeim úrskurði.

Ljóst er að þótt frumvarpið komi til móts við álit samkeppnisráðs og tryggi betur stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga í vöruflutningum standa enn eftir meingölluð lög um þungaskatt. Frumvarpið leysir því ekki vandann.

Nefndin leitaði til samkeppnisráðs um álit á því hvort almennt fast gjald á bifreiðar undir 4.000 kg leiði til mismunar á samkeppnisstöðu atvinnubifreiða, innbyrðis eða milli þyngdarflokka, og sé andstætt markmiði samkeppnislaga. Niðurstaða samkeppnisráðs var að það kunni að raska samkeppni á milli þeirra sem reka bifreiðar undir 4.000 kg að heildarþyngd og þeirra sem reka bifreiðar sem eru 4.000 kg og þyngri ef ákvæði A-liðar 4. gr. laga nr. 3/1987 standa óbreytt. Einnig var bent á að það kynni að takmarka aðgang nýrra keppinauta að markaði.

Ástæða er einnig til að benda á að meiri hluti nefndarinnar tók ekki til greina eðlileg tilmæli fulltrúa Almenningsvagna bs. og Strætisvagna Reykjavíkur hf. um að breytingar samkvæmt frumvarpinu auki ekki álögur á almenningssamgöngur. Samkvæmt núgildandi lögum skal þungaskattur vera 70% lægri af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum. Þetta hlutfall þyrfti að fara í 73% til að þungaskattur á almenningsvagna aukist ekki frá því sem nú er. Ekki er um háar fjárhæðir að ræða, aðeins um 3–5 millj. kr. á ári, en fulltrúar Almenningsvagna bs. og Strætisvagna Reykjavíkur hf. hafa engu síður báðir bent á að þótt ekki sé um háar fjárhæðir að ræða muni þessi skerðing bitna á þjónustu við notendur almenningsvagna. Þeir benda einnig á að almenningssamgöngur í þéttbýli séu ekki eitt af lögboðnum skyldu verkefnum sveitarfélaga heldur hafi þau litið á þessa þjónustu sem nauðsynlega og skynsamlega að teknu tilliti til heildarhagsmuna. Þá hafi ríkið talsverðar tekjur af þessari starfsemi í stað þess að leggja með henni fé, ólíkt því sem gerist í velflestum ríkjum Vestur-Evrópu. Loks benda þeir á að akstur almenningsvagna sé að langmestu leyti um götur sem sveitarfélögin sjálf hafa kostað.

Ljóst er að fyrirkomulag þungaskatts og síendurtekin nauðsyn þess að taka málið upp á Alþingi er orðið hið mesta klúður og Alþingi til vansa. Flestir umsagnaraðilar eru hlynntir því að kerfinu verði breytt og tekið upp olíugjald í stað þungaskatts. Frumvarp þess efnis var lagt fram fyrir tveimur árum en náði ekki fram að ganga og áfram var haldið að lappa upp á meingallað þungaskattskerfi.

Í desember 1998 þegar frumvarp um breytingar á þungaskatti var afgreitt frá nefndinni skiluðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar séráliti og lögðu til að hafinn yrði undirbúningur að upptöku olíugjalds sem hefur marga kosti í för með sér og er mjög jákvætt með tilliti til umhverfismála. Það var ekki gert heldur. Minni hlutinn vísaði þá allri ábyrgð á málinu á hendur ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar. Minni hlutinn hefur sömu afstöðu nú og hvetur til þess að þegar verði hafist handa við að taka upp olíugjaldskerfi en mælagjald þungaskatts lagt af og að frumvarp þar um verði lagt fram strax í upphafi næsta þings.

Alþingi, 7. apríl 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.

Ögmundur Jónasson.

976. Breytingartillaga [385. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundi Jónassyni.

Við 1. gr.

a. Í stað fjárhæðarinnar „120.000 kr.“ í 1. efnismgr. komi: 240.000 kr.
b. Í stað ártalsins „2003“ í 2. efnismgr. komi: 2005.

977. Fyrirspurn [613. mál]

til samgönguráðherra um skipulagsbreytingar hjá Íslandspósti hf.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvaða áhrif hafa skipulagsbreytingar hjá Íslandspósti hf. haft á starfsmannahald og starfsmannastefnu á landsbyggðinni frá því að stofnunin var gerð að hlutafélagi?

978. Svar [473. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um endurgjald fyrir útvarpsleyfi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver tekur ákvörðun um endurgjald fyrir útvarpsleyfi?*
2. *Hvaða munur er á gjaldi þeirra útvarpsstöðva sem útvarpa til landsins alls, svæðisbundinna stöðva og tímabundinna stöðva og hvað er lagt til grundvallar þegar árgjald stöðvanna er reiknað?*

Í 32.–34. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, er ákveðið hvað skuli greiða fyrir útgáfu leyfa fyrir atvinnustarfsemi og tengda starfsemi sem hér segir:

32. Leyfi til sjónvarps
    a. til þriggja ára ..... 96.000 kr.
    b. til fimm ára ..... 160.000 kr.
    c. til sjö ára ..... 224.000 kr.
33. Leyfi til hljóðvarps
    a. til allt að tveggja mánaða ..... 3.000 kr.
    b. til eins árs ..... 22.000 kr.
    c. til tveggja ára ..... 44.000 kr.
    d. til þriggja ára ..... 66.000 kr.
    e. til fimm ára ..... 110.000 kr.
34. Leyfi til útvarps á afmörkuðum svæðum, sem útvarpsréttarnefnd telur ná til innan við 10 þúsund íbúa: 50% af þeim fjárhæðum sem greinir í 32. tölul. og b–e-liðum 33. tölul.

979. Skýrsla [614. mál]

um Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Formáli

Utanríkisráðherra hefur um árabil gert Alþingi með reglulegu millibili grein fyrir stöðu alþjóðamála, lagt fram skýrslu þar að lútandi og efnt til umræðu. Ör þróun alþjóðamála á undanförnum árum hefur gefið þessari umræðu aukið vægi. Samstarf Íslands við önnur Evrópuríki er um margt sérstakt og nær til samræmingar löggjafar um efnahag og viðskipti. Það hefur því ekki verið alls kostar auðvelt að fella upplýsingar um Evrópusamstarfið inn í almenna skýrslu um alþjóðamál. Hér er hins vegar um að ræða brýn hagsmunamál og skiptir miklu fyrir íslenskt atvinnulíf og lífskjör hvernig er að verki staðið. Innan Evrópu hafa átt sér stað miklar breytingar og fleiri eru í vændum. Mikilvægt er að draga fram þær upplýsingar sem geta varpað ljósi á stöðu Íslands, velta upp spurningum um hvert stefnir og fara yfir þá kosti sem við kunnum að eiga í stöðunni. Því hefur verið ákveðið að setja fram að þessu sinni sérstaka skýrslu um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. Mælist það vel fyrir getur það orðið reglulegur þáttur í skýrslugjöf til þingsins.

EES-samningurinn er grunnur samskipta okkar við ríki Evrópusambandsins og verður því lýsing á daglegum rekstri hans umfangsmikill þáttur í þessari skýrslu. Hins vegar hef ég talið rétt að hafa einnig í huga til samanburðar tvo kosti, þ.e. hvar við stæðum án samningsins og hvaða afleiðingar full aðild Íslands að Evrópusambandinu gæti haft. Hér er ekki um tæmandi úttekt að ræða enda þyrfti til þess atbeina fleiri aðila. Öll meginatriði koma þó fram í skýrslunni.

I. HLUTI

ALMENN UMFJÖLLUN UM STÖÐU ÍSLANDS Í EVRÓPUSAMSTARFI

1. Inngangur

Brátt eru liðin átta ár frá því EES-samningurinn var undirritaður í Oporto í maí 1992. Á þeim tíma hefur samstarf ríkja innan Evrópusambandsins tekið mjög veigamiklum breytingum. Þrjú ný aðildarríki, sem öll voru aðilar að EES-samningnum, hafa gengið í Evrópusambandið og þrettán til viðbótar hafa nú formlega verið viðurkennd sem umsóknarríki. Nýr sameiginlegur gjaldmiðill Evrópulanda, evran, er í þann veginn að leysa af hólmi gjaldmiðla ellefu aðildarríkja ESB o; fleiri ríki íhuga þátttöku í því samstarfi. Þá hafa samþykktir ríkjaráðstefna ESB í Maastricht og Amsterdam víkkað og dýpkað samstarf ríkjanna á fjölmörgum sviðum og breytt nokkuð skipulagi þess.

Ekkert af þessu hefur hins vegar breytt efnisákvæðum EES-samningsins né gildi hans fyrir Íslendinga. Hann stendur eftir sem áður sem hluti af samningsskuldbindingum Evrópusambandsins gagnvart Íslandi, Liechtenstein og Noregi. Starfsumhverfi samningsins er þó annað nú en þegar til hans var stofnað og með því hefur staða Íslands innan Evrópu breyst nokkuð. Fram undan eru enn frekari breytingar með fyrirhugaðri stækkun og ráðgerðum ríkjaráðstefnum. Veruleg þróun á sér stað innan Evrópusambandsins á sviðum sem EES-samningurinn

nær ekki til. Þetta veldur ákveðinni togstreitu og getur, þegar fram líða stundir, dregið úr því samræmi á Evrópska efnahagssvæðinu sem að var stefnt í upphafi verði ekkert að gert. Pólitískt og efnahagslegt vægi EFTA/EES-ríkjanna er ekki hið sama og áður og með því hefur aðstaða þeirra til áhrifa á þróun mála innan Evrópska efnahagssvæðisins einnig breyst.

2. Sögulegar forsendur

Það er vert að hafa í huga að þegar Jacques Delors, þáverandi forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sló fram í ræðu sinni á Evrópuþingi 17. janúar 1989 hugmyndum um frekara samstarf EFTA og ESB var hann að reyna að ganga til móts við öflug samtök ríkja sem höfðu innan vébanda sinna hlutlaus ríki á borð við Austurríki, Finnland, Sviss og Svíþjóð. Þessi ríki sem voru efnahagslega nátengd Evrópusambandinu, voru meðal stærstu viðskiptavina og áform þess um sameiginlegan innri markað gerðu það að verkum að erfitt, ef ekki ómögulegt var fyrir þau að standa hjá. Á þeim tíma var hins vegar talið pólitískt ómögulegt að fórna hlutleysi fyrir ESB-aðild. Á hinn bóginn má einnig segja að aðild þessara ríkja hefði getað staðið í vegi fyrir frekari þróun pólitísks samstarfs innan ESB. Sá millivegur, sem Delors lagði til, átti því jafnt að taka tillit til verulegra efnahagslegra hagsmuna stærstu viðskiptavina ESB á þeim tíma sem og að tryggja það að ekki yrði hægt á eflingu pólitísks samstarfs ESB-ríkja. Fljótlega eftir að samningaviðræður hófust tók pólitískt landslag í Evrópu að breytast með byltingarkenndum hætti og áður en yfir lauk gengu þrjú þessara hlutlausu ríkja, Austurríki, Finnland og Svíþjóð, inn í Evrópusambandið. Eftir stóð þó sá grunnur sem Ísland byggir samskipti sín við ESB á í dag.

Ísland setti á sínum tíma það skilyrði fyrir þátttöku í samningaferli um EES að tollfrelsi fyrir sjávarafurðir yrði sett á oddinn í viðræðum við ESB. Þrátt fyrir talsvert andstreymi gekk það eftir að lokum að samningurinn tryggði tollfrelsi fyrir langstærsta hluta íslenskra sjávarafurða miðað við núverandi útflutningsmynstur þótt enn standi mikilvægar afurðir, þ.m.t. síld og humar, utan samnings. Sá árangur náðist sem hluti af stærri heild, eitt atriði af mörgum í flóknu jafnvægi hagsmuna ESB-ríkja og EFTA-ríkja. Þetta er hins vegar gott dæmi um það hvernig aðild að alþjóðasamstarfi getur nýst hagsmunum Íslands og leitt til árangurs sem var betri en náðst hefði upp á eigin spýtur.

Um tveir þriðju hlutar útflutnings Íslendinga hafa á undanförnum árum farið til markaða innan Evrópusambandsins. Innfluttur varningur hefur í jafnvel enn meira mæli komið frá ESB. Þó svo að tækifæri á fjarlægum mörkuðum í Austur-Asíu, Bandaríkjunum, Afríku og Suður-Ameríku séu nýtt til hins ýtrasta eru ekki horfur á því að þessi hlutföll breytist verulega. Eftir því sem viðskipti innan ESB verða greiðari og hindrunum fækkar batnar samkeppnisstaða keppinauta inni á svæðinu miðað við þá sem utan standa og fyrirtæki hneigjast til að beina viðskiptum sínum að þeim sem innanbúðar eru. Þessi samkeppnisstaða er sérstaklega skýr í viðskiptum með iðnvarning en á einnig við í viðskiptum með sjávarafurðir þótt í minna mæli sé. Eftir að evran kemst í umferð er hætt við að enn meira beri á þessu. Það verður því stöðugt að leita leiða til að styrkja aðgengi íslenskra afurða að Evrópumörkuðum og tryggja, eftir því sem kostur gefst, jafnstöðu við erlend fyrirtæki sem keppa á sama markaði innan ESB. Þetta var einmitt tilgangur EES-samningsins en til þess að þeim tilgangi verði náð verður að reyna að þróa hann í samræmi við það sem gerist innan ESB. Þarf það á engan hátt að draga úr rækt við markaðssvæði annars staðar á hnettinum. Þvert á móti getur EES-samningurinn í vissum tilfellum komið að liði við eflingu tengsla við þriðju ríki eins og nýlegir samningar við Ástralíu og Nýja-Sjáland sýna.

EFTA var stofnað árið 1960 undir forystu Breta sem þá voru ekki reiðubúnir til þess að taka á sig skuldbindingar Evrópubandalagsins eða starfa innan stofnana þess. Mátti í upphafi

líta á þessar tvær stofnanir, ESB og EFTA, sem fulltrúa tvenns konar viðhorfs til evrópsks efnahagssamstarfs. Eftir að Bretland og Danmörk gengu í Evrópusambandið fór vægi innbyrðis samskipta EFTA-ríkja minnkandi og stofnunin varð fyrst og fremst samstarfsvettvangur um skipulag viðskipta við ESB. Þannig var samflot haft um gerð tvíhliða fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við ESB árið 1972. Portúgal gerðist aðili að ESB og sátu þá eftir í EFTA, auk Íslands, Austurríki, Noregur, Svíþjóð og Sviss. Finnland hafði lengi starfað með EFTA-ríkjunum en varð ekki fullur meðlimur fyrr en árið 1985 og síðasta ríkið til að ganga í EFTA var Liechtenstein árið 1991.

Það kom fljótt á daginn að áhugi var fyrir því að rækta samstarf þessara sjö ríkja við ESB utan ramma fríverslunarsamninganna. Á ráðherrafundi EFTA- og ESB-ríkja í Lúxemborg 1984 var áréttaður áhugi til þess efla samstarf og auka það á grundvelli sérstakra lausna fyrir einstök verkefni. Þetta reyndist bæði seinvirkt og flókið í framkvæmd. Vandamálin hlóðust upp hraðar en hægt var að leysa þau. Traustari grunn þurfti að setja. Þó svo að fyrirtæki í EFTA-ríkjunum væru reiðubúin til þess að aðlaga alla sína framleiðslu reglum Evrópusambandsins þar sem markaðurinn var stærstur, þá reyndist erfiðleikum bundið að fá þá aðlögun viðurkennda og vottaða. Einhvern samningsbundinn ramma þurfti að setja svo að tryggt væri að samkeppnisskilyrði væru hin sömu í EFTA-ríkjunum og innan ESB. Einungis með því móti var hægt að opna markaði ESB fyrir fyrirtæki EFTA-ríkjanna og veita þeim sömu aðstöðu og ESB-fyrirtækjum. Þátttaka EFTA-ríkjanna í hinum innra markaði var frá upphafi háð því skilyrði af hálfu ESB að þau settu upp kerfi sem tryggði sjálfstætt eftirlit með framkvæmd ákvæða samningsins sem jafnaðist á við eftirlit framkvæmdastjórnar með aðildarríkjunum og sjálfstæðan úrskurðaraðila sem væri hliðstæður Evrópudómstólnum. Með gerð EES-samningsins tóku EFTA-ríkin skref í þá átt að viðurkenna nauðsyn skýrari skuldbindinga og sterkari stofnana í alþjóðlegu efnahagssamstarfi.

3. EES-samningurinn

EES-samningurinn hefur nú verið í gildi í rúm sex ár og er óhætt að fullyrða að hann hefur reynst Íslandi hagstæður. Aðgangur að mörkuðum er greiðari, þátttaka í evrópskum samstarfsverkefnum, ekki síst á sviði rannsókna og þróunar, hefur skilað umtalsverðu fjármagni og þekkingu í íslenskt þjóðarbú og samræming leikreglna í atvinnulífi hefur leitt til aukins frjálsræðis og nútímalegri stjórnunarhátta. EES-samningurinn hefur án efa stuðlað verulega að þeim stöðugleika sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi. Samningurinn hefur hraðað þróun löggjafar á fjölmörgum sviðum, eflt neytendavernd og umhverfisvernd, auðveldað aðlögun laga og reglugerða að breytingum á ýmsum sérsviðum sem eru í örri þróun og má nefna samgöngur og fjarskipti. Samevrópskar reglur auðvelda einnig þróun í átt til fjölbreyttara atvinnulífs og leiða til betri nýtingar nýrra tækifæra á sviði viðskipta og þjónustu, einnig á sviðum sem falla utan hefðbundinna íslenskra atvinnugreina. Íslensk fyrirtæki eiga auðveldara með að efna til samstarfs við fyrirtæki á meginlandi Evrópu en áður. Óhagræði vegna skrifræðis við framkvæmd samningsins eða vegna íþyngjandi eftirlits með ákvæðum hans getur vart talist stórvægilegt í þessu samhengi.

Í nánu samstarfi við stofnanir Evrópusambandsins og aðildarríki þess innan Evrópska efnahagssvæðisins fer ekki hjá því að upp komi samanburður á stöðu Íslands og stöðu aðildarríkjanna. Verða hér á eftir dregin fram nokkur atriði bæði þar sem samanburður getur talist hagstæður og óhagstæður.

EES-samningurinn tryggir tengingu við þá þætti Evrópusamstarfsins þar sem best hefur tekist til. Það má hins vegar telja til kosta hans að ýmsir þættir Evrópusamstarfsins, sem ýmist eru ekki ýkja eftirsóknarverðir eða hreinlega ganga gegn íslenskum hagsmunum, standa

utan samningsins. Ber þar af sjónarhóli Íslands fyrst að nefna sjávarútvegsstefnuna. Það væri engum vandkvæðum bundið að skrifa upp á almenn markmið hennar eins og þau eru skilgreind innan ESB, þ.e. sjálfbæra nýtingu auðlinda, stöðuga markaði og traust lífskjör þeirra sem að greininni starfa. Það hefur hins vegar reynst ESB afar erfitt að ná þessum markmiðum, hvort sem um er að ræða skilvirka nýtingu fiskistofna, skipulag markaðar eða heilbrigða atvinnuhætti innan sjávarútvegsgeirans. Hefur það því verið mat íslenskra stjórnvalda að hag sjávarútvegs væri betur borgið utan ESB, sé ekki hægt að tryggja með einhverjum hætti áframhaldandi sambærilegt fyrirkomulag í veiðum og vinnslu á Íslandi og nú er.

Innan ESB er lögð rík áhersla á menningarlega sérstöðu og þjóðfélagslegt hlutverk landbúnaðar og hefur því verið haldið fram af ESB á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að ekki megi beita almennum viðmiðum um frjálsa samkeppni og tollfrelsi innan landbúnaðar. Markmiðin, sem sett eru, gætu átt verulegan hljómgrunn innan íslensks landbúnaðar. Á móti kemur hins vegar að stefnan er flókin og dýr í framkvæmd, snertir að verulegu leyti afurðir sem ekki eru framleiddar á Íslandi og ljóst er að það hefði afdrifaríkar afleiðingar ef tollvernd yrði aflétt gagnvart landbúnaðarafurðum frá ESB. Erfiðara gæti og verið að tryggja skilning á sérhagsmunum íslensks landbúnaðar innan ramma sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB.

Samræming viðskiptastefnu gagnvart þriðju ríkjum er ekki hluti af EES-samningnum þótt í ljós hafi komið við rekstur samningsins að takmörk eru fyrir því hversu langt EFTA/EES-ríkin geta gengið í samskiptum við önnur ríki áður en það fer að hafa áhrif á beitingu ákvæða samningsins. ESB semur þannig við ríki utan svæðis um gagnkvæma viðurkenningu á vottunum og prófunum til þess að greiða fyrir viðskiptum og forðast óþarfa tafir á landamærum. EFTA/EES-ríkin verða að fylgja í kjölfarið ef þau vilja öðlast sömu réttindi á mörkuðum þessara ríkja. Samþykkt Evrópureglna um merkingar, neytendavernd og verndun persónuupplýsinga getur haft áhrif á viðskipti, t.d. við Bandaríkin. Það breytir því ekki að þar sem Ísland stendur utan sameiginlegrar viðskiptastefnu ESB á það ekki hlut að máli í deilum ESB við Bandaríkin eða Japan sem geta verið sprottnar af hagsmunum einhvers eins aðildarríkis. Þó svo að Bandaríkin beini refsiaðgerðum sínum alla jafna að útflutningsafurðum þeirra landa, sem talin eru eiga upptök að deilunum, væri ekki hægt að útiloka að sú staða kæmi upp að íslenskar afurðir yrðu fyrir barðinu á aðgerðum vegna deilna sem ættu upptök sín annars staðar í Evrópu.

Með hverri samningalotu innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar lækka tollar almennt og munur milli ríkja minnkar hvað þetta varðar. Enn eru þó eftir tollar sem settir eru til þess að vernda innlendan iðnað og þar fara hagsmunir Íslands og annarra Evrópuríkja ekki endilega saman.

Aðildarríki ESB hafa sett upp sterkar stofnanir til þess að ná tilteknum markmiðum um samræmi á hinum innra markaði og skilvirkt samstarf. Samstarf þetta hefur skýr yfirþjóðleg einkenni, sameiginlegar ákvarðanir ráðherraráðsins og vissar ákvarðanir framkvæmdastjórnar geta öðlast beint lagagildi. Aðildarríkin beita hluta framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds síns í sameiginlegum stofnunum. Stofnanir EES-samstarfsins eru hins vegar veikari og ekki er um samsvarandi yfirþjóðlegt hlutverk þeirra að ræða. Má segja að EES-samningurinn reyni að ná sömu markmiðum og ESB án þess að sverfa að sjálfræði aðildarríkjanna með sama hætti. Var þetta ótvírætt ofarlega í huga samningamanna þegar á viðræðum stóð.

Stofnanir EES-samningsins EFTA-megin, almennt starfslið, Eftirlitsstofnun og dómstóllinn, eru að sjálfsögðu ekki eins öflugar og samsvarandi stofnanir innan Evrópusambandsins. Ekki verður hins vegar annað séð en að þeim hafi tekist ágætlega að sinna hlutverki sínu og

séu starfinu vaxnar. Þegar upp kemur álitamál af einhverju tagi er oft aðgengilegra að eiga við litla og skilvirka stofnun sem tekur fljótt og ákveðið á málum.

Kostir EES-samningsins felast einkum í því að hann gefur aðgang að þeim þáttum Evrópusamstarfsins sem áhugaverðastir eru meðan aðrir þættir, sem ekki höfða til íslenskra hagsmuna, standa utan samnings. Samningurinn hefur hins vegar aldrei gefið EFTA/EES-ríkjunum sama aðgang að umræðu, mótun og töku ákvarðana og aðildarríki ESB hafa. Þessi aðstöðumunur lá fyrir þegar samningurinn var gerður. Á undirbúningsstigi, þegar framkvæmdastjórnin safnar saman upplýsingum og efni áður en hafist er handa við smíð nýrrar löggjafar, á aðgangur íslenskra sérfræðinga samkvæmt EES-samningnum að vera sambærilegur við sérfræðinga ESB-ríkja. Á þeim sviðum, sem skipta okkur Íslendinga mestu, eigum við á að skipa mjög hæfum einstaklingum og hefur ráðgjöf þeirra nýst framkvæmdastjórn prýðilega, ekki aðeins hvað varðar séríslenska hagsmuni heldur almennt. Eftir að fyrstu drög liggja fyrir og pólitísk umræða hefst meðal aðildarríkja, í ráðherraráðinu og þeim nefndum sem það hefur sett upp, getur aðgangur hins vegar aðeins orðið óbeinn. Framkvæmdastjórn er ætlað að koma á framfæri til aðildarríkja ESB athugasemdum EFTA/EES-ríkjanna í þeirri umræðu en reynslan hefur sýnt að ekki er hægt að treysta á mjög skeleggan málflutning framkvæmdastjórnar nema í þeim málum þar sem hagsmunir EFTA/EES-ríkjanna falla saman við sjónarmið framkvæmdastjórnar. Það má og leiða að því líkur að jafnvel á undirbúningsstigi taki framkvæmdastjórn meira tillit til sjónarmiða sem hún veit að verður fylgt eftir í umræðu í ráðherraráðinu.

Þegar upp koma tillögur að nýrri löggjöf, sem ekki byggist beint á þeim gerðum sem þegar hafa verið teknar inn í EES-samninginn hefur komið fyrir að EFTA/EES-ríkin gleymist. Þannig var það aðeins fyrir árvekni starfsmanna EFTA sem það tókst að koma að athugasemdum um nýja tilskipun um samræmingu aðgerða gegn greiðsludrætti. Undirbúningur var vel á veg kominn innan ESB áður en EFTA/EES-ríkin komu að málinu þar sem þeir sem um málin fjölluðu innan framkvæmdastjórnar vissu ekki um rétt EFTA/EES-ríkjanna. Sama máli gegndi um undirbúning endurskoðunar á ákvæðum um skaðsemisábyrgð. Ísland, Noregur og Liechtenstein verða að halda vöku sinni ef samningurinn á að þróast með eðlilegum hætti. Samningurinn gefur réttindi og möguleika en þá verður að sækja, ekkert gerist af sjálfu sér.

EFTA/EES-ríkin hafa enn fremur áheyrnaraðild að fjölmörgum nefndum sem settar hafa verið upp til ráðgjafar framkvæmdastjórn. Hér er ekki um eiginlegt löggjafarstarf að ræða, fremur rekstur og framkvæmd, en að sjálfsögðu getur á þessum vettvangi komið upp umræða og undirbúningur að umbótum og lagabreytingum. Í þessum nefndum sitja EFTA/EES-ríkin formlega við sama borð en ofmælt væri að segja að áhrifin séu þau sömu.

Eftir að niðurstaða hefur náðst í ráðherraráðinu kemur til kasta Evrópuþingsins. Evrópuþingið er opnari stofnun en ráðherraráðið og auðveldara er að fylgjast með störfum þess að utan. Þótt til sé samráðsvettvangur við Evrópuþingið innan EES, sameiginlega þingmannanefndin, þá nýtist hann einkum til almennrar umræðu um samskipti en ekki til þess að móta ákvarðanir. Samstarfsferill ráðherraráðs og Evrópuþings um mótun texta, áður en kemur til endanlegrar ákvörðunar, er langur og flókinn. Eftir því sem Evrópuþingið beitir sér meira verður hann lengri og tekur enn fremur, eftir samþykkt Amsterdamsamningsins til fleiri ákvarðana. Í ljósi þess að aðildarríki hafa oft átt í löngu og ströngu samningaferli sín á milli og með aðkomu ólíkra stofnana án beinnar þátttöku EFTA/EES-ríkjanna er ekki að undra að þegar samkomulag hefur loks náðst eru aðildarríkin mjög treg til þess að samþykkja einhverjar sérlausnir til þess að ganga til móts við hagsmuni Íslands, Liechtensteins eða Noregs. Er þá gjarnan viðkvæðið að hin viðkvæma málamiðlun mundi hreinlega rakna upp.

Hefur þetta komið í ljós jafnvel í þeim tilfellum sem sérlausn fyrir EFTA/EES-ríki hefði ekki haft nein afgerandi áhrif á hagsmuni neins aðildarríkis. Það tók langan tíma að fá því framgengt að taka þyrfti tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandsmiðum þegar öryggiskröfur væru skilgreindar fyrir íslensk fiskiskip. Aðlögun Íslands að sumartímatilskipun vegna hnattstöðu mætti nokkurri tregðu þótt einnig þar fengist ásættanleg niðurstaða. Eftir að aðildarviðræður hófust hefur verið brýnt fyrir umsóknarríkjum að undanþágur séu ekki í boði. Þetta virðist hafa haft þau áhrif á aðildarríki ESB að þau eru ósveigjanlegri en áður í EES-samhengi. Þykir þeim þá ekki viðeigandi að sýna vel stæðum EFTA/EES-ríkjum meiri sveigjanleika en umsóknarríkjum sem standa lakar að vígi efnahagslega. Hins vegar er lengi hægt að þæfa mál og freista þess að finna einhverja lausn, einkum ef áhrif á milliríkjaviðskipti eru takmörkuð. Þannig hafa viðræður staðið um nokkra hríð vegna reglna um aukefni í matvælum og einkaleyfisveitingar í líftækni þar sem ágreiningur hefur verið milli framkvæmdastjórnar og EFTA/EES-ríkja. Ofangreind dæmi sýna jafnframt að með þrautseigju má hafa sitt fram þótt róðurinn geti verið þungur.

Þótt EFTA/EES-ríkin komi oft að mótun texta á byrjunarstigi og framkvæmdastjórn merki stundum drög með því að þau varði EES þá er það fyrst eftir að gerðin liggur fyrir samþykkt innan ESB sem það kemur til endanlegrar skoðunar hjá embættismönnum EFTA/EES-ríkjanna og framkvæmdastjórnar hvort hún eigi erindi í samninginn eða ekki. Oftast nær liggur það ljóst fyrir hvað snertir rekstur innri markaðar og er óalgengt að verulegur ágreiningur sé uppi um það hvort gerð falli undir samninginn eða ekki. Þegar hann hefur komið upp er algengara að hagsmunir EFTA/EES-ríkjanna séu að fá gerð fellda inn í samninginn og öðlast með því aukin réttindi fremur en að framkvæmdastjórn sækist eftir því að EFTA/EES-ríkin taki yfir gerð á gráu svæði. EFTA-hliðin hefur sem sagt oftar sótt á og haldið uppi víðari skilgreiningu á því hvað skuli falla undir EES en framkvæmdastjórn. Þetta gildir um tilskipanir og reglugerðir en ekki síður um ákvarðanir um þátttöku í samstarfsverkefnum.

Komi það í ljós að eitthvert EFTA/EES-ríki þurfi á því að halda að ákvörðun ESB sé aðlöguð sérstökum aðstæðum fer það fyrst til athugunar innan framkvæmdastjórnar og til umsagnar hjá þeim skrifstofum innan framkvæmdastjórnar sem málið varðar. Séu engar athugasemdir gerðar leggur starfsmaður utanríkismálaskrifstofu erindið fyrir EFTA-nefnd ráðsins. Í henni sitja starfsmenn fastanefnda aðildarríkja í Brussel. Hafa þeir sjaldnast sjálfstætt umboð til ákvarðanatöku og fer erindið því til ákvörðunar í höfuðborgum. Getur það tekið allnokkurn tíma að fá skýr svör og vegna manneklu hefur EFTA-deild utanríkismálaskrifstofu, sem er ætlað að reka málið, ekki tök á því að fylgja því mjög fast eftir. Oftast nær er gert út um málið á tæknilegum forsendum án þess að pólitískt mat sé lagt á það hvort tilhliðranir frá umsömdum texta geti verið ásættanlegar.

EFTA/EES-ríkin eru því háð velvilja einstakra aðildarríkja og embættismanna framkvæmdastjórnar um alla aðlögun án þess að hafa þann aðgang sem gæfi nauðsynleg tækifæri til þess að tala máli sínu og skýra þær aðstæður sem liggja að baki. Í síhvikulu valdajafnvægi milli stofnana ESB hefur hlutur aðildarríkja og ráðherraráðsins farið vaxandi miðað við framkvæmdastjórn. Veikari framkvæmdastjórn hefur leitt til þess að framkvæmd EES-samningsins er örðugri en ella hefði verið þar sem hún getur síður beitt sér gagnvart aðildarríkjum fyrir framgangi lausna sem um hefur verið samið við EFTA/EES-ríkin. Ekki tókst á sínum tíma að ljúka samningum um bókun 3 við EES-samninginn um unnar landbúnaðarafurðir. Tæplega tíu ára samningaviðræður EFTA/EES-ríkja við framkvæmdastjórn leiddu til samkomulags á síðasta ári. Eitt aðildarríki ESB er hins vegar ósátt við niðurstöðuna og er því útlit fyrir að samningaviðræður hefjist að nýju. Á meðan gildir um viðskipti með þessar afurðir endurbætt útgáfa bókunar 2 við gömlu fríverslunarsamningana frá 1972.

Ef litið er yfir þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið í sameiginlegu nefndinni um hvernig skuli fella ESB-gerðir inn í EES-samninginn, kemur í ljós að efnislegar aðlaganir að sérstökum aðstæðum í EFTA/EES-löndum eru mjög sjaldgæfar. Fremur er um að ræða að tilgreint sé hvaða innlendar stofnanir skuli annast einstök verkefni sem fylgja framkvæmd gerðanna eða aðra tæknilega aðlögun. Sýnir þetta glöggt hversu mikla samleið EFTA/EES-ríkin hafa í raun átt með Evrópusambandsþjóðunum á þeim sviðum sem EES-samningurinn nær yfir. Má því segja að reynslan hafi rennt stoðum undir þær grundvallarforsendur EES-samningsins að sömu reglur geti gilt um atvinnulíf á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Ef síðan allt um þrýtur getur hvert EFTA/EES-ríkjanna sem er, Ísland, Noregur eða Liechtenstein hafnað því að taka upp tiltekna gerð. Evrópusambandið mun þá á móti meta það hversu mikil áhrif slík höfnun hafi á það samræmi sem að er stefnt og hefst þá ferli sem getur leitt til þess að hluti samnings falli úr gildi. Ef gerð er hafnað sem greinilega fellur undir gildissvið samningsins hefur það ekki aðeins áhrif á þann þátt samningsins heldur er grafið undan grundvallarforsendu samningsins um að sömu reglur eigi að gilda á svæðinu. Áhrif þess að einstakir viðaukar falla úr gildi eru hlutfallslega mun meiri innan EFTA/EES en innan ESB og geta hæglega skipt sköpum fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Íslandi eða Noregi. Þessi staða hefur ekki komið upp til þessa þó að möguleikanum hafi verið velt upp, m.a. vegna aukefna í matvælum.

Slík höfnun af hálfu eins EFTA/EES-ríkis mundi setja hinum tveimur EFTA/EES-ríkjunum stólinn fyrir dyrnar með því að koma í veg fyrir EES-ákvörðun og gagnaðgerðir ESB mundu bitna á þeim einnig. Það er því ekki einkamál hvers ríkis fyrir sig heldur getur andstaða eins EFTA/EES-ríkis stefnt hagsmunum hinna tveggja í voða.

Þegar kemur að eftirliti með framkvæmd þessara gerða sem er í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, má færa rök fyrir því að það sé heldur strangara en samsvarandi eftirlit framkvæmdastjórnar með aðildarríkjum ESB. Ræðst það af því að framkvæmdastjórn ESB telur sig hafa víðtækara pólitískt umboð til að sjá í gegnum fingur sér ef frestur verður á framkvæmd einstakra gerða. Hún hefur auk þess mun víðtækara hlutverk og á oft í pólitískum samningaviðræðum við aðildarríkin um fjölmörg málefni. ESA hefur hins vegar oftast haft tilhneigingu til að fara eftir orðanna hljóðan og beita reglum bókstaflega. Sönnunarbyrðin hvílir þyngra á samstarfsríkjunum utan ESB en á aðildarríkjunum einmitt vegna þess að stofnanaramminn er veikari. Í raun hefur þetta þýtt að á samningssviðinu er svigrúm EFTA/EES-ríkjanna til þess að sveigja ákvarðanir að eigin hagsmunum minna og eftirlit með framkvæmd strangara en tíðkast innan ESB. Minnir þetta um sumt á það sem sagt hefur verið um ríkin sem standa utan gjaldmiðilssamstarfs Evrópuríkja, þ.e. að þau hafi ekki meira svigrúm við framkvæmd Maastricht-skilyrða heldur minna því að þau þurfi að sanna sig. Ekki dugir að miða við þau ríki ESB sem slá slöku við í framkvæmdinni heldur þau sem best standa, t.a.m. Norðurlönd. Þetta hefur tekist dável og í síðasta yfirliti ESA var Ísland í áttunda sæti af átján EES-ríkjum hvað varðar frammistöðu við framkvæmd Evrópulöggjafar.

Þrátt fyrir takmarkanir á aðgangi að mótun ákvarðana, sem legið hafa fyrir frá upphafi, hafa niðurstöður reynst ásættanlegar og textar ESB hafa almennt reynst gagnlegt innlegg í íslenskt löggjafarstarf. Betur sjá augu en auga og hinn langi og flókni ákvarðanatökuferill innan ESB leiðir yfirleitt til þess að lokatexti tekur tillit til ólíkra hagsmunahópa og mismunandi landfræðilegra aðstæðna frá Algarve til Umeå. Heyrir þá til undantekninga að vandkvæði komi upp við beitingu þeirra á Íslandi.

Það er án efa til þess fallið að stuðla að betri framkvæmd í aðildarríkjum Evrópusambandsins hversu virkan þátt æðstu ráðamenn, ráðherrar, ráðuneytisstjórar og hátt settir embættismenn á öllum fagsviðum taka í ákvarðanatökuferlinu. Þeir beita sér á annan hátt þegar

kemur að því að hrinda ákvörðunum í framkvæmd og hafa eftir oft langar umræður næman skilning á því hvert svigrúmið er.

Í grófum dráttum má segja að aðgangur íslenskra stjórnvalda að mótun ákvarðana sé mestur í upphafi, á undirbúningsstigi og þegar mál eru enn í höndum sérfræðinga. Eftir því sem ofar dregur í stjórnsýslu og almenn pólitísk sjónarmið koma til sögunnar minnkar aðgangur og er enginn á þeim vettvangi þar sem endanlegar ákvarðanir eru teknar. Taki ákvörðun verulegum breytingum á síðari stigum sem eru þess eðlis að EFTA/EES-ríkin geti ekki sætt sig við þær, verður annaðhvort að semja um sérstaka aðlögun áður en ákvörðunin er felld inn í EES-samninginn eða hafna henni og taka þá áhættu að einhver hluti viðkomandi viðauka EES-samningsins falli úr gildi.

EES-samningurinn gefur svigrúm til þess að standa utan verulegs hluta Evrópusamstarfs. Það er því verði keypt að aðgangur er takmarkaður að stofnunum sem móta framtíðarstefnu og taka ákvarðanir um rekstur. Á því sviði, sem samningurinn nær til, hefur afraksturinn undanfarin sex ár reynst góður.

4. Samanburður á stofnunum ESB og EES

Mismun þess á hvern hátt aðildarríki ESB annars vegar en EFTA/EES hins vegar koma að mótun ákvarðana, sem varða Evrópska efnahagssvæðið, má helst skýra með því að lýsa stuttlega helstu stofnunum ESB og bera þær saman við samsvarandi stofnanir EES-samstarfsins.

Ber þar fyrst að nefna leiðtogaráð ESB (*European Council*). Fundir þessir fengu ekki formlega stöðu í réttarkerfi Evrópusambandsins fyrr en með Maastricht-ráðstefnunni en hafa nú fest sig svo í sessi að segja má að niðurstöður þeirra séu í senn helsta viðmið um þróun Evrópusambandsins og helsti drifkraftur. Eftir að forsætisráðherrar og forsetar ESB-ríkjanna tóku að funda reglulega 2–4 sinnum á ári hefur komist á sú hefð að þangað er viðkvæmum málum skotið sem ekki hefur tekist að leysa úr meðal annarra ráðherra. Leiðtogaráðið tekur í lok hvers sex mánaða formennskutímabils saman það sem áunnist hefur. Eru formennskuríkin reiðubúin til þess að leggja hart að sér til þess að geta státað þar af góðum árangri. Forsætisráðherrar ESB-ríkjanna gegna því samræmingar- og úrskurðarhlutverki og eru mjög virkir á öllum sviðum Evrópusamstarfsins.

Ekki hefur verið komið upp samsvarandi fundum innan EES. Þó hefur verið reynt að nota tækifærið á alþjóðlegum fundum þar sem margir forsvarsmanna þeirra ríkja, sem hlut eiga að máli, koma saman og efna þá til funda milli forseta framkvæmdastjórnar ESB, forsætisráðherra formennskuríkis þess og forsætisráðherra EFTA/EES-ríkja. Slíkur fundur var haldinn í Istanbul í nóvember 1999 og sat talsmaður ESB í utanríkismálum, Javier Solana, einnig þann fund. Síðasti leiðtogafundur þar á undan hafði verið haldinn í Riga snemma árs 1997. Fundir þessir eru oftast nær fremur stuttir en hafa engu að síður reynst mjög gagnlegir.

Ráðherrar ESB-ríkja, hverju nafni sem þeir nefnast, funda mjög reglulega. Þannig hittast utanríkisráðherrar oftar en einu sinni í hverjum mánuði, fjármálaráðherrar og landbúnaðarráðherrar lítlu sjaldnar og aðrir gjarnan 2–3 sinnum á ári. Samtals má gera ráð fyrir á níunda tug ráðherrafunda hvert ár. Á fundum þessum eru ekki aðeins teknar ákvarðanir sem varða þá málaflokka sem til umræðu eru heldur er skipst á skoðunum um framkvæmd og stefna mótuð til framtíðar.

Utanríkisráðherrar EES-ríkjanna koma saman tvisvar á ári í tengslum við reglulega tveggja daga utanríkisráðherrafundi ESB. Reynt hefur verið að taka EES-mál fyrir fyrri dag samsvarandi fundar ESB-ráðsins til þess að tryggja sem mesta mætingu ráðherra ESB-ríkja en það hefur viljað brenna við að margir ESB-ráðherranna séu horfnir af fundi þegar líður

á dagskrá innri fundar ESB. Samskipti við EES-ríkin hafa gengið greiðlega fyrir sig og sjaldnast hafa komið upp brýn mál til pólitískrar úrlausnar þótt nefna megi deilur um þróunarsjóð á sínum tíma. Þessir fundir gegna ekki síst því hlutverki að vekja athygli ráðherra á helstu hagsmunamálum sem verið hafa til umfjöllunar meðal embættismanna. Venjulega eru þessir fundir vandlega undirbúnir, formennskuríki ESB hefur orð fyrir öðrum aðildarríkjum og flytur þá stefnu sem aðildarríkin hafa orðið ásátt um fyrir fram en formennskuríki EFTA/EES mælir fyrir hönd Íslands, Liechtensteins og Noregs. Svigrúm til frjálsra skoðanaskipta milli ráðherra þátttökuríkjanna 18 er takmarkað á meðan á skipulagðri dagskrá stendur því miðað er við að formennskuríkin beggja vegna skiptist á fyrir fram mótuðum yfirlýsingum. Almenn pólitísk umræða, sem oftast fer fram yfir málsverði, getur hins vegar verið lífleg en þar hafa EES-mál ekki verið tekin upp. Fjármálaráðherrar EFTA-ríkjanna hafa einu sinni á ári hitt starfsbræður sína innan ESB á óformlegum hádegisverðarfundi og hefur þar gefist tækifæri til skoðanaskipta um þróun efnahags- og fjármála. Aðrir EES-ráðherrar hafa hist stopult en á árinu 1999 var þó efnt til óformlegs fundar umhverfisráðherra EES-ríkjanna og hefur komið til tals að svipaður fundur verði haldinn meðal þeirra ráðherra sem ábyrgð bera á rannsóknum og þróun. Ráðherrafundum EES-ríkja er hins vegar ekki falið neitt formlegt vald til töku ákvarðana í samningnum. Innan ramma samkomulags um Schengen-málefni hitta dómsmálaráðherrar ESB-starfsbræður og -systur sínar frá Íslandi og Noregi tvisvar til þrisvar á ári til þess að ræða gang samstarfsins. Stýrði Sólveig Pétursdóttir dómsmálaráðherra tveimur slíkum fundum á síðasta ári þar sem Ísland gegndi formennsku í þessu samstarfi síðari hluta ársins.

Nefndir fastafulltrúa aðildarríkja ESB í Brussel, COREPER I og II, gegna lykilhlutverki í öllu starfi innan Evrópusambandsins. Allar ákvarðanir, sem fara eiga fyrir ráðherrana, eru undirbúnar þar og oft næst þar niðurstaða eða málamiðlun sem síðan er staðfest af ráðinu. Einnig starfa fjölmargar nefndir og starfshópar á vegum ráðsins þar sem fyrir eru tekin sérhæfðari mál. EES-samningurinn gefur EFTA/EES- ríkjunum engan aðgang að COREPER eða nefndum ráðsins. Var sú krafa lögð fram á sínum tíma af EFTA-ríkjum en gekk ekki eftir. Hins vegar hefur verið samið um það í tengslum við þátttöku Íslands og Noregs í starfi tengdu Schengen að fulltrúar Íslands og Noregs geti setið þá fundi, sem varða Schengenstarfið, hvort sem um er að ræða nefnd/starfshóp á vegum ráðsins eða COREPER. Er nú þegar komin nokkur reynsla á þetta fyrirkomulag og hefur það gengið vonum framar.

Meginsamstarfsvettvangur EFTA/EES-ríkjanna og Evrópusambandsins er sameiginlega nefndin og undirnefndir hennar. Þar mætast fulltrúar EFTA/EES-ríkjanna annars vegar en framkvæmdastjórn hins vegar og semja um það með hvaða hætti fella beri nýjar ákvarðanir ESB inn í samninginn. Aðildarríki ESB geta mætt á fundi sameiginlegu nefndarinnar en taka að öðru jöfnu ekki til máls. Hefur það þó gerst í einstaka tilfellum, nú síðast þegar Spánverjar notuðu þennan vettvang til þess að ítreka þann skilning sinn að EFTA/EES-ríkjum bæri skylda til þess að greiða í þróunarsjóði til styrktar fátækari svæðum innan ESB.

Evrópuþingið hefur styrkt stöðu sína á undanförnum árum. Aðstaða þess til þess að hafa áhrif á þróun lagatexta hefur aukist og hefur þingið notfært sér það svigrúm til hins ítrasta. Til viðbótar hefur þingið hert eftirlit sitt með allri starfsemi framkvæmdastjórnar eins og glöggt kom fram þegar síðasta framkvæmdastjórn sagði af sér fyrir lok embættistíma síns vegna gagnrýni nefndar á vegum þingsins. Umræða á þinginu hefur og orðið kveikja að nýju starfi innan Evrópusambandsins og hefur breytt áherslum aðildarríkja og framkvæmdastjórnar.

Eini snertiflötur EES-samstarfsins við þingið er hins vegar sameiginleg þingmannanefnd sem kemur saman reglulega til þess að ræða rekstur samningsins. Þar koma saman þingmenn frá Evrópuþingi annars vegar og þjóðþingum Íslands, Liechtensteins og Noregs hins vegar.

Sú nefnd tekur ekki beint til umfjöllunar ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar eða reynir að breyta þeim heldur beinir hún sjónum sínum að almennum ágreiningssviðum eða samstarfsverkefnum. Um er að ræða umræðuvettvang fremur en hluta af mótunarferli einstakra ákvarðana.

Efnahags- og félagsmálanefnd innan ESB (ECOSOC) er skipuð fulltrúum vinnuveitenda og launafólks og neytenda og er kvödd til umsagnar um allt sem fellur innan nokkurra viðamikilla málaflokka. Er tekið tillit til þeirra í löggjafarstarfi innan ESB. Þá kemur einnig fyrir að ráðherraráðið vísi ákvörðunum til evrópskra samtaka atvinnulífs og launþega með því fororði að náist samkomulag þeirra á milli muni ráðherraráðið staðfesta niðurstöðuna.

Ráðgjafarnefnd EFTA, samsvarandi stofnun og ECOSOC, er hins vegar ekki kölluð jafnskipulega til starfs og ráðgjafar en gegnir engu að síður mikilvægu hlutverki. Komið hefur verið upp sameiginlegum vettvangi til skoðanaskipta milli þessara stofnana ESB og EFTA. Gildir hið sama um þann vettvang og sameiginlegu þingmannanefndina að þar er umræða almenn og beinist sjaldnast að tilteknum ákvörðunum. Þegar málum hefur verið vísað til ákvörðunar frá ráðherraráði til evrópskra samtaka atvinnulífs og launþega geta íslenskir fulltrúar tekið þátt í því starfi gegnum aðild sína að samevrópskum samtökum.

Innan ESB starfar bæði sérstök svæðanefnd sem ætlað er að efla aðkomu sveitar- og héraðsstjórna að ákvarðanatöku og embætti umboðsmanns til að auðvelda aðgang almennings en engar samsvarandi stofnanir eru til í EFTA-kerfinu.

Aðildarríki ESB hafa mörg sett upp einhvers konar kerfi til að tryggja að þjóðþing og hagsmunaaðilar á vinnumarkaði geti fylgst með umræðu í ráðherraráðinu og fulltrúar landsins þar geti tekið tillit til sjónarmiða þeirra í málflutningi sínum. Áður en kemur að ákvörðun á ráðherraráðsfundi er farið yfir málið í þingnefnd og geta þá verið sett markmið eða skilyrði fyrir því hvernig ákvörðun er tekin. Danmörk, Finnland og Bretland hafa gengið hvað lengst hvað þetta varðar. Hér er verið að reyna að bæta úr því sem kallað hefur verið halli í lýðræðislegum samskiptum innan Evrópusambandsins, þ.e. að það eru fulltrúar framkvæmdarvaldsins í ráðherraráðinu sem taka lokaákvarðanir um ný lög.

Sú gagnrýni, sem hefur verið höfð uppi innan Evrópusambandsins um aukin völd framkvæmdarvalds á kostnað löggjafarvaldsins og skort á gagnsæi við ákvarðanatöku, getur einnig átt við EES-samstarfið. Málin ber ekki að EES/EFTA-ríkjunum á sama hátt og því ekki hægt að taka beint til fyrirmyndar þau úrræði sem t.d. Danmörk eða Finnland hafa gripið til. Erfitt er að tengja sérhæft starf sérfræðinga á undirbúningsstigi, sem EFTA/EES-ríkin hafa aðgang að, við pólitíska stefnumótun. Það er hins vegar hægt að finna aðrar leiðir að þessu sama marki. Að undanförnu hefur samráð innan íslenska stjórnkerfisins við undirbúning ákvarðanatöku verið aukið og endurbætt. Starfslið Alþingis hefur komið að því starfi. Markmiðið er að Alþingi verði ekki aðeins tryggður aðgangur að upplýsingum um allar fyrirhugaðar breytingar á samningnum heldur gerist það svo fljótt sem auðið er. Sérstök athygli verði vakin í tæka tíð á þeim breytingum sem líklegar eru til að hafa áhrif á löggjafarstarf Alþingis.

5. Leiðir til að efla EES-samstarfið – utan sem innan ramma samningsins

Þessi munur á aðstöðu aðildarríkja og EFTA/EES-ríkja er innbyggður í samninginn og hefur legið fyrir frá upphafi. Formleg staða er óbreytt en pólitískt vægi EFTA/EES-stoðarinnar hefur nú minnkað. Sviss féll frá samningnum og Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu til liðs við ESB. Áður voru innan EFTA þrjátíu milljónir manna sem samanlagt áttu meiri viðskipti við ESB en Bandaríkin. Það var því talsvert á sig leggjandi fyrir ESB og aðildarríkin að tryggja snurðulaus viðskipti og fulla þátttöku í nýrri löggjöf. Nú er markaðssvæðið

minna, einskorðast við Noreg, Ísland og Liechtenstein, og afstaða ESB gjarnan sú að þótt ríkin þrjú maldi í móinn þá séu hagsmunir þeirra svo ríkir að halda samræmi á svæðinu að sérstakar tilslakanir af hálfu ESB séu óþarfar. Það hefur enn fremur komið í ljós að það virðist geta nægt að einn embættismaður framkvæmdastjórnar eða eitt einstakt aðildarríki gefi neikvæða umsögn til þess að aðlögun stöðvist í ákvörðunarferli innan ESB. Kostar það þá nokkurn tíma og fyrirhöfn að finna hvar fyrirstaðan er og á hverju hún byggist því að starfsreglur hindra að ríki utan ESB komi að eða taki þátt í innri deilum Evrópusambandsins. Má vitna til þess í þessu samhengi hvernig Spánverjum tókst að stöðva um tíma alla þróun samningsins vegna deilna um fyrirkomulag þróunarsjóðs eða hvernig Grikkland dró á langinn samþykkt um strandsiglingar innan EES. Í þessum tilfellum báðum fékkst þó að lokum viðunandi lausn.

Reynt var til hins ítrasta í EES-samningaviðræðunum að fá beinna samband og viðræður við aðildarríki ESB í ákvarðanatökuferli. Horfur á því að ráða bót á því nú, eftir að aðstæður hafa breyst, eru ekki góðar.

Sterkari staða Evrópuþingsins eftir ríkjaráðstefnur í Maastricht og Amsterdam hefur aukið við enn einu stigi í ákvörðunarmótunarferil Evrópusambandsins sem ekki er gert ráð fyrir í EES-samningnum. Lagatextar geta tekið verulegum breytingum eftir umfjöllun þingsins eða í samningaviðræðum milli þings og ráðherraráðs þótt hið eiginlega lagasetningarvald sé í höndum ráðsins. Reynt hefur verið eftir föngum að auka samstarf við þingið en EFTA/EES-ríkin geta þó ekki vænst þess að öðlast formlega stöðu í þessu ferli. Hægt er þó að fara fram á það við formenn einstakra þingnefnda að fá að skýra sjónarmið í sérstökum hagsmunamálum. Hagsmunaðilar af ýmsu tagi innan Evrópu, félagasamtök og fyrirtæki beina í vaxandi mæli athygli sinni að Evrópuþingi. Hægt er að ná árangri í málflutningi þar án þess að hafa lögfesta stöðu gagnvart þinginu.

Auk formlegs samráðsvettvangs þingmannanefndar EES og tvíhliða samskipta Alþingis og Evrópuþingsins hafa stjórnmálaflokkar á Íslandi aðgang að skoðanasystkinum í samstarfsflokkum í ríkjum ESB. Þau sambönd geta nýst vel, ekki síst ef íslensk hagsmunamál eru til umfjöllunar á Evrópuþingi.

En þó svo að aðgangur að pólitískri umræðu og stefnumótun innan EES kerfisins sé ekki með því móti sem við helst hefðum kosið er hægt að vinna að því utan ramma samningsins að vinna íslenskum sjónarmiðum fylgis með því að efla pólitísk tengsl við stjórnvöld aðildarríkja og halda uppi viðræðum við þau um hagsmunamál á Evrópuvettvangi. Norðmenn hafa stóreflt utanríkisþjónustu sína með þetta í huga og halda uppi stöðugum og öflugum erindrekstri, ekki síst gagnvart formennskuríkinu hverju sinni. Þetta geta Íslendingar tekið sér til fyrirmyndar innan eðlilegra kostnaðarmarka. Evrópumálefni má taka upp á tvíhliða fundum íslenskra ráðherra og starfsbræðra og -systra þeirra innan ESB. Hægt er að nýta enn betur sendiráð Íslands í aðildarríkjum ESB en sendiráð eru nú rekin í sjö af fimmtán aðildarríkjum. Til þess þyrfti að huga að auknu starfsliði og bættri aðstöðu þeirra. Í öðrum tilfellum má gera út sendimenn til höfuðborga ESB-ríkja til að skýra sjónarmið Íslands áður en mál, sem varða íslenska hagsmuni, eru tekin fyrir af ráðherraráðinu. Stofnun sendiráða í lykilríkjum ESB, ekki síst í Suður-Evrópu, mundi auðvelda erindrekstur þar. Hið sama gildir um ríki Mið- og Austur-Evrópu eftir að aðildarviðræðum lýkur. Að undanförnu hefur verið unnið að því að koma á reglulegri samráðsfundum með embættismönnum í utanríkisráðuneytum aðildarríkjanna um Evrópumál, bæði frá norrænu löndunum og áhrifamikilum ríkjum innan Evrópusambandsins. Þannig hafa t.d. verið haldnir reglulegir samráðsfundir um Evrópumál með þýskum stjórnvöldum á grundvelli tvíhliða samnings. Þar sem aðgangur að æðri stigum stjórnsýslu, jafnt innan framkvæmdastjórnar sem aðildarríkja, er ekki samningsbundinn verð-

ur Ísland að hafa frumkvæði að því að koma á hefð fyrir reglulegum samráðsfundum. Þar sem samningurinn býður ekki upp á tækifæri til pólitískra viðræðna verður að skapa þau utan hans.

6. Rekstur EES-samningsins

Það var í mikið ráðist þegar íslensk stjórnsýsla tók að sér að laga alla löggjöf landsins að þrjátíu ára uppsafnaðri arfleifð Evrópusambandsins um rekstur innri markaðar. Tugþúsundir síðna lagatexta voru greindar, þýddar, birtar og komið til framkvæmda á tiltölulega stuttum tíma. Þetta var mikið átak og tókst vonum framar. Það hefur hins vegar komið í ljós að ýmislegt má betur fara og má þar vísa til skýrslu nefndar á vegum forsætisráðherra. Nauðsynlegt er að fara reglulega yfir alla framkvæmd, endurskoða hana og færa til betri vegar.

Mikilvægi þess frá málverndarsjónarmiði að Evrópulöggjöfin sé aðgengileg í íslenskri þýðingu verður seint ofmetið. En þeir textar, sem snerta réttindi einstaklinga og fyrirtækja, verða einnig að vera þýddir og birtir svo fljótt sem auðið er því að ella eru réttindin orðin tóm. Allt það sem fylgdi upphaflega EES-samningnum fór í gegnum sérstaka textaskoðun og staðfestingu lögfræðinga allra aðildarríkja svo að hægt væri að standa við ákvæði samningsins um að öll tungumál hans séu jafngild. Undanfarin ár, eða eftir að Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu í Evrópusambandið, hefur slík skoðun ekki farið fram en ekki hefur reynt á jafngildi tungumála fyrir dómstólum. Í upphafi var stefnt að því að EES-textar skyldu birtast því sem næst jafnóðum og samsvarandi innri löggjöf Evrópusambandsins. Ekki hefur verið unnt að ná því marki því ævinlega líður einhver tími þar til framkvæmdastjórn og EFTA/EES-ríkin eru orðin ásátt um það hvernig ákvörðun skuli felld inn í samninginn. Til viðbótar hefur sigið á ógæfuhliðina hvað varðar þýðingar. Bæði í Noregi og á Íslandi var starfsmönnum þýðingadeilda fækkað verulega eftir að fyrsta átaki var lokið við þýðingu á þeim gerðum sem fylgdu upphaflega samningnum. Var greinilega vanmetið umfang þeirra ákvarðana sem áttu eftir að fylgja daglegum rekstri. Er nú svo komið að þýðingar eru mörgum mánuðum á eftir áætlun, birting þar af leiðandi einnig, og líður rekstur samningsins fyrir þetta. Norðmenn hafa tekið sig á og eru langt komnir við að ganga frá þeim þýðingum sem útistandandi eru. Utanríkisráðuneytið hefur eflt þýðingamiðstöð sína og bætt aðstöðu hennar en betur má ef duga skal. Enn liggja óþýddir textar síðustu sjö til átta mánaða. Verið er að kanna leiðir til að nýta betur nýjustu tölvutækni við þýðingar, skilgreina betur forgangsröð texta en jafnframt sjá til þess að þeir textar, sem fremur varða almennan rekstur en löggjafar- og reglugerðarstarf, verði teknir til greina án þess að verða formlega hluti af samningnum. Getur þetta létt nokkuð álagið án þess þó að gerbreyta stöðunni.

Álag á ráðuneyti og einstakar undirstofnanir hefur verið mikið. Má nefna þar stofnanir á borð við Hollustuvernd, Vinnueftirlit og Löggildingarstofu. Þetta er ekkert nýtt í alþjóðasamstarfi þar sem örfáir íslenskir fulltrúar verða oftast að reyna að halda í við mun fjölmennari stofnanir í samstarfsríkjum. Annars staðar í alþjóðasamstarfi, t.d. innan OECD, er þó oftast hægt að kynnast, fara yfir og ræða afrakstur fjölmargra sérfræðinganefnda á millistigi embættismannanefnda. Þessu er ekki til að dreifa innan EES. Þegar sérfræðingastigi sleppir kemur eyða og málið kemur ekki aftur til kasta íslenskra aðila fyrr en metið er hvort niðurstaðan ESB-megin skuli felld inn í EES-samninginn og þá með hvaða aðlögun. Það er því mikilvægt að nýta sér aðkomuna strax í upphafi. Hún er hins vegar mjög dreifð, sérfræðinefndir margar og erfitt er að sinna nema tiltölulega litlum hluta þeirra fundarboða sem berast.

Bein útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna rekstrar EES-samningsins liggja alla jafnan ljós fyrir en hagræði og ávinningur dreifist á fleiri aðila í þjóðfélaginu. Kostnaður greiðist enn fremur strax en afrakstur skilar sér hægt og sígandi. Það getur því verið erfitt um vik að ganga frá fullnægjandi ávinnings- og kostnaðargreiningu (*cost/benefit analysis*). Hættan er

sú að ef ekki er gerð tilraun til þess fær kostnaður dagsins í dag aukið vægi og framtíðarhagsmunir falla í skuggann.

Sé fyrirsjáanlegt að ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar leiði til lagabreytingar á Íslandi, gefur EES-samningurinn færi á því að ákvörðun geti verið tekin með fyrirvara um samþykki Alþingis. Gengur ákvörðunin þá ekki í gildi fyrr en þeim fyrirvara er aflétt og er í nokkurs konar biðstöðu utan samnings. Skylt er hins vegar að tilkynna innan sex mánaða hvort fyrirvara hafi verið aflétt. Þótt frestur þessi þyki heldur knappur hefur bæði Noregi og Liechtenstein oftast nær tekist að segja af eða á áður en hann er liðinn. Nú eru hins vegar hátt á annan tug ákvarðana sem enn eru í biðstöðu vegna þess að þingfyrirvara Íslands hefur ekki verið aflétt og er hin elsta frá árinu 1996. Framkvæmdastjórn taldi lengi vel að íslensk stjórnvöld gætu tryggt framkvæmd þessara gerða til bráðabirgða þótt fyrirvara hefði ekki verið aflétt og sýndi því biðlund. Hið rétta í málinu er hins vegar að framkvæmd til bráðabirgða er ekki heimil samkvæmt íslenskum lögum og hefur nú framkvæmdastjórn til skoðunar hversu víðtæk áhrif gerðir þessar hafa til þess að geta metið viðeigandi gagnráðstafanir, gegn EFTA/EES-ríkjunum, þ.e. niðurfellingu hluta samningsins. Nú er til athugunar í stjórnarráðinu með hvaða hætti hægt sé að koma í veg fyrir að þessi staða komi upp í framtíðinni en vonir standa til að hægt verði að aflétta fyrirvara við flestar þessar ákvarðanir fyrir vor, annaðhvort með því að nauðsynlegar lagabreytingar hafi þá verið samþykktar eða Alþingi hafi gefið heimild til að aflétta fyrirvara með þingsályktunartillögu. Framvegis er stefnt að því að samhliða frumvarpssmíð um nauðsynlegar lagabreytingar vegna EES-ákvörðunar verði lögð fram tillaga um þingsályktun um heimild til að staðfesta ákvörðunina. Með því verður framkvæmd EES færð til samræmis við almennar reglur um fullgildingu alþjóðasamninga.

7. Breytingar á Rómarsamning og ný samstarfssvið

EES-samningurinn er í stöðugri þróun og í hverjum einasta mánuði bætast við nýjar ákvarðanir, breytingar og viðbætur. Þannig heldur hann í við þróun löggjafar á því sviði sem undir hann fellur, einkum innri markaðsmál og samstarfsverkefni. Þegar hins vegar ESB tekur upp eða þróar samstarf, sem ekki rúmast innan ramma samningsins, getur það í vissum tilfellum einnig haft áhrif á einsleitni á hinu evrópska efnahagssvæði og fullt samræmi í öllum reglum er varða atvinnulíf. Samningurinn byggist á ákvæðum stofnsáttmála Evrópusambandsins, Rómarsamningsins, eins og þau voru þegar viðræður stóðu. Síðan þá hafa ríkjaráðstefnur Evrópusambandsins í Maastricht og Amsterdam breytt þessum grunni og fram undan eru fleiri slíkar. Samstarfssviðum hefur verið fjölgað og samstarf eflt. Grundvallarviðmiðanir í efnahagssamstarfi, dóms- og innanríkis-, umhverfis-, jafnréttis- og félagsmálum eru aðrar en var. Ef samið hefði verið síðar þá væri EES-samningurinn allur annar, hann hefði endurspeglað Evrópusamband dagsins í dag. Fyrir því eru hins vegar formlegar og pólitískar ástæður að erfitt er að breyta grunnákvæðum samningsins. Viss pólitísk áhætta er í því fólgin að semja að nýju. Nýjar kröfur gætu vaknað innan ESB í þeim viðræðum. EES-samningurinn er svokallaður blandaður samningur og þurfa breytingar á megintexta hans að fara fyrir þjóðþing allra aðildarríkja og hefur reynslan sýnt að það er tímafrekt og erfitt ferli.

Þegar sú staða kemur upp að gerð, sem samþykkt hefur verið innan ESB, varðar EES en byggist á þeim ákvæðum Rómarsamningsins sem tekið hafa breytingum eftir gildistöku EES-samningsins er hún eftir sem áður felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar. Er þá í inngangi ákvörðunar vísað til þess og eftir því sem hægt er reynt að taka tillit til þessarar stöðu með því að bæta inn í ákvörðunina það sem vantar á í EES-samningnum. Þetta hefur tekist til þessa en ekki er hægt að tryggja fullt samræmi með þessum hætti. Enn

fremur hefur komið upp sú staða að tilmæli, sem varða neytendavernd og falla að því leyti undir EES-samninginn, taka einnig til meðferðar einkamála fyrir dómi sem ekki aðeins er utan samnings heldur hefur sameiginlega nefndin þar ekki umboð. Staða einstaklinga og stofnana getur því orðið mismunandi innan ESB annars vegar og EFTA/EES hins vegar þegar reynir á túlkun einstakra ákvæða samningsins. Réttarstaða EES-borgara á svæðinu er ekki eins skýr og ótvíræð og áður og meiri líkur eru á að vafi geti leikið á jafnstöðu þeirra á við ríkisborgara ESB.

En Evrópusambandið hefur ekki aðeins tekið breytingum á efnissviði EES-samningsins heldur hafa bæst við ný samstarfssvið og nýjar áherslur sem ekki er hægt að bregðast við innan ramma EES-samningsins. Skýrt dæmi um þetta er afnám landamæraeftirlits, svonefnt Schengen-samstarf, sem fellt var inn í Evrópusambandið í Amsterdam. Samningar hafa reyndar tekist um sérstaka aðild Íslands og Noregs að þessu starfi. Þar náðist sá árangur að Ísland og Noregur geta tekið beinan þátt í störfum starfshópa á vegum ráðsins en eiga ekki allt sitt undir framkvæmdastjórn eins og innan EES-samningsins. Nær sú þátttaka til sérfræðinga og stefnumótandi aðila, sendiherra og ráðherra. Evrópusambandið áskilur sér þó rétt til að skilgreina hvaða umræðuefni teljist vera innanhússmál sem beri að ræða án þátttöku Íslands eða Noregs.

Þessi beina þátttaka í umræðu aðildarríkja ESB um Schengen-málefni byggðist á því að samningar höfðu náðst um aðild Íslands og Noregs að Schengen-samstarfinu áður en það var fellt inn í stofnanaramma ESB. Það var því hægt að vísa til samstarfs sem þegar hafði fest sig í sessi. Til viðbótar fengu norrænu löndin þrjú, sem aðild eiga að Evrópusambandinu, því framgengt að í texta Amsterdamsamningsins væri áréttað að halda bæri áfram samstarfi við Ísland og Noreg svo að ekki þyrfti að leggja niður árangursríkt vegabréfasamstarf Norðurlanda um árabil. Schengen-samstarfið er enn fremur annars eðlis en lungi EES-samstarfsins. Ólíkt EES er ekki verið að móta lagaramma um starfsskilyrði atvinnulífs heldur er um að ræða samræmingu í beitingu á framkvæmdarvaldi ríkisins á ytri landamærum. Í því samstarfi getur framkvæmdastjórn ekki gegnt sama milligönguhlutverki og innan EES. Þótt vissulega væri æskilegt að yfirfæra vissar lausnir Schengen-samstarfsins um aðgang Íslands og Noregs að stofnunum til EES-samningsins þá virðist ljóst að pólitískan grundvöll til þess skortir innan ESB.

Samstarf ESB-ríkja um dóms- og innanríkismál er þó miklu umfangsmeira en Schengen-samstarfið og eru horfur á því að það muni aukast verulega á næstu árum. Leiðtogafundur ESB í Tampere á síðasta ári lagði línurnar í yfirlýsingu um sameiginlegt svæði frelsis, öryggis og réttlætis. Beinast áherslurnar þar að baráttu gegn skipulagðri afbrotastarfsemi, að eflingu lögreglusamstarfs, skilvirkara samstarfi um fullnustu dóma, aðgangi einstaklinga að dómstólum og skeleggari vernd mannréttinda. Lýst hefur verið áhuga af Íslands hálfu á eflingu samstarfs á þessum sviðum og getur Schengen-samstarfið auðveldað aðkomu að þeim.

Fyrir samþykkt Amsterdamsamningsins störfuðu aðildarríki ESB saman um fullnustu dóma á grundvelli almenns þjóðarréttar. Ísland gat tekið fullan þátt í því starfi innan ramma Lugano-samningsins. Samningur þessi auðveldaði fyrirtækjum, sem vildu leita réttar síns gagnvart viðskiptaaðila í öðru samningsríki, að fá kröfu sinni fullnægt. Þegar upp kom umræða um rekstur þess samnings eða tillögur um breytingar var það tekið upp á vettvangi þar sem allir samningsaðilar komu saman, aðildarríki ESB, Ísland, Noregur og Sviss. Framkvæmdastjórn ESB hefur aukið umboð á þessu sviði eftir samþykkt Amsterdamsamningsins og fellur það nú undir stofnanir Evrópusambandsins. Leggur framkvæmdastjórn fram tillögur að breytingum sem eru ræddar meðal aðildarríkja ESB í ráðherraráðinu og nefndum þess. Þar fer fram sú mótun lagatexta sem Ísland, Noregur og Sviss tóku áður þátt í. Það er ekki fyrr

en niðurstaða er fengin sem samstarfsríki utan ESB eiga þess kost að semja um aðild að breytingum.

Evrópusambandið hefur einnig á undanförnum árum sett upp allmargar sérhæfðar stofnanir. Má þar nefna upplýsingamiðstöð um eiturlyfjamál í Lissabon sem ætlað er að auðvelda stjórnvöldum að greina vandann og grípa til réttra gagnaðgerða. Stofnun þessi er ekki talin heyra undir ákvæði EES-samningsins og er því ekki hægt að byggja samstarf við hana á ákvæðum hans. Norðmenn hafa þegar gengið til samninga um samstarf á þessum vettvangi. Ísland hefur einnig lýst hug á samstarfi en umboð ESB vegna samninga við Ísland er enn ekki tilbúið.

Önnur stofnun, sem tiltölulega nýlega er komin á laggirnar er EUROPOL, eða lögregluskrifstofa Evrópu. Vegna Schengen má telja líklegt að Ísland og Noregur verði með fyrstu ríkjum utan ESB til þess að gera samstarfssamning við þá stofnun en hún hefur nú þegar fengið umboð til að semja við 23 ríki.

Um nokkurt skeið hefur verið til umræðu hvernig haga skyldi samstarfi Evrópuríkja um öryggi í flugmálum og stefnt hefur verið að samevrópskri stofnun sem gæti tryggt öryggi í flugmálum, sett þar reglur og annast eftirlit með framkvæmd þeirra. Undirbúningur var hafinn að almennri alþjóðastofnun á þessu sviði og fylgdust íslensk stjórnvöld með honum en nú eru blikur á lofti um það að í stað almennra alþjóðasamtaka Evrópuríkja komi eins konar undirstofnun ESB. Aðkoma Íslands gæti þá hugsanlega orðið með öðrum hætti. Einn þeirra kosta, sem ræddir hafa verið, er aukaaðild svipuð þeirri sem Ísland hefur gagnvart EMEA, lyfjamálastofnun Evrópusambandsins í London. Verði sú raunin mundi Evrópudómstóllinn líklega vera úrskurðaraðili fyrir aðildarríki ESB ef eftirlit eða ákvarðanir hinnar nýju stofnunar eru vefengdar en aðrar lausnir þyrfti að finna fyrir Ísland og Noreg.

Tíu ríki í Mið- og Austur-Evrópu, sem sótt hafa um aðild að ESB, vilja hrinda í framkvæmd reglum um flugsamgöngur áður en aðild þeirra að ESB getur orðið að veruleika. Ísland tekur nú þegar þátt í sameiginlegu flugsvæði innan EES og hefur fengið aðild að viðræðunum. Það hefur hins vegar reynst flókið að skilgreina framkvæmd. Þessi ríki eru reiðubúin til þess að samþykkja dómsvald Evrópudómstóls og eftirlit framkvæmdastjórnar ESB þótt þau séu enn ekki aðildarríki. Það kemur hins vegar ekki til greina fyrir EFTA/EES-ríkin.

Til umræðu er nú innan ESB að setja á fót samevrópska stofnun um eftirlit með öryggi matvæla. Mun hún hafa umtalsvert hlutverk við að byggja aftur upp traust meðal almennings á heilnæmi matvæla á evrópskum markaði eftir þau hneyksli sem yfir hafa dunið undanfarna mánuði og ár og má nefna kúariðu, dioxin, listeriu, hormóna í kjöti og svínapest. Álitamál varðandi erfðabreytt matvæli gætu einnig komið til umfjöllunar þar. Mikilvægt er fyrir Ísland sem matvælaframleiðsluþjóð að fylgjast með og semja um aðgang að störfum stofnunarinnar. Ísland hefur í tengslum við EES-samninginn aðgang að Umhverfisstofnun Evrópu, verið er að athuga leiðir til að tryggja aðgang EFTA/EES-ríkja að Vinnueftirlitsstofnun Evrópu í Bilbao og svo mætti lengi telja.

Ákvörðun um sameiginlegan gjaldmiðil Evrópu, evruna, á eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir allt Evrópusamstarf, einnig fyrir þau ríki sem utan standa. Þau ellefu ríki, sem nú þegar hafa staðfest þátttöku sína, eru vissulega mikilvægir viðskiptavinir Íslands. Áhrif munu þó aukast til muna fari svo að Bretar gangi til liðs við þetta samstarf og aflétti þeirri undanþágu sem þeir sömdu um á sínum tíma. Þótt breska ríkisstjórnin hafi hafið undirbúning að þátttöku þá verður það skref ekki stigið nema ákveðin skilyrði um efnahagsþróun og almenningsstuðning séu uppfyllt og meiri hluti almennings er andsnúinn þátttöku samkvæmt skoðanakönnunum. Umræða um aðild Danmerkur og Svíþjóðar er hins vegar vel á veg komin og Grikkland hefur þegar sótt um þátttöku. Vaxandi hluti íslenskra utanríkisviðskipta verður því

skráður í hinum nýja gjaldmiðli. Norðmenn hafa leitað hófanna hjá Evrópusambandinu um leiðir til að tengjast þessum þætti Evrópusamstarfs en það virðist ekki alls kostar einfalt. Líklega verður þó auðveldara að þróa samstarf evrusvæðisins við ríki utan þess eftir að öll aðildarríki ESB eru orðin fullir þátttakendur. Fyrsta skrefið er þó að setja upp einhvern vettvang þar sem skipst er á upplýsingum. Ríki utan ESB getur ekki tekið fullan þátt í samstarfinu og einhliða tenging, á borð við þá sem sum S-Ameríkuríki hafa sett upp gagnvart Bandaríkjadal, hefur ekki verið talinn koma til greina.

Pólitískt samstarf Evrópusambandsríkja hefur farið vaxandi og hefur ESB beitt sér á alþjóðavettvangi á markvissari hátt en áður. Embætti sérstaks talsmanns í utanríkismálum er þegar farið að skila árangri og í undirbúningi er nýr samráðsvettvangur aðildarríkjanna í Brussel. EES-samningurinn tekur í raun ekki til þessa samstarfs en til hliðar við almennan rekstur samningsins hefur þó verið gert ráð fyrir að ráðherrar taki frá tíma fyrir almenna utanríkispólitíska umræðu tvisvar á ári í tengslum við EES-ráðherrafundi og þess á milli hafa embættismenn formennskuþríeykisins fundað með EFTA/EES-ríkjum. Hefur einnig gefist færi á því að efna til funda ríkisoddvita. Hefur EFTA/EES-ríkjum, eins og umsóknarríkjunum, staðið til boða að skrifa upp á yfirlýsingar ESB eftir að aðildarríkin hafa komist að niðurstöðu, oft með stuttum fyrirvara. Þótt gefist hafi færi á því að fylgjast í grófum dráttum með því hvernig umræða hefur þróast innan ESB hefur ekki verið um beina þátttöku að ræða. Það er aðeins eftir að texti hefur verið fullmótaður að færi gefst á því að annaðhvort styðja hann eða láta það vera. Eftir því sem samstarf ESB-ríkja að utanríkismálum eflist hefur það meiri áhrif á þá umræðu sem fram fer annars staðar, t.d. innan NATO. Reynt hefur verið að efla samstarf Íslands við Evrópuríki einnig á þessu sviði og freista þess að fá beinni aðkomu að umræðu aðildarríkjanna.

Varnarmálasamstarf var lengst af lítið sem ekkert innan ESB eftir að hugmyndir um sérstakt Evrópuvarnarsamband biðu skipbrot árið 1954 en þar hefur nú orðið breyting á. Varnarmálaráðherrar ESB komu saman til óformlegs fundar undir lok ársins 1998 og hugmyndir Breta og Frakka um sameiginlegt viðbragðsherlið hafa fengið byr undir báða vængi. Vestur-Evrópusambandið var lengi vel helsti samstarfsvettvangur Evrópuríkja sín á milli í varnarmálum. Nokkur aðildarríki ESB hafa hins vegar ekki viljað gangast undir þær gagnkvæmu varnarskuldbindingar sem felast í stofnskrá VES. Er þar um að ræða hlutlausu ríkin Austurríki, Finnland, Írland og Svíþjóð. Danmörk hefur sérstakan fyrirvara um þróun samstarfs á sviði öryggismála. Fullur vilji er hins vegar fyrir því að færa starfsemi VES að hættuástandsstjórnun yfir til ESB. Hafa fyrstu skrefin í þá átt þegar verið stigin og er talsmaður ESB í utanríkis- og öryggismálum, Javier Solana, nú einnig yfirmaður VES. Enn hefur ekki að fullu verið gengið frá því hvernig stofnanir ESB skuli sinna þessum nýja samstarfsþætti en sett hefur verið upp nefnd hátt settra embættismanna aðildarríkjanna sem hefur aðsetur í Brussel og á að móta stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum. Hermálanefnd hefur einnig verið komið á fót og föstu hermálastarfsliði. Undirbúningur er hafinn að 50–60.000 manna sérstöku viðbragðsherliði sem á að vera hægt að kalla út með stuttum fyrirvara. Þrátt fyrir þessar stofnanir og undirbúning aðgerða eru allar horfur á að lengi enn verði ESB háð NATO um alla framkvæmd og skipulag. Enn hefur þó ekki tekist að finna viðunandi lausn á því hvernig NATO-ríkin Ísland, Noregur, Tyrkland, Pólland, Ungverjaland og Tékkneska lýðveldið, sem verið hafa aukaðilar að VES og tekið fullan þátt í störfum þess, skuli í framtíðinni koma að þessu starfi. Sérstakar ráðstafanir þarf til þess að tryggja að aðgangur Íslendinga að umræðu um öryggismál Evrópu skerðist ekki verulega. Evrópusambandið hefur komið til móts við umsóknarríkin þrettán og kallað þau til skrafs og ráðagerða á hinum nýja vettvangi en ekki er fundin lausn á vanda Íslands og Noregs.

Hér mætti lengi telja en af þessu er ljóst að EES-samningurinn nær ekki til allra þeirra sviða þar sem mikilvægt er að halda uppi samstarfi við ESB og aðildarríki þess. Til hliðar við EES-samninginn verður að koma á fót tengslum og samstarfi á öðrum forsendum og hefur það þegar verið gert allvíða. Hugkvæmni er þörf til að finna nýjar leiðir sem bæði tryggja aðkomu Íslands að samstarfinu og sérstöðu. Staðan er vissulega allflókin og rétt að meta hverju sinni hversu miklir hagsmunir eru í húfi en á öllum þeim sviðum sem talin hafa verið upp hér að ofan á Ísland talsverða samleið með ríkjum Evrópusambandsins og hefur gagn af nánu samstarfi.

8. Þróun innan EFTA

Sviss

Þó svo að stærri samstarfsríki Íslands í EFTA, Noregur og Sviss, hafi annað hafnað ESB, aðild en hitt EES, aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu er ekki þar með sagt að umræðu sé lokið um aldur og ævi. Stjórnvöld í Sviss hafa gefið um það skýr skilaboð að fullur hugur standi til aðildar og minnt á að aðildarumsókn hafi aldrei verið dregin til baka. Í opinberum gögnum er tekið fram að Sviss muni ekki til lengdar sitja hjá í allri umfjöllun um þróun Evrópu. Sviss tekur þátt í störfum Evrópuráðstefnunnar sem ætluð er ríkjum með viðurkennt Evrópuhlutskipti. Eftir að EES-samningur var felldur hófust viðræður við ESB um tvíhliða samning. Var frá upphafi ljóst að hann gæti aldrei haft sama umfang eða tryggt aðgengi að innri markaði á sama hátt og EES-samningurinn. Var niðurstaðan sú að gengið var frá sjö samhliða samningum um land- og loftflutninga, frjálsa för launþega, landbúnað, opinber útboð, vísindasamstarf og afnám tæknilegra viðskiptahindrana. Eru samningarnir tengdir þannig að sé einum sagt upp falla allir úr gildi. Samningar við ESB hafa nú verið staðfestir á svissneska þinginu og líkur eru taldar til þess að þeir njóti að þessu sinni stuðnings þjóðarinnar einnig. Gert er ráð yfir þjóðaratkvæðagreiðslu í maímánuði en samningarnir taka ekki gildi fyrr en þeir hafa verið staðfestir af aðildarríkjum ESB og Evrópuþinginu. Athyglisvert er að á sjö ára samningaferli, eftir að EES-samningurinn var felldur, hefur Sviss fallist á flest það sem viðkvæmast var talið þá og má þar nefna atvinnu- og búseturéttindi ESB-borgara og vöruflutninga yfir Alpana. Til viðbótar er landbúnaðarþáttur hinna nýju samninga mun umfangsmeiri en EES. Í samkeppnismálum hefur Sviss samþykkt vissa lögsögu framkvæmdastjórnar um samkeppnismál í flugsamgöngum sem þótti frágangssök í EES-viðræðunum. Engu að síður er líklegt að Sviss bíði átekta enn um sinn og láti á það reyna hvernig samningarnir nýju reynast í framkvæmd áður en aðildarumsókn er leyst úr læðingi. Getur sú biðstaða varað lengi. Vaxandi fylgi Blochers og annarra andstæðinga frekara Evrópusamstarfs hefur dregið úr ákafa Evrópusinna. Endurnýjuð umsókn um aðild að EES hefur ekki verið útilokuð og er enn skilgreind sem mögulegur kostur í framtíðinni af svissneskum stjórnvöldum. Flestir telja þó að ef Evrópusinnum vex ásmeginn að nýju verði stefnan tekin beint á ESB-aðild, fremur en EES-aðild. Ástæðan er sú að þeir þættir, sem helst vekja áhuga Svisslendinga nú, Schengen-samstarfið, evran og umræða um skattamál, standa utan EES-samnings. Afstaða Sviss skiptir máli einnig í EES-samhengi því að eins og er greiða Svisslendingar liðlega helming rekstrarkostnaðar EFTA þó þeir eigi ekki aðild að EES-samningnum. Það mundi því reynast nauðsynlegt að stokka upp EFTA/EES-samstarfið og endurskipuleggja taki Sviss af skarið og sæki um aðild.

Noregur

Noregur hefur í tvígang samið um aðild að Evrópusambandinu og tvívegis hafnað samningsniðurstöðu. Í bæði skiptin hefur þjóðin skipst í tvær andstæðar fylkingar og er eðlilegt

að stjórnmálaleiðtogar hiki við að fara enn á ný út í þær deilur. Þó má ganga út frá því að ESB-aðild komi aftur til umræðu í aðdraganda kosninganna 2001 þótt þar með sé ekki sagt að kosningarnar eigi eftir að snúast um það efni. Fráfarandi stjórn hafði þegar boðað skýrslu um stöðu Noregs innan Evrópu næsta haust. Ný ríkisstjórn hefur aðra sýn á Evrópusamstarf en fráfarandi og mun Verkamannaflokkurinn taka Evrópumál til umræðu á flokksþingi í haust. Munu niðurstöður þess setja spor á kjörtímabilið sem þá fer í hönd og mögulega gefa leiðtogum flokksins frjálsari hendur. Heyrist sú skoðun nú víða að rétt væri að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um það fyrst áður en lagt yrði í nýjar aðildarviðræður. Mögulegir viðsemjendur innan ESB eiga einnig rétt á því að fá staðfestingu á því hvort full alvara fylgi máli áður en ný lota hefst. Umræðu um ESB-aðild í Noregi er ekki lokið.

Liechtenstein

Á undanförnum árum hefur Liechtenstein eflt mjög forsvar sitt á alþjóðavettvangi með virkri þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og síðast en ekki síst í EFTA og hinu evrópska efnahagssvæði. Staðan gagnvart Sviss hefur eflst með því að vera á undan hvað varðar aðild að Sameinuðu þjóðunum og EES og árangur í alþjóðlegu samstarfi hefur aukið sjálfstraust og sjálfsvitund stjórnvalda. Einnig í Liechtenstein fara nú fram athuganir á stöðu landsins í ljósi breyttra aðstæðna en til þessa hafa stjórnvöld útilokað aðild að Evrópusambandinu vegna smæðar landsins og stjórnsýslu þess en íbúar eru nú um 30.000 og ríkisborgarar um 18.000. Má því búast við að Ísland geti notið samfylgdar þeirra lengur en stærri samstarfsríkjanna. Viðkvæmustu mál EES-samningsins gagnvart Liechtenstein hafa varðað frjálsa för fólks en hægt hefur verið að finna farsælar lausnir þótt undanþágur þeirra séu stöðugt til umræðu og athugunar. Að undanförnu hefur ESB einnig tvíhliða tekið upp við Liechtenstein nauðsyn þess að efla samstarf gegn peningaþvætti og skattsvikum.

Jafnvel þótt afstaða Noregs og Sviss til aðildar breytist ekki á allra næstu árum þá hafa leiðtogar í báðum ríkjunum lýst yfir pólitískum vilja til að stefna að aðild. Er því full ástæða til þess að leiða hugann að því hver staða Íslands væri innan EES-samstarfsins ef þessi tvö samstarfsríki kjósa að taka skrefið til fulls og ganga í Evrópusambandið.

9. Mikilvægi stofnana EES-samstarfsins

Efasemdir voru uppi um það á tímabili hvort hægt væri að reka EES-samninginn eftir að EFTA-stoðin veiktist við brotthvarf Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar. Reynslan hefur sýnt að EES-samningurinn stenst og kemur að miklu gagni. Hann er hins vegar erfiðari í rekstri en áður og horfur eru á því að hann geti veikst enn frekar. Ein forsenda skilvirks starfs er að innan EFTA/EES-stoðarinnar sé hægt að reka trúverðugar alþjóðlegar stofnanir, Eftirlitsstofnun ESA, EFTA-dómstólinn og EFTA-skrifstofuna. Bæði Eftirlitsstofnun og EFTA-dómstóllinn verða að halda vissu sjálfstæði gagnvart aðildarríkjunum til þess að geta gegnt hlutverki sínu. Því er ekki að leyna að það er erfiðara nú en áður þegar EFTA/EES-ríkin voru sex talsins.

Eitt aðildarríkið EFTA/EES-megin, Noregur, er talsvert stærra en hin tvö, greiðir meiri hluta kostnaðar, leggur til meiri hluta starfsliðs og flest álitamál sem upp koma varða hagsmuni þess. Hvort sem um er að ræða sérfræðingafundi eða embættismanna eru Norðmenn í meiri hluta. Virk þátttaka Norðmanna á sérfræðingafundum yfir allt samningssviðið, einnig þar sem þátttaka Íslands og Liechtensteins er stopul, er mikilvægur bakhjarl samningsins sem og sú vinna sem norsk stjórnvöld inna af hendi við erindrekstur gagnvart stjórnvöldum aðildarríkja og til að halda framkvæmdastjórn við efnið. Miklu máli skiptir þó að ekki sé litið á

ESA sem útibú norskrar stjórnsýslu. Hefur yfirstjórn ESA t.d. gætt þess að ráða til starfa ríkisborgara ESB-ríkja einnig. Við alla málsmeðferð er þess vandlega gætt að ekki sé hægt að sýna fram á það að slakað sé á eftirliti vegna tilhliðrunarsemi við hagsmuni heimalandsins. Í þessu samhengi skiptir máli að Ísland og Liechtenstein koma á jafnréttisgrundvelli að allri stjórn og ákvörðunum ESA. Norsk stjórnvöld gera sér grein fyrir mikilvægi þess að halda í tveggja stoða kerfið sem um var samið. Á þeim grunni hvíla réttindi allra samningsaðila. Það er fremur að einstakir aðilar innan stjórnsýslu og atvinnulífs í Noregi freistist til að líta á samninginn sem tvíhliða samning Noregs og Evrópusambandsins. Eru þá erindi rekin beint við framkvæmdastjórn án viðeigandi samráðs og þess freistað að finna lausn sem hentar norskum hagsmunum og niðurstaðan kynnt fyrir sameiginlegum stofnunum sem frágenginn hlutur. Getur þá gætt nokkurrar óþolinmæði þegar nauðsynlegt reynist að taka tillit til sjónarmiða Íslands eða Liechtensteins áður en gengið er frá málum sem varða Noreg miklu.

Á tilteknum sviðum, og má nefna lyfjaeftirlit og heilbrigðiseftirlit á landamærum með dýraafurðum, hefur hlutverk ESA verið skert og sameiginlega EES-nefndin hefur tekið á sig skyldur sem í raun hefðu átt heima hjá ESA. Fyrir þessu hafa verið færð efnisleg rök. ESA hefur ekki sama bolmagn eða sérfræðikunnáttu og framkvæmdastjórn í sérhæfðum málaflokkum og getur því ekki leikið sama hlutverk. Stjórnsýsla aðildarríkjanna, Íslands, Noregs og Liechtensteins, verður því að hlaupa undir bagga.

Ísland og Noregur hafa ákveðinn aðgang að undirbúningi þess að nýtt lyf er viðurkennt á markað með áheyrnaraðild að starfi lyfjaeftirlitsstofnunar ESB í London. Eftir að ákvörðun hefur verið rædd þar og undirbúin fer hún til staðfestingar hjá þar til bærum stjórnvöldum í Noregi og Íslandi (Liechtenstein tekur ekki þátt í því). Ef farið hefði verið eftir tveggja stoða kerfi hefði það verið hlutverk ESA að viðurkenna lyf framleidd á Íslandi eða Noregi og hefði sú viðurkenning dugað fyrir allt markaðssvæðið en framkvæmdastjórn hefði á sama hátt staðfest ESB-lyf fyrir allt markaðssvæðið. Aðilar og fyrirtæki innan ESB eiga þess kost að kæra ákvarðanir framkvæmdastjórnar fyrir Evrópudómstól en EFTA/EES-megin er engu slíku til að dreifa.

Þegar reglur ESB um heilbrigðiseftirlit með sjávarafurðum voru teknar upp í EES-samninginn fylgdi því að fara verður eftir samræmdum EES-reglum við innflutning á fiski utan svæðis. Innflutningur á fiski til Íslands, t.d. frá Rússlandi, verður að fara um viðurkenndar landamærastöðvar með tiltekinn útbúnað og starfslið. Reglur um útbúnað eru samþykktar í sameiginlegu nefndinni en það er hlutverk ESA að úrskurða hvort skilyrðum sé fullnægt. Þess hefur hins vegar orðið vart að framkvæmdastjórn hefur sóst eftir því að ákvarðanir, sem heyra undir ESA, séu teknar á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar þar sem hún getur haft hönd í bagga.

Hætta er á því að séreðli EES-samningsins gleymist eftir því sem fleiri ákvarðanir um almennan rekstur samningsins færast yfir á pólitískan vettvang sameiginlegu nefndarinnar. Við þessu hefur verið reynt að sporna en óneitanlega virðist það stundum standa samskiptum við framkvæmdastjórn fyrir þrifum að embættismenn hennar margir hverjir hafa ekki kynnt sér til hlítar reglur EES-samningsins sem veita EFTA/EES-ríkjum og ríkisborgurum þeirra réttindi til jafns við aðildarríki og borgara þeirra á tilteknum sviðum. Hið sama gildir um embættismenn aðildarríkja ESB sem ábyrgir eru fyrir framkvæmd hins innri markaðar. Evrópusambandsreglur eru þekktar en sérreglur um gildi þeirra fyrir EFTA/EES-borgara vilja gleymast. Aðrir samningar, sem ESB hefur gert við ríki utan þess, eru takmarkaðri og hefðbundnari. Eftir því sem þeim fækkar sem beita ákvæðum EES-samningsins fyrir sig fjölgar þeim embættismönnum innan framkvæmdastjórnar og aðildarríkja sem eru óvanir eða ókunnugir samningnum. Pólitísk áhersla og umfjöllun beinist nú aðallega að umsóknarríkjunum.

Sú forsenda að EES/EFTA-ríkin hafi rétt til þátttöku í öllu því starfi, sem snertir innri markaðinn, víkur þá gjarnan fyrir því viðhorfi að ESB geti takmarkað aðgang ef því býður svo við að horfa.

Grundvallarforsenda EES-samningsins er að sömu reglur skuli gilda um allt það sem varðar innri markað svæðisins í EFTA/EES-ríkjunum og innan Evrópusambandsins. Á þeim grunni hvíla réttindi fyrirtækja frá Íslandi, Liechtenstein og Noregi á markaði ESB og þær skyldur sem ríkin þrjú hafa tekið á sig að samræma löggjöf sína því sem tíðkast innan ESB. Það var frá upphafi skýrt og kom hvað eftir annað fram í samningaviðræðum að ekki kæmi til greina að velja eingöngu út þá lagatexta sem teldust sérstaklega eftirsóknarverðir. Það varð að taka allan pakkann. Hvað Ísland varðar eru frá þessu tvær meginundantekningar. Fjárfestingar í sjávarútvegi eru áfram háðar hömlum og heilbrigðisreglur um innflutning kjötvöru eru ekki samræmdar. Ákvæði er um að hið síðarnefnda skuli tekið til endurskoðunar.

10. Framtíðarhorfur og EES-samningur

Vandinn er ekki einungis sá að meginhluti þess kostnaðar, sem til fellur EFTA/EES- megin, hefur fallið á Sviss og Noreg. Ísland greiðir nú 9% kostnaðar vegna rekstrar ESA og EFTA-dómstóls en 3,81% kostnaðar vegna starfsliðs EFTA-skrifstofunnar. Umfang starfsemi mundi minnka að mun við brotthvarf Noregs. Miðað við helmingi minni stofnanir mætti gera ráð fyrir liðlega fimmföldun framlags Íslands eða fimm til sexhundruð milljónum, talsvert lægri upphæð en væntanleg aðildargjöld að Evrópusambandinu. Það væri í sjálfu sér ekki Íslandi fjárhagslega ofviða að halda uppi starfi þessara stofnana. Það sem erfiðara er viðfangs er hins vegar að halda uppi trúverðugu eftirlitsshlutverki stofnunar tveggja lítilla ríkja sem starfrækja eiga eftirlit með sjálfum sér. Í umfangsmiklu og skuldbindandi samstarfi, sem tryggir sambærilegar reglur fyrir allt atvinnulíf og öll önnur ríki sæta eftirliti framkvæmdastjórnar, yrði erfitt fyrir samstarfsríkin innan ESB að sætta sig við að Ísland og Liechtenstein leiki á einhvern hátt lausum hala. Má leiða rök að því að a.m.k. þurfi þrjú aðildarríki EFTA/ EES svo að uppfylla megi lágmarkskröfur hvað varðar sjálfstæði eftirlitsstofnana og sérstaks dómstóls. Alþjóðastofnun með aðeins tvö ríki innanborðs mundi tæplega ná því prófi. Mætti því búast við því að framkvæmdastjórn vekti upp aftur þær kröfur sem ESB gerði í EES-viðræðunum á sínum tíma að eftirlit með framkvæmd samningsins yrði í höndum framkvæmdastjórnar en úrskurðarvald hjá Evrópudómstól. Það var hins vegar á sínum tíma talið pólitískt óásættanlegt og brjóta í bága við stjórnarskrá að fela stofnun, sem Ísland á enga aðild að, svo viðamikið eftirlits-, úrskurðar- og framkvæmdarvald að hluta. Sama gildir um þann kost að ráða sjálfstæða einkastofnun til starfans. Erfitt er að ímynda sér að hægt sé að bjóða út til einkaaðila stjórnvaldshlutverk á borð við það sem ESA gegnir eða EFTA-dómstóllinn.

Ekki eru að svo stöddu nein ríki sem sýnt hafa hug á því að ganga inn í Evrópusamstarfið á forsendum EES-samningsins. Þó má minna á að í samningaviðræðum um Schengen taldi Evrópusambandið nægja að geta sagt upp samningi ef ágreiningur risi um framkvæmd fremur en að starfrækja sérstakt eftirlit með Íslandi og Noregi. Slík lausn varð einnig fyrir valinu í samningum við Sviss. Þar var reyndar um að ræða takmarkaðan þjóðréttarsamning nema hvað framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er gefið eftirlitshlutverk í flugmálum. Líklegt má telja að ESB hafi minni áhyggjur af almennu eftirliti með tveimur smáríkjum utan þess á þeim forsendum að auðvelt væri að skakka leikinn á pólitískum forsendum ef ágreiningur ris. Á móti kemur að hér er ekki aðeins um venjulegt milliríkjasamstarf að ræða heldur umfangsmikla samræmingu löggjafar sem snertir alla þætti atvinnulífs og starfsemi

einkaaðila og fyrirtækja. Aðildarríki ESB þurfa sjálf að sæta viðamiklu eftirliti framkvæmdastjórnar og hafa falið henni nokkurt vald um rekstur löggjafar. Án samsvarandi stofnana EFTA/EES-megin gæti reynst erfitt að sýna fram á rétta framkvæmd og halda í við þróun ESB. Jafnvel þótt samkomulag næðist um það að framkvæmdastjórn hefði ekki formlegt eftirlitshlutverk en uppsagnarákvæði kæmi í staðinn til að tryggja rétta framkvæmd þá er óneitanlega nokkurt misvægi milli samningsaðila þar sem annar getur sagt upp án þess að finna fyrir því en hinn á allt sitt undir því að samningurinn haldi. Styrkur Íslands og Liechtensteins í slíkri stöðu yrði þó að ESB þyrfti að hafa frumkvæði að því að segja samningnum upp. Uppsögn samningsins er mjög ólíkleg enda þyrfti hún samþykki allra ESB-ríkjanna, þar á meðal Norðurlandanna og fleiri ríkja sem ekki mundu sætta sig við þannig framkomu í garð tveggja smáríkja og vinaþjóða.

11. Framtíðarhorfur innan ESB – niðurstöður ríkjaráðstefnu – stækkun

Evrópusambandið hefur tekið miklum breytingum frá því að það var stofnað, starfssvið þess hefur þanist út og stofnanir þess fengið aukið vægi í atvinnu- og þjóðlífi aðildarríkjanna. Það má þó leiða líkur að því að sú ríkjaráðstefna, sem nú fer í hönd, verði hin síðasta til þess að skila verulegum breytingum á uppbyggingu og verkaskiptingu. Með vaxandi fjölda aðildarríkja verður erfiðara að ná samhljóða samkomulagi um breytingar og er líklegt að það jafnvægi, sem myndast hefur milli stofnana ESB, haldist um sinn án frekari samrunaþróunar. Meiri hluti aðildarríkja virðist vilja einbeita sér að þeim stofnanaþáttum sem ekki náðist að útkljá í Amsterdam, þ.e. fjölda framkvæmdastjóra, vægi aðildarríkja í atkvæðagreiðslum, fjöldi málaflokka þar sem taka má ákvörðun með vegnum meiri hluta fremur en samhljóða og hvernig skilgreina beri skilyrði fyrir því að einhver hluti aðildarríkjanna geti eflt samstarf sín á milli innan ramma stofnana ESB án þess að öll aðildarríkin taki þátt í því. Stærri ríkin sækjast eftir því að atkvæðavægi þeirra í ráðinu endurspegli betur styrk þeirra en virðast reiðubúin til þess að gefa eftir aðra stöðu sína í framkvæmdastjórn á móti. Minni ríkin halda eftir sem áður fast í rétt sinn til einnar stöðu í framkvæmdastjórn en eftir því sem hún stækkar getur verkaskipting orðið á þann veg að meiri munur verði á völdum og áhrifum einstakra framkvæmdastjórnarmanna en hingað til. Við hverja stækkun minnkar hlutfallslegt atkvæðavægi einstakra ríkja, smárra sem stórra, innan ESB. Áhrif fara þó ekki eftir atkvæðavægi einu heldur málflutningi og fullri þátttöku í öllum stofnunum. Með vaxandi fjölda smærri ríkja innan ESB aukast líkur á því að meiri hluti atkvæða í ráðinu hafi ekki nauðsynlega meiri hluta fólksfjölda innan Evrópusambandsins á bak við sig. Því hefur komið til annar möguleiki sem er að við vissar atkvæðagreiðslur verði að tryggja tvöfaldan meiri hluta, þ.e. meiri hluta atkvæða í ráðinu og atkvæði fulltrúa meiri hluta fólks innan ESB.

En þótt ekki verði á næstunni teknar afdrifaríkar ákvarðanir um uppbyggingu stofnana innan ESB eiga þær sem þegar hafa verið teknar eftir að hafa talsverðar afleiðingar. Þannig mun evran, þegar hún er komin í almenna umferð, hafa mjög víðtæk áhrif og er það fyrst með henni sem innri markaðurinn getur að fullu uppfyllt þær væntingar sem til hans voru gerðar í upphafi. Verðskráning í einum gjaldmiðli um alla álfuna og greiður aðgangur að upplýsingum um verðlag í ólíkum löndum gegnum Netið eykur samkeppni og gerir fyrirtækjum erfiðara fyrir að halda uppi þeim verðmun sem enn tíðkast milli aðildarríkja. Evran og Netið munu einnig gera sitt til að opinber útboð innan ESB nái í raun til alls svæðisins. Það er ekki aðeins verðsamanburður sem verður auðveldari heldur einnig samanburður á kaupum og kjörum og sköttum. Allt getur þetta leitt til aukinnar samleitni án þess að frekari breytingar á samstarfsgrunni ESB komi til.

Á undanförnum árum hefur það komið ítrekað upp að tillögur um ákveðna samræmingu skatta hafi strandað á atkvæðum eins eða tveggja ríkja þar sem samhljóða atkvæði þarf til samþykkta í skattamálum. Má nefna umhverfisskatt sem Spánverjar stöðvuðu og samræmdan fjármagnstekjuskatt sem Bretar og Lúxemborg lögðust gegn í Helsinki. Fyrir vikið hefur umræðu um að eðlilegra væri að veginn meiri hluti skuli ráða ferðinni einnig í skattamálum vaxið fiskur um hrygg. Ekki eru að svo stöddu horfur á að svo verði en greinilegt er að aðildarríkin auka mjög samráð sitt og samstarf í skattamálum.

Eitt þeirra atriða, sem til umræðu hefur verið í endurskoðun stofnákvæða ESB, er hvernig megi setja reglur um ákveðinn sveigjanleika í framkvæmd. Er þar átt við að ákveðinn fjöldi aðildarríkja ESB gæti eflt samstarf sín á milli á tilteknum sviðum og notið til þess atbeina stofnana Evrópusambandsins án þess að öll aðildarríkin ættu þar endilega hlut að máli. Fordæmi eru fyrir þessu þar sem Bretland stóð lengi vel utan hinnar félagslegu víddar, aðeins ellefu aðildarríki taka nú þátt í gjaldmiðilssamstarfi og þrettán í Schengen. Gera má ráð fyrir að stór hluti Evrópusamstarfsins verði þó skilgreindur sem ófrávíkjanlegur og útfærsla þessarar hugmyndar muni beinast einkum að framtíðarverkefnum fremur en núverandi samstarfi. Mjög hefur verið brýnt fyrir þeim ríkjum sem sótt hafa um aðild að þau verði að taka upp allan pakkann án varanlegra undanþágna. Hugmyndin um aukinn sveigjanleika er þó áhugaverð og fordæmisgefandi og gæti skapað möguleika á sérstökum lausnum í erfiðum málaflokkum.

Stækkun Evrópusambandsins, sem nú er í undirbúningi, mun hins vegar hafa í för með sér verulegar breytingar á öllum starfsháttum og getur einnig haft áhrif á samstarfið innan EES. Þrettán ríki hafa nú verið formlega viðurkennd sem umsóknarríki sem tilkall eigi til þess að setjast við ráðsborðið með þeim fimmtán sem fyrir eru. Þegar á þessu ári lýkur fyrstu yfirferð aðildarsamninga fyrir ríkin sex (Pólland, Ungverjaland, Slóveníu, Tékkland, Eistland og Kýpur) sem fyrst gengu til samninga og svo gæti farið að einhver ríkjanna sjö (Slóvakía, Búlgaría, Rúmenía, Litháen, Lettland, Malta og Tyrkland), sem síðar komu, geti náð hinum. Starfsemi Evrópusambandsins hefur verið skipt í þessum viðræðum upp í þrjátíu efnisflokka og eru allmargir þeirra nú fullafgreiddir en vandamál í öðrum hafa verið sett til hliðar í bili til frekari skoðunar. Fyrsta yfirferð þýðir þó að sjálfsögðu ekki að öll vandamál hafi verið leyst heldur má þvert á móti segja að þá fyrst hefjist hinar raunverulegu samningaviðræður. Til þessa hafa umsóknarríkin þó ekki lagt fram umfangsmiklar óskir um aðlögun eða umþóttunartíma og verður áherslan því fremur lögð á að ganga úr skugga um að þau hafi í raun og veru bolmagn til þess að framkvæma allar þær reglur sem um hefur verið samið og athuga hvernig þau muni standa gagnvart sjóða og styrkjakerfi Evrópusambandsins. Þar virðist enn fremur ljóst að Evrópusambandið verður sjálft að taka til endurskoðunar ákveðna þætti sem tæpast munu standast í nýrra og stærra Evrópusambandi. Mun þetta m.a. flýta fyrir nauðsynlegri endurskoðun landbúnaðarstefnunnar. Ef Pólland tæki upp núgildandi reglur landbúnaðarstefnunnar mundu tekjur pólskra bænda snaraukast miðað við aðrar stéttir þar í landi. Áhrifin á fjárlög ESB yrðu veruleg. Bændasamtök sumra aðildarríkja hafa viðrað þá hugmynd að nýju ríkin þyrftu ekki endilega að njóta sömu kjara og þau núverandi en því hafa fulltrúar Pólverja hafnað. Líklegra þykir að stækkunin og væntanlegar viðræður innan WTO leiði frekar til þess að landbúnaðarstefnan verði endurskoðuð enn frekar.

Til þess að laga sig að kröfum ESB um umhverfisvernd þyrftu umsóknarríkin að leggja í geysilegar fjárfestingar og er líklegt að þau þyrftu á verulegri hjálp að halda til að standa undir þeim. Orkubúskapur sumra umsóknarríkjanna veldur áhyggjum en allmörg þeirra reka kjarnorkuver sem komin eru til ára sinna og sem þau geta ekki lagt niður án aðstoðar. Núverandi stefna ESB er að sameiginleg fjárlög eigi ekki að fara yfir 1,27% af samanlagðri þjóðarframleiðslu þeirra allra og eigi kostnaður vegna stækkunar að rúmast innan þeirra marka.

Verður ESB þá væntanlega að velja milli þess að bregðast væntingum umsóknarríkja, skera frekar niður framlög til landbúnaðar eða hækka fjárlagaramma þegar fram líða stundir. Loks má búast við að samið verði um alllangan aðlögunartíma hvað varðar umhverfisvernd, frjálsa för fólks og orku.

Evrópusambandið hefur lýst því yfir að það verði sjálft í stakk búið til að taka við nýjum ríkjum eftir að niðurstöður næstu ríkjaráðstefnu hafa verið staðfestar. Ráðgert er að henni ljúki strax fyrir lok næsta árs en staðfestingarferill í aðildarríkjunum fimmtán getur tekið hátt í tvö ár. Ekki ber öllum saman um það hvort fullgildingarferill fyrir aðildarsamninga fyrstu ríkja sem ljúka þeim geti hafist áður en fullgildingu niðurstaðna ríkjaráðstefnu lýkur eða ekki, en sé gert ráð fyrir því að fullgilding aðildarsamninga fari af stað í ársbyrjun 2003 getur aðild fyrstu nýju ríkjanna orðið að veruleika fyrir árslok 2004. Rétt er og að hafa í huga að eftir að aðildarsamningar hafa verið undirritaðir taka nýju ríkin því sem næst fullan þátt í öllu starfi. Þess er þegar tekið að gæta að umsóknarríkin hafa sérstaka stöðu í Evrópusamstarfi og er í vaxandi mæli tekið tillit til þeirra. Réttarstaða EFTA/EES-ríkjanna er stundum sterkari í samstarfi samkvæmt samningum en aðgangur umsóknarríkjanna að stjórnarstofnunum Evrópusambandsins er oft í raun meiri. Þegar hugað var að tengslum pólitísks samstarfs ESB við önnur ríki reyndist auðveldara að finna leiðir til þess að tengjast Möltu, Kýpur, Búlgaríu og Rúmeníu en Íslandi og Noregi sem þó eiga mun lengri sögu pólitísks samstarfs við aðildarríki ESB.

Þótt mörg ljón séu í vegi næstu stækkunar, bæði hvað varðar breytingar á rekstri, fjármálum og innra starfi stofnana Evrópusambandsins sem og innan umsóknarríkjanna, þá er fullur pólitískur þungi að baki öllum undirbúningi. Endanlegar ákvarðanir verða teknar af leiðtogum ESB í leiðtogaráðinu og hefur reynslan sýnt að þar er hægt undir vissum kringumstæðum að taka afdráttarlausar ákvarðanir þótt enn séu einstök smáatriði óútkljáð. Það þurfa því ekki endilega öll kurl að vera komin til grafar áður en ákvörðun er tekin um að hleypa inn næsta hóp. Ef frá er talið Tyrkland er aðeins eitt stórt ríki í hóp umsóknarríkja, þ.e. Pólland. Áður var talið líklegt að ríki kæmu inn í 3–4 ríkja hópum. Nú heyrist æ oftar að ríkin í fyrsta hóp gætu hæglega orðið helmingi fleiri.

Því er við að bæta að enn er von á því að umsækjendum fjölgi. Þótt ekki sé talið raunhæft á þessu stigi að ræða aðild ríkja fyrrverandi Júgóslavíu (annarra en Slóveníu) þá hefur Evrópusambandið viljað halda þeim kosti á lofti ef það mætti verða til þess að flýta fyrir lýðræðislegri þróun á svæðinu. Öll hafa ríki þessi eða ríkjabrot lýst áhuga sínum. Sama gildir um Albaníu og ýmis ríki fyrrverandi Ráðstjórnarríkjanna.

Áður hefur verið vikið að því að í allri umfjöllun um samskipti við ríki utan ESB, þ.m.t við EFTA/EES-ríkin, er reynt að ná sameiginlegri afstöðu innan ráðsins áður en fram er haldið. Nægir þá að eitt ríki setji fyrirvara eða telji nauðsynlegt að athuga málið nánar til þess að afgreiðslu sé frestað. Eftir því sem aðildarríkjum fjölgar aukast líkurnar á því að þegar ný ákvörðun um viðbót við EES-samninginn kemur til umfjöllunar í ráðinu telji eitthvert þeirra eftir sér að efla samskipti við EFTA/EES-ríkin þrjú sem utan standa eða vilji nota tækifærið til að fá eitthvað fyrir snúð sinn. Samstarf Íslands við mörg þau ríki, sem nú hafa sótt um, á sér styttri sögu en samstarf við önnur ESB-ríki og innan vébanda stjórnsýslu þeirra er minni þekking á íslenskum aðstæðum. Það er því full ástæða til þess að efla samskipti við þessi ríki því að þau munu innan tíðar geta haft umtalsverð áhrif á íslenska hagsmuni.

Á móti kemur að líklegt er að starfshættir ráðsins muni breytast nokkuð þegar fjöldi aðildarríkja hefur tvöfaldast og er þá helst vísað til þess að oftar verði gripið til atkvæðagreiðslu til þess að ná niðurstöðu og veginn meiri hluti verði látinn ráða í fleiri málaflokkum. Við það gæti aðstaða einstakra aðildarríkja til þess að stöðva mál skerst en mun þó í framkvæmd

líklega endast hvað lengst þegar um er að ræða samskipti við ríki utan ESB. Það er í raun í þágu EFTA/EES-ríkjanna að ákvarðanir geti verið teknar með skilvirkum hætti innan ráðsins, einnig hvað varðar EES-samstarfið. Hagsmunir EFTA/EES-ríkjanna falla oftast nær vel að þorra aðildarríkjanna en dæmin sýna að eitt og eitt ríki hefur stundum einhverra hluta vegna viljað stöðva framgang einstakra EES-mála. Við athugun á atkvæðagreiðslum innan ráðs ESB kemur í ljós að smáríkin þurfa ekki ýkja oft að sæta því að vera ofurliði borin í atkvæðagreiðslum. Það er því ekki heldur unnt að segja að það sé nauðsynlega gegn hagsmunum smáríkis að fjölga atkvæðagreiðslum.

12. Breytingar á stöðu Íslands

Aukið vægi Evrópuvettvangs í allri umræðu hefur afleiðingar fyrir annað alþjóðlegt samstarf. Í vissum tilfellum eru mál leidd til lykta innan ESB en í öðrum hefur sú afstaða, sem mótuð er innan Evrópusambandsins, úrslitaáhrif á framgang mála í öðrum stofnunum sem Ísland á aðild að. Gildir það t.d. um Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO, um Efnahags- og framfarastofnunina OECD, um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann, um Sameinuðu þjóðirnar og nú eru líkur á að í vaxandi mæli verði þetta tilfellið einnig innan Atlantshafsbandalagsins. Norðurlandasamstarf hefur og breytt mjög um svip vegna þessa. Ísland lagði áherslu á það í formennskutíð sinni í Norðurlandaráði að efla upplýsingaskipti og samráð á þeim vettvangi um Evrópumál. Talsverður árangur hefur náðst, einkum að því er varðar óformleg tengsl, en því eru mjög skýr takmörk sett hversu langt er hægt að ganga. Ekki er um samræmdan norrænan málflutning að ræða innan Evrópusamstarfs. Athygli vakti þó að á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Lissabon 23.–24. mars sl. var lagður fram norrænn boðskapur um atvinnumál, efnahagsmál og stækkun ESB. Undir þann boðskap skrifa forsætisráðherrar Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar. Er það í fyrsta skipti sem norræn ríki innan ESB koma fram með þessum hætti. Í öðrum alþjóðlegum stofnunum þar sem Norðurlandasamstarf var virkt hefur það annaðhvort þurft að víkja fyrir samstöðu ESB-ríkja eins og í WTO eða veikst verulega og má þar nefna hversu mjög sameiginlegum erindum Norðurlanda innan Sameinuðu þjóðanna hefur fækkað á undanförnum árum. Norðurlandasamstarfið gefur eftir sem áður mikinn styrk og skiptir miklu máli að leggja rækt við það.

Ísland hefur haft tiltölulega sterka stöðu miðað við stærð og hefur það að hluta byggst á aðild að NATO, Norðurlandaráði og OECD. Sú staða hefur breyst og kann að breytast enn vegna þróunar Evrópusambandsins. Nokkur Evrópuríki hafa ekki til þessa sýnt hug á aðild, flest vegna þess að þau telja hana ekki raunhæfan kost vegnasmæðar og má þar nefna Andorra, Mónakó, San Marínó og Liechtenstein. Liechtenstein hefur EES-samstarfið til grundvallar í samskiptum við ESB og Andorra hefur sýnt þeim kosti nokkurn áhuga. Innan framkvæmdastjórnar ESB ber sú skrifstofa sem sér um samskipti við EES-löndin einnig ábyrgð á Andorra, Mónakó, og San Marínó. Þessi ríki eiga það sameiginlegt að vera tiltölulega vel stæð og þróuð en smá. Þau eru enn fremur öll líkleg til að standa utan ESB.

Þó svo að einstaka stjórnmálamenn, einkum á Norðurlöndum, hafi hvatt Íslendinga til þess að íhuga þann kost að sækja um aðild fer því fjarri að stjórnvöld núverandi aðildarríkja ESB telji sérstakt keppikefli að enn fleiri ríki bætist í umsóknarríkjahópinn. Stærri ríkin telja aðstöðu þá sem stofnanir ESB gefa minni ríkjum til þess að hafa áhrif á gang mála heldur sterka. Mörgum þeirra er umhugað um að ekki verði of erfitt fyrir þau að tryggja bandamenn með sér í þann minnihluta atkvæða sem dugir til að stöðva framgang mála, svokallaðan „blocking minority“. Bein höfnun á umsókn lýðræðisríkis innan Evrópu verður að teljast ólíkleg en takmarkaður áhugi á því að fjölga aðildarríkjum getur komið fram í tregðu til þess að veita einhverjar sérstakar tilslakanir sem nauðsynlegar geta þótt.

Færi svo að Noregur sækti að nýju um aðild gætu aðildarviðræður tekið mjög stuttan tíma þar sem hægt væri að styðjast að verulegu leyti við niðurstöður síðustu samningaviðræðna þótt að sjálfsögðu yrði að taka að nýju á þeim viðkvæmu málum sem úrslitum réðu í síðustu þjóðaratkvæðagreiðslu. Yrði þó einkum um að ræða yfirferð og breytingar vegna þróunar síðustu ára. Minna má á að síðast þegar Noregur sótti um var umsókn lögð inn í nóvember 1992, álit framkvæmdastjórnar lá fyrir í mars 1993, viðræður hófust í apríl 1993 og aðildarsamningur var undirritaður í júní 1994. Allt ferlið tók rúmlega hálft annað ár.

Viðræður við Sviss yrðu eðli málsins samkvæmt talsvert flóknari en enginn efast um efnahagslega eða stjórnsýslulega burði Sviss til að takast á við aðild, svo miklu framar standur Sviss en umsóknarríkin þrettán. Bæði gætu ríkin því fræðilega orðið aðilar áður en ferlinu er lokið fyrir ríkin þrettán sem nú er samið við.

13. Aðstaða innan ESB til áhrifa

Hér að ofan hefur verið áréttað hvaða takmarkanir gilda um aðgang EFTA/EES-ríkja að mótun ákvarðana og því lýst hvernig EFTA/EES-ríkin standa samanborið við aðildarrríki Evrópusambandsins hvað snertir völd og áhrif. Þetta þýðir þó að sjálfsögðu ekki að einstök aðildarríki ESB fái ævinlega sínu framgengt og enn þá síður smærri ríkin. Ríkjasamstarfið innan ESB hefur fleiri yfirþjóðlega þætti en almennt tíðkast í alþjóðasamstarfi. Evrópurétturinn hefur forgang, sameiginlegar ákvarðanir geta haft bein réttaráhrif, stofnanir ESB geta í vissum tilfellum komið fram fyrir hönd aðildarríkjanna en mikilvægt er að hafa í huga að aðildarríkin sjálf eru í miðpunkti við allan rekstur, löggjöf og beitingu reglna.

Innan ráðsins eru ákvarðanir teknar ýmist með einföldum meiri hluta, vegnum meiri hluta eða einróma. Í raun er atkvæðagreiðslum aðeins beitt í lengstu lög. Fulltrúar ríkisstjórna reyna að ná málamiðlun og halda jafnvægi milli ólíkra sjónarmiða og þjóðarhagsmuna. Vissulega getur það haft áhrif á ákvarðanatökuferilinn hvort hægt sé að taka ákvörðun með vegnum meiri hluta. Ríki, sem er einangrað í afstöðu sinni, er þá tilleiðanlegra til þess að gefa eftir. En það er í þágu allra ríkja að reyna til þrautar að taka einnig tillit til þeirra sem lenda í minni hluta. Í þessum dansi getur lítið ríki síður treyst á eigið efnahagslegt eða pólitískt vægi en fremur á rökfestu og lagni við að afla sér bandamanna. Þótt svonefnd Lúxemborgarregla eigi sér ekki formlega stöðu í starfi ESB er oft til hennar vitnað en samkvæmt henni verður að taka til greina neitun ríkis þegar um er að ræða lífshagsmuni þjóðarinnar. Með árunum hefur þó sjaldnar verið til hennar gripið og hún túlkuð þrengra en áður.

Stofnanir ESB eru þó ekki einungis til þess að auðvelda málamiðlanir milli ólíkra sjónarmiða einstakra ríkja heldur er einnig reynt að greina það hverjir séu sameiginlegir hagsmunir ESB sem heildar. Framkvæmdastjórn, Evrópuþingið og Evrópudómstóllinn hafa öðrum fremur þetta hlutverk í samráði og samstarfi við ráðið, nefnd fastafulltrúa (COREPER) og nefndir á vegum ráðs og framkvæmdastjórnar. Oft eru það hinar sameiginlegu stofnanir sem mynda mótvægi við stærri aðildarríkin ef þau reyna að fara sínu fram og myndast gjarnan bandalag smærri ríkja og fulltrúa framkvæmdastjórnar og Evrópuþings.

Grundvallarregla innan ESB er jafnræði aðildarríkjanna. Hver einasta breyting á grundvallartextum þarfnast einróma samþykkis. Þó svo að þeim málaflokkum fjölgi þar sem meiri hluti atkvæða ræður ferðinni eru engar líkur á því að þetta breytist. Sameiginlegum stofnunum er ekki heimilt að gera upp á milli aðildarríkja vegna pólitísks styrks, efnahagslegs vægis eða fólksfjölda. Stofnanakerfi ESB gefur því smáríkjum tiltölulega sterka stöðu. Vangaveltur eru þó uppi um að eftir því sem aðildarríkjum ESB fjölgar minnki vægi stofnana en valdatafl stórveldanna ráði í meira mæli úrslitum. Verði Evrópusambandið hvað þetta varðar líkara Sameinuðu þjóðunum.

Staða aðildarríkja og þar með smærri ríkja er sterkust innan ráðsins og því mætti segja að yfirfærsla ákveðinna áhrifa til Evrópuþingsins geti haft í för með sér veikari stöðu þeirra. Hvert og eitt ríki hefur einn fulltrúa í ráðinu og tvö til tíu atkvæði en fjöldi þingmanna frá hverju aðildarríki er frá 6 til 99. Á móti kemur þó að sterkari staða Evrópuþingsins hefur leitt til opnari og gagnsærri stjórnsýslu sem einmitt hefur verið sérstakt keppikefli Norðurlandanna. Starfsemi þingsins er skipulögð út frá stjórnmálaskoðunum en ekki ríkjum og er það einungis í undantekningartilfellum sem atkvæði falla eftir þjóðerni fremur en almennri pólitískri lífssýn. Evrópuþingið er ekki vettvangur togstreitu þjóðríkja á sama hátt og ráðið.

Reynslan hefur og sýnt að smærri ríki geta haft umtalsverð áhrif í þeim málaflokkum þar sem hagsmunir þeirra eru brýnastir og þau beita sér mest. Má segja að skipulagið tryggi ekki aðeins aðgang að umræðu heldur einnig að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra. Öll aðildarríkin eiga mikið undir því að geta haldið góðu samstarfi við hin samstarfsríkin og forðast að ganga á hluta þeirra því að hvenær sem er getur stuðningur eða andstaða eins ríkis skipt sköpum. Hvert ríki hefur því trygg nokkur spil eða tromp á hendi en miklu ræður hins vegar hvernig spilað er úr þeim.

Aðildarríkin skiptast á um að gegna formennsku og þótt smærri ríkin geti ekki lagt jafn mikið undir og þau stærri hefur árangur oft síst orðið minni í þeirra formennskutíð. Er skemmst að minnast vel heppnaðrar formennsku Finna á síðasta ári. Minnsta aðildarríkið, Lúxemborg, hefur svo sannarlega haft aðstöðu til að móta þróun Evrópusambandsins og hefur ítrekað gegnt forystu í öllum helstu stofnunum.

Fjölmörg dæmi eru um að eitt aðildarríki hafi stefnumótandi áhrif á ákveðin atriði utanríkismála sem einhverra hluta vegna vega þungt í umræðu heima fyrir og má nefna hvernig Portúgal setti mark sitt á stefnu gagnvart Austur-Tímor eða Grikkland gagnvart Makedóníu. Lúxemborg hefur gengið bærilega að viðhalda ákvæðum um bankaleynd þrátt fyrir nokkurn þrýsting. Greinilegt er einnig hvernig norrænu löndunum hefur tekist að sveigja áherslur Evrópusambandsins t.d. á sviði umhverfis- og lýðheilbrigðismála með málflutningi sínum.

14. Samskipti við þriðju ríki

Þar sem EES-samningurinn tekur ekki til samræmdrar viðskiptastefnu eða tollabandalags er EFTA/EES-ríkjunum frjálst að gera viðskiptasamninga við önnur ríki. Reynslan hefur hins vegar sýnt að nær allir þeir viðskiptasamningar, sem gerðir hafa verið á vegum EFTA, eru sérstaklega gerðir til þess að ná samræmi við það sem um hefur verið samið við ESB en ekki til þess að framfylgja sérstakri EFTA-stefnu. Þannig hefur EFTA nú gert 14 fríverslunarsamninga við ríki í Mið- og Austur-Evrópu og við Miðjarðarhaf og sex samstarfsyfirlýsingar að auki. Kveikjan að þeim samningum hefur verið að eftir að ESB hafði samið um fríverslun við þessi ríki var komin upp sú staða að fyrirtæki innan EFTA höfðu slakari markaðsstöðu en samkeppnisaðilar innan Evrópusambandsins. EFTA fetaði því í fótspor ESB í samningagerð við þessi ríki og samningarnir eru um flest áþekkir. Þó hefur í EFTA-samningum verið lögð meiri áhersla á fullt tollfrelsi á sjávarafurðum, ekki síst að kröfu Íslendinga. Frá þeirri meginreglu, að EFTA-ríkin taki mið af samningum ESB áður en hafist er handa, er þó sú undantekning að sum EFTA-ríkin voru fyrri til þess að semja við Eystrasaltsríkin um fríverslun og nú standa yfir samningaviðræður við Kanada þótt enginn fríverslunarsamningur liggi fyrir milli ESB og Kanada.

Á sínum tíma var í samningaviðræðum um EES boðið af hálfu framkvæmdastjórnar að þegar kæmi að samningum við þriðju ríki um gagnkvæma vottun og viðurkenningu prófana og vottorða þá gæti framkvæmdastjórn samið fyrir hönd alls EES-svæðisins. Þetta var ekki talið pólitískt ásættanlegt og hefur því verið reynt að fylgjast grannt með samningum fram-

kvæmdastjórnar við þriðju ríki um þessi mál og fylgja síðan eins fljótt í kjölfarið og auðið er með gerð samhljóða samninga. Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér nokkra töf og henni fylgja hnökrar í samræmi á svæðinu. Slíkir samningar hafa verið gerðir við Ástralíu og Nýja-Sjáland. Samningar við Kanada eru í undirbúningi. Áhyggjuefni er hins vegar að erfitt hefur reynst að fá Bandaríkin til samningaviðræðna við EFTA-ríkin um þessi mál. Samningaviðræður ESB og Bandaríkjanna um gagnkvæma viðurkenningu reyndust flóknar og erfitt var fyrir stjórnvöld í Washington að fá sjálfstæðar eftirlitsstofnanir á borð við FDA til samstarfs. Eru stjórnvöld treg til að hefja þann feril að nýju og finnst markaðssvæði EFTA-ríkjanna vart svara kostnaði. Gildir þá einu þótt sagt sé að aðeins sé verið að ræða um það að taka upp óbreyttar niðurstöður samningaviðræðna ESB og Bandaríkjanna og færa þær yfir á EFTA/EES-ríkin. Hefur verið reynt að fá ESB til þess að tala máli EFTA/EES-ríkjanna til þess að fá Bandaríkin að samningaborðinu. Þar til niðurstaða hefur fengist geta vörur frá EFTA/EES-ríkjunum verið stöðvaðar við innflutning til Bandaríkjanna og látnar sæta mati á samræmi við bandarískar reglur. Á sama tíma hafa bandarískar vörur sem falla undir samningssvið samninga um gagnkvæma viðurkenningu prófana og vottana óhindraðan aðgang að Evrópska efnahagssvæðinu í gegnum Evrópusambandsríkin á grundvelli samræmismats bandarískra aðila sem viðurkenndir hafa verið af ESB.

Bandaríkin og Evrópusambandið hafa nú tekið upp viðræður um einföldun viðskipta undir nafninu Transatlantic Business Dialogue og hafa þar kallað til leiks fyrirtæki sem stunda viðskipti yfir hafið. Er þar reynt að finna hvaða hindranir eru í vegi viðskipta og hvað sé til úrbóta. EFTA-ríkin hafa sóst eftir þátttöku en einungis fyrirtæki, sem reka skrifstofur sínar innan ESB eða Bandaríkjanna, taka þátt í viðræðum. En þótt ekki sé um beina þátttöku íslenskra aðila að ræða er það hagsmunamál að aukið samræmi ríki milli þessara tveggja risa.

Þegar leitað hefur verið eftir því við Bandaríkin að efla fríverslunarsamstarf hefur svipað verið uppi á teningnum. Almennt séð hefur stefna Bandaríkjanna verið að nota vettvang Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fremur en tvíhliða samninga. Undantekningin er NAFTA-samningurinn við Kanada og Mexíkó. Þegar minnst hefur verið á þann möguleika að ganga til fríverslunarviðræðna milli Íslands og Bandaríkjanna hafa embættismenn m.a. bent á það að árlegar tollgreiðslur af íslenskum afurðum, sem niður mundu falla, næmu ekki nema um einni milljón dollara. Þótt ekki skorti á vilja til að efla samskipti við Ísland þá væri í mikið ráðist fyrir lítinn ávinning að setja af stað allt það flókna ferli sem til þarf innan bandarískrar stjórnsýslu (umboð þingsins o.s.frv.) ef gera ætti fríverslunarsamning. Chile hefur lengi sótt á um að fá slíkan samning en enn ekki haft erindi sem erfiði. Viðurkennt er þó að hefji Bandaríkin á annað borð slíkar samningaviðræður þá gengi Chile fyrir.

Á vettvangi WTO hafa EFTA/EES-ríkin meira athafnafrelsi en aðildarríki Evrópusambandsins þar sem framkvæmdastjórnin fer með umboð þeirra. Málflutningur af því tagi, sem Ísland og fleiri ríki höfðu innan stofnunarinnar um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi, hefði t.d. ekki verið mögulegur. Hins vegar eiga aðildarríkin þess kost að fá hagsmunamál sín rekin með mjög skilvirkum hætti ef þeim tekst að ná um þau samstöðu innan ESB. Nokkuð hefur borið á því innan WTO að blokkirnar stóru, Bandaríkin, ESB Japan ráði ráðum sínum og ætlist síðan leynt og ljóst til þess að aðrir samþykki niðurstöðurnar án frekari umræðu. Upplýsingagjöf til ríkja utan þessa hóps um gang viðræðna hefur á stundum verið brotakennd. Hvað þetta varðar hafa aðildarríki ESB betri aðstöðu til þess að fylgjast með en flest önnur þótt þau hafi ekki sama málfrelsi.

15. Alþjóðavæðing

Fyrir rúmu ári lagði utanríkisráðuneytið fram skýrslu um alþjóðavæðingu. Evrópusamstarfið er mikilvægur hluti milliríkjasamskipta en því fer fjarri að það þurfi á nokkurn hátt að draga úr tengslum við aðra hluta heimsins. Eins og fram kom hér að ofan getur samstarf við Evrópu þvert á móti orðið stökkpallur inn á markaði annarra heimsálfna. Mikilvægt er að tefla ekki fram sem andstæðum eflingu tengsla við samstarfsríki í Evrópu og nýtingu tækifæra annars staðar á hnettinum. Þannig varð aukið frjálsræði sem leiddi af EES-samningnum grunnur að betri tilboðum Íslands á vettvangi Úrúgvæ viðræðnanna. Sá markaðsaðgangur, sem veittur hafði verið ESB, var útvíkkaður til aðildarríkja WTO. Fjarri því að standa í vegi fyrir styrkingu tengsla við fjarlæg ríki skapaði EES-samningurinn þann grunn sem hægt var að byggja á þegar við þau var samið.

Alþjóðleg viðmið í hagkerfum þjóða og alþjóðaverslun hafa breytt áherslum og vinnubrögðum fyrirtækja jafnt sem þjóðfélaga í viðskiptum, verðmætasköpun og staðsetningu á framleiðslueiningum. Verslun eflir efnahagslega framþróun sem aftur ýtir undir alþjóðleg viðskipti og hraðari tækniþróun.

Miklar pólitískar breytingar hafa einnig átt sér stað innan Evrópu sem utan. Hvarvetna er þróunin til aukins lýðræðis og opinna hagkerfa. Hvort sem litið er til milliríkjasamninga eða samstarfs fyrirtækja þá einskorðast athafnasvæði í framleiðslu eða viðskiptum ekki lengur við eitt þjóðríki. Á sama tíma hafa tæknibreytingar og framþróun í flutningum og fjarskiptum auðveldað og margfaldað viðskipti og samskipti þjóða.

Þessi þróun hefur vissulega aukið skilvirkni og hagvöxt en með vaxandi samkeppni aukast einnig kröfurnar til fyrirtækja og þjóðfélaga um markvissa og árangursríka stefnumörkun þar sem ekki dugir lengur að miða eingöngu við aðstæður í heimaríki. Þetta á jafnvel enn frekar við um ríki eins og Ísland sem er verulega háð utanríkisviðskiptum og á efnahagslega framþróun sína undir því að geta beitt sér á alþjóðlegum mörkuðum.

Þótt viðskiptafrelsi sé uppspretta hagvaxtar þá hefur ríkisvaldið visst hlutverk við að setja leikreglur og skakka leikinn undir vissum kringumstæðum. Það verður að tryggja öryggi þegnanna, vernda neytendur og sjá til þess að umhverfið bíði ekki skaða af óheftri framleiðslu. Ekkert ríki getur í dag náð þessum markmiðum í einangrun frá öðrum ríkjum, allra síst ef það ríki er fjarri því að vera sjálfu sér nógt. Náið samstarf við ríki, sem hafa sama gildismat, er líklegra til árangurs fyrir stjórnvöld. Fyrirtæki eru einnig líklegri til að geta nýtt sér tækifæri í öðrum ríkjum ef reglur eru samræmdar, skýrar og einfaldar. Aðgangur að stærri heimamarkaði eykur styrk til að sækja á fjarlægari mið.

Á nýlegri ráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Seattle tóku ólík félagasamtök höndum saman til að berjast gegn alþjóðavæðingu sem þau túlkuðu sem óheft athafnafrelsi auðhringa gegn hagsmunum almennra borgara. Braust reiðin og vanmáttartilfinningin út í hávaðasömum mótmælaaðgerðum gegn WTO. Leiðin til þess að koma í veg fyrir að alþjóðavæðing leiði til rányrkju og umhverfisspjalla liggur hins vegar um aukið alþjóðasamstarf ríkisstjórna, ekki um einangrun. Það er einnig vænlegt til árangurs að líta sér nær og efla samstarf við nágrannaríki sem eru líkleg til að eiga sömu markmið og lífsviðhorf.

16. Staða Íslands sem aðildarríkis

Náið samstarf Íslands við aðildarríki ESB á fjölmörgum sviðum og sívaxandi fjöldi þeirra ríkja, sem nú sækist eftir aðild, býður heim samanburði á stöðu Íslands miðað við stöðu þeirra ríkja sem nú þegar hafa sótt um aðild eða eru á leiðinni inn í Evrópusambandið. Eins og fram kemur í formála hefur verið talið rétt að hafa í huga til samanburðar við EES-samninginn hvaða afleiðingar full aðild Íslands að ESB gæti haft.

Nú þegar má fullyrða að fullt samræmi gildi í löggjöf um efnahags-, viðskipta- og atvinnumál sem fellur undir EES-samninginn. Ísland hefur tekið upp og fellt inn í íslenska löggjöf allar reglur ESB. Aðstaða samkvæmt EES-samningnum til að hafa áhrif á frekari þróun og framkvæmd er að sjálfsögðu engan veginn hin sama og aðildarríkjanna. Gildir það um alla þá þætti sem heyra undir innri markað. Síðar í þessari skýrslu er farið yfir starfsemi Evrópusambandsins lið fyrir lið en hér á eftir fer stutt yfirlit þess sem breyttist frá því sem nú er við fulla aðild að Evrópusambandinu.

Löng hefð er fyrir þátttöku í fríverslun með vörur milli Íslands og ESB, tollfrelsi á iðnaðarvörur hefur verið frá því að fríverslunarsamningarnir gengu í gildi. Með gildistöku EES bættust við viðamiklar samræmdar reglur um tæknilegar kröfur og staðla og afnám allra tæknilegra viðskiptahindrana. Aðild hefði engar stórvægilegar breytingar í för með sér í almennum viðskiptum með iðnaðarvörur. Sameiginlegar reglur um opinber innkaup yrðu hinar sömu og nú er. Fullri aðild fylgdi hins vegar tollfrelsi á allar landbúnaðarafurðir eins og nánar verður fjallað um síðar.

Frjáls för fólks er hluti EES-samningsins sem og samræmdar reglur um almannatryggingar, gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda og prófskírteina o.fl. Rekstur hefur gengið vandræðalaust. Talsvert hefur verið um að fólk hafi nýtt sér þetta frelsi, bæði Íslendingar sem leita til meginlandsins og útlendingar til Íslands. Ótti við óhefta flutninga hefur ekki átt við rök að styðjast. Það sem helst breyttist við aðild er að auðveldara væri fyrir Íslendinga erlendis að leita réttar síns því að EES-samningurinn er víða lítt þekktur. Ísland þyrfti enn fremur að veita ríkisborgurum Evrópusambandsríkja, sem búsettir eru á Íslandi, kosningarétt og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum. Íslendingar búsettir erlendis nytu að sjálfsögðu sömu réttinda.

EES-samningurinn flýtti verulega fyrir þróun og auknu frelsi í fjármagnsflutningum og fjármálaþjónustu á Íslandi. Hvort sem litið er til vátrygginga, verðbréfaviðskipta eða almennrar bankastarfsemi hefur bakhjarl Evrópulöggjafar reynst gagnlegt viðmið þótt líklegt megi telja að svipaðar reglur hefðu verið teknar upp fyrr eða seinna án tilkomu EES-samningsins. Aðild hefði það helst í för með sér að atlaga yrði gerð að undanþágu Íslands í EES-samningnum frá frjálsum fjárfestingum í sjávarútvegi enda stangast hún á við grundvallarreglu ESB um frelsi í atvinnurekstri.

Samkeppnisreglur eru efnislega samhljóða innan EES og Evrópusambandsins þó finna megi dæmi um misræmi, sbr. það að innan ESB eru rýmri heimildir til að taka tillit til menningarsjónarmiða. Aðild fylgdi því fyrst og fremst það að framkvæmdastjórn tæki við eftirlitshlutverki af ESA. Má vera að sumt af því sem ESA hefur fett fingur út í þætti heldur smávægilegt hjá framkvæmdastjórn en almennt má gera ráð fyrir svipaðri framkvæmd.

EFTA/EES-ríkin hafa tekið þátt í meiri hluta samstarfs innan ESB á sviði félags- og vinnumála. EES-samningur hefur flýtt fyrir skipulegri löggjöf um vinnuvernd, aðbúnað, öryggi og hollustu á vinnustöðum, vernd launþega við aðildarskipti eða þegar vinnuveitandi verður gjaldþrota o.fl. Hefur þessum ákvörðunum verið vel tekið af launafólki og þokkaleg sátt verið um framkvæmd þeirra á vinnumarkaði. Full aðild hefði í för með sér aðgang að sameiginlegum félagsmálasjóðum sem m.a. styrkja verkefni til jöfnunar tækifæra karla og kvenna, endurmenntun og þjálfun starfsfólks. Gera má þó ráð fyrir að forgang hafi fátækari ríki ESB þar sem atvinnuleysi er meira.

Til þess að gera fáar gerðir Evrópusambandsins á þessu sviði falla utan EES-samnings, t.d. varðandi skyldu til skrásetningar atvinnusjúkdóma. Almennt yrði stigsmunur fremur en eðlismunur við fulla aðild frá því sem nú er.

Neytendavernd hefur styrkst á Íslandi við samþykkt EES-samnings og má nefna reglur um merkingar matvæla, neytendalán o.fl. Löggjöfin þróast enn í takt við Evrópusambandið en neytendavernd hefur verið forgangsmál þar undanfarin ár. Það gæti verið erfitt að taka upp ákveðna þætti sem varða réttaröryggi neytenda þar sem þar er byggt á heimildum sem ESB hefur fram yfir EES-samstarfið. Eins og svo víða innan innri markaðar er það ekki löggjöfin heldur þátttakan í mótun hennar sem breyttist við aðild.

Meginhluti umhverfisreglna ESB hefur þegar verið tekinn upp á Íslandi með EES- samningnum og má þar nefna reglur um mengunarvarnir, sorphirðu, mat á umhverfisáhrifum, upplýsingagjöf til almennings um umhverfismál o.fl. Viðkvæmar spurningar gætu vaknað í aðildarviðræðum um tiltekin atriði sem eftir eru. Þannig eru samræmdar reglur um náttúruvernd utan EES-samnings, jafnt náttúruvætti sem verndaðir stofnar. Kæmi til aðildarviðræðna þyrfti sérstaklega að taka á veiðum á stofnum sem njóta verndar innan ESB og má nefna sem dæmi refi, rjúpur og lunda. Fremur er þetta þó formsatriði þegar um staðbundna stofna er að ræða og auðsótt hefur verið að ganga frá reglum t.d. í Svíþjóð um veiðar á björnum, elgjum og refum. Eftirlit með framkvæmd er og alfarið í höndum aðildarríkja. Enn fremur mætti ætla að hvalveiðar og selveiðar Íslendinga mættu mjög eindreginni andstöðu áhrifamikilla aðila innan ESB og gæti það orðið ásteytingarsteinn, ekki síst á vettvangi Evrópuþingsins. Hins vegar má ætla að auðvelt væri innan ramma ESB að leysa vanda við framkvæmd skuldbindinga Kyoto-samningsins. Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa innan ESB gæti í því samhengi vegið upp aukna losun gróðurhúsalofttegunda við rekstur orkufreks iðnaðar á Íslandi. Þau aðildarríki ESB, sem verið hafa að þróa iðnað sinn, t.d. Portúgal, hafa fengið mjög rúmt svigrúm til að auka losun og jafnast það út vegna minni losunar Þýskalands.

Samstarf um hagskýrslugerð yrði enn umfangsmeira en þar er fremur um stigsmun en eðlismun að ræða. Full aðild gæfi tækifæri til að taka þátt í sameiginlegum verkefnum en leiddi jafnframt til aukins kostnaðar.

Félagaréttur hefur verið viðurkennt samstarfssvið innan Evrópu. Reglur um hlutafélög og rekstur þeirra, ársreikninga félaga og evrópsk samstarfsfyrirtæki hafa verið teknar upp með EES og lítið sem ekkert mundi breytast á þessu sviði við fulla aðild.

Það er stór kostur við Evrópusamstarf á sviði rannsókna og þróunar að þegar rammaáætlun hefur verið samþykkt starfa ríkin saman á jafnréttisgrundvelli eða því sem næst. Ísland náði ágætum árangri í fjórðu rammaáætluninni og útlit er fyrir að framhald verði á því. Þegar litið er á verkefnasamstarf sem heild kemur í ljós að verulegt fjármagn skilar sér aftur til íslenskra rannsókna, talsvert miklu meira en það sem stjórnvöld greiða sem aðildargjald. Er þetta ákveðin vísbending um það hvernig Íslendingum getur reitt af í frjálsri samkeppni innan ESB á jafnréttisgrundvelli. Aðild hefði í för með sér aðgang að fleiri verkefnum og að stefnumótun og forgangsröðun við gerð fimm ára rammaáætlana.

Í mennta- og æskulýðsmálum hefur þátttaka í Leonardo- og-Socrates áætlununum gengið vel og dágóður hópur íslenskra ungmenna og kennara hefur notið góðs af. EES-samningurinn nær til svo til alls Evrópusamstarfs á þessu sviði. Við fulla aðild féllu niður skólagjöld í aðildarríkjum Evrópusambandsins og munar þar mest um Bretland.

Menningaráætlanir Evrópusambandsins, Raphael um verndun menningararfleifðar, Ariane um eflingu þýðinga á nútímabókmenntum, Kaleidoscope um útbreiðslu menningar og Connect um tengingu nútímatækni og menningar- og menntastarfsemi, hafa allar reynst íslenskum umsækjendum vel og standa vonir til að sama verði uppi á teningnum innan fimm ára rammaáætlunar um menningarmál, Culture 2000. Þátttaka íslenskra aðila í Media-áætluninni um stuðning til sjónvarps og kvikmyndamála hefur vakið athygli vegna þess hversu vel hún

gengur. Styrkir til Íslands hafa verið hátt í fimmtán sinnum hærri en framlag. Ræðst það af því hversu góðar og vel undirbúnar umsóknir hafa verið.

Sameiginlegar reglur um samgöngur falla undir EES-samninginn en aðild gæti fylgt aðgangur að sjóðum til styrktar samgöngum, einkum í dreifbýli. Orkumál falla að verulegu leyti undir EES samninginn. Það sem við bættist er einkum aðild að stefnumótun og auknir möguleikar á erlendri fjárfestingu við nýtingu orkulinda. Fjarskipti og upplýsingatækni er vettvangur örrar þróunar. Ísland hefur tekið upp alla lagatexta á þessu sviði en aðgangur að stefnumótun væri til bóta. Það starf, sem unnið hefur verið innan ESB til að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að njóta góðs af hagræði innri markaðar, hefur gagnast íslenskum fyrirtækjum vel innan EES enda falla nær öll íslensk fyrirtæki undir þá skilgreiningu.

Samstarf á sviði innanríkismála ESB-ríkja fer ört vaxandi og nær það langt út fyrir þann ramma sem markaður er af svonefndu Schengen-samstarfi. Einkum gæti verið áhugavert að tengjast nánar samstarfi gegn skipulagðri afbrotastarfsemi. Schengen samstarfið sjálft hefur gengið vel og eru allar horfur á því að það komi að fullu til framkvæmda á næsta ári.

Óumdeilt hefur verið að sjávarútvegsstefna ESB yrði erfiðust viðfangs kæmi að þeim degi að gengið yrði til samninga um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Markmið sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu eru ekki ósvipuð þeim sem íslensk stjórnvöld hafa sett en allar aðstæður innan Evrópusambandsins, þar sem litið er á sjávarútveg sem hluta af byggðastefnu fremur en sem sjálfstæðan sjálfbæran atvinnuveg, eru gjörólíkar. Styrkjagreiðslur innan ESB hafa ekki verið greininni til góðs og er vafasamt hvort ástæða sé til að sækjast eftir því fé. Ýmsar þær aðferðir, sem þróast hafa innan ESB til að mæta sérstökum aðstæðum þar eru þunglamalegar og ómarkvissar við íslenskar aðstæður. Almenn þróun innan ESB um beitingu nálægðarreglunnar (*subsidiarity*), sem og sú staðreynd að íslensk fiskimið eru aðskilin frá sameiginlegum fiskimiðum ESB, gæti þó leitt til þeirrar niðurstöðu að sérreglur um einstök framkvæmdaatriði gætu gilt um hafsvæðið umhverfis Ísland. Nú þegar gilda tilskipanir innan Evrópusambandsins um að staðbundnir stofnar geti lotið stjórn strandríkis en þeirri tilskipun hefur til þessa verið beitt á veiðar innan 12 mílna. Til viðbótar má minna á að innan EES fékkst fram viðurkenning á því að sérstakar reglur ættu að gilda um öryggiskröfur íslenskra fiskiskipa. Reglur um staðbundna stofna í íslenskri lögsögu færu þó að öllum líkindum fyrir sameiginlegar stofnanir til samþykktar eða a.m.k. kynningar. Sama gildir um ákvarðanir um leyfilegan afla og skiptingu hans. Þegar aflaheimildum úr fiskistofnum ESB er skipt upp er miðað við regluna um hlutfallslegan stöðugleika, þ.e. ríki fá í sinn hlut veiðiheimildir í réttu hlutfalli við veiðireynslu undanfarin ár. Enn fremur er tekið sérstakt tillit til svæða sem háð eru sjávarútvegi. Þetta þýðir að starfsreglur ESB um úthlutun leiddu að óbreyttu til þess að Íslendingar sætu áfram einir að fiskimiðum umhverfis Ísland, þ.e. að svo miklu leyti sem um er að ræða stofna sem eingöngu eru innan lögsögu. Staða þeirra ESB-ríkja, sem kynnu að vilja ásælast fiskveiðiréttindi við Ísland í mögulegum aðildarviðræðum yrði ekki ýkja sterk. Öðru máli gegnir um flökkustofna, þ.e norsk-íslensku síldina, loðnu, makríl, rækju á Flæmska hatti, kolmunna og karfa sem aðrar þjóðir deila með okkur nú þegar. Þar yrði erfitt að standa gegn því að erlend skip fengju að veiða hluta síns kvóta innan íslenskrar lögsögu. Gert yrði út um kvótaskiptingu innan sameiginlegra stofnana ESB. ESB mundi annast samningagerð við aðrar þjóðir um flökkustofna en Ísland ætti fulltrúa í samninganefndum. Ísland og ESB hafa í mikilvægum atriðum haft andstæðar skoðanir varðandi stjórnun flökkustofna.

Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB gerir ráð fyrir því að á hverju ári séu bornar upp til samþykkis á fundi sjávarútvegsráðherra í Brussel tillögur um heildarafla innan ESB og skiptingu hans. Gildir þetta jafnt um stofna innan lögsögu sem flökkustofna. Sameiginlegar stofnanir ESB tækju þá ákvarðanir sem varða lífsafkomu íslensku þjóðarinnar væri Ísland aðildar-

ríki. Starfsreglur geta breyst og aðstæður allar og því erfitt að treysta því að ásættanleg niðurstaða náist um alla framtíð nema sérstakar reglur væru lögfestar. Evrópusambandsríkin hafa ekki komið sér saman um sameiginlega stefnumótun á mörgum sviðum en nýting fiskistofna er eitt þeirra. Meginregla í aðildarviðræðum er að varanlegar undanþágur séu ekki í boði. Þó svo að niðurstaða aðildarviðræðna sé jafngild ríkjaráðstefnu og því formlega hægt að lögfesta undanþágu í aðildarsamningi með óyggjandi hætti þarf til þess samþykki allra aðildarríkjanna. Ótvíræðan pólitískan vilja allra aðildarríkja þyrfti til þess en meginreglan er sú að varanlegar undanþágur eru ekki veittar.

Dæmi eru til um aðlögun gildandi stefnu að breyttum aðstæðum og má þar nefna hvernig sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB var hnikað til með tilliti til búskaparhátta á norðurslóðum. Það snerist þó fyrst og fremst um skilgreiningu svæða, réttindi til styrkja og skilning ESB á því að veita mætti meiri styrki á tilteknum svæðum en annars staðar tíðkaðist. Þetta er ekki sambærilegt við þá undanþágu sem Ísland mundi vilja í sjávarútvegi. Málið átti rætur í því að styrkir frá ESB dygðu ekki landbúnaði norðurslóðum og snerust um heimild ESB til finnskra og sænskra stjórnvalda til að greiða það sem upp á vantaði og heimild til að samanlagðir styrkir ESB og innlendra stjórnvalda leiddu til meiri stuðnings á norðlægum slóðum en leyfður væri annars staðar í ESB. Það að skilgreina tiltekið hafsvæði utan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu, eins og lengi var gert með Miðjarðarhafið, yrði eflaust tekið sem skref aftur á bak.

Sjávarútvegur vegur ekki þungt í hagkerfi ESB-ríkja. Stækkun sú sem nú er í aðsigi mun auka fjölda landluktra ríkja og enn draga úr hlutfallslegu vægi fiskveiða í atvinnulífi Evrópusambandsins. Miðjarðarhafið var lengi utan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu og í raun gilda þar enn sérreglur. Almenn þróun ESB og vægi nálægðarreglunnar gæti ýtt undir svæðisbundna stjórn svo að hægt sé að taka tillit til mismunandi aðstæðna. Gera verður þó ráð fyrir því að helstu ákvarðanir um nýtingu fiskistofna verði eftir sem áður lagðar fyrir sameiginlegar stofnanir til endanlegrar ákvörðunar. Nýlega var mörkuð um það stefna innan ESB að færa ákveðnar ákvarðanir í samkeppnismálum aftur heim í hérað og er það dæmi um að nálægðarreglan styrkist. Þess ber þó að gæta að þau ESB-ríki sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sjávarútvegi og sækjast eftir auknum kvótum eru þegar í sambandinu og líkleg til að standa gegn breytingum sem drægju úr áhrifum þeirra og möguleikum til að efla hag útgerða sinna. Eftir aðild mundu Íslendingar hafa ýmsa aðra hagsmuni í ESB en þá er lytu að sjávarútvegi, sem önnur ríki í sambandinu, svo sem Spánn, gætu reynt að tengja við samninga og ákvörðunartöku.

En þótt treysta mætti hlutfallslegan stöðugleika og jafnvel festa hann í sessi með öryggisákvæði eða sameiginlegum yfirlýsingum og bæði sjá til þess að ákvarðanir um afla á Íslandsmiðum byggðust á ráðgjöf íslenskra vísindamanna og veiðiheimildir úr íslenskum stofnum á Íslandsmiðum rynnu óskertar til Íslands stæði eftir spurningin um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi. Undanþága sú sem Íslendingar fengu í EES-samningnum var torsótt og gekk ekki eftir fyrr en á síðustu mínútum samningaviðræðna. Það vekti eflaust nokkuð hörð viðbrögð einstakra aðildarríkja ESB ef umsóknarríki færi fram á undanþágu frá meginreglu um frelsi í atvinnurekstri. Sú röksemd, að hér sé um að ræða grundvöll íslensks atvinnulífs sem verði að vernda, vekti að öllum líkindum þau gagnrök að aðildarríki geti ekki undanþegið mikilvægustu atvinnustarfsemi sína frá almennum reglum innri markaðar. Bretar og fleiri aðildarríki hafa gripið til sérstakra aðgerða til að tryggja að þeir sem nýta sér fiskveiðiheimildir, sem tiltekið aðildarríki hefur fengið úthlutað, eigi raunveruleg efnahagsleg tengsl við það ríki. Byggjast þessar aðgerðir á niðurstöðum Evrópudómstóls og túlkunum og er ætlað að stemma stigu við svokölluðu kvótahoppi, þ.e. þegar útgerðir eins aðildarríkis

kaupa sig inn í sjávarútveg annars til að njóta góðs af veiðiheimildum þess. Þessar aðgerðir eru ekki til þess fallnar að stöðva slíkt athæfi með öllu, aðeins draga úr því.

Landbúnaður hefur verið viðkvæmt og erfitt viðfangsefni í viðræðum allra þeirra ríkja sem þegar hafa samið eða semja nú um aðild. Meginhluti fjárlaga ESB fór lengst af í rekstur sameiginlegrar landbúnaðarstefnu. Þó svo að landbúnaðarstefnan varði að miklu leyti afurðir sem ekki eru framleiddar á Íslandi getur eftir sem áður verið eftir umtalsverðu fjármagni að slægjast fyrir ákveðnar búgreinar, t.a.m. sauðfjárrækt. Allt er það þó samningum háð. Skiptir miklu hvernig einstök svæði eru skilgreind og talsvert svigrúm er til samninga um það hvernig greiðslum geti verið háttað. Miðað við þær reglur, sem nú gilda, gætu fimm milljarðar hugsanlega skilað sér til íslensks landbúnaðar. Framundan eru hins vegar verulegar breytingar á landbúnaði innan ESB, bæði vegna stækkunar og viðræðna í WTO. Getur það haft áhrif á upphæðir til styrkja og eru allar líkur á að þær fari lækkandi. Það sem er ljóst hins vegar að tollar féllu niður á landbúnaðarafurðum frá ESB-ríkjum en þeir geta numið hundruðum prósenta. Samkeppnisstaða íslenskra bænda breyttist verulega og greinar á borð við svína- og kjúklingarækt fengju enga styrki til að vega á móti. Mjólkurframleiðsla nyti verulegra styrkja en samkeppni frá meginlandinu, einkum í unnum mjólkurafurðum, yrði miklu meiri. Styrkir til nautgriparæktar eru allnokkrir innan ESB en á móti hverfur núverandi stuðningur íslenskra stjórnvalda og tollvernd og því óvíst hvernig greininni mundi reiða af. Grænmeti og blóm íslenskra framleiðenda mundu njóta gæða og ferskleika en þurfa að sæta mun harðari samkeppni en hingað til. Unnar landbúnaðarafurðir mundu eiga undir högg að sækja í óheftri samkeppni við stærri framleiðendur og íslenskir bændur gætu þar með lent í töluverðum vandræðum með afsetningu afurða við ESB aðild. Þótt í fljótu bragði mætti ætla að íslenskir neytendur nytu góðs af auknu framboði ódýrrar búvöru bendir reynslan frá Finnlandi og Svíþjóð til þess að verðlækkanir skili sér ekki öll til neytenda.

Frekari samræming skatta og gjalda við það sem tíðkast innan ESB er ólíkleg til þess að valda verulegum búsifjum á Íslandi enda hefur óformlegt samráð þegar dregið úr misræmi. Ekki er heldur líklegt að ESB gangi ýkja langt eftir þeirri braut í nánustu framtíð. Ríflegar heimildir til að taka með sér áfengi og tóbak til einkanota milli landa gætu hæglega valdið nokkru uppnámi en norræn ríki innan ESB hafa farið fram á aðlögunartíma til 2004 og fengið. Áhrif á íslenskum markaði yrðu að vísu minni en á annars staðar Norðurlöndum vegna fjarlægðar en farþegar og áhafnir á millilandaskipum fengju með þessu nokkra búbót. Rétt er að taka fram að hér er um að ræða áfengi og tóbak sem öll tilskilin gjöld hafa verið greidd af í landinu þar sem kaupin eru gerð, ekki tollfrjálsan varning. Þar gilda lægri mörk.

Tollatekjur mundu renna til sameiginlegra sjóða ESB og aðlögun að tollum ESB hefði m.a. í för með sér að tollar á bandarískum og japönskum bifreiðum mundu hækka. Tollar á hráefni til álframleiðslu hækka einnig en almennt er samið um tollkvóta til lækkunar í tilfellum sem þessum. Framkvæmd tollgæslu yrði með svipuðu sniði nema hvað enga tollafgreiðslu þyrfti fyrir innflutning frá aðildarríkjum ESB. Gildir þetta um frjálsa vöruflutninga, frjálsa för fólks, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga (ef frá eru taldar fjárfestingar í sjávarútvegi), samkeppnisreglur, félags- og atvinnumál og neytendavernd.

Samræming tolla gæti hækkað tolla á tilteknum hátækniafurðum og bifreiðum frá Bandaríkjunum og Japan sem og vefnaðarvöru frá þróunarríkjum og breytt neyslumynstri. Meðaltalstollar ESB og Íslands eru þó ekki ósvipaðir. Mestu munar um það að allir tollar féllu niður af öllum varningi frá aðildarríkjum ESB, þ.m.t. landbúnaðarafurðum. Sérstaklega þyrfti að semja um aðlögun tolla að innflutningi hráefnis til álframleiðslu og sjávarafurða frá þriðju löndum.

Aðild að efnahags- og myntbandalagi er áhugaverð einkum fyrir þá sök að hún stuðlar að auknum stöðugleika og lægri vöxtum. Hún mundi hins vegar skerða enn frekar möguleika íslenskra stjórnvalda til þess að bregðast við óvæntum sveiflum í efnahagslífi, t.d. með því að hækka eða lækka gengi og vexti. Sveiflur í íslensku efnahagslífi hafa ekki verið í takt við þróun á meginlandinu. Hér hefur hagvöxtur verið meiri en víða annars staðar og atvinnuleysi minna. Skýrir það að hluta háa vexti miðað við meginland Evrópu en munurinn er minni ef litið er til Bretlands eða Bandaríkjanna.

Verulegur hluti þess fjármagns, sem til Íslands mundi renna, yrði á forsendum byggðastefnu, hvort sem um yrði að ræða samgöngur eða uppbyggingu atvinnulífs. Skilyrði þess að njóta styrkja sumra sjóða ESB er mótframlag stjórnvalda. Þetta er líklegt til að hvetja íslensk stjórnvöld til þess að verja auknu fé til framkvæmda á landsbyggðinni. Byggðastefna er svo rótgróinn þáttur Evrópusamstarfs að aðild gæti aðeins orðið til þess að styðja við bakið á viðleitni íslenskra stjórnvalda til að tryggja byggð um allt land, efla samgöngur og auka fjölbreytni í atvinnuháttum. Þess ber þó að gæta að miklir byggðastyrkir yrðu Íslendingum líklega torsóttir í aðildarviðræðum og þess einnig með stækkun ESB mundu byggðastyrkir til Íslands og annarra efnaðra ríkja í sambandinu lækka.

Sameiginleg utanríkisviðskiptastefna ESB getur engan veginn talist einangrunarstefna. Þvert á móti er mikið á sig lagt til þess að afla fyrirtækjum og einstaklingum innan ESB sem greiðastan aðgang að mörkuðum víða um heim. Viðkvæm deilumál hafa þó komið upp í samskiptum við Bandaríkin þar sem ESB hefur lagst gegn notkun hormóna í kjöti og frjálsri notkun erfðabreyttra örvera í landbúnaði. ESB hefur haft strangari viðmiðanir um hávaðamörk flugvéla og viljað flýta fyrir að nýjustu tækni sé beitt í því skyni að minnka hávaðamengun en Bandaríkjamenn vilja fara bil beggja að sinni og nota hljóðdeyfa þó svo að þeim fylgi óæskilegar hliðarverkanir varðandi útblástur, orkunotkun og mengun. Innan ESB er almennt talið nauðsynlegt að stjórnvöld axli vissa ábyrgð við verndun persónuupplýsinga en Bandaríkjamenn aðhyllast markaðslausnir. Í mörgum tilfellum hafa sjónarmið ESB átt vissan hljómgrunn á Íslandi en þátttaka í sameiginlegri viðskiptastefnu eykur óneitanlega líkur á því að verða fyrir barðinu á mögulegum refsiaðgerðum t.d Bandaríkjanna. Bandaríkin hafa þó oftast beint refsiaðgerðum sínum gagnvart ESB að þeim ríkjum eða héruðum sem hafa beitt sér gegn bandarískum afurðum, t.d. Frakklandi.

Aðild að utanríkis- og öryggismálasamstarfi ESB hefur lengi þótt vera eftirsóknarverður kostur fyrir Ísland svo fremi að það beinist ekki gegn traustu samstarfi vestur um haf. Ísland hefur byggt varnir sínar annars vegar á tvíhliða varnarsamningi við Bandaríkin en hins vegar á þátttöku í NATO. Ellefu aðildarríki ESB eru einnig í NATO. Þau fjögur ríki, sem standa utan NATO, Austurríki, Finnland, Írland og Svíþjóð, skilgreina hlutleysi sitt og stöðu sína utan bandalaga á mismunandi forsendum en öll eru þau samstarfsríki NATO og Bandaríkjanna í dag. Þó svo að ESB sé umhugað um að þróa sitt eigið samstarf er einhugur um að ekkert komi í staðinn fyrir Atlantshafssamstarfið. Ísland er hnattstöðu sinnar vegna ímynd þess samstarfs. Formlega er ekkert því til fyrirstöðu að sameina varnarsamning við Bandaríkin ESB-aðild. Varnarskuldbinding er, þrátt fyrir mjög víðtæka samstöðu ESB-ríkja á öllum sviðum, enn sem komið er utan Evrópusamstarfsins. Hefur þetta einmitt valdið nokkrum umræðum þegar innlimun VES í stofnanir ESB komst á dagskrá. Hafa hlutlausu ríkin til þessa ekki getað samþykkt að varnarskuldbindingin, sem fylgir því, starfi verði hluti af ESB.

Framlag Íslands gæti líklega orðið rúmlega átta milljarðar króna á ári og er óvíst hversu stór hluti þess framlags kæmi til baka. Færi það eftir því hvernig þátttöku Íslands yrði háttað í landbúnaði, sjávarútvegi og byggðasjóðum. Framlag Íslands á mann yrði hátt og með því hæsta sem gerist innan ESB. Er hefð fyrir því að tekið sé tillit til þess þegar samið er um að-

lögun að starfsemi ESB. Má búast við að a.m.k. helmingur eða meira gæti komið til baka fyrsta kastið úr sameiginlegum sjóðum vegna landbúnaðar, byggðastefnu, og verkefna og vegna styrkja til sjávarútvegs, að því gefnu að eftir þeim væri sóst, en eins og bent er á að framan hafa styrkgreiðslur innan ESB til sjávarútvegs verið skaðlegar. Rekstrarkostnaður við þátttöku, fundasókn, þýðingar o.fl., sem íslensk stjórnvöld greiða nú, mundi greiðast úr sameiginlegum sjóðum. Þegar fram líða stundir mætti og hugsa sér að laða mætti einhvern hluta Evrópusamstarfs hingað til lands. Hluti framlags rennur til mannúðarverkefna um allan heim og til þróunarstarfs bæði í Mið- og Austur-Evrópu og í þróunarlöndum.

Ljóst er að Ísland mundi greiða mun meira til sameiginlegra sjóða en það fengi til baka. Er innan ESB litið á það sem þátttökugjald í samtryggingarkerfi Evrópuríkja og framlag til uppbyggingar álfunnar. Þá eru einnig líkur á að eftir stækkun ESB mundi framlag Íslands hækka og endurgreiðslur lækka vegna hærri þjóðartekna á mann á Íslandi og en í nýjum aðildarríkjum.

ESB-aðild hefði í för með sér aukna þátttöku en jafnframt aukið álag og kröfur um starfsframlag miðað við EES-samninginn. Félli sú aukning af mestum þunga á ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra stjórnarráðsins. Ferðakostnaður félli að mestu leyti á ESB en kostnaður við starfsmannahald gæti aukist talsvert. Allar þýðingar og birtingar eru greiddar sameiginlega.

II. HLUTI

SAMLÖGUN EVRÓPURÍKJA, STOFNANIR OG EINSTAKIR MÁLAFLOKKAR

1. kafli
Þróun í samlögun Evrópuríkja: sögulegt yfirlit

Samantekt

Það sem greint hefur ESB frá öðrum alþjóða- eða fjölþjóðastofnunum er í hve miklum mæli aðildarríkin hafa framselt hið formlega fullveldi sitt til ákvörðunartöku í hendur sameiginlegra stofnana. Meginmarkmið EFTA-ríkjanna var og er mun þrengra en aðildarríki Evrópusambandsins settu sér. EFTA-ríkin fara hvert og eitt með sjálfstætt ákvörðunarvald. Þannig má líta á að stofnun EFTA hafi verið andsvar við stofnun og starfsemi Evrópubandalagsins á sínum tíma. Seinna varð EFTA þó í raun vettvangur aðildarríkja þess fyrir samskiptin við Evrópubandalagið frekar en að teljast mikilvægur samstarfsvettvangur EFTA-ríkjanna sín á milli. Samstarf EFTA-ríkja við ESB hefur þróast frá hefðbundnum tvíhliðasamskiptum til stofnanabundins og margþætts samstarfs sem byggt er á EES-samningnum.

1. Inngangur

Þegar litið er til hinnar hröðu samlögunar Evrópuríkja, sl. áratug eða svo, vill það oft gleymast að saga Evrópu hefur á þessari öld einkennst af klofningi og átökum á milli ríkja. Ekki er ætlunin að segja sögu álfunnar í þessum kafla heldur er í örstuttu máli rakin þróunin í samlögun ríkja Vestur-Evrópu, sem nú teygir anga sína einnig til ríkja í Mið- og Austur-Evrópu. Sérstaklega er litið til samstarfs þeirrar stofnunar sem í dag er nefnd Evrópusambandið (ESB) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) sem Íslendingar eiga aðild að.

2. Þróunin í samlögun Evrópuríkja

2.1. Stofnun EBE

Árið 1951 stofnuðu sex ríki Kola- og stálbandalag Evrópu. Það voru Frakkland, Vestur-Þýskaland og Ítalía, auk Benelúx-ríkjanna þriggja, Hollands, Belgíu og Lúxemborgar. Markmiðið var að mynda einn markað fyrir kol, járn og stál og koma á sameiginlegri stjórn þessara iðngreina. Að baki stofnuninni lá sú hugsun að með því að hafa sameiginlega stjórn á kola- og stálframleiðslu, sem jafnframt væri forsenda vígvélaframleiðslu, gætu ríkin komið í veg fyrir vígbúnað og betur tryggt frið í álfunni.

Við gildistöku Rómarsamningsins, árið 1958, útvíkkuðu sömu ríki samstarfið enn frekar. Rómarsamningurinn stofnsetti Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) sem fól í sér tollabandalag. Tollar í viðskiptum aðildarríkjanna voru afnumdir í áföngum og innflutningur frá ríkjum utan bandalagsins var háður sameiginlegum ytri tollum. Stefnt var að sameiginlegum markaði ríkjanna fyrir vörur, þjónustu, vinnuafl og fjármagn. Sameiginlegri stefnu skyldi komið á fót á vissum sviðum, líkt og gert var um kol, járn og stál með stofnun Kol- og stálbandalagsins. Stefnan skyldi mótuð af aðildarríkjunum en framkvæmdin í höndum sameiginlegra stofnana í Brussel. Í því sambandi má nefna sameiginlega landbúnaðarstefnu.

Á sama tíma og stofnsamningur EBE var undirritaður var, með öðrum samningi, komið á fót, Kjarnorkubandalagi Evrópu (EURATOM) sem var ætlað að vinna að friðsamlegri hagnýtingu kjarnorkunnar.

Stofnanir þessara þriggja bandalaga voru sameinaðar árið 1967 og saman mynduðu þau Evrópubandalagið (EB). Það sem greindi EB frá öðrum alþjóða- eða fjölþjóðastofnunum á þessum tíma, og gerir enn í dag, er í hve miklum mæli aðildarríkin hafa framselt hið formlega fullveldi sitt til ákvörðunartöku í hendur sameiginlegra stofnana. Því er sagt að hinar sameiginlegu stofnanir þess sem í dag heitir Evrópusambandið (ESB) séu yfirþjóðlegar. Yfirþjóðlegt vald hefur ekki verið skilgreint til hlítar en segja má að stofnanir hafi slíkt vald þegar þær geta tekið ákvarðanir sem bindandi eru fyrir ríki eða borgara þess, t.d. að alþjóðastofnun fari með a.m.k. hluta af löggjafarvaldi, dómsvaldi eða framkvæmdarvaldi ríkis.

2.2. Stofnun EFTA

Margar Evrópuþjóðir treystu sér ekki til að ganga eins langt í efnahagslegri samvinnu og fólst í áðurnefndum bandalögum en viðræður um fríverslun á vettvangi Efnahagssamvinnustofnunarinnar í París höfðu farið út um þúfur.

Á árunum 1957 til 1959 héldu þessi ríki áfram viðræðum, einkum að frumkvæði Breta. Viðræðurnar leiddu til stofnunar Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, 4. janúar 1960. Stofnaðilar voru Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Sviss og Svíþjóð. Samningurinn er oft í daglegu tali nefndur Stokkhólmssamningurinn. Nafn samtakanna vísar til meginmarkmiðs þeirra sem var fríverslun í innbyrðis viðskiptum aðildarríkjanna. Með fríverslun bæri að afnema innflutningstolla, innflutningstakmarkanir og aðrar hömlur í viðskiptum ríkjanna auk þess sem stuðlað yrði að frjálsum og réttlátum viðskiptaháttum í alþjóðaviðskiptum.

Í fyrstu lýstu stofnaðilarnir því sem aðalmarkmiði sínu að koma á fríverslun með iðnaðarvörur sín á milli og settu sér einnig það mark að Vestur-Evrópa yrði öll eitt markaðssvæði. Jafnframt því sem EFTA-ríkin afnámu viðskiptahömlur hvert gagnvart öðru forðuðust þau að leggja á nýjar hömlur á viðskipti sín á milli og við aðrar þjóðir. Sérhvert EFTA-ríki hefur þó alltaf haft frjálsar hendur um ákvörðun viðskiptastefnu sinnar gagnvart ríkjum utan EFTA samkvæmt meginreglum GATT og síðar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Meginmarkmið EFTA-ríkjanna var og er mun takmarkaðra en aðildarríki Evrópusambandsins settu sér. Meginmunurinn er sá að EFTA-ríkin fara hvert og eitt með sjálfstætt

ákvörðunarvald. Þannig má líta á að stofnun EFTA hafi verið andsvar við stofnun og starfsemi Evrópubandalagsins á sínum tíma. Seinna varð EFTA þó í raun vettvangur aðildarríkja þess fyrir samskiptin við Evrópusambandið frekar en að teljast mikilvægur samstarfsvettvangur í innbyrðis tvíhliða samskiptum EFTA-ríkja. Verður því vart með sanni sagt að EFTA hafi haldið stöðu sem samkeppnisaðili ESB en EFTA hefur aftur á móti reynst aðildarríkjum notadrjúgt tæki í viðskiptum við ESB.

Bretar endurskoðuðu fljótlega afstöðu sína til EBE og sótt var um EBE-aðild árið 1961, ásamt Írlandi, Danmörku og Noregi. Önnur EFTA-ríki sóttu um aukaaðild. Ekkert varð af aðild Breta né annarra umsóknarríkja þar sem Frakkar, undir forsæti Charles De Gaulles, höfnuðu aðild Breta að bandalaginu. Umsókn Breta var hafnað að nýju árið 1967, ásamt sömu ríkjum og fyrr, auk Svíþjóðar. Með leiðtogaskiptum í Frakklandi árið 1969 breyttist afstaða Frakka til aðildar Bretlands og það var loks árið 1973 sem Bretland, Írland og Danmörk gerðust aðilar að EB. Norðmenn sömdu einnig um aðild að bandalaginu en inngöngu var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í Noregi.

2.3. Þróun samstarfs EFTA og EB

Vistaskipti tveggja EFTA-ríkja, þ.e. Bretlands og Danmerkur mörkuðu tímamót í samskiptum EFTA og EB því að samfara aðild þessara tveggja ríkja að EB var samið við hin EFTA-ríkin um fríverslun. Raunar höfðu Bretar sett það sem skilyrði í aðildarviðræðunum að áunnið tollfrelsi héldist. Því var stefnt að því að áunnið tollfrelsi héldist milli Bretlands og Danmerkur og hinna EFTA-ríkjanna. Hins vegar skyldu tollar felldir niður í áföngum milli EB og hvers EFTA-ríkis með líkum hætti og áður hafði gerst innan EFTA. Á tímabilinu frá 1. janúar 1973 til 1. janúar 1974 gengu í gildi tvíhliða fríverslunarsamningar á milli EB og einstakra EFTA-ríkja, þ.e. Austurríkis, Portúgals, Svíþjóðar, Sviss, Íslands, Noregs og Finnlands.

Fram til ársins 1984 var samvinna EFTA-ríkjanna við EB að mestu á tvíhliða grundvelli, þ.e. hvert EFTA-ríki átti sjálfstæð samskipti við bandalagið. Árið 1984 efndu ríki EFTA og EB til sameiginlegs ráðherrafundar í Lúxemborg og samþykktu þar að efla mjög samvinnu allra EFTA-ríkjanna og EB á sviðum sem tengdust vöruviðskiptum, svo og öðrum sviðum, m.a. í rannsókna- og þróunarstarfi, mennta- og menningarmálum og umhverfismálum. Þessu samstarfi, sem nefnt hefur verið Lúxemborgarferlið, miðaði vel áfram á þeim árum sem í hönd fóru. Þó þótti ýmsum sem betur mætti gera og þrýsti það ekki síst á að árið 1985 ákvað EB að setja sér fasta áætlun um að ryðja úr vegi öllum þeim hindrunum sem væru fyrir fullri framkvæmd ákvæða Rómarsamningsins um innri markað bandalagsins. Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar, sk. Hvítbók, um aðgerðir til að koma á raunverulegum innri markaði fyrir árslok 1992 var lögð fram árið 1985 og árið 1987 gengu í gildi ýmsar breytingar á stofnsáttmála bandalagsins, svonefnd einingarlög Evrópu, sem m.a. áttu að tryggja auðveldari framgang þessara mála. Í Lúxemborgarferlinu var á mörgum sviðum farið að gæta tregðu af hálfu EB varðandi þátttöku EFTA-ríkjanna í ýmsum samstarfsverkefnum innan EB, sérstaklega vegna þátttöku EFTA-ríkjanna í stjórnun þeirra.

Í janúar 1989 flutti Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar EB, fræga ræðu á fundi Evrópuþingsins í Strassborg. Þar vék hann m.a. að sambandi EFTA og EB og bryddaði þar upp á nýjum hugmyndum um frekara samstarf. Delors velti m.a. upp þeirri spurningu hvort nýtt skipulag þyrfti að komast á í samstarfi EB og EFTA-ríkjanna. Um tvær leiðir væri að ræða í því efni: Annars vegar að halda sig við hin tvíhliða samskipti, þ.e. EB og hvert EFTA-ríkjanna fyrir sig og stefna þannig að fríverslun sem næði til EFTA og EB. Í öðru lagi að ganga til mun víðtækara samstarfs en áður hefði verið talið koma til greina og gera samstarf-

ið virkara með sameiginlegum stofnunum og ákvörðunum og leggja áherslu á samvinnu á sviði efnahagsmála, félagsmála, fjármála og menningarmála. Með öðrum orðum: samvinna og samstarf á sem flestum sviðum nema í öryggismálum og stjórnmálum. Á leiðtogafundi EFTA-ríkjanna í mars 1989 var frumkvæði Delors svarað á jákvæðan hátt og lýst var yfir vilja til að kanna með EB aðferðir og leiðir til að ná fram kerfisbundnara samstarfi með sameiginlegri ákvarðanatöku og stjórnarstofnunum til þess að koma á árangursríkara samstarfi. Þar með má segja að hugmyndin að Evrópska efnahagssvæðinu, EES, hafi fæðst.

Í kjölfarið fylgdu könnunarviðræður háttsettra embættismanna EFTA-ríkja og EB og í desember var ákveðið að hefja formlegar samningaviðræður sem hefðu það að markmiði að ná víðtækum samningum milli EFTA-ríkjanna og EB. Markmið EFTA-ríkjanna var að tryggja ríkjunum hlutdeild í þeim efnahagslegu hagsbótum sem talið var að fylgdu samræmdum innri markaði EB. Jafnframt lýstu EFTA-ríkin því þó yfir að grundvallarhagsmunum sínum gætu þau ekki fórnað. Þannig var t.d. af hálfu Íslands settur fyrirvari við fjárfestingu útlendinga í sjávarútvegi og náttúruauðlindum og gerð krafa um tiltekin öryggisákvæði sem réttlætast af grundvallarhagsmunum. Formlegar samningaviðræður hófust í september 1990. Þann 2. maí 1992 komu utanríkisráðherrar EB og EFTA-ríkjanna saman í Oporto í Portúgal og undirrituðu samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Samningurinn var löggiltur á Alþingi þann 12. janúar 1993 og gekk loks í gildi þann 1. janúar 1994. Áður höfðu Svisslendingar hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu þátttöku í EES.

Hin almennu markmið EES-samningsins eru að auka viðskipta- og efnahagstengsl samningsaðila og efnahags- og félagslega velsæld íbúa efnahagssvæðisins. Með þetta að leiðarljósi er komið á svokölluðu fjórfrelsi, þ.e. frjálsum markaði vöru- og þjónustuviðskipta, fjármagnsflutninga og sameiginlegum vinnumarkaði. Einnig kveður EES-samningurinn á um að stórauka skuli samvinnu aðildarríkja í félagsmálum, neytendamálum, jafnréttismálum, rannsóknum og þróun, menntamálum og umhverfismálum, svo að það helsta sé nefnt. Samningurinn felur þó ekki í sér samvinnu á ýmsum sviðum sem reglur bandalagsins taka til, svo sem um sameiginlega viðskiptastefnu, landbúnaðarstefnu, fiskveiðistefnu, sameiginlega stefnu í óbeinni skattlagningu og í efnahags- og peningamálum.[1]

2.4. Stækkun ESB og þróunin innan þess

Mikið umbrotaskeið var í Evrópu á sama tíma og hugmyndin um Evrópska efnahagssvæðið kom fram og næstu ár þar á eftir. Í því sambandi má minna á fall Berlínarmúrsins í nóvember árið 1989, sameiningu Þýskalands og upplausn Sovétríkjanna. Þessi umbrot þýddu breyttar forsendur í samvinnu Evrópuríkja. Ríki sem áður töldu sig, af margs konar pólitískum ástæðum, ekki geta sótt um aðild að ESB sáu nú litlar hindranir þar í vegi. Skömmu eftir að EES-samningurinn hafði verið undirritaður höfðu öll EFTA-ríkin, nema Ísland og Liechtenstein, sótt um aðild að ESB. Þar sem Svisslendingar felldu aðild að EES í þjóðaratkvæðagreiðslu var aðildarumsókn þeirra lögð til hliðar. Austurríki, Finnland, Svíþjóð og Noregur luku hins vegar aðildarviðræðum við ESB snemma árs 1994 og þegar þann 1. janúar 1995 höfðu þessi ríki gengið í ESB, að Noregi undanskildum en þar var aðild að ESB hafnað.

Samfara hinni hröðu þróun, sem að ofan er lýst, stefndi EB að innri breytingum og segja má að einingarlögin hafi markað upphafið í þeim efnum. Með Maastricht-samningnum sem undirritaður var í febrúar 1992 en tók ekki gildi fyrr en í júní 1994, voru m.a. gerðar breytingar á Rómarssamningnum, sem fólu í sér verulega breytta uppbyggingu samvinnunnar.

[1] Fjallað er um samstarfssvið EES-samningsins í köflum 3–19.

Með Maastricht-samningnum er Evrópusambandinu (ESB) komið á fót og er það byggt á þremur stoðum.[1] Maastricht-samningurinn gefur Evrópuþinginu aukið vald í ákvörðunartöku í ákveðnum málaflokkum, héraðanefndin var stofnuð, sameiginleg utanríkis- og öryggismálastefna var mynduð og síðast en ekki síst var kveðið á um stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu.

Stækkun á Evrópusambandinu var stöðugt í deiglunni og á fundi leiðtoga ESB í júní 1993 var ákveðið að bjóða þeim ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, sem þess óskuðu til viðræðna um aðild að ESB. Ríkjunum voru þó sett þau skilyrði að stöðugleiki ríkti í lýðræðismálum innan hvers ríkis, að réttaröryggi væri tryggt, mannréttindi virt og vernd minnihlutahópa. Ríkin skyldu grundvalla efnahagsstefnu sína á frjálsum markaði og hafa getu til þess að takast á herðar þær skuldbindingar sem aðild fylgja, þar á meðal um að stefnt skyldi að efnahags- og myntbandalagi. Viðræður hófust formlega þann 10. nóvember 1999 við sex ríki sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu, þ.e. Pólland, Ungverjaland, Tékkland, Eistland, Slóveníu og Kýpur. Undirbúningur viðræðna við fimm ríki til viðbótar er hafinn, þ.e. við Lettland, Litháen, Slóvakíu, Búlgaríu og Rúmeníu. Umsókn Möltu hefur sérstaka stöðu þar sem ákvörðun var tekin um það á sínum tíma að Malta og Kýpur skyldu vera í hópi fyrstu ríkja sem samið yrði við. Malta dró hins vegar umsókn sína til baka um skeið en hefur nú endurnýjað hana. Hefur það verið nokkrum erfiðleikum bundið að koma umsókn Möltu aftur í réttan farveg. Tyrkland er formlega á skrá umsóknarríkja og tekur skýrsla framkvæmdastjórnar um þróun og framfarir í umsóknarríkjum einnig til Tyrklands. Formlegur undirbúningur viðræðna er hins vegar enn ekki hafinn. Loks er það umsókn Sviss sem aldrei var dregin til baka en þegjandi samkomulag hefur verið um það að hún sé ekki til umræðu. Svissnesk stjórnvöld hafa hins vegar látið í ljós hug á aðild og getur komið hreyfing á þau mál nú þegar samningum er lokið milli Evrópusambandsins og Sviss. Alls eru það því fjórtán ríki sem nú vinna að því að undirbúa aðild að Evrópusambandinu en núverandi aðildarríki eru fimmtán talsins.

Heimildir

Ísland og Evrópa. – 1. rit. – Skipan og þróun viðskiptasamvinnu. Nefnd um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu. Reykjavík 1988.
EFTA 40 ára – Grein utanríkisráðherra í Morgunblaðinu 4. janúar 2000.
Björn Friðfinnsson, Fyrirlestrar um EES efni, vefsíða utanríkisráðuneytisins.

2. kafli
Tveggja stoða kerfi EES-samningsins

Samantekt

EES-samningurinn hefur sýnt á þeim tæpum átta árum sem liðin eru frá gerð hans að hann er efnislega séð sveigjanlegur samningur en stofnanalega er hann hins vegar óbreyttur og tekur mið af stofnunum ESB eins og þær voru þegar samningurinn var gerður. Tvær ríkjaráðstefnur hafa verið haldnar innan Evrópusambandsins og sú þriðja stendur nú yfir og hefur meginhersla verið lögð á eflingu hins lýðræðislega þáttar í ákvarðanatökuferli ESB. Þessar breytingar hafa leitt til þess að fleiri koma að ákvarðanatökuferlinu nú en þegar EES-samningurinn var gerður og munar þar mest um aukið vægi Evrópuþingsins. Sameiginlegar

[1] Sjá umfjöllun í kafla 2.

stofnanir EES-samningsins ganga vel þó að sumir hafi gert ráð fyrir við gerð EES-samningsins að pólitískt hlutverk þeirra yrði meira. Eftirlitsstofnun EFTA nýtur virðingar framkvæmdastjórnarinnar og sinnir ötullega eftirlitshlutverki sínu og staðhæfa má að eftirlit ESA sé síst minna en hjá framkvæmdastjórninni. EFTA-dómstóllinn hefur slitið barnsskónum og hefur eftir fremur rólega byrjun, sýnt að hann muni ganga langt við varðveislu einleitnis á EES svæðinu og er dómstóllinn trúr EB dómstólnum í úrlausnum sínum í ríkari mæli en sumir áttu von á.

1. Stofnanir Evrópusambandsins (ESB)

1.1. Inngangur

Evrópusambandið á sér engar fyrirmyndir í milliríkjasamstarfi. Evrópurétturinn er sambland af landsrétti aðildarríkjanna og þjóðarétti. Hann verður þó ekki skilgreindur sem blanda þessara réttarkerfa og hefur í raun myndað sjálfstætt réttarkerfi.

Evrópusambandið hefur myndað eigin sjálfstæðar stofnanir sem hafa völd til að taka ákvarðanir sem aðildarríkin eru bundin af. Slíkar ákvarðanir geta haft bein réttaráhrif og gert ríki skaðabótaskyld ef Evrópuréttur er ekki framkvæmdur á þann hátt sem lög og reglur boða. Reyndar gengur Evrópurétturinn enn lengra því litið er svo á að ef landslög brjóta í bága við Evrópurétt gangi Evrópuréttur framar landslögum. Valdsvið stofnana ESB er þó takmarkað af Rómarsamningnum og þær gerðir sem af honum leiða. Stofnanir ESB geta því ekki upp á sitt eindæmi tekið upp hvaða mál sem er. Auk þess gildir sú meginregla innan ESB að ákvarðanir skuli því aðeins teknar í Brussel að miklum vandkvæðum sé bundið að finna lausn á innanlandsvettvangi og að samræming aðgerða milli aðildarríkjanna sé því nauðsynleg.[1] Þessi regla hefur verið kölluð nálægðarregla (*subsidiarity*) og er ætlað að afmarka vald annars vegar á milli þjóðríkjanna og hins vegar á milli stofnana ESB.

Evrópusambandið byggist á hugmyndum um að jafnvægi ríki milli fullveldis aðildarríkjanna, hefðbundins milliríkjasamstarfs og sjálfstæðra stofnana sem hafa yfirþjóðlegt vald til að tryggja að öll aðildarríkin framfylgi sömu leikreglum og ekkert eitt ríki beiti annað yfirgangi. Mikilvægt er að hafa þessi sjónarmið í huga við umfjöllun um stofnanir ESB. Fullveldi ríkja hefur verið viðkvæmt í umræðunni um samrunaþróun Evrópusambandsins, ekki síst fyrir stærri ríkin sem eru vanari að fara sínu fram óháð vilja annarra í samskiptum milli ríkja. Þekkt er t.d. andstaða Frakka við takmarkanir á fullveldi þeirra á upphafsárum Evrópubandalagsins. Sem dæmi má nefna ákvörðun þeirra árið 1965 að sitja ekki fundi Evrópubandalaganna m.a. vegna ákvæða um að aukinn meiri hluti atkvæða réði atkvæðagreiðslum. Stórveldið Frakkland gat ekki sætt sig við þann möguleika að verða undir í atkvæðagreiðslu. Þessi andstaða leiddi til samþykktar nýrrar meginreglu sem byggist á svokölluðu Lúxemborgarsamkomulagi um neitunarvald einstakra ríkja þegar grundvallarhagsmunir eru í húfi. Þrátt fyrir að þessi regla sé ekki skráð í Rómarsamningnum og hafi sjaldan verið notuð leysti hún stóran vanda á sínum tíma. Átök um framsal á fullveldi og verndun þess hafa verið skýrt mörkuð í sögu og þróun ESB.

---

[1] Innan Evrópusambandsins hefur einnig komið upp andstaða innan aðildarríkja við miðstýringu bandalagsins og í Maastricht (1992) var staðfest að ein af grundvallarreglunum skyldi vera nálægðarreglan (subsidiarity). Í þeirri reglu felst að taka ber ákvarðanir sem næst þeim er þær varða og þar sem þær komast með sem einföldustum og skilvirkustum hætti í framkvæmd. Nálægðarreglan felur í sér að komist er hjá óþarfa miðstýringu en hamlar því hins vegar ekki að ESB getur sett miðlægar reglur á þeim sviðum og í þeim tilfellum sem slíkt er talið nauðsynlegt, svo sem málefni innri markaðarins. Aukin áhersla hefur verið lögð á þessa stefnu innan sambandsins á síðari árum.

Hvatinn að skuldbindandi samstarfi Evrópuríkja, sem styddist við yfirþjóðlegar stofnanir, var óttinn við enn eina heimsstyrjöld sem upptök ætti í álfunni. Fljótlega kom í ljós að erfitt var að ná sameiginlegum markmiðum að hagvexti eða hafa raunveruleg áhrif á þróun efnahags-, félags- og umhverfismála án styrkara samstarfs.

Eftir samþykkt Maastricht-samningsins er starfi innan Evrópusambandsins skipt upp milli þriggja stoða en málsmeðferð og ákvarðanataka er með mismunandi hætti innan þeirra.

Mynd 1.



Fyrsta stoðin hefur að geyma hefðbundið samstarf, þ.e. innri markaðinn, þ. á m. hið fjórþætta frelsi, samkeppnisreglurnar og lárétt svið sem áhrif hafa á farsæla framkvæmd innri markaðarins, svo sem umhverfismál, öryggi á vinnustöðum o.s.frv. Önnur stoðin nær til varnar- og öryggismála og sú þriðja til réttarfars og lögreglumála. Samstarf innan fyrstu stoðarinnar hefur mun sterkari yfirþjóðleg einkenni en tíðkast innan annarrar og þriðju stoðar þar sem samstarfið ber öll einkenni hefðbundins milliríkjasamstarfs.

- Sem dæmi um hefðbundið milliríkjasamstarf innan ESB, má nefna að opinber stefnumörkun er í grundvallaratriðum mótuð af þjóðríkjunum á sviði utanríkis- og öryggismála, menntunar, heilbrigðis, dóms- og innanríkismála og efnahagsstefnu. Aðildarríkin hafa með sér náið samstarf á þessum sviðum en stjórnvöld taka að meginreglu til sjálf ákvörðun um allar aðgerðir innan viðkomandi landa.

- Ákvarðanir um mikilvægari pólitísk forgangsverkefni og stefnumörkun eru teknar af leiðtogaráðinu sem er skipað leiðtogum aðildarríkjanna. Samstarf leiðtoganna hefur flest sérkenni dæmigerðs milliríkjasamstarfs og það heyrir til algjörra undantekninga að atkvæðagreiðslur fari þar fram.
- Allar veigameiri ákvarðanir ESB þurfa að hljóta samþykki ráðherraráðsins og á ýmsum sviðum er enn áskilið að atkvæðagreiðsla sé samhljóða. Þrátt fyrir að atkvæðagreiðslur fari fram í ráðherraráðinu er jafnan reynt til hins ítrasta að ná samkomulagi. Atkvæðagreiðslur eru tiltölulega sjaldgæfar en fara þó fram ef ríki ber við sérstaklega mikilvægum hagsmunum.
- Framkvæmdastjórnin er aftur á móti dæmigerður yfirþjóðlegur aðili innan síns verksviðs. Þar hafa aðildarríkin þó sett ýmsa varnagla og geta stöðvað framgang mála með beinum eða óbeinum hætti enda eiga þau í flestum tilfellum sína fulltrúa í nefndum og ráðum framkvæmdastjórnarinnar. Auk þess ber framkvæmdastjórninni að starfa með hagsmuni heildarinnar í huga en ekki einstakra ríkja. Sömu sjónarmið eiga við um Evrópuþingið.
- Evrópudómstóllinn hefur lokaorðið við túlkun Evrópuréttarins og er dæmigerður yfirþjóðlegur aðili sem tekur bindandi ákvarðanir fyrir aðildarríkin. Hann hefur þó ekki sjálfdæmi um eigin verksvið.

1.2. Ráðherraráðið

Lagasetningarvald Evrópusambandsins er í höndum ráðherraráðsins en þar funda ráðherrar aðildarríkjanna reglulega eftir sérsviðum. Sem dæmi má nefna fundi landbúnaðarráðherra, fjármálaráðherra, samgönguráðherra, umhverfisráðherra o.s.frv. Utanríkisráðherrar koma oftast saman í svokallaða almenna ráðherraráðinu sem hefur það meginhlutverk að samræma störf fagráðherranna. Í ráðherraráðinu fara fram stöðugar samningaviðræður ráðherra um stefnumótun og aðgerðir.

Daglegur undirbúningur ráðherrafunda er í höndum fastafulltrúaráðsins (COREPER) og aðstoðarmanna þeirra en engar ákvarðanir eru teknar nema af ráðherrunum sjálfum í ráðherraráðinu. Í fjarveru ráðherra geta fastafulltrúar aðildarríkja tekið þátt í fundum ráðherraráðsins en þurfa til þess fulltrúabréf frá viðeigandi ráðherra. Þeir hafa því ekki stöðuumboð til að sitja í ráðherraráðinu en gegna þó lykilhlutverki við undirbúning fundanna. Annað einkenni ráðherraráðsins er að það fjallar um beina hagsmuni aðildarríkja og tekur bindandi ákvarðanir sem geta varðað hagsmuni allra aðildarríkjanna. Hagsmunavarsla í ráðherraráðinu fer fram fyrir luktum dyrum og hefur starfsemi þess verið gagnrýnd vegna þessa verklags. Tillögur framkvæmdastjórnar taka yfirleitt umtalsverðum breytingum í meðferð ráðherraráðsins og hefur sú krafa orðið æ háværari á undanförnum árum að hagsmunavarsla stjórnmálamanna fari fram fyrir opnum tjöldum eins og almennt tíðkast í löggjafarsamkomum.

Eitt af meginviðfangsefnum ráðherraráðsins eru málefni innri markaðarins – fjórfrelsisins svokallaða, þ.e. frelsi á sviði vöru, þjónustu, fjármagns og frjálsrar farar fólks, auk málefna á sviði samkeppnismála, umhverfismála o.fl., en þessi mál eru á sama tíma allir helstu málaflokkar EES-samningsins sem EFTA/EES-ríkin eru aðilar að.

Á vegum ráðherraráðsins eru einnig starfandi að meðaltali um 300 sérfræðinefndir sem margar hverjar funda vikulega. Umfangsmikið starf fer því fram í mörgum þessara nefnda sem fjalla um tillögur og gerðir sem í flestum tilfellum koma frá framkvæmdastjórninni og geta einstök mál tekið verulegum breytingum. Að þessu starfi hafa EFTA/EES-ríkin ekki aðgang.

Hlutverk formennskuríkisins

Fundum ráðherraráðsins er stýrt af því ríki sem fer með formennsku hverju sinni. Formennskuríkið leiðir starfsemi ráðsins og gegnir lykilhlutverki við að miðla málum ef ágreiningur kemur upp meðal aðildarríkjanna. Þá ber formennskuríkinu að tryggja eðlilega þróun og stöðugleika í stefnu Evrópusambandsins. Sérhvert ríki gegnir formennsku í sex mánuði í senn frá 1. janúar til 30. júní og síðan 1. júlí til áramóta ár hvert.

Sætaröðun í ráðherraráði



Formennska Evrópusambandsins hefur sérstöðu og starfar eins og sérstofnun. Formennskuríkið hefur áfram sæti við fundarborðið eins og hin aðildarríkin. Aðildarríkin sitja við fundarborðið með hliðsjón af því hvenær þau taka við formennskunni. Formennskuríkið hefur mjög mikil áhrif á þróun og stefnu Evrópusambandsins á formennskutímabili sínu, stýrir umræðu, hefur forgöngu um málamiðlun og skilgreinir forgangsverkefni.

Hlutverk fastafulltrúaráðsins, COREPER

Daglegur undirbúningur fyrir fundi ráðherraráðsins er í höndum fastafulltrúa ríkjanna, sendiherra í Brussel. Efnislegar afgreiðslur fara ekki fram á COREPER- fundum því að slíkar ákvarðanir eru einungis teknar af ráðherraráðinu. Hlutverk COREPER er hins vegar að undirbúa fundi ráðherraráðsins og er framlag þeirra mjög mikilvægt við undirbúning ákvörðunartökunnar. Oft ná fastafulltrúarnir pólitísku samkomulagi áður en mál er lagt fyrir ráðherraráðið og getur þá málið verið afgreitt þar án umræðu. Nefndin hefur hins vegar ekki, eins og áður greinir, formlegt ákvörðunarvald.

Í raun skiptist nefnd fastafulltrúa í tvær aðskildar nefndir sem hvor um sig hefur afmarkað starfssvið. Fastafulltrúar (sendiherrar) sitja í COREPER II og fjalla um pólitískt viðkvæm

mál og stefnumarkandi mál. COREPER I er skipað varafastafulltrúum eða staðgenglum sendiherra. Nefndirnar starfa hvor um sig sjálfstætt og COREPER I er því ekki undirnefnd COREPER II. Fyrir COREPER starfa síðan yfir 300 vinnunefndir og sérfræðingahópar sem eru þessum hátt settu embættismönnum til aðstoðar og fer mikil vinna fram í þessum nefndum. Í vinnuhópum er farið yfir tillögur framkvæmdastjórnarinnar sem tekur þátt í þessu starfi. Á þann hátt er reynt að tryggja að hagsmunavarsla einstakra ríkja sé tryggð en jafnframt er framkvæmdastjórninni ætlað að hafa heildaryfirsýn.

Ráðherraráðið er ein af grundvallarstofnunum Evrópusambandsins og kemur fram gagnvart þriðju ríkjum og alþjóðasamfélaginu sem ein heild. Þetta þýðir að mál eru rædd og afgreidd innbyrðis áður en viðræður eru hafnar við aðila utan Evrópusambandsins. Í slíkum tilvikum er það hlutverk formennskuríkisins að koma fram fyrir hönd ráðherraráðsins samkvæmt umboði hinna ríkjanna.

Ráðherraráðið setur lög og ber ábyrgð á gerð þjóðréttarsamninga. Flestar gerðir, sem ráðið samþykkir, eru bornar upp af framkvæmdastjórninni, þ.e. svokölluð afleidd lög. Í sumum tilvikum lætur ráðherraráðið framkvæmdastjórninni eftir að setja framkvæmdareglur á grundvelli ákvörðunar ráðherraráðsins.

Í tilteknum málaflokkum, sem teljast viðkvæmir, er áskilið samþykki allra aðildarríkjanna við töku ákvörðunar. Auk þess fara fram atkvæðagreiðslur annað hvort samkvæmt reglum um einfaldan meiri hluta þar sem sérhvert aðildarríki fer með eitt atkvæði eða þess er krafist að veginn meiri hluti ráði úrslitum. Við síðarnefnt fyrirkomulag fara ríkin með mismunandi fjölda atkvæða m.a. að teknu tilliti til fólksfjölda. Atkvæðamagn aðildarríkja við slíka atkvæðagreiðslu er eftirfarandi:

Bretland, Þýskaland, Ítalía, Frakkland hafa	10 atkvæði	hvert
Spánn hefur	8 atkvæði	
Belgía, Grikkland, Holland, og Portúgal hafa	5 atkvæði	hvert
Austurríki og Svíþjóð hafa	4 atkvæði	hvort
Danmörk, Írland og Finnland hafa	3 atkvæði	hvert og
Lúxemborg hefur	2 atkvæði	
Samtals	**87 atkvæði**	

Þrátt fyrir að heimild sé til að fara fram á atkvæðagreiðslu er í flestum tilvikum reynt að ná samhljóða samþykkt aðildarríkjanna. Í þeim tilvikum, sem veginn meiri hluta þarf til að samþykkja gerð, duga 26 atkvæði til að stöðva samþykkt í ráðinu. Aðildarríkin reyna hins vegar í lengstu lög að ná sátt um afgreiðslu og ýmsar reglur hafa verið mótaðar til að stuðla að því að samkomulag náist. Þekktasta dæmi um slíkt er vafalítið Lúxemborgarsamkomulagið frá árinu 1966 sem heimilar ríki að stöðva afgreiðslu máls ef grundvallarhagsmunir þess eru í húfi. Þetta samkomulag er ekki hluti Rómarsamningsins en því hefur verið beitt þótt dregið hafi úr vægi þess á undanförnum árum. Einnig er vert að hafa í huga annað fyrirkomulag, svokallað Ioannina-samkomulag frá 1994 sem áskilur að í þeim tilvikum, sem mál eru afgreidd með vegnum meiri hluta og 23–26 atkvæði eru á móti afgreiðslu, beri ráðherraráðinu að reyna, eftir því sem kostur er, að beita sér fyrir að samkomulag náist sem tryggi stuðning a.m.k. 64 atkvæða. Þetta samkomulag var gert að kröfu Breta sem óttuðust að völd sín gætu minnkað við síðustu stækkun ESB þegar EFTA-ríkin Austurríki, Finnland og Svíþjóð gerðust aðilar að ESB, því að þar með varð stöðvandi minnihluti 26 atkvæði en hann var 23 atkvæði áður.

Atkvæðagreiðslur í ráðherraráðinu frá janúar 1995 til janúar 1998

Eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti um atkvæðagreiðslur í ráðinu heyrir fremur til undantekninga að ríki verði undir við atkvæðagreiðslu. Algengara er að stærri ríki verði undir við atkvæðagreiðslu en þau smærri. Slíkt hefur hent Þýskaland 40 sinnum en Lúxemborg aðeins tvisvar á 3 ára tímabili.

Formlegar atkvæðagreiðslur eru fremur sjaldgæfar. Ríkin reyna eftir því sem kostur er að ná samkomulagi um öll mál. Sérhvert aðildarríki kann að þurfa á stuðningi annarra ríkja að halda síðar og stærri ríki þurfa oft á stuðningi þeirra smærri að halda enda eru hagsmunir þeirra að jafnaði fjölbreyttari en hjá smærri ríkjum.

Rétt er þó að hafa í huga varðandi eftirfarandi yfirlit að oft eru ekki greidd atkvæði þótt einstök ríki séu ósátt við samþykkt gerðarinnar sem til umræðu er. Ástæður kunna að vera af margvíslegum toga og ekki er víst að ríki vilji upplýsa sérstaklega að þau séu einangruð og einnig kann ríki að hafa látið af andstöðu sinni vegna samkomulags sem gæti t.d. tengst framgangi annarra mála.

Yfirlit yfir atkvæðagreiðslur í ráðherraráðinu janúar 1995 – janúar 1998

	Nei-atkvæði	**Hjáseta**	**Samtals**
Þýskaland	40	12	52
Bretland	27	14	41
Ítalía	22	8	30
Svíþjóð	20	2	22
Holland	16	3	19
Danmörk	15	3	18
Spánn	9	7	16
Grikkland	9	1	10
Portúgal	8	7	15
Austurríki	8	2	10
Frakkland	6	6	12
Belgía	7	4	11
Írland	7	2	9
Finnland	7	0	7
Lúxemborg	2	5	7

Eins og áður greinir er ráðherraráðið hin eiginlega lagasetningarstofnun ESB og kemur það reglulega saman eftir sérsviðum. Hér á eftir fer yfirlit yfir fjölda funda árið 1997 á ráðherrastigi:

	1997
Almenn mál / utanríkisráðherrar	15
Efnahags- og fjármálaráðherrar	10
Landbúnaðarráðherrar	11
Félags- og vinnumarkaðsmálaráðherrar	5
Umhverfisráðherrar	4
Samgönguráðherrar	4
Ráðherrar fjarskiptamála	3
Sjávarútvegsráðherrar	3
Orkumálaráðherrar	3

Ráðherrar með fyrirsvar fyrir innri markaðsmálum	3
Dóms- og innanríkismálaráðherrar	3
Iðnaðarráðherrar	2
Þróunarmálaráðherrar	2
Rannsóknarmálaráðherrar	2
Menntamálaráðherrar	2
Neytendamálaráðherrar	2
Menningarmálaráðherrar	2
Heilbrigðisráðherrar	2
Ferðamálaráðherrar	1
Æskulýðsmálaráðherrar	1
Sameiginlegur fundur fjármálaráðherra með félagsmálaráðherrum	1
Leiðtogafundir	2
Samtals	**83**

Litið er á störf ráðherraráðsins sem lagasetningarstarf og hefur til þessa ekki verið fallist á að önnur ríki geti fylgst þar með störfum. Ríkin kynna aðeins sína eigin hagsmuni en ekki ríkja sem standa utan ESB jafnvel þótt þau styðji slíkan málstað.[1] Það er talið eðlilegra að framkvæmdastjórnin beri upp slík mál en ekki einstök aðildarríki nema þau eigi beinna og brýnna hagsmuna að gæta. Framkvæmdastjórnin á víðtækari hagsmuni að verja en einstök aðildarríki. Rík áhersla er lögð á meðal aðildarríkjanna að ríki, sem standi utan ESB, geri sér grein fyrir því að þátttaka í ráðherraráðinu telst til forréttinda aðildarríkjanna.

Vissulega tíðkast samstarf milli einstakra ríkja, sbr. norrænt samstarf en ríkin koma ekki fram sem einn hópur. Myndun hópa við atkvæðagreiðslu er litin hornauga. Benelux-ríkin eiga reyndar með sér samstarf og gefa út stefnumarkandi yfirlýsingar en í venjulegu lagasetningarstarfi koma ríkin fram hvert og eitt með ólíka hagsmuni. Stundum er t.d. talið að Holland eigi meiri samleið með norrænu ríkjunum þremur en hinum Benelux-ríkjunum. Í mörgum málum eru viðhorf ólík og ráðast af landfræðilegri legu ríkjanna. Gildismat kann að vera breytilegt eftir því hvort íbúar eru kaþólskir eða lúterskir o.s.frv. Samráð stóru ríkjanna veldur stundum titringi og því verður ekki á móti mælt að í stærri stefnumarkandi málum ráðast mörg mál í viðræðum þeirra í milli en slíku samstarfi er almennt ekki fyrir að fara í venjulegu lagasetningarstarfi, við ákvarðanatöku um fiskveiðar, umhverfismál, holræsamál, leyfilegt hámark díoxíns í dýrafóðri o.s.frv. Í slíkum málum vinna ríkin oftast hvert í sínu lagi og gæta eigin hagsmuna.

Að meginreglu til gildir reglan um veginn meiri hluta við atkvæðagreiðslu um málefni sem falla undir EES-samninginn. Slíkar atkvæðagreiðslur geta leitt til þess að aðildarríki verða knúin til að fara eftir vilja meiri hlutans. Í upphafi voru það fyrst og fremst stærri ríki sem áttu erfitt með að sætta sig við þann möguleika að geta orðið undir við slíka atkvæðagreiðslu en nú orðið virðist lítill ágreiningur vera um slíkt fyrirkomulag.[2]

[1] Undantekningar frá þessu eru ríki og landsvæði sem áður heyrðu undir einstök aðildarríki, sbr. fyrrverandi nýlendur.

[2] Yfirþjóðlegt fyrirkomulag er ekki með öllu óþekkt í þjóðarétti. Öryggisráð SÞ getur t.d. tekið bindandi ákvarðanir, ekki aðeins fyrir öll aðildarríki öryggisráðsins heldur öll aðildarríki SÞ. Til að ályktun um efnahagsþvinganir, friðargæslu eða hernaðaríhlutun nái fram að ganga má ekkert þeirra fimm ríkja, sem eiga fast sæti í öryggisráðinu, nota neitunarvald sitt og ákvörðun þarf aðeins samþykki níu hinna fimmtán aðildarríkja öryggisráðsins. Einnig þekkjast dæmi um slíkt yfirþjóðlegt vald í sambandi við stríðsglæpadómstóla. Sjá

1.3. Leiðtogaráð ESB

Ekki var gert ráð fyrir beinu hlutverki þjóðarleiðtoga aðildarríkja ESB við gerð Rómarsamningsins en segja má að fyrirkomulag þessara funda hafi þróast smám saman, með tíð og tíma. Leiðtogaráðið hefur komið saman frá árinu 1975 og eru fundir haldnir a.m.k. tvisvar á ári en algengt er að halda til viðbótar sérstaka leiðtogafundi. Leiðtogaráðið leggur meginlínurnar vegna framtíðarþróunar ESB, sbr. t.d. stofnun efnahags- og myntbandalagsins, endurskoðun á Rómarsamningnum, stækkunarviðræður, ákvarðanir um ríkjaráðstefnur o.s.frv. Einnig getur ráðið leyst ágreining sem upp hefur komið í ráðherraráðinu og ekki hefur tekist að leysa þar. Leiðtogaráðið hefur frumkvæði að þróun mála á sviði utanríkis- og öryggismála en er formlega séð ekki lagasetningaraðili þó að það geti leyst pólitísk ágreiningsefni. Ef mál tengd lagasetningu eru rædd á þessum fundum er þeim að lokum vísað til endanlegrar afgreiðslu í ráðherraráðinu. Leiðtogaráðið hefur átt frumkvæði að fjölmörgum málum sem framkvæmdastjórnin hefur síðan þróað frekar. Í leiðtogaráðinu sitja yfirleitt forsætisráðherrar aðildarríkjanna en dæmi eru um að pólitískt kosnir forsetar sæki þessa fundi einnig.

1.4. Framkvæmdastjórnin

Framkvæmdastjórninni svipar að mörgu leyti til framkvæmdarvaldsins í aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórnin samanstendur af 20 fulltrúum, framkvæmdastjórum, og hefur hver þeirra afmarkað starfssvið. Stjórnin kemur venjulega saman vikulega og starfar sem einn hópur sem tekur sameiginlega allar ákvarðanir. Undir framkvæmdastjórum starfa misjafnlega stórar skrifstofur (*Directorate General*) en auk þess hefur sérhver framkvæmdastjóri sér til aðstoðar pólitíska skrifstofu sem yfirleitt hefur um 6–7 starfsmenn. Yfirleitt eru þessir starfsmenn landar viðkomandi framkvæmdastjóra en eftir fall Santer-stjórnarinnar hefur verið lögð meiri áhersla á að á þessum skrifstofum starfi einnig starfsmenn annarra aðildarríkja. Þessar pólitísku skrifstofur hafa náið samband og samráð sín í milli og miðla málum á milli einstakra framkvæmdastjórnarmanna og sjá til þess að skrifstofur, sem undir þær heyra, framfylgi áherslum framkvæmdastjórnarinnar. Annað viðfangsefni þessara pólitísku skrifstofa er að fylgjast með málum sem heyra undir aðra framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórnin starfar sem hópur og þurfa aðrir framkvæmdastjórar einnig að vera vel upplýstir um þróun mála á sviðum sem heyra ekki undir þá. Þess vegna er ekki óalgengt að sumir pólitískir aðstoðarmenn framkvæmdastjóra hafi sérþekkingu á fagsviðum sem heyra undir annan framkvæmdastjóra. Oftast er þá um að ræða fagsvið sem varðar heimaland viðkomandi framkvæmdastjóra miklu.

Skrifstofustjórar þessara pólitísku skrifstofa („*chef de cabinet*") eru venjulega samlandar viðkomandi framkvæmdastjóra og hafa mikil áhrif innan framkvæmdastjórnarinnar. Þeir undirbúa vikulega fundi framkvæmdastjórnarinnar og afgreiða sín í milli mál sem enginn eða lítill ágreiningur er um.

Framkvæmdastjórnin starfar sem einn hópur (stjórnarráð) og eru tillögur kynntar í nafni allrar framkvæmdastjórnarinnar en ekki í nafni einstakra framkvæmdastjóra. Mál er unnt að afgreiða með atkvæðagreiðslu en reynt er að forðast slíkt eins og kostur er. Framkvæmdastjórum ber að vera hlutlausir í störfum sínum og er óheimilt að taka við fyrirmælum frá heimalandi sínu. Viðurkennt er þó í framkvæmd að sérhver framkvæmdastjóri sé mótaður, a.m.k. að einhverju leyti, af aðstæðum heima fyrir. Fræðilega séð ber þeim að taka fyrst og

---

einnig nánar önnur dæmi í Stjórnskipunarrétti Gunnars G. Schram, bls. 387, þar sem hann nefnir m.a. lög nr. 110/1951, um varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna.

fremst tillit til hagsmuna heildarinnar. Framkvæmdastjórar eru hins vegar yfirleitt fyrrverandi stjórnmálamenn eða hátt settir embættismenn og reynist oft erfitt að slíta tengslin við heimaríkið. Auk þess eiga þeir oft mikið undir heimaríkinu, t.d. ef þeir óska endurtilnefningar að loknu fyrra fimm ára starfstímabili sínu eða æskja stöðu eða annarrar fyrirgreiðslu í heimaríkinu að starfstímabilinu loknu. Dæmi eru um að framkvæmdastjórar hafi ekki verið tilnefndir að loknu fyrra tímabili þar sem þeir hafi þótt slakir í hagsmunavörslu heimaríkis síns.[1] Líklegt er því að sérhver framkvæmdastjóri gangi vissan línudans í störfum sínum og taki tillit til þjóðarhagsmuna sinna en hafi jafnframt heildarhagsmuni í huga.

Mikil pólitísk átök eru á bak við tjöldin við val á verkefnum fyrir einstaka framkvæmdastjóra og hafa stóru ríkin fimm lagt ríka áherslu á að þeim beri a.m.k. einn framkvæmdastjóri sem gegni mikilvægu hlutverki. Mikilvægi í þessu sem öðru er að sjálfsögðu afstætt. Norðmenn lögðu til að mynda á sínum tíma afar ríka áherslu á að fá framkvæmdastjóra með fyrirsvar í sjávarútvegsmálum og var það auðfengið enda þóttu flest önnur svið áhugaverðari meðal hinna aðildarríkjanna.

Forseta framkvæmdastjórnarinnar voru með Amsterdamsamningnum fengin meiri áhrif við val á framkvæmdastjórnarmönnum en hann mun væntanlega hafa náið samráð við aðildarríkin í þeim efnum.

Starfslið framkvæmdastjórnarinnar

Á vegum Evrópusambandsins starfa samtals um 28 þúsund manns og langflestir þeirra, eða um 20 þúsund, starfa fyrir framkvæmdastjórnina. Þessi tala er þó mun lægri en fjöldi opinberra starfsmanna í mörgum aðildarríkjanna og reyndar lægri en fjöldi opinberra starfsmanna í mörgum stærri borgum Evrópu. Af þessum 20 þúsund starfsmönnum starfa 14 þúsund við stjórnsýslustörf, þar af 4000 við almenna stefnumörkun, 1900 vinna við túlkun og þýðingar og 3600 við rannsóknar- og tækniþróunarstarfsemi.

Fast starfslið er ráðið á grundvelli hæfnisprófa en reynt er að ná jafnvægi milli þjóða við ráðningar og einnig við stöðuhækkanir. Evrópudómstóll á fyrsta dómstigi (*CFI*), sem jafnframt er starfsmannadómstóll, hefur sett skorður við ráðningar og stöðuhækkunum sem ekki eiga sér stoð í verðleikum viðkomandi starfsmanna.[2]

Framkvæmdarvaldsathafnir

Framkvæmdastjórnin hefur víðtæku hlutverki að gegna sem framkvæmdaaðili ESB og við stjórnun, eftirlit og framkvæmd á stefnu ESB. Oft er framkvæmdastjórninni með réttu líkt við framkvæmdarvald í aðildarríkjunum en völd hennar eru þó ólík á mörgum sviðum. Að meginreglu til gegnir framkvæmdastjórnin hins vegar meira hlutverki við eftirlit með framkvæmd og samræmingu á aðgerðum en hún gerir við raunverulega framkvæmd aðgerða sem er í höndum aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin hefur svigrúm, á svipaðan hátt og framkvæmdarvald aðildarríkjanna, til að sjá um tæknilega útfærslu á lögum sem ráðherraráðið hefur sett. Í flestum tilvikum er um að ræða smávægilegar tæknilegar útfærslur. Stærsti hluti slíkrar löggjafar framkvæmda-

[1] Frú Thatcher, forsætisráðherra Bretlands, neitaði að tilnefna Cockfield lávarð aftur í framkvæmdastjórnina 1989 þar sem hann þótti orðinn of mikill Evrópusinni.

[2] Aðildarríkin reyna að koma starfsmönnum fyrir á þeim sviðum þar sem hagsmunir þeirra eru mestir. Árið 1993 ógilti CFI ráðningar á Ítala og Spánverja í skrifstofustjórastöður í DG XIV, sem fer með fiskveiðar, þar sem þeir fengu stöðurnar á grundvelli þjóðarkvóta en ekki vegna eigin verðleika.

stjórnarinnar varðar reglugerðir, t.d. um verð og markaðsstuðning samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni eða önnur álíka efni. Á árinu 1998 gaf framkvæmdastjórnin út 1334 gerðir, þar af voru 737 reglugerðir, 537 ákvarðanir og 44 tilskipanir. Flestar eru af þeim tæknilega toga sem greint er frá hér að ofan. Framkvæmdastjórnin hefur þó víðtækari völd til lagasetningar, einkum á þremur sviðum. Í fyrsta lagi á vissum sviðum sem heyra undir Kol- og stálbandalagið og í öðru lagi hefur framkvæmdastjórnin talsverð völd til að taka ákvarðanir sem hafa þann tilgang að vernda markaði Evrópusambandsins á ytri landamærum, t.d. þegar þriðju ríki niðurgreiða útflutning sinn. Í þriðja lagi hefur framkvæmdastjórnin svigrúm til að setja reglur á samkeppnissviðinu.

Ábyrgð og völd framkvæmdastjórnarinnar

Stefnumörkun og tillöguréttur

Framkvæmdastjórnin gegnir veigamiklu hlutverki við mótun stefnu Evrópusambandsins en því hlutverki eru settar skorður.[1] Auk þess gegnir ráðherraráðið og Evrópuþingið mjög mikilvægu hlutverki varðandi stefnumörkun og þarf framkvæmdastjórnin oft að bregðast við beiðnum þeirra og ákvörðunum um aðgerðir. Náið samspil er á milli framkvæmdastjórnarinnar og leiðtogaráðsins og eru mikilvægari stefnumarkanir framkvæmdastjórnarinnar venjulega kynntar fyrir leiðtogaráðinu sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Í þessu sambandi er þess þó að geta að völd Evrópuþingsins hafa aukist verulega eftir Amsterdamsamninginn, aðallega á kostnað framkvæmdastjórnarinnar og ráðherraráðsins.

Völd framkvæmdastjórnarinnar eru m.a. fólgin í því að hún hefur frumkvæðisrétt að afleiddum gerðum.[2] Framkvæmdastjórnin hefur ein og sér frumkvæðisréttinn að því að kynna drög að nýjum lögum undir fyrstu stoðinni en aðildarríkin halda slíkum rétti í sumum tilvikum ásamt framkvæmdastjórninni undir annarri og þriðju stoð. Það dregur þó úr þessum völdum framkvæmdastjórnarinnar að bæði ráðherraráðið og Evrópuþingið geta beðið fram-

[1] Þegar framkvæmdastjórnin íhugar að koma með tillögur að nýjum gerðum eða breytingar á gerðum á mikilvægum sviðum leggur hún oft fram svokallaðar grænbækur. Árið 1996 lagði framkvæmdastjórnin fram 15 slíkar grænbækur. Grænbók er stefnumarkandi skjal um ákveðið afmarkað málefni. Hvítbækur eru stundum einnig lagðar fram og eru algengari ef um mjög mikilvæg mál og umfangsmeiri er að ræða. Þær hafa einnig að geyma nánari útfærslu á tillögum og aðgerðum. Hvítbókin um innri markaðinn er vafalítið meðal þekktari hvítbóka sem Evrópusambandið hefur gefið út. Einnig eru í vaxandi mæli dæmi um útgáfu svokallaðra orðsendinga, sem svipar til hvítbóka.

[2] Evrópurétturinn nær yfir svokallaðan forgangsrétt sem tekur til stofnskrár Evrópubandalaganna og breytingar á þeim. Hins vegar eru svokölluð afleidd lög, þ.e. lög sem byggjast á ákvæðum stofnskránna, t.d. Rómarsamningnum.

- Mikilvægust af afleiddum lögum eru reglugerðir sem eru bindandi og hafa gildi samkvæmt orðanna hljóðan, þ.e. aðildarríki hafa ekki svigrúm til að ákveða með hvaða hætti reglugerðir koma til framkvæmdar.
- Tilskipanir eru algengari og þær eru einnig bindandi en gefa stjórnvöldum svigrúm til að ákveða með hvaða hætti þeim skal komið til framkvæmda í landsrétti aðildarríkjanna. Eðli máls samkvæmt eiga þær fremur að vera stefnumarkandi. Svigrúm stjórnvalda er þó stundum minna en ætla mætti því að sumar gerðir eru svo nákvæmlega orðaðar að svigrúm kann að vera lítið.
- Ákvarðanir eru bindandi gagnvart þeim sem þær beinast að. Ákvörðunum kann að vera beint gegn bæði einstaklingum og fyrirtækjum, öfugt við tilskipanir sem beinast eingöngu að stjórnvöldum.
- Tilmæli, ábendingar og álit eru ekki bindandi.

kvæmdastjórnina um að leggja fram tillögu að lögum og verður hún yfirleitt við slíkum beiðnum.[1]

Við mótun tillagna leitar framkvæmdastjórnin yfirleitt að utanaðkomandi ráðgjöf hjá sérfræðingum og nefndum sem hún tilnefnir sér til aðstoðar. Mikilvægt er að gera greinarmun á nefndum sem starfa fyrir framkvæmdastjórnina annars vegar og nefndum sem starfa fyrir ráðherraráðið hins vegar. Litið er á nefndir, sem starfa fyrir framkvæmdastjórnina að mótun laga, meira sem tæknilega ráðgjafa. Fulltrúum ber að starfa fremur sem sérfræðingar en sem fulltrúar þjóða sinna eins og tíðkast í ráðherraráðinu. Þrátt fyrir þennan fræðilega greinarmun, þ.e. að sérfræðinganefndir á vegum framkvæmdastjórnarinnar séu fyrst og fremst tæknilegar en að í vinnunefndum ráðherraráðsins fari fram pólitísk hagsmunavarsla, er víst að þessi munur er í framkvæmd ekki alltaf jafn skýr. Þessir sérfræðingar starfa yfirleitt í stjórnsýslu sinna ríkja og hafa að jafnaði góða tilfinningu fyrir hagsmunum síns ríkis. Þó að opinber afstaða viðkomandi ríkis mótist og birtist síðar er líklegt að svipuðum línum verði fylgt þegar hið raunverulega löggjafarstarf fer fram í ráðherraráðinu og í Evrópuþinginu.

Áhrif framkvæmdastjórnarinnar í lagasetningarferlinu eru mikil, sérstaklega í upphafi þegar drög að tillögu er gerð, en minnkar hins vegar þegar hin raunverulega löggjafarstarfsemi fer fram í ráðherraráðinu og á Evrópuþinginu. Tillögur taka venjulega miklum breytingum eftir að löggjafinn hafa tekið þær til meðferðar, sérstaklega ef um mikilvæg mál er að ræða. Þær stofnanir sem koma að lagasetningu, þ.e. ráðherraráðið og Evrópuþingið þurfa þó að vinna með framkvæmdastjórninni eftir að tillaga hefur verið lögð fram og erfitt getur verið að gera breytingar sem framkvæmdastjórnin er algjörlega mótfallin. Áhrif framkvæmdastjórnarinnar eru því töluverð allt löggjafarferlið.

Fulltrúi ESB gagnvart þriðju aðilum

Framkvæmdastjórnin gegnir lykilhlutverki í utanríkismálum ESB. Hún tekur þátt í fjölmörgum stofnunum, rekur sendiskrifstofur í um 100 ríkjum og kemur fram gagnvart löndum sem hafa samninga við Evrópusambandið. Framkvæmdastjórnin er t.d. meginviðsemjandi EFTA-ríkjanna. Þá kemur framkvæmdastjórnin fram gagnvart þriðju ríkjum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (*WTO*) og gerir viðskiptasamninga við önnur ríki. Framkvæmdastjórnin hefur stöðuumboð til að afgreiða minni háttar mál í samskiptum við þriðju ríki en þarf að leita eftir umboði ráðherraráðsins ef um veigamikil mál er að ræða og reynist þá oft ósveigjanlegri í samningaviðræðum þar sem hún er bundin af umboði aðildarríkjanna, sem hafa oft að geyma ósveigjanlegar ítrustu kröfur einstakra aðildarríkja.

Sáttahlutverk

Framkvæmdastjórnin gegnir mikilvægu sáttahlutverki milli aðildarríkjanna og reynir að finna samkomulag sem öll aðildarríkin geta sætt sig við. Þetta hlutverk er mikilvægt enda er litið svo á að framkvæmdastjórnin eigi að vera hlutlaus aðili ef ágreiningur kemur upp. Þá

[1] Þrátt fyrir að framkvæmdastjórnin hafi frumkvæðisréttinn innan ESB á, samkvæmt handbók sem útgefin er af Statskonsult í Noregi, Håndbog i EÖS-arbeid, bls. 43, aðeins lítill hluti í raun rætur að rekja beint til hennar. Samkvæmt rannsókn, sem gerð var fyrir leiðtogaráðið árið 1991, áttu 28% af tilskipunum rætur að rekja til þjóðréttarsamninga ESB, 15% fólu í sér breytingar á reglum ESB, 14% voru upphaflega tillögur aðildarríkjanna, 13% framkvæmd á rannsóknar- og þróunarverkefnum, 8% stjórnun á landbúnaðar- og byggðastefnunni og aðeins 6% tilskipana voru tilkomin vegna beins frumkvæðis frá framkvæmdastjórninni. Þessi hlutföll breyta því þó ekki að framkvæmdastjórnin tekur sjálf ákvörðun um að bregðast við óskum um aðgerðir.

hefur framkvæmdastjórnin oft góða innsýn í afstöðu aðildarríkjanna í löggjafarferlinu, sérstaklega ef undirbúningsvinna á hennar vegum hefur verið vönduð.

Hlutverk reglugerðanefnda í sambandi við framkvæmdarvaldsathafnir

Framkvæmdastjórnin gegnir, eins og áður greinir, veigamiklu hlutverki sem framkvæmdaaðili ESB. Gert er ráð fyrir slíku hlutverki í Rómarsamningnum en á mjög veigamiklum sviðum setur framkvæmdastjórnin framkvæmdareglur á grundvelli heimilda sem ráðherraráðið hefur veitt henni.

Yfirleitt eru þessar reglur tæknilegs eðlis en á ýmsum sviðum orkar tvímælis hvort um raunverulega lagasetningu er að ræða. Þessar heimildir framkvæmdastjórnarinnar til að setja reglur eru oft gagnrýndar sérstaklega af þeim sem telja að of mikil völd framkvæmdastjórnarinnar grafi undan áhrifum þjóðríkjanna. Skilin milli þess sem telst hefðbundin lagasetning og þess að setja framkvæmdareglur eru oft óljós. Sumum þykir því að ýmsar reglur, sem framkvæmdastjórnin setur á slíkum grundvelli, séu í raun lagasetning. Svipar þessari umræðu að miklu leyti til samsvarandi umræðu um framsal valds þjóðþinga til framkvæmdarvaldsins í þjóðríkjum. Ráðherraráðið hefur þó spornað gegn þessari þróun með því að skipa nefndir með fulltrúum aðildarríkjanna sem gegna misjafnlega mikilvægu hlutverki eftir málaflokkum. Rétt er að gera greinarmun á þessum nefndum annars vegar sem hafa hlutverki að gegna við mótun framkvæmdareglna og þeim nefndum sem vísað var til hér að framan sem aðstoða framkvæmdastjórnina við gerð tillagna að lögum. Framkvæmdanefndirnar eru einkum þrenns konar, þ.e. ráðgjafarnefndir, stjórnunarnefndir og reglusetningarnefndir. Auk þess gildir sérfyrirkomulag þegar um öryggisráðstafanir (*safeguard measures*) er að ræða. Í þeim tilvikum eru ekki tilnefndar sérstakar nefndir en ráðherraráðið getur breytt eða fellt úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

Ráðgjafarnefndir (*consultative committees*) innan framkvæmdastjórnarinnar hafa minnst áhrif því að samkvæmt þeirri málsmeðferð fer fram atkvæðagreiðsla og er framkvæmdastjórninni í sjálfsvald sett að hve miklu leyti hún kýs að taka tillit til afstöðu nefndarinnar. Almennt mun hún þó taka ítrasta tillit til sjónarmiða aðildarríkja í nefndinni.

Stjórnunarnefndir (*management committees*) geta hins vegar stöðvað framgang tillögu ef veginn meiri hluti er því fylgjandi. Ef veginn meiri hluti er mótfallinn tillögu getur framkvæmdastjórnin frestað framkvæmd tillögu sinnar í einn til þrjá mánuði. Á þessu tímabili getur ráðið breytt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ef veginn meiri hluti ráðsins er því samþykkur. Algengt er að tillögur um framkvæmd sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar svo sem varðandi lágmarksverð o.fl., séu ræddar í stjórnunarnefndum.

Reglusetningarnefndir (*regulatory committees*) innan framkvæmdastjórnarinnar hafa enn þá meiri völd því að ef framkvæmdastjórnin hefur ekki stuðning vegins meiri hluta í þessum nefndum eða ef engin ákvörðun er tekin er málinu vísað til ráðsins til pólitískrar meðferðar. Ráðherraráðið getur þá innan þriggja mánaða tekið ákvörðun á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar en þarf veginn meiri hluta til að hún hljóti samþykki. Algengt er að samræming ýmiss konar sé rædd í reglusetningarnefnd, sbr. t.d. fastanefnd um matvæli eða nefnd um betri upplýsingar um öryggi á vinnustöðum.

Áhrif þessara nefnda eru stöðugt til umræðu. Evrópuþingið hefur fengið mikil áhrif við lagasetningu og er ósátt við hversu mikil völd hafa verið framseld til þessara nefnda. Þau rök hafa verið fram færð að nefndirnar séu oft og tíðum farnar að setja framkvæmdareglur sem eru í raun lagasetning og því megi halda því fram að verið sé að komast undan þátttöku þingsins við lagasetningu. Framkvæmdastjórnin er einnig oft ósátt við of mikil áhrif aðildarríkjanna og hversu algengt sé að ráðið áskilji í gerðum sínum að eftirlit skuli fremur vera í

höndum stjórnunar- og reglusetningarnefnda þar sem áhrif aðildarríkjanna eru meiri en þegar um er að ræða ráðgjafarnefndir.

Ráðherraráðið ákveður í flestum tilvikum hvaða nefndarfyrirkomulag skuli notað og flest sem mikill ágreiningur er um er vísað til ráðherraráðsins.

Vörður laganna – Eftirlitsstofnun ESB

Framkvæmdastjórnin fylgist ásamt Evrópudómstólnum með því hvort reglur Evrópusambandsins séu virtar. Þetta hlutverk er erfitt enda eru aðildarríkin lítt gefin fyrir að auglýsa að þau framfylgi ekki settum reglum. Auk þess á framkvæmdastjórnin mikið undir nánu samstarfi við aðildarríkin í ráðherraráðinu við stefnumörkum, lagasetningu og við samþykkt fjárlaga. Hún þarf því að dansa ákveðinn línudans, gera sér grein fyrir pólitískum vandkvæðum en jafnframt sjá til þess að leikreglur séu virtar. Það er ekki alltaf hagsmunum ESB fyrir bestu að framkvæmdastjórnin beiti sínum ítrustu úrræðum og því er oftast nær reynt í lengstu lög að leysa mál með friðsamlegum hætti.

Framkvæmdastjórnin sendir árlega frá sér um 1000 formlegar aðfinnslur en flest mál eru leyst áður en hún gefur út rökstutt álit sem eru um 300 á ári. Rökstutt álit er undanfari dómsmáls en reynt er að ná sáttum áður en það gerist og aðeins 50–100 málum er vísað af framkvæmdastjórninni til dómstólsins á ári hverju.

Framkvæmdastjórnin fékk með Maastricht-samningnum heimild til að biðja dómstólinn um að beita fjársektum ef aðildarríki framfylgja ekki reglum ESB. Hún hefur einnig heimild til að grípa til aðgerða gegn fyrirtækjum ef þau fara ekki að reglum ESB en litið er á þennan valkost fremur sem neyðarúrræði. Reynt er í lengstu lög að forðast að biðja fyrirtæki um að laga háttsemi sína að leikreglum ESB. Framkvæmdastjórnin getur krafist þess að ólögmætir ríkisstyrkir verði endurgreiddir og hefur víðtæk völd þegar um samruna fyrirtækja er að ræða ef litið er svo á að slíkur samruni geti skapað hinu nýja fyrirtæki yfirburða markaðsstöðu. Í hnotskurn gætir framkvæmdastjórnin þess að ríki setji reglur á grundvelli gerða ESB og fylgist síðan með því að reglunum sé framfylgt.

1.5. Evrópuþingið

Inngangur

Áhrif þingsins voru í upphafi lítil en hafa farið stigvaxandi. Fyrsta vísi að störfum Evrópuþings ESB má rekja til ársins 1952 þegar þingmenn kjörnir af þjóðþingum aðildarríkja Kol- og stálbandalagsins mynduðu þing bandalagsins. Með Rómarsamningnum 1958 var ákveðið að þingið starfaði á vegum þriggja bandalaga Evrópu, þ.e. Kol- og stálbandalagsins, Kjarnorkubandalags Evrópu og Efnahagsbandalags Evrópu, þrátt fyrir að þessi bandalög hafi verið byggð á þremur samningum með tilheyrandi óháðum stofnunum. Frá árinu 1978 hafa þingmenn verið kjörnir í beinni kosningu í aðildarríkjunum.

Í þinginu sitja 626 þingmenn frá öllum aðildarríkjunum. Samkvæmt breytingum, sem gerðar voru á Rómarsamningnum í Amsterdam árið 1997, hefur þak verið sett á fjölda þingmanna og er nú miðað við 700 þingmenn. Talið er líklegt að við næstu stækkun ESB nái fjöldi þingmanna því hámarki. Þingmenn starfa ekki í landahópum heldur í stjórnmálahópum sem eru eftirfarandi:

		Fulltrúar
PES	Evrópskir sósíalistar	180
EPP	Hægri menn/kristilegir	233
ELDR	Frjálslyndir	51
UEN	Evrópskir sambandssinnar	30
ALE	Græningjar	48
GUE/NGL	Vinstri norrænir grænir	42
NI	Óháðir	8
EDD	Hópur fyrir fjölbreytni og lýðræði	16
TDI	Sjálfstæðir þingmenn/blandaður hópur	18
Samtals		**626**

Fjöldi þingmanna eftir löndum:

	Þingmenn		**Þingmenn**
Austurríki	21	Írland	15
Belgía	25	Ítalía	87
Bretland	87	Lúxemborg	6
Danmörk	16	Portúgal	25
Finnland	16	Spánn	64
Frakkland	87	Svíþjóð	22
Grikkland	25	Þýskaland	99
Holland	31		

Helstu viðfangsefni þingsins eru eftirfarandi:

Eftirlitshlutverk

Evrópuþinginu er ætlað að veita stofnunum ESB lýðræðislegt eftirlit. Á þessu sviði sem öðrum hafa völd þingsins farið vaxandi. Upphaflega var aðeins gert ráð fyrir að þingið hefði þessu eftirlitshlutverki að gegna gagnvart framkvæmdastjórninni en valdsvið þess nær nú einnig yfir störf ráðherraráðsins og leiðtogaráðsins þó að úrræði þingsins gagnvart framkvæmdastjórninni séu mun meiri en gagnvart síðarnefndu stofnununum.

Fulltrúar ráðherraráðsins eru undir eftirliti þjóðþinga sinna en stofnanafyrirkomulag ESB hefur verið byggt þannig upp að framkvæmdastjórnin er óháð fyrirmælum frá fulltrúum aðildarríkjanna. Nauðsynlegt hefur hins vegar þótt að láta framkvæmdastjórnina sæta lýðræðislegu eftirliti án þess þó að skerða sjálfstæði hennar gagnvart aðildarríkjunum. Aukin völd Evrópuþingsins ber m.a. að túlka í ljósi slíkra sjónarmiða.

Þingið getur samþykkt vantraust á framkvæmdastjórnina og ef slík tillaga er samþykkt verður framkvæmdastjórnin að segja af sér í einu lagi því að ekki er mögulegt að samþykkja vantraust á einstaka framkvæmdastjóra. Þingið hefur fram að þessu ekki beitt þessu úrræði og fram til dagsins í dag hefur það aldrei samþykkt vantraust. Það komst næst því 14. janúar 1999 þegar 232 þingmenn samþykktu að Santer-framkvæmdastjórnin viki vegna ásakana um spillingu en 293 þingmenn voru hins vegar því andvígir. Þingið setti í kjölfarið á fót rannsóknarnefnd fimm sjálfstæðra sérfræðinga til að gera úttekt á störfum framkvæmdastjórnarinnar og reyndist skýrsla hennar um störf framkvæmdastjórnarinnar afar neikvæð og sagði framkvæmdastjórnin af sér áður en vantraust var borið upp að nýju enda þótti líklegt að tillaga um vantraust yrði samþykkt.

Þingið hafði þar með sýnt framkvæmdastjórninni klærnar en fram til þessa hafði þingið fremur haft tilhneigingu til samstarfs með framkvæmdastjórninni. Þessi auknu völd þingsins hafa leitt til þess að framkvæmdastjórnin hefur enn þá meiri hag af nánara samstarfi við þingið en áður. Auk þess hefur þingið nú stærra hlutverki að gegna við val á framkvæmdastjórum.

Eftirlitshlutverk þingsins felst einnig í fyrirspurnum til framkvæmdastjórnarinnar sem ber skylda til að svara þeim. Samsvarandi kvöð er ekki lögð á ráðherraráðið en það svarar samt sem áður slíkum fyrirspurnum. Í reynd er eftirlitið gagnvart framkvæmdastjórninni mun virkara en gagnvart ráðinu, sem ræðst m.a. af því að framkvæmdastjórnin kemur á skýrari hátt fram sem ein heild sem ber sameiginlega ábyrgð gagnvart einstökum málaflokkum.

Formennskuríkið kynnir þinginu verkefnaáætlun sína í upphafi formennskutímabilsins og gefur skýrslu til þingsins í lok tímabilsins. Þá ber framkvæmdastjórninni að kynna ársskýrslu um störf sín á liðnu ári og að því loknu fer fram almenn umræða um skýrsluna í þinginu. Auk þess ber forseta framkvæmdastjórnarinnar í október ár hvert að kynna fyrir þinginu væntanlegar lagatillögur og skjöl sem lögð verða fyrir þingið og ráðið á komandi tólf mánuðum, ásamt tilvísun í lagagrundvöll. Einnig gefur forseti leiðtogaráðsins þinginu skýrslu á sex mánaða fresti auk þess sem það leggur fram ársskýrslu um Evrópusamrunann.

Þar sem ákvæði Rómarsamningsins áskilja mismikið samráð við þingið kann að vera freistandi, ef þörf er fyrir snöggar aðgerðir, að samþykkja gerð á grundvelli lagagreinar sem áskilur minna samráð við þingið. Í slíkum tilvikum getur þingið fengið gerð ógilda fyrir Evrópudómstólnum.[1]

Einstaklingar og lögpersónur í aðildarríkjum ESB geta borið upp kvörtun (*petition*) við þingið ef þeir telja aðgerðir ESB hafa haft beinar neikvæðar afleiðingar fyrir þá. Þessi leið hefur verið farin í vaxandi mæli og frá árinu 1987 hefur ein þingnefnd það hlutverk að afgreiða slíkar kvartanir. Þar að auki hefur þingið stofnað til embættis umboðsmanns sem getur tekið við kvörtunum eða hafið rannsókn að eigin frumkvæði. Umboðsmaður gerir þinginu grein fyrir störfum sínum m.a. með ársskýrslu sem lögð er fyrir þingið.

Hlutverk við afgreiðslu fjárlaga

Evrópuþingið hefur lykilhlutverki að gegna við eftirlit með því hvernig fjármunum ESB er varið og fjárlög verða ekki samþykkt fyrr en með undirskrift forseta Evrópuþingsins.

Eftir að Evrópubandalagið öðlaðist sjálfstæða tekjustofna árið 1970 hefur eftirlitshlutverk þess aukist. Þingið gegnir nú lykilhlutverki við afgreiðslu fjárlaga ESB. Gerður er greinarmunur annars vegar á milli lögbundinna útgjalda, þ.e. útgjalda sem eru nauðsynleg vegna skuldbindinga ESB samkvæmt Rómarsamningnum og gerðum ESB, sem er tæplega helmingur útgjalda ESB, og hins vegar ólögbundinna útgjalda sem eru rúmlega helmingur útgjaldanna. Hlutverk þingsins er mun meira í sambandi við ólögbundin útgjöld en lögbundin. Samþykkt fjárlaga felur í sér flókið ferli sem krefst samvinnu milli framkvæmdastjórnar, sem leggur fram fjárlagatillögu, og síðan ráðherraráðsins og þingsins. Í hnotskurn má segja að þingið hafi meiri völd við afgreiðslu ólögbundinna útgjalda en að ráðherraráðið ráði meira ferðinni þegar um lögbundin útgjöld er að ræða.

Hlutverk við lagasetningu

Þingið hefur jafnt og þétt öðlast meiri völd við lagasetningu frá því að vera einungis ráðgefandi aðili á skilgreindum sviðum yfir í að vera virkur þátttakandi í löggjafarferlinu. Frá

[1] Chernobyl-málið C-70/88.

samþykkt einingarlaganna árið 1987 (*Single European Act*) hefur eitt meginstef ríkjaráðstefna ESB verið að efla hlutverk þingsins í löggjafarferlinu. Ráðherraráðið gegnir veigamestu hlutverki við lagasetningu innan ESB og gerðir eru samþykktar í ráðherraráðinu. Hlutverk þingsins er þó nú orðið afgerandi á fjölmörgum sviðum og í vaxandi mæli getur þingið stöðvað framgang mála í ákvarðanatökuferlinu, sérstaklega eftir Amsterdamsamninginn. Við afgreiðslu gerða er stuðst við flóknar málsmeðferðarreglur m.t.t. þess lagagrundvallar sem viðkomandi gerð byggist á. Þessar reglur eru eftirfarandi:

Skylda til samráðs

Ráðinu ber skylda til á fjölmörgum sviðum að hafa samráð við þingið áður en frumvörp eru samþykkt. Slíkt samráð er áskilið í sambandi við frumvörp á sviði fiskveiða og landbúnaðar, óbeinna skatta, innflytjendamála, breytinga á Rómarsamningnum og á sviði samkeppnismála.

Í þeim tilvikum, sem ráðherraráðinu er skylt að hafa samráð við þingið, getur ákvörðun verið ógild ef slíkt er ekki gert.[1] Í sumum tilvikum hefur þingið haldið því fram að pólitískt samkomulag hafi náðst áður en samráð var haft við þingið. Evrópudómstóllinn hefur sýnt að hann mun fara varlega í að ógilda gerð á þessum grundvelli þó að samkomulag hafi náðst í vinnuhóp áður en samráð var haft við þingið svo fremi sem ákvörðun hafi ekki formlega verið tekin í ráðinu sjálfu.[2]

Samvinnuferlið

Samvinnuferlið milli Evrópuþingsins og ráðherraráðsins var kynnt með einingarlögunum árið 1987 og jók áhrif þingsins við lagasetningu frá því sem áður var í samráðsferlinu. Í samráðsferlinu er einungis einu sinni leitað álits þingsins áður en mál er afgreitt en samkvæmt samvinnuferlinu er slíkt samráð haft tvisvar. Upphaflega kynnir framkvæmdastjórnin tillögu sína þinginu og að því loknu getur hún ákveðið að taka athugasemdir til greina eða ekki. Ef tillaga þingsins er ekki tekin til greina í fyrstu umferð á þingið möguleika á því að stöðva framgang málsins í síðari umferð samvinnuferlisins. Í framkvæmd er því rík tilhneiging hjá framkvæmdastjórninni til að taka tillit til tillagna þingsins strax í fyrri umferð ferlisins.

Að lokinni fyrri umferð samvinnuferlisins er tillaga framkvæmdastjórnarinnar lögð fyrir ráðherraráðið sem kemur fram með sameiginlegt álit ásamt rökstuðningi niðurstöðunnar, sem sent er þinginu. Þar með hefst önnur umferð samvinnuferlisins sem getur lokið með því að þingið aðhafist ekkert frekar og að loknum þremur mánuðum tekur ráðherraráðið ákvörðun í samræmi við sameiginlegt álit sitt. Þingið getur einnig hafnað áliti ráðherraráðsins ef það er samþykkt með auknum meiri hluta atkvæða (314 atkvæði). Undir slíkum kringumstæðum getur ráðherraráðið samt sem áður samþykkt tillögu á grundvelli sameiginlegs álits að því tilskildu að öll aðildarríki ráðherraráðsins séu því sammála. Ef ágreiningur er í ráðherraráðinu undir slíkum kringumstæðum nær tillagan ekki fram að ganga.

Ef þingið kýs að breyta áliti ráðherraráðsins í stað þess að hafna því er slík tillaga send aftur til framkvæmdastjórnarinnar sem tekur tillögur þingsins til umfjöllunar. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að breyta tillögunni og taka tillit til athugasemda þingsins getur ráðið samþykkt slíka tillögu með vegnum meiri hluta atkvæða. Ráðið getur einnig ákveðið að fallast á breytingartillögu þingsins þó að sú tillaga hafi ekki hlotið náð fyrir augum fram-

[1] Sjá Roquette Fréves gegn ráðherraráðinu 138/79 (1980).

[2] Tacj-málið, European Parliament gegn ráðherraráðinu C-417/93 (1995).

kvæmdastjórnarinnar en þá þarf samhljóða samþykki allra aðildarríkja ráðsins. Á meðan framangreint ferli stendur yfir hefur þingið annað vopn sem felst í því að draga afgreiðslu mála á langinn. Í framkvæmd er því tekið verulegt tillit til vilja þingsins við afgreiðslu mála sem afgreidd eru samkvæmt samvinnuferlinu.

Samákvörðunarferlið

Flest þeirra mála, sem áður voru afgreidd samkvæmt samvinnuferlinu, eru nú afgreidd samkvæmt samákvörðunarferlinu sem felur í sér enn þá meiri völd fyrir þingið. Málefni tengd efnahags- og myntbandalaginu eru reyndar einu málin sem enn þá eru afgreidd samkvæmt samvinnuferlinu. Samákvörðunarferlið var innleitt í Rómarsamninginn með breytingum sem gerðar voru á samningnum í Maastricht 1992 og voru útvíkkaðar verulega með Amsterdamsamningnum 1997.

Nú fara flest mál til umsagnar þingsins samkvæmt samráðsferlinu en sífellt fleiri mál krefjast málsmeðferðar samkvæmt samákvörðunarferlinu, sem var innleitt eftir að EES-samningurinn var gerður, en nú heyra undir þetta ferli nær allar gerðir innri markaðarins og reyndar einnig að mestu hin sk. láréttu ákvæði sem samsvara ákvæðum EES-samningsins, svo sem rannsóknir og þróun, jafnréttismál, umhverfismál o.s.frv.

Meginreglan er að í þeim tilvikum, þegar samákvörðunarferlið er notað, eru mál afgreidd með auknum meiri hluta í ráðinu. Frá þessu eru þó undantekningar, í nokkrum tilvikum ná mál ekki fram að ganga nema með samhljóða atkvæðum allra aðildarríkjanna.

Megingreinarmunur á samráðsferlinu og samákvörðunarferlinu er sá að samkvæmt því fyrrnefnda getur ráðið virt afstöðu þingsins að vettugi ef öll aðildarríkin eru um það sammála en samkvæmt síðarnefnda ferlinu, þ.e. samákvörðunarferlinu, getur þingið stöðvað afgreiðslu þrátt fyrir að ríkisstjórnir allra aðildarríkja séu sammála. Annað einkenni samákvörðunarferlisins er að tillögur framkvæmdastjórnarinnar eru sendar á sama tíma bæði til ráðherraráðsins og Evrópuþingsins. Þriðja sérkenni samákvörðunarferlisins er stofnun sérstakrar sáttanefndar sem í situr ákveðinn fjöldi þingmanna og yfirleitt varafastafulltrúar aðildarríkja ESB (COREPER I). Hlutverk þessarar sáttanefndar hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Þrátt fyrir að þingið starfi að meginreglu til fyrir opnum tjöldum gegnir öðru máli um sáttaferlið milli ráðsins og þingsins en það fer fram fyrir luktum dyrum. Slíkt sáttaferli var óþekkt þegar EES-samningurinn var gerður.

Þrátt fyrir að þingið geti haft síðasta orðið um það hvort mál nái fram að ganga eða ekki ber að hafa í huga að þingið hefur ekki frumkvæðisrétt að nýjum gerðum því að til þess þarf atbeina framkvæmdastjórnarinnar. Hins vegar getur þingið ekki þvingað ráðið til að taka ákvarðanir ef það vill ekki verða við tillögunum. Í hnotskurn setur ráðið lögin (gerðir) og fer því formlega með löggjafarvaldið en þingið getur stöðvað lagasetningu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Samþykki

Í undantekningartilvikum er samþykki þingsins áskilið við ákvörðunartöku en þá eru völd þingsins ekki takmörkuð við að stöðva framgang máls heldur þarf samþykki þingsins til þess að ákvörðun nái fram að ganga. Slíkt samþykki er t.d. áskilið í sambandi við reglur um kjör til Evrópuþingsins og þegar veita á nýjum ríkjum aðild að Evrópusambandinu. Yfirleitt þarf þá einnig samþykki allra aðildarríkjanna í ráðinu.

1.6. Evrópudómstóllinn og fyrsta stigs dómstóllinn

Valdsvið dómstólsins takmarkast af málaflokkum Rómarsamningsins eða öðrum lögmætum athöfnum sem gerðar eru á grundvelli hans. Hlutverk dómstólsins er fyrst og fremst að sjá til þess að stofnanir ESB og aðildarríkin fari eftir ákvæðum Evrópuréttarins og að samræmis sé gætt við beitingu réttarins. Það er hlutverk dómstólsins að túlka Evrópuréttinn og leysa úr þeim ágreiningi sem upp kann að koma milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og hefur hann endanlegt úrskurðarvald um hvort gerðir eða athafnir ESB eigi fullnægjandi stoð í Rómarsamningnum. Dómstóllinn getur einnig úrskurðað að EB-stofnunum eða aðildarríkjum sé skylt að grípa til aðgerða ef athafnaleysi þeirra telst ólögmætt samkvæmt Evrópurétti.

Dómarar í ESB-dómstólnum eru fimmtán talsins, einn frá hverju aðildarríki. Auk þess starfa níu lögsögumenn við dómstólinn sem tilnefndir eru af aðildarríkjunum. Lögsögumenn þurfa að uppfylla sömu hæfnisskilyrði og dómarar. Þeir eru sjálfstæðir í störfum sínum og er ætlað að gefa hlutlaust álit þar sem tilgreindar eru málsástæður og lagarök fyrir niðurstöðum. Þessi álit eru ekki bindandi fyrir dómstólinn. Einnig starfar jafn fjölmennur dómstóll á fyrsta dómstigi sem var ætlað það hlutverk að draga úr álagi á Evrópudómstólinn. Sá dómstóll fjallar fyrst og fremst um mál einstaklinga eða lögaðila gegn stofnunum ESB, einkum á samkeppnissviðinu. Þessi dómur úrskurðar einnig um ágreining vegna starfsmannamála stofnana ESB og um tiltekin mál sem byggjast á ákvæðum Kola- og stálbandalagsins. Áfrýjun til Evrópudómstólsins er möguleg að uppfylltum skilyrðum. Að svo miklu leyti sem slík heimild er fyrir hendi er einungis hægt að áfrýja vegna ágreinings um formgalla en ekki varðandi staðreyndir máls. Á sama hátt og í Evrópudómstólnum situr einn dómari frá hverju landi í þessum dómstól en hann hefur ekki á að skipa sérstökum lögsögumönnum.

Að loknum málflutningi funda dómarar fyrir luktum fyrrum. Sératkvæði tíðkast ekki og dómurinn birtir að lokum niðurstöðu sem ein heild þrátt fyrir að ágreiningur kunni að vera fyrir hendi á milli einstakra dómara.

1.7. Umboðsmaður Evrópuþingsins

Eftir að EES-samningurinn var gerður hefur töluverð viðleitni átt sér stað innan ESB að efla lýðræðislegt eftirlit með stofnunum sambandsins. Var m.a. stofnað embætti umboðsmanns að norrænni fyrirmynd.[1]

Umboðsmaður reynir í lengstu lög að finna úrlausn á kvörtunum aðila ef hann telur þær eiga við rök að styðjast. Umboðsmaður getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði og rannsakað hvort stjórnsýsla bandalagsins starfi á réttan hátt.

Víðtækar vinnureglur gilda um aðgang almennings að gögnum innan ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Ítrekaða synjun á beiðni um aðgang að skjölum ber að rökstyðja. Þessar reglur eru mun opnari en t.d. þekkist innan EFTA-stoðarinnar, auk þess sem ríkisborgarar EFTA-ríkjanna, sem ekki eru búsettir í ESB-ríkjum, geta hvorki leitað til umboðsmanns né standa þeim til boða svipuð úrræði innan EFTA-stoðarinnar.

1.8. Aðrar stofnanir ESB

Efnahags- og félagsmálanefndin (ECOSOC) telst til helstu stofnana ESB þó að mikilvægi hennar sé minna en þeirra er að framan greinir. Nefndinni er ætlað að veita stofnunum ESB

[1] Sjá nánar t.d. European Community Law, From the Treaty of Rome to the Treaty of Amsterdam, Paolo Mengozzi, bls. 64–67.

ráðgjöf um efnahagsleg og félagsleg réttindi. Meðlimir í nefndinni eru 222 sem skiptast hlutfallslega milli aðildarríkjanna. Stærstu ríkin hafa 24 fulltrúa og Lúxemborg hefur 6 fulltrúa. Fulltrúar eru tilnefndir af aðildarríkjum en ráðherraráðin skipar þá í nefndina. Fulltrúar starfa í eigin nafni en eru talsmenn þeirra samtaka sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Fulltrúar skiptast í þrenns konar vinnuhópa:

1. Atvinnurekendur. Tæplega helmingur fulltrúa atvinnurekenda kemur frá iðngeiranum en aðrir eru fulltrúar opinberra fyrirtækja, atvinnusamtaka á viðskiptasviðinu, banka, tryggingafélaga o.s.frv.
2. Launþegar. Flestir í þeim hópi eru meðlimir í launþegasamtökum.
3. Loks er aðrir hagsmunahópar, svo sem úr landbúnaði, frá sveitarfélögum og neytendasamtökum, o.s.frv.

Efnahags- og félagsmálanefndin gefur út um 150–200 ráðgefandi álit til stofnana ESB á ári. Stofnuninni er ætlað að veita stofnunum ESB lýðræðislegt aðhald.

Landsvæðanefndin hefur einnig 222 meðlimi. Stærri ríkin hafa 24 fulltrúa en Lúxemborg hefur 6. Nefndin gegnir ráðgefandi hlutverki og eru fulltrúar í nefndinni undantekningalítið kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar. Nefndin hefur einnig það hlutverk að sjá til þess að efla lýðræðislega þætti samstarfsins. Reynt hefur verið á undanförnum árum að efla ráðgefandi hlutverk landsvæðanefndarinnar og efnahags- og félagsmálanefndarinnar. Þessar nefndir auka vafalítið áhuga hagsmunaaðila, sveitarstjórna eða annarra á því sem fram fer innan Evrópusambandsins og geta því beitt sér fyrr gagnvart ríkisstjórnum í löndum sínum og reynt þannig að hafa áhrif á stefnumörkun innan Evrópusambandsins. Áhrif þessara stofnana á stefnumörkun og lagasetningu er hins vegar takmörkuð. Meginástæðan er sú að hagsmunaaðilar telja oft betra að reyna hver í sínu lagi að hafa áhrif á stefnumörkun í þeim ríkjum sem þeir starfa í.

Að lokum má nefna þrjár aðrar stofnanir ESB. Endurskoðendadómstóllinn fylgist með því hvernig fjármunum ESB er varið. Evrópski fjárfestingarbankinn (EIB) veitir lán til að stuðla að jafnvægi og þróun á grundvelli markaða Evrópusambandsins og loks eru stofnanir tengdar efnahags- og myntbandalaginu, svo sem Evrópski seðlabankinn.

2. Stofnanir EFTA – EFTA-stoðin

2.1. Réttarfarsleg þróun EES

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er langumfangsmesti samningur sem ESB hefur gert. Þrátt fyrir að samningaviðræður hafi ekki staðið lengi yfir reyndust þær oft vandasamar. Afar erfitt var t.d. að finna stofnanalega lausn sem gæti tryggt með viðhlítandi hætti einsleitni og samræmda túlkun og framkvæmd annars vegar aðildarríkja ESB, þar sem einsleitni var tryggð með sameiginlegum stofnunum sem hafa yfirþjóðleg völd og framfylgdu reglum um eineðli landsréttar og þjóðarréttar,[1] og hins vegar EFTA-ríkja sem studdust við reglur um tvenndarkerfi.[2]

[1] Þetta þýðir að gerðir EB geta öðlast gildi í aðildarríkjum EB án þess að hafa verið innleiddar sérstaklega í landsrétt.

[2] Þetta felur í sér að innleiða þarf alþjóðasamninga sérstaklega í landsrétt svo að þeir fái bindandi gildi.

Segja má að EES-samningurinn fari bil beggja, þ.e. reyni að brúa þessi ólíku réttarkerfi til að ná sameiginlegum markmiðum um einsleitan innri markað Evrópu. Þetta var afar erfitt og flókið viðfangsefni og á köflum er samningurinn þess vegna nokkuð óljós. Gefur það dómstólum nokkurt svigrúm til að túlka einstök ákvæði samningsins.[1]

Stofnanafyrirkomulag ESB er byggt upp með tilliti til eineðlisfyrirkomulagsins með tilheyrandi öflugum yfirþjóðlegum stofnunum, þ.e. dómstól, framkvæmdastjórn, þingi og efnahags- og félagsmálanefnd, og hefur EES-samningurinn stofnanir sem taka mið af þessum yfirþjóðlegu stofnunum ESB þótt valdsvið þeirra sé takmarkaðra. Ljóst er hins vegar að ef um hefðbundinn milliríkjasamning hefði verið að ræða hefði ekki verið þörf fyrir slíkar stofnanir þar sem eðlilegt væri að stjórnvöld sinntu því hlutverki sem stofnunum EES var falið.

Formlega séð hafa EES/EFTA-ríkin ekki skert fullveldi sitt með EES-samningnum. Krafan um einsleitt efnahagssvæði kallar á stöðuga aðlögun EES-samningsins og sjálfstæðar stofnanir sem meta hvort aðildarríkin eru trú markmiðum samningsins. Ekki er líklegt að EFTA-ríkin muni virða álit þessara aðila að vettugi enda er tilvist EES-samningsins í grundvallaratriðum byggð á því að rétturinn þróist á svipaðan hátt innan EFTA-ríkjanna og ESB.

Sumar af meginreglum Evrópuréttarins þykja vera þess eðlis að þær skerði fullveldi aðildarríkjanna og þær reglur, sem lengst þykja ganga í þeim efnum, eru reglurnar um bein lagaáhrif og réttaráhrif sem lýst hefur verið hér að framan. Einnig má nefna regluna um forgang Evrópuréttarins[2] fram yfir landsrétt ef reglur þessara réttarkerfa stangast á. Loks er að geta reglunnar um skaðabótaábyrgð ríkisins ef gerð er ekki framkvæmd með réttmætum hætti. Síðastnefnda reglan er einnig oft nefnd eftir dómnum sem innleiddi hana í Evrópurétt, þ.e. Francovich-meginreglan, og hún hefur af mörgum verið talin rökrétt afleiðing þess að Evrópurétturinn hefði bein réttaráhrif og forgang gagnvart landslögum. Þessar meginreglur voru ekki skráðar í Rómarsamninginn á sínum tíma en voru innleiddar í samninginn af Evrópudómstólnum sem taldi þær nauðsynlegar til að ná markmiðum Rómarsamningsins.

Þeirri spurningu hefur verið varpað fram hvort EES-samningurinn geti einnig þróast frá því að vera þjóðréttarsamningur í svipaða átt og Rómarsamningurinn og tekið við þessum yfirþjóðlegu meginreglum. EES-samningurinn er sem fyrr segir tilraun til að sætta sjónarmið sem eru illsættanleg. Svigrúm virðist vera fyrir hendi til að túlka samninginn á hvorn veginn sem er. Benda má á ýmsar formálsgreinar samningsins sem hafa að geyma markmið sem geta kallað á víðtæka túlkun að því er varðar beitingu slíkra meginreglna.[3] Einnig má nefna 3. grein EES-samningsins sem hefur að geyma svokallaða hollustureglu og markmið samningsins sem koma m.a. fram í 1. grein. Hins vegar er ljóst að EFTA-ríkin höfðu sett ýmsa varnagla gegn slíkum reglum, sbr. t.d. 16. formálsgreinina sem tiltekur að EES-samningurinn takmarki ekki sjálfstæði aðildarríkjanna til ákvarðanatöku né rétt til samninga með þeim takmörkunum sem leiða af þessum samningi og reglum þjóðaréttar.

---

[1] Sjá t.d. Seiersted bls. 43 og áfram, The European Economic Area, Oslo 1997, Greinasafn, Peter-Christian Müller-Graff og Erling Seling ritstýrðu.

[2] Sjá t.d. niðurstöðu EB í Van Gend en Loos, mál 26/62, Costa gegn ENEL, mál 6/64, Simmenthal 106/77.

[3] Sjá t.d. 8. formálsgrein um mikilvægi þess að einstaklingar geti sótt réttindi sín samkvæmt EES-samningnum fyrir dómstólum. Sven Norberg o.fl., bls. 204, telja að þessi formálsgrein geti haft áhrif á túlkun efnisgreina samningsins og leitt til beinna réttaráhrifa. Sjá einnig Leif Sevon, fyrrverandi hæstaréttardómara í Finnlandi og forseta EFTA-dómstólsins og núverandi dómara í EB-dómstólnum, sem virðist telja hið sama með vísan til mikilvægis samræmdrar túlkunar og beitingar EES-réttarins. Sjá einnig 15. formálsgrein.

Tveir möguleikar virðast geta verið fyrir hendi varðandi þróun þessara meginreglna, þ.e. að litið verði á samninginn sem þjóðréttarlegan viðskiptasamning þar sem skuldbinding EFTA-ríkjanna er fremur þjóðréttarlegs eðlis eða að hann þróist eins og Rómarsamningurinn á sínum tíma í átt til samnings með yfirþjóðleg einkenni að því er varðar upptöku fyrrgreindra meginreglna.[1] Ljóst er að þeir samningamenn, sem af hálfu EFTA-ríkjanna unnu að gerð EES-samningsins gengu út frá því að yfirþjóðlegar meginreglur Evrópuréttarins væru ekki hluti EES-samningsins. Hins vegar áttu samningamenn Evrópubandalagsins afar erfitt með að sætta sig við að EES-réttur væri síður bindandi en Evrópuréttur. Í Evrópusambandinu eru áhrif Evrópuréttar tryggð á þann hátt að innanlandsdómstólum ber að láta Evrópurétt hafa forgang gagnvart lögum einstakra aðildarríkja.[2] EFTA-ríkin gátu ekki fallist á að reglan um forgangsáhrif væri samrýmanleg markmiðum samningsins eða stjórnarskrám EFTA-ríkjanna. Niðurstaðan var málamiðlun, sem fram kemur í viðauka 35 við EES-samninginn um framkvæmd EES-réttar þar sem segir eftirfarandi í formála bókunarinnar:

„Þar eð með samningi þessum er stefnt að einsleitu evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum án þess að samningsaðila sé gert að framselja löggjafarvald til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins; og þar með þessum markmiðum verður því að ná með þeirri málsmeðferð sem gildir í hverju landi fyrir sig."

Formálsgreinar hafa svipaðan tilgang og greinargerðir með lögum og skýra markmið samningsaðila. Efnismálsgreinin er síðan svohljóðandi:

„Vegna tilvika þar sem komið getur til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum."

Þessi regla er, eins og ýmsar aðrar greinar EES-samningsins, orðuð á þann hátt að hún svarar ekki öllum álitaefnum. Greinin gerir ráð fyrir því að í EFTA-ríkjunum ríki tvenndarkerfi og að regla geti ekki haft bein réttaráhrif án þess að hafa verið fest í lög af þar til bærum lagasetningaraðilum. Hins vegar hvílir sú þjóðréttarlega skuldbinding á EFTA-ríkjunum að sjá til þess að eftir að slíkar reglur hafa verið leiddar í lög skuldbindi þau sig til að láta EES-reglur njóta forgangs.[3]

EFTA-ríkin hafa svigrúm til þess að ákveða með hvaða hætti þetta er gert.[4] Í framkvæmd fellur þessi forgangur að almennum reglum íslensks réttar, t.d. um forgang nýrra laga fram yfir gömul og sérlaga fram yfir almenn. Landsréttur er og almennt túlkaður til samræmis við þjóðréttarskuldbindingar.

Eins og áður segir eru meginreglurnar þrjár um forgangsáhrif, bein réttaráhrif og skaðabótaábyrgð (Francovich) oft nefndar sem dæmi um yfirþjóðleg einkenni Evrópuréttarins. Þessar meginreglur voru upphaflega ekki skráðar í Rómarsamninginn en voru smám saman innleiddar í Evrópurétt af Evrópudómstólnum sem nauðsynlegar meginreglur til að ná markmiðum samningsins. Sú regla, sem var lengst í mótun og þótti vera afleiðing meginreglna um bein réttaráhrif og forgangsáhrif, var reglan um skaðabótaábyrgð ríkisins gagnvart einstaklingnum eða lögaðila vegna brota ríkisins á Evrópurétti.

[1] Sumir fræðimenn eru þeirrar skoðunar að báðir möguleikar rúmist innan ákvæða EES-samningsins og standist lögfræðilega skoðun, sbr. t.d. norska fræðimanninn Fredrik Sejersted, sjá fyrrgreint rit bls. 46. Fræðimaðurinn lýsir reyndar þeirri skoðun að að hans mati sé líklegra að yfirþjóðleg einkenni verði yfirsterkari í EES samningnum ef lögfræðingar og dómarar ráði ferðinni.

[2] Reglan heitir á enskri tungu „Primacy of community law over national law".

[3] Sjá Davíð Þór Björgvinsson, Úlfljóti 2. tbl., sem bendir á að þetta ákvæði hafi að geyma lögskýringarreglu.

[4] Sjá t.d. lög Alþingis nr. 2, 13. janúar 1993, um Evrópska efnahagssvæðið, 3. grein.

Ekki er vikið að reglunni um skaðabótaábyrgð ríkisins í EES-samningnum í þeim tilvikum þegar gerð er ekki innleidd í EES-samninginn á réttan hátt. Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur hefur því vakið upp spurningar um þróun EES-samningsins, þar sem dómurinn taldi að slík ábyrgð leiddi af tilgangi EES-samningsins og uppbyggingu hans, einkum markmiðum um einsleitni og að aðilum á EES-svæðinu sé tryggð jöfn tækifæri og samkeppnisskilyrði. Ásamt mögulegum til að hægt sé að byggja á þessum réttindum. Þessi markmið komi að mati dómstólsins svo skýrt fram í samningnum að þau hljóti að fela í sér skyldu til að bæta það tjón sem hlýst af því að landsréttur er ekki réttilega aðlagaður að tilskipunum. Þessi niðurstaða kemur á óvart en ekki síður ýmis atriði sem fram koma í rökstuðningnum sem gefa til kynna að dómurinn telji EES-samninginn vera annað og meira en venjulegan fríverslunarsamning en í 59. málsgrein álitsins segir að EES-samningurinn sé þjóðréttarsamningur sem feli í sér sjálfstætt réttarkerfi og enn fremur að „...samruni sá sem EES-samningurinn mælir fyrir um gengur ekki eins langt og er ekki eins víðfemur eins og samruni sá sem Rómarsamningurinn stefnir að. Hins vegar ganga markmið EES-samningsins lengra og gildissvið hans er víðtækara en venjulegt er um þjóðréttarsamninga." Dómstólar á Íslandi hafa fallist á þessa niðurstöðu.[1] Álitaefninu er enn ósvarað hvernig dómstólar í Noregi og Liechtenstein koma til með að taka á þessu áliti eða Evrópudómstóllinn.[2]

2.2. Stutt lýsing á ákvarðanatökuferlinu

Stofnanafyrirkomulagi EES er oft lýst sem tveggja stoða fyrirkomulagi. Í annarri stoðinni eru stofnanir ESB eins og þeim hefur verið lýst hér að framan en hins vegar er EFTA stoðin með tilheyrandi EFTA stofnunum sem lýst verður hér á eftir. Jafnframt hafa verið stofnaðar sameiginlegar stofnanir ESB og EFTA, sem sjá um sameiginleg samskipti milli þessara tveggja aðila.

Með gerð EES samningsins var gert ráð fyrir að EFTA-ríkin gætu tekið þátt í innri markaði Evrópubandalagsins án þess að sú þátttaka tefði fyrir lagasetningarstarfsemi Evrópusambandsins. Þrátt fyrir að þessum stoðum sé oft stillt upp á myndrænan hátt sem jafngildum er mikilvægt að hafa í huga að það var ekki ætlunin að þær væru í raun jafngildar. Ljóst var frá upphafi að EFTA-ríkin myndu aðlaga sig að innri markaðsfyrirkomulagi Evrópubandalagsins en ekki öfugt. Aldrei hefur farið á milli mála hvor stoðin væri leiðandi í þessu samstarfi. Þróun Evrópuréttarins og ákvarðanataka fer fram innan ESB-stoðarinnar og síðan er gerður sjálfstæður milliríkjasamningur milli ESB og EFTA-ríkjanna um samsvarandi réttindi og skyldur milli þessara aðila.

Þegar fjallað er um þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í þróun gerða er gerður greinarmunur á þátttöku sérfræðinga í nefndum á vegum framkvæmdastjórnarinnar þegar framkvæmdastjórnin sinnir hlutverki sínu sem framkvæmdaaðili aðallega í svokölluðum framkvæmdanefndum (*Comitology committees*) en á því sviði ber framkvæmdastjórninni að ráðfæra sig við EFTA-ríkin á sama grundvelli og sérfræðinga aðildarríkja ESB sbr. 100. grein EES-samningsins, og svo þátttöku í nefndum á grundvelli 99. gr. EES-samningsins.

Framkvæmdanefndir hafa verið stofnaðar á grundvelli gerða til þess að sjá um framkvæmd þeirra og koma með tillögur ef breytinga er þörf á viðkomandi sviði. Þessar nefndir

[1] Sjá Hrd 16. desember1999 og héraðsdóm Reykjavíkur 18. mars 1999.

[2] Sjá til fróðleiks álit lögsögumanns Evrópudómstólsins C-321/97.

eru skráðar og þekktar og hefur aðgengi EFTA-ríkjanna að þeim verið tryggt með fullnægjandi hætti. U.þ.b. 300 slíkar nefndir starfa undir framkvæmdastjórninni.

Öðru máli gegnir um samráð samkvæmt 99. grein EES-samningsins sem er ekki síður mikilvægt þegar um nýja löggjöf er að ræða. Í þeim tilvikum hafa nefndir ekki verið stofnaðar á grundvelli gerða, enda um nýtt frumkvæði að ræða og því er ekki áskilið að framkvæmdastjórnin hafi tiltekið fyrirkomulag á samráði. Í slíkum tilvikum getur framkvæmdastjórnin ákveðið að leita ráðgjafar hjá einstökum sérfræðingum eða að styðjast eingöngu við innanhússsérfræðinga. Eiga þá sérfræðingar EFTA-ríkjanna ekki jafn örugga aðkomu að gerð áður en hún er send ráðherraráðinu.[1] Algengara er að haft sé samráð við höfuðborgirnar, oft á mjög óformlegan hátt, og þurfa þá starfsmenn EFTA-skrifstofunnar og EFTA/EES-ríkin að fylgjast vel með og sjá til þess að ekki gleymist að hafa samráð einnig við höfuðborgir EFTA-ríkjanna. Ef upplýsingar liggja fyrir um slíkt samráð og EFTA-ríkin vekja athygli á 99. grein EES-samningsins er þátttaka yfirleitt auðsótt.

Mörg dæmi eru um að EFTA-ríkjunum hefur ekki verið boðið upp á samráð um nýja löggjöf en að þau hafi veitt því athygli að samráð væri á döfinni. Í hnotskurn má staðhæfa að samráð samkvæmt 99. grein er ekki öruggt og fylgjast verður vel með störfum framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja þátttöku. Meiri líkur eru á öflugu samráði á sviðum sem koma með fleiri gerðir en færri. Ef öflugar framkvæmdanefndir eru starfandi er líklegra að starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar muni eftir samráði við EFTA-ríkin. Öflugt samráð er t.d. á grundvelli 99. greinar þegar um er að ræða umhverfismál en á því sviði starfa öflugar framkvæmdanefndir og margar gerðir eru á því sviði. Á sviði neytendamála þurfa EFTA-ríkin t.d. að fylgjast betur með. Loks má staðhæfa að í þeim tilvikum sem viðkomandi starfsmaður þekkir til EES-samningsins sé líklegra að samráð sé tryggt. Einnig eru dæmi um að skipaðar séu sérstakar „ad hoc" nefndir sem starfa í ákveðinn tíma til þess að veita ráðgjöf um þróun tiltekinna nýrra gerða. Vinna í þessum nefndum er einnig fremur óformleg, frekar í formi ráðgjafar en eiginlegri textavinnu og atkvæðagreiðslur tíðkast ekki. Loks getur framkvæmdastjórnin eðlilega borið mál undir einstakar framkvæmdanefndir ef þær þykja henta til samráðs.

[1] Sem dæmi um slíkt má nefna gerðina um greiðsludrátt („Late payment directive"). Í því tilviki kom glöggur starfsmaður auga á gerðina eftir að hún var send ráðherraráðinu. Undirnefnd V, sem fjallar um laga- og stofnanamál, tók málið að sér. Fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar var boðið á fund í undirnefndinni og tillagan var kynnt. Að því loknu fór fram samráð í stjórnsýslu EFTA-ríkjanna og ríkin komu sér saman um athugasemdir þar sem m.a. var varað við ýmsum atriðum m.a. ákvæði sem var í andstöðu við íslensk lög. Athugasemdir voru sendar ráðherraráðinu og þær fengu jákvæða umfjöllun. Samræmd tillaga var síðan send af ráðherraráðinu til Evrópuþingsins sem styður sumar upphaflegar tillögur framkvæmdastjórnarinnar. Athugasemdir EFTA-ríkjanna voru þá aðlagaðar og sendar Evrópuþinginu að nýju.

Mynd 2.

Tvær stoðir EES-samningsins



Loks má nefna þriðja flokk nefnda sem EFTA-ríkjunum er tryggður aðgangur að í 101. grein EES-samningsins en í þeim tilvikum er aðkoma að nefndum að meginreglu til ótvíræð enda eru þær taldar upp í viðauka 37 við EES-samninginn. Hins vegar eru einnig dæmi um vandkvæði á þessu sviði. T.d. hafa EFTA-ríkin ekki fengið inngöngu í nefndina um „Advisory Committee on Safety, Hygene and Health at Work“ sem er mikilvæg nefnd og undir henni starfar fjöldi vinnuhópa og eiga margar EES gerðir rætur að rekja til starfa þessarar nefndar.

Sterk röksemd gegn þátttöku EES-ríkjanna hefur verið að hagsmunaðilar atvinnulífsins taki þátt í störfum nefndarinnar, sem er vafasöm röksemdafærsla. Þátttaka í stjórnun ýmissa verkefna í vísindum, mennta- og menningarmálum, sem EFTA/EES-ríki greiða til, er á jafnréttisgrundvelli og gengur vel. Styðst það fyrirkomulag við 81. grein EES-samningsins.

Á meðan mál er til vinnslu innan ESB-stoðarinnar á þeim stigum þar sem EFTA-ríkjunum er ekki tryggð aðkoma reyna EFTA-ríkin að koma athugasemdum sínum á framfæri við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina eftir því sem kostur er.

Tvíhliða samskiptum við önnur ríki er beitt ásamt beinum samskiptum við framkvæmdastjórn. Sameiginlegir fundir, þ.á.m. ráðherrafundir, eru notaðir eftir því sem unnt er og stuðst er við norrænt samstarf o.s.frv.

EFTA-ríkin afhenda athugasemdir sínar bæði tvíhliða og í nafni EFTA-ríkjanna og á þann hátt er reynt að draga úr ágöllum samstarfsins eftir því sem unnt er. Eftir stendur að þar sem EFTA-ríkin eiga ekki aðgang að störfum ráðherraráðsins eiga þau erfitt með að fylgjast með breytingum sem eiga sér stað á tillögum í meðförum ráðsins og því er oft erfitt að bregðast við þegar við á.

Þessi skortur á aðgangi skapar aftur annan vanda síðar því að eftir að gerð hefur verið samþykkt er hún lögð fram í vinnuhópum og undirnefndum EFTA-ríkjanna, sem höfðu gerð til umfjöllunar á fyrri stigum þegar mál voru til meðferðar í framkvæmdastjórninni en komu ekki nálægt málsmeðferð þegar hið eiginlega löggjafarstarf átti sér stað. Þetta kemur ekki að sök í fjölmörgum gerðum sem eru eingöngu tæknilegs eðlis þar sem gerðir fara nánast óbreyttar í gegnum löggjafarferlið.

Öðru máli gegnir um gerðir sem skipta aðildarríkin miklu máli því að í þeim tilvikum taka gerðir oft umtalsverðum breytingum. Erfitt getur þá reynst að átta sig á þeim málamiðlunum sem gerðar hafa verið í löggjafarferlinu.[1] Ekki er þá sjálfgefið að framkvæmd verði eins í EFTA-ríkjunum og ESB, ESB-ríkin kunna að túlka gerð með tilteknum hætti í ljósi málsmeðferðar sem EFTA-ríkjum er ókunnugt um.

EFTA-ríkin koma fram gagnvart ESB sem ein stoð og verða öll að vera samþykk því að gerð sé tekin inn í samninginn. Þau geta hins vegar bæði í sameiningu og hvert fyrir sig óskað eftir aðlögun. Ef aðlögunin er aðeins tæknilegs eðlis hefur framkvæmdastjórnin stöðuumboð til þess að fallast á eða hafna slíkri beiðni, þ.e. hún þarf ekki að leita eftir sérstöku umboði frá aðildarríkjum ESB.[2] Öðru máli gegnir ef beðið er um efnislega aðlögun, því þá þarf framkvæmdastjórnin að sækja umboð frá ráðherraráðinu sem kallar einnig á samráð við Evrópuþingið. EFTA-ríkin eiga ekki aðgang að þessu ferli innan ráðherraráðsins og Evrópuþingsins og þurfa að treysta á málflutning framkvæmdastjórnarinnar en reyna jafnframt að nota tvíhliða samskipti til að vinna málum sínum brautargengi eftir því sem kostur er. Samningsumboð framkvæmdastjórnarinnar reynist oft vera lægsti samnefnari innan Evrópusambandsins. Afar erfitt er að fá aðlögun ef einstökum aðildarríkjum ESB hefur verið synjað um sams konar aðlögun þar sem rík tilhneiging er meðal aðildarríkjanna til að líta svo á að EFTA-ríkin eiga ekki að vera betur sett en aðildarríkin.

[1] Fyrir nokkrum árum (1997) kom t.d. í ljós að tíðkast hafði í ráðinu að aðildarríki gæfu yfirlýsingar varðandi túlkun ákvæða í gerðum. Þessar yfirlýsingar voru ekki opinberar og sætti það mikilli gagnrýni í aðildarríkjunum. Í ljós kom einnig að EFTA-ríkin höfðu ekki fengið þessar yfirlýsingar og gátu því ekki tekið tillit til þeirra í eigin framkvæmd.

[2] Svokölluð EFTA nefnd ESB fjallar um þessi mál bæði varðandi samskipti við EES-ríkin og einnig Sviss. Í þessari nefnd sitja þriðju landa sérfræðingar ESB.

Verklag um atkvæðagreiðslur í EFTA-vinnuhópnum innan ráðherraráðsins áskilur ýmist samhljóða afgreiðslu eða veginn meiri hluta. Jafnvel þótt áskilnaður sé um veginn meiri hluta heyra atkvæðagreiðslur í EFTA-vinnuhópi ráðherraráðsins til algjörra undantekninga, m.a. vegna þeirrar miklu áherslu sem aðildarríki ESB leggja á innbyrðis samstöðu í samskipum við þriðju ríki.[1]

Eftir að EFTA-ríkin eru orðin sammála um að taka gerð upp og efni ákvörðunar, liggur fyrir þjóðréttarsamkomulag sem gengið er frá formlega í sameiginlegu EES-nefndinni.

2.3. Fastanefnd EFTA

Fastanefnd EFTA er stofnun þar sem pólitískar viðræður EFTA-stoðarinnar fara fram. Nefndin er stofnuð á grundvelli sérsamnings.[2] Í fastanefnd EFTA sitja fastafulltrúar (sendiherrar ásamt fleiri fulltrúum) EES-ríkjanna sem jafnframt undirbúa af hálfu EFTA/EES-ríkjanna fundi í sameiginlegu EES-nefndinni. Jafnframt sjá varafastafulltrúar um að undirbúa málefni og dagskrá fundanna.[3] Fundir fastanefndarinnar eru undirbúnir af undirnefndum I–V, þ.e. undirnefnd um frjálst flæði vöru, þjónustu, fjármagns, frjálsa för fólks og málefna er ná þvert yfir fjórþætta frelsið, auk undirnefndar um lagaleg málefni. Þessar undirnefndir byggja hins vegar á tillögum sérfræðinefnda EFTA um hin einstöku svið samningsins – og efnisleg vinna og umfjöllun um viðkomandi atriði fer fram í þessum sérfræðinefndum, sem eru um 64 talsins, þar af eru um 20 nefndir um tæknilegar viðskiptahindranir.

Auk þess að vera meginsamráðsvettvangur EES/EFTA-ríkjanna, hefur fastanefnd EFTA ýmsum samsvarandi stjórnsýslustörfum að gegna og framkvæmdastjórnin sinnir innan Evrópubandalagsins samkvæmt 3. grein EES-samningsins um fastanefnd EFTA og I. viðauka við þann samning.

Ákvarðanir eru að meginreglu til teknar samhljóða en atkvæðagreiðsla er möguleg í undantekningartilvikum. Slíkar atkvæðagreiðslur hafa þó ekki tíðkast í sex ára sögu samningsins.

2.4. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

Samræmd framkvæmd er einn af hornsteinum EES-samstarfsins og talið hefur verið nauðsynlegt að sjá til þess að sjálfstæður eftirlitsaðili fylgist með því að svo sé. Framkvæmdastjórnin sinnir framkvæmdaeftirliti innan ESB en EFTA-ríkin gátu ekki fallist á að slíkur aðili tæki að sér sams konar eftirlit gagnvart þeim, m.a. vegna þess að þau eiga ekki aðild að ESB og eiga þar af leiðandi ekki fulltrúa í framkvæmdastjórninni eða fasta starfsmenn innan hennar með svipuðum hætti og aðildarríki. Með tilliti til slíkra sjónarmiða var stofnuð sérstök stofnun til að sinna þessu eftirliti innan EES-stoðarinnar og svipar störfum Eftirlitsstofnunar

[1] Sem dæmi um slíka samstöðu má nefna að þrátt fyrir að allir málsaðilar væru sammála um að gerðin 3577/92 um Maritime Cabotage (skipasiglingar) ætti heima í EES samningnum stóð Grikkland í veginum fyrir því að málið væri afgreitt í EFTA hópnum um nokkurra ára skeið. Svipuð staða kom upp í tengslum við ágreining EFTA-ríkjanna og Spánverja í sambandi við endurnýjun Þróunarsjóðsins. Þeir stóðu í veginum fyrir innlimun gerða á fjölmörgum sviðum þ.á m. á sviði vísindasamstarfs. Nú hefur Svíþjóð staðið í veginum fyrir að bókun 3 um unnar landbúnaðarafurðir verði tekin í samninginn vegna ágreinings við Noreg.

[2] Sviss á áheyrnarfulltrúa á þessum fundum en tekur sjaldan til máls nema um málefni sé að ræða sem varðar Sviss og hin EFTA-ríkin með beinum eða óbeinum hætti. Eftirlitsstofnun EFTA á einnig áheyrnarfulltrúa á þessum fundum og tekur helst til máls ef fulltrúum hennar þykir rétt að árétta mikilvægi stofnanafyrirkomulags EES-samningsins, einkum að því er varðar stöðu ESA.

[3] Mikilvægt er að gera greinarmun á starfsemi EFTA-ráðsins sem hefur aðsetur í Genf og er skipað EES-ríkjunum þremur og Sviss og fastanefnd EFTA sem hefur aðsetur í Brussel.

EFTA að mörgu leyti til verkefna framkvæmdastjórnarinnar. Grundvallarmunur er þó á þessum stofnunum á nokkrum sviðum. Ekki er litið svo á að ESA hafi pólitísku hlutverki að gegna, frumkvæðisrétt að afleiddum lögum eða rétt til stefnumörkunar. Þetta endurspeglast m.a. í skipan stjórnarmanna. Í stjórn ESA hafa hingað til skipast hátt settir embættismenn með víðtæka fagreynslu á sviði EES-samningsins en aftur á móti eru framkvæmdastjórar yfirleitt með víðtæka stjórnmálareynslu. Auk þess að vera eftirlitsaðili kemur framkvæmdastjórnin fram út á við sem fulltrúi gagnvart þriðju aðilum. Hún gegnir lykilhlutverki við mótun laga og gegnir sáttahlutverki ef ágreiningur kemur upp á milli aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin þarf því mjög á því að halda að hafa gott og náið samráð við aðildarríkin ef hún vill að hennar stefnumál fái brautargengi. Af þessu leiðir að ESA er í samanburði við framkvæmdastjórnina mun sjálfstæðari eftirlitsaðili en framkvæmdastjórnin og þarf minna á stuðningi aðildarríkja EFTA að halda en framkvæmdastjórnin á aðildarríkjum ESB. ESA er hins vegar ósjálfstæðari að því leyti að stofnunin þarf að verulegu leyti að taka tillit til reglna og framkvæmdar innan framkvæmdastjórnarinnar og kappkosta við að viðhalda því trausti sem henni er sýnt.

Vafalítið hefur sú staðreynd að Svíþjóð, Finnland og Austurríki gengu út úr EFTA reynst ESA erfiðara en öðrum stofnunum samningsins. Veruleg fækkun starfsmanna stofnunarinnar leiddi til þess að miða varð starfslið á sumum sviðum við lágmarksviðbúnað og erfitt hefur reynst að sinna nýjum verkefnum. Starfslið ESA lítur svo á að sýna verði framkvæmdastjórninni fram á að ESA sé öflugur vörður laganna og eftirlitsaðili þrátt fyrir að EFTA-stoðin hafi veikst eftir brottför EFTA-ríkjanna þriggja. Viðmiðun ESA verður því gjarnan þau ríki sem best standa sig innan ESB.

Í stjórn ESA sitja þrír fulltrúar, einn frá hverju aðildarríki.[1] Þeir starfa sem einn hópur og ber að starfa sjálfstætt og óháð fyrirmælum aðildarríkjanna. Þeir mega ekki verja hagsmuni aðildarríkjanna heldur fyrst og fremst sjá til þess að aðildarríkin framkvæmi EES-samninginn af trúmennsku.[2]

Mikilvægasta hlutverk ESA er að sjá til þess að EFTA-ríkin framkvæmi EES-samninginn á réttan hátt. Í þessu starfi er kveðið á um náið samráð á milli ESA og framkvæmdastjórnarinnar. Báðir aðilar geta vísað máli til sameiginlegu EES nefndarinnar ef þau eru ósátt við störf hins aðilans. ESA hefur jafnframt eftirlit með því að gerðir séu leiddar inn í landsrétt í EES-ríkjunum. Árlega gefur ESA út yfirlit þar sem farið er yfir þessa hlið mála. Eftir að gengið hefur verið úr skugga um að gerðir séu leiddar í landslög fylgist ESA með því að framkvæmd sé rétt og að farið sé að lögum og reglum. ESA getur tekið upp mál bæði að eigin frumkvæði og vegna kvörtunar frá einstaklingum, lögaðilum eða aðildarríkjum EES. Ef ESA telur að brotið sé gegn EES-samningnum tekur stofnunin upp viðræður við aðila máls og reynir að finna lausn á ágreiningi. Flest mál leysast með þeim hætti.

ESA hefur að meginreglu til ekki yfirþjóðleg völd. Á sumum sviðum hefur ESA víðtækara valdsvið eins og t.d. á samkeppnissviðinu, á sviði ríkisstyrkja og opinberra innkaupa. Á þessu afmarkaða sviði hefur ESA hins vegar, á svipaðan hátt og framkvæmdastjórnin, yfirþjóðleg völd því að stofnunin fylgist með því hvort regluverk EES sé framkvæmt rétt af

[1] Knut Almestad er forseti stjórnarinnar og er fulltrúi Noregs, Hannes Hafstein er fulltrúi Íslands og Bernd Hammermann er fulltrúi Liechtensteins.

[2] Upphaflega var gert ráð fyrir að sjö menn skipuðu stjórn ESA, einn frá hverju ríki og voru þá starfsmenn eitt hundað. Nú eru starfsmenn um 50 talsins.

einkaaðilum og getur kveðið upp úrskurð sem bannar ólögmæta samkeppni og úrskurðað bætur, eða þegar um ríkisstyrki er að ræða að ríkisaðstoð skuli hætt og veittur styrkur endurgreiddur.

Eftirlitsstofnunin getur fylgt ákvörðunum sínum eftir með því að ákveða sektir eða févíti ef fyrirtæki gerist brotlegt gegn samkeppnisreglum. Þessar ákvarðanir eru aðfararhæfar í aðildarríkjunum og eru því bindandi fyrir fyrirtæki. Innlendir dómstólar á EES-svæðinu geta ekki endurmetið slíkar ákvarðanir en hægt er að skjóta ákvörðunum eftirlitsstofnunarinnar til EFTA-dómstólsins. Þetta er umtalsvert valdaframsal frá stjórnvöldum til milliríkjastofnunar og gefur ESA yfirþjóðlegt yfirbragð.[1] Þetta er meginástæða þess að ¾ hluta norska Stórþingsins þurfti til að samþykkja EES-samninginn.[2] Um þessar mundir fer fram ítarleg umræða innan framkvæmdastjórnarinnar um að færa meira af þessum völdum á samkeppnissviðinu til aðildarríkjanna.[3] Þessa þróun má rekja til nálægðarreglunnar svokölluðu sem áður hefur verið lýst.

2.5. EFTA-dómstóllinn

EFTA-dómstóllinn er sjálfstæður dómstóll, sem starfar undir EFTA-stoðinni og var stofnaður á grundvelli sérstaks samnings. Dómstóllinn var upphaflega í Genf en var færður til Lúxemborgar 1. september 1996 til þess að tryggja meiri nálægð við Evrópudómstólana. Við dóminn starfa þrír dómarar, einn frá hverju aðildarríki.[4] Hver dómari hefur einn starfsmann sér til aðstoðar auk almenns starfsliðs.

Upphaflega var ekki gert ráð fyrir tveggja stoða dómstólalausn eins og nú er, þ.e. sjálfstæðum EFTA-dómstól varðandi framkvæmd EES samningsins innan EFTA og svo aftur Evrópudómstól sem fjallar um samsvarandi mál innan EB-stoðarinnar. Niðurstaða samningaviðræðna um EES-samninginn var að til að tryggja samræmda túlkun á EES svæðinu skyldi stofnaður einn EES-dómstóll og væri fullskipaður dómur skipaður 8 dómurum. Fimm dómarar væru jafnframt dómarar við EB dómstólinn en þrír dómarar kæmu frá EFTA-ríkjunum. Einnig var gert ráð fyrir að dómurinn gæti starfað í deildum. Framkvæmdastjórnin lagði að loknum samningaviðræðum spurningar fyrir Evrópudómstólinn um það hvort þetta fyrirkomulag stæðist Rómarsamninginn. Hann komst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki þar sem hann taldi að slíkur dómstóll væri í andstöðu við ákvæði og grundvöll Evrópubandalagsins.[5] Þeim rökum var beitt að jafnvel í þeim tilvikum sem ákvæði Rómarsamningsins og EES-samningsins væru eins eða álíka væri ekki fullvíst að niðurstaða dóma yrði sú sama vegna ólíkra markmiða sem stefnt væri að með þessum tveimur samningum. EES-samningurinn væri milliríkjasamningur sem heimilaði ekki yfirfærslu fullveldis til þeirra milliríkjastofnana, sem samningurinn hefur komið á fót, með sama hætti og tíðkast innan Evrópubandalagsins. Auk þess tryggði hann ekki með fullnægjandi hætti einsleitni og gæti hinn nýi dómstóll þurft að úrskurða um mál sem heyrðu algjörlega undir Evrópudómstólinn eins og t.d. valdbærni stofnana EB. Þessi niðurstaða leiddi til stofnunar bæði sérstaks dómstóls fyrir

[1] Sjá einnig Sejersted o.fl. EÖS rett bls. 106 og Gunnar G. Schram, Evrópska efnahagssvæðið bls. 90–93.
[2] Sjá Sejersted o.fl. bls. 106 sem reyndar telja framsalið vera meira að forminu til en efni, sjá nánar bls. 106.
[3] Sjá Communication from the Commission on the precautionary principle COM(2000) frá 1. febrúar 2000.
[4] Ekki er áskilið að dómarar séu ríkisborgarar þess ríkis sem þá tilnefnir. Forseti dómsins um þessar mundir er Þór Vilhjálmsson. Einnig sitja í dómnum Per Tresselt frá Noregi og Carl Baudenbacher sem tilnefndur er af Liechtenstein en er svissneskur ríkisborgari.
[5] Sjá álit 1/91 ECR I-6079.

EFTA-ríkin en auk þess mundi Evrópudómstóllinn úrskurða um EES-mál sem heyrðu undir EB-stoðina.

Málsmeðferðarreglur EFTA-dómstólsins eru í höfuðdráttum byggðar á reglum Evrópudómstólsins en gert er ráð fyrir ensku sem tungumáli réttarins en ekki frönsku eins og tíðkast í Evrópudómstólnum. Atkvæðagreiðslur eru leynilegar og dómurinn starfar eins og framkvæmdastjórn ESA sem hópur og sératkvæði eru ekki kunngerð. Niðurstaða er með öðrum orðum lögð fram í nafni alls dómsins.

EFTA-dómstóllinn fjallar um eftirfarandi mál:

- Mál sem eftirlitsstofnun EFTA, ESA, höfðar gegn EFTA-ríki vegna framkvæmdar á EES-samningnum.
- Mál sem til eru komin vegna innbyrðis ágreinings milli EFTA-ríkjanna.
- Kærur vegna ákvarðana ESA í samkeppnismálum. Þrátt fyrir að dómar EFTA-dómstólsins beinist almennt eingöngu gegn ríkjum er undantekning gerð á sviði samkeppnisreglna. Á því sviði beinast ákvarðanir að fyrirtækjum og geta þær verið aðfararhæfar.
- Mál sem höfðuð eru af EFTA-ríkjunum gegn ESA vegna aðgerðarleysis, vanhæfis eða brota á samningi EFTA-ríkjanna um eftirlit og lausn deilumála.
- Dómstóllinn gefur ráðgefandi álit um túlkun á ákvæðum EES-samningsins ef þess er óskað af dómstól í EFTA-ríki. Slíkra álita er óskað í vaxandi mæli og er þetta nú umfangsmesta viðfangsefni dómstólsins. Þrátt fyrir að álitið sé aðeins ráðgefandi hafa dómstólar farið eftir því og telja verður ólíklegt annað en að þeir muni ganga langt í þeim efnum, m.a. í ljósi þeirra meginreglna að túlka löggjöf í samræmi við þjóðarétt en ekki í andstöðu við hann.[1] Engin dæmi eru kunn um annað en að EFTA-ríki hafi lagt slík ráðgefandi álit til grundvallar í niðurstöðum sínum. Litið var svo á að dómstólar í EFTA-ríkjunum þyrftu ekki að verða við beiðnum um ráðgefandi álit en í framkvæmd er ljóst að þeir munu fara varlega í að hafna slíkum beiðnum. Samkvæmt bókun 34 við EES-samninginn geta EFTA-ríkin heimilað dómstólum í viðkomandi ríki að óska eftir bindandi úrskurði Evrópudómstólsins um túlkun á ákvæðum sem eru sambærileg við EB-löggjöf. Ekki er talið líklegt að EFTA-ríkin muni nokkurn tíma biðja um slíkt álit.

Dómstóllinn hefur starfað í u.þ.b. 6 ár og má segja að helstu einkenni á túlkun hans á samningnum séu eftirfarandi:

- Dómstóllinn virðist til þessa a.m.k. ekki gera sérstakan greinarmun á dómum Evrópudómstólsins fyrir undirritunardag samningsins og eftir hann.
- Þrátt fyrir að munur sé á EB-rétti annars vegar og EES-samningnum hins vegar, og þessi munur hafi m.a. endurspeglast í niðurstöðu dómsins í Maglite-málinu og í álitum EB-dómstólsins frá 1991 og 1992, verður ekki annað séð en að einsleitnimarkmiðið sé grunntónninn í allri túlkun EFTA-dómstólsins á samningnum. Þetta kom fljótt í ljós þar sem dómstóllinn vitnaði iðulega til dóma EB-dómstólsins. Í desember sl. sendi dómstóllinn hins vegar frá sér tvö álit (annað var Erlu Maríumálið), sem er vísbending um að einungis undir mjög sérstökum kringumstæðum verði EES-samningurinn túlkaður öðruvísi en EB-réttur.

Niðurstaðan í Erlu Maríumálinu kom ýmsum á óvart enda gengu kenningar fræðimanna, um það hvort skaðabótaskylda væri hugsanlega hluti EES-réttarins, í báðar áttir. Málið er að margra mati mikilvægasta málið sem komið hefur til kasta dómstólsins. Í því sambandi má nefna þrjú atriði. *Í fyrsta lagi* tekur dómstóllinn EB-regluna um skaðabótaskylduna óbreytta

[1] Sjá Gunnar G. Schram, bls. 385–386.

upp í EES-samninginn en Evrópudómstóllinn taldi regluna leiða af séreðli Evrópuréttar sem einkennist af mjög nánu samstarfi aðildarríkja. Þrátt fyrir að EFTA-dómstóllinn telji að EES-samningurinn feli ekki í sér eins nána samvinnu telur dómstóllinn samt að samningurinn feli í sér sérstakt og sjálfstætt réttarkerfi sem ásamt einsleitniákvæðum samningsins leiði til þess að skaðabótaskylda leiði af ákvæðum EES-samningsins við tilteknar aðstæður. *Í öðru lagi* er lögð rík áhersla á formálsákvæði í rökstuðningnum. Evrópudómstóllinn er þekktur fyrir slíka röksemdafærslu og virðist EFTA-dómstóllinn ætla að feta í fótspor hans. *Í þriðja lagi* mun álitið veita þeim aukið aðhald sem koma að undirbúningi ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og lögleiðingu EES-gerða í landsrétt.

2.6. Þingmannanefnd EFTA-ríkjanna

Þingmannanefnd EFTA-ríkjanna var stofnuð í Reykjavík árið 1992 og var sett á fót samkvæmt sérstökum samningi á sama tíma og EES-samningurinn öðlaðist gildi.[1] Tólf þingmenn sitja þessa fundi, sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og tveir frá Liechtenstein. Meginhlutverk þingmannanefndar EFTA er að vera ráðgefandi aðili varðandi framkvæmdina á EES samningunum þremur, þ.e. EES-samningnum, ESA/dómstólasamningnum og samningnum um fastanefndina.

EES ríkjunum ber að ráðfæra sig við þingmannanefnd EFTA-ríkjanna áður en fjárlög ESA eru samþykkt. Þetta þýðir í framkvæmd að ef EFTA-ríkin fallast ekki á tillögur ESA um rekstrarkostnað þá getur ESA borið upp aðfinnslur sínar við nefndina. Ef ágreiningur er á milli aðildarríkjanna og ESA við afgreiðslu fjárlaga bendir fulltrúi ESA aðildarríkjunum jafnan á að honum standi þetta úrræði til boða.[2]

2.7. Ráðgjafarnefnd EFTA

Innan EFTA-stoðarinnar starfar sérstök ráðgjafarnefnd en í henni sitja fulltrúar atvinnulífsins í EFTA-ríkjunum. Þessi nefnd hefur starfað lengi innan EFTA en á ekki stoð í EES samningnum. Hins vegar gerir EES-samningurinn ráð fyrir sameiginlegri ráðgjafarnefnd. Nefndin gefur EFTA-ríkjunum ráðgjöf um þróun EFTA-samstarfsins. Meginhlutverk fulltrúanna er þátttaka í sameiginlegu EES-ráðgjafarnefndinni, þar sem fulltrúar veita sameiginlega ráðgjöf um þróun EES-samstarfsins.

3. Sameiginlegar stofnanir EES

3.1. EES-ráðið[3]

Samkvæmt EES-samningnum er EES-ráðið æðsta pólitíska stofnun EES-samningsins og er skipað aðildarríkjum EES/EFTA-ríkjanna og fulltrúum ráðherraráðs ESB og framkvæmda-

[1] Þingmannanefnd EFTA-ríkjanna var stofnuð árið 1977 og er enn starfandi og sitja þar þingmenn frá EES ríkjunum þremur og Sviss. Þar sem Sviss er ekki aðili að EES eru tvær þingmannanefndir nauðsynlegar. Þingmannanefnd EFTA-ríkjanna fjallar fyrst og fremst um almenna starfsemi EFTA og fríverslunarsamninga við þriðju ríki.

[2] Yfirleitt er nokkur ágreiningur milli aðildarríkjanna og ESA við afgreiðslu fjárlaga. Meginástæða þessa er að ESA hefur verið þeirrar skoðunar að stofnuninni hafi verið skorinn þröngur stakkur þegar starfslið var skorið niður úr um 100 í 45 við aðild gömlu EFTA-ríkjanna þriggja að ESB. Auk þess hafi umsvif og eftirlit aukist verulega á EES-svæðinu, t.d. á fjarskiptasviðinu. Þess sé krafist að ESA hafi náið samráð við framkvæmdastjórnina og geti fetað í fótspor hennar þegar nýjar áherslur eru settar. Þetta kalli á meira starfslið. Ásættanleg lausn við afgreiðslu fjárlaga hefur þó ætíð náðst að lokum enda hafa aðildarríkin skilning á stöðu ESA að þessu leyti.

[3] Sjá nánar 89.–91. grein EES-samningsins

stjórnarinnar. Ekkert segir um það í EES-samningnum hvaða fulltrúar sitji í EES-ráðinu en gert er ráð fyrir að það komi saman á ráðherrastigi.[1] EES-ráðið hefur það hlutverk að vera pólitískur aflvaki við framkvæmd EES-samningsins og setur almennar reglur fyrir sameiginlegu EES-nefndina. Það er hlutverk nefndarinnar að gera stöðumat á framkvæmd og þróun EES-samningsins. Ráðið hefur einnig vald til að taka ákvarðanir um breytingar á honum. Í EES-ráðinu geta aðilar samningsins tekið upp sérhvert mál sem veldur þeim erfiðleikum varðandi framkvæmd samningsins. Að meginreglu til er gert ráð fyrir því að mál séu fyrst tekin upp í sameiginlegu EES-nefndinni áður en þau eru tekin upp í EES-ráðinu. Aðildarríki geta því borið upp hvaða mál sem er, en ákvarðanir EES-ráðsins verða að vera samhljóða á milli beggja stoðanna þ.e. annars vegar á milli EFTA-ríkjanna og hins vegar Evrópubandalagsins. Formennska í EES-ráðinu er til sex mánaða í senn og skiptast ríkjahóparnir á um formennsku.[2] Mikilvægi EES-ráðsins er tvímælalaust mikið og er afgreiðsla mála í mörgum tilvikum við það miðuð að henni sé lokið fyrir ráðsfundi. Hins vegar hafa nokkrir þættir orðið til þess að draga úr mikilvægi ráðsfunda.

Í fyrsta lagi er EES-samningurinn að sumu leyti fórnarlamb eigin velgengni. Vandamál tengd framkvæmd kunna að virðast stór í augum embættismanna sem við hana vinna en eru í raun tæknileg minni háttar mál í augum utanríkisráðherra ESB. Áhugi á pólitískri umræðu um slík tæknileg mál er ekki mikill meðal ráðherra ESB.

EES-ríkin hafa ætíð lagt áherslu á að utanríkisráðherrar fundi á fyrri fundardegi þegar utanríkisráðherrar ESB hittast því að flestir ráðherrar eru farnir á öðrum degi og þá vill það oft verða svo að fáir ráðherrar séu til staðar þegar EES-ráðsfundirnir fara fram. Á öðrum fundardegi almenna ráðsins er ekki hægt að gera ráð fyrir þátttöku fleiri ráðherra af hálfu ESB en formennskuríkisins en auk þess situr jafnan sá framkvæmdastjóri, sem af hálfu framkvæmdastjórnarinnar fer með utanríkismál.[3]

Afar erfiðlega hefur gengið að fá fundi með utanríkisráðherrunum á fyrri fundardegi þrátt fyrir að mikið hafi verið reynt í þeim efnum. Meginástæða þessa er að dagskrá ráðherranna fyrri fundardaginn er ofhlaðin og því hefur verið reynt að draga úr fundum með þriðju ríkjum á þeim degi. Ef slíkir fundir eru haldnir með þriðju ríkjum hafa EFTA-ríkin þurft að keppa við ríki þar sem stærri vandamál hafa einkennt samskiptin við ESB, eins og t.d. Rússland og Úkraínu.

Í öðru lagi eru þessir fundir formlegir og sú verklagsregla gildir innan ESB að einungis formennskuríkið hefur hlutverki að gegna í viðræðum við þriðju ríki. Af þeirri ástæðu eru þessir fundir síður áhugaverðir fyrir aðra ESB-ráðherra sem gegna ekki beinu hlutverki á fundunum. Auk þess leiðir af þessari reglu, þ.e. að fulltrúi ESB tali einni röddu, að ESB-ríkin þurfa að samræma sjónarmið sín fyrir fundi með þriðju ríkjum. Fundir þessir eru því mjög vel undirbúnir og óvæntar uppákomur þekkjast ekki.[4]

---

[1] Þrátt fyrir að til þessa hafi það tíðkast að utanríkisráðherra sitji þessa fundi er það ekki tiltekið í EES-samningnum. Fræðilega séð er ekkert því til fyrirstöðu að EES-ráðsfundir eigi sér stað með ráðherrum á sérsviðum sem varða innri markaðinn.

[2] Formennska er nú í höndum Portúgals sem fer með formennsku innan ESB. Þann 1. júlí 2000 tekur Ísland við formennsku í EFTA-hópnum til áramóta og er þá jafnframt í formennsku í EES-ráðinu.

[3] Nú fer Chris Patten með þessi mál.

[4] Undirbúningur fyrir þessa fundi innan ESB er í höndum þriðju landa hóps innan ráðsins. Undirbúningur er að mestu í höndum formennskuríkis EFTA annars vegar og ESB hins vegar. Ekki tíðkast að EFTA-ríkin og ESB-ríkin komi saman til að undirbúa slíka fundi.

Í þriðja lagi hefur EFTA-stoðin ekki sama pólitíska vægi og áður eftir að Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu í ESB.

3.2. EES-leiðtogaráðið

Ekki er gert ráð fyrir fundum leiðtoga á EES-svæðinu í EES-samningnum og það telst því ekki ein af stofnunum EES-samningsins. Hins vegar er samkomulag um að halda slíka fundi eftir því sem við verður komið. Stefnt hefur verið að því að halda slíka fundi árlega í tengslum við aðra leiðtogafundi í Evrópu. Í u.þ.b. sex ára sögu EES samningsins hafa þrír slíkir fundir verið haldnir. Þessir fundir eru pólitískur vettvangur þar sem bæði eru rædd mikilvæg utanríkismál og innri markaðsmál.

3.3. Sameiginlega EES-nefndin[1]

Sameiginlega EES-nefndin fundar u.þ.b. mánaðarlega og fer með daglega framkvæmd og rekstur samningsins, þar á meðal ákvarðanatöku innan EES. EES nefndin hefur völd til að taka þjóðréttarlegar ákvarðanir á ýmsum sviðum. Nefndinni ber einnig að leysa úr ágreiningsmálum og samningaviðræður um aðlögun EFTA-ríkjanna að gerðum fara þar fram. Nefndin hefur það hlutverk að sjá til þess að ákvæðum EES-samningsins sé framfylgt.

Ákvarðanir eru teknar með samkomulagi Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjanna sem tala með einum rómi, hins vegar. Formennska skiptist á milli hópanna í sex mánuði í senn. Ísland tekur við formennsku í sameiginlegu EES-nefndinni af framkvæmdastjórninni 1. júlí 2000.

Fundir EES-nefndarinnar eru undirbúnir af undirnefndum og fjölda starfshópa. Áður en ákvarðanir eru teknar eru þær undirbúnar af sameiginlegum fjórum nefndum, þ.e.

1. undirnefnd sem fjallar um vöruviðskipti
2. undirnefnd sem fjallar um þjónustuviðskipti
3. undirnefnd sem fjallar um frjálsa för fólks
4. undirnefnd sem fjallar um málefni sem ná þvert á fjórþætta frelsið

Auk þess starfar 5. nefnd sem fer með laga- og stofnanamál.

Framkvæmdastjórnin talar fyrir hönd Evrópusambandsins á þessum fundum. Fremur sjaldgæft er að fulltrúar aðildarríkja ESB sitji fundina nema alvarlegur ágreiningur sé uppi. Þannig voru þessir fundir sóttir af fulltrúum fleiri ríkja þegar ágreiningur var uppi um framhald á þróunarsjóðnum. Fulltrúar hinna norrænu ríkjanna sækja þessa fundi einstaka sinnum. Finnland er reyndar eina ríkið sem sækir alltaf fundi. Í þeim tilvikum, þegar fulltrúar aðildarríkjanna taka þátt í þessum fundum, tíðkast ekki að þeir taki til máls. Slíkt er þó heimilt og hafa Spánverjar t.d. tekið til máls í tengslum við ágreininginn um fyrrgreindan þróunarsjóð.

3.4. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

Í formálsgreinum EES-samningsins um þingmannanefnd EFTA-ríkjanna segjast EES/EFTA-ríkin vera sannfærð um að þjóðþing ríkjanna hafi mikilvægu hlutverki að gegna varðandi þróun EES-svæðisins og eru staðráðin í því að efla þingmannasamstarf þeirra og einnig milli þeirra og Evrópuþingsins.

EES-samningurinn gerir ráð fyrir samvinnu þingmanna aðildarríkja EES, þ.e. annars vegar þingmanna frá ESB-ríkjunum sem eru fulltrúar Evrópuþingsins og hins vegar fulltrúar þjóðþinga EFTA-ríkjanna. Alls eru þetta nú 24 þingmenn, þ.e. tólf frá hvorum aðila. EFTA-hóp-

[1] Sjá nánar 92.–94. grein EES-samningsins.

urinn skiptist þannig að 6 þingmenn eru norskir, 4 íslenskir og 2 frá Liechtenstein. Frá ESB virðist vera rík tilhneiging til að tilnefna þingmenn úr norðanverðri Evrópu.

Frá því að EES-samningurinn var gerður hefur ein mesta breyting á stofnanafyrirkomulagi innan EES verið aukið vægi Evrópuþingsins. Tvær breytingar hafa verið gerðar á Rómarsamningnum, í Maastricht og síðan í Amsterdam, sem báðar leiddu til stóraukinna valda til handa Evrópuþinginu. Eins og fram kemur hér að framan hefur Evrópuþingið ekki lengur aðeins stöðu sem ráðgefandi aðili heldur er orðinn virkur aðili í lagasetningarstarfinu sem fram fer innan ráðherraráðsins.

EES-þingmannanefndin hefur það hlutverk að koma af stað viðræðum og auka skilning milli Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna á kringumstæðum hvert annars varðandi framkvæmd samningsins. Nefndin fundar aðeins tvívegis á ári og verður því ekki borin saman við það umfangsmikla starf sem fer fram í Evrópuþinginu. Nefndin er ráðgefandi og ekki er skylt að bera mál varðandi EES-samninginn upp við nefndina. Þá hefur hún ekki beinu hlutverki að gegna gagnvart stofnunum EES. Hún getur þó unnið skýrslur um starfsemina og samþykkt ályktanir.

Takmarkað hlutverk EES-þingmannanefndarinnar er ábending um þjóðréttarleg sérkenni samstarfsins. Hins vegar hafa sumir bent á að sú staðreynd, að slíkt þing sé til staðar, sé vísir að því að EES myndi sjálfstætt réttarkerfi.[1] Óháð slíkum umræðum er víst að aðilar vonuðust til þess með þingmannasamstarfinu að gefa samningnum aukið pólitískt vægi og gefa þjóðþingum EFTA-ríkjanna kost á að fylgjast betur með framkvæmd samningsins.

3.5. Ráðgjafarnefnd EES

Einnig er starfrækt sérstök ráðgjafarnefnd EES en í henni sitja fulltrúar atvinnulífsins þ.e. annars vegar úr EFTA-ríkjunum og hins vegar fulltrúar efnahags- og félagsmálanefndar ESB (ECOSOC). Nefndin miðlar upplýsingum og reynslu um framkvæmd og þróun hins evrópska efnahagssvæðis. Hún getur samþykkt ályktanir en ekki er skylt að bera mál undir nefndina.

Fundir með svipuðu sniði tíðkuðust milli EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins frá árinu 1975.

4. Lokaorð

EES-samningurinn hefur þróast vel og reynst farsæll samningur og telja verður að hann hafi staðist þá raun þegar þrjú af fyrrverandi aðildarríkjum EFTA gengu í Evrópusambandið. Það hefur ekki verið vandalaust að reka samninginn undir þessum kringumstæðum en telja verður samt sem áður að bærilega hafi tekist að verja stofnanir samningsins.

Eitt af megineinkennum EES-samningsins er það hversu sveigjanlegur hann er og þrátt fyrir tvær ríkjaráðstefnur þar sem breytingar hafa verið gerðar á Rómarsamningnum má staðhæfa að ekki hafi myndast brestir í samstarfinu. Þrátt fyrir sveigjanleika EES-samningsins, að því leyti að hann tekur u.þ.b. mánaðarlega breytingum með innleiðslu nýrra gerða í samninginn, er sveigjanleikinn ekki sá sami að því er varðar stofnanir samningsins. Verulegt átak hefur átt sér stað í þá átt að færa Evrópusambandið nær borgurunum undanfarin ár og hefur sú þróun stóraukist með aðild Finnlands og Svíþjóðar að ESB. Völd Evrópuþingsins hafa verið aukin verulega og eftirlit þess með stofnunum ESB er mun meira en áður, einkum að því er varðar framkvæmdastjórnina. Embætti umboðsmanns hefur verið stofnað og ákvarð-

[1] Leif Sevón og Martin Johansson, the protection of the Rights of Individuals undir the EEA Agreement 24 European Court Review, 1999.

anatökuferlið er opnara. Aðgangur almennings að upplýsingum er mun betri en áður. Þegar EES-samningurinn var gerður voru starfandi í Brussel ýmsar skrifstofur sem seldu aðilum aðgang að skjölum sem þær höfðu útvegað eftir óformlegum leiðum. Þessar sömu upplýsingar getur almenningur nú nálgast ókeypis.

Auk þess hefur verið gripið til ráðstafana til að efla áhrif atvinnulífsins sem getur nú, ef launþegar og atvinnurekendur eru sammála, lagt fram gerð til samþykktar í ráðherraráðinu.[1] Ekki var gert ráð fyrir slíkum aðgangi þegar EES-samningurinn var gerður. Þá hefur landsvæðanefndin verið stofnuð til að auka hlutverk sveitarfélaga og samþykktir gerðar til að efla hlutverk þjóðþinga aðildarríkja ESB. Á sama tíma er aðild hátt settra embættismanna og pólitískra fulltrúa mun greiðari innan ESB en EES og mál á síðarnefndum vettvangi koma almennt seinna til pólitískrar umræðu. Er þetta meginástæða þess að sumir telja mikilvægt að reyna að koma máli fyrr í pólitíska umræðu í EES-ríkjunum til að vega upp á móti því lýðræðislega misvægi sem hefur skapast í stoðunum tveimur. Þessi þáttur hefur einnig verið eitt af viðfangsefnum þingmannanefndar EFTA og málið hefur verið rætt í sameiginlegu þingmannanefnd EES-ríkjanna.

Svigrúm aðildarríkja til þess að fara eigin leiðir eða framfylgja eigin stefnu innan þess ramma, sem EES-samningurinn setur, má greina í tvennt, þ.e. annars vegar svigrúm til athafna sem rúmast innan samningsins og hins vegar ólögmætt svigrúm, þ.e. athafnir sem eru samningsbrot en eru látin óátalin af eftirlitsaðilum, t.d. af því að mál telst sérstaklega viðkvæmt.

Að því er varðar fyrra atriðið, þ.e. í þeim tilvikum þegar ríki notfæra sér svigrúm til þess að framfylgja gerð eftir sínum skilningi, ætti svigrúm aðildarríkja að ESB og EES væntanlega að vera nokkuð svipað. Framkvæmdin er að miklu leyti í höndum aðildarríkjanna og er ljóst t.d., þegar um tilskipanir er að ræða að aðildarríki hafa svigrúm til athafna þó að það sé ekki nákvæmlega skilgreint.

Í þeim tilvikum þegar aðildarríki beitir mati á túlkun, sem kann að vera á gráu svæði, er ekki ólíklegt að framkvæmdastjórnin bíði átekta og fari varlega í aðgerðir, sérstaklega ef um pólitískt viðkvæm mál er að ræða. Líklega gerði ESA slíkt hið sama en stofnunin er ekki eins háð góðum samskiptum við aðildarríkin og framkvæmdastjórnin enda hefur stofnunin þrengra hlutverk. Auk þess er ESA meðvitað um að náið er fylgst með frammistöðu stofnunarinnar af framkvæmdastjórninni. Ekki er því útilokað að svigrúm aðildarríkja ESB kunni að vera meira að þessu leyti, a.m.k. má staðhæfa að eftirlit ESA með aðildarríkjum sínum sé síst minna en eftirlit framkvæmdastjórnar með aðildarríkjum ESB. Auk þess eru aðildarríkin viðstödd alla samningagerðina í ráðherraráðinu og þar sem ríkin útskýra afstöðu sína í slíkum samningaviðræðum kann að koma í ljós svigrúm til túlkunar sem aðildarríkjum EFTA er ekki kunnugt um.

Hins vegar skapast álitaefni þegar aðildarríki fer hreinlega ekki eftir gerðum, þ.e. sýnir ekki fullkomna hollustu við framkvæmd gerða. Sömu sjónarmið eiga við hér eins og greint er frá hér að ofan um stöðu ESA annars vegar og framkvæmdastjórnar hins vegar. Mörg dæmi eru um að einstök aðildarríki sýni ekki hollustu við framkvæmd gerða eða dragi a.m.k. lappirnar. Ef málsókn er hótað má reyna að leysa mál áður en úrlausn fer fyrir dómstóla. Þar sem málsmeðferð er einfaldari innan EFTA-stoðarinnar og álag á EFTA-dómstólinn er minna

[1] Gerð ESB um foreldraorlof var t.d. samþykkt í ráðherraráðinu að fenginni tillögu hagsmunaaðila atvinnulífsins.

en á Evrópudómstólinn, eru líkur því að úrlausn fáist með skjótari hætti innan EES/EFTA en ESB.

Ef aðildarríki ESB ákveður að framkvæma ekki gerð eru dæmi um að hún hafi beðið átekta ef hún telur að mál sé sérstaklega viðkvæmt fyrir ríki.[1] Innan ESB er aðgerðum sjaldan beitt gegn einstökum aðildarríkjum ef þau fara ekki eftir reglum. ESB-ríki verður ekki vikið úr aðildarríkjahópnum og ekki er hægt að grípa til mótaðgerða ef aðildarríki framfylgir ekki leikreglum innri markaðarins. Með breytingum, sem gerðar voru á Rómarsamningnum í Maastricht var innleitt ákvæði um að hægt sé að beita fjársektum ef ríki framfylgdu ekki ákvæðum gerða. Á hitt ber að líta að þessu úrræði hefur aldrei verið beitt og reynt er í lengstu lög að forðast það. Hins vegar ef EFTA-ríki framkvæma ekki gerðir er hægt að grípa til mótaðgerða. Viðeigandi gerðir tengdar viðauka gætu verið teknar úr sambandi sem gæti leitt jafnvel til alvarlegri árekstra. Þar sem EFTA-ríkin eru veikari aðili sem hefur miklu að tapa er slík framkvæmd líklega ekki talin áhættunnar virði. Auk þess er hægt að gera meiri formlegar kröfur ef um þriðja ríki er að ræða; sem dæmi má nefna að EES/EFTA-ríkjunum hefur verið meinuð aðkoma að tveimur vísinda- og þróunarverkefnum þar sem gerðin um vernd persónuupplýsinga í tölvutæku formi[2] hefur ekki enn öðlast gildi á EES-svæðinu. Slíkum formkröfum er þó ekki beitt þegar um aðildarríki er að ræða. Nokkur aðildarríki hafa ekki komið fyrrgreindri gerð til framkvæmdar en sú staðreynd hefur ekki áhrif á þátttöku þeirra.

Loks má nefna að þegar um er að ræða viðskipti með vöru, sem ekki heyrir undir samninginn að fullu, hefur framkvæmdastjórnin litið svo á að hún geti gripið til efnahagslegra refsiaðgerða. Slíkt er ekki heimilt ef um svið er að ræða sem heyrir undir EES-samninginn, en meira álitamál er ef um vöru er að ræða sem fellur utan hans. Framkvæmdastjórnin greip t.d. til refsitolla gegn Norðmönnum vegna meintra niðurgreiðslna þeirra á laxi á markaði ESB. Álitamál er hvort slíkt sé heimilt samkvæmt EES-samningnum en það var engu að síður gert og Norðmenn treystu sér ekki til annars, eftir að sýnt var að mótmæli þeirra báru ekki árangur, en að semja um tolla. Sá samningur rennur út á næsta ári og er sú staða Norðmönnum áhyggjuefni.[3]

Af framansögðu er ljóst að þrátt fyrir að EES/EFTA-ríkin taki þátt í innri markaðnum er ekki sjálfgefið að aðstaðan á markaðnum verði ætíð sú sama. Þrátt fyrir einstakan samning eru ríkin þriðju ríki í samskiptum við ESB og þó að margt sé líkt mun ætíð felast viss aðstöðumunur í því hvort viðkomandi sé aðili að ESB eða ekki.

Gagnlegar vefslóðir um tveggja stoða kerfi EES-samningsins

Fríverslunarsamtök Evrópu – Eftirlitsstofnun EFTA – EFTA-dómstóllinn:
http://www.efta.int/structure/main/index.html
Vefsetur Evrópusambandsins: http://europa.eu.int

[1] Sem dæmi um þetta má nefna gerð um friðun fugla sem var mjög viðkvæm í ákveðnum ríkjum því að hún takmarkaði sportveiði. Framkvæmdastjórnin aðhafðist ekki í málinu. Dæmi eru einnig um að hún bíði í alllangan tíma áður en hún grípur til aðgerða í slíkum tilvikum.

[2] Sjá tilskipun nr. 96/46/EB um vernd persónuupplýsinga, ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/99.

[3] Sérstaða þessa máls er að sýnt þótti að sá stuðningur, sem tíðkaðist í Noregi, væri í andstöðu við WTO-reglur og var það talið nægilegt til að beita viðurlögum og hafði það engin áhrif þótt sýnt væri að álíka fyrirkomulag tíðkaðist innan ESB og Norðmenn viðhöfðu. Ef svo væri þá gætu þeir gripið til sinna ráða. Aðilar kusu að semja.

3. kafli
Frjáls vöruviðskipti

Samantekt

Í grundvallaratriðum má segja að takmarkinu um frjálst flæði vöru innan ESB hafi verið náð í ársbyrjun 1993. Með EES-samningnum var hið fjórþætta frelsi og innri markaðurinn, þ.á m. frjálst flæði vöru, útvíkkað til EFTA/EES-ríkjanna. Í samningnum felst þó ekki að teknir séu upp samræmdir tollar eða viðskiptastefna gagnvart þriðju ríkjum og tollafgreiðsla hefur ekki verið felld niður milli samningsaðila. Samningurinn felur í sér samræmingu tæknilegra viðmiðana fyrir margvíslega vöruflokka. Með honum er bann lagt við tollum og magntakmörkunum á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Að auki veitir samningurinn aðild að innri markaðnum á sviði opinberra innkaupa.

Helstu breytingar á sviði vöruviðskipta með aðild að ESB fælu í sér myndun tollabandalags og sameiginlega viðskiptastefnu gagnvart þriðju ríkjum. Aðild mundi aftur á móti litlu breyta að því er varðar samræmingu tæknilegra viðmiðana. Sama á við um reglur um magntakmarkanir og opinber innkaup þar sem reglur ESB hafa þegar verið teknar upp hvað þetta varðar.

1. Almennt

Frjáls viðskipti með vörur milli aðildarríkja EB voru eitt helsta markmið Rómarsamningsins frá 1958. Greiðlega gekk að afnema tolla og magntakmarkanir í vöruviðskiptum aðildarríkjanna. Hægar miðaði með samræmingu löggjafar á þeim sviðum þar sem slíkt var talið nauðsynlegt til að draga úr tæknilegum viðskiptahindrunum og tryggja frjálst vöruflæði. Skriður komst á þessi mál um miðjan níunda áratuginn er aðildarríkin samþykktu áætlun um sameiginlegan innri markað Evrópubandalagsins. Samkvæmt áætluninni skyldi óskiptur innri markaður kominn á að fullu og öllu í árslok 1992.

Til að hraða nauðsynlegri samræmingu í lögum og reglum innri markaðarins var ráðherraráðinu heimilað að taka ákvarðanir með auknum meiri hluta við löggjöf á sviði innri markaðarins, í stað einróma samþykkis áður. Hafði þessi breyting mikil áhrif í þá átt að greiða fyrir og hraða lagasetningu innan ráðherraráðsins í málefnum innri markaðarins.

Innri markaður þýðir í raun að starfsumhverfi fyrirtækja sé hið sama innan ESB í heild og á heimamarkaði hvers og eins aðildarríkis. Til að ná þessu markmiði var landamæraeftirlit fyrir vörur afnumið, svo sem tolla- og heilbrigðis- og öryggiseftirlit milli aðildarríkjanna. Slíkt eftirlit var gert óþarft með því að samræma í meginatriðum löggjöf aðildarríkjanna. Í grundvallaratriðum má segja að takmarkinu um frjálst flæði vöru innan ESB hafi verið náð í ársbyrjun 1993.

Eitt helsta markmið EES-samningsins er frjáls vöruviðskipti. Með samningnum er hið fjórþætta frelsi og innri markaður ESB útvíkkaður til EFTA/EES-ríkjanna. Á þessu eru þó nokkrar mikilvægar undantekningar þar sem EES-samningurinn tekur ekki til allra vöruflokka, hann felur hvorki í sér tollabandalag né sameiginlega viðskiptastefnu gagnvart þriðju ríkjum, landamæraeftirlit er ekki með öllu afnumið og sameiginleg sjávarútvegs- og landbúnaðarstefna ESB gildir ekki á Evrópska efnahagssvæðinu.

1.1. Tollabandalag og sameiginleg viðskiptastefna gagnvart þriðju ríkjum

Evrópusambandið er tollabandalag en í því felst að engir tollar eru í viðskiptum milli aðildarríkjanna. Jafnframt er ytri tollur samræmdur og viðskiptastefna aðildarríkjanna gagnvart

þriðju ríkjum er sameiginleg og byggist á sameiginlegri tollskrá og tollareglum. Vöruflæði milli aðildarríkjanna er frjálst og engin þörf er á reglum eins og upprunareglum til að ákvarða hvaða vörur megi flytja milli landanna. Tollafgreiðsla á innri landamærum hefur verið afnumin. Viðskiptasamningar við önnur ríki eru á forræði ESB, svo og allar ákvarðanir um aðgerðir í viðskiptum, svo sem beiting undirboðs og jöfnunartolla.

Einn mikilvægasti þáttur EES-samningsins er fríverslun milli ESB- og EFTA/EES-ríkjanna með þær vörur sem samningurinn nær til. Lagt er bann við tollum og magntakmörkunum á þeim sviðum sem samningurinn tekur til og fjáröflunargjöld ýmiss konar mega ekki leggjast með meiri þunga á innfluttar vörur en innlendar. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið felur í sér upprunareglur sem gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í EES-samningnum felst ekki að teknir séu upp samræmdir tollar eða viðskiptastefna gagnvart þriðju ríkjum og tollafgreiðsla hefur ekki verið felld niður milli samningsaðila. Hins vegar er kveðið á um að samráð skuli haft áður en meiri háttar breytingar eru gerðar á innheimtu tolla gagnvart ríkjum utan svæðisins.

Þótt viðskiptastefna gagnvart þriðju ríkjum sé ekki samræmd með EES-samningnum gilda sumar reglur hans einnig í viðskiptum við þriðju ríki þar sem ella yrði meginreglunni um einsleitni Evrópska efnahagssvæðisins teflt í tvísýnu. Til að mynda er í samningnum gert ráð fyrir því að í hvert sinn, sem ESB gerir samning við þriðja ríki um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati, vottorðum og merkingum, geri EFTA/EES-ríkin samskonar samning við sama ríki.[1] Einnig er í II. viðauka við samninginn, sem er jafnframt efnismesti viðauki hans, gert ráð fyrir að hann gildi um allar vörur, þ.e. einnig um innflutning frá þriðju ríkjum. Með þeim gerðum sem falla undir II. viðauka eru tæknilegar kröfur til ýmissa vara samræmdar svo að ekki gefst svigrúm til að gera sérkröfur í einstökum ríkjum og skapa þar með tæknilegar viðskiptahindranir. Samningsaðilum er því óheimilt að flytja inn vörur frá ríkjum utan EES uppfylli þær ekki kröfurnar sem gerðar eru til þeirra samkvæmt hinni samræmdu Evrópulöggjöf. Með þessu móti hafa samræmdar reglur áhrif á samskipti við þriðju ríki. Væri hægt að sanna að tilteknar kröfur, sem gerðar eru til innflutnings, byggist ekki á öryggis- eða neytendasjónarmiðum heldur hafi það að markmiði að vernda evrópskan iðnað mætti leiða rök að því að viðkomandi aðgerð teldist til viðskiptastefnu fremur en nauðsynlegrar tæknilegrar samræmingar. Á þeim forsendum væri hægt að heimila innflutning. Það mundi hins vegar jafngilda ásökun á hendur ESB um misnotkun tæknilegra staðla.

2. Opinber innkaup

Með EES-samningnum fengu EFTA/EES-ríkin aðild að innri markaðnum á sviði opinberra innkaupa. Helsta markmið Evrópulöggjafar um opinber innkaup er að skylda opinbera aðila til að fara að málsmeðferðarreglum við gerð samninga um kaup á verkum, vöru eða þjónustu sem fer yfir ákveðið lágmarksverð, sbr. skilgreiningu. Þessar reglur fela í sér að verkefni séu auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu til að tryggja jafnan aðgang verktaka, birgja og veitenda þjónustu að þeim. Reglurnar opna íslenskum fyrirtækjum leið til að keppa á jafnréttisgrundvelli um verkefni innan EES við önnur evrópsk fyrirtæki. Þær stuðla jafn-

[1] Samningar þessir eru jafnan nefndir MRA-samningar eftir ensku heiti þeirra (Mutual Recognition Agreements). Um er að ræða samninga sem stofnað er til í þeim tilgangi að draga úr tæknilegum viðskiptahindrunum og tryggja sem frjálsast flæði vöru milli samningsaðila. Samningssviðið er ýmis eftirlitsskyldur iðnvarningur. Í MRA-samningum felst að þar til nefndir aðilar frá hvorum samningsaðila eru viðurkenndir sem hæfir til að votta að vara uppfylli kröfur sem gerðar eru til hennar í landi hins.

framt að gagnsæi í innkaupum hins opinbera og geta leitt til hagræðis í opinberum rekstri og þar með dregið úr útgjöldum hins opinbera.

Fjallað er um opinber innkaup í XVI. viðauka EES-samningsins. Þótt ákvæði um þetta svið sé ekki að finna í Rómarsamningnum eða í meginreglum EES-samningsins getur þó reynt á ýmsar reglur þeirra við opinber innkaup, svo sem reglur um bann við magntakmörkunum og tæknilegum viðskiptahindrunum og reglur um þjónustufrelsi og staðfesturétt.

Tilskipanir á sviði opinberra innkaupa (nr. 93/36/EBE, 93/37/EBE, 92/50/EBE) setja efnisreglur um opinber innkaup, hvort sem um vöru-, verk- eða þjónustukaup er að ræða. Þær fjalla um innkaup ríkisins, ríkisstofnana, sveitarfélaga og stofnana þeirra. Sérreglur gilda um innkaup veitufyrirtækja, fyrirtækja sem annast flutninga með járnbrautum eða almenningsvögnum, hafnargerð, flugvallargerð og fjarskipti, sbr. tilskipun 93/38/EBE. Þessar reglur geta náð til einkafyrirtækja sem annast þá starfsemi sem fellur undir tilskipunina á grundvelli einkaréttar. Hérlendis eru það einkum veitufyrirtæki sem þessi tilskipun nær til, t.d. Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur. Tilskipanirnar taka til hvers konar vöru- og verkkaupa auk flestra þeirra þjónustuflokka sem algengt er að bjóða út. Allar þessar fjórar tilskipanir setja ýtarlegar reglur um útboðsaðferðir, auglýsingar, tímafresti, tækniforskriftir og staðla, hæfi og val bjóðenda og val tilboða.

Tilskipanir 89/665/EBE og 92/13/EBE fjalla um meðferð kærumála og bótarétt. Samkvæmt þeim getur sá sem telur rétt á sér brotinn leitað til úrskurðaraðila og jafnframt á hann rétt á bótum samkvæmt nánari ákvæðum í landslögum. Unnt er að stöðva útboð tímabundið vegna brota á reglunum.

Með lögum nr. 55/1993 var lögum um opinber innkaup og skipan opinberra framkvæmda breytt í því skyni að uppfylla ákvæði EES-samningsins á þessu sviði. Jafnframt er fjallað um opinber innkaup í reglugerð nr. 302/1996. Fjármálaráðherra fer með úrskurðarvald samkvæmt lögunum en honum til aðstoðar er kærunefnd og hafa nefndinni verið settar sérstakar starfsreglur.

Þar sem Ísland hefur tekið upp tilskipanir ESB um opinber innkaup yrðu ekki breytingar á þeim reglum, sem nú eru í gildi, með aðild. Hins vegar fengi framkvæmdastjórnin það eftirlitshlutverk sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú. Ísland fengi fulla aðild að ráðgjafanefnd framkvæmdastjórnarinnar um opinber innkaup en nú er aðeins um áheyrnaraðild að ræða. Jafnframt fengi Ísland aðild að vinnuhópi ráðherraráðsins um opinber innkaup. Aðstaða íslenskra stjórnvalda til að hafa áhrif á löggjöf sambandsins á þessu sviði mundi því batna til muna. Slíku gæti þó fylgt aukið álag á stjórnkerfið.

3. Tæknilegar viðskiptahindranir

Með minnkandi áhrifum tolla á viðskipti hafa sjónir manna beinst í auknum mæli að óbeinum hindrunum sem í daglegu tali eru nefndar tæknilegar viðskiptahindranir. Með hugtakinu er átt við hindranir í frjálsum vöruviðskiptum sem stafa af mismunandi tæknilegum viðmiðunum í löggjöf og reglum einstakra ríkja. Þær geta snúið að framleiðslu og sölu vöru, t.d. reglur um merkingar, afköst, framleiðsluaðferðir o.fl. Hér er átt við reglur sem settar eru af opinberum aðilum, þ.e. lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli, en strangar samkeppnisreglur gilda einnig til að koma í veg fyrir að fyrirtæki setji upp hindranir sem draga úr virkni innri markaðarins.

Framleiðendur vöru geta lent í þeirri aðstöðu að þurfa að útbúa mismunandi útgáfur af vöru til að uppfylla sérkröfur sem gerðar eru í einstökum ríkjum. Einnig getur reynst nauðsynlegt að prófa og votta samræmi vöru við margar mismunandi tæknilegar viðmiðanir áður en hægt er að setja hana á markað annarra ríkja. Þetta felur í sér aukinn hönnunar- og fram-

leiðslukostnað, veldur töfum á markaðssetningu og möguleikar fyrirtækja á nýsköpun geta takmarkast. Að auki kemur þetta að sjálfsögðu í veg fyrir að framleiðendur njóti þess hagræðis sem innri markaðnum er ætlað að tryggja um sama starfsumhverfi óháð staðsetningu. Þannig geta ólíkar tæknilegar reglur haft þau óbeinu áhrif að vernda innlenda framleiðslu. Rannsóknir Efnahags- og framfarastofnunarinnar (*Organization for Economic Co-operation and Development OECD*)[1] og fleiri stofnana hafa sýnt að kostnaður fyrirtækja við að uppfylla ólíkar tæknilegar kröfur sé á bilinu 2–10% af framleiðslukostnaði. Þessar tölur gefa vísbendingu um það hagræði sem hlýst af samþættingu tæknilegra viðmiðana á Evrópska efnahagssvæðinu.

Afnám tæknilegra viðskiptahindrana er eitt af lykilatriðum í myndun sameiginlegs innri markaðar. ESB hefur mótað þá stefnu að afnema slíkar hindranir, svo sem kostur er, ýmist með samræmingu reglna eða með gagnkvæmri viðurkenningu landsreglna. Jafnframt er lögð aukin áhersla á notkun samræmdra staðla og tæknilegra viðmiðana við gerð tæknilegra reglna til að forðast óþarfa hindranir sem fylgja ólíkum tæknikröfum milli landa.

3.1. Samræming reglna

Eitt mikilvægasta tæki Evrópusambandsins á sviði tæknilegra viðskiptahindrana er samræming tæknilegra viðmiðana. Samræming innan Evrópusambandsins fer fram með setningu samræmdra reglna sem EFTA/EES-ríkin hafa tekið upp og gert að sínum. Viðauki II við EES-samninginn, sem ber heitið *Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun,* hefur að geyma um 1200 gerðir sem miða að því að afnema tæknilegar viðskiptahindranir á sviði ýmiss konar iðnvarnings. Viðaukanum er skipt í þrjátíu og einn kafla sem nær til eftirtalinna vörutegunda: Vélknúina ökutækja, landbúnaðardráttarvéla, lyfti- og flutningabúnaðar, heimilistækja, gastækja, byggingarbúnaðar, þrýstihylkja, mælitækja, rafmagnsvara, textílefna, matvæla, lyfja, áburðar, hættulegra efna, snyrtivara, umhverfisverndar, upplýsingatækni, fjarskipta og gagnavinnslu, byggingarvara, persónuhlífa, leikfanga, véla, tóbaks, orku, áfengra drykkja, menningarverðmæta, sprengiefnis til mannvirkjagerðar, lækningatækja og skemmtibáta. Að auki felur viðaukinn í sér almenn ákvæði á sviði tæknilegra viðskiptahindrana og gerðir er fjalla um frjálsa vöruflutninga almennt. Þessi upptalning gefur góða mynd af umfangi samningsins á þessu sviði.

Áður fyrr fólu tilskipanir ESB í sér nákvæm tæknileg viðmið og er svo raunar enn með tilskipanir á sviði matvæla, lyfja, ökutækja og hættulegra efna. Með tilkomu hinnar svokölluðu *nýju aðferðar* (*New Approach*) árið 1985 var vikið frá þessari stefnu á flestum sviðum og geyma nýaðferðartilskipanirnar nú fyrst og fremst ófrávíkjanlegar grunnkröfur um að varan sé örugg í notkun og valdi hvorki heilsutjóni né umhverfisspjöllum. Í mörgum tilvikum er vísað í samræmda Evrópustaðla um nánari útfærslu og er vara, sem framleidd er í samræmi við staðlana, talin uppfylla ákvæði tilskipunarinnar. Þó að notkun staðla sé valkvæð, þ.e. segja má að staðall sé tilmæli um að gera eitthvað á tiltekinn hátt, endurspeglast þeir oft í löggjöf ríkja og með því móti gegna þeir mikilvægu hlutverki við tæknilega samþættingu á innri markaðnum. Evrópsk staðlasamtök hafa umboð til að vinna að gerð staðla. Staðlaráð Íslands á aðild að þessum samtökum og tekur þátt í starfsemi þeirra. Aðild að þessu starfi fylgir sú skuldbinding að gera alla staðla sem frá samtökunum koma að íslenskum stöðlum.

[1] Sjá t.d. Organisation for Economic Co-operation and Development, Conference on Consumer Product Safety Standards and Conformity Assessment: Their Effect on International Trade Proceedings, Paris, 1996.

Evrópusambandið hefur að auki þróað kerfi til að tryggja að vara uppfylli þær kröfur, sem til hennar eru gerðar, með því að nota samræmismat. Tilgangurinn með reglum um mat á samræmi er að gera opinberum yfirvöldum kleift að tryggja að vörur, sem settar eru á markað, samræmist kröfum tilskipananna, einkum hvað varðar heilsu og öryggi notenda. Mismunandi aðferðir gilda um slíkt eftir vörutegundum og er þess í sumum tilfellum krafist að varan sé prófuð, skoðuð eða vottuð af óháðum aðila. Þeir sem stunda prófanir, skoðanir og vottanir eiga að fullnægja kröfum Evrópustaðla um samræmismat og eru þeir sérstaklega tilnefndir af hálfu opinberra aðila. Með þessu móti á að skapa það gagnkvæma traust sem er nauðsynlegt til þess að prófanir og vottanir í einu landi séu viðurkenndar í öðru landi svæðisins. Íslenskur aðili hefur ekki verið tilnefndur til þessara verka fyrst og fremst vegna lítillar framleiðslu á vottunarskyldum iðnvarningi hér á landi. Íslenskir framleiðendur slíks varnings þurfa því að fá samræmismat frá erlendum aðilum.

Allar vörur, sem settar eru á markað á Evrópska efnahagssvæðinu og falla undir nýaðferðartilskipanir, skulu bera CE-merkið. Þetta gildir einnig um íslenskar vörur á íslenskum markaði. CE-merkið er sett á vöruna til að gefa yfirvöldum til kynna að hún uppfylli grunnkröfur nýaðferðartilskipana. Með virku markaðseftirliti ber stjórnvöldum að tryggja að einungis séu á markaði vörur sem uppfylla settar kröfur.

3.2. Gagnkvæm viðurkenning landsreglna

Hér hefur verið fjallað um samræmingu löggjafar og aðra samræmingu krafna til framleiðslu en fyrir stóran hluta vörutegunda gilda engar samræmdar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu. Til að tryggja frjálst flæði þessara vara hafa menn stuðst við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins sem dregin er af 28. gr. og 30. gr. Rómarsamningsins þar sem lagt er bann við magntakmörkunum og öðrum ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif. Túlkun Evrópudómstólsins á því hvaða ráðstafanir teljast hafa samsvarandi áhrif og magntakmarkanir var framan af mjög víð og mótaðist m.a. af meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu sem dregin er af Cassis de Dijon dómnum. Tildrög málsins voru þau að þýskt fyrirtæki hugðist setja á markað í Þýskalandi franskan líkjör sem nefnist Cassis de Dijon og inniheldur áfengi 15–20%. Þýsk yfirvöld svöruðu því til að ekki væri hægt að markaðssetja líkjörinn þar í landi þar sem líkjör er samkvæmt þýskum lögum skilgreindur sem sterkur drykkur og skal því að minnsta kosti innihalda 32% áfengi. Dómstóllinn svaraði því til að þar sem ekki væri um sameiginlegar reglur að ræða hefðu aðildarríkin svigrúm til að setja sínar eigin reglur en jafnframt skyldu þau veita viðtöku vöru sem væri löglega framleidd og markaðssett í einu aðildarríki, þ.e. í samræmi við reglur og framleiðsluferli sem viðurkennt er af framleiðslulandinu. Fjölmargir dómar hafa fallið sem útfæra þessa meginreglu nánar. Þó að túlkun dómstólsins hafi þrengst nokkuð í tímans rás er eingöngu heimilt að veita undantekningu frá þessari meginreglu að fullnægðum ströngum skilyrðum. Segja má að þessi regla feli í sér að ákveðið traust þurfi að ríkja milli aðildarríkjanna. Fyrrnefndar greinar Rómarsamningsins endurspeglast í 11. gr. og 13. gr. EES-samningsins. Taka ber mið af meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu við túlkun á þessum grundvallarreglum EES-samningsins um vöruviðskipti.

Til að auka gagnsæi á þeim sviðum þar sem ríki hafa svigrúm til setningar eigin tæknilegra viðmiðana hefur Evrópusambandið komið á sérstöku innra upplýsingakerfi fyrir tæknilegar reglur og staðla sem ætlað er að koma í veg fyrir að ríki setji tæknilegar reglur eða staðla sem haft geta í för með sér tæknilegar viðskiptahindranir. Samkvæmt þessu kerfi er aðildarríkjunum gert að tilkynna um drög að tæknilegum reglum og stöðlum áður en þeir eru settir og gefa öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórn ESB ákveðinn tíma til að gera athugasemdir. Þátttaka EFTA/EES-ríkjanna í þessu kerfi var hluti EES-samningsins.

3.3. Starfið innan EES

Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði samþykkti Ísland að samræma landsrétt sinn nánast öllum reglum ESB um tæknilegar viðmiðanir og tryggja þar með frjálst flæði þeirra vöruflokka sem að framan voru nefndir. Að auki var með samningnum lagt bann við magntakmörkunum og ráðstöfunum sem hafa sambærileg áhrif. Hér á landi hefur því verið tekin upp sú löggjöf og þær aðferðir er gegna lykilhlutverki í myndun hins innri markaðar og ætlað er að afnema svo sem kostur er tæknilegar viðskiptahindranir.

Við gildistöku EES-samningsins voru um 600 gerðir í II. viðauka. Við gerð hans þurfti að fara yfir mikinn fjölda gerða á þessu sviði og fella íslenska löggjöf að þeim. Ekki verður annað séð en að það hafi gengið vel þó að sum svið hafi reynst erfiðari en önnur enda áhrif gerðanna misvíðtæk hér á landi. Setja þurfti lög eða gera lagabreytingar á sviði vörugjalda, eiturefna og hættulegra efna, lyfja, mælitækja og aðferða við mælifræðilegt eftirlit og reglna um öryggi framleiðsluvöru. Sumar þeirra gerða, sem teknar voru upp, fólu í sér breytingar sem ollu nokkurri umræðu. Svo var t.d. um gerðir um umbúðamerkingar matvæla en á íslenskum matvælamarkaði voru matvörur frá Bandaríkjunum sem ekki voru merktar í samræmi við samræmda Evrópulöggjöf á þessu sviði. Merkingarlöggjöf EES er að fullu samræmd og því taka þær kröfur, sem gerðar eru til umbúðamerkinga, til allra vara sem markaðssettar eru á Evrópska efnahagssvæðinu óháð uppruna þeirra. Vegna andstöðu við hinar samræmdu Evrópureglur frá bandarískum stjórnvöldum og einstökum hagsmunaaðilum hér á landi var endanlegri framkvæmd þeirra frestað fram á mitt ár 1998. Töluverður fjöldi gerða er reglulega felldur inn í II. viðauka EES-samningsins. Hefur gengið nokkuð vel að halda í við ESB þannig að ekki myndist óþarflega langur tími frá því að gerð er sett af Evrópusambandinu þar til hún hefur verið felld inn í EES-samninginn. Mikilvægt er að ekki verði dráttur á því svo að einsleitni á innri markaðnum verði ekki stefnt í voða. Njóta EFTA/EES-ríkin aðstoðar EFTA-skrifstofunnar við að fylgjast með umfangsmiklu starfi framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði. Nú eru gerðir í II. viðauka orðnar um 1200 talsins og afar misjafnar að innihaldi og mikilvægi. Fjölmargir sérfræðingar koma að þeirri vinnu sem tengist upptöku þeirra í samninginn eins og upptalningin hér að framan gefur tilefni til að ætla. Fara verður yfir gerðir frá Evrópusambandinu og taka afstöðu til þess hvort þær eigi erindi í samninginn og með hvaða hætti þær skuli teknar upp í íslenskan rétt. Jafnframt þarf að kanna áhrif þeirra á viðskipti og framleiðsluhætti hér á landi.

Innan EFTA-stoðarinnar eru starfræktir 22 sérfræðingahópar á þessu sviði sem ætlað er að taka til umfjöllunar gerðir og önnur mál er tengjast einstökum fagsviðum. Í þessum hópum eru unnar athugasemdir við tillögur að löggjöf ESB og samið við framkvæmdastjórnina um ýmiss konar undanþágur frá einstökum ákvæðum þegar þess er talin þörf. Mjög er mismunandi hversu virkir sérfræðingahópar EFTA eru og hefur þróunin verið nokkuð í þá átt að sérfræðingar sækja fundi innan framkvæmdastjórnarinnar í auknum mæli í stað þess að funda innan EFTA-stoðarinnar. Þetta er talið afar mikilvægt til að hafa áhrif á mótun gerða sem þar fer fram. Gerðir á þessu sviði eru oft afar tæknilegs eðlis og ekki lengi til umræðu innan framkvæmdastjórnarinnar. Því gefst ekki alltaf kostur á að vera með í mótun þeirra. Að sama skapi eru þær mismikilvægar fyrir Ísland. Þannig hafa gerðir á sviði t.d. matvæla og lyfja umtalsvert vægi á meðan gerðir, sem fjalla um t.d. vín og góðmálma, fá minni athygli.

Til að fylgjast með gerðum í mótun innan framkvæmdastjórnarinnar hafa EFTA/EES-ríkin aðgang að yfir hundrað sérfræðinganefndum á þeim sviðum sem hér um ræðir. Íslenskir sérfræðingar hafa rétt á að taka þátt í umræðum sem þar fara fram en ekki atkvæðagreiðslum. Starf í þessum hópum er mjög tæknilegs eðlis en þar hittast sérfræðingar til að skiptast á upp-

lýsingum úr sínu fagi og tekur umræðan jafnan mið af vísindalegum forsendum fremur en pólitískum. Þó að aðgengi íslenskra sérfræðinga að nefndum innan framkvæmdastjórnarinnar sé gott er mjög misjafnt hversu mikið er sótt af fundum og erfitt er að meta hversu mikil áhrif sérfræðingar frá Íslandi geta haft á gerðir í mótun en til eru dæmi þess að þau áhrif hafi verið veruleg. Nokkuð er um að vísindastarf það sem liggur að baki löggjöf ESB sé flutt til stofnana utan framkvæmdastjórnarinnar. Til dæmis fer vísindastarf á sviði lyfjamála fyrst og fremst fram innan Evrópsku lyfjamálastofnunarinnar í London og gerir stofnunin tillögur að löggjöf eða breytingum á löggjöf sem framkvæmdastjórnin tekur upp. Það er því mikilvægt að taka þátt í starfsemi stofnunarinnar og hafa íslensk stjórnvöld samið sérstaklega um þátttöku í starfi hennar sem tryggir íslenskum sérfræðingum aðgang að vísindanefndum sem fjalla m.a. um markaðsleyfi fyrir lyf.

Aðild að Evrópusambandinu mundi ekki breyta miklu hvað efnissvið varðar innan þess hluta vöruviðskiptanna sem hér hefur verið fjallað um þar sem Ísland hefur þegar lagað sig að gildandi reglum. Það er helst að breyting yrði á möguleikanum til áhrifa með réttinum til að greiða atkvæði í nefndum framkvæmdastjórnarinnar og aðgengi sérfræðinga að þeim mundi jafnframt aukast. Aðgengi fyrirtækja að innri markaðnum yrði tryggara því að nokkuð er um að menn lendi í óþarfa vanda vegna þekkingarskorts hjá yfirvöldum ESB-ríkja á EES-samningnum. Þó að þessi hluti samningsins sé nokkuð tæknilegs eðlis kemur það samt fyrir að mál, er undir hann heyra, verða að pólitísku þrætuepli. Mundi aðild að ESB vissulega veita aukna möguleika til þátttöku í pólitískri umræðu en þeir eru, eins og fram hefur komið í þessari skýrslu, mjög takmarkaðir.

Staða Íslands á þessu sviði mundi veikjast verulega ef eitthvert EFTA-ríkjanna gerðist aðili að ESB. Vegna umfangs sviðsins mundi lítilli stjórnsýslu trúlega reynast afar erfitt að fylgjast með góðu móti með starfi framkvæmdastjórnarinnar ef aðstoðar EFTA-skrifstofunnar nyti ekki við með þeim hætti sem nú er.

Gagnlegar vefslóðir sem tengjast frjálsum vöruviðskiptum innan ESB og EES
Ríkiskaup: http://rikiskaup.is
Staðlaráð Íslands: http://www.stri.is/default.html
Um New Approach: http://www.NewApproach.org
Um tilkynningar tæknilegra reglna: http://www.europa.eu.int/comm/dg03/tris/

4. kafli
Frjáls för launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga

Samantekt

Í EES-samningnum felst frelsi launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að flytja og starfa innan aðildarríkja Evrópusambandsins. Reynslan af EES-samningnum bendir til að ótti við hópflutninga hingað til lands hafi verið ástæðulaus. Frá því að EES-samningurinn tók gildi árið 1994 hafa flutningar fólks til Íslands til búsetu og starfa frá ríkjum utan svæðisins reynst mun meiri en frá aðildarríkjum EES. Ekki er ástæða til að ætla að breyting yrði þar á við aðild Íslands að ESB ef miðað er við núgildandi forsendur. Erfitt er að spá fyrir um hvort fólk frá Mið- og Austur-Evrópuríkjum muni í ríkum mæli sækjast eftir atvinnu hér á landi eftir inngöngu þeirra í ESB. Það er m.a. háð efnahags- og atvinnuþróun þegar þar að kemur.

Allir ríkisborgarar aðildarríkja ESB eiga kosningarétt og lögsögu í því sveitarfélagi sem þeir búa í.

1. Inngangur

Frelsi launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að flytja og starfa innan aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) er ein af grundvallarreglum innri markaðar ESB. Með þátttöku Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eru Íslendingum veitt réttindi til að stunda nám, starfa eða búa í öðru EES-landi og þeir geta notið flestra þeirra réttinda sem ríkisborgarar þess lands njóta.

2. Grundvallarreglur ESB og EES um frjálsa för launþega

Grundvallarreglur ESB um frjálsan atvinnu- og búseturétt er að finna í 48.–58. gr. Rómarsamningsins. Í reglugerð 1612/68 voru settar afleiddar reglur um frjálsan atvinnu- og búseturétt innan ESB. Fleiri reglugerðir og tilskipanir hafa síðan fylgt í kjölfarið til nánari útfærslu á markmiðum Rómarsamningsins. Óheimilt er á grundvelli þjóðernis að mismuna launþegum aðildarríkjanna varðandi rétt til atvinnu, launa og annarra félagslegra réttinda. Þannig njóta þeir m.a. almannatrygginga- og lífeyrisréttinda til jafns við innlenda aðila auk þess sem þeir hafa jafnan rétt til þátttöku í stéttarfélögum. Í framangreindri meginreglu felst að ríkisborgara eins aðildarríkis er heimilt að fara til annars aðildarríkis og dvelja þar í ákveðinn tíma til að leita eftir atvinnu og hann má dvelja í landinu ef hann hefur fengið þar vinnu. Hann á jafnframt að njóta þar sömu kjara og aðbúnaðar við vinnu og ríkisborgarar landsins auk þess sem hann á að hafa sömu aðstöðu til starfsþjálfunar. Þessi réttur nær einnig til fjölskyldna viðkomandi, svo og til fólks sem látið hefur af störfum vegna aldurs og óskar eftir því að dvelja áfram þar sem það hefur síðast stundað atvinnu.

Framangreint á við um öll störf á almenna vinnumarkaðnum. Í Rómarsamningnum er hins vegar tekið fram að þetta eigi ekki við um störf í opinberri þjónustu. Við gerð Rómarsamningsins var litið svo á að öll störf í opinberri þjónustu væru undanskilin. Í gegnum árin hafa hins vegar gengið allmargir dómar er varða túlkun þessa ákvæðis. Af þeim verður ekki ráðið nákvæmlega hvaða störf falli undir opinbera þjónustu, en hins vegar má ráða af dómum Evrópudómstólsins að til að starf teljist til opinberrar þjónustu þurfi það að fela í sér ákveðið trúnaðarsamband milli ríkisvaldsins og starfsmannsins. Honum sé falið að fara með ákveðið vald af hálfu hins opinbera sem ekki er talið æskilegt frá sjónarmiði öryggishagsmuna að sé í höndum erlendra borgara.

Reglur um frjálsa för fólks byggjast m.a. á því sjónarmiði að nauðsynlegt sé að hafa heimild til að flytja mikilvægan framleiðsluþátt á milli ríkja eftir því sem þörf markaðarins krefur. Þrátt fyrir frelsi launafólks til að flytjast hindrunarlaust á milli aðildarríkja ESB og EES hafa fólksflutningar á milli ríkjanna verið minni en spáð var í upphafi. Ýmislegt kemur til, m.a. margbreytilegt menningar- og málsamfélag í álfunni. Innan ESB er ekki síður litið á frjálsa för launþega sem grundvallarmannréttindi. Launþegar eiga að geta bætt lífsskilyrði sín með flutningi milli samstarfsríkjanna og sá réttur er verndaður af reglum ESB, bæði í settum reglum og eins þeim reglum sem myndast hafa með dómafordæmum. Hugtakið „Evrópa borgaranna“ (*Citizens' Europe*) hefur verið að þróast innan ESB og merkir það að ríkisborgarar aðildarríkjanna eiga að geta flust að vild milli þeirra og notið hvarvetna þeirra grundvallarréttinda sem reglur ESB tryggja þeim. Reynt er að stuðla að því að þeir líti á sig sem borgara Evrópu um leið og þeir séu borgarar heimalands síns. Maastricht-samningurinn stað-

festir þessa þróun mála og með Amsterdamsamningnum er enn lengra haldið á sömu braut.[1]

Tvær tillögur framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á reglugerð 1612/68 bíða umfjöllunar í ráðherraráði ESB. Annars vegar er um að ræða tillögu sem hefur það að markmiði að auka rétt launþega í aðildarríki til þess að fá til sín fjölskyldu sína og maka sem er á framfæri hans, auk þess sem önnur réttindi viðkomandi eru bætt. Hins vegar er um að ræða tillögu sem ætlað er að auðvelda fyrirtækjum, sem hafa starfsstöð innan ESB, að senda starfskraft frá þriðja ríki til annars ríkis á innri markaðnum. Ágreiningur ríkir um báðar þessar tillögur og er því óvíst um framvindu þeirra.

Framangreindar meginreglur um frjálsa för launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga gilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og fram kom í inngangi þessa kafla. Í 1. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, er kveðið á um það að ákvæði reglugerðar 1612/68 skuli hafa lagagildi á Íslandi. Með breytingum á lögum um atvinnuréttindi útlendinga voru ríkisborgarar frá aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið undanþegnir kröfu um að hafa atvinnuleyfi til að mega starfa hér á landi.

Við gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið komu fram áhyggjur um aðstreymi erlendra ríkisborgara hingað til lands og það kynni að valda óróa á vinnumarkaði. Hliðstæðar áhyggjur komu fram við gerð samningsins um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda sem gekk í gildi að því er Ísland varðar 1. ágúst 1983. Talsmenn samtaka launafólks létu í ljósi ugg um að afnám kröfunnar um atvinnuleyfi gæti valdið aðstreymi erlendra ríkisborgara hingað til lands og að það kynni að valda óróa á vinnumarkaði. Stjórnvöld mættu þessu sjónarmiði með bókun, sem gerð var við samninginn, um að þau gætu áskilið atvinnuleyfi í því skyni að koma í veg fyrir röskun jafnvægis vegna hópflutninga starfsfólks eða meiri háttar flutninga einstaklinga sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum. Hliðstæð bókun var gerð við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Reynslan af samningunum leiðir í ljós að ótti við hópflutninga launafólks hingað til lands hefur til þessa reynst ástæðulaus. Raunar hafa flutningar fólks til búsetu og starfa frá ríkjum utan svæðisins reynst mun meiri á þessu tímabili en frá aðildarríkjum EES.

Vinnumiðlanir innan ríkja EES eiga með sér samstarf um vinnumiðlun milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Kallast það samstarf EURES. Á grundvelli þess samstarfs rekur Vinnumálastofnun hér á landi EES-vinnumiðlun. Markmiðið er að auðvelda fólki að fá störf í öðrum EES-ríkjum og stuðla þannig jafnframt að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli á svæðinu. Alls voru skráð samskipti við atvinnuleitendur árið 1999 um 3071, við atvinnurekendur um 639 og við ýmsa aðra aðila um 892. Umsóknir frá EES-borgurum um starf á Íslandi, sem fóru um hendur svokallaðra evróráðgjafa, voru 592 á árinu 1999.

Undanfarin ár hefur þjónusta við Íslendinga, sem vildu fara utan í vinnu, verið fyrirferðarmesta viðfangsefni EES-vinnumiðlunarinnar. Frá miðju ári 1998 dró úr aðsókn Íslendinga samfara minnkandi atvinnuleysi hér á landi en að sama skapi jókst þörf íslenskra atvinnuvega fyrir vinnuafl. Um það bil 690 störf hér á landi voru skráð í sk. EURES-kerfi á árinu 1999. Flest þessara starfa eru í fiskvinnslu og landbúnaði en í seinni tíð hefur starfstilboðum fjölgað sem krefjast einhvers konar sérmenntunar. Alls voru um 260 EES-borgarar ráðnir gegnum EES-vinnumiðlun til fyrirtækja hér á landi á árinu 1999. Norðurlandabúar eru þar fjölmennastir, auk þess er nokkur hópur Þjóðverja, Belga og Breta. Hins vegar er töluvert um að

[1] Björn Friðfinnsson, Fyrirlestrar um EES-efni, 19. fyrirlestur. Tekið af EES-vefsetri utanríkisráðuneytisins: http://www.stjr.is/utn.

Norðurlandabúar og Bretar ráðist til starfa án atbeina EES-vinnumiðlunarinnar. Slíkar ráðningar eru ekki til á skrá og endurspeglast því ekki í áðurnefndum tölum. Einnig hafa einstök fyrirtæki sótt sjálf vinnuafl á Evrópska efnahagssvæðinu. Vitað er um 46 Íslendinga sem réðu sig til starfa erlendis í gegnum EURES á árinu 1999. Hins vegar hafa um 60 Íslendingar farið í leit að starfi á atvinnuleysisbótum og aðrir 372 fengið vottorð um starfsreynslu á árinu 1999. Samtals hafa 787 farið í atvinnuleit erlendis á bótum á tímabilinu 1994 til 1999 og 2.554 fengið vottorð um starfsreynslu á sama tímabili.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal félagsmálaráðherra skipa þriggja manna nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands (nú Samtök atvinnulífsins) eiga hvort sinn fulltrúann í nefndinni en ráðherra skipar oddamann án tilnefningar. Frá því að samningurinn gekk í gildi hafa nokkur smærri ágreiningsefni komið til kasta nefndarinnar. Þau hafa öll verið leyst án þess að leitað hafi verið til dómstóla.

2.1. Almannatryggingar

Ein forsenda þess að fólk geti flust milli landa í atvinnuskyni er sú að flutningurinn hafi ekki í för með sér missi réttinda til almannatrygginga. Samkvæmt 29. gr. EES-samningsins er aðildarríkjunum skylt, í þeim tilgangi að koma á frjálsri för fólks, að beita tilteknum reglum til að fólk fái almannatryggingabætur eða haldi þeim þrátt fyrir flutning á milli ríkja í atvinnuskyni. Í VI. viðauka við EES-samninginn eru þær reglur taldar upp sem beita skal í þessu augnamiði. Um er að ræða tvær reglugerðir ESB, þ.e. nr. 1408/71 og 574/72, með síðari breytingum. Megininntak reglugerðar 1408/71 um almannatryggingar er beiting sk. samlagningarreglu, jafnræðisreglu, útreikningsreglu og útflutningsreglu. Samlagningarreglan tryggir að launafólk og einstaklingar sem starfa sjálfstætt missa í engu áunnin réttindi þó að þeir flytjist til eða hefji störf í öðru samningsríki. Útflutningsreglan hefur í för með sér að almannatryggingabætur skal greiða hvarvetna innan EES-svæðisins. Reglunni er þannig ætlað að tryggja hinn tryggða gegn tekjutapi eingöngu af þeirri ástæðu að hann kýs að flytjast frá því landi þar sem hann á rétt á bótunum. Að lokum felst í jafnræðisreglunni að launþegar og einstaklingar sem starfa sjálfstætt munu, að því er varðar aðgang þeirra að almannatryggingabótum og greiðslu þeirra, standa jafnfætis ríkisborgurum viðkomandi ríkis.

Til að tryggja góða framkvæmd samningsins á þessu sviði eiga fulltrúar íslenskra stjórnvalda sæti í framkvæmdaráði um almannatryggingar (*Administrative Commission on Social Security for Migrant Workers*). Framkvæmdaráðið hefur heimildir til að taka ákvarðanir um hvernig skuli túlka reglugerðir 1408/71 og 574/72. Ákvarðanir ráðsins og tilmæli eru felld inn í VI. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun í sameiginlegu EES-nefndinni. Sérstakur endurskoðunarhópur starfar undir stjórn framkvæmdaráðs um almannatryggingar. Í hópnum eru fulltrúar frá stofnunum og ráðuneytum aðildarríkjanna sem fara með málefni almannatrygginga. Endurskoðunarhópurinn fer yfir reikninga í sjúkratryggingum og semur um reikningsuppgjör milli ríkja.

Reglugerðir ESB um almannatryggingar hafa frá gildisstöku EES-samningsins tekið reglulegum breytingum. Einnig hafa nokkuð margar ákvarðanir verið teknar af framkvæmdaráði um almannatryggingar frá þeim tíma. Gerðir þessar eru teknar inn í VI. viðauka við EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar. Á fundum í framkvæmdaráði um almannatryggingar hafa Austurríkismenn og Spánverjar tekið það sérstaklega upp hversu langur tími líður frá því að gerðunum er hrint í framkvæmd í ríkjum Evrópusambandsins og þar til gerðirnar koma til framkvæmda í EFTA/EES-ríkjunum. Hefur framkvæmdastjórn ESB ákveðið að taka þetta til sérstakrar athugunar í byrjun árs 2000. Íslend-

ingar hafa svarað fyrirspurnum um þetta atriði og bent á að ákveðnar reglur gildi um það hvernig skuli taka gerðir inn í EES-samninginn og sé það tímafrek framkvæmd. Ef þetta er vandamál þá sé það ekki eingöngu bundið við almannatryggingar. Bent hefur verið á að gerðirnar séu í raun framkvæmdar frá gildistíma innan Evrópusambandsins en í þeim fáu tilvikum þar sem um skerðingu á réttindum er að ræða sé ekki hægt að beita nýju gerðunum fyrr en þær hafi verið birtar lögformlega á íslensku hér á landi. Þýðingar yfir á íslensku geti tekið langan tíma, sérstaklega þegar um langan og flókinn texta er að ræða.

Framkvæmdastjórnin hefur gert tillögu til ráðherraráðs ESB og Evrópuþingsins um nýja og einfaldari reglugerð um almannatryggingar. Er þetta liður í áætlun Evrópusambandsins um einföldun löggjafar þess og viðleitni til að gera hana gagnsærri. Tilraun þessi hefur þó ekki gengið sem skyldi. Framkvæmdastjórnin lagði tillögurnar ekki fyrir framkvæmdaráð um almannatryggingar (sem fellur undir framkvæmdastjórn) heldur í sérfræðingahóp á vegum ráðherraráðsins. Er þetta áhyggjuefni þar sem EFTA/EES-ríkin hafa ekki aðgang að sérfræðingahópum á vegum ráðherraráðsins eins og þeim sem falla undir framkvæmdastjórn ESB. Reiknað er með að nokkur ár taki að endurskoða reglugerðina um almannatryggingar og er hætta á, að öllu óbreyttu, að EFTA/EES-ríkin komi ekki að þeirri vinnu fyrr en á lokastigi.

Fram að 1. janúar 1994 höfðu Íslendingar eingöngu gert tvíhliða samninga á sviði almannatrygginga við örfá ríki. Með EES-samningnum og reglugerðum ESB um almannatryggingar gerði Ísland samninga um almannatryggingar við 17 ríki í einu sem felur í sér verulega réttarbót fyrir einstaklinga. Sífellt fjölgar þeim Íslendingum sem fara utan til náms, vinnu eða í leyfum og er þess vegna mikilvægt að hafa samhæfðar reglur um sjúkra-, slysa-, lífeyris- og atvinnuleysistryggingar. Einnig fjölgar þeim sem eru sendir af fyrirtækjum á Íslandi til starfa í öðrum ríkjum. Slíkir samningar um almannatryggingar eru óhjákvæmilegir fyrir starfsmenn og fyrirtæki í flóknu samfélagi nútímans. Með reglum EES-samningsins og þátttöku í framkvæmdaráðinu um almannatryggingar og vinnuhópunum hefur komist á samvinna milli tryggingastofnana og ráðuneyta sem er mikilvægur þáttur í að koma á snurðulausri framkvæmd reglugerðanna og eftirliti með bótagreiðslum. Hefur samvinnan þótt gefast mjög vel.

2.2. Gagnkvæm viðurkenning starfsréttinda og prófskírteina

Menntunarkröfur einstakra aðildarríkja ESB eru að sumu leyti ólíkar. Starfsréttindi og prófskírteini eru því ekki ávallt sambærileg. Af þessu skapast augljóslega vandamál við framkvæmd atvinnuréttarins vegna starfa þar sem krafist er háskólamenntunar eða annarrar æðri menntunar eða sérfræðiþekkingar. Gagnkvæm viðurkenning á menntun og starfsréttindum er því mikilvægur liður í því að auðvelda frjálsa för fólks milli landa. Stofnsáttmáli ESB kveður á um að gera skuli nauðsynlegar ráðstafanir í þessum efnum til að auðvelda launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum að hefja og stunda starfsemi utan heimaríkis.[1] Með hliðsjón af þeim fjölda Íslendinga, sem lýkur háskólanámi eða framhaldsnámi utan Evrópu, gáfu samningsaðilar EES út sameiginlega yfirlýsingu við samninginn þar sem mælst er til þess að próf, sem Íslendingar hafa lokið í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, séu viðurkennd, hafi þau hlotið viðurkenningu íslenskra stjórnvalda.

Ákvæði um þetta efni koma fyrir í allmörgum tilskipunum ESB sem flestar hafa verið felldar í íslenska löggjöf á grundvelli EES-samningsins. Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu tilskipanirnar á þessu sviði.

[1] Rómarsamningurinn, 47. gr.

1. ESB hefur gefið út tvær almennar tilskipanir um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og starfsréttindum.[1] Tilskipanirnar taka til lögverndaðra starfa svo framarlega sem ekki eru í gildi aðrar tilskipanir um viðkomandi störf. Tilskipanirnar hafa að geyma reglur um rétt fólks til að starfa í öðrum löndum innan sambandsins en sínu heimalandi. Enn fremur eru settar fram reglur um það hvernig með skuli farið ef umsækjandi uppfyllir ekki þau skilyrði sem tilgreind eru í tilskipununum. Umrædd réttindi gilda þó ekki um störf sem tengjast eða varða öryggi ríkisins. Hvert ríki hefur gefið út lista yfir þau starfsheiti sem falla undir hvora tilskipun fyrir sig. Þessir listar eru mismunandi þar sem mjög breytilegt er eftir löndum hve langt er gengið í lögverndun starfa. Hér á landi er lögverndun starfa mun algengari en tíðkast í nágrannalöndum okkar. Undantekningar eru störf sem talin eru varða öryggi viðkomandi ríkis. Í grófum dráttum má segja að þessar tvær tilskipanir lýsi þeim aðferðum sem skal beitt við viðurkenningu á menntun og prófskírteinum en tilgreina ekki afdráttarlaust þau skilyrði sem þarf að uppfylla eins og gert er í þeim tilskipunum sem nefndar eru hér á eftir.
2. Sérstakar tilskipanir eru til um eftirtaldar starfsstéttir: Lækna, hjúkrunarfræðinga, tannlækna, dýralækna, ljósmæður, lyfjafræðinga og arkitekta. Þessar tilskipanir voru flestar settar á áttunda áratugnum og í þeim er tiltekið hvaða prófgráður eða menntun viðkomandi þarf að hafa til að geta farið hindrunarlaust til starfa milli landa. Sá sem fullnægir ákvæðum þessara tilskipana getur farið til annars lands innan Evrópska efnahagssvæðisins og hefur þar sama rétt til að starfa á sínu sviði og ríkisborgarar viðkomandi lands.
3. Á sjöunda áratugnum voru gefnar út allmargar tilskipanir um einstök starfssvið og var þeim ætlað að gilda um takmarkaðan tíma. Undir þessar tilskipanir falla flestar löggiltar iðngreinar hér á landi. Menntunarkröfur eru mun minni heldur en krafist er hér á landi. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar hafa sótt um viðurkenningu á menntun sinni og starfsþjálfun hefur fyrra nám umsækjanda verið metið og a.m.k. í sumum tilvikum hefur hann þurft að bæta við sig námi og/eða taka próf. Þessi munur á menntunarkröfum hefur þó ekki valdið verulegum erfiðleikum nema helst hjá Íslendingum sem stundað hafa nám erlendis og viljað fá menntunina umsvifalaust viðurkennda hér. Ástæðan fyrir því að ekki koma upp vandkvæði hjá öðrum er að öllum líkindum sú að flestir erlendir iðnaðarmenn koma hingað á vegum tiltekins fyrirtækis eða verktaka og er þá búið að ganga frá málinu áður en þeir sem hlut eiga að máli koma til landsins.
4. Á sl. sumri samþykkti ESB nýja tilskipun sem á að hafa tekið gildi í aðildarríkjunum fyrir 31. júlí 2001. Hún leysir af hólmi flestar þær tilskipanir sem taldar eru í 3. tölulið auk þess sem hún tekur til tilfella sem fyrri tilskipanir náðu ekki til.[2] Tilskipanir skv. 3. tölulið hafa því verið felldar úr gildi. Breyta þarf lögum hér á landi vegna þessarar nýju tilskipunar.

[1] Tilskipun ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár. Tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE.

[2] Directive 1999/42/EC of the European Parliament and of the Council of 7 June 1999 establishing a mechanism for the recognition of qualifications in respect of the professional activities covered by the Directives on liberalisation and transitional measures and supplementing the general systems for the recognition of qualifications.

3. Hugsanlegar breytingar við aðild að ESB

Með EES-samningnum hafa Íslendingar jöfn réttindi á við borgara ESB til starfa innan annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Aðild Íslands að ESB breytti engu í því efni. Á þeim sex árum, sem EES-samningurinn hefur verið í gildi, hefur nokkuð borið á þekkingarleysi innan ESB-ríkja á EES-samningnum og þeim rétti sem hann veitir ríkisborgurum EFTA/EES-ríkja. Fjölmargir íslenskir ríkisborgarar, sem sóst hafa eftir atvinnu innan ESB, hafa þess vegna þurft að hafa mikið fyrir því að sannfæra þar til bær stjórnvöld innan ESB um rétt sinn til atvinnu og oft hefur atbeina íslenskrar stjórnsýslu þurft til. Vænta mætti þess að minna yrði um slík vandamál ef Ísland væri aðili að Evrópusambandinu.

Fram hefur komið að EES-samningurinn hefur ekki haft í för með sér hópflutninga hingað til lands eins og sumir óttuðust. Ekki er ástæða til að ætla að breyting yrði þar á við aðild Íslands að ESB ef miðað er við núgildandi forsendur. Að öllu óbreyttu munu ríki Mið- og Austur-Evrópu gerast aðilar að ESB innan nokkurra ára. Erfitt er að spá fyrir um hvort fólk frá þessum ríkjum eigi eftir að sækjast eftir atvinnu hér á landi í ríkari mæli en borgarar þeirra ríkja sem nú mynda Evrópska efnahagssvæðið. Það er m.a. háð efnahags- og atvinnuþróun.

Aðild að Evrópusambandinu hefði í för með sér fullan þátttökurétt í ákvörðunum á þeim sviðum sem lúta að frjálsri för fólks. Fullur þátttökuréttur í ákvörðunarferlinu eykur augljóslega möguleika íslenskra stjórnvalda og hagsmunaaðila til að hafa áhrif á mótun gerðanna.

Með Maastricht-samningnum er bætt við ákvæði í stofnsáttmálann sem veitir ríkisborgurum aðildarríkja ESB, sem búsettir eru í öðru ríki sambandsins, rétt til að greiða atkvæði í sveitarstjórnarkosningum. Sömuleiðis hafa þeir rétt til að bjóða sig fram í kosningunum. Þessi réttur nær ekki til Evrópska efnahagssvæðisins og yrði því breyting þar á við aðild Íslands að ESB.

Gagnlegar vefslóðir um frjálsa för launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga

EES-vefsetrið: http://www.stjr.is/utn
Félagsmálaráðuneytið: http://www.stjr.is/fel
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið: http://www.stjr.is/htr
Vinnumálastofnun: http://www.vinnumalastofnun.is
Framkvæmdastjórn ESB: http://www.europa.eu.int
Dialogue with Citizens: http://europa.eu.int/citizens/index.htm

Aðrar upplýsingar

Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins, Atvinna innan EES, útg. des. 1998.
Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins, Menntun innan EES, útg. des. 1998.

5. kafli

Fjármálaþjónusta og frjálsir fjármagnsflutningar

Samantekt

Markmið ESB um aukið frelsi í fjármálaþjónustu og fjármagnsflutningum endurspeglast í EES-samningnum. Ekki leikur vafi á því að aðild Íslands að EES-samningnum hefur orðið íslenskum fjármagnsmarkaði til góðs og hefur löggjöf um þessa starfsemi tekið stakkaskiptum hér á landi vegna tilkomu samningsins. Breytingar við inngöngu í ESB yrðu ekki miklar fyrir fjármagnsmarkaðinn og fælust aðallega í því að Íslendingar fengju fulla aðild að ákvörðunartökuferli Evrópusambandsins á þessu sviði.

1. Inngangur

Markmið Rómarsamningsins er að koma á frjálsum og óhindruðum flutningi fjármagns milli ESB-ríkja. Kveðið er á um að vinna skuli að því að afnema allar hindranir og mismunun í flutningum eigna manna sem búsettir eru innan sambandsins. Er hér átt við misrétti sem byggist á þjóðerni, búsetu eða því hvar fjármagnið er notað. Þessar reglur taka bæði til einstaklinga, félaga og fyrirtækja. Tilgangur þeirra er að vinna gegn höftum og hömlum á sviði gjaldeyrismála, lána og fjármagnsstarfsemi.

Markmið ESB um aukið frelsi á fjármagnsmarkaði og í hvers kyns fjármagnsviðskiptum endurspeglast í EES-samningnum. Með auknu frjálsræði á þessum sviðum má búast við aukinni hagkvæmni í nýtingu fjármagns á svæðinu og vaxandi samkeppni á fjármagnsmarkaði til hagsbóta fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hvort tveggja ætti að verða til þess að örva hagvöxt í EES-ríkjunum.

EES-samningurinn kveður þó ekki á um ótakmarkað frelsi á sviði fjármagnsflutninga. Ef þeir hafa óhagstæð áhrif á fjármagnsmörkuðum eða á greiðslujöfnuð ríkis er því heimilt að grípa til viðeigandi verndarráðstafana. Hafa ber einnig í huga að frelsi í fjármagnsflutningum skal einungis komið á að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til að tryggja virkni innri markaðarins.

2. Fjármálaþjónusta

Fjármálaþjónusta er veigamikill þáttur í efnahagsstarfsemi EES-ríkja. Um hana gilda ákvæði 36. og 37. gr. EES-samningsins um þjónustu og IX. viðauki þar sem nánar er fjallað um fjármálaþjónustu. Um er að ræða starfsemi vátryggingafélaga, lánastofnana, verðbréfasjóða, verðbréfafyrirtækja og kauphalla. Um þessa starfsemi gilda þrjár meginreglur:

a. Fjármálastofnun eða -fyrirtæki, sem hefur fengið starfsleyfi í einu af aðildarríkjunum, getur á grundvelli þess opnað útibú í sérhverju hinna ríkjanna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi stjórnvalda þar eða boðið fram þjónustu sína þar án þess að opna útibú. Þetta þýðir t.d. að íslenskur banki getur opnað útibú í Lúxemborg eða boðið þar fram þjónustu sína án þess að þurfa til þess leyfi þarlendra yfirvalda.
b. Eftirlit með starfsemi fjármálastofnunar eða -fyrirtækis í sérhverju aðildarríkjanna skal vera í höndum eftirlitsaðila í heimaríki stofnunarinnar. Þetta þýðir að starfsemi útibús lúxemborgsks banka hér á landi yrði undir eftirliti þarlendra yfirvalda en að sjálfsögðu í samvinnu við Fjármálaeftirlitið. Á sama hátt hefði Fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi útibús íslensks banka í Lúxemborg.
c. Samræma skal reglur um starfsemi fjármálastofnana eða -fyrirtækja þannig að starfsskilyrði þeirra verði svipuð hvar sem er innan EES.

Vátryggingastarfsemi

Það hefur tekið langan tíma að koma á sameiginlegum innri markaði í vátryggingaþjónustu þótt Rómarsamningurinn mæli fyrir um staðfesturétt (52. gr.) og frelsi til þess að selja þjónustu yfir landamæri (59. gr.). Í hverju ríki höfðu verið í gildi reglur um starfsemi vátryggingafélaga og eftirlit með henni og var verulegur munur á þeim, t.d. milli breskra reglna og reglna á meginlandinu. Það var því ljóst að samræma yrði reglurnar áður en sameiginlegum innri markaði yrði náð.

Samræmt var í áföngum með því sem kallað hefur verið „þrjár kynslóðir“ af tilskipunum um vátryggingamál. Fyrsta kynslóðin fjallaði um staðfesturétt í vátryggingastarfsemi, önnur kynslóðin um frelsi til að láta í té vátryggingaþjónustu og þriðja kynslóðin fjallaði um aðlögun hinna tveggja að innri markaðnum.

Hver kynslóð tilskipananna skiptist í mismunandi reglur um skaðatryggingar og líftryggingar og byggðist það á þeirri staðreynd að mun strangari reglur ríktu um líftryggingar í aðildarríkjunum. Voru skaðatryggingarnar teknar fyrst fyrir en síðan komu reglurnar um líftryggingar. Einnig bættust þá við tilskipanir um nánari útfærslu á sérstökum tryggingagreinum, svo sem ökutækjatryggingum þar sem gera þurfti sérstakar kröfur um neytendavernd, þar á meðal um að kaupendur tryggginganna ættu greiðan aðgang að tjónauppgjöri.

Bankaþjónusta

Á sama hátt og á sviði vátryggingaþjónustu tók það langan tíma að koma á innri markaði fyrir bankaþjónustu í ESB, sem síðan var útvíkkaður til EFTA-ríkja með EES-samningnum. Ástæðan var vafalaust sú að þrátt fyrir ákvæði Rómarsamningsins um frjálst flæði fjármagns, staðfesturétt og frjáls þjónustuviðskipti voru stjórnvöld enn hikandi gagnvart auknu frelsi á fjármálamarkaðnum.

Fyrsta bankatilskipunin var samþykkt árið 1977 og fjallar hún um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana. Þessi tilskipun myndaði grundvöll fyrir samræmingu reglna um bankaþjónustu. Tilskipunin mælti fyrir um að bankar með fullgild starfsleyfi í einu aðildarríki gætu sett upp útibú í öðru aðildarríki án viðbótarleyfis frá því. Útibúin yrðu hins vegar undir eftirliti gistiríkisins og ekkert var því til fyrirstöðu að um þau giltu strangari reglur en um útibú innlendra banka.

Önnur bankatilskipunin frá 1989 gerði verulegar breytingar á fyrstu tilskipuninni og má segja að hún hafi komið á sameiginlegum innri markaði, byggðum á meginreglunni um eitt starfsleyfi og eftirlit heimaríkis.

Ýmsar aðrar tilskipanir hafa verið samþykktar innan ESB og teknar upp í EES-samninginn í því skyni að koma á skilvirkari innri markaði. Þar má t.d. nefna tilskipun um eiginfjárkröfur lánastofnana, eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli, eftirlit með mikilli áhættu lánastofnana og um innlánstryggingakerfi.

Verðbréfaviðskipti

Verðbréfaviðskipti eru einn af grundvallarþáttum nútímafjármagnsmarkaðar og þau eru á margan hátt samofin bankastarfsemi. Því var það rökrétt framhald af því frelsi, sem lánastofnanir fengu með annarri bankatilskipuninni og einnig að teknu tilliti til markmiðsins um sameiginlegan innri markað fyrir fjármálaþjónustu, að gerðar yrðu nauðsynlegar breytingar á lagaramma verðbréfaviðskipta til þess að þar væri hægt að koma í framkvæmd grundvallarreglunni um eitt starfsleyfi og eftirlit heimaríkis.

Þessar breytingar voru þá þegar hafnar og má þar nefna tilskipun um samræmda skilmála fyrir skráningu verðbréfa en henni var ætlað að vernda fjárfesta með því að settar yrðu lágmarkskröfur um skilyrði þess að verðbréf yrðu skráð á verðbréfaþingi. Aðrar mikilvægar tilskipanir eru um verðbréfasjóði (UCITS), um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Þær tvær síðastnefndu skapa grundvöllinn fyrir athafnafrelsi verðbréfafyrirtækja á hinum sameiginlega markaði.

3. Frjálsir fjármagnsflutningar

Frjálsir fjármagnsflutningar skiptast í tvo meginflokka:

1. *Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu.* Til þessa flokks teljast einnig vaxtagreiðslur af erlendum lánum og yfirfærslur vegna ferðakostnaðar og til námsmanna.
2. *Fjármagnshreyfingar.* Með fjármagnshreyfingum er átt við flutning fjár á milli landa sem ekki tengjast viðskiptum með vöru og þjónustu. Dæmi um fjármagnshreyfingar eru

fjárfesting í atvinnurekstri, fasteignaviðskipti, verðbréfaviðskipti, lántökur og -veitingar, innlegg á og úttekt af bankareikningum og yfirfærsla á söluandvirði eigna þeirra sem fluttar eru af landi brott. Fjármagnshreyfingum er skipt í tvo flokka: skammtímahreyfingar fjármagns og langtímahreyfingar fjármagns. Með skammtímahreyfingum fjármagns er einkum átt við viðskipti með verðbréf og lán til skemmri tíma en eins árs og innlegg á og úttektir af bankareikningum. Langtímahreyfingar fjármagns eru allar aðrar fjármagnshreyfingar.

Í 40. gr. EES-samningsins kemur fram ein af meginreglum hans um að fjármagnshreyfingar milli landa skuli vera óheftar. Jafnframt ber aðildarríkjunum að afnema hvers konar mismunun byggða á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar fé er notað til fjárfestingar. Í 41. gr. samningsins er kveðið á um að gjaldeyrisyfirfærslur í tengslum við fjármagnshreyfingar skuli vera óheftar. Í XII. viðauka samningsins eru síðan nánari ákvæði um fjármagnshreyfingar. Samkvæmt meginreglunni á þessu sviði er einstaklingum og fyrirtækjum á EES-svæðinu heimilað án takmarkana að kaupa hlutabréf, skuldabréf eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða í hverju hinna ríkjanna, taka þar lán eða leggja sparifé sitt inn á reikning í þarlendum innlánsstofnunum svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Nokkur almenn frávik eru heimiluð í 42. og 43. gr. EES-samningsins frá óheftum fjármagnshreyfingum. Þannig getur ríkissjóður eða sveitarfélag ekki tekið lán í öðru aðildarríki án samþykkis stjórnvalda í því síðarnefnda. Þá er aðildarríkjum heimilt að hefta tímabundið tilteknar skammtímahreyfingar fjármagns ef fjármagnshreyfingar til og frá landinu valda óstöðugleika í peninga- eða gengismálum. Þá má nefna að aðildarríkjunum er heimilt að grípa til tímabundinna gagnráðstafana á þessu sviði ef annað aðildarríki lækkar gengi gjaldmiðils síns og bætir þannig verulega samkeppnisstöðu innlendra atvinnuvega. Tilvera evrópsks gjaldmiðils, evru, skerðir að sjálfsögðu gildissvið þessarar heimildar innan EES. Loks er aðildarríkjum heimilt að hefta fjármagnshreyfingar ef þau glíma við alvarlegan greiðsluhalla við útlönd eða mikla erfiðleika í gjaldeyrismálum. Þá er rétt að benda á að frelsi til fjárfestinga í atvinnurekstri gildir að sjálfsögðu ekki þegar um er að ræða opinber einokunarfyrirtæki enda er viðkomandi atvinnugrein þá lokuð bæði innlendum og erlendum fjárfestum og engin mismunun á sér stað.

Hömlum á fjármagnshreyfingum var að mestu aflétt í ríkjum ESB í byrjun tíunda áratugarins. Afnám hafta á fjármagnshreyfingum innan ESB komst á verulegt skrið þegar samþykkt var tilskipun ráðsins um framkvæmd 67. gr. Rómarsamningsins hinn 24. júní 1988 (tilskipun nr. 361/88). Samkvæmt henni bar aðildarríkjum ESB að afnema öll höft á fjármagnshreyfingum í síðasta lagi 1. júlí 1990. Þó var Grikklandi, Írlandi, Portúgal og Spáni veittur lengri aðlögunarfrestur. Í þessari tilskipun koma fram svipaðar undanþágur frá meginreglunni um óheftar fjármagnshreyfingar og í Rómarsamningnum. Hins vegar er til viðbótar tekið fram að aðildarríkjunum sé heimilt að viðhalda takmörkunum á heimildum erlendra aðila til að kaupa fasteignir sem aðeins eru notaðar hluta úr ári (t.d. sumarhús).

Þessi þróun innan ESB varð til þess að EFTA-ríki önnur en Sviss, sem þegar hafði afnumið flestar hömlur á fjármagnshreyfingum, hófu markvisst að aflétta hömlum á fjármagnshreyfingum. Með því móti vildu þau tryggja innlendum fyrirtækjum sambærilegan aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum og fyrirtækjum innan ESB. Í samræmi við þessa þróun var ákveðið að afnema hömlur á fjármagnshreyfingum á Íslandi árið 1990 þegar reglugerð nr. 312/1990, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, tók gildi. Samkvæmt henni féllu hömlur á flestum langtímahreyfingum fjármagns úr gildi í árslok 1992.

Í XII. viðauka EES-samningsins er nánar fjallað um fjármagnshreyfingar og með hvaða hætti tilskipun ESB um fjármagnshreyfingar gildir gagnvart EFTA-ríkjunum. Þar koma fram

ótímabundnar undanþágur EFTA-ríkjanna á tilteknum sviðum frá meginreglu samningsins um óheftar fjármagnshreyfingar og aðlögunarfrest þeirra á öðrum sviðum. Um Ísland gildir ótímabundið bann við fjárfestingum erlendra aðila á sviði fiskveiða og frumvinnslu sjávarafurða.

Þrátt fyrir þetta bann er erlendum aðilum heimilt að fjárfesta í fyrirtækjum sem taka aðeins með óbeinum hætti (t.d. eignaraðild) þátt í fiskveiðum eða frumvinnslu sjávarafurða. Í þeim tilvikum er íslenskum stjórnvöldum hins vegar heimilt að krefjast þess að fyrirtæki, sem erlendir aðilar hafa eignast að hluta til eða öllu leyti, losi sig við fjárfestingar í fiskveiðum eða frumvinnslu sjávarafurða.

Ísland fékk aðlögunarfrest í EES-samningnum til að breyta gildandi lagaákvæðum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri og um fasteignakaup erlendra aðila þannig að þau samrýmist að öðru leyti ákvæðum samningsins, svo og frest til að afnema gildandi hömlur á skammtímahreyfingum fjármagns. Hömlum á skammtímahreyfingar hefur síðan verið aflétt.

4. Breytingar á sviði fjármálaþjónustu og frjálsra fjármagnsflutninga

Frá því að Ísland gerðist aðili að EES-samningnum hafa orðið gríðarlegar breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði. Fyrirtækin hafa stækkað og eflst, skilin milli banka- og verðbréfastarfsemi hafa orðið óskýrari, markaðir hafa stækkað og dýpkað, framboð á þjónustu hefur orðið víðtækara auk þess sem stjórnvöld hafa markað þá stefnu að draga sig út úr bankarekstri. Sérstaklega hefur þróunin á verðbréfamarkaðnum verið hröð í þessu sambandi.

Löggjöf um íslenska fjármagnsmarkaðinn hefur tekið stakkaskiptum frá tilkomu EES-samningsins. Viðamiklar breytingar voru gerðar á árunum 1993 og 1994 sem tóku mið af skuldbindingum samningsins. Þá voru sett lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti, lög nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, lög nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands og lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi. Síðan þá hefur öllum þessum lögum verið breytt í því skyni að taka mið af breyttum aðstæðum á markaði og nýjum skuldbindingum EES-samningsins.

Ekki leikur nokkur vafi á því að aðild Íslands að EES-samningnum hefur orðið íslenskum fjármagnsmarkaði til góðs. Með samningnum er tryggt að íslensk fjármálafyrirtæki búa að mestu leyti við svipað laga- og reglugerðarumhverfi og fjármálafyrirtæki annars staðar á EES-svæðinu. Nýjungar í fjármálalöggjöf í EES-samningnum verða skuldbindandi fyrir Ísland. Á hinum sífellt alþjóðlegri markaði fyrir fjármálaþjónustu skiptir sköpum fyrir íslensk fjármálafyrirtæki að búa við svipað lagaumhverfi og keppinautar þeirra.

Ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á áhrifum EES-samningsins á íslenskan fjármagnsmarkað. Það er erfiðleikum bundið að meta hvað af ávinningi af bættum skilyrðum fjármagnsmarkaðarins má rekja til EES-samningsins og hvað til annarra þátta, svo sem skipulagsumbóta og hagstæðra ytri skilyrða. Það er einnig ljóst að þróun laga- og reglugerðarumhverfis ESB-ríkja, og þar með EES-ríkja, er að nokkru leyti háð utanaðkomandi aðstæðum og áreiti, svo sem samstarfi á vettvangi Alþjóðagreiðslumiðlunarbankans BIS sem Ísland hefði tekið mið af þótt það hefði staðið utan EES-samningsins.

Íslendingar hafa tekið þátt í ýmsum nefndum um fjármagnsmarkaðinn innan framkvæmdastjórnar ESB. Þar skipta tvær nefndir mestu máli. Annars vegar er það nefnd um lánastofnanir og hins vegar nefnd um vátryggingamarkað. Í þessum nefndum er farið yfir stöðu mála á viðkomandi sviði og veittar umsagnir um einstök mál. Íslendingar geta sent einn áheyrnarfulltrúa á fundi í þessum nefndum. Lengi hefur verið reynt að koma á fót sam-

bærilegri yfirnefnd í verðbréfaviðskiptum en ekki náðst samstaða um það. Á verðbréfasviði er hins vegar starfandi nefnd eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði. Íslendingar eiga einnig áheyrnaraðild að henni. Þessir skertu þátttökumöguleikar hafa þó vissulega áhrif á virkni samstarfsins.

Til viðbótar við þessar þrjár nefndir á sviði lánastofnana, vátrygginga og verðbréfaviðskipta geta Íslendingar sótt vinnufundi ESB-ríkja innan framkvæmdastjórnarinnar þegar rætt er um drög að einstökum tilskipunum. Oft og tíðum skipar framkvæmdastjórnin sérstakar sérfræðinganefndir á fjármagnsmarkaði til að aðstoða við samningu nýrra tillagna að tilskipunum. Mjög mikilvægt er að fylgjast grannt með gerð tillagna á þessu stigi því að þar er ítarlega rætt um tilgang og markmið hvers einstaks ákvæðis. Það getur því sparað mikinn tíma þegar tilskipun er samþykkt inn í EES-samninginn að hafa fylgst vel með gangi máli á undirbúningsstigi innan framkvæmdastjórnarinnar. EFTA-ríkin hafa átt aðgang að þessum sérfræðinganefndum. Íslendingar hafa sótt þessa fundi eftir efnum og ástæðum.

Eftir að framkvæmdastjórnin hefur sent frá sér tillögur að tilskipunum hafa EFTA-ríkin ekki aðgang að öðru en opinberum upplýsingum um framgang tillagnanna. Tillögur að tilskipunum geta verið lengi í þinglegri meðferð í ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu og jafnvel tekið stakkaskiptum á meðan á henni stendur. Sem dæmi um þetta má nefna að tvær af tíu tillögum, sem nú eru til þinglegrar meðferðar í ESB á sviði fjármálaþjónustu, eru meira en tíu ára gamlar.

EES-samningurinn gerir ekki ráð fyrir samráðsvettvangi æðstu samningsaðila (ráðherra, ráðuneytisstjóra) EFTA/EES- og ESB-ríkjanna eftir fagsviðum. Gallarnir eru ekki einungis þess eðlis að ekki er hægt að gæta hagsmuna þessara landa á þeim stöðum sem þau hafa ekki aðgang að, svo sem ráðherraráði ESB þegar fjallað er um EES-löggjöf, heldur veldur slík staða því að þessir aðilar verða ekki þeir þátttakendur í rekstri EES-samningsins sem nauðsynlegt er. Óbein áhrif þessa á rekstur EES-samningsins eru líklega margvísleg, m.a. að fjármálalegar áherslur og verkefni, er tengjast rekstri samningsins, fá ekki þann forgang sem annars mundi verða og nauðsynlegt er í mörgum tilvikum.

5. Breytingar á næstu árum. Hugsanlegar breytingar við aðild að ESB

Á síðasta ári gaf ESB út Verkefnaáætlun um fjármagnsmarkaðinn (*e. Action plan for Financial Services: Implementing the framework for financial markets*). Áætlunin var unnin að frumkvæði ESB-leiðtoga sem samþykktu á fundi í Cardiff í júní 1998 að fara í stefnumótunarvinnu um innri markað á sviði fjármagnsmarkaðar.

Tímasetning þessarar vinnu er ekki tilviljun þar eð tilkoma evrunnar skiptir sköpum fyrir vöxt og viðgang innri markaðarins á sviði fjármagnsmarkaðar. Það er mat ESB að ekki hafi tekist sem skyldi að byggja upp innri markað á þessu sviði á síðustu 25 árum. Heildsölumarkaður er að vísu að verða nokkuð virkur en viðskipti á smásölumarkaði eru lítil á milli landa.

Í áætluninni er lögð áhersla á skemmri viðbragðstíma, skilvirkara eftirlit og öflugri neytendavernd. Þá er og vikið að skattamálum en ljóst má vera að þau eru gríðarlega mikilvægur hlekkur fyrir skilvirkan innri markað á þessu sviði. Verkefnaáætlunin lýsir bjartsýni um þróun innri markaðarins á sviði fjármagnsmarkaðar og má ljóst vera að mikið löggjafarstarf verður unnið á þessu sviði á næstu árum ef samstaða næst um þær aðgerðir sem þar eru boðaðar.

Almennt má segja að samstarfið innan EES-samningsins á sviði fjármálaþjónustu hafi reynst vel og verið Íslendingum happadrjúgt. Breytingar við inngöngu í ESB yrðu ekki miklar fyrir íslenska fjármálaþjónustu ef frá eru taldar breytingar sem stöfuðu af upptöku evrunnar sem lögeyris en um þær er fjallað sérstaklega í þessari skýrslu. Helsta breytingin á þessu

sviði við inngöngu í ESB væri fólgin í betra aðgengi að nefndum og vinnu í framkvæmdastjórninni, aðild að ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu og þar með ríkari möguleikum á að hafa áhrif á framgang mála.

Gagnlegar vefslóðir um frjálsa fjármagnsflutninga í Evrópusamvinnu
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/singl/index_en.htm

6. kafli
Samkeppnisreglur

Samantekt

Aðild að EES-samningnum hefur haft veruleg áhrif á þróun samkeppnisreglna á Íslandi. Reglurnar hafa stuðlað að jafnari samkeppnisskilyrðum og samræmdri framkvæmd samkeppnisreglna. Þar sem samkeppnis- og ríkisstyrkjareglur EES-samningsins eru að mestu efnislega samhljóða samsvarandi reglum Evrópusambandsins hefði aðild Íslands að ESB ekki í för með sér afgerandi breytingar á samkeppnisreglum hér á landi.

1. Samkeppnismál innan ESB og EES

1.1. Hlutverk og tilgangur

Óumdeilt er að frjáls samkeppni er til þess fallin að auka hagvöxt, stuðla að nýjungum í atvinnurekstri og hámarka skilvirkni fyrirtækja, neytendum í hag. Atbeina stjórnvalda getur þó þurft til þess að raunverulegt frelsi geti ríkt og einstök fyrirtæki misbeiti ekki aðstöðu sinni. Í því felst að skapa þær aðstæður að fyrirtæki geti keppt á jafnræðisgrunni. Efni samkeppnisreglna snýr annars vegar að því að banna ákveðnar athafnir fyrirtækja sem ávallt eru skaðlegar samkeppni og hins vegar að meta aðrar athafnir með tilliti til samkeppnislegra áhrifa þeirra á viðkomandi markað.

Meginmarkmið samkeppnisreglna EES-samningsins og raunar samningsins í heild er markmiðið um jöfn samkeppnisskilyrði þar sem vörur, þjónusta, fólk og fjármagn flyst óhindrað og fyrirtæki geta stundað viðskipti án þess að samkeppni sé raskað, sbr. 1. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkeppni getur verið raskað ýmist vegna aðgerða ríkisins eða fyrirtækja á markaði og samkeppnisreglunum er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtækin á markaðnum spilli fjórfrelsinu svokallaða.

Almennt má segja að EES-samkeppnisreglurnar hafi þann tilgang, jafnt og innlendu samkeppnisreglurnar, að efla virka samkeppni. Að auki er hægt að líta á þær sem tæki til að auðvelda þá markaðssamlögun sem stefnt er að með samningnum. Hefur þetta síðastnefnda atriði, markaðssamlögunin, haft ríku hlutverki að gegna við túlkun reglnanna.

1.2. Efni reglnanna

Samkeppnisreglur og ríkisstyrkjareglur EES-samningsins eru efnislega samhljóða samsvarandi reglum Evrópusambandsins. Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eru bannaðir allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli EFTA- og Evrópusambandsríkja og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni sé raskað á svæðinu. Undir þessa grein falla alvarlegustu samkeppnishömlurnar, svo sem verðsamráð, framleiðslutakmarkanir og skipting markaða.

Þrátt fyrir að 1. mgr. 53. gr. feli í sér víðtæk bönn eru ekki allir samningarbannaðir sem

fela í sér samkeppnishömlur. Svokölluð minniháttarregla felur í grófum dráttum í sér að samningurinn fellur utan bannreglu 1. mgr. 53. gr.[1] ef markaðshlutdeild fyrirtækja, sem hafa með sér samstarf á sama sölustigi, er minni en 5% eða minni en 10% þegar um er að ræða samstarf fyrirtækja sem ekki starfa á sama sölustigi.

Samningar, sem ekki eru minni háttar og brjóta gegn bannákvæði 53. gr., eru sjálfkrafa marklausir (*null and void*) og ekki hægt að byggja á þeim fyrir dómstólum. Að auki geta eftirlitsstofnanirnar, ESA og framkvæmdastjórnin, lagt á stjórnvaldssektir eða févíti. Sektir vegna ásetningsbrota (gegn 53. og 54. gr.) geta numið allt að 10% af árlegri veltu fyrirtækja á heimsvísu.[2]

Í 3. mgr. 53. gr. koma einnig fram undanþáguheimildir frá hinum ströngu bannákvæðum 1. mgr. og eiga við þegar sýnt þykir að jákvæð áhrif samkeppnishamlna séu meiri en hin neikvæðu. Þetta gildir þegar samningar eða samstilltar aðgerðir stuðla að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilega og efnahagslega framþróun. Loks er það skilyrði að neytendur fái sanngjarna hlutdeild í því sem ávinnst. Þessar undanþágur eiga við um einstök tilvik en jafnframt hafa verið gefnar út svokallaðar hópundanþágur á grundvelli 3. mgr. Með þeim eru ákveðnir flokkar samninga undanþegnir banninu í 1. mgr.

Samkvæmt 54. gr. er misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á EES-svæðinu ósamrýmanleg framkvæmd samningsins og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Í samanburði við 53. gr. er megineinkenni 54. gr. að áherslan á bann gegn misnotkun markaðsyfirráða er óháð því hvort slíkt tengist samningum eða samráði. Báðar greinarnar stefna að sama marki, að tryggja virka samkeppni á EES-svæðinu. Ekki er unnt að fá undanþágu frá ákvæðum 54. gr. með svipuðum hætti og 53. gr. mælir fyrir um. Hins vegar er mögulegt að óska eftir svokölluðum „*negative clearance*“, sem er nokkurs konar vottorð frá eftirlitsaðilanum um að samningurinn falli ekki undir ákvæði 54. gr.

Samkvæmt 57. gr. taka samrunareglur EES aðeins til samruna sem fer yfir ákveðna veltutölu. Þannig þarf velta þeirra fyrirtækja, sem hyggjast sameinast, að vera yfir 2,5 milljarðar evra í öllum heiminum og í hverju af a.m.k. þremur aðildarríkjum verður samanlögð velta að vera yfir 100 milljónir evra til þess að samruninn sé tilkynningaskyldur til framkvæmdastjórnarinnar.

1.3. Ríkisaðstoð

Um ríkisaðstoð er fjallað í 87. til 89. gr. Rómarsamningsins. Reglurnar taka að meginstefnu til allra greina atvinnulífsins. Um styrki til flutningastarfsemi er fjallað í 73. gr. Rómarsamnings sem á sér samsvörun í 49. gr. EES-samningsins. Um beitingu 87.–89. gr. Rómarsamnings gagnvart landbúnaði og sjávarútvegi er fjallað í 36. gr. Rómarsamningsins en það ákvæði á sér ekki samsvörun í EES-samningnum þó að í 4. gr. bókunar 9 við hann sé að finna almenn ákvæði um ríkisstyrki í sjávarútvegi. Hér verður eingöngu fjallað um almennu ríkisstyrkjaákvæðin.

Meginreglan um ríkisaðstoð er í 87. gr. Rómarsáttmálans en sambærilegt ákvæði er í 61. gr. EES. Samkvæmt ákvæðinu eru bannaðir styrkir af opinberu fé sem áhrif geta haft á viðskipti milli aðildarríkjanna með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara. Undir styrkjahugtakið geta fallið bein fjárframlög og óbein, svo sem niðurgreidd

[1] Sjá: Notice on agreements of minor importance which do not fall under Article 53(1) of the EEA Agreement; OJ 1998 L 200/55 and EEA Supplement to the OJ 1998 28/13.

lán, ríkisábyrgðir og skattaívilnanir. Frá þessu almenna banni eru undanþágur sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr. greinarinnar. Þannig samrýmist Rómarsamningnum aðstoð af félagslegum toga og aðstoð sem veitt er til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara og ýmiss konar aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna svæða og greina efnahagslífsins getur samrýmst honum. Settar hafa verið leiðbeinandi reglur um nánari túlkun og útfærslu á þessum undanþágum og má þar t.d. nefna reglur um styrki við lítil og meðalstór fyrirtæki, byggðaaðstoð, styrki til að efla atvinnusköpun og rannsóknar- og þróunarstyrki. Flestar af þessum reglum eru ekki formlega bindandi en þær liggja hins vegar til grundvallar túlkunum framkvæmdastjórnarinnar á undanþágunum í 87. gr. Framkvæmdastjórnin setur reglurnar en ræðir þær áður í nefnd sem aðildarríkin sitja í og hafa þau tækifæri til að gera athugasemdir við þær. Eftirlitsstofnun EFTA setur sams konar reglur fyrir EFTA/EES-ríkin en hún hefur gefið út heildstæðar leiðbeiningar um túlkun 61. gr. EES-samningsins.

Um hlutverk framkvæmdastjórnarinnar varðandi eftirlit með ríkisaðstoð er fjallað í 88. gr. Rómarsamningnum. Framkvæmdastjórnin á að fylgjast með gildandi áætlunum um styrki og tilkynna verður til hennar nýjar áætlanir um styrkveitingar. Hún getur rannsakað einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt kæru og ef niðurstaðan er sú að styrkveiting sé ólögmæt verður að hætta við hana og endurgreiða styrkinn. Nýlega var sett reglugerð þar sem málsmeðferðarreglur á sviði ríkisaðstoðar voru nánar útfærðar. Eftirlitsstofnun EFTA hefur sambærilegar heimildir og framkvæmdastjórnin en um þær er fjallað í 62. gr. EES-samningsins og bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

Að landbúnaði og sjávarútvegi undanskildum mundi breytingin með ESB-aðild felast í því að framkvæmdastjórnin fengi eftirlitshlutverkið og Ísland hefði ríkari möguleika á að hafa áhrif á setningu reglna á þessu sviði með þátttöku í nefndum ESB sem fjalla um ríkisaðstoð.

1.4. Væntanlegar breytingar á samkeppnisreglum

Eitt af megineinkennum samkeppnisreglna er hin hraða framþróun réttarsviðsins. Reglurnar eru í stöðugri endurskoðun og breytast í samræmi við þarfir markaðarins og atvinnulífsins. Eftir áratuga beitingu reglnanna var ljóst að þær voru farnar að virka hamlandi á markaðinn. Þeim var upphaflega ætlað að vera leikreglur fyrir mun smærra markaðssvæði. Eftir stækkun Evrópusambandsins hentar hin þunglamalega miðstýring síður.

Væntanlegar breytingar fela því í sér að færa allt ákvörðunarvald nær þeim sem þær snerta og þeim sem vinna að þeim, þ.e. „heim í hérað". Slík valddreifing til aðildarríkjanna er til mikilla bóta. Ákvarðanir verða teknar þar sem þekking á fyrirtækjunum og markaðsaðstæðum er mest. Umræddar breytingar hafa sérstaklega jákvæð áhrif hér á landi þar sem smæð markaðarins getur valdið því að frekari sérþekkingar sé þörf.

Í ljósi ofangreinds hafa reglurnar um samninga fyrirtækja á sama sölustigi (láréttir samningar) verið endurskoðaðar, endurskoðun stendur jafnframt yfir á reglum um samninga fyrirtækja á mismunandi sölustigum (lóðréttir samningar).

Samningar fyrirtækja á sama sölustigi fela í sér samvinnu um sérhæfingu og rannsóknir og þróun. Núgildandi hópundanþágur um sama efni voru að mati atvinnulífsins of þröngar, ósveigjanlegar og niðurnjörvaðar. Endurskoðun sú sem nú stendur yfir miðar að því að koma til móts við þarfir iðnaðarins og gera reglugerðirnar sveigjanlegri.

Í flestum tilfellum samvinnu, þar sem fyrirtæki þau sem í hlut eiga hafa ekki markaðsstyrk, eru áhrif samvinnunnar ekki samkeppnishamlandi. Þessar breytingar á reglugerðunum koma sér sérstaklega vel fyrir smá og meðalstór fyrirtæki, eins og flest fyrirtæki eru hér á landi, þar sem reglugerðirnar ýta undir frekari samvinnu þeirra á milli.

Samningar fyrirtækja á mismunandi sölustigi eru m.a. dreifingarsamningar. Reglugerðir þar að lútandi náðu til samninga um einkakaup, samninga um einkadreifingu og samninga um sérleyfi. Núgildandi reglugerð tekur til allra dreifingarsamninga sem uppfylla fyrir fram ákveðin skilyrði.

1.5. Væntanlegar breytingar á samkeppnisreglum – áhrif á Íslandi

Samkeppnisreglur innan EES og Evrópusambandsins gilda aðeins um samkeppnishamlandi athafnir fyrirtækja sem hafa eða geta haft áhrif á viðskipti milli tveggja eða fleiri ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum. Samkeppnisreglur hvers lands fyrir sig gilda því áfram um viðskipti sem aðeins hafa áhrif innan landamæra hvers ríkis.

Íslensku samkeppnislögin taka mið af samkeppnisreglum EES og Evrópusambandsins. Í lögunum eru ákvæði sem banna þær samkeppnishömlur sem skaðlegastar eru. Jafnframt er í 17. gr. misbeitingarregla gagnvart þeim samkeppnishömlum sem nauðsynlegt er að leggja sérstakt mat á hvort hafi skaðleg áhrif í för með sér. Enda þótt um innlendar reglur sé að ræða er við beitingu þeirra tekið tillit til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og dóma Evrópudómstólsins.

Efni EES-samningsins hefur því bæði bein og óbein áhrif á beitingu innlendra samkeppnisreglna. Hin óbeinu áhrif felast, eins og áður segir, í að tillit er tekið til ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar og ESA auk dóma Evrópudómstólsins og EFTA dómstólsins við túlkun og beitingu innlendu reglnanna. Bein áhrif geta m.a. falist í að endurskoða túlkun annarra innlendra stjórnvalda á reglugerðum Evrópusambandsins.

2. Áhrif EES-samningsins

Með EES-samningnum er tryggt að íslensk fyrirtæki búa að mestu leyti við svipað laga- og reglugerðarumhverfi og fyrirtæki annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Nýjungar í samkeppnislöggjöf í EES-samningnum verða einnig skuldbindandi fyrir Ísland. Á hinum sífellt alþjóðlegri markaði skiptir sköpum fyrir íslensk fyrirtæki að búa við svipað lagaumhverfi og keppinautar þeirra.

Hertar og samræmdar reglur, miðað við það sem gerist í samkeppnislöndum okkar, eru ekki síst mikilvægar vegna þeirrar alþjóðavæðingar sem hvarvetna er að eiga sér stað í atvinnulífi og er í mörgum tilvikum undirstaða í aukinni alþjóðaverslun. EES-reglum á samkeppnissviði hefur einnig fylgt aukið réttaröryggi fyrir fyrirtæki sem einstaklinga.

Við túlkun á innlendu samkeppnislögunum hafa samkeppnisyfirvöld ekki óbundnar hendur við túlkun landsréttar jafnvel þegar um er að ræða samninga sem eingöngu hafa áhrif á viðskipti innan einstakra EES-ríkja. Í fyrsta lagi kemur hér til kasta þeirrar almennu lögskýringarreglu, sem lögfest hefur verið með 3. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, að skýra beri lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggjast. Í öðru lagi hvílir sú skylda á innlendum stjórnvöldum og dómstólum að varast allar ráðstafanir sem stefnt geta í tvísýnu markmiðum EES-samningsins, sbr. 3. gr. meginmáls samningsins. Evrópudómstóllinn hefur úrskurðað að samkeppnisyfirvaldi í aðildarríki beri að gæta þess að komast ekki að niðurstöðu sem rekst á við ákvörðun stofnana ESB um sams konar háttsemi. Það hvílir því sú skylda á samkeppnisyfirvöldum aðildarríkjanna að forðast ákvarðanir sem rekast á við ákvarðanir stofnana EES jafnvel þótt samkeppnisyfirvöld séu formlega einungis að beita reglu landsréttarins og EES-stofnanir reglu EES-samningsins.

3. Hugsanleg áhrif aðildar að ESB

Þar sem samkeppnisreglur og ríkisstyrkjareglur EES-samningsins eru að mestu efnislega samhljóða samsvarandi reglum Evrópusambandsins hefði innganga í Evrópusambandið ekki afgerandi áhrif á lagaumhverfi þessa sviðs hér á landi. Þó er rétt að geta nokkurra atriða. Í fyrsta lagi hafa breytingar á meginmáli Rómarssamningsins með Maastricht- og Amsterdamsamningunum ekki skilað sér inn í kafla EES-samningsins um samkeppnisreglur frekar en aðra kafla samningsins. Af þessum sökum getur skapast hætta á ólíkri beitingu reglnanna eftir því hvort um Rómarsamninginn eða EES-samninginn er að ræða. Skal þess getið í dæmaskyni að með Maastricht-samningnum er nú gert ráð fyrir mögulegri undanþágu frá ríkisstyrkjareglum Rómarsamningsins vegna menningarsjónarmiða. Samsvarandi undanþágumöguleika er ekki að finna í ríkisstyrkjareglum EES-samningsins. Aðild að ESB mundi augljóslega fylgja lagfæring á þessu misræmi.

Einnig mundi aðild að ESB augljóslega hafa áhrif á stofnanauppbygginguna og framkvæmdastjórnin tæki við eftirlitshlutverki ESA á samkeppnissviðinu. Reyndar hefur framkvæmdastjórnin nú þegar ákveðnu hlutverki að gegna við túlkun og beitingu EES- samkeppnisreglnanna, einnig á þeim sviðum þar sem ESA fer með formlegt ákvörðunarvald. Þannig er að finna í bókunum við EES-samninginn ákvæði sem tryggja sérstaklega náið samráð milli stofnananna við úrlausn mála á þessu sviði. Þá leiða lögsöguskiptingarreglur EES-samningsins til þess að framkvæmdastjórnin fer í raun með lögsögu á nær öllum samrunamálum sem varða fyrirtæki á EES-svæðinu og ná tilsettum fjárhæðaþröskuldum.

Að síðustu er rétt að geta þess að miklum erfiðleikum yrði bundið að halda uppi eftirliti með samkeppnis- og ríkisstyrkjareglum á grundvelli milliríkjasamninga sem ekki hafa hið yfirþjóðlega yfirbragð Rómarsamningsins og að breyttu breytanda EES-samningsins. Grundvallarforsenda fyrir skilvirku og raunverulegu eftirliti á þessu sviði er að eftirlitshlutinn sé í höndum sjálfstæðrar yfirþjóðlegrar stofnunar sem starfað getur sjálfstætt og óháð aðildarríkjunum. Í þessu sambandi er fróðlegt að rifja upp að samkeppnisreglur er einnig að finna í stofnsáttmála EFTA, Stokkhólmssáttmálanum, sem og ýmsum tvíhliða fríverslunarsamningum. Einstaklingum og lögaðilum er hins vegar ógjörningur að reka mál sín á grundvelli þeirra reglna vegna hinnar veiku stofnanauppbyggingar sem þar er að finna.

Gagnlegar vefslóðir um samkeppnismál innan Evrópusamvinnunnar

Samkeppnisstofnun: http://www.samkeppni.is/
Eftirlitsstofnun EFTA: http://www.efta.int
Framkvæmdastjórn ESB: http://europa.eu.int/comm/dgs/competition/index_en.htm

7. kafli

Félags- og vinnumál

Samantekt

Með EES-samningnum taka Íslendingar þátt í víðtæku samstarfi í félags- og vinnumálum. Fjöldi gerða á þessu sviði hafa verið felldar í EES-samninginn, þ.á m. viðamiklar reglur um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Það hefur reynst nokkuð umfangsmikið verk að hrinda í framkvæmd gerðum á þessu sviði. Halda má því fram að EES-samningurinn hafi bætt réttarstöðu launafólks á Íslandi.

Við aðild Íslands að Evrópusambandinu tækju Íslendingar enn frekar þátt í samstarfi ESB í atvinnumálum. Við aðild hefðu Íslendingar meiri möguleika til að hafa áhrif á stefnumótun á þessum sviðum, þar sem full þátttaka fengist í ákvarðanatöku.

1. Almennt um þróun samstarfs innan ESB í félags- og vinnumálum

Í þessum kafla er fjallað um samstarf Íslands við Evrópusambandið á sviði félags- og vinnumála, þ.e málefni er varða aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum; launamál og skipulag vinnutíma; samskipti aðila á vinnumarkaði; jafnréttismál; málefni fatlaðra og lýðheilbrigðismál.

Hin upphaflegu ákvæði Rómarsamningsins á sviði félagsmála voru almenns eðlis. Kveðið var á um að meginmarkmið ESB í félagsmálum væri að bæta lífskjör og vinnuskilyrði launþega með því að koma á samvinnu aðildarríkjanna á sviði atvinnumála, starfsmenntunar, öryggis og hollustu á vinnustöðum, réttinda til almannatrygginga og launajafnréttis milli kvenna og karla. Evrópusambandið lét lítið til sín taka á fyrrgreindum málasviðum fyrr en undir lok níunda áratugarins. Undantekning á þessu var þó Félagsmálasjóður Evrópu sem komið var á fót við stofnun EBE, árið 1958. Samhliða því sem lokið var við að koma á sameiginlegum innri markaði í sambandinu var sett löggjöf um umbætur á ýmsum sviðum félagsmála, einkum vinnuvernd. Framan af má því segja að félagsmálastefna hafi einungis verið í höndum aðildarríkjanna sjálfra. Markmið greina Rómarsamningsins var fyrst og fremst, í ljósi ólíkrar félagsmálalöggjafar í aðildarríkjunum, að tryggja jafna samkeppnissaðstöðu fyrirtækja og koma m.a. í veg fyrir að einstök aðildarríki mundu gjalda þess að hafa komið á jöfnum launum karla og kvenna. Á hinn bóginn má líta svo á að aðgerðir ESB í félags- og vinnumálum gefi til kynna að sambandið er ekki eingöngu samstarfsvettvangur um efnahags- og tollamál heldur hefur það að markmiði að vinna að umbótum á lífskjörum og vinnuskilyrðum launafólks. Skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt Rómarsamningnum hafa lengst af verið óljósar og almennt orðaðar. Aðildarríkin hafa haft svigrúm til að fara sínar eigin leiðir, einkum að því er varðar stefnu í vinnu- og félagsmálum. Þau hafa einnig haft forræði á skipulagi almannatrygginga.[1] Það eru þessi ákvæði Rómarsamningsins sem einkum hafa tekið breytingum með Maastricht- og Amsterdamsamningunum eins og síðar verður vikið að.

Við stefnumótun í félagsmálum hefur Evrópusambandið tekið tillit til og haft hliðsjón af starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Evrópuráðsins. Heðir og ákvæði í félagsmálalöggjöf aðildarríkjanna hafa þó verið áhrifamest. Flest aðildarríkin hafa verið nokkuð sátt við tillögur framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði og stutt hugmyndafræðina sem býr að baki.

Þar sem ekki náðist samkomulag um frekari þróun félagsmála innan ESB samþykktu öll aðildarríkin nema Bretland sérstaka stofnskrá um félagsleg grundvallarréttindi launafólks árið 1989. Var henni m.a. ætlað að svara gagnrýni þeirra sem töldu að hið fjórþætta frelsi gagnaðist einkum fyrirtækjum og fjármagnseigendum. Ákvæði stofnskrár hafa nú verið felld inn í ramma ESB og Bretar hafa fallið frá andstöðu sinni.

2. EES-samningurinn og félags- og vinnumál

Samstarf Íslands við ESB á sviði félags- og vinnumála styðst fyrst og fremst við ákvæði í III., V. og VI. hluta samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í V. og VI. hluta er kveðið á um gagnkvæmar skuldbindingar á öðrum sviðum félagsmála. Ákvæðin í þessum hlutum áttu sér hliðstæðu í III. bálki Rómarsáttmálans, þ.e. 117.–122. gr.. Samkvæmt V. hluta EES-samningsins felast mikilvægustu skuldbindingar í umbótum á aðbúnaði á vinnustöðum, vinnuskilyrðum launafólks og aðgerðum við að koma á jafnri stöðu og jöfnum rétti karla og kvenna.

[1] Fjallað er um almannatryggingar í 3. kafla um frjálsa fólksflutninga.

Enn fremur má vekja athygli á yfirlýsingu sem EFTA-ríkin gerðu við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um stofnskrá um félagsleg grundvallarréttindi launafólks. Samkvæmt henni lýsa ríkin því yfir að jafnframt því sem samstarf á efnahagssviðinu sé aukið þurfi að stuðla að framförum á félagssviðinu með fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Ríkin lýsa því einnig yfir að þau vilji taka virkan þátt í að stuðla að félagslegri þróun á Evrópska efnahagssvæðinu og fagna aukinni samvinnu um félagslega þætti við ESB og aðildarríki þess samkvæmt samningnum. Enn fremur viðurkenna EFTA-ríkin mikilvægi þess að styðja meginreglur og grundvallarréttindi sem ákveðin eru í stofnskrá um félagsleg grundvallarréttindi launafólks frá 9. desember 1989.

2.1. EES og samráðskerfi á sviði félags- og vinnumála

Skömmu eftir að viðræður hófust við Evrópusambandið um samning um myndun Evrópska efnahagssvæðisins skipaði félagsmálaráðherra samráðsnefnd sem í áttu sæti fulltrúar helstu samtaka á vinnumarkaði. Viðfangsefni nefndarinnar var að fara yfir alla félagsmálalöggjöf Evrópusambandsins og gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á íslenskum reglum um þetta efni. Nefndin vann að þessu viðfangsefni á árunum 1990 og 1991 og var endurvakin í maí 1993 þegar ljóst þótti að EES-samningurinn mundi taka gildi árið 1994. Verkefni hennar frá þeim tíma hefur verið að fara yfir allar nýjar tillögur framkvæmdastjórnar ESB á sviði félags- og vinnumála. Nefndin hefur verið stjórnvöldum til ráðgjafar um athugasemdir og álitsgerðir um tillögurnar. Hún hefur einnig verið vettvangur skoðanaskipta um það með hvaða hætti reglum á þessu sviði sé best hrundið í framkvæmd á Íslandi, þ.e. með löggjöf eða með kjarasamningum.

Eftirtalin samtök eiga nú fulltrúa í nefndinni: Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis- og bæja, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins. Einnig taka þátt í fundum nefndarinnar fulltrúar Skrifstofu jafnréttismála, Vinnueftirlits ríkisins, Vinnumálastofnunar, utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins en fulltrúi félagsmálaráðuneytisins hefur gegnt formennsku.

3. Aðbúnaðar, hollusta og öryggi á vinnustöðum

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skuldbundu Íslendingar sig til þess að hrinda í framkvæmd ákvæðum ESB á sviði aðbúnaðar, hollustu og öryggis á vinnustöðum.[1]

Gerðum Evrópusambandsins á þessu sviði hefur verið hrundið í framkvæmd á undanförnum árum með breytingum á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum og fjölda afleiddra reglna og reglugerða. Köflum í vinnuverndarlögunum um lengd vinnutíma og vinnuvernd barna hefur verið breytt til samræmis við ákvæði gerða ESB og reglur hafa verið settar um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, reglur um efnanotkun á vinnustöðum, reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum, reglur um húsnæði vinnustaða, reglur um notkun persónuhlífa og reglugerð um vinnu barna og unglinga.

[1] Kveðið er á um skuldbindingar samningsaðila í V. hluta samningsins, 66.–71. gr. Skuldbindandi gerðir á þessu sviði eru taldar upp í viðauka XVIII við samninginn. Gerðir Evrópusambandsins styðjast við ákvæði í III. bálki Rómarsamningsins, einkum ákvæði í gr. 118 a.

3.1. Fjórða framkvæmdaáætlun ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustað

Fjórða framkvæmdaáætlun ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustað nær til tímabilsins 1996–2000. Markmið áætlunarinnar er að draga úr vinnuslysum og sjúkdómum sem rekja má til atvinnuumhverfis. Fjölmörg verkefni hafa verið skipulögð og þeim hrint í framkvæmd með stuðningi áætlunarinnar. Framkvæmdastjórnin hefur til að mynda komið á fót gagnasafni um vinnuslys (*ESAW – European Statistics on Accidents at Work*) og árið 1996 var Vinnuverndarstofnun Evrópu stofnuð í Bilbao. Í framkvæmdaáætluninni er sérstakt tillit tekið til þarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Sérstöku verkefni, sem kallast SAFE (*Safety Actions for Europe*), er ætlað að draga úr slysum og atvinnutengdum sjúkdómum innan lítilla og meðalstórra fyrirtækja. (Tillaga um þessi verkefni hefur um nokkurn tíma legið fyrir ráðherraráði ESB en hún hefur ekki enn verið afgreidd þegar þetta er skrifað.)

3.2. Dyflinnarstofnunin

Í Dyflinni á Írlandi er starfrækt stofnun sem ætlað er að vinna að endurbótum á vinnuumhverfi í Evrópu (*European Foundation for the Improvement of Living and Working Conditions*). Stofnunin, sem komið var á fót árið 1975, hefur staðið að rannsóknum, sett fram tillögur að ráðstöfunum til að bæta vinnuumhverfi og gefið út upplýsingaefni þar að lútandi. EFTA/EES- ríkin hafa sameiginlega einn áheyrnarfulltrúa í stjórnarnefnd stofnunarinnar. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins eiga einnig aðild að stjórnarnefndinni. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins í EFTA/EES-ríkjunum hafa þannig haft sinn fulltrúann hvorir í stjórnarnefndinni. EFTA/EES-ríkin greiða ekkert árgjald en greiða þess í stað einungis til þeirra verkefna sem stofnunin stendur fyrir og þau taka þátt í.

3.3 Vinnuverndarstofnun Evrópu í Bilbaó

Vinnuverndarstofnun Evrópu var stofnuð árið 1994 og er í Bilbao á Spáni. Skrifstofan aðstoðar framkvæmdastjórn Evrópusambandsins með verkefni til að bæta vinnuaðstæður og hefur náið samstarf við Dyflinnarstofnunina. Skrifstofan gegnir lykilhlutverki í miðlun vísindalegra, tæknilegra og efnhagslegra upplýsinga á þessu sviði. Unnið hefur verið að því að koma á tengslum við Vinnuverndarstofnunina, t.d. með sameiginlegum samstarfsverkefnum en íslensk og norsk stjórnvöld kanna nú hvort sækja eigi um fulla aðild að stofnuninni.

3.4 Reynslan af samstarfinu á sviði aðbúnaðar og hollustu á vinnustöðum

Framkvæmd reglna á sviði vinnuverndarmála á Íslandi hefur hvílt á Vinnueftirliti ríkisins. Það hefur reynst stofnuninni umfangsmikið verkefni að hrinda í framkvæmd EES-gerðum á sviði vinnuverndarmála. Þótt stærsti hluti þessa verks sé að baki er enn eftir að hrinda í framkvæmd mikilvægum tilskipunum, t.d. tilskipun sem snertir öryggisbúnað véla og hluta rammatilskipunar nr. 89/391 sem er grundvallartilskipun Evrópusambandsins á sviði vinnuverndar.

Ljóst er að vinnuvernd, þ.e. aðbúnaður og hollusta á vinnustöðum, hefur verið meðal forgangsverkefna Evrópusambandsins á sviði félagsmála. Áætlað hefur verið að útgjöld innan ESB vegna atvinnusjúkdóma og vinnuslysa sé á bilinu 2,6–3,8 % af vergri þjóðarframleiðslu á ári, eða 185–270 milljarða evra.

Ekki hefur verið gerð úttekt á beinum og óbeinum kostnaði vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma á Íslandi. Mismunandi reglur um skráningu vinnuslysa og atvinnusjúkdóma gera samanburð á milli ríkja erfiðan en þó bendir allt til þess að tíðni vinnuslysa hér á landi sé nálægt meðallagi þess sem gerist í ESB. Því er ljóst að um verulegar upphæðir er að ræða. Virk framkvæmd reglna, sem settar hafa verið vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið,

ætti verulega að draga úr þessum kostnaði á komandi árum. Þótt mannúðarsjónarmið liggi til grundvallar vinnuverndarstarfinu er efnahagslegur ávinningur einnig mikill ef árangur næst.

Á grundvelli samstarfsins við Evrópusambandið hafa íslenskir sérfræðingar tekið þátt í nokkrum vísindanefndum ESB á sviði vinnuverndarmála. Nefna má nefnd sem gerir tillögur um mengunarmörk. Einnig hafa verið sóttir fundir forstöðumanna vinnuverndarstofnana í Evrópusambandinu.

3.5 Hugsanlegar breytingar við aðild Íslands að ESB

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa Íslendingar tekið upp flestar tilskipanir Evrópusambandsins á sviði vinnuverndar. Til viðbótar eru í gildi nokkur tilmæli sem kalla á frekari aðgerðir. Dæmi um þetta eru tilmæli nr. 90/326/EBE um skráningu og eftirlit með atvinnusjúkdómum. Tilmæli sem þessi eru ekki skuldbindandi fyrir EFTA/EES-ríkin en yrðu það við fulla aðild og koma yrði skráningu og eftirliti með atvinnusjúkdómum í það horf sem krafist er samkvæmt tilmælunum.

EES-samningurinn hefur gert íslenskum sérfræðingum kleift að taka þátt í samningu tillagna að sumum tilskipunum á þessu sviði en alls ekki öllum. Það mundi breytast með fullri aðild. Þeir fengju einnig aðild að öðrum stefnumarkandi nefndum sem fjalla um málaflokkinn þar sem þátttaka hefur ekki staðið til boða en þar fer fram undirbúningsvinna að þeim reglum sem síðar eru teknar upp á Íslandi á þessu sviði. Benda má á ráðgjafanefnd hátt settra embættismanna sem fjalla um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Nefndin er framkvæmdastjórninni til ráðgjafar í vinnuverndarmálum.

3.6 Framvinda í vinnuverndarmálum á vettvangi ESB

Á síðustu 10 árum hefur verið settur fjöldi nýrra tilskipana á sviði aðbúnaðar, hollustu og öryggis á vinnustöðum. Ekki er búist við slíkum fjölda nýrra tilskipana framvegis. Fremur er gert ráð fyrir smærri breytingum á eldri tilskipunum. Lögð hefur verið áhersla á að fylgjast með hvernig aðildarríkin hrinda í framkvæmd gerðum á þessu sviði. Því verður að gera ráð fyrir að umfang skýrslugerðar íslenskra stofnana, einkum Vinnueftirlits ríkisins, muni aukast í næstu framtíð þar sem gera verður grein fyrir eftirliti í fyrirtækjum með því að farið sé eftir settum vinnuverndarreglum.

4. Vinnuréttur

Samkvæmt EES-samningnum eru aðilar skuldbundnir til að gera nauðsynlegar ráðstafanir á sviði vinnulöggjafar til að tryggja góða framkvæmd samningsins.[1] Með ráðstöfunum er átt við gerðir sem taldar eru upp í XVIII. viðauka við EES-samninginn. Hér er um að ræða sjö gerðir. Þeirra á meðal eru tilskipanir um hópuppsagnir, vernd launþega við aðildarskipti að fyrirtækjum, vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota og um skyldu atvinnurekanda til að upplýsa um ráðningarkjör. Á Íslandi hafa verið sett m.a. eftirfarandi lög til að tryggja framkvæmd tilskipananna hér á landi: Lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, lög um hópuppsagnir og lög um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum. Með kjarasamningum hafa íslensku launafólki verið tryggð réttindi sem felast m.a. í tilskipunum um skyldu atvinnurekanda til að upplýsa um samningsskilmála eða ráðningar-

[1] Ákvæði um skuldbindingar samningsaðila er að finna í 68. gr. EES- samningsins. Hliðstæða þess er í 118. gr. Rómarsamningsins, stafl. a.

fyrirkomulag og um skipulag vinnutíma. Sem dæmi um nýlegar tilskipanir, sem orðið hafa hluti af EES-samningnum, má nefna tilskipun um hlutastörf, tilskipun um útsenda starfsmenn og tilskipun um tímabundna ráðningarsamninga.

4.1 Samráð og samningar aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu og vinnulöggjöf

Á síðustu árum hafa átt sér stað breytingar að því er varðar tillögugerð á sviði vinnulöggjafar. Tillögur á þessu sviði hafa komið fram með sama hætti og aðrar tillögur að Evrópusambandslöggjöf sem framkvæmdastjórnin hefur sett fram. Með Maastricht- og Amsterdamsamningnum hafa hér átt sér stað mikilvægar breytingar. Af þeim leiðir að framkvæmdastjórninni er nú skylt að gefa samtökum aðila vinnumarkaðarins tækifæri til að ná samkomulagi um fyrirhugaða lagasetningu á sviði félags- og vinnumála.[1] Samtök aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu geta óskað eftir því að samningar þeirra verði gerðir að skuldbindandi rétti í Evrópusambandinu. Tilskipanir um foreldraorlof, um vinnutíma farmanna á kaupskipum og um réttindi starfsmanna í hlutastörfum eru dæmi um tilskipanir sem hafa orðið til með þessum hætti. Í þessu sambandi má minna á að samkvæmt 71. gr. EES-samningsins skulu samningsaðilar leitast við að auka skoðanaskipti milli vinnuveitenda og launþega í Evrópu. Þess skal getið að í nokkrum tilvikum hafa fulltrúar íslenskra samtaka atvinnurekenda og launafólks tekið þátt í kjarasamningum á Evrópuvísu sem fulltrúar í samninganefndum Evrópusamtaka atvinnurekenda (UNICE) og Evrópusamtaka launafólks (ETUC). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur undanfarin misseri unnið að frekari þróun samráðsins við Evrópusamtök aðila vinnumarkaðarins í einstökum starfsgreinum.

Lagt hefur verið til að bæta ákvörðun ráðherraráðsins nr. 98/500/ESB, um samningaviðræður innan starfsgreina, við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Markmiðið er að styrkja stöðu aðila vinnumarkaðarins í EES/EFTA-ríkjunum til að taka þátt í samningaviðræðum sem fram færu innan einstakra starfsgreina á Evrópska efnahagssvæðinu.

4.2 Reynslan af samstarfinu á sviði vinnuréttar

Gildistaka tilskipana á þessu sviði hefur á ýmsan hátt bætt stöðu íslenskra launamanna. Sem dæmi má nefna að með kjarasamningum var hrundið í framkvæmd ákvæðum tilskipunar um skyldu atvinnurekanda til að upplýsa um ráðningarkjör og ráðningarskilmála. Af þessu hefur leitt að nú eru gerðir skriflegir ráðningarsamningar á milli atvinnurekanda og launamanns þar sem fram koma öll helstu atriði sem máli skipta varðandi ráðningarsamband þeirra.

Af lögleiðingu ákvæða í tilskipun um hópuppsagnir leiðir að leita þarf leiða til að koma í veg fyrir hópuppsagnir og öryggisleysi launamanna.

Markmið tilskipunar um aðilaskipti er að koma í veg fyrir þarflausar uppsagnir vegna aðilaskipta að fyrirtækjum og tryggja að skuldbindingar haldist þótt nýr aðili taki við rekstri fyrirtækja. Fjölmörg dæmi mætti nefna til viðbótar um breytingar á íslenskum vinnurétti vegna áhrifa EES-samningsins.

4.3. Hugsanlegar breytingar við aðild að ESB

Af fullri aðild að Evrópusambandinu mundi ekki leiða frekari skuldbindingar en nú þegar eru fyrir hendi þar sem Ísland hefur leitt í lög allar tilskipanir Evrópusambandsins á sviði

[1] Kveðið er á um reglur í þessu sambandi í nýjum VIII. bálki í grundvallarlögum Evrópusambandsins, þ.e. 125.–130. gr.

vinnuréttar. Með fullri aðild fengist hins vegar aðgangur að mótun ákvarðana á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar og þátttöku í ákvörðunum sem teknar eru af ráðherraráðinu eða vinnuhópum á þess vegum.

5. Stefna í atvinnumálum

5.1. Almennt

Aðgerðir á sviði atvinnumála féllu framan af utan valdsviðs framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Það var þannig verkefni hvers aðildarríkis fyrir sig að bregðast við vanda á vinnumarkaði. Atvinnuleysi jókst mikið í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins á fyrri hluta 10. áratugarins. Þetta sameiginlega vandamál varð til þess að leiðtogafundur Evrópusambandsins, sem haldinn var í árslok 1997, afgreiddi metnaðarfulla viljayfirlýsingu um markvissari samræmingu á stefnu aðildarríkjanna í vinnumálum. Markmiðið var að fjölga störfum og draga þar með úr atvinnuleysi. Í samræmi við þessu stefnu hefur Evrópusambandið árlega samþykkt leiðbeinandi reglur fyrir aðildarríki ESB um stefnu í vinnumálum. Ríkin hafa nokkuð frjálsar hendur um val á markmiðum og leiðum að þeim. Á grundvelli ályktunarinnar frá árinu 1997 en einkum og sér í lagi á grundvelli ákvæða í nýja vinnumálakaflanum í Rómarsammingnum hafa verið gerðar róttækar breytingar á ráðum og nefndum sem fjalla um vinnumál á vettvangi Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin hefur veitt fé til samstarfsverkefna á þessu sviði sem EFTA/EES-ríkin hafa fengið aðild að. Samstarfsverkefnin styðjast einkum við áðurnefndar leiðbeinandi reglur fyrir aðildarríkin um stefnu í vinnumálum. Helstu atriði stefnunnar eru:

- Aðgerðir sem miða að því að gera atvinnuleitendur gjaldgengari á vinnumarkaði;
- stuðningur við frumkvæði einstaklinga við að stofna til atvinnurekstrar;
- aðgerðir sem hvetja aðila vinnumarkaðarins til að vinna að endurbótum á vinnuskipulagi í því augnamiði að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja og starfsmanna;
- aðgerðir til að stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna.

Á grundvelli árlegra skýrslna aðildarríkjanna um árangurinn af aðgerðum á þessu sviði gefur framkvæmdastjórnin út tilkynningu með tilmælum til einstakra aðildarríkja um frekari aðgerðir, allt eftir efnum og ástæðum.

EFTA/EES-ríkin eru ekki skuldbundin á grundvelli EES-samningsins til að fara að leiðbeiningarreglum Evrópusambandsins um stefnu í vinnumálum. Þau hafa þó áheyrnaraðild að nokkrum nefndum sem starfa á vegum framkvæmdastjórnarinnar.

5.2 Samstarfsverkefni

Helstu samstarfsverkefni, sem EFTA/EES-ríkin taka þátt í, á sviði vinnumála eru:

EURES (European Employment Services) er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu (EES); íslenskt heiti þess er EES-vinnumiðlun. Um 500 ráðgjafar mynda samskiptanet í öllum ríkjum EES. Þetta samskiptanet tengir saman opinberar vinnumiðlanir á Evrópska efnahagssvæðinu. Í sumum ríkjum eru stéttarfélög og háskólar einnig tengd samskiptanetinu. Markmiðið er að auðvelda fólki að fá störf í öðrum EES-löndum og stuðla þannig að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli á svæðinu.

Ráðgjafar miðla upplýsingum um atvinnutækifæri og umsækjendur þannig að hægt sé að leysa staðbundna manneklu og atvinnuleysi á ýmsum sviðum með flutningum milli svæða. Ráðgjafarnir hafa sérfræðiþekkingu í atvinnumálum innan EES. Meginþættir EES-vinnumiðlunar eru eftirfarandi: leiðbeiningar við atvinnuleit, upplýsingagjöf, ráðgjöf og aðstoð, upplýsingagjöf varðandi lífs- og vinnuskilyrði í EES-ríkjum og ráðningarþjónusta. Ráðgjafarnir hafa allir fengið sömu grunnþjálfun. EURES samskiptanetið styðst við miðlægan

gagnagrunn í Brussel en í hann eru skráð laus störf og aðrar gagnlegar upplýsingar fyrir fólk í atvinnuleit. (Sjá jafnframt umfjöllun um EURES í kafla 3.)

EWON-samstarfsverkefnið *(The European Network on Work Organisation)* byggist á neti tengiliða sem fjalla um skipulag vinnu á vinnustöðum. Markmiðið er að safna saman og skiptast á upplýsingum um vel heppnaða skipulagningu vinnustaða sem bæði hefur leitt til aukinnar framleiðni og betra vinnuumhverfis. Verkefnið hófst á árinu 1999 og er því lítil reynsla af því enn sem komið er.

Samstarfsáætlun um greiningu, rannsóknir og samvinnu á sviði vinnumála (Committee on Analysis, Research and Cooperation in the field of Employment and the Labour Market). Ráðgjafanefnd um þessa áætlun tók til starfa 1998. Í henni eiga sæti fulltrúar hinna 15 aðildarríkja ESB auk EFTA/EES-ríkjanna þriggja. Nefndin er framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um framkvæmd samstarfsáætlunarinnar. Ráðgjöfin miðar einkum að upplýsingaöflun um framvindu vinnumála innan EES. Þessar upplýsingar auðvelda ákvörðunartöku um hvernig brugðist skuli við vandamálum á vinnumarkaði, s.s atvinnuleysi. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórnin í samráði við nefndina stofni til ýmiss konar rannsóknarverkefna sem falla innan ramma leiðbeiningarreglna um stefnu í vinnumálum.

5.3. Árangur af samstarfi á sviði vinnumála

Áður hefur komið fram að ekki hefur fengist mikil reynsla af samstarfi EFTA/EES-ríkjanna við ESB á sviði atvinnumála. Fulltrúum EES-ríkjanna var boðið að taka þátt í fundum æðstu stjórnenda vinnumála frá árinu 1996. Á þeim fundum var skipst á skoðunum um það helsta sem var að gerast á vettvangi vinnumála. Með nýskipan vinnumála innan Evrópusambandsins (nýjum vinnumálanefndum ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar) hafa fundir æðstu stjórnenda vinnumála verið aflagðir. Sama gildir um fundi forstjóra opinberra vinnumiðlana í aðildarríkjum ESB. Segja má að kostum EFTA/EES-ríkjanna til samstarfs á þessu sviði hafi fækkað með breytingunum.

Samstarfslöndin hafa árlega gert þróunaráætlun og árlega starfsáætlun. Í seinni tíð hefur verið unnið eftir sameiginlegum markmiðum og forgangsröðun verkefna og nú er á lokastigi gerð þriggja ára áætlunar sem bæði lýtur að sameiginlegum verkefnum og verkefnum aðildarríkja. Megináherslan er á samþættingu EURES við vinnumiðlunarkerfi landanna þannig að hún verði sjálfsagður og eðlilegur hluti þjónustunnar. Þá er lögð mikil áhersla á að nútímavæða þjónustuna þannig að hún nýti ávallt bestu tækni sem völ er á.

6. Félagsmálasjóður Evrópu

EFTA/EES-ríkin eiga ekki aðild að Félagsmálasjóði Evrópu (ESF) sem gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnumálastefnu Evrópusambandsins. Það mundi breytast við aðild Íslands að ESB. Félagsmálasjóðurinn veitir fjármagn til:

- baráttu gegn langtíma atvinnuleysi og brotthvarfi af vinnumarkaðnum;
- þjálfunar og endurmenntunar atvinnulausra;
- jöfnunar tækifæra kvenna og karla á atvinnumarkaði;
- fjölgunar atvinnutækifæra – nýsköpunar;
- endurmenntunar og þjálfunar starfsfólks.

7. Jafnrétti karla og kvenna

7.1. Almennt

Ákvæði eru um samstarf EFTA/EES-ríkjanna og Evrópusambandsins við að koma á jafnrétti karla og kvenna, einkum launajafnrétti, sbr. 69. gr. samningsins. Á grundvelli þessa

ákvæðis eru taldar upp í XVIII. viðauka gerðir sem samningsaðilar eru skuldbundnir af. Fyrirmynd ákvæðisins í 69. gr. EES-samningsins er 119. gr. Rómarsamningsins (nú 141. gr.) sem kveður á um skyldu aðildarríkjanna til að framfylgja reglunni um að körlum og konum skuli greidd sömu laun fyrir sömu vinnu. Grundvallartilskipun Evrópusambandsins styðst við ákvæðið en það er tilskipun ráðsins 75/117/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna að því er varðar beitingu meginreglunnar um sömu laun karla og kvenna.

Tuttugu árum frá gildistöku tilskipunarinnar fór fram mat á framkvæmd hennar. Niðurstaða þess leiddi í ljós að enda þótt aðildarríkin hefðu leitt ákvæði hennar í lög skorti verulega á að náðst hefðu þau markmið sem að var stefnt. Til að bregðast við þessu samþykkti framkvæmdastjórnin leiðbeiningarreglur fyrir aðildarríkin í því augnamiði að fylgt yrði grundvallarreglunni um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Meðal annars er að finna hvatningu til samtaka aðila vinnumarkaðarins um að grípa til aðgerða í þessu skyni, t.d. með því að taka til endurskoðunar heiti starfsgreina og starfa.

Önnur mikilvæg tilskipun á sviði jafnréttismála, sem er skuldbindandi fyrir aðildarríki EES-samningsins, er tilskipun ráðsins 76/207/EBE um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör. Ákvæði þessarar tilskipunar hafa að markmiði afnám mismununar á milli kynjanna á vinnustaðnum og jafnframt að hvetja til aðgerða til að bæta stöðu þess kynsins sem lakara stendur.

Í apríl árið 1999 var bætt við EES-samninginn tilskipun 97/80/ESB og 98/52 um sönnunarbyrði í málum sem snerta mismunun á grundvelli kynferðis. Eins og nafnið bendir til er markmið þessara tilskipana að styrkja stöðu þeirra sem vilja leita réttar síns telji þeir sig beitta misrétti á vinnumarkaði. Tilskipunin tekur til málsmeðferðar fyrir þar til bærum stjórnvöldum og dómstólum. Ákvæði hennar fela meðal annars í sér að þeir sem telja sig misrétti beitta og geta sýnt fram á líkur á beinni eða óbeinni mismunun þurfa ekki að sýna fram á að svo sé, heldur sé það þá atvinnurekanda að sanna að meginreglan um jafnrétti hafi ekki verið brotin. Kærandi verður þó fyrst að leggja fram gögn sem sýna fram á líkur á kynjamisrétti.

Árið 1986 var afgreidd tilskipun 86/613/EBE um beitingu meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, þar með talinn landbúnað, og um vernd sjálfstætt starfandi kvenna við meðgöngu og barnsburð. Árið 1994 birti framkvæmdastjórnin skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar. Samkvæmt skýrslunni hafði tekist vel til með að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd með þeirri undantekningu að aðstoð við sjálfstætt starfandi eiginkonur var ekki fullnægjandi að mati framkvæmdastjórnarinnar.

Tilskipun ráðsins 92/85/EBE frá 19. október 1992, um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti, snertir í raun aðstæður kvenna á vinnustað og mætti þar með flokka með jafnréttistilskipunum enda þótt hún teljist til tilskipana á sviði aðbúnaðar og hollustu á vinnustöðum.

Samkvæmt EES-samningnum eru aðildarríkin skuldbundin af nokkrum tilskipunum sem tryggja konum og körlum sama rétt óháð kynferði í almannatryggingakerfum. Nefna má tilskipun 79/7/EBE um að meginreglan um jafnan rétt karla og kvenna til almannatrygginga komi til framkvæmda stig af stigi.

Fyrstu grein laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, var breytt í framhaldi af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Bætt var inn í greinina að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör óháð kyni auk annarra atriða sem talin voru upp.

7.2. Framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins á sviði jafnréttismála 1996–2000

Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar fengu þau EFTA-ríki, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðild að framkvæmdaáætluninni 1. nóvember 1996. Á grundvelli hennar eru starfandi tveir sérfræðingahópar, annar um lagaleg málefni og hinn um vinnumarkaðsmálefni og á Ísland fulltrúa í þeim báðum.

Meginmarkmið er að:

- virkja alla aðila sem skipta máli á sviði efnahags- og félagsmála til að stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna,
- stuðla að jöfnum tækifærum kynjanna í breyttu efnahagslífi,
- hvetja til aðgerða sem auðvelda konum og körlum með fjölskylduábyrgð þátttöku í atvinnulífinu,
- stuðla að jafnari þátttöku kynjanna í ákvarðanatöku,
- gera skilyrði hagstæðari fyrir framkvæmd aðgerða sem stuðla að jafnrétti,
- styðja framkvæmd, eftirlit og mat á aðgerðum sem þjóna framangreindum markmiðum.

Framkvæmdastjórn ESB auglýsir reglulega eftir umsóknum um styrki við verkefni sem falla innan framangreinds ramma. Skrifstofa jafnréttismála hefur einkum annast fyrir hönd Íslands samskiptin við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vegna framkvæmdar framkvæmdaáætlunar á sviði jafnréttismála.

Íslenskir aðilar hafa fengið styrki til tveggja verkefna og taka þátt í því þriðja. Framkvæmdastjórnin hefur þegar lagt fram nýja áætlun sem mun koma til framkvæmda í ársbyrjun 2001 og gilda til ársloka 2005.

Áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi gagnvart börnum, unglingum og konum.

Um áramótin 2000 afgreiddi ráðherraráð Evrópusambandsins tillögu um samstarfsáætlun um aðgerðir gegn ofbeldi gagnvart börnum, unglingum og konum (*Programme of Community action on preventive measures to fight violence against children, young persons and women – DAPHNE-programme*). Markmið áætlunarinnar er að vernda framangreinda hópa gegn líkamlegu og andlegu ofbeldi, þar með talin kynferðisleg misnotkun. Með áætluninni er gert ráð fyrir að hvetja opinbera aðila og félagasamtök til aðgerða með miðlun upplýsinga og fjárstuðningi. Áætlunin tekur til áranna 2000–2003. Gert er ráð fyrir að EFTA/EES-ríkin taki þátt í áætluninni.

7.3 Þýðing EES-samningsins fyrir framvindu jafnréttismála. Hugsanlegar breytingar við aðild að ESB

Heildstæð úttekt hefur ekki verið gerð á því hvaða áhrif EES-samningurinn hefur haft á framvindu jafnréttismála á Íslandi. Ísland var fyrir gildistöku EES-samningsins skuldbundið af ýmsum alþjóðasamningum á þessu sviði. Nefna má samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (1951) sem var fullgilt árið 1958 og nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs (1958). Ísland fullgilti seinni samþykktina 1963. Segja má að ákvæði í þessum tveimur samþykktum hafi greinilega sett mark sitt á stefnu Evrópusambandsins í jafnréttismálum og gefið þeim aukið vægi. Það má heldur ekki vanmeta gildi þess að sambandið hefur á síðustu árum gert jafnrétti karla og kvenna að forgangsatriði við stefnumótun á öllum málefnasviðum. Til þessa er vísað í umræðu hérlendis og það notað sem rök fyrir aðgerðum á heimavettvangi. Dómar Evrópudómstólsins hafa orðið kveikjan að tilskipunum, t.d. tilskipun um sönnunarbyrði í jafnréttismálum. Þannig mætti leiða að því rök að aðild að umræðum og aðgerðum Evrópusambandsins verki hvetjandi á umbætur á þessu sviði á Íslandi.

Þótt Ísland sé skuldbundið af mikilvægustu gerðum Evrópusambandsins á sviði jafnréttismála og taki virkan þátt í 4. framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála eru í gildi ýmsar ályktanir sem Íslendingum yrði skylt að fylgja við fulla aðild. Nefna má tilmæli um svonefnda jákvæða mismunun og yfirlýsingu um aðgerðir til að vinna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Ekki er gert ráð fyrir að þessi tilmæli kalli á breytingar á lögum eða reglugerðum á Íslandi. Hins vegar gerir framkvæmdastjórnin reglulega úttekt á framkvæmd tilmæla af þessu tagi. Samantekt á upplýsingum um slíkt getur reynst umfangsmikil.

8. Málefni fatlaðra

8.1. Helios II verkefnið

Á grundvelli EES-samningsins gerðist Ísland 1. janúar 1996 aðildarríki að svonefndri HELIOS II samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Þátttaka EFTA-ríkjanna þriggja hófst í raun fyrr með áheyrnaraðild. Áætlunin tók til áranna 1993–1996 og var mjög umfangsmikil. Markmið hennar var m.a. að hvetja aðildarríkin til að bæta aðstöðu fatlaðra almennt til að gera þeim kleift að verða virkir þegnar og geta lifað sjálfstæðu lífi. Áherslan beindist að nokkrum forgangssviðum, þar á meðal samskipan fatlaðra í almenna skóla, eflingu starfsendurhæfingar og starfsþjálfunar til þátttöku á almennum vinnumarkaði, bættu aðgengi almennt og miðlun upplýsinga og þekkingar milli aðildarríkja svo að nokkuð sé nefnt. Í HELIOS II áætluninni var unnið skipulega að útbreiðslu upplýsinga og kynningu á verkefnum í mismunandi löndum sem þóttu áhugaverð og árangursrík. Fatlaðir og fagfólk frá ýmsum ríkjum fékk tækifæri til að starfa saman og miðla af þekkingu sinni og reynslu í því skyni að ýta undir framþróun á þessum vettvangi.

Komið var á fót þremur ráðgjafarnefndum til að stuðla að samvinnu við stjórnvöld og samvinnu við samtök fatlaðra. Ráðgjafarnefnd var skipuð tveimur fulltrúum stjórnvalda frá hverju aðildarríki ESB og hverju EFTA/EES-ríki þegar þátttaka þeirra hófst. Þar var m.a. fjallað um stefnumarkandi mál, teknar ákvarðanir um framkvæmdir, gerðar samþykktir, kynntar tækninýjungar og rannsóknir og greint frá störfum hinna fjölmörgu starfshópa á vegum HELIOS II. Samráðsnefnd samtaka fatlaðra var önnur ráðgjafanefnd en þar áttu eingöngu sæti fulltrúar frá samtökum fatlaðra til að samræma sjónarmið og fylgja eftir helstu baráttumálum sínum. Þriðja ráðgjafarnefndin var svonefndur tengihópur þar sem fulltrúar frá hinum tveimur fyrrtöldu hittust til að greina frá störfum þeirra.

Eitt af mörgum verkefnum á vegum HELIOS II var Handynet-kerfið sem var sett á laggirnar árið 1990 til að skrásetja hjálpartæki fyrir fatlaða.

Félagsmálaráðuneytið gaf út árið 1997 rit um þátttöku Íslands í samstarfi Evrópuríkja um málefni fatlaðra, HELIOS II. Í ritinu kemur fram að þátttakendur hafi talið samstarfið gagnlegt og voru undantekningarlaust ánægðir með að hafa fengið tækifæri til að afla sér meiri þekkingar og kynnast því helsta sem gert er í málefnum fatlaðra í Evrópuríkjum. Einnig hafi gefist tækifæri til að meta eigin stöðu og bera saman skipulag og þjónustu í málefnum fatlaðra.

Á vegum verkefnisins fór fram samkeppni um bestu verkefni í þágu fatlaðra. Ísland varð í öðru sæti yfir allt og hlaut m.a. bæði gull- og silfurverðlaun. Þetta var einstaklega góður árangur þegar haft er í huga að 17 ríki sendu verkefni í samkeppnina.

8.2. Hópur embættismanna sem bera ábyrgð á málefnum fatlaðra í aðildarríkjunum og samráðsnefnd samtaka fatlaðra

Frá því að HELIOS II verkefninu lauk hafa málefni fatlaðra í Evrópusambandinu verið í nokkurri óvissu. Vilji framkvæmdastjórnarinnar stóð til þess að framhald yrði á verkefninu

í breyttri mynd. Gegn þessum ráðagerðum lögðust ríkisstjórnir Bretlands og Þýskalands þar sem þær voru byggðar á 235. gr. Rómarsamningsins sem þessar tvær ríkisstjórnir töldu ekki fullnægjandi lagagrunn. Í því skyni að viðhalda því árangursríka samstarfi sem hófst við framkvæmd HELIOS-verkefnisins ákvað framkvæmdastjórnin að stofna hóp embættismanna sem bera ábyrgð á málefnum fatlaðra í aðildarríkjunum. Gert var ráð fyrir að hópurinn hittist fundi tvisvar á ári. Ekki hefur tekist að fullu að standa við þær fyrirætlanir vegna ýmissa erfiðleika sem upp hafa komið í starfi framkvæmdastjórnarinnar. Með nýrri framkvæmdastjórn og endurskipulagningu hennar virðist stefna í að meiri regla komist á samstarf um málefni fatlaðra. EFTA/EES-ríkin hafa tekið þátt í fundum vinnuhópsins en þurft að greiða að fullu kostnað við þátttökuna. Meðal verkefna, sem vinnuhópurinn hefur unnið að, má nefna leiðbeiningar fyrir aðildarríkin um stefnu í málefnum fatlaðra, þ.m.t. ábendingar um skipan málaflokksins í stjórnsýslunni, tillögur um fyrirkomulag á samráði við ýmis félagasamtök sem vinna að bættri stöðu fatlaðra í samfélaginu o.fl.

Framkvæmdastjórnin ákvað enn fremur með samþykki ráðherraráðsins í desember 1996 að efna reglulega til umræðna um framvinduna í málefnum fatlaðra í sérstakri samráðsnefnd. Ekki yrði aðeins stjórnvöldum boðin þátttaka heldur yrði hér um að ræða skoðanaskipti á breiðum grundvelli með aðild heildarsamtaka fatlaðra í aðildarríkjum ESB. Sett voru sömu markmið og að því er varðar hóp embættismannanna og stefnt að því að kalla aðila saman til fundar tvisvar á ári. Ekki hefur tekist að standa við það markmið af sömu ástæðum og gilda um embættismannahópinn. Hins vegar bendir allt til að meiri regla verði á fundunum í framtíðinni. Eftir nokkurt hlé sendi Öryrkjabandalag Íslands fulltrúa á fund vorið 1999. Fulltrúar EFTA/EES-ríkjanna þurfa að standa straum af kostnaði við þátttöku í fundunum. Kostnaður fulltrúa frá aðildarríkjum ESB hefur verið greiddur af framkvæmdastjórninni.

8.3. Framvindan í málefnum fatlaðra

Þótt undanfarin misseri hafi ríkt nokkur kyrrstaða í málefnum fatlaðra í Evrópusambandinu má búast við að það breytist. Með gildistöku Amsterdamsamningsins hefur framkvæmdastjórnin fengið mun víðtækari heimildir til að beita sér í þessum málaflokki en áður. Samkvæmt 13. gr. samningsins ber Evrópusambandinu að grípa til aðgerða til að berjast gegn hvers kyns misrétti sem borgarar búa við, m.a. vegna fötlunar sinnar.

9. Heilsuvernd

9.1 Almennt

Ákvæði EES-samningsins um samstarf að lýðheilbrigðismálum eru fá og óljós. Helst má benda á ákvæði í 73. gr. sem raunar er í kafla um umhverfismál. Samkvæmt ákvæðinu skulu aðgerðir á sviði umhverfismála m.a. byggjast á því að vernda heilsu. Það var ekki fyrr en Maastricht-samningurinn gekk í gildi 1. nóvember 1993 að framkvæmdastjórnin fékk nauðsynlegar lagaheimildir til að láta til sín taka á þessu sviði. Þess verður þó að geta að sambandið hafði með ýmsum hætti átt frumkvæði að tillögum og verkefnum sem snertu lýðheilbrigðismál. Með einingarlögunum var kveðið á um að framkvæmdastjórnin skyldi, þegar hún gerir tillögur um heilsuvernd, öryggismál, umhverfismál, umhverfisvernd og neytendavernd, miða við strangar kröfur. Á þessum grunni setti framkvæmdastjórnin fram ályktanir og tilmæli til aðildarríkjanna að því er varðar heilbrigðismál og jafnvel samstarfsáætlanir. Sem dæmi má nefna að fyrstu samstarfsáætluninni um forvarnir og fleira á sviði krabbameins var hleypt af stokkunum upp úr miðjum níunda áratugnum.

Með Maastricht-samningnum varð á breyting og hægt var að fara að tala um stefnu Evrópusambandsins í lýðheilbrigðismálum. Staða málaflokksins innan Evrópusambandsins hefur enn styrkst með nýrri grein í Amsterdamsamningnum eins og síðar verður komið að.

9.2 Aðgerðaráætlanir á sviði heilbrigðismála

Íslendingar hafa tekið þátt í eftirfarandi aðgerðaráætlunum á sviði lýðheilbrigðismála:

Áætlun um heilsueflingu er sett fram til að örva aðildarríkin til að taka mið af heilsueflingu við mótun heilbrigðisstefnu. Það er gert með því að efla heilbrigðan lífsstíl og hegðun, gera fólk meðvitað um áhættu- og varnarþætti sjúkdóma og að styðja samstarf ýmissa stofnana og hópa. Gildistími áætlunarinnar er frá árinu 1996 til 2000.

Áætlun um heilbrigðisgát hefur að markmiði að koma á eftirlitskerfi með heilsufari í aðildarlöndunum. Þetta er m.a. gert til að meta ástand, þróun og ákvörðunarþætti heilbrigðis, auðvelda skipulag og eftirlit og útvega viðeigandi samanburðarupplýsingar. Aðgerðir beinast einkum að gerð heilbrigðisvísa í aðildarríkjum, myndun samstarfsneta á þessu sviði, sem og úrvinnslu og miðlun upplýsinga. Unnið er samkvæmt áætluninni á árunum 1997–2001.

Áætlun um alnæmi og vissa aðra smitnæma sjúkdóma stefnir að því að draga úr útbreiðslu alnæmis ásamt því að minnka tíðni og dánartíðni af völdum smitsjúkdóma. Árangurinn byggist á auknu samstarfi aðildarríkjanna og samhæfingu í forvarnastefnu og aðgerðum landanna. Einnig á að styðja við ýmsar óopinberar stofnanir, þar með talin samtök alnæmissmitaðra. Með aðild að áætluninni hefur Ísland tekið þátt í Evrópumiðstöð um eftirlit með útbreiðslu alnæmis, Eftirlitskerfi með mótstöðuafli gegn smitsjúkdómum, Eftirlitskerfi með útbreiðslu berkla o.fl. Gert er ráð fyrir að Ísland fái ásamt Liechtenstein og Noregi fulla aðild að sóttvarnarráði Evrópusambandsins 1. janúar árið 2000. Þetta er þó háð því skilyrði að lögfest verði efni tilskipunar Evrópusambandsins um persónuvernd. Áætlunin tekur til áranna 1996–2000.

Áætlun um baráttu gegn krabbameini er sett fram til að fyrirbyggja ótímabær dauðsföll af völdum krabbameins og lækka dánartíðni. Þetta er einkum gert með gagnasöfnun og faraldursfræðilegum rannsóknum, fyrirbyggjandi aðgerðum, heilbrigðisfræðslu til almennings og skjótri greiningu, svo og menntun starfsfólks og gæðatryggingu allra þessara þátta. Áætlunin tók gildi árið 1996 og verður unnið samkvæmt henni út árið 2000.

Áætlun um baráttu gegn lyfjafíkn hefur að markmiði að auka samstarf aðildarríkjanna, samræma stefnumörkun og áætlanir á sviði fíkniefna- og lyfjamisnotkunar. Þetta er m.a. gert með gagnasöfnun og rannsóknum er auka þekkingu á fíkniefnum og lyfjafíkn og afleiðingum hennar. Upplýsingamiðlun, heilbrigðisfræðsla og menntun á þessu sviði er annar mikilvægur þáttur áætlunarinnar. Sérstök áhersla er á ungt fólk og umhverfi þess. Gildistími áætlunarinnar er 1996–2000.

Ráðherraráð Evrópusambandsins hefur afgreitt tillögur um þrjár nýjar framkvæmdaáætlanir á sviði heilbrigðismála sem gerð er tillaga um að verði bætt við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þær eru:

Áætlun um slysavarnir hefur að takmarki að draga úr slysahættu barna á heimilum, í tómstundum og í skóla sem og ungmenna og eldri borgara á heimilum og í tómstundum. Einnig að draga úr sjálfsvígum. Takmarkinu skal náð með aukinni samvinnu aðildarríkjanna einkum á sviði bættrar slysaskráningar. Gildistími eru árin 1999–2003.

Áætlun um aðgerðir gegn sjúkdómum sem rekja má til mengunar. Markmið áætlunarinnar er að draga saman upplýsingar sem þegar eru til staðar í aðildarríkjum Evrópusambandsins (og EES) um sjúkdóma sem vitað er að eiga rót sína að rekja til mengunar af ýmsu tagi og að leita fyrirbyggjandi leiða. Áætlunin beinist að aðildarríkjunum sem leggja til upplýsingar

og borgurum á evrópska efnahagssvæðinu þannig að þeir geti eftir föngum varast heilsuspillandi efni. Að auki er gert ráð fyrir að vinna úr reynslu aðildarríkjanna, alþjóðastofnana og nokkurra annarra ríkja af þessum málum svo að bregðast megi við með skipulögðum og samræmdum hætti. Áætlunin tekur til áranna 1999–2001.

Áætlun um viðbrögð við sjaldgæfum sjúkdómum. Meginviðfangsefni áætlunarinnar er stofnun upplýsingabanka þar sem á einum stað verða varðveittar upplýsingar frá aðildarríkjunum um sjaldgæfa sjúkdóma. Með þessum hætti á að fá betra yfirlit yfir útbreiðslu og tíðni með það að markmiði að auka þekkingu og skilning á slíkum sjúkdómum. Á þennan hátt verður auðveldara að meta hvort um raunverulega aukningu sjaldgæfra sjúkdóma er að ræða eða einungis tilviljanakennda, eðlilega dreifingu þeirra. Samstarf á milli aðildarríkjanna, hagsmunahópa og sérfræðinga á þessu sviði verður eflt með fjárstuðningi og ýmiss konar fyrirgreiðslu, t.d. aðgangi að áðurnefndum upplýsingabanka. Líkt og við fyrri framkvæmdaáætlanir verður komið á laggirnar nefnd, sem skipuð verður tveimur fulltrúum frá sérhverju aðildarríkjanna, og verður hún framkvæmdastjórn ESB til ráðuneytis um nánari útfærslu áætlunarinnar en henni lýkur 31. desember árið 2003.

9.3 Reynslan af samstarfinu á sviði lýðheilbrigðismála.

Ákvæði um samstarf aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eru fáorð og skapa ekki væntingar um umfangsmikið samstarf á sviði lýðheilbrigðismála. Staðreyndirnar eru hins vegar aðrar. Íslendingar eiga aðild að fimm umfangsmiklum samstarfsáætlunum á þessu sviði og senn bætast þrjár við. Ætla má að þátttaka í þessum áætlunum hafi opnað íslenskum vísindamönnum og rannsóknarstofnunum nýja möguleika á þekkingaröflun og vísindasamskiptum. Íslenskir aðilar hafa notið góðs af stuðningi Evrópusambandsins við verkefni sem stofnað hefur verið til innan þessara samstarfsáætlana. Nefna má dæmi um þetta. Krabbameinsfélag Reykjavíkur og tóbaksvarnarnefnd hafa gerst aðilar að „European Network for Smoking Prevention" (ENSP) og „European Network for Young People and Tobacco", (ENYPAT). Ísland er með aðild að þessum samtökum fullgildur þátttakandi í krabbameinsverkefninu „Evrópa gegn krabbameini". Eitt af undirverkefnum ENSP er „European Nurses against Tobacco" og hefur Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga tekið þátt í því. Einnig má nefna verkefni á sviði heilsueflingar, heilsuverndar á vinnustöðum, líkamsræktar, heilsuverndar í skólum og næringarráðgjafar í skólum. Nefna má fleiri dæmi. Hins vegar munu tækifæri íslenskra vísindamanna til samstarfs við evrópska starfsbræður og starfssystur engan veginn fullnýtt.

Nokkur smærri vandamál hafa komið upp í sambandi við þátttöku fulltrúa EFTA/EES-ríkjanna í ráðgjafar- og stjórnarnefndafundum þar sem framkvæmd framangreindra áætlana hefur verið til umfjöllunar. Þannig hefur þeim verið skipað til sætis á hinum óæðri bekk, ef svo má að orði komast, og komið hefur fyrir að gleymst hefur að ætla þeim stað með sama hætti og öðrum nefndarfulltrúum. Ætla má að þetta vandamál skýrist af stöðu fulltrúanna sem áheyrnarfulltrúa enda þótt þeir eigi í engu að vera lakara settir nema að því er varðar rétt til að greiða atkvæði. Endurgreiðsla ferðakostnaðar hefur verið annað umkvörtunarefni en eftir því sem best er vitað munu fulltrúar frá aðildarríkjum ESB eiga við sama vandamál að etja. Þar mun því vera um að ræða vanda sem skrifast á reikning framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og herts eftirlits með útgjöldum.

9.4 Væntanleg framvinda á sviði lýðheilbrigðismála

Samkvæmt nýrri 152. gr. í Rómarsamningnum hafa heimildir framkvæmdastjórnarinnar til að setja fram tillögur á sviði lýðheilbrigðismála verið verulega auknar. Framkvæmda-

stjórnin vinnur að samningu áætlunar um samræmdar aðgerðir á sviði lýðheilbrigðismála. Í samræmi við ákvæði Rómarsamningsins er ekki stefnt að því að skerða sjálfstæði eða frumkvæðisrétt aðildarríkjanna á þessu sviði. Fremur verður haldið áfram á markaðri braut sem byggist á auknu samstarfi, upplýsingamiðlun og neti tengiliða á hlutaðeigandi sviði heilbrigðisþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að tillaga að hinni nýju heilbrigðisáætlun komi fram á miðju ári 2000. Af því leiðir að hún muni sennilega ekki taka gildi fyrr en sumarið 2001.

Fram hefur komið af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að hún hafi í hyggju að leggja til að í stað átta áætlana á sviði heilbrigðismála komi ein heildaráætlun. Þetta muni einfalda stjórnun, draga úr kostnaði við rekstur og hækka hlutfall þess fjár sem rennur til samstarfsverkefna. Enn fremur muni breytingin auka viðbragðsflýti ef upp kemur grunur um vanda á sviði lýðheilsu. Gallinn á núverandi fyrirkomulagi hafi t.d. verið sá að þau verkefni, sem hafa fengið stuðning, hafi ekki ætíð endurspeglað stefnu Evrópusambandsins á þessu sviði. Fremur mætti segja að þau hafi þjónað markmiðum umsóknaraðila.

Á árinu 1999 tók ný framkvæmdastjórn við. Í framhaldi af því hafa verið gerðar ýmsar skipulagsbreytingar. Meðal annars hafa lýðheilbrigðismálin verið flutt frá vinnu- og félagsmálaskrifstofu sambandsins til nýrrar skrifstofu heilbrigðis- og neytendaverndarmála. Þeir starfsmenn, sem hafa unnið að lýðheilbrigðismálum, hafa látið í ljósi efasemdir um ágæti þessarar breytingar og óttast að neytendaverndin beri lýðheilbrigði ofurliði.

10. Aðgerðir gegn hvers kyns mismunun

Í lok október 1999 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram tillögur um aðgerðir gegn hvers kyns mismunun í aðildarríkjum sambandsins. Um er að ræða tillögur sem byggjast á 13. gr. Amsterdamsamningnum. Framkvæmdastjórnin gerir ráð fyrir að tillögurnar eigi við Evrópska efnahagssvæðið.

Í fyrsta lagi er tillaga að tilskipun sem hefur að markmiði að koma á jafnræði í atvinnulífi og á vinnustað. Samkvæmt tillögunni skal þetta gert með setningu almennra reglna sem eiga að tryggja að farið sé eftir grundvallarreglum um að borgarar í Evrópusambandinu (og í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið) búi við jafnrétti án tillits til kynþáttar, ættar, trúar, skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar. Tilskipuninni er ætlað að taka til ráðningar í starf, aðgengis að starfsgreinum, frama í starfi, starfsþjálfunar, aðbúnaðar og starfsskilyrða og aðildar að tilteknum samtökum. Hún tekur hins vegar ekki til mismununar sem á rót sína að rekja til kynferðis. Ástæðan er tvíþætt. Fjallað er um mismunun, sem byggist á kynferði, í 141. gr. Rómarsamningsins. Í öðru lagi hefur þegar verið tekið á mismunun af þessu tagi í tilskipunum 76/207/EBE um framkvæmd grundvallarreglunnar um jafnrétti karla og kvenna að því er varðar ráðningu í starf, starfsþjálfun og vinnuskilyrði, og í tilskipun 86/613/EBE um framkvæmd grundvallarreglunnar um jafnrétti sjálfstætt starfandi, að því er varðar landbúnað og vernd réttinda til fæðingarorlofs.

Í öðru lagi er tillaga að tilskipun um framkvæmd reglna um jafna meðhöndlun án tillits til kynþáttar eða ætternis. Með þessum drögum eru settar fram lágmarksreglur sem eru nauðsynlegar til að gera ólögmæta hvers kyns mismunun byggða á kynþætti eða ætterni. Enn fremur lágmarksreglur um réttarúrræði fyrir einstaklinga í Evrópusambandinu sem hafa orðið fyrir mismunun. Í tillögunni að tilskipun er að finna skilgreiningu á ólögmætri mismunun og settar fram reglur um lágmarksbætur til þeirra sem fyrir henni verða í ESB. Tilskipunin tekur til ráðningar í starf og starfsemi einyrkja sem og vinnuaðstæðna, aðildar að samtökum atvinnurekenda og launafólks, félagslegrar verndar, almannatrygginga, menntunar (þar með talin námslán og styrkir), aðgengis að vörum og þjónustu og framreiðslu vöru og þjónustu og menningarstarfsemi.

Í þriðja lagi lagði framkvæmdastjórnin fram drög að ákvörðun ráðsins um áætlun um afnám mismununar sem tekur til áranna 2001–2006. Markmið áætlunarinnar er að aðstoða aðildarríkin við að móta stefnu að því er varðar afnám hvers kyns mismununar. Gert er ráð fyrir að þetta verði m.a. gert með því styðja samtök og stofnanir sem hafa látið sig skipta þetta málefni og stuðla að miðlun upplýsinga á milli aðildarríkjanna um vel heppnuð verkefni á þessu sviði.

Gagnlegar vefslóðir um félags- og vinnumál í Evrópasamvinnu
Félagsmálaráðuneytið: http://www.stjr.is/fel
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/socio/index_en.htm
The European Agency for Safety and Health at Work: http://europe.osha.eu.int/
European Foundation for the Improvement of Living and working Conditions:
http://www.eurofound.eu.int/

8. kafli
Neytendamál

Samantekt

Á undanförnum árum hefur Evrópusambandið lagt sífellt meiri áherslu á málefni neytenda. Sjást þess nú glögg merki í Rómarsamningi eins og honum var breytt með Amsterdamsamningnum. Með þátttöku Íslands í EES-samningnum og þeirri skuldbindingu sem í honum felst um að setja í innlendan rétt ýmis ákvæði til verndar neytendum í viðskiptum við seljendur vöru og þjónustu má segja að þróun mála á neytendasviði hafi fleygt fram hvað hagsmuni, réttaröryggi og heilsuvernd neytenda varðar. Aukið umboð stofnana ESB á sviði réttarfarsmála og tengingu þeirra við neytendavernd getur valdið vandkvæðum við þróun EES starfs.

1. Neytendamál innan ESB og EES

1.1 Áherslur innan EES á sviði neytendamála

Á undanförnum árum hefur Evrópusambandið lagt sífellt meiri áherslu á málefni neytenda. Sjást þess nú glögg merki í stofnsamningi ESB eins og honum var breytt með Amsterdamsamningnum. Samhliða því að ESB hefur skotið traustari lagastoðum fyrir tilskipanir á sviði neytendaverndar þá hefur verið sett á fót sérstök stjórnardeild innan framkvæmdastjórnarinnar sem fer með málefni neytenda. Í því sambandi má nefna að þegar hin nýja framkvæmdastjórn tók við á árinu 1999 voru málefni þeirrar stjórnardeildar endurskoðuð, með hliðsjón af framangreindum áherslubreytingum en ekki síður vegna aukinnar áherslu á atriði sem varða neytendavernd. Meðal annars af þeirri ástæðu ákvað framkvæmdastjórnin að fella heilbrigðismálefni undir stjórnardeild neytendamála.

Með þátttöku Íslands í EES-samningnum hafa ýmis ákvæði til verndar neytendum í viðskiptum við seljendur vöru og þjónustu verið færð í íslenska löggjöf. Segja má að stórt skref hafi verið stigið í þróun neytendaréttar á Íslandi.

1.2 Gerðir innan EES á sviði neytendamála

Í XIX. viðauka er að finna tilskipanir er setja nánari reglur um ýmis atriði er varða aukna og bætta neytendavernd. Við gildistöku samningsins voru í upphaflega viðaukanum ýmsar tilskipanir um neytendavernd. Í því sambandi má nefna sem dæmi tilskipanir sem lúta að því

hvernig verð á matvælum er tilgreint, tilskipun um samræmingu á lögum og fyrirmælum að því er varðar villandi auglýsingar, tilskipun er kveður á um takmörkun á notkun ósanngjarnra skilmála í samningum við neytendur, tilskipun um samræmingu á lögum sem gilda um neytendalán, tilskipun um samræmingu á lögum sem gilda um vörur sem reynst geta hættulegar heilsu og öryggi neytenda svo og tilskipun um samræmingu á lögum um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðarpakka, o.fl.

Frá gildistöku samningsins hefur í samræmi við ákvæði hans jafnframt verið unnið að því að fella inn í samninginn nýjar tilskipanir sem fjalla um neytendavernd. Hér má nefna sem dæmi tilskipun er heimilar og setur nánari ákvæði um með hvaða hætti samanburðarauglýsingar skuli leyfðar, ákvæði um fjarsölusamninga, ákvæði um vernd neytenda þegar þeir óska eftir gjaldeyrisyfirfærslum milli fjármálastofnana og um rétt samtaka neytenda til þess að óska eftir lögbanni eða svipuðum stjórnvaldsaðgerðum til þess að vernda hagsmuni neytenda, þegar og ef þörf krefur.

Í XIX. viðauka er að finna fleiri tilskipanir en hér hafa verið taldar sérstaklega upp en framangreind upptalning gefur nokkra mynd af umfangi og eðli neytendaréttarins eins og hann er í dag. Á árinu 1999 var jafnframt ákveðið að fella inn í bókun 31 við EES-samninginn hina almennu áætlun um aðgerðir og styrki í þágu neytendaverndar. Samkvæmt þeirri áætlun eru á tímabilinu 1. janúar 1999 til 31. desember 2003 veittar alls 112,5 milljónir evra (auk framlags EFTA EES-ríkjanna) til þess að veita verkefnastyrki til aðila á EES-svæðinu sem vinna að neytendavernd. Íslenskir aðilar geta sótt um styrki úr sjóðum áætlunarinnar á jafnréttisgrundvelli við önnur ríki sem aðild eiga að henni.

1.3 Starf innan EES

Á sviði neytendamála starfar EFTA-vinnuhópur um neytendamál sem hittist tvisvar á ári, þ.e. u.þ.b. tveimur vikum eftir að fundur hefur verið í ráðherraráði ESB á sviði neytendamála. Þessu sviði tengist svo einnig EFTA hópar um vöruöryggi (*product safety*) og um skaðsemisábyrgð (*product liability*), en lítið hefur verið fundað í þeirri nefnd undanfarin 4 ár. Neytendamál eru til umræðu í sérfræðinganefndum á vegum framkvæmdastjórnar sem EFTA/EES-ríkin eiga kost á að sækja.

Í vinnuhópi um neytendamál hittast EFTA-ríkin og ræða innri mál en einnig er alltaf sameiginlegur hluti með framkvæmdastjórninni og einnig stundum frá formennskulandinu.

Fundir með framkvæmdastjórninni eru yfirleitt mjög gagnlegir, enda hafa EFTA-ríkin oft ekki haft upplýsingar um einstök mál. Það á ekki síst við þegar ráðherraráðið hefur falið vinnuhópum þess að að ná samkomulagi um tiltekin drög að tilskipun ESB. Oft fást þó gagnlegar upplýsingar frá norrænum embættismönnum.

Fjölmörg mikilvæg neytendamál eru nú til umfjöllunar. Í fyrsta lagi má nefna aðgerðir sem hafa að markmiði að gera ríkin betur í stakk búin til að mæta netöldinni, svo sem að nýta nýja tækni til að skapa störf og tryggja efnahagsvöxt með því að tryggja að Evrópubúar hagnýti sér Internetið, m.a. í viðskiptum. Í öðru lagi hefur umfjöllun um hollustu matvæli verið ofarlega á baugi innan sambandsins í kjölfar endurtekinna tilfella þar sem eiturefni og sýkingar hafa fundist í matvælum. M.a. hefur framkvæmdastjórn ESB lagt fram tillögur um að koma á fót sérstakri samevrópskri stofnun til að hafa eftirlit með matvælaframleiðslu innan sambandsins. Kynntar eru ráðstafanir í 84 liðum sem talið er nauðsynlegt að grípa til í því skyni að tryggja hollustu matvæla sem framleidd eru í álfunni. Þar kemur fram að hollustuvernd og löggjöf á því sviði þurfi að vera sýnileg til að takast megi að endurheimta traust almennings. EFTA-ríkin munu í lok apríl kynna ESB formlega afstöðu sína um hugsanlega þátttöku í stofnuninni.

2. Áhrif EES-samningsins og þátttaka í mótun gerða

Fyrir gildistöku samningsins var í íslensk löggjöf um neytendavernd fremur fábrotin, en á grundvelli hinnar norrænu samvinnu höfðu þó verið sett lög um lausafjárkaup nr. 39/1922 og almenn samningalög, sbr. lög nr. 7/1936.

Almennt er viðurkennt að á Íslandi urðu straumhvörf að því er varðar neytendavernd og umbætur á sviði neytendaréttar með staðfestingu og aðild að EES-samningnum, sem afar óvíst að gerst hefði án aðildar að EES-samningnum, eða a.m.k. tekið mun lengri tíma. Á þessu sviði, eins reyndar mörgum öðrum, má segja að þróun mála á neytendasviði hafi fleygt fram hvað hagsmuni, réttaröryggi og heilsuvernd neytenda varðar frá því sem áður var.

Með EES-samningnum fá EFTA/EES-ríkin fullan og ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum og starfsemi í sérfræðinganefndum framkvæmdastjórnarinnar og um leið þeirri þekkingu sem það er að finna. Það kann að vera mikilvægt á síðari stigum þegar setja þarf í innlendan rétt ýmis ákvæði tilskipana eða ákveða hjá dómstólum, eða stjórnvöldum, með hvaða hætti beri að túlka einstök ákvæði tilskipana eða laga sem sett hafa verið á grundvelli þeirra.

Í Amsterdamsamningnum var bætt við grein sem gefur neytendavernd aukið vægi í starfsemi ESB. Engin samsvarandi grein er til staðar í EES en hægt hefur verið að notast við 72. grein samningsins þó veik sé þegar nýjar tilskipanir ESB eru felldar inn í EES-samninginn. Þetta getur þó verið vandkvæðum bundið, einkum ef nýjar tilskipanir taka einnig til réttarverndar í einkamálarétti. Er þá farið yfir á svið dóms- og innanríkismála sem fellur utan við EES samninginn. Verður þá að taka afstöðu til þess þegar hluti tilskipunar fellur undir EES en hluti er utan.

Þrátt fyrir að EFTA-skrifstofan vinni gott starf við að fylgjast með EES-málum þá er ljóst að EFTA/EES-ríkin fá all oft upplýsingar talsvert eftir að umræða hefst innan ESB. Oft er málum nærri lokið þegar þau eru rædd innan EFTA/EES, þ.e., þá hafa þau verið rædd til þrautar í nefndum ráðherraráðsins án þátttöku EFTA/EES-ríkja. EFTA/EES-ríkin fá kynningu í byrjun, þ.e. þegar framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögu að tilskipun svo dæmi sé tekið, og síðan yfirleitt þegar málin hafa verið samþykkt. Þau eiga enga aðild að sérfræðinganefndum ráðherraráðsins sem í sífellt meira mæli fjalla efnislega um drög að tilskipunum í ströngum fundarlotum sem oft taka nokkra mánuði upp í nokkur ár, þar sem aðildarríkin í raun eru að semja um efnisrétt þann sem til umfjöllunar er hverju sinni. EFTA/EES-ríkin koma því aðeins til leiks þegar búið er að ganga endanlega frá samkomulagi meðal sérfræðingahóps ráðsins og ná um það samstöðu í ráðherraráðinu. Nefna má nýlegt dæmi um grænbók ESB um skaðsemisábyrgð sem kom út í lok júlí 1999. Vegna þess að EFTA-vinnuhópur um málið hafði ekki verið virkur s.l. fimm ár láðist að kynna EFTA/EES-ríkjunum skýrsluna og ekki var vakin athygli á henni fyrr en um miðjan nóvember. Þrátt fyrir að þá þegar hafi verið reynt að koma á fundi sem hefði það að markmiði að setja saman sameiginlegar athugasemdir EFTA/EES-ríkjanna, reyndist það ekki unnt með svo stuttum fyrirvara. Þó er ljóst að framkvæmdastjórnin hafði unnið nærri ár að smíði þessarar grænbókar. Þetta sýnir að EFTA/EES-ríkin eru oftsinnis ekki látin vita af ýmsum verkefnum og jafnvel nefndum.

Einnig er þess að geta að það er æ sjaldgæfara að tillögur framkvæmdastjórnarinnar séu merktar þannig að þær taki til Evrópska efnahagssvæðisins en það er gert til að skýra að lagatillögurnar nái einnig til EFTA/EES-ríkjanna. Í upphafi EES var það gert talsvert, til að auðvelda vinnu og gera það skýrt að framkvæmdastjórnin teldi að fyrirmælin vörðuðu innri markaðinn og ætti því að fella inn í EES-samninginn. Ástæðuna má ugglaust rekja til þess að færri starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar kunna á því skil að margvísleg drög að tilskipunum ná einnig til EFTA/EES-ríkjanna. Innan framkvæmdastjórnarinnar er starfsfólk einnig

fært til reglulega, þannig að trygging fyrir því að þekking um málefni EES haldist innan deilda framkvæmdastjórnarinnar er því lítil.

ESB á að senda EFTA/EES-ríkjunum texta sem áætlað er að fella inn í EES samninginn. Í framkvæmd hefur þessu verið talsvert ýtt yfir á EFTA-ríkin – EFTA skrifstofuna. Þetta getur þó skapað hættu til lengri tíma litið á að „gjá" taki að myndast með því að allar tilskipanir sem eiga að koma inn í samninginn skili sér ekki, sbr. dæmi hér á undan.

Af ofangreindu er ljóst að aðgangur EFTA/EES-ríkjanna að innra starfi ESB, sérfræðingafundum og starfi framkvæmdastjórnarinnar að ýmsum málum fyrir aðildarríkin þegar fjallað er um EES-málefni, svo ekki sé minnst á starfsemi innan ráðherraráðsins. Þrátt fyrir að EFTA-skrifstofan geri allt sem í hennar valdi standi til að styðja við upplýsingaöflunina þá hefur skrifstofan ekki frekar en sérfræðingar EFTA-ríkjanna, aðgang að mikilvægum starfshópum hjá ráðherraráðinu eða öðrum þeim nefndum sem starfa á vegum ESB.

3. Hugsanlegar breytingar við aðild að ESB

Líklegt er að helsti ávinningur með aðild að ESB væri þátttaka í stefnumótun og stjórnun æðstu ráðamanna og ráðherra, í ráðherraráðinu og Evrópuþinginu. Stjórnmálamenn og æðstu embættismenn og sérfræðingar frá Íslandi fengju þá jafnan aðgang að lagasetningarferlinu vegna þeirra tilskipana og reglna sem þeir verða að taka yfir.

Gagnlegar vefslóðir um neytendamál innan Evrópusamvinnunar

Umhverfisráðuneytið: http://www.stjr.is/umh
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/cons/index_en.htm

9. kafli
Umhverfismál

Samantekt

Á undanförnum árum hafa umhverfismál skipað æ mikilvægari sess í stefnumörkun og viðhorfum þeirra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum. Markmið EES-samningsins á sviði umhverfismála eru að varðveita, vernda og bæta umhverfið, stuðla að heilsuvernd manna og tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Aðild að EES-samningnum átti án efa sinn þátt í að flýta þróun á sviði umhverfismála á Íslandi. Ávinningurinn er þá ekki síst vegna löggjafar sem er í samræmi við reglur sem gilda innan Evrópu og tryggja aðgang íslenskra fyrirtækja að mörkuðum ESB.

Helsti ávinningur með aðild að ESB yrði þátttaka í stefnumótun og stjórnun æðstu ráðamanna og ráðherra í ráðherraráðinu og Evrópuþinginu. Möguleikar á að hafa áhrif á löggjöf sambandsins myndu því aukast verulega. Þá myndu aukast möguleikar Íslands til að hafa áhrif á stefnu ESB í alþjóðlegum umhverfismálum. Þar sem nær allar gerðir á sviði umhverfismála eru felldar inn í EES-samninginn yrðu fáar efnislegar breytingar við inngöngu í ESB hvað umhverfismál varðar. Þó yrðu teknar upp gerðir ESB á sviði náttúruverndar. Fjalla þyrfti sérstaklega um veiðar úr þeim stofnum sem innan ESB eru á válista og sýna fram á að veiðar stefni ekki stofni í hættu. Á þetta t.d. við um lunda, rjúpur og refi.

1. Umhverfismál – almennt

Á undanförnum árum hafa umhverfismál skipað æ mikilvægari sess í stefnumörkun og viðhorfum ríkja. Þetta á ekki síst við um Evrópusambandið og aðildarríki þess. Þessi þróun

á rætur að rekja til þeirrar vakningar sem átt hefur sér stað í viðhorfum til umhverfismála undanfarna þrjá áratugi. Árið 1972 var haldin í Stokkhólmi fyrsta alhliða ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál. Um sama leyti var ákveðið á leiðtogafundi Evrópubandalagsins í París að móta sameiginlega umhverfismálastefnu.

Tuttugu árum síðar, árið 1992, var haldin ráðstefna SÞ um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro. Ráðstefnan varð til að endurvekja og styrkja alþjóðlegan áhuga á umhverfisvernd, auk þess sem hún festi í sessi nýja hugsun í umhverfismálum sem kennd var við hugtakið sjálfbæra þróun (*sustainable development*). Á ráðstefnunni var samþykkt víðtæk framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun sem tók til allra sviða þjóðfélagsins en inntak hugtaksins sjálfbær þróun er einmitt það að taka eigi tillit til umhverfissjónarmiða á öllum sviðum þjóðfélagsins.

ESB og aðildarríki þess áttu ríkan þátt í að móta framkvæmdaáætlunina og aðrar niðurstöður ráðstefnunnar í Ríó. Jafnframt undirbjó sambandið og samþykkti sína eigin framkvæmdaáætlun á sviði umhverfismála í anda sjálfbærrar þróunar árið 1992. Þetta er umfangsmikil framkvæmdaáætlun sem tekur til allra þátta samfélagsins og er ætlað að stuðla að því að atvinnulífið, ríki, sveitarfélög og einstaklingar lagi athafnir sínar að meginreglum sjálfbærrar þróunar. Í megindráttum eiga allar nýjar gerðir og framkvæmdir ESB á sviði umhverfismála rætur að rekja til þessarar framkvæmdaáætlunar.

Áhersla á umhverfismál innan ESB var aukin bæði með Maastricht- (1992) og Amsterdamsamningnum (1999) þar sem báðir samningarnir sköpuðu umhverfismálum sterkari lagagrunn. Með Amsterdamsamningnum var nýrri grein bætt við sem felur í sér að umhverfissjónarmið skuli höfð til hliðsjónar við gerð og framkvæmd allra stefna sambandsins.

Hugtakið sjálfbær þróun var undirstrikað enn frekar með Amsterdamsamningnum sem grundvallarviðmið í umhverfismálum. Samningurinn heimilar aðildarríkjunum að gera strangari kröfur á sviði umhverfismála en af ESB-löggjöf leiðir.

Með Amsterdamsamningnum var vægi ráðherraráðsins og Evrópuþingsins á sviði umhverfismála aukið verulega á kostnað framkvæmdastjórnarinnar. Fyrir samninginn má segja að um 50% af tilskipunum hafi verið háð samþykki þingsins innan samvinnuferlisins (*co-decision-procedure*). Eftir samninginn var þetta hlutfall hins vegar komið í 95%, þ.e. í nær öllum tilfellum eru tilskipanir háðar samþykki þingsins. Samvinnuferlið eykur líkur á því að breytingar verði á tillögum frá því að EFTA/EES-ríkin hafa möguleika á að koma að mótun þeirra á undirbúningsstigi innan framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin vinnur nú að nýrri framkvæmdaáætlun á sviði umhverfismála sem fyrirhugað er að verði kynnt í haust. Áætlunin mun m.a. fela í sér frekari útfærslu á því hvernig fella megi umhverfissjónarmið að stefnu ESB.

2. Umhverfismál innan ESB og EES

2.1 Almennt

Stefna ESB í umhverfismálum byggist í fyrsta lagi á markmiðum sjálfbærrar þróunar, í öðru lagi á því að meginhersla sé lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir og jafnframt á þeirri reglu að sá sem ábyrgur er fyrir mengun skuli greiða kostnað sem henni er samfara (mengunarbótareglan).

Með EES-samningnum gerðist Ísland aðili að sameiginlegri stefnumörkun ESB á sviði umhverfismála, annarra en málefna er varða náttúruvernd. Í reynd er íslensk umhverfislöggjöf að meginefni byggð á umhverfislöggjöf ESB. Megnið af löggjöfinni tók Ísland upp við gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994. Síðan þá hefur mikill fjöldi nýrra gerða verið tekinn inn í samninginn, auk þess sem eldri gerðir hafa verð endurskoðaðar.

EES-samningurinn hefur án efa átt sinn þátt í að flýta þróun á sviði umhverfismála hér á landi og færa til þess vegar er gerist í þeim ríkjum sem við gjarnan berum okkur saman við. Í reynd hefur þessi löggjöf verið forsenda fyrir aðgengi að erlendum mörkuðum.

Með aðild Íslands að EES-samningnum færðust mörg mál á sviði umhverfismála til betri vegar frá því sem áður var. Sem dæmi má nefna að settar hafa verið markvissar reglur um mengunarvarnir, sorphirðu, mat á umhverfisáhrifum, upplýsingagjöf til almennings um umhverfismál og vöktun margra mikilvægra þátta á sviði umhverfismála. Einnig hefur mikið starf verið unnið varðandi skráningu eiturefna.

Aðgangur að upplýsingum og þekking á umhverfismálum hér á landi hefur aukist til muna við aðild að EES-samningnum. Ísland hefur nú aðgang að um 80 sérfræðinganefndum innan framkvæmdastjórnarinnar á sviði umhverfismála og öðrum gagnabrunnum innan ESB. Auk þess á Ísland fulltrúa í stjórn Umhverfisstofnunar Evrópu.

Aðild að EES-samningnum er einnig afar mikilvæg til að tryggja þátttöku Íslendinga í nefndum á vegum framkvæmdastjórnarinnar þar sem þátttaka í fundum sérfræðinganefnda gefur möguleika á að vekja athygli framkvæmdastjórnarinnar á sérstöðu Íslands við mótun stefnu og reglna ESB.

2.2 Umfang gerða innan EES

Segja má að lögleiðing EES-gerða á sviði umhverfismála feli í sér umtalsverða fjárfestingu þegar skoðuð eru þau áhrif sem þær hafa á tekjur og gjöld ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífs og einstaklinga. Þótt oft sé um háar fjárhæðir að ræða skilar kostnaður þessi sér til baka þegar til lengri tíma er litið. Sjaldnast er ágreiningur um nauðsyn framkvæmda en tilskipanir ESB hafa aukið þrýsting og leitt til samræmdari aðgerða.

Þegar um viðamiklar fjárfestingar er að ræða skiptir miklu að koma að mótun gerða á undirbúningsstigi innan ESB og hafa EFTA/EES-ríkin aðgang að nefndum framkvæmdastjórnarinnar til áhrifa á efni slíkra reglna. Þetta gildir sérstaklega um Ísland þar sem aðstæður geta verið með öðrum hætti en gerist á meginlandinu. Þátttaka á undirbúningsstigi er sérlega mikilvæg í ljósi þeirrar staðreyndar að EFTA/EES-ríkin hafa einungis beinan aðgang að þeim hluta lagasetningarferlisins sem fram fer innan framkvæmdastjórnarinnar, en ekki innan ráðherraráðsins og Evrópuþingsins.

Breytingar og aðlögun að íslenskum aðstæðum, sem ná má fram á undirbúningsstigi, geta skipt sköpum um kostnað þegar fram líða stundir. Fórnarkostnaður vegna fundarsetu er hverfandi í þessu samhengi. Mikilvægt er því að leggja rækt við aðkomu Íslands að undirbúningsstarfi þar sem aðgangur er greiðastur og getur það einnig auðveldað ríki, sveitarfélögum og atvinnulífi að greina og meta í tæka tíð þann kostnað sem er samfara umhverfisbótum og skipuleggja starf samkvæmt því.

2.3 Markmið innan EES á sviði umhverfismála

Um umhverfismál er fjallað í 73.–75. gr. EES-samningsins. Í 73. gr. koma fram eftirfarandi markmið: að varðveita, vernda og bæta umhverfið, stuðla að heilsuvernd manna og tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Í samningnum er að auki að finna þær meginreglur sem aðgerðirnar byggjast á. Girða skal fyrir umhverfisspjöll, leggja skal áherslu á að bæta það tjón sem þegar hefur orðið og leggja skal greiðsluskyldu á þann sem mengun veldur.

3. Gerðir innan EES á sviði umhverfismála
Almennt um XX. viðauka

Í 74. gr. samningsins er vísað til XX. viðauka sem hefur að geyma gerðir á sviði umhverfismála. Í stuttu máli fjalla þessar gerðir um umhverfismál almennt, vatn, loft, mengun af völdum hættulegra efna, aukið eftirlit með úrgangi og förgun hans og mengun vegna hávaða. Þessi hluti samningsins er ekki hluti af fjórfrelsinu svokallaða, heldur skilgreindur sem jaðarmál.

3.1. Umhverfismál almennt (XX. viðauki – I)

Í þessum kafla er fjallað um erfðatækni, mat á umhverfisáhrifum, mengunarvarnir, hættu í iðnaði og álíka. Varðandi þennan kafla verður að hafa hliðsjón af þeirri staðreynd að ESB-reglur miðast almennt við mengaðri og þéttbýlli svæði en Ísland og hefur slíkt valdið nokkrum vandkvæðum og kostað vinnu við að fá aðlögun fyrir Ísland. Í auknum mæli hafa Íslendingar óskað eftir aðlögun á gerðum, þ.e. áður en þær eru teknar inn í samninginn. Í aðildarviðræðum hefur ESB lagt hart að umsóknarríkjum að gera hreint fyrir sínum dyrum í umhverfismálum. Þetta mun mögulega gera Íslandi erfiðara um vik í framtíðinni að fá viðurkennda sérstöðu en á móti kemur að viðurkennt er að langur aðlögunartími getur reynst nauðsynlegur.

3.2. Vatnsmengun (XX. viðauki – II)

Með EES-samningnum voru teknar upp ítarlegri og strangari reglur um vatnsmengun. Gæðakröfur til neysluvatns jukust verulega og mun meiri kröfur voru gerðar til eftirlits, mælinga og mælitíðni. Sérstakar reglur voru og teknar upp hvað hættuleg efni varðar og losun þeirra út í umhverfið frá atvinnurekstri og um aðgerðir til að hindra losun þeirra í vatn. Setja varð því í reglugerðir mun ítarlegri reglur um mengun í vötnum, ám og grunnvatni frá því sem áður var.

Með samningnum voru einnig teknar upp mun strangari kröfur um hreinsun skólps sem fólu í sér umtalsverða fjárfestingu fyrir sveitarfélög. Eftirlit og mælingar á tilteknum mengunarefnum kosta sitt og svipað má segja með eftirlit samkvæmt svokallaðri nítrat-tilskipun.

Á vatnsmengunarsviðinu er nú unnið að tilskipun um nytjavatn, sem verður nokkurs konar rammatilskipun á vatnsmengunarsviðinu og mun hafa veruleg áhrif hér á landi. Það er því sérstaklega mikilvægt að fylgjast með mótun tilskipana á þessu sviði í náinni framtíð.

3.3 Loftgæði (XX. viðauki – III)

Gerðir ESB á þessu sviði miða að því að vernda heilsu fólks og viðhalda og bæta gæði umhverfisins. Sett eru umhverfismörk fyrir ýmis loftmengunarefni og gerðar kröfur um að fylgst sé með styrk þeirra í umhverfinu og gripið til viðeigandi aðgerða ef styrkur er ekki innan settra marka.

Gerðar eru kröfur til starfsemi sem valdið getur loftmengun. Meðal þess er t.d. brennsla sorps og annars úrgangs. Nýlega hefur verið samþykkt rammatilskipun um loftgæði sem nær til mun fleiri loftmengunarefna en fyrri tilskipanir náðu til. Verið er að vinna að einstökum dótturtilskipunum um tiltekin loftmengunarefni.

Kröfur um umhverfismörk eru í mörgum tilfellum hertar umtalsvert frá því sem áður var og alveg ljóst að í einstökum tilfellum verður erfitt að mæta þessum hertu kröfum hér á landi. Þar sem svo háttar til er einnig gert ráð fyrir auknum mælingum, langt umfram það sem unnt er að uppfylla með núverandi tækjabúnaði og aðstöðu.

Vegna kostnaðar, sem af þessu hlýst, er mjög nauðsynlegt að fylgjast með þróun löggjafar ESB á þessu sviði og koma athugasemdum á framfæri í tíma þannig að tekið sé tillit til sérstakra íslenskra aðstæðna og kostnaði þannig haldið í lágmarki til lengri tíma. Sama á við um tilskipun um brennslu úrgangs þar sem verið er að herða kröfur verulega þannig að erfitt eða jafnvel útilokað verður fyrir litlar brennslustöðvar að mæta kröfunum.

3.4 Efni, áhætta í iðnaði og líftækni (XX. viðauki – IV)

Samkvæmt ákvæðum samningsins er skylt að gera hið ýtrasta til að koma í veg fyrir umhverfisslys í ákveðnum atvinnugreinum. Setja þarf upp viðbragðsáætlanir í atvinnurekstri þar sem ákveðið magn tiltekinna hættulegra efna er geymt, efnin notuð eða þau myndast í framleiðsluferlinu. Viðbragðsáætlunin getur náð til atvinnurekstrarins eingöngu eða einnig til aðliggjandi byggðar, allt eftir því hversu mikið magnið er.

Þá ná reglur ESB einnig til meðferðar, notkunar og förgunar á hættulegum efnum á borð við PCB-efni, asbest, kadmíum, kvikasilfur, lífræn halogensambönd o.fl. Einnig er notkun rafhlaðna, sem innihalda kvikasilfur og kadmíum yfir ákveðnu hámarki, bönnuð.

Fyrir gildistöku EES-samningsins var engin löggjöf um erfðabreyttar lífverur í gildi á Íslandi. EES-samningurinn fól í sér gildistöku tveggja tilskipana; annars vegar tilskipun er varðar afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera og hins vegar tilskipun er varðar sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Markmið tilskipananna er að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi með erfðabreyttar örverur, svo og sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í tilrauna- og markaðsskyni.

Árið 1996 setti Alþingi lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, og árið 1997 gaf umhverfisráðuneytið út reglugerð nr. 330/1997, um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, og reglugerð nr. 493/1997, um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Með þessum reglugerðum voru báðar tilskipanir Evrópusambandsins lögfestar. Umhverfisráðuneytið gaf út þriðju reglugerðina er varðar málaflokkinn árið 1998; reglugerð nr. 68/1998, um ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur. Nú er unnið að því að endurskoða reglugerð 330/1997 vegna nýrrar tilskipunar ESB varðandi afmarkaða starfsemi með erfðabreyttar örverur.

Eftir tilkomu EES-samningsins gilda leyfi til markaðssetningar í aðildarríkjum ESB einnig á Íslandi. Íslendingar fá til skoðunar allar umsóknir um leyfi til að sleppa erfðabreyttum lífverum út í umhverfið í tilraunaskyni og til markaðssetningar og gefst kostur á að bera fram spurningar, fá ítarlegri upplýsingar og andmæla. EES-samningurinn veitir hins vegar ekki heimild til þátttöku í ákvarðanatöku.

3.5 Úrgangur (XX. viðauki – V)

Förgun og meðferð úrgangs er meðal þess sem samræmt var með EES-samningnum. Íslenskar reglur gengu skemmra en reglur ESB á þessu sviði, eins og á svo mörgum öðrum sviðum umhverfismála, þegar samningurinn var lögleiddur og síðan þá hafa komið til sögunnar enn frekari tilskipanir á þessu sviði. Á þessu sviði, eins og reyndar mörgum öðrum, bera sveitarfélög meginhluta kostnaðar við framkvæmd tilskipananna.

Mjög margar gerðir á úrgangssviði eru í undirbúningi hjá ESB sem stendur eða hafa verið samþykktar en eru ekki enn orðnar hluti af EES-samningnum. Margar þessara gerða koma til með að hafa umtalsverð áhrif hér á landi og kemur þá til kasta Alþingis að skapa viðeigandi lagaramma. Sem dæmi um atriði, sem veruleg áhrif munu hafa, má nefna aukna ábyrgð framleiðenda og/eða söluaðila á úrgangi sem myndast vegna vöru sem þeir framleiða eða selja. Einnig ábyrgð rekstraraðila urðunarstaða á eftirliti og vegna umhverfisáhrifa umfram

rekstrartíma viðkomandi staða, svo lengi sem vænta má einhverra umhverfisáhrifa frá viðkomandi svæði. Gert er ráð fyrir að gjaldtaka endurspegli kostnað vegna aukins eftirlits og ábyrgðar.

Í samningnum er lagt bann við förgun, meðhöndlun eða flutningi á hættulegum efnum án eftirlits. Skrá ber enn fremur förgunarsvæði hættulegra efna og hvaða efni er um að ræða.

3.6 Hávaði (XX. viðauki – VI)

Innan Evrópusambandsins er löng hefð fyrir því að gera kröfur um mörk hávaða og takmarkanir á hávaða frá hvers kyns vélbúnaði. Eðlilegt er að miða við að búnaður, sem fluttur er til landsins, uppfylli þessar kröfur að lágmarki. Undanfarin ár hefur verið í undirbúningi rammatilskipun um hávaða í umhverfinu þar sem sett verða viðmið um mælingu hávaða, einkum um kvöld og nætur, og verða þéttbýlissvæði tekin út hvað þetta varðar. Líklegt er að aðildarríkin verði beðin um aðgerðaáætlun til að draga úr hávaða.

Almennt um II. viðauka.

Í II. viðauka er m.a. fjallað um mengunarvarnir ökutækja, matvæli, áburð, hættuleg efni, snyrtivörur og umhverfisvernd. Þó að þessir kaflar falli undir vöruviðskipti (tæknilegar viðskiptahindranir) og séu því hluti af fjórfrelsinu er fjallað um þessi atriði hér þar sem þau tengjast umhverfismálum. Á þessu sviði er afar mikilvægt fyrir atvinnulífið að Ísland lögtaki sameiginlegar reglur ESB til að tryggja aðgang að mörkuðum innan ESB. Vægi þessa málaflokks fyrir atvinnulíf og verðmætasköpun verður því seint ofmetið.

3.7 Mengunarvarnir vélknúinna ökutækja (II. viðauki – I)

Kröfur um útblástur frá vélknúnum farartækjum hafa verið í stöðugri þróun. Gerðarprófun farartækja gerir kröfur um takmörkun útblásturs frá nýjum farartækjum. Ísland hefur tekið þessar kröfur upp jafnóðum og þær hafa verið settar. Eðlilegt hlýtur að teljast að Ísland geri á hverjum tíma kröfu um besta fáanlegan búnað til að takmarka loftmengun frá farartækjum. Ljóst er að mjög hröð þróun verður á þessu sviði á næstu árum.

3.8 Matvæli (II. viðauki – XII)

Á matvælasviði hefur Evrópusambandið nýverið gefið út hvítbók um öryggi matvæla (*White Paper on Food Safety, 12. jan. 2000/COM (1999) 719 final*) þar sem fram koma 84 tímasett markmið um framkvæmd mála til loka árs 2003. Með hvítbókinni setur framkvæmdastjórnin öryggi matvæla á oddinn sem eitt af mikilvægustu stefnumálum sínum og gerir tillögu að margvíslegum breytingum til að tryggja neytendum örugg matvæli.

Þar með er ljóst að mikil vinna liggur fyrir á matvælasviði á komandi árum og að framkvæmd mála verður hraðað eins og kostur er. Meðal annars má nefna að mörg af mikilvægustu markmiðunum eiga að afgreiðast af hálfu framkvæmdastjórnarinnar á árinu 2000 og fá endanlega afgreiðslu af hálfu ráðsins og Evrópuþingsins fyrir lok ársins 2001. Sem matvælaframleiðsluþjóð eiga Íslendingar hér verulegra hagsmuna að gæta.

Ein helsta tillaga framkvæmdastjórnarinnar er að stofnuð verði evrópsk matvælastofnun og er áformað að hún verði komin á laggirnar árið 2002. Einnig er fyrirhugað á næstu þremur árum að fram fari gagnger endurskoðun á matvælalöggjöf Evrópusambandsins, allt frá almennri rammalöggjöf um matvæli til sértækra reglna á einstökum sviðum. Ein helsta nýjungin verður almenn tilskipun um matvælalöggjöf (*General Food Law Directive*) og samræmdar reglur um matvælaeftirlit og um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla sem eiga að ná yfir alla matvælakeðjuna. Tillögurnar ná einnig yfir fóðurvörur. Stefnt er að því að til-

lögur að þessum reglum verði samþykktar á tímabilinu frá lokum árs 2001 og fram á mitt ár 2002.

Af sértækum málum má nefna að Evrópusambandið vinnur nú að reglum um hámark ýmissa aðskotaefna í matvælum, þ.m.t. díoxíns og PCB. Þessar tillögur munu ná yfir sjávarafurðir. Einnig liggur fyrir að settar verði ýmsar reglur um sérfæði og um notkun bætiefna í matvælum. Þá liggur fyrir hér á landi að setja reglur um erfðabreytt matvæli á grundvelli reglna Evrópusambandsins. Meðal verkefna, sem þegar eru hafin, má einnig nefna endurskoðun á neysluvatnsreglum sem m.a. mun leiða til verulegs kostnaðarauka á næstu árum við eftirlit með efnainnihaldi neysluvatns.

Matvælaeftirlit á Íslandi verður að vera í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins eins og hún er nú og ætla má að breytingar á skipan eftirlitsmála og matvælalöggjafar innan ESB í framtíðinni muni hafa veruleg áhrif á skipan og framkvæmd mála hér á landi. Í þessu sambandi ber einnig að geta þess að Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú eftirlit með því að bæði matvælalöggjöf og matvælaeftirlit hér á landi sé í samræmi við skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

3.9 Hættuleg efni (II. viðauki – XV)

Tilskipanir og reglugerðir ESB á sviði eiturefna og hættulegra efna beindust upphaflega einkum að því að auka öryggi í meðferð efna með tilliti til áhættu fyrir heilsu fólks, bæði almennings og á vinnustöðum. Á síðari árum hefur einnig verið lögð vaxandi áhersla á áhættu af efnanotkun fyrir umhverfið.

Almennt má segja að stefna ESB sé sú að engin ný efni fari á markað nema áður hafi verið ýtarlega rannsakað hvaða hætta geti stafað af efnunum og er síðan gerð krafa um ráðstafanir til að draga úr áhættu. Eldri efni, sem eru á markaði (rúmlega 100 000 efni), eru einnig í gagngerri endurskoðun. Forgangsefni í þeirri rannsókn eru efni sem notuð eru í miklu umfangi og efni sem liggja undir grun um að vera hættuleg. Aðgerðir í framhaldi af slíkri rannsókn geta verið bann við notkun efna, takmörkun á markaðssetningu og notkun og/eða viðvaranir og ábendingar um meðferð.

Þegar EES-samningurinn var undirritaður mátti flokka gerðirnar, sem féllu undir hann, í eftirtalin meginsvið sem hvert um sig inniheldur fjölda ólíkra gerða: flokkun og merkingar hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda hættuleg efni, takmarkanir á markaðssetningu og notkun, tilkynninga, og/eða upplýsingaskylda, svo og áhættumat varðandi efni sem verið hafa lengi á markaði innan ESB en hafa ekki verið rannsökuð nægilega, tilkynningarskylda og kröfur um ýtarlegar rannsóknir á nýjum efnum sem koma inn á ESB-markaðssvæðið.

Auk þess má nefna afmarkaðri svið, svo sem kröfur um niðurbrot þvottaefna, efnainnihald í rafhlöðum og upplýsingaskyldu varðandi inn- og útflutning hættulegra efna. Takmörkun ósoneyðandi efna var einnig hluti af þessum kafla samningsins en sá þáttur hefur nú verið færður yfir í umhverfishlutann.

Við gerð EES-samningsins samdi Ísland um fyrirvara varðandi tilteknar gerðir samningsins. Dregið hefur verið markvisst úr mismun á löggjöf hér á landi og á EES- svæðinu og eru nú eingöngu eftir fyrirvari varðandi takmörkun við notkun asbests sem fljótlega mun falla úr gildi og ótímasettur fyrirvari varðandi skráningu plöntuvarnarefna.

EES-samningurinn er breytingum háður og stöðugt bætast við nýjar gerðir. Þannig má nefna að innan tíðar munu bætast við samninginn viðamiklar gerðir um sæfiefni (biósíð) sem gera kröfu um umfangsmikla úttekt og skráningu á þeim vörum sem falla undir málaflokkinn en talið er að hann taki til hátt á annan tug þúsunda vörutegunda innan ESB.

Lögbinding kaflans um hættuleg efni hefur tekið langan tíma enda um viðamiklar gerðir að ræða, oft með löngum efnalistum. Vegna mikillar vinnu við þýðingar og lögbindingu kaflans hefur Ísland fram að þessu verið nokkuð á eftir ESB varðandi lögbindingu tilskipana um flokkun og merkingar hættulegra efna. Að undanförnu hefur verið unnið eftir áætlun um að vinna upp þann hala sem myndaðist á þessu sviði og hefur það skilað árangri en á sama tíma eru sífellt að koma nýjar gerðir inn í samninginn.

3.10 Snyrtivörur (II. viðauki – XVI)

Fyrir gildistöku EES-samningsins var engin heilsteypt löggjöf um snyrtivörur í gildi á Íslandi. EES-samningurinn fól í sér lögleiðingu tilskipana Evrópubandalagsins er varða snyrtivörur. Tilskipanirnar fjalla um framleiðslu, innflutning, innihald, merkingu og pökkun snyrtivara, ásamt kynningu þeirra. Þar eru m.a. ákvæði sem banna notkun ákveðinna efna í snyrtivörur og takmarka notkun annarra eða setja skilyrði fyrir notkun þeirra. Efni þessi eru nánar tilgreind í viðaukum sem samanstanda af viðamiklum efnalistum.

Krafa er um að merkingar snyrtivara veiti upplýsingar um öll innihaldsefni vörunnar. Á árinu 1994 gaf umhverfisráðuneytið út fyrstu íslensku reglugerðina um snyrtivörur. Í lok árs 1998 kom síðan út endurskoðuð snyrtivöru reglugerð, reglugerð nr. 776/1998, um snyrtivörur, og með þeirri reglugerð var sú fyrri felld úr gildi. Íslenska reglugerðin byggist alfarið á ákvæðum tilskipana ESB og með henni hafa verið lögfestar allar tilskipanir sem nú þegar hafa tekið gildi.

3.11 Umhverfisvernd

Aðild Íslands að EES-samningnum hefur haft gífurleg áhrif á umhverfisvernd hér á landi, einkum mengunarvarnir. Þetta sést vel þegar skoðaður er sá vöxtur sem orðið hefur í setningu ýmiss konar reglugerða á mengunarvarnasviðinu á undanförnum árum. Þótt gerðir ESB taki mið af aðstæðum þar sem um meiri mengun er að ræða og meira þéttbýli en hér á landi á efni þeirra fullt erindi við Íslendinga. Aðeins í undantekningartilfellum er um að ræða gerðir sem fjalla um atriði sem ekki snerta íslenskar aðstæður.

Í raun eru kröfur, sem fram koma í ESB-gerðum, í yfirgnæfandi tilfellum í anda þess sem þeir sem starfa að mengunarvörnum á Íslandi vilja og hafa viljað starfa eftir um lengri tíma. Kröfur um eftirlit, vöktun og ýmsa upplýsingagjöf vegna einstakra mengunarþátta eru í flestum tilfellum ekki umfram það sem hverju aðildaríki er nauðsynlegt til að fylgjast með þróun mála og byggja ákvarðanatöku á, óháð aðild að EES.

Aðildin skapar hins vegar nauðsynlegan þrýsting þar sem oft þarf að uppfylla tímamörk og sýna þarf fram á, með upplýsingagjöf til Eftirlitsstofnunar EFTA, að unnið sé samkvæmt kröfum tilskipana.

Til viðbótar við ýmis ákvæði um eftirlit, vöktun og umhverfisgæði er einnig að finna í nokkrum gerðum ákvæði um leyfilegt innihald tiltekinna efna í hráefni og neysluvörum. Takmörkun á leyfilegu efnainnihaldi þessara vara getur haft umtalsverð bætandi umhverfisáhrif. Nefna má takmörkun á leyfilegu hámarksinnihaldi blýs og brennisteins í eldsneyti. Í öðrum tilfellum koma fram kröfur til tækjakosts og tæknibúnaðar sem miða að því að takmarka umhverfisáhrif. Sem dæmi um slíkt má nefna frágang á olíubirgðastöðvum, bensínstöðvum og flutningstækjum fyrir eldsneyti, með það að markmiði að takmarka losun á bensíngufum. Einnig má nefna kröfur til einstakra ökutækja sem tryggi virkni hreinsibúnaðar á útblástursloft, kröfur til flugvéla og ýmissa vinnuvéla til að draga úr hávaðamengun o.fl.

Þótt uppfylling krafna í þeim gerðum, sem um er að ræða, hafi þannig umtalsverð umhverfisbætandi áhrif er lögleiðing og framkvæmd þeirra í flestum tilfellum ekki á ábyrgð um-

hverfisráðuneytisins. Dómsmála-, félagsmála- eða samgöngumálaráðuneytið eftir atvikum geta séð um þessa þætti. Umhverfishluti EES-samningsins getur þannig í raun verið enn stærri en virðist við í fyrstu sýn.

4. Samstarf um stefnumörkun

Í 3. gr. bókunar 31 við samninginn eru talin upp þau svið þar sem styrkja skal samvinnu samningsaðila í umhverfismálum. Stefnt er að aukinni samvinnu á eftirfarandi sviðum: við stefnumótun og gerð framkvæmdaáætlunar um umhverfið, við samþættingu umhverfissjónarmiða við aðra málaflokka, við notkun hagtækja í þágu umhverfisverndar, við lausn alþjóðlegra umhverfisvandamála og við lausn mikilvægra svæðisbundinna eða alþjóðlegra málefna.

4.1 EPRG-nefndin

EPRG-nefndin eða *the Environment Policy Review Group* er nefnd hátt settra embættismanna umhverfisráðuneyta innan ESB sem EFTA/EES-ríkin hafa aðgang að og fjallar um stefnumörkun á sviði umhverfismála. Aðgangur EFTA/EES-ríkjanna að slíkum nefndum er almennt ekki fyrir hendi.

EPRG-nefndin hittist að meðaltali tvisvar á ári og fer yfir helstu mál sem eru í vinnslu innan framkvæmdastjórnarinnar. Þetta á við um einstakar skýrslur sem verið er að vinna fyrir ráðsfundi þar sem fjallað er um umhverfismál með heildrænum hætti eða skýrslur á einstökum sviðum eða um önnur stefnumarkandi atriði. Þessar skýrslur eru síðan oft grunnur að þeim aðgerðum sem ráðið eða framkvæmdastjórnin kann að hrinda í framkvæmd síðar. Á þessum fundum er ekki fjallað um einstakar tilskipanir eða önnur tæknileg atriði heldur er umfjöllunarefnið meira á sviði stefnumótunar. Að því leyti er þátttaka í nefndum sem þessari afar mikilvæg til að geta haft áhrif á stefnumótun sem unnið er að á hverjum tíma innan ESB.

Nefndin vinnur einnig að ýmsum öðrum málum. Í því sambandi má nefna verkefni á sviði vísitalna í umhverfismálum sem unnið hefur verið að í sérfræðinefnd framkvæmdastjórnarinnar sem síðar skilaði tillögum til EPRG-nefndarinnar. EPRG- nefndin mótar síðan tillögur á sviði umhverfismála sem lagðar eru fyrir ráðið eða leiðtogafund ESB en þar hafa EFTA/EES-ríkin ekki aðgang eins og kunnugt er.

4.2 Umhverfisstofnun Evrópu

Umhverfisstofnun Evrópu er í Kaupmannahöfn og hefur það hlutverk að safna og vinna úr upplýsingum um stöðu umhverfismála í Evrópu. Ísland á aðild að stofnuninni. Stofnunin er framkvæmdastjórninni í Brussel til ráðgjafar við gerð nýrra tilskipana og reglugerða eða aðra ákvörðunartöku. Einnig gefur stofnunin reglulega út upplýsingar um stöðu ýmissa þátta umhverfismála í Evrópu sem eru mjög áhugaverðar og aðildarríki geta eftir atvikum byggt ákvarðanatöku á. Upplýsingarnar eru byggðar á gögnum sem safnað er meðal aðildarríkja.

Hér á landi eru aðilar sem sjá um upplýsingagjöf á sviði loftgæða, losunar loftmengunarefna, ferskvatnsmengunar, sjávar og stranda, úrgangs, jarðvegs, mengaðs jarðvegs, kortagerðar og náttúruverndar.

Fram til þessa hefur verið nokkuð erfitt að uppfylla þessa kröfu vegna þess hve takmarkaðar upplýsingar eru fyrir hendi á mörgum sviðum. Vinna þarf að því að efla þennan þátt. Um leið er verið að vinna að því að veita fullnægjandi upplýsingar um framkvæmd gerða ESB á sviði umhverfismála og gera þannig raunverulega stöðu umhverfismála sýnilegri hér á landi.

5. Mat á EES-samningnum

Með EES-samningnum færðust margir þættir umhverfismála til mun betri vegar frá því sem áður var. Þetta á ekki síst við um setningu löggjafar í samræmi við það sem gerist innan Evrópu. Settar hafa verið markvissar reglur um mengunarvarnir, sorphirðu, mat á umhverfisáhrifum, upplýsingagjöf til almennings um umhverfismál, vöktun margra mikilvægra þátta á sviði umhverfismála, um meðferð eiturefna og um hollustuvernd, og mikil vinna hefur farið fram varðandi skráningu eiturefna svo að dæmi séu tekin. Einnig og ekki síður er ávinninginn að finna í þeim beinu og óbeinu réttindum um markaðsaðgang sem því fylgir fyrir atvinnulífið að hafa þessar reglur.

Almennt má því segja EES-samningsins hafi átt þátt í að tryggja að kröfur séu ekki minni á Íslandi en í helstu viðskipta- og samkeppnislöndum okkar. Á sama tíma og hollustu- og umhverfisvernd á Íslandi er efld skapast markaðsaðgengi fyrir vöru og þjónustu frá Íslandi. Beiting samræmdra reglna hlýtur að vera framleiðendum til hagsbóta og auðvelda viðskipti, og þótt kostnaður, sem því fylgir, geti verið verulegur fyrir ríki, sveitarfélög, atvinnulíf sem einstaklinga er ávinningur til lengri tíma það sem skiptir máli. Til að mynda eiga Íslendingar sem matvælaframleiðsluþjóð mikið undir því að íslenskar afurðir séu viðurkenndar sem hreinar og heilbrigðar.

Aðgangur EES-ríkja að umræðu og stefnumótun innan ESB er, eins og kunnugt er, einkum á undirbúningsstigi gerða og meðal sérfræðinga en minnkar þegar ofar dregur í stofnanauppbyggingunni. Þetta er sérstaklega bagalegt á umhverfissviðinu þar sem sérstaða Íslands er mikil vegna ólíkra náttúrulegra aðstæðna. Það hefur sýnt sig innan ESB að þar sem ráðherrar taka beinan þátt í mótun gerða og allri umræðu meðal aðildarríkja þá er auðveldara að virkja stjórnkerfið til skilvirkra aðgerða og fá það fjármagn sem til þarf. Meginþungi þátttöku af Íslands hálfu í Evrópusamstarfi á sviði umhverfismála hefur hins vegar hvílt á undirstofnunum ráðuneyta á borð við Hollustuvernd. Ólíku er saman að jafna við Norðurlandasamstarf þar sem æðstu stig stjórnsýslu eru virkjuð og hefur það gefið góða raun.

Þess ber þó að geta að á umhverfissviði hafa verið haldnir óformlegir norrænir ráðherrafundir í tengslum við ráðherrafundi ESB. Tilgangur þeirra er að ræða dagskrárefni ráðsfundanna. Slíkir fundir koma sér vel fyrir Noreg og Ísland sem ekki hafa aðgang að ráðsfundunum. Að auki eru EES-mál jafnan á dagskrá reglulegra funda umhverfisráðherra Norðurlandanna og embættisnefndar Norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfismál.

Einsleitni, sem að er stefnt með EES-samningnum, tekur ekki alltaf fullt tillit til íslenskra aðstæðna þar sem náttúrufar, fólksfjöldi og dreifing íbúa er með öðrum hætti. Undirbúningsstarf sérfræðinga ESB, sem Ísland hefur aðild að, fer fram í fjölmörgum hópum og hefur reynst erfitt að tryggja viðeigandi þátttöku að heiman vegna fjarlægðar og kostnaðar. Þegar mál koma til kasta starfshópa ráðsins er aðgangur hins vegar enginn. Því hefur þurft að treysta á að fá fram aðlögun á síðustu stigum þegar viðkomandi gerð er felld inn í EES-samninginn.

Mikilvægt er að reyna að meta strax á frumstigi einstakra gerða hvaða kostnað þær geta haft í för með sér og hver muni bera þann kostnað, ríkið, sveitarfélög, atvinnulífið eða aðrir. Þær athuganir, sem fram hafa farið, hafa einkum beinst að beinum kostnaði ríkisins.

Á sviði umhverfismála er umfang lagasetningar verulegt og er það svið eitt af meginsviðum EES-samningsins hvað varðar fjölda tilskipana og hefur þetta skapað verulegt álag og vinnu fyrir sérfræðinga. Þetta gríðarlega umfang er oft erfitt að skilja fyrir utanaðkomandi eða þá sem ekki eru í daglegri umsjón á viðkomandi fagsviði.

Dæmi um umfang samstarfs á umhverfissviði er að í heildina þarf að sinna um 80 sérfræðinganefndum er tengjast umhverfismálum innan framkvæmdastjórnarinnar sem þó eru mismunandi virkar á hverjum tíma.

Í sumum tilfellum hefur komið fyrir að ekki hefur reynst mögulegt fyrir sérfræðinga að sækja slíka fundi vegna fjárskorts jafnvel þótt verið sé að fjalla um tilskipanir sem skipta verulegu máli fyrir íslenskt atvinnulíf eða þjóðfélag. Hagsmunagæsla verður því ekki eins og vera skyldi og erfiðara er að fá fram aðlögun á síðari stigum. Mikilvægt er einnig að þeir sem annast framkvæmd á Íslandi hafi beina aðkomu að undirbúningi í Brussel.

Vitneskja um þau skilyrði, og oft og tíðum afar tæknilegu atriði sem verið hafa í umræðunni í viðkomandi sérfræðihópi innan EES-samstarfsins, verður að vera til staðar þegar kemur að framkvæmd. Það er mikilvægt fyrir samninginn að sá hluti lagasetningarferlis ESB, sem Ísland hefur aðgang að til að sinna hagsmunum sínum, sé nýttur.

6. Hugsanlegar breytingar við aðild að ESB

Helsti ávinningur með aðild að ESB yrði þátttaka í stefnumótun og stjórnun æðstu ráðamanna og ráðherra, í ráðherraráðinu og Evrópuþinginu. Stjórnmálamenn og æðstu embættismenn frá Íslandi fengju þá aðgang að lagasetningarferlinu vegna þeirra tilskipana og reglna sem þeir verða að taka upp hvort sem er. Áhrifin á löggjöf bandalagsins mundi aukast verulega og fenginn væri aukinn aðgangur að fleiri sérfræðingafundum en nú er.

Þar sem Ísland tekur að meira að minna leyti upp allar gerðir á sviði umhverfismála yrðu efnislegar breytingar óverulegar við inngöngu í ESB.

Þá myndu aukast möguleikar Íslands á að hafa áhrif á stefnu ESB í alþjóðlegum umhverfismálum en í þeim málum hefur sambandið veruleg áhrif. Þetta væri sérstaklega mikilvægt á sviðum sem varða verulega umhverfislega og efnahagslega hagsmuni Íslands. Þar má nefna sérstaklega rammasamning SÞ um loftslagsbreytingar, samning SÞ um líffræðilega fjölbreytni og hina vaxandi alþjóðlegu umræðu um vernd og nýtingu hafsins og auðlinda þess.

ESB-ríkin koma fram sem ein heild í alþjóðlegum samningaviðræðum um umhverfismál og hafa þau þannig veruleg áhrif á alþjóðlega stefnumörkun á því sviði. Til dæmis er ESB einn mikilvægasti aðilinn í samningaviðræðunum um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar. Framgangur íslenska ákvæðisins svokallaða á því verulega undir afstöðu ESB. Væri Ísland aðili að ESB myndum við falla undir hvolf þess þannig að auðveldara yrði fyrir ESB að samþykkja sérstöðu Íslands. Möguleikar Íslands til að hafa áhrif á afstöðu ESB til þessara mikilvægu mála væru einnig meiri innan sambandsins en utan.

Eftir gildistöku Amsterdamsamningsins munu áhrif Evrópuþings og ráðherraráðs á umhverfislöggjöf aukast. Þetta eru stofnanir sem aðeins aðildarríkin hafa aðgang að. Erfitt er að segja fyrir um hvernig umhverfislöggjöfin þróast í framhaldi af stækkun því að eftir því sem hún nær yfir fjölbreyttara og stærra svæði þess erfiðara verður væntanlega að búa við einsleita löggjöf á öllum sviðum.

Ef Ísland gerðist aðili mundi það hins vegar þurfa að taka upp þá hluta af umhverfislöggjöfinni sem ekki eru í EES, þ.e. gerðir ESB á sviði náttúruverndar. Taka þyrfti sérstaklega fyrir veiðar úr þeim stofnum sem innan ESB eru á válista og sýna fram á að veiðar stefni ekki stofni í hættu. Á þetta t.d. við um lunda, rjúpur og refi.

Gagnlegar vefslóðir um umhverfismál innan Evrópusamvinnunar

Umhverfisráðuneytið: http://www.stjr.is/umh
Umhverfisvefurinn: http://www.umvefur.is/
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/env/index_en.htm

10. kafli
Hagskýrslugerð

Samantekt

Hagskýrslusamstarf EES-ríkja er mjög umfangsmikið og nær til flestra sviða hagskýrslugerðar. Í reynd er það töluvert víðtækara en EES-samningurinn segir beinlínis til um. Reynsla Íslendinga af samstarfinu er góð og hefur samstarfið verið íslenskri hagskýrslugerð til mikils framdráttar. Íslenskar hagtölur eru nú tiltækar í mun fleiri gagnabönkum og útgáfum í Evrópu og raunar víðar en áður var og mun auðveldara er að sinna eftirspurn erlendra stofnana og fyrirtækja eftir íslenskum hagtölum sem eru sambærilegar við tölur annarra þjóða. Íslendingum hefur tekist þokkalega að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum en þó eru nokkur svið þar sem skýrslugerð er í eftirdrætti eða skammt á veg komin. Aðild að ESB mundi vafalaust leiða til þess að auka þyrfti opinbera hagskýrslugerð, styrkja íslenskar hagskýrslustofnanir og veita til þeirra meira fé en nú er gert. Í aukinni hagskýrslugerð og endurbættri mun þó ekki aðeins felast aukin byrði heldur einnig ávinningur og framfarir fyrir stjórnvöld, fyrirtæki og almenning. Ólíkt öðrum samstarfssviðum hefur EES-samstarf á æðstu stigum stjórnsýslu verið virkt.

1. Aðdragandi

Aðildarríki Evrópusambandsins hafa haft með sér samstarf um hagskýrslugerð allt frá stofnun Efnahagsbandalagsins og er kveðið á um það í Rómarssamningnum. Allt fram undir lok níunda áratugarins virðist þetta samstarf hafa verið fremur óformlegt en formlegt og byggst í meira mæli á heiðursmannasamkomulagi en formlegum reglugerðum, tilskipunum og ákvörðunum. Norrænu hagstofurnar fylgdust lengi vel með þessu samstarfi úr fjarska fyrir tilstuðlan Dana en áhugi EFTA-ríkjanna á að taka þátt í því vaknaði ekki fyrr en á árinu 1988. Þá var að verða ljóst að hagskýrslusamstarfið innan ESB var u.þ.b. að taka miklum breytingum. Verið var að efla það til muna, gera það formlegra en áður og sérstaklega var lögð áhersla á aukið samræmi í hagskýrslugerðinni til þess að hagtölur ríkjanna yrðu sem sambærilegastar. Fram til þessa hafði fjölþjóðasamstarf í hagskýrslugerð einkum farið fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, en forystan fór nú að færast í vaxandi mæli til hagstofu ESB, Eurostat. Þetta stafaði m.a. af fjárkröggum Sameinuðu þjóðanna á þessum tíma, áherslum ESB í þessu efni og auknum fjárframlögum. Enn fremur kom til starfa nýr öflugur forstjóri Eurostat og tókst honum á skömmum tíma að hleypa nýju lífi í þetta starf. Í því sambandi skipti miklu að forstjórinn lagði mun meiri áherslu en forverar hans á draga hagstofur aðildarríkjanna sem mest að samstarfinu.

Við þessar aðstæður ákváðu hagstofustjórar norrænu EFTA-ríkjanna að leita eftir samstarfi við Eurostat. Þeir töldu brýnt að hagtölur ESB- og EFTA-ríkja væru sem sambærilegastar auk þess sem mikilvægt væri að EFTA-ríkin fylgdust með og ættu þátt í þeirri framþróun evrópskrar hagskýrslugerðar sem að var stefnt innan vébanda ESB. Að frumkvæði hagstofustjóra Svíþjóðar og Íslands kom forstjóri Eurostat til fundar við hagstofustjóra EFTA-ríkjanna í Stokkhólmi í desember 1988 til að ræða samstarf ríkjahópanna tveggja. Niðurstaða þessa fundar var á þá leið að bæði EFTA-ríkin og ESB-ríkin myndu njóta góðs af auknu samstarfi og til þess að koma því áleiðis bauð forstjóri Eurostat hagstofustjórum EFTA-ríkjanna til næsta reglubundins fundar hagstofustjóra ESB í maí árið eftir. Þá var enn fremur blásið til sérstaks fundar milli Eurostat og hagstofustjóra EFTA-ríkjanna. Frekari umræður urðu síðan um málið sumarið og haustið 1989 sem segja má að hafi lyktað með því á fundi

í Brussel í nóvember það ár að samkomulag varð milli Eurostat og hagstofustjóra EFTA-ríkjanna um að leggja til við framkvæmdastjórn ESB og EFTA-ráðið að teknar yrðu upp formlegar samningaviðræður innan hins svonefnda Oslo-Brussel samningaferlis um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta var samþykkt þegar í stað og ákveðið að hagskýrslugerðin skyldi teljast til þess hluta samningsins sem spannaði jaðarmál og ýmis sameiginleg málefni.

Af hálfu EFTA var sett á laggirnar nefnd sérfræðinga frá hagstofum ríkjanna til viðræðna við sérfræðinga ESB. Af hálfu ESB önnuðust fulltrúar Eurostat undirbúning samninga. Formlega var samningsgerðin í höndum IV. undirnefndar ESB og EFTA. Samningafundir Eurostat og sérfræðinganefndar EFTA hófust strax í ársbyrjun 1990. Þeim miðaði vel en auk þess urðu aðilar fljótlega ásáttir um að á grundvelli hins svonefnda Lúxemborgarferlis mætti taka upp gagnlegt samstarf á ýmsum sviðum án þess að beðið væri formlegrar niðurstöðu í viðræðum um EES-samninginn. Þetta samstarf gæti spannað söfnun og birtingu samstæðra hagtalna svo og þróun hagskýrslugerðar hvað snerti aðferðir, flokkanir og skilgreiningar. Meginmarkmiðið var að hagskýrslugerðin yrði samræmd eins og frekast væri kostur og hagtölurnar sem sambærilegastar til þess að færi gæfist á raunhæfum samanburði milli ríkjanna eða ríkjahópanna. Í þessu skyni tókst sérstakt samkomulag milli EFTA og ESB um að komið yrði á fót skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA í nánum tengslum við og í húsnæði Eurostat sem hefur aðsetur í Lúxemborg. Skrifstofan tók til starfa 1. febrúar 1991 og einn yfirmanna svissnesku hagstofunnar var ráðinn hagskýrsluráðgjafi. Hann hafði verið formaður sérfræðinganefndar EFTA en við því hlutverki tók þá hagstofustjóri Íslands og leiddi samningsgerðina eftir það.

Undirbúningi samnings um hagskýrslusamstarf lauk í fyrstu lotu síðari hluta ársins 1992. Þá kom strik í reikninginn er Svisslendingar höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslu aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Því varð að vinna samninginn að nýju en síðan tók við talsverð bið vegna þess hve það dróst að aðildarríkin staðfestu EES-samninginn.

2. Ákvæði EES-samningsins um hagskýrslugerð

Ákvæði um hagskýrslugerð í EES-samningnum eru í meginatriðum þríþætt:

1. Í einni grein samningsins, 76.gr., er kveðið sérstaklega á um samstarf í hagskýrslugerð. Er þar annars vegar lögð áhersla á úrvinnslu og dreifingu sambærilegra hagskýrslna en hins vegar á þróun samræmdra aðferða, skýrgreininga og flokkana ásamt því að beitt sé sameiginlegum starfsáætlunum og vinnubrögðum.
2. Í XXI. viðauka eru sérstök ákvæði um þær gerðir ESB á sviði hagskýrslugerðar sem samið var um að teknar yrðu upp í samninginn.
3. Í bókun 30 er kveðið á um skipulag samstarfsins á sviði hagskýrslugerðar og fjármögnun þess.

Segja má að ákvæði um grundvöll hagskýrslusamstarfsins og tilgang þess séu í 76. gr. samningsins. Þessi ákvæði hafa dugað vel og eru enn í fullu gildi. Ljóst er að áherslan á sambærileika hagskýrslna og samræmi í vinnubrögðum hefur fremur aukist en minnkað. Þetta hefur m.a. komið fram í því að þróunarstarf hefur verið aukið til muna. Það hefur einkum beinst að mótun samræmdra reglna um vinnubrögð og aðferðir ásamt undirbúningi undir setningu reglugerða um gagnasöfnun, úrvinnslu og birtingu á einstökum sviðum. Enn fremur hefur verið unnið að þróun flokkunarkerfa og aðferðafræði. EFTA-ríkin hafa tekið virkan þátt í þessu samstarfi.

Við undirbúning samningsákvæða um hagskýrslusamstarf var gengið út frá því að samstarfið skyldi ná til almennra hagskýrslna en ekki til þeirra sérgreindu skýrslna eða hagtalna sem ESB-ríkin þurfa að vinna vegna sértækra stjórnsýslu- og framkvæmdarákvæða, svo sem

vegna framleiðslu- eða samkeppnisstýringar í landbúnaði, stáliðnaði og orkumálum svo að eitthvað sé nefnt. Reglugerðirnar, sem upp voru teknar í viðauka XXI, lúta flestar að almennri hagskýrslugerð en í öðrum tilvikum var samið um undanþágur eða frávik frá ákvæðum um skýrslugerð sem var beinlínis miðuð við sértækar stjórnvaldsþarfir ESB. Enn fremur var það lagt til grundvallar að EFTA-ríkin þyrftu yfirleitt ekki að láta í té talnaefni eftir landshlutum eða landsvæðum enda væri þess háttar efni fyrst og fremst ætlað til mótunar og framkvæmdar byggðastefnu ESB sem EFTA-ríkin ættu ekki aðild að.

Ákvæði um skipulag og rekstur hagskýrslusamstarfsins í bókun 30 fjalla um skipulag samstarfsins, þátttöku EFTA-ríkja í sameiginlegu starfi og í nefndum ESB á þessu sviði og um fjárframlög EFTA-ríkja til þessarar starfsemi. Hvað skipulagið snertir er kveðið á um að samstarfinu skuli stýrt af sameiginlegri nefnd sem skipuð sé hagstofustjórum aðildarríkjanna, forstjóra Eurostat og hagskýrsluráðgjafa EFTA. Í því sambandi er meðal annars lögð áhersla á sameiginlegar starfsáætlanir. Þá er kveðið á um að EFTA-ríkin skuli taka fullan þátt í þeim nefndum ESB sem fjalla um hagskýrslugerð í umboði framkvæmdastjórnarinnar. Þá segir að skrifstofa hagskýrsluráðgjafa EFTA skuli samræma gagnaflæði til Eurostat sem síðan annist varðveislu gagna. Skrifstofa hagskýrsluráðgjafans skal enn fremur fylgjast með því að hagskýrslum um Evrópska efnahagssvæðið sé miðlað til hinna mismunandi notenda og til almennings. Loks er kveðið á um að EFTA-ríkin skuli ár hvert reiða fram fé vegna þátttöku sinnar í samstarfinu. Annars vegar skulu EFTA-ríkin í samræmi við 82(1)a gr. í EES-samningnum bera þann kostnaðarauka sem Eurostat verður fyrir vegna móttöku, varðveislu og miðlunar gagna frá EFTA-ríkjunum. Um þetta skal samið ár hvert. Var gengið út frá því að í fyrstu yrði um fremur lágar fjárhæðir að ræða en þær færu vaxandi eftir því sem söfnun gagna og útgáfu hagtalna yndi fram allt þar til tilteknu hámarki væri náð. Hins vegar skulu EFTA-ríkin greiða árlegt framlag til að mæta föstum kostnaði Eurostat í samræmi við 82(1)b. gr. Þessar greiðslur skiptast á EFTA-ríkin í hlutfalli við landsframleiðslu þeirra.

3. Framvinda hagskýrslusamstarfsins

Segja má að eiginlegt samstarf ESB og EFTA-ríkja í hagskýrslugerð hafi hafist með stofnun skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA í Lúxemborg í febrúar 1991. Starfsemi skrifstofunnar beindist í fyrstu að því að aðstoða við undirbúning samningsákvæða og aðstoða hagstofur EFTA-ríkjanna við að ná áttum í samskiptum við Eurostat og hefja störf í hinum fjölmörgu vinnunefndum Eurostat og aðildarríkjanna. Síðar beindist starf skrifstofunnar í meira mæli að því að hlutast til um móttöku gagna og útgáfu hagtalna í skýrslum Eurostat. Jafnframt varð fljótlega samkomulag milli EFTA og Eurostat um að byggja samstarfið að hluta á starfi sérfræðinga frá EFTA-ríkjum innan Eurostat. Af hálfu EFTA var álitið að með þessu móti gætu EFTA-ríkin haft bein áhrif á þróunarstarfið innan Eurostat og leitast við að beina því í farvegi sem væru þeim heppilegir. Hagstofur Norðurlandanna lögðu t.d. áherslu á að hagnýta stjórnsýslugögn og -skrár til hagskýrslugerðar í stað þess að að afla gagna með viðamiklum og mjög fjárfrekum könnunum. Eurostat lagði á móti áherslu á að færa sér í nyt þekkingu og reynslu EFTA-ríkjanna, ekki síst norrænu hagstofanna, á nokkrum sviðum þar sem ESB-ríkin væru skemmra á veg komin, t.d. í hagskýrslugerð um umhverfismál, notkun stjórnvaldsgagna til hagskýrslugerðar og þróun samræmdra varðveislu- og miðlunarkerfa hagtalna.

Samstarfið í hagskýrslugerð átti í upphafi nokkuð erfitt uppdráttar innan Eurostat og í vinnunefndunum. Fulltrúum EFTA-ríkja og málefnum þeirra var þó ekki illa tekið í upphafi en þátttaka EFTA-ríkja í hagskýrslustarfinu og sérstaða þeirra mætti litlum skilningi innan Eurostat í fyrstu. Því var mjög gagnlegt að á þessu sviði var ekki beðið formlegrar niðurstöðu

í EES-samningnum og tíminn nýttur til að hrinda samstarfinu af stað. Þetta tókst svo vel að hagskýrslusamstarfið var þegar komið á þungan skrið er EES-samningurinn tók gildi.

Segja má að hagskýrslusamstarfið fari einkum um fjóra meginfarvegi. Það eru hagstofustjórafundir, starf og fundir vinnunefnda Eurostat, samskipti hagstofa og annarra stofnana EFTA-ríkjanna við Eurostat og starf innan eða í tengslum við Eurostat.

3.1 Hagstofustjórafundir EES

Sem fyrr segir fer nefnd hagstofustjóra EES með stefnumótun og skipulag hagskýrslusamstarfsins samkvæmt bókun 30. Í reynd var þessi nefnd nær strax í upphafi felld að hinni reglubundnu nefnd hagstofustjóra ESB (Statistical Programme Committee, SPC) sem er æðsta nefnd framkvæmdastjórnarinnar í hagskýrslumálefnum. Lengst af hefur því enginn greinarmunur verið gerður á því hvort fjallað er um málefni sem strangt til tekið eru sameiginleg samkvæmt EES-samningnum eða snerta einungis ESB-ríkin. Þessi aðgreining er í reynd orðin býsna óljós þar sem samstarfið hefur smám saman spannað flest svið hagskýrslna. Hagstofustjórafundir voru í fyrstu tveir á ári en var fjölgað í fjóra um það leyti sem EES-samningurinn tók gildi. Fundirnir standa í einn dag en einu sinni á ári bætist við fundur í sérstakri samráðsnefnd hagskýrslufólks og notenda hagtalna og í annað sinn bætist við tveggja daga fagleg ráðstefna hagstofustjóra og helstu aðstoðarmanna þeirra. Síðastnefndi fundurinn er haldinn í einhverju aðildarríkja ESB en aðrir fundir eru ýmist í Lúxemborg eða Brussel. Á hagstofustjórafundum er fjallað um starfsáætlanir samstarfsins, tillögur um nýjar reglugerðir eru afgreiddar formlega og rætt um stefnumótandi mál og þróunarstarf.

Starfsáætlanir eru bæði til fimm ára og til eins árs í senn. Þær taka til alls samstarfsins, bæði milli ESB-ríkjanna einna og EES-ríkjanna og er samstarfsáætlun EES formlega hluti af heildaráætluninni. Upphaflega voru þessar áætlanir ekki sérlega beysnar og var talsverður greinarmunur gerður á ESB- og EES-hluta þeirra. Undanfarin ár hefur hins vegar verið unnið mikið að því að kröfu hagstofustjóranna og í samráði við þá að bæta þessar áætlanir. Meðal annars er verkefnum nú forgangsraðað og greint frá umfangi nýrra verkefna og breyttra og kostnaði af þeim. Áætlanirnar eru unnar af Eurostat en aðildarríkin koma að þeim á undirbúningsstigi og taka EFTA-ríkin fullan þátt í því starfi. Nú orðið er mun minni greinarmunur gerður á ESB-áætlun og EES-áætlun en var í upphafi.

Hagstofustjórafundir fjalla um stefnumótun, nýmæli í hagskýrslugerð, breytingar gildandi tilhögunar o.þ.h. Sé sæmileg sátt um þessi atriði fer nánari undirbúningur fram innan einhverra hinna fjölmörgu vinnunefnda Eurostat. Að því loknu ganga formlegar tillögur um nýjar gerðir eða breytingar eldri gerða til hagstofustjórafunda til afgreiðslu. Það vinnulag hefur nýlega verið tekið upp að með stöðluðum tölvupóstsamskiptum er fyrir fram leitað álits hagstofustjóranna á málum sem bera á upp til atkvæðagreiðslu eða til álitsgerðar á hverjum fundi. Hagstofur EFTA taka fullan þátt í þessu. Andmæli og athugasemdir geta leitt til breytinga á tillögum eða a.m.k nánara samráðs um ágreiningsmál. Hagstofustjórar EFTA-ríkja hafa ekki atkvæðisrétt við formlegar atkvæðagreiðslur en álit þeirra sem heildar er ævinlega látið í ljós við atkvæðagreiðslu og þess getið sérstaklega í fundargerð.

Fyrir nokkrum árum var komið á fót sérstakri samráðsnefnd innan vébanda hagstofustjóranefndarinnar. Samráðsnefndin var skipuð fimm hagstofstjórum ESB-ríkja og átti hún að fjalla óformlega um samstarfið, hagstofustjórafundina o.þ.h. EFTA-ríkin komu inn í þessa nefnd í ársbyrjun 1998. Nefndin var lengi vel máttlítil enda var hún í reynd umboðslaus. Eftir mikið þóf var nefndin lögð niður á árinu 1999 og hún endurreist í nýrri mynd. Hafði hún þá fengið umboð og ákveðið hlutverk, henni settar verklagsreglur og skipan fulltrúa ákveðin. Einn hagstofustjóra EFTA-ríkja á eftir það fast sæti í nefndinni ásamt hagstofustjórum núver-

andi, fyrrverandi og verðandi formennskuríkja ESB, forstjóra Eurostat og einum hagstofustjóra sem er valinn af hagstofustjórahópnum til að gegna formennsku í nefndinni. Nefndin hittist nú þrisvar til fjórum sinnum á ári til að undirbúa hagstofustjórafundi og fjalla um samstarf ríkjanna og Eurostat. Nefndin er þegar farin að hafa góð áhrif á samstarfið, sérstaklega á undirbúning, vinnubrögð og skilvirkni hagstofustjórafundanna. Hagstofustjóri Íslands hefur verið fulltrúi EFTA-ríkjanna í nefndinni frá því að þau fengu aðild að henni en hinn norski starfsbróðir hans tekur við því hlutverki um mitt ár 2000.

3.2. Vinnunefndir Eurostat

Sem fyrr segir starfa fjölmargar vinnunefndir á vegum Eurostat. Hlutverk þeirra er yfirleitt að efla hagskýrslugerðina og samhæfa flokkanir, aðferðir, skýrgreiningar og vinnubrögð í aðildarríkjunum. Jafnframt fjalla vinnunefndirnar sérstaklega um drög að tillögum Eurostat um nýjar reglugerðir og tilskipanir og breytingar eldri gerða. Í þessu starfi gætir oft nokkurrar togstreitu milli fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, sem er oftast Eurostat, og hagstofa aðildarríkjanna. Kröfur framkvæmdastjórnarinnar um hagskýrslugerð hafa kallað á sífellt umfangsmeira starf hagstofanna og skjótvirkari vinnubrögð en áður. Þar á meðal er krafist aukinna og sundurgreindari upplýsinga frá fyrirtækjum og almenningi. Hagstofurnar benda á að í þessu felist mótsagnir því að á sama tíma lofi framkvæmdastjórnin að draga úr upplýsingabyrði fyrirtækja og auka trúnað í meðferð upplýsinga. Hvort tveggja sé í mótsögn við kröfur um sundurgreindari gögn og skýrslugerð. Þá sé mjög erfitt að gera skýrslugerðina sundurgreindari, nákvæmari og áreiðanlegri jafnframt því sem hún verði skjótvirkari og skili niðurstöðum fyrr en áður. Loks bíti framkvæmdastjórnin og ríkisstjórnir aðildarríkja höfuðið af skömminni með því að draga úr fjárframlögum til hagskýrslugerðar, bæði á vettvangi Evrópusamstarfsins og heima fyrir. Nefndarfundir einkennast oft af þessari togstreitu. Framkvæmdastjórnin í líki Eurostat sækir á um aukin verkefni, sundurgreindari, vandaðri, tímanlegri og fjárfrekari. Hagstofurnar eru í sífelldri vörn að gæta þess að kröfurnar séu raunhæfar og nýjungar og breytingar framkvæmanlegar svo og að fé fáist til umfangsmeiri starfsemi.

EFTA-ríkin eiga fullan aðgang að vinnunefndum Eurostat og hafa þar tillögurétt og málfrelsi. Hið sama gildir um ýmsar skammtímanefndir sem starfa að sameiginlegum verkefnum ESB og EFTA eða fjalla um samstarfið innan Eurostat. Í fyrstu var allur gangur á því hvernig móttökur fulltrúar EFTA-ríkjanna fengu hjá Eurostat í þessum nefndum en nú orðið eru lítil vandkvæði uppi í þessu efni og lítill sem enginn greinarmunur gerður á fulltrúum ESB og EFTA. Mjög mikilvægt er að EFTA-ríkin taki virkan þátt í ýmsum lykilnefndum sem fjalla um þau svið þar sem samstarfið er hvað mest. Annars vegar fer undirbúningur nýrra gerða og breytinga á gerðum fram í vinnunefndunum og þetta er helsti vettvangurinn sem ríkin hafa til að hafa áhrif á efni gerða. Hins vegar fer heilmikið þróunarstarf fram í nefndunum sem hagskýrslustofnanir EFTA-ríkjanna fylgjast með, taka þátt í og njóta góðs af. Þetta er ekki síst brýnt fyrir íslenskar hagskýrslustofnanir enda hafa þær naumast bolmagn til að stunda starfsemi af þessu tagi einar og sér.

3.3. Samskipti innlendra hagskýrslustofnana og Eurostat

Bein samskipti hagstofa EFTA-ríkja og Eurostat snúast nú orðið aðallega um öflun og afhendingu gagna og um tiltekin samstarfsverkefni sem um kann að vera samið. Hvað öflun gagna og afhendingu snertir var í upphafi gert ráð fyrir að EFTA-skrifstofan í Lúxemborg hefði milligöngu milli EFTA-ríkjanna og Eurostat. Frá þessu hefur verið horfið og talið betra að samskiptin væru sem beinust og án millilíða. Skrifstofa hagskýrsluráðgjafans fylgist hins vegar með hvernig móttöku og varðveislu gagna frá EFTA-ríkjunum er háttað í gagnasöfnum

Eurostat og þau síðan nýtt til útgáfu. Hefur reynst full þörf á þessu enda er það eitt meginmarkmiðið með samstarfinu að hagtölur EFTA-ríkja birtist sem víðast með evrópskum tölum, hvort heldur þeim er miðlað rafrænt eða á pappír. Með samstarfsverkefnum er átt við sérstök verkefni sem hagstofur eða aðrar hagskýrslustofnanir EFTA-ríkja takast á hendur til að breyta hagskýrslugerð sinni og bæta hana og þar sem samkomulag verður um að Eurostat greiði hluta kostnaðarins. Öll núverandi EFTA-ríki hafa notið góðs af þessu. Þessi tilhögun á rætur að rekja til þess að EFTA-ríkin greiða árlegt framlag til almenns hagskýrslustarfs á vegum Eurostat og geta á þennan hátt fengið hluta af því til baka í formi kostnaðarhlutdeildar.

3.4. Starf innan eða í tengslum við Eurostat

Fjórði meginfarvegur hagskýrslusamstarfsins, sem nefndur var hér á undan, var starf innan eða í tengslum við Eurostat. Hér er meðal annars um að ræða störf sérfræðinga frá hagskýrslustofnunum EFTA-ríkja hjá Eurostat. Í hagskýrslusamstarfinu hefur sú leið verið farin að sérfræðingarnir eru í leyfi frá föstum störfum sínum í heimalandinu, þeir eru ráðnir sem starfsmenn EFTA en starfa innan Eurostat og lúta verkstjórn þar. Þetta fyrirkomulag var fyrst tekið upp á árinu 1992 sem hluti af hinu svonefnda Lúxemborgarferli, en var svo þróað og útvíkkað á árunum 1993 og 1994. Þegar EFTA-ríkin innan EES voru 6 að tölu var u.þ.b. hálfur þriðji tugur hagskýrslusérfræðinga frá EFTA-ríkjunum starfandi við Eurostat. Nú eru fimm sérfræðingar hjá Eurostat, þar af einn Íslendingur. Þessi tilhögun hefur þótt gefa mjög góða raun.

Annar þáttur starfsins innan Eurostat er í höndum skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA. Skrifstofan hefur umsjón með samstarfinu, hún kemur fram fyrir hönd EFTA-ríkjanna í ýmsum greinum, fylgist með störfum sérfræðinganna, með fjármálum samstarfsins og með móttöku, meðferð og miðlun hagskýrslna EFTA-ríkjanna. Starfsmenn skrifstofunnar eru nú þrír að tölu, voru sex þegar mest var.

Þriðji þáttur starfsins innan eða í tengslum við Eurostat eru störf að ýmsum verkefnum sem ekki tilheyra formlega hagskýrslusamstarfinu innan ramma EES-samningsins en sem EFTA hefur samið sérstaklega um að verja fé til. Hér má aðallega telja þrjú verkefni, þróunaraðstoð á sviði hagskýrslugerðar við fyrrverandi austantjaldsríki í tengslum við Phare-sjóðinn svonefnda, svipaða aðstoð við tólf Miðjarðarhafsríki í tengslum við svonefnt Medstat-verkefni og þátttöku í svonefndu TES-verkefni sem lýtur að menntun hagskýrslufólks (TES stendur fyrir Training of European Statisticians).

3.5. Samráð hagstofa EFTA-ríkja

Hagstofur EFTA-ríkjanna hafa haft með sér víðtækt samráð um samstarfið innan Evrópska efnahagssvæðisins allt frá upphafi samninga um það. Þetta samráð hefur nú síðustu árin aðallega farið fram á vettvangi þriggja nefnda. Nefnd hagstofustjóra hefur yfirumsjón með hagskýrslusamstarfi ríkjanna, bæði því sem fellur beinlínis undir EES-samninginn og hinu sem er utan hans. Þá eru tvær undirnefndir, rekstrarnefnd sem fjallar um ýmis mál sem tengjast fjármálum hagskýrslusamstarfsins, ráðningu sérfræðinga o.fl. og laganefnd sem fjallar um upptöku nýrra gerða og aðlögun að þeim. Svisslendingar taka þátt í störfum þessara nefnda að svo miklu leyti sem málin snerta ekki beinlínis EES-samninginn.

4. Reynslan af hagskýrslusamstarfinu

Eins og sjá má af frásögninni hér undan hefur hagskýrslusamstarf ESB og EFTA-ríkja verið umfangsmikið. Það hófst snemma, fór fljótlega vaxandi og nær nú til flestra sviða hag-

skýrslugerðarinnar. Ýmsir hnökrar voru á samstarfinu í byrjun en þeim hefur fækkað í tímans rás. Segja má að það hafi orðið æ liprara eftir því sem því hefur fleygt fram og nánari kynni tekist með hlutaðeigandi stofnunum og starfsmönnum þeirra. Að þessu leyti hefur samstarfið orðið beinna og óformlegra og hefur yfirleitt tekist ágætlega að fjalla um og útkljá álitamál sem upp hafa komið milli hagskýrslustofnana EFTA-ríkja og Eurostat um söfnun og afhendingu gagna. Á hinn bóginn hefur Eurostat lagt á það vaxandi áherslu undanfarin ár að festa hagskýrslusamstarfið innan ESB, og þar með innan EES eftir því sem við á, sem mest í formlegar reglugerðir, tilskipanir og ákvarðanir. Samstarfið hefur því orðið æ formbundnara að þessu leyti. Enn fremur hefur orðið æ erfiðara fyrir EFTA-ríkin að semja um undanþágur frá reglugerðum, um sérákvæði eða sérstaka fresti umfram það sem aðildarríki ESB njóta á grundvelli beinna ákvæða reglugerðanna. Ástæðan er sú að slíkar undanþágur þykja gefa slæmt fordæmi í samskiptum Eurostat og hagskýrslustofnana ESB-ríkjanna. Er þá á það bent að EFTA-ríkin hafi góða möguleika til að hafa áhrif á samningu og setningu reglugerða á vegum vinnunefnda Eurostat og í nefnd hagstofustjóranna.

Þetta er að hluta til rétt en að öðru leyti ekki enda engin trygging fyrir því að sjónarmið EFTA-ríkja fái hljómgrunn. Enn fremur eru áhrif EFTA-ríkjanna takmörkuð við umræður innan ramma EES-samstarfsins, þ.e. á fundum hagstofustjóranefndarinnar og vinnunefndanna. Verði mikill ágreiningur milli aðildarríkja ESB í hagstofustjóranefndinni, sem ekki tekst að leysa á þeim vettvangi, gengur ágreiningsmálið áfram til nefnda framkvæmdastjórnarinnar eða ráðsins og er þá leitt til lykta á þeim vettvangi. Þar hafa EFTA-ríkin engin áhrif. Hið sama gildir um gerðir sem Evrópuþingið á aðild að ásamt ráðinu eins og nú færist í vöxt, að þar geta EFTA-ríkin ekki haft áhrif á efni og gang mála. Af þessum sökum hafa hagstofustjórar EFTA-ríkjanna að undanförnu beitt sér meira og oftar en áður við umfjöllun og afgreiðslu tillagna.

Reynsla Íslendinga af hagskýrslusamstarfinu er í öllum aðalatriðum ágæt. Enginn vafi er á að samstarfið hefur verið íslenskri hagskýrslugerð til mikils framdráttar, bæði hvað snerir umfang og gæði. Þessi framvinda hefur vitaskuld haldist í hendur við framþróun í stjórnkerfinu innanlands og aukna áherslu heima fyrir á meiri, betri og tímanlegri hagskýrslur en áður og sem mest sambærilegar við evrópskar skýrslur og alþjóðlegar. Íslenskar hagtölur eru nú tiltækar í miklu fleiri útgáfum og gagnabönkum í Evrópu og raunar víðar í heiminum en áður var. Eftirspurn eftir íslenskum hagtölum og hagskýrslum hefur einnig farið ört vaxandi undanfarin ár en jafnframt er nú orðið mun auðveldara að sinna henni, meðal annars með hagnýtingu og tilvísun til innlendra og erlendra gagnabanka og hagskýrslna, ekki síst evrópskra.

Hagstofa Íslands er í fyrirsvari í þessu samstarfi og leitast við að samræma það heima fyrir. Stefna Hagstofunnar undanfarin ár hefur verið sú að reyna að tengja sem mest innlendar þarfir og evrópskar og raunar alþjóðlegar þegar því er að skipta. Oft fara þær saman en ekki alltaf. Í ýmsum greinum þarf að sinna innlendum þörfum án tillits til þess hvort hagtölurnar nýtast á erlendum vettvangi. Í öðrum greinum getur verið mikilvægt að sinna eftirspurn eftir hagtölum frá Eurostat eða öðrum erlendum stofnunum og fyrirtækjum þótt þær teljist ekki bráðnauðsynlegar á heimavelli. Er þá um það að ræða að íslenskar hagskýrslur séu til þess fallnar að vekja traust á íslenskri stjórnsýslu og efnahags- og félagsmálum meðal erlendra viðsemjenda, viðskiptamanna, lánardrottna, fjárfesta eða annarra þeirra sem Íslendingar hafa hag af að skipta við.

Evrópusamstarfið í hagskýrslugerð hér á landi nær að heita má til allra stofnana sem fást við hagskýrslur eða gögn til þeirra, eftir því sem verkefni hverrar þeirra gefa tilefni til. Hagstofan tekur einkum beinan þátt í samstarfinu um hagskýrslugerð um verðvísitölur, verðlagsmál og jafnvirðisreikninga, utanríkisverslun, laun, fiskafla, iðnaðarframleiðslu, mannfjölda,

vinnumarkað, ferðaþjónustu og samgöngur, félagsmál, heilbrigðismál og almannatryggingar, umhverfismál og menntamál. Þá sinnir hún margháttaðri gagnaöflun frá innlendum stofnunum og annast afhendingu gagna til Eurostat. Þjóðhagsstofnun sinnir hagskýrslusamstarfi á sviði þjóðhagsreikninga og atvinnuvegaskýrslna, Seðlabankinn á sviði greiðslujafnaðar og lánsfjármarkaðar og Ríkisbókhald á sviði ríkisfjármála. Af öðrum stofnunum, sem taka þátt í samstarfinu, yfirleitt í nánum tengslum við Hagstofuna, má nefna Kjararannsókarnefnd, Hagþjónustu landbúnaðarins, Fjármálaeftirlitið, Rannsóknarráð Íslands og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Flestar stofnanirnar hafa jafnframt átt fulltrúa í vinnunefndum Eurostat. Að áliti Hagstofunnar er þetta mjög mikilvægt. Í fyrsta lagi er brýnt að innlendu stofnanirnar og starfsmenn þeirra kynnist verkefnunum að fullu, öðlist skilning á tilgangi þeirra og geti borið saman bækur sínar við starfssystkin, bæði innan Eurostat og frá öðrum hagstofum, um aðferðir, flokkanir og vinnubrögð. Í öðru lagi er mikilvægt að innlendar stofnanir og sérfræðingar fylgist sem best með og njóti góðs af því þróunarstarfi sem unnið er innan vébanda eða á vegum nefnda Eurostat. Í þriðja lagi skiptir miklu að Íslendingar séu sýnilegir í samstarfinu og sérfræðingar Eurostat komist í kynni við íslenska sérfræðinga og íslenska hagskýrslugerð. Þetta léttir allt samstarfið og verður til þess að oft má ná lausnum í málum sem íslenskar stofnanir eiga erfitt með að sinna og þar sem snöggir blettir eru á íslenskri hagskýrslugerð. Verður þá að hafa í huga að snöggu blettirnir eru í reynd allmargir sé miðað við hagskýrslugerð nágrannaríkjanna sem við berum okkur helst saman við. Til marks um hversu ríka áherslu Hagstofa Íslands leggur á starfið í vinnunefndum Eurostat má nefna að á árinu 1999 sóttu alls 22 starfsmenn hennar 44 fundi í vinnunefndum og starfshópum í tengslum við EES-samstarfið.

5. Hugsanlegar breytingar við aðild að ESB

Þótt mikil reynsla sé fengin af hagskýrslusamstarfinu á grundvelli EES-samningsins er erfitt að fullyrða hvaða breytingar yrðu á samstarfinu ef Íslendingar gerðust aðilar að ESB. Hér á eftir er leitast við að fjalla um þetta með hliðsjón af nokkrum meginatriðum sem snerta umfang hagskýrslugerðarinnar.

1. Hafa þarf hliðsjón af því hvernig Hagstofunni og öðrum innlendum hagskýrslustofnunum tekst að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Í því efni verður að telja að staðan sé allgóð en þó engan veginn fullkomin. Í ýmsum greinum er íslenska skýrslugerðin í eftirdrætti án þess að athugasemdir hafi verið gerðar við það vegna þess að fyrir liggur að unnið er að úrbótum og nýrri skýrslugerð. Þetta á m.a. við um breytingar á kerfi þjóðhagsreikninga, um framleiðsluskýrslur og skýrslugerð um umsvif atvinnugreina. Á nokkrum sviðum er unnið að þróun hagskýrslna sem tiltækar þurfa að vera eftir 1–3 ár. Þetta á meðal annars við um skýrslur um laun, tekjur og atvinnu. Sýnt er að ef unnt á að vera að standa við þessar skuldbindingar þarf að efla skýrslugerðina enn frekar jafnvel þótt ekki komi til aðildar að ESB. Loks er íslensk hagskýrslugerð enn svo fátækleg í nokkrum greinum að hún stendur ekki undir fyrirheitum um gagnaöflun og skýrsluskil. Þetta á t.d. við um ýmis viðfangsefni á sviði samgöngumála. Líklegt er að ef kæmi til aðildar yrði gengið ríkara eftir því en nú er gert að skýrslugerðin spannaði öll svið þar sem þegar eru gerðar formlegar kröfur þar að lútandi. Þetta mundi kosta talsvert átak, ekki síst vegna þess að líklegt er að í ýmsum tilvikum yrði ekki hægt að hagnýta stjórnvaldsgögn heldur yrði að koma á nýrri reglubundinni gagnasöfnun frá fyrirtækjum eða beita umfangsmiklum og fjárfrekum könnunum til gagnaöflunar.
2. Íslendingar komast nú hjá að taka þátt í ýmsum hliðarverkum eða aukaverkum sem

tengjast hagskýrslugerðinni og þróun hennar. Hér er m.a. um að ræða ýmsar forkannanir og athuganir vegna áforma um breytingar á hagskýrslugerðinni eða gagnasöfnun til hennar. Líklegt má telja að kröfur um þátttöku í þess háttar verkefnum eða gagnaöflun til þeirra ykjust við aðild að ESB.

3. Hagskýrslusamstarfið nær nú fyrst og fremst til almennra hagskýrslna en ekki til sértækrar gagnasöfnunar og skýrslugerðar sem aðildarríki ESB þurfa að sinna vegna ýmissa styrkja- og stýrikerfa sem ESB beitir. Samstarfið tekur heldur ekki til hagskýrslna um einstök landsvæði. Engu verður slegið föstu um hvernig þessu kann að verða komið fyrir ef til aðildar kemur, það hlýtur að fara eftir efni og ákvæðum aðildarsamnings. Þó sýnist mega fullyrða að vegna þessara þátta yrðu gerðar mun meiri kröfur til gagnasöfnunar og skýrslugerðar en nú er gert.
4. Gera má ráð fyrir að aðild að ESB mundi leiða til víðtækara samstarfs á ýmsum sviðum en EES-samningurinn gerir, svo og á sviðum sem EES-samningurinn spannar ekki. Enn fremur gætu opnast leiðir til fjármögnunar einstakra verkefna um sameiginlega sjóði. Vafalaust fælist í þessu aukin þörf fyrir söfnun og úrvinnslu upplýsinga. Hagskýrslusamstarfið er þegar mun víðtækara og spannar í reynd fleiri svið en formlega er kveðið á um í EES-samningnum.
5. Loks er ekki loku fyrir það skotið að við aðild yrðu gerðar ríkari kröfur til skila á mánaðar- og ársfjórðungstölum en nú er.

Niðurstaða þessa er sú að aðild að ESB hlýtur að leiða til þess að styrkja þarf íslenska hagskýrslugerð og veita talsvert meira fé til íslenskra hagskýrslustofnana en nú er gert. Raunar er þegar þörf á að halda áfram að styrkja hagskýrslugerðina til þess hún fái risið undir núverandi skuldbindingum.

Að lokum skal á það minnt að hiklaust verður að telja að EES-samningurinn hafi verið og sé íslenskri hagskýrslugerð til framdráttar. Á sama hátt verður að ætla að í aukinni hagskýrslugerð og endurbættri vegna aðildar að ESB mundi ekki aðeins felast aukin byrði heldur ekki síður ávinningur og framfarir sem yrðu til hagsbóta fyrir stjórnvöld, atvinnulíf og almenning.

Gagnlegar vefslóðir um hagskýrslugerð
Hagstofa Íslands: http://www.hagstofa.is/
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/comm/dgs/eurostat/index_en.htm

11. kafli
Félagaréttur

Samantekt

Aðlögun að félagaréttarákvæðum EES hefur gengið vel en þar eð þróun þessa þáttar hefur ekki verið ör undanfarin ár og rétturinn tiltölulega fastmótaður hefur samstarfið ekki verið mjög virkt. Samræming reglna á þessu sviði eykur traust og auðveldar alþjóðlegt samstarf. Gallinn við framkvæmdina hefur verið að breytingar á þessu sviði eru sérstaklega lengi í mótun innan ráðherraráðsins og Evrópuþingsins þar sem EFTA/EES-ríkin hafa engan aðgang. Aðild að ESB mundi þó litlu sem engu breyta um setningu löggjafar.

1. Almennt

Ein af meginreglum Evrópska efnahagssvæðisins felur í sér rétt til að stofnsetja og reka félög eða fyrirtæki í svæðisríkjum með sama rétti og landsmenn þar, sbr. 31. og 34. gr. EES-samningsins. Í 77. gr. samningsins segir síðan að XXII. viðauki við samninginn geymi sér-

stök ákvæði um félagaréttinn. Í viðaukanum er að finna upptalningu á níu tilskipunum, með áorðnum breytingum, og einni reglugerð. Í félagaréttargerðunum er stefnt að því að samræma réttarreglur ríkja á sviði félagaréttar og skapa nýja möguleika í samstarfi þeirra. Tilskipanirnar geyma ákvæði um verndarráðstafanir varðandi hlutafélög, einkahlutafélög og fleiri félög, reglur um samruna og skiptingu hlutafélaga, ársreikninga félaga og einkahlutafélög eins aðila. Í reglugerðinni er fjallað um evrópska fjárhagslega hagsmunafélagið svonefnda sem stofna má t.d. um sameiginleg innkaup á hráefnum.

Upptaka gerða á grundvelli EES-samningsins í landsrétt fór á sínum tíma fram með breytingu á lögum um hlutafélög, setningu nýrra laga um einkahlutafélög, nýrra laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, nýrra bókhaldslaga og sérstakra laga um ársreikninga. Sérstakar reglugerðir hafa jafnvel siglt í kjölfarið.

2. Samstarfið innan EES

Aðlögun að félagaréttarákvæðum EES-samningsins hefur gengið vel. Smábreytingar hafa síðan litið dagsins ljós. Formlegt samstarf við Evrópubandalagið á sviði félagaréttarins hefur ekki verið mikið þar eð fátt markvert hefur verið að gerast þar að undanförnu. Stafar það fyrst og fremst af því að lengi hefur verið djúpstæður ágreiningur innan ESB um reglur um atvinnulýðræði sem tengja á fyrirhuguðum reglugerðum um evrópsk félög. Breytingar þessar snúa að svonefndu evrópsku hlutafélagi, evrópsku samvinnufélagi, evrópskum samtökum og evrópska gagnkvæma félaginu, svo og væntanlegri 10. tilskipun um samruna hlutafélaga þvert á landamæri, sem kæmu til viðbótar gildandi reglum og geta skapað sóknarfæri, ekki síst evrópska hlutafélagið.

Atvinnulýðræðisreglurnar fela í sér upplýsingar til starfsmanna og samráð við þá, t.d. ef loka á fyrirtækjum eða flytja þau. Strandar atvinnulýðræðismálið nú á Spánverjum sem hafa ekki viljað fallast á að sú staðreynd, að 25% starfsmanna aðildarfélags að evrópsku hlutafélagi hafa búið við atvinnulýðræði í sínu heimalandi, leiði til atvinnulýðræðis í evrópska hlutafélaginu sem slíku. Einnig hefur ágreiningur Spánverja og Breta um Gíbraltar verið tengdur þessum og fleiri málum, t.d. drögum að 13. félagaréttartilskipuninni um yfirtökutilboð. Atvinnulýðræðisákvæði tengdust hins vegar ekki framangreindri reglugerð um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög. Óvíst er hvenær leyst verður úr þessum ágreiningsmálum. Talið er að Ísland geti valið einn af þeim möguleikum sem í boði eru varðandi atvinnulýðræði ef önnur EFTA-ríki, sem eru aðilar að EES, svo og ESB-ríkin, geta það.

Á sviði félagaréttar á Evrópska efnahagssvæðinu eiga Íslendingar óreglulegt samstarf við EFTA- og ESB-ríki í félagaréttarnefnd sem kalla má saman eftir þörfum. Þá hafa þeir tekið þátt í fundum ársreikninganefndar og sérstakrar ráðgjafanefndar um ársreikninga. Umræður hafa m.a. verið þar um reikningsskilastaðla, einkum um aðlögun evrópsku reikningsskilastaðlanna, sem fram koma í 4. félagaréttartilskipuninni um ársreikninga, að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Þá hefur verið rætt um reikningsskilastaðla á sviði umhverfiskostnaðar fyrirtækja. Íslendingar eiga einnig formlega aðild að nefnd um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.

3. Hugsanleg breyting við aðild að ESB

Ekki er vitað til þess að gildissvið félagaréttar í ESB sé víðtækara en samstarfið innan EES en hitt er ljóst að samráð um nýjar reglur, einkum á síðari stigum þegar mál eru til meðferðar í ráðherraráði og á Evrópuþinginu, yrði mun nánara en nú er.

Hvað löggjöf varðar hefur það ekki mikil áhrif að gerast aðili að ESB þar eð innan EES er þegar flest sú löggjöf á þessu sviði sem í gildi er. Ljóst er þó að með aðild gæti náðst aukin

áhrif á mótun lagasetningar í mikilvægum málum þar eð aðild fengist að ráðherraráðinu og Evrópuþinginu.

12. kafli
Rannsóknir og þróun

Samantekt

Fyrir tilstuðlan EES-samningsins hafa Íslendingar verið fullgildir aðilar að rannsókna- og þróunarsamstarfi ESB síðan 1995. Íslenskir vísinda- og tæknimenn hafa tekið virkan þátt í evrópskum samstarfsverkefnum. Engar breytingar yrðu við fulla aðild Íslands að ESB að öðru leyti en þær að með þátttöku í ákvarðanatöku innan ráðherraráðs sambandsins og með íslenska þingmenn á Evrópuþinginu hefðu Íslendingar aukna möguleika til áhrifa á mótun rannsókna- og vísindastefnu ESB.

1. Inngangur

Við gildistöku EES-samnings árið 1994 varð Ísland fullgildur þátttakandi í samstarfsáætlunum ESB á sviði rannsókna og þróunar. Langstærsti hluti aðildargjalds þess sem Íslendingar greiða vegna EES-samningsins er framlag til samstarfsáætlana og verkefna á stjórnsýslusviði menntamálaráðuneytisins. Vísinda- og tæknisamstarfið er langviðamest eða u.þ.b. 85%, mælt sem hlutfall af heildaraðildargjaldi Íslands til EES-samstarfsins og í styrkveitingum til verkefna með íslenskri þátttöku.

2. Markmið og þróun samstarfs um rannsóknir og þróun

Fram til ársins 1971 náði samstarf þáverandi Efnahagsbandalagsríkja um rannsóknir aðeins til stál-, kola- og kjarnorkugeirans. Lagalegur grunnur var sáttmálinn um Kola- og stálbandalag Evrópu og sáttmálinn um kjarnorkusamvinnu (EURATOM).

Árið 1971 hófst svonefnt COST-samstarf vegna óska aðildarríkjanna og annarra ríkja í Evrópu. Nítján Evrópuríki voru stofnaðilar en Ísland gerðist aðili að samstarfinu árið 1991. COST er dæmi um evrópskt samstarf þar sem ESB er þátttakandi með einstökum Evrópuríkjum en stjórnar ekki samstarfinu.

Á níunda áratugnum var ákveðið að styrkja samstarf ESB-ríkjanna á sviði rannsókna og þróunar. Var það m.a. gert með einingarlögunum árið 1987 sem veittu Evrópusambandinu frekari heimild til aðgerða á þessu sviði. Hvatinn, sem þar lá að baki, var að Japan og Bandaríkin höfðu á þessum tíma markað sér yfirburðastöðu í hátækniiðnaði og Evrópusambandsríkin óttuðust að þau væru að tapa samkeppnishæfni. Því var stefnt að því að efla vísindalegan og tæknilegan grundvöll evrópsks iðnaðar og efla alþjóðlega samkeppnisstöðu hans með markvissara samstarfi aðildarríkjanna á þessu sviði.[1] Samstarfinu er ætlað að stuðla að hagkvæmari verkaskiptingu milli ríkja sambandsins og koma í veg fyrir tvíverknað og hvetja rannsóknaraðila til að leita yfir landamæri eftir samstarfsaðilum. Fjórar leiðir eru farnar í þessum efnum:

1. Evrópusambandið stendur sjálft að rannsóknarverkefnum á vegum Vísinda- og rannsóknarmiðstöðvar ESB (*Joint Research Centre (JRC)*). Á vegum þessarar miðstöðvar

[1] Samstarf ESB á sviði rannsókna og þróunar var styrkt með einingarlögunum, Maastricht samningnum og með Amsterdamsamningnum.

starfa átta stofnanir, sem eru í fimm ESB-ríkjum.[1] Starfsmenn rannsóknarmiðstöðvar ESB eru u.þ.b. 2500 og hafa þeir einnig samstarf við 800 opinberar stofnanir og einkaaðila. Rannsóknirnar ná til þeirra sviða raunvísinda sem talin eru hafa gildi fyrir öll aðildarríkin. Kostnaður við rekstur miðstöðvarinnar er um 300 milljónir evra á ári. Fjárveiting kemur að hluta úr sjóðum sambandsins. Vaxandi hluta fjármagns JRC er aflað með styrkjum úr rammaáætlun í samkeppni við umsóknir frá öðrum en að auki fást rekstrartekjur af þjónustu við utanaðkomandi aðila.

2. Rannsóknar- og þróunarstarf ESB byggist einkum á rammaáætlunum sem standa í 4–5 ár hver. ESB fjármagnar að hluta (allt að 100% umframkostnaðar) rannsóknir og þróunarstarf innan háskóla, sem og (allt að 50%) opinberra stofnana og fyrirtækja. Er sérstök áhersla lögð á umfjöllun um rammaáætlanir í þessum kafla.
3. Í þriðja lagi eru rannsóknir sem ESB fjármagnar ekki beint. Fjárstuðningi er í þessum tilvikum beint til stjórnunar fjölþjóðlegra samvinnuverkefna. Dæmi um slík verkefni eru CERN, EMBL og ESA.[2]
4. Sumt af rannsóknar- og þróunarstarfi ESB fellur ekki undir ofangreinda þrjá flokka heldur felur í sér samstarf þar sem framkvæmdastjórn ESB, auk aðildarríkjanna og ríkja og alþjóðastofnana utan ESB, er þátttakandi í áætlunum. Dæmi um slíkt samstarf er COST, INTAS og EUREKA. Frá og með fjórðu rammaáætluninni er fé veitt til þessa samstarfs úr áætluninni nema til EUREKA-samstarfsins sem er fjármagnað af þátttökulöndunum sjálfum.

3. Rammaáætlanir ESB á sviði rannsókna og þróunar

Fyrsta rammaáætlun ESB á sviði rannsókna og þróunar hófst 1984 og stóð til 1987. Helstu forgangssvið voru landbúnaður, orkumál, iðnaður og hráefni. Íslendingar höfðu ekki rétt til þátttöku í áætluninni.

Önnur rammaáætlunin (1987–1991) var byggð á nýjum lagagrunni einingarlaganna og var átta forgangssviðum skipt á 32 undiráætlanir. Áhersla var lögð á að kynna til sögunnar nýja tækni í hefðbundnum atvinnugreinum og 60% styrkja var veitt til atvinnuvegatengdra rannsókna, einkum í iðnaði. Upplýsingatækniátakið hófst með verkefnum í þessari rammaáætlun og stendur enn. Sem fyrr voru Íslendingar ekki þátttakendur í áætluninni.

Í þriðju rammaáætlun (1990–1994) birtust að auki áherslur á umhverfisrannsóknir, líftækni og á bætta möguleika fyrir vísindamenn til að halda til dvalar og rannsókna í öðrum aðildarlöndum. Árið 1994 áttu íslenskir aðilar hlut í nokkrum verkefnum sem tilheyrðu þessari áætlun. Frá gildistöku EES-samningsins hefur Ísland tekið fullan þátt í þessu samstarfi.

Fjórða rammaáætlunin stóð yfir frá 1994 til 1998 og í áherslunum endurspegluðust breytt viðhorf sem fólust í því að vísindi og tækni geti lagt sitt af mörkum til að styrkja grundvöll atvinnugreina í álfunni og aukið lífsgæði þegnanna. Athygli var beint að rannsóknum sem komið gætu að gagni á mörgum sviðum atvinnu- og þjóðlífs. Nýjum viðfangsefnum var bætt við, svo sem samgöngutækni og félags- og hagrannsóknum. Þá var íhugað hvaða hlutverki ný þekking gæti gegnt í framkvæmd stefnu ESB á öðrum sviðum. Tengsl rannsókna og

---

[1] Stofnanirnar eru: The Institute for Reference Materials and Measurements í Geel í Belgíu; The Institute for Transuranium Elements í Karlsruhe í Þýskalalandi; The Institute for Systems, Informatics and Safety, The Environment Institute, The Space Applications Institute, The Institute for Health and Consumer Protection sem allar eru í Ispra á Ítalíu; The Institute for Advanced Materials í Petten í Hollandi og The Institute for Prospective Technological Studies í Sevilla á Spáni.

[2] Centre Européene Recherche Nucleaire, European Molecular Biology Laboratory, European Space Agency.

menntunar voru áréttuð og nýsköpun sett í forgrunn. Einnig var meiri áhersla lögð á alþjóðlegt samstarf sem birtist m.a. í þátttöku EFTA/EES-ríkjanna á grundvelli EES-samningsins. Breytingar á lagagrunni samstarfsins voru gerðar með Maastricht-samningnum og rýmkuðu möguleikar til samstarfsins enn frekar. Þátttöku Íslendinga í fjórðu rammaáætluninni verður lýst síðar í þessari umfjöllun um rannsóknir og þróun innan ESB.

Fimmta rammaáætlunin.

Fimmta rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun nær til áranna 1998–2002. Með 5. rammaáætluninni hafa orðið breytingar á vísindastefnu ESB miðað við fyrri áætlanir. Þó að meginmarkmið í rammaáætlunum fram til þessa hafi grundvallast á hagrænu gildi þeirra fyrir aðildarríkin voru flestar umsóknir markaðar vísindastefnu liðins tíma. Skipting vísindanna sjálfra í fræðigreinar, sem að margra mati eiga fátt sameiginlegt, var sá grunnur sem fyrri áætlanir byggðust á og mat á verkefnum tók mið af þessum viðhorfum. Í 5. rammaáætlun dugir hins vegar ekki eingöngu að kynna verkefni sem standast vísinda- og tæknilegar kröfur heldur verður sérhver umsókn að standast mat á nýnæmi þess sem unnið er að. Grunnviðhorfið er yfirskrift 5. rammaáætlunarinnar: „Vísindi og tækni fyrir þegnana."

Viðfangsefnum 5. rammaáætlunarinnar er skipað í þemaáætlanir. Jafnframt eru þrjár áætlanir, sem ganga þvert á þemaáætlanirnar. Nýjung með 5. rammaáætlun er að skipta viðfangsefnum þemaáætlana í *lykilaðgerðir*, og *grunntækni* eða *innviði*. Í *lykilaðgerðum* skulu rannsóknir og þróun á ákveðnum viðfangsefnum komin það langt að hagnýting sé í sjónmáli. Jafnframt þurfa umsækjendur að hafa gert áætlun um með hvaða hætti niðurstöður verða nýttar. Í síðarnefnda flokknum, *grunntækni og innviðir,* er á hinn bóginn fengist við verkefni er miða að nýjungum í tækniþróun og þekkingu. Engu að síður skal leitast við að niðurstöður slíkra verkefna komi að margvíslegu gagni, allt frá því að leggja grunn að vísindaverkefnum til beinnar hagnýtingar. Áhersla er lögð á að tengja saman vísindagreinar og vonast er til að slíkar samtengingar ólíkra fræðigreina, aðferða og kenninga fæði af sér nýja þekkingu.

Heildarframlag ESB og EFTA/EES-ríkja til 5. rammaáætlunarinnar nemur alls 13,7 milljörðum evra. Til viðbótar veitir ESB 979 milljónir evra til kjarnorkurannsókna en EFTA/EES-ríkin taka ekki þátt í slíku rannsóknarsamstarfi. Að neðan er að finna yfirlit yfir 5. rammaáætlunina.

–Þemaáætlun– Lífsgæði og lífrænar auðlindir	**–Þemaáætlun– Upplýsingasamfélagið**	**–Þemaáætlun– Samkeppni og sjálfbær vöxtur**	**–Þemaáætlun– Orka, umhverfi og sjálfbær þróun**
➢ Fæða, næring og heilbrigði	➢ Upplýsingaveitur og þjónusta við þegnana	➢ Vörur, ferlar og skipulag	➢ Vatnsbúskapur/ vatnsgæði
➢ Smitsjúkdómar	➢ Rafræn viðskipti og nýskipan starfa	➢ Samþættar og sjálfbærar samgöngur	➢ Hnattrænar breytingar, loftslag,
➢ Fruman sem „verksmiðja" (líftækni)	➢ Margmiðlun: Efni og búnaður	➢ Landflutningar og sjávartækni	➢ Lífskrúð
➢ Sjálfbær landbúnaður, fiskveiðar og skógrækt	➢ Innviðir og grunnþekking	➢ Flug- og geimferðatækni	➢ Líffræðileg fjölbreytni (lífskrúð), sjálfbær vistkerfi sjávar
➢ Öldrun og fötlun	➢ Ný þekking og tækni	➢ Innviðir og grunntækni	➢ Borg framtíðar og menningararfurinn
➢ Innviðir og grunntækni	➢ Nettenging vísindastofnana		➢ Hreinar orkulindir
	➢ Innviðir og grunntækni		➢ Hagkvæm samkeppnishæf orka
			➢ Innviðir og grunntækni

Þveráætlanir

Alþjóðlegt samstarf

Viðfangsefni: Samstarf við umsóknarlönd, samstarf við NIS og CEEC-lönd sem ekki hafa sótt um aðild, við Miðjarðarhafslönd, þróunarlönd, ríki í SA-Asíu og önnur iðnríki. Samstarf við alþjóðasamtök og stofnanir, m.a. COST, EUREKA og INTAS.

Nýsköpun og aukin þátttaka lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja

Viðfangsefni: Nýsköpun, aukin þátttaka lítilla og meðalstórra fyrirtækja, nýting á niðurstöðum úr rannsóknum á vegum ESB, nýjar leiðir við tækniyfirfærslu, miðlun upplýsinga, einkaréttarmál, aðgangur að áhættufjármagni, tilurð nýsköpunar- og sprotafyrirtækja.

Bættur mannauður til rannsókna – betri félags- og hagfræðiþekking

Annars vegar verkefni sem eiga það sammerkt að hafa þýðingu fyrir þveráætlanirnar allar en einnig er um að ræða sérstaka lykilaðgerð sem fjallar um félags- og hagrannsóknir:

I) Bættur mannauður til rannsókna: Stuðningur við þjálfun og skipti á vísindamönnum, netverk fyrir þjálfun vísindamanna, Marie Curie styrkir, bættur aðgangur að stórum rannsóknartækjum (innviðir), einstök vísinda- eða tækniaðstaða, vísindaráðstefnur, viðhorf almennra borgara o.fl.

II) Bættur grunnur félags- og hagfræðiþekkingar: Framvinda og félagslegar breytingar, tækni, samfélag og atvinna, stjórnun og þegnskapur, ný líkön til að þróa atvinnutækifæri og hagvöxt, stuðningur við mótun vísinda- og tæknistefnu í Evrópu, greining á pólitískum deiluefnum, samræmdur grunnur hagtalna vísinda, tækni og nýsköpunar o.fl.

Vísinda- og rannsóknarmiðstöð ESB (JRC)

Annað samstarf

Til COST-samstarfsins var stofnað 1971 með þátttöku 19 Evrópuríkja til að efla samvinnu og samskipti um verkefni sem kostuð eru af þátttökulöndunum sjálfum. Ísland gerðist þátttakandi í COST-samstarfinu árið 1991 og eru þátttökulöndin nú um 30 talsins. ESB leggur COST til fjármuni fyrir hönd aðildarríkja sinna og EFTA/EES-ríkja sem taka þátt í 5. rammaáætluninni. Féð er notað til að efla samskipti milli vísindamanna sem vinna að skyldum verkefnum en ekki er borinn kostnaður af verkefnunum sjálfum. Féð er tekið af þeim lið rammaáætlunar sem fjallar um alþjóðlegt samstarf (sjá að ofan yfirlit yfir 5. rammaáætlunina).

INTAS eru alþjóðleg samtök stofnuð árið 1991. Aðild eiga ESB, Ísland, Noregur, Sviss og Ísrael. Samtökin stuðla að vísindaaðstoð, einkum á sviði grunnrannsókna, við fyrrverandi lýðveldi Sovétríkjanna. Styrkfyrirkomulag er með þeim hætti að 80% fjár renna til vísindamanna í lýðveldunum en 20% til vestrænna samstarfsaðila. INTAS rekur skrifstofu í Brussel með framlagi ESB og frjálsum framlögum einstakra vestrænna aðildarríkja. Íslendingar gerðust aðilar að INTAS árið 1995. Ekki fylgir sérstakur aukakostnaður fyrir Ísland af þessari aðild þar sem það kemur í gegnum þátttökugjald Íslands til 5. rammaáætlunarinnar.

Ekki yrðu breytingar á þátttöku við inngöngu í ESB en með aðild fengist réttur til þátttöku í umfjöllun og ákvörðunum stofnana ESB um málefni COST og INTAS. Framkvæmdastjórn ESB er áhrifamikill aðili innan þessa samstarfs og með ESB-aðild væri greiðari leið fyrir íslensk stjórnvöld til að hafa áhrif á afstöðu framkvæmdastjórnarinnar.

4. Mat á þátttöku Íslands í fjórðu rammaáætlun ESB 1994–1998

Fjórða rammaáætlunin var fyrsta rammaáætlun sem Ísland átti fulla aðild að frá byrjun. Gert er ráð fyrir að síðustu verkefnum áætlunarinnar ljúki árið 2001.

Fjárskuldbindingar ESB til 4. rammaáætlunarinnar námu alls 13,2 milljörðum evra á tímabilinu 1994–1998. Þar af runnu 1,3 milljarðar evra til kjarnorkurannsókna sem ekki falla undir EES-samninginn. Sá hluti 4. rammaáætlunarinnar, sem Íslendingar tóku þátt í, fékk því fjárveitingu að upphæð 11,9 milljarðar evra. Greiðslur til verkefna dreifast á nokkru fleiri ár þar sem þau fóru af stað á mismunandi tíma. Á grundvelli EES-samningsins skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að greiða í hlutfalli við þjóðarframleiðslu til rammaáætlunarinnar um 800 milljónir íslenskra króna í heild. Þessar greiðslur dreifast á sama tímabil og ESB greiðir til verkefnanna.

Öll verkefni, sem 4. rammaáætlunin styrkti, voru samstarfsverkefni aðila í a.m.k. tveimur löndum. Oftast voru fleiri en einn aðili frá hverju landi í verkefni. Í þeim samstarfsverkefnum, sem Ísland hefur tekið þátt í náði samstarfið til 30 landa og 400–500 þátttakenda víðs vegar í Evrópu.

Íslensk þátttaka í 4. rammaáætlun ESB

Árið 1998 lét menntamálaráðuneytið vinna skýrslu um þátttöku Íslands í fjórðu rammaáætlun ESB. Skýrslan ber heitið: *Áhrif á Íslandi. Fjórða rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun, 1994–1998.*[1] Fram kom í skýrslunni að íslenskir aðilar sendu 343 umsóknir til ESB frá upphafi áætlunarinnar fram til þess tíma sem skýrslan var unnin. Þar af höfðu 144 verkefni verið samþykkt eða um 42% af innsendum umsóknum. Hlutfall styrkveitinga var mismunandi eftir undiráætlunum en hlutfall samþykktra umsókna innan hverrar áætlunar fór aldrei niður fyrir 29%.

Í skýrslunni er m.a. vikið að rekstri og stjórnsýslu 4. rammaáætlunarinnar hér á landi. Kostnaður íslenskra stjórnvalda vegna starfa stjórnarnefndarfulltrúa er að hluta til endurgreiddur frá ESB og sama má segja um kostnað vegna stuðnings og aðgerða stjórnvalda í þágu umsækjenda. Menntamálaráðuneytið hefur á sínum vegum vísindafulltrúa með aðsetur í Brussel sem sinna verkefnum tengdum rammaáætlunum en ekki er unnt að líta á það sem beinan kostnað vegna áætlunarinnar þar sem þeir sinna einnig ýmsum öðrum verkefnum.

Rekstur Kynningarmiðstöðvar Evrópurannsókna er greiddur sameiginlega af íslenskum aðilum og ESB. Auk framlags ESB kemur mótframlag frá Rannsóknarráði Íslands, Iðntæknistofnun og Rannsóknaþjónustu Háskólans með fjárframlögum, vinnu og aðstöðu og er það metið til jafns við hinn beina fjárstyrk ESB.

Í skýrslunni er áætlað að kostnaður stjórnvalda vegna 4. rammaáætlunarinnar hafi numið 60–70 milljónum króna. Vinnuframlag vegna stjórnarnefndarfulltrúa og kostnaður vegna vísindafulltrúa í sendiráði Íslands í Brussel er þá ekki talinn. Athuga ber að sumir kostnaðarliðir koma þegar fram, m.a. ferðakostnaður, kostnaður vegna undirbúnings umsókna og kostnaður vegna stuðningsaðgerða. Á hinn bóginn kemur greiðsla íslenskra stjórnvalda og fjárstuðningur ESB sem og mótframlag þátttakenda fram á vinnslutíma verkefna. Gert er ráð fyrir að fjárstreymi vegna verkefnaskuldbindinga 4. rammaáætlunar nái yfir átta ára tímabil.

[1] Menntamálaráðuneytið, desember 1998.

Heildaryfirlit. Kostnaður og fjármögnun.

Tegund kostnaðar og fjárframlags	Upphæð	Tímabil
Greiðsla þátttökugjalds fyrir aðgang	800 milljónir	Kostnaður dreifist á meðan verkefnin standa yfir
Kostnaður vegna undirbúnings umsókna	190 milljónir	Kostnaður kominn fram
Rekstur stuðningsumhverfis	60–70 milljónir	Kostnaður kominn fram
Verkefnastyrkir ESB til íslenskra þátttakenda. Beint fjárframlag	1.294 milljónir	Kostnaður dreifist á meðan verkefnin standa yfir
Mótframlag þátttakenda. Fjárframlag, vinnuframlag, aðstaða og tæki	1.000 milljónir	Kostnaður dreifist á meðan verkefnin standa yfir

Þátttökugjald ríkissjóðs Íslands vegna aðildar að 4. rammaáætluninni, 800 milljónir króna, myndar veltu í íslensku rannsóknar- og vísindaumhverfi og hjá fyrirtækjum sem þjónusta þessa aðila sem nemur áætluðum 2,5 milljörðum íslenskra króna. Þetta fé er þó aðeins að hluta til viðbót við fjármagn sem varið er til íslenska þróunar- og rannsóknarumhverfisins hvort heldur er í rannsóknarstofnunum, háskólum eða fyrirtækjum. Ætla má að þessari auknu veltu fylgi margs konar virðisauki og margföldunaráhrif inn í hagkerfið, m.a. aukin tækifæri fyrir menntað fólk við rannsóknar- og þróunarstörf, aukin neysla, kaup á tækjum, rekstrarvöru og þjónustu til rannsókna o.fl. Samkvæmt mati þátttakenda telja þeir að þegar frá líður og niðurstöður úr verkefnum sjá dagsins ljós gæti áhrifa í nýjungum í atvinnulífi, svo sem nýjum afurðum og aðferðum, þótt enn hafi það ekki orðið raunin þegar skýrslan um áhrif fjórðu rammaáætlunarinnar var skrifuð.

Meðal niðurstaðna skýrslunnar er að íslenskir vísinda- og tæknimenn hafa tekið virkan þátt í evrópskum samstarfsverkefnum innan 4. rammaáætlunarinnar. Samstarfið hafi almennt gengið vel, bæði við undirbúning umsókna og síðar við framkvæmd verkefna. Árangur birtist aðallega í aukinni hæfni starfsfólks og nánari tengslum við skóla og fyrirtæki í Evrópu. Samstarfið var ekki talið hafa skilað sýnilegum árangri í þróun nýrra aðferða eða afurða en í því sambandi er rétt að hafa í huga að á þeim tíma sem skýrslan kom út var enn unnið að mörgum verkefnanna. Þátttaka rannsóknarhópa við háskóla á Íslandi er almennt minni en hópa sem starfa við erlenda háskóla.

Á næstu árum er talið mikilvægt, að mati skýrsluhöfunda, að fylgjast með áhrifum aukins fjármagns og þekkingar á íslenskt vísindaumhverfi og atvinnulíf vegna þátttöku í rammaáætlunum ESB. Meta þarf hvort þátttakan auki samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana og hvernig það birtist í efnahagslífinu í heild. Fylgjast þarf með og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að þróa betri vísbendingar um það hverju vísinda- og tæknistarfsemin skilar.

Í lokaorðum skýrslu menntamálaráðuneytisins segir:

> Þátttaka Íslands í 4. rammaáætlun ESB hefur skilað góðum árangri. Íslenskir vísinda- og tæknimenn hafa sannað að þeir eru fullgildir þátttakendur í evrópsku samstarfi, hver á sínu sviði. Árangurinn verður ekki einvörðungu mældur á fjárhagslegum forsendum því að hann felst ekki síst í því að styrkja innviði íslensks samfélags og stuðla að sameiginlegri evrópskri úrlausn á verkefnum sem verða ekki leyst af einstökum ríkjum. Opnaður hefur verið nýr markaður fyrir hugmyndir og hugvit þar sem Íslendingar eiga að láta meira að sér kveða, fyrirtæki, stofnanir og háskólar. Reynslan af 4. rammaáætluninni sýnir jafnframt að vinna þarf með markvissari hætti að því að nýta niðurstöður rannsókna Íslendinga sem best í hagnýtum tilgangi.

Staða Íslands í alþjóðlegri samvinnu

Í skýrslu Rannsóknarráðs fyrir árið 1998 kemur fram að flestir geri sér grein fyrir að engin þjóð getur ein og sér skapað og náð tökum á því að hagnýta á sem hagvæmastan hátt alla þekkingu sem hún þarfnast. Þjóðir verði að skipta með sér verkum eða eiga með sér samvinnu til að leysa verkefni, hvort sem er á sviði hátækni, læknisfræði og heilbrigðisþjónustu, orkumála, efnahags- og atvinnumála, umhverfismála, náttúruauðlinda, öryggismála, þróunarmála o.m.fl. Vísindarannsóknir og tækniþróun gegnir lykilhlutverki í því að mæta nýjum, hnattrænum vandamálum sem komið hafa í ljós. Samstarf þjóða á flestum sviðum mun í vaxandi mæli styðjast við rannsóknir og vísinda- og tæknisamstarf.

Að mati Rannsóknarráðs Íslands er smæð íslensks vísindasamfélags helsti veikleiki þess miðað við fjölbreytni verkefna og kröfur þjóðarinnar um framúrskarandi lífskjör og lífsgæði á alþjóðlegan mælikvarða. Helsti styrkur þess er hins vegar talinn vera hæft fólk með góða alþjóðlega menntun og næman skilning á þörfum þjóðfélagsins.

Íslendingar hafa á fáum árum haslað sér völl í alþjóðasamstarfi á sviði vísinda og tækni, fyrst aðallega í norrænu samstarfi, síðar í samvinnu innan Evrópu sérstaklega með aðgangi að rammaáætlun ESB. Skjót viðbrögð og góður árangur stofnana og fyrirtækja í sókn á vettvangi 4. rammaáætlunar ESB hefur vakið athygli.

Með aðgangi Norðurlandaþjóða að rammaáætlun Evrópusambandsins, og sérstaklega við inngöngu Finna og Svía í ESB, hefur dregið úr virkni í norrænu samstarfi. Skipulag norræns samstarfs og stefna er í endurskoðun, m.a. með tilliti til breyttra aðstæðna, ekki síst vegna vaxandi þátttöku landanna í samstarfi á vettvangi ESB sem að sumu leyti getur komið í stað norrænnar samvinnu og um leið styrkt hana undir öðrum formerkjum. Má nú merkja vissan áhuga á eflingu norræns samstarfs á nýjan leik. Að hluta til hefur norrænt samstarf fengið framgang í Evrópusamstarfi og reynslan af þátttöku í norrænu samstarfi hefur reynst Íslendingum góður grunnur að standa á í víðtækara alþjóðasamstarfi.

5. Hugsanlegar breytingar við aðild Íslands að ESB

Fyrir tilstuðlan EES-samningsins hafa Íslendingar verið fullgildir aðilar að rannsóknar- og þróunarsamstarfi ESB síðan 1995. Í því felst m.a. þátttaka í stjórnarnefndum undiráætlana rammaáætlunarinnar. Þær fjalla um áherslur og útfærslur í árlegum vinnuáætlunum hverrar undiráætlunar og um tillögur matsmanna og framkvæmdastjórnar um styrki. Alls sitja 18 fulltrúar Íslands í níu nefndum. Með setu í nefndunum gefst kostur á að halda íslenskum áherslum á lofti og fylgjast með því að umsóknir með íslenskri þátttöku hljóti sanngjarna meðferð.[1] Vísinda- og tæknisamstarfið er að því leyti frábrugðið öðrum tækifærum til samstarfs að þar eiga Íslendingar aðild að CREST sem er vísindastefnunefnd ESB. CREST er nefnd sem fundar á vegum ráðherraráðs sambandsins en ekki er um að ræða aðild að öðrum ráðherraráðsnefndum á grundvelli EES-samningsins. Fyrir utan CREST eiga Íslendingar aðild að ráðherraráðsnefndum í Schengen-samstarfinu.

Eins og fram hefur komið í þessu kafla hefur fimmtu rammaáætlun ESB verið hleypt af stokkunum með ákvörðun ráðherraráðs ESB. Nokkur töf varð á að fella ákvörðunina inn í EES-samninginn, þó um sé að ræða framhald á samstarfi sem verið hefur við lýði í nokkur

[1] Margir íslenskir sérfræðingar hafa verið kallaðir til þess að meta umsóknir í rammaáætlunum. Með þátttöku í mati á umsóknum kynnast þeir hvernig að þessu er staðið hjá framkvæmdastjórn ESB og fá reynslu sem nýtist við svipuð verkefni sem styrkt eru af íslenskum stjórnvöldum. Engar breytingar yrðu á þessu við aðild að ESB.

ár. Ástæðurnar mátti annars vegar rekja til kröfu Spánverja um að deilur um framlag EFTA/EES-ríkja til þróunarsjóðs skyldu fyrst leystar áður en síðarnefndu ríkin gætu tekið þátt í rammaáætluninni. Þegar sú deila hafði verið leyst varð þingmeðferð í Noregi til þess að málið tafðist frekar. Hafði þetta m.a. haft í för með sér að fulltrúum EES/EFTA-ríkjanna var meinuð þátttaka í stjórnunarnefndum áætlunarinnar þar til að fyrrgreind ákvörðun var felld inn í EES-samninginn, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Það er mat margra sem best til þekkja að skapast hafi nokkur óvissa á meðal íslenskra þátttakenda í verkefnum. Þeirri óvissu hefur nú að fullu verið eytt. Engar breytingar yrðu við fulla aðild Íslands að ESB að öðru leyti en þær að Íslendingar hefðu aukna möguleika á að beita áhrifum sínum á mótun stefnu ESB á sviði rannsókna og vísinda þar sem aukin aðild að ákvörðunartöku fengist. Þetta á einkum við um aðild að föstum og tímabundnum nefndum á vegum ráðherraráðsins, m.a. COREPER II og Groupe Recerche, um nefndir sem kallaðar eru saman á vegum framkvæmdastjórnar, svo og umfjöllun nefnda á vegum Evrópuþingsins.

Gagnlegar vefslóðir um rannsóknir og þróun innan Evrópusamvinnunnar
Menntamálaráðuneyti: http://www.stjr.is/mrn/
Rannsóknarráð Íslands: http://www.rannis.is/
Kynningarmiðstöð Evrópurannsókna: http://www.rthj.hi.is/kynning/
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/rd/index_en.htm
CORDIS: http://www.cordis.lu/
EUREKA: http://www3.eureka.be/Home/
COST: http://www.netmaniacs.com/cost/
Háskóli Íslands: http://www.hi.is/
Rannsóknaþjónusta háskólans: http://www.rthj.hi.is
Hafrannsóknastofnun: http://www.hafro.is/hafro/sjalf.html
Orkustofnun: http://www.os.is/
Iðntæknistofnun: http://www.iti.is/

13. kafli
Mennta- og æskulýðsmál

Samantekt

Evrópusambandið hefur ekki sameiginlega menntastefnu og forræði í málaflokknum er hjá stjórnvöldum hvers aðildarríkis. Íslendingar taka þátt í samstarfsverkefnum ESB á sviði mennta- og æskulýðsmála á grundvelli EES-samningsins. Við aðild Íslands að ESB yrði því ekki önnur breyting en sú að Íslendingar ættu fullan aðgang að ákvörðunartöku um samstarfsverkefni ESB á sviði mennta- og æskulýðsmála en með EES-samningnum eru möguleikar íslenskra stjórnvalda til áhrifa að mestu á mótunarstigi.

Í EES-samningnum er í bókun 29 ákvæði þess efnis að einstakir samningsaðilar hafi heimild til að taka hærri skólagjöld af erlendum námsmönnum sé hefð fyrir því. Þessu ákvæði hafa Bretar beitt gagnvart námsmönnum frá Íslandi, Noregi og Liechtenstein. Breyting yrði þar á við aðild Íslands að ESB.

1. Inngangur

Evrópusambandið (ESB) hefur ekki sameiginlega menntastefnu og forræði í málaflokknum er hjá stjórnvöldum hvers ríkis. Menntamálasamstarf aðildarríkjanna hefur þó farið vax-

andi. Menntamálaráðherrar sambandsins hittast reglulega, taka ákvarðanir um samstarfsverkefni og gefa út yfirlýsingar um stefnumál sem þeir eru sammála um að fylgja í löndum sínum.

Menntamálasamstarfið byggist á samstarfsverkefnum, einkum í þeim tilgangi að gera ungu fólki, bæði háskólanemum og öðrum, og einnig kennurum auðveldara að kynnast öðrum ESB-löndum en heimalöndum sínum og stunda þar nám og störf. Einnig hefur verið unnið að því að efla samstarf milli skóla og tengsl háskóla og atvinnulífs, einkum á sviði tækniþjálfunar. Markmiðið er að hvetja nemendur, með skipulögðu styrkjakerfi og sameiginlegum reglum um námsmat, til að afla hluta menntunar sinnar í öðru Evrópulandi.

2. Menntamálaáætlanir – Leonardó da Vinci og SÓKRATES

Annar hluti menntamálaáætlananna, Leonardó da Vinci og SÓKRATES, hófst fyrri hluta árs 2000 og stendur til ársloka 2006. Heildarfjárveiting á tímabilinu til Leonardó-áætlunarinnar er rúmur milljarður evra og um 1,8 milljarðar til SÓKRATES-áætlunarinnar. Íslendingar munu taka þátt í þessum áætlunum í beinu framhaldi af samnefndum fyrri áætlunum. Þær stóðu yfir frá 1995 til 1999.

Annar hluti áætlananna er í grundvallaratriðum eins upp byggður og fyrri áætlanir. Fjárveiting er aukin og verða umsvifin því að sama skapi meiri. Meiri áhersla verður nú lögð á símenntun og að nýta upplýsingatækni. Einnig verður leitast við að læra af verkefnum sem vel hafa tekist og auka tengslin milli skyldra áætlana. Þá er stefnt að einföldun á stjórnskipulagi og aukinni dreifingu ábyrgðar til landsskrifstofa sem hafa umsjón með framkvæmd áætlananna í hverju þátttökuríki og þykir þetta mikil stefnubreyting. Mun stærri hluti fjárveitinga og styrkja, eða u.þ.b. 80% sem veittir verða í þessum nýju áætlunum, verður nú afgreiddur beint af landsskrifstofunum.

2.1 Þátttaka Íslendinga í fyrsta hluta Leonardó da Vinci

Fyrsti hluti Leonardó da Vinci, starfsmenntaáætlunar ESB, hófst í desember 1994 og lauk í árslok 1999. Meginmarkmið var að efla starfsmenntun og þjálfun í þátttökuríkjunum og auka samstarf og miðlun þekkingar milli landa. Áætlunin tók til allra stiga starfsmenntunar, grunnstarfsmenntunar, starfstengdrar símenntunar og starfsþjálfunar á háskólastigi. Í Leonardó voru sameinaðar ýmsar af smærri áætlunum ESB: PETRA (grunnstarfsmenntun), FORCE (starfstengd símenntun), COMETT (háskólar og fyrirtæki), EUROTECNET (starfsréttindi og tækninýjungar) og að hluta LINGUA (tungumál).

Áherslur í styrkveitingu í fyrsta hluta Leonardó beindust að þremur þáttum:

1. eflingu starfsmenntakerfa í þátttökuríkjunum;
2. samstarfi háskóla og fyrirtækja til að efla starfsþjálfun;
3. eflingu tungumálakunnáttu og útbreiðslu nýjunga á sviði starfsþjálfunar.

Styrkir voru veittir m.a. til mannaskipta og tilrauna- og rannsóknarverkefna.

Á tímabilinu 1995–1999 tóku samtals 412 Íslendingar þátt í framangreindu starfi á vegum Leonardó.[1] Fjölmennasti hópurinn eru nemendur á framhaldsskólastigi, eða 38% af heildarfjölda. Þá var hátt hlutfall ungs fólk á vinnumarkaði eða 32%. Nemendur á háskólastigi koma þar á eftir (21%) en lestina reka leiðbeinendur og stjórnendur með 9% af heild.

Einstaklingar sækja ekki um styrki til mannaskipta beint til Landsskrifstofu Leonardó eða ESB, heldur eru það fyrirtæki, skólar eða aðrir lögaðilar sem sækja um fyrir þeirra hönd.

[1] Bráðabirgðatölur í óbirtri úttekt menntamálaráðuneytis og ESB.

Mikill meiri hluti framhaldsskóla og skóla á háskólastigi hafa tekið þátt í Leonardó-mannaskiptum. Alls hafa 16 fyrirtæki og 7 opinberir aðilar fengið styrki til mannaskipta en mun fleiri aðilar tóku á móti fólki í starfsþjálfun.

Meðal nemenda á háskólastigi voru viðskiptafræðinemar mest áberandi, eða 24%. Heilbrigðisgreinar stunduðu tveir af hverjum 10 en þar á eftir koma náttúruvísindi og verk- og tæknigreinar (16% hvort svið).

51% þátttakendanna voru konur og voru þær fjölmennari í öllum tegundum mannaskipta nema einni, þ.e. meðal nemenda á framhaldsskólastigi.

Alls voru 13 lönd af 15 löndum ESB heimsótt, öll nema Lúxemborg og Portúgal. Þrjú lönd voru sérstaklega vinsæl meðal Íslendinga. Þau voru Bretland (26%), Danmörk (18%) og Ítalía (12%).

Yfirlit yfir styrkgreiðslur til Leonardó-verkefna á Íslandi í evrum 1995–1999.

Viðfangsefni	1995	1996	1997	1998	1999	Evra	Ísl. kr.
Forverkefni	677.500	477.347	462.647	457.000	368.379	2.074.494	188.101.221
Kannanir og athuganir	0	0	187.524	0	0	187.524	14.439.348
Mannaskipti I	154.081	154.934	154.934	142.146	190.270	796.365	61.320.105
Mannaskipti II	73.425	149.051	164.255	55.365	172.834	442.096	47.349.610
Samtals	**905.006**	**781.332**	**969.360**	**654.511**	**731.483**	**4.041.692**	**311.210.284**

Rannsóknaþjónusta Háskólans hefur rekið landsskrifstofu Leonardó da Vinci á Íslandi samkvæmt sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið.

2.2 Þróunarmiðstöð ESB um starfsmenntun – CEDEFOP

Frá árinu 1996 hefur Ísland átt aðild að CEDEFOP, þróunarmiðstöð ESB um starfsmenntun. Menntamálaráðuneytið annast formleg tengsl en Rannsóknaþjónusta Háskóla Íslands og MENNT, samstarfsvettvangur skóla og atvinnulífs, hafa umsjón með íslenskri þátttöku. Íslendingar hafa tekið þátt í fjórum verkefnum:

1. „Documentary Information Network“: Upplýsinganet allra þátttökulanda um starfsmenntun og starfsmenntarannsóknir.
2. „Study Visits Programme“: Skipulagðar náms- og kynnisferðir. Árið 1996 fengu 12 Íslendingar styrki en frá og með 1997 var fjöldinn takmarkaður við 8 manns á ári. Hver styrkur er um 100 þús. kr.
3. Skýrslu um íslenska starfsmenntakerfið er lokið og í undirbúningi eru útgáfur á ensku, þýsku og frönsku í ritröð um starfsmenntakerfin í Evrópu.
4. Skýrsla um menntun starfsnámskennara var framlag Íslands í ritröð um menntun og þjálfun starfsnámskennara í Evrópu

2.3 Þátttaka Íslendinga í SÓKRATES

Fyrsti hluti SÓKRATES-áætlunarinnar hófst í mars 1995 og gilti til ársloka 1999. Eins og fram hefur komið var hún nýverið framlengd til 2006. Almennt markmið áætlunarinnar er að auka gæði menntunar í Evrópu með því að efla samvinnu og auka tækifæri til menntunar. Ætlunin er að veita námsmönnum á öllum aldri og af ólíkum félagslegum uppruna innsýn í „evrópska vídd“ námsgreinanna sem þeir leggja stund á, að auka þekkingu á öðrum Evrópulöndum, að efla evrópska samkennd (*European identity*) og að auka færni til þess að skapa og aðlagast breytingum í efnahagslegu og félagslegu umhverfi.

SÓKRATES-áætlunin skiptist í sex undiráætlanir: Háskólamenntun (Erasmus), menntun að háskóla (Comenius), tungumálanám (Lingua), opið nám og fjarnám (ODL), fullorðinsfræðslu og miðlun upplýsinga og reynslu og stefnumótun. Erasmus er langviðamest og því vikið sérstaklega að henni hér.

Erasmus-áætlun ESB hófst árið 1987 og var markmiðið að auka nemenda- og kennaraskipti á háskólastigi í aðildarríkjunum. Með slíku samstarfi var ætlunin að styrkja stoðir evrópskrar háskólamenntunar og gera háskóla færari um að standast vaxandi alþjóðlega samkeppni. Annað meginmarkmið Erasmus-áætlunarinnar var að stuðla að aukinni samkennd meðal íbúa ESB og víðtæku samstarfi aðildarríkja á sviði félags- og efnahagsmála. Fram til ársins 1995 nýttu um 300.000 nemendur og 10.000 kennarar sér þau tækifæri sem áætlunin bauð upp á.

Árið 1995 varð Erasmus-áætlunin hluti af SÓKRATES-áætluninni. Fjárveitingar Erasmus-hluta SÓKRATES-áætlunarinnar skiptast í styrki til stúdenta- og kennaraskipta, þróunar sameiginlegra reglna um námsmat, þróunar námskeiða og námsbrauta, sérstakra tungumálanámskeiða, evrópskra námsbrauta, stuttra samstarfsnámskeiða, undirbúningsheimsókna og til sk. þemaneta.

Meiri hluti þess fjár, sem borist hefur frá framkvæmdastjórn ESB til Íslands, hefur verið ætlaður til nemendastyrkja (um 75–80%). Þátttaka Íslands hófst skólaárið 1992/93 og fyrstu erlendu Erasmus-nemarnir komu hingað til lands ári síðar. Nemendaskipti hafa allt frá upphafi verið uppistaðan í þátttöku Íslands, sem og annarra þátttökuríkja.

Mynd I.9. ERASMUS nemar til/frá Íslandi 1992/93-1998/99



	1992/93	1993/94	1994/95	1995/96	1996/97	1997/98	1998/99
Frá Íslandi	35	64	83	103	120	128	151
Til Íslands	3	9	23	52	58	98	128

Á myndinni kemur fram að fjöldi íslenskra nemenda, sem fóru utan á vegum Erasmus, þrefaldaðist á fimm árum. Fjölgunin hélst nokkuð stöðug með markverðri aukningu á milli tveggja síðustu skólaára. Jafnframt hefur stórfjölgað erlendum nemendum sem hingað koma. Ástæður fyrir fjölgun erlendra nemenda eru m.a. aukið framboð námskeiða á ensku hér á landi og fjölgun samstarfsamninga milli íslenskra og erlendra háskóla.

Mynd I.12. Gistilönd íslenskra ERASMUS nema 1992/93-1997/98



Íslenskir Erasmus-nemendur hafa dreifst vel á önnur Evrópulönd, eins og fram kemur á mynd I.12. Á árunum 1992–1998 fóru flestir Erasmus-nemar til Frakklands og Þýskalands en umtalsverður fjöldi til Spánar og Ítalíu. Danmörk er við meðallag en bæði Svíþjóð og Finnland á meðal þeirra landa sem íslenskir Erasmus-skiptinemar fóru síst til. Ekki var leyfilegt að styrkja íslenskan nema til náms í Noregi (eða öfugt) á vegum Erasmus þar sem a.m.k. annað ríkið sem tekur þátt í tilteknum nemendaskiptum verður að vera aðili að ESB. Frá 1995 hafa ríflega 500 íslenskir háskólanemar haldið til náms í öðrum Evrópulöndum á vegum Erasmus. Á móti hafa 330 evrópskir Erasmus-nemar stundað tímabundið nám hér á landi.

Háskólakennarar hafa kynnt sér kennslu og námshætti í löndum Evrópu og í samvinnu við evrópska skóla hefur verið unnið að þróun námsefnis og kennsluhátta.

Þótt þátttaka í SÓKRATES-áætluninni hafi verið mest á háskólastigi hafa aðrir skólar í ríkari mæli tekið þátt í samstarfsverkefnum í Comenius og Lingua. Skólaárið 1995 tóku 9 skólar þátt í verkefnum í Comenius I en á síðasta skólaári voru þeir 29. Skólaárið 1997/98 fóru 72 íslenskir nemendur utan á vegum Lingua og um þriðjungur félagsmanna í Samtökum tungumálakennara (u.þ.b. 190 kennarar) hefur sótt endurmenntunarnámskeið. Hefur Ísland staðið vel hvað fjármagn til þessa þáttar varðar, miðað við önnur þátttökuríki.

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins starfrækir landsskrifstofu fyrir SÓKRATES á Íslandi samkvæmt sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið.

2.4 Önnur verkefni

Upplýsinganet um menntamál (*EURYDICE*) hefur einnig það hlutverk að bera saman menntakerfi í Evrópu, sem og úrbætur og nýjungar í menntamálum. Lögð er áhersla á að uppfæra þessar upplýsingar jafnharðan og breytingar eru gerðar. Rekstur EURYDICE á Íslandi er í höndum menntamálaráðuneytisins.

Arion er áætlun ESB um námsheimsóknir starfsmanna menntakerfisins. Ísland varð þátttakandi í *Arion* árið 1994. Fyrstu tvö árin voru þátttakendur fjórir en eftir það þrír. Alls hafa því 20 Íslendingar farið í slíkar námsheimsóknir. Þeir telja þetta gott tækifæri til að auka skilning og þekkingu á menntakerfum annarra EFTA og ESB-landa og læra af reynslu þeirra. Ísland hefur boðið upp á námsheimsóknir annað hvort ár.

Upplýsingamiðstöðvar um gagnkvæmt námsmat og viðurkenningu háskólaprófa (*NARIC*-skrifstofur) í aðildarríkjunum með það hlutverk að hvetja til aukinna nemenda-, kennara- og vísindamannaskipta, auka upplýsingastreymi um æðri menntun og auðvelda gagnkvæmt námsmat og viðurkenningu prófgráðna. Háskóli Íslands rekur NARIC-skrifstofu á Íslandi.

3. Æskulýðsmál

Í Evrópu eru um 113 milljónir einstaklinga undir 25 ára aldri og eru 60 milljónir á aldrinum 15–25 ára. Síðasliðin tíu ár hefur hálf milljón ungmenna haldið til dvalar í öðru landi með tilstyrk ESB, 2.300 ungmenni hafa tekið þátt í sjálfboðaliðastarfi í öðru landi og veittur hefur verið stuðningur við 1.500 önnur verkefni í þágu ungmenna.

Í lok árs 1999 lauk tveimur áætlunum ESB fyrir ungt fólk, „Youth for Europe“ (Ungt fólk í Evrópu – UFE) og „European Voluntary Service“ (Evrópsk sjálfboðaþjónusta – EVS). Ný áætlun er í undirbúningi hjá stofnunum ESB og ber hún heitið „Youth“. Með EES-samningnum urðu Íslendingar þátttakendur í UFE-áætluninni og í EVS-áætluninni 1997. Sú þátttaka hefur gefið íslenskum ungmennum tækifæri til að vinna að fjölbreyttum verkefnum heima og heiman með tilstyrk ESB.

3.1 Ný áætlun: „YOUTH“

Nýja áætlunin „YOUTH“ hefst um mitt árið 2000. Áætlunin stendur í 7 ár og til hennar munu renna 520 millj. evra. Í áætluninni er gert ráð fyrir skýrari tengslum samstarfsins að æskulýðsmálum við áætlanir sambandsins í menntamálum, Leonardó og SÓKRATES og eru sömu markmið lögð til grundvallar. Í hinni nýju æskulýðsáætlun eru meginmarkmiðin þrjú:

- efld samstaða;
- virk þátttaka í þróun Evrópu;
- hvatning til frumkvæðis og athafnasemi ungs fólks.

Fimm gerðir verkefna verða styrktar;

1. einstaklingsstyrkir í sjálfboðaliðastarfi í almannaþjónustu;
2. styrkir til hópa til mannaskipta;
3. aukið sjálfstæði ungs fólks;
4. sameiginleg verkefni í menntun og þjálfun;
5. önnur hliðstæð verkefni.

3.2 Þátttaka Íslendinga í áætluninni „Ungt fólk í Evrópu“ (UFE)

UFE-áætlunin hófst árið 1988. Ísland varð aðili að UFE með gildistöku EES-samningsins í ársbyrjun 1994. Með þátttöku í verkefnum á vegum áætlunarinnar fékk ungt fólk tækifæri til að kynnast menningu annarra Evrópuþjóða og afla sér um leið reynslu og þekkingar. UFE-áætlunin skiptist í 5 flokka. Ungmennaskipti voru sá viðamesti en auk þess voru veittir styrkir til frumkvæðisverka ungmenna í æskulýðsmálum, til eflingar samvinnu starfsfólks í æskulýðsstarfi, til samvinnu stofnana á sviði æskulýðsmála, til ungmennaskipta við ríki utan ESB og til stuðnings við samvinnu um miðlun upplýsinga um ungt fólk.

Framlag ESB til íslenskra verkefna UFE í evrum á árunum 1994–1999

Ár	A.1	A.II.1	B.1	C	E.1	Alls
1994	113.489	0	0	0	0	113.489
1995	118.857	0	17.599	0	0	136.456
1996	120.000	0	15.556	0	0	135.556
1997	116.111	0	16.667	0	0	132.778
1998	119.900	17.027	15.840	5.000	4.000	161.767
1999	130.000	32.200	17.000	5.500	4.000	188.700
Samtals	718.358	49.228	82.663	10.500	8.001	868.750

Styrkveitingar ESB til íslenskra verkefna á sviði æskulýðsmála hafa því numið alls um 70 milljónum króna frá árinu 1994.[1]

3.3 Þátttaka í Evrópskri sjálfboðaliðaþjónustu (EVS)

Evrópsk sjálfboðaliðaþjónusta hófst sem tilraunaverkefni fyrir ungt fólk 1996–97 til að virkja sjálfboðaliða til þátttöku í samfélagsverkefnum vítt og breitt um álfuna. Ungu fólki var gefinn kostur á að kynnast menningu annarra þjóða, læra tungumál og afla sér reynslu af alþjóðlegum samskiptum og um leið vinna að gagnlegum verkefnum.

Um tíma árið 1998 voru blikur á lofti um þátttöku EFTA/EES-ríkjanna, m.a. í þessu verkefni, sökum deilna um framlag EFTA-ríkjanna til Þróunarsjóðs EFTA. Um miðjan október komu boð þess efnis frá framkvæmdastjórn ESB að fryst hefðu verið framlög ESB til þátttöku Íslands í EVS. Snemma árs 1999 bárust boð um að fáeinar þjóðir, sem lögðust gegn þátttöku EFTA/EES-ríkjanna, hefðu látið af andstöðu sinni.

Á Íslandi eru UFE- og EVS-áætlanirnar á ábyrgð menntamálaráðuneytisins. Gerður var samstarfssamningur milli ráðuneytisins og Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur um rekstur landsskrifstofu verkefnisins.

4. Íþróttir

Líkt og í mennta- og æskulýðsmálum hafa aðildarríki Evrópusambandsins forræði í málefnum íþrótta. Í stofnsamningum Evrópusambandsins eru engin ákvæði um íþróttir. Reglur um ríkisstyrki gilda ekki um íþróttafélög. Hin almennu ákvæði um frjálsa för vinnuafls hafa hins vegar haft umtalsverð áhrif á einstakar hópíþróttir, svo sem knattspyrnu, hand- og körfuknattleik. Úrskurður Evrópudómstólsins árið 1995 í sk. Bosman-máli fól í sér að löggjöf ESB um frjálsa för fólks ætti einnig við innan íþrótta eins og í annarri atvinnustarfsemi innan ESB. Það á einnig við um Evrópska efnahagssvæðið. Í kjölfarið hefur íþróttaliðum verið heimilt að tefla fram ótakmörkuðum fjölda leikmanna frá löndum innan EES en áður var fjöldi erlendra leikmanna takmarkaður.

[1] Miðað við gengi evru = 80 íslenskra krónur.

5. Hugsanlegar breytingar við aðild Íslands að ESB

Innan Lúxemborgarferilsins (sjá kafla 2) gerðu Íslendingar tvíhliða samstarfssamning við ESB um þátttöku í tveimur verkefnum á sviði menntamála, COMETT II, sem var undanfari Leonardó-áætlunarinnar, og Erasmus. Þátttaka Íslendinga í COMETT hófst árið 1990 og í Erasmus árið 1992. Frá gildistöku EES-samningsins hafa Íslendingar verið fullgildir aðilar í samstarfsáætlunum ESB í mennta- og æskulýðsmálum. Þátttaka EFTA/EES-ríkja í áætlununum hefur gengið nokkuð snurðulaust fyrir sig með þeirri undantekningu þó að framkvæmdastjórn ESB hefur lýst því yfir að ekki geti orðið af þátttöku í stjórnarnefnd um SÓKRATES fyrr en ákvörðun ráðsins um annan hluta SÓKRATES-áætlunarinnar hefur verið felld inn í EES-samninginn. Er gert ráð fyrir því að þátttaka í stjórnarnefnd verði með eðlilegum hætti frá og með sumrinu 2000 og þess er vænst að áhrifin á verkefnaþátttöku verði óveruleg eða engin.

Íslenskir námsmenn, ásamt námsmönnum frá Noregi og Liechtenstein þurfa að greiða jafnhá skólagjöld í Bretlandi og aðrir erlendir námsmenn frá löndum utan ESB. Námsmenn frá ESB-ríkjunum greiða sömu skólagjöld og breskir námsmenn. Í samningaviðræðum um Evrópska efnahagssvæðið á sviði menntamála var af hálfu EFTA-ríkjanna lögð áhersla á jafnan aðgang námsmanna frá EFTA-ríkjunum að menntun og þjálfun innan Evrópska efnahagssvæðisins og á að námsmenn nytu sömu réttinda við æðri menntastofnanir í ESB-ríkjunum og heimamenn. Þetta náðist með bókun 29 við EES-samninginn en í bókuninni er einnig ákvæði þess efnis að einstakir samningsaðilar hafi heimild til að taka hærri skólagjöld af erlendum námsmönnum en heimamönnum sé hefð fyrir því. Þessu ákvæði hafa Bretar beitt gagnvart námsmönnum frá Íslandi, Noregi og Liechtenstein.

Íslensk stjórnvöld hafa alls fjórum sinnum komið á framfæri áhyggjum sínum og ósk um lagfæringar við bresk stjórnvöld vegna þessa, án árangurs. Svör hafa verið á þann veg, enn sem komið er að, vonlítið sé að hægt verði að semja um að Íslendingar greiði sömu skólagjöld og ESB-þegnar.

Við fulla aðild Íslands að ESB yrði sú breyting á að Íslendingar myndu sitja við sama borð í ákvörðunartöku um samstarfsverkefni ESB á sviði mennta- og æskulýðsmála. ESB hefur samið tvíhliða við nokkur ríki um þátttöku í verkefnum, einkum þau ríki sem sótt hafa um aðild að sambandinu en einnig er starfrækt samstarf við Bandaríkin og Kanada.

Eins og fram kom í byrjun þessa kafla er forræði í menntamálum hjá aðildarríkjunum. Við fulla aðild yrði því engin breyting á valdsviði íslenskra stjórnvalda í menntamálum.

Gagnlegar vefslóðir um mennta- og æskulýðsmál

Menntamálaráðuneytið: http://www.stjr.is/mrn
Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins – SÓKRATES: http://www.ask.hi.is/
Rannsóknaþjónusta háskólans – LEONARDÓ: http://www.rthj.hi.is/leonardo/
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/educ/index_en.htm

14. kafli
Menningarmál, hljóð- og myndmiðlun

Samantekt

Samstarf innan Evrópusambandsins í menningarmálum byggist á samvinnu þar sem aðildarríkin hafa áfram forræði í menningarmálum. Samstarfið á vettvangi ESB er því viðbót við stefnu einstakra aðildarríkja í menningarmálum. Sérstaklega er kveðið á um að ESB sé

óheimilt að taka ákvarðanir sem skylda aðildarríkin til að samræma löggjöf á sviði menningarmála. Íslendingar taka þátt í samstarfi ESB á sviði menningarmála á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Stuðningsaðgerðir ESB á sviði hljóð- og myndmiðlunar miða m.a. að því að hvetja til framleiðslu á evrópsku kvikmynda- og sjónvarpsefni.

1. Samstarf um menningarmál innan ESB og þátttaka Íslands

Frá árinu 1970 hefur evrópskt samstarf á sviði menningarmála verið að þróast. Evrópuhljómsveit æskunnar var t.d. komið á fót árið 1976 og árið 1985 var í fyrsta skipti valin menningarborg Evrópu en Reykjavíkurborg er ein þeirra árið 2000.

Það var þó ekki fyrr en við gildistöku Maastricht-samningsins árið 1994 sem ESB hafði heimild í samningum sínum til að hefja samstarf á sviði menningarmála. Dæmi voru þó áður um að aðildarríkin kæmu á fót samstarfsverkefnum sem voru þá samþykkt hvert og eitt innan ráðherraráðsins. Með gildistöku Maastricht-samningsins er kveðið á um þríþætt markmið ESB í menningarmálum:

- að styrkja menningarflóru aðildarríkja Evrópu en virða á sama tíma margbreytileika í menningu þjóða og landsvæða;
- að virkja sameiginlegan menningararf Evrópu;
- að styðja við menningarsamvinnu við ríki utan ESB og ýmis alþjóðasamtök.

Samstarfið byggist á samvinnu þar sem aðildarríkin hafa áfram forræði í menningarmálum. Samstarfið á vettvangi ESB er því viðbót við stefnu einstakra aðildarríkja í menningarmálum. Sérstaklega er kveðið á um að ESB sé óheimilt að taka ákvarðanir sem skylda aðildarríkin til að samræma löggjöf á sviði menningarmála. Aðildarríkin skuldbinda sig því í raun pólitískt til þátttöku í samstarfinu þegar einróma ákvarðanir í menningarmálum er teknar innan ráðherraráðsins. Ráðherraráð menningarmála kemur að jafnaði saman einu sinni eða tvisvar á ári og er það með því minnsta sem gerist innan ráðherraráðsins.

1.1 Samstarfsáætlanir í menningarmálum

Evrópusambandið hefur undanfarin ár rekið samstarfsáætlanir á sviði menningarmála og hefur Ísland tekið þátt í þeim og átt fulltrúa í stjórnum þeirra. Áætlanir hafa ekki átt að koma í stað þess margbrotna menningarstarfs sem fram fer í aðildarríkjunum heldur sem viðbót og hvatning til frekara samstarfs, eins og áður hefur komið fram. Forgangsatriðin hafa verið annars vegar menningarleg arfleifð, t.d. bækur og lestur ásamt listrænni sköpun, og hins vegar myndmiðlun.

RAPHAËL-áætlun Evrópusambandsins um verndun menningararfleifðar Evrópu (1996–2000) hvatti til samvinnu og miðlunar þekkingar, reynslu og verklags milli ríkjanna á sviðum sem tengjast menningararfi álfunnar. Studd voru samstarfsnet og alþjóðasamvinna á menningarsviðinu, rannsóknir, starfsþjálfun og nýsköpun. Þá var leitað leiða til að auðvelda aðgang að menningararfi Evrópu sem og að auka fræðslu og aðra kynningu. Verkefnin voru víðtæk og var áherslum skipt í flokka sem voru mismunandi frá ári til árs. Árið 1997 var áhersla lögð á dreifingu upplýsinga um evrópska menningu og viðburði til að kynna evrópskan menningararf, þemasýningar og aukið samstarf safna, þjálfun og símenntun starfsfólks, rannsóknir og varðveislu á ytra byrði bygginga, viðgerðir og endurbyggingu. Almenn regla var að fjárhæð styrks nam að hámarki 50% heildarkostnaðar verkefnis. Á tímabilinu 1996–1999 hlutu þrjú íslensk verkefni styrk úr Raphaël-áætluninni samtals að upphæð 139.000 evra. Að auki áttu Íslendingar aðild að tveimur samstarfsverkefnum er hlutu 500.000 evra styrk.

ARIANE-bókmenntaáætluninni (1996–2000) var m.a. ætlað að efla þýðingar á nútímabókmenntum, leikritum og fræðiverkum. Þá voru veittir styrkir til kynningar á evrópskum bókmenntum og stuðlað að bættum aðgangi að bókmenntum og auknum áhuga almennings í Evrópu á lestri bóka. Þá hafa verið í boði styrkir til þjálfunar fagfólks og þýðenda. Á tímabilinu 1996–1999 hlutu níu íslensk verkefni styrk úr Ariane-áætluninni samtals að upphæð 157.152 evrur. Að auki áttu Íslendingar aðild að einu samstarfsverkefni er hlaut 17.395 evra styrk. Þá hafa erlend útgáfufyrirtæki fengið styrk til að þýða tíu íslensk skáldverk á önnur evrópsk tungumál.

KALEIDOSCOPE (1996–1998) fólst í að útbreiða evrópska menningu, ýta undir menningarleg samskipti Evrópubúa og kynningu á þeim listgreinum sem áætlunin náði til, þ.e. byggingarlist, dansi, höggmyndalist, hönnun, leiklist, ljósmyndun, margmiðlun, myndlist, óperum og annarri tónlist. Veittir voru styrkir til menningarviðburða, listrænna og menningarlegra samstarfsverkefna sem byggðust á samvinnu aðila frá þremur eða fleiri ríkjum, svo og þjálfun listamanna og fagfólks. Á tímabilinu 1996–1999 hlutu fjögur íslensk verkefni samtals 154.741 evrur í styrki úr KALEIDOSCOPE-áætluninni.

Með *CONNECT*-verkefninu var reynt að tengja saman nútímatækni og mennta- og menningarstarfsemi. Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000, var einn skipuleggjanda að verkefninu „Raddir Evrópu" sem hlaut 350.000 evra styrk úr *CONNECT*-áætluninni síðla árs 1999 og var það hæsti styrkur sem veittur var úr þeirri áætlun. Þar fyrir utan hefur Reykjavík, menningarborg Evrópu hlotið, frekari styrki af framlagi ESB til menningarborga.

Í fjórum framangreindum menningaráætlunum hafa samstarfsverkefni með íslenskri þátttöku frá árinu 1996 fengið alls 1,3 milljónir evra eða rúmar 100 milljónir króna í styrki frá ESB. Árið 1999 komu tæplega 800 þús. evrur eða rúmlega 56 milljónir króna í hlut íslenskra samstarfsverkefna. Í menningaráætlununum hafa starfað stjórnarnefndir og Íslendingar átt aðild að þeim öllum. Upplýsingaþjónusta um menningaráætlanir ESB á Íslandi (*Cultural Contact Point*) hefur frá árinu 1996 annast verkefni sem tengjast framkvæmd menningaráætlana samkvæmt sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið með framlagi frá ESB.

1.2 Ný menningarmálaáætlun, Culture 2000

Ný rammaáætlun ESB um menningarmál, Culture 2000, hefst fyrri part árs 2000. Fjárveiting til áætlunarinnar, sem nær fram til 2004, er um 167 milljónir evra. Íslendingar verða þátttakendur í rammaáætluninni og hafa átt aðild að undirbúningi hennar. Sem fyrr er markmið rammaáætlunarinnar að þróa sameiginlegan menningararf Evrópu með því að efla samstarf skapandi listamanna, þátttakenda í menningarlífi og menningarstofnana í aðildarlöndunum.

1.3 Tilskipun á sviði menningararfs

Árið 1996 var lögfest, með breytingum á þjóðminjalögum, efnisákvæði tilskipunar ráðs ESB frá 1993 um skil menningarminja sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Þá var einnig tekið mið af reglum ráðs ESB nr. 3911/92/EBE, um útflutning menningarminja, sem tengjast ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar. Í lögunum koma fram almenn stefnumið varðandi útflutning þeirra menningarminja sem hafa sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu, án tillits til skilyrða fyrrnefndrar tilskipunar, og um almennt bann við innflutningi erlendra menningarminja, fari sá flutningur fram í andstöðu við löggjöf í því ríki sem flutt er frá.

2. Hljóð og myndmiðlun

Hlutverk fjölmiðla verður sífellt mikilvægara í nútímaþjóðfélagi. Fjölmiðlar innan ESB lúta þeim almennu reglum sem gilda um frjáls þjónustuviðskipti innri markaðarins. Sérstökum stuðningsaðgerðum hefur þó verið komið á, sem ná til hljóð- og myndmiðlunar.

2.1 MEDIA-áætlunin

MEDIA II áætlun Evrópusambandsins til stuðnings á sviði sjónvarps- og kvikmyndamála nær fram til ársloka 2000. MEDIA er skammstöfun á „*Measures to Encourage the Development of the European Industry of the Audiovisual Production*“, þ.e. „Átak til eflingar evrópskum kvikmynda- og sjónvarpsiðnaði“. Ísland, Noregur og Liechtenstein eiga aðild að áætluninni í gegnum EES-samninginn.

Um miðjan desember 1999 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögur um endurnýjaða áætlun, „MEDIA-Plus“, sem áætlað er að muni gilda frá 2001 til 2005.Gert er ráð fyrir að MEDIA-Plus skiptist í tvö meginsvið, þ.e. annars vegar um endurmenntun innan sjónvarps- og kvikmyndageirans og hins vegar til þróunar, dreifingar og markaðssetningar. Samtals er áætlað framlag til MEDIA-Plus 400 milljónir evra eða rúmlega 30 milljarðar króna.

Þátttaka í MEDIA II

MEDIA II er ætlað að efla evrópskan sjónvarps- og kvikmyndaiðnað með stuðningi við:

- menntun fagfólks;
- undirbúning kvik- og sjónvarpsmynda og margmiðlunarverka;
- þróun framleiðslufyrirtækja og dreifingu myndverka.

Í flestum tilfellum er þessi stuðningur í formi vaxtalausra og skilyrtra lána en í sumum tilfellum er einnig um styrki að ræða.

MEDIA II áætlunin hófst 1996 og stendur til ársloka 2000. Fjárveiting til áætlunarinnar er 310 milljón evrur (tæpir 24 milljarðar króna). Fjárhæðinni var skipt þannig að á þessu fimm ára tímabili færu 45 milljónir evrur (tæpir 3,5 milljarðar króna) í að styrkja þjálfun og endurmenntun og 265 milljónir evrur (rúmlega 20,5 milljarðar króna) til undirbúnings, þróunar og dreifingar á kvikmynda- og sjónvarpsefni.

Árið 1993 var formlega samþykkt að EFTA/EES-ríkin fengju aðild að MEDIA '95 áætluninni. Aðild ríkjanna að MEDIA II áætluninni var endurskoðuð haustið 1995 og ljóst er að hún verður óbreytt þar til henni lýkur í árslok 2000.

Þrjátíu íslensk fyrirtæki hafa fengið lán eða styrki til undirbúnings á þrjátíu og sjö kvikmyndum og heimildarmyndum. Átta íslensk fyrirtæki hafa fengið lán eða styrki til dreifingar á evrópskum kvikmyndum og myndböndum á Íslandi. Erlendir dreifingaraðilar hafa fengið lán eða styrki til að sýna fimm íslenskar kvikmyndir í allt að sex Evrópulöndum og tvö sjónvarpsverkefni hafa fengið víkjandi lán til að undirbúa dreifingu til evrópskra sjónvarpsstöðva. Einnig hafa tvö íslensk kvikmyndahús fengið árlegan styrk síðastliðin sex ár til að sýna evrópskar kvikmyndir. Árið 1999 fengu íslensk fyrirtæki lán og styrki til verkefna á sviði margmiðlunar en slík verkefni voru tekin inn í MEDIA II áætlunina sem tilraunaverkefni á árinu 1998.

Aðildargjöld Íslands að MEDIA-áætluninni hafa árlega numið 4 milljónir króna frá því að þátttaka Íslands hófst eða rúmlega 20 milljónir í heild. Á sama tímabili hefur verið úthlutað hátt í þrjú hundruð milljónum króna til íslenskra aðila. Þátttaka í námskeiðum og kynningarráðstefnum sem MEDIA áætlunin hefur styrkt hefur þótt mjög gagnleg íslensku fagfólki. Frá upphafi þátttöku hefur hlutfall íslenskra umsókna sem hlotið hafa styrki verið með þess sem best gerist. Árið 1999 var Ísland t.d. í öðru sæti ef litið er til þessa hlutfalls.

Málefni áætlunarinnar á Íslandi annast Upplýsingaþjónusta MEDIA á Íslandi sem er sjálfseignarstofnun rekin af MEDIA II áætluninni, Kvikmyndasjóði Íslands og menntamálaráðuneytinu.

2.2 Sjónvarpsrekstur

Í tilskipun ráðherraráðs ESB frá 1989 er fjallað um samræmingu í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um sjónvarpsrekstur. Tilskipunin hefur verið felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Sjónvarpssendingar eru skilgreindar sem þjónusta og er eitt af meginmarkmiðum hennar að afnema höft á dreifingu sjónvarpssendinga innan Evrópu. Í tilskipuninni er fjallað um leiðir til að greiða fyrir og afnema höft á dreifingu sjónvarpssendinga innan Evrópu. Settar er lágmarksreglur til þess að tryggja samræmingu á reglum um sjónvarpsrekstur til að tryggja frelsi til sjónvarpssendinga og fjallað er um leiðir til þess að örva framleiðslu á evrópsku efni, og auka hlut evrópsks dagskrárefnis í sjónvarpi.

Meginreglur tilskipunarinnar eru eftirfarandi: Aðildarríki skuldbindur sig til þess að sjá til þess að allar sjónvarpsendingar innan lögsögu þess séu í samræmi við löggjöf þess. Aðildarríki EES gangast undir að tryggja frelsi til viðtöku á sjónvarpssendingum frá öðrum ríkjum markaðssvæðisins og jafnframt að setja ekki hömlur á endurútsendingar þeirra innan lögsögu sinnar. Undir vissum kringumstæðum eru slíkar hömlur þó heimilar tímabundið. Heimilað er að stöðva útsendingu áfengisauglýsinga í kapalkerfum.

Til að efla framleiðslu og dreifingu á evrópskum kvikmyndum og sjónvarpsefni er í tilskipuninni að finna tvenns konar ákvæði. Í fyrsta lagi skal aðildarríki leitast við að hlutfall evrópsks myndefnis sé 50% af heildarútsendingartíma að frátöldum þeim tíma sem varið er til frétta, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga og textavarps. Orðalag gefur kost á ákveðnum sveigjanleika við túlkun. Aðildarríkin skulu skila framkvæmdastjórn skýrslu um framkvæmd greinarinnar hjá einstökum sjónvarpsstöðvum. Ákvæði þetta á ekki við um staðbundnar sjónvarpssendingar sem ekki eru hluti af landsjónvarpskerfi. Í öðru lagi skal aðildarríki leitast við að tryggja að 10% útsendingartíma sé varið til útsendingar evrópskra verka sem framleidd eru af aðilum utan sjónvarpsstofnunar. Til þess að fyrirbyggja að sjónvarpsstöðvar kaupi einvörðungu ódýrt dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum og dragi þannig úr framleiðslu á dagskrárefni utan stofnana geta aðildarríkin valið að miða fremur við 10% af heildardagskrárgerðarfé. Aðildarríkjum er heimilt að setja nákvæmari eða strangari reglur varðandi sjónvarpsdagskrár sjónvarpsstöðva sem þau hafa lögsögu yfir telji þau það nauðsynlegt vegna tungumálastefnu sinnar. Auglýsingar eru einungis heimilaðar milli dagskrárliða, en þó er heimilt í vissum tilvikum að rjúfa dagskrárlið með auglýsingum. Sett eru takmörk á hlutfall auglýsingatíma af heildarútsendingartíma. Fjallað er um kostun og er megininntakið að hún megi ekki hafa áhrif á sjálfstæði sjónvarpsstöðva þannig, t.d. að efnistök beri merki áhrifa frá kostunaraðila. Samkvæmt þessum reglum er óheimilt að kosta fréttir eða fréttatengt efni. Ákvæði skuldbindur aðildarríki til þess að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að dagskrárefni hafi ekki skaðleg áhrif á þroska barna og ungmenna.

Að síðustu eru í tilskipuninni ákvæði um rétt til andsvara sem miða að því að gefa einstaklingum eða lögaðilum kost á að tryggja lögmæta hagsmuni sína.

Gagnlegar vefslóðir um menningarmál, hljóð og myndmiðlun

Menntamálaráðuneytið: http://www.stjr.is/mrn
Vefsetur ESB – menningarmál: http://europa.eu.int/pol/cult/index_en.htm
Menningarborg Evrópu: http://europa.eu.int/comm/culture/capeurcult_en.html

Menningarmálaráðuneyti: http://europa.eu.int/comm/culture/adresses.html
Vefsetur ESB – hljóð og myndmiðlun: http://europa.eu.int/pol/av/index_en.htm

15. kafli
Samgöngur

Samantekt

Í EES-samningnum er sérstakur kafli um samgöngur sem felur í sér að sömu reglur eiga að gilda innan EES og í aðildarríkjum ESB. Hugsanleg aðild Íslands að ESB mundi því engu breyta um þann ávinning sem við þegar njótum á sviði samgangna innan EES-samningsins. Við aðild að ESB myndu Íslendingar hins vegar vera þátttakendur í hinni pólitísku stefnumörkun á þessu sviði eins og öðrum sem af aðild leiddi. Reynslan hefur leitt í ljós að aukið frjálsræði, vaxandi samkeppni og bætt aðgengi að mörkuðum hefur verið meðal helstu ávinninga EES-samningsins í samgöngumálum. Jafnframt eru hertari öryggisákvæði og bætt löggjöf á sviði neytendaverndar og umhverfismála meðal þeirra þátta sem hafa haft jákvæð áhrif á umhverfi samgöngumála hér á landi.

1. Inngangur

1.1. Almennt

Í Rómarsamningnum er mælt fyrir um mótun sameiginlegrar stefnu á þremur sviðum, þ.e. landbúnaði, utanríkisverslun og samgöngum. Dómar Evrópudómstólsins hafa einnig haft veruleg áhrif á þróun og stefnumótun á þessum sviðum.

Samgöngur eru mjög stór atvinnugrein sem veitir 6 milljónum manna vinnu innan ESB og stendur undir 7% af þjóðarframleiðslu í Evrópusambandinu. Til samanburðar er samsvarandi hlutfall landbúnaðar tæplega 5%.

Gert er ráð fyrir því að vægi samgangna innan ESB eigi eftir að aukast og tengist það m.a. auknum frítíma og ferðalögum fólks. Það hefur þó ekki gengið þrautalaust að koma á hinum innri markaði í samgöngum. Á fyrstu 30 árum sambandsins tókst m.a. að samræma aðgang að starfsgreininni og koma í veg fyrir mismunun í sambandi við fargjöld jafnframt því að tekist hafði að samræma samkeppnisskilyrði að nokkru marki í innanlandssamgöngum.

Þrátt fyrir ýmsar umbætur þá voru vöruflutningar á landi enn þá háðir kvótafyrirkomulagi og járnbrautarsamgöngur voru enn þá háðar miklum ríkisafskiptum. Evrópusambandið hafði ekki látið til sín taka varðandi heildarskipulagningu samgangna og siglingar og flug var aðeins háð almennum samkeppnisreglum en ekki neinum sérstökum reglum ESB. Það má því segja að stefna ESB í samgöngumálum á þessum tíma hafi ekki verið í samræmi við aðra efnahagslega þróun á hinum innri markaði. Evrópuþingið álasaði ráðherraráði ESB fyrir að hafa ekki beitt sér meira á þessu sviði og tók Evrópudómstóllinn undir þau sjónarmið með áliti sínu 22. maí 1985.

Aðgerðaleysi ráðherraráðsins var ekki að ástæðulausu en pólitískar skuldbindingar voru annaðhvort ekki fyrir hendi eða þær stóðust ekki þegar á reyndi. Enn fremur er þetta svið óvenju erfitt að mörgu leyti, mismunandi uppbygging samgöngukerfa í aðildarríkjunum gerði mönnum erfitt fyrir en ekki má gleyma að verið er að tala um allt að fimm tegundir samgöngukerfa í flestum aðildarríkjunum.

Hvort sem það var vegna þrýstings frá öðrum stofnunum ESB eða frá markaðnum og almenningi þá tóku málin nýja stefnu upp úr miðjum níunda áratugnum og á það sérstaklega við um siglingar, flug og vöruflutninga á vegum. Á sviði siglinga, en 85% af útflutningi ESB

fer siglingaleiðina, var ákveðið að koma á reglum sem stuðluðu að frjálsri samkeppni og frjálsum aðgangi að greininni. Einnig var gripið til aðgerða til þess að koma í veg fyrir ósanngjarna samkeppni og til að auka frelsi í innanlandssiglingum.

Aukin samkeppni í flugi og afnám einokunar á einstökum flugleiðum hefur opnað nýjum fyrirtækjum leið inn á markaði og bætt þjónustu. Fargjöld hafa lækkað þótt enn séu þau há miðað við Bandaríkin. Enn er unnið að því að greiða fyrir aðgang að mörkuðum og bæta þarf flugvelli vegna vaxandi umferðar.

Aðgerðir ESB á sviði landflutninga eftir vegum hafa skilað verulegum árangri. Fyrir tíu árum hefðu fáir þorað að spá því að ESB tækist að afnema kvótafyrirkomulag á vöruflutningum eftir vegum á milli landa og í staðinn giltu almennar reglur um aðgang að starfsgrein sem er öllum opin að uppfylltum almennum skilyrðum. Hvað innanlandsflutninga varðar þá hafa þeir smám saman opnast en kvótar, sem settir voru, eru að leggjast af. Enn er þó mikið verk óunnið og nokkur viðfangsefni brýn. Samþætting samgöngukerfanna í lofti, láði og legi er eitt þeirra. Umhverfismengun frá samgöngum er annað vandamál.

Sú hugsun ryður sér nú rúms innan ESB að við stefnumótun í samgöngumálum verði að taka tillit til ytri kostnaðar samgangna (mengunar, slysa, tafa og viðhalds) og sjá til þess að þessi kostnaður verði greiddur af notendum en leggist síður á samfélagið í heild sinni. Þetta yrði grunnur að sjálfbærum samgöngum í framtíðinni.

Áhersla hefur verið lögð á að jafna samkeppnisskilyrði ólíkra flutningaleiða en líta þá jafnframt til þess að járnbrautir, vatna- og siglingaleiðir eru alla jafna umhverfisvænni en t.d. vegasamgöngur. Vegakerfið við helstu borgir annar ekki lengur álagi.

1.2. Sérstök ákvæði Rómarsamningsins

Í 83. grein Rómarsamningsins er kveðið á um að siglingar og flug sé undanskilið ákvæðum 4. kafla samningsins. Fjallar samgöngukafli Rómarsamningsins því einungis um vegi, járnbrautir og skipgengar vatnaleiðir. Hins vegar er kveðið á um það í 84. gr. að ráðherraráðið geti með samróma ákvörðun víkkað út ákvæði 83. gr. þannig að hún nái til sjó- og loftflutninga.

1.3. Samgöngur í EES-samningnum

Í 47.–52. gr. EES-samningnum er fjallað um flutningastarfsemi og gerðir, sem varða þá starfsemi, eru taldar upp í XIII. viðauka samningsins. Ástæða þess að fjallað er sérstaklega um flutningastarfsemi í EES-samningnum, en ekki með umfjöllun um aðra þjónustustarfsemi, er sú að ýmsar sérreglur gilda um flutningastarfsemi sem eiga ekki við um aðrar þjónustugreinar.

Meginreglur EES-samningsins um flutningastarfsemi eiga að setja ramma sem tryggja frelsi til að veita flutningaþjónustu, afnema hindranir á frjálsri samkeppni, afnema ríkisafskipti, auka öryggi, bæta mengunarvarnir o.s.frv.

Þess ber að geta að þær greinar EES-samningsins, sem fjalla um flutninga, eiga eingöngu við um landflutninga. Hinn lagalegi rammi eða grunnur fyrir afskiptum af sjó- og loftflutningum er byggður á hinum almennu reglum samningsins. Þær gerðir, sem samningurinn geymir um sjó- og landflutninga, eru hins vegar vistaðar í XIII. viðauka samningsins.

2. Landflutningar

2.1. Almennt

Talsverður hluti Evrópulöggjafar á ekki við á Íslandi og má þar nefna reglur um járnbrautir, skipgengar vatnaleiðir og vegasamgöngur milli ríkja. Reglurnar hafa þó áhrif á flutninga íslenskra afurða og starfsemi íslenskra flutningsaðila í Evrópu.

Almenn markmið ESB um sameiginlegan markað fyrir vöru og þjónustu þar sem allir búa við sömu samkeppnisskilyrði komst til framkvæmda í landflutningum í áföngum allt fram til ársins 1997.

Í upphafi var um að ræða kvóta og tvíhliða leyfi til flutninga. Stærstu breytingarnar urðu með einingarlögunum 1985 en þá voru stærstu skrefin í átt til frjálsræðis stigin. Með þeim breytingum var að nokkru horfið frá kvótafyrirkomulagi en tekið upp almennt leyfakerfi þar sem flutningsaðilar þurfa að uppfylla ákveðin almenn skilyrði sem snúa að fjárhag, öryggi og tæknimálum til þess að öðlast leyfi til flutninga á svæðinu.

2.2. Nánar um landflutninga

Landflutningakafli EES-samningsins hefur að geyma margvíslegar reglur um öryggi og gerð flutningatækja, um skattlagningu á flutningaþjónustu, um vinnuvernd og fleiri félagsleg atriði á þessu sviði. Einnig er fjallað um aðgang að markaði og um rétt einstaklinga og fyrirtækja til millilanda- og innanlandsflutninga í öðrum aðildarríkjum. Í öryggiskaflanum eru reglur um þyngd og stærð ökutækja, skoðanir, hjólbarða, ökuskírteini, notkun öryggisbelta og um ökurita. EES-ríkin hafa einnig þurft að aðlaga sig að Evrópureglum um vinnumarkað þeirra sem við flutninga starfa, þ.e. varðandi gagnkvæma viðurkenningu atvinnuskírteina, lágmarksþjálfun og skipulag vinnutíma.

Vöruflutningar á vegum í Evrópu hafa verið háðir kvótum frá upphafi samningsins en unnið hefur verið að afnámi þess kerfis og kvótarnir smám saman felldir niður. Sérstakur aðlögunarsamningur var gerður milli ESB og Austurríkis um ferðir í gegnum austurrísku Alpana. Þar eru í gildi takmarkanir á fjölda ferða vegna umhverfisverndarsjónarmiða. Ísland hefur haft kvóta upp á 100 ferðir fram og til baka í gegnum Austurríki samkvæmt samningi sem gerður var þar að lútandi.

Viðræður við Svisslendinga eru í þann veginn að hefjast um samgöngusamning milli landanna þar sem m.a. verður rætt um aðgang íslenskra vöruflutningaaðila að kvótum í gegnum svissnesku Alpana.

2.3. Vöruflutningar á landi

Meginreglan í vöruflutningum á landi er að allir hafa rétt til þess að setja á stofn flutningafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu að uppfylltum almennum skilyrðum um fjárhag, öryggi og ýmis tæknileg mál. Flutningar milli landa eru algerlega frjálsir og á þeim eru engin höft. Innanlandsflutningar (*e. Cabotage*) eru þó enn háðir kvótum sem eru auknir ár frá ári og verða þeir afnumdir í áföngum. Íslensk yfirvöld hafa leyfi til þess að gefa út tíu leyfi á ári til íslenskra vöruflutningafyrirtækja til þess að starfrækja innanlandsflutninga í öðru aðildarríki EES. Eitt leyfi gildir fyrir eitt ökutæki í þrjá mánuði í senn. Þessi kvóti mun aukast síðan ár frá ári eins og áður sagði.

Til að öðlast leyfi þarf rekstraraðili að fara á námskeið þar sem fjallað er um alla þá þætti sem taldir eru skipta máli í rekstri vöruflutningafyrirtækja samkvæmt EES-reglum og á þetta bæði við um vöru- og farþegaflutninga. Enn sem komið er hefur ekki verið gefið út nema eitt slíkt leyfi til íslensks flutningafyrirtækis.

2.4. Farþegaflutningar á landi

Í stórum dráttum gilda sömu reglur um farþegaflutninga á landi og um vöruflutninga og eru ákvæði EES-samningsins og löggjöf ESB sams konar hvað þetta varðar.

Hver sem uppfyllir almenn skilyrði til reksturs fyrirtækis getur hafið starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu hafi hann þar staðfesturétt. Sömu skilyrði eru sett og varðandi vöruflutninga, þ.e. gerðar eru kröfur til fjárhagsstöðu, mannorðs, tækni og öryggismála ýmiss konar.

3. Siglingar og sjóflutningar

3.1. Almennt

Langstærsti hluti allra vöruflutninga innan Evrópusambandsins fer sjóleiðis, eða um 80%. Þessi málaflokkur skiptir Ísland sérstaklega miklu máli þar sem nær öll vöruviðskipti til og frá landinu fara siglingaleiðina.

Markmið Evrópusambandsins á þessu sviði var í upphafi fyrst og fremst að reyna að koma í veg fyrir ósanngjarna samkeppni. Reglur á þessu sviði eru í fullu samræmi við samþykktir og reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Reglur EES-samningsins um sjóflutninga lúta fyrst og fremst að málefnum kaupskipaútgerðar og þá fyrst og fremst með það að markmiði að skapa sameiginlegan markað fyrir þjónustu hennar og styrkja stöðu greinarinnar í alþjóðlegri samkeppni. Evrópsk kaupskipaútgerð hefur farið heldur halloka í samkeppni við kaupskipaútgerðir sem reknar eru undir hentifánum, þ.e. skip eru skráð í ríkjum sem gera litlar kröfur til öryggis og aðbúnaðar skipverja, félagsleg réttindi eru takmörkuð og skattar lágir. Laun eru oft lág þar sem skipverjar koma frá láglaunaríkjum og þeim greitt í samræmi við það. Reglur á þessu sviði innan EES-samningsins hafa ekki síst leitast við að snúa þessari þróun við.

Þau mál, sem hafa verið efst á baugi, eru öryggismál sjómanna, sérstök öryggismál kaupskipa og farþegaskipa, hafnarríkiseftirlit sem gefur yfirvöldum kost á skyndiskoðunum skipa við bryggju, flutningur á hættulegum efnum, þjálfun sjómanna og viðurkenning á réttindum. Ein nýjasta og stærsta breytingin á þessu sviði varð árið 1992 þegar síðustu hindrunum var rutt úr vegi í innanlandssiglingum og þær gerðar með öllu frjálsar.

3.2. Nánar um siglingar

Viðleitni ESB til að koma á heilbrigðri samkeppni í sjóflutningum hefur skilað ágætum árangri og hefur verið tekið mið af reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í því sambandi.

Öryggi í siglingum hefur einnig verið mikið til umfjöllunar innan ESB um langa hríð. Tilskipanir á þessu sviði eru nokkrar sem snúa að kröfum til flutningaskipa sem flytja olíu, gas o.fl. Þess er krafist að farið sé eftir reglum um leiðsögn, mönnun og vinnuaðstæður. Nú eru einnig sérstakar reglur um hafnarríkiseftirlit, mengun og öryggi ferja komnar til framkvæmda innan svæðisins. Hvað varðar flutning á hættulegum farmi þá hefur ESB einnig látið til sín taka á þessu sviði þar sem ferðir slíkra skipa eru nú allar skráðar. Enn fleiri reglur er hægt að nefna á þessu sviði eins og alþjóðlegar reglur sem aðilum innan svæðisins er gert að fara eftir um öryggi á hafinu (SOLAS) og samning um verndun hafsins fyrir mengun frá skipum (MARPOL). Tilskipanir ESB kveða einnig á um skráningu farþega um borð í farþegaskipum, sérstakar reglur eru um skoðun skipa, um öryggisframmistöðu og búnað um borð sem og um lækkun hafnargjalda vegna betri búnaðar skipa.

Í nýlegri skýrslu ESB um málefni kaupskipaútgerðarinnar kemur fram að þótt að tekist hafi að koma á auknu frelsi og hraða alþjóðavæðingu innan kaupskipaútgerðar, þá sé fækkun starfa í atvinnugreininni áhyggjuefni sem og hversu mikið sé um útflöggun, þ.e. að útgerð

skrái skipin sín í öðru landi. Vegna þessa er lagt til að tryggja öryggi og samkeppni í siglingum enn frekar með reglum sem hafnarríki setur. Þær reglur skuli gilda bæði gagnvart ESB-ríkjum og þriðju ríkjum, þ.e. taka til skipa sem skráð eru undir fána annarra en ESB-ríkja. Þannig væri hægt að opna markaði enn frekar og auka samkeppni í greininni.

Kjarnann í EES-gerðum á þessu sviði er að finna í nokkrum reglugerðum. Í þeim er skilgreindur frjáls aðgangur að kaupskipasiglingum til og frá markaðssvæðinu. Ekki má mismuna útgerðum með kvótum, forgangi að flutningum eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Kveðið er á um afnám tvíhliða samninga og um kvótaskiptingu milli ríkja í sjóflutningum. EES-reglurnar mæla einnig fyrir um að undirboð á farmgjöldum í skjóli ríkisaðstoðar séu bönnuð og að allir rekstrarstyrkir eða forréttindi, sem fánaríki innan EES veitir útgerðum sínum, geti orðið tilefni aðgerða af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA.

Flutningar með kaupskipum í skilningi EES-samningsins eru í fyrsta lagi millilandaflutningar á alþjóðlegum siglingaleiðum og strandflutningar innan efnahagslögsögu einstaks EES-ríkis. Í öðru lagi er um að ræða strandflutninga innan annars ríkis en fánaríkis og í þriðja lagi þjónustu við neðansjávarborun og vinnslu og olíu sem snýr ekki enn sem komið er að okkur.

4. Loftflutningar/flug

4.1. Almennt

Eins og áður hefur verið nefnt voru loftflutningar eins og sjóflutningar undanskildir í samgöngukafla Rómarsamningsins sem og EES-samningsins en almennar samkeppnisreglur látnar gilda um þessa starfsemi. Þar sem flest flugfélög voru í ríkiseign, ólíkt því sem var með skipafélögin sem flest voru í einkaeign, var talið erfiðara að að koma á sama frelsi í loftflutningum og í sjóflutningum. Löggjöf ESB á þessu sviði byggist á reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) en öll aðildarríki ESB og EES-samningsins eru aðilar að ICAO.

Reglur um leyfisveitingar til flugrekstraraðila leggja línurnar fyrir þau skilyrði, tæknileg sem og efnahagsleg, sem þarf að uppfylla til þess að hljóta leyfi til flugreksturs. Reglugerð um aðgang að flugleiðum innan markaðarins og á alla flugvelli tryggir aðgang að markaði. Reglur um verð fyrir flugþjónustu tryggja réttindi neytenda sem og reglur um bætur vegna yfirbókana.

4.2. Nánar um loftflutninga/flug

Flugmálareglur EES-samningsins marka tímamót í flugmálum álfunnar en flugrekstur innan ESB var gefinn frjáls í þremur áföngum á árunum 1989–1993. Sams konar frelsi var komið á með EES-samningnum. Þetta hefur haft það í för með sér að hverju flugfélagi innan svæðisins er heimilt að hafa áætlunarflug milli hvaða tveggja flugvalla á svæðinu sem það kýs. Frelsi til innanlandsflutninga hefur hins vegar verið komið á í áföngum og er nú svo komið að þar ríkir einnig fullt frelsi. Með þessum breytingum eru afnumdar allar sérleiðir og einkaréttur til reksturs á þeim.

Ekki er gerður greinarmunur á áætlunarflugi og öðrum loftflutningum. Heimilt er þó að setja kvaðir um loftflutninga í opinberri þágu. Norðmenn og Íslendingar hafa þetta ákvæði varðandi flug til fámennra og afskekktra staða en setja þarf skilyrði fyrir flugtíðni og sætaframboði.

Samkvæmt EES-samningnum eru fargjaldaákvarðanir frjálsar og ýtarlegar reglur eru um leyfisveitingar til flugrekstraraðila og er í þeim bæði hugað að tæknilegri og fjárhagslegri stöðu. Einungis er nú miðað við ríkisfang flugrekstraraðila í einhverju af ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins í stað ríkisfangs í einstöku ríki áður. Reglur um leigu flugvéla eru einnig

mjög strangar og til þess gerðar að tryggja öryggi og til að koma í veg fyrir flugrekstur lítt ábyrgra aðila.

Samkeppnisreglur EES-samningsins gilda um flugrekstur almennt á svæðinu. Eftirlitsstofnun EFTA er þó heimilt að veita undanþágur frá samkeppnisreglunum með svokölluðum „blokk-undanþágum". Blokk-undanþágur geta náð til flugáætlana, fargjalda, samreksturs á nýjum áætlunarleiðum, notkunar stæða á flugvöllum og tölvubókunarkerfa. Þegar slíkar undanþágur eru veittar er byggt á því sjónarmiði að bæði rekstraraðilar og neytendur hagnist og ábati sé meiri en tjón sem samkeppnishömlur kunna að valda.

Fleira mætti telja af þeim atriðum sem fram koma í flugmálareglum EES-svæðisins, svo sem ákvæði um úthlutun flugvélastæða við flugstöðvar, um bókunarkerfi, samræmingu á hávaðareglum, reglur um flugrekstrarleyfi, starfsréttindi, reglur um skaðabætur vegna yfirbókana o.fl.

Almennt má segja að sameiginlegur frjáls markaður fyrir flugþjónustu á EES-svæðinu hafi haft miklar breytingar í för með sér. Stofnuð hafa verið fjölmörg ný flugfélög, leyfishöfum flugrekstrarleyfa hefur fjölgað stöðugt og ódýrari flugleiðum innan svæðisins fjölgað verulega og þjónusta er fjölbreyttari og ódýrari.

Flugöryggismál svæðisins hafa að mestu tekið mið af alþjóðlegum reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Eurocontrol hefur þó séð um samræmingu flugumferðar aðildarríkjanna og mikill áhugi er á að styrkja enn frekar þessa stofnun. Ísland er ekki aðili að Eurocontrol en Norðmenn eru það hins vegar.

Samningaviðræður standa yfir um sameiginlegt flugsvæði milli ESB, Íslands, Noregs og tíu Mið- og Austur- Evrópuríkja.

5. Sérstakar áætlanir

5.1. Samþætt flutningakerfi fyrir Evrópu (TEN)

Áætlunin um samþætt flutningakerfi fyrir Evrópu (*Trans European Network (TEN)*) verður sífellt mikilvægari fyrir samgöngukerfi Evrópu. Íslendingar eiga ekki hlut í þeirri áætlun. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur nýlega gefið út skýrslu um framgang og framtíðaráform sameiginlegrar samgönguáætlunar.

Rétt er að taka það fram að Ísland er ekki formlegur aðili að áætluninni um Trans European Network og borgar ekki til hennar. Áætlunin er ekki hluti af EES-samningnum en boðið hefur verið upp á að EES-þjóðirnar hafi aðgang að þessari áætlun engu að síður. Þessi áætlun Evrópusambandsins um Trans European Network tekur til þriggja meginþátta, þ.e. samgangna, fjarskipta og orkumála.

Verulegu fé verður varið til hins samþætta flutningakerfis, einkum verkefna sem teljast þjóna sameiginlegum hagsmunum. Fé þetta kemur að hluta beint af fjárlögum en einnig lánar Evrópski fjárfestingarbankinn og Evrópski fjárfestingarsjóðurinn. Svæðisbundinn þróunarsjóður ESB getur styrkt verkefni á Spáni, í Portúgal, Grikklandi og á Írlandi. Rúmlega 30% fjárlaga ESB frá 1994 hafa runnið til samþætta flutningakerfisins. Megináherslan hefur verið á vegi og járnbrautir. Nú er fyrirhugað að hafnarframkvæmdir, siglingar og flugsamgöngur verði stærri hluti þess verkefnis og geta þá myndast fleiri samstarfsfletir Íslands og ESB hvað þetta varðar. Þegar hefur íslenskum stjórnvöldum borist fyrirspurn um hvaða flugvellir og hafnir á Íslandi geti talist til þessarar áætlunar. Fjárveitingar úr sameiginlegum sjóðum renna þó aðeins til verkefna innan aðildarríkja ESB.

5.2. Gervihnatta- og staðsetningarkerfi fyrir Evrópu (GNSS)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lengi viljað efla gervihnattakerfi fyrir Evrópu. Evrópusambandið geti ekki látið sitt eftir liggja í þeirri hröðu þróun sem á sér stað í gervihnattafjarskiptum í heiminum, hvort heldur er sem staðsetningarkerfi eða til gagnaflutninga ýmiss konar.

Framkvæmdastjórn ESB hefur unnið að því að greina helstu vandamálin sem tengjast þessu verkefni. Í fyrsta lagi er litið svo á að ekki sé viðunandi fyrir Evrópu að byggja á þriðju ríkja kerfum eins og t.d. GPS-kerfi Bandaríkjamanna. Það kerfi byggist á hagsmunum Bandaríkjanna og Bandaríkjahers. Aðrir hafa aðgang að því en með ákveðinni innbyggðri bjögun. Evrópa hefur því talið sig þurfa að koma sér upp kerfi sem er undir eigin stjórn.

Framkvæmdastjórnin hefur kannað hvernig Bandaríkin, Rússland og Evrópusambandið geti nálgast það sameiginlega að móta og vinna að evrópsku kerfi og kanna jafnframt kostnaðarhliðar. Í þessu samhengi er rétt að minna á að Bandaríkjamenn eru þegar að þróa GPS-kerfið sitt frekar og munu ekki hvika frá þeirri ákvörðun sinni. Enn fremur liggur það ljóst fyrir að þeir eru ekki tilbúnir til þess að dreifa ábyrgð, stjórn eða eignarhaldi kerfisins til annarra. Þeir eru þó tilbúnir til samstarfs á ýmsum sviðum þessu tengdum. Rússar eru hins vegar tilbúnir til fulls samstarfs. Það liggur því orðið mikið á fyrir Evrópusambandið að hraða þessu verkefni ef það ætlar ekki að verða langt á eftir Bandaríkjamönnum á þessu sviði.

Samningur um GNSS

Á síðasta ári var gerður samningur á milli Evrópusambandsins, Evrópsku geimferðastofnunarinnar og Evrópusamtaka um öryggi siglingafræða í flugi um þróun *Global Navigation Satellite System* (GNSS). Markmiðið með þessum samningi er að koma á samstarfi milli þessara þriggja aðila sem á að tryggja hlut Evrópu varðandi gervihnattafjarskipti. Enn fremur er tilgangurinn að koma á gervihnattaþjónustu fyrir almenning í Evrópu þar sem það getur talist hagkvæmt. Í samninginn eru sett niður markmið samstarfsins, framlög samningsaðila, skilgreiningar o.fl.

Meginhugsunin er að þróa þetta nýja kerfi samtvinnað GALILEO-áætluninni. Þar er sérstaklega hnykkt á því að Evrópusambandið hafi mikil tækifæri á sviði gervihnatta um staðsetningar fjarskipta sem eru að verða miðdepill allra samgangna. Gervihnattakerfi muni leika lykilhlutverk í að samþætta samgöngukerfi Evrópu og til að tryggja virkni innri markaðarins. Stjórnvöldum beri skylda til að tryggja leiðsögn og björgunarþjónustu og GNSS sé best til þess fallið.

Fjármögnun kerfisins

Ein af lykilspurningunum í þessu er hvernig á að fjármagna uppbyggingu kerfisins. Ljóst er að svo lengi sem Bandaríkjamenn taka ekkert gjald fyrir staðsetningar þarf opinbert fé til þess að fjármagna þróun GALILEO. Lögð hefur verið til af framkvæmdastjórninni stefna varðandi fjármögnun sem felur í sér að fjármögnun skuli fyrst og fremst fara fram innan Evrópu í gegnum fjárlög Evrópusambandsins, TEN-áætlunina (Trans-European Transport Network) og Geimferðastofnun Evrópu.

Uppbygging verkefnisins

Sagt er að GALILEO-verkefnið sé einstakt í sinni röð. Í því samtvinnast og kristallast pólitískir og efnahagslegir hagsmunir Evrópusambandsins sem og öryggishagsmunir þess. Það mun því þurfa á sérstakri stofnanauppbyggingu að halda sem endurspeglar þessa hagsmuni alla. Framkvæmdastjórnin hefur lagt til eftirfarandi:

- að stofnanir Evrópusambandsins taki allar stefnumótandi ákvarðanir varðandi verkefnið; framkvæmdastjórnin mundi þannig leiða alþjóðlegar samningaviðræður m.a. við Rússa, um kerfið sem byggt yrði á leiðsögn frá ráðherraráðinu.
- að sett verði sérstök stjórn yfir verkefnið sem hefði vald til að taka allar fjárhagslegar ákvarðanir, efna til útboða o.fl.; þessi stjórn yrði síðan í framtíðinni stjórn GALILEO þegar kerfið væri komið í gagnið.

Ísland og GNSS

Ráðherraráð ESB hefur nú fyrir skömmu sent frá sér ályktun sem er ekki bindandi á neinn hátt heldur lýsir vilja ráðherraráðsins. Þessi ályktun verður að öllum líkindum tekin upp í EES-samninginn og með þeim hætti munu Íslendingar tengjast þessu verkefni. Einnig tengjast Íslendingar því í gegnum fjármögnun þess en hluti af því verður fjármagnaður í gegnum fimmtu rammaáætlunina sem Ísland greiðir til á hverju ári. Önnur tengsl Íslands við þetta verkefni verða í gegnum stýrinefnd verkefnisins en þar hafa Íslendingar málfrelsi og tillögurétt en stýrinefndin mun hefja vinnu við laga- og stofnanaleg mál og fjármögnun verkefnisins á næstu misserum.

Gagnlegar vefslóðir um samgöngumál:
Samgönguráðuneytið: http://www.stjr.is/sam
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/trans/index_en.htm
Trans-European Network: http://europa.eu.int/pol/trans/index_en.htm

16. kafli
Orkumál

Samantekt

Orkustefnan í ESB hefur einkennst fremur af markmiðum og hagsmunum einstakra ríkja en sameiginlegri stefnu sambandsins enda er ekki að finna ákvæði í Rómarsamningnum um orkustefnu. Við mótun innri markaðarins hefur þó verið lögð aukin áhersla á orkumál og unnið hefur verið að því að fella þau inn í hinn sameiginlega markað. Segja má að gerðir Evrópusambandsins um orkumál, sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES), hafi einkum lotið að neytendasjónarmiðum, umhverfisþáttum og vilja til að auka hagkvæmni í rekstri orkufyrirtækja og koma á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku og jarðgas með því að opna aðgang að flutnings- og dreifikerfum ríkjanna. Þó að „orka" sé flokkuð innan EES-samningsins á meðal „frjálsra vöruflutninga" hefur Ísland nokkra sérstöðu á því sviði vegna legu landsins og þeirrar staðreyndar að raforkukerfi Íslands er ekki tengt orkukerfi annarra ríkja.

Almennt má segja að aðild að EES-samningnum hafi haft jákvæð áhrif á svið orkumála á Íslandi þó að áhrifin séu minni á Íslandi en á meginlandi Evrópu vegna þess að raforkukerfið er ekki tengt kerfi annarra ríkja. Þannig verður m.a. opnað fyrir samkeppni á orkumarkaði en með tilkomu EES-samningsins hefur samkeppni aukist verulega á flestum sviðum atvinnulífsins, sem leitt hefur til aukinnar hagkvæmni. Þar sem tilskipanir og reglur í ESB á orkusviði gilda að jafnaði á EES-svæðinu er sama sem enginn efnislegur munur á aðild að ESB annars vegar og að EES hins vegar.

1. Almennt um orkumál innan ESB og EES

Orkustefnan í Evrópu hefur einkennst fremur af markmiðum og hagsmunum einstakra ríkja en sameiginlegri stefnu sambandsins. Í Rómarsamningnum er ekki að finna ákvæði um orkustefnu þess. Við mótun innri markaðarins hefur þó verið lögð aukin áhersla á orkumál og unnið hefur verið að því að fella þau inn í hinn sameiginlega markað.

Í hvítbók Evrópusambandsins um orkumál, sem gefin var út í árslok 1995, er stefnumótun sambandsins í orkumálum skýrð. Í orðsendingu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 1997 er að finna yfirlit yfir stefnumótun og aðgerðir í orkumálum.

Með gildistöku EES-samningsins og í kjölfarið hafa verið teknar upp ýmsar gerðir Evrópusambandsins á sviði orkumála. EES-aðild hefur því haft nokkur áhrif á orkumál á Íslandi.

Segja má að gerðir Evrópusambandsins um orkumál, sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hafi einkum lotið að neytendasjónarmiðum, umhverfisþáttum og vilja til að auka hagkvæmni í rekstri orkufyrirtækja og koma á stigvaxandi markaðsbúskap í viðskiptum með raforku og jarðgas með því að opna aðgang að flutnings- og dreifikerfum ríkjanna. Þessar gerðir hafa leitt til nokkurra breytinga og nýmæla í löggjöf um orkumál á Íslandi en of snemmt er að spá fyrir um raunveruleg áhrif þessara breytinga.

2. Áhrif EES-samningsins á orkumál á Íslandi

Almennt má segja að aðild að EES-samningnum hafi haft jákvæð áhrif á sviði orkumála á Íslandi þó að áhrifin séu minni á Íslandi en á meginlandi Evrópu vegna þess að raforkukerfið er ekki tengt kerfi annarra ríkja. Þetta á ekki síst við um setningu löggjafar í samræmi við það sem gerist innan Evrópu og þær kröfur sem því fylgja fyrir ríki, sveitarfélög, atvinnulíf og einstaklinga. Þannig verður m.a. opnað fyrir samkeppni á raforkumarkaði en með tilkomu EES-samningsins hefur samkeppni reyndar aukist verulega á flestum öðrum sviðum atvinnulífsins og samkeppnisreglur verið hertar verulega, með afleiðingum aukinnar samkeppni og hagkvæmni sem er því samfara fyrir atvinnulíf og neytendur.

Í 24. gr. EES-samningsins er að finna ákvæði um orkumál. Í greininni er vísað til IV. viðauka samningsins en þar er að finna þær gerðir sem teknar hafa verið upp í samninginn. Meðal þeirra má nefna tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB um sameiginlegar reglur um innri markað fyrir raforku sem kveður á um aðskilnað milli framleiðslu, flutnings, dreifingar og sölu á raforku, auk þess sem kveðið er á um samkeppni í framleiðslu og sölu á raforku.

Hornsteinar tilskipunarinnar um innri markað á sviði raforku eru í fyrsta lagi afnám einkaréttar starfandi orkufyrirtækja, sé hann fyrir hendi, til að framleiða og selja rafmagn, í öðru lagi aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, a.m.k. í bókhaldi, og hvað flutningskerfið varðar er einnig krafist stjórnunarlegs aðskilnaðar og í þriðja lagi lágmarksaðgangur þriðja aðila að flutningskerfum þannig að þeir orkukaupendur, sem fullnægja tilteknum skilyrðum sem hvert ríki fyrir sig setur á grundvelli tilskipunar, geti gert samninga um orkukaup og fengið orkuna flutta um flutnings- og dreifikerfin.

Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 hefur Ísland tveggja ára aðlögunartíma frá þeim tíma sem stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt. Tilskipunin gæti því tekið gildi í maí 2002.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur um langt skeið unnið að því að auka frelsi milli ríkja sambandsins í viðskiptum með raforku og jarðgas. Árið 1990 voru lögfestar tilskipanir annars vegar um gagnsæi verðlagningar á rafmagni og jarðgasi og hins vegar um flutning á rafmagni og jarðgasi um flutningskerfi þriðja ríkis. Þessar tilskipanir gilda á Evr-

ópska efnahagssvæðinu en Ísland hefur undanþágu frá tilskipunum um gagnsæi verðlagningar og gegnumflutning á jarðgasi.

Við gildistöku EES-samningsins var lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, breytt á þá lund að einstaklingar og lögaðilar innan Evrópusambandsins hafa sama rétt og íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar til að eiga réttindi til vatnsfalla og jarðhita.

Aðild að EES-samningnum hefur einnig eflt samstarf Íslands og annarra EES-ríkja í orkumálum með ýmsum verkefnum og rannsóknum. Þannig er Ísland aðili að nokkrum áætlunum Evrópusambandsins á sviði orkumála, svo sem SAVE (áætlun um orkusparnað) og ALTENER (áætlun um aðra orkugjafa). Þá er Ísland aðili að rannsóknar- og þróunarstarfi Evrópusambandsins, m.a. er varðar orkumál.

3. Helsti munur á aðild að ESB og aðild að EES á sviði orkumála

Þar sem tilskipanir og reglur í ESB á orkusviði gilda að jafnaði á EES-svæðinu er sama sem enginn efnislegur munur á aðild að ESB annars vegar og að EES hins vegar.

Telja verður að helsti munur á aðild að ESB og EES sé þátttaka í stefnumótun og stjórnun innan framkvæmdastjórnarinnar, í ráðherraráðinu og í Evrópuþinginu.

Með aðild að EES-samningnum fengu EFTA/EES-ríkin aðgang að nefndum innan framkvæmdastjórnarinnar og njóta þeirra áhrifa og upplýsingastreymis sem því fylgir. Með því skapast möguleikar til að hafa áhrif á mótun og tilurð reglna innan framkvæmdastjórnarinnar m.t.t. sérhagsmuna Íslands. Hins vegar hafa EFTA/EES-ríkin engan aðgang að starfsemi innan ráðherraráðsins. Má geta þess að á orkusviði eru starfandi nefndir hjá ráðherraráðinu þar sem fundað er að jafnaði einn dag í viku hverri allan ársins hring um hin margvíslegustu málefni er varða orkumál. Þetta starf í vinnunefndum gefur til kynna þá miklu vinnu sem fram fer innan ráðsins á einstökum sviðum en EFTA/EES-ríkin hafa engan aðgang að þessu starfi þótt þau taki upp megnið af þeim lögum sem þessir aðilar fjalla um. Veigamesti og stærsti hluti af starfi starfsliðs sendiráða aðildarríkja ESB snýr að þeirri starfsemi sem fram fer innan ráðsins í vinnunefndum.

Á orkusviði hefur það tíðkast að fyrir fundi í ráðherraráðinu eru haldnir stuttir óformlegir norrænir ráðherrafundir, svo sem í formi morgunverðarfunda sem standa í um einn og hálfan klukkutíma. Tilgangur slíkra funda er að ræða óformlega dagskrárefni ráðsfundanna. Í þessu sambandi er þess einnig að geta að mjög erfitt, ef ekki ómögulegt getur verið að ná í þau gögn sem lögð eru fram í vinnunefndum ráðsins,þar sem þessi gögn eru trúnaðarmál. Afla þarf því slíkra gagna frá höfuðborgum viðkomandi ríkja,þar sem nær ómögulegt er að afla þeirra í Brussel.

Hafa ber í huga að Ísland hefur mikla sérstöðu gagnvart aðildarríkjum Evrópusambandsins hvað varðar orkumál. Á Íslandi er nýting endurnýjanlegra orkugjafa til raforkuframleiðslu mun meiri en í Evrópusambandsríkjunum og þarfir Íslands í þessum málum að hluta aðrar en núverandi aðildarríkja. Þess er því ekki að vænta að löggjöf frá ESB taki alltaf tillit til þessarar sérstöðu.

Gagnlegar vefslóðir um orkumál

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: http://www.stjr.is/ivr
Framkvæmdastjórn ESB: http://europa.eu.int/comm/dgs/energy_transport/index_en.htm

17. kafli
Fjarskipti og upplýsingatækni

Samantekt

Aukið frelsi í fjarskiptum er alþjóðlegt fyrirbæri. Ef Íslendingar hefðu verið utan EES er útilokað að sama þróun hefði átt sér stað hér á landi og raunin varð. Margt bendir þó til þess að aðildin að EES hafi ýtt undir að einkaréttur var afnuminn. Almennt má því segja að þátttaka Íslands í Evrópusamvinnu um fjarskipti og upplýsingatækni hafi verið til hagsbóta fyrir Ísland. Alger umbylting hefur orðið á lagaumhverfi í fjarskiptum og ljóst er að markaðurinn er að taka verulega við sér. Næstu misseri munu því leiða það í ljós hvort fjarskiptalög byggð á Evrópureglum marki vaxandi fjarskiptamarkaði réttan ramma. Nauðsynlegt er að reglugerðarumhverfi sé í takt við nýja tíma og að brugðist sé strax við þörfum markaðarins á þessu sviði.

Aðild Íslands að ESB hefði ekki í för með sér breytingar á efnisreglum á fjarskiptasviðinu þar sem öll löggjöf Evrópusambandsins á þessu sviði heyrir í dag undir EES-samninginn.

1. Almennt

Á síðustu misserum hafa orðið gagngerar breytingar á fjarskiptalöggjöf. Fyrir aðeins örfáum árum var rekstur fjarskiptakerfisins í höndum ríkisrekinna símastjórna sem yfirleitt nutu einkaréttar á starfsemi sinni. Ísland var í engu frábrugðið í þessum efnum. Breytt viðhorf hefur þó víða um heim valdið því að einkaréttur hefur verið afnuminn. Breytingu fjarskiptalaga í Evrópu má rekja til lagasetningarstarfs ESB sem síðar hefur orðið hluti EES-réttar og þar með skuldbundið Ísland til breytinga á fyrra réttarástandi.

Með grænbók ESB frá árinu 1987 um aukið frelsi í fjarskiptum var lagður grunnur að áætlun um samkeppni og þróun innri markaðar fjarskiptaþjónustu. Árið 1990 markar hins vegar upphaf breytinga á fjarskiptamarkaðnum í Evrópu því að þá voru gefnar út tvær tilskipanir sem hafa leitt til umbyltingar á fjarskiptalöggjöf. Tilskipun nr. 90/388/EBE var fyrsta tilskipun ESB sem kvað á um samkeppni á fjarskiptamarkaði. Tilskipunin, sem hefur verið hluti af reglum EES samningsins frá upphafi, kvað á um afnám einkaréttar á fjarskiptaþjónustu, að undanskildum talsíma. Í fyrstu tók tilskipunin ekki heldur til telexþjónustu, farsíma, ýmiss konar boðkerfa og gervihnattaþjónustu en með síðari breytingum var þessi þjónusta felld undir gildissvið hennar.

Fullri samkeppni í fjarskiptum var komið á með tilskipun 96/19/EB en í henni sagði að aðildarríki ESB og þar með EES ættu að afnema einkarétt á fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta eigi síðar en 1. janúar 1998. Þann dag urðu merk tímamót í fjarskiptasögu Íslendinga því að einkaréttur ríkisins til að veita fjarskiptaþjónustu og eiga og reka fjarskiptanet var afnuminn. Hér á landi þurfti þó ekki sérstaka lagabreytingu til að heimila samkeppni því að lög um fjarskipti nr. 143/1996 voru samin með fyrirhugað afnám einkaréttar í huga.

2. Meginatriði stefnu Evrópusambandsins í fjarskiptamálum og upplýsingatækni

Almennt er litið svo á að helstu vaxtarsprotar innri markaðarins séu fjarskipti og upplýsingatækni. Áhersla ESB á fjarskiptamál kemur fram í mörgum myndum, þar á meðal átakinu *e*Europe sem að sögn framkvæmdastjórnar ESB er mikilvægasta verkefni sambandsins um þessar mundir. Með *e*Europe er aðildarríkjum ESB bent á lið fyrir lið, hvaða breytingar þarf að gera á lögum og hvaða framkvæmdir þarf að ráðast í á tímabilinu 2000–2004 svo framþróun verði mest. Einnig eru sérstök átaksverkefni nú í gangi sem hafa það markmið að efla vit-

und borgaranna um upplýsingaþjóðfélagið, þróa og rannsaka upplýsingatækni í Evrópu, efla samkeppni í fjarskiptum og efla upplýsingatækni sem eykur samkeppni og fjölgar störfum.

Það veldur framkvæmdastjórninni talsverðum áhyggjum að Bandaríkin hafa að mörgu leyti forskot á Evrópu þegar kemur að fjarskipta- og upplýsingatækni. Þetta stafar af því að samkeppnismarkaður komst á fyrr í Bandaríkjunum auk þess sem almenningur í S-Evrópu virðist ekki hafa tileinkað sér tölvutækni í ríkum mæli. Norðurlönd hafa hins vegar góða stöðu, einkum hvað varðar farsímatækni. Vegna þess hve ástand fjarskiptamarkaða er orðið mikilvægt fyrir alla atvinnustarfsemi hefur verið lögð á það áhersla að þeir verði opnaðir enn frekar og ríkisfyrirtæki einkavædd.

Löggjöf Evrópusambandsins hefur að markmiði að tryggja frjáls viðskipti með því að örva samkeppni og með því að hindra að markaðsráðandi fyrirtæki misnoti stöðu sína á markaðnum. Hraður samruni fjarskipta, sjónvarps og tölvutækni, nýjar þarfir, ný tækni og ný þjónusta hefur leitt til þess að nú er unnið markvisst að endurskoðun allrar fjarskiptalöggjafar Evrópusambandsins í svokallaðri 1999 endurskoðun. Á undanförnum misserum hefur mikil umræða farið fram um leiðir sem geta örvað fjarskipta- og upplýsingatækni, þannig að hámarksafrakstur náist. Bent hefur verið á opinn aðgang nýrra fjarskiptafyrirtækja að heimtaug markaðsráðandi fjarskiptafyrirtækja sem hugsanlega leið í þessu sambandi. Með aðgangi að heimtaug er átt við það að fjarskiptafyrirtæki sem á eitt símalínu til notanda skuli leigja öðrum hana á kostnaðarverði að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Ef ungt fjarskiptafyrirtæki hefur ekki lagt nýja heimtaug til viðskiptavinar síns verða engin viðskipti. Því heimtaugin er tenging fjarskiptafyrirtækisins og notandans. Í flestum ríkjum Evrópu var lögbundinn einkaréttur á rekstri fjarskiptaneta til 1. janúar 1998 og því mátti enginn annar en símastjórnin byggja heimtaugar fyrir fjarskiptakerfið. Þetta veldur nú hindrunum fyrir ný fjarskiptafyrirtæki sem þurfa nú sjálf að leggja í miklar fjárfestingar til að leggja heimtaugar.

Aðgangur að heimtaug markaðsráðandi fjarskiptafyrirtækis örvar og tryggir samkeppni á almennum notendamarkaði. Stafar það m.a. af því að kostnaður við lagningu línu til venjulegs notenda er yfirleitt mun meiri en sem nemur tekjum af fjarskiptaþjónustu. Framkvæmdastjórn ESB hefur látið vinna fyrir sig sérfræðiskýrslur á þessu sviði þar sem fjallað er um hvernig best sé að koma á leiguskyldu að heimtaugarnetum markaðsráðandi fjarskiptafyrirtækja. Í undirbúningi eru tilmæli til aðildarríkja ESB, þar sem lagt er til að þau opni aðgang að heimtaug. Hins vegar mæla Evrópureglur ekki enn á um skyldu til að opna aðgang að heimtaug. Lög nr. 110/1999 um fjarskipti ganga að þessu leiti lengra en skylt er samkvæmt tilskipunum um fjarskiptamál.

Aðgangur að heimtaugum ætti að leiða til meiri samkeppni í innabæjar- og langlínusímtölum. Með opnum aðgangi munu framfarir í tækni fyrir heimtaugar og þjónustu vegna þeirra aukast og ljóst er að almenningi mun standa meiri gagnaflutningur fyrir minna verð til boða. Opinn aðgangur að heimtaug er einnig talin geta dregið úr ríkisafskiptum á fjarskiptamarkaðnum, því samkeppni á öllum stigum leiðir til innra aðhalds í greininni og minni hættu á misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þegar fram líða stundir er líklegt að fleiri en einn aðili muni leggja heimtaugar í nýbyggingar, þannig mun einokunarstaða fyrrum sérleyfishafa fjara út.

2.1 Réttargrundvöllur ESB

Allar réttarheimildir Evrópusambandsins þurfa að sækja stoð sína í Rómarsamninginn og eru fjarskiptareglur þar engin undantekning. Eins og fyrr sagði voru það tvær tilskipanir sem mörkuðu upphafið að frelsi í fjarskiptum. Önnur þeirra var tilskipun framkvæmdastjórnarinn-

ar 90/388/EBE frá 28. júní 1990 um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu sem sótti stoð sína í 86. gr. Rómarsamningsins (áður 90. gr.).

Ákvæði 86. gr. takmarkar svigrúm aðildarríkja ESB til að veita fyrirtækjum sem starfrækja þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, einkaleyfi eða sérréttindi. Til þess að sérréttindi hamli ekki viðskiptum á þann veg að það sé andstætt hagsmunum sambandsins hefur framkvæmdastjórninni verið falið að beina tilskipunum og ákvörðunum til aðildarríkjanna. Tilskipun 90/388/EBE var einmitt sett í þeim tilgangi. Tilskipuninni var síðar breytt með tilskipun 96/19/EB sem kvað á um afnám einkaréttar 1. janúar 1998 og var þar með búið að afnema sérréttindi í rekstri fjarskiptaneta og fjarskipta þjónustu. 86. gr. Rómarsamningsins hefur því enga þýðingu við lagasetningu á sviði fjarskipta í bili.

Meginréttarheimild sambandsins á sviði fjarskipta var tilskipun ráðsins 90/387/EB frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum. Hún sótti stoð sína í 95. gr. Rómarsamningsins (áður 100a gr.).

Ákvæði 95. gr. Rómarsamningsins eftir breytingar samkvæmt Amsterdamsamningnum er nú helsti réttargrunnur ESB um fjarskiptamál. Þannig er ljóst að löggjöf á sviði fjarskipta er ætlað að ná markmiðum innri markaðarins um að samningsríkin verði svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustuviðskipti og frjálsir fjármagnsflutningar eru tryggðir.

2.2 Afleiddar réttarheimildir í fjarskiptastefnu sambandsins

Allur tíundi áratugurinn hefur einkennst af umfangsmiklu lagasetningarstarfi framkvæmdastjórnar og ráðherraráðs ESB sem hefur sett fjölmargar tilskipanir og beint fjölmörgum ákvörðunum og tilmælum til aðildarríkja ESB. Skulu nú þær helstu raktar en talningin er ekki tæmandi.

Stofnun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu

Tilskipun ráðsins 90/387/EBE frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum var breytt með tilskipun 97/51/EB sem ætlað var að stuðla að aðlögun að samkeppnisumhverfi í fjarskiptum. Yngri breytingartilskipunin fól í sér umtalsverðar breytingar á rammatilskipuninni enda breytti hún átta af tólf ákvæðum hennar. Í hinni breyttu tilskipun var markmið opins netaðgangs skilgreint nánar og rýmkað og eldri skilgreiningar voru teknar út en nýjum bætt inn eftir því sem hæfði samkeppnisumhverfi fjarskipta. Breytingartilskipun 97/51/EB fól einnig í sér breytingar á leigulínutilskipun ráðsins 92/44/EBE frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur.

Ein af meginstoðunum í frelsisvæðingu fjarskiptamarkaðsins í Evrópu er stofnun sjálfstæðra eftirlits og framkvæmdaraðila í aðildarríkjunum. Á Íslandi gegnir Póst- og fjarskiptastofnun þessu hlutverki sbr. lög nr. 110/1999. Systurstofnunum Póst- og fjarskiptastofnunar er falin framkvæmd fjarskiptalaga, þ.m.t. veiting fjarskiptaleyfa og eftirlit með leyfishöfum, úthlutun rása á tíðnisviðinu ofl. Rekstur og hlutverk þessara eftirlitsstofnana verður sífellt umfangsmeiri og mikilvægari fyrir fjarskiptamarkaðinn eftir því sem breidd í þjónustuframboði og fjölgun rekstarleyfishafa vex.

Á Evrópuvettvangi hefur verið rætt um stofnun eins fjarskiptaeftirlitsaðila fyrir allan innri markaðinn. Þessi hugmynd hefur þó að svo komnu máli verið lögð til hliðar og það talið heppilegra að einstök aðildarríki sjái um eftirlit og framkvæmd á markaðnum. Hins vegar er mikið samráð milli þessara eftirlitsstofnana auk þess sem einstakar tilskipanir mæla fyrir sérstakar samráðsnefndir.

Samtenging fjarskiptaneta á innri markaðnum

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB fjallar um samtengingu í fjarskiptum með tilliti til þess að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með beitingu meginreglna um frjálsan aðgang að netum (ONP).

Samtenging einstakra fjarskiptaneta er forsenda þess að aðilar sem eru í viðskiptum hjá ólíkum fjarskiptafyrirtækjum geti átt samskipti sín á milli. Þetta leiðir til þess að fjarskiptafyrirtæki sem hefur verið einrátt á markaðinum gæti útilokað samkeppni með því að synja fjarskiptafyrirtækjum með takmarkaða útbreiðslu um samtengingu. Ofurvald fyrrum einkaréttarhafa á fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta leiðir til þess að mikilvægt er að þeir sem veita þjónustu eigi jafnan aðgang að netum markaðsráðandi fjarskiptafyrirtækja.

Talið er að virk samtenging fjarskiptafyrirtækja örvi ekki aðeins samkeppni heldur hvetji til aukinnar fjárfestingar og vaxtar fjarskiptageirans í heild sinni. Ætlast er til að samtengingarsamningar náist í frjálsum samningum milli fyrirtækja en undir eftirliti fjarskiptastofnanna aðildarríkjanna sem einnig hafa það hlutverk að leysa úr ágreiningsmálum sem upp kunna að koma. Endurgjald fyrir samtengingu á að vera byggt á kostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði þegar um fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild er að ræða. Til þess að meta endurgjald fyrir samtengingu á grundvelli kostnaðar þarf fullnægjandi kostnaðarbókhald að liggja fyrir.

Tilskipanir 90/387/EBE um innri markað, tilskipun 92/44/EB fyrir opinn aðgang að leigulínum á almenna fjarskiptanetinu, tilskipun 98/10/EB um opinn aðgang að netum á sviði talsímaþjónustu og alþjónustu sem og tilskipun 97/33/EB um samtengingu neta eiga það allar sameiginlegt að þar er opinn aðgangur að fjarskiptanetum augljóslega meginmarkmið sambandsins. Enn fremur hafa verið gefin út tilmæli um kostnaðarbókhald og aðskilnað mismunandi þjónustu í bókhaldi til að skýra betur kostnaðargrundvöll samtengingar og opins netaðgangs.

Í samtengingartilskipuninni 97/33/EB er kveðið á um númeraflutning og fast forval. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/61/EB til þess að skerpa enn frekar á ákvæðum samtengingartilskipunarinnar auk þess sem tímamörkum til að koma á númeraflutningi var flýtt til 1. janúar 2000. Báðar hafa þessar tilskipanir öðlast gildi í EES-rétti og því á númeraflutningur að hafa komist á. Með flutningi númera er átt við þann rétt símnotenda að þeir geti flutt viðskipti sín frá einu fjarskiptafyrirtæki til annars án þess að skipta um símanúmer. Þessi réttur símnotenda er álitinn ein grundvallarforsenda virkrar samkeppni í fjarskiptum. Stór fyrirtæki sem hafa eytt miklum tíma og fjármunum í að kynna símanúmer sín telja mikil verðmæti fólgin í þeim. Það kann því að valda tregðu við að skipta um fjarskiptafyritæki ef fórna þarf gamla símanúmerinu. Í flestum ríkjum heims er nú unnið að því að koma á flutningi símanúmer í þágu notenda.

Leyfisveitingar á innri markaðnum

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 fjallar um samræmda löggjöf fyrir almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu.

Tíðni er takmörkuð gæði sem finna þarf leiðir til þess að úthluta á réttlátan og hagkvæman hátt. Grænbók um tíðnirófið hefur þegar verið gefin út og nú fer fram umfangsmikið starf innan ESB sem hefur það markmið að auka réttareiningu í tíðnimálum. Núgildandi tilskipanir mæla þegar fyrir um nokkrar útlínur varðandi úthlutun tíðni. Það er hlutverk eftirlitsstofnana á sviði fjarskipta að skilgreina not tíðnirófsins og úthluta tíðni samkvæmt leyfisveitingatilskipuninni 97/13/EB. Hér á landi er það Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt fjarskiptalög-

um nr. 107/1999. Einnig er kveðið á um samráð við alþjóðlegar stofnanir svo sem CEPT og ITU við skipulagningu tíðnirófsins.

Mikil umræða er um hvort taka skuli gjald fyrir notkun tíðni, hvernig henni skuli úthlutað og hvort verslun með tíðni á eftirmarkaði sé æskileg. Val leiða mun hafa mikil áhrif á fjarskiptamarkaðinn og alla þá sem hann nýta. Sá ókostur getur t.d. fylgt úthlutun tíðni á grundvelli útboðs að verð fjarskiptaþjónustu hækki verulega. Þeir ókostir fylgja hins vegar endurgjaldslausri úthlutun að hún getur alið á spillingu og komið í veg fyrir hagkvæm not tíðnirófsins. Jafnframt er ljóst að frjálst framsal á tíðni á eftirmarkaði mun auka aðgengi nýrrar þjónustu því milliganga stjórnvalda hefur oft valdið miklum töfum.

Skyldur fjarskiptafyrirtækja í talsímaþjónustu

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 fjallar um beitingu ákvæða um opinn netaðgang (ONP) í talsímaþjónustu og alþjónustu í samkeppni á fjarskiptamarkaði. Tilskipunin tekur við af fyrri tilskipun 95/62/EB um sama efni sem hefur verið felld úr gildi. Tilskipunin, sem almennt gengur undir heitinu talsímatilskipunin, tekur tillit til þeirra breytinga er urðu árið 1998 þegar einkaréttur ríkisins á talsímaþjónustu var afnuminn. Talsímatilskipunin fjallar einnig um samræmingu fyrirkomulags alþjónustu í fasta fjarskiptanetinu. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja framboð gæðafjarskiptaþjónustu fyrir alla notendur, þar á meðal neytendur. Gera þarf þann fyrirvara við talsímatilskipunina að hún fjallar almennt ekki um farsímaþjónustu.

Alþjónusta er hugtak sem notað er um kvaðir sem lagðar eru á fjarskiptafyrirtækin um að veita tiltekna þjónustu. Í hugtakinu alþjónustu felast afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Það eru póst- og fjarskiptastofnanir í aðildarríkjum ESB sem setja áskilnað um alþjónustu í fjarskiptaleyfi fyrirtækjanna í samræmi við gildandi löggjöf á hverjum tíma. Um alþjónustu er fjallað í talsímatilskipuninni 98/10/EB.

Skilgreint er með tæmandi hætti hvaða þjónustu má skilgreina sem alþjónustu sem greiða má fyrir úr jöfnunarsjóði. Vert er að nefna að þessi þjónusta hefur verið nokkuð umdeild, þ.e. útfærsla og framkvæmd í hverju ríki fyrir sig. Það má enn fremur nefna að hugmyndir um útvíkkun alþjónustu eru ofarlega á blaði við 1999 endurskoðun fjarskiptalöggjafar sambandsins. Sérfræðingaskýrslur sem framkvæmdastjórnin hefur látið gera vara við frekari útvíkkun hugtaksins þar sem það geti haft ýmsar óæskilegar afleiðingar á fjárfestingarstefnu fjarskiptafyrirtækjanna. Í þessu sambandi má benda á að vilji stjórnvöld jafna kostnað umfram það sem heimilt er á grundvelli alþjónustu getur verið heimilt að gera það með greiðslum úr ríkissjóði

Innflutningur á fjarskiptabúnaði á innri markaðnum

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 fjallar um útvarpstæki og fjarskiptabúnað og gagnkvæma viðurkenningu á gerðarprófunum. Þegar tilskipunin tekur gildi á innri markaði Evrópusambandsins á næsta ári mun hún hafa verulegar breytingar í för með sér á öllu eftirliti með innflutningi á fjarskiptabúnaði. Núgildandi tilskipun 98/13/EB um notendabúnað í fjarskiptakerfum og gervihnattastöðvar, þar á meðal um gagnkvæma samræmisviðurkenningu mun hins vegar falla úr gildi við gildistöku tilskipunar 1999/5/EB.

Réttarheimildir án beinna lagaáhrifa

Einnig hafa verið samþykktar fjölmargar ályktanir og tilmæli sem EES-ríkjunum ber að taka mið af. Þar má nefna eftirfarandi: Ályktun ráðsins 96/C 376/01 frá 21. nóvember 1996

um nýja forgangsröðun við stefnumótun um upplýsingaþjóðfélagið. Ályktun ráðsins 97/C 303/01 um stefnu í númeramálum vegna fjarskiptaþjónustu. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/80/EB um breytingu á II. viðauka tilskipunar ráðsins 92/44/EBE. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/195/EB um samtengingargjöld. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/322/EB um samtengingarbókhald. Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/511/EB um samtengingargjöld og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 710/97/EB um gervihnattaþjónustu fyrir einstaklinga.

3. Löggjöf Evrópska efnahagssvæðisins á sviði fjarskipta og upplýsingatækni

3.1 Réttargrundvöllur

Fjarskipti og upplýsingatækni falla undir EES-samninginn eins og önnur þjónustuviðskipti. Í meginmáli samningsins eru ýmis ákvæði sem þýðingu kunna að hafa við túlkun fjarskiptalaga og í 2. mgr. 36. gr. er vísað til sérstakra ákvæða í IX.–XI. viðaukum um frelsi til að veita þjónustu. Í XI. viðauka eru taldar upp afleiddar réttarheimildir sem gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins um fjarskiptaþjónustu. Stefnt er að því að viðaukinn hafi að geyma allar sömu réttarheimildir og gilda innan ESB á hverjum tíma enda er markmið EES-samningsins einsleitt efnahagssvæði. Viss hætta er þó á því að afleiddur réttur öðlist gildi innan ESB áður en hann verður hluti af löggjöf EES.

Í VI. kafla EES-samningsins um samvinnu utan fjórþætta frelsisins, segir í 78. gr. að samningsaðilar skuli efla og auka samvinnu innan ramma starfsemi sambandsins á nánar greindum sviðum. Þessi svið eru m.a. rannsóknar og tækniþjónsta, upplýsingaþjónusta og hljóð og myndmiðlun.

3.2 Aðild að nefndum innan ESB

Á grundvelli EES-samningsins hefur Ísland aðgang að mikilvægum nefndum er fjalla um fjarskipti og upplýsingatækni. Á grundvelli 100. gr. EES-samningsins stendur íslenskum sérfræðingum á sviði fjarskipta til boða að sækja fundi ONP-nefndarinnar, leyfisveitinganefndarinnar og nefndar um rafræn viðskipti.

ONP-nefndin var sett á fót með stoð í 9. gr. tilskipunar 90/387/EBE um samkeppni í fjarskiptum. Hlutverk nefndarinnar er ráðgjöf til framkvæmdastjórnarinnar um það hvernig komið verði á samræmdum skilmálum fyrir opnu netframboði fjarskiptaneta með skilvirkum hætti. Leyfisveitinganefndin var sett á fót með stoð í 14. gr. tilskipunar 97/13/EB um leyfisveitingar í fjarskiptum. Hlutverk nefndarinnar er að vera samráðsvettvangur í leyfisveitingamálum og ber framkvæmdastjórninni að leggja fyrirhugaðar breytingar á þeim málaflokki undir nefndina. Nefnd um rafrænar undirskriftir var sett á fót með stoð í 9. gr. tilskipunar 1999/93/EB um rafrænar undirskriftir. Hlutverk nefndarinnar er að gæta þess að túlkun á ákvæðum tilskipunarinnar og viðaukum hennar sé í samræmi við staðla.

Ísland er einnig aðili að rammaáætlunum skv. 81. gr. EES-samningsins. Meðal verkefna má nefna aðild að INFO 2000, Promise-áætluninni og áætlun um öruggari not Internetsins. Auk þessara formlegu áætlana eru ýmis átaksverkefni sem sérfræðingar Íslands fylgjast með án þess að um sé að ræða formlegt samstarf. Þar á meðal má nefna *The High-Level Committee of National Telecommunications Regulators*, *The Satellite Action Plan*, *The Forum on the Information Societ*. Vegna svokallaðrar 1999 endurskoðunar fjarskiptastefnu ESB fer einnig fram ýmiss konar starf sem eflaust mun leiða til lagabreytinga í framhaldinu. Íslensk stjórnvöld fylgjast með því starfi eftir föngum.

3.3 Einsleitnimarkmið EES

Í 1. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið segir að markmið hans sé að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt evrópskt efnahagssvæði. Í þessu felst eitt helsta markmið EES-samningsins að koma á einsleitu evrópsku efnahagssvæði.

Í fjarskiptum hefur einsleitnimarkmiðið náðst í grófum dráttum. Óhætt er að fullyrða að það réttarástand sem er á Íslandi eftir setningu nýrra fjarskiptalaga nr. 107/1999 og nýrra laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999, uppfylli þær kröfur sem gilda um fjarskipti hvort sem miðað er við EES eða ESB. Enn sem komið er hafa því engin stórvandamál komið upp vegna þess að ólíkar efnisreglur gildi innan EES annars vegar og ESB hins vegar.

4. Niðurlag

Þrír mánuðir þykja langur tími á Internetinu enda hafa tæknibreytingar og þarfir markaðarins kallað á grundvallarbreytingar á fjarskiptalöggjöfinni síðustu ár. Aukinn samkeppni elur af sér nýjar afurðir og nýjar þarfir. Samruni tals, myndar og gagna gerir það að verkum að ómögulegt er að ætla sér að halda einhverju sviði utan samkeppni. Uppbyggingu grunnnetsins er meira og minna lokið og almannahagsmunir þykja ekki lengur réttlæta ríkisrekstur og einkarétt á fjarskiptum. Fjarskipti eru viðskipti sem hafa gríðarleg áhrif á lífskjör og hagsæld þjóða enda eru vestræn samfélög að breytast úr iðnaðarsamfélögum sem framleiða áþreifanleg verðmæti í samfélög upplýsingatækni og þekkingar sem framleiða annars konar verðmæti.

Í þessu nýja samfélagi er hlutverk stjórnvalda gerbreytt; í stað þess að stjórna markaðnum og veita sjálfa þjónustuna er það hlutverk stjórnvalda að koma á almennum leikreglum og tryggja eðlilega samkeppni á meðan fyrirtækin á markaðnum njóta frelsis til athafna.

Ekki er útilokað að sama þróun hefði átt sér stað hér á landi þó að Íslendingar hefðu verið utan EES enda er aukið frelsi í fjarskiptum alþjóðlegt fyrirbæri. Margt bendir þó til þess að aðildin að EES hafi ýtt undir að einkaréttur var afnuminn 1. janúar 1998. Almennt má því segja að þátttaka Íslands í Evrópusamvinnu um fjarskipti og upplýsingatækni hafi verið til hagsbóta fyrir Ísland. Alger umbylting hefur orðið á lagaumhverfi í fjarskiptum og ljóst er að markaðurinn er að taka verulega við sér. Næstu misseri munu því leiða það í ljós hvort fjarskiptalög byggð á Evrópureglum marki vaxandi fjarskiptamarkaði réttan ramma. Nauðsynlegt er að reglugerðarumhverfi sé í takt við nýja tíma og að brugðist sé strax við þörfum markaðarins á þessu sviði.

Aðild Íslands að ESB mundi ekki hafa í för með sér breytingar á efnisreglum á fjarskiptasviði, þar sem öll löggjöf Evrópusambandsins á þessu sviði heyrir nú undir EES-samninginn. Aðild að ESB mundi hins vegar hafa í för með sér aukna réttareiningu við túlkun Evrópulöggjafar þar sem EFTA-dómstóllinn yrði lagður niður. Einnig er ljóst að þýðing Evrópureglna mundi stóraukast vegna réttaráhrifa þeirra gagnvart Alþingi, framkvæmdarvaldi og dómstólum sem EES reglurnar skortir.

Velferð og hagvöxtur þjóða mun í vaxandi mæli byggjast á notkun upplýsingatækni og þekkingu. Þróun á þessu sviði hefur orðið til þess að vinnuaðferðir, tengsl, menntun og þjálfun ýmiss konar og hvernig fólk hefur samskipti hefur breyst gífurlega á stuttum tíma. Upplýsingatæknin er þegar orðin lykilþáttur í samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja. Það er því mjög mikilvægt að ryðja úr vegi öllum hindrunum sem geta staðið í veginum fyrir þróun upplýsingatækninnar þannig að hægt sé að fá út úr henni hámarksafrakstur.

Gagnlegar vefslóðir um fjarskipti og upplýsingatækni
Samgönguráðuneytið: http://www.stjr.is/sam
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/infso/index_en.htm

18. kafli
Lítil og meðalstór fyrirtæki

Samantekt

Lítil og meðalstór fyrirtæki eru burðarásinn í evrópsku atvinnulífi. Innan Evrópusambandsins hefur sérstök áhersla verið lögð á að efla slík fyrirtæki. Aðild að EES-samningnum hefur haft veigamikla kosti og þýðingu fyrir hagsmuni og samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem og alls íslensks atvinnulífs. Nær öll fyrirtæki á Íslandi teljast lítil eða meðalstór. Þessir hagsmunir eru ekki síst mikilvægir ef höfð er hliðsjón af aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífsins. Við aðild Íslands að ESB yrðu þær breytingar að full þátttaka fengist í ákvörðunartöku á þeim sviðum sem varða lítil og meðalstór fyrirtæki.

1. Almennt um lítil og meðalstór fyrirtæki innan ESB og EES

Sameiginlegur markaður Evrópusambandsins gefur ekki eingöngu stórum fyrirtækjum tækifæri til útrásar, heldur einnig hinum smærri. Staðreyndin er sú að lítil og meðalstór fyrirtæki eru burðarásinn í atvinnulífi álfunnar og drifkraftur nýsköpunar. Af þeim sökum hefur ESB lagt áherslu á að efla samkeppnishæfni þeirra með sérstakri áætlun og verkefnum henni tengdum. Þá hefur verið lögð áhersla á að tryggja hagstætt starfsumhverfi evrópskra fyrirtækja með einföldun ólíkrar löggjafar aðildarríkjanna og regluumhverfis. Allt þetta miðar að því að lækka kostnað fyrirtækja.

Lítil og meðalstór fyrirtæki eru skilgreind sem fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn, með innan við 40 milljóna evra ársveltu eða efnahagsreikning lægri en 27 milljónir evra. Að auki er miðað við að þau fyrirtæki, sem eru stærri en skilgreiningin gerir ráð fyrir, eigi ekki meira en 25% hlutafjár viðkomandi fyrirtækis til þess að þau geti talist lítil eða meðalstór. Þetta þýðir að í undantekningartilvikum falla íslensk fyrirtæki utan þessa ramma. Stærstur hluti fyrirtækja í Evrópu fellur undir skilgreiningu ESB um lítil og meðalstór fyrirtæki.

Sérstök stefna Evrópusambandsins varðandi fyrirtæki og þjónustu fellur utan sviðs hins fjórþætta frelsis. Þótt samstarfið sé í öðru formi en samstarf á sviði fjórþætta frelsisins er það mikilvægt til þess að ná markmiði EES-samningsins og því er það fellt undir EES-samstarfið.

Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að bæta starfsaðstæður lítilla og meðalstórra fyrirtækja innan Evrópusambandsins og Evrópska efnhagssvæðisins. Aðgerðir þessar felast ýmist í áætlunum, sérstökum verkefnum eða upplýsingamiðlunum. Stærsta og mikilvægasta áætlunin er þriðja aðgerðaáætlunin um lítil og meðalstór fyrirtæki sem er í gildi frá árinu 1997 til 2000, en ný áætlun tekur við af henni á árinu 2001. Helstu markmið áætlunarinnar eru:

- *Bætt og einfaldað laga- og stjórnsýsluumhverfi atvinnurekstrar.* Unnið verði að einföldun laga, reglugerða og stjórnsýslu sem taki tillit til hagsmuna lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ýmsum verkefnum og til stefnumiða Evrópusambandsins (og í EES-ríkjum).
- *Bætt fjárhagsleg rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja.* Fjármögnunarkostir verði bættir, svo sem aðgangur að lánum og áhættufjármögnun, og þróað verði frekar tölvumiðlunarnet Samtaka evrópskra verðbréfamiðlara (EASDAQ).
- *Aukin alþjóðavæðing með upplýsinga- og samstarfsverkefnum.* Bætt verði upplýsinga- og samstarfsþjónusta fyrir fyrirtæki er auka vilja evrópskt samstarf og alþjóðleg við-

skipti. Þetta verði m.a. gert með frekari þróun upplýsingamiðstöðva um Evrópumálefni (Euro Infoskrifstofurnar), bættum aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að upplýsingasamfélaginu, þróun og hvatningu undirverktakastarfsemi milli landa og auknum samstarfsmöguleikum fyrirtækja með viðskipta- og samstarfsnetum (Interprise, Europartenatiat, BC- og BCC-netin o.fl.).

- *Bætt samkeppnisstaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja og betri aðgangur þeirra að rannsóknum, nýsköpun og þjálfun.* Þetta verði gert m.a. með auknum alþjóðlegum athugunum, bættum aðgangi að rannsóknum, nýsköpun og þjálfun, auknum stjórnunarhæfileikum og aðlögun að umhverfiskröfum.
- *Efld viðskipti og frumkvöðlastarfsemi.* Efldar verði athuganir og stuðningur við frumkvöðla í atvinnulífi, svo sem unga atvinnurekendur, konur í fyrirtækjarekstri og fyrirtæki sem rekin eru af atvinnurekendum úr þjóðfélagshópum sem lakara eru settir en aðrir. Einnig verði efldur stuðningur við handverksfyrirtæki, lítil fyrirtæki og örfyrirtæki, sem og fyrirtæki í dreifingu og viðskiptum.
- *Efld stefnumótun.* Þetta verði m.a. gert með sérstöku samráði við samtök lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu, auk betri tölulegra upplýsinga um lítil og meðalstór fyrirtæki.

Sá munur er á eðli EES-samstarfsins á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja og t.d. á sviðum hins fjórþætta frelsis að í því fyrrnefnda er einkum um að ræða samstarfsverkefni en ekki upptöku skuldbindandi gerða í EES-rétt. Framkvæmdastjórnin gefur þó út tilmæli á þessu sviði sem ekki eru skuldbindandi fyrir aðildarríki ESB. Þær lúta einkum að hvatningu til einföldunar laga og reglugerða á þeim sviðum er tengjast litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Innan EES-samningsins taka EFTA/EES-ríkin þátt í flestum þeim verkefnum sem þeim standa til boða á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þess er einnig að geta að fyrirtækjum gefst einnig kostur á að taka þátt í verkefnum á öðrum sviðum EES-samningsins en því sem fjallar um lítil og meðalstór fyrirtæki. Helst er að nefna verkefni á sviði upplýsingamiðlunar, svo sem Euro Infoskrifstofurnar en á Íslandi er sú skrifstofa starfrækt á vegum Útflutningsráðs. Hún veitir fyrirtækjum og einstaklingum alhliða upplýsingar um EES-samninginn, svo sem varðandi lán og stuðning, rannsókna- og þróunarverkefni, opinber útboð o.fl. Einnig er að nefna verkefni, svo sem Interprise og Europartenatiat, en þessi verkefni stuðla að aukinni samvinnu fyrirtækja á milli landa og hafa fjölmörk íslensk fyrirtæki tekið þátt í þessum verkefnum sem gefist hafa vel. Þá má nefna verkefni eins og BC- og BCC-netin, sem einnig stuðla að samstarfi á milli landa, verkefni á sviði frumkvöðlastarfsemi, áhættufjármagns, samanburðarrannsókna á samkeppnishæfni og fleira mætti nefna.

Hin einstöku verkefni, sem ætluð eru fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, eru í vaxandi mæli einnig að opnast fyrir stærri fyrirtæki þó að áherslur séu á að hanna verkefnin á þann hátt að það nýtist sem best smærri fyrirtækjum. Áherslur innan framkvæmdastjórnarinnar á seinustu mánuðum hafa verið í þá átt að móta alhliða samkeppnishæfnisstefnu þar sem ekki er gert upp á milli fyrirtækja. Vænta má frekari aðgerða innan framkvæmdastjórnarinnar í þessa veru á næstu mánuðum.

Þótt lítil og meðalstór fyrirtæki innan EFTA/EES-ríkjanna hafi aðgang að fjármagni í gegnum ýmis verkefni Evrópusambandsins, sem eru tilgreind að ofan, þá er rétt að geta þess að fyrirtæki innan ESB njóta jafnframt möguleika á styrkjum úr uppbyggingarsjóðum sambandsins.

2. Helsti munur á aðild að ESB og aðild að EES á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Með tilkomu innri markaðarins hefur samkeppni á markaði almennt aukist í Evrópu. Með aðild Íslands að EES hefur atvinnulífinu hér á landi gefist möguleiki á þátttöku í ýmsum verkefnum ESB á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þá hefur breytt lagaumhverfi innri markaðarins haft í för með sér miklar breytingar. Þróunin hefur því verið sú að starfsskilyrði þessara fyrirtækja hafa þróast í samræmi við þær áherslur sem stefnt var að. Helstu breytingar frá því sem áður var hafa verið þær að möguleiki íslenskra fyrirtækja til þátttöku í verkefnum á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja hefur vaxið til muna. Ávinningur af þátttöku íslenskra fyrirtækja í þessum verkefnum er ótvíræður og hefur stuðlað að aukinni samkeppnishæfni og verðmætasköpun þeirra.

Eins og útskýrt hefur verið framar í skýrslu þessari er EFTA/EES-ríkjunum gefinn sá kostur að koma að mótun tillagna framkvæmdastjórnar ESB, m.a. í gegnum sérstaka nefnd á vegum EFTA/EES-ríkja um lítil og meðalstór fyrirtæki fjármálaþjónustu (*Working Group on Small and Medium Sized Enterprises*). Einnig taka Íslendingar þátt í nefndum um lítil og meðalstór fyrirtæki innan framkvæmdastjórnar ESB en það skiptir nefnd um stefnumörkun í málefnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja mestu máli (*Article 4 Committee*). Á þessu sviði eiga EFTA/EES-löndin aðgang að ráðuneytisstjóranefnd um lítil og meðalstór fyrirtæki en sú nefnd hittist að meðaltali einu sinni á ári. Þó hefur komið fyrir að fulltrúum frá EFTA/EES-löndunum sé ekki boðið á slíka fundi. Í þessu sambandi er þess einnig að geta að þrátt fyrir málaleitan hefur ekki tekist að fá aðgang að ráðuneytisstjóranefnd á sviði iðnaðar þar sem fjallað er um stefnumótun og samkeppnishæfni atvinnulífs.

Helsti og veigamesti ávinningur með aðild að ESB væri þátttaka í stefnumótun og stjórnun æðstu ráðamanna og ráðherra, í ráðherraráðinu og Evrópuþinginu. Stjórnmálamenn og æðstu embættismenn frá Íslandi fengju þá jafnan aðang að lagasetningarferlinu.

Gagnlegar vefslóðir um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópusamvinnu

Euro Info Centre á Íslandi: http://www.icetrade.is
Framkvæmdastjórn ESB: http://europa.eu.int/comm/dgs/enterprise/index_en.htm
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: http://www.stjr.is/ivr

19. kafli
Samvinna á sviði dóms- og innanríkismála

Samantekt

Samstarf Evrópusambandsríkjanna á sviði dóms- og innanríkismála var lengst af hefðbundið millirikjasamstarf utan stofnanaramma ESB og er Schengen-samstarfið þekktasta dæmið um slíkt.[1] *Með Amsterdamsamningnum varð breyting á þessu og málaflokkurinn var formlega færður undir Evrópusambandið en þó þannig að hluti málefna lýtur áfram lögmálum hefðbundins millirikjasamstarfs þar sem krafist er einróma samþykkis allra aðildarríkja fyrir framgangi mála.*

EES-samningurinn tekur ekki til dóms- og innanríkismála. Samstarf Íslands við ESB á sviði innanríkismála byggist því á þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu en í þessum kafla

[1] „Justice and Home Affairs". Innan þessa hluta ESB fer fram samstarf á sviði lögreglumála, útlendingamálefna, dómsmála og réttarsamvinnu í refsimálum og á sviði einkamálaréttar eins og um fullnustu dóma og á sviði sifjamála.

er nánari grein gerð fyrir því hvaða málefni falla undir það. Ísland á hins vegar ekki annað samstarf við ESB á sviði innanríkismála. Þátttaka Íslands í mótun ákvarðana á sviði Schengen-samstarfsins er tryggð með sérstökum samningi, Brussel-samningnum, þar sem gert er ráð fyrir þátttöku fulltrúa Íslands í öllu ferli undirbúnings að ákvarðanatöku.

Með Brussel-samningnum er staða Íslands gagnvart Schengen-samstarfinu tryggð, a.m.k. til skemmri tíma litið. Á hinn bóginn eru ýmsir mikilvægir þættir í samstarfi ESB á þessu sviði sem við núverandi aðstæður verða ekki felldir undir samstarf Íslands og ESB og má þar t.d. nefna samstarf á sviði einkamálaréttar, svo sem um fullnustu dóma, og á sviði sifjamálefna.

Afmörkun á þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu kann að verða vandasöm þar sem skiptar skoðanir kunna að vera hverju sinni um hvort tiltekið atriði tengist Schengen-samstarfinu eða öðrum þáttum samstarfs ESB á sviði innanríkismála. Þetta kann svo að verða enn vandmeðfarnara er fram í sækir því að sú aðgreining, sem var áður milli Schengen-málefna og annarra innanríkismála, kann smám saman hverfa innan ESB. Að lokum er rétt að hafa í huga að Íslandi er ekki tryggð þátttaka í málum er varða samskipti við þriðju ríki.

1. Inngangur

Formlegt samstarf aðildarríkja ESB á sviði dóms- og innanríkismála á sér stutta sögu en hefur þróast hratt undanfarin ár frá því að vera hefðbundið milliríkjasamstarf yfir í það að vera nú í flestum atriðum komið undir stofnanaramma ESB þar sem framkvæmdastjórnin gegnir lykilhlutverki. Dóms- og innanríkismál eru þó eðli málsins samkvæmt meðal viðkvæmustu málaflokka hvers ríkis og gilda því að mörgu leyti sérreglur um meðferð þeirra þar sem aðildarríkjunum er gert hærra undir höfði á kostnað hins yfirþjóðlega valds sem stofnanir ESB fara endranær með.[1]

Hér á eftir verður farið yfir starfsemi ESB á sviði dóms- og innanríkismála og jafnframt gerð grein fyrir stöðu Íslands gagnvart því starfi. Fjallað verður um tengsl við Schengen-samninginn eftir því sem tilefni gefst til auk þess sem leitast verður við að gera grein fyrir öðru alþjóðlegu samstarfi sem Ísland tekur þátt í á viðkomandi sviði. Verður að lokum leitast við að leggja mat á stöðu Íslands í þessu samhengi.

2. Söguleg atriði

Aðildarríkin áttu um langt skeið með sér samstarf á ýmsum afmörkuðum sviðum dóms- og innanríkismála án þess að fella það undir stofnanaramma ESB. Ýmsir sameiginlegir hagsmunir gerðu það að verkum að aðildarríkin tóku upp nánara samstarf utan ESB á tilteknum sviðum og er þar nærtækt að nefna baráttuna gegn hryðjuverkum sem um skeið herjuðu á mörg aðildarríki, auk samstarfs gegn ofbeldi á knattspyrnuvöllum.

Með tilkomu innri markaðarins varð nauðsynlegt að efla samstarf aðildarríkjanna á sviði dóms- og innanríkismála þar sem innri markaðurinn með hinu frjálsa flæði vöru, þjónustu, fjármagns og fólks reyndist vera opinn og frjáls afbrotamönnum ekki síður en grandvörum borgurum og fyrirtækjum. Var af þessum sökum talið eðlilegt að fella samstarfið í formlegan ramma innan sáttmála ESB. Mættu þessi áform andstöðu í ýmsum aðildarríkjum sambandsins sem m.a. endurspeglast í niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku um Maastricht-samninginn og naumu samþykki hans í Frakklandi.

[1] M.a. þar sem málaflokkar þessir varða skipti á viðkvæmum upplýsingum, viðkvæm réttindi einstaklinga o.s.frv.

Eftir gildistöku Maastricht-samningsins í maí 1993 hefur uppbyggingu ESB verið líkt við þrjár stoðir þar sem:

- *fyrsta stoðin* inniheldur Evrópubandalagið (EB) með reglur innri markaðarins og störf stofnana ESB að reglusetningu og eftirliti með því að reglum sé fylgt;
- *önnur stoðin* hefur að geyma sameiginlega öryggis- og varnarmálastefnu;
- *þriðja stoðin* er samstarf aðildarríkjanna á sviði dóms- og innanríkismála.

Fyrsta stoðin sker sig úr gagnvart hinum með því að þar hefur stofnunum ESB verið fengið ákveðið yfirþjóðlegt vald meðan samstarf aðildarríkjanna innan hinna tveggja er í grundvallaratriðum hefðbundið milliríkjasamstarf án yfirþjóðlegra þátta.

Nánar tiltekið þýðir þetta að samstarf ríkjanna innan þriðju stoðarinnar, eða á sviði dóms- og innanríkismála, er áfram hefðbundið milliríkjasamstarf þar sem framkvæmdastjórn ESB hefur engin bein völd gagnvart aðildarríkjunum þótt hún taki beinan þátt í samstarfinu. Evrópudómstóllinn hefur enga lögsögu í þessum málefnum.

Á þessum tíma höfðu þegar verið gerðir sérstakir samningar um frjálsa för fólks á milli einstakra aðildarríkja ESB, ýmist án eftirlits eða með verulegum slökunum á því. Má þar helst nefna Benelux-samninginn,[1] Saarbrücken-samninginn[2] og sameiginlegt ferðasvæði Bretlands og Írlands. Ekki má svo gleyma Norræna vegabréfasambandinu sem kannski er réttnefnd fyrirmynd sumra hinna enda búið að vera til staðar síðan um miðjan sjötta áratuginn.[3]

Sum ESB-ríkjanna lögðu meiri áherslu en önnur á að geta hrint í framkvæmd markmiði ESB um frjálsa för fólks án landamæraeftirlits. Þegar ljóst var orðið að það markmið næðist ekki fram innan vébanda ESB þróuðu þau þennan þátt samstarfsins frekar utan þess og árið 1985 undirrituðu fimm aðildarríki ESB svokallað Schengen-samkomulag.[4] Var því fylgt eftir með sérstökum framkvæmdarsamningi, svonefndum Schengen-samningi, árið 1990.[5]

Öll aðildarríki ESB, utan Bretland og Írland, urðu á endanum aðilar að Schengen-samningnum, auk þess sem samstarfssamningur var gerður við Ísland og Noreg árið 1999, svonefndur Brussel-samningur. Schengen-samningurinn er að fullu kominn til framkvæmda í tíu aðildarríkjum. Stefnt er að því að samningurinn komi að fullu til framkvæmda á öllum Norðurlöndunum samtímis; væntanlega fyrri hluta árs 2001.

Schengen-samstarfið þróaðist hratt fyrstu árin eftir undirritun samningsins. Þar við bættist að þróunin innan ESB setti mark sitt á starfið þar sem sambandið tók með samningnum upp samstarf á ýmsum þeim sviðum sem einnig var að finna innan Schengen.

Með árunum óx einnig gagnrýni á fyrirkomulag Schengen-samstarfsins. Innan stofnana ESB, svo sem Evrópuþingsins, kom fram gagnrýni þess efnis að óeðlilegt væri að svo mikilvægur þáttur í stefnu ESB sjálfs skyldi ekki rúmast innan stofnanaramma þess og að óeðlilegt væri að þetta samstarf, sem þó snerti í nokkrum mæli innri-markaðsmálin, svo sem frjálsa för launafólks, sætti ekki eftirliti kjörinna fulltrúa. Tengd þessu var sú gagnrýni að skortur væri á gegnsæi í Schengen-samstarfinu; þ.e. að starfið færi fram fyrir luktum dyrum og aðgangur að skjölum væri takmarkaður.

---

[1] Milli Belgíu, Hollands og Lúxemborgar.

[2] Um slökun á eftirliti á sameiginlegum landamærum Frakklands og Þýskalands.

[3] Samningur Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna.

[4] Belgía, Frakkland, Holland, Lúxemborg og Þýskaland.

[5] Samningar þessir fela í sér að persónueftirlit er afnumið á sameiginlegum (innri) landamærum ríkjanna auk þess sem nánara samstarf er tekið upp á ýmsum sviðum, svo sem varðandi lögreglusamvinnu.

Með gerð Schengen-samningsins og eftir gerð Maastricht-samningsins var staðan sú að tvær stofnanir, að meira eða minna leyti sömu aðildarríkja, voru að fjalla um sams konar málefni. Var þar ekki einungis um að ræða frjálsa för fólks í þröngum skilningi heldur einnig ýmsar stuðningsaðgerðir sem ætlað er að styrkja öryggi innan aðildarríkjanna eftir afnám eftirlits á innri landamærum. Má þar nefna lögreglusamstarf í landamærahéruðum, réttaraðstoð á sviði sakamála og almennt samstarf um málefni útlendinga, t.d. um ábyrgð á meðferð umsókna um hæli. Má segja að frumkvæði á sviði frjálsrar farar fólks hafi að nokkru leyti færst frá ESB og yfir á vettvang Schengen-samstarfsins og gilti það einnig um einstök svið stuðningsaðgerða. Þannig varð því ekki neitað að með þessu fyrirkomulagi var kominn á tvíverknaður og með hliðsjón af því þurfti ekki að koma á óvart þótt aðildarríkin leituðust við að draga samstarfið innan Schengen með einum eða öðrum hætti aftur undir hatt ESB. Það tókst á síðustu ríkjaráðstefnu ESB sem nú er kennd við Amsterdam en um leið var í samningstexta aðildarríkja ESB kveðið á um að samstarfi skyldi haldið áfram við Ísland og Noreg og um það gerður sérstakur samningur svo sem vikið verður að.

3. Tengsl Íslands við samstarf ESB á sviði innanríkismála

3.1 Almennt

EES-samningurinn hefur ekki að geyma ákvæði er gefa tækifæri til samstarfs við ESB á því sviði er hér um ræðir. Það var því ekki fyrr en Schengen-samstarfið var sameinað ESB með gildistöku Amsterdamsamningsins 1. maí 1999 sem forsendur sköpuðust til samstarfs við ESB sem slíkt á þessu sviði. Brussel-samningurinn um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, svo sem það hafði verið sameinað ESB, var undirritaður 18. maí 1999.

3.2 Samstarf um Schengen

Brussel-samningurinn er byggður upp með þeim hætti að miðað er við að Ísland taki fullan þátt í framkvæmd allra þeirra Schengen-gerða er samþykktar höfðu verið fyrir gildistöku Amsterdamsamningsins. Til viðbótar þessu er miðað við að Ísland taki og þátt í frekari þróun flestra þeirra sömu gerða sem snerta Schengen-samstarfið. Í þessu felst strax sú takmörkun að Ísland tekur ekki þátt í öllu samstarfi ESB á sviði dóms- og innanríkismála heldur einvörðungu þeim þáttum er teljast varða Schengen.

Þátttaka í samstarfinu á þeim sviðum, er teljast varða Schengen, fer fram í nefnd sem sett var upp sérstaklega fyrir samstarfið og telst formlega vera utan stofnanaramma ESB.

Svo sem hér hefur verið greint frá takmarkast þátttaka Íslands við þá þætti er teljast varða Schengen. Ákvörðun þessa efnis er á endanum í höndum ESB og er hún alla jafna tekin án þess að Ísland taki þátt í þeim umræðum er um það fara fram. Á hinn bóginn sér samningurinn og málsmeðferðarreglur honum tengdar Íslandi fyrir tækifærum til að taka mál af þessu tagi upp, jafnvel á vettvangi ráðherra.

3.3 Annað alþjóðasamstarf

Þegar staða Íslands er metin verður einnig að taka til greina alþjóðlegt samstarf utan ramma ESB þar sem Ísland getur tekið þátt. Aðgangur Íslands að því starfi getur á ýmsum sviðum veitt fullnægjandi aðkomu að mótun reglna á sviði innanríkismála.

Má hér fyrst nefna *Evrópuráðið* þar sem um 40 ríki Evrópu eiga með sér samstarf á ýmsum sviðum. Meðal þeirra eru svið er teljast til dóms- og innanríkismála. Evrópuráðið er um margt mjög ólíkt starfsemi ESB. Fyrir það fyrsta er ekki að finna í starfsemi ráðsins yfirþjóðlega þætti svo sem finna má innan ESB auk þess sem aðildarríki eru mun fleiri en innan ESB. Að því er varðar skipulag starfs ráðsins þá starfar það á hefðbundnum þjóðréttarlegum grunni

þar sem ákvarðanir verða ekki teknar nema með einróma samþykki allra aðildarríkja. Ákvarðanir þess eru í formi samninga, tilmæla og ályktana sem beint er til aðildarríkjanna. Að því er varðar innanríkismál þá hefur Ísland með þátttöku sinni í starfi ráðsins gerst aðili að ýmsum sáttmálum og samningum sem fram til þessa hafa verið sá grundvöllur sem samstarf Íslands við önnur ríki Evrópu hefur byggst á. Má í því sambandi nefna samninga á sviði framsals sakamanna, réttaraðstoðar í sakamálum, flutning dæmdra manna, vernd persónuupplýsinga o.fl. Almennt má segja um mörg þessi atriði að ESB hefur innan sinna vébanda milli aðildarríkjanna 15 unnið að sömu þáttum en þá oft og tíðum náð sátt um að ganga lengra í beinu samstarfi en tíðkast innan Evrópuráðsins.

Í annan stað má nefna svonefnda *Haag-ráðstefnu* sem á rætur að rekja allt aftur til ársins 1893 og starfar á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar og er vettvangur ríkja að því er varðar gerð marghliða þjóðréttarsamninga á sviði einkamálaréttar í víðtækum skilningi. Ísland er ekki meðal aðildarríkja samstarfsins sem eru nú 47 hvaðanæva úr heiminum. Ísland hefur þó á síðustu árum fullgilt nokkra samninga sem gerðir hafa verið á vettvangi ráðstefnunnar, einkum á sviði sifjaréttar, svo sem að því er varðar réttarstöðu barna.

Í þriðja lagi má nefna að starf á þessu sviði fer einnig fram innan *Sameinuðu þjóðanna* þar sem gerðir hafa verið sáttmálar sem varða baráttu gegn fíkniefnum og skipulagðri afbrotastarfsemi.

4. Stofnanarammi dóms- og innanríkismála

4.1 Fyrsta stoð ESB

Með Amsterdamsamningnum varð sú meginbreyting að verulegur hluti samstarfs aðildarríkjanna á sviði innanríkismála var fluttur úr þriðju stoð sambandsins yfir í þá fyrstu. Svo sem fyrr greinir einkennir fyrstu stoðina að innan hennar fara stofnanir ESB að ákveðnu marki með yfirþjóðlegt vald og má þar til frekari skýringa nefna frumkvæðisrétt framkvæmdastjórnar ESB að nýrri löggjöf og eftirlitshlutverk með framkvæmd hennar, vald Evrópudómstólsins til að skera úr um túlkun EB-reglna, víðtækt eftirlitshlutverk Evrópuþingsins og aukna þátttöku þess í lagasetningu auk ákvarðanatöku í ráðherraráðinu með auknum meiri hluta.

Aðildarríkin hafa almennt verið mjög varkár í stefnu sinni þegar kemur að hlutverki ESB á sviði dóms- og innanríkismála. Endurspeglast það m.a. í niðurstöðum Amsterdamsamningsins þar sem ekki náðist sátt um að fella allt samstarf á sviði innanríkismála undir fyrstu stoðina. Aðildarríkin áskildu sjálfum sér rúman aðlögunartíma hvað varðar ákvarðanatöku ráðherraráðsins með auknum meiri hluta og settu ýmsar aðrar sérreglur um meðferð þessara mála undir fyrstu stoðinni.

Hér er ekki síður vert að nefna að aðildarríkin slógu þann varnagla að þessi breyting skyldi ekki hafa áhrif á framkvæmd aðildarríkjanna á skyldum sínum til að viðhalda lögum og reglum og til að tryggja innra öryggi ríkjanna. Er vissulega spurning hversu rúmt þetta getur túlkast en ástæða er til að ætla að með þessu sé leitast við að koma í veg fyrir að stofnanir ESB hafi áhrif á löggjöf og aðgerðir aðildarríkjanna sem þau telja hverju sinni nauðsynlegt að grípa til og grundvallast á þeirra mati á stöðu mála á afmörkuðum sviðum innanlands.

Svo sem áður greinir fela sáttmálar ESB í sér að framkvæmdastjórnin hefur ein rétt til að leggja fram tillögur að nýrri löggjöf, svonefndan frumkvæðisrétt, auk þess sem hún hefur víðtækt eftirlitshlutverk með aðildarríkjunum að því er varðar framkvæmd löggjafar og getur í því efni eftir atvikum dregið aðildarríki fyrir Evrópudómstólinn telji hún að löggjöf hafi ekki verið hrint í framkvæmd með fullnægjandi hætti. Auk þess kemur framkvæmdastjórnin almennt fram fyrir hönd allra aðildarríkjanna á alþjóðavettvangi á þeim efnissviðum er falla

undir fyrstu stoðina en það felur m.a. í sér að það er framkvæmdastjórnin er gerir alþjóðlega samninga á grundvelli umboðs sem hún sækir hverju sinni til aðildarríkjanna.

Með Amsterdamsamningnum urðu aðildarríkin ásátt um að draga nokkuð úr þessu hlutverki framkvæmdastjórnarinnar þegar kom að dóms- og innanríkismálum. Þannig er nú kveðið á um að á fimm ára aðlögunartíma skuli aðildarríkin hvert fyrir sig og framkvæmdastjórnin fara með frumkvæðisréttinn. Að þeim tíma loknum flyst frumkvæðisrétturinn að fullu til framkvæmdastjórnarinnar en henni mun þó verða skylt að íhuga hverju sinni beiðni aðildarríkis um að framkvæmdastjórnin leggi fram tillögu um tiltekið atriði.

Hvað varðar eftirlitshlutverk framkvæmdastjórnar með framkvæmd aðildarríkjanna á reglum tengdum innanríkismálum munu almennar reglur ESB gilda en þó með þeim takmörkunum er greinir hér síðar að því er varðar hlutverk Evrópudómstólsins.

Ákvarðanir innan fyrstu stoðarinnar eru almennt teknar af ráðherraráðinu með auknum meiri hluta. Á grunni Maastricht-samningsins voru allar ákvarðanir á sviði innanríkismála teknar með einróma samþykki innan þriðju stoðarinnar. Við flutning á þeim þáttum samstarfsins sem nú hafa verið felldir undir fyrstu stoðina náðist ekki samkomulag meðal aðildarríkjanna að taka upp reglur um ákvarðanatöku með auknum meiri hluta. Varð því niðurstaðan sú að um fimm ára aðlögunarskeið yrðu ákvarðanir teknar með einróma samþykki á sviðum innanríkismála innan fyrstu stoðarinnar. Til að breyta því að liðnu þessu aðlögunarskeiði þarf einróma samþykki ráðherraráðsins. Frá þessu eru þó undantekningar að því er varðar samþykkt aðgerða á sviði vegabréfsáritana.

Samkvæmt Maastricht-samningnum hafði Evrópudómstóllinn takmörkuðu hlutverki að gegna á sviði innanríkismála. Líkt og með spurninguna um ákvarðanatöku voru aðildarríkin varkár þegar kom að ákvörðunum um hlutverk dómstólsins á þessu sviði. Er því að finna takmarkanir á hlutverki hans samkvæmt Amsterdamsamningnum.

Auk þeirrar almennu takmörkunar, sem getið var hér að framan og snertir heimildir aðildarríkja, að viðhalda lögum og reglu og tryggja innra öryggi, er kveðið á um það í sáttmálanum að dómstóllinn skuli ekki hafa lögsögu að því er varðar aðgerðir eða ákvarðanir sem teknar eru um frjálsa för fólks og til að viðhalda lögum og reglu eða til að tryggja innra öryggi. Auk þess er að finna í samningnum frekari takmarkanir sem gera það að verkum að málum verður í mun minna mæli vísað til dómstólsins en almennar reglur sáttmálans kveða á um að því er varðar önnur svið innan fyrstu stoðarinnar.

Hlutverk Evrópuþingsins á þessu sviði var í flestum tilvikum takmarkað á grunni Maastricht-samningsins og þá í raun þannig að þingið var einungis upplýst um einstakar ákvarðanir. Þingið gat hins vegar náð fram óbeinum áhrifum, svo sem í gegnum afgreiðslu fjárlaga sambandsins. Með Amsterdamsamningnum er slakað nokkuð til gagnvart þinginu og kveðið á um að samráð skuli haft við það hverju sinni en það felur í sér að almennar reglur sáttmálanna um hlutverk þingsins gagnvart ráðherraráðinu koma ekki til framkvæmda á þessu efnissviði en þeirri skipan getur ráðherraráðið breytt með einróma samþykki og þar með veitt þinginu aukið vald á þessu efnissviði.

4.2 Þriðja stoð

Svo sem áður greinir var þriðja stoð ESB sett á stofn með Maastricht-samningnum í því skyni að koma á formlegu samstarfi aðildarríkjanna á sviði dóms- og innanríkismála. Var samstarfinu komið fyrir með þeim hætti að það yrði hefðbundið milliríkjasamstarf án þess að þeir yfirþjóðlegu þættir ættu við sem er að finna í fyrstu stoðinni.

Með Amsterdamsamningnum hafa mikilvægir þættir þessarar samvinnu verið fluttir úr þriðju stoðinni yfir í þá fyrstu. Um þau samstarfssvið, sem eftir eru í þriðju stoðinni, gilda

áfram sérstakar reglur ólíkar þeim sem er að finna í þeirri fyrstu. Þó voru með Amsterdam-samningnum samþykktar formreglur sem í nokkrum mæli færa starfið innan þriðju stoðarinnar nær því ferli sem gildir innan þeirrar fyrstu.

Einnig er rétt að hafa í huga að ráðherraráðið getur með einróma samþykki ákveðið að flytja þau efnissvið, sem enn er að finna innan þriðju stoðarinnar, yfir í þá fyrstu og jafnframt ákveðið með sama hætti hvernig þeim þáttum skuli þar fyrir komið.

Fyrst er til að taka að með Amsterdamsamningnum hefur hlutverk framkvæmdastjórnarinnar aukist frá því sem var á grunni Maastricht-samningsins. Nú er gert ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin hafi frumkvæðisrétt að tillögugerð innan þriðju stoðarinnar með sama hætti og aðildarríkin en áður var frumkvæðisréttur að meginstefnu til einvörðungu í höndum aðildarríkja.

Með sama hætti og samkvæmt Maastricht-samningnum tekur ráðherraráðið ákvörðun með einróma samþykki um tillögur innan þriðju stoðarinnar.

Samkvæmt Maastricht-samningnum hafði Evrópudómstóllinn engu hlutverki að gegna í málefnum er vörðuðu þriðju stoðina. Með Amsterdamsamningnum er opnuð leið fyrir aðildarríkin til að ákveða sjálf hvort þau kjósi að fela dómstólnum vald til að kveða upp forúrskurði á þessum sviðum. Er það gert með því að kveðið er á um að aðildarríki geti gefið yfirlýsingu þessa efnis. Skýrt er kveðið á um að dómstólnum verði ekki fengið hlutverk að því er varðar lögregluaðgerðir sem gripið er til vegna innra öryggis viðkomandi aðildarríkis.

Samkvæmt Amsterdamsamningnum er hutverk Evrópuþingsins takmarkað með þeim hætti að gert er ráð fyrir að einvörðungu verði leitað umsagnar þess.

4.3 Staða Bretlands, Írlands og Danmerkur

Í samhengi við það sem að framan greinir og til viðbótar við það sem fram hefur komið í skýrslu þessari um ákvæði sáttmála ESB um sveigjanlegan samruna er nauðsynlegt að gera sérstaka grein fyrir þeirri sérstöðu sem sáttmálar ESB hafa fengið Bretlandi, Írlandi og Danmörku á því sviði er hér um ræðir.

Eins og fram kemur hér að framan hafa ekki öll aðildarríki ESB tekið þátt í Schengen-samstarfinu auk þess sem Danir hafa tiltekna sérstöðu vegna fyrirvara sinna við Maastricht-samninginn. Var því ljóst að ekki yrði unnt að ná fram þeirri niðurstöðu í Amsterdamsamningnum sem að framan greinir nema veita þessum ríkjum sérstaka stöðu þegar kæmi að innanríkismálum. Er það gert með sérstökum bókunum að því er varðar ríkin þrjú.

Bretum og Írum er veitt heimild til að standa að fullu utan þess fyrirkomulags sem greinir að framan að því er varðar þá þætti er falla undir fyrstu stoð ESB. Geta þeir þó tekið þátt í einstökum aðgerðum auk þess sem þeim er veitt svigrúm til að koma inn í samstarfið á hvaða stigi sem er að hluta eða öllu leyti. Af þessu leiðir að ákvarðanir á þessum sviðum verða ekki bindandi fyrir ríkin tvö.

Staða Dana er með svipuðum hætti en þó er réttur þeirra ekki eins rúmur og Breta og Íra til að velja og hafna tilteknum þáttum og málum.

5. Einstök efnissvið samstarfs ESB í dóms- og innanríkismálum

5.1 Efnissvið Evrópubandalagsins (1. stoð)

Meðal meginbreytinga, sem samþykktar voru með Amsterdamsamningnum á sviði dóms- og innanríkismála, var að flytja mikilvæga þætti samstarfsins undir fyrstu stoð sambandsins, þ.m.t. nokkurn hluta Schengen-samstarfsins. Er fjallað um þessi atriði í nýjum þætti samninganna um svokallað svæði frelsis, öryggis og réttlætis. Enn fremur hefur ESB samþykkt aðgerðaáætlun á sviði dóms- og innanríkismála þar sem gerð er ýtarleg grein fyrir þeim að-

gerðum sem grípa ber til innan tiltekins tíma á hverju einstöku sviði. Verður, eftir því sem við á, gerð grein fyrir þeirri áætlun hér á eftir í tengslum við einstaka efnisþætti. Jafnframt ber að hafa í huga að leiðtogar aðildarríkja ESB hafa á sérstökum leiðtogafundi í október 1999 lagt enn frekari línur um stefnuna á einstökum sviðum.

Frjáls för fólks og tengd atriði

Meðal meginmarkmiða Rómarsamningsins er að afnema hindranir við frjálsri för fólks. Er þetta og einn þáttur í svokölluðu fjórfrelsi sem fólst í stofnun innri markaðarins á árinu 1992 en með honum var m.a. stefnt að því að leggja af landamæraeftirlit með fólki og vörum á markaðssvæðinu.

Fyrir lok ársins 1992 hafði aðildarríkjunum tekist að ná samkomulagi um nauðsynlega löggjöf til að hrinda í framkvæmd innri markaðnum að öðru leyti en því að ekki hafði náðst samkomulag um frjálsa för fólks og hafa einkum Bretar staðið gegn því að framangreindu markmiði verði hrint að fullu í framkvæmd innan ESB.

Samkvæmt sáttmála ESB er gert ráð fyrir að innan fimm ára hafi ráðherraráð ESB m.a. samþykkt aðgerðir til að tryggja afnám eftirlits á innri landamærum og aðgerðir varðandi för yfir ytri landamæri aðildarríkjanna sem m.a. skuli beinast að framkvæmd eftirlits, reglum um vegabréfsáritanir til skammrar dvalar o.fl.

Í aðgerðaáætlun ESB er að finna fyrirætlanir um samkomulag aðildarríkjanna um ýmis atriði sem varða vegabréfsáritanir svo sem lista yfir þau ríki sem krefjast skal áritunar frá.

Auk þessa urðu leiðtogar aðildarríkjanna ásáttir um það á fundi sínum í október 1999 að áhersla skyldi lögð á nánari samvinnu við erlend ríki í tengslum við baráttuna gegn ferðum ólöglegra innflytjenda. Jafnframt var kveðið á um nánara samstarf sendiskrifstofa aðildarríkjanna á erlendri grundu með því að setja á fót sameiginlegar skrifstofur aðildarríkjanna er annist útgáfu vegabréfsáritana. Var einnig vikið að nánara samstarfi milli yfirvalda aðildarríkjanna á sviði landamæraeftirlits, svo sem í formi tæknilegs samstarfs, einkum og sér í lagi að því er varðar landamæri á sjó.

Innflytjenda- og hælismálefni

Meðal þeirra efnisþátta, sem með Amsterdamsamningnum hafa verið fluttir úr þriðju stoðinni yfir í þá fyrstu, er samstarf aðildarríkjanna á sviði innflytjenda- og hælismálefna. Straumur innflytjenda til aðildarríkja ESB á undanförnum árum hefur gert það að verkum að þessi þáttur í starfi ESB verður sífellt viðameiri. Aðildarríkin leitast við að samræma stefnu sína og viðbrögð á sem flestum sviðum í því skyni að bregðast við þeim vanda sem blasir við flestum þeirra. Markast það m.a. af því að sum aðildarríkjanna hafa mátt þola þyngri straum innflytjenda og hælisleitenda en önnur. Sú staðreynd að landamæraeftirlit milli sumra aðildarríkjanna hefur þegar verið afnumið leiðir og til þess að nauðsynlegt er að marka samræmdar reglur á þessu sviði, bæði í því skyni að vernda hagsmuni aðildarríkjanna sjálfra en ekki síður til að tryggja réttarstöðu þeirra einstaklinga er hér um ræðir. Í öllum tilfellum markast viðbrögð ESB af þeim alþjóðlegu sáttmálum sem þegar gilda á þessu sviði og má þar einkum nefna Genfarsáttmálann um stöðu flóttamanna.

Á þessu sviði er gert ráð fyrir að ráðherraráðið samþykki aðgerðir varðandi hæli í samræmi við Genfarsáttmálann um stöðu flóttamanna og aðra viðeigandi sáttmála er m.a. varði viðmiðanir og kerfi til að ákveða hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli sem lögð er fram af borgara þriðja ríkis í einu aðildarríkjanna auk lágmarksviðmiðana varðandi ýmis atriði, svo sem móttöku hælisleitenda. Einnig er gert ráð fyrir að grípa til aðgerða að því er varðar flóttamenn sem m.a. eiga að stuðla að jafnvægi milli aðildarríkjanna

vegna móttöku þeirra og jafna byrðar vegna þess. Að lokum er ráðgert að grípa til aðgerða í málefnum innflytjenda sem m.a. taki á skilyrðum fyrir komu og dvöl auk lágmarksviðmiðana um útgáfu aðildarríkja á vegabréfsáritunum til lengri tíma og útgáfu þeirra á dvalarleyfum.

Í aðgerðaáætlun ESB er gert ráð fyrir að gripið verði til aðgerða sem m.a. taki til mats á framkvæmd Dyflinnarsamningsins[1] þar sem kannaður verði fýsileiki þess að breyta grunni hans í annað lagaform innan fyrstu stoðarinnar. Jafnframt skuli hefja skoðun á einstökum atriðum í því skyni til að bæta beitingu hans auk þess að hrinda í framkvæmd svonefndu EURODAC-kerfi sem safnar og miðlar upplýsingum um fingraför hælisleitenda og tiltekinna annarra innflytjenda í aðildarríkjunum en gera má ráð fyrir að það falli undir Brussel-samninginn um stöðu Íslands og Noregs líkt og Dyflinnarsamningurinn.

Þegar kemur að þeim efnisþáttum er hér um ræðir verður Ísland á grunni Brussel-samningsins einvörðungu bundið af hluta þeirra ákvarðana er teknar hafa verið og tekur með sama hætti einvörðungu þátt í mótun ákvarðana á afmörkuðum sviðum. Þannig munu atriði, er tengjast ákvörðun um hvar farið skuli með umsókn um hæli, falla undir samstarfið við Ísland en ætla verður að reglur um útgáfu áritana til lengri tíma komi ekki til með að falla hér undir, a.m.k. að svo komnu máli.

Réttarsamvinna á sviði einkamála

Aðildarríkjum ESB hefur orðið ljóst að samræming reglna á þessu sviði verður sífellt mikilvægari í takt við aukna virkni innri markaðarins. Gildir þetta bæði að því er varðar fyrirtæki sem starfa á markaðnum og einstaklinga sem í auknum mæli ferðast á milli einstakra aðildarríkja og taka upp búsetu þar. Snerta þessi atriði m.a. dóma og fullnustu þeirra auk þess sem samræming á sviði sifjamála kemur einnig til athugunar. Í flestum tilvikum er leitast við að ná fram gagnkvæmri viðurkenningu dóma og úrskurða milli aðildarríkjanna jafnframt því að draga úr hindrunum sem kunna að vera í vegi þess að aðilar frá einu aðildarríki geti notið þjónustu dómstóla í öðru aðildarríki.

Í aðgerðaáætlun ESB er kveðið á um aðgerðir á þessu sviði sem skuli einfalda reglur og efla tengsl og samskipti milli stjórnvalda í aðildarríkjunum. Hið sama gildir um fullnustu dómsúrlausna þar sem leitast er við að samræma reglur aðildarríkjanna til að ná þessu markmiði. Jafnframt er markmiðið að auka samstarf dómstóla aðildarríkjanna einkum á sviðum er varða daglegt líf borgara sambandsins. Stefnt er að því m.a. að samþykkja aðgerðir er lúta að endurskoðun Brussel-Luganó-samninganna.[2] Auk þess kveður aðgerðaáætlunin á um að kannaðir verði möguleikar þess að samræma löggjöf um skilnaði. Á því sviði liggur þegar fyrir svonefndur Brussel II samningur um lögsögu, viðurkenningu og fullnustu dóma. Stefnan er að stuðla að samkomulagi um reglur er kveði á um hvaða lög gildi hverju sinni til að koma í veg fyrir óeðlilega tilfærslu varnarþinga í þessum málefnum. Leiðtogar aðildarríkjanna hafa og orðið ásáttir um að efla þennan þátt í samstarfi innan ESB m.a. með því að kynna íbúunum réttarstöðu hvað varðar aðgang að dómstólum í öðrum aðildarríkjum auk þess sem leitað verður leiða til að veita fólki réttaraðstoð til málarekstrar milli aðildar-

[1] Inniheldur reglur um með hvaða hætti ákveðið skuli hvaða ríki skuli bera ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli á ESB-svæðinu.

[2] Luganó-samningurinn er samningur milli EFTA-ríkjanna Íslands, Noregs og Sviss og aðildarríkja ESB á sama efnissviði og Brussel-samningurinn, þ.e. á sviði meðferðar og fullnustu dóma í einkamálum.

ríkjanna. Er í þessu efni lögð sérstök áhersla á að styrkja stöðu einstaklinga í neytendamálefnum. Hið sama gildir að því er varðar bætur til þolenda afbrota.

Hvað varðar stöðu Íslands á þessum vettvangi þá eru þessi atriði ekki hluti af Schengensamstarfinu. Þannig er eina samstarfið við ESB á þessu sviði nú um stundir á sviði Luganósáttmálans. Á hinn bóginn skal þess getið að á sumum sviðum, er hér falla undir, hefur Ísland fullgilt samninga á vettvangi Haag-ráðstefnunnar sem að ýmsu leyti kunna að ná þeim markmiðum sem ESB hefur náð eða stefnir að á þessu sviði.

5.2 Efnissvið Evrópusambandsins (3. stoð)

Lögreglusamvinna

Á sviði lögreglusamvinnu er gert ráð fyrir að aðildarríkin leiti samkomulags um ýmsar reglur og samstarf á vettvangi lögreglu- og tollayfirvalda í því skyni að koma í veg fyrir, upplýsa og rannsaka afbrot. Er í þessu sambandi lögð áhersla á baráttu gegn skipulagðri afbrotastarfsemi, hryðjuverkum, fíkniefnum, sölu á fólki og afbrotum gegn börnum. Er EUROPOL ætlað hlutverk á þessum sviðum á grunni fyrirliggjandi heimilda sinna og heimilda sem gert er ráð fyrir að samþykktar verði á næstu árum. Kveðið er á um að hlutverk EUROPOL verði ávallt að vera lögregluyfirvöldum aðildarríkja sambandsins til aðstoðar en hafi ekki sjálfstætt lögregluvald á landsvæði aðildarríkja.

Í aðgerðaáætlun ESB er sérstaklega vikið að ýmsum atriðum er snúa að frekari þróun á starfsemi EUROPOL, svo sem að því er varðar markvissari notkun tæknibúnaðar, samræmingu gagnabanka o.fl. Einnig er kveðið á um virkara samstarf á tilteknum brotasviðum, svo sem hryðjuverk og ólöglega innflytjendur. Jafnframt verði virkni EUROPOL í framkvæmd lögregluaðgerða efld. Auk þess er vikið að öðrum aðgerðum á þessum vettvangi, svo sem skoðun og þróun í tæknimálum í lögreglurannsóknum auk þess sem kveðið er á um skoðun á heimildum lögreglu eins aðildarríkis til að vinna á landsvæði annars jafnframt því sem samstarf lögregluyfirvalda við framkvæmd lögregluaðgerða verði þróað og eflt. Stefnt er að hinu sama með samstarf tollyfirvalda.

Ljóst er að þessi málaflokkur nýtur mikillar athygli leiðtoga aðildarríkjanna sem urðu að auki ásáttir á leiðtogafundi í október 1999 að efla enn frekar barátttu ESB gegn afbrotastarfsemi.

Samvinna á sviði réttaraðstoðar í sakamálum

Almennt er markmið samvinnu á sviði réttaraðstoðar í sakamálum að greiða fyrir framsali sakamanna og að samræma löggjöf í aðildarríkjunum að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt til að ná því markmiði.

Í aðgerðaáætlun ESB er kveðið frekar á um nánara samstarf aðildarríkjanna innan samskiptanets þeirra á þessu sviði. Jafnframt er lögð áhersla á að ljúka gerð nýs samnings um réttaraðstoð í sakamálum auk þess að efla samstarf ríkjanna að því er varðar framsal sakamanna og kanna möguleika á heimildum yfirvalda eins aðildarríkis til starfa á landsvæði annars. Að auki er gert ráð fyrir að efla barátttu aðildarríkjanna gegn peningaþvætti.

Til viðbótar hafa leiðtogar aðildarríkjanna orðið ásáttir um aðgerðir á þessum sviðum sem m.a. gera ráð fyrir afnámi formlegrar málsmeðferðar í framsalsmálum milli aðildarríkjanna að því er varðar einstaklinga er flúið hafa eftir að hafa hlotið endanlegan refsidóm og taka þess í stað upp einfalda málsmeðferð að því er varðar handsömun og flutning slíkra einstaklinga til afplánunar. Framkvæmdastjórn ESB er ætlað að leggja fram tillögur um hröðun framsalsmála á grunni Schengen-samningsins.

Samvinna á sviði refsilöggjafar

Með Amsterdamsamningnum var tekið upp samstarf aðildarríkjanna um refsilöggjöf vegna skipulagðrar afbrotastarfsemi, hryðjuverka og fíkniefna.

Með aðgerðaáætlun ESB er áformað að fara nánar yfir og skilgreina það hátterni og afbrotamynstur sem hér gæti fallið undir. Einnig er kveðið á um athugun á gildandi reglum um haldlagðan hagnað af afbrotastarfsemi, einkum m.t.t. stöðu grandlausra þriðju aðila.

Auk þessa hafa leiðtogar aðildarríkja ESB orðið ásáttir um að efla baráttuna gegn afbrotum innan ESB m.a. með sérstakri áherslu á forvarnir og skulu sérstakar áætlanir gerðar til að ná þessum markmiðum. Enn fremur er áformað að koma á sérstöku samstarfi ákæruyfirvalda aðildarríkjanna í því skyni að samræma aðgerðir við rannsókn og ákærumeðferð í refsimálum, m.a. í því skyni að einfalda málsmeðferð. Leiðtogarnir lögðu og sérstaka áherslu á að samþykkt yrði fyrirliggjandi áætlun um baráttuna gegn fíkniefnum fyrir tímabilið 2000–2004.

6. Staða Íslands

Þegar staða Íslands er metin á þeim sviðum er hér um ræðir er til ýmissa þátta að líta. Hafa ber í huga að tilvist norræna vegabréfasamstarfsins byggist við núverandi aðstæður á því að Ísland taki þátt í samstarfi ESB á ýmsum sviðum dóms- og innanríkismála, a.m.k. með þeim hætti sem gert er nú á grunni Brussel-samningsins.

Líkt og Brussel-samningurinn er úr garði gerður er ljóst að aðgangur íslenskra stjórnvalda að mótun ákvarðana er tryggður allt frá því að framkvæmdastjórn ESB undirbýr tillögur sínar og til þess að ráðherraráð ESB samþykkir þær eða hafnar. Þannig er staða Íslands að mörgu leyti betri en á grunni EES-samningsins.

Ljóst er miðað við núverandi aðstæður að Ísland mun á grunni Brussel-samningsins hrinda í framkvæmd mörgum þeirra gerða er þegar falla undir þennan þátt ESB og auk þess taka þátt í frekari þróun þeirra að svo miklu leyti sem slík þróun er talin falla undir samstarfið við Ísland og Noreg. Á hinn bóginn er efnissvið þátttöku Íslands skýrt takmarkað við Schengensamstarfið sem fyrst og fremst snýr að frjálsri för fólks án persónueftirlits, ásamt nauðsynlegum hliðaraðgerðum. Byggist skilgreiningin á þeim gerðum er greinir í viðaukum við Brussel-samninginn en þannig er gert ráð fyrir þátttöku Íslands í meðferð allra mála er á þeim gerðum byggjast. Með þessu eru undanskildir samstarfinu stórir hlutar réttarsamvinnu í saka- og einkamálum, auk þess sem ýmsir þættir útlendingamálefna og lögreglusamvinnu koma ekki undir samninginn. Hvað varðar lögreglusamvinnu ber þó að hafa í huga að ráðgert er að ganga til samninga við EUROPOL um samstarf. Jafnframt er rétt að hafa í huga að Ísland nær fram samstarfi á ýmsum þeim sviðum er hér um ræðir á vettvangi Evrópuráðsins auk þess sem forsendur eru fyrir hendi til að efla þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði einkamálaréttar með því að gerast aðili að Haag-ráðstefnunni. Jafnframt er ástæða til að ætla að unnt væri að efla þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi utan ESB á sviði útlendingamálefna, svo sem innan Sameinuðu þjóðanna og stofnana þess.

Staða Íslands í dag, að því er varðar þátttöku í mótun ákvarðana innan Schengen-samstarfsins, er almennt skýr. Eftir því sem löggjöf ESB á þessu sviði þróast áfram ásamt annarri löggjöf er snertir dóms- og innanríkismál kann að verða örðugra að afmarka aðkomu Íslands og Noregs að mótun nýrrar löggjöfar. Ljóst er að um margt væri æskilegt að samstarf við ESB væri víðtækara á grunni Brussel-samningsins í því skyni að Ísland sæti að fullu við sama borð og aðildarríki ESB. Gætir á stundum tilhneigingar hjá einstökum aðildarríkjum til að takmarka umfang samningsins í meira mæli en ástæða er til ef heildarhagsmunir svæðisins eru hafðir í huga.

Einnig er rétt að geta þess að Brussel-samningurinn tryggir Íslandi ekki þátttöku í starfi ESB er varðar samskipti við þriðju ríki á þeim efnissviðum er hér um ræðir. Samskipti af því tagi eru hins vegar sífellt mikilvægari m.a. að því er varðar útlendingamálefni þar sem í auknum mæli er leitað samstarfs við upprunaríki útlendinga við lausn einstakra vandamála. Í hnotskurn má því segja að með Brussel-samningnum hafi Ísland tryggt sér viðunandi þátttöku í þeim hluta samstarfs ESB að dóms- og innanríkismálum sem almennt er kennt við Schengen þó vissulega sé það með nokkrum takmörkunum. Þessi þátttaka er mikilvæg til að tryggja að frjáls för fólks sé með sama hætti innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandsins, til að tryggja áframhald norræna vegabréfasambandsins og til að auka og bæta möguleika íslenskra lögreglu- og tollyfirvalda til að berjast við alþjóðlega afbrotastarfsemi.

Það er jafnljóst að fullri aðild að Evrópusambandinu fylgdi aðgangur að ýmissi samvinnu á þessu sviði sem gengur lengra og kann að reynast aðildarríkjunum mikilsverð í baráttu þeirra við skipulagða afbrotastarfsemi á tímum alþjóðavæðingar afbrotamanna jafnt sem annarra. Gildir hið sama að því er varðar aukið samstarf innan ESB á sviði einkamálaréttar sem til lengri tíma litið má ætla að verði borgurum svæðisins í heild til hagsbóta að því er varðar aðgang að dómstólum aðildarríkjanna.

Þar kemur á móti að framsal á valdheimildum á sviði dóms- og innanríkismála til alþjóðlegra stofnana er mjög viðkvæmt og að hægt er að ná að nokkru leyti sambærilegu samstarfi á vegum Evrópuráðsins og með þátttöku í Haag-ráðstefnunni.

Gagnlegar vefslóðir um Evrópusamvinnu á sviði dóms- og innanríkismála
Framkvæmdastjórn ESB: http://www.europa.eu.int/scadplus/leg/en/s22000.htm
Ráðherraráð ESB: http://ue.eu.int/jai/default.asp?lang=en
Haag-ráðstefnan: http://www.hcch.net/e/index.html
Evrópuráðið: http://www.coe.fr/index.asp
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti: http://www.stjr.is/dkm

20. kafli
ESB-aðild og íslenskur landbúnaður

Samantekt

Ljóst er að ESB-aðild mundi hafa veruleg áhrif á starfsumhverfi íslensks landbúnaðar. Það er hins vegar erfitt að spá fyrir um það með fullri nákvæmni hvað aðlögun að hinni sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB mundi þýða fyrir afkomu landbúnaðar hér á landi. Gera má þó ráð fyrir að sauðfjárbúskap, mjólkurframleiðslu og jafnvel nautgriparækt mundi geta vegnað þokkalega – og betur en öðrum búgreinum – fyrst og fremst vegna fremur greiðs aðgangs að stuðningi frá ESB. Sérstaklega mundi ýmis umhverfis- og harðbýlisstuðningur, sem tengist flatarmáli ræktaðs lands, nýtast þessum búgreinum. Hins vegar er svo til enginn stuðningur til svínakjöts-, kjúklinga- og eggjaframleiðslu fjármagnaður af ESB. Nokkuð öruggt er að matvælaiðnaðurinn mundi einnig eiga undir högg að sækja gagnvart frjálsum innflutningi og bændur hér á landi gætu þar með lent í vandræðum með afsetningu afurða sinna.

Hugsanlegar undanþágur frá reglum sambandsins um frjáls viðskipti með landbúnaðarafurðir milli aðildarríkjanna gætu byggst á sérstöðu Íslands hvað varðar sjúkdómahættu. Ef slíkar undanþágur fengjust gætu þær takmarkað innflutning lifandi dýra auk ýmissa afurða úr hráu kjöti og ógerilsneyddri mjólk frá vissum löndum innan ESB.

Ekki er unnt að áætla með fullri nákvæmni hvaða fjárhæðir íslenskur landbúnaður fengi frá ESB. Stuðningur ESB til íslensks landbúnaðar og mótframlög íslenskra stjórnvalda gætu numið samtals meira en 5 milljörðum kr., að því gefnu að skilgreiningar á harðbýli og stuðningsbærri framleiðslu væru svipaðar og gerist í norðurhluta Svíþjóðar og Finnlands. Möguleikar eru einnig fyrir hendi á að veita innlenda viðbótarstyrki – bæði tímabundna og viðvarandi – svipað og gert hefur verið í Svíþjóð og Finnlandi. Ástæða er til að taka áætlun sem þessari með vissum fyrirvara, sérstaklega sökum óvissu um þróun landbúnaðarstefnu ESB í náinni framtíð.

1. Inngangur

Ljóst er að gengi Ísland í ESB yrði sú landbúnaðarstefna, sem rekin er hér á landi, með tilheyrandi stuðningskerfi, löguð að sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB. Hér verður í stuttu máli fjallað um hvaða áhrif hugsanleg aðild að ESB muni geta haft í íslenskum landbúnaði.

Þó að vitað sé að landbúnaðarstefna ESB mundi taka við er vissum erfiðleikum háð að spá fyrir um hvernig íslenskum landbúnaði gæti reitt af. Vitað er hvernig landbúnaðarstefna sambandsins lítur út nú en sökum áætlaðrar útvíkkunar sambandsins til austurs og viðræðna innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ríkir mikil óvissa um hvernig hún mun líta út eftir nokkur ár.

Þá er ekki síður mikilvægt að gera sér grein fyrir því að niðurstöður mögulegra aðildarviðræðna milli ESB og íslenskra stjórnvalda geta skipt sköpum fyrir stöðu sumra greina landbúnaðargeirans eftir hugsanlega aðild, sérstaklega hvað varðar möguleika á undanþágum sem lytu að möguleikum á að takmarka innflutning á hráum afurðum og að möguleikum á að fá halda áfram innlendum stuðningi eftir inngöngu í ESB. Þessi atriði þýða að verkum að vangaveltum um hvernig íslenskum landbúnaði gæti vegnað við hugsanlega aðild verður að taka með miklum fyrirvara.

2. Bakgrunnur

2.1. Alþjóðasamningar sem varða landbúnað

Það eru fyrst og fremst tveir nýlegir samningar, sem Ísland er aðili að, sem vert er að fjalla um í tengslum við breytingar á alþjóðlegu umhverfi íslensks landbúnaðar. Þetta eru EES-samningurinn og niðurstöður Úrúgvæ-lotunnar (GATT-samningurinn).

Hvað fól EES-samningurinn í sér fyrir íslenskan landbúnað?

EES-samningurinn tekur ekki á landbúnaðarmálum í heild sinni og er sameiginleg landbúnaðarstefna ESB ekki hluti af EES-samningnum. Þeir fáu þættir, er varða landbúnað, eru þó þess eðlis að rétt er að fjalla hér um þá í stuttu máli.

Sameiginleg landbúnaðarstefna Evrópusambandsins var ekki tekin inn í EES-samninginn á sínum tíma. Hins vegar er í 19. grein viljayfirlýsing samningsaðila um að stuðla að frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir. Sérstakur tvíhliða samningur um viðskipti með tilteknar suðrænar landbúnaðarafurðir var gerður samtímis EES-samningnum og kveður hann á um einhliða tollalækkanir Íslands. Árstíðabundnar lækkanir á nokkrum tegundum afskorinna blóma og grænmetis hafa haft nokkur áhrif. Bókun 3 um viðskipti með iðnvarning úr landbúnaðarhráefni var ekki fullfrágengin þegar samningurinn var undirritaður og hafa viðræður haldið áfram fram á þennan dag. Áhrifin á íslenska framleiðslu vegna alls þessa hafa ekki reynst vera mikil.

Með samningnum voru teknar upp samræmdar reglur um gæði og eiginleika ýmissa vörutegunda sem falla undir landbúnað, svo sem kjöts, mjólkurvara, jurta og sáðvara. Flóknar reglur gilda einnig um heilbrigði lifandi dýra sem flutt eru á milli aðildarríkjanna.

Samkvæmt EES-samningnum eru tollar og magntakmarkanir á innflutningi og útflutningi milli samningsaðila bannaðar en þar sem samningurinn nær ekki nema að takmörkuðu leyti til landbúnaðarvara eru áhrifin svo til engin í raun. Undantekning er þó verslun og viðskipti með iðnaðarvörur úr landbúnaðarhráefni sem falla undir bókun 3.

I. viðauki hefur að geyma sérstök ákvæði um fyrirkomulag varðandi heilbrigði dýra og plantna. Á þessu viðkvæma og flókna sviði reyndist ekki unnt að samræma allar reglur við upptöku EES-samningsins. Öll EFTA-ríkin nema Ísland samþykktu að taka upp samræmdar reglur í EES-samningnum um heilbrigði dýra, með nokkrum undantekningum þó. Ísland hélt í sérstakar undanþágur sem eru mjög víðtækar á grundvelli sérstöðu landsins sem snýr að langvarandi einangrun íslenskra búfjárstofna og viðkvæmni fyrir farsóttum. Löggjöf um fóður og plöntur var hins vegar samræmd í EES-samningnum með fáeinum undantekningum. Sú samræming gildir líka fyrir Ísland.

Samningurinn kom þannig ekki í veg fyrir að innflutningsbanni á lifandi dýrum og vissum búfjárafurðum, sem í gildi var, yrði áfram beitt af íslenskum stjórnvöldum. Rétt er að geta þess að hinar víðtæku undanþágur, sem Ísland hefur frá I. viðauka, er skylt að taka til reglulegrar endurskoðunar af samningsaðilum. Slík endurskoðun hefur ekki farið enn fram en framkvæmdastjórn ESB minnir Ísland á þetta ákvæði með reglulegu millibili og kemur þeirri skoðun sinni á framfæri á fundum að Íslandi beri að taka upp allan I. viðauka. Viðræður milli Íslands og framkvæmdastjórnarinnar um upptöku alls þess sem viðaukinn inniheldur munu væntanlega hefjast á þessu ári samkvæmt eldra samkomulagi sem gert var.

Evrópusambandið hefur talið að innan þessa sviðs, þ.e. heilbrigðis dýra og plantna, sé nauðsynlegt að samræma allar reglur og landsrétt aðildarríkjanna að fullu. Með því sé hægt að tryggja frjálst flæði landbúnaðarvara. Reglur um heilbrigðisvarnir á þessu sviði eru mjög viðkvæmt mál þar sem reglum í landsrétti er ætlað að vernda almennt heilbrigði. Reglur af þessu tagi hafa hins vegar oft verið notaðar sem tylliástæða til að hindra viðskipti og vernda innanlandsframleiðslu gegn erlendri samkeppni.

Hvað fól GATT-samningurinn í sér fyrir íslenskan landbúnað?

Eftir langa samningalotu sem hófst í Úrúgvæ 1986 tókst aðildarríkjum GATT að ná samkomulagi árið 1994 um verulegar breytingar í átt til aukins frelsis í alþjóðaviðskiptum, m.a. með landbúnaðarafurðir. Samningnum um búvöruviðskipti má skipta í þrjá meginþætti, þ.e.a.s. skuldbindingar um markaðsaðgang, innanlandsstuðning og útflutningsstuðning, auk sérstaks kafla um heilbrigðis- og sjúkdómavarnir.

Meginniðurstaðan varðandi *markaðsaðgang* er fólgin í því að tollar leystu af hólmi magntakmarkanir og aðrar innflutningshindranir. Þá skuldbundu aðildarríki Úrúgvæviðræðnanna sig til að draga úr tollvernd í áföngum á árunum 1995–2001 (bæði ár meðtalin), að meðaltali um 36%, þó þannig að fyrir enga vöru skyldi lækkunin vera minni en 15%. Jafnframt skyldi leyfa tiltekinn lágmarksaðgang á lægri tollum auk þess að tryggja þann markaðsaðgang sem ríkti á viðmiðunartímanum (1986–1988). Lágmarksmarkaðsaðgangurinn á lægri tollum skyldi á samningstímabilinu aukast úr 3% í 5% af magni innanlandsneyslu eins og hún var á viðmiðunartímanum. Samið var um sérstök varnaglaákvæði sem heimila tollahækkanir ef innflutningur vöru fer fram úr ákveðnu marki eða ef verðfall verður á heimsmarkaði.

Í útfærslunni hér á landi eru lagðir tollar (magntollar) á landbúnaðarvörur í stað innflutningsbanns sem miðast við það að tryggja markaðsstöðu innlendrar framleiðslu og þeir lækk-

aðir í áföngum eins og samkomulagið segir fyrir um. Auk almennra tolla eru lagðir á lægri tollar sem gilda fyrir vörur sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum. Þær vörur, sem falla undir *lágmarksmarkaðsaðgang,* eru ýmsar ferskar eða unnar kjötvörur, egg, smjör og ostar. Tollkvótarnir fyrir þessar vörur eru misstórir eftir vörutegundum, t.d. er ostakvótinn á næsta kvótaári, þ.e.a.s. sem hefst 1. júlí nk., 119 tonn, í unnum kjötvörum er hann 86 tonn og kjöt af alifuglum er 59 tonn, svo að dæmi sé tekið.

Skuldbindingarnar um *ríkjandi markaðsaðgang* eiga við vörur sem fluttar höfðu verið inn samkvæmt undanþágum frá innflutningsbanni. Hér er um að ræða margs konar landbúnaðarvörur sem fluttar eru inn án nokkurra magntakmarkana, eða með öðrum orðum á „opnum kvótum". Þá falla blóm og grænmeti undir ríkjandi markaðsaðgang. Við innflutning á blómum er yfirleitt ekki beitt magntakmörkunum. Innflutningi á grænmeti er stjórnað með misháum tollum og fer upphæð þeirra eftir framboði innanlands. Magntakmörkunum er ekki beitt við innflutning á grænmeti.

Í þeim tilfellum þar sem um kvótaúthlutanir er að ræða er auglýst eftir umsóknum. Ef eftirspurn eftir kvótum er meiri en það magn sem til úthlutunar er er úthlutun ákveðin með því að leita eftir tilboðum í kvótann. Í framkvæmd hafa íslensk stjórnvöld eingöngu farið þá leið undanfarið að leita eftir tilboðum í kvótann en fallið frá því að beita útdrætti.

Hingað til hafa magntollarnir veitt íslenskum landbúnaði verulega vernd. Svo til enginn innflutningur er stundaður utan tollkvótanna. Tollkvótarnir hafa hins vegar stuðlað að auknum innflutningi – einkum þar sem heilbrigðiskröfur hafa ekki hindrað innflutning.

Reiknaður var út *innanlandsstuðningur*, með fáeinum undanþágum, sem veittur var að meðaltali árin 1986–1988. Stuðningurinn var síðan skilgreindur eftir því hvort hann var talinn markaðstruflandi (framleiðsluhvetjandi) eða ekki. Þann stuðning, sem taldist markaðstruflandi, skuldbundu aðildarríkin sig til að lækka í jöfnum áföngum, alls um 20% á 6 árum frá gildistöku Úrúgvæsamningsins. Sökum þess að markaðstruflandi stuðningur við íslenskan landbúnað hafði lækkað töluvert síðan á viðmiðunartímabilinu hefur Ísland uppfyllt skuldbindingar sínar án sérstakra aðgerða.

Draga skyldi úr *stuðningi til útflutnings* bæði í formi fjárframlaga og að því er varðar vörumagn sem nýtur útflutningsbóta. Magn þeirra vara, sem nýtur útflutningsbóta, á að dragast saman um 21% og fjárframlög til útflutningsbóta eiga að lækka um 36% á samningstímanum. Útflutningsbætur fyrir landbúnaðarafurðir voru aflagðar að mestu hér á landi fyrir nokkrum árum og því auðvelt að uppfylla skuldbindingar.

Samkvæmt sérsamningnum um *heilbrigðis- og sjúkdómavarnir* voru reglur um innflutningshömlur á grundvelli slíkra varna hertar verulega. Verða þær að byggjast á vísindalegum rökum. Til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins þarf að fullnægja ákveðnum skilyrðum og á það einkum við um hrátt kjöt, vörur úr ógerilsneyddri mjólk og hráum eggjum.

Fram til þess að GATT-samningurinn gekk í gildi hafði íslenskur landbúnaður verið verndaður á þann hátt að bannað var að flytja inn lifandi dýr og ýmsar landbúnaðarafurðir. Aðalástæðan fyrir þessu var reynsla Íslendinga af farsóttum á liðnum áratugum og öldum. Til dæmis má nefna fjárkláðann sem kom upp á átjándu öld og er enn vandamál og riðu, sem var flutt til Íslands 1882 með hrúti frá Danmörku sem var upphaflega frá Bretlandi. Þessar sýkingar hafa valdið og valda enn sauðfjárbændum ómældu tjóni. Þá má nefna þær sýkingar sem bárust hingað með karakúlfé árið 1933 en með þessum innflutningi komu þrjár farsóttir í einu – þurramæði, votamæði og garnaveiki. Tveimur þeim fyrstnefndu hefur verið útrýmt en garnaveiki er enn vandamál bæði í sauðfé og nautgripum. Aðrir sjúkdómar, sem tekist hefur verið á við á Íslandi, eru, svo að eitthvað sé nefnt, berklar í nautgripum (síðast 1959) og svínum sem kemur fyrir öðru hvoru og svínapest (1953).

Eins og áður var nefnt er grundvallarregla samningsins um heilbrigði plantna og dýra (SPS-samningurinn) sem gerður var í Úrúguvælotunni að aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skuldbinda sig til að leyfa innflutning á lifandi dýrum, landbúnaðarvörum og vörum sem unnar eru úr þeim. Helsta undanþágan er sú að innflutning má banna ef hægt er að sýna fram á með vísindalegum rökum að heilsu manna og dýra sé stefnt í hættu. Sem dæmi má nefna að ef óskað er eftir heimild til að flytja inn lifandi búfénað til landsins þá þarf seljandi að leggja fram rök fyrir því að heilbrigði dýra í útflutningslandinu sé sambærilegt eða betra en á Íslandi og að heilsu manna og dýra væri ekki stefnt í hættu ef af þessum innflutningi yrði. Á sama hátt yrðu íslensk stjórnvöld að sanna hið gagnstæða ef koma ætti í veg fyrir slíkan innflutning.

Hið sama gildir um matvæli en um innflutning þeirra gildir reglugerð þar sem kveðið er á um að innflutningur sé háður leyfi yfirdýralæknis enda sé slíkt aðeins leyfilegt frá löndum sem hafa jafn gott heilsufar búfjár og Ísland eða betra. Það má því segja að banni við innflutningi hafi verið aflétt í raun þótt ekki hafi reynt á þetta varðandi lifandi dýr þar sem enginn hefur óskað eftir innflutningi frá svæðum þar sem heilbrigðisástand er svipað eða betra en á Íslandi.

3. Hin sameiginlega landbúnaðarstefna ESB

Landbúnaður nýtur mikils stuðnings í ESB og meira en helmingi útgjalda sambandsins er varið ýmist til beins stuðnings við landbúnaðarframleiðslu eða til málaflokka sem tengjast landbúnaði, svo sem umhverfis- og byggðamála.

Sameiginleg landbúnaðarstefna Evrópusambandsins á rætur sínar að rekja til stofnunar ESB. Litið er á hana sem eina af meginþáttum sambandsins, hvort sem litið er til starfsemi stofnana, fjárlaga eða pólitísks vægis. Hún er að mörgu leyti fyrirrennari innri markaðarins og á drjúgan þátt í því að halda saman mismunandi hlutum sambandsins. Landbúnaðarstefnan ber þess enn merki að hún var byggð upp og mótuð á þeim tíma í Evrópu þegar álfan var ekki sjálfri sér næg hvað matvæli snertir. Staðan er núna sú að ESB er stærsti innflytjandi og næststærsti útflytjandi landbúnaðarvara og matvæla í heiminum.

Meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar skv. 33 gr. Rómarsamnings (áður 39. gr) eru og hafa frá upphafi verið:

1. að tryggja viðunandi lífsviðurværi landbúnaðarsamfélaga,
2. að auka framleiðni í landbúnaði,
3. að tryggja stöðugleika á mörkuðum,
4. að tryggja nægt framboð matvæla og
5. að tryggja sanngjarnt verð til neytenda.

Allt frá gildistöku sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB hefur landbúnaður haft nokkra sérstöðu gagnvart öðrum atvinnugreinum. Sérstaðan er fólgin í mikilli vernd og stuðningi úr sameiginlegum sjóðum sambandsins. Hið margslungna stuðningskerfi landbúnaðarins miðar almennt að því að hafa áhrif á verð og framboð í gegnum miðstýrðar aðgerðir (kvóta, markaðsíhlutun o.fl.), takmarkanir á innflutningi og álagningu tolla.

Allt til ársins 1988 jókst framleiðsla í landbúnaði um að meðaltali 2% á ári en á sama tíma jókst neyslan aðeins um 0,5% á ári. Þetta leiddi til þess að byggja þurfti upp dýrt íhlutunarkerfi sem byggðist fyrst og fremst á uppkaupum og geymslu birgða ásamt niðurgreiðslum á útflutning. Að auki var framleiðslan innan svæðisins vernduð gegn innflutningi með háum tollum og öðrum höftum. Þessi mikla íhlutun leiddi til þess að heimsmarkaðsverð á ýmsum vörum lækkaði verulega – ekki síst á kornvörum – og leiddi eðlilega til megnrar óánægju þeirra landa sem styrktu landbúnað sinn lítt eða ekki.

Á vissum svæðum leiddi landbúnaðarstefnan til neikvæðra áhrifa á umhverfið, auk þess sem hún þótti ekki taka nóg tillit til smærri bænda og tekna þeirra. Þetta var erfitt að sætta sig við á sama tíma og útgjöld til landbúnaðarmála jukust stöðugt og námu á tímabili um tveimur þriðju af fjárlögum ESB. Í byrjun tíunda áratugarins var auk þess ljóst að væntanlegur GATT-samningur gæti orðið til þess að erfitt yrði að halda til streitu landbúnaðarstefnunni í óbreyttri mynd. Það er í þessari stöðu sem endurskoðun á landbúnaðarstefnu ESB er gerð árið 1992.

Landbúnaðarstefnan eftir 1992

Í júní árið 1992 náðist samkomulag um róttæka endurskoðun landbúnaðarstefnunnar. Helstu breytingarnar felast í lækkun á verði til framleiðenda, auknu vægi beinna greiðslna og áherslu á stuðning við ýmis verkefni sem tengjast umhverfismálum og byggðasjónarmiðum. Segja má að meginmarkmið endurskoðunarinnar hafi verið að landbúnaður ESB yrði samkeppnisfær í verði og gæti með þeim hætti mætt aukinni samkeppni á heimsmarkaði. Einnig var stefnt að því að aðlaga framleiðsluna að markaðnum og stuðla að betra jafnvægi, ekki síst til að draga úr útgjöldum ESB vegna birgðahalds og útflutningsbóta.

Þá er ekki síður athyglisverð í þessari endurskoðun sú áhersla sem lögð er á umhverfisþætti og hið svokallaða fjölþætta hlutverk landbúnaðarins. Samkvæmt þessu gegnir landbúnaðurinn ekki eingöngu hlutverki matvælaframleiðanda heldur einnig mikilvægu hlutverki sem umhverfis-, menningar- og byggðaþáttur í samfélaginu.

Mikilvægur hluti landbúnaðarstefnu ESB er að tryggja bændum lágmarksverð fyrir ákveðnar afurðir sem þýðir að ef verð á mörkuðum fer niður fyrir þetta ákveðna verð veitir ESB styrki til að kaupa eða geyma umframbirgðirnar með það að markmiði að selja þær þegar og ef verð hækkar aftur. Þetta lágmarksverð á kornvörum til bænda var lækkað allverulega en í staðinn fengu þeir í sinn hlut auknar beinar greiðslur frá ESB. Lækkunin á lágmarksverði átti einnig að koma neytendum til góða – ekki síst vegna þess að gert var ráð fyrir að framleiðslukostnaður ýmissa kornfrekra búfjárafurða mundi lækka – og þörfin á útflutningsbótum átti jafnframt að minnka. Heimsmarkaðsverð á kornvörum hækkaði hins vegar um svipað leyti og hélt uppi markaðsverði innan sambandsins. Það má því segja að bændum hafi verið bættur skaði sem þeir urðu ekki fyrir.

Annarri endurskoðun á landbúnaðarstefnunni lauk í mars 1999. Breytingarnar voru hluti af stærri endurskoðun ESB á fjármálum og innri starfsemi (svokölluð Agenda 2000). Markmið þessarar endurskoðunar var m.a. að gera ESB kleift að taka á móti nýjum aðildarríkjum frá Mið- og Austur-Evrópu.

Í samkomulaginu, sem náðist, felst að dregið verður úr framleiðslustyrkjum til landbúnaðar í áföngum fram til ársins 2006. Áfram var haldið á þeirri braut að styrkja bændur og bændasamfélög frekar en framleiðslu. Styrkir verða þó áfram greiddir og veittir til að þróa nýjar afurðir, gera framleiðsluna umhverfisvænni, til nýrra greina innan landbúnaðargeirans og til ferðaþjónustu. Að baki býr enn og aftur hugmyndafræðin um hið fjölþætta hlutverk landbúnaðarins. Einnig standa vonir til að endurskoðunin dragi úr hvata til offramleiðslu.

Breytingarnar voru reyndar mun minni en sumar þjóðir höfðu vonast til. Lágmarksverð á korni lækkar enn og nú einnig lágmarksverð á afurðum nautgripa – og er bændum bættur skaðinn með beingreiðslum. Með þessu lækkar íhlutunarverð á smjöri og mjólk um 15% í þremur þrepum árin 2003 til 2006 og verð á kornframleiðslu lækkar um 10% árið 2000 og önnur 10% árið 2001. Enn fremur var ákveðið að ESB styrki geymslu á nautakjöti ef verð fer niður fyrir 176 kr./kg og kaupi kjötið fari verðið niður fyrri 123 kr./kg.

Áætlað hefur verið að samkomulagið lækki áætlaða fjárhæð heildarframlags til landbúnaðar frá upphafi árs 2000 til loka árs 2006 úr 289,5 milljörðum evra í 283 milljarða evra. Sparnaðurinn, sem er 6,3 milljarðar evra, nemur 500 milljörðum ísl. kr. Hugmyndin er síðan sú að framlög til landbúnaðar verði nokkuð stöðug eftir þetta eða um 40,5 milljarðar evra á ári, u.þ.b. 3.200 milljarðar ísl. kr.

Heildarframlög ESB miðað við óbreytta löggjöf geta aldrei orðið meiri en sem nemur 1,27 hundraðshlutum af vergri þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna. Sá fjárlagarammi, sem fylgir hér með til glöggvunar, gerir ráð fyrir að útgjöldin næstu árin verði töluvert fyrir neðan þá tölu eða á bilinu 1,13 til 1,19 hundraðshlutar.

Fjárlagarammi ESB 2000–2006 (í þús. evra)

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Landbúnaður	40.920	42.800	43.900	43.770	42.760	41.930	41.660
Uppb. þróunarsj.	32.045	31.455	30.865	30.245	29.595	29.595	29.170
Aðrar áætlanir	5.900	5.950	6.000	6.050	6.100	6.150	6.200
Utanríkismál	4.550	4.560	4.570	4.580	4.590	4.600	4.610
Stjórnun	4.560	4.600	4.700	4.800	4.900	5.000	5.100
Varasjóðir	900	900	650	400	400	400	400
Styrkir A-Evrópa	3.120	3.120	3.120	3.120	3.120	3.120	3.120
Alls:	**91.995**	**93.385**	**93.850**	**93.005**	**91.465**	**90.795**	**90.260**

Eins og sjá má af töflunni hér að ofan á aukning útgjalda til landbúnaðarmála að heyra sögunni til en þau eru tæplega helmingur allra útgjalda ESB.

Eins og áður sagði er undirrót þeirra hugmynda um breytingar, sem settar hafa verið fram af framkvæmdastjórninni, m.a. tengdar þeirri staðreynd að á næstu árum má búast við að ríki Austur-Evrópu tínist eitt af öðru inn í sambandið. Þessar þjóðir eiga það flestar sameiginlegt að byggja mikið á landbúnaði sem er mun vanþróaðri en landbúnaður innan sambandsins. Vegna þessa hefur verið talið nauðsynlegt innan sambandsins að reyna að endurskipuleggja landbúnaðarstefnuna með tilliti til þessa.

Jafnframt hefur komið fram að Þjóðverjar, sem greiða hæsta fjárhæð allra aðildarríkjanna til sambandsins, eru ekki tilbúnir til þess að hækka fjárlög þess þrátt fyrir fjölgun aðildarríkja, heldur skuli spila áfram úr nánast óbreyttum framlögum til landbúnaðarmála. Framkvæmdastjórnin hefur því haft uppi hugmyndir um að draga úr styrkjum til núverandi aðildarríkja og leggja í sjóði til seinni tíma þegar hinar vanþróaðri landbúnaðarþjóðir koma inn í sambandið.

Framkvæmdastjóri landbúnaðarmála lýsti niðurstöðunni sem góðum grunni gerðum til þess að tryggja framtíðarþróun landbúnaðarmála innan sambandsins. Skiptar skoðanir eru á því hvort þetta hefur tekist eða hvort frekari umbóta er þörf.

Er frekari endurskoðun á landbúnaðarstefnu ESB óhjákvæmileg?

Sérfræðingar eru ekki á einu máli um hvort frekari breytinga á landbúnaðarstefnunni er þörf áður en ESB stækkar til austurs. Ef framleiðslustyrkir þeir sem nú eru fyrir hendi frá ESB myndu einnig gilda fyrir hin væntanlegu aðildarríki í Mið- og Austur-Evrópu er hætt við að fjárlög ESB myndu sprengja núverandi ramma. Uppi hafa verið skoðanir um að óeðlilegt sé að ESB-kerfið verði yfirfært í heild sinni á ný aðildarríki þar sem allt önnur skilyrði

ríkja í landbúnaði en í núverandi aðildarríkjum ESB. Aðrir telja að óeðlilegt sé að hin nýju aðildarríki ESB verði meðhöndluð eins og einhvers konar B-þjóðir og því sé nauðsynlegt að breyta landbúnaðarstefnunni þannig að útgjöldin verði viðráðanleg og henti aðstæðum í sambandinu öllu.

Flestir eru þó sammála um að gera megi ráð fyrir aukinni áherslu á styrki sem ekki eru markaðstruflandi – sérstaklega umhverfis- og byggðastyrki – á kostnað framleiðslutengds stuðnings. Það sem mælir enn frekar með því að þetta verði ofan á er að í nýhafinni samningalotu, á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um alþjóðaviðskipti með landbúnaðarvörur má gera ráð fyrir hertum skuldbindingum um áframhaldandi lækkun markaðstruflandi stuðnings – þ.m.t. greiðslna sem miðast við flatarmál akurlendis og fjölda búfjár. Þessar greiðslur voru undanþegnar lækkunarskyldu í GATT-samningnum frá 1994.

Sjúkdómavarnir innan ESB

Það kerfi, sem farsóttarvarnir ESB byggjast á, er í grundvallaratriðum þannig að dýralæknayfirvöld á hverju svæði fyrir sig bera ábyrgð á að vörur eða dýr sem, sett eru á markað, uppfylli sameiginlegar kröfur sem gilda fyrir allt EES-svæðið (gildir eingöngu um fisk hvað Ísland varðar). Meginþunginn í þessu kerfi er eftirlit á upprunastað, þ.e.a.s. að aðeins vörur, sem uppfylla öll skilyrði, séu settar á markað. Þessar reglur eru að mestu samræmdar innan EES-svæðisins. Sama gildir um allar vörur sem unnar eru úr þessum dýrum og þann aðbúnað sem krafist er við framleiðslu og/eða innflutning þeirra.

Kröfur þær sem hér um ræðir eru til þess ætlaðar að tryggja að landbúnaðarvörur séu unnar úr heilbrigðum dýrum við viðunandi aðstæður – svokallað „*stable to table concept*". Þetta eru reglur um aðbúnað, fóður og vatn, lyf, bann við hormónum, kynbætur o.s.frv. Reglurnar ná yfir alla ævi húsdýrsins (frá því að vera á egg- og/eða sæðisstigi) og áfram allt til þess að matvælin eru keypt í versluninni. Til að auðvelda eftirlit og skráningu hafa verið settar reglur um skráningu húsdýra. Þetta á sérstaklega við um nautgripi þar sem kálfar eru skráðir og auðkenndir stuttu eftir fæðingu. Auðkennin fylgja þeim alla ævi og áfram og, þegar kerfið verður komið í fulla notkun, allt til neytanda. Markmiðið er að hægt verði að rekja kjötstykkið, sem neytandinn tekur við í versluninni, til ákveðins nautgrips eða, ef um unna vöru er að ræða, til ákveðins hóps af nautgripum.

Sömu kröfur eru gerðar til þeirra vara sem fluttar eru inn til sambandsins. Þær þurfa að vera framleiddar við sömu eða svipaðar (jafngildar) aðstæður og ríkja í EES en dýralæknayfirvöldum viðkomandi lands er treyst til að framfylgja þessum reglum. Með vörum frá ríkjum utan EES þarf að fylgja vottorð, undirritað af dýralæknayfirvöldum upprunalandsins, sem jafngildir tryggingu fyrir því að viðkomandi vörur séu framleiddar og fluttar á viðeigandi hátt.

Eini raunhæfi mismunurinn er að vörur og dýr frá löndum utan EES eru skoðuð frekar við ytri landamæri ESB en í flestum tilfellum er hér um að ræða skoðun á vottorðum og skoðun á því hvort þau auðkenni, sem er að finna í fylgiskjölum, sé einnig að finna á sendingunni sjálfri. Ákveðið hlutfall sendinga er svo skoðað enn frekar, sendingar opnaðar og sýni tekin. Ef um lifandi dýr er að ræða þá fara þau í gegnum öll þrjú þrepin við skoðun á landamærum.

Hverju aðildarríki er skylt að setja upp neyðaráætlanir varðandi allar helstu farsóttir og eru þær mjög viðamiklar og nákvæmar. Ef upp kemur smitsjúkdómur innan ESB er ákveðnum svæðum lokað og er þetta ekki bundið við þjóðlönd eins og áður var, heldur við svæði enda getur farsótt náð til fleiri en eins lands.

Á undanförnum áratugum hefur heilsufar dýra innan ESB batnað smám saman. Þar sem þetta hefur gerst mishratt eftir svæðum hefur þurft að hanna aðferðir til að viðurkenna mis-

munandi heilsufar á ákveðnum svæðum innan ESB. Þetta er framkvæmt með því að veita ákveðnu svæði rétt til að krefjast þess að próf séu framkvæmd á húsdýrum sem flytja á inn á viðkomandi svæði. Þessar aukakröfur eru kallaðar viðbótarábyrgðir (*additional guarantees*) og geta annaðhvort varðað einn ákveðinn sjúkdóm eða fleiri eftir því sem við á.

Það getur verið langur ferill að sækja um slíkar viðbótarábyrgðir þar sem viðkomandi aðildarríki þarf/þurfa að sanna með vísindalegum aðferðum að sjúkdómurinn, sem sækja á um ábyrgðirnar fyrir, sé ekki fyrir hendi á svæðinu eða að unnið sé að útrýmingu hans. Ákvörðunin sjálf um að veita slíkar viðbótarábyrgðir er síðan tekin innan fastanefndar dýralæknayfirvalda samkvæmt tillögum framkvæmdastjórnarinnar.

Rannsóknir tengdar þessari sönnunarbyrði geta verið dýrar og hafa t.d. Norðmenn varið umtalsverðum fjármunum í slíkar rannsóknir. Ástæða þess að ESB krefst svo nákvæmra og afgerandi sannana er sú að reynt er að koma í veg fyrir að þessar viðbótarábyrgðir séu notaðar sem tylliástæða til þess að hindra eðlileg viðskipti. Á sama tíma er það markmið ESB að bæta heilsufar dýra innan svæðisins og vernda búfé gegn farsóttum eins og auðið er.

4. Möguleg áhrif ESB-aðildar á íslenskan landbúnað

Ljóst er að við inngöngu í Evrópusambandið mundi Ísland þurfa að leggja niður landbúnaðarstefnu sína í núverandi mynd. Verðlag Evrópusambandsins á landbúnaðarafurðum yrði ráðandi frá fyrsta degi og íslenskir bændur fengju aðgang að styrkjakerfi ESB. Samtímis yrði opnað fyrir innflutning frá aðildarríkjunum og íslenskir bændur gætu flutt út afurðir óhindrað á innri markaðinn.

Það er ekki síst hinn frjálsi innflutningur frá ESB-svæðinu sem hefði miklar breytingar í för með sér. Hingað til hefur verulegur hluti opinbers stuðnings við landbúnað hér á landi verið fólginn í verndun gegn innflutningi á ódýrum afurðum. Verð til framleiðenda er almennt lægra í ESB en hér á landi og fyrir vissar búgreinar er munurinn verulegur.

Á móti kemur að ESB styrkir landbúnað aðildarríkjanna umtalsvert og styrkjaflóran er fjölbreytt. Þar má nefna, fyrir utan framleiðslutengdar greiðslur, styrki til reksturs búa á harðbýlum svæðum, styrki til fjárfestinga, til samstarfs bænda og ekki síst umhverfisstyrki. En þó að hérlendir bændur myndu fá óskertan aðgang að styrkjakerfi ESB er vafasamt að það mundi duga í heild til þess að vega upp á móti lægra afurðaverði og afnám þeirra opinberu framlaga sem íslensk landbúnaðarframleiðsla nýtur í dag.

4.1. Hugsanlegur stuðningur til íslensks landbúnaðar við ESB-aðild

Hér verður stiklað á stóru yfir nokkrar tegundir stuðnings sem, miðað við núverandi landbúnaðarstefnu ESB, gætu nýst í íslenskum landbúnaði. Nokkurn fyrirvara verður að gera um nákvæmni upplýsinganna.

Greiðslur fyrir búfjáreiningu (headage payments)

Greiðslur þessar eru fjármagnaðar að fullu af ESB og nema töluverðum upphæðum. Þannig eru greiddar við slátrun allt að 244 evrur (meira en 17.000 kr.) fyrir geldneyti eldri en 22 mánaða en helmingi minna fyrir geldneyti milli 6 og 22 mánaða. Stuðningur af þessu tagi er hins vegar ekki greiddur fyrir mjólkurkýr. Hvað sauðfé varðar eru greiðslurnar u.þ.b. 1.600 kr. árlega fyrir hverja vetrarfóðraða á. Að auki eru um þessar mundir greiddar 2.000 kr. í slátrunarpremíu fyrir nautgripi – þar með taldar mjólkurkýr.

Greiðslur vegna fæðar búpenings (extensive farming)

Um er að ræða viðbótargreiðslur til þeirra sem fá greiðslu fyrir hverja búfjáreiningu þar sem fjöldi búfjár er undir vissum mörkum á hverja flatarmálseiningu lands (í Svíþjóð er miðað við færri en 1,4 búfjáreiningar á hvern hektara lands). Gera má ráð fyrir að stór hluti nautakjötsframleiðslu hér á landi muni eiga rétt á slíkum greiðslum. Greiðslur þessar nema rúmlega 7.000 kr. fyrir yngri geldneytin og 14.000 kr. fyrir eldri geldneytin. Stuðningur þessi er fjármagnaður að fullu af ESB.

Harðbýlisstyrkir (LFA-greiðslur[1])

Styrkjum þessum er m.a. ætlað að vega upp á móti mismun á framleiðslukostnaði milli svæða vegna erfiðra skilyrða sökum veðurfars og annarra staðhátta. Á þessum harðbýlli svæðum er mögulegt að fá viðurkenningu ESB á að viðbótarstuðnings sé þörf. Í aðildarviðræðum Noregs, Finnlands og Svíþjóðar var *„norðlægur landbúnaður“* skilgreindur sem nýtt hugtak í flóru styrkja til landbúnaðar innan ESB. Miðað er við svæðið norðan við 62°N, með vissum undanþágum þó. Þetta var byggt á þeim grunni að erfiðara væri að stunda landbúnað svo norðarlega, bæði vegna rýrari landgæða og vegalengda frá mörkuðum. Tekið er tillit til hversu þéttbýl svæði eru og hversu vel þau nýtast undir landbúnaðarframleiðslu. Stuðningurinn skal fyrst og fremst vera í formi greiðslna á hverja búfjáreiningu eða flatarmál lands.

Harðbýlisstyrkir til íslensks landbúnaðar ættu að geta orðið þó nokkrir þar sem gera má ráð fyrir að íslenskur landbúnaður í heild sinni gæti fallið undir skilgreiningar ESB á harðbýlum svæðum – og þá sérstaklega norðlægan landbúnað. Fjármögnun ESB í þessari tegund stuðnings er yfirleitt 25–50%.[2]

Hversu miklir styrkir yrðu mögulegir fer nokkuð eftir niðurstöðum í hugsanlegum samningaviðræðum. Ef tekið er mið af útfærslu Finnlands á samningnum við ESB er einnig ljóst að heimildir til innlends viðbótarstuðnings til norðlægs landbúnaðar eru mjög rúmar. Allar innlendar stuðningsaðgerðir verða þó að hafa hlotið samþykki ESB áður en þeim er hrint í framkvæmd.

Í norðurhluta Svíþjóðar er harðbýlisstuðningur greiddur m.a. vegna sauðfjár, kartöfluræktar, nautgripa, mjólkurkúa, svína og kornræktar auk berja- og grænmetisræktar. Fjárhæð stuðnings fer eftir svæðum en getur verið allt að 14.000 kr. fyrir hvern hektara graslendis og kartöflugarða, u.þ.b. 22.000 kr. fyrir hvern hektara grænmetisgarða og rúmlega 500 kr. fyrir hverja vetrarfóðraða á.

Stuðningur til umhverfisverndar

Ýmsar greiðslur eru inntar af hendi innan ESB til umhverfisverndar og töluvert svigrúm er fyrir hendi hjá aðildarríkjunum til að hanna aðgerðir í umhverfismálum eftir aðstæðum. Stuðningur þessi er fjármagnaður af aðildarríkjunum og ESB til helminga. Stór hluti umhverfisstuðningsins hefur farið til að stemma stigu við neikvæðum áhrifum landbúnaðarstefnunnar, eins og t.d. óhóflegri notkun áburðar og skordýraeiturs. Gert er ráð fyrir að stuðningur þessi fjármagni þann aukakostnað sem bændur verði fyrir vegna umhverfisverndar. Óhætt er þó að fullyrða að þessu skilyrði hafi ekki verið fylgt strangt eftir. Hér á landi eru vissir möguleikar fyrir hendi á stuðningi til viðhalds beitarlanda og graslendis. Að auki er veittur

[1] LFA = Less Favoured Areas.

[2] Í norðurhluta Svíþjóðar um 25% en að meðaltali 45% í norðurhluta Finnlands.

stuðningur til m.a. vistvænnar/lífrænnar ræktunar, viðhalds landslags og varðveitingar viðkvæmra svæða.

Sem dæmi um umhverfisstuðning í sænskum landbúnaði má nefna að tæplega 4.700 kr. hafa verið greiddar á hvern hektara til viðhalds beitarlanda og túna.

Annar stuðningur

Greiðslur til ræktanlegra svæða (Arable area payments)

Stærsti einstaki útgjaldaliður landbúnaðarsjóða ESB er stuðningur til framleiðenda kornvara og olíufræjaræktar. Greiðslur þessar byggjast á flatarmáli ræktaðs lands og meðaluppskeru á hvern hektara og fjármagnast að fullu af ESB. Stuðningur yrði að líkindum veittur til framleiðslu byggs hér á landi að upphæð u.þ.b. 15.000 kr. á hvern hektara.

Í samningaviðræðunum um Agenda 2000 náðist samkomulag um að greiðslur þessar gætu einnig náð til framleiðslu votheys í Svíþjóð og Finnlandi. Í Svíþjóð munu greiðslur þessar geta að hámarki numið upphæð sem samsvarar framleiðslu á 100 þúsund hekturum. Stuðningur á hvern hektara er sambærilegur stuðningnum til kornframleiðslu, sem nemur allt frá 11.000 kr. í norðurhluta landsins til 40.000 kr. í suðri. Gera má ráð fyrir að framleiðsla votheys mundi einnig geta notið stuðnings hér á landi en hvort sá stuðningur yrði í takt við það sem gerist í Svíþóð og Finnlandi er erfitt að spá fyrir um.

Stuðningur til yngri bænda til að hefja búskap

Yngri framleiðendur geta fengið styrki til að hefja sjálfstæðan rekstur í landbúnaði. Stuðningurinn er fjármagnaður með allt að 75% framlagi frá ESB í norðlægustu héruðum Svíþjóðar og Finnlands. Hámarksupphæð er tæplega 2 milljónir kr. fyrir hvern einstakling.

Fjárfestingarstuðningur

Stuðningur til fjárfestinga í landbúnaði er fjármagnaður með allt að 75% framlagi frá ESB. Stuðningurinn er fyrst og fremst ætlaður til fjárfestinga vegna umhverfismála, aðbúnaðar dýra og vinnuaðstæðna í landbúnaði. Einnig geta fjárfestingar, sem stuðla að aukinni framleiðni sem og ferðaþjónustu, notið stuðnings. Samkvæmt sænskum tillögum til ESB mundi fjárfestingarstuðningur geta numið allt að 50% af fjárfestingarkostnaði í nyrstu héruðum þar í landi, upp að ákveðinni hámarksupphæð.

Stuðningur í tengslum við íhlutunaraðgerðir ESB

Innan þessa sviðs má nefna að ESB stendur fyrir birgðahaldi og útflutningsbótum, ásamt ýmsum afmörkuðum aðgerðum til markaðssetningar afurða. Meðal þeirra afurða, sem geta notið góðs af birgðahaldi ESB, eru nautakjöt, kinda- og lambakjöt, svínakjöt, undanrennuduft, ostar og smjör. Útgjöld ESB vegna birgðahalds og útflutningsbóta fara mjög eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

Samanlagður stuðningur

Áætlun á því heildarfjármagni, sem runnið gæti til íslensks landbúnaðar úr sjóðum ESB, er mikilli óvissu háð. Stuðningsupphæðir á hverja einingu eru vissulega þekktar og hægt er að styðjast við núverandi aðstæður (t.d. búfjárfjölda og flatarmál ræktaðs lands) við útreikning á vissum tegundum stuðnings. Það er hins vegar ekki eins einfalt að sjá fyrir niðurstöður samningaviðræðna um t.d. umhverfis- og harðbýlisstuðning eða möguleika á stuðningi til votheysgerðar. Þetta á við um bæði heildarupphæðir og hlut ESB í fjármögnun.

Ef ESB mundi samþykkja að skilgreina tún og beitarlönd hér á landi á svipaðan hátt og gert hefur verið í Finnlandi og Svíþjóð, og stuðningsupphæðir svipaðar og þar gerist, má gera ráð fyrir að stuðningur, sem tengist flatarmáli graslendis, gæti numið umtalsverðum upphæðum. Hér er fyrst og fremst um að ræða umhverfis- og harðbýlisstuðning ásamt mögulegum stuðningi við votheysgerð. Þessu til viðbótar yrði um að ræða stuðning sem tengist fjölda búfjár, ýmsa umhverfis- og harðbýlisstyrki, auk fjárfestingarstyrkja og annarra minni háttar styrkja. Samkvæmt ofangreindum forsendum er líklegt að heildarstuðningurinn gæti numið meira en 5 milljörðum króna. Hlutur ESB þar af yrði allt að 65–70%. Mögulegur innlendur viðbótarstuðningur er hér ekki meðtalinn.

Innlendur stuðningur

Aðildarríkjum ESB er heimilt að styðja landbúnað sinn, beint eða óbeint, en þó innan vissra takmarkana. Til þess að tryggja að innlendur stuðningur mismuni ekki samkeppnisstöðu aðildarlandanna innbyrðis er nauðsynlegt að fá blessun ESB áður en hafist er handa. Hér er m.a. um að ræða stuðning til rannsóknar- og þróunarvinnu, leiðbeiningarþjónustu og félagsmála og skattaívilnanir svo að eitthvað sé nefnt. Ef mið er tekið af niðurstöðum aðildarviðræðna Norðurlandanna um miðjan síðasta áratug er ljóst að svigrúm getur verið fyrir hendi fyrir stjórnvöld til að veita töluverðan viðbótarstuðning til landbúnaðar. Innlendur viðbótarstuðningur má ekki verða til þess að samanlagður stuðningur eða stuðningsbært magn sé umfram það sem raunin var fyrir aðild.

Innlendi stuðningurinn getur verið a.m.k. tvenns konar:

1. viðvarandi stuðningur til búgreina sem að öðrum kosti hefðu farið verulega halloka við aðild – fyrst og fremst innan þeirra svæða sem falla undir skilgreininguna um „norðlægan stuðning“;
2. tímabundinn stuðningur til aðlögunar með lækkandi greiðslum yfir 5 ára tímabil eftir aðild.

Fyrir vissar búgreinar í norðurhluta Svíþjóðar og Finnlands hefur innlendi stuðningurinn verið mikilvæg tekjuuppbót, ekki síst í þeim búgreinum þar sem ESB veitir litla eða enga styrki. Í norðurhluta Svíþjóðar eru það þannig svína- og eggjabændur ásamt kartöflu- og grænmetisframleiðendum sem njóta töluverðra innlendra styrkja. Í Finnlandi er stuðningur þessi einnig umtalsverður (hærri en í Svíþjóð). Í niðurstöðum aðildarviðræðna Noregs var einnig gert ráð fyrir verulega háum upphæðum til þessara og fleiri búgreina, bæði vegna aðlögunar sem og viðvarandi stuðnings vegna lakari skilyrði til landbúnaðarframleiðslu í norðlægustu héruðunum.

4.2. Hvernig mundi íslenskum landbúnaði reiða af innan ESB?

Út frá þessu lauslega yfirliti yfir stuðningsmöguleika hér að ofan er hægt að velta fyrir sér hvernig helstu búgreinum mundi reiða af við hugsanlega ESB-aðild.

Sauðfjárbúskapur: Verð það sem sauðfjárbændur hérlendis fá fyrir framleiðslu sína er nokkuð sambærilegt því verði sem starfsbræður þeirra innan ESB fá fyrir sambærilegar afurðir. Spurningin er hvort stuðningur frá ESB getið vegið upp á móti afnámi beingreiðslna við hugsanlega aðild. Að því gefnu að stuðningur á hverja vetrarfóðraða á, harðbýlisgreiðslur (LFA), umhverfisgreiðslur og norðlægur stuðningur yrði svipaður og í Svíþjóð og Finnlandi má gera ráð fyrir að tekjur sauðfjárbænda gætu orðið svipaðar og nú er – og líklega hærri.

Mjólkurframleiðslan: Við ESB-aðild myndu tekjur mjólkurframleiðenda, þegar afnám beingreiðslna er meðtalið, lækka um ríflega helming. Við aðild myndu mjólkurbændur þó einnig eiga rétt á ýmsum greiðslum úr sjóðum ESB. Ef gengið er út frá þeim stuðningi sem

veittur er mjólkurbændum í Norður-Svíþjóð (greiðslur á hvern hektara graslendis, innlendur stuðningur fyrir hvern framleiddan lítra af mjólk, harðbýlisgreiðslur og umhverfisstuðningur), gæti hinn samanlagði stuðningur farið langt með að vega upp afnám beingreiðslnanna og lægra verð.

En það er í mjólkurframleiðslunni sem óvissan er hvað mest varðandi form áframhaldandi stuðnings og hvort kvótar muni áfram takmarka framleiðslu. Í endurskoðun landbúnaðarstefnu ESB, sem lauk á síðasta ári, er gert ráð fyrir að lágmarksverð til framleiðenda muni lækka á næstu árum en beinar greiðslur á hverja búfjáreiningu munu vega það upp að mestu leyti.

Nautakjötsframleiðsla: Tekjur af framleiðslu nautakjöts hér á landi myndu lækka verulega við ESB-aðild. Líkt og mjólkurframleiðendur geta framleiðendur nautakjöts átt von á að geta nýtt sér styrkjakerfi ESB og hugsanlegan innlendan stuðning. Hvort þetta mundi duga til að bæta þann tekjumissi sem yrði að öðru óbreyttu við ESB-aðild er hins vegar erfitt að segja til um án nákvæmari skoðunar.

Svín, kjúklingar og egg: Í þessum búgreinum mundi verð til framleiðenda að líkindum lækka svo mikið að þeir stæðu berskjaldaðir gagnvart samkeppni frá ESB-svæðinu – nema því aðeins að veittur yrði innlendur stuðningur svipaður þeim sem veittur er innan hins „norðlæga stuðnings" í Svíþjóð og Finnlandi. Svína- og kjúklingarækt innan ESB er rekin með meiri hagkvæmni í stærri einingum. Svo til enginn stuðningur til þessara greina er fjármagnaður af ESB. Það kæmi í ljós í samningaviðræðum hvort íslenskum stjórnvöldum yrði heimilt að beita stuðningi við framleiðendur svínakjöts, kjúklinga og eggja. Taka þarf þó tillit til breytinga á fóðurverði.

Grænmeti og blóm: Nú er flutt inn umtalsvert magn ýmissa tegunda grænmetis og blóma – en sá innflutningur á sér stað svo til eingöngu þegar innlend framleiðsla liggur niðri eða birgðir eru uppurnar. Að segja fyrir um hvað gerast mundi ef frjáls innflutningur frá ESB yrði að veruleika er hins vegar erfiðara en fyrir þær greinar sem nefndar hafa verið hér að ofan. Fjarlægðarvernd er að sjálfsögðu umtalsverð fyrir vissar grænmetistegundir og getur dugað langt ef verðmunur er ekki þeim mun meiri. Ef litið er til nágrannalandanna er einnig verulegt svigrúm fyrir hendi hvað varðar innlendan stuðning til grænmetis- og kartöfluræktar.

Gæði hinnar innlendu grænmetisframleiðslu skiptir sköpum í samkeppninni við innflutt grænmeti og ástæða er til að ætla að við aðild að ESB gæti hin innlenda framleiðsla haldið markaðshlutdeild sinni í mörgum mikilvægum tegundum grænmetis. Þetta hefur sýnt sig nú þegar þar sem tollkvótar hafa verið opnir og tollfrjálsir en enginn innflutningur átt sér stað.

Erfitt er að átta sig á því hvernig útiræktinni mundi vegna en líklegt má teljast að yfirburðir í ferskleika og gæðum gætu dugað langt til að standast samkeppnina frá ESB-löndunum. Hérlend blómarækt mundi að líkindum eiga erfiðara uppdráttar.

Unnar afurðir: Jafnvel þótt styrkir af ýmsu tagi geti orðið til þess að afkoma íslenskra bænda mundi ekki versna til muna við ESB-aðild er ekki eins líklegt að unnar landbúnaðarafurðir geti staðist samkeppni við innflutning. Verð á hráefnum til matvælavinnslu mundi vissulega lækka en sökum smæðar íslenska markaðarins er illmögulegt fyrir úrvinnslugreinarnar að ná þeirri hagkvæmni í framleiðslu sem gengur og gerist í ýmsum aðildarlöndum ESB. Sem dæmi má nefna að stór sláturhús í Danmörku eða Þýskalandi gætu slátrað öllum íslenska svínastofninum á u.þ.b. tveimur vikum og að í einu héraði í Skotlandi – the Borders – eru þrisvar sinnum fleiri kindur en á Íslandi. Almennt má telja að framleiðnin í vinnslu kjöts hér á landi sé minni en gerist í flestum nágrannalöndunum. Því má gera ráð fyrir að erfitt verði fyrir kjötiðnaðinn að standast frjálsan innflutning frá ESB.

Sama má segja um vörur unnar úr mjólk eins og rjómaís, ost og jógúrt. Það er viss fjarlægðarvernd fyrir ferska mjólk sem gæti haldið verði á mjólk hærra á Íslandi en annars staðar í Evrópu en verð á unnum mjólkurvörum mundi að öllum líkindum lækka verulega.

Það er því nokkuð öruggt að hinn íslenski matvælaiðnaður mundi eiga undir högg að sækja og íslenskir bændur gætu þar með lent í töluverðum vandræðum með afsetningu afurða við hugsanlega ESB-aðild. Tryggð neytenda við innlenda framleiðslu gæti, a.m.k. til að byrja með, dregið úr skellinum. Það er þó líklegt að innlend landbúnaðarframleiðsla mundi minnka þegar til lengdar lætur.

Undanþágur?

Á sínum tíma hefðu hugsanlega einhverjar undanþágur verið mögulegar ef Ísland hefði verið í samfloti með hinum EFTA-ríkjunum í aðildarviðræðum. Nú er ekki eins líklegt að undanþágur fengjust frá hinni sameiginlegu landbúnaðarstefnu. Undanþágur eða aðlögun að verðlagi ESB er ekki líkleg þótt ekki sé nema vegna þess að Norðmönnum tókst ekki að semja um slíkt á sínum tíma og tilhneiging hefur verið til að fækka undanþágum frekar en hitt. Enn fremur eru Austur- og Mið-Evrópuríkin tilbúin til að leggja óhemju mikið á sig til að komast inn í sambandið og verður þá örugglega vísað til þeirrar stöðu í viðræðum við betur stæð lönd.

Hugsanlegur flötur á undanþágum gæti byggst á íslenskri sérstöðu í sambandi við sjúkdómahættu. Slík sérstaða náðist fram í EES-samningnum á sínum tíma og var byggð á langvarandi einangrun þeirra dýrastofna sem hér eru og viðkvæmni fyrir sjúkdómum. Í GATT-samningnum eru slíkar innflutningstakmarkanir viðurkenndar ef hægt er að sýna fram á sjúkdómahættu. Ef slíkt næði fram að ganga í aðildarviðræðum þýddi það að innflutningur á lifandi dýrum, hráu kjöti og kjötafurðum og vörum unnum úr ógerilsneyddri mjólk gæti takmarkast, a.m.k. frá vissum löndum innan ESB.

Ef taka má mið af aðildarsamningum Norðurlandanna á sínum tíma má telja líklegt að Ísland fengi heimildir fyrir viðbótarábyrgðum varðandi einhverja af þeim sjúkdómum sem ekki eru til á Íslandi en er að finna í löndum ESB. Forsenda þess að slíkar viðbótarábyrgðir fáist er að sannað sé með vísindalegum aðferðum að viðkomandi sjúkdómur sé ekki fyrir hendi eða ef sjúkdómur er fyrir hendi að verið sé að útrýma honum.

Heilbrigði manna og dýra

Ef Ísland gengi í ESB og ekki yrði samið um neinn sérstakan aðlögunartíma yrði líklega um frjálst flæði á öllum landbúnaðarvörum að ræða til og frá Íslandi frá fyrsta degi aðildar. Íslenskir innflytjendur gætu t.d. farið til hvaða lands sem er innan ESB og keypt lifandi búfénað og sent heim til Íslands. Seljandinn þarf einungis að fá heilbrigðisvottorð frá þarlendum dýralæknayfirvöldum, dýrin þurfa að vera flutt við aðstæður sem uppfylla dýraverndarlöggjöf en að öðru leyti eru engar hindranir að öllu jöfnu.

Sama gildir um erfðaefni, íslenskur innflytjandi gæti farið til hvaða lands ESB og EFTA/EES-lands og keypt sér fósturvísa eða sæði fyrir hvaða húsdýr sem er. Eina skilyrðið, sem þarf að uppfylla, er að erfðaefnið komi frá fyrirtækjum sem hafa leyfi til að stunda slík viðskipti og að heilbrigðisvottorð fylgi frá viðkomandi yfirvöldum. Hvað varðar vörur gildir nánast sama regla. Varan er skoðuð af dýralækni á framleiðslustað eða fyrirtækið, sem sendir vöruna, er undir eftirliti dýralæknayfirvalda, allt eftir því um hvaða vöru er að ræða. Ferskt kjöt, þ.e.a.s. ósoðið og ómeðhöndlað að öðru leyti en frosið, er undir beinu eftirliti dýralæknis á framleiðslustað en fyrirtæki, sem framleiða fuglakjöt eða unnar kjötvörur, eru undir

eftirliti dýralæknis þótt ekki sé í öllum tilfellum nauðsynlegt að dýralæknir sé stöðugt til staðar í fyrirtækinu.

Helsta breytingin, sem þetta kerfi felur í sér, frá því sem nú er við lýði á Íslandi og var áður í ýmsum aðildarlöndum ESB, er að innflytjendur lifandi dýra og annarra landbúnaðarvara þurfa að treysta því kerfi sem er í öðrum, jafnvel fjarlægum, löndum.

Þó að um töluverðan innflutning á landbúnaðarvörum hafi verið að ræða á undanförnum árum vegna GATT-samningsins má telja víst að inn- og útflutningur á landbúnaðarvörum, og jafnvel á lifandi dýrum, ykist enn verulega ef Ísland yrði aðildarríki ESB. Allir flutningar skapa einhverja smithættu en erfitt er að gera fulla grein fyrir því að óathuguðu máli hversu mikil sú aukning yrði og hvort þær varúðarráðstafanir og fjárhagslegu tryggingar, sem vissulega fylgja aðild, myndu vega þar á móti. Ef grípa þarf til aðgerða vegna búfjársjúkdóma innan ESB, t.d. slátrunar á búfjárstofni á tilteknu svæði, ber að bæta skaðann úr sameiginlegum sjóðum.

Eins og málum er háttað nú þarf íslensk landbúnaðarframleiðsla að fá leyfi frá framkvæmdastjórn ESB til að selja vörur til aðildarríkja ESB. Þó að slíkt eigi ekki að hafa neikvæð áhrif á viðskipti er það raunin af tæknilegum ástæðum. Þessar aðgerðir, og aðrar svipaðar, hafa stundum verið nefndar „Veterinary Barriers to Trade“, eða viðskiptahindranir af völdum dýralæknayfirvalda. Þessar hindranir myndu í stórum dráttum heyra sögunni til ef Ísland gengi í sambandið.

Í fljótu bragði mætti ætla að íslenskir neytendur njóti góðs af auknu framboði ódýrs landbúnaðarvarnings. Reynslan frá Finnlandi og Svíþjóð bendir þó til þess að verðlækkun skili sér ekki öll til neytenda.

Gagnlegar vefslóðir um landbúnaðarmál á Íslandi og innan ESB
Framkvæmdastjórn ESB: http://europa.eu.int/comm/dgs/agriculture/index_en.htm
Landbúnaðarráðuneytið: http://www.stjr.is/lan
Vefur íslensks landbúnaðar: http://www.bondi.is

21. kafli
Sjávarútvegsmál

Samantekt

EES-samningurinn tryggði betri kjör á evrópskum markaði fyrir íslenskar sjávarafurðir og samræmingu heilbrigðiseftirlits. Fullt tollfrelsi fékkst hins vegar ekki. Sjávarútvegsstefna ESB er utan samnings. Þó markmið hennar séu svipuð og íslenskra stjórnvalda hefur framkvæmd verið gjörólík á mörgum sviðum. Sjávarútvegur á Íslandi er grundvöllur atvinnulífs í landinu. Sjávarútvegur flestra aðildarríkja Evrópusambandsins er í gjörólíkri stöðu og treystir að verulegu leyti á byggðastyrki. Ef Ísland yrði aðili að ESB flyttist ákvarðanataka í mikilvægum málum til stofnana Evrópusambandsins, svo sem ákvörðun leyfilegs heildarafla og stjórnun veiða úr flökkustofnum á borð við úthafskarfa, kolmunna og norsk-íslenska síld. Undanþága sú sem fékkst í EES-samningi frá fjárfestingafrelsi í sjávarútvegi yrði torsótt svo ekki sé meira sagt.

1. Inngangur

Í þessum kafla er fjallað um helstu þætti í samskiptum Íslands og Evrópusambandsins (ESB) á sjávarútvegssviðinu. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir stöðunni eins og hún er

nú, þ.e. með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum), og tengdum þáttum. Þá er stefna Íslands í sjávarútvegsmálum borin saman við hina sameiginlegu sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og reynt að greina þá þætti þar sem eitthvað ber í milli.

Ekki er um að ræða tæmandi greiningu, heldur er reynt að draga upp heildarmynd af þessum málaflokki og vekja athygli á þáttum sem betur þarf að skoða. Öll meginatriði koma þó fram. Gengið er út frá núgildandi reglum og ekki gerð tilraun til að meta möguleika til að ná fram breytingum eða undanþágum fyrir Ísland frá ákvæðum sjávarútvegsstefnunnar en meginreglan er sú að varanlegar undanþágur fást ekki við aðild að ESB. Ekki er heldur reynt að leggja mat á möguleikana sem felast kunna í þeirri endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar sem undirbúningur er hafinn að og á að ljúka á árinu 2002. Undirbúningsstarfið bendir þó ekki til þess að grundvallarbreytinga sé að vænta.

Fyrst er fjallað um EES-samninginn sem er grundvöllur samskipta ESB og Íslands. Farið er stuttlega yfir stöðuna m.t.t. veiða, vinnslu og markaðar. Þá tekur við lýsing á helstu þáttum sjávarútvegsstefnu ESB og að lokum er reynt að máta fiskveiðistjórnun á Íslandi við hana.

2. EES-samningurinn og tvíhliða samningur um skipti á veiðiheimildum

EES-samningurinn nær ekki til fiskveiða sem slíkra, þ.e.a.s. ákvörðunar hámarksafla, tæknilegra reglna varðandi veiðarfæri, veiðisvæða, skipastærðar, reglna um sölu afla o.fl. Aftur á móti eru samræmdar reglur í EES-samningnum um heilbrigði og hollustu við framleiðslu á sjávarafurðum og ná þær m.a. til aflameðferðar, framleiðslu og búnaðar um borð í fiskiskipum. Einnig getur samningurinn haft áhrif á sjávarútveg með reglum um aðbúnað, hollustu afurðanna, vinnutíma, ríkisstyrki og fleiri atriði.

2.1. Bókun 9

Fjallað er um viðskipti með sjávarafurðir í bókun 9 við EES-samninginn. Þar eru ákvæði um fyrirkomulag í viðskiptum með sjávarafurðir. Um er að ræða afnám tolla í innflutningi á sumum af mikilvægustu afurðum Íslendinga til ESB eða tollalækkanir í áföngum um 70%, og var þeirri aðlögun lokið 1997. Þessi lækkun nær til meginhluta útflutnings sjávarafurða frá Íslandi enda séu þær upprunnar þar, sbr. upprunareglur sem fjallað er um í sérstakri bókun við EES-samninginn. Í bókun 9 eru einnig ákvæði um að ríkisstyrkir til sjávarútvegs skuli afnumdir og markaðsskipulagið skuli ekki vera með þeim hætti að samkeppni verði raskað. Þetta ákvæði nær þó ekki til fjárframlaga úr sjóðum Evrópusambandsins eða styrkja sem framkvæmdastjórnin hefur heimilað. Þá er kveðið á um það í bókuninni að fiskiskip, sem sigla undir fána samningsaðila, skuli hafa jafnan aðgang að höfnum og markaðsmannvirkjum og skip sem sigla undir fána heimaríkis. Þó er heimild til að banna löndun á fiski úr fiskstofnum sem alvarlegur ágreiningur er um stjórnun á. Þessu ákvæði hafa íslensk yfirvöld beitt varðandi löndun skipa frá Evrópusambandinu á grálúðu sem þau hafa veitt við Grænland.

Einn stærsti ávinningur íslensks sjávarútvegs við EES-samninginn voru þær tollalækkanir sem náðust þó að þær hafi ekki náð til allra tegunda, en síld og humar eru dæmi um mikilvægar tegundir sem ekki njóta tollfrelsis. Bókun 9 kveður einnig á um að þar sem fyrri samningar gefi viðkomandi EFTA-ríkjum betri viðskiptakjör en gert er í bókun 9 skuli þau ákvæði gilda. Kemur þetta Íslandi vel en árið 1973 tók gildi fríverslunarsamningur milli Íslands og Evrópusambandsins þar sem fjallað var um viðskipti með sjávarafurðir í bókun 6. Íslendingar fengu með þeim samningi góð kjör varðandi tolla á þeim tegundum og afurðum sem um var fjallað þannig að þó að bókun 9 hafi tekið gildi hafa Íslendingar að ýmsu leyti betri markaðsaðgang en t.d. Norðmenn, m.a. fyrir rækju. Norðmenn hafa þó samið sérstaklega um tollkvóta á einstökum afurðum.

2.2. Fjárfestingar í sjávarútvegi

Íslendingar hafa samkvæmt EES-samningnum heimild til að koma í veg fyrir að útlendingar fjárfesti í íslenskum sjávarútvegi og eru í lögum ákvæði sem banna útlendingum að eiga íslensk fyrirtæki sem stunda veiðar og frumframleiðslu á sjávarafurðum. Með slíku ákvæði er reynt að tryggja að útlendir aðilar geri ekki út skip undir íslenskum fána á Íslandsmiðum þannig að þau komi í raun aldrei til Íslands heldur sæki þjónustu og selji allan sinn afla á erlendum mörkuðum. Þannig gætu verðmæti þess afla, sem þau veiða, í raun farið fram hjá íslensku efnahagskerfi.

2.3. I. viðauki við EES samninginn

I. viðauki við EES-samninginn fjallar um hollustu og heilbrigði dýra og dýraafurða. Í upphafi tók Ísland einungis upp örfáar gerðir á þessu sviði. Hinn 1. janúar 1999 tók nýr og endurskoðaður I. viðauki við EES-samninginn gildi og hefur Ísland tekið upp þann hluta viðaukans sem snertir viðskipti með sjávarafurðir. Þar með færðist Ísland inn fyrir landamæri ESB í þeim skilningi að ekki verður lengur litið á Ísland sem svokallað þriðja ríki m.t.t. innflutnings á sjávarafurðum og hvað varðar heilbrigði og hollustu afurðanna. Í þessu felst að yfirvöld á Íslandi bera ábyrgð á að kröfum ESB til framleiðslunnar sé fullnægt og því er unnt að flytja vöru frá fyrirtækjum, sem fá opinbert vinnsluleyfi, á markaði í ESB án tímafrekra og dýrra skoðana við landamæri ESB.

Árið 1997 voru teknar upp samræmdar heilbrigðisreglur í viðskiptum með dýr og dýraafurðir, þ.m.t. fiskafurðir. Þær fela í sér að í viðskiptum milli aðildarríkja ESB með umræddar afurðir er meginreglan sú að heilbrigðiseftirlit fer einungis fram á sendingarstað. Heilbrigðiseftirlit og gjaldtaka við innflutning frá ríkjum utan EES, sem í þessu sambandi kallast þriðju ríki, er samræmd og felur í sér ítarlegri skoðun, aukið eftirlit og hærri gjaldtöku en tíðkaðist áður í aðildarríkjum ESB. Þar sem 60–70% íslenskra sjávarafurða hafa á síðustu árum verið flutt út til ESB var ljóst að ef ekkert yrði að gert mundu samræmdar heilbrigðisreglur ESB gagnvart þriðju ríkjum hafa verulegar breytingar í för með sér fyrir íslenskan sjávarútveg. Eftirlit með íslenskum sjávarafurðum hefði aukist úr litlu sem engu upp í 20–50% af sendingum, sem hefði leitt til þess að eftirlit á landamærum hefði orðið tímafrekt, auk þess sem einungis hefði verið heimilt að senda sjávarafurðir til tiltekinna hafna og flugvalla í ESB. Þar að auki hefði kostnaður vegna eftirlitsins aukist. Aðgangur íslenskra fyrirtækja að mörkuðum í ESB hefur því orðið mun betri eftir að eftirlit með framleiðslunni var fært til íslenskra yfirvalda.

Eins og áður segir er meginreglan sú að eftirlit með framleiðslunni sé í höndum útflutningsríkisins og á ábyrgð þess. Þeir aðilar, sem vilja markaðssetja fiskafurðir innan EES, þurfa að uppfylla þær kröfur um heilbrigði og hollustu afurðanna, sem þar gilda, og hefur íslensk löggjöf á þessu sviði verið samræmd reglum ESB. Öllum aðilum, er uppfylla þær, er úthlutað svokölluðu vinnsluleyfi. Móttökuríki hafa eigi að síður heimild til að gera skyndiskoðanir. Slík skoðun er þó einungis heimil innan þröngra marka, t.d. ber móttökuríkinu að senda framkvæmdastjórn ESB áætlun um hvernig það hyggst beita fyrrgreindum skyndiskoðunum innan ESB, eða ESA varðandi Ísland og Noreg, og er áætlunin háð samþykki fyrrgreindra aðila. Skyndiskoðunum skal beita þannig að þær mismuni ekki aðilum.

Í viðaukanum er einnig svokallað öryggisákvæði sem aðilar geta gripið til í sérstökum tilvikum. Komi til dæmis upp tilteknir dýrasjúkdómar í tilteknu ríki á EES-svæðinu utan Íslands eða annað sem kann að stofna heilbrigði dýra eða almennings í alvarlega hættu geta íslensk stjórnvöld gripið til öryggisráðstafana gagnvart viðkomandi ríki. Aðrir aðilar að EES-samningnum geta gripið til sams konar aðgerða gagnvart Íslandi að sömu skilyrðum upp-

fylltum. Hér er um sjálfstæða heimild samningsaðila að ræða, sem er óháð aðgerðum annarra, og taka öryggisráðstafanir gildi um leið og aðrir samningsaðilar hafa verið upplýstir um beitingu þeirra. Ráðstafanirnar geta ýmist falist í algjöru innflutningsbanni eða setningu sérstakra skilyrða um innflutning frá því ríki sem sjúkdómur kemur upp í. Viðræður milli aðila skulu þó hefjast án tafar og finnist ekki lausn er heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Jafnframt því að taka ábyrgð á eftirliti og framleiðslu íslenskra framleiðenda tóku Íslendingar upp eftirlit með því að sjávarafurðir, sem fluttar eru inn frá þriðju ríkjum, uppfylli samræmdar kröfur um hollustu. Á Íslandi snýr þetta eftirlit einkum að heilfrystum fiski sem fluttur er inn frá Rússlandi til frekari vinnslu. Allur innflutningur frá hinum svonefndu þriðju ríkjum skal fara um tilteknar landamærastöðvar[1] þar sem fram fer eftirlit sem er í höndum Fiskistofu á Íslandi.

Samningsaðilar geta gripið til sérstakra öryggisráðstafana gagnvart þriðju ríkjum komi upp tiltekinn dýrasjúkdómur eða annað sem kann að stofna heilbrigði dýra eða almennings í alvarlega hættu. Ráðstafanirnar taka gildi um leið og öllum samningsaðilum hefur verið tilkynnt um þær og ber öllum aðilum að beita samsvarandi öryggisráðstöfunum nema þeir álíti að þær séu ekki réttlætanlegar. Komi upp ágreiningur um beitingu öryggisráðstafana gagnvart þriðja ríki er heimilt að vísa honum til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Öryggisráðstafanirnar geta ýmist falist í algjöru innflutningsbanni eða setningu sérstakra skilyrða um innflutning frá því ríki sem sjúkdómur eða tiltekið ástand kemur upp í.

2.4. Tvíhliða samningur um skipti á veiðiheimildum

Samhliða EES-samningnum gerðu Ísland og ESB samning um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Skip frá ESB geta veitt allt að 3.000 tonn af karfa á tilteknum svæðum við Ísland og Íslendingar fá í staðinn að veiða 30.000 tonn af loðnu. Um er að ræða veiðiheimild sem ESB kaupir af Grænlandi. Þar sem sjaldan hefur tekist að veiða allan loðnukvótann í samningum Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs er það mat Íslendinga að þeir hafi ekki getað nýtt sér þá loðnu sem samningurinn færir þeim. Þetta mat er erfitt vegna eðlis loðnusamningsins þar sem Ísland fær í sinn hlut þann kvóta sem ekki er nýttur 15. febrúar, utan ákveðins magns sem Færeyjar og Grænland geta veitt eftir þann tíma. Á vertíðinni 1997/1998 varð heildarveiðin 1.245 þúsund tonn af 1.265 þúsund tonna heildarkvóta og verður því að draga þá ályktun að a.m.k. 10.000 tonn af kvótanum frá ESB hafi nýst þá vertíðina. Skipum ESB hefur ekki gengið vel að nýta sér karfaheimildirnar en undanfarin ár hafa þau sýnt veiðunum meiri áhuga. Samfara breyttu útgerðarmynstri ásamt nokkrum tilslökunum frá Íslendingum hefur aflinn aukist og var 236 tonn árið 1998 og 1.353 tonn árið 1999.

2.5. Stækkun Evrópusambandsins

Fyrirsjáanleg stækkun ESB til austurs mun án efa hafa þýðingu fyrir íslenskan útflutning. Ísland hefur með öðrum EFTA-ríkjum gert fríverslunarsamninga við ýmis ríki í austanverðri Evrópu og tryggja þessir samningar m.a. fullt tollfrelsi í viðskiptum með sjávarafurðir. Flest þessara landa hafa sótt um aðild að ESB. Einkum gæti innganga þeirra í ESB komið niður á síldarútflutningi þangað en síld er meðal afurða sem seldar hafa verið til þessara ríkja. Sam-

[1] Sem stendur eru landamærastöðvar á eftirtöldum stöðum: Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri, Eskifirði, Ísafirði og Keflavíkurflugvelli. Auk þess eru útibú frá þeim á 6 stöðum. Eins og fram kemur í inngangi er uppi ágreiningur um vald ESA til að samþykkja landamærastöðvarnar.

kvæmt reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) ber ESB skylda til að ganga til viðræðna við Ísland um bættan markaðsaðgang þegar markaðsaðgangur skerðist við inngöngu nýrra aðila í ESB. Yfirleitt eru veitt tollfríðindi fyrir tiltekið magn á ári og ræðst magnið af innflutningi á tilteknu þriggja ára tímabili en hugsanlega yrði tekið tillit til vaxtarmöguleika. Þar með skerðast þeir möguleikar sem eru fyrir hendi í þessum löndum fyrir útflutning á íslenskum afurðum þegar efnahagur þar fer að batna.

3. Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB

Ráðherraráð ESB tekur allar meiri háttar ákvarðanir í sjávarútvegsmálum, svo sem um leyfilegan heildarafla og tekur stefnumarkandi ákvarðanir um sjávarútvegsstefnuna. Það er síðan framkvæmdastjórnin sem sér um daglegan rekstur og tekur vissar ákvarðanir sem ráðherraráðið hefur falið henni að taka. Þótt Evrópuþingið móti hvorki stefnu né taki ákvarðanir í sjávarútvegsmálum með beinum hætti er engu að síður ljóst að það hefur veruleg áhrif og mun í framtíðinni beita sér enn frekar fyrir því að öðlast meiri áhrif á þessu sviði sem mörgum öðrum.

Reglur, er náðu til alls sjávarútvegs í Evrópusambandinu, voru fyrst settar í upphafi áttunda áratugarins. Um var að ræða reglur um aðgang að veiðisvæðum, markaðsskipulag og uppbyggingu eða styrkjakerfi. Árið 1983 náðist síðan samkomulag um sameiginlega sjávarútvegsstefnu eftir margra ára erfiðar viðræður. Þá var einstökum aðildarríkjum ákvörðuð föst aflahlutdeild í þeim tegundum sem sættu takmörkunum í leyfilegum heildarafla. Var að mestu leyti miðað við aflareynslu einstakra ríkja á tímabilinu 1973–1978. Þar með var búið að leggja grunninn að hinu svokallaða hlutfallslega jafnvægi (*relative stability*) sem má segja að sé einn af hornsteinum sjávarútvegsstefnunnar.

Ýmsir vankantar eru á slíku samstarfi. Ákvarðanataka er í flestum tilvikum tímafrek, sérstaklega varðandi ýmsa tæknilega þætti því að fara þarf í gegnum ákveðinn feril áður en ákvörðun er tekin þar sem öll ríkin þurfa að fá að skoða tillögur og tjá sig um þær. Þetta gerir kerfið svifaseint og veldur því að ef sérstakar aðstæður koma upp verða viðbrögð oft og tíðum sein. Þó er einstökum ríkjum heimilt að setja reglur sem varða einungis skip sem sigla undir þeirra flaggi og nægir þá að tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir. Þó er einstökum ríkjum heimilt að setja reglur sem varða einangraða stofna (*e. strictly local stocks*) sem fiskimenn viðkomandi ríkis hafa einir hagsmuni af að veiða, eða ná til fiskimanna þess ríkis.[1]

Sjávarútvegsstefnan hefur því að verið gagnrýnd allt frá því hún var innleidd. Gagnrýnin hefur ekki síst snúið að ákvörðunum ráðherraráðsins um leyfilegan heildarafla sem hafa oft og tíðum verið verulega umfram ráðgjöf vísindamanna og tillögur framkvæmdastjórnarinnar. Einnig hefur eftirlitið, sem er í höndum aðildarríkja, verið gagnrýnt en það hefur þótt vera ómarkvisst og ekki samræmi milli eftirlits í einstökum ríkjum.

Síðustu missiri hefur aftur á móti átt sér stað veruleg breyting í þessum efnum. Ákvarðanir um leyfilegan heildarafla eru nú nær tillögum vísindamanna en áður var og áhersla hefur verið lögð á að auka og bæta eftirlitið. Að þessu leyti hefur framkvæmd sjávarútvegsstefnunnar færst á ábyrgari braut.

3.1. Meginþættir sjávarútvegsstefnunnar

Hér á eftir verður reynt að varpa ljósi á helstu þætti hinnar sameiginlegu sjávarútvegs-

[1] Council Regulation 3760/92, gr. 10.

stefnu Evrópusambandsins. Í ESB er oft vísað til þess að sjávarútvegsstefnunni megi skipta í 4 meginþætti, stjórnun og verndun, uppbyggingu greinarinnar, markaðsmál og veiðar utan yfirráðasvæðis ESB og er fjallað um þessa þætti í kaflanum.

Stjórnun fiskveiða

Í stuttu máli má segja að ráðherraráðið taki ákvörðun um leyfilegan hámarksafla og skipti honum milli ríkja á grunni hins hlutfallslega stöðugleika, auk þess að setja reglur um möskvastærðir og annað viðkomandi veiðarfærum og veiðunum, veiðisvæði og almennar reglur um eftirlit. Sérhvert ríki getur síðan tekið ákvörðun um með hvaða hætti þeim veiðiheimildum, sem því falla í skaut, er ráðstafað. Misjafnlega er staðið að því í einstökum aðildarríkjum sambandsins. Til dæmis má nefna Holland þar sem segja má að notað sé kerfi með framseljanlegum aflaheimildum, líkt því sem gert er á Íslandi. Einnig má nefna Danmörku þar sem heildarkvótanum er mikið til úthlutað til útgerðarsamtaka sem síðan úthluta honum til þeirra skipa sem í samtökunum eru. Þau úthluta síðan kvótum til skipa meðlima sinna ársfjórðungslega, mánaðarlega eða jafnvel vikulega.

- *Leyfilegur hámarksafli*

  Framkvæmdastjórnin leggur tillögur um leyfilegan heildarafla fyrir ráðherraráðið og eru þær byggðar á vísindalegri ráðgjöf, svo sem Alþjóðahafrannsóknaráðsins og vinnuhópa sambandsins. Ákvörðun um leyfilegan heildarafla úr einstökum stofnum er tekin af sjávarútvegsráðherrum sambandsins í sameiningu. Ákvörðun um leyfilegan heildarafla komandi árs er venjulega tekin skömmu fyrir jól og hefur oft gengið mjög illa að ná samkomulagi um leyfilegan heildarafla í öllum tegundum. Aðildarríkin hafa ólíkra hagsmuna að gæta og þegar kemur að ákvörðun um leyfilegan heildarafla eru þau oft undir miklum þrýstingi frá sjávarútveginum í heimalandinu. Ástand fiskistofna hefur yfirleitt verið með þeim hætti að ráðgjöf vísindamanna hljóðar upp á verulegan niðurskurð í afla svo að byggja megi stofnana upp á ný. Ráðherraráðið hefur átt erfitt með að fylgja þeirri ráðgjöf og hefur oftar en ekki tekið ákvörðun um leyfilegan heildarafla sem er verulega umfram það sem ráðgjöfin hljóðaði upp á. Má segja að skammtímasjónarmið hafi ráðið ferðinni þar sem fremur er litið til ýmissa efnahagslegra og félagslegra áhrifa af niðurskurði en möguleika til uppbyggingar og aukinnar starfsemi með styrkari stofnum. Eins og áður er komið fram virðist sem þetta viðhorf sé þó að breytast og stefnt verði að raunverulegri uppbyggingu stofnanna.
- *Skipting hámarksafla milli ríkja*

  Skipting leyfilegs hámarksafla milli aðildarríkja ESB er byggð á reglunni um hlutfallslegt jafnvægi eins og áður segir. Í því felst að hlutdeild viðkomandi ríkja í einstökum stofnum, sem lúta ákvörðun um leyfilegan heildarafla, er fyrir fram ákveðin. Þessi skipting á veiðiheimildum aðildarríkja úr helstu stofnunum er einn af hornsteinum sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Það er ljóst að ef árlega ætti að ákveða hlutdeild aðildarríkja í þeim afla, sem ráðherraráðið ákvarðar á hverju ári, yrði enn erfiðara að taka ákvörðun en nú er og tækifæri til ýmiss konar hrossakaupa yrðu fleiri. Það má þó gera því skóna að þessi skipting geti verið völd að ákveðinni stöðnun ef ríki komast upp með að nýta ekki sína úthlutun árum saman án þess að þau missi hana. Aftur á móti er gert ráð fyrir að ríki geti skipst á úthlutuðum réttindum. Hlutfallslegur stöðugleiki er einn meginþátta sjávarútvegsstefnunnar sem kemur til endurskoðunar árið 2002. Ekki virðist þó líklegt að breytingar verði gerðar á skiptingunni, nema hugsanlega minni háttar lagfæringar, enda um ákaflega viðkvæmt mál að ræða. Nánar verður fjallað um það hér síðar.

- *Aðgangur að veiðisvæðum*

  Meginreglunni um að ekki skuli gert upp á milli ríkisborgara einstakra aðildarríkja ESB á grundvelli þjóðernis hefur reynst erfitt að viðhalda í sjávarútvegi. Í gildi er heimild til einstakra ríkja til að takmarka aðgang að hafsvæðum innan 6–12 sjómílna við skip sem skráð eru í viðkomandi ríki. Heimild þessi fellur úr gildi 31. desember 2002 og verður tekin til endurskoðunar á því ári eins og áður er komið fram.

  Auk þess að ákvarða kvóta, sem fellur til einstakra ríkja, getur ráðherraráðið sett reglur um fjölda skipa sem fá leyfi til veiða á einstökum veiðisvæðum). Þess háttar fiskveiðistjórnun er beitt á nokkrum svæðum, m.a. vestan Bretlandseyja, Frakklands og Pýreneaskagans.[1]

  Í aðildarsamningum Spánverja, Portúgala, Svía og Finna var kveðið á um að skip frá þessum ríkjum skyldu ekki hafa aðgang að veiðum í Norðursjó. Þessi ákvæði þarf einnig að taka til endurskoðunar á árinu 2002. Verði engin ákvörðun tekin mun hin almenna regla um frjálsan aðgang að veiðum í Norðursjó gilda fyrir skip þessara þjóða í samræmi við hlutfallslegan stöðugleika en það þýðir að þau fá ekki heimildir til að veiða þær tegundir, þar sem veiðum er stjórnað með takmörkun á heildarafla. Þau gætu aftur á móti stundað veiðar á tegundum sem ekki eru undir slíkri stjórnun. Þótt þær séu fáar ber nokkuð á áhyggjum af aukinni sókn í Norðursjóinn sem muni hafa slæmar afleiðingar fyrir aðrar tegundir sem óhjákvæmilega muni veiðast sem meðafli.

- *Lágmarksstærðir*

  Samkvæmt reglum ESB er skylt að kasta í sjóinn fiski sem er undir lágmarksstærð ef hann fer yfir ákveðið hlutfall aflans og er óheimilt að koma með hann að landi.[2] Að auki eru ákvæði um lágmarksstærð á fiski sem má selja.[3]

- *Eftirlit*

  Árið 1993 voru settar reglur um eftirlit sem nær til allra þátta hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu.[4] Var reglunum m.a. ætlað að samræma og samhæfa eftirlit milli einstakra ríkja. Nú er búið að samræma reglur um afladagbók, skipaskráningu og fjareftirlit. Framkvæmdastjórnin bindur miklar vonir við að fjareftirlit bæti eftirlitið til muna og geri það markvissara. Farið var að innleiða fjareftirlitið, sem byggist á sjálfvirkum sendingum staðsetningarskeyta um gervihnött, árið 1994 og er áætlað að í ár nái það til allra skipa lengri en 24 m. Auk þess ná hinar samræmdu reglur til eftirlits utan lögsagna aðildarríkjanna.

  Eftirlit með veiðum er í höndum einstakra ríkja. Á það bæði við um eftirlit með veiðum á yfirráðasvæðum þeirra sem og eftirlit með skipum sem þar eru skráð. Meðal þess sem er á verksviði einstakra ríkja er að sjá til þess að samræmd afladagbók sé notuð, fylgjast með löndunum í þeim höfnum sem undir þau heyra og afla þeirra skipa sem sigla undir viðkomandi fána, sem og rekstur fjareftirlits er nær til flota viðkomandi lands.

[1] Council Regulation 894/97 gr. 2.4 og gr. 5.3.
[2] Council Regulation 894/97 gr. 2. 4, og gr. 5. 3.
[3] Council Regulation 2406/96, gr. 7.
[4] Council Regulation 2847/93.

Í starfi hjá framkvæmdastjórninni eru 25 eftirlitsmenn sem hafa það meginhlutverk að fylgjast með eftirlitinu í einstökum löndum, auk þess sem þeir geta komið beint að eftirliti með veiðum á alþjóðlegu hafsvæði. Framkvæmdastjórnin getur ekki staðið að eftirliti innan lögsögu í einstökum löndum nema í samráði við þau.

Styrkir og uppbygging sjávarútvegsgeirans.

Ekki er auðvelt að ná yfirsýn yfir þá möguleika sem felast í styrkjakerfinu, enda um flókið samspil að ræða milli sjóða sambandsins og styrkjakerfis einstakra ríkja. Hér verða helstu þáttum styrkjakerfis Evrópusambandsins því einungis gerð lauslega skil.

Lokið var við heildarendurskoðun á uppbyggingarsjóðum Evrópusambandsins í júlí 1999.[1] Þar eru lagðar meginlínur fyrir styrkveitingar úr sjóðum sambandsins. Styrkir geta farið til svæða eða sviða sem falla undir þrjú meginmarkmið, en alls eru 195 milljarðar evra til ráðstöfunar á tímabilinu 2000–2006. Undir markmið 1 falla svæði sem eru vanþróuð, þ.e. landsframleiðsla er að meðaltali undir 75% af meðallandsframleiðslu Evrópusambandsins, eða strjálbýl, þ.e. færri en 8 íbúar eru á hvern ferkílómetra. Undir markmið 2 falla svæði sem eiga við félagsleg og efnahagsleg vandamál að stríða, sérstaklega svæði sem fást við afleiðingar mikilla breytinga í efnahagslífi, svo sem iðnaði og þjónustugreinum, dreifbýl svæði sem fer hnignandi og einnig þéttbýl svæði sem eiga í erfiðleikum og svæði sem eru háð fiskveiðum og ganga gegnum þrengingar. Markmið 3 nær til stuðnings við uppbyggingu stjórnkerfa á svæðum sem ekki falla undir markmið 1 og eflingar þess hluta er snýr að hinni mannlegu auðlind, þ.e. menntunar, þjálfunar og stuðnings til þátttöku í atvinnulífinu. Auk þess er unnt að veita styrki til sjávarútvegsfyrirtækja á svæðum sem ekki falla undir markmið 1.

Í nefndri reglugerð eru nákvæmar lýsingar á þeim skilyrðum sem svæði þurfa að uppfylla til að geta fallið undir eitt af markmiðunum þremur og hvernig fjárveitingum skuli skipt á milli þeirra. Á þeim grundvelli er síðan gert yfirlit yfir Evrópu og gefinn út listi þar sem fram kemur hvaða svæði falla undir hvaða markmið. Því fé, sem er til ráðstöfunar, hefur einnig verið skipt að mestu á milli markmiða og áætlað er hve mikið fé komi í hlut hvers ríkis.[2] Heimilt er að nota styrki sem falla undir markmið 1 til að styrkja sjávarútveg á viðkomandi svæðum. Þannig er til ráðstöfunar fyrir sjávarútveginn mun meira fjármagn en sá 1,1 milljarður evra sem er sérstaklega tekinn frá fyrir hann. Líklegt má telja að álíka fé verði veitt til sjávarútvegsins í þessari áætlun og þeirri síðustu, eða um 3,5 milljarðar evra á tímabilinu. Framkvæmdastjórninni hafa ekki borist áætlanir frá öllum ríkjum sambandsins og fyrr er ekki unnt að gera nákvæmlega grein fyrir hvernig fénu verður ráðstafað.

Styrkir eru ekki veittir nema til komi mótframlag frá viðkomandi ríkjum og oft er einnig ætlast til mótframlags frá einkaaðilum ef um er að ræða fjárfestingar. Hlutfall framlaga ríkja og einkaaðila er breytilegt eftir því um hvaða markmið er að ræða og hvers lags verkefni er verið að styrkja.[3] Það er því undir einstökum ríkjum komið hvernig það fé, sem þeim stendur til boða, er nýtt. Bretar hafa til dæmis ákveðið að styrkja einungis úreldingu fiskiskipa en ekki endurnýjun þeirra nema hún varði öryggismál. Þeir hafa því ekki notað allt það fé sem féll í þeirra hlut.

---

[1] Council Regulation 1260/1999.

[2] Markmið 1 fær bróðurpartinn eða um 136 milljarða evra, markmið 2 fær rúma 22 milljarða evra, markmið 3 um 24 milljarða evra og sjávarútvegssjóðurinn rúman milljarð evra. Í hlut Spánar koma 43 milljarðar evrur, næst koma Þýskaland og Ítalía með 28 milljarða evrur.

[3] Varðandi sjávarútveg sjá Council Regulation 2792/1999.

Þótt sjávarútvegur sem slíkur geti sótt um styrki úr ákveðnum hluta styrkjakerfisins eru einnig möguleikar fyrir einstök svæði til að fá styrki undir öðrum formerkjum, svo sem vegna breyttra atvinnuhátta í kjölfar breytinga á sjávarútvegssviðinu.

Á árinu 1999 voru samþykktar nýjar reglur um stuðning til mála er varða uppbyggingu í sjávarútveginum fyrir árin 2000–2006 til samræmis við áðurgreinda heildarendurskoðun á styrkjakerfinu.

Meginmarkmið styrkjakerfis Evrópusambandsins varðandi sjávarútveg eru:

- að stuðla að jafnvægi milli sóknar og afrakstursgetu fiskistofnanna,
- að efla samkeppnishæfni sjávarútvegs í Evrópu og þróa hann til að verða efnahagslega sjálfstæð atvinnugrein,
- að auka framboð á mörkuðum og auka virðisauka við framleiðslu,
- að aðstoða við enduruppbyggingu svæða sem eru háð veiðum og eldi.

Veittir eru styrkir til úreldingar og endurnýjunar skipa. Meginreglan er sú að sóknargeta skuli ekki aukast við þá endurnýjun. Auk þess er boðið upp á aðstoð við endurnýjun skipa sem ekki felst í stækkun rúmmáls eða vél. Þá er unnt að fá styrki til að byggja upp framleiðsluiðnað eða endurnýja, einnig til hafnargerðar og markaðsstarfs. Enn fremur er boðið upp á styrki til einstaklinga sem vilja hætta sjómennsku og ýmist fara á eftirlaun eða snúa sér að öðrum starfsgreinum.

Mikilvægur þáttur í tilraunum ESB til að ná stjórn á stærð fiskiskipaflotans eru svokallaðar langtímaáætlanir um flotaþróun (*Multi-Annual Guidance Programme – MAGP*). Löndunum er falið að gera áætlanir um þróun flotans til nokkurra ára. Ef áætlanir eru samþykktar af framkvæmdastjórninni geta löndin notið aðstoðar frá sjóðum Evrópusambandsins til að uppfylla þær. Fjórða MGAP-áætlunin nær til tímabilsins frá 1997 til 2001. Áður en undirbúningur var hafinn að því að setja markmiðin var gerð ítarleg könnun á stöðu fiskistofnanna sem sýndi að allt of mikil sókn var í allmarga stofna. Því var ákveðið að minnka skyldi sókn í stofna, sem taldir voru í hættu, um 30%, en 20% í stofna sem voru ofveiddir. Þessi niðurskurður var síðan brotinn frekar niður eftir útgerðarflokkum. Það er síðan ríkjanna að ákveða hvernig markmiðunum verður náð sem hefur verið ýmist með fækkun skipa eða sóknarminnkun. Ef styrkur kemur til endurnýjunar skips þar sem MAGP-áætlunin hefur verið uppfyllt verður að taka jafnmikla sóknargetu (brúttótonn x vélarstærð) úr rekstri án opinbers stuðnings og samsvarar sóknargetu nýja skipsins. Hafi ekki verið staðið við þau áform í ákveðnum hluta flotans, verður að taka úr rekstri sóknargetu í viðkomandi flotahluta sem er a.m.k. 30% meiri en sem nemur sóknargetu hins nýja skips. Hafi MAGP-áætlanirnar verið virtar að vettugi eru allar greiðslur til viðkomandi ríkis til endurnýjunar skipa stöðvaðar. Við mat á þörf á niðurskurði og við mat á árangri hefur fyrst og fremst verið miðað við fastar stærðir eða tonnatölu og vélarstærð. Nú munu hins vegar vera uppi hugmyndir um að líta einnig til annarra þátta, svo sem efnahagslegra, í næstu MAGP-áætlun sem mun hefjast árið 2002.

Markaðsskipulag

Fyrsti þátturinn í sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB var setning reglna um viðskipti með fisk. Þær hafa verið endurskoðaðar og endurbættar síðan og í desember 1999 var síðast gengið frá heildarendurskoðun á meginreglum um markaðsskipulagið sem taka gildi 1. janúar 2001.[1] Mikilvægur partur af markaðsskipulaginu eru samtök útgerða (*Producer Organisa-*

[1] Council Regulation 104/2000.

tions (PO)). Hér er um að ræða frjáls samtök útgerða sem er ætlað það hlutverk að stuðla að auknum stöðugleika á fiskmörkuðum þar sem frumsala fer fram. Þeim er ætlað að gera það m.a. með skipulagningu veiðanna og stýra þar með framboði á fiski, stuðla að bættri meðferð og auknum gæðum o.s.frv. Helstu amboð samtakanna til að hafa áhrif á markaðinn eru að draga afurðir meðlima sinna út af markaðnum fari verð undir ákveðið viðmiðunarverð. Þannig er framboðið minnkað og verðinu haldið uppi. Útgerðarsamtökin greiða þeim meðlimum sem áttu aflann og fá þau síðan endurgreitt samkvæmt ákveðnum reglum frá ESB. Einnig er unnt að veita aðstoð til að geyma afla sem hefur verið unninn þannig að geymsluþol aukist þar til markaðsaðstæður batna. Meðlimir samtakanna skuldbinda sig til að fela þeim að stjórna sölu afla og veiða eftir atvikum. Þótt um frjáls samtök sé að ræða ná þær tryggingar um lágmarksverð, sem felast í þeim ráðstöfunum sem samtökin geta gripið til, einungis til meðlima þeirra. Staða þessara samtaka er misjöfn í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Í sumum löndum, svo sem Bretlandi og Danmörku, hafa þau mikilvægu hlutverki að gegna, ekki bara varðandi markaðsmál, heldur einnig almenna stjórnun veiða, svo sem að halda utan um kvóta meðlima sinna.

Gefið er út viðmiðunarverð í Evrópusambandinu fyrir tilteknar tegundir[1] og afurðir sem er grunnur að kerfi því sem unnið er samkvæmt til að reikna verð sem miðað er við þegar taka á afla út af markaðnum. Um er að ræða verð sem gildir fyrir allt sambandið sem er þó aðlagað stærðarflokkum, gæðaflokkum og svæðum þar sem landað er.

Annar mikilvægur hluti varðandi markaðsmál eru sameiginlegar reglur um markaðsstaðla fyrir frumsölu á ferskfiski á markaði ESB. Um er að ræða reglur um stærðar- og gæðaflokkun afla, meðferð, umbúðir og reglur um framleiðslu og hollustu sjávarafurða.

Þriðji hluti markaðskerfisins eru reglur um samskipti við þriðju ríki, t.d. sameiginlega tolla og neyðarráðstafanir til að draga úr innflutningi við sérstakar aðstæður.

Veiðar utan yfirráðasvæðis ESB.

Evrópusambandið hefur forræði með samningum um fiskveiðiréttindi aðildarríkja ESB utan hinnar sameiginlegu lögsögu en það kemur að fiskveiðisamningum víðs vegar um heiminn. Evrópusambandið hefur samið við 20 til 30 ríki í Evrópu, Afríku, Asíu og S-Ameríku.[2] Hluti þessara samninga eru samningar sem áður voru samningar einstakra ríkja er féllu undir ESB við inngöngu þeirra í Evrópusambandið.

Auk þess er sambandið meðlimur í tíu svæðastofnunum sem fara með stjórnun veiða á úthafinu og er áheyrnaraðili í tveimur að auki[3] en stefnir að því að verða fullgildur meðlimur.

---

[1] Verulegur hluti af bolfisk- og flatfiskafla Íslendinga fellur þar undir auk síldar og rækju.

[2] Það eru m.v. 1998: Færeyjar, Grænland, Ísland, Noregur, Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Rússland, Angóla, Grænhöfðaeyjar, Kómoreyjar, Miðbaugs-Gínea, Gambía, Gabon, Gínea-Bissá, Gínea, Fílabeinsströndin, Madagaskar, Marokkó, Máritanía, Máritíus, Saó Tóme og Prinsípe, Senegal, Seychelleseyjar og Argentína.

[3] Það eru: North-West Atlantic Fisheries Organisation (NAFO), North-East Atlantic Fisheries Convention (NEAFC), Indian Ocean Tuna Commission (IOTC), North Atlantic Salmon Conservation Organisation (NASCO), International Baltic Sea Fishery Commission (IBSFC), Commission for the Conservation of Antarctic Marine Living Resources (CCAMLR), International Convention for the Conservation of Atlantic Tuna (ICCAT), General Fisheries Commission for the Mediterranean (GFCM), Fishery Committee for the Eastern Central Atlantic (CECAF), Indian Ocean Fishery Commission (IOFC), Inter-American Tropical Tuna Commission (IATTC) og International Whaling Commission (IWC). ESB er áheyrnaraðili í þeim tveimur síðastnefndu en fullgildur aðili að hinum.

Þá tekur ESB þátt í starfi FAO á sjávarútvegssviðinu. Framkvæmdastjórnin sér um samninga í slíkum tilvikum en ráðherraráðið skiptir þeim kvóta, sem ESB fær, milli aðildarríkjanna. Sú skipting er að mestu leyti bundin reglunni um hlutfallslegan stöðugleika, auk þess sem ríki, sem hafa samninga við önnur ríki við inngöngu í ESB, hafa haldið sínum réttindum að miklu leyti.

Í samningum við einstök ríki er ýmist um að ræða gagnkvæm skipti á veiðiheimildum eða að sambandið greiðir fyrir veiðiheimildirnar, bæði beint og með ýmiss konar aðstoð. Dæmi eru um að aðrir þættir tengist slíkum samningum, svo sem aðgangur að mörkuðum ESB. Eigendur skipa, sem stunda veiðar samkvæmt samningum við einstök ríki, greiða oft gjald fyrir veiðileyfi og afla, háð svæðum og tegundum sem veiddar eru.

Endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar

Sjávarútvegsstefnan var endurskoðuð árið 1992 og verður endurskoðuð aftur árið 2002. Fyrir árslok 2001 ber framkvæmdastjórninni að leggja fram fyrir þingið og ráðherraráðið skýrslu um stöðu sjávarútvegsins í Evrópusambandinu. Sú skýrsla skal liggja til grundvallar ákvörðunum um breytingar á sjávarútvegsstefnunni árið 2002.[1] Endurskoðun þessi nær til allra þátta sjávarútvegsstefnunnar en sérstök áhersla verður lögð á aðgang að veiðisvæðum innan 6–12 sjómílna en heimild ríkja til að takmarka hann rennur út 31. desember 2002, verði ekkert að gert.[2] Einnig ber að taka til endurskoðunar hið svokallaða *Shetland box* sem er svæði við Hjaltland þar sem fjöldi skipa yfir ákveðinni stærð er takmarkaður.[3]

Undirbúningur endurskoðunarinnar er þegar hafinn og hefur framkvæmdastjórnin unnið að skipulagningu á henni síðan 1998. Þá voru sendar út spurningar til 350 aðila í sjávarútveginum í ESB. Síðan hafa verið haldnir 30 fundir með hagsmunaaðilum, vísindamönnum og stjórnvöldum á ýmsum svæðum og verða fleiri slíkir fundir haldnir á næstu misserum.[4] Framkæmdastjórnin hefur dregið vissar ályktanir af þessum fundum og má búast við að endurskoðunin muni markast að miklu leyti af þeim.[5] Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Eins og áður segir verður aðgangur að svæðum innan 6–12 sjómílna endurskoðaður og virðist ríkja sátt um að aðildarríkjum verði áfram heimilt að takmarka aðganginn. Þó eru í sumum ríkjum uppi óskir um að það svæði verði stækkað.

Spánverjar, Portúgalar, Finnar og Svíar hafa ekki aðgang að veiðisvæðum í Norðursjónum og óska þessi ríki eftir að fá hann. Ríki, sem liggja að Norðursjónum, eru á móti því og hafa áhyggjur af aukinni sókn á svæðinu þó að ákvörðun sé tekin um leyfilegan heildarafla af flestum tegundum í Norðursjónum og honum skipt á milli einstakra ríkja. Skip þeirra ríkja, sem ekki hafa kvóta í Norðursjó, fengju því einungis heimild til að veiða tegundir sem ekki eru kvótasettar. Þá voru skiptar skoðanir um ágæti Shetland-boxins.

Á fundunum var því haldið fram að þó að leyfilegur heildarafli hafi verið takmarkaður og kvóti hafi verið settur á hafi sóknin ekki minnkað. Meðal annars sé það vegna slaks eftirlits og skorts á vísindalegri ráðgjöf af nægilegum gæðum. Ekki var þó einhugur um að kasta kerfinu fyrir róða, heldur rætt um að bæta það með betra eftirliti og styðja með ýmsum aðgerðum, svo sem aukinni kjörhæfni veiðarfæra, draga úr útkasti og heimila sóknarstýringu.

---

[1] Council Regulation 3760/92, gr. 14.
[2] Council Regulation 3760/92, gr. 6.
[3] Council Regulation 3760/92, gr. 7.
[4] COM(1999) 747 final.
[5] COM(2000) 14 final.

Framseljanlegir kvótar nutu ekki almenns stuðnings, m.a. vegna áhyggna af samþjöppun og fækkun starfa. Helst var að finna stuðning í Hollandi, Spáni og Danmörku.

Hlutfallslegi stöðugleikinn svokallaði virðist vera almennt viðurkenndur, í sumum tilvikum þó sem slæmur en nauðsynlegur, þar sem breytingar eða afnám þess fyrirkomulags mundi valda frekari vandamálum. Þó komu fram tillögur um breytingar á hlutfallslegri skiptingu veiðiheimilda úr mörgum stofnum.

Reglur um útkast voru gagnrýndar og í sumum löndum var farið fram á bann við útkasti. Þær hugmyndir eiga þó ekki upp á pallborðið hjá öllum.

Kröfur komu fram um aukna þátttöku ESB í alþjóðlegu samstarfi á sjávarútvegssviðinu. Einnig kom fram greinilegur munur milli afstöðu aðila eftir því hvort þeir voru frá sunnanverðri eða norðanverðri Evrópu þar sem þeir síðarnefndu vilja að meira fé renni til innri mála sambandsins en minna til að greiða fyrir samninga við ríki utan ESB um kaup á veiðiheimildum sem aðildarríki ESB í suðri nýta.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi: Almennt voru menn sammála um að þörf væri á bættu eftirliti og eftirfylgni með reglum, og ekki síst samræmingu þess, en eftirlitið væri mjög misjafnt eftir þjóðum. Jafnvel komu fram raddir um að nauðsynlegt væri að auka vald framkvæmdastjórnarinnar í þessum efnum en þær nutu ekki almenns stuðnings.

Þá var óskað eftir því að upplýsingar um rannsóknir og störf vísindamanna við stofnmat o.fl. yrðu aðgengilegri og að meira verði lagt upp úr samvinnu vísindamanna og sjómanna. Krafan um bætt aðgengi að upplýsingum átti raunar við um alla starfsemi framkvæmdastjórnarinnar og einnig að greinin eigi meiri hlut að máli þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir. Þá komu fram óskir um meiri svæðavæðingu (*regionalisation*) af fiskveiðistjórnuninni þótt ekki væru þær studdar í öllum löndum. Fram kom ólíkur skilningur á þessu hugtaki. Í sumum tilvikum var átt við að vald verði flutt aftur frá ESB til þjóðríkja eða svæða, en í öðrum var átt við að tekið verði tillit til sérkenna einstakra svæða þegar ákvarðanir eru teknar, án nokkurra breytinga á stofnanauppbyggingu og stjórnskipulagi. Einnig var verulegur stuðningur við hugmyndir um sveigjanlega stefnu sem væri fær um að bregðast skjótt við breyttum aðstæðum á einstökum stöðum. Með vísan til þess að ákvarðanataka í ESB getur verið tímafrek var lagt til að ákveðið vald verði fært til yfirvalda á stöðum eða svæðum.

4. Samanburður á stjórnun fiskveiða á Íslandi og ESB

Í þessum kafla verður lögð áhersla á að bera saman stjórnkerfin innan Evrópusambandsins annars vegar og á Íslandi hins vegar. Til að auðvelda samanburð verður fjórskiptingin, sem kemur fram í síðasta kafla, notuð að svo miklu leyti sem unnt er.

Á Íslandi tekur sjávarútvegsráðherra ákvarðanir um mörg mikilvæg atriði er snerta stjórnun veiðanna, innan þeirra ramma sem lög kveða á um. Aðstæður eru á mörgum sviðum með þeim hætti að ef unnt á að vera að vinna að markmiðum um hagkvæma nýtingu stofna verður að vera unnt að bregðast skjótt við ýmsum aðstæðum sem upp kunna að koma. Sem dæmi má nefna ákvörðun um heildarafla, lokanir svæða, reglur um veiðarfæri, eftirlit og fleira mætti telja. Á Íslandi er unnt að bregðast þannig skjótt við breyttum aðstæðum.

Innan ESB er málum ekki fyrir komið á sama hátt og ákvarðanir taka lengri tíma enda mun fleiri aðilar er koma að málinu, m.a. öll aðildarlönd, a.m.k. þau sem hagsmuna eiga að gæta. Ef Ísland væri meðlimur í ESB yrðu allar ákvarðanir um breytingar á atriðum varðandi stjórnun fiskveiða á Íslandsmiðum, sem nú eru gerðar með reglugerðarbreytingum, að fara til umfjöllunar hjá framkvæmdastjórninni og eftir atvikum til afgreiðslu í ráðherraráðinu. Þetta mundi þýða verulega breytingu á starfsháttum við stjórnun fiskveiða við Ísland og hugsanlega gera hana til muna ómarkvissari og stífari. Eins og áður er komið fram geta ríki

sett nánari reglur um stjórnun fiskveiða á einangruðum stofnum. Ekki er til nákvæm skilgreining á einangruðum stofni, en þessi heimild er notuð í flestum aðildarríkjum ESB að einhverju marki, fyrst og fremst varðandi veiðar sem stundaðar eru á svæðum sem skip viðkomandi ríkis mega ein stunda veiðar á, þ.e. innan 6 eða 12 mílna eftir atvikum.

Íslendingar veiddu árið 1997 um 2,2 milljónir tonna en ESB-þjóðirnar veiddu rúmlega 6,7 milljónir tonna. Á Íslandi voru um 14 þúsund starfandi í sjávarútveginum, þar af rúmlega 6.000 sjómenn en 250 til 300 þús. sjómenn voru í ESB auk annarra sem komu að sjávarútveginum þar. Einnig má nefna að fiskveiðiárið 1998/1999 á Íslandi voru alls 1.739 skip með leyfi til veiða í atvinnuskyni en í fiskiskipaflota í ESB eru um 100.000 skip.

ESB er stærsti innflytjandi af sjávarafurðum í heiminum og er mikilvægasti markaður Íslendinga, sem eru fyrst og fremst útflytjendur á sjávarafurðum. Árið 1997 voru fluttar inn til ESB um 7,2 milljónir tonna að verðmæti 17 milljarðar evra, en útflutningur var um 4,6 milljónir tonna að verðmæti 10 milljarðar evra. Heildarútflutningur af sjávarafurðum frá Íslandi árið 1997 nam um 790 þúsund tonnum að verðmæti um 96 milljarðar króna (1,4 milljarðar evra). Þar af nam útflutningur til ESB um 60 milljörðum króna.[1]

Þegar það er líka haft í huga að sjávarafurðir standa undir um 75% af vöruútflutningi Íslendinga og 11% af landsframleiðslu, meðan en sjávarútvegur í Evrópusambandinu, sem er innan við 1% af landsframleiðslu aðildarríkja ESB, hefur fengið um hálfan milljarð evra í styrki árlega er eðlilegt að margt sé ólíkt í þessari atvinnugrein á Íslandi og innan ESB. Á það ekki síst við um almenn viðhorf til sjávarútvegs sem lifandi og sjálfbærrar atvinnugreinar. Þótt ekki megi alhæfa um sjávarútveginn í löndum ESB virðist sem víða í Evrópusambandslöndunum sé litið á sjávarútveginn sem mikilvægan þátt í byggðastefnu fremur en sem atvinnugrein sem geti dafnað, byggst upp og skilað hagnaði til samfélagsins. Þessi sjónarmið hafa oftar en ekki orðið til þess að teknar eru ákvarðanir sem valda því að afkastageta flota ESB er langt umfram afrakstursgetu fiskistofnanna og ákvarðanir eru teknar um heildarafla og aðra þætti fiskveiðistjórnunar sem ganga nærri fiskistofnum. Á Íslandi hefur aftur á móti verið litið á sjávarútveginn sem raunverulega og mikilvæga atvinnugrein sem gerðar eru kröfur til um arðsemi og hagkvæmni í rekstri enda er öflug atvinnustarfsemi í sjávarútvegi forsenda traustrar byggðar í landinu. Í því samhengi hefur verið tekið á vandamálum varðandi nýtingu fiskistofna, auk þess sem unnt hefur verið að ná fram verulegri hagræðingu í rekstri fyrirtækja.

4.1. Stjórnun fiskveiða

Segja má að stjórnun fiskveiða við Ísland snúist um að tryggja að heildarafli sé ekki meiri en afrakstursgeta fiskistofnanna og að þeir séu nýttir með hagkvæmum hætti fyrir þjóðarbúið. Enn fremur að einstakir stofnar séu nýttir á líffræðilega skynsamlegan hátt, til dæmis má taka friðun á svæðum þar sem mikið er af smáfiski og hrygningarfiski þegar um þorsk er að ræða. Einnig er unnið að sömu markmiðum, auk þess að koma í veg fyrir árekstra og áníðslu á miðum, með því að setja reglur um veiðarfæri, útbúnað þeirra og notkun. Ofangreind lýsing á einnig við um markmið sjávarútvegsstefnu ESB. Mismunur kemur þó í ljós þegar grannt er skoðað.

- *Leyfilegur hámarksafli*

  Á grundvelli laga nr. 38/1990 tekur sjávarútvegsráðherra ákvörðun um leyfilegan heildarafla fyrir hvert fiskveiðiár en fiskveiðiárið er frá 1. september til 31. ágúst árið

[1] Útvegur 1998, Fiskistofa – starfsskýrsla 1998, Eurostat – Fisheries – Yearly statistics 1999 edition.

á eftir. Sú ákvörðun er tekin að fenginni ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og undanfarin ár hafa þær að mestu verið í samræmi við ráðgjöfina. Ákvarðanir ESB eru teknar af ráðherraráðinu og hefur það verið gert á síðasta fundi fyrir áramót. Ef Ísland yrði meðlimur í ESB myndu ákvarðanir um leyfilegan heildarafla verða teknar af ráðherraráðinu og þá væntanlega í desember eins og aðrar ákvarðanir um leyfilegan heildarafla, sem þýðir að flytja yrði fiskveiðiárið til almanaksársins. Norðmenn fengu á sínum tíma aðlögun að ákvörðunum um leyfilegan heildarafla norðan 62°N þannig að þeir áttu að taka ákvarðanir um leyfilegan heildarafla á því svæði til 30. júní 1998. Þótt ekki sé ólíklegt að hugmyndum Íslendinga um heildarafla yrði fylgt væri ekki hægt að koma í veg fyrir að öðrum hagsmunum yrði blandað saman við slíka ákvarðanatöku en önnur ríki geta haft áhrif á niðurstöðuna eins og fram er komið.

Við ákvörðun um heildarafla á þorski við Ísland er fylgt svokallaðri aflareglu en í henni felst að leyfilegur hámarksafli er 25% af áætlaðri meðalstærð stofnsins þegar ráðgjöf er lögð fram. Einnig er miðað við ákveðna aflareglu varðandi loðnu og íslenska sumargotssíld. Áformað hefur verið að þróa aflareglur fyrir fleiri stofna. Ekki er annað að sjá en að rými sé fyrir slíkar ákvarðanir innan ESB.[1] Ekki munu þó vera fordæmi fyrir slíkum ákvörðunum innan ESB og óvíst á hvaða hátt þeim yrði beitt ef til kæmi.

- *Tæknilegar aðgerðir*

  Einn mikilvægasti þáttur fiskveiðistjórnunar, utan þess að halda heildarafla innan hæfilegra marka, er að grípa til ýmissa annarra aðgerða til að vernda fiskistofna. Sérstaklega er litið til þess að velja aflann eftir stærð eða tegund þannig að viðkomandi stofn verði nýttur á svo hagkvæman hátt sem verða má. Einnig eru margvíslegar aðgerðir til að koma í veg fyrir árekstur veiðarfæra, áníðslu miða o.s.frv. Við Ísland hefur verið gripið til ýmiss konar aðgerða til að ná þessum markmiðum. Settar eru reglur um veiðarfæri, möskvastærð og útbúnað. Einnig eru reglur um skiljur í veiðarfærum og þess vænst að frekari þróun eigi sér stað á þeim vettvangi.

  Við Ísland hefur svæðalokunum verið beitt mikið. Hafrannsóknastofnunin hefur vald til að loka svæðum fyrir einstökum veiðarfærum í allt að 14 sólarhringa. Auk þess er beitt lokunum svæða til lengri tíma. Settar eru reglur um veiðarfæri, möskvastærð og útbúnað þeirra auk veiðisvæða m.t.t. stærðar skipa, veiðarfæra o.fl. Þótt líklegt sé að innan ESB sé unnt að hanna kerfi sem byggist á sama grunni er trúlegt að það yrði bæði dýrara og seinvirkara en það sem nú er notast við á Íslandi.

- *Skipting hámarksafla milli ríkja og aðgangur að veiðisvæðum*

  Eins og fram hefur komið hefur skipting hámarksafla verið byggð á hinu hlutfallslega jafnvægi sem fyrst var innleitt árið 1983 og var miðað við aflareynslu áranna 1973 til 1978 að mestu leyti. Þegar ný ríki sækja um aðild er samið sérstaklega um aflahlutdeild þeirra. Í aðildarviðræðum Noregs var að mestu byggt á aflareynslu í viðkomandi stofnum á árunum 1989 til 1993. Einnig var gert ráð fyrir að skip frá ESB myndu ekki auka sókn sína innan lögsögu Noregs í tegundir sem ekki voru kvótasettar.

  Ef sama nálgun yrði tekin fyrir Ísland og fyrir Noreg er ljóst að mestöll aflahlutdeild í tegundum, sem veiðast einungis innan 200 mílna, félli Íslendingum í skaut, fyrir utan hlut ESB samkvæmt núverandi tvíhliðasamningi. Aftur á móti mundi Ísland þurfa að tryggja sér sinn hlut í flökkustofnum, þ.e. loðnu, norsk-íslenskri síld, úthafskarfa, kolmunna og makríl. Sama gæti einnig átt við um grálúðu og djúpkarfa sem skip ESB

[1] Council Regulation no. 3760/92 gr. 8. 4(i).

hafa veitt við Grænland úr sameiginlegum stofni. Stjórnun ofangreindra stofna félli undir framkvæmdastjórnina en getur tæplega flust til Íslands. Gera má ráð fyrir að þess yrði krafist að skip ESB geti veitt sinn hlut úr þessum tegundum innan íslensku fiskveiðilandhelginnar, sérstaklega varðandi loðnu og úthafskarfa, en bestu veiðisvæðin eru þar. Einnig hefur komið í ljós að kolmunni getur veiðst vel þar og væntanlega gildir það sama um norsk-íslensku síldina ef hún breytir göngumynstri sínu og gengur í verulegum mæli til Íslands.

- *Lágmarksstærðir*

  Aðferðir ESB og Íslands við fiskverndun og að koma í veg fyrir smáfiskadráp eru ólíkar. Á Íslandi er meginreglan sú að bannað er að kasta fiski í sjóinn og koma skal með allan afla að landi. Til að ná fram markmiðum um fiskvernd og koma í veg fyrir smáfiskadráp er fylgst vel með veiðunum og svæðum lokað með skömmum fyrirvara eins og fram hefur komið. Einnig eru ákvæði um útbúnað veiðarfæra gerð með þessi markmið í huga. Í ESB er aftur á móti bannað að hirða fisk og koma með að landi ef hann er undir tiltekinni stærð. Það er með öðrum orðum skylt að kasta smáfiski í sjóinn.

  Hugsunin í þessum tveimur aðferðum er gerólík. Íslenska kerfið boðar að allur afli skuli koma að landi og vigtaður og skráður, meðan en verndunin kemur fram í skyndilokunum og öðrum aðgerðum til verndar smáfiski. Hugsunin í kerfi ESB er sú að sjómenn forðist að veiða smáfisk ef þeir þurfi að kasta honum fyrir borð, það kosti vinnu og gefi ekkert af sér.

  Undanfarin ár hefur þróun fiskistofna sem ESB stjórnar og þeirra sem lifa við Ísland verið afar ólík. Eitt atriði, sem er athyglisvert, er að ráðgjöf til íslenskra stjórnvalda hefur undanfarin ár verið traust, meðan en komið hefur fyrir að Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur ekki treyst sér til að gefa ráð um veiðar úr einstökum stofnum í Norðursjó vegna þess hve upplýsingar um veiðar eru lélegar. Hluta af því má eflaust rekja til reglunnar um brottkast.

- *Eftirlit*

  Virkt eftirlit með veiðunum er að sjálfsögðu grundvöllur þess að unnt sé að halda uppi virku fiskveiðistjórnunarkerfi. Á það jafnt við um Ísland og ESB. Íslendingar eru svo lánsamir að flestir mikilvægustu stofnarnir, sem veitt er úr, að undanskilinni loðnu, norsk-íslenska síldarstofninum, úthafskarfa og kolmunna, eru að langmestu leyti innan fiskveiðilandhelginnar. Því hefur verið unnt að byggja upp eftirlit sem hentar íslenskum aðstæðum og það hefur síðan verið sniðið að aflamarkskerfinu. Einn mikilvægasti þáttur eftirlitsins er sú meginregla að landa skuli fiski á Íslandi og vigta hann þar. Undantekning hefur verið löndun á ferskum fiski á viðurkenndum mörkuðum erlendis og bræðslufiski. Þótt líklegt verði að telja að unnt sé að setja ákveðnar kvaðir á útgerðir um að þær sýni fram á raunveruleg efnahagsleg tengsl við Ísland, eins og gert hefur verið í ýmsum löndum ESB, t.d. Bretlandi, mundi ekki verða um jafnmiklar takmarkanir að ræða og nú gilda. Það mundi hugsanlega hafa í för með sér breytingar á útgerðarháttum og þar með eftirlitskerfinu.

  Ef Ísland gengi í ESB yrðu Íslendingar að aðlaga sitt eftirlit að grunnreglum sambandsins.[1] Erfitt er að segja hvaða þýðingu það mundi hafa fyrir eftirlitið við Ísland, þar sem viðfangsefnið mundi jafnframt breytast nokkuð, bæði hvað varðar skyndilokanir og

[1] Council Regulation 2847/93.

einnig yrðu landanir í útlöndum hugsanlega algengari en nú er þar sem ólíklegt verður að telja að unnt yrði að takmarka landanir þar í svo miklum mæli sem nú er gert.

4.2. Uppbygging sjávarútvegsgeirans

Í Evrópusambandinu hefur verið lögð mikil áhersla á að ná jafnvægi milli afkastagetu flota og fiskistofna og Íslendingar stefna einnig að sama marki þótt farnar hafi verið tvær ólíkar leiðir. Evrópusambandið hefur valið að beita styrkjum og áætlunum um niðurskurð flotans í hverju landi. Íslendingar hafa hins vegar farið þá leið að minnka flotann með kaupum á skipum sem voru fjármögnuð með gjaldi á útgerðina. Nú er staðan sú að engar takmarkanir eru á flotastærð á Íslandi. Það er mat hvers og eins útgerðarmanns hvernig skip hann telur sig þurfa til að ná þeim kvóta sem hann hefur yfir að ráða en greinin fær engar opinberar fyrirgreiðslur og hvert einstakt fyrirtæki þarf því að sýna ýtrustu hagkvæmni til að ná árangri.

Margt bendir til þess að með aðild að Evrópusambandinu yrði að breyta þessum hluta stjórnkerfisins og taka upp beina stjórnun á flotastærðinni. Ef íslenskir útgerðarmenn fengju aðgang að styrkjum til smíði og endurnýjunar skipa og nytu sambærilegra kjara og annar sjávarútvegur í Evrópusambandinu væri forsendan brostin fyrir því að engar takmarkanir geti verið á endurnýjun flotans. Að því gefnu að Ísland fái ekki sérstaka stöðu varðandi fiskveiðar í hugsanlegum viðræðum um inngöngu í ESB, þyrfti að leggja mat á sóknargetu íslenska flotans, miðað við þær auðlindir sem hann hefur til að sækja í, til að Ísland gæti lagt fram sína MAGP-áætlun. Þar með væri gengið gegn þeirri leið sem farin hefur verið á Íslandi, að ríkisvaldið komi ekki beint að því að taka ákvarðanir um stærð og gerð flotans, heldur sé það í verkahring þeirra sem standa í útgerð og vinnslu að ákveða hvaða tæki þeir nota til að nýta þær heimildir sem þeir hafa til ráðstöfunar.

Fiskvinnsla á Íslandi mundi einnig geta fengið styrki til uppbyggingar og endurnýjunar gegnum styrkjakerfi sambandsins. Fiskvinnsla á Íslandi hefur að mestu orðið að standa sjálf undir þeim fjárfestingum sem hún hefur ráðist í og er það til samræmis við flotann. Þó má gera því skóna að fiskvinnslan á Íslandi mundi hafa meira að sækja enda hafa styrkir til samkeppnisaðila þeirra í Evrópu beinni áhrif á samkeppnisaðstöðu þeirra. Það á ekki síst við um möguleika til að fjárfesta í tækjum og að þróa nýjar afurðir.

Eins og áður er komið fram yrðu íslensk stjórnvöld, og einstök fyrirtæki eftir atvikum, að leggja til mótframlög til að nýta sér styrkjakerfi sambandsins. Fyrirtækin þurfa hvort eð er að fjárfesta í nýjum tækjum og leggja fé í að þróa vinnslu til aukinnar hagkvæmni, slík útgjöld mundu teljast sem mótframlag fyrirtækjanna. Það er ekki augljóst að fé úr sjóðum ESB örvi fjárfestingu sem leiði til aukinnar hagkvæmni því að oft og tíðum verka mögulegar styrkveitingar sem hvati fyrir óhagkvæmar framkvæmdir og fjárfestingar.

4.3 Markaðsskipulag – fyrsta sala

Eins og fram hefur komið eru í gildi í ESB sameiginlegar reglur um markaðsskipulagið þar sem útgerðasamtökin gegna mikilvægu hlutverki.

Þar sem um er að ræða frjáls samtök er ekki skylda að breyta stjórnkerfinu þannig að þau megi dafna. Aftur á móti verða yfirvöld að samþykkja slík samtök, uppfylli þau ákveðin skilyrði um fjölda meðlima og magn sem þeir veiða. Eins og áður er komið fram er ekki gert ráð fyrir að meðlimir í samtökunum taki beinan þátt í vinnslu þar sem samtökin eiga að sjá um sölu aflans. Það verður því að teljast fremur ólíklegt að slík samtök verði öflug á Íslandi miðað við óbreytt ástand þar sem skipulag sjávarútvegsfyrirtækja er iðulega með þeim hætti að veiðar og vinnsla er á sömu hendi. Aftur á móti kemur það til að aðilar utan slíkra samtaka njóta ekki góðs af þeim ráðstöfunum sem þau geta gripið til. Ekki virðist nauðsynlegt að gera

miklar breytingar á því kerfi sem er á Íslandi varðandi fyrstu sölu á fiski ef Ísland gerist aðili að ESB. Þó yrði líklega að taka upp reglur ESB um markaðsstaðla sem fela m.a. í sér að fiskinn yrði að flokka eftir stærð og gæðum sem ekki er krafa á Íslandi eins og er. Í því getur falist veruleg breyting á vinnubrögðum um borð í fiskiskipum og við löndun.

4.4. Veiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands

Íslendingar hafa tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um stjórnun fiskveiða þar sem ESB hefur verið einn samningsaðilanna, t.d. NAFO og NEAFC og samningum um norsk-íslenska síldarstofninn. Framkvæmdastjórnin fer algerlega með forræði þeirra mála og eru einu tækifærin fyrir aðildarríkin til að hafa áhrif á gang mála á þeim vettvangi að koma þeim á framfæri á reglulegum fundum sendinefndanna eða við undirbúning fyrir fundina. Síðan er hlutfallsleg skipting viðkomandi tegundar ákveðin í ráðherraráðinu eða hugsanlega í aðildarviðræðum.

Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir Ísland í viðræðum í NAFO og NEAFC, sérstaklega í rækju á Flæmingjagrunni, úthafskarfa, norsk-íslenskri síld og kolmunna. Ísland og ESB hafa í mikilvægum atriðum verið með andstæðar skoðanir varðandi stjórnun þessara stofna og hefur ESB ekki fallist á rök Íslands um að reyna nýjar leiðir í stjórnuninni og að fara beri varlegar en nú er gert. Hér kemur enn fram grundvallarmunur á afstöðu Íslands og ESB í sjávarútvegsmálum. Ekki er unnt að svara þeirri spurningu hvort Íslandi mundi ganga betur að koma sínum sjónarmiðum á framfæri sem meðlimur heldur en nú er raunin. Þá verður að gera ráð fyrir að gerð verði krafa um aðgang skipa ESB að veiðum á þeim stofnum innan fiskveiðilandhelginnar eins og fram kemur í kafla 4.1 Skipting hámarksafla milli ríkja og aðgangur að veiðisvæðum.

Eins og fram hefur komið hefur ESB einnig gert fjölmarga fiskveiðisamninga við einstök ríki. Þeir samningar, sem Ísland er nú aðili að, myndu falla undir forræði sambandsins.[1] Að verulegu leyti eru þeir við ríki sem nú þegar hafa gert samninga við ESB og er líklegt að þeir myndu falla inn í þá samninga. Líklegt verður að telja að Ísland mundi halda sínum hluta, að svo miklu leyti sem um kvóta eða aflahlutdeild er að ræða. Þá er ekki ljóst hvaða afstöðu viðkomandi ríki myndu hafa við framlengingu þessara samninga.

Sem meðlimur í ESB mundi Ísland vera aðili að ofangreindum samningum og geta gert kröfu um veiðiheimildir. Ekki er þó ljóst hversu raunhæft er að komast að í þegar gerðum samningum, auk þess sem verulegur hluti þeirra er við ríki í Afríku og Asíu og ná til veiða sem eru Íslendingum lítt kunnar og óvíst er hver áhugi íslenskra útgerða væri fyrir slíkum veiðum. Samningar við einstök ríki hafa verið umdeildir og sérstaklega hafa ríki í norðanverðri Evrópu gagnrýnt hve miklu fé sé varið til þeirra en þeir koma suðlægum löndum sérstaklega til góða. Á tímabilinu 1993 til 1997 greiddi framkvæmdastjórnin að meðaltali 210 milljónir evra á ári fyrir slíka samninga. Nú stendur yfir greining á þessum samningum og hverju þeir skila m.t.t. kostnaðar.

5. Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið og ESB

Fiskveiðistjórnunarkerfið á Íslandi er um margt ólíkt því sem gerist og gengur hjá ríkjum Evrópusambandsins. Þótt sambandið sem slíkt hafi ekki afskipti af því hvernig veiðiheimild-

[1] Mikilvægir samningar eru: Loðnusamningur við Grænland og Noreg með ákvæðum um aðgang að veiðisvæðum, Samningur um skiptingu norsk-íslenska síldarstofnsins ásamt samkomulagi um aðgang að veiðisvæðum, Samningar við Færeyinga um skipti á veiðiheimildum, Samningur við Noreg og Rússland um veiðar í Barentshafi.

um er ráðstafað í einstökum löndum verða þau að virða ákveðnar meginreglur. Að öllum líkindum gætu Íslendingar haldið áfram að nota það kerfi sem nú er við lýði, þ.e. aflamarkskerfi með framseljanlegu aflamarki og aflahlutdeild. Hins vegar geta komið upp spurningar á hinum pólitíska vettvangi. Þegar hugað er að því hvernig staða Íslands gæti hugsanlega orðið innan ESB verður sérstaklega að gæta að fjárfestingu í sjávarútvegi. Áður er komið fram að samkvæmt EES-samningnum hafa Íslendingar heimild til að hindra fjárfestingu útlendinga í íslenskum sjávarútvegi en á Íslandi hefur eina formlega krafan, sem er gerð til eigenda að sjávarútvegsfyrirtækjum, verið að þeir séu íslenskir ríkisborgarar.

Í ljósi deilna innan ESB um svokallað kvótahopp og í ljósi málsmeðferðar fyrir dómstólnum er erfitt að sjá hvernig áfram yrði unnt að takmarka eignarhald á sjávarútvegsfyrirtækjum við Íslendinga ef Ísland gerðist meðlimur í ESB. Hins vegar er hægt að gera kröfu um það að sjávarútvegsfyrirtæki hafi raunveruleg og efnahagsleg tengsl við Ísland. Til ýmissa ráða hefur verið gripið í aðildarlöndunum, sérstaklega Bretlandi þar sem talið er að 25 til 30% flotans séu í raun í eigu annarra en Breta. Í Bretlandi eru gerðar kröfur um að sýnt sé fram á efnahagsleg tengsl skipa við Bretland, eða svæði þar sem eru háð sjávarútvegi, áður en þau fá veiðileyfi. Í því felst að eitt af þremur skilyrðum sé uppfyllt: 50% af aflanum sé landað í Bretlandi, 50% af áhöfn séu búsett á svæðum í Bretlandi sem eru háð sjávarútvegi, 50% af aðkeyptri þjónustu sé keypt í Bretlandi. Fullnægjandi getur verið að hluti af tveimur eða fleiri ofangreindum skilyrðum sé uppfylltur eða ef sýnt er fram á efnahagsleg tengsl með öðrum hætti.

Ef stefnt væri að því að tryggja raunveruleg efnahagsleg tengsl skipa, sem veiða úr íslenskum kvótum, við Ísland er margt sem bendir til þess að gera verði verulegar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Undanfarin ár hefur mestöllum afla íslenskra skipa verið landað á Íslandi. Einungis hefur verið heimilt að landa ferskum fiski á viðurkennda markaði í ESB. Ef Ísland væri meðlimur yrði ekki hægt að takmarka landanir í öðrum höfnum í ESB í þetta miklum mæli. Það mundi einnig eiga við um fullvinnsluskip sem hingað til hafa landað öllum sínum afla á Íslandi. Slíkt fyrirkomulag mundi að sjálfsögðu geta leitt til þess að afla yrði landað í miklum mæli erlendis sem ekki kæmi íslensku atvinnulífi til góða. Jafnframt má gera ráð fyrir að erfiðara yrði hafa eftirlit með afla þessara skipa sem aftur leiddi til þess að fiskifræðingar hefðu lakari gögn til að byggja á ráðgjöf um leyfilegan heildarafla. Eftirlit með veiðum íslenskra skipa hefur verið gott og tiltölulega nákvæmar tölur um afla og aflasamsetningu eiga mikilvægan þátt í góðri ráðgjöf um veiðar á Íslandsmiðum.

Afstaða Íslands og Evrópusambandsins hefur verið ólík á ýmsum sviðum eins og bent er á hér að framan, t.d. með tilliti til útkasts og efnahagslegrar umgjarðar greinarinnar og þeirra markmiða sem henni er ætlað að uppfylla. Þetta á einnig við um afstöðuna til nýtingar sjávarspendýra en Evrópusambandið hefur verið á öndverðri skoðun við Íslendinga og ýmsar aðrar þjóðir varðandi veiðar á hval og sel.

6. Staða Íslands ef EES-samningsins nyti ekki við

Ef breyta þyrfti EES-samningnum í tvíhliða form samskipta Íslands og ESB væri auðvelt að heimfæra bókun 9 við EES-samninginn yfir á tvíhliða fríverslunarsamning. Bókunin fjallar um viðskipti með sjávarafurðir og er í eðli sínu tvíhliða. Ísland tekur ekki upp löggjöf ESB á sviði sjávarútvegs og stofnanir EES-samningsins, ESA og EFTA- dómstóllinn, þjóna engu hlutverki hvað varðar viðskipti með sjávarafurðir og stjórn fiskveiða.

Ekki hefur verið farið sérstaklega og kerfisbundið yfir reglur ESB og þær bornar saman við gildandi reglur á Íslandi. Það er verkefni sem verður að vinna ef gera á nánari samanburð á þessum tveimur kerfum. Þó markmiðin séu að ýmsu leyti þau sömu er grundvallarmunur

á þeim leiðum sem hafa verið farnar á ýmsum sviðum til að ná þeim. Líklegt er að ýmis atriði, sem virðist vera smáatriði geti þurft nánari skoðunar við ef leita á leiða til að samræma fiskveiðistefnuna á Íslandi og í Evrópusambandinu.

Það er engum vafa undirorpið að innganga Íslands í Evrópusambandið mundi hafa í för með sér miklar breytingar fyrir íslenskan sjávarútveg og fiskveiðistjórnunarkerfið. Meginreglan í ESB er að varanlegar undanþágur eru ekki veittar frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu sambandsins. Ákvarðanataka í mikilvægum málum mundi flytjast til stofnana Evrópusambandsins, svo sem ákvörðun leyfilegs heildarafla og stjórnun flökkustofna. Einnig verður að gera ráð fyrir að ekki verði unnt að takmarka eignarhald á fiskiskipum við íslenska ríkisborgara, sem getur leitt til breytinga á útgerðarháttum.

Aðeins einn þáttur, en jafnframt mikilvægur, er undanþeginn þessari reglu. Eins og áður hefur komið fram fjallar I. viðauki EES-samningsins um hollustu og heilbrigði dýra og dýraafurða, þ.m.t. sjávarafurða. Ísland hefur undanþágu frá þessum hluta samningsins hvað varðar landbúnað en hefur samræmt reglur sínar við reglur annarra EES-ríkja á sviði sjávarútvegs. Með því að samræma reglurnar innan EES eru landamæri ESB, hvað varðar eftirlit með hollustu sjávarafurða, færð út til alls EES og eru landamæri Íslands við ríki utan EES nú álitin ytri landamæri ESB og ekkert eftirlit fer fram á landamærum Íslands og annarra EES-ríkja.

Samræmdar reglur ESB á þessu sviði fólu í sér afnám eftirlits með hollustu og heilbrigði dýra og afurða í viðskiptum yfir landamæri milli ESB-ríkja. Ef samræmdar reglur hefðu ekki orðið hluti af EES-samningnum má reikna með að samræmt eftirlit á ytri landamærum ESB hefði náð til 20–50% allra sendinga frá Íslandi. Eftirlitið hefði verið tímafrekt, auk þess sem einungis hefði verið heimilt að senda sjávarafurðir til tiltekinna hafna og flugvalla ESB. Þar að auki hefði kostnaður vegna eftirlitsins aukist. Eftirlitið er nú í höndum íslenskra stjórnvalda en fer ekki fram á landamærastöðvum ESB-ríkja. Til að það sé mögulegt þarf löggjöfin alltaf að vera samræmd og sér stofnanakerfi EES-samningsins um að svo sé.

Ef EES-samningsins nyti ekki við þyrfti að endurskoða hvernig tryggja mætti samræmingu löggjafarinnar án þess að Ísland afsali sér rétti til að hafa áhrif á mótun hennar.

Gagnlegar vefslóðir um sjávarútvegsmál innan Evrópusamvinnunar

Sjávarútvegsráðuneytið: http://www.stjr.is/sjr
Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofa: http://www.hafro.is/
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/fish/index_en.htm

Heimildaskrá

Common Fisheries Policy – upplýsingabæklingur ESB, 1998
Tillaga til þingsályktunar um samþykkt á breytingum og viðbótum við I. viðauka við EES-samninginn. (Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–1997)
Útvegur 1998, Hagstofa Íslands, 1999.
Fisheries, yearly statistics, 1999 edition. EUROSTAT 2000.
Stjórn fiskveiða í Evrópusambandinu. Fastanefnd framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir Ísland og Noreg.
Ísland og Evrópusambandið, skýrslur fjögurra stofnana Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan, 1995.
Ísland og sjávarútvegsstefna ESB. Samantekt, Kristján Skarphéðinsson, 1996.
Hin sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópubandalagsins. Ketill Sigurjónsson. Háskólaútgáfan 1991.

Ýmis lög og reglugerðir varðandi sjávarútveg á Íslandi.
Ýmsar gerðir varðandi sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, og annað efni gefið út af ESB í Official Journal og COM.
Auk þess var rætt við ýmsa aðila á Íslandi og í ESB, innan framkvæmdastjórnarinnar, fulltrúa við fastanefndir einstakra landa og aðila er standa í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja í ESB.

22. kafli
Skattar og gjöld

Samantekt

ESB hefur takmarkaðar heimildir til þess að setja reglur á skattasviðinu og setning slíkra reglna þarfnast samhljóða samþykkis enda hefur samræmingin á þessu sviði verið mjög takmörkuð. Samræmingin hefur náð lengst á sviði virðisaukaskatts enda rennur hluti af stofni til virðisauksatts til ESB í formi aðildargjalds.

Settar hafa verið reglur um lágmarksskatthlutföll, hvaða vöru og þjónustu á að skattleggja, skattverðið, hverjir eru skattskyldir, hvar á að greiða skattinn, undanþágur, uppgjörstímabil, skráningu, innheimtu og eftirlit. Meginreglan er sú að þjónusta er skattlögð þar sem seljandinn býr en um vöruviðskipti milli ESB-ríkja gildir að varan er skattlögð í ríki kaupanda. Þá hafa verið settar reglur um vörugjöld á tóbak, áfengi og olíu en með þeim er sett ákvæði um lágmarksskatthlutföll og útreikning skattsins.

Samræming gengur miklu skemmra en á sviði virðisaukaskatts og reglurnar hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að leggja vörugjöld á aðrar vörur, svo sem bíla og rafmagnsvörur. Lögð hefur verið fram tillaga um skattlagningu orku en hún hefur ekki náð fram að ganga.

Lítið hefur verið um samræmingu á sviði beinna skatta. Tvær tilskipanir hafa verið settar sem taka til afmarkaðra þátta í starfsemi félaga en þær varða annars vegar samruna og uppskipti félaga og hins vegar arðgreiðslur milli tengdra fyrirtækja og er markmiðið að auðvelda samruna fyrirtækja yfir landamæri og koma í veg fyrir að arður sé tvískattaður. Þá hafa verið lagðar fram tillögur um skattlagningu sparnaðar einstaklinga sem búa í einu aðildarríki en hafa vaxtatekjur í öðru ríki og um skattlagningu vaxtatekna og einkaleyfisþóknana og sambærilegra tekna sem fyrirtæki fær frá systurfyrirtæki. Þessar tvær tillögur hafa ekki náð fram að ganga vegna andstöðu Breta við hina fyrrnefndu.

Loks hafa aðildarríkin samþykkt rammareglur um fyrirtækjaskattlagningu. Reglurnar eru þó ekki bindandi heldur felst fremur í þeim pólitísk yfirlýsing aðildarríkjanna um að þau muni ekki viðhalda eða taka upp skattalegar ráðstafanir sem teljast skaðlegar en sérstakur hópur á vegum ESB hefur verið að skoða slíkar ráðstafanir í aðildarríkjunum.

Framkvæmdastjórnin hefur áhuga á að reglan um aukinn meiri hluta við atkvæðagreiðslur verði tekin upp á afmörkuðum sviðum skattamála en að reglan um samhljóða samþykki verði þó áfram meginreglan. Ekki hefur skýrlega komið fram hvað ætti að falla undir fyrri flokkinn. Nefndar hafa verið reglur sem koma í veg fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins en ætla má að andstaða verði meðal aðildarríkjanna enda hefur það oft verið þannig að eitt eða tvö aðildarríki hafa komið í veg fyrir að tillögur á skattasviðinu nái fram að ganga.

1. Inngangur

Í Rómarsamningnum eru nokkur ákvæði er varða skatta, sbr. 90.–93. gr. hans. Þeim er ætlað að tryggja frjálst vöruflæði og að innri markaðurinn starfi eðlilega. Samvinnan á skatta-

sviðinu tekur fyrst og fremst til óbeinna skatta en á síðustu árum hafa einnig verið lagðar fram tillögur er varða beina skatta.

Í 90. gr. Rómarsamningsins er lagt bann við að aðildarríki leggi hvers kyns beinan eða óbeinan skatt á framleiðsluvörur annars aðildarríkis umfram það sem beint eða óbeint er lagt á framleiðsluvörur aðildarríkisins sjálfs. Þetta ákvæði á sér samsvörun í 14. gr. EES-samningsins en það tryggir að vörum sé ekki mismunað með skattlagningu og kemur til viðbótar 25. gr. Rómarsamningsins (13. gr. EES) sem leggur bann við tollum og samsvarandi gjöldum en til lítils væri að banna gjaldtöku á landamærum ef ríkin gætu síðan hyglað eigin framleiðsluvörum með skattlagningu. Reynt hefur á þetta ákvæði Rómarsamningsins í fjölmörgum dómsmálum og á 14. gr. EES-samningsins reyndi í svokölluðu vörugjaldsmáli sem Eftirlitsstofnun EFTA höfðaði gegn Íslandi. Sátt náðist í því máli eftir að það fór til EFTA-dómstólsins og félli því aldrei dómur. Sáttin fól í sér að ESA viðurkennir nú að íslenska vörugjaldið brjóti ekki í bága við reglur EES-samningsins.

Bann er lagt við, í 90. gr. Rómarsamningsins, að endurgreiðsla innlendra skatta nemi hærri fjárhæð en fjárhæð skattsins sem lagður var á vöruna beint eða óbeint þegar hún var flutt til annars aðildarríkis en sams konar ákvæði er í 15. gr. EES-samningsins. Sama bann gildir varðandi endurgreiðslu vegna útflutnings til annarra aðildarríkja á gjöldum, öðrum en veltusköttum, vörugjöldum og öðrum óbeinum sköttum, nema ráðherraráðið hafi samþykkt slíkt fyrir fram í tiltekinn tíma, sbr. 93. gr. Rómarsamningsins. Þetta ákvæði á sér ekki samsvörun í EES-samningnum.

Ráðherraráðið getur, samkvæmt 93. gr. Rómarsamningsins, að fengnum tillögum framkvæmdastjórnarinnar og eftir að hafa ráðgast við Evrópuþingið og efnahags- og félagsmálanefndina, sett ákvæði er samræma löggjöf er varða veltuskatta, vörugjöld og aðra óbeina skatta að því marki sem nauðsynlegt er til þess að tryggja að innri markaðurinn starfi eðlilega. Ákvarðanir verða að vera samhljóða og getur því eitt ríki komið í veg fyrir að reglur, er varða skatta, séu samþykktar. Mikilvægustu reglurnar á skattasviðinu, sem settar hafa verið, eru um virðisaukaskatt en fyrst voru settar reglur um hann árið 1967. Á árinu 1992 voru síðan settar tilskipanir um vörugjöld og aðildarríkjunum gert skylt að leggja vörugjöld á tilteknar vörur en þær tilskipanir hafa hins vegar ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að leggja vörugjöld á aðrar vörur.

Fáar reglur hafa verið settar á sviði beinna skatta en 93. gr. Rómarsamningsins tekur aðeins til óbeinna skatta. Í 94. gr. Rómarsamningsins er hins vegar kveðið almennt á um skyldu ráðherraráðsins til þess að setja tilskipanir að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi innri markaðarins. Á grundvelli þeirrar greinar hafa verið settar tilskipanir er varða afmarkaða þætti í skattlagningu félaga sem hafa starfsemi í fleiri en einu aðildarríki. Engar reglur hafa þannig verið settar um tekjuskatt og eignarskatt einstaklinga eða félaga. Hins vegar var á árinu 1998 samþykkt ályktun (*resolution*) í ráðherraráðinu varðandi rammareglur fyrir skattlagningu á fyrirtæki (*Code of Conduct for Business Taxation*). Reglur þessar eru ekki lagalega bindandi heldur felst í þeim pólitísk skuldbinding aðildarríkjanna til að grípa til ráðstafana sem hafa það að markmiði að draga úr skaðlegri skattasamkeppni. Þá hafa verið til umræðu innan Evrópusambandsins tillögur að tilskipunum um skatta á vexti og þóknanir milli tengdra fyrirtækja annars vegar og um skattlagningu sparnaðar einstaklinga hins vegar en þessar tillögur hafa ekki náð fram að ganga, einkum vegna andstöðu Breta við síðarnefndu tillöguna.

Skattlagningarrétturinn tilheyrir aðildarríkjunum og tekjurnar, sem innheimtast í hverju ríki fyrir sig, falla til viðkomandi ríkis, hvort sem um er að ræða beina skatta eða óbeina þó að hluti af framlagi aðildarríkjanna sé reiknað sem hlutfall af stofni til virðisaukaskatts. Að-

ildarríkin verða að sjálfsögðu að virða þær reglur sem settar hafa verið á þeim sviðum þar sem skattlagning hefur verið samræmd, svo sem varðandi virðisaukaskatt, en ekkert kemur hins vegar í veg fyrir að þau leggi á aðra skatta og gjöld, og setji reglur þar um svo framarlega sem meginreglur Rómarsamningsins séu virtar, svo sem áðurnefnd 90. gr. og reglurnar um frjáls þjónustuviðskipti og fjármagnsflutninga.

2. Virðisaukaskattskerfið

2.1. Almennt

Fyrstu tilskipanir um virðisaukaskatt voru settar árið 1967. Ekki var um fullkomna samræmingu á reglum að ræða og gátu aðildarríkin sjálf t.d. ákveðið skattprósentuna og höfðu víðtækar heimildir til að kveða á um undanþágur og þar með ákvarða skattstofninn. Árið 1970 var ákveðið að hluti af framlagi aðildarríkjanna til ESB skyldi koma frá stofni til virðisaukaskatts og var því nauðsynlegt að samræma reglurnar enn frekar. Með 6. tilskipuninni um virðisaukaskatt, sem samþykkt var 1977 (tilsk. nr. 388/77) og kom til framkvæmda í ársbyrjun 1978, var skattstofninn samræmdur en skatthlutfallið var það hins vegar ekki. Stofnun innri markaðarins leiddi til þess að nauðsynlegt var að taka upp nýtt virðisaukaskattskerfi vegna viðskipta með vörur milli ESB-ríkja þar sem tollgæslu og þar með innheimtu gjalda var hætt á innri landamærum. Nýja kerfið tók gildi 1. janúar 1993. Nauðsynlegt var jafnframt að gera verulegar breytingar á virðisaukaskattskerfi aðildarríkjanna. Gert er ráð fyrir að þetta kerfi, sem byggist á því að virðisaukaskattur sé innheimtur á ákvörðunarstað vörunnar, sé tímabundið en við taki kerfi sem byggist á skattlagningu í upprunalandinu. Það á hins vegar ekki að leiða til þess að tekjur af virðisaukaskatti minnki. Framkvæmdastjórnin lagði fram tillögur að nýju kerfi árið 1996 sem gert var ráð fyrir að tæki gildi 2001 en þær tillögur hafa ekki náð fram að ganga og lítið hefur gerst í málinu frá því að tillögurnar voru lagðar fram.

2.2. Skattskyld velta, skattstofninn, hvað er skattlagt, hverjar eru undanþágurnar?

Til skattskyldrar veltu telst öll sala eða afhending vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi. Úttekt eiganda á vörum og eignum fyrirtækisins til eigin nota eða afhending þeirra til starfsmanna telst til skattskyldrar veltu enda hafi öflun verðmætanna í upphafi veitt rétt til innskatts. Sams konar regla gildir fyrir þjónustu og telst því þjónusta, sem eigandinn innir af hendi í eigin þágu eða í þágu starfsmanna ókeypis eða á lægra verði en gildir ella, til skattskyldrar veltu.

Skattskyldan tengist viðskiptum. Almenna reglan er sú að greiða á virðisaukaskatt af viðskiptum með vörur og þjónustu og af innflutningi til ESB. Með vörum er átt við áþreifanleg verðmæti en undir hugtakið fellur einnig rafmagn, varmi og önnur orka. Skattskyldan er þó takmörkuð bæði að því er varðar það hver stundar starfsemina og jafnframt eru tilteknar vörur og sum þjónusta skattfrjáls. Þannig er t.d. ýmis þjónusta, sem hið opinbera veitir eða sem veitt er í almannaþágu, undanþegin og jafnframt er unnt eða skylt að undanþiggja tilteknar tegundir vöru og þjónustu. Reynt er hins vegar að halda fjölda undanþágna í lágmarki og þeim hefur farið fækkandi á síðustu árum en sumum þeirra er ætlað að vera tímabundnar og tengjast aðlögun ríkjanna að virðisaukaskattskerfinu.

Ýmiss konar heilbrigðis- og félagsmálaþjónusta er undanþegin, svo sem læknisþjónusta, svo og kennsla, menningarstarfsemi og íþróttastarfsemi. Undanþágan er í sumum tilvikum takmörkuð við að hið opinbera veiti þjónustuna eða stofnanir eða samtök sem viðurkennd eru af hinu opinbera eða háð því skilyrði að starfsemin sé ekki rekin í hagnaðarskyni. Þetta á t.d. við um menningarstarfsemi, íþróttastarfsemi, þjónustu elliheimila og ýmiss konar velferðarþjónustu. Aðildarríkin geta sett nánari ákvæði um undanþágurnar þegar aðrir en hið op-

inbera veita þjónustuna. Góðgerðarstarfsemi, sem líknarfélög stunda, er undanþegin enda sé ágóðanum varið til líknarmála. Þjónusta, sem ýmiss konar félög, svo sem verkalýðsfélög, veita félagsmönnum í skiptum fyrir félagsgjald, er undanþegin enda sé starfsemin ekki rekin í hagnaðarskyni og ekki líkleg til að raska samkeppni. Póstþjónusta og vara henni tengd er undanþegin, sömuleiðis þjónusta banka, fjármálafyrirtækja og tryggingarfélaga og happdrætti og getraunastarfsemi samkvæmt nánari ákvæðum sem ríkin geta sett. Leiga fasteigna er undanþegin en sú undanþága tekur þó ekki til útleigu hótelherbergja og bifreiðastæða. Starfsemi opinberra útvarps- og sjónvarpsstöðva er undanþegin enda séu þær ekki reknar í viðskiptaskyni.

Í viðaukum við tilskipunina er tilgreind ýmiss konar þjónusta sem aðildarríkin geta undanþegið eða haldið áfram að skattleggja á meðan á aðlögunartímanum stendur. Ákvæðum þessum hefur farið fækkandi en jafnvel þótt aðlögunartíminn sé nú liðinn hafa undanþágurnar ekki horfið alveg enda þarf samhljóða samþykki í ráðherraráðinu til þess að breyta tilskipuninni. Meðal þess sem heimilt er að undanþiggja er t.d. aðgangur að íþróttaviðburðum, þjónusta listamanna og lögmanna, endurskoðenda, verkfræðinga og arkitekta, útfararþjónusta, farþegaflutningar og starfsemi ferðaskrifstofa að því er varðar ferðir innan ESB. Meðal þess sem má skattleggja er starfsemi opinberra sjónvarps- og útvarpsstöðva og viðskipti með byggingar enda sé seljandi skattskyldur og geti dregið innskattinn frá.

Ýmiss konar vara og þjónusta er undanþegin skattskyldri veltu. Þannig reiknast ekki útskattur á viðskiptin og má því segja að núllskattur leggist á þau. Þetta gildir t.d um sölu á vöru sem send er til þriðja ríkis, sölu á vöru og þjónustu til sendiráða, alþjóðastofnana og annarra sem njóta úrlendisréttar og ýmiss konar þjónustu sem innt er af hendi fyrir aðila búsetta í þriðju ríkjum jafnvel þótt vinnan fari fram innan ESB. Vistir, búnaður og eldsneyti, sem afhent er um borð í skip sem stunda siglingar á úthöfum með farþega gegn endurgjaldi eða eru notuð í tengslum við iðnað, fiskveiðar eða í viðskiptaskyni eða til björgunarstarfa, er undanþegið. Aðildarríkin geta hins vegar takmarkað gildissvið undanþágunnar og láta Danir t.d. þessa undanþágu aðeins ná til skipa í millilandasiglingum. Sala og útleiga skipa, skipasmíði og viðgerða- og viðhaldsvinna við skip og fastan útbúnað þeirra er undanþegin. Sambærilegar undanþágur gilda um flugvélar enda séu þær reknar af flugfélögum sem stunda aðallega millilandaflug gegn endurgjaldi. Ýmis annars konar þjónusta, sem tengist beint þörfum skipa og flugvéla, er undanþegin. Þjónusta, sem tengist útflutningi og innflutningi vöru sem er undir sérstakri tollmeðferð, t.d. í tollvörugeymslum, er undanþegin. Sama gildir um þjónustu millliliða sem koma fram í nafni annars aðila sem tengist þeirri þjónustu sem er undanþegin skattskyldri veltu, t.d. þjónustu aðila sem er milliliður um viðgerð á skipi.

Skilgreining á hugtakinu skattskyld velta og hugtökunum vöru og þjónustu er sambærileg í tilskipuninni og íslenskri löggjöf. Svipaðar reglur gilda um hvað er undanþegið skattskyldu, svo og hvað telst til skattskyldrar veltu. Hluti þeirrar starfsemi, sem aðildarríkin mega undanþiggja, er undanþegin hér á landi, svo sem fólksflutningar og aðgangseyrir að íþróttaviðburðum en annað ekki eins og starfsemi endurskoðenda, verkfræðinga, arkitekta og lögfræðinga. Ekkert væri því til fyrirstöðu að halda uppteknum hætti við skattlagningu þessara greina á Íslandi. Við aðild að Evrópusambandinu mundi hins vegar sala og afhending vöru og þjónustu til annarra ESB-ríkja ekki lengur teljast vera útflutningur og yrðu því viðskipti við þau skattskyld samkvæmt þeim reglum sem lýst er hér á eftir en óbreyttar reglur myndu hins vegar gilda um útflutning til þriðju ríkja.

2.3 Skattverð

Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og verðmætum, skattskyldri vinnu og þjónustu. Gerður er greinarmunur á skattverðinu eftir því hvort um innflutning er að ræða eða ekki.

Að því er varðar vörur og þjónustu, sem er innan ESB, gildir sú meginregla að skattverðið miðast við heildarendurgjald hins selda án vsk. Ef eigandi tekur út úr fyrirtækinu vöru eða þjónustu til eigin nota eða í þágu starfsmanna skal skattverðið miðast við verðmæti sambærilegrar vöru eða þjónustu.

Til skattverðsins telst m.a. eftirfarandi:

- Skattar og gjöld, þó ekki vsk.
- Ýmiss konar kostnaður sem tengist viðskiptunum eins og umboðslaun, umbúðakostnaður, sendingarkostnaður og vátryggingariðgjöld sem seljandinn krefur kaupandann eða viðskiptavininn um.

Til skattverðs telst ekki:

- Afsláttur sem veittur er vegna þess að greitt er fyrr en tilskilið er.
- Óskilyrtur afsláttur sem veittur er við afhendingu vörunnar eða þjónustunnar.
- Endurgreiddur kostnaður sem seljandinn hefur lagt út vegna kaupandans. Seljandinn verður að geta sannað slíkar greiðslur og hann getur ekki dregið innskatt vegna þeirra frá skattskyldri veltu.

Varðandi innfluttar vörur gildir sú regla að skattverðið miðast við tollverð vörunnar. Að því marki, sem það er ekki innifalið í tollverðinu, teljast skattar og gjöld með, þó ekki virðisaukaskattur, svo og ýmis viðbótarkostnaður eins og umbúðakostnaður og sendingarkostnaður. Hins vegar teljast afslættir þeir sem nefndir eru hér að framan ekki með.

Sérreglur gilda um ákvörðun skattverðs hjá þeim sem í viðskiptaskyni selja notaðar vörur, listaverk, söfnunargripi og antik. Hjá þeim reiknast skatturinn af álagningunni á vöruna eða mismun kaup- og söluverðs.

Almennu reglurnar um ákvörðun skattverðs eru svipaðar hérlendis og innan ESB en hins vegar gildir ekki hér á landi sérregla fyrir þá sem í atvinnuskyni selja notaða muni heldur gilda sömu reglur.

2.4. Skatthlutfall

Skatthlutfallið hefur ekki verið samræmt en aðildarríkin hafa komið sér saman um lágmarkshlutfall. Meginreglan er sú að skatturinn skuli að lágmarki nema 15% af skattverði en af tilteknum vörum eða þjónustu má hann vera lægri en þó ekki lægri en 5% og geta þessi lægri þrep verið tvö. Undir lægra þrep geta t.d. fallið matvörur, lyf, lækningatæki, bækur, tímarit og dagblöð, aðgangseyrir að ýmiss konar skemmtunum, svo sem leiksýningum og kvikmyndahúsum, vörur og þjónusta sem ætluð er til nota í landbúnaði, aðgangseyrir að íþróttaviðburðum og þjónusta tannlækna, lækna og góðgerðarfélaga að því marki sem hún er ekki undanþegin skattskyldu.

Ráðherraráðið samþykkti einnig nýlega að unnt væri að fella undir lægra þrep ýmiss konar þjónustu sem er í eðli sínu staðbundin en þessari breytingu er ætlað að auka atvinnu. Greinar, sem fallið geta þarna undir, eru t.d. starfsemi hárgreiðslustofa, viðgerðir á húsnæði og ýmiss konar smáviðgerðir en einkenni á þessum greinum er að efniskostnaður er oft tiltölulega lítill og lítið er um að þessi þjónusta sé sótt til annarra ríkja.

Auk þess geta aðildarríkin verið með núllskatt eða lægra hlutfall en 5% á meðan á aðlögunartímanum stendur í ákveðnum tilvikum að fullnægðum tilteknum skilyrðum.

Sérstakar undanþágur hafa verið veittar í undantekningartilfellum t.d. núllskattur á barnaföt í Bretlandi.

Hérlendis er virðisaukaskattur 24,5% en á tilteknum vörum og þjónustu er hann 14%, þ.e. á matvöru, útleigu hótelherbergja, afnotagjöldum útvarpsstöðva, tímaritum, dagblöðum og bókum á íslensku og heitu vatni, rafmagni og olíu til húshitunar.

Virðisaukaskattshlutföll 1. maí 1999 í ESB-ríkjum

Aðildarríki	Sérstakt lágt þrep*	Lægra þrep	Almennt þrep
Belgía	1	6	21
Danmörk	-	-	25
Þýskaland	-	7	16
Grikkland	4	8	18
Spánn	4	7	16
Frakkland	2,1/4	5,5	20,6
Írland	3,6	12,5	21
Ítalía	4	10	20
Lúxemborg	3	6	15
Holland	-	6	17,5
Austurríki	-	10/12	20
Portúgal	-	5/12	17
Finnland	-	8/7	22
Svíþjóð	-	6/12	25
Bretland	-	5	17,5

* Aðildarríki, sem voru með lægra þrep en 5% þegar lágmarkshlutföllin voru tekin upp, fengu að halda því. Þarna falla t.d. undir matvæli í Frakklandi (4%), lyf, bækur, blöð og tímarit á Ítalíu, í Grikklandi og í Lúxemborg. Þá er á Bretlandi og Írlandi núllskattur á lyf og barnaföt.

Hvar á að greiða skattinn, viðskipti milli ESB-ríka, viðskipti við þriðju ríki

Skattskyldan stofnast bæði vegna viðskipta innanlands og vegna innflutnings á vörum frá öðrum ríkjum. Við stofnun innri markaðarins varð að gera greinarmun á vöruviðskiptum innan ESB og við þriðju ríki.

Vöruviðskipti við þriðju ríki

Þegar vara er seld úr landi er ekki greiddur virðisaukaskattur við útflutning. Við innflutning vöru frá þriðju ríkjum er greiddur virðisaukaskattur við tollafgreiðslu í því landi þar sem hún er flutt inn svo og tollar og önnur gjöld eftir því sem við á.

Vöruviðskipti milli ESB-ríkja

Fyrir stofnun innri markaðarins var nauðsynlegt að gera breytingar á innheimtu virðisaukaskatts vegna viðskipta með vörur milli ESB-ríkja en fram til þess tíma hafði hann verið innheimtur við tollafgreiðslu eins og þegar um innflutning frá þriðju ríkjum var að ræða.

Valin var sú leið að við vöruviðskipti milli ESB-ríkja skyldi sú regla gilda að virðisaukaskattur yrði greiddur á áfangastað vörunnar eða í því landi þar sem varan er notuð (notkunarlandsregla). Framkvæmdastjórnin lagði upphaflega til að virðisaukaskattur yrði greiddur í landi seljanda eða í landinu þar sem varan er upprunnin (upprunalandsregla) en ekki náðist samstaða um þá leið þar sem það hefði brotið í bága við það meginsjónarmið að skatttekjurnar falli til þess lands þar sem vörunnar er neytt eða hún notuð. Ekki náðist samstaða um ann-

að kerfi eins og að jafna skatttekjurnar út miðað við neyslu í einstökum ríkjum og varð því niðurstaðan sú að taka upp áfangastaðarregluna tímabundið. Gert var ráð fyrir að nýtt kerfi yrði tekið upp eftir 1997 en það hefur ekki gerst enn en breytingu þyrfti að samþykkja samhljóða í ráðherraráðinu.

Við viðskipti með vörur milli ESB-ríkja stofnast skattskyldan við öflun vörunnar[1] en innflutningstímamarkið skiptir ekki lengur máli. Við skattlagninguna er hins vegar gerður greinarmunur eftir því hvort um sölu til skattskylds aðila er að ræða, aðila sem ekki er skattskyldur eða til einstaklinga.

Þegar um viðskipti er að ræða milli skattskyldra aðila er varan skattlögð á áfangastað. Afhending vöru milli ESB-ríkjanna leiðir þannig til skattskyldrar veltu í viðtökuríkinu og skatturinn reiknast og er innheimtur eftir þeim reglum sem þar gilda. Skatthlutfallið er þannig t.d. það sama og gildir fyrir sams konar innlenda vöru. Seljandinn selur hins vegar vöruna án skatts, þ.e. í reynd á núllskatti, en til þess að hann geti gert það verður viðskiptavinurinn að vera vsk.-skráður og varan að hafa farið úr landi. Á virðisaukaskattsskýrslu skráir seljandinn í sérstakan dálk sölu til annarra ESB-ríkja án skatts og á reikninga, sem hann gefur út, á hann að skrá bæði eigið vsk.-númer og númer viðskiptavinarins. Kaupandi skráir viðskiptin á skattskýrslu sína, þ.e. þau mynda skattskylda veltu hjá honum, og skilar skattinum að frádregnum innskatti fyrir sama tímabil samkvæmt þeim reglum sem gilda í viðkomandi landi.

Þegar kaupandinn er fyrirtæki eða stofnun, sem ekki er skattskyld eða undanþegin skatti, eins og banki eða vátryggingarfélag, er varan skattlögð í landi seljanda, þ.e. upprunalandinu, og enginn skattur er greiddur á áfangastað. Þegar árleg kaup fara hins vegar yfir tiltekið lágmark þurfa þessir aðilar að skrá sig og öll kaup eftir það eru skattlögð á áfangastað samkvæmt þeim reglum sem lýst var hér að framan. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir samkeppnisröskun og tekjutap í afhendingarríkinu. Aðildarríkin geta ákvarðað lágmarkið en það getur þó aldrei orðið lægra en 10.000 evrur. Kaup á nýjum farartækjum, tóbaki, áfengi og olíu, þ.e. vörum sem reglur um vörugjöld hafa verið settar um, eru ekki talin með þegar mörkin eru reiknuð út enda er virðisaukaskatturinn af þeim alltaf greiddur í notkunarríkinu.

Um einstaklinga gilda þær reglur að varan er skattlögð þar sem hún er keypt og er ekki skattlögð aftur í heimaríkinu. Sérreglur gilda þó um kaup á nýjum farartækjum, þ.e. vélknúnum ökutækjum, bátum og flugvélum, og fjarkaup yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Við kaup á nýjum farartækjum gildir sú regla að seljandinn leggur ekki á virðisaukaskatt en tilkynnir hins vegar söluna til skattyfirvalda. Kaupandinn greiðir skattinn í heimaríkinu og geta aðildarríkin ákveðið nánar fyrirkomulagið, svo sem að skatturinn greiðist þegar farartækið er skráð. Farartæki, t.d. bifreið, telst nýtt ef það hefur verið afhent í síðasta lagi sex mánuðum eftir að það var tekið fyrst í notkun eða ef búið er að keyra það minna en 6000 km. Nægjanlegt er að annað skilyrðið sé uppfyllt; ef bifreiðin er t.d. orðin tveggja ára en keyrð 5.000 km telst hún samt sem áður vera ný. Sambærilegar reglur gilda fyrir báta og flugvélar en þar er tímalengdin þrír mánuðir en notkunin er ákvörðuð út frá fjölda tíma sem tækin hafa verið í notkun.

---

[1] Með öflun (e=acquisition, d=erhvervelse) er átt við öflun réttarins að geta sem eigandi ráðið yfir vöru, sem er send eða flutt úr einu aðildarríki í annað til þess sem eignast vöruna af honum eða seljanda eða þriðja aðila fyrir þeirra hönd. Flutningur skattskylds aðila á vörum úr einu aðildarríki í annað telst jafngilda öflun vöru í notkunarríkinu. Ef fyrirtæki sendir t.d. útibúi sínu í öðru landi vöru telst það skattskyld afhending í því ríki jafnvel þótt engin eigendaskipti hafa farið fram. Hugtökin innflutningur og útflutningur áttu ekki lengur við vegna vöruviðskipta innan ESB og því var tekið upp nýtt hugtak til að ákvarða tímamark skattskyldunnar.

Þegar um fjarsölu er að ræða til einstaklinga ber að greiða skattinn í notkunarríkinu þegar árleg sala seljandans til sama aðildarríkis fer yfir 100.000 evrur. Einstök aðildarríki geta ákveðið mörkin lægri eða allt niður í 35.000 evrur ef þau telja hættu á samkeppnisröskun vegna mismunandi skatthlutfalla. Þannig er ekki unnt að reka póstverslun í stórum stíl frá aðildarríki þar sem skatturinn er lágur í því skyni að selja vöruna í landi þar sem skatturinn er hærri. Farartæki frá ESB-ríki eldra en sex mánaða og ekið meira en 6000 km yrði samkvæmt þessu undanþegið virðisaukaskatti við innflutning til Íslands enda væri það keypt og flutt inn af einstaklingi. Færu fyrirtæki hins vegar að stunda innflutning á notuðum bifreiðum frá ESB-ríkjum til endursölu yrði að greiða virðisaukaskatt af þeim viðskiptum. Þetta hefði hins vegar ekki áhrif á rétt Íslands til að innheimta vörugjöld af notuðum bifreiðum. Þeirri innheimtu mætti halda áfram enda væri vörugjaldið ekki innheimt í tolli eins og nú er heldur t.d. við það tímamark þegar bifreiðin er skráð hérlendis.

Þjónusta

Við kaup á þjónustu gildir sú meginregla að skatturinn greiðist í upprunalandinu. Gagnstætt því sem gildir um viðskipti með vörur er gert ráð fyrir að þetta sé endanlegt fyrirkomulag. Ákvæði, sem fjalla um hvar þjónustan er skattlögð, gera heldur ekki greinarmun á því hvort um viðskipti við þriðju ríki eða milli ESB-ríkja er að ræða.

Meginreglan er sú að litið er svo á að þjónustan sé afhent þar sem seljandi hefur starfstöð eða er heimilisfastur. Frá þessari reglu eru undanþágur og má skipta þeim í þrennt:

1. Þjónusta er tengist fasteignum, eins og þjónusta fasteignasala og annarra sérfræðinga, og þjónusta sem varðar undirbúning og stjórnun byggingarframkvæmda, svo sem vinna arkitekta og verkfræðinga, telst afhent í því ríki þar sem eignin er staðsett.
2. Eftirtalin þjónusta m.a. telst afhent í því ríki þar sem hún fer fram:
   - Þjónusta er snertir menningu, listir, íþróttir, vísindi, kennslu, skemmtanir og svipuð þjónusta, svo sem vinna skipuleggjenda.
   - Þjónusta tengd flutningum eins og lestun, losun og meðferð farms.
   - Verðmat á lausafé og vinna við lausafé, eins og viðgerðir.
3. Loks er litið svo á að ýmiss konar þjónusta sé afhent í því ríki þar sem viðskiptavinurinn hefur búsetu eða starfstöð. Þetta á við þegar þjónustan er veitt viðskiptavini sem býr í þriðja ríki og þegar viðskiptavinurinn er skattskyldur og býr í ESB-ríki en öðru ríki en seljandi þjónustunnar. Þetta á við um eftirfarandi þjónustugreinar:
   - Framsal höfundarréttar og annarra hugverkaréttinda.
   - Auglýsingastarfsemi.
   - Þjónustu ráðgjafa, lögfræðinga, verkfræðinga, ráðgjafafyrirtækja og endurskoðenda og skylda þjónustu, svo og hugbúnaðar- og upplýsingaþjónustu.
   - Þjónustu banka, fjármálafyrirtækja og tryggingarfyrirtækja.
   - Ráðningarþjónustu.
   - Þjónustu umboðsmanna þegar þeir í nafni annarra kaupa þjónustu sem fellur undir þennan lið.
   - Leigu lausafjármuna annarra en farartækja.

Það tímabundna fyrirkomulag, sem gildir um vörukaup milli aðildarríkjanna, gildir einnig að nokkru leyti um þjónustukaup sem tengjast vörukaupum. Flutningsþjónusta innan ESB er almennt skattlögð í því landi þar sem ferðin byrjar. Þegar flutt er á reikning virðisaukaskattsskráðs aðila í öðru aðildarríki er skatturinn hins vegar greiddur í því ríki. Viðskiptavinurinn greiðir en flutningsaðilinn gerir honum reikning án vsk.

Ábyrgð á skattgreiðslum

Meginreglan er sú að sá skattskyldi aðili, sem afhendir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, er ábyrgur fyrir skattgreiðslum af viðskiptunum. Sama gildir um þann sem fær vöru afhenta eða keypta vegna viðskipta milli ESB-ríkja enda skapast skattskylda við atvikið í viðkomandi landi en vöruviðskiptum milli ESB-ríkja var lýst hér að framan.

Reglurnar um skattlagningu viðskiptanna geta leitt til þess að sá skattskyldi er ekki búsettur í heimaríki t.d. þegar um póstverslun er að ræða. Þegar það á við geta aðildarríkin gert annan aðila ábyrgan fyrir greiðslu skattsins. Unnt er að ákveða t.d. að gera viðskiptavininn ábyrgan eða tilnefna sérstakan skattafulltrúa sem yrði þá ábyrgur. Í öllum ríkjum ESB nema Lúxemborg er heimilt að skipa skattafulltrúa en reglurnar, sem um þá gilda, eru mismunandi frá einu landi til annars.

Ýmsar undanþágur gilda frá ofangreindum reglum um ábyrgð á skattgreiðslum og má t.d. nefna að hverjum þeim sem á sök á því að skatturinn gjaldfellur vegna brota á reglum um tollvörugeymslur, t.d. vegna þess að vörur eru fjarlægðar úr geymslunni, ber að greiða skattinn. Við innflutning geta aðildarríkin ákveðið hver er ábyrgur. Hér á landi er ávallt seljandi vöru eða þjónustu ábyrgur fyrir greiðslu skattsins og þekkist ekki að viðskiptavinurinn verði ábyrgur. Við innflutning er innflytjandi ábyrgur fyrir greiðslunni.

Vsk.-skráning. Innheimta og eftirlit

Við afnám landamæraeftirlits fluttist innheimta virðisaukaskatts frá landamærunum og til fyrirtækjanna sjálfra en um innheimtuna og eftirlit með skattskilum fer eftir þeim reglum og starfsvenjum sem gilda um innlenda skattheimtu. Sú skylda hvílir á hverjum þeim sem er skattskyldur að tilkynna starfsemi sína þegar hún hefst og fá sér virðisaukaskattsnúmer. Jafnframt skal tilkynna um breytingar og þegar starfsemi er hætt. Lögaðilum, sem ekki eru skattskyldir eða aðilum sem eru það en eiga ekki rétt til frádráttar, er skylt að upplýsa um öflun vöru frá öðrum ESB-ríkjum og að skrá sig þegar farið er yfir ákveðin mörk. Ef svo er ekki þurfa þeir ekki að skrá sig. Hvert og eitt aðildarríki ákveður mörkin en þau mega þó ekki vera lægri en 10.000 evrur en eins og áður segir telst verðmæti nýrra farartækja, áfengis, tóbaks og olíu ekki með. Eins og hér á landi er heimilt að undanþiggja aðila með óverulega veltu skráningarskyldu. Hérlendis þurfa þeir sem selja vöru og þjónustu að verðmæti undir 220.000 krónum á tólf mánaða tímabili ekki að skrá sig en það er undir mörkunum samkvæmt tilskipuninni en þar er miðað við 5.000 evrur. Aðildarríkin geta einnig ákveðið að hafa skýrslugerðina einfaldari fyrir lítil fyrirtæki jafnvel þótt þau fari yfir veltumörkin. Í Danmörku gildir t.d. sú regla að lítil fyrirtæki í landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum skila virðisaukaskattsskýrslu tvisvar á ári.

Skattskyldum aðilum er skylt að halda bókhald og gefa út reikninga og skal þar koma fram verð án skatts, fjárhæð skattsins og þær undanþágur sem kunna að gilda en aðildarríkin geta sett nánari reglur um reikningsgerð. Skylt er að skila inn vsk.-skýrslu þar sem fram koma þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að reikna skattinn út. Aðildarríkin geta ákveðið hvenær á að skila skýrslu en það má þó ekki vera seinna en tveimur mánuðum eftir lok uppgjörstímabils. Þá hafa þau nokkurt svigrúm til að ákveða uppgjörstímabil og getur það verið einn eða tveir mánuðir eða ársfjórðungur. Þegar skýrslunni er skilað á að greiða mismun útskatts og innskatts tímabilsins en aðildarríkin geta þó ákveðið annan gjalddaga. Aðildarríkjunum ber jafnframt að sjá til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja skattskil þegar aðrir en hinn skattskyldi aðili bera ábyrgð á greiðslu skattsins en það á við þegar hinn skattskyldi er búsettur í öðru landi.

Auk virðisaukaskattsskýrslunnar þurfa skattskyldir aðilar að skila inn svokölluðum sölulistum um sölu til virðisaukaskattsskráðra aðila í öðrum ESB-ríkjum en tilgangurinn er að auðvelda eftirlit með sölu milli landanna. Listunum er yfirleitt skilað ársfjórðungslega en þá kemur fram vsk.-númer seljanda, kaupanda og heildarsalan til hvers kaupanda.

Ráðherraráðið samþykkti árið 1992 reglugerð um samvinnu stjórnvalda vegna óbeinna skatta. Reglugerðin fjallar um meðhöndlun þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru í tengslum við eftirlit með óbeinum sköttum og hvernig upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna eiga sér stað. Jafnframt er í reglugerðinni ákvæði um hvernig samvinnu ríkjanna skuli hagað til þess að tryggja eftirlit með skattheimtu eftir brottfall innri landamæra. Aðildarríkin eiga að safna í gagnagrunn upplýsingum um virðisaukaskattsnúmer og upplýsingum úr vsk.-skýrslunum og sölulistunum. Önnur aðildarríki geta fengið upplýsingar úr gagnagrunninum sem þau meðhöndla sem trúnaðarmál en fyrirtæki geta einnig fengið staðfestingu á vsk.-númerum viðskiptavina sinna.

Hér á landi gildir sú regla að í vöruviðskiptum við önnur ríki er virðisaukaskattur greiddur við afgreiðslu í tolli við innflutning en aðilar geta þó fengið gjaldfrest á honum. Við aðild mundi skatturinn hins vegar vera greiddur eftir sömu reglum og gilda um viðskipti innan lands, þ.e. kaupin yrðu skráð á virðisaukaskattsskýrsluna og skattinum skilað ásamt öðrum útskatti á gjalddaga. Við útflutning til ESB-ríkja yrði salan skráð en enginn skattur greiddur frekar en nú er nema í þeim fáu tilvikum þegar virðisaukaskattur er greiddur í söluríkinu, sbr. hér framar, en í því tilviki yrði hann ekki greiddur aftur í innflutningsríkinu. Við almenna vörusölu yrði skatturinn hins vegar greiddur í innflutningsríkinu en þar væri hins vegar ekki um nýjar álögur að ræða þar sem innflytjendur íslenskrar vöru þurfa nú þegar að greiða virðisaukaskatt af henni við innflutninginn.

Reglur um innheimtu virðisaukaskatts vegna viðskipta við þriðju ríki yrðu hins vegar óbreyttar og áhrifin af upptöku nýs kerfis yrðu lítil fyrir þá sem ekki stunda viðskipti við ESB-ríki. Aðilar, sem stunda þjónustu í ESB-ríkjum, gætu þurft að skrá sig í öðrum ríkjum eða hugsanlega nota skattafulltrúa þegar þeir selja þjónustu sem telst afhent í landi kaupanda og skattlagningarrétturinn tilheyrir því ríki.

Þær almennu reglur, sem gilda um uppgjörstímabil og gjalddaga, eru í samræmi við þær reglur sem lýst er hér að framan en sú skylda að skrá sérstaklega sölu til ESB-ríkja og skila sölulistum á sér hins vegar ekki hliðstæðu hérlendis. Þetta gæti leitt til aukinnar vinnu við skýrslugerð fyrir íslensk fyrirtæki en á móti kæmi að ekki þyrfti lengur að fylla út tollskýrslu vegna vörukaupa frá ESB-ríkjum. Á sama hátt myndu innflytjendur íslenskrar vöru í ESB-ríkjum ekki þurfa að tollafgreiða vöruna og fylla út tollskýrslu og gæti það stytt afhendingartíma vörunnar.

3. Vörugjöld

Helstu tilskipanir um ýmiss konar vörugjöld voru settar árið 1992 eða skömmu áður en innri markaðurinn varð að veruleika. Í tilskipun nr. 92/12/EBE, um vörugjöld, er fjallað um hvernig skattlagningin á sér stað í viðskiptum milli aðildarríkjanna með vörur á þeim sviðum þar sem gjaldtakan hefur verið samræmd að einhverju leyti. Skattlagning á sér stað þar sem vörunnar er aflað ef hún er ætluð til einkanota og viðkomandi einstaklingur flytur hana með sér; í öllum öðrum tilvikum er varan skattlögð á áfangastað, þ.e. notkunarlandsreglan gildir fyrir meginþorra viðskipta milli aðildarríkjanna. Gengið er út frá því að þetta sé endanlegt fyrirkomulag gagnstætt því sem gildir um virðisaukaskatt á vörur, sbr. hér framar.

Gjaldtakan hefur verið samræmd fyrir áfengi, tóbak og olíu en aðildarríkin geta lagt gjöld á aðrar vörur svo framarlega sem gjaldtakan fer ekki fram við innri landamærin og að megin-

reglur Rómarsamningsins séu virtar. Tvenns konar tilskipanir hafa verið settar fyrir þessar vörur. Annars vegar er í gildi tilskipun fyrir hvert þessara sviða, sem setur reglur um hvaða vörur eigi að skattleggja og hver gjaldstofninn er og hins vegar er fjallað um gjaldhlutfallið í sérstökum tilskipunum.

Áfengisgjald

Reglurnar um gjaldtöku á áfengi eru mismunandi eftir því um hvers konar áfengi eða áfenga drykki er að ræða. Sérstakar reglur gilda um gjaldtöku á bjór, aðrar um vín og millisterkt áfengi og enn aðrar um brennda drykki. Reglur um framkvæmd skattlagningarinnar, svo sem ábyrgð, innheimtu og eftirlit, eru hins vegar þær sömu fyrir allar þessar áfengistegundir.

Gjaldið á bjór, vöruliður 2203 í tollskrá, og blöndu bjórs og óáfengra drykkja, vöruliður 2206, reiknast eftir lítrafjölda og áfengismagni í vörunni. Gjaldið hækkar með vínandamagni. Hvert aðildarríki getur þó ákveðið að gjaldið sé lægra fyrir bjór með áfengismagn allt að 2,8% eða að slíkur bjór sé gjaldfrjáls. Einnig má kveða á um lægra áfengisgjald, allt að helmingi lægra en almennt gildir í viðkomandi ríki, vegna bjórs sem framleiddur er af ölgerðum sem framleiða allt að 200.000 hektólítra af bjór árlega.

Gjaldið fyrir gerjað áfengi, þ.e. vín, allt að 15% að styrkleika, og millisterkt vín, allt að 22% að styrkleika, reiknast eftir lítrafjölda en sama skatthlutfallið gildir fyrir þessa vöru, þ.e. vínandamagnið skiptir ekki máli. Samt sem áður er hægt að hafa gjaldið lægra fyrir vín þar sem vínandamagnið er minna en 8,5% og millisterkt vín sem er undir 15% að styrkleika.

Um brennda drykki, þ.e. etylalkóhól í vöruliðum 2207 og 2208 og áfengi í vöruliðum 2204, 2205 og 2206, sem er sterkara en 22%, gildir sú regla að gjaldið reiknast eftir vínandalítrum, þ.e. gjaldið reiknast eftir raunverulegu magni vínanda í vörunni. Gjaldið reiknast aldrei út frá verðmæti vörunnar hvort sem um er að ræða bjór, vín eða brennda drykki.

Í tilskipuninni er kveðið á um lágmarksgjaldhlutfall en aðildarríkin geta haft hlutfallið hærra, þ.e.:

Bjór:

0,748 evrur á hvern hektólítra miðað við hlutfall Plato;[1]

1,87 evrur á hvern hektólítra miðað við hlutfall vínanda í tilbúnum bjór;

Vín: 0 evrur á hvern hektólítra;

Millisterkt vín: 45 evrur á hvern hektólítra;

Brenndir drykkir: 550 evrur á hvern hektólítra vínanda.

Aðildarríkin eiga að undanþiggja áfengi, sem gert hefur verið ónothæft til drykkjar, gjaldi. Sama gildir um áfengi sem notað er í framleiðslu ediks, lyfja og matvæla, svo sem súkkulaðis, en þegar um matvælaframleiðslu er að ræða má vínandamagnið ekki fara yfir ákveðin mörk. Aðildarríkjunum er jafnframt heimilt að undanþiggja áfengi, sem notað er í vísindaskyni og vegna lækninga, t.d. á sjúkrahúsum og lyfjabúðum, gjaldi. Spíri, sem viðurkenndir framleiðendur áfengra drykkja flytja inn til framleiðslu sinnar, er einnig undanþeginn. Framleiðendurnir greiða síðan gjaldið af framleiðslunni en áfengið er venjulega framleitt á frísvæðum og gjaldið greitt þegar drykkirnir eru teknir af svæðinu.

[1] Mælieiningin er notuð til að mæla þurrefnisinnihald eða eðlisþyngd ógerjaðrar virtrar sem er vökvinn sem breytist í bjór við gerjun. 1% vínandainnihald miðað við rúmmál jafngildir u.þ.b. 2,5% Plato. Mismunandi gjaldhlutföll taka mið af þessu. Heimilt er að skipta bjór í gjaldflokka og reikna gjaldið út frá lítrafjölda ef ákveðið er að miða gjaldið við þetta hlutfall og hafa t.d. Danir gert það.

Áfengisgjald hérlendis er greitt af áfengi sem inniheldur meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli miðað við 20cl. Áfengisgjaldið reiknast út frá sentilítrum af vínanda í hverjum lítra hins áfenga drykkjar. Af öli og drykkjum, sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykkjum, er gjaldið 58,70 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra. Af víni og annarri gerjaðri drykkjarvöru að hámarki 15% að styrkleika reiknast 52,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25% sentilítra. Af öðru áfengi, þ.e. brenndum drykkjum, reiknast 57,50 kr. Áfengisgjaldið af 40% sterku vodka er því 2.300 kr. svo að dæmi sé tekið. Gjaldið er þannig línulegt og vex með vínandamagni að því undanskildu að fyrstu 2,25 sentilítrarnir í bjór og víni eru undanþegnir gjaldi. Útreikningur gjaldsins er því nokkuð annar en gildir innan ESB, sbr. hér framar, og mundi þurfa að breyta því með aðild. Það þyrfti hins vegar ekki að lækka gjöldin.

Ýmsar undanþágur eru frá gjaldtöku í íslensku lögunum, t.d. vegna framleiðslu áfengra drykkja, vegna lyfjanotkunar, til efnarannsókna, náttúrugripasafna og til iðnþarfa. Matvælafyrirtæki geta t.d. fengið sérstakt leyfi ríkisskattstjóra til að kaupa áfengi án gjalda enda sé það notað í framleiðslu þeirra. Þessir drykkir eru gjaldskyldir við sölu frá framleiðanda.

Tóbaksgjald

Gerður er greinarmunur á sígarettum og öðru unnu tóbaki (þ.e. vindlum, smávindlum, neftóbaki og þess háttar). Þegar um unnið tóbak er að ræða geta aðildarríkin ákveðið að miða gjaldið við verðmæti, magn eða blöndu hvors tveggja. Gjaldið á sígarettur reiknast bæði sem sérstakt gjald á einingu (stykkjagjald) og eftir verðmæti, samanlagt skal gjaldið nema a.m.k. 57% af smásöluverði vinsælustu verðtegundanna að meðtöldum öllum sköttum á vörunni, þ.m.t. vsk., en stykkjagjaldið á að nema 5–55% af heildargjaldinu.

Tilskipunin kveður aðeins á um lágmarksgjald og er aðildarríkjunum því frjálst að hafa það hærra. Aðildarríkin geta brugðist við lágu verði á tilteknum sígarettutegundum með því að kveða á um að gjaldið geti aldrei farið niður fyrir tiltekið lágmark enda fari skatturinn ekki yfir 90% af skattbyrði vinsælustu tegundanna. Ef heildarskatturinn af vinsælli tegund, þ.e. vörugjald og virðisaukaskattur, næmi t.d. 89 en af nýrri tegund 55 reiknað eftir sömu reglum, væri unnt að hækka skattinn af þeirri tegund þannig að skatturinn næði 90% af skattbyrði vinsælu tegundarinnar eða 66,75 í stað 55. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að reglurnar séu sniðgengnar með óvenjulágu verði á sígarettum.

Ekki eru í gildi hér á landi sérstök lög um gjald af tóbaki heldur á gjaldtakan sér stað í gegnum álagningarreglur Áfengis- og tóbaksverslunarinnar sem hefur einkarétt á innflutningi, framleiðslu og heildsöludreifingu tóbaks. Þær reglur gera ráð fyrir að á heildsölustiginu sé innheimt magnálag á tóbak. Gjaldið nemur 1,97 kr. á hvert byrjað gramm af neftóbaki, 5,20 kr. á hvert byrjað gramm af reyktóbaki og vindlum en 1.454,850 kr. á hvert byrjað karton af sígarettum. Við þetta bætist svo heildsöluálagning ÁTVR sem er 11,4%. Auk þess er innheimtur tollur af tóbaki.

Olíugjald

Ítarlegar reglur gilda um olíugjald en þær gefa þó aðildarríkjunum ákveðið svigrúm til að nota lausnir sem henta aðstæðum í viðkomandi ríki. Um olíugjald er fjallað í tilskipun nr. 92/81/EBE og nr. 92/82/EBE sem fjallar um gjaldhlutföllin.

Reglurnar um olíugjald taka m.a. til tjöru, hráolíu, bensíns, dísilolíu, upphitunarolíu, steinolíu, smurolíu og ýmissa vara í vörulið 2711 eins og metans og própans. Þá tekur gjaldskyldan til ýmissa kolvatnsefna í vöruliðum 2901 og 2902 og ýmissa smurbætiefna, tæringarvarnarefna og tilbúinna íblönduefna í vörulið 3811. Jarðgas og kol fellur hins vegar ekki undir gjaldskylduna en leggja má á þau önnur gjöld. Settar hafa verið reglur um lágmarkshlutföll

fyrir þær vörur sem mest eru notaðar. Séu vörurnar ekki nefndar í gjaldhlutfallstilskipuninni er eingöngu hægt að leggja á þau gjöld ef olían er ætluð til upphitunar eða sem eldsneyti á vélar. Tilskipunin kveður á um lágmarksgjaldhlutföll og miðast gjaldhlutföllin ýmist við 1000 lítra eða 1000 kíló.

Helstu gjaldhlutföll í evrum:

- Bensín með blýi 337 miðað við lítra .
- Blýlaust bensín 287 miðað við lítra.
- Gasolía (dísilolía) fer eftir notkun, t.d. sem eldsneyti 245 miðað við lítra.
- Smurolía og aðar þykkar olíur 13 miðað við kíló.
- Fljótandi jarðgas og metan fer eftir notkun, til eldnseytisnotkunar 100, miðað við kíló.
- Steinolía fer eftir notkun, til eldnseytisnotkunar 245 miðað við lítra.

Almenna reglan er sú að einstök ríki geta ekki undanþegið vörur eða tiltekna notkun gjöldum eða haft þau lægri en almennt gildir fyrir vörutegundina ef slíkt er ekki heimilað í tilskipuninni.

Eftirtalin notkun á olíu er undanþegin gjaldtöku:

Olía sem notuð er í öðru skyni en sem eldsneyti á vélar eða til upphitunar.

Olía sem notuð er sem eldsneyti fyrir flugvélar, aðrar en einkaflugvélar. Þessa undanþágu má takmarka við þotueldsneyti.

Olía sem afhent er sem eldsneyti fyrir skip og báta vegna siglingar og fiskveiða í lögsögu aðildarríkjanna. Undanþágan tekur ekki til skemmtibáta eða frístundabáta.

Olía sett á miðstöðvarkatla þar sem koks er aðalorkugjafinn.

Aðildarríkin geta undanþegið, án þess að fá til þess samþykki ráðherraráðsins, tiltekna notkun gjaldtöku.

Helstu undanþágur sem falla undir þennan lið eru:

Olíunotkun í farartækjum á skipgengum vatnaleiðum innan lands, þó ekki skemmtibátum.

Olíunotkun í landbúnaði, garðyrkju, skógrækt og fiskveiði í ám og vötnum.

Rafmagnsframleiðsla og notkun í orkuveitum.

Tilraunaverkefni sem tengjast þróun á umhverfisvænum vörum, sérstaklega að því er varðar þróun eldsneytis úr endurnýjanlegum auðlindum.

Heimilt er að hafa gjaldið lægra fyrir t.d. kyrrstæðar vélar, tæki og vélar sem eru notaðar við verkframkvæmdir og ökutæki sem ekki eru ætluð til nokunar á almennum vegum, eins og dráttarvélar.

Loks geta aðildarríkin, að undangenginni umsókn, tekið upp lægra gjald eða undanþegið algerlega tiltekna notkun ef sérstök pólitísk sjónarmið mæla með því. Slíkar ákvarðanir eru teknar af ráðherraráðinu samhljóða að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Ýmsar slíkar undanþágur hafa verið veittar. Danmörk hefur t.d. fengið heimild til að hafa gjaldið mismunandi fyrir bensín og dísilolíu eftir því hversu skaðleg umhverfinu bensínið eða olían er.

Gjaldtaka vegna notkunar þungra ökutækja á vegum

Um mitt þetta ár kemur til framkvæmda tilskipun um gjaldtöku á þunga ökutækja vegna notkunar þeirra á vegum og öðrum vegamannvirkjum eins og göngum og brúm. Tilskipun um sama efni var samþykkt fyrir nokkrum árum en dómstóllinn ógilti hana. Með þungum ökutækjum er átt við flutningabifreiðar yfir 12 tonn að heildarþyngd. Á þessa bíla á að leggja gjald og eru tilgreind lágmarksgjöld vegna þeirra ökutækjaskatta sem eru í gildi í aðildarríkjunum en í tilskipuninni kemur fram við hvaða gjöld er átt. Lágmarksfjárhæðirnar eru mis-

munandi eftir þyngd bifreiðarinnar, fjölda öxla og hvort bifreiðarnar eru með loftfjöðrun (hleðslujöfnun) og er gjaldið lægra af bifreið með slíkan búnað. Árlegt gjald fyrir 40 tonna, fimm öxla dráttarbíl með festi- eða tengivagni er t.d. 628 evrur ef hann er með loftfjöðrun en 929 evrur annars.

Aðildarríkin hafa frjálsræði um hvernig þau leggja á gjöldin og innheimta þau en þau verða þá að gæta þess að gjaldtakan sé ekki lægri en lágmarkið kveður á um. Tilskipunin hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að leggja vörugjöld á ökutæki. Þá eru í tilskipuninni settar almennar reglur um álagningu og innheimtu veggjalda en þau geta verið tvenns konar; annars vegar að greitt sé fyrir ákveðna vegalengd (vegtollur) eða fyrir notkun (notkunargjald) í tiltekinn tíma. Engin skylda er til að taka upp veggjöld, tilgreint er hvað notkunargjaldið má hæst vera en ekkert kveðið á um fjárhæð vegtollsins.

Gjaldtaka á olíu hérlendis

Hérlendis er ekki í gildi almenn gjaldtaka á olíu. Af bensíni er greitt 10,50 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni auk bensíngjalds sem nemur 28,60 kr. af hverjum lítra af blýlausu bensíni en 30,43 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni. Þá greiða eigendur dísilbifreiða þungaskatt af bifreiðum sínum sem segja má að komi í stað skattsins sem eigendur bensínbifreiða greiða í bensínverðinu. Þungaskattur er innheimtur ýmist sem fast gjald eða sem kílómetragjald samkvæmt ökumæli. Fasta gjaldið fer eftir þyngd ökutækisins en af ökutækjum yfir 4.000 kg af leyfðri heildarþyngd er ekki hægt að velja um fast gjald og er því greitt af þeim kílómetragjald samkvæmt ökumæli, svo og af eftirvögnum sem eru yfir 6.000 kg eða meira af leyfðri heildarþyngd.

Við aðild að ESB yrði að taka upp almenna gjaldtöku af olíu og m.a. virða þau lágmörk, sem eru í gildi, og reglur um útreikning gjaldsins og taka yrði reglur um þungaskatt til endurskoðunar. Jafnframt yrði að taka upp olíugjald á þær vörur sem eru gjaldskyldar samkvæmt reglunum. Slíkar breytingar ættu ekki að þurfa að hafa áhrif á tekjur af gjöldunum á þessum sviðum.

Með lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, var ákveðið að taka upp vörugjald af gas- og dísilolíu sem endurgreiða ætti ef olían væri til annarra nota en aksturs skráningarskyldra ökutækja. Átti gjaldið að vera 38,50 kr. á hvern lítra dísilolíu. Lögin áttu upphaflega að taka gildi 1. janúar 1996 og koma í stað þungaskattskerfisins. Með lögum nr. 120/1995 var gildistöku þeirra frestað til 1. janúar 1998 þar sem talið var að heppilegra væri að skoða þann kost að taka upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu í stað endurgreiðslukerfis. Lituð gjaldfrjáls olía átti að vera nýtt til annarra nota en aksturs skráningarskyldra ökutækja. Í framhaldi af því var lagt fram frumvarp um litun gjaldfrjálsrar olíu sem taka átti gildi 1. janúar 1999. Frumvarpið náði ekki fram að ganga þar sem það þótti of kostnaðarsamt að lita olíuna til gjaldfrjálsra nota miðað við þann kostnað sem er af rekstri þungaskattskerfisins. Lögin um olíugjald voru því felld úr gildi með lögum nr. 83/1998.

Álagning vörugjalda á Íslandi

Hérlendis á sér stað umfangsmikil álagning vörugjalda. Auk vörugjalda á bensín og bifreiðar eru lögð vörugjöld á ýmis matvæli og er þá gjaldið miðað við kr./kg og á yfir 400 vöruliði í iðnaðarvöruköflum tollskrárinnar er lagt vörugjald sem ýmist er 15%, 20% eða 25%. Þetta eru vörur eins og ýmiss konar byggingarvörur, snyrtivörur, hreinlætisvörur, raftæki og húsgögn. Þrátt fyrir aðild að ESB ætti að vera unnt að halda innheimtu vörugjalda áfram í svipuðu horfi að gættum þeim meginsjónarmiðum um innheimtu vörugjalda sem rakin voru hér að framan. Ákvæðum um innheimtu og uppgjör vörugjalda í lögum um

vörugjald var breytt fyrir nokkrum árum þar sem þáverandi ákvæði voru talin brot á EES-samningnum. Gilda nú svipaðar reglur fyrir alla vörugjaldsskráða aðila, hvort sem þeir flytja inn gjaldskylda vöru til endursölu eða framleiða hana innanlands. Vörugjaldið er ekki lengur innheimt í tolli heldur er vörugjaldið greitt bæði vegna innflutnings til endursölu og innlendrar framleiðslu á tilteknum gjalddögum eftir lok uppgjörstímabils sem er tveir mánuðir. Ekki verður séð að þessu þyrfti að breyta við ESB-aðild en hins vegar þyrfti að breyta reglunni sem gildir um eintaklinga en hjá þeim er vörugjaldið innheimt í tolli. Hækkun tolla á einstökum vöruliðum vegna aðildar gæti hins vegar leitt til þess að rétt þætti að lækka vörugjöldin á þessum vörum þar sem hún yrði annars of dýr.

Viðskipti milli aðildarríkjanna með skattlagðar vörur, þ.e. áfengi, tóbak og olíu

Um þetta er fjallað í tilskipun 92/12/EBE. Í tilskipuninni er byggt á því meginsjónarmiði að gjaldtakan á sér ekki stað á innri landamærum og engin vara á að vera tvískattlögð, þ.e. skattlögð í fleiri en einu ríki, eða óskattlögð eftir að hún hefur verið tekin í notkun. Fram til 1. júlí 1999 gátu ferðamenn flutt með sér gjaldfrjálst tiltekið magn áfengis og tóbaks þegar þeir fóru úr einu aðildarríki í annað. Þær heimildir hafa nú verið felldar brott vegna ferða milli aðildarríkjanna en gilda hins vegar áfram vegna ferða frá þriðju ríkjum, svo sem Íslandi.

Gjaldskyldan stofnast þegar varan er afhent til notkunar sem getur t.d. átt sér stað við innflutning frá þriðja ríki, við framleiðslu innan ESB eða þegar varan er tekin úr tollvörugeymslu eða af frísvæði. Aðildarríkin setja nánari reglur um framkvæmd skattlagningarinnar og innheimtu, t.d. skráningu, lengd uppgjörstímabila og gjaldfresti.

Í tilskipuninni er gerður greinarmunur á gjaldtökunni eftir því hvort um kaup í viðskiptaskyni eða til einkanota er að ræða.

Um kaup í viðskiptaskyni gildir að gjaldtakan á sér stað í landinu þar sem varan er notuð, þ.e. notkunarlandsreglan gildir. Þetta á líka við um fjarsölu til einstaklinga, t.d. kaup á netinu, og er þannig ólíkt því sem gildir um virðisaukaskatt þar sem kaup undir ákveðnum mörkum eru skattlögð í ríki seljanda. Unnt er að geyma vörur gjaldfrjálst í tollvörugeymslum og flytja óskattlagðar vörur til innan sambandsins milli tollvörugeymslna eða vegna umflutnings (transit) og stofnast gjaldskyldan þá ekki fyrr en ástandinu lýkur, t.d. varan er tekin úr tollvörugeymslu. Í tilskipuninni eru ítarlegar reglur um meðferð slíkrar vöru og þau skírteini sem þurfa að fylgja henni.

Þegar einstaklingar kaupa vörur til einkanota og flytja hana sjálfir á að greiða gjaldið í því landi þar sem kaupin eiga sér stað (upprunalandinu). Þetta gildir ekki um fjarkaup eins og áður sagði.

Aðildarríkin geta sett viðmiðunarmörk til þess að greina á milli einkanota og notkunar í viðskiptaskyni vegna flutnings á áfengi og tóbaki milli aðildarríkjanna. Þessi viðmiðunarmörk mega ekki vera lægri en:

- 10 lítrar af brenndum drykkjum;
- 20 lítrar af millisterku víni;
- 90 lítrar af víni;
- 110 lítrar af bjór;
- 800 sígarettur;
- 400 smávindlar;
- 200 vindlar;
- 1 kíló af reyktóbaki.

Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð hefur verið heimilt að hafa þessi mörk lægri og jafnframt geta Danmörk og Finnland viðhaft þá reglu að eingöngu einstaklingar, sem hafa verið lengur

en 24 tíma í burtu, geti flutt inn tóbak og áfengi án frekari gjaldtöku. Mega þessi ríki halda uppi nauðsynlegu eftirliti til að framfylgja reglunni. Finnland samdi t.d. um undanþágu til 2004 og fram að þeim tíma eiga Finnar smám saman að auka magnið sem einstaklingar mega taka með sér. Núverandi mörk eru 5 lítrar af víni, 3 lítrar af millisterku víni, 1 lítri af brenndum drykkjum, 15 lítrar af öli og 300 sígarettur. Svíar sömdu um svipaðar undanþágur að því er varðar magn innflutnings en undanþágan á að falla niður um mitt þetta ár. Þeir hafa nú sæst á aðlögun svipaða þeirri sem Finnar fengu.

Um olíukaup gildir að greiða þarf gjaldið í notkunarríkinu ef olían er flutt á óhefðbundinn hátt, þ.e. á annan hátt en í tanki eða vél farartækisins. Þannig er greitt í Þýskalandi gjald t.d. á bensín eða dísilolíu sem fyllt er á tankinn á bíl í Þýskalandi sem keyrir síðan á því um Frakkland.

Þær reglur, sem lýst var hér að framan varðandi viðmiðunarmörk fyrir áfengis- og tóbakskaup, fjalla um hve mikið af skattlagðri vöru einstaklingar geta flutt með sér milli aðildarríkjanna og eru því ekki alveg sambærilegar við þær reglur sem gilda um tollfrjálsan farangur ferðamanna hér á landi. Samkvæmt þeim reglum gildir að ferðamenn mega taka með sér einn lítra af sterku áfengi og einn lítra af víni eða 6 lítra af öli en reglur fyrir skipverja í ferðum, sem taka 15 daga eða meira, eru aðeins rýmri. Þá mega ferðamenn taka með sér 200 stykki af sígarettum en sjómenn í lengri ferðum 400 stykki. Gjald á áfengi og tóbak á Íslandi er hærra en lágmörkin sem kveðið er á um í tilskipunum og gjöldin eru hærri en í mörgum ESB-ríkjum. Yrði Ísland við aðild að ESB að taka upp framangreindar reglur um einkainnkaup á áfengi og tóbaki er líklegt að það mundi draga úr sölu ÁTVR á þessum vörum og þar með hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af einkasölunni. Hlyti það óhjákvæmilega að hafa þau áhrif að gjöldin yrðu lækkuð. Erfitt er hins vegar að meta þessi áhrif og ólíklegt er að áhrifin gætu orðið eins mikil og t.d. í Svíþjóð eða Finnlandi þar sem hár ferða- og flutningskostnaður mundi að einhverju leyti vega upp sparnaðinn af því að kaupa áfengi og tóbak í öðrum Evrópuríkjum.

Skattlagning orku

Tillaga að nýrri tilskipun um orkuskatt var lögð fram af framkvæmdastjórn ESB í mars 1997. Yfirlýstur tilgangur þessarar skattlagningar er tvíþættur, annars vegar að jafna samkeppnisskilyrði á hinum sameiginlega markaði með samræmdri skattlagningu á orku og hins vegar að hvetja ríki til að ná umhverfismarkmiðum sínum með skattaaðgerðum. Tillagan felur í sér útvíkkun á gildandi reglum um orkuskatt þannig að þær nái til allra orkugjafa, svo sem raforku, gass og kola, en nú tekur þessi skattlagning eingöngu til tiltekinnar notkunar á olíu eins og lýst er hér að framan. Gert er ráð fyrir tilteknum lágmarksskatti sem á að hækka í nokkrum áföngum en jafnframt fá aðildarríkin tækifæri til að laga skattkerfi sitt að því sem hentar í viðkomandi landi. Ekki hefur náðst samstaða um þessa tillögu þar sem sum ríki telja hana geta haft alvarleg, neikvæð efnahagsleg áhrif en hún var síðast rædd á fundi fjármálaráðherra ESB í maí 1999. Reynt var að ná málamiðlun á fundinum sem fólst í aðlögunartíma fyrir sum aðildarríki og undanþágum á skattlagningu á sumar orkutegundir. Það tókst hins vegar ekki og virðist nú sem tillagan hafi verið lögð til hliðar en það voru einkum Spánverjar sem voru henni andsnúnir.

4. Beinir skattar

Eins og fram kom í inngangi er í Rómarsamningnum ekki fjallað sérstaklega um samræmingu beinna skatta. Ekki eru uppi um það áform innan Evrópusambandsins að samræma skatta fyrirtækja eða tekjuskatta einstaklinga. Hins vegar hefur verið talið nauðsynlegt að

setja reglur á afmörkuðum sviðum í því skyni að koma í veg fyrir skaðlega skattasamkeppni og tryggja starfsemi innri markaðarins. Settar hafa verið tvær tilskipanir, nr. 90/434/EBE og 90/435/EBE, er varða afmarkaða þætti í skattlagningu fyrirtækja en aðrar tillögur, sem miða að því að draga úr skaðlegri skattasamkeppni, hafa ekki náð fram að ganga eins og tillaga um skattlagningu vaxtatekna.

Nánar um reglur á sviði beinna skatta

Tilskipununum er ætlað að koma í veg fyrir að skattareglur hindri starfsemi fyrirtækja sem starfa í fleiri en einu aðildarríki. Annarri tilskipuninni er ætlað að auðvelda starfsemi móður- og dótturfélaga sem starfrækt eru í mismunandi aðildarríkjum en hinni að auðvelda samruna og uppskiptingu félaga sem starfa í fleiri en einu aðildarríki.

Í tilskipun nr. 90/434/EBE eru settar reglur um skattlagningu vegna samruna félaga í mismunandi aðildarríkjum, uppskiptingar þeirra, framsals fyrirtækis að hluta og þess að skipst er á hlutabréfum í félögum þannig að annað félagið öðlast við það meiri hluta í hinu. Svipaðar reglur gilda um skattalega meðferð allra þessara ráðstafana. Samruninn, uppskiptingin eða skiptin á hlutabréfunum eiga ekki sem slík að leiða til skattskyldu vegna þess söluhagnaðar sem myndast en með söluhagnaði er átt við mismun markaðsverðs og bókfærðs verðs. Aðildarríkin verða að gera það að skilyrði fyrir skattfrelsi að sömu reglur gildi um útreikning á afskriftum, hagnaðar og taps, og hefðu gilt ef starfsemi fyrirtækisins eða fyrirtækjanna hefði verið óbreytt. Ráðstafanirnar, t.d. samruni, eiga jafnframt ekki að leiða til skattskyldu hjá hluthafa sem lætur bréf af hendi vegna samrunans enda sé verðmæti bréfanna, sem hann fær í nýja hlutafélaginu, í samræmi við verðmæti bréfa hans í gamla félaginu fyrir samrunann. Tilskipunin gildir ekki eingöngu um sameiningu, uppskiptingu, framsal og skipti á hlutabréfum þegar gagngjaldið er eingöngu í formi hlutabréfa heldur getur hún átt við þótt allt að 10% af nafnverði hlutabréfanna í gamla félaginu séu greidd með peningum. Aðildarríkin geta neitað aðilum að nota það hagræði sem af tilskipuninni leiðir ef talið er að ráðstafanirnar, t.d. uppskipting félaga, séu eingöngu gerðar til þess að komast hjá skattgreiðslum eða séu liður í skattsvikum.

Í lögum um tekju- og eignarskatt hérlendis eru ákvæði sem heimila skiptingu hlutafélaga þannig að skiptin hafa ekki í för með sér skattlagningu. Þá hefur sameining félaga ekki í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem lét hlutabréf af hendi. Greiðslan verður hins vegar eingöngu að vera í formi hlutabréfa og er því ekki heimilað að hluti geti verið í peningum.

Í tilskipun 90/435/EBE er fjallað um skattlagningu arðgreiðslna milli móður- og dótturfyrirtækja sem starfa í mismunandi aðildarríkjum en tilgangurinn er sá að koma í veg fyrir að hagnaðurinn sé tvískattaður. Samkvæmt tilskipuninni á arður, sem dótturfyrirtæki greiðir til móðurfélags í öðru ESB-ríki af hagnaði, að vera undanþeginn staðgreiðsluskatti. Skilyrði er að móðurfélagið eigi a.m.k. 25% í dótturfélaginu. Arð, sem móðurfyrirtækið fær frá dótturfyrirtækinu, má ekki skattleggja sem tekjur hjá móðurfyrirtækinu en aðildarríkin geta valið um tvær leiðir til þess að koma í veg fyrir þetta. Annaðhvort geta þau undanþegið arðinn skatti eða heimilað frádrátt frá tekjuskatti móðurfélagsins vegna þess tekjuskatts sem þegar hefur verið greiddur af dótturfyrirtækinu í því ríki þar sem það er heimilisfast. Hámark frádráttarins miðast við sambærilegan innlendan skatt. Auk skilyrða um eignarhald verða félögin að vera skattskyld eftir venjulegum reglum í viðkomandi aðildarríki, þ.e. þau mega ekki vera undanþegin og þau verða að eiga þar lögheimili og vera að fullu skattskyld. Þá geta einstök aðildarríki sett það skilyrði að tilskipunin eigi við það að eignarhald móðurfélags á hlutabréfum í dótturfyrirtækjum standi í a.m.k. tvö ár.

Hérlendis er arður af hlutum og hlutabréfum talinn til skattskyldra tekna hjá móttakandi félagi. Á árinu 1998 var lögleidd frádráttarheimild til handa hlutafélögum, samvinnufélögum, samlögum o.fl. í þá veru að þessum aðilum var heimilað að draga frá tekjum sínum fjárhæð sem þau hafa fengið greidda í arð frá hlutafélögum (þó ekki alþjóðlegum viðskiptafélögum). Þessi heimild á einnig við um arð frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef sýnt er fram á að hagnaður hins erlenda félags er skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi.

Reglur í báðum þessum tilskipunum eru svipaðar íslenskum reglum og upptaka þeirra leiddi því ekki til verulegra breytinga hérlendis eða til þess að ríkissjóður yrði af skatttekjum.

Tillögur um setningu frekari reglna á sviði beinna skatta

Um tvo áratugi tókst að fá tilskipanir þær sem lýst er hér að framan samþykktar. Illa hefur gengið að koma á frekari samræmingu á sviði beinna skatta. Í desember 1997 náðu fjármálaráðherrar aðildarríkjanna að meginstefnu til samkomulagi um skattapakkann svokallaða en í honum er að finna þrjár tillögur framkvæmdastjórnarinnar til að þess að berjast gegn skaðlegri skattasamkeppni:

Í *fyrsta lagi* rammareglur varðandi fyrirtækjaskattlagningu. Reglurnar taka til skattalegra ráðstafana sem geta haft áhrif á staðsetningu fyrirtækja, t.d. þegar skatthlutfallið er í einhverjum tilvikum lægra en almennt gildir í viðkomandi ríki eða þegar skattaívilnunum er sérstaklega beint að útlendingum eða aðilum sem hafa enga raunverulega starfsemi í viðkomandi ríki. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að taka ekki upp nýjar reglur sem falla undir skilgreininguna og afnema þær sem í gildi eru. Sérstakri nefnd var falið að fara yfir skattalöggjöf aðildarríkjanna og komst hún að því að í löggjöfinni væri að finna einar 66 ráðstafanir og ákvæði sem talist gætu skaðleg. Hluti þeirra, u.þ.b. 20 tilvik, er utan skattalögsögu ESB eins og á Jersey og Aruba en ein 30 gætu sennilega fallið undir ríkisstyrkjareglurnar.

Í *öðru lagi* tillögu að tilskipun um skattlagningu vaxtatekna sem einstaklingur í einu ESB-ríki fær af inneign í öðru ESB-ríki. Tillagan gerir ráð fyrir því að aðildarríkin geti valið milli þess að leggja 20% skatt á vaxtatekjurnar sem viðkomandi fjármálastofnun mundi þá halda eftir við útborgun teknanna eða skylda stofnanirnar til að gefa skattyfirvöldum í heimalandi innstæðueigandans upplýsingar um vaxtatekjurnar.

Í *þriðja lagi* tillaga um skattlagningu vaxtatekna og einkaleyfisþóknana og sambærilegra tekna. Tillagan snýr fyrst og fremst að því að koma í veg fyrir tvísköttun þegar um er að ræða tekjufærslur milli tengdra fyrirtækja (associated companies) sem starfa í fleiri en einu ESB-ríki en að öllu jöfnu er heimilt að skattleggja slíkar tekjur í hverju landi fyrir sig og því hætta á tvísköttun.

Þessi síðastnefnda tillaga er tiltölulega óumdeild og enn fremur virðist nokkuð góð samstaða um aðgerðir gegn skaðlegri fyrirtækjaskattlagningu. Hins vegar hefur tillagan um vaxtatekjuskatt ekki náð fram að ganga vegna andstöðu Breta sem telja hana geta haft skaðleg áhrif á markaðinn fyrir evruskuldabréf (Eurobonds) í Lundúnum. Mörg aðildarríkin vilja ekki skipta upp skattapakkanum og á meðan ekki næst samstaða um vaxtatekjuskattinn er óvíst um árangur á hinum sviðunum tveimur. Nefnd hátt settra embættismanna hefur hins vegar verið skipuð til þess að freista þess að finna lausn á málinu sem allir geta sætt sig við.

Framkvæmdastjórnin hefur áhuga á að reglan um aukinn meiri hluta við atkvæðagreiðslur verði tekin upp á afmörkuðum sviðum skattamálanna en að reglan um samhljóða samþykki verði áfram meginreglan. Nefnt hefur verið að aukinn meiri hluti verði notaður vegna aðgerða til að berjast gegn skattsvikum og til að aðlaga löggjöfina að efnahagsþróuninni og vegna umhverfisverndar. Hvað nákvæmlega felst í þessu er óljóst en fulltrúar framkvæmda-

stjórnarinnar hafa ekki svarað hvort upptaka skatts á sparnað t.d. fellur þarna undir en hafa hins vegar sagt að breytingar á núverandi reglum um hvar virðisaukaskattur af vörum er innheimtur verði ekki ákveðnar með auknum meiri hluta. Óvíst er hvað verður um þessa tillögu en oft hefur það verið þannig að eitt aðildarríki, t.d. Bretland í vaxtatekjuskattsmálinu og Spánn í orkuskattsmálinu, hefur komið í veg fyrir að tillögur um setningu reglna um skatta hljóti samþykki.

Heimildaskrá

P.S.R.F. Mathijsen, *A guide to European Union Law,* Sweet & Maxwell, London 1999.

Craig, Paul og De Búrca Gráinne, *EU Law – Text, Cases and Materials,* Oxford University Press, 1998.

Skýrsla norskra stjórnvalda til norska Stórþingsins. Om medlemskap i Den Europeiske unionen, St.meld. nr. 40, Utenrikesdepartementet (1993–94).

Heimasíða framkvæmdastjórnarinnar, http://www.europa.eu.int/en/comm/dg21/

The Key, fréttabréf DG XXI (Taxation and Customs Union), 1998 og 1999.

Told og Skattestyrelsen í Danmörku, *Momsreglur og praksis, momsvejledning,* Kaupmannahöfn 1998.

Pricewaterhouse Coopers, *A guide to VAT in the EU, 1998–1999 Update,* útg. 1999.

23. kafli
Tollabandalagið

Samantekt

ESB er tollabandalag. Í því felst að engir tollar eru í viðskiptum milli aðildarríkjanna, vöruflæði milli þeirra er frjálst og tollgæsla á sér ekki stað á innri landamærum þó svo alltaf getið átt sér stað annað slagið eftirlit vegna t.d. fíkniefnaleitar. Ytri tollar allra aðildarríkjanna eru þeir sömu og eru byggðir á sameiginlegri tollskrá og viðskiptastefna gagnvart þriðju ríkjum er sameiginleg. Samningar við þau eru á forræði ESB og sama gildir um allar ákvarðanir um aðgerðir í viðskiptum, svo sem beitingu undirboðs- og jöfnunartolla og annarra viðskiptaþvingana.

Um tollabandalagið er fjallað bæði í Rómarsamningnum sjálfum og í ítarlegri afleiddri löggjöf. Tollskrá ESB kemur út árlega. Hún byggist á samræmdu vöruheitaskránni, eins og íslenska tollskráin, og þar er að finna upplýsingar um gildandi tolltaxta. Samanburður á þeim og tolltöxtum fyrir iðnaðarvörur í íslensku tollskránni leiðir í ljós að tollur á bílum og hráefni til álvinnslu er hærri í ESB en á Íslandi en í flestum öðrum vöruflokkum er munurinn óverulegur. Tolltekjurnar renna til ESB en aðildarríkin halda eftir 10% vegna innheimtukostnaðar en samþykkt hefur verið að hækka það hlutfall í 25%.

Margt í tollalöggjöf ESB er svipað og í þeirri íslensku. Þetta á t.d. við um ákvörðun tollverðs, niðurfellingarheimildir, upprunareglur og reglur um umflutning vöru. Annað er ólíkt, innan ESB er t.d. í gildi umfangsmikið tollkvóta- og fríðindakerfi þar sem aðildarríkjum GATT, tilteknum ríkjum eða ríkjahópum er heimilað að flytja vörur inn tollfrjálst til ESB eða á lægri tollum. Hérlendis eru aðeins í gildi GATT-tollkvótar fyrir landbúnaðarvörur og jafnframt hefur ekki tíðkast að beita undirboðs- og jöfnunartollum hérlendis en þeir eru algengt úrræði innan ESB.

Við aðild að ESB mundi Ísland þurfa að taka upp tollskrá ESB og hin sameiginlega viðskiptastefna mundi gilda fyrir það. Allir tollar mundu falla niður milli Íslands og annarra

ESB-ríkja, ekki aðeins af iðnaðarvörum eins og nú er heldur einnig á landbúnaðarvörum og sjávarafurðum. Ekki þyrfti lengur að tollafgreiða vörur sem kæmu frá ESB-ríkjum og sömuleiðis þyrfti ekki að tollafgreiða vörur sem héðan færu inn til ESB en þetta gæti haft í för með sér hagræði fyrir inn- og útflytjendur og sparnað fyrir tollyfirvöld en jafnframt má gera ráð fyrir að viðskipti milli ESB og Íslands myndu aukast.

1. Inngangur

Evrópusambandið er tollabandalag. Í því felst að engir tollar eru í innbyrðis viðskiptum aðildarríkjanna, ytri tollur og viðskiptastefna þeirra gagnvart þriðju ríkum er sameiginleg og er byggð á sameiginlegri tollalöggjöf. Vöruflæði milli aðildarríkjanna er frjálst, engin þörf er á reglum, svo sem upprunareglum, til þess að ákvarða hvaða vörur má flytja milli landanna, útflytjandinn þarf ekki að útbúa útflutningspappíra eins og upprunavottorð og innflytjandinn þarf ekki að fylla út tollskýrslu. Tollafgreiðsla á innri landamærum hefur þannig verið afnumin. Viðskiptasamningar við önnur ríki eru á forræði stofnana ESB, svo og allar ákvarðanir um aðgerðir í viðskiptum, t.d. beiting undirboðs- og jöfnunartolla.

Með EES-samningnum var stofnað til fríverslunarsvæðis milli aðila samningsins. Í samningnum er lagt bann við tollum og magntakmörkunum í viðskiptum með þær vörur sem samningurinn tekur til og fjáröflunargjöld ýmiss konar mega ekki leggjast af meiri þunga á innfluttar vörur en innlendar, sbr. 10., 11., og 14. gr. EES-samningsins. Þessi ákvæði eru byggð á hliðstæðum ákvæðum í Rómarsamningnum en í fríverslunarsamningi Íslands við ESB eru sambærileg ákvæði um bann við magntakmörkunum, tollum og samsvarandi gjöldum. Í bókun 4 við samninginn eru ákvæði um upprunareglur sem gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins[1] og í bókun 10 er kveðið á um einföldun skoðunar og formsatriða vegna vöruflutninga og t.d. gert ráð fyrir því að samningsaðilar einfaldi landamæraeftirlit og formsatriði við flutning vara um landamæri. Tollyfirvöld geta gert úrtaksskoðanir en almennt er gert ráð fyrir því að ef vottorð, sem fylgja vörunni, eru í lagi viðurkenni yfirvöld í einu landi skoðun á vöru í öðru landi þannig að frekari skoðunar sé ekki þörf. Þá er í 21. gr. og bókun 11 fjallað um gagnkvæma aðstoð í tollamálum en henni er ætlað að tryggja rétta framkvæmd tollalöggjafar.

Í EES-samningnum felst ekki að teknir séu upp samræmdir tollar eða viðskiptastefna gagnvart þriðju ríkjum og tollafgreiðsla hefur ekki verið felld niður milli aðildarríkjanna eins og innan ESB. Í 22. gr. samningsins er kveðið á um að samráð skuli haft áður en meiri háttar breytingar eru gerðar á innheimtu tolla gagnvart ríkjum utan svæðisins. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því, sbr. bókun 12, að þegar ESB semur við þriðju lönd um gagnkvæma viðurkenningu merkinga vara og samræmismats verði samhliða gengið frá sambærilegum samningum milli þessara ríkja og EFTA-ríkjanna.

2. Samvinnan innan ESB

Tollafgreiðslan á sér stað á ytri landamærum ESB og þar á sér stað innheimta tolla, virðisaukaskatts og vörugjalda, svo og aðrar aðgerðir sem ætlað er að vernda hagsmuni sambandsins og borgara þess. Yfirvöld í innflutningslandinu annast tollafgreiðsluna og er falin fram-

[1] Upprunareglur EES-samningsins, EFTA-sáttmálans, fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna og ESB, fríverslunarsamninga EFTA við lönd í Mið- og Austur-Evrópu og samninga ESB við þessi ríki hafa verið samræmdar. Sömu reglur gilda þannig fyrir 30 lönd og geta þau eftir ákveðnum reglum t.d. notað hráefni hvert frá öðru í framleiðslu sína án þess að vara glati uppruna sínum.

kvæmd tollareglnanna sem flestar hverjar hafa bein réttaráhrif en með margvíslegum aðgerðum er reynt að tryggja samræmda framkvæmd og túlkun reglnanna. Tekjur af innheimtu tollanna renna til ESB en viðkomandi ríki heldur eftir 10% vegna kostnaðar af tollafgreiðslu. Samkomulag hefur náðst um að hækka þetta hlutfall í 25%.

Sameiginlega viðskiptastefnan er mikilvægt tæki í framkvæmd á stefnu sambandsins í efnahags- og viðskiptamálum og er tollalöggjöfinni beitt til þess að ná fram hagsmunum sambandsins, svo sem með ákvörðun kvóta og álagningu undirboðs- og jöfnunartolla. Niðurfelling tolla og upptaka sameiginlegrar tollskrár hefur leitt til breytinga í viðskiptum innan sambandsins og viðskipti aðildarríkjanna í millum hafa aukist miklu hraðar en milli sambandsins og þriðju ríkja. Samkeppnisskilyrði hafa verið jöfnuð, tollar eru jafnháir hvort sem vara er flutt inn í Rotterdam eða Hamborg.

Framkvæmdastjórnin kemur fram fyrir hönd aðildarríkjanna hjá alþjóðastofnunum eins og Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og annast gerð samninga við önnur ríki en allir slíkir samningar eru háðir samþykki ráðsins að undangenginni umræðu um þá í vinnuhópum þess. Viðskiptastefnan er talin tryggja aukin áhrif í samskiptum við þriðju lönd og þannig vernda hagsmuni aðildarríkjanna betur gagnvart þriðju ríkjum en þau gætu hvert og eitt gert. ESB er stærsta viðskiptablokk í heimi; þangað fara u.þ.b. 15% alls innflutnings í heiminum og hlutfall þess í útflutningi er um 16%. Þetta er svipað hlutfall og hjá Bandaríkjunum en miklu hærra en hjá Japan, Kanada og Kína.[1]

3. Tollalalöggjöfin

Ákvæði, er snerta tollabandalagið, eru bæði í Rómarsamningnum og umfangsmikilli afleiddri löggjöf. Í Rómarsamningnum eru ýmsar meginreglur, svo sem bann við álagningu tolla og annarra gjalda sem hafa samsvarandi áhrif og bann við magntakmörkunum og sköttum sem mismuna vöru eftir uppruna. Í afleiddu löggjöfinni er að finna ítarlegar reglur sem ætlað er að tryggja samræmda framkvæmd tollalöggjafarinnar.

Rómarsamningurinn

Í III. hluta Rómarsamnings er að finna ákvæði er varða tollabandalagið. Í 23. gr. er kveðið á um að bandalagið skuli byggt á tollabandalagi sem skuli ná til viðskipta með hvers kyns vöru og er aðildarríkjunum þar bannað að leggja á tolla og önnur sambærileg gjöld vegna inn- eða útflutnings sín á milli. Í 24. gr. er kveðið á um frjálsa vöruflutninga með vörur frá þriðju ríkjum sem hafa verið tollafgreiddar. Í 25. gr. er lagt bann á álagningu tolla vegna inn- og útflutnings og annarra gjalda sem hafa samsvarandi áhrif og tekur bannið einnig til fjáröflunartolla. Sams konar ákvæði er í 10. gr. EES-samningsins. Skylt þessu ákvæði er 90. gr. Rómarsamningsins sem leggur bann við að innlendar vörur séu skattlagðar eftir hagstæðari reglum en vörur frá öðrum aðildarríkjum. Þetta ákvæði á sér samsvörun í 14. gr. EES. Skylt þessum ákvæðum eru 28. og 29. gr. þar sem lagt er bann við magntakmörkunum og öðrum samsvarandi ráðstöfunum á inn- og útflutning en ákvæðið nær til allra vara sem hafa verið framleiddar og markaðssettar löglega í aðildarríki. Í 30. gr. er kveðið á um undanþágur frá þessu banni en heimilt getur verið að banna innflutning, útflutning og umflutning vöru af ástæðum sem réttlætast af t.d. almennu siðferði, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Sams konar ákvæði eru í 11. til 13. gr. EES.

[1] Byggt á tölum frá Eurostat 1997.

Í 26. gr. er kveðið á um að ráðherraráðið taki ákvörðun með auknum meiri hluta um hver tollurinn skuli vera. Í 27. gr. er fjallað um á hvaða sjónarmiðum framkvæmdastjórnin á að byggja þegar hún framkvæmir hlutverk sitt á sviði tollamála. Þar á m.a. að hafa hliðsjón af þörfinni á að auka viðskipti milli aðildarríkjanna og þriðju landa, þörf sambandsins fyrir hráefni og hálfunnar vörur, nauðsyn þess að koma í veg fyrir röskun í efnahag aðildarríkjanna og þörfinni á að tryggja skynsamlega þróun í framleiðslu og neyslu í aðildarríkjunum.

Afleidd löggjöf

Helsta reglugerðin á tollasviðinu er reglugerð ráðsins nr. 2913/92 frá 12. október 1992, um stofnun tollabálks bandalagsins.[1] Í þessari reglugerð hefur verið safnað saman ýmsum ákvæðum á tollasviðinu sem áður voru í fjölmörgun reglugerðum og kom hún til framkvæmda í ársbyrjun 1994. Í reglugerðinni er að finna þær almennu reglur sem gilda um ákvörðun tolla og beitingu annarra ráðstafana og snerta viðskipti með vörur milli sambandsins og þriðju ríkja. Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 voru síðan settar framkvæmdareglur sem koma til fyllingar ákvæðum bálksins.

Í tollabálknum er m.a. að finna ákvæði um eftirfarandi:

- Í inngangi er að finna skilgreiningu á ýmsum hugtökum, svo sem landsvæðið sem tollabandalagið nær yfir, ákvæði um ákvörðun tollverðs og uppruna vöru, tilvísun til tollskrárinnar og annarra ákvæða er varða ákvörðun tolltaxta við innflutning vara til ESB.
- Í meginhluta er að finna ýmsar reglur er snerta framkvæmd, svo sem varðandi tollafgreiðslu, tollfrjálsan aðgang vegna aðvinnslu vöru innan og utan sambandsins, geymslu vöru í tollvörugeymslum og á frísvæðum.
- Í niðurlagi er fjallað um innheimtu tollsins, þ.m.t. tollkrít og tryggingar, hvenær gjaldskyldan stofnast og kærumeðferð.

Reglugerð ráðsins nr. 918/83 frá 28. mars 1983 fjallar um ýmsar heimildir til niðurfellingar tolla að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þar er t.d. kveðið á um niðurfellingu vegna búferlaflutninga, arfstöku, af tækifærisgjöfum, af ódýrum smásendingum, af varningi sem ferðamenn flytja með sér, af vísindatækjum og vísindabúnaði og af búnaði sem ætlaður er fötluðum. Hliðstæð ákvæði um niðurfellingu tolla við innflutning hingað til lands er að finna í 6. gr. íslensku tollalaganna. Niðurfellingarheimildir reglugerðarinnar annars vegar og íslensku tollalaganna hins vegar eru að mörgu leyti svipaðar.

Með reglugerð ráðsins nr. 3295/94 frá 22. desember 1994 voru settar reglur um aðgerðir sem tollyfirvöld eiga að grípa til varðandi innflutning til sambandsins og útflutning frá sambandinu á vörum sem brjóta í bága við hugverkaréttindi. Í reglugerðinni er lagt bann við innflutningi, markaðssetningu, útflutningi og geymslu í tollvörugeymslum og frísvæðum á vörum sem brjóta í bága við hugverkaréttindi, t.d. vörumerkjarétt. Unnt er að fresta tollafgreiðslu og afhendingu slíkrar vöru tímabundið að beiðni rétthafa en hann yrði síðan að leita réttar síns eftir þeim leiðum sem gilda í viðkomandi ríki. Þá er í reglugerðinni lögð sú skylda á aðildarríkin að kveða á um refsingar vegna brota á reglugerðinni. Svipaðar reglur er að finna í gr. 50A í tollalögum enda er í báðum tilvikum byggt á GATT-skuldbindingum.

Með reglugerð ráðsins nr. 2679/98 frá 7. desember 1998 eru lagðar skyldur á aðildarríkin til þess að grípa til aðgerða vegna tafa sem t.d. einstaklingar valda á frjálsu vöruflæði með aðgerðum sínum. Aðildarríkjunum ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar aðgerðir og framkvæmdastjórnin sendir þær upplýsingar áfram til annarra aðildarríkja. Þá ber því að-

[1] Council Regulation (EEC) no. 2913/92 of 12 October 1992 establishing the Community Customs Code.

ildarríki, þar sem aðgerðirnar eiga sér stað, að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til þess að uppræta aðgerðirnar og koma frjálsu vöruflæði á aftur.

Auk þeirra almennu reglna sem lýst hefur verið hér að framan hafa verið settar fjölmargar reglur á tollasviðinu sem varða afmarkaða þætti í framkvæmd stefnu sambandsins á þessu sviði, svo sem varðandi umflutning, kvóta, beitingu undirboðs- og jöfnunartolla og tímabundna niðurfellingu tolla af tilteknum vörum eða af innflutningi frá tilteknum löndum, sbr. nánar hér síðar. Þá hefur bandalagið gert fjölmarga samninga við þriðju ríki á þessu sviði, t.d. fríverslunarsamninga og alþjóðasamninga, t.d. GATT-samninginn.

4. Tollskrá ESB

Tollskrá ESB er eins og íslenska tollskráin byggð á alþjóðasamningi um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá, oft nefnd samræmda vöruheitaskráin (*Harmonized Commodity Description and Coding System*) en samningurinn tók gildi 1. janúar 1988. Samræmda vöruheitaskráin byggist á sex talna flokkunarkerfi og er í skránni að finna eina 5000 vöruliði. Einstök ríki, sem aðild eiga að samningnum, geta flokkað vörur frekar og hefur Ísland og sambandið notfært sér þetta og bætt við 7. og 8. tölunni í flokkunarkerfi sínu og er það notað bæði við tollflokkun og vinnslu tölfræðiupplýsinga.

Með reglugerð ráðsins nr. 2658/87 var samræmda vöruheitaskráin tekin upp hjá bandalaginu en tilgangurinn er sá að nota hana bæði til að ákvarða aðflutningsgjöldin og til að afla tölfræðiupplýsinga um utanríkisviðskipti sambandsins. Jafnframt var tekin upp með reglugerðinni hin samþætta tollskrá ESB, nefnd Taric.

Í tollskrá ESB er byggt á átta talna kerfi og nefnist það sameinaða flokkunarkerfið (*combined nomenclature*) þar sem þær sex fyrstu samsvara samræmdu vöruheitaskránni en sú 7. og 8. felur í sér frekari undirflokkun innan ESB. Þá geta einstök aðildarríki bætt við 9. tölunni vegna söfnunar tölfræðiupplýsinga hjá sér. Uppfærð útgáfa af tollskránni er gefin út í lok október ár hvert og tekur gildi 1. janúar árið eftir.[1]

Í samþættu tollskránni, Taric, er að finna sameinaða tollflokkunarkerfið, þ.e. átta talna kerfið, en í því eru einir 10.000 vöruliðir en því til viðbótar eru einir 15.000 undirliðir sem einkenndir eru með tveggja stafa viðbótarnúmerum eða kótum sem eru notaðir vegna beitingar ýmiss konar viðskiptaúrræða eins og kvóta, innflutnings- og útflutningsbanna, ívilnana og beitingar undirboðs- og jöfnunartolla. Taric gefur tollyfirvöldum og innflytjendum þannig tæmandi upplýsingar um þær reglur sem gilda um innflutning á vörum til sambandsins, þar á meðal þær ívilnanir sem ESB hefur gefið í samningum við önnur ríki. Gildandi reglum er þannig safnað saman í Taric sem er fyrst og fremst ætlað til upplýsinga en er ekki lagalega bindandi.

5. Tolltaxtar

Við inngöngu í ESB tekur nýtt aðildarríki upp tollskrá þess. Vegið meðaltal tolla af iðnaðarvöru samkvæmt tollskrá ESB er u.þ.b. 4% en hérlendis er meðaltalið 2,5%.[2] Engir tollar eru innheimtir í viðskiptum við EES-ríkin og ríkin í Austur-Evrópu og önnur ríki sem ESB

---

[1] Sjá t.d. Commission Regulation (EC) No. 2204/1999 of 12 October 1999 amending Annex I to Council Regulation (EEC) No. 2658/87 on the tariff and statistical nomenclature and on the Common Customs Tariff.

[2] 4%-talan fyrir ESB er byggð á GATT-tollum ekki rauntollum. Raunveruleg tala er því eitthvað lægri þegar tekið hefur verið tillit til fríverslunarsamninga og fríðindameðferðar sem einstök ríki njóta, t.d. aðildarríki Lome-sáttmálans. Íslenska talan er hins vegar byggð á raunverulegum tollum eins og þeir voru um mitt ár 1999.

hefur gert fríverslunarsamning við. Helstu munurinn á íslensku tollskránni og tollskrá ESB varðandi toll á iðnaðarvöru er sá að ESB innheimtir 10% toll á bifreiðar en samkvæmt íslensku tollskránni er enginn tollur á bifreiðar jafnvel þótt ekki hafi verið gerður fríverslunarsamningur við innflutningsríkið. Þetta á t.d. við um Bandaríkin og Japan og mundi þýða að bifreiðar frá þessum löndum yrðu hlutfallslega dýrari en bifreiðar frá ESB. Líkleg afleiðing yrði sú að innflytjendur myndu í auknum mæli fara að flytja þessar bifreiðar inn frá Evrópu. Þá er lagður 4% tollur á innflutt hráefni til álvinnslu í ESB en íslensk fyrirtæki flytja megnið af sínu hráefni tollfrjálst inn frá löndum utan ESB, þ.e. frá Ástralíu. Annar munur á tollum ESB og Íslands gagnvart þriðju ríkjum vegna iðnaðarvöru er óverulegur.

Reikna má með að gerðist Ísland aðili að ESB yrði mikil breyting á innflutningi á landbúnaðarvörum. Viðskipti yrðu stunduð án hindrana og engir tollar yrðu lagðir á við innflutning frá ESB en áætlað hefur verið að tollur af afurðum frá ESB, sem falla undir 1. til 24. kafla tollskrárinnar, þ.e. matvælum og öðrum afurðum úr jurta- og dýraríkinu, nemi 600 milljónum króna, sbr. nánar kaflann um fjármál ESB. Íslensk fiskvinnslufyrirtæki fluttu inn sjávarafurðir til vinnslu frá ríkjum utan ESB fyrir tæplega 6 milljarða króna árið 1999. Ef Ísland gerðist aðili að ESB yrði lagður tollur á þennan innflutning til Íslands í samræmi við tollskrá ESB. Hann gæti skipt hundruðum milljóna króna en á móti gætum við flutt afurðirnar tollfrjálst inn á markaði ESB. EES-samningurinn gildir ekki um þessi viðskipti og fram til þessa hefur hár tollur á sjávarafurðir í innflutningi til ESB gert það að verkum að íslenskum framleiðendum hefur ekki þótt hagkvæmt að selja afurðir unnar úr innfluttu hráefni á Evrópumarkað í ríkum mæli.

Íslenskir framleiðendur gætu hins vegar notfært þær heimildir sem lýst er hér á eftir varðandi tollfrjálsan innflutning hráefna samkvæmt tollkvótum, tímabundnum niðurfellingarheimildum og annarri fríðindameðferð sem lýst er hér á eftir og er því hugsanlegt að tollur mundi falla niður vegna hráefniskaupanna t.d. vegna hráefnisskorts innan ESB jafnvel þótt almennt væri í gildi tollur fyrir viðkomandi vöru.

Við inngöngu í tollabandalag fær nýtt aðildarríki sömu réttindi og skyldur og ESB hefur samkvæmt GATT-samningnum. Í þessum samningum, sem gildi tóku 1. janúar árið 1995, var samið um hámark á tolla á vörum, svonefndar tollabindingar, og eru bindingalistar einstakra samningsaðila hluti af þeim. Reynist nauðsynlegt að hækka tolla vegna aðildar að tollabandalagi þannig að þeir verði hærri en bindingarnar kveða á um verður samkvæmt GATT-samningnum að bæta öðrum samningsaðilum það upp. ESB annast slíkar viðræður.

Ísland hefur sem aðili að EFTA gert fríverslunarsamninga við ríki í Austur-Evrópu og ýmis ríki við Miðjarðarhaf. Þá standa yfir fríverslunarviðræður við Kanada. EFTA-ríkin hafa við gerð fríverslunarsamninga oft fylgt í kjölfar ESB og gert samninga við sömu ríki og þau og samið á svipuðum nótum en á því eru þó þær undanþágur að ESB hefur gert fríverslunarsamning við Suður-Afríku og Mexíkó, sem EFTA-ríkin hafa ekki gert, en ESB hefur hins vegar ekki gert samning við Kanada. Helsti munurinn á fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna og ESB við þessi ríki er að EFTA-ríkin hafa sett það sem skilyrði að full fríverslun gildi með sjávarafurðir en ESB ekki. Þessum samningum þyrfti að segja upp en þar sem þeir eru svipaðir hefði slík uppsögn lítil áhrif en gæti þó haft einhver áhrif fyrir einstakar sjávarafurðir.

6. Tollkvótar, innflutningsþök, tímabundin niðurfelling tolla

Tollkvótar

Með tollkvóta er átt við það þegar heimilt er að flytja inn tiltekið magn af vöru á lægri tollum en ella gilda fyrir viðkomandi vöru eða tollfrjálst. ESB hefur samið um tollkvóta fyrir

ákveðna vöruliði í fríverslunarsamningum sínum, þeir geta byggst á GATT-samningnum eða verið þátttur í aðstoð ESB við þróunarríki. Einhliða ákvarðanir ESB um tollkvóta geta byggst á þörf sambandsins fyrir hráefni og þurfa þá ekki að byggjast á samningum við önnur ríki.

Kvótar sem byggðir eru á þörf sambandsins fyrir hráefni og GATT-kvótar eru opnir öllum ríkjum en kvótar sem byggjast á fríverslunarsamningum eða eru liður í aðstoð við þróunarlönd verða eingöngu nýttir vegna innflutnings á vörum sem upprunnar eru í viðkomandi ríkjum.

Kvótarnir eru ýmist ákvarðaðir á grundvelli magns eða verðmætis. Kvótarnir eru ákvarðaðir með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar og gilda í eitt ár og eru settar fjölmargar reglugerðir árlega um opnun kvóta, sbr. t.d. reglugerð frá 9. september 1999 um opnun kvóta fyrir súkkulaði sem upprunnið er á Íslandi. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2454/93, sbr. hér framar, er að finna almenn ákvæði um úthlutun kvóta. Þegar kvótinn hefur verið fylltur leggst venjulegur tollur á innflutninginn. Framkvæmdastjórnin stýrir úthlutun kvótanna í samvinnu við tollyfirvöld í aðildarríkjunum. Innflytjendur senda umsóknir til tollyfirvalda en þau koma beiðnum um hann áfram til framkvæmdastjórnarinnar sem úthlutar kvótanum í þeirri röð sem umsóknir berast til tollyfirvalda allt þar til kvótinn er uppurinn. Umsóknir, sem berast sama dag, eru jafnrétthár og ef kvótinn er orðinn of lítill skerðist það sem hver og einn fær hlutfallslega. Úthlutun á sér stað alla virka daga og geta tollyfirvöld í aðildarríkjunum farið inn í tölvukerfi ESB og fengið upplýsingar um stöðu einstakra kvóta en þeim ber að láta vita ef kvóti er ekki nýttur og er þá hægt að endurúthluta honum. Upplýsingar um kvótana er einnig að finna á heimasíðu ESB þar sem þær eru öllum aðgengilegar.

Tímabundin niðurfelling tolla

Unnt er að fella tolla niður tímabundið af tilteknum vörum sem nýttar eru sem hráefni í framleiðslu innan sambandsins. Ákvörðun um niðurfellingu felur það í sér að tollurinn fellur niður að öllu leyti eða hluta á tilteknu tímabili fyrir ákveðna vöru en allir þeir sem flytja inn viðkomandi vöru geta notið góðs af niðurfellingunni, þ.e. uppruni vörunnar skiptir ekki máli. U.þ.b. 90% slíkra niðurfellinga eru framlengd frá ári til árs en markmiðið er að tryggja öryggi í hráefnisöflun innan sambandsins. Fyrirtækin, sem þurfa á hráefni að halda, senda umsóknir um tollniðurfellingu til tollyfirvalda sem koma þeim áfram til nefndar framkvæmdastjórnarinnar sem fjallar um slíkar umsóknir eða þar eiga sæti fulltrúar allra aðildarríkja en ákvörðun er síðan tekin af ráðinu.

Þak á innflutning

Veitt er tollfrelsi eða tollalækkun innan ákveðinna marka (þaks) sem tengist ívilnanakerfi ESB. Þegar tilteknu magni, „þaki“, er náð er unnt að leggja venjulegan toll á vöruna ef tekin er ákvörðun þar um, venjulega eftir ósk frá einhverju aðildarríkjanna. Munurinn á þessu úrræði og tollkvótum er sá að jafnvel þótt farið sé fram úr mörkunum leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að venjulegur tollur leggst á.

Almenna ívilnanakerfið

Innan ESB er í gildi ívilnanakerfi (*General system of preferences, GSP*) gagnvart þróunarlöndum. Kerfið er einhliða og ákvarðar bandalagið umfang þess á hverjum tíma. Kerfið veitir ríkjum, sem undir það falla, tækifæri til að flytja inn til ESB unna landbúnaðarvöru og iðnaðarvöru á hagstæðum tollum. Markmiðið með kerfinu er að auka velsæld í þessum ríkjum en ESB notar kerfið m.a. til þess að koma hugmyndafræði aðildarríkjanna á framfæri í þessum ríkjum. Ívilnanir hafa þannig t.d. verið veittar ríkjum sem skuldbinda sig til að full-

gilda alþjóðasamninga, t.d. samning um bann við barnaþrælkun. Flest þeirra ríkja, sem falla undir kerfið, eru ríki í Afríku, Karíbahafinu og Kyrrahafi sem eru aðilar Lomé-sáttmálanum, en þau eru rúmlega 70, og ríki við Miðjarðarhaf sem gert hafa svokallaða Miðjarðarhafssamninga við ESB en þetta eru ríki eins og Marokkó, Sýrland, Alsír, Malta, Egyptaland og Ísrael. Auk þess að njóta ívilnana í formi hagstæðra tolla og kvóta njóta þau góðs af hagstæðum upprunareglum og geta t.d. notað hráefni hvert frá öðru í framleiðslu sína án þess að það breyti því hvaðan varan telst upprunnin. Hér á landi er ekki í gildi sambærilegt kerfi.

Magntakmarkanir

Innflutningur til sambandsins á vörum frá löndum þar sem framleiðslukostnaður er óvenju lágur getur verið háður magntakmörkunum og er þá greiddur venjulegur tollur á það magn sem heimilt er að flytja inn. Takmarkanir hafa t.d. verið í gildi á innflutning vefnaðarvöru en þær eru smám saman að hverfa. Talið er að þær hafi auðveldað fyrirtækjum í ESB að endurskipuleggja sig og ná fram hagkvæmni í framleiðslu.

Tollkvótar og magntakmarkanir hérlendis

Með gildistöku GATT-samningsins urðu veigamiklar breytingar á skipan innflutningsmála landbúnaðarafurða. Meginbreytingin var sú að horfið var frá banni á innflutningi, yfir í innflutning sem var óheftur á öllum landbúnaðarvörum án sérstakrar heimildar. Til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins þarf þó að fullnægja ákveðnum skilyrðum sem auglýst hafa verið og á það einkum við um hrátt kjöt, vörur úr ógerilsneyddri mjólk og hráum eggjum. Samkvæmt tollalögum eru lagðir tollar á landbúnaðarvörur sem eru miðaðir við það að tryggja markaðsstöðu innlendrar framleiðslu, svokallaðir magntollar. Auk almennra tolla eru lægri tollar sem gilda fyrir innflutning á vörum sem innfluttar eru samkvæmt tollkvótum.

Tollkvótarnir skiptast í lágmarksmarkaðsaðgang og ríkjandi markaðsaðgang. Með lágmarksmarkaðsaðgangi er átt við skuldbindingar GATT-samningsins, að heimila innflutning á 3–5% af innanlandsneyslu á samningstímanum en honum lýkur um mitt ár 2001. Þær vörur sem falla undir lágmarksmarkaðsaðgang eru ýmsar kjötvörur úr 2. kafla tollskrárinnar og unnar kjötvörur úr 16. kafla, ásamt eggjum, smjöri og ostum. Tollkvótarnir eru misstórir eftir vörutegundum, t.d. er ostakvótinn á næsta kvótaári, þ.e.a.s. sem hefst 1. júlí nk., 119 tonn, í unnum kjötvörum er hann 86 tonn og kjöt af alifuglum er 59 tonn, svo að dæmi sé tekið.

Með ríkjandi markaðsaðgangi er átt við skuldbindingar um markaðsaðgang, það er vörur sem fluttar höfðu verið inn samkvæmt undanþágum frá innflutningsbanni og voru lögfestir tollkvótar með sömu tollum og áður höfðu gilt um þær vörur. Hér er um að ræða margs konar landbúnaðarvörur sem fluttar eru inn án nokkurra magntakmarkana, eða með öðrum orðum á „opnum kvótum". Þá falla undir ríkjandi markaðsaðgang blóm og grænmeti. Við innflutning á blómum er yfirleitt ekki beitt magntakmörkunum, að undanskildum tveimur til þremur tollnúmerum, þ.e. afskorin blóm og pottaplöntur undir einn metri á hæð. Við innflutning á grænmeti gilda aðrar reglur. Þeim innflutningi er stjórnað með misháum tollum og fer upphæð þeirra eftir framboði innanlands. Engum magntakmörkunum er beitt við innflutning á grænmeti.

Í þeim tilfellum þar sem um kvótaúthlutanir er að ræða er auglýst eftir umsóknum. Ef eftirspurn eftir kvótum er meiri en það magn, sem til úthlutunar er, er úthlutun ákveðin með því að leita eftir tilboðum í kvótann eða með útdrætti. Undanfarin ár hafa íslensk stjórnvöld eingöngu beitt þeirri aðferð að leita eftir tilboðum í kvóta en horfið frá útdrætti.

Önnur fríðindameðferð

Innan ESB eru í gildi ýmsar reglur sem heimila að unnið sé úr ótollafgreiddum vörum. Fyrirtæki geta t.d. haft þann möguleika að flytja inn tollfrjálst hráefni frá þriðju ríkjum vegna aðvinnslu vöru enda sé framleiðslan flutt úr ESB. Sótt er um leyfi til tollyfirvalda í heimaríki og verður umsækjandinn að uppfylla tiltekin formleg og efnisleg skilyrði. Niðurfellingin getur annaðhvort verið í formi niðurfellingar tolla, sbr. hér framar, eða endurgreiðslu. Í fyrrnefnda tilvikinu mundi tollurinn falla endanlega niður við útflutning. Þá getur aðvinnsla verið heimil undir tolleftirliti. Þetta gefur heimild til að vinna að vöru áður en hún er tollafgreidd inn til ESB en markmiðið er að létta af tolli í því tilviki þegar hráefnið ber hærri toll en hálfunnin vara en tollur yrði þá greiddur af henni. Loks má nefna að heimilt getur verið að flytja ýmsar spunavörur út fyrir ESB tímabundið til aðvinnslu. Þegar varan er flutt inn aftur er ekki greiddur tollur vegna aðvinnslunnar.

7. Undirboðs- og jöfnunartollar og viðskiptaþvinganir

Undirboðs- og jöfnunartollar

Beiting undirboðstolla er allalgeng innan ESB, rúmlega 20 ný tilvik á árinu 1999, en álagning jöfnunartolla er sjaldgæf, undirboðsaðgerðir hafa þannig verið eitt beittasta vopn ESB við framkvæmd viðskiptastefnunnar. Þau ríki, sem slíkum aðgerðum hefur t.d. verið beint gegn, eru Japan, Kína, Suður-Kórea, Taívan, Bandaríkin, Kanada og Austur-Evrópuríki. Þegar EES-samningurinn tók gildi var formlega í gildi undirboðstollur gagnvart íslensku járnblendi þótt Grundartangaverksmiðjan hafi haft umsamda undanþágu frá honum. Samkvæmt 26. gr. EES er hins vegar beiting undirboðs- og jöfnunartolla á iðnaðarvörur bönnuð milli samningsaðila nema annað sé tekið fram. Um það er fjallað í bókun 13 við samninginn. Þar kemur t.d. fram að 26. gr. eigi aðeins við þau svið sem ákvæði EES-samningsins taka til og þar sem réttarreglur sambandsins teljast óaðskiljanlegur hluti hans. Ekki er þannig unnt að beita undirboðs- og jöfnunartollum gagnvart þeim vörum sem eru tilgreindar í 25.–97. kafla tollskrárinnar eða bókun 3 við hann en hins vegar er það heimilt gagnvart landbúnaðarvörum. Í 3. mgr. 4. gr. bókunar 9 við EES-samninginn er kveðið á um að samningsaðilar skuli leitast við að tryggja samkeppnisskilyrði sem geri hinum samningsaðilunum kleift að beita ekki ráðstöfunum gegn undirboðum og jöfnunartollum í viðskiptum með sjávarafurðir.

Reglur ESB um undirboðs- og jöfnunartolla byggjast á GATT-samningnum frá 1994 og eru reglurnar svipaðar sem gilda um þessar tvenns konar aðgerðir. Undirboð á sér stað þegar útflytjandi selur vörur á útflutningsmarkaði á lægra verði en á heimamarkaði og getur það leitt til álagningar undirboðstolla en jöfnunartollum er hægt að beita þegar vara hefur notið styrkja sem eru ólögmætir samkvæmt GATT-samningnum. Í báðum tilvikum er það skilyrði að hin ólögmæta aðgerð hafi valdið tjóni fyrir framleiðendur eða hætta sé á því. Framkvæmdastjórnin rannsakar málið, venjulega að undangenginni kæru frá framleiðendum innan sambandsins, og ef rannsóknin leiðir í ljós að skaðlegt undirboð eða skaðleg ólögmæt styrkveiting hefur átt sér stað er unnt að leggja á toll sem er það hár að hann nægir að vega upp hin skaðlegu áhrif. Enn fremur getur málinu lokið með því að útflytjandinn fellst á tiltekið lágmarksverð. Tollurinn kemur til viðbótar venjulegum tollum sem leggjast á vöruna en hann er því aðeins lagður á að það sé í samræmi við hagsmuni sambandsins en við það mat er m.a. litið til hagsmuna neytenda.

Hérlendis er fjallað um undirboðs- og jöfnunartolla í XII. kafla tollalaga og sett hefur verið sérstök reglugerð um framkvæmdina en reglur þessar eru byggðar á ákvæðum GATT-samningsins. Slíkum aðgerðum hefur hins vegar ekki verið beitt hérlendis. Eitt mál var rannsakað fyrir nokkrum árum en það féll niður þar sem sannanir voru ekki nægar.

Viðskiptaþvinganir og aðrar refsiaðgerðir

Tollabandalagið hefur mikilvægu hlutverki að gegna við framkvæmd utanríkis- og öryggismálastefnu sambandsins þar sem m.a. refsiaðgerðum og viðskiptaþvingunum er beitt en um efnahagslegar refsiaðgerðir er fjallað í 228 gr. A Maastricht-sáttmálans. Tollum er t.a.m. beitt sem lið í efnahagslegum refsiaðgerðum og tollyfirvöld hafa eftirlit með því á ytri landamærunum að viðskiptabönn séu virt bæði að því er varðar inn- og útflutning.

8. Málsmeðferð við tollafgreiðslu og landamæraeftirlit

Tollafgreiðslan á sér stað á ytri landamærum ESB og þar fer fram innheimta tolla, virðisaukaskatts og vörugjalda. Innflytjendur geta fengið gjaldfrest á aðflutningsgjöldum að viðlagðri tryggingu. Þá geta þeir flutt ótollafgreidda vöru milli ESB-ríkja og jafnvel um þriðju ríki með því að nota svokölluð umflutningsskjöl (transit). Samningur um umflutning er í gildi milli EFTA-ríkjanna og ESB og gilda því svipaðar reglur um umflutning á öllu þessu svæði. Unnt er að geyma ótollafgreiddar vörur í tollvörugeymslum og frísvæðum en þessar geymslur geta ýmist verið í eigu einkaaðila eða hins opinbera. Eftir að varan hefur verið tollafgreidd er unnt að flytja hana án hindrana innan sambandsins þar sem reglubundin tollgæsla á innri landamærum hefur verið afnumin þó svo þar eigi sér stað annað slagið skoðanir, t.d. vegna fíkniefnaleitar. Tollgæslan var afnumin 1. janúar 1993 en fyrir þann tíma breytti það litlu fyrir umstang í kringum tollafgreiðslu og kostnað af tollmeðhöndlun hvort um viðskipti innan ESB var að ræða eða viðskipti við þriðju lönd.

Afnám tollafgreiðslunnar hefur aukið mikilvægi ytri landamæranna og þess að tollyfirvöld í einstökum ríkjum starfi saman. Eftirlitið á sér ekki eingöngu stað á landamærunum sjálfum, heldur fer það einnig fram eftir innflutning, t.d. í fyrirtækjunum. Hver og ein sending er ekki skoðuð heldur eru teknar stikkprufur þar sem m.a. er byggt á áhættugreiningu þar sem lagt er mat á hvaða sendingar eru líklegar til að vera athugaverðar og er þá litið til verðmætis, eðlis vörunnar, uppruna og innflytjanda. Framkvæmdastjórnin hefur þróað öflugt upplýsinga- og tölvukerfi sem gerir tollyfirvöldum í einstökum ríkjum kleift að skiptast á upplýsingum sín á milli og við framkvæmdastjórnina og auðveldar það alla skilvirkni í eftirliti og flýtir fyrir tollafgreiðslu.

Löggjöf á tollasviðinu, sbr. hér framar, hefur verið samræmd. Á árinu 1996 samþykkti Evrópuþingið og ráðherraráðið framkvæmdaáætlun í tollamálum, tollur 2000. Þessi áætlun hefur nú verið framlengd og endurskoðuð og nefnist nú tollur 2002. Markmiðið með áætluninni er að tryggja einsleita framkvæmd tollalöggjafarinnar og aukna skilvirkni í tollafgreiðslu með því að byggja á þeirri samvinnu sem hefur myndast milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkja. Þær aðferðir, sem beitt verður, eru t.d. heimsóknir til tollyfirvalda í einstökum ríkjum, starfsmannaskipti, námskeiðahald, m.a. með þátttöku innflytjenda, upplýsingasöfnun og enn frekari tölvuvæðing tollafgreiðslu. Með þessum aðgerðum er reynt að tryggja að tollyfirvöld 15 ríkja starfi sem ein heild og þannig skiptir það ekki lengur máli fyrir innflytjandann hvar hann flytur vöruna inn. Alls staðar á hann að fá sömu meðhöndlun.

9. Hugsanleg áhrif ESB-aðildar

Með aðild að ESB yrðu Evrópusambandslöndin að heimamarkaði íslenskra fyrirtækja hvort sem þau starfa í landbúnaði, sjávarútvegi eða iðnaði. Viðskipti milli Íslands og ESB yrðu jafn einföld og milli Akureyrar og Vestmannaeyja. Þetta gæti haft í för með sér bæði tækifæri og ógnanir fyrir íslenska aðila. Ísland yrði hluti af sterkustu viðskiptablokk heims og mundi taka þátt í að móta viðskiptastefnu hennar gagnvart þriðju ríkjum.

Ísland þyrfti að taka upp tollalöggjöf og framkvæmd ESB, margt í henni er svipað og í íslenskri löggjöf, enda byggist hún að hluta til á ákvæðum GATT-samningsins, en annað ólíkt eins og hið umfangsmikla tollkvótakerfi ESB og tíð beiting undirboðs- og jöfnunartolla. Störf tollyfirvalda myndu breytast, þau myndu tengjast upplýsingakerfi ESB og ekki þyrfti lengur að tollafgreiða vörur frá ESB en þaðan koma nú um 60% innflutningsins og má gera ráð fyrir að hann mundi aukast með aðild. Í staðinn gætu tollyfirvöld einbeitt sér í auknum mæli að því að uppræta ólögmætan innflutning, svo sem innflutning fíkniefna. Upptaka nýrra reglna gæti aukið álagið á tollyfirvöld til að byrja með og umsýsla í kringum innflutning gagnvart þriðju ríkjum gæti aukist þar sem m.a. þyrfti að framfylgja reglum ESB um kvóta, magntakmarkanir og undirboðs- og jöfnunartolla. Hins vegar má gera ráð fyrir að þegar til lengri tíma er litið mundi aðild leiða til sparnaðar fyrir tollyfirvöld og inn- og útflytjendur. Sænskir útflytjendur áætluðu t.d. að kostnaður vegna útflutnings til ESB fyrir aðild hefði numið um 1,7% af heildarútflutningi til ESB en ekki eru til sambærilegir útreikningar fyrir Ísland.

Gagnleg vefsetur um tollamál

Fjármálaráðuneytið: http://www.stjr.is/fjr
Ríkistollstjóri: http://www.tollur.is/tollur.html
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/ext/index_en.htm

Heimildaskrá

P.S.R.F. Mathijsen, A guide to European Union Law, Sweet & Maxwell, London 1999.
Craig, Paul og De Búrca Gráinne, *EU Law – Text, Cases and Materials,* Oxford University Press, 1998.
Snyder, Francis, *International trade and customs law of the European Union,* Butterworths, 1998.
Skýrsla norskra stjórnvalda til norska Stórþingsins. Om medlemskap í Den Europeiske unionen, St.meld. nr. 40, Utenrikesdepartementet (1993–94).
European Commission, *The Customs policy of the European Union,* útg. 1999.
Heimasíða framkvæmdastjórnarinnar, http://www.europa.eu.int/en/comm/dg21/
The Key, fréttabréf DG XXI (Taxation and Customs Union), 1998 og 1999.
Hagstofa Íslands, *Utanríkisverslun eftir tollskrárnúmerum 1997,* Reykjavík 1998.
VSÍ og fleiri, *Tengsl Íslands við umheiminn,* Reykjavík 1994.

24. kafli

Efnahags- og myntbandalag Evrópu (EMU)

Samantekt

Á því rúmlega eina ári sem liðið er frá stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu hafa markmið þess um stöðugleika, lága vexti og hóflega verðbólgu staðist í meginatriðum. Innan fárra ára kann sú staða að vera komin upp að flest aðildarríki ESB verði orðin aðilar að Myntbandalaginu og samstarfsríki okkar í EFTA, eitt eða fleiri, stefni jafnframt að aðild að bandalaginu. Margt bendir hins vegar til að mörg ár líði þar til Bretland, stærsti markaður Íslendinga, verði aðili að myntbandalaginu. Þá er ljóst að ekki er pólitískur vilji til þess innan aðildarríkja ESB að þróa EES-samninginn þannig að hann nái til efnahags- og peningastefnu ESB og þar með aðildar að EMU. Ef stjórnvöld taka ákvörðun um að standa utan ESB og EMU um ókomna tíð verður helsti vandi atvinnulífsins gengisáhætta og vaxta-

munur. Þess vegna þarf að athuga vandlega möguleika þess að tengjast gjaldmiðilssamstarfinu þegar fram í sækir. Í því sambandi er skynsamlegt að haga stjórn efnahagsmála þannig að hagrænir þættir hindri ekki slíka tengingu í fyllingu tímans. Íslensk stjórnvöld þurfa því að vera viðbúin breyttum aðstæðum og miða stefnu sína í efnahags- og peningamálum við það að unnt verði að aðlagast Myntbandalaginu með einum eða öðrum hætti.

1. Inngangur

Í maí 1998 ákváðu ellefu aðildarríki Evrópusambandsins (ESB) að gerast stofnaðilar að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu (e. Economic and Monetary Union, EMU). Þessi ríki eru Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Þann 1. janúar 1999 tóku ríkin upp sameiginlegan gjaldmiðil, evru, en fullkominn greiðslumiðill verður evran ekki fyrr en árið 2002 þegar hafin verður útgáfa seðla og myntar og gjaldmiðlar aðildarríkjanna hverfa úr umferð. Fjögur aðildarríki ESB, Danmörk, Bretland, Grikkland og Svíþjóð, standa utan Myntbandalagsins um sinn. Aðild er hins vegar til umræðu í öllum þessum ríkjum.

Ákvörðunin um sameiginlega mynt og stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu er án efa einn mikilvægasti atburður á sviði alþjóðafjármála og gengismála á seinni hluta þessarar aldar. Með stofnun EMU varð til næststærsta gjaldmiðilssvæði í heimi sem nær til um 290 milljóna manna og saman eiga ríki Evrópusambandsins aðild að um fimmtungi af allri þjóðarframleiðslu og utanríkisviðskiptum veraldar. Efnahagsleg áhrif gjaldmiðlasamrunans verða því mikil, bæði fyrir aðildarríki ESB og ríki utan þess, og þeim mun meiri sem tengslin við þátttökuríkin eru meiri. Þar sem Ísland skiptir meira við aðildarríki ESB en önnur ríki eða ríkjasambönd er augljóst að áhrifin hér á landi verða veruleg.

Í þessari skýrslu verður í öðrum kafla gerð stuttlega grein fyrir samvinnu EFTA-ríkjanna við ESB um efnahags- og peningamál á grundvelli EES-samningsins og lítillega vikið að efnahags- og peningamálastefnu ESB. Í þriðja kafla er greint frá stofnun og starfsemi Myntbandalagsins, þ.á m. reynslunni af stofnun þess fyrir rúmlega einu ári. Í fjórða kafla er greint frá stöðu EFTA-ríkjanna Noregs og Sviss og þeirra aðildarríkja ESB sem standa utan Myntbandalagsins en ljóst er að það mun skipta Ísland miklu hvernig þróun mála verður í þessum ríkjum á næstu misserum. Í fimmta kafla er greint frá stöðu Íslands og verður þar reynt að meta áhrif Myntbandalagsins fyrir íslenskt efnahagslíf, greint frá valkostum Íslands í gengismálum og hver viðbrögð stjórnvalda hafa verið við stofnun EMU. Þar verður jafnframt lagt mat á þá valkosti sem Íslendingar standa frammi fyrir og í sjötta og síðasta kafla verður horft til framtíðar og staða Íslands metin í ljósi framtíðarþróunar ESB.

2. Efnahags- og peningamál innan EES og ESB

2.1 Samvinna um efnahags- og peningamál innan EES

Í 46. grein EES-samningsins er fjallað um samvinnu um stefnu í efnahags- og peningamálum og hljóðar greinin svo: „Samningsaðilar skulu skiptast á skoðunum og upplýsingum um framkvæmd samnings þessa og áhrif samstarfsins á efnahagsstarfsemi og framkvæmd stefnu í efnahags- og peningamálum. Þeir geta enn fremur rætt stefnu, ástand og horfur í efnahagsmálum. Þessi skipti á skoðunum og upplýsingum skulu fara fram án nokkurra skuldbindinga."

Við gerð EES-samningsins var samræmd efnahagsstefna ekki talin forsenda fyrir þeim markaðssamruna sem að var stefnt með samningnum. Hins vegar var talið æskilegt að efnahagsstefna einstakra samningsaðila gengi ekki þvert á stefnu annarra samningsaðila. Einstakir þættir EES-samningsins, svo sem afnám hafta í fjármagnshreyfingum, draga óneitanlega

úr möguleikum einstakra samningsaðila til að reka algjörlega sjálfstæða efnahagsstefnu sem gengur þvert á ríkjandi efnahagsstefnu á svæðinu. Af þessum sökum var talið eðlilegt að samningsaðilar skiptust reglulega á skoðunum um ýmsa þætti í efnahags- og gjaldeyrismálum.

Innan EFTA hafa upplýsingaskipti af þessu tagi farið fram um langt árabil í efnahagsnefnd EFTA. Á grundvelli Lúxemborgaryfirlýsingarinnar frá 1984 var komið á árlegum fundum efnahagsnefndar EFTA og fulltrúa framkvæmdanefndar EB þar sem rætt var um ýmsa þætti efnahagsmála. Þessu samráði hefur síðan verið haldið áfram og höfuðáhersla verið lögð á upplýsingar um áhrif efnahagssamruna á ESB- og EFTA-ríkin. Hafa þessir samráðsfundir verið helsti vettvangur þeirra skoðanaskipta sem kveðið er á um í 46. gr. EES-samningsins. Í efnahagsnefnd EFTA sitja fyrir Íslands hönd fulltrúar fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands. Þá má geta þess að frá árinu 1993 hafa fjármálaráðherrar EFTA- og ESB-ríkja hist einu sinni á ári og skipst á skoðunum um þróun efnahags- og peningamála.

Á leiðtogafundi ESB í Maastricht í desember 1991 ákváðu aðildarríkin að stefna að enn nánara samstarfi í efnahags- og peningamálum og taka upp sameiginlegan gjaldmiðil í ársbyrjun 1999. Þessi áform hafa ekki áhrif á EES-samninginn en efnahagsstefna ESB-ríkja verður hins vegar mun samhæfðari en verið hefur og áhrifameiri um efnahagsmál í álfunni allri. Þörfin fyrir upplýsingaskipti um efnahagsmál á grundvelli EES-samningsins hefur því orðið enn meiri en áður.

2.2 Efnahags- og peningamálastefna ESB

Í Stofnsáttmála EB (e. Treaty establishing the European Community), sem tekur til samþykkta Maastricht-fundarins sem áður er getið, er í greinum 98–124 að finna ákvæði um stefnuna í efnahags- og peningamálum. Megininntak efnahagsstefnunnar felur í sér að aðildarríkin samræmi efnahagsstefnu sína eins og frekast er kostur þannig að hún sé í samræmi við markmiðin um hinn svokallaða innri markað ESB. Þá byggist efnahagsstefnan á því að aðildarríkin búi við opið markaðshagkerfi og frjálsa samkeppni.

Peningamálastefnan kveður m.a. á um upptöku sameiginlegs gjaldmiðils og stofnun Seðlabanka Evrópu (e. European Central Bank, ECB) og Evrópska seðlabankakerfisins (e. European System of Central Banks, ESCB). Markmið peningastefnunnar er að tryggja verðstöðugleika en auk þess verði þess krafist að aðildarríkin gæti aðhalds í ríkisfjármálum og leitist við að ná jafnvægi í utanríkisviðskiptum.

3. Stofnun og starfsemi EMU

3.1. Forsaga

Þegar áætlun Evrópusambandsins um innri markaðinn, það er frjálst flæði vöru, þjónustu, fólks og fjármagns, var samþykkt árið 1985 var það sjónarmið framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að innri markaðurinn virkaði ekki með eðlilegum hætti fyrr en komið yrði á sameiginlegum evrópskum gjaldmiðli. Ástæða þess var talin sú að síbreytileg skráning á gengi einstakra gjaldmiðla skapaði óvissu og áhættu fyrir viðskiptalífið, auk þess sem umtalsverður kostnaður væri því samfara að skipta úr einum gjaldmiðli í annan.

Á árinu 1988 var ákveðið að setja á fót nefnd með þátttöku allra seðlabankastjóra Evrópusambandsins til að undirbúa stofnun evrópsks efnahags- og myntbandalags. Var formaður nefndarinnar Jacques Delors, þáverandi forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Niðurstöður þessarar nefndar voru þær að unnið skyldi að því að stofna Efnahags- og myntbandalag Evrópu. Með Maastricht-samningnum skuldbundu aðildarríki ESB sig síðan til að

setja á fót efnahags- og myntbandalag sem fól í sér sameiginlega peningastefnu, stofnun Seðlabanka Evrópu og nánara samstarf á sviði efnahagsmála en áður hafði verið.

Að baki stofnunar EMU liggja því efnahagslegar en jafnframt pólitískar ástæður. Eftir því sem samskipti aðildarríkja ESB á sjöunda áratugnum urðu meiri og markaðsbandalaginu óx fiskur um hrygg urðu ríkin háðari hvert öðru og næmari fyrir efnahagsstefnu hvert annars. Sem afleiðing þessarar þróunar er sameiginleg peningastefna, einn sjálfstæður seðlabanki, sameiginleg mynt og dýpra samstarf á sviði efnahagsmála talið örva hagvöxt í Evrópu og stuðla að betri lífskjörum. Að auki er gjaldmiðilssamstarfið þáttur í því að efla pólitískan samruna í Evrópu og styrkja stöðu sameiginlegs gjaldmiðils á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum í sívaxandi samkeppni við Bandaríkjadal og japanskt jen.

3.2. Áfangar að stofnun

Áætlunin um stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu var í þremur áföngum. Fyrsti áfangi hófst þann 1. júlí 1990 og stóð til loka árs 1993. Í þessum áfanga var hömlum létt af öllum fjármagnshreyfingum, sjálfstæði seðlabanka aukið, yfirdráttur ríkissjóðs í seðlabönkum bannaður og loks skyldi við það miðað að sveiflur í skráningu einstakra gjaldmiðla væru innan við 2,25%. Voru þessi mörk reyndar hækkuð í 15% í kjölfar þess óróa sem varð á gjaldeyrismörkuðum í ágústmánuði 1993.

Annar áfangi að stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu hófst í ársbyrjun 1994. Það ár var Peningastofnun Evrópu (e. European Monetary Institute, EMI) komið á fót en henni var ætlað það hlutverk að auka samvinnu seðlabanka og stuðla að samhæfingu þeirra í stjórnun peningamála. Þá var Peningastofnun Evrópu ætlað að vinna að undirbúningi þriðja áfanga Myntbandalagsins.

Þriðji og síðasti áfanginn að stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu hófst síðan þann 1. janúar 1999. Í byrjun maí 1998 tók leiðtogafundur ESB ákvörðun um að ellefu lönd fengju aðild að Myntbandalaginu frá upphafi. Þá var einnig tekin ákvörðun um á hvaða gengi gjaldmiðlar þessara landa yrðu læstir saman í ársbyrjun 1999. Í þessum áfanga var Seðlabanki Evrópu jafnframt stofnaður, sameiginlegri peningastefnu var komið á og þremur árum síðar, það er 1. janúar 2002, hefst útgáfa seðla og myntar af hinum sameiginlega gjaldmiðli, evrunni.

3.3 Þátttökuskilyrði

Þau ríki, sem gerast aðilar að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu, þurfa að uppfylla fimm meginskilyrði um árangur í efnahagsmálum. Þau eru:

- Halli á ríkissjóði sé minni en 3% af landsframleiðslu.
- Heildarskuldir hins opinbera séu lægri en 60% af landsframleiðslu.
- Verðbólga sé ekki meiri en verðbólga í þeim þremur löndum þar sem hún er lægst að viðbættu 1,5%.
- Langtímavextir séu ekki hærri en í þeim löndum þar sem verðlag er stöðugast að viðbættum 2%.
- Gengi gjaldmiðla haldist innan opinberra sveiflumarka, sem nú eru 15%, í að minnsta kosti tvö ár.

Þá þurfa aðildarríki EMU að hafa tekið þátt í samstarfi ESB um gengismál innan Gengissamstarfs Evrópu (e. Exchange Rate Mechanism, ERM2) tvö undangengin ár auk þess að sjálfsögðu að vera aðilar að ESB.

Þau lönd, sem uppfylla öll ofangreind skilyrði, geta tekið þátt í myntsamrunanum en það þýðir þó ekki að þau lönd, sem uppfylla ekki öll skilyrðin, verði útilokuð frá þátttöku. Þannig

er gert ráð fyrir að hægt sé að koma við vissu mati, sérstaklega hvað varðar stöðu ríkisfjármála. Meðal annars verður litið til þess hvort land, sem uppfyllir ekki skilyrðin, hafi bætt stöðu sína og sé líklegt til að uppfylla þau síðar. Þá er gerður greinarmunur á því hvort halli hins opinbera stafi af mikilli fjárfestingu, sem hugsanlega sé tímabundinn og skili arði síðar, eða hvort um sé að ræða halla sem tengist rekstrarútgjöldum. Skilyrðin varðandi verðbólgu og vexti eru hins vegar strangari.

Eins og áður segir gerðust ellefu af fimmtán aðildarríkjum ESB stofnaðilar að EMU. Þau lönd, sem utan standa, eru Danmörk, Grikkland, Bretland og Svíþjóð. Grikkland uppfyllti ekki hin efnahagslegu skilyrði á sínum tíma og þá ákváðu Bretland og Svíþjóð að taka ekki þátt í stofnun Myntbandalagsins. Jafnframt felldi Danmörk aðild að Maastricht-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu og er því undanþegið skuldbindingum um aðild að EMU. Nánar verður greint frá stöðu þessara ríkja varðandi aðild að EMU síðar í skýrslunni.

Við samanburð á ofangreindum skilyrðum við árangur í efnahagsmálum hér á landi kemur í ljós að Ísland uppfyllir skilyrðin um afkomu ríkissjóðs, heildarskuldir hins opinbera og gengi gjaldmiðla. Þannig er áætlað að afgangur á ríkissjóði árið 1999 hafi numið um 1,2% af landsframleiðslu og heildarskuldir hins opinbera í árslok 1999 hafi numið um 42% af landsframleiðslu. Hins vegar nam hækkun vísitölu neysluverðs hér á landi í desember 1999 á kvarða samræmdrar neysluverðsvísitölu ESB um 4,4%. Verðbólga í þeim þremur aðildarríkjum EMU, sem búa við stöðugast verðlag (Austurríki, Frakklandi og Þýskalandi), nam hins vegar á sama tíma um 1% og því uppfyllir Ísland ekki þessi skilyrði. Þá er Ísland fjarri því að uppfylla skilyrðin um langtímavexti. Meðalnafnvextir 10 ára ríkisskuldabréfa í Austurríki, Frakklandi og Þýskalandi eru 5,4% en til samanburðar nam nafnávöxtun óverðtryggðra ríkisbréfa um 9,5% hér á landi í desember 1999.

3.4. Stofnanakerfi

Stofnun EMU leiddi til þess að óhjákvæmilegt reyndist að endurskoða stofnanakerfi ESB um samvinnu aðildarríkjanna í efnahags- og peningamálum. Ekki síst varð þetta nauðsynlegt til að tryggja áframhaldandi áhrif Danmerkur, Bretlands, Grikklands og Svíþjóðar á stefnumótun bandalagsins á sviði efnahags- og peningamála. Verður hér á eftir gerð stuttlega grein fyrir samstarfi ESB-ríkja í efnahags- og peningamálum og hvaða stofnanir sambandsins koma að því.

- *Efnahags- og fjárhagsráð ESB* (e. Council of Economy and Finance Ministers, ECOFIN). Í því sitja fjármálaráðherrar allra ESB-ríkja og er ráðið ábyrgt fyrir stefnumótun sambandsins á sviði efnahagsmála. Þá gegnir ráðið hlutverki varðandi afmarkaða þætti í starfsemi EMU, svo sem hvort grípa eigi til aðgerða gegn aðildarríkjum EMU vegna halla á ríkissjóði, svo og í tengslum við ýmis mál er snerta gjaldeyris- og peningamál þeirra.
- *Evru-11 „ráðið"* (e. Euro 11 "Council"). Hlutverk þessa ráðs er ekki skýrt afmarkað en í því sitja fjármálaráðherrar aðildarríkja EMU. Mögulegt er að það muni þróast í þá átt að vera vettvangur fyrir umræður og ákvarðanir um málefni EMU þar sem fulltrúum aðildarríkja ESB, sem standa utan EMU, verði jafnframt boðin þátttaka. Enn hittast þó ráðherrarnir ellefu á fundum og gera út um sín mál áður en hin ríkin fjögur koma að umræðum.
- *Seðlabanki Evrópu (ECB).* Bankinn starfar innan ramma *Evrópska seðlabankakerfisins* (ESCB) en það samanstendur af seðlabönkum allra aðildarríkja ESB og Seðlabanka Evrópu. Samkvæmt Maastricht-samningnum er Evrópska seðlabankakerfinu falin yfirstjórn peningamála innan ESB en þar sem sum aðildarríki þess ákváðu að standa utan Mynt-

bandalagsins varð til ákveðin tvískipting innan ESCB. Annars vegar samstarf Seðlabanka Evrópu og seðlabanka þeirra ellefu ríkja sem eiga aðild að EMU, en þessar stofnanir standa að sameiginlegri peningastefnu evrusvæðisins. Hins vegar hefur orðið til samstarf aðildarríkja ESB sem ekki tóku þátt í Myntbandalaginu frá byrjun og standa þau ekki að framkvæmd hinnar sameiginlegu peningastefnu og halda áfram að stjórna peningamálum í heimalöndum sínum.

- Aðrar stofnanir ESB, sem gegna verulegu hlutverki í málefnum EMU, eru:
  - *Leiðtogaráð ESB* (e. European Council) sem hefur það hlutverk að fjalla um meginlínur í efnahagsstefnu aðildarríkjanna og innan bandalagsins.
  - *Framkvæmdastjórn ESB* (e. European Commission) sem gegnir því hlutverki að hafa eftirlit með og útbúa skýrslur um stefnu aðildarríkjanna í peningamálum. Þá getur framkvæmdastjórnin sent tilmæli til leiðtogaráðsins ef aðildarríkin fylgja ekki efnahagsstefnu sem er í samræmi við ákvæði Stöðugleika- og hagvaxtarsáttmálans (e. Stability and Growth Pact).
  - *Efnahags- og fjármálanefndin* (e. Economic and Financial Committee) sem hefur m.a. með höndum fjármálastefnu, fjármagnshreyfingar og samskipti um alþjóðapeningamál.
  - *Evrópuþingið* (e. European Parliament) sem hefur takmörkuð völd hvað varðar starfsemi EMU en gegnir ákveðnu ráðgjafarhlutverki og hefur rétt á því að afla upplýsinga um starfsemina.

3.5. Kostir og gallar

Af einstökum þáttum myntsamrunans, sem flestir telja jákvæða, má nefna að tilkoma sameiginlegrar myntar dregur úr gengisáhættu og minnkar þann kostnað sem er því samfara að skipta úr einum gjaldmiðli í annan. Þá er talið að myntsamruninn styðji við þróunina að innri markaði Evrópusambandsins og fjármagnsmarkaðurinn í heild eflist og stækki. Jafnframt er talið að vaxtastig í þeim löndum, sem þátt taka í myntsamrunanum, leiti þangað sem það er lægst og vextir lækki þar af leiðandi þar sem þeir eru mjög háir fyrir. Þá hefur verið nefnt að sameiginlegur gjaldmiðill kunni að leiða til aukinnar fjárfestingar og hafa örvandi áhrif á vinnumarkaðinn. Þetta er rökstutt með því að með stöðugu verðlagi skapist aðstæður fyrir meiri atvinnu og betri lífskjör á sama tíma og vöxtum sé haldið í skefjum. Loks er talið að sameiginlegur gjaldmiðill auðveldi verðsamanburð milli landa og geri ferðalög jafnframt auðveldari en áður var. Þá verða öll viðskipti innan svæðisins einfaldari og auðveldari til jafns við það sem tíðkast innan ríkja.

Af þeim ókostum, sem nefndir hafa verið varðandi myntsamrunann, má nefna að þau ríki, sem taka þátt í þessum samruna, verða svipt sjálfstjórn í peningamálum og geta ekki beitt gengisbreytingum sem lið í hagstjórn. Jafnframt hafa ýmsir bent á að vinnumarkaðurinn sé ekki nógu sveigjanlegur til að laga sig að myntsamrunanum. Þá hefur verið nefnt að þeir aðilar, sem hingað til hafa haft tekjur af því að stunda gjaldeyrisviðskipti, verði af nokkrum tekjum. Loks ber þess að geta ekki er gert ráð fyrir því að ríki geti sagt sig úr Myntbandalaginu eftir að þau eru orðin aðilar.

3.6. Reynslan af EMU

Á því rúmlega eina ári sem liðið er frá stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu hefur bandalagið staðist í meginatriðum þær væntingar sem til þess voru gerðar í upphafi. Hins vegar ber að hafa í huga að eitt ár er skammur tími og þarf mun lengri tíma til að meta árangur og áhrif af jafnviðamiklum breytingum og stofnun myntbandalags er.

Engu að síður hefur Myntbandalagið staðist nokkrar prófraunir sem vert er að geta. Í fyrsta lagi stóð það af sér þau áföll sem dundu yfir með alþjóðlegu fjármálakreppunni sem hófst 1997 og hafði áhrif á stóran hluta heimsbyggðarinnar. Í öðru lagi hefur markmiðum um verðstöðugleika verið náð þrátt fyrir umtalsverða hækkun olíuverðs á síðasta ári. Í þriðja lagi hefur staða ríkisfjármála í aðildarríkjunum styrkst þrátt fyrir lítinn hagvöxt. Í fjórða lagi hefur tiltölulega lágt gengi evrunnar haft þann ávinning í för með sér að örva hagvöxt án þess að það hafi leitt til aukinnar verðbólgu. Í fimmta og síðasta lagi hefur hagþróun í þeim aðildarríkjum Myntbandalagsins, sem bjuggu við mun meiri hagvöxt en önnur, t.d. Írlandi, Finnlandi, Spáni og Portúgal, ekki farið úr böndum þrátt fyrir að þau hafi þurft að lækka vexti verulega þegar þau gengu í Myntbandalagið. Reyndar hefur verðbólga verið nokkru meiri á Írlandi en í öðrum aðildarríkjum Myntbandalagsins og þá er atvinnuleysi enn mikið í Finnlandi enda þótt það hafi minnkað verulega frá kreppuárunum í byrjun síðasta áratugar.

Það hefur hins vegar valdið nokkrum áhyggjum að gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal hefur lækkað verulega á undanförnum mánuðum. Þannig var gengi evrunnar um 15% lægra í febrúar 2000 en það var í ársbyrjun 1999. Á það hefur hins vegar verið bent að það sem skipti í raun máli sé hinn „innri styrkur“ evrunnar, þ.e. kaupmáttur hennar innan aðildarríkjanna. Gengi evrunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum hafi þess vegna einungis þýðingu að því leyti sem það hafi áhrif verðlagsþróun á svæðinu.

Ástæðunnar fyrir lágu gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal er fyrst og fremst að leita í mismunandi efnahagsþróun innan og utan Myntbandalagsins. Hagvöxtur þar hefur verið mun minni en í Bandaríkjunum á sama tíma og hagvöxtur í Bandaríkjunum hefur verið með mesta móti. Þetta hefur leitt til þess að vextir hafa verið mun hærri í Bandaríkjunum en í Evrópu og þessi vaxtamunur skýrir fyrst og fremst lágt gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal. Flestar langtímaspár gera hins vegar ráð fyrir því að þessi vaxtamunur muni minnka og að evran muni styrkjast gagnvart Bandaríkjadal þegar fram í sækir, m.a. vegna gríðarlegs viðskiptahalla í Bandaríkjunum um þessar mundir og vísbendinga um aukinn hagvöxt á evrusvæðinu. Fjárfesting í evrópsku efnahagslífi kann því að verða áhugaverðari kostur en áður á sama tíma og þróunin á bandarískum verðbréfamarkaði gefur til kynna að alþjóðlegir fjárfestar kjósi að draga úr vægi bandarískra verðbréfa í eignasöfnum sínum og stuðli þannig að lækkun á gengi Bandaríkjadals.

4. Staða Noregs, Sviss og ESB-ríkja utan EMU

4.1. Noregur

Norðmenn fylgja fastgengisstefnu þar sem áhersla er lögð á að halda gengi norsku krónunnar sem stöðugustu gagnvart evru. Stjórnvöld hafa ekki birt nein vikmörk á gengi norsku krónunnar en þau geta gripið til aðgerða komi sú staða upp að gengi krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum breytist umfram það sem æskilegt getur talist.

Þótt Noregur sé ekki aðili að Evrópusambandinu er vandlega fylgst með framvindu gengissamstarfsins innan EMU og reyndar eru tengslin við sambandið í heild í sífelldri skoðun. Til að mynda hefur að undirlagi fráfarandi utanríkisráðherra verið unnið að gerð skýrslu um stöðu Noregs í Evrópu og er stefnt að því að hún verði lögð fyrir þingið í haust. Ríkisstjórnarskiptin nú fyrir skömmu kunna hins vegar að breyta þessum áformum en ný ríkisstjórn hefur ekki kynnt stefnu sína í þessum efnum. Hins vegar er talið ólíklegt að stefnunni í gengismálum verði breytt og því verði áfram fylgt fastgengisstefnu. Jafnframt verði kostir og gallar mismunandi tengsla við ESB skoðaðir og stuðlað að opinni umræðu um þau efni á innlendum vettvangi. Er líklegt að þetta verði í aðalatriðum stefna ríkisstjórnarinnar, a.m.k. fram yfir þingkosningarnar haustið 2001.

4.2. Sviss

Í byrjun þessa árs breytti svissneski seðlabankinn stefnu sinni í peningamálum á þann veg að framvegis miðist peningastefnan við beint verðbólgumarkmið í stað peningamagns í umferð. Eftir sem áður verður meginmarkmið peningastefnunnar að stuðla að verðstöðugleika og verður í þeim efnum stefnt að því að verðbólga fari ekki yfir 2% á ári.

Áhrifin af stofnun Efnahags- og myntbandalagsins á svissneskt efnahagslíf eru almennt ekki komin í ljós. Þrátt fyrir nokkurn þrýsting frá svissneskum atvinnurekendum um að tengja frankann við evruna til að draga úr líkum á gengisfellingu hafa stjórnvöld ekki léð máls á slíkri tengingu þar sem þau óttast að það muni skapa væntingar sem leitt geti til hækkunar á vöxtum og þar með minnkandi fjárfestingum. Þó er ljóst að vegna mikilla viðskipta Sviss og ESB mun það þjóna hagsmunum Svisslendinga að viðhalda lágu vaxtastigi heima fyrir en vextir þar hafa reyndar til langs tíma verið lægri en t.d. í Þýskalandi.

4.3. Bretland

Ríkisstjórn Verkamannaflokksins í Bretlandi er í grundvallaratriðum hlynnt aðild að EMU. Stefnir ríkisstjórnin að því að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildina að loknum þingkosningum sem fara fram í seinasta lagi árið 2002 eða í upphafi þess kjörtímabils sem þá fer í hönd. Það er hins vegar skoðun ríkisstjórnarinnar að af aðild verði ekki nema Myntbandalagið hafi reynst vel og ótvírætt sé að aðildin verði í þágu alls almennings. Því telja bresk stjórnvöld nauðsynlegt að skapa sátt meðal þjóðarinnar um aðildina að Myntbandalaginu en mikill meiri hluti Breta er andvígur aðild og hefur andstaðan farið vaxandi að undanförnu.

Ásetningur bresku stjórnarinnar um aðild að EMU birtist meðal annars í því að víðtækur undirbúningur hefur átt sér stað til að tryggja hröð umskipti þegar þar að kemur. Þannig hefur t.d. hvert ráðuneyti skipað starfshóp til að annast slíkan undirbúning og öll hugbúnaðarþróun á vegum stjórnvalda hefur miðast við að auðvelt verði að taka upp evruna. Jafnframt hefur fjármála- og viðskiptalífið undirbúið sig markvisst fyrir gjaldmiðlabreytinguna. Vinnu- og tímaáætlun ríkisstjórnarinnar felur í sér að stefnan verði mörkuð í upphafi næsta kjörtímabils á grunni svonefndra fimm hagrænna prófa, þjóðaratkvæðagreiðsla eigi sér stað fjórum mánuðum síðar og, ef niðurstaða hennar er jákvæð, verði evran sett í umferð eftir um tvö ár þaðan í frá.

4.4. Danmörk

Engin grundvallarbreyting varð á framkvæmd gengisstefnu Danmerkur við stofnun EMU. Hún mun eftir sem áður miðast við að halda gengi dönsku krónunnar stöðugu innan vikmarka Gengissamstarfs Evrópu (ERM2) eða mjög nærri þeim. Þótt Danir hafi kosið að sitja hjá í lokaáfanga myntsamrunans er stefna þeirra engu að síður bundin við að halda genginu stöðugu gagnvart gjaldmiðlum Evrópuríkja og að tengjast Myntbandalaginu síðar.

Danska ríkisstjórnin ákvað nýlega að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildina að EMU þann 28. september nk. Áður þarf þó aukaþing danska Jafnaðarmannaflokksins að samþykkja aðildina, svo og danska þingið. Almennt er búist við samþykki þessara aðila og þá styður meiri hluti þjóðarinnar aðildina að EMU ef marka má skoðanakannanir. Mikil áhersla er lögð á upplýsta umræðu um þetta efni í Danmörku áður en ákvörðun verður tekin, eins og reyndar einnig í Bretlandi og Svíþjóð.

4.5. Svíþjóð

Í Svíþjóð mun seðlabankinn starfa áfram á grundvelli sveigjanlegrar stefnu í gengismálum og móta stefnuna í peningamálum með tilliti til markmiðs um verðstöðugleika. Um árabil hefur ríkt eining meðal seðlabanka aðildarríkja ESB um að stefna að verðbólgu á bilinu 0–2% sem er nokkurn veginn í samræmi við verðbólgumarkmið sænska seðlabankans. Sænsk stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau telji sér ekki skylt að taka þátt í samstarfinu innan Gengissamstarfs Evrópu en ef þau hefðu áhuga á slíkri þátttöku væri ekki raunhæft að taka slíka ákvörðun nema fyrir liggi ákvörðun um að sækja um aðild að EMU.

Miðstjórn sænska Jafnaðarmannaflokksins hefur lagt til að sótt verði um aðild að EMU að uppfylltum vissum skilyrðum. Dagsetning aðildar muni þó fara eftir því hvenær stjórnmálaleg og efnahagsleg staða Svíþjóðar sé hagstæð. Því má segja að afstaða stjórnvalda sé „já, þegar það hentar Svíþjóð pólitískt og efnahagslega að uppfylltum mikilvægum skilyrðum".

Þá samþykkti flokksþing sænska Jafnaðarmannaflokksins nýlega að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildina að EMU. Óvíst er hvenær þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram en ljóst er að það verður ekki fyrr en eftir að Svíar hafa lokið formennsku í Evrópusambandinu á fyrri hluta árs 2001 og jafnvel ekki fyrr en eftir næstu þingkosningar sem fram fara árið 2002. Sú skoðun er ríkjandi í Svíþjóð að bíða eigi með aðild að EMU þar til í ljós kemur hvernig Myntbandalaginu reiðir af. Þá muni þróun mála í öðrum ríkjum Evrópusambandsins, sem standa utan EMU, sérstaklega í Bretlandi, hafa afgerandi áhrif á afstöðu Svía.

4.6. Grikkland

Sem kunnugt er gerðist Grikkland ekki stofnaðili að EMU þar sem landið uppfyllti ekki hin efnahagslegu skilyrði fyrir aðild. Næsta öruggt er talið að landið uppfylli þessi skilyrði nú en nokkurrar óvissu gætir þó um verðbólguskilyrðin. Hafa Grikkir formlega sótt um aðild að EMU og er fastlega búist við að umsókn þeirra verði samþykkt á leiðtogafundi ESB í Portúgal sumarið 2000. Miða allar efnahagsaðgerðir stjórnvalda við það að Grikkland geti orðið aðili að EMU í ársbyrjun 2001.

5. Staða Íslands

5.1. Helstu áhrif myntsamrunans

Ljóst er að áhrif evrunnar verða töluvert meiri fyrir þau ríki sem standa að Myntbandalaginu en þau sem standa utan þess. Það liggur þó í hlutarins eðli að áhrif EMU á íslenskt efnahagslíf verða bæði veruleg og fjölþætt sem fyrst og fremst stafar af því hversu þungt utanríkisviðskipti Íslands við ESB-ríkin vega. Árið 1998 námu vöru- og þjónustuviðskipti okkar við núverandi aðildarríki Myntbandalagsins um 34% af heildinni en þetta hlutfall hækkar í um 59% sé litið til viðskipta við öll aðildarríki ESB. Það er því ljóst að ef þau ESB-ríki, sem nú standa utan Myntbandalagsins, gerast aðilar að því munu áhrif þess á íslenskt efnahagslíf aukast til muna. Til samanburðar má geta þess að 10% utanríkisviðskipta okkar eru við EFTA-ríkin, 25% við Bandaríkin, 5% við Japan og 1% við önnur lönd.

Ef þróun evrunnar verður með sama hætti og hingað til er ljóst að áhrif hennar verða áfram jákvæð á efnahagslíf í aðildarríkjum Myntbandalagsins. Ísland mun njóta góðs af þessum áhrifum þar sem lægri viðskiptakostnaður og hagvaxtaráhrif evrunnar innan svæðisins munu örva viðskipti okkar við þetta svæði og væntanlega bæta viðskiptakjör okkar. Þá mun minni gengisáhætta og auðveldari verðsamanburður milli landa fela í sér hagstæð áhrif á atvinnu- og viðskiptalíf landsmanna. Jafnframt mun stærri og öflugri fjármagnsmarkaður

hafa jákvæð áhrif hér á landi þar sem við tengjumst nú fjármagnsmörkuðum heims í ríkara mæli og lægri vextir og viðskiptakostnaður mun hafa jákvæð áhrif á íslensk fyrirtæki.

Það er hins vegar ljóst að þar sem hin örvandi áhrif evrunnar verða meiri í aðildarríkjum Myntbandalagsins en hér á landi kann það að leiða til þess að við drögumst aftur úr. Þannig er hugsanlegt að íslensk fyrirtæki og fjármálastofnanir hafi verri samkeppnisstöðu en fyrirtækin innan evrusvæðisins, m.a. vegna þess að vaxtakostnaður verður meiri hér. Þá geta öflugri fjármálastofnanir erlendis boðið íslenskum fyrirtækjum betri kjör og veitt þannig íslenskum fjármálastofnunum harðari samkeppni.

5.2. Viðbrögð stjórnvalda við stofnun EMU

Sem lið í undirbúningi fyrir gildistöku evrunnar í aðildarríkjum Myntbandalagsins setti Alþingi lög nr. 39/1998 um áframhaldandi gildi samninga með tilkomu evrunnar. Með lögunum var stefnt að því að taka af allan vafa um að upptaka evrunnar mundi ekki leiða til ógildingar samninga sem áður höfðu verið gerðir í ekum eða einstökum myntum aðildarríkja EMU. Jafnframt skipaði forsætisráðherra samráðshóp til að meta áhrif Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf og skilaði hópurinn áliti í júní 1998.

Að öðru leyti hafa viðbrögð íslenskra stjórnvalda við þeim nýju viðhorfum, sem við blasa í gengismálum Evrópu, verið þau að ákveðið hefur verið að halda óbreyttri gengisstefnu fyrst um sinn. Þá hafa stjórntæki Seðlabanka Íslands verið aðlöguð stjórntækjum Seðlabanka Evrópu, m.a. með því að taka upp sams konar uppboð á endurhverfum samningum eins og Seðlabanki Evrópu tíðkar, og önnur fyrirgreiðsluform við íslenskar lánastofnanir eru sambærileg. Jafnframt er greiðslumiðlunarkerfið hér á landi í endurskoðun og verður m.a. sótt til fyrirmynda á evrusvæðinu hvað það varðar. Þá er staðfest í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að viðhalda stöðugleika hér á landi en traust efnahagsstjórn er veigamesti þátturinn í því að festa í sessi þann stöðugleika í efnahagsmálum sem hér hefur ríkt að undanförnu og þar gegnir stefnan í gengismálum lykilhlutverki. Að lokum má geta þess að Seðlabanki Íslands hefur tekið upp regluleg tengsl við Seðlabanka Evrópu og verður leitast við að efla þau tengsl frekar.

5.3. Valkostir í gengismálum

Þeir valkostir, sem Íslendingar eiga í gjaldeyrismálum við núverandi aðstæður miðað við að ekki verði sóst eftir aðild að Myntbandalaginu með fullri aðild að ESB, eru þessir:

- Fast gengi (ýmis afbrigði)
  - Núverandi tilhögun; myntkarfa
  - Einhliða tenging við evru
  - Tvíhliða tenging við evru
- Fljótandi gengi
- Myntráð
- Evra sem lögeyrir

1. Núverandi gengisfyrirkomulag miðast við að gengið sé tengt við körfu sem endurspeglar utanríkisviðskipti okkar með ákveðnum vikmörkum, sem nú eru 9% í báðar áttir. Kosturinn við eigin myntkörfu af þessu tagi er að hún dregur úr þeim sveiflum sem breytingar erlendra gjaldmiðla innbyrðis geta valdið í íslenskum þjóðarbúskap. Jafnframt er sá möguleiki ávallt fyrir hendi að bregðast við ytri áföllum með gengisbreytingu og þá hafa tiltölulega víð vikmörk einnig veitt færi á töluverðum sveigjanleika. Ókostirnir við þetta kerfi eru í fyrsta lagi þeir að hætt er við að óhagstæður vaxtamunur milli Íslands og við-

skiptalanda þess muni ekki lækka að marki, jafnvel þótt haldið verði fast við stefnuna í peningamálum. Í öðru lagi dregur óvissa í gengismálum úr erlendum fjárfestingum hér á landi og þar með hagvexti og í þriðja lagi kemur svo til sá vandi sem felst í því að verja trúverðugleika gengisins.

2. Með *einhliða tengingu við evru* myndu íslensk stjórnvöld lýsa því einhliða yfir að halda skuli gengi krónunnar föstu gagnvart evru. Trúverðugleiki slíkra breytinga er þó varla meiri en núverandi gengisfyrirkomulags í þá átt að draga úr vaxtamun gagnvart evrunni og því tæpast ávinningur að henni.
3. *Tvíhliða tenging við evru* fæli í sér að samkomulag yrði gert við Seðlabanka Evrópu um gengistilhögun hér á landi. Samkomulagið gæti verið með ýmsum hætti, m.a. um að verja gengi krónunnar gagnvart evru innan ákveðinna marka. Á þessari stundu ríkir hins vegar um það óvissa hvort Seðlabanki Evrópu sé reiðubúinn til einhvers gengissamstarfs við ríki sem standa utan Myntbandalagsins. Þessi leið er því háð óvissu og líklegt að pólitískra lausna væri þörf ef hún ætti að teljast möguleg.
4. *Flotgengi* fæli í sér að ramma peningastefnunnar yrði breytt þannig að tekið yrði upp beint verðbólgumarkmið. Breyting í þessa veru krefst nokkurs undirbúnings og samrýmist þeirri stefnu sem ýmis lönd, þ. á m. Svíþjóð, hafa fylgt að undanförnu. Ef þessi leið yrði farin mundi stöðugleiki gengisins eftir sem áður gegna lykilhlutverki í stjórn peningamála enda hafa gengisbreytingar mikil áhrif á verðlagsþróun. Meginmunurinn fælist hins vegar í því að Seðlabankinn mundi ekki skuldbinda sig til að verja tiltekið gengi.
5. *Myntráð* er fyrirkomulag þar sem innlendur gjaldmiðill er einungis gefinn út í skiptum fyrir erlendan gjaldmiðil. Þessi leið krefst mjög öflugs gjaldeyrisforða þar sem hann yrði að þola miklar sveiflur og mundi fela í sér mikið álag á peninga- og bankakerfið. Þá felur myntráð í reynd í sér afsal á peningalegu sjálfstæði án þess að til komi réttur til þátttöku í stjórn peningamála á því myntsvæði sem miðað er við að komi í staðinn. Þessi leið er því varla raunhæf við íslenskar aðstæður.
6. Íslendingar geta ákveðið að taka upp *evru sem lögeyri* en sú skipan kemst næst beinni þátttöku í myntbandalagi að því er trúverðugleika snertir. Það er mjög sjaldgæft að þjóðir, sem búa við pólitískt sjálfstæði og stöðugleika á borð við okkur Íslendinga, hafi valið þessa leið og stjórnmálalega er hún því án efa mjög erfið þótt sjálfsagt sé að skoða mismunandi tilhögun slíkrar stefnu, einkum ef aðild að ESB verður talin útilokuð um langa framtíð. Í því efni mætti e.t.v. velta fyrir sér hugsanlegu samstarfi við ESB um að Ísland tæki upp evruna og fengi jafnframt greiddan myntsláttuhagnað, umsamda þjónustu frá bankanum og upplýsingar er varða peningastefnuna hverju sinni. Í þessu sambandi má benda á myntsamstarf Belgíu og Lúxemborgar áður en EMU kom til sögunnar.

5.4 Niðurstöður

Hér á eftir verður reynt að leggja mat á ofangreinda valkosti í gjaldeyrismálum til skemmri og lengri tíma litið. Í þeim efnum verða jafnframt skoðaðir hagsmunir þess að Ísland gerðist aðili að Myntbandalaginu með fullri aðild að ESB. Við slíkt mat verður að huga að því hvernig evran muni reynast sem gjaldmiðill og hversu mörg aðildarríki ESB gerist aðilar að Myntbandalaginu. Við núverandi aðstæður og *til skemmri tíma* litið virðist vart vera ástæða til að breyta grundvallaratriðum gengisstefnunnar. Áður hefur verið bent á að viðskipti við núverandi aðildarríki evrunnar nema einungis um þriðjungi af utanríkisviðskiptum okkar og því engin knýjandi þörf við núverandi aðstæður að breyta gengisstefnunni sem hefur reynst vel í meginatriðum. Hins vegar er nauðsynlegt að fylgjast áfram grannt með þróun

gengismála á vettvangi Evrópusambandsins svo og í þeim ríkjum þess sem standa utan Myntbandalagsins.

Þegar *til lengri tíma* er litið og miðað við að öll aðildarríki ESB gerist aðilar að Myntbandalaginu innan fárra ára, virðist um fjórar raunhæfar leiðir að ræða. Í fyrsta lagi *óbreytt gengisfyrirkomulag* þar sem áhersla verði lögð á að treysta fastgengisstefnuna með því að beita ríkisfjármálum og styrkja stjórn peningamála. Það verður best gert með því að stefna markvisst að nægilegum afgangi á fjárlögum hins opinbera, minnka skuldir þjóðarbúsins og efla sparnað. Markmiðið með þessum aðgerðum verði fyrst og fremst að mæta áföllum og óhjákvæmilegum sveiflum í þjóðarbúskapnum án þess að gera þurfi verulegar breytingar á gengi krónunnar.

Í öðru lagi kemur til greina að *láta gengið fljóta* og breyta ramma peningastefnunnar þannig að sett verði beint verðbólgumarkmið. Þessi leið fæli í sér afnám fastgengisstefnunnar.

Í þriðja lagi kemur *tvíhliða tenging* við evru til greina með sérstöku samkomulagi við Evrópusambandið. Varðandi þennan valkost skal þess getið að í 111. gr. Stofnsáttmála EB er gert ráð fyrir þeim möguleika að evran tengist gjaldmiðlum utan Evrópusambandsins í einhvers konar formlegu gengissamstarfi í víðum skilningi. Í 46. gr. EES-samningsins er jafnframt ákvæði um samvinnu ESB- og EFTA-ríkjanna í efnahags- og peningamálum. Þá má segja að EFTA-ríkin eigi eðlilegt tilkall til þess að aðlagast Myntbandalaginu með einhverjum hætti þar sem grundvöllur að stofnun þess byggðist á því að þróa enn frekar hinn innri markað sem Ísland og tvö önnur EFTA- ríki eru aðilar að. Það er hins vegar staðreynd að Seðlabanki Evrópu hefur ekki enn mótað stefnu um samninga við ríki utan Myntbandalagsins og eins og sakir standa hefur ríkjum utan ESB ekki gefist kostur á þátttöku í Gengissamstarfi Evrópu. Hins vegar mætti ætla að það væri í þágu þess stöðugleika í peningamálum, sem nauðsynlegur er í Evrópu, að Evrópusambandið lýsti sig jákvætt gagnvart tvíhliða samkomulagi við ríki utan þess.

Í fjórða lagi kemur svo til greina að sækja um *aðild að EMU* með því að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Þátttaka í EMU drægi úr viðskiptakostnaði og gengissveiflum og örvaði þannig viðskipti og fjárfestingar. Auk þess er líklegt að þátttakan leiddi til lítillar verðbólgu og þar með lægri vaxta. Þar að auki fengi Ísland fulla hlutdeild í myntsláttuhagnaði auk þess að öðlast hlutdeild í ákvörðunum um peningastefnu Seðlabanka Evrópu og mundi það vega á móti því að glata peningalegu sjálfstæði. Hins vegar yrði þá úr sögunni sá möguleiki að nota gengið til að mæta ytri sveiflum í hagkerfinu.

6. Lokaorð

Á því rúmlega eina ári, sem liðið er frá stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu, hafa markmið þess um stöðugleika, lága vexti og hóflega verðbólgu staðist í meginatriðum. Ógjörningur er hins vegar að spá um hvernig til muni takast í framtíðinni og hver áhrif Myntbandalagsins verða fyrir aðildarríkin og ríki utan þess. Þannig á eftir að koma í ljós hvort Myntbandalagið muni skapa vandamál fyrir einstök aðildarríki ef þau eiga eftir að standa frammi fyrir vaxandi erfiðleikum í efnahagsmálum, svo sem auknu atvinnuleysi eða þenslu, og geta ekki gripið til þeirra ráðstafana í ríkisfjármálum og peningamálum sem þau myndu e.t.v. helst kjósa. Þá ríkir nokkur óvissa um fjölda aðildarríkja Myntbandalagsins og þar með áhrif þess. Þó hefur dregið úr þessari óvissu upp á síðkastið og er almennt búist við að Grikkland verði aðili að Myntbandalaginu árið 2001 og þá liggur fyrir pólitískur vilji stjórnvalda í Danmörku og Svíþjóð til að ganga í Myntbandalagið þegar aðstæður verða þeim hagstæðar. Aðild Breta gæti hins vegar verið lengra undan. Þá lét formaður norska Verka-

mannaflokksins nýlega þau orð falla að norsk stjórnvöld ættu að íhuga aðild að ESB á ný sem jafnframt fæli í sér aðild að Myntbandalaginu. Flest ríki Austur-Evrópu stefna jafnframt að fullri aðild að ESB og þar með að Myntbandalaginu í náinni framtíð.

Ef stjórnvöld taka ákvörðun um að standa utan ESB og EMU um ókomna tíð verður helsti vandi atvinnulífsins gengisáhætta og vaxtamunur. Þess vegna þarf að athuga vandlega möguleika þess að tengjast gjaldmiðilssamstarfinu þegar fram í sækir. Í því sambandi er skynsamlegt að haga stjórn efnahagsmála þannig að hagrænir þættir hindri ekki slíka tengingu í fyllingu tímans. Íslensk stjórnvöld þurfa því að vera viðbúin breyttum aðstæðum og miða stefnu sína í efnahags- og peningamálum við það að unnt verði að aðlagast Myntbandalaginu með einum eða öðrum hætti.

Heimildaskrá

Nugent, N.: The Government and Politics of the European Union, Fourth Edition. The Macmillan Press Ltd., England 1999

European Union: Consolidated Version of the Treaty Establishing the European Community, 1999 (http://europa.eu.int/eur-lex/en/treaties/index.html)

Alþingi: Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Lagt fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi 1991–92.

Forsætisráðuneytið: Áhrif Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf. (Álit samráðshóps). Reykjavík 1998.

Seðlabanki Íslands: Efnahags- og myntbandalag Evrópu – EMU. (Sérrit 2). Reykjavík 1997.

Jón Sigurðsson: Evra – Aðdragandi og afleiðingar. Hið íslenska bókmenntafélag 1999.

Halldór Ásgrímsson: Efnahags- og myntbandalag Evrópu – EMU. Ræða á aðalfundi Sambands íslenskra sparisjóða 18. október 1996. Utanríkisráðuneytið 1996. (http://www.utn.stjr.is).

Halldór Ásgrímsson: EMU og efnahagslíf á Íslandi. Grein í dagblaðinu Degi 9. desemer 1997. Utanríkisráðuneytið 1997. (http://www.utn.stjr.is).

Utanríkisráðuneytið: Alþjóðavæðing – Alþjóðleg umgjörð efnahags- og atvinnulífs. Hugsanleg þróun til ársins 2010. (Nefndarálit). Reykjavík 1999.

Geir H. Haarde: Áhrif Efnahags- og myntbandalagsins á íslenskt efnahagslíf. Ávarp á EMU-ráðstefnu í Reykjavík 11. nóvember 1998. Fjármálaráðuneytið 1998.

Birgir Ísleifur Gunnarsson: Evran og íslensk fyrirtæki. Erindi flutt á vegum Euro Info skrifstofunnar, Útflutningsráðs Íslands og VSÍ 31. maí 1999. Seðlabanki Íslands 1999.

Már Guðmundsson: Small States on the Fringes of Big Currency Areas: Experiences and the Policy Options of Small Non-EU European States. Seðlabanki Íslands 1999. (Working Papers No. 4).

Már Guðmundsson: EMU: Ekonomiska effekter och de nordiska ländernas ekonomipolitiska alternativ. Erindi flutt á ráðstefnu í Reykjavík 18.–21. ágúst 1999.

Arnór Sighvatsson og Már Guðmundsson: Peningastefna á Norðurlöndum: Rammi, vísbendingar og stjórntæki. Fjármálatíðindi, síðara hefti 1998.

Jón Steinsson: Evrukerfið: einkenni, stofnanir og stefna. Peningamál, nóvember 1999.

Ýmis gögn og margvíslegar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, fjármálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og sendiráðum Íslands í Berlín, Brussel, Kaupmannahöfn, London, Ósló og Stokkhólmi.

25. kafli
Uppbyggingarsjóðir Evrópusambandsins

Samantekt

Ef miðað er við tilteknar forsendur gætu heildarframlög til Íslands úr uppbyggingar- og frumkvæðissjóðum Evrópusambandsins árlega numið um 1.500 til 2.000 millj. kr. en slík framlög kalla á 2.200 til 2.700 millj. kr. sem mótframlag frá Íslandi. Þannig gæti heildarumfangið af uppbyggingar- og frumkvæðissjóðum Evrópusambandsins numið á bilinu 3.700 til 4.700 millj. kr. á ári. Þátttaka Íslands í uppbyggingar- og frumkvæðissjóðum ESB mundi kalla á talsverða uppstokkun ríkisútgjalda og breytingar á þeirri byggðastefnu sem rekin hefur verið hér á landi. Hér er um mjög grófar áætlanir að ræða enda byggjast þær á nokkrum breytum sem ekki er auðvelt að spá fyrir um, svo sem niðurstöðum samningaviðræðna, markmiðum og skipulagi áætlana o.fl.

1. Uppbyggingarsjóðir ESB. Stutt yfirlit

Eitt af meginmarkmiðum Evrópusambandsins er að stuðla að efnahagslegum og félagslegum jöfnuði. Til þess að jafna aðstöðu innan ESB hafa verið settir upp uppbyggingar- og frumkvæðissjóðir og setur ráðherraráðið reglur um starfssvið þeirra og skipulag með samhljóða samþykki á grundvelli tillagna framkvæmdastjórnar. Yfirgnæfandi meiri hluti ráðstöfunarfjár rennur til verkefna sem aðildarríki hrinda af stað í samvinnu við sveitarfélög, félagasamtök og aðila vinnumarkaðarins en framkvæmdastjórn ESB á að fylgjast með að verkefnin falli að þeirri stefnu sem mótuð hefur verið í ráðherraráðinu. Undanfarin tíu ár hefur auknu fjármagni verið varið til þessara sjóða og nema þeir nú 30% af fjárlögum Evrópusambandsins.

Sérstökum þróunarsjóðum hefur verið komið á fót, einkum til þess að mæta vanda fátækustu aðildarríkjanna: Grikklands, Írlands, Portúgals og Spánar. Þessi lönd falla að öllu leyti undir svokallað 1. markmið en auk þess falla ýmis svæði einstakra ríkja sambandsins undir þetta markmið. Miðað við núverandi reglur Evrópusambandsins mundi Ísland allt, að undanskildu höfuðborgarsvæðinu, falla undir 1. markmið þar sem fjöldi íbúa á landsbyggðinni er undir 8 íbúum á ferkílómetra.

Einn af hornsteinum hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins eru fjárhagslegar stuðningsaðgerðir til sjávarútvegsins. Í þessu skyni er starfræktur sérstakur sjóður (FIFG) sem hefur m.a. það hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa með greiðslu úreldingarstyrkja og styrkja til útgerðarmanna sem vilja hætta í útgerð. Jafnframt veitir sjóðurinn styrki til nýbygginga og endurbóta á fiskiskipum og fiskvinnsluhúsum.

Auk þróunarsjóðanna hefur Evrópusambandið sett á fót nokkur frumkvæðisverkefni til að styrkja aðgerðir sem hafa sérstaka þýðingu á Evrópuvísu. Dæmi um slíkt verkefni er INTERREG-áætlun Evrópusambandsins sem hefur það markmið að efla samvinnu yfir landamæri og á milli svæða.

Þátttaka einstakra aðildarríkja sambandsins í öllum þeim verkefnum, sem fjallað hefur verið um hér að framan, byggist á tveim lykilþáttum. Í fyrsta lagi þurfa ríkin sjálf að setja á fót verkefni innan ramma þeirra reglna sem settar hafa verið af ráðherraráði Evrópusambandsins. Í öðru lagi þarf að tryggja mótframlög við einstök verkefni heima fyrir. Mótframlag ræðst einkum af svæði og eðli verkefnis.

Leitað var til óháðra rannsóknaraðila sem komust að þeirri niðurstöðu að heildarframlög til Íslands úr uppbyggingar- og frumkvæðissjóðum Evrópusambandsins geti árlega numið

um 1.500 til 2.000 milljónum kr. en slík framlög kalla á 2.200 til 2.700 milljónir kr. sem mótframlag frá Íslandi. Þannig gæti heildarumfangið af uppbyggingar- og frumkvæðissjóðum Evrópusambandsins numið á bilinu 3.700 til 4.700 millj. kr. á ári. Þátttaka Íslands í uppbyggingar- og frumkvæðissjóðum ESB mundi kalla á talsverða uppstokkun ríkisútgjalda og breytingar á þeirri byggðastefnu sem rekin hefur verið hér á landi.

2. Uppbyggingarsjóðir

2.1 Almennt

Ísland nýtur nokkurrar sérstöðu vegna fjarlægðar frá öðrum löndum, veðurfars og fólksfæðar. Þessi sérstaða er að mörgu leyti ósambærileg við önnur svæði í ESB. Engu að síður eru lífskjör og tekjur á mann hærri hér á landi en að meðaltali innan ESB-ríkja. Hvað sem því líður hafa sum svæði á Íslandi átt á brattann að sækja. Vandamál Íslands má taka saman á eftirfarandi hátt:

1. Brottflutningur fólks úr dreifbýli;
2. Fólksfæð;
3. Endurskipulagning sjávarútvegs;
4. Einangrun og fjarlægð frá evrópskum mörkuðum.

Í Evrópusambandinu hefur verið mörkuð stefna í öllum þeim málaflokkum, sem hér um ræðir, og tekur sú stefna til þeirra vandamála sem Ísland stendur frammi fyrir og leitar lausna á. Stefna þessi hefur verið aðlöguð eftir inngöngu Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar. Verður nú lýst þeim styrktarleiðum sem uppbyggingarsjóðakerfi ESB býður upp á og því næst gerð tilraun til að áætla hve mikið Íslendingar gætu fengið í styrki úr uppbyggingarsjóðum ESB. Í þessum kafla er spáð fyrir um fjármagnstilfærslur af fjárlögum ESB, sem og innri tilfærslur á Íslandi og kostnað sem hlytist af sameiginlegri fjármögnun. Þá er stuttlega fjallað um hugsanlegar breytingar sem vænta má í kjölfar stækkunar ESB með inngöngu ríkja í Mið- og Austur-Evrópu.

2.2 Uppbyggingarsjóðir ESB

ESB hefur nýlega endurskipulagt uppbyggingarsjóði sína. Markmiðum hefur fækkað en þess í stað er lögð áhersla á færri en betur skilgreind markmið. Nýja kerfið samanstendur af þremur markmiðum, sjávarútvegssjóði, er nefnist FIFG, og fjórum frumkvæðisverkefnum. Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1260/1999 frá 21. júní 1999 eru markmiðin skilgreind:

1. Að stuðla að þróun og uppbyggingu svæða sem dregist hafa aftur úr öðrum svæðum, hér eftir nefnt „1. markmið“;
2. Að stuðla að efnahagslegri og félagslegri uppbyggingu svæða sem standa frammi fyrir erfiðleikum, hér eftir nefnt „2. markmið“;
3. Að stuðla að aðlögun og nútímavæðingu menntastefnu og skólakerfa, starfsþjálfunar og atvinnu, hér eftir nefnt „3. markmið“. Samkvæmt þessu markmiði skal veitt efnahagsleg aðstoð utan þeirra svæða, sem falla undir 1. markmið, og mörkuð grundvallarstefna fyrir allar aðgerðir til stuðnings mannauðs á landsvæðum án þess að ganga gegn sérkennum hvers svæðis.

Sjávarútvegsmarkmiðið er skilgreint sem hér segir:

> Sjávarútvegssjóðnum (FIFG) er ætlað að styrkja uppbyggingu í sjávarútvegi utan svæða sem falla undir markmið 1 samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1263/1999.

Styrkhæfni og tengsl við eldri markmið þróunarsjóðanna eru skilgreind síðar í 3., 4. og 5. gr.

Þær málsgreinar, sem máli skipta í þessu samhengi, eru eftirfarandi:

1. markmið (3. gr., 1. mgr.):

Svæði þau sem markmið 1 tekur til skulu vera á NUTS II-stigi (NUTS stendur fyrir „Nomenclature of Territorial Statistical Units", sem er formleg svæðaskipting ESB) með verga landsframleiðslu (VLF) á mann undir 75% af meðaltali Evrópusambandsins. VLF mælist í kaupmáttarjöfnuði og reiknast á grundvelli talna Evrópusambandsins þrjú undangengin ár sem lágu fyrir 26. mars 1999.

Ystu svæðin (frönsku umdæmin utan meginlandsins, Asoreyjar, Kanaríeyjar og Madeira), sem öll eru undir 75% mörkunum, og svæði, sem styrkhæf eru samkvæmt markmiði 6 á tímabilinu 1995 til 1999 skv. 6. bókun við samninginn um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, flokkast einnig undir þetta markmið.[1]

2. markmið (4. gr., 1. mgr.):

Svæði, sem flokkast undir markmið 2, eru svæði sem eiga við byggðavandamál að etja og skulu styrkir veittir til efnahagslegra og félagslegra umbóta skv. 1. gr. (2), enda uppfylli svæðið kröfur um stærð og fólksfjölda. Markmiðið á einkum og sér í lagi við svæði þar sem efnahagslegar og félagslegar umbætur eru í gangi á sviði iðnaðar- og þjónustugreina, dreifbýlissvæði í hnignun, þéttbýlissvæði í hnignun og svæði þar sem samdráttur á sér stað og háð eru sjávarútvegi.

3. markmið er ekki skilgreint frekar; í 5. gr. kemur aðeins fram að 3. markmið einskorðast við svæði sem flokkast ekki undir 1. markmið.

Frumkvæðisverkefni ESB

Hér er um að ræða sérstaka verkefnasjóði sem ætlað er að styðja aðgerðir sem hafa sérstök áhrif á Evrópuvísu. Með frumkvæðisáætlunum eru sett viðmið um verkefni (*Community Initiative Programmes (CIPs)*) sem lögð eru fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis. Á síðasta áætlunartímabili voru 13 frumkvæðisverkefni í gangi en þeim hefur verið fækkað niður í fjögur fyrir tímabilið 2000 til 2006. Þessi frumkvæðisverkefni eru skilgreind undir heitunum LEADER, INTERREG, URBAN og EQUAL.

Frumkvæðisverkefni ESB eru óháð hinum stærri 1., 2., og 3. markmiðum og því ótengd þeim viðmiðunum sem þar eru tilgreind. Þannig getur svæði, sem flokkast undir 1. markmið, einnig verið styrkhæft úr frumkvæðisverkefnum ESB. Eins og gildir um öll svæði sem styrkt eru af uppbyggingarsjóðunum skulu áætlanir vera viðbót en ekki koma í stað verkefna sem hefði verið ráðist í hvort sem er án fjárstuðnings frumkvæðisverkefnisins. Frumkvæðisverkefnin eiga einnig að vera frumleg og taka til viðfangsefna sem ekki er sinnt af hinum hefðbundnu þróunarsjóðum sambandsins.

LEADER: Þessu frumkvæðisverkefni er ætlað að styrkja dreifbýlissvæði innan Evrópusambandsins. LEADER-verkefnið veitir fjármuni til þróunaráætlana sem hafa að markmiði að innleiða aðferðir til þróunar á einstökum landsvæðum og efla samvinnu milli landsvæða og yfir landamæri.

INTERREG er ætlað að efla samvinnu yfir landamæri og milli svæða. Styrkhæf landsvæði eru yfirleitt landsvæði sem liggja að öðru ríki. Markmiðið er ekki aðeins að efla þróun heldur einnig að styrkja samþættingu og samhæfða þróun landsvæða þvert á landamæri Evrópusambandsins. Landamærasvæði eiga oft við vandamál að etja sem rekja má beint til þeirrar staðreyndar að þau eru jaðarsvæði og hafa þær viðskiptahindranir, sem stafa af landamærum, oft hamlað gegn þróun þeirra.

[1] 6. markmið: Svæði sem hafa 8 eða færri íbúa á hvern ferkílómetra.

Noregur og Sviss hafa undanfarin ár tekið fullan þátt í INTERREG en þar sem þessi ríki eru ekki aðilar að Evrópusambandinu hafa þau þurft að greiða að fullu fyrir þátttöku sína í þessari áætlun. Fulltrúum frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum hefur að undanförnu verið boðið að sitja ýmsa fundi vegna undirbúnings næstu INTERREG-áætlunar sem hleypt verður af stokkunum í ár. Eru sterkar líkur á því að þessum löndum verði boðið að taka þátt í áætluninni með sama hætti og Noregi og Sviss. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort slíkt boð yrði þegið enda óljóst á þessu stigi hvað þátttaka í INTERREG muni kosta fyrir áætlunartímabilið 2000–2006.

URBAN: Eins og ráða má af heiti verkefnisins er viðfang þess þéttbýlissvæði sem standa höllum fæti félagslega og efnahagslega, auk þess að eiga við umhverfisvandamál að etja. Frumkvæðisverkefni þetta býður upp margvíslegar aðgerðir gegn félagslegri útskúfun og miðast við að auka lífsgæði og bæta umhverfið.

EQUAL: Þessu frumkvæðisverkefni er ætlað að stuðla að jöfnum tækifærum í þjóðfélaginu og á vinnustöðum.

2.3 Ísland og uppbyggingarstyrkir ESB

Ísland teldist án efa styrkhæft til áætlana skv. 1. og 2. markmiðum, sem og LEADER- og INTERREG-verkefnanna. Öðrum frumkvæðisverkefnum mætti hugsanlega beita í vissum tilvikum en um þau verður ekki fjallað hér. Svæði geta ekki verið styrkhæf bæði á grundvelli 1. og 2. markmiðs.

1. MARKMIÐ

Þar sem fólksfjöldi á Íslandi er aðeins 2,7 íbúar á ferkílómetra að meðaltali yrði allt Ísland, þó líklega að höfuðborgarsvæðinu undanskildu, skilgreint sem 1. markmiðssvæði og styrkhæft á grundvelli þess. Verði allt höfuðborgarsvæðið skilgreint utan 1. markmiðs verður fjöldi íbúa á landinu sem flokkast undir 1. markmið, um 108.000.

Að öllum líkindum myndu styrkir, er kæmu í hlut Íslands samkvæmt 1. markmiði, renna til eflingar og þróunar samkeppnishæfni atvinnugreina í fámennum byggðarlögum. Markmið stuðningsaðgerðanna yrði að viðhalda byggð úti á landsbyggðinni, hvetja fyrirtæki í fleiri atvinnugreinum til að velja sér starfsstöðvar í dreifbýli og að hlúa að staðbundnum atvinnugreinum. Lokatakmarkið er að ná samræmdri þróun yfir gjörvallt Ísland og vinna jafnframt gegn tekjuójöfnuði á milli landsvæða.

Gera má ráð fyrir að Ísland hefði svipaða forgangsröðun og Finnland og Svíþjóð þótt sjávarútvegurinn gæti skipað veigameiri sess. Almennt mætti verja fjárstyrkjum til stofnunar „fyrirmyndarbyggðarlaga“ (*hubs of excellence*) á svæðunum og mætti þá verja fjármagni samkvæmt 1. markmiði til að bæta innviði og tengsl við erlend fyrirtæki og rannsóknamiðstöðvar.

Styrkir samkvæmt 1. markmiði gætu ráðið úrslitum um endurskipulagningu landbúnaðarins. Kæmi til inngöngu í Evrópusambandið, myndu starfsskilyrði landbúnaðar breytast verulega. Þörf væri á áætlunum til að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Annars yrði hætt við að brottflutningur úr dreifbýli ykist. Ef litið er til þróunar í Finnlandi og Svíþjóð má ráða að styrkir samkvæmt 1. markmiði myndu ekki endilega leysa fólksflutningsvandann. Á hinn bóginn hrjáir Ísland ekki það mikla atvinnuleysi sem við er að etja í Finnlandi og Svíþjóð.

Svæði í Finnlandi höfðu ekki mikið efnahagslegt vægi varðandi áætlanir skv. 6. markmiði um fiskveiðar. Öðru mun gegna á Íslandi þar sem flestar hafnir eru á svæðum sem falla undir 1. markmið. Því er mikilvægt að líta til heildarframlaga sambandsins til fiskveiða, en ekki til sjávarútvegssjóðsins (FIFG), til að fá nálgun á mikilvægi þessa fyrir Ísland.

2. MARKMIÐ

Markmið þetta tekur aðeins til svæða sem ekki flokkast undir 1. markmið. Þannig yrði að líkindum aðeins höfuðborgarsvæðið styrkhæft. Þetta helgast af því að aðgerðir skv. 2. markmiði eru allar tiltækar svæðum sem flokkast undir 1. markmið. Aðgerðir samkvæmt þessu markmiði eru aðallega ætlaðar til aðstoðar þeim atvinnugreinum sem eru í endurskipulagningu eða ganga í gegnum umfangsmiklar breytingar, svo sem sjávarútvegurinn. Styrkir til Íslands samkvæmt 2. markmiði yrðu varla mjög háir þar eð landið mundi að mestu flokkast undir 1. markmið.

FIFG

Eins og áður segir þá mundi Ísland að undanskildu höfuðborgarsvæðinu falla undir 1. markmið. Stuðningsaðgerðir til íslensks sjávarútvegs kæmu því að mestu leyti úr þeim uppbyggingarsjóðum sambandsins sem styrkja svæði sem falla undir 1. markmið. Það yrði því einungis höfuðborgarsvæðið sem gæti sérstaklega nýtt fjármuni samkvæmt þeim reglum sem gilda um hin sérstaka sjávarútvegssjóð ESB (FIFG).

FRUMKVÆÐISVERKEFNI ESB

LEADER

Í ljósi mikilvægis dreifbýlissvæða á Íslandi gæti LEADER-verkefnið reynst mjög mikilvægt. Markmið þess er að stuðla að tæknilegum framförum og starfsþjálfun, sem og að efla samstarfsverkefni einstakra ríkja.

INTERREG

Ísland ætti að vera fullkomlega styrkhæft til INTERREG-aðstoðar. Fjarlægð landsins frá öðrum löndum og smæð heimamarkaðarins setur íslensk fyrirtæki að mörgu leyti í erfiðari stöðu gagnvart erlendum samkeppnisaðilum. Samvinna yfir Atlantshafið milli atvinnugreina ætti að vera forgangsatriði svo að fyrirbyggja megi að fyrirtæki, sem eru í samkeppni við innfluttar vörur, verði fyrir skaða af auknum innflutningi.

Ef tekið er mið af Finnlandi gæti fjárhagsaðstoð INTERREG-áætlananna svarað til allt að 25 milljóna evra á þeim tíma sem áætluninn nær til.

Hér er gert ráð fyrir að umfang styrkja samkvæmt URBAN-, EQUAL- og FIFG-áætlununum sé svo lítið að ekki sé vert að áætla hugsanleg fjárframlög úr þeim.

Áhrif á íslensk fjárlög og innanlandsstyrki

Í Svíþjóð og Finnlandi eru stór og mjög strjálbýl svæði. Áætluð fjárframlög milli 2000 og 2006 til finnskra og sænskra svæða, sem flokkast undir 1. markmið, nema 913 milljónum evra til Finnlands og 722 milljónum evra til Svíþjóðar. Þetta jafngildir að meðaltali um 180 og 260 evrum á mann á ári á styrkhæfum svæðum. Af þessari stærðargráðu beinna styrkveitinga má ráða að fjárveitingar samkvæmt áætlunum af þessu tagi til Íslands gætu numið allt að 190–200 evrum á mann á ársgrundvelli, og myndu heildarstyrkveitingar þá svara til 20–24 milljóna evra. Hér er gert ráð fyrir að 2 milljónir evra myndu renna til sjávarútvegsins, reiknað á grundvelli allra sjávarútvegsáætlana í Finnlandi á öllum svæðum. Hér er tekið með í reikninginn að strandsvæði Finnlands eru að mestu utan þeirra svæða sem flokkast undir 6. markmið. Á hinn bóginn er mikilvægt að árétta að upphæð þeirra fjárframlaga, sem veitt eru til svæðanna, veltur á hversu alvarleg vandamál er við að glíma. Atvinnuleysi er mun minna á Íslandi en á norðlægari svæðum Finnlands og Svíþjóðar en þar er atvinnuleysi sums staðar meira en 20%. Af þessum sökum er líklegt að styrkveitingar til Íslands yrðu í minna

lagi samanborið við framangreint. Á hinn bóginn gæti farið svo að þróunarvandamál landbúnaðarins yki þörfina fyrir aðstoð. Fjárframlög til sjávarútvegs gætu numið um eða yfir 2 milljónum evra.

Lykilatriði varðandi framkvæmd svæðastefna ESB er að styrkþegar þurfa að koma með mótframlög á móti uppbyggingarsjóðunum. Upphæð mótframlaga veltur á markmiðum, tegund verkefna og styrkþeganum. Mótframlög geta numið umtalsverðri hlutdeild í verkefnum. Þannig er aðeins greiddur um 50% kostnaðar til opinberra verkefna að jafnaði á svæðum sem falla undir 1. markmið og 25% á svæðum sem falla undir 2. og 3. markmið. Ef um er að ræða umtalsverðar hreinar tekjur af stoðveitunum nemur styrkurinn aðeins 40% að hámarki. Hjá einkafyrirtækjum er styrkhlutfallið 35% á svæðum sem heyra undir 1. markmið og 15% á svæðum sem heyra undir 2. markmið.

Ástandið er svipað að því er varðar frumkvæðisverkefni ESB. Framlög ESB eru innan við helmingurinn af kostnaði við verkefni sem styrkur er veittur til. Með hliðsjón af fjárframlögum, sem veitt hafa verið í Finnlandi, má gera ráð fyrir að uppbyggingarsjóðirnir myndu veita um 1 til 1,5 milljónum evra árlega til Íslands en framlög Íslands (ríkis og einkageira) gætu numið allt að 3 milljónum evra. Heildarframlag LEADER yrði minna, ef til vill um hálf milljón evra árlega, auk framlags frá Íslandi upp á yfir 1 milljón evra.

Þegar allt er talið má áætla að framlög ESB til Íslands myndu nema u.þ.b. 20 til 25 milljónum evra á ári en kröfur um mótframlög hins opinbera og einkageirans á Íslandi næmu ef til vill um 30 til 37 milljónum evra. Hér er um mjög grófar áætlanir að ræða enda byggjast þær á nokkrum breytum sem ekki er auðvelt að spá fyrir um (niðurstöðum samningaviðræðna, markmiðum og skipulagi áætlana o.fl.).

2.4 Framtíð þróunarsjóðanna

Viðbúið er að væntanleg innganga Mið- og Austur-Evrópuríkja í ESB þrengi að sjóðum sambandsins. Þau ríki, sem sótt hafa um aðild, eru fullkomlega styrkhæf samkvæmt 1. markmiði en í flestum ríkjanna er stundaður umfangsmikill landbúnaður og við blasa óleyst vandamál við endurskipulagningu. Hver lokakostnaðurinn verður af stækkunarferlinu vegna sex fyrstu umsækjendanna er óljóst og því síður eru ljós áhrif síðari stækkunar sem felur í sér inntöku allra ríkja Mið- og Austur-Evrópu, auk Tyrklands. Þetta er nokkurt áhyggjuefni. Er hægt að viðhalda uppbyggingarstefnunni frá pólitísku sjónarmiði í stækkuðu Evrópusambandi? Áætlað hefur verið að heildarkostnaður við fyrstu stækkun (inntaka fimm þróuðustu ríkja Mið- og Austur-Evrópu) yrði allt að 30 milljarðar evra á ári. Á hinn bóginn myndu framlög þessara nýju aðildarríkja til sameiginlegra sjóða Evrópu verða óveruleg, eða um 4 milljarðar evra. Þannig mundi sú byrði, sem leiðir af stækkun til austurs, vera borin af þeim 15 ríkjum sem nú mynda ESB, auk Íslands ef til inngöngu þess kæmi.

Fjárlög ESB myndu auka þrýstinginn á að minnka útgjöld til uppbyggingar- og landbúnaðarstefnunnar. Hætt er við að sérstakar tilslakanir samkvæmt 1. markmiði til handa strjálbýlum svæðum yrðu þrengdar eða þeim hætt, ásamt öðrum breytingum. Reynslan af fyrri inntöku ríkja í Evrópusambandið og endurskipulagningu uppbyggingarstefnunnar sýnir að ríki, sem þegar hafa gerst aðilar, geta oft varið stöðu sína gagnvart uppbyggingararsjóðunum. Á hinn bóginn reynist nýjum aðildarríkjum oft erfitt að fá þær upphæðir í styrki sem þau gætu með nokkrum rétti vænst á grundvelli fyrri fjárframlaga. Þannig er líklegt að Íslendingar yrðu að standa í erfiðum samningaviðræðum til að fá uppbyggingarstyrki af þeirri stærðargráðu sem fyrr greinir. Mikilvægt er að árétta að það getur reynst erfitt fyrir Íslendinga að fá stöðu ríkja og svæða sem falla undir 1. markmið. Það stafar annars vegar af góðum lífs-

kjörum á Íslandi og hins vegar mun stækkun Evrópusambandins til austurs leiða til mikilla fjárframlaga úr þróunarsjóðum sambandsins á því svæði þegar um miðjan þennan áratug.

26. kafli
Viðskiptasamningar ESB við þriðju ríki – samanburður við EFTA

Samantekt

Samkvæmt EES-samningnum halda EFTA/EES-ríkin sjálfræði til samningagerðar við þriðju ríki. Þrátt fyrir það hefur samningurinn í raun þrengt svigrúm EFTA/EES-ríkjanna í samskiptum sínum við þriðju ríki á þeim sviðum sem samningurinn tekur til. Meginreglan um einsleitni innan EES er gegnumgangandi í samningnum og misræmi í stefnu EFTA/EES-ríkjanna á þessu sviði annars vegar og ESB hins vegar gæti haft neikvæð áhrif á viðskiptaumhverfi fyrirtækja í EFTA/EES-ríkjunum. Reyndar hefur reynslan verið sú að EFTA/EES-ríkin hafa, eins og við gerð fríverslunarsamninga, lagt sig í framkróka um að fylgja í kjölfar ESB í samskiptum sínum við þriðju ríki og hefur barátta þeirra á því sviði frekar snúið að því að lokka þau ríki, sem ESB hefur þegar samið við, að samningaborðinu en að EFTA/EES-ríkin hafi viljað víkja frá stefnu sambandsins. Hafa EFTA/EES-ríkin rekið sig á að áhugi þriðju ríkja á samningagerð við þau er minni en við ESB. Gæti slíkt leitt til þess að einsleitni innan EES mundi raskast.

Ísland nýtur góðs af samfloti með öðrum EFTA-ríkjum í samningagerð við þriðju ríki, hvort sem slíkt væri innan vébanda EFTA eða ESB. Alltaf er erfitt að spá fyrir um hver staðan væri stæði Ísland bæði utan EFTA og ESB en afar líklegt er að áhugi þriðju ríkja á fríverslunarsamningum við Ísland væri takmarkaður. Áhugaleysi Bandaríkjanna annars vegar á gerð MRA-samnings við EFTA/EES-ríkin og á hugsanlegri aðild Íslands að NAFTA hins vegar gæti hins vegar gefið ákveðnar vísbendingar í þeim efnum.

1. Inngangur

Í þessum kafla er gerð grein fyrir viðskiptatengslum Evrópusambandsins[1] við þriðju ríki, en mikil þróun hefur átt sér stað á því sviði á undanförnum árum. Hefur þessi öra þróun m.a. birst í því að ESB er mjög öflugur talsmaður frjálsra viðskipta innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og öflugur hagsmunagæsluaðili aðildarríkja sinna. Mætti helst nefna nánari samskipti ESB við ríki A-Evrópu eftir fall Berlínarmúrsins og yfirvofandi stækkun sambandsins, að ógleymdum EES-samningnum sem stækkaði innri markað ESB úr tólf ríkjum í átján. Þá er stefnt að fríverslunarsvæði við Miðjarðarhafsríkin fyrir árið 2010, auk þess sem sambandið hefur nýlega gert fríverslunarsamninga við S-Afríku og Mexíkó. Í kaflanum verður einnig fjallað um aðkomu stofnana ESB að samningagerð við þriðju ríki og stofnana ESB og aðildarríkjanna.

EES-samningurinn skerðir að forminu til ekki sjálfræði EFTA/EES-ríkjanna til samningagerðar. Hins vegar valda mörg ákvæði hans því að efnislega hefur svigrúm þeirra þrengst til slíkrar samningagerðar, en þessum þáttum verða gerð skil í kaflanum. Enn fremur verður gerð grein fyrir þeirri viðleitni EFTA-ríkjanna að skapa fyrirtækjum sínum sambærilegt viðskiptaumhverfi og samkeppnisaðilum innan ESB en EFTA-ríkin hafa ekki látið sitt eftir liggja í gerð fríverslunarsamninga við þriðju ríki. Hafa þeir fyrst og fremst miðast við að feta

[1] Ekki verður gerð grein fyrir viðskiptasamningum Kola- og stálbandalagsins og Kjarnorkubandalagsins í þessum kafla.

í fótspor ESB en fríverslunarsamningar við Eystrasaltsríkin og væntanlegur fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna við Kanada eru undantekningar frá því en sambærilegur samningur á milli ESB og Kanada er ekki á teikniborðinu.

Að lokum verður gerður grófur samanburður á stöðunni innan ESB annars vegar og EFTA hins vegar, auk þess sem stuttlega verður fjallað um hugsanlega stöðu Íslands ef það væri utan EES.

2. Almennt um viðskiptastefnu ESB

Evrópusambandið, með 15 aðildarríki og tæplega 400 milljónir íbúa innanborðs, er stærsta viðskiptablokk heims með u.þ.b. 20% af heimsvöruviðskiptum en Bandaríkin og Japan eru næststærst með 16% og 9%. Árið 1997 var ESB einnig stærsti útflytjandi þjónustu, með tæplega fjórðung heimsmarkaðar, en til samanburðar voru Bandaríkin næststærst með 19% og Japan með 9%. Vöruviðskipti á milli aðildarríkja ESB jukust í kjölfar gildistöku innri markaðarins og eru 2/3 af útflutningi aðildarríkja sambandsins. Þau mynda stærsta heimamarkað í heimi þar sem reglur um vöruflutninga, þjónustu- og fjármagnsviðskipti og fólksflutninga eru samræmdar. Eftir stækkun mun ESB væntanlega verða enn álitlegri fjárfestingarkostur fyrir fyrirtæki utan þess en í dag.

ESB er mjög virkur og stefnumótandi aðili innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Frá upphafi hefur sambandið beitt sér fyrir frelsi í heimsviðskiptum og virðingu fyrir alþjóðlegum viðskiptareglum.[1] Þrátt fyrir það hefur ESB verið sakað um tvískinnung á þessum vettvangi með víðtækri gerð viðskiptasamninga við þriðju ríki sem leiða til þess að undanþága fæst frá ákvæðum GATT um svokallaða bestukjarameðferð[2] sem þó er einn af hornsteinum GATT. Hefur verið sagt að ESB skipi viðskiptaríkjum sínum í þrjá flokka: vini, kunningja og fjandmenn. Fyrsta flokkinn fylla EFTA-ríkin, umsóknarríkin og önnur ríki sem gert hafa fríverslunarsamninga við ESB. Í næsta flokki eru síðan Lome-ríkin[3] og þróunarríki utan Lome-samstarfsins.[4] Ríkin, sem eftir eru og njóta hinna svokölluðu „bestu kjara“ eru m.a. Ástralía, Bandaríkin, Japan, Kanada, Nýja-Sjáland og Taívan. Niðurstaðan er því sú að einungis ríki á borð við Írak, Norður-Kóreu og Júgóslavíu njóta lakari viðskiptakjara en fyrr upptalin „bestu-kjara ríki“. Á meðan málum þokar hægt til frjálsræðisáttar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru fríverslunarsamningar hins vegar mjög freistandi. Þeir skapa fyrirtækjum innan ESB betra og hagstæðara markaðsaðgengi í þriðju ríkjum en t.a.m. bandarískum og japönskum samkeppnisaðilum, sem njóta góðs af fáum slíkum samningum. Auk þess skapa þeir fyrirtækjum ESB betri samkeppinsaðstöðu en keppinautum í ríkjum viðsemjendanna, þar sem fyrirtæki innan ESB njóta t.a.m. betra markaðsaðgengi í bæði í Suður-Afríku og Mexíkó, en þarlend fyrirtæki njóta einungis góðs af ESB-markaði en ekki markaði hvors annars, þar sem fríverslunarsamningur er ekki í gildi á milli tveggja fyrrnefndra þjóða. Nýlegum samningi við Mexíkó er ætlað að endurheimta glataða markaðshlutdeild evrópskra

[1] Má í þessu samhengi nefna að ESB gegndi lykilhlutverki við gerð samninga um fjármálaþjónustu, fjarskipta- og upplýsingatækni á vettvangi WTO á árunum 1995–1998.

[2] Samkvæmt bestukjararegla GATT, sem kemur fram í I. gr. GATT-samningsins, mega aðildarríkin ekki gera upp á milli ríkja WTO þannig að einu ríki eða fleirum séu veitt betri tollakjör en öðrum. Á grundvelli reglunnar geta þó aðilar tollabandalaga og fríverslunarsamninga veitt hvorir öðrum betri tollakjör en samið hefur verið um í GATT. Þessi undanþága leiðir þannig til þess að reglur EES og annarra fríverslunarsamninga teljast vera sérreglur sem ganga framar reglum GATT.

[3] Sjá aftar.

[4] Þ.e. ríki sem njóta góðs af GPS-kerfinu (e. „General System of Preferences“), sjá aftar.

fyrirtækja þar í landi, sem dróst saman við gildistöku NAFTA-samningsins og með samningaviðræðum við Suður-Ameríku ríki síðar á árinu er ætlunin að skapa ný tækifæri fyrir evrópsk fyrirtæki á undan bandarískum, en viðræður um fríverslunarsvæði milli Norður- og Suður-Ameríku hafa siglt í strand.

Óhætt er að segja að stakkaskipti hafi orðið í viðskiptatengslum ESB við þriðju ríki sl. áratug. Gerð EES-samningsins og fall Berlínarmúrsins vegur þar þyngst. Stefnt er að fríverslunarsvæði við Miðjarðarhafsríkin fyrir árið 2010, auk nýgerðra fríverslunarsamninga við Mexíkó og Suður-Afríku. Þá hefjast viðræður um viðskiptasamninga við Chile og Mercosur-ríkin fjögur[1] innan skamms. Nýr Lome-samningur á milli ESB og 71 ríkis í Afríku, við Kyrrahaf og Karíbahaf verður undirritaður í maí en í honum er m.a. mælt fyrir um stofnun fríverslunarsvæðis við sum Lome-ríkjanna. Þrátt fyrir að viðskiptasamningar virðist ekki í sjónmáli við nokkrar af stærstu viðskiptaþjóðum heims, svo sem Bandaríkin, Japan, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjáland, hafa samskiptin við þær verið aukin markvisst og dýpkuð á undanförnum árum sem sést m.a. á gerð MRA-samninga[2] og jafngildissamninga í viðskiptum með dýr og dýraafurðir[3] við sum þessara ríkja. Þá standa yfir samningaviðræður á milli ESB og Kína um aðild þess að Alþjóðaviðskiptastofnuninni en ESB hefur verið einn öflugasti talsmaður aðildar Kína á undanförnum árum.

Eitt aðalmarkmið stofnríkja Efnahagsbandalags Evrópu, auk þess að tryggja frið í álfunni, var að efla frjáls viðskipti meðal Evrópuríkja. Í þeim tilgangi var talið nauðsynlegt að bandalagið hefði sameiginlega viðskiptastefnu en í 4. gr. Rómarsamningsins segir að viðskiptastefnan byggist á „opnu markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni". Nánari útfærsla á þessu markmiði, sem ESB er oft og tíðum gagnrýnt fyrir að halda ekki í heiðri, birtist í ýmsum myndum. Í fyrsta lagi birtist hún í sameiginlegum markaði ESB án innri landamæra þar sem viðskipti ríkja ráðast af svokölluðum fjórfrelsisákvæðum. Segja má að sambandinu hafi tekist ágætlega að framfylgja viðskiptastefnunni „innandyra". Það hefur að vísu gengið mishratt eins og orku- og fjarskiptageirinn ber vitni um en ekki eru mörg ár síðan einokun ríkisfyrirtækja var rofin á þessu sviði. Landbúnaðar- og sjávarútvegsgeirinn eru einnig dæmi um svið þar sem hægar hefur miðað en ekki er ólíklegt að þessar greinar þurfi að aðlagast grundvallarreglum ESB um frjálst markaðshagkerfi í náinni framtíð. Stofnun Efnahags- og myntbandalagsins er enn fremur einn þáttur í „innri" viðskiptastefnu ESB.

Í öðru lagi má segja að sameiginleg viðskiptastefna snúist um viðskipti við ríki utan ESB. Hún byggist á nokkrum þáttum og leikur sameiginlegt tollabandalag gagnvart þriðju ríkjum þar stórt hlutverk.[4] Í næstu köflum verður hins vegar gerð grein fyrir þeim hluta viðskipta-

[1] Þ.e. Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ.

[2] Í svokölluðum MRA-samningi (e. „Mutual Recognition Agreement") felst gagnkvæm viðurkenning á prófunum og vottunum sem iðnaðarvara þarf að undirgangast áður en leyfilegt er að markaðssetja hana. Ríki, sem gera MRA-samning, taka gildar prófanir og vottanir frá lögbæru yfirvaldi hvort annars. Þetta sparar mikinn tíma og kostnað við markaðssetningu vara í öðrum ríkjum sem þegar hafa hlotið fullnægjandi viðurkenningu á heimamarkaði.

[3] Svokölluðum jafngildissamningum (e. „Equivalence Agreement") er ætlað að auðvelda viðskipti með dýr og dýrafurðir, auk þess að gera þau hagkvæmari. Í þeim felst að lögbær yfirvöld samningsaðila taka gildar dýraheilbrigðisskoðanir og eftirlit hvor annarra en það leiðir til minna heilbrigðiseftirlits á landamærum í viðskiptum milli samningsaðila.

[4] Sjá umfjöllun um tollabandalagið í kafla 23.

stefnunnar sem snýr að viðskiptasamningum ESB við þriðju ríki.[1] Áður en það verður gert verður hins vegar gerð stutt grein fyrir helstu tegundum viðskiptasamninga og vald stofnana ESB til slíkrar samningagerðar en slíkt hefur verið bitbein á milli ESB og aðildarríkja um áratugaskeið.

2.1 Samningagerð við þriðju ríki

Vald ESB til samningagerðar við þriðju ríki í upphaflegum Rómarsamningi kom fram í 133. gr. og 310. gr. í núverandi Rómarsamningi. Fyrri greinin fjallar um vald ESB til gerðar samninga sem tengjast sameiginlegri viðskiptastefnu og síðari greinin fjallar um samninga sem hafa orðið þekktir undir nafninu aukaaðildarsamningar.[2] Lengi vel var deilt um hvort sambandið hefði vald til samningagerðar á öðrum sviðum en í svokölluðu *AETR-máli*[3] komst Evrópudómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Evrópubandalagið hefði ekki einungis vald til samningagerðar við þriðju ríki á þeim sviðum þar sem það væri sérstaklega tekið fram í Rómarsamningnum heldur hefði 281. gr. (áður 210. gr.), sem gerir Evrópubandalagið að lögpersónu, þau áhrif að bandalagið hefði vald til þess að gera samninga við þriðju ríki á þeim sviðum sem skilgreind væru í I. hluta Rómarsamningsins. Völd ESB til samningagerðar við þriðju ríki eru því bæði bein, þ.e. sérstaklega er tekið á þeim í Rómarsamningnum, og óbein.

Í Rómarsamningnum er í eftirfarandi sex ákvæðum tekið fram að ESB hafi vald til samningagerðar við þriðju ríki: 114. gr. (mynt- og gjaldeyrismál), 133. gr. (sameiginleg viðskiptastefna), 166. gr. (vísindi og tækni), 174. gr. (umhverfismál), 181. gr. (þróunaraðstoð), 310. gr. (aukaaðildarsamningar). Réttarstaðan er óskýrari varðandi síðara tilvikið, þ.e. hvenær ESB sækir vald sitt óbeint í ákvæði Rómarsamningsins til gerðar samninga við þriðju ríki, en flokka má slík tilvik í grófum dráttum í þrennt. Í fyrsta lagi þegar ESB hefur þegar gert ráðstafanir til þess að framkvæma stefnu sem sett er í Rómarsamningnum, þá geta aðildarríkin ekki gert samninga við þriðju ríki sem brjóta í bága við ráðstafanir ESB.[4] Í öðru lagi þegar völd til lagasetningar innan ESB eru til staðar en hafa ekki verið nýtt[5] og í þriðja lagi getur vald til reglusetningar innan ESB óbeint falist í ákvæðum Rómarsamningsins.[6]

Þrátt fyrir að ESB hafi vald til samningagerðar á umræddum sviðum er ekki þar með sagt að það liggi einungis hjá sambandinu, heldur geta völdin legið sameiginlega hjá ESB og aðildarríkjunum eða einungis hjá aðildarríkjunum. Ekki eru línur skýrar hvað þetta varðar og hefur þetta orðið uppspretta fjölda dómsmála á milli aðildarríkjanna og stofnana ESB. Nýlega hefur framkvæmdastjórnin t.a.m. stefnt nokkrum aðildarríkjum fyrir dómstólinn vegna loftferðasamninga sem þau hafa gert við Bandaríkin. Frægasta dómsmálið er líklega álit

---

[1] Ákvæði 131–135. gr. Rómarsáttmálans, auk 310. gr., eru þær greinar sem flestir slíkir samningar byggjast á.

[2] Hugtakið aukaaðildarsamningur (e. Association Agreements) kemur ekki fyrir í Rómarsáttmálanum, heldur hefur það orðið til í skrifum fræðimanna. Þrátt fyrir að sum ríki, sem hafa gert samninga sem falla undir þessa skilgreiningu, hafi síðar orðið aðilar að ESB hefur það ekkert með heiti samningsins að gera. Samningar af þessu tagi stofna til varanlegs samningssambands við ESB sem nær alla jafna til fleiri sviða en viðskipta, svo sem samvinnu í félagsmálum og á sviði rannsóknar og þróunar. EES-samningurinn er t.a.m. dæmi um aukaaðildarsamning þrátt fyrir að hvorki Ísland né Liechtenstein hafi nokkurn tímann sótt um aðild að ESB.

[3] Mál nr. 22/70, *framkvæmdastjórnin gegn ráðinu,* [1971] skýrsla dómstólsins, s. 263.

[4] Sjá t.d. mál 22/70, sjá fyrr í þessum kafla, og álit dómstólsins nr. 1/94, *WTO-samningurinn*, [1994] skýrsla dómstólsins, s. 5267, og sameinuð mál 3, 4 og 6/76, *Kramer,* [1976] skýrsla dómstólsins, s. 1279.

[5] Sjá t.d. álit 1/76, *Rhine Navigation,* [1997] skýrsla dómstólsins s. 74.

[6] Sjá t.d. Kramer-málið, sjá ofar í þessum kafla.

dómstólsins nr. 1/94[1] sem fjallaði um þátttöku ESB í GATS-samningnum[2] en í dóminum hafnaði dómstóllinn því að eingöngu framkvæmdastjórnin hefði vald til þátttöku í GATS-samningnum. Ekki er ætlunin í þessum kafla að lýsa þeirri dómaframkvæmd sem mótað hefur þetta réttarsvið en fræðimenn túlka hana á mismunandi hátt. Þó þykir í dæmaskyni rétt að nefna að stofnanir ESB hafa einar vald til þess að gera samninga á sviði sameiginlegu viðskiptastefnunnar, verndar fiskistofna og samkeppni, en völdin skiptast á milli ESB og aðildarríkjanna á sviði þjónustuviðskipta, hugverkaréttinda og fjárfestinga. Þess má geta að bæði ESB og aðildarríkin eru aðilar að öllum flóknari og umfangsmeiri viðskiptasamningum, svo sem EES-samningnum og yfirgripsmeiri fríverslunarsamningum.

Málsmeðferðarreglur um gerð samninga við þriðju ríki er að finna í 300. gr. Rómarsamningsins. Framkvæmdastjórnin kemur fram í samningaviðræðum við þriðju ríki, eftir að ráðherraráðið hefur samþykkt samningsumboð henni til handa. Að lokum samþykkir ráðherraráðið samninginn eftir atvikum eftir að hafa leitað samþykkis eða ráðfært sig við Evrópuþingið, en slíkt er ekki nauðsynlegt í öllum tilfellum. Meginreglan er sú að aukinn meiri hluta þarf til samþykktar í ráðherraráðinu en þó þarf samhljóða samþykki vegna aukaaðildarsamninga, svo sem EES-samningsins, og enn fremur ef slíks er krafist innan ESB þegar settar eru reglur um sama efni á þeim vettvangi, svo sem um viss ákvæði í skatta- og umhverfislöggjöfinni og suma þætti í vísinda- og þróunarsamstarfi sambandsins.

2.2 Umfang viðskiptasamninga ESB við þriðju ríki

Áður en gerð verður grein fyrir viðskiptasamningum og -tengslum ESB við þriðju ríki þykir rétt að gera stutta grein fyrir helstu tegundum samninga. Í upphafi þykir þó rétt að taka fram að þessi flokkun er mjög gróf og samningar innan hvers flokks eiga stundum fátt sameiginlegt.

Þeir samningar, sem mynda nánust og dýpst samskipti við þriðju ríki, eru samningar sem gerðir eru á grundvelli 310. gr. Rómarsamningsins og hafa oft verið nefndir aukaaðildarsamningar. Þessir samningar eru ekki einungis grundvallaðir á viðskiptaákvæðum, heldur nær efni þeirra einnig til annarra sviða, svo sem samvinnu á sviði félags-, fjár-, tækni- og menningarmála. Sem dæmi um samninga af þessu tagi má nefna Evrópusamningana við flest umsóknarríkin, EES-samninginn, Lome-samninginn og samninga við fyrrverandi nýlendur einstakra aðildarríkja og viðskiptasamninga við Miðjarðarhafsríkin. Samningar þessir geta hins vegar verið afar ólíkir innbyrðis.

Önnur tegund eru samningar sem snúa eingöngu að sameiginlegu viðskiptastefnunni og snerta ekki önnur svið en þeir eru gerðir með stoð í 133. gr. Rómarsamningsins. Dæmi um slíka samninga eru einfaldari fríverslunarsamningar,[3] samningar um stofnun tollabandalags[4] og samningar um samvinnu á viðskipta og efnahagssviðinu en slíkir samningar eru stundum undanfari fríverslunarsamninga.[5]

[1] Álit 1/94, *WTO samningurinn*, [1994], skýrsla dómstólsins, s. 5267.

[2] Samningur um þjónustuviðskipti sem gerður var á vettvangi WTO, undirritaður í apríl 1994.

[3] T.d. fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við ESB frá 1972 og forverar Evrópusamninganna við núverandi umsóknarríki.

[4] T.d. við Tyrkland, Möltu og Kýpur en þeir byggjast reyndar einnig á 93. gr. Rómarsáttmálans.

[5] Dæmi um hið síðastnefnda eru samningar við fyrrverandi lýðveldi Sovétríkjanna, flest Asíuríki og ríki Mið- og Suður-Ameríku. Þá eru samningar við nokkur Asíuríki um viðskipti með vefnaðarvörur og samningar á sviði tollasamvinnu dæmi um samninga sem falla í þennan flokk.

EFTA/EES-ríkin

Viðskipti við EFTA/EES-ríkin grundvallast fyrst og fremst á EES-samningnum. Þar sem skýrsla þessi fjallar að stórum hluta til um EES-samninginn er ekki talin ástæða til þess að rekja efni hans nánar í þessum kafla. Hins vegar þykir rétt að geta þess að EES-samningurinn er á margan hátt frábrugðinn öðrum viðskiptasamningum sem ESB hefur gert. Má þar í fyrsta lagi nefna þátttöku EFTA/EES-ríkjanna í innri markaðnum, upptöku löggjafar ESB í EES-samninginn og aðlögun landsréttar EFTA/EES-ríkjanna að henni. Í öðru lagi má nefna ríkari rétt EFTA/EES-ríkjanna til mótunar löggjafar og þátttöku í nefndarstarfi á vegum framkvæmdastjórnarinnar en tíðkast hjá öðrum ríkjum. Í þriðja lagi var svokallað tveggja stoða kerfi sett á fót með samningnum sem felst m.a. í því að EFTA/EES-ríkin settu upp EFTA-dómstól og sjálfstæða eftirlitsstofnun (ESA) sem er að hluta til ætlað að gegna svipuðu hlutverki gagnvart EFTA/EES-ríkjunum og framkvæmdastjórnin og Evrópudómstóllinn gagnvart aðildarríkjum ESB.

Sviss

Sviss hefur nýverið gert sjö samninga við Evrópusambandið. Samningarnir ganga mun skemmra en EES-samningurinn bæði efnislega og stofnanalega. Þeir taka til land- og loftflutninga, frjálsrar farar launþega, landbúnaðar, opinberra útboða, vísindasamstarfs og afnáms viðskiptahindrana. Samningarnir hafa verið samþykktir á þinginu en þjóðaratkvæðagreiðsla er boðuð í mars.

Samningarnir eru samtengdir og jafngildir uppsögn eins þeirra uppsögn allra. Eldri fríverslunarsamningurinn frá 1972 gildir áfram í viðskiptum ríkjanna þar sem ákvæði nýju samninganna taka ekki til. Verður hann t.a.m. áfram grundvöllur vöruviðskipta á milli ríkjanna. MRA-samningurinn og jafngildissamningurinn í viðskiptum með landbúnaðarvörur eru ákvæðum fríverslunarsamningsins frá 1972 til fyllingar og skjóta traustari stoðum undir frjáls vöruviðskipti. Á sviði opinberra innkaupa verður samningur WTO um opinber innkaup lagður til grundvallar en samningurinn nær þó til fleiri sviða. Frjáls þjónustuviðskipti eru ekki tryggð með samningnum en liðkað er fyrir frjálsri för fólks m.a. með gagnkvæmri viðurkenningu á prófgráðum og gagnkvæmni á sviði almannatryggingakerfisins. Þá fjallar einn samninganna um þátttöku Sviss í vísinda- og þróunaráætlunum ESB, en sá gengur mun skemmra en EES-samningurinn. Tveir fjalla um samgöngur, annar á landi en hinn um flugsamgöngur. Segja margir að landfræðileg staða Sviss hafi tryggt landinu ofangreinda samninga þar sem aðildarríkjum ESB þótti afar mikilvægt að tryggja eðlilega vöruflutninga milli ESB-ríkja um Sviss.

Séu samningarnir við Sviss og EES-samningurinn bornir saman kemur í ljós að munurinn er mjög mikill. EES-samningurinn er bæði mun umfangsmeiri og dýpri á öllum sviðum. Skiptir þá engu hvort talað er um fjórfrelsið eða hin svokölluðu jaðarmál. Fyrir utan það er hvorki gert ráð fyrir eftirlitsstofnun né sérstökum dómstóli og athyglisvert er að í flugsamgöngunum fellst Sviss á að hlíta úrskurðum stofnana ESB á samkeppnissviðinu.

Umsóknarríkin

Viðskipti á milli umsóknarríkjanna og ESB hafa aukist um 20% árlega frá árinu 1993 en tvíhliða viskiptasamningar eru í gildi á milli ESB og þeirra allra. Samningarnir, sem ganga undir nafninu Evrópusamningarnir, mæla fyrir um stofnun fríverslunarsvæðis 10 árum eftir gildistöku. Megintilgangur samninganna er að aðlaga regluverk umsóknarríkjanna að sameiginlegum reglum innri markaðarins, auk þess sem þeir mæla fyrir um fjárhagslega og menningarlega samvinnu sem styðja á umsóknarríkin í átt til stöðugs hagkerfis frjáls markaðar.

Samningarnir gera ráð fyrir föstum stofnunum sem auðvelda eiga framkvæmd þeirra auk þess sem allir samningarnir, utan samninganna við Pólland og Ungverjaland, innihalda mannréttindaákvæði. Einnig þykir rétt geta þess að samningaviðræður um svokallaða MRA-samninga standa yfir á milli ESB og Tékklands, Ungverjalands, Póllands, Eistlands og Lettlands, auk þess sem gerður hefur verið jafngildissamningur í viðskiptum með dýraafurðir við Tékkland. Evrópusamningarnir, auk fleiri tvíhliða yfirlýsinga sem tengjast væntanlegri aðild, eru hugsaðir sem biðstofa fyrir umsóknarríkin á leið þeirra inn í ESB og því ganga þeir mun lengra en hefðbundnir aukaaðildarsamningar, bæði varðandi aðlögun landsréttar að EB-réttinum og eðli málsins samkvæmt eru samskipti á pólitíska sviðinu mun nánari og meiri en almennt gerist í samningum ESB við þriðju ríki.

ESB hefur frá 1989 stutt uppbyggingu í A-Evrópu í gegnum svokallaða PHARE-áætlun,[1] sem upphaflega var ætluð til uppbyggingar í Póllandi og Ungverjalandi en hefur nú verið útvíkkuð til allra fyrrum A-Evrópuríkjanna.

Ríkin á Balkanskaga

Í febrúarbyrjun 2000 tilkynnti ESB að það hygðist hefja samningaviðræður við Makedóníu um stöðuleika- og aukaaðildarsamning. Sambandið hefur fylgst grannt með þróun mála í þessum hluta álfunnar, m.a. á sviði mannréttinda, lýðræðis og efnahagsmála og er niðurstaða þess nú að Makedónía uppfylli skilyrðin sem ESB hefur sett. Hugmyndir að samningi eru háleitar og mæla m.a. fyrir um pólitísk skoðanaskipti og fríverslunarsvæði auk fjórfrelsisákvæðanna, upptöku löggjafar sambandsins og samstarfs á sviði dóms- og innanríkismála.

Það er enn fremur mat framkvæmdastjórnarinnar að hægt verði að hefja samningaviðræður við Króatíu og Albaníu í náinni framtíð en að önnur ríki séu skemmra á veg komin, sérstaklega Serbía þar sem hlutir hreyfast lítt í átt til lýðræðis og virðingar fyrir mannréttindum.

Fyrrverandi lýðveldi Sovétríkjanna

Evrópusambandið hefur gert samstarfssamninga við flest ríki gömlu Sovétríkjanna (þ.e. fyrir utan Eystrasaltsríkin sem gert hafa Evrópusamninga). Skipta má þeim í tvo flokka. Annars vegar samninga við Rússland, Úkraínu, Moldavíu og Hvíta-Rússland og hins vegar samninga við þau ríki sem ekki tilheyra Evrópu landfræðilega. Fyrrnefndu samningarnir stefna að nánara samstarfi en þeir síðarnefndu en ganga þó mun skemmra en Evrópusamningarnir. Báðar tegundir samninganna byggjast á svokölluðum bestukjaraákvæðum í anda GATT, auk þess sem þeir innihalda mannréttindaákvæði. Einnig er mælt fyrir um pólitísk skoðanaskipti og samstarf á fleiri sviðum en vöruviðskiptum. Eins og áður sagði ganga samningarnir við fyrrgreindu ríkin mun lengra og er t.a.m. stefnt að fríverslunarsvæði í þeim þótt ekki sé fast að orði kveðið í þeim efnum. Auk þessara samninga hafa sum ríkja gömlu Sovétríkjanna gert sérstaka samninga við ESB um viðskipti með vefnaðarvörur. ESB hefur enn fremur stutt þessi ríki fjárhagslega, m.a. í gegnum þróunar- og uppbyggingarverkefni á borð við TACIS[2] þar sem tækni- og verkþekking fyrirtækja ESB hefur nýst til uppbyggingar atvinnulífs í þessum ríkjum. Þrátt fyrir framangreind samningstengsl hafa samskipti og viðskipti ESB og Rússlands oft á tíðum einkennst af mikilli spennu sl. áratug. Kemur þar margt til, svo sem samskipti Rússlands við Eystrasaltsríkin, stækkun bæði ESB og NATO til austurs og innrásir Rússa í Tsjetsjeníu en ESB hefur á þessum tíma margoft beitt verndarráðstöfunum á borð við

[1] E. „Poland-Hungary: Actions for European Reconstruction".

[2] E. „Technical Assistance for the Commonwealth of Independent States".

jöfnunartolla í viðskiptum sínum við Rússa og dregið úr eða stöðvað fjárhagsaðstoð um lengri eða skemmri tíma.

Önnur ríki eða svæði í Evrópu

Fjöldi ríkja eða landsvæða í Evrópu, önnur en talin eru upp að ofan, hafa sérstakt samband við ESB. Í grófum dráttum má skipta ríkjunum í þau sem hafa fullkomna sjálfstjórn eða að hluta til og sjálfstæð ríki innan landsvæðis ESB. Í fyrrnefnda flokknum eru Álandseyjar, Kanaríeyjar, Ceuta og Melilla, Ermarsundseyjar, Færeyjar og Mön. Öll svæðin nema Færeyjar hafa mjög náin tengsl við ESB en eru að einhverju leyti undanþegin reglum þess. Færeyjar hafa hins vegar sérstakan samning við ESB frá 1997. Markmið hans er að þróa efnahagsleg tengsl og stuðla að jöfnum samkeppnisaðstæðum í viðskiptum milli samningsaðila. Samningurinn gildir um iðnaðarvörur og mælir m.a. fyrir um afnám tolla, magntakmarkana og tæknilegra viðskiptahindrana. Sérstök ákvæði eru um viðskipti með fiskafurðir og landbúnaðarafurðir.

Í síðarnefnda flokkinn falla Andorra, San Marínó og Mónakó. Samningar þeirra við ESB ganga lengra en samningur Færeyja og í þeim er m.a. mælt fyrir um tollabandalag. Enn fremur má geta þess að Andorra og San Marínó hafa gert jafngildissamning við ESB sem gildir í viðskiptum með dýraafurðir.

Miðjarðarhafslöndin[1]

Tengsl ESB við önnur ríki við Miðjarðarhafið hafa löngum verið náin og sambandið hefur talið mikilvægt af stjórnmálalegum, efnahagslegum, menningarlegum og félagslegum ástæðum að eiga góð samskipti við nágranna sína. Samningar við þessi ríki voru meðal þeirra fyrstu sem sambandið gerði við þriðju ríki og á sjöunda og áttunda áratugnum voru undirritaðir aukaaðildar- eða samstarfssamningar við velflest Miðjarðarhafslöndin. Árið 1989 var ákveðið að skerpa frekar á samvinnunni og dýpka hana, svo sem með skjótari niðurfellingu tolla á landbúnaðarafurðum, aukinni áherslu á mannréttindi og nánari fjárhagslega samvinnu t.a.m. í formi lánaívilnana og fjármögnunar stórra verkefna. Í lok árs 1995 var síðan stigið enn eitt skrefið í átt að aukinni samvinnu, með svokallaðri Barcelona-yfirlýsingu. Í henni segir ma. að aðilar séu sammála um að fríverslunarsvæði verði komið á fyrir 2010. Í kjölfarið hafa samningar verið gerðir við flest Miðjarðarhafsríkin.[2] Auk fríverslunar miða samningarnir að frjálsum stofnsetningarrétti fyrirtækja, samræmingu reglna á þjónustu- og samkeppnissviðinu og frjálsu fjármagnsflæði.

Tyrkland, Malta og Kýpur hafa þegar sótt um aðild að ESB en þau hafa haft einna nánustu samvinnuna við ESB af Miðjarðarhafsríkjunum. Tollabandalag á milli Tyrklands og ESB gekk í gildi 31. desember 1995 en samningarnir við Möltu og Kýpur mæla einnig fyrir um stofnun tollabandalags.

[1] Hér er átt við Alsír, Kýpur, Egyptaland, Ísrael, Jórdaníu, Líbanon, Möltu, Marokkó, PLO, Sýrland og Túnis, auk Tyrklands.

[2] Fiskveiðisamningur ESB og Marokkós rann út á síðasta ári og hefur ekki enn verið endurnýjaður. Sjá nánar um fiskveiðisamninga ESB við þriðju ríki í kafla 22 sem fjallar um sjávarútvegsmál.

Lome-samningurinn

Fimmti Lome-samningurinn á milli ESB og 48 Afríkuríkja, 15 ríkja í Karíbahafinu[1] og 8 í Kyrrahafinu öðlast formlega gildi síðar á árinu. Fyrsti Lome-samningurinn var undirritaður árið 1975 en undanfari hans voru svokallaðir Youndé-samningar. Það er mat margra að samningurinn, sem gildir til tuttugu ára, sé víðfeðmasti samstarfssamningur á milli ríkja heims.

Meginmarkmið samningsins er að uppræta fátækt í Lome-ríkjunum og auðvelda leið þeirra í átt að samkeppnishæfu markaðshagkerfi. Samningurinn tryggir Lome-ríkjunum hagstæðan aðgang að innri markaði ESB og tollfrelsi fyrir þau fátækustu í mörgum tilfellum. Samningurinn gerir ráð fyrir því að ESB veiti þróunaraðstoð til Lome-ríkjanna sem miðar að því að byggja upp og efla stjórnsýsluna, regluverk og innri uppbyggingu þeirra, svo sem samgöngur og fjarskipti, auk helstu atvinnuvega þannig að eðlilegar aðstæður geti skapast fyrir markaðshagkerfi.[2] Auk þess mælir samningurinn fyrir um greiðan aðgang Lome-ríkjanna að lánsfjármagni frá ríkjum Evrópusambandsins og Evrópska fjárfestingabankanum. Í samningnum eru ákvæði um að samningsaðilum beri að virða mannréttindi. Endanlegt markmið með Lome-samstarfinu er að efnahagsástand í ríkjunum verði með þeim hætti að aðstæður geti skapast fyrir gerð fríverslunarsamninga og í samningnum er mælt fyrir um gildistöku slíkra samninga fyrir árið 2008, reyndar með 12–15 ára aðlögunartíma. ESB mun veita fátækustu ríkjunum tollfrjálsan aðgang að mörkuðum sínum í nánast öllum vöruflokkum en það er háð undanþágu frá Alþjóðaviðskiptastofnuninni. ESB mun enn fremur tvöfalda framlag sitt til Lome-ríkjanna á samningstímanum en á síðustu fimm árum var framlagið u.þ.b. 12 milljarðar evra. Fastar stofnanir samningsins eru sameiginlegt ráðherraráð, sameiginleg nefnd sendiherra sem hefur eftirlit með framkvæmd samningsins og sameiginleg þingmannanefnd.

Í lok síðasta árs gerði ESB fríverslunarsamning við eitt Lome-ríki, Suður-Afríku. Deilur á milli S-Evrópuríkjanna annars vegar og S-Afríku hins vegar um merkingu nokkurra tegunda áfengra drykkja, komu á tímabili í veg fyrir eðlilega framkvæmd hans. Samningurinn mælir fyrir um fríverslun með 90% af viðskiptum milli samningsaðila innan tveggja áratuga.

Fyrrverandi nýlendur ESB-ríkja og landssvæði með sérstök tengsl við þau

Fyrirkomulag svipað Lome-samstarfinu gildir á milli u.þ.b. 25 landsvæða sem einstök ESB-ríki hafa sérstök tengsl við, svo sem fyrrverandi nýlendur. Grænland er t.a.m. í þessum hópi en úrsögn Grænlands úr ESB tók formlega gildi árið 1985. Í yfirlýsingu áfastri Amsterdamsamningnum segir að samningarnir skuli teknir til endurskoðunar á árinu 2000.

Miðausturlönd

Samstarfssamningar ESB við ríki á Arabíuskaganum eru frá 1989 og 1997. Þeir byggjast á meginreglum „bestukjaraákvæðum“ í anda GATT-samningsins.

---

[1] Í júní 1998 var Kúbu veitt áheyrnaraðild að samningaviðræðunum og í febrúar sl. sótti Kúba formlega um aðild. ESB telur núverandi ástand mannréttindamála í landinu útiloka aðild.

[2] Sum þessara verkefna snúa að uppbyggingu sjávarútvegs. Samstarfið byggist m.a. á því að ESB og fyrirtæki þess aðstoða við að tæknivæða fiskiðnaðinn en fá í staðinn veiðiheimildir í landhelgi Lome-ríkja. Um fiskveiðisamninga ESB við þriðju ríki er nánar fjallað í kafla 22.

NAFTA-ríkin

Fríverslunarsamningur á milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó var gerður árið 1992. Með honum varð fríverslunarsvæði á milli þessara ríkja staðreynd. ESB hefur engin formleg tengsl við NAFTA sem slíkt en aftur á móti hafa tvíhliða samskipti sambandsins við ríkin þrjú, hvert í sínu lagi, aukist mikið síðustu ár.

Þrátt fyrir að Bandaríkin og ESB hafi séð úrskurðarstofnunum WTO fyrir nægum verkefnum að undanförnu og viðskiptadeilur, s.s um hormónakjöt og banana, hafi verið í sviðsljósinu, eru viðskipti milli fyrrgreindra aðila 7,1% af heimsviðskiptunum. Fjárfestingar og verslun milli Bandaríkjanna og ESB nemur meira en trilljón evra og hafa kannanir sýnt að sex milljónir starfa skapist vegna þessara viðskipta. Árið 1998 skiptu ESB og Bandaríkin til helminga 37% af heimsviðskiptum.

Undanfarin ár hafa Bandaríkin og ESB markvisst reynt að auka með sér samvinnu og samstarf á viðskiptasviðinu. Árið 1995 var reglubundnum skoðanaskiptum um viðskipti á milli ESB og Bandaríkjanna komið á,[1] en þeim er ætlað að stuðla að bættum og nánari samskiptum ofangreindra aðila á viðskiptasviðinu. Afrakstur þessarar auknu samvinnu er m.a. eftirfarandi:

- MRA-samningur um gagnkvæma viðurkenningu á fjarskiptabúnaði, lækningatækjum, lyfjum o.fl.
- Samningur um upplýsingatækni (gerður á vettvangi WTO og fleiri komu að gerð hans).
- Samvinna á sviði tollamála, sem leiða á til einfaldari og auðveldari viðskipta, felur í sér gagnkvæm skipti á tollvörðum og samvinnu við að uppræta tollsvik.
- Jafngildissamningur á sviði dýraheilbrigðis. Markmið samningsins er að auðvelda viðskipti með dýr og dýraafurðir með því að samningsaðilar viðurkenni heilbrigðisvottanir hvor annars.
- Samningur á sviði samkeppnisréttar sem stuðlar að auknu samstarfi og samræmingu á sviði samkeppnismála.

Þrátt fyrir bætta samvinnu verða viðskiptaaðilar enn fyrir viðskiptahindrunum á sumum sviðum. Á þetta sér margar skýringar en ein er sú að regluverk er mismunandi á sviðum eins og líftækni, heilnæmi matvæla og vernd persónuupplýsinga en í byrjun mars tókust samningar um síðastnefnda atriðið. Settur hefur verið á stofn formlegur samstarfsgrundvöllur til þess að reyna að samræma mismunandi reglur og brjóta niður ríkjandi viðskiptahindranir.[2] Verkefnaáætlun hefur verið samþykkt og markmið hennar er að dýpka og breikka samstarf á viðskipta- og fjárfestingasviðinu og treysta rekstraröryggi bandarískra og evrópskra fyrirtækja enn frekar.

Árið 1976 gerði ESB fyrsta samstarfsrammasamning sinn við iðnríki en það var Kanada. Hann leggur grunninn að nánari samvinnu á sviði verslunar og viðskipta og innan ramma samningsins hefur samvinna þróast enn frekar, sérstaklega á sviði umhverfismála, upplýsingatækni og fjarskipta. Segja má að ákveðin þáttaskil hafi orðið í samstarfinu um miðjan tíunda áratuginn þegar samþykkt var sameiginleg aðgerðaáætlun um enn nánara samstarf á viðskiptasviðinu.[3] Eftir það hafa ESB og Kanada gert MRA-samning, keimlíkan samningnum við Bandaríkin, og jafngildissamning á sviði dýraheilbrigðis ásamt samningi um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, sams konar ofangreindir samningar milli ESB og Bandaríkjanna. Þá er

[1] E. „Transatlantic Business Dialogue".
[2] E. „Transatlantic Economic Partnership".
[3] E. „EU-Canada Joint Action Plan".

samningur á sviði samkeppni í burðarliðnum. Í lok árs 1998 var formlegur samráðsvettvangur settur á laggirnar[1] en markmið hans er að dýpka og auka samstarfið enn frekar, svo sem á þjónustusviðinu, í opinberum útboðum, hugverkaréttindum samkeppnismálum og menningarsamstarfi.

Vöru- og þjónustuviðskipti á milli ESB og Kanada á árinu 1998 námu 40 milljörðum evra, meira en 20% af fjárfestingum Kanada erlendis eru í ESB og rúmlega 20% af erlendum fjárfestingum í Kanada koma frá ESB.

Í lok síðasta árs lauk samningaviðræðum um fríverslunarsamning á milli ESB og Mexíkós. Samningurinn er fyrsti fríverslunarsamningurinn á milli ESB og ríkis frá rómönsku Ameríku. Samningurinn nær til allra sviða viðskipta á milli samningsaðila, svo sem fríverslunarsvæðis með iðnaðar- og landbúnaðarvörur, fjármála- og fjarskiptaþjónustu, opinberra útboða, fjárfestinga, samkeppnisreglna, hugverkaréttinda og ákvæða um lausn deilumála. Við gildistöku samningsins munu 82% af mexíkóskum iðnaðarvörum og 52% af evrópskum verða tollfrjálsar í viðskiptum á milli samningsaðila. Árið 2003 munu þeir tollar, sem eftir standa, verða lækkaðir úr allt að 35% niður í hámark 5% og allir tollar munu falla niður í síðasta lagi árið 2007. ESB mun þá njóta svipaðra kjara og NAFTA-samningurinn tryggir Bandaríkjunum og Kanada í viðskiptum sínum við Mexíkó. Hlutar samningsins, þ.e. ákvæði hans um þjónustufrelsi, fjárfestingar og hugverkaréttindi, kalla á samþykki þjóðþinga ESB-ríkja og því mun hann ekki taka gildi að fullu fyrr en eftir nokkurn tíma.

Mið- og Suður-Ameríka

ESB hefur gert rammasamstarfssamninga við velflest ríki Mið- og Suður-Ameríku. Þeir miða fyrst og fremst að því að efla viðskipti og auka samvinnu á mörgum sviðum, svo sem á sviði vísinda, samgangna, upplýsingatækni, fiskiðnaðar og fiskveiða, auk þess sem mælt er fyrir um reglubundin skoðanaskipti á stjórnmálasviðinu. Haustið 1999 ákváðu ESB og Mercosur-ríkin,[2] auk Chile, að hefja samningaviðræður um enn umfangsmeiri samninga en nú eru í gildi, sem miða að því að dýpka samvinnuna frekar og lækka tolla. Samningaviðræðurnar munu m.a. taka mið af útkomu næstu WTO-samningalotu.

Eyjaálfa

Ástralía og Nýja-Sjáland undirrituðu MRA-samning við ESB árið 1996. Eins og að framan er lýst auðvelda slíkir samningar viðskipti þar sem að þeir mæla fyrir um gagnkvæma viðurkenningu á prófunum og vottunum löggildingarstofa í ríkjum samningsaðila. Nýja-Sjáland hefur aukinheldur gert svokallaðan jafngildissamning við sambandið en hann gildir í viðskiptum með dýr og dýraafurðir en tilgangur hans er að skapa hagræði í viðskiptum á milli samningsaðila með gagnkvæmri viðurkenningu á heilbrigðislöggjöf. Að öðru leyti stjórnast viðskipti milli Ástralíu og Nýja-Sjálands af ákvæðum GATT-samninganna um bestu kjör. Samningar um auðveldun á viðskiptum með lamba- og geitakjöt og osta eru í gildi, auk þess sem Ástralía og ESB hafa gert með sér samning um viðskipti með léttvín. Hafa Ástralar löngum gagnrýnt ESB fyrir verndarstefnu bæði í viðskiptum með léttvín og á sviði landbúnaðar sem þeir segja að njóti alltof hárra ríkisstyrkja.

[1] E. „EU-Canada Trade Initiative (ECTI)".

[2] En þau eru Argentína, Brasilía, Úrúgvæ og Paragvæ.

Asía

Samskipti ESB og Asíuríkja stjórnast fyrst af grundvallarreglum GATT og hefur ESB gert samstarfssamninga við velflest ríki Asíu sem hafa m.a. að geyma ákvæði um bestu kjör. Auk þess hafa verið gerðir samningar við einstök ríki um viðskipti með tilteknar vörur. Ber þar fyrst og fremst að nefna viðskipti með vefnaðarvörur og samninga ESB við t.d. Kína, Hong Kong, S-Kóreu, Taíland og Pakistan. Enn fremur hefur ESB gert samninga við nokkur ríki ESB um gagnkvæma aðstoð og samvinnu í tollamálum. Þá hafa sambandið og Kórea gert samning um útboð á sviði fjarskipta.

Viðskipti ESB og Japans hafa löngum mótast af miklum viðskiptahalla Japan í vil. Sem dæmi um ójafnvægið má nefna að fjárfesting japanskra fyrirtækja í ESB var u.þ.b. sjö sinnum meiri en fjárfesting evrópskra fyrirtækja í Japan árið 1997. Þau kvarta sáran undir miklu reglugerðafargani og hafa ESB og Japan um nokkurra ára skeið unnið að því að gera regluverkið skýrara og gegnsærra. ESB hefur komið hugmyndum að tillögum sínum í þessum efnum á framfæri og hefur nefnd verið skipuð af japönsku ríkisstjórninni til þess að draga úr skriffinnskunni. Vinna hennar hefur skilað nokkrum árangri sem þó er ekki fullnægjandi að mati ESB. Á vettvangi WTO hafa ESB og Japan unnið náið saman þrátt fyrir að málaferli fyrir úrlausnarstofnunum stofnunarinnar hafi ef til vill hlotið mesta athygli fjölmiðla.

Rammasamningur um viðskipti og viðskiptasamstarf er í gildi milli ESB og Kína en hann grundvallast á bestukjarameðferð. Auk þess eru samningar um viðskipti með vefnaðarvörur í gildi. Fundir æðstu ráðamanna um viðskiptamál hafa verið reglubundnir frá árinu 1998. Um þessar mundir stendur ESB í samningaviðræðum við Kína um aðild þess að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. ESB styður aðild Kína að stofnuninni og af hálfu ESB snúast viðræðurnar fyrst og fremst um að tryggja greiðari markaðsaðgang fyrir evrópsk fyrirtæki í Kína, sérstaklega á sviði fjarskipta, upplýsingatækni og fjármála.

Þróunarlönd önnur en Lome-ríkin (GSP-kerfið)

Í tengslum við samþykkt á vettvangi Efnahags- og þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1968 hefur ESB frá upphafi áttunda áratugarins veitt vissum vörum frá þróunarríkjunum tollfrjálsan aðgang að markaði sínum. Kerfið er m.a. hugsað til þess að ýta undir fjárfestingu í veikburða atvinnugreinum í þróunarríkjunum. Margt hefur þó orðið til þess að draga úr jákvæðum áhrifum þessa kerfis fyrir þróunarríkin. Má þar t.d. nefna að samkvæmt Lome-sáttmálanum njóta þau þróunarríki, sem aðilar eru að honum, nokkuð sambærilegra kjara og GSP-kerfið gerir ráð fyrir en það veikir samkeppnisstöðu GSP-þróunarríkjanna. Þá má nefna aðra fríverslunarsamninga sem ESB hefur gert, t.d. við EFTA-ríkin og Miðjarðarhafsríkin, en einnig almennar tollalækkanir á vettvangi GATT.

3. Viðskiptasamningar EFTA-ríkjanna við þriðju ríki

Inngangur

Undanfarin ár hefur mikil þróun átt sér stað í samskiptum EFTA-ríkjanna við þriðju ríki. Um þessar mundir hafa EFTA-ríkin viðskiptasamningssamband við 20 ríki utan EES. Einungis ESB státar af umfangsmeira samninganeti á heimsvísu. Á síðasta áratug hafa 14 fríverslunarsamningar og sex samstarfsyfirlýsingar verið gerðar við Miðjarðarhafslöndin og ríki Mið- og Austur-Evrópu. Fríverslunarsamningar hafa verið gerðir við Búlgaríu, Tékkland, Eistland, Ungverjaland, Ísrael, Lettland, Litháen, Marokkó, PLO, Pólland, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu og Tyrkland. Samstarfsyfirlýsingar hafa verið undirritaðar við Albaníu, Egyptaland, Jórdaníu, Líbanon, Makedóníu og Túnis. Slíkar yfirlýsingar eru venjulega fyrsta skrefið

í átt að fríverslunarsamningi en samningaviðræður standa nú yfir við öll síðastnefnd ríki, nema Albaníu.

Samningstengsl þessi miða að því að feta í fótspor ESB en eins og fyrr hefur komið fram hefur sambandið aukið og dýpkað samskipti sín mikið á þessum vettvangi á undanförnum árum. EFTA-ríkin hafa þó átt frumkvæði að fríverslun við Kanada og er búist við því að fríverslunarsamningur verði undirritaður innan skamms. Þrátt fyrir aukin samskipti Kanada og ESB á undanförnum árum sem lýsa sér m.a. í gerð MRA-samnings og jafngildissamnings í viðskiptum með dýr og dýraafurðir er fríverslunarsamningur ekki í burðarliðnum.

Reynslan af viðskiptum við þau ríki, sem EFTA-ríkin hafa þegar gert samninga við, hefur verið sú að viðskipti hafa aukist í verulegum mæli. Að sjálfsögðu er skýringin á því ekki einhlít en niðurfelling tolla og aukið og greiðara markaðsaðgengi fyrirtækja er án efa stór hluti hennar.

Í kjölfar fríverslunarsamnings milli ESB og Mexíkós hafa EFTA-ríkin borið gerð fríverslunarsamnings upp við mexíkósk stjórnvöld. Að auki fylgjast EFTA-ríkin náið með þróuninni á milli ESB og annarra ríkja, svo sem Bandaríkjanna og Mercosur.

Að fríverslunarsamningunum slepptum hafa EFTA/EES-ríkin átt í viðræðum við nokkur ríki um gerð MRA-samninga, með stoð í bókun 12 við EES-samninginn. Gerð þessara samninga miðað fyrst og fremst að því að fylgja í kjölfar ESB sem gert hefur samninga við Ástralíu, Nýja-Sjáland, Bandaríkin, Kanada og Sviss. EFTA/EES-ríkin hafa gert samninga við Nýja-Sjáland og Ástralíu og stefnt er að áritun samnings við Kanada í mars eða apríl en verið er að kanna hvort gerð MRA-samnings við Sviss gæti tengst endurskoðun Stokkhólmssáttmálans sem nú stendur fyrir dyrum. Aftur á móti hefur EFTA-ríkjunum gengið erfiðlega að ná eyrum bandarískra stjórnvalda. Áhugaleysi þeirra skýrist bæði af skorti á mannafla og lítilli þýðingu gerðar MRA-samnings við EFTA/EES-ríkin. Einnig hafa þau sýnt lítinn skilning á mikilvægi þess fyrir einsleitni EES að EFTA/EES-ríkin geri sambærilegan samning við Bandaríkin og ESB en það gæti raskað frjálsum vöruflutningum innan EES.

ESB stendur nú í samningaviðræðum um MRA-samninga við Japan, Tékkland, Ungverjaland, Pólland, Eistland og Lettland en EFTA/EES-ríkin fylgjast náið með þróun mála á þessu sviði og hafa sett sig í samband við umrædd ríki.

Innihald fríverslunarsamninganna

Framangreindir fríverslunarsamningar eru allir byggðir upp á svipaðan hátt. Þeir mæla fyrir um fríverslun með iðnaðarvörur, fiskafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Þess ber að geta að full fríverslun með fiskafurðir gildir að meginstefnu til í öllum fríverslunarsamningunum en í samningum ESB við sömu ríki gildir slíkt ekki.[1] Sérstakar bókanir á milli hvers og eins EFTA-ríkis og viðkomandi þriðja ríkis eru gerðar um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur. Samningarnir innihalda svokallað þróunarákvæði um þjónustuviðskipti og fjárfestingar, auk þess sem mælt er fyrir um samvinnu á sviði opinberra útboða, ríkiseinkasölu, tæknilegra reglugerða, hugverkaréttinda og samkeppni. Fullt jafnvægi ríkir ekki á milli samningsaðila þar sem EFTA-ríkin afnema alla tolla og viðskiptahindranir strax við gildistöku en viðkomandi þriðju ríki gera það á lengri tíma, yfirleitt á skemmri tíma en átta árum. Nýjustu

[1] Ísland, ásamt Noregi, lagði áherslu á fulla fríverslun með fisk í EES-samningaviðræðunum. Síðan hefur það verið krafa EFTA-ríkjanna í öllum fríverslunarsamningum sem gerðir hafa verið. Í EES-samningaviðræðunum voru viðskipti með fisk eitt allra erfiðasta viðfangsefnið en ESB hefur ekki gengið jafnlangt í nokkrum öðrum samningi við þriðju ríki, án þess að fá í staðinn fiskveiðiheimildir. Ýmsir þættir hafa eflaust haft áhrif á endanlega útkomu en ekki er ólíklegt að tillit til grundvallarhagsmuna eins samningsaðila hafi vegið þungt.

samningarnir hafa að geyma ákvæði um gerðardóm komi upp deilumál milli samningsaðila, auk þess sem EFTA-ríkin hafa óskað eftir því að slíku ákvæði verði bætt inn í gömlu samningana. Þrátt fyrir að hafa þrýst á Kanada um ákvæði um þjónustuviðskipti, sem gengur lengra en ákvæði núverandi samninga, vildi Kanada bíða útkomu í næstu WTO-samningalotu áður en gengið yrði lengra í samskiptum við EFTA/EES-ríkin.

Rétt er að geta þess að versni markaðsaðgengi EFTA/EES-ríkjanna við inngöngu umsóknarríkjanna í ESB verður þeim bætt slíkt upp í samræmi við ákvæði 307. gr. Rómarsamningsins en Íslandi og Noregi var á þeim grunni m.a. úthlutað tollfrjálsum innflutningskvótum inn í ESB við inngöngu Finnlands og Svíþjóðar, m.a. í viðskiptum með síld. Í þessu samhengi má nefna að samningamenn EFTA-ríkjanna hafa talið sig verða þess áskynja í yfirstandandi samningaviðræðum við Kýpur að ESB hafi lagt áherslu á það við þarlend stjórnvöld að þau veiti EFTA-ríkjunum ekki hagstæðari aðgang að sínum markaði en bókun 9, um viðskipti með fisk og fiskafurðir, við EES-samninginn mælir fyrir um.

4. Meginregla EES-samningsins – Sjálfræði til samningagerðar við þriðju ríki

Í formála EES-samningsins er tekið fram að EES-samningurinn takmarki „hvorki sjálfræði samningsaðila til ákvarðanatöku né rétt þeirra til að gera samninga, samanber þó ákvæði samnings þessa og takmarkanir sem leiðir af reglum þjóðaréttar." EFTA-dómstóllinn hnykkti á þessari reglu í hinu svokallaða Maglite-máli þar sem hann sagði að EES-samningurinn fæli ekki í sér sameiginlega viðskiptastefnu gagnvart þriðju ríkjum og EES væri ekki tollabandalag, ólíkt ESB. EFTA-ríkin hefðu ekki framselt vald til þess að gera samninga við þriðju ríki til yfirþjóðlegra stofnana, þau væru frjáls til þess að gera viðskiptasamninga við þriðju ríki.[1]

Þrátt fyrir ofangreinda meginreglu gerðu samningsaðilar sér grein fyrir því að ein af forsendum einsleits EES er að sameiginlegar leikreglur giltu innan svæðisins. Þetta krafðist viss samræmis í samskiptum samningsaðila við ríki utan EES og því setja reglur samningsins EFTA/EES-ríkjunum vissar skorður í samskiptum sínum við þau.

4.1 Meginreglan um einsleitt EES

Í formála EES-samningsins kemur fram að eitt af markmiðum samningsaðila með samningnum sé að „...mynda öflugt og einsleitt evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum..." Víða í samningnum er reynt að tryggja að markmiðið um einsleitt efnahagsvæði nái fram að ganga. Í fyrsta lagi eru mörg ákvæði EES-samningsins nákvæmlega eins orðuð og ákvæði Rómarsamningsins. Í öðru lagi ber sameiginlegu EES-nefndinni að taka ákvörðun um breytingu á viðauka við samninginn eins fljótt og unnt er eftir að ESB hefur samþykkt nýja löggjöf með það fyrir augum að löggjöf gangi samtímis í gildi á öllu EES-svæðinu. Samningurinn tekur því stöðugum breytingum og í hverjum mánuði bætast tugir nýrra EES-gerða við hann. Í þriðja lagi ber samningsaðilum að túlka og beita ákvæðum samningsins í samræmi við úrskurði og dóma Evrópudómstólsins.[2] Í fjórða lagi ber samningsaðilum rík skylda til þess að tryggja að reglur samningsins séu leiddar í landsrétt samningsaðila[3] og skulu reglugerðir sambandsins m.a. teknar upp í landsrétt sem slíkar. Einnig má nefna að stofnanakerfi EES gerir ráð fyrir því að eftirlitsstofnun

[1] Sjá mál nr. E-2/97, *Maglite,* [1997] skýrsla EFTA-dómstólsins, s. 135–136.

[2] Sjá 6. gr. EES-samningsins og 3. gr. samningsins um stofnun dómstóls og eftirlitsstofnunar.

[3] Sjá 7. gr. EES-samningsins.

EFTA og framkvæmdastjórn ESB eigi með sér náið samstarf sem tryggja á samræmt eftirlit á öllu svæðinu.[1]

EFTA-dómstóllinn hefur í ráðgefandi áliti frá 1998 sagt að ekki sé hægt að útiloka að undir sérstökum kringumstæðum, svo sem í Maglite-málinu, geti mismunandi umfang og tilgangur EES-samningsins og Rómarsamningsins leitt til mismunandi túlkunar á umræddum samningum en að því slepptu skuli meginreglan um einsleitni vera ríkjandi regla við túlkun samningsins.[2] Aðrir dómar EFTA-dómstólsins hafa sýnt að mikið þarf til hann túlki EES-samninginn á annan hátt en Evrópudómstóllinn hefur túlkað sambærilegar reglur Evrópuréttarins. Hefur hann t.a.m. skapað reglu um skaðabótaskyldu EFTA/EES-ríkja við brot á EES-rétti,[3] með hliðsjón af sambærilegri reglu sem Evrópudómstóllinn hafði myndað í bandalagsréttinum í byrjun tíunda áratugarins en sá dómur vakti hörð viðbrögð margra aðildarríkja ESB.[4]

4.2. Önnur ákvæði EES-samningsins sem taka á þriðjuríkjasamskiptum

Allmörg ákvæði samningsins mæla fyrir um samskipti við ríki utan EES. Ýmist taka þau beinlínis á sambandinu við þau eða með óbeinum hætti þannig að almennar reglur, sem gilda innan svæðisins, hafa áhrif t.a.m. á innflutning frá þriðju ríkjum.

II. Viðauki – tæknilegar reglugerðir

Með EES-samningnum er leitast við að samræma tæknilegar kröfur til vara og koma þannig í veg fyrir að samningsaðilar geti beitt viðskiptahindrunum með því að gera frekari kröfur til vara en fram koma í viðaukanum. Í viðaukanum, sem er langstærsti viðauki samningsins, gefur m.a. að líta reglur um merkingu lyfja, matvæla og tóbaks, öryggisreglur og varúðarreglur á vélum og leikföngum og reglur um prófanir og vottanir. EES-samningurinn þrengir rétt samningsaðila til innflutnings frá ríkjum utan EES ef ekki eru uppfylltar þær kröfur sem II. viðauki við EES-samninginn gerir til þeirra.

Bókun 12

Í bókun 12 við EES-samninginn kemur fram að geri ESB samninga við þriðju ríki um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats á afurðum ef nota skal vörumerki samkvæmt löggjöf bandalagsins, skal gert ráð fyrir því að EFTA/EES-ríkin geri sambærilega samninga við þriðju ríki. Á þessu sviði hafa EFTA/EES-ríkin því skuldbundið sig til þess að gera sambærilega samninga og ESB við viðkomandi þriðju ríki.

I. Viðauki – heilbrigði dýra og plantna

I. Viðauki við EES-samningsins er næststærsti viðauki við EES-samninginn. Kaflinn hefur nýverið verið endurskoðaður og með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/98, sem gekk í gildi 1. janúar 1999, tóku EFTA/EES-ríkin upp dýraheilbrigðislöggjöf ESB. Þetta fól m.a. í sér að samræmdar reglur í viðskiptum með fisk og fiskafurðir innan EES voru tekn-

[1] Sjá ákvæði um stofnanir EES í VII. hluta EES-samningsins.

[2] Mál nr. E-3/98, *Rainford-Towning*, [1998] skýrsla EFTA-dómstólsins, s. 205.

[3] Mál nr. E-9/97, *Erla María Sveinbjörnsdóttir*, [1998] skýrsla EFTA-dómstólsins, s. 97. Sjá einnig dóm Hæstaréttar frá 16. desember 1999 í máli nr. 236/1999 þar sem dómurinn komst að sömu niðurstöðu og EFTA-dómstóllinn í ráðgefandi áliti sínu.

[4] Sameinuð mál nr. C-6 og 9/90, *Francovich*, [1991], skýrsla dómstólsins, s. 5357.

ar upp og enn fremur með kjöt og kjötafurðir á milli Noregs og ESB-ríkja.[1] Heilbrigðiseftirlit og gjaldtaka við innflutning frá ríkjum utan EES var samræmd og er Íslandi og Noregi t.a.m. óheimilt að taka við fiski frá þriðju ríkjum uppfylli þau ekki heilbrigðiskröfur viðaukans. Enn fremur hefur ESB gert svokallaða jafngildissamninga við nokkur ríki utan ESB sem fela í sér minnkun á heilbrigðiseftirliti við innflutning til ESB. EFTA/EES-ríkin þurfa að gera sambærilega samninga við þessi ríki en ekki hefur enn reynt á samningsvilja þeirra ríkja sem ESB hefur gert samninga við. Takist slíkir samningar ekki gilda sömu sjónarmið og lýst var að ofan um MRA-samningana, þ.e. að frjáls viðskipti innan EES með umræddar vörur gætu raskast.

Opinber innkaup og ríkisstyrkir

Í 1. mgr. 65. gr. er kveðið á um að það fyrirkomulag, sem getið er um í XVI. viðauka um opinber innkaup, skuli gilda um allar framleiðsluvörur og í 2. mgr. 65. gr. er þess einnig getið að ákvæði um bókun 28 og XVII. viðauka um hugverkaréttindi skuli gilda um allar framleiðsluvörur og þjónustu, einnig þær vörur og þá þjónustu sem upprunnin er í ríkjum utan EES.

Reglur EES-samningsins um ríkisstyrki eru í 61.–64. gr. EES-samningsins og XV. viðauka hans. Meginreglan er sú að hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EES veita af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni, er ósamrýmanleg EES-samningnum. Þegar EFTA/EES-ríkin eiga samskipti við ríki utan EES verða þau að gæta þess að aðgerðir þeirra á þessum sviðum hygli ekki fyrirtækjum innan þeirra með þeim hætti að það hafi áhrif á samkeppnisstöðu þeirra gagnvart fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum EES.

Aðrar gerðir

Einstök ákvæði í fjölmörgum gerðum, sem eru hluti af samningnum, mæla fyrir um samskipti við þriðju ríki.[2] Sammerkt með þeim gerðum er að gert er ráð fyrir að EFTA/EES-ríkin fylgi sams konar stefnu gagnvart þriðju ríkjum og ESB þrátt fyrir að þeim sé ávallt tryggður möguleiki til annars.

4.3 Niðurstöður um EES-samninginn

Meginregla EES-samningsins um sjálfræði EFTA/EES-ríkjanna til samningagerðar við þriðju ríki er skýr og staðfesti EFTA-dómstóllinn hana í svokölluðu Maglite-máli.

Á hinn bóginn er markmiðið um einsleitt EES ein af grundvallarreglum samningsins. Hefur dómstóllinn undirstrikað hana í dómum sínum, auk þess sem flest ákvæði samningsins, sem fjalla um þriðjuríkjasamskipti, ganga út frá því að EFTA/EES-ríkin fylgi sömu reglum í samskiptum sínum við þriðju ríki og ESB, annaðhvort með gerð sérstakra samninga sem eru efnislega samhljóða samningum ESB eða með því að innleiða ákvæði, sem snerta þriðju ríki, inn í EES-samninginn efnislega óbreytt frá sömu reglum EB-réttar. Geri EFTA/EES-ríkin það ekki geta afleiðingarnar orðið þær að framkvæmd þess hluta samningsins, sem við-

[1] Liechtenstein hefur tímabundna undanþágu frá reglum viðaukans.

[2] Sjá t.d. ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/99 (vernd persónuupplýsinga), 37/99 (leyfisveitingar á sviði fjarskiptaþjónustu) og nokkrar tilskipanir í viðauka IX sem fjallar um fjármálaþjónustu, svo sem tilskipanir 73/239/EBE, 79/267/EBE og 89/646/EBE.

komandi reglur hafa áhrif á, sé frestað þar til viðunandi lausn finnst.[1] Er óþarft að fjölyrða um hve alvarleg áhrif slík frestun gæti haft á viðskiptaumhverfi fyrirtækja í EFTA/EES-ríkjunum.

Má með nokkrum sanni segja að í samskiptum sínum við þriðju ríki hafi EFTA/EES-ríkin, þrátt fyrir að halda formlegu sjálfræði til samningagerðar, þrengt efnislegt svigrúm sitt til slíkrar samningagerðar. Á þetta aðallega við um reglur sem EFTA/EES-ríkin hafa þegar samþykkt sem hluta EES-samningsins. Enn fremur er ekki fráleitt að halda því fram að slíkt gildi að einhverju marki varðandi framtíðarreglur, séu hugsanlegar afleiðingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki í EFTA/EES-ríkjunum hafðar í huga. A.m.k. er ekki ólíklegt að ákvæði samningsins myndu hafa þau áhrif að framangreind ríki beittu annarri stefnu en ESB af mikilli varfærni.

5. Samanburður á ESB og EES-samningnum

Eins og að framan hefur verið lýst er Evrópusambandið með 15 aðildarríki og tæplega 400 milljónir íbúa innanborðs, stærsta viðskiptablokk heims með rúmlega 20% af heimsviðskiptum. Slík staða veitir ESB yfirburðasamningsstöðu gagnvart þriðju ríkjum og vafalítið búa fyrirtæki innan ESB við betri kjör og tryggari aðstöðu í samskiptum sínum við þriðju ríki en fyrirtæki í öðrum ríkjum heims.[2] Nægir í þessu sambandi að nefna að ekkert ríki eða ríkjasamtök heims hefur jafnumfangsmikið net viðskiptasamninga og ESB, auk þess sem pólitísk vægi ESB bæði í tvíhliða samskiptum og á vettvangi WTO, hefur oft úrslitaáhrif á lausn mála. Þessi staða er hins vegar því verði keypt að aðildarríki sambandsins hafa framselt hluta fullveldis síns til svokallaðra yfirþjóðlegra stofnana þess. Þetta þrengir svigrúm þeirra til samningagerðar við þriðju ríki þar sem slíkt er, eðli málsins samkvæmt, ávallt háð málamiðlunum á milli aðildarríkjanna.

Með hliðsjón af þeirri viðleitni EFTA-ríkjanna að skapa fyrirtækjum í ríkjum sínum sambærileg kjör og samkeppnisaðilum þeirra innan ESB hafa þau reynt að feta í fótspor þess síðarnefnda við gerð fríverslunarsamninga. Ekki er annað hægt að segja en það hafi gengið prýðilega og einungis ESB býr yfir stærra neti viðskiptasamninga við þriðju ríki en EFTA. Það samanstendur af 14 fríverslunarsamningum og 6 samstarfsyfirlýsingum sem eru yfirleitt undanfari fríverslunarsamninga. Aukinheldur mun væntanlegur fríverslunarsamningur við Kanada gefa fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum forskot á keppinauta innan ESB.

Samkvæmt EES-samningnum halda EFTA/EES-ríkin sjálfræði til samningagerðar við þriðju ríki. Þrátt fyrir það hefur samningurinn þrengt svigrúm EFTA/EES-ríkjanna í samskiptum sínum við þriðju ríki á þeim sviðum sem samningurinn tekur til. Meginreglan um einsleitni innan EES er gegnumgangandi í samningnum og misræmi í stefnu EFTA/EES-ríkjanna annars vegar og ESB hins vegar gætu haft alvarleg áhrif á viðskiptaumhverfi fyrirtækja í EFTA/EES-ríkjunum. Reyndar hefur reynslan verið sú að EFTA/EES-ríkin hafa, eins og við gerð fríverslunarsamninganna, lagt sig í framkróka um að fylgja í kjölfar ESB í samskiptum sínum við þriðju ríki og hefur barátta þeirra á því sviði frekar snúið að því að lokka þau

---

[1] Þetta yrði ýmist gert beint með tilvísun í 102. gr. meginmáls EES-samningsins sem fjallar um frestun á hlutum samningsins ef einsleitni er raskað eða beint með aðlögunarákvæðum í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem ESB getur stöðvað viðskipti við EFTA/EES-ríkin ef þau beita ekki sömu ráðstöfunum í samskiptum við þriðju ríki og það sjálft. Dæmi um slíkt má t.a.m. finna í 3. málsgrein ákvörðunar nr. 69/98 (viðauki I) sem fjallar m.a. um viðskipti með sjávarafurðir og b-lið 2. gr. ákvörðunar nr. 83/99 sem fjallar um vernd persónuupplýsinga.

[2] Sjá umfjöllun í kafla 2.

ríki sem ESB hefur þegar samið við að samningaborðinu, en að EFTA/EES-ríkin hafi viljað víkja frá stefnu sambandsins. Hafa EFTA/EES-ríkin rekið sig á að áhugi þriðju ríkja á samningagerð er minni en við ESB. Gæti slíkt leitt til þess að einsleitni innan EES raskast en slíkt getur t.a.m. leitt til truflana á ákvæðum samningsins um frjálsa vöruflutninga.

Ísland nýtur góðs af samfloti með öðrum ríkjum í samningagerð við þriðju ríki, hvort sem slíkt væri innan vébanda EFTA eða ESB. Alltaf er erfitt að spá fyrir um hver staðan væri stæði Ísland bæði utan EFTA og ESB en afar líklegt er að áhugi þriðju ríkja á fríverslunarsamningum við Ísland væri takmarkaður. Áhugaleysi Bandaríkjanna annars vegar á gerð MRA-samnings við EFTA/EES-ríkin og á hugsanlegri aðild Íslands að NAFTA gæti hins vegar gefið ákveðnar vísbendingar í þeim efnum.

Heimildaskrá

Árskýrsla EFTA 1998, EFTA, 1998.

Craig, Paul og De Búrca Gráinne, *EU Law – Text, Cases and Materials,* Oxford University Press, 1998.

Dinan, Desmond, *Ever Closer Union,* MacMillan, 1999.

Vefsetur framkvæmdastjórnar ESB, http://europa.eu.int/comm/trade.

Heimasíða EFTA, http://www.efta.int.

I. Macloed o.fl., *The External Relations of the European Communities,* Oxford University Press, 1996.

Pelkmans, Jacques, *Atlantic Economic Cooperation: The Limits of Plurilateralism,* Center for European Policy Studies, 1998.

Pelkmans, Jacques, *European Integration – Methods and Economic Analysis,* Netherlands Open University, 1996.

Snyder, Francis, *International trade and customs law of the European Union* Butterworths, 1998.

27. kafli
Pólitískt samstarf Evrópusambandsins

Samantekt

Maastricht- og Amsterdamsamningarnir settu pólitíska samvinnu ESB-ríkja gagnvart þriðju ríkjum í fastari skorður. Enn hefur pólitísk samvinna hins vegar ekki leitt til sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu aðildarríkja Evrópusambandsins þótt yfirlýstur vilji sé fyrir mótun slíkrar stefnu.

1. Aðdragandi

Þótt samrunaferlið í Evrópu hafi frá upphafi snert pólitísk viðfangsefni og sé öðrum þræði byggt á pólitískum hugsjónum fór formlegt samstarf þátttökuríkjanna á pólitíska sviðinu hægt af stað. Líta má á leiðtogafund aðildarríkjanna í Haag árið 1969 og Davignon-skýrsluna, sem kom fram ári seinna, sem ákveðið upphaf að þessu samstarfi. Samstarfið tók hins vegar lengi vel aðeins til utanríkismála og var því fyrst og fremst ætlað að auka samstöðu aðildarríkjanna varðandi stærri og brýnni vandamál í alþjóðastjórnmálum. Samstarf þetta óx með árunum og leiddi smám saman til aukinna tilrauna til samhæfingar á utanríkisstefnu aðildarríkjanna. Með tímanum fór það einnig að taka til bæði efnahagslegra og pólitískra þátta öryggismála. Samstarfið var hins vegar tiltölulega óformlegt og byggt á samkomulagi á

hverjum tíma frekar en föstum ramma. Með Maastricht-samningnum urðu nokkur þáttaskil í þessari samvinnu sem að undanförnu hefur orðið í formlegri og fastari skorðum. Enn fer því þó fjarri að pólitísk samvinna innan Evrópusambandsins hafi leitt til sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu aðildarríkja Evrópusambandsins þótt yfirlýstur vilji sé fyrir mótun slíkrar stefnu.

2. Sameiginleg utanríkis- og öryggismálastefna

Með Maastricht-samningnum var fyrsta skrefið stigið í átt til sameiginlegrar öryggismálastefnu Evrópusambandsins og um leið var með formlegum hætti sett upp kerfi sem nefnist „Sameiginleg utanríkis- og öryggismálastefna" (*Common Foreign and Security Policy).* Nafnið lýsir meira stefnumiðum en veruleika því að aðildarríkin hafa fullt frelsi til eigin stefnumörkunar í öryggis- og utanríkismálum, hvert í sínu lagi eða í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins sem mikill meiri hluti ríkjanna tilheyrir.

Á þeim tíma sem Maastricht-samningurinn var í undirbúningi, breyttist pólitískt landslag í Evrópu með byltingarkenndum hætti. Þýskaland var sameinað og járntjaldið milli austurs og vesturs hvarf. Á sama tíma myndaðist mikil spenna á Balkanskaga sem átti eftir að leiða til mikilla átaka og stríð braust út við Persaflóa með þátttöku margra Evrópuríkja. Um leið og hrun járntjaldsins í Evrópu breytti öllum möguleikum til samstarfs Evrópuríkja á öryggismálasviðinu jókst þörfin fyrir nýja tegund samstarfs greinilega með atburðunum á Balkanskaga og breyttum aðstæðum sums staðar á jöðrum Evrópu, eins og í fyrrverandi lýðveldum Sovétríkjanna og í Mið-Austurlöndum. Þetta er bakgrunnur þeirrar tiltölulega öru þróunar sem að undanförnu hefur átt sér stað til aukins samstarfs Evrópusambandsríkja að öryggis- og utanríkismálum.

Hin sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefna heftir í engu frelsi aðildarríkjanna til eigin stefnumörkunar á sviði utanríkismála. Henni er ætlað að gera aðildarríkjunum mögulegt að samræma stefnu sína og skilning á alþjóðamálum og tala einum rómi þegar það á við, sem eykur mjög sameiginlegan styrk þeirra.

3. Framkvæmd hinnar sameiginlegu stefnu

Framkvæmd sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu er á margan hátt öðruvísi varið en framkvæmd annarrar sameiginlegrar stefnu Evrópusambandsins, svo sem á sviði landbúnaðar- og umhverfismála. Vegna eðlis hinnar sameiginlegu stefnu er meiri áhersla lögð á þátt aðildarríkjanna og þær stofnanir sambandsins sem þau taka beint þátt í. Þannig eru völd framkvæmdastjórnar, Evrópuþings og Evrópudómstólsins umtalsvert takmörkuð á sviði sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu. Helstu þátttakendur við mótun og framkvæmd stefnunnar eru leiðtogaráðið og ráðherraráðið.

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins koma saman leiðtogar ríkja og ríkisstjórna, ásamt forseta framkvæmdastjórnar. Leiðtogafundurinn fer með æðsta vald hinnar sameiginlegu stefnu, markar grundvallaratriði hennar og leggur jafnframt línur um almenna stefnumörkun, þar með talið á þeim sviðum er varða varnarmál og hvenær beri að leita liðsinnis Vestur-Evrópusambandsins (VES).

Ráðherraráðið þar sem saman koma utanríkisráðherrar aðildarríkjanna, tekur ákvarðanir um framkvæmd og stefnumörkun í kjölfar ákvarðana leiðtogafundar. Það er á ábyrgð ráðherraráðsins að aðgerðir sambandsins séu samhæfðar, stefnufastar og árangursríkar. Þá leggur Amsterdamsamningurinn ráðherraráðinu á herðar að leggja til sameiginlega stefnu við leiðtogafundinn og framfylgja henni, með „sameiginlegri afstöðu" eða „sameiginlegum að-

gerðum“ en um það og önnur stjórntæki sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunnar verður fjallað síðar.

Formennskuríkið kemur fram fyrir hönd sambandsins í málum er varða hina sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnu. Formennskuríkið er ábyrgt fyrir framkvæmd ákvarðana á sviði sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu og túlkar afstöðu sambandsins á alþjóðavettvangi. Formennskunni til aðstoðar í þessu er framkvæmdastjóri ráðherraráðsins sem jafnframt gegnir stöðu hátt setts fulltrúa hinnar sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnu, svo og framkvæmdastjórnin.

Samkvæmt Amsterdamsamningnum skal framkvæmdastjóri ráðsins jafnframt gegna stöðu háttsetts fulltrúa sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu eins og áður segir. Honum er ætlað að vera ráðinu til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd pólitískra ákvarðana. Jafnframt er honum ætlað að koma fram fyrir hönd ráðherraráðsins (að ósk formennskunnar) og leiða pólitíska samvinnu við þriðju ríki. Skipun jafn reynds stjórnmálamanns og Javiers Solana þykir vísbending þess að vilji sé til að auka vægi sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu.

Í stofnsamningi Evrópusambandsins er kveðið á um að framkvæmdastjórn skuli höfð með í ráðum við verkefni og ákvarðanatöku á sviði sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu. Þessi tengsl eru nauðsynleg til að tryggja samhæfingu við önnur svið, svo sem efnahags- og þróunarsamvinnu við önnur ríki þar sem framkvæmdastjórnin gegnir lykilhlutverki. Forseti framkvæmdastjórnar tekur þátt í leiðtogafundi Evrópusambandsins. Jafnframt tekur framkvæmdastjórn þátt í fundum ráðherraráðsins og undirbúningi þeirra. Líkt og aðildarríkin getur framkvæmdastjórn vakið máls á hverju því málefni sem fellur undir hina sameiginlega stefnu og lagt fram tillögur um aðgerðir. Frumkvæðisréttur framkvæmdastjórnar er á hinn bóginn ekki alger eins og á öðrum þeim sviðum þar sem Evrópusambandið hefur rúmt valdsvið. Ráðherraráðið getur óskað tillagna framkvæmdastjórnar við framkvæmd aðgerða.

Aðildarríkin hafa samþykkt að framkvæma og framfylgja ákvörðunum á sviði hinnar sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnu í hvívetna, hvort heldur sem er með lagasetningu heima fyrir eða málflutningi á alþjóðlegum vettvangi, svo og að upplýsa þau aðildarríki, er ekki taka þar þátt hverju sinni, um framvindu mála. Aðildarríki getur, líkt og framkvæmdastjórn, vakið máls á sameiginlegum hagsmunamálum á vettvangi ráðherraráðsins og gert viðeigandi tillögur.

Yfirlýsing í viðauka Amsterdamsamningsins kveður á um að stofna skuli stefnumörkunar- og viðvörunardeilder starfi undir hinum hátt setta fulltrúa. Þessum stefnumörkunarhópi er m.a. ætlað að:

a. fylgjast með og greina þróun mála viðkomandi sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunni;
b. meta hagsmuni sambandsins og benda á svið er varðað gætu sameiginlega stefnu í framtíðinni;
c. skilgreina tímanlega og vara við atburðum eða þróun mála er gætu haft alvarlegar afleiðingar eða pólitíska kreppu í för með sér;
d. vinna, að ósk ráðs, formennskuríkis eða að eigin frumkvæði, stöðuskýrslur til grundvallar stefnumörkun og ákvarðanatöku í ráðherraráðinu.

Til aðstoðar þeim sem að framan eru taldir við undirbúning og framkvæmd ákvarðana á sviði utanríkis- og öryggismála eru fjölmargir undirhópar. Sendiherrar aðildarríkja ásamt hátt settum fulltrúa (varaforseta) framkvæmdastjórnar hittast einu sinni í viku til að undirbúa ákvarðanir ráðherraráðsins. Stjórnmálanefndin, skrifstofustjórar alþjóðaskrifstofa utanríkisráðuneyta aðildarríkjanna ásamt framkvæmdastjórn, kemur saman tvisvar í mánuði að jafnaði

til að ræða alþjóðamál og málefni sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu. Hún kynnir ráðherraráðinu viðhorf sín og skilgreiningar á vandamálum á alþjóðavettvangi, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk ráðherraráðsins. Hún fylgist líka með framkvæmd sameiginlegra ákvarðana.

Fulltrúar aðildarríkja og framkvæmdastjórnar eru stjórnmálanefndinni til aðstoðar, undirbúa fundi hennar og dagskrárliði er varða sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu á fundum ráðherraráðsins og samhæfa daglegan rekstur hinnar sameiginlegu stefnu.

Þá starfa vinnuhópar sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu. Má þar nefna t.d. sérfræðingahóp um málefni Mið-Austurlanda, Austur-Evrópu og Mið-Asíu, Balkanskaga og vinnuhóp um útflutning hefðbundinna vopna. Alls eru sérfræðingahóparnir 28 að tölu og leggja stöðuskýrslur og tillögur fyrir stjórnmálanefndina.

Fulltrúar um sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu við fastanefndir aðildarríkjanna í Brussel og kollegar þeirra hjá framkvæmdastjórn funda reglulega, ekki síst um lagalega, stofnanalega og fjárhagslega þætti hinnar sameiginlegu stefnu.

Þá hefur ráðherraráðið, í samræmi við ákvæði Amsterdamsamningsins, skipað sérlega sendimennn með starfsumboð á takmörkuðu sviði. Þannig sinnir einn málefnum Mið-Afríku, annar Mið-Austurlöndum og a.m.k. tveir Suðaustur-Evrópu.

Auk framantalinna gegnir Evrópuþingið ráðgefandi hlutverki í sameiginlegri utanríkis- og öryggismálastefnu.

4. Ákvarðanataka á vettvangi sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu

Ákvarðanir ráðherraráðsins um mál, sem varða sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu eru teknar samhljóða. Til að draga úr möguleikum á að eitthvert eitt ríki kjósi að koma í veg fyrir sameiginlega ákvörðun sem önnur ríki hafa orðið sammála um er í Maastrichtsamningnum ákvæði um svokallaða uppbyggilega hjásetu. Með þessu ákvæði er ríkjum gert mögulegt að firra sig ábyrgð á framkvæmd sameiginlegrar stefnu sambandsins með hjásetu án þess að koma með því í veg fyrir að stefnan verði bindandi fyrir ESB. Annað frávik frá þeirri meginreglu, að samhljóða ákvörðun þurfi til framgangs stefnumiða á þessu sviði, er að finna í ákvæði um samþykktir með auknum meiri hluta í atkvæðagreiðslu. Þar er um að ræða ákvarðanir sem geta varðað sameiginlega afstöðu aðildarríkjanna, sameiginlegar aðgerðir þeirra, ákvarðanir teknar á grundvelli sameiginlegrar stefnu þeirra og ákvarðanir um framkvæmd slíkrar stefnu. Sá meiri hluti sem til þarf, er í reynd mjög aukinn því að 62 atkvæði af 87 mögulegum í ráðherraráðinu þarf til og að auki er þess krafist að minnst tíu ríki af fimmtán standi að baki þessum atkvæðum. Ákvarðanataka með auknum meiri hluta kemur ekki til greina ef eitthvert eitt aðildarríki lýsir því yfir að vegna mikilvægra þjóðarhagsmuna sé það andvígt atkvæðagreiðslu. Þannig hefur hvert ríki neitunarvald um notkun atkvæðagreiðslu og aukins meiri hluta við ákvarðanir. Til þess að leysa þann vanda sem þá kemur upp getur ráðherraráðið, með auknum meiri hluta, vísað málinu til leiðtogafundar Evrópusambandsins en þar er skorið úr með samhljóma afstöðu. Atkvæðagreiðslu er heldur aldrei beitt þegar um er að ræða hermál og landvarnir. Um þessar mundir eru til umræðu innan Evrópusambandsins leiðir til að bæta feril ákvarðana sem falla undir sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu.

5. Stjórntæki sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu

Evrópusambandinu eru opnar margvíslegar leiðir þegar kemur að ákvörðunum um sameiginlega stefnu í þessum málum og framkvæmd hennar. Helstu leiðirnar eru þessar:

1. sameiginleg stefna;

2. sameiginleg afstaða;
3. alþjóðlegir samningar;
4. sameiginlegar yfirlýsingar;
5. sameiginlegar aðgerðir.

Við þetta bætist, í samskiptum við ríki utan sambandsins, pólitískt samráð og málsupptaka.

Í Amsterdamsamningnum er kveðið á um að leiðtogafundurinn skuli ákveða sameiginlega stefnu fyrir Evrópusambandið þar sem um mikilvæga sameiginlega hagsmuni sé að ræða. Enn sem komið er er aðeins einni sameiginlegri stefnu til að dreifa, sameiginlegri stefnu ESB gagnvart Rússlandi, en þrjár aðrar eru í undirbúningi, gagnvart Úkraínu, Balkanskagaríkjum og Miðjarðarhafslöndum utan ESB.

Í sameiginlegri afstöðu setur ráðherraráðið fram afstöðu sína varðandi tiltekið vandamál í samskiptum við þriðja ríki eða á alþjóðavettvangi. Aðildarríkjum sambandsins ber síðan skylda til að haga utanríkispólitík sinni í samræmi við hina sameiginlegu afstöðu aðildarríkjanna.

Sé alþjóðlegra samninga þörf, við eitt eða fleiri ríki eða alþjóðastofnanir á sviði sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu, getur ráðherraráðið falið formennskuríkinu að hefja samninga og nýtur við það fulltingis framkvæmdastjórnar. Samningurinn er síðan fullgiltur af ráðherraráðinu, að tilmælum formennsku ríkisins. Samþykki er einróma. Slíkur samningur er þó ekki bindandi fyrir aðildaríki sem lýsir slíkt ómögulegt fyrr en stjórnskipulegum skilyrðum hefur verið fullnægt. Í slíku tilfelli getur ráðið samþykkt að samningurinn gildi um hið tiltekna ríki með fyrirvara. Þá er í viðauka við sáttmálann yfirlýsing þess efnis að alþjóðasamningar, eins og þeir sem áður eru nefndir, megi ekki hafa í för með sér neina tilfærslu valds frá aðildarríki til Evrópusambandsins.

Sameiginlegar yfirlýsingar Evrópusambandsins eru notaðar til að tjá hug þess varðandi pólitísk álitamál, óskir eða væntingar gagnvart þriðju ríkjum eða á alþjóðavettvangi. Yfirlýsingarnar gefa sambandinu kost á að bregðast hratt og örugglega við óvæntum uppákomum í heimsmálum. Þær bera heitið „yfirlýsing Evrópusambandsins“ þegar ráðið hefur formlegar fjallað um þær, en „yfirlýsing formmennskuríkis í nafni Evrópusambandsins“ hafi ekki unnist tími til að bera málið undir aðildarríkin áður en yfirlýsingin var gefin út.

Sameiginlegar aðgerðir eru, eins og nafnið gefur til kynna, viðbrögð Evrópusambandsins á vettvangi þar sem tafarlausra aðgerða er þörf. Við samþykkt hverrar aðgerðar eru skýrgreind markmið hennar, gildistími og hvað Evrópusambandið og aðildarríki þess munu leggja af mörkum við að framfylgja henni.

Samskipti við þriðju ríki, undir hatti sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu, fara aðallega fram á vettvangi svokallaðs pólitísks samráðs. ESB hefur pólitískt samráð við mikinn fjölda ríkja og ríkjahópa ár hvert og eru þar rædd hvort heldur sem er tvíhliða samskipti eða ákveðin vandamál og horfur í alþjóðamálum. Hið pólitíska samráð getur verið hvort heldur er á stigi leiðtoga, ráðherra, skrifstofustjóra alþjóðaskrifstofa, hátt settra embættismanna eða sérfræðinga.

Málsupptökur Evrópusambandsins eru trúnaðarmál. Þeim er beitt gagnvart tilteknu ríki í því skyni að leysa vandamál, oftast á sviði mannréttinda, lýðræðis eða mannúðarmála.

Evrópusambandið býður hópi ríkja, aukaaðildarríkjunum og Íslandi, Noregi og Liechtenstein, undir hatti EES, að gerast aðilar að sameiginlegri afstöðu og sameiginlegum yfirlýsingum. Grunnreglan er sú að þessum ríkjum skuli ætíð boðin aðild en frávik þar frá eru ef yfirlýsingin 1) varðar eitt þessara ríkja, 2) varðar of sértæk samskipti ESB og þess er yfirlýsingin beinist að og loks 3) ef eitthvert aðildaríkja þvertekur fyrir slíkt boð. Evrópusambandið tók

sameiginlega afstöðu 11 sinnum á síðasta ári og tók eitthvert eða öll ofangreindra ríkja undir hana. Sameiginlegar yfirlýsingar voru 130 og tók eitthvert aukaaðildar eða EFTA-ríkja þátt í 76 þeirra. Aukaaðildar- og EFTA-ríkin sóttu jafnframt sérfræðingafundi á vettvangi hins pólitíska samráðs. Þannig sóttu EFTA-ríkin sérfræðingafundi um málefni ÖSE, friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs, afvopnunarmál, Austur-Evrópu og Mið-Asíu, útflutning hefðbundinna vopna, málefni Balkanskaga, öryggismál og fund um bann við útbreiðslu kjarnavopna. Það er ákveðið af formennskuríkinu hversu margir pólitískir samráðsfundir verða haldnir í formennskutíð þess og hafa EFTA-ríkin engin áhrif þar á.

6. Hvað er fram undan?

Christopher Patten, framkvæmdastjóri utanríkismála, lét svo um mælt nýverið að tvennt væri nauðsynlegt til að hin sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefna yrði samheldin og trúverðug. Í fyrsta lagi að Evrópusambandið sýndi að það gæti beitt áhrifum sínum hvort heldur sem væri með stjórnarerindrekstri, efnahagsaðstoð, viðskiptum eða öðrum leiðum, þar með talinni aðstoð á öryggismálasviðinu þar sem hættuástand skapast. Í öðru lagi þyrfti það að sýna pólitískan vilja og raunverulega getu til að beita hervaldi sem lokaúrræði ef aðrar leiðir brygðust. Takist þetta, verði Evrópusambandið betur í stakk búið til að koma á framfæri hagsmunum sínum og vilja, axlar ábyrgð sína og halda á lofti sameiginlegu gildismati aðildarríkjanna á alþjóðavettvangi. Aðeins þegar sambandið geti náð markmiðum sínum hratt og örugglega og hafi getu til að styðja stefnu sína með hernaðaraðgerðum ef nauðsyn krefur megi segja að hin sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefna sé komin á legg. Þessu markmiði hefur enn ekki verið náð. Ákvarðanataka er of hægfara á hættutímum. Fjárlagagerð og fjárveitingarvald er enn of ósveigjanlegt. Jafnvel þegar fjárveiting hefur verið ákveðin er afgreiðsluferlið enn of hægfara. Því er mikilvægt að samhæfa stefnu og fjárveitingar aðildarríkjanna og Evrópusambandsins. Starfsliði hins hátt setta fulltrúa, Solana, hefur þegar orðið nokkuð ágengt á þessu sviði, hefur hópur innan stefnumörkunardeildar fengið það verkefni að gera lista yfir þann búnað og mannafla aðildaríkjanna, sem beita megi við hættuástandsstjórnun. Það sem næst er á döfinni er að framkvæmdastjóri utanríkismála mun væntanlega leggja fyrir leiðtogafundinn í Lissabon í næsta mánuði tillögu um að setja á fót hraðsveitir. Sömuleiðis munu Solana, portúgalska formennskan og ráðherraráðið flýta eftir megni þeim breytingum á stofnanauppbyggingu Evrópusambandsins sem nauðsynlegar eru. Bráðabirgðastjórnmála- og öryggisnefnd og bráðabirgðahernaðarnefnd er ætlað að hefja störf innan tíðar. Allt ber þetta að sama brunni sem um leið er kjarni hinnar sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnu, að gera Evrópusambandinu kleift að koma í veg fyrir átök eða a.m.k. hafa stjórn á átökum, brjótist þau út.

28. kafli
Evrópsk öryggis- og varnarmál

Samantekt

Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi stutt þróun Evrópusamstarfsins innan bandalagsins og lýst skilningi á viðleitni aðildarríkja ESB til að þróa sameiginlega evrópska öryggis- og varnarmálastefnu. Það var staðfest með aðild Íslands að yfirlýsingu leiðtogafundar bandalagsins í Washington DC. Á hinn bóginn var viðeigandi hluti yfirlýsingarinnar skilyrtur þannig að stuðningur bandalagsins við ESB mundi ráðast af samsvarandi ákvörðunum innan ESB, einkum varðandi þátttökuréttinn og samskipti samtakanna tvenna. Málflutningur af

Íslands hálfu á vettvangi bandalagsins og VES hefur byggst á þessum grundvelli. Íslensk stjórnvöld hafa lýst áhyggjum yfir því hvernig ESB hefur hingað til haldið á málum og ítrekað tekið fram að erfitt yrði að ná frekari árangri innan bandalagsins á meðan ekki næðist samstaða innan ESB um nauðsynlegar pólitískar ákvarðanir varðandi þátttökuréttinn og samskipti samtakanna.

1. Þáttaskil í sögu ESB

Evrópusambandið hefur lengst af ekki verið vettvangur samstarfs í öryggis- og varnarmálum. Jafnvel sameiginleg utanríkis- og öryggismálastefna hefur ekki falið í sér eiginlegt samstarf í öryggis- og varnarmálum enda ellefu aðildarríki jafnframt í Atlantshafsbandalaginu og hin fjögur hlutlaus eða utan varnarbandalaga. Yfirlýstur og sýnilegur vilji Evrópusambandsins til að móta sameiginlega evrópska öryggis- og varnarmálastefnu markar því þáttaskil í sögu ESB og evrópskra öryggismála. Þegar til lengri tíma er litið er fyrirsjáanlegt að hvernig sem til tekst muni þessi viðleitni ESB ekki einungis valda innri breytingum, heldur einnig hafa áhrif á stöðu og starfsemi Vestur-Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins. Þetta ferli innan ESB varðar því beinlínis öryggis- og varnarmálahagsmuni Íslands, sem er aðildarríki Atlantshafsbandalagsins og hefur notið aukaaðildar að VES en getur hugsanlega einungis fengið óbeina þátttöku í viðeigandi samráði og samstarfi á vettvangi ESB.

2. Aflvakinn í Reykjavík

Ógnir kalda stríðsins urðu þess valdandi að flest ríki Vestur-Evrópu sáu hag sínum best borgið innan vébanda Atlantshafsbandalagsins í nánu samstarfi við ríki Norður-Ameríku. Atlantshafstengslin innan bandalagsins byggjast áfram á sameiginlegum hagsmunum og gildum en segja má að yfirvofandi hætta um áratugaskeið hafi að nokkru leyti skyggt á langvarandi vilja margra Evrópuríkja til að axla hlutfallslega meiri hernaðarlegar byrðar og pólitíska ábyrgð á sviði evrópskra öryggis- og varnarmála. Þessi vilji endurspeglaðist fyrst eftir lok síðari heimsstyrjaldar í undirritun Brussel-samningsins og stofnun VES árið 1948 og það var ekki fyrr en árið 1984 sem aftur varð vart við pólitískan áhuga á nýtingu þessara samtaka sem vettvangs til eflingar á sjálfstæðu evrópsku framlagi.

Það er forvitnilegt frá íslensku sjónarhorni að það var fundur Reagans, forseta Bandaríkjanna, og Gorbatsjovs, aðalritara kommúnistaflokks Sovétríkjanna, í Reykjavík árið 1986 sem varð þess valdandi að aðildarríki VES samþykktu svonefndan Haag-grundvöll árið 1987 og hófu það ferli sem nú stendur sem hæst innan ESB. Eins og kunnugt er náðist næstum tvíhliða samkomulag á leiðtogafundinum í Reykjavík um róttæka fækkun kjarnavopna en í kjölfarið heyrðust raddir í sumum Evrópuríkjum sem töldu að gæta hefði þurft samráðs um svo mikilvægt hagsmunamál. Af þessu tilefni áréttuðu stjórnvöld í aðildarríkjum VES á fundi í Haag nauðsyn evrópskrar samstöðu og sameiginlegra sjónarmiða varðandi öryggismál. Þau lýstu því jafnframt yfir að evrópska samrunaferlið mundi ekki verða heildstætt fyrr en það næði til öryggis- og varnarmála og að VES væri staðráðið í því að leggja af mörkum til eflingar Evrópustoðar Atlantshafsbandalagsins. Með þessu hófst það sem síðar hefur verið nefnt Evrópusamstarfið á sviði öryggis- og varnarmála.

Næstu skref voru stigin í Maastricht árið 1991 þegar ESB samþykkti stofnun sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu og aðildarríki VES ákváðu að samtökin yrðu þróuð sem varnarmálaþáttur ESB. Af hálfu ESB fól þetta í sér ásetning um stigvaxandi þróun sameiginlegrar varnarmálastefnu sem gæti leitt til sameiginlegra varna ef ráðherraráðið tæki um það ákvörðun. Til samræmingar ákvað VES að bjóða aðildarríkjum ESB utan samtakanna aðild. Með ákvörðunum í Maastricht var ekki einungis komið á stofnanatengslum ESB og

VES heldur einnig búið í haginn fyrir innlimun ákveðinna verkþátta þeirra síðarnefndu.

Þar sem ljóst var að árangurinn af eflingu VES mundi ráðast af bolmagni samtakanna til aðgerða og hagnýti þeirra fyrir ESB samþykktu aðildarríki VES í Petersberg árið 1992 að fyrir utan samningsbundnar skyldur mundi VES taka að sér aðgerðir á sviði hættuástandsstjórnunar, svonefnd Petersberg-verkefni, enda þá þegar vaxandi þörf á framlagi til friðargæslu og friðarframkvæmdar. Jafnframt var í Petersberg ákveðið að bjóða evrópskum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins utan ESB, Íslandi, Noregi og Tyrklandi, aukaaðild að VES. Innan fárra ára var Tékklandi, Póllandi og Ungverjalandi boðin aukaaðild vegna aðildar þeirra að Atlantshafsbandalaginu. Til viðbótar við aðildarríkin tíu og aukaaðildarríkin sex hafa fimm aðildarríki ESB kosið stöðu áheyrnaraðildarríkja og sjö ríki í Mið- og Austur-Evrópu hafa stöðu samstarfsríkja. VES-ríkin hafa því um skeið verið tuttugu og átta talsins.

Um leið og tengsl VES og ESB voru styrkt var lagður grunnurinn að samstarfi VES og Atlantshafsbandalagsins. Af hálfu VES var í Maastricht árið 1991 áréttað að samtökin gætu lagt eitthvað af mörkum til eflingar Evrópustoðar Atlantshafsbandalagsins og á leiðtogafundi bandalagsins í Brussel árið 1994 var lýst yfir stuðningi við þróun Evrópusamstarfsins á sviði öryggis- og varnarmála og vilja til að láta VES í té búnað og liðsafla til einstakra aðgerða. Bandalagið fylgdi svo eftir þessu boði um stuðning við VES í Berlín árið 1996, m.a. með samþykkt fyrirkomulags herstjórnaraðgerða þar sem VES notaðist við búnað og liðsafla bandalagsins. Í sama mund var komið á reglulegu samráði VES og bandalagsins á ýmsum stigum.

Á leiðtogafundi ESB í Amsterdam árið 1997 var ítrekaður ásetningur um stigvaxandi þróun sameiginlegrar varnarmálastefnu, sem gæti leitt til sameiginlegra varna, og samþykkt að VES væri óaðskiljanlegur hluti þróunar ESB þannig að ESB gæti veitt VES pólitískar leiðbeiningar og nýtt bolmagn samtakanna til aðgerða. Jafnframt var samþykkt að ESB mundi stuðla að auknum stofnanatengslum við VES með hugsanlega innlimun síðarnefndu samtakanna í huga ef ráðherraráðið tæki um það ákvörðun. Af hálfu VES var samþykkt sérstök yfirlýsing þar sem lýst var stuðningi við viðeigandi niðurstöður Amsterdamfundarins og þessi yfirlýsing gerð að viðauka við Amsterdamsamninginn.

3. Hægfara stígandi verður hraðari

Þessi hægfara stígandi í evrópskum öryggis- og varnarmálum á tíunda áratugnum varð skyndilega hraðari á árinu 1998. Því olli einkum versnandi ástand í Kosóvó og breyttar áherslur nýrrar ríkisstjórnar í Bretlandi.

Það var álitshnekkir fyrir ESB að geta ekki stillt til friðar í fyrrverandi Júgóslavíu. Vanmáttur ESB gagnvart þessum svæðisbundnu átökum í Evrópu dró úr trúverðugleika hnattrænnar sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu. Eftir að Atlantshafsbandalagið greip í taumana í Bosníu og Hersegóvínu var samfélagi þjóðanna fljótlega aftur vandi á höndum vegna versnandi ástands í Kosóvó. Líkt og gerst hafði í Bosníu og Hersegóvínu voru bandarísk stjórnvöld í upphafi treg til íhlutunar og vildu gjarnan eftirláta öðrum samtökum en Atlantshafsbandalaginu afskipti af málefnum Kosóvó. Enn og aftur reyndist ESB ókleift að knýja fram viðunandi lausn og þegar kom til aðgerða bandalagsins voru Bandaríkin þar fremst á meðal jafningja vegna hernaðarlegra yfirburða. Þetta örvaði umræðu í mörgum aðildarríkjum ESB um nauðsyn eflingar sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunnar með auknu hernaðarlegu bolmagni Evrópuríkja.

Framan af tíunda áratugnum var það stefna stjórnvalda í Bretlandi að gæta mikillar varkárni í hvers konar áherslubreytingum í öryggismálum þannig að Atlantshafsbandalagið yrði áfram megingrundvöllur sameiginlegra varna og hættuástandsstjórnunar, verksvið VES yrði

takmarkað og að ESB yrði ekki fengið eiginlegt hlutverk á öryggis- og varnarmálasviðinu. Þessi stefna setti þróun evrópskra öryggis- og varnarmála innan ESB mjög þröngar skorður. Þetta breyttist í kjölfar stjórnarskipta árið 1997 og á fundi forsætisráðherra Bretlands og forseta Frakklands í St. Malo árið 1998 var samþykkt með vísan til Amsterdamsamningsins að byggja upp bolmagn ESB til sjálfstæðra aðgerða innan stofnanaramma ESB, þ.m.t. með stuðningi nýrra stofnana. Tekið var fram að þetta mundi ekki breyta sameiginlegum varnarskuldbindingum samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum og að ESB mundi ekki ráðast í aðgerðir þegar Atlantshafsbandalagið væri þegar á vettvangi en vegna lykilstöðu Bretlands innan ESB, VES og bandalagsins og mikilvægra tvíhliða samskipta Bretlands og Bandaríkjanna telst fundurinn í St. Malo til tímamóta.

Endurómur fundarins í St. Malo heyrðist fljótlega innan Atlantshafsbandalagsins en þar var samþykkt á leiðtogafundinum í Washington DC. árið 1999 að lýsa yfir stuðningi við þá viðleitni ESB að efla sameiginlega evrópska öryggis- og varnarmálastefnu, með mestri mögulegri þátttöku evrópskra bandalagsríkja utan ESB í hugsanlegum aðgerðum samtakanna, og gefið fyrirheit um frekari útfærslu aðgangs ESB að búnaði og liðsafla bandalagsins, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í ljósi áralangrar andstöðu sumra aðildarríkja ESB við hvers konar samskipti eða stofnanatengsl við bandalagið var Washington-yfirlýsingin almennt álitin mikilvægt pólitískt frumkvæði. Það verður einnig að skoðast í ljósi þess að sum aðildarríki ESB innan Atlantshafsbandalagsins höfðu reynst ófús til að taka af allan vafa um framtíðarstöðu annarra evrópskra aðildarríkja í þessu ferli, með vísan til sjálfstæðrar ákvarðanatöku ESB. Þess má geta að stuðningur bandalagsins birtist einnig í endurskoðun öryggismálastefnu þess sem var samþykkt í Washington DC og er grundvöllur varnaráætlanagerðar til næstu ára.

Það olli því víða vonbrigðum að ESB sýndi ekki gagnkvæmni á leiðtogafundinum í Köln stuttu síðar þar sem í raun var gengið skemra heldur en í Washington varðandi þátttökurétt evrópskra bandalagsríkja utan ESB. Þessi fundur fór saman við gildistöku Amsterdamsamningsins og þar var m.a. samþykkt að fela formennskuríkinu að kanna stofnun sérstakrar stjórnmála- og öryggismálanefndar og hermálanefndar ESB. Þessar nýju stofnanir, þar sem sameiginleg evrópsk öryggis- og varnarmálastefna verður væntanlega mótuð og framkvæmd ná ekki til evrópskra NATO ríkja utan ESB og hafa þau þrýst á um þátttöku. Samtímis lýstu stjórnvöld í sumum ríkjanna sex því yfir að útfærsla ákvarðana um aðgang ESB að búnaði og liðsafla Atlantshafsbandalagsins mundi haldast í hendur við þróun þátttökuréttarins innan ESB enda svo fyrir mælt í Washington-yfirlýsingunni.

Þess má geta að á leiðtogafundi ESB í Köln var ákveðið að taka ákvarðanir um framtíðarstöðu VES fyrir lok ársins 2000 þannig að hugsanlegt er að ákveðnir þættir í starfsemi samtakanna verði teknir upp í ESB á þeim tíma. Ekki er þar með sagt að Brussel-samningurinn verði ógildur.

Um skeið höfðu hugtök varðandi evrópsk öryggis- og varnarmál verið nokkuð á reiki, þ.e.a.s. eftir því hvaða samtök áttu í hlut, en um þetta leyti var í vaxandi mæli rætt um þróun sameiginlegrar evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu innan ESB og Evrópusamstarfið á sviði öryggis- og varnarmála innan Atlantshafsbandalagsins. Skiptar skoðanir hafa verið um tengsl þessara ferla en almennt virðist viðurkennt að í reynd verði varla skilið á milli, enda að stórum hluta um sömu ríkin að ræða.

Fjöldi formlegra og óformlegra funda var haldinn í aðdraganda leiðtogafundar ESB í Helsinki í árslok 1999 þar sem fjallað var um evrópsk öryggis- og varnarmál. Fulltrúar evrópskra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins utan ESB sóttu suma þessara funda og ítrekuðu nauðsyn þátttöku í mótun og framkvæmd sameiginlegrar evrópskrar öryggis- og varnarmála-

stefnu án þess að gengið yrði á sjálfstætt ákvarðanatökuferli ESB. Íslensk stjórnvöld kynntu rækilega afstöðu sína og lögðu áherslu á mikilvægi beinnar þátttöku í störfum fyrirhugaðra nýrra öryggismálastofnana ESB.

Þrátt fyrir víðtæka kynningu á sjónarmiðum ríkjanna sex fór svo í Helsinki að lítill árangur náðist varðandi þátttökuréttinn. Þar var samþykkt að setja á laggirnar „viðeigandi fyrirkomulag“ til skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar um evrópsk öryggis- og varnarmál á milli ESB annars vegar og bandalagsríkja utan ESB og umsóknarríkja ESB hins vegar. Verðandi formennskuríki var falið að gera tillögur um hvernig „þriðju lönd“ gætu lagt af mörkum til hættuástandsstjórnunar á vegum ESB. Stjórnvöld í aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins utan ESB, þ. á m. Íslandi, höfðu vonast til að samkomulag næðist á meðal aðildarríkja ESB um beina eða óbeina þátttöku þeirra í nýjum öryggismálastofnunum ESB en svo fór að orðalag Helsinki-yfirlýsingarinnar um þátttökuréttinn er mjög óljóst, ríkin sex eru sett á bás með umsóknarríkjum ESB og framtíðarútfærsla er sett í samhengi hefðbundinna og fremur fjarlægra þriðju landa samskipta. Eftir á að hyggja má segja að tilvísun yfirlýsingar leiðtogafundarins í St. Malo til stofnanaramma ESB hafi í upphafi takmarkað svigrúm þeirra aðildarríkja ESB sem hefði kosið meiri sveigjanleika því að frönsk og bresk stjórnvöld hafa til þessa verið í forystu á öryggis- og varnarmálasviðinu.

Í Helsinki var endanlega tekin ákvörðun um stofnun sérstöku stjórnmála- og öryggismálanefndarinnar og hermálanefndarinnar, auk hermálastarfsliðs, en vegna nauðsynjar á samningsbreytingum og fullgildingu tóku þessar stofnanir til starfa til bráðabirgða 1. mars 2000 en tvö ár geta liðið áður en fullgildingarferlinu verður lokið. ESB hefur enn látið ósvarað hvort gert sé ráð fyrir einhvers konar þátttöku evrópskra bandalagsríkja utan ESB á þessu bráðabirgðatímabili eða hvort þess verði beðið að varanlegar stofnanir taki til starfa. Þegar hafa þó verið gerðar ráðstafanir til að tengja umsóknarríkin þrettán við þetta starf en það snertir hvorki Ísland né Noreg. Heyrst hafa raddir sem telja að VES geti gegnt mikilvægu hlutverki á þessu breytingaskeiði.

Umræðan um evrópsk öryggis- og varnarmál á árinu 1999, innan ESB, VES og Atlantshafsbandalagsins, einkenndist mjög af yfirlýstum vilja til að auka hernaðarlegt bolmagn Evrópuríkja. Atlantshafsbandalagið hratt af stað varnargetufrumkvæði sem er að hluta ætlað til að efla Evrópustoð bandalagsins, VES hóf skrásetningu liðsafla og búnaðar sem hægt væri að leggja til aðgerða, m.a. í þeim tilgangi að benda á hvar betur mætti gera, og ESB samþykkti í Helsinki svonefnd meginmarkmið á hernaðarsviðinu og stofnun sérstaks herafla til hættuástandsstjórnunar. Markmiðið er að ESB geti sent 50–60 þúsund manna lið á vettvang í eitt ár frá og með árinu 2003 að telja og skipulagning áætlanagerðar og framlaga er þegar hafin.

Það er táknrænt að í aðdraganda Helsinki-fundarins var samþykkt að einn og sami maðurinn skyldi gegna starfi hátt setts fulltrúa ESB á sviði utanríkis- og öryggismála og starfi framkvæmdastjóra VES. Fráfarandi framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins var skipaður í þessar stöður og var honum boðið að sækja fund utanríkisráðherra aðildarríkja bandalagsins strax í kjölfar Helsinki-fundarins en þar var lýst yfir stuðningi við fyrirætlanir ESB í öryggis- og varnarmálum og sérstaklega lögð áhersla á nauðsyn þess að finna lausnir sem væru viðunandi fyrir öll aðildarríki varðandi þátttöku evrópskra bandalagsríkja utan ESB í skoðanaskiptum, samráði og samstarfi. Stjórnvöld í mörgum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins hafa lengi vel lagt þunga áherslu á nauðsyn formlegra tengsla þess við ESB enda er það forsenda samstarfs samtakanna, þ.m.t. að ESB geti fengið aðgang að búnaði og liðsafla bandalagsins. Um þetta var fjallað á fundi utanríkisráðherranna en sum ríki hafa ekki viljað ljá

Skjalapartur 17/00 Sig: 19

máls á slíkum tengslum á meðan ESB hefur ekki lokið uppbyggingu eigin öryggismálastofnana.

Stuttu eftir að Portúgal hafði tekið við formennsku í ESB kynntu stjórnvöld þar tillögur innan samtakanna um tilhögun annars vegar tengsla ESB og Atlantshafsbandalagsins og hins vegar um þátttökurétt svonefndra þriðju landa, þ. á m. evrópskra bandalagsríkja utan ESB. Aðildarríkin fimmtán munu fjalla um þessar tillögur á næstu mánuðum.

4. Óvarlegt að vanmeta pólitískar viljayfirlýsingar

Þótt ESB hafi með vaxandi þunga færst inn á öryggis- og varnarmálasviðið, merkir það ekki að full samstaða sé á meðal aðildarríkjanna um stefnu og markmið þegar til lengri tíma er litið eða að verkaskipting stofnana samtakanna sé ákveðin. Þetta veldur nokkurri óvissu um framhaldið og um stöðu evrópskra bandalagsríkja utan ESB.

Það leikur enginn vafi á stuðningi allra aðildarríkja ESB við sameiginlegar ákvarðanir til þessa en á hinn bóginn verður vart við áherslumun á meðal aðildarríkja um hversu hratt og langt skuli farið í þróun sameiginlegrar evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu. Það má skilja af málflutningi þeirra ríkja sem lengst vilja ganga að framkvæma beri þá stefnu sem upphaflega var samþykkt í Maastricht um stigvaxandi þróun sameiginlegrar varnarmálastefnu með sameiginlegar varnir að markmiði, óháð því sem gerist í öðrum samtökum. Fleiri ríki vilja efla getu ESB til sjálfstæðra aðgerða án þess að það ógni samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins og Atlantshafstengslunum. Loks vilja sum ríki, einkum hlutlaus og utan varnarbandalaga, einskorða viðfangsefni ESB við hættuástandsstjórnun, helst borgaralega, og telja alls ekki tímabært að ræða sameiginlegar varnir. Þess má geta að síðastnefnd ríki hafa lagst gegn yfirfærslu 5. gr. Brussel-samningsins, um sameiginlegar varnarskuldbindingar, til ESB sem hluta af hugsanlegri innlimun VES.

Nýskipan hátt setts fulltrúa ESB á sviði utanríkis- og öryggismála hefur beint athyglinni að nauðsyn skýrrar verkaskiptingar innan ESB, einkum á milli ráðherraráðsins og framkvæmdarstjórnarinnar, en hátt setti fulltrúinn þarf að byggja upp eigin skrifstofu frá grunni á meðan framkvæmdastjóri utanríkismála ræður þegar yfir starfsliði sem hefur nokkra reynslu af borgaralegri hættuástandsstjórnun og ráðstafar viðeigandi fjárlagaliðum. Þá er ónefnt hvernig samskiptum VES og nýrra stofnana ESB, t.d. hermálanefnda, verður háttað eða hvað verður um starfslið VES ef einstakir verkþættir verða fluttir til ESB.

Þá hefur verið nokkurt misræmi á milli brýninga stjórnvalda í mörgum aðildarríkjum ESB um aukið bolmagn Evrópuríkja á hernaðarsviðinu og einhliða ákvarðana sumra þeirra um verulegan niðurskurð á útgjöldum til varnarmála.

Þrátt fyrir ágreining um markmið og leiðir á meðal aðildarríkja ESB og jafnvel misræmis á milli orða og efnda sýnir atburðarás undanfarinna ára og síðustu mánaða að það væri óvarlegt að vanmeta pólitískar viljayfirlýsingar leiðtoga ESB eða þungann sem fylgir framkvæmd stofnana samtakanna. Að auki er sennilegt að skipun hátt setta fulltrúans og stofnun nýrra öryggismálastofnana ESB virki sem hvati á þróun sameiginlegu evrópsku öryggis- og varnarmálastefnunnar. Til samanburðar má geta þess að fremur skammur tími leið frá róttækri pólitískri ákvörðun helstu þátttökuríkja um stofnun sameiginlegs gjaldmiðils þar til framkvæmdin hófst. Það er táknrænt að sum aðildarríki ESB, þar á meðal ríki sem eiga ekki aðild að gjaldmiðlinum, hafa hvatt til þess að tekin verði upp svipuð samleitnisviðmið og notuð voru við stofnun gjaldmiðilsins í ákvörðun og ráðstöfun útgjalda Evrópuríkja til varnarmála.

Það ber einnig að hafa í huga rökrétt framhald. Stefnan, sem var mótuð í Maastricht og ítrekuð í Amsterdam, gerir ráð fyrir þróun sameiginlegrar varnarmálastefnu sem geti leitt til sameiginlegra varna. Á þeim grundvelli er hafin mótun sameiginlegrar evrópskrar öryggis-

og varnarmálastefnu sem felur í sér uppbyggingu nýrra stofnana og möguleika á sjálfstæðum aðgerðum. Um leið fer umfang sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu ESB vaxandi og eðlilegt að aðildarríki vilji tryggja framkvæmdina. Allt þetta veldur því að þau aðildarríki ESB, sem vilja fara sér hægt í öryggis- og varnarmálum, fá e.t.v. ekki ráðið ferðinni.

5. Forsenda áframhaldandi samlyndis innan bandalagsins

Það er óhætt að fullyrða að ekkert aðildarríkja ESB vill vísvitandi stefna samstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins eða Atlantshafstengslunum í hættu, jafnvel hlutlaus ríki og ríki utan varnarbandalaga hafa notið góðs af því öryggi og stöðugleika sem bandalagið hefur veitt í Evrópu, en á hinn bóginn eru innan ESB ríki sem virðast ekki telja varðveislu samstöðunnar innan bandalagsins forgangsatriði. Það fer saman við sívaxandi áherslu stjórnvalda í mörgum bandalagsríkjum á aðgerðir sem falla ekki undir 5. gr. Norður-Atlantshafssamningsins og algenga umræðu um minnkandi trúverðugleika sameiginlegra varnarskuldbindinga. Þetta endurspeglast m.a. í núverandi breytingum á skipulagi herafla margra bandalagsríkja.

Af hálfu evrópskra bandalagsríkja utan ESB hefur margsinnis verið bent á að viðunandi lausn fyrir þau innan ESB sé forsenda áframhaldandi samlyndis innan bandalagsins. Slík tenging stafar af því að þau hafa sameiginlegar varnarskuldbindingar gagnvart ellefu bandalagsríkjum sem eru jafnframt aðildarríki ESB og sjálfstæðar aðgerðir á vegum ESB gætu leitt til víðtækari átaka. Þá hafa ákvarðanir ESB þegar bein áhrif á ákvarðanatöku bandalagsins, t.d. varðandi þróun Evrópusamstarfsins á sviði öryggis- og varnarmála og aðgang ESB að búnaði og liðsafla bandalagsins, og aðildarríki ESB munu óhjákvæmilega samræma afstöðu sína til einstakra mála á vettvangi bandalagsins. Slík samræming er forsenda framkvæmdar sameiginlegrar evrópskrar stefnu í öryggis- og varnarmálum og fyrirsjáanleg orsök áður óþekktra flokkadrátta innan bandalagsins nema evrópskum bandalagsríkjum utan ESB gefist kostur á þátttöku í mótun og framkvæmd stefnunnar. Á hinn bóginn er ekki útilokað að tafir í samræmingu innan ESB, þar sem enn eru hlutlaus aðildarríki eða utan varnarbandalaga, gætu lamað ákvarðanatöku á vettvangi Atlantshafsbandalagsins.

Á undanförnum mánuðum hefur því stundum verið haldið fram af fulltrúum sumra aðildarríkja ESB að ekki sé hægt að byggja að neinu marki á arfleifð VES vegna þess að samtökin séu ekki sambærileg og forðast þurfi ólík aðildarstig. Í þeirri skoðun felst að árangurinn af starfi VES hafi ekki orðið meiri vegna þess að ríkjahópurinn hafi verið ósamleitur og ekki megi yfirfæra þennan veikleika til nýrra öryggismálastofnana ESB. Reyndin er sú að VES hefur verið mjög gagnlegur evrópskur vettvangur til samráðs og samræmingar um öryggis- og varnarmál og ástæða þess að samtökin hafa ekki tekið að sér stærri aðgerðir hefur verið skortur á pólitískum vilja helstu aðildarríkja.

Síðastliðin fjögur ár hefur komist á mjög gagnlegt samráð og samstarf VES og Atlantshafsbandalagsins þar sem m.a. bandalagið hefur gefið VES fyrirheit um aðgang að liðsafla og búnaði, sameiginlegir fundir eru tíðir og nýlega var haldin sameiginleg stjórnkerfisæfing hvorra tveggja samtakanna. Skiptar skoðanir virðast meðal aðildarríkja ESB um að hve miklu leyti nýta megi þenna hluta arfleifðar VES. Það snertir svo umfjöllun innan bandalagsins um framkvæmd ákvarðana um stuðning við áform ESB á öryggis- og varnarmálasviðinu sem teknar voru á leiðtogafundinum í Washington DC og tilhögun samráðs og samstarfs bandalagsins og ESB. Lítill árangur hefur orðið af umfjölluninni til þessa, hvort tveggja vegna óvissu um þátttökuréttinn og tregðu sumra aðildarríkja ESB til að fallast á jafnræði eða gagnkvæmni í samskiptum samtakanna tvennra.

Hugsast getur að stjórnvöld í einhverjum aðildarríkjum ESB sjái kosti við tvíhliða samstarf ESB annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, þar

sem önnur aðildarríki yrðu hliðsett, en ljóst er að með því móti yrðu Atlantshafstengslin í öryggis- og varnarmálum ekki lengur aðskilin frá hugsanlegum ágreiningi á öðrum sviðum. Enn fremur er vafasamt að sameiginlegu varnarskuldbindingarnar gætu staðist til lengdar við slíkar aðstæður.

Sameiginlega evrópska öryggis- og varnarmálastefnan er ekki svar við sérstakri ytri ógnun gagnvart ESB, heldur mikilvægur þáttur í samrunaferlinu. Forsendurnar eru pólitískar fremur en hernaðarlegar. Mótun og framkvæmd stefnunnar verður innan stofnanaramma ESB og því geta einungis aðildarríki samtakanna átt beinan hlut að máli. Þessi þrönga skilgreining er lögformlega rétt og þjónar tilgangi samlögunarinnar en takmarkar svigrúm ESB og veldur öðrum ríkjum pólitískum vanda og stuðlar, að mati íslenskra stjórnvalda, ekki endilega að auknu öryggi og stöðugleika í Evrópu. Því hefur t.d. ekki enn verið svarað af hálfu ESB hvaða umboð samtökin hafi eða þurfi til sjálfstæðra aðgerða eða hverjar verði landfræðilegar takmarkanir slíkra aðgerða. Í umfjöllun einstakra stjórnmála- og embættismanna og fjölmiðla hefur almennt verið vísað til samræmis við störf Sameinuðu þjóðanna og nefnd hugsanleg viðfangsefni á jaðarsvæðum ESB, jafnvel í Afríku suður fyrir Sahara. Þegar nákvæmar skilgreiningar verða kunnar munu óhjákvæmilega vakna spurningar um framtíðarsamskipti ESB við fjarlægari þriðju lönd með umtalsverð svæðisbundin áhrif, t.d. Rússland.

6. Staða Íslands

Ísland hefur þá sérstöðu innan Atlantshafsbandalagsins að hafa ekki eigin herafla og nýtur því öðrum fremur þeirra sameiginlegu varnarskuldbindinga sem felast í Norður-Atlantshafssamningnum. Allt, sem getur orðið til að veikja samstarfið innan bandalagsins og Atlantshafstengslin, varðar því íslenska grundvallarhagsmuni. Það gerir illt verra ef slík þróun á sér stað í sama mund og aukaaðildin að VES hefur minnkandi vægi og umfjöllun um framtíð evrópskra öryggis- og varnarmála flyst að verulegu leyti inn fyrir veggi ESB þar sem fulltrúar Íslands eiga ekki sæti. Ísland er Atlantshafsríki og hefur farsælt tvíhliða varnarsamstarf við Bandaríkin en landfræðileg lega, forn menningartengsl og viðskiptahagsmunir valda því að öryggi Íslands ræðst af aðstæðum á meginlandi Evrópu.

Af fyrrnefndum ástæðum taka íslensk stjórnvöld eigin skuldbindingar mjög alvarlega og þær ná m.a. til ellefu aðildarríkja ESB. Ef haft er í huga að hernaðarlegri og borgaralegri hættuástandsstjórnun fylgir ávallt áhætta er hugsanlegt að sjálfstæðar aðgerðir ESB leiði til víðtækari átaka og krefjist íhlutunar Atlantshafsbandalagsins. Með því móti mundi Ísland verða beinn aðili að styrjaldarátökum án þess að hafa átt aðild að mótun eða töku pólitískra ákvarðana innan ESB í aðdraganda átakanna, gagnstætt því sem á við um bandalagið.

Framangreind sérstaða Íslands veldur því einnig að aldrei getur orðið af hlutfallslega miklu íslensku framlagi í búnaði eða liðsafla til aðgerða á vegum ESB en þegar er gert ráð fyrir því að ríki, sem leggja af mörkum til slíkra aðgerða fái, tímabundinn þátttökurétt í samráði og ákvarðanatöku sem varðar aðgerðina hverju sinni. Þar við bætist að staða aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins utan ESB er ólík þannig að Ísland og Noregur sækjast ekki eftir aðild að ESB, Tyrkland er nýlega viðurkennt sem umsóknarríki og Pólland, Tékkland og Ungverjaland hafa þegar byrjað aðildarviðræður. Þótt ríkin sex hafi sameiginlega hagsmuni til skemmri tíma litið er ekki gefið að samstaða þeirra haldi til lengdar.

Enn er óvíst hvort, hvenær eða hvernig ESB ákveður endanlega tilhögun þátttöku bandalagsríkja utan ESB í mótun og framkvæmd sameiginlegrar evrópskrar öryggis- og varnarmálastefnu en þar sem þessi stefna verður hluti af sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunni, sem er hnattræn, gæti orðið vandasamt að taka út þá þætti sem varða Evrópu sér-

staklega. Þá er enn óljóst með hvaða hætti ríki utan ESB gætu tekið þátt í ákvarðanamótun innan samtaka sem leyfa ekki ólík aðildarstig.

Íslensk stjórnvöld hafa varað við því að sameiginleg evrópsk öryggis- og varnarmálastefna, sem verður annars eðlis heldur en önnur viðfangsefni ESB til þessa, verði skilgreind einvörðungu á grundvelli evrópsks samruna. Reynslan af starfi Atlantshafsbandalagsins, einkum af aðgerðum þess í fyrrverandi Júgóslavíu, sýni mikilvægi pólitískrar og hernaðarlegrar samstöðu sem flestra Evrópuríkja. Ísland hefur lagt af mörkum til öryggis og stöðugleika í Evrópu í rúma fimm áratugi og hernaðarlegt mikilvægi landsins verður óbreytt. Það var ekki tilviljunum háð að Íslandi var boðin aðild að Atlantshafsbandalaginu og svo aukaaðild að VES. Til að sameiginleg evrópsk öryggis- og varnarmálastefna ESB öðlist almenna viðurkenningu og pólitískt lögmæti þarf stuðning sem flestra Evrópuríkja, stórra sem smárra, ekki síst þeirra sem eiga aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi stutt þróun Evrópusamstarfsins innan bandalagsins og lýst skilningi á viðleitni aðildarríkja ESB til að þróa sameiginlega evrópska öryggis- og varnarmálastefnu. Það var staðfest með aðild Íslands að yfirlýsingu leiðtogafundar bandalagsins í Washington DC. Á hinn bóginn var viðeigandi hluti yfirlýsingarinnar skilyrtur þannig að stuðningur bandalagsins við ESB mundi ráðast af samsvarandi ákvörðunum innan ESB, einkum varðandi þátttökuréttinn og samskipti samtakanna tvennra. Málflutningur af Íslands hálfu á vettvangi bandalagsins og VES hefur byggst á þessum grundvelli. Með tilvísan til allra þeirra óvissuþátta, sem hafa áður verið nefndir, hafa íslensk stjórnvöld lýst áhyggjum yfir því hvernig ESB hefur hingað til haldið á málum og ítrekað tekið fram að erfitt yrði að ná frekari árangri innan bandalagsins á meðan ekki næðist samstaða innan ESB um nauðsynlegar pólitískar ákvarðanir varðandi þátttökuréttinn og samskipti samtakanna.

Gagnlegar vefslóðir um evrópsk öryggis- og varnarmál
Vefsetur ESB: http://europa.eu.int/pol/cfsp/index_en.htm
Vefsetur Atlantshafsbandalagsins: http://www.nato.int/
Vefsetur ÖSE: http://www.osce.org/

29. kafli
Fjárlög ESB

Samantekt

Ísland er vel stætt ríki miðað við flest aðildarríki Evrópusambandsins og þjóðarframleiðsla á mann er mjög mikil. Af þessari ástæðu einni er ljóst að framlag Íslands, sem aðildarríkis að ESB, yrði mun hærra en sú fjárhæð sem kæmi aftur inn í íslenskt efnahagslíf úr sjóðum sambandsins. Ef miðað er við tilteknar forsendur kaflans gæti árlegt framlag Íslands umfram það sem nú er greitt vegna EES-samningsins orðið á bilinu 7 til 8 milljarðar. Til baka gætu samkvæmt tilteknum forsendum í kaflanum runnið um fimm milljarðar úr sameiginlegum sjóðum en það yrði háð samningum og aðstæðum. Með stækkun ESB eru líkur á að framlag Íslands hækkaði og endurgreiðslur úr sjóðum sambandsins lækkaði, allavega þar til efnahagur hinna nýju aðildarríkja batnar.

1. Inngangur

Í þessum kafla er leitast við að útskýra hvernig tekjur Evrópusambandsins eru reiknaðar út og hvernig fjármagninu er deilt niður á aðildarríkin. Til samanburðar er reynt að fella Ís-

land inn í myndina sem um aðildarríki ESB væri að ræða. Einnig verður farið yfir helstu útgjöld sambandsins og hversu háar fjárhæðir í heild skila sér aftur til aðildarríkjanna.

Þó ber þess að geta að varasamt er að líta svo á að annars vegar sé um að ræða aðildargjald en hins vegar beinar tekjur og styrki úr sameiginlegum sjóðum. Við útreikninga á framlagi Íslands í sjóði ESB er gengið út frá þeirri forsendu að ákvörðun ESB um skiptingu á framlagi milli aðildarríkja standi óbreytt frá því sem miðað er við nú. Nýlega komust aðildarríkin að samkomulagi um hvernig framlaginu verður skipt á árunum 2000 til 2006. Erfitt er að segja til um hvernig fjárlög ESB munu líta út eftir árið 2006, sérstaklega í ljósi þess að breytingar eru í vændum í kjölfar aðildar nýrra ríkja að sambandinu.

2. Tekjur Evrópusambandsins

Evrópusambandið hefur fjóra sjálfstæða tekjustofna: 1) hluta af innflutningstollum aðildarríkjanna, 2) hlutdeild í virðisauka, 3) hluta af sykurgjaldi og innflutningsgjöldum á landbúnaðarvörur og 4) hlutdeild í vergri þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna. Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir hvernig tekjurnar eru reiknaðar út og hver skiptingin er milli aðildarríkja ESB. Til samanburðar er reynt að fella Ísland inn í myndina sem um aðildarríki væri að ræða.

Árið 1995 reiknaði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands það út að ef Ísland hefði verið aðili að ESB árið 1994 hefði ríkisjóður greitt u.þ.b. fimm milljarða króna til sjóða ESB að frádregnu framlagi Íslands til stofnana EES-samningsins, eða um 20 þúsund krónur á hvert mannsbarn.[1] Ef miðað er við sömu forsendur nú má reikna með að þessi tala væri um átta og hálfur milljarður króna, eða 33 þúsund krónur á hvert mannsbarn. Þegar Hagfræðistofnun reiknaði út að framlagið yrði um fimm milljarðar króna var miðað við áætlaða þjóðarframleiðslu árið 1994 að fjárhæð 384 milljarðar króna. Þjóðhagsstofnun áætlar að þjóðarframleiðsla árið 1999 hafi verið 629 milljarðar króna, eða 64% hærri en 1994. Þessi mikla veltuaukning í íslensku efnahagslífi undanfarin ár skýrir hækkun úr rúmlega 5 milljörðum í 8,6 milljarða.

[1] Háskólaútgáfan 1995; Ísland & Evrópusambandið; Skýrslur fjögurra stofnana Háskóla Íslands.

Tekjur ESB 1999

Milljarðar ÍSK

	Verðj.gj. á landb.af. (90%)	Sykurgjald (90%)	Tollar (90%)	Virðisauki (1%)	Þjóðarframl. Hlutfall	Þjóðarframl. Varasjóðir	Leiðr. fyrir Bretu	Samtals framl. til ESB	ÍSK á íbúa
Belgia	7,1	4,3	72,9	60,5	82,0	2,7	10,4	**239,8**	23.558
Danmörk	0,2	2,4	17,7	40,5	53,8	1,8	6,8	**123,1**	23.306
Þýskaland	12,7	20,1	197,6	609,2	686,8	22,5	50,9	**1.599,9**	19.496
Grikkland	0,5	1,2	10,1	37,2	40,7	1,3	5,2	**96,2**	9.159
Spánn	2,2	2,8	46,4	170,2	186,3	6,1	23,7	**437,8**	11.133
Frakkland	5,2	19,6	81,9	401,7	465,9	15,3	59,3	**1.048,9**	17.897
Írland	0,5	0,7	13,0	23,1	25,3	0,8	3,2	**66,6**	18.194
Ítalia	9,5	7,4	76,8	264,7	378,1	12,4	48,1	**796,9**	13.844
Lúxemborg	0,0	0,0	1,5	5,8	6,3	0,2	0,8	**14,6**	34.491
Holland	11,2	4,8	102,1	112,8	123,4	4,1	15,7	**374,1**	24.486
Austurríki	1,7	2,0	14,0	60,6	69,1	2,3	8,8	**158,5**	19.634
Portúgal	2,7	0,2	9,4	32,8	35,9	1,2	4,6	**86,7**	8.713
Finnland	0,5	0,5	8,7	31,6	40,4	1,3	5,1	**88,1**	17.135
Svíþjóð	2,1	1,4	23,8	56,5	66,6	2,2	8,5	**161,1**	18.213
Bretland	14,1	4,5	170,2	390,1	426,9	14,0	-251,1	**768,7**	13.230
Samtals	**70,2**	**71,9**	**846,1**	**2.297,1**	**2.687,4**	**88,2**	**0,0**	**6.061,0**	16.250
Ísland	Inni í tollum	0,0	2,4	3,2	3,0	0,1		**8,6**	32.839



Reglurnar, sem gilda um tekjustofna ESB, gilda til sjö ára í senn. Þær reglur, sem miðað er við hér á undan, giltu fyrir tímabilið 1993 til 1999. Samkomulag hefur nú náðst milli aðildarríkjanna um nýjar reglur sem eiga að gilda á árunum 2000–2006 og munu koma til framkvæmda í áföngum. M.a. er gert ráð fyrir að þjóðarframleiðsla muni hafa meira vægi en áður. Síðustu breytingar um hlutfallslega skiptingu koma til framkvæmda árið 2004. Ef þær reglur sem lagt er til að verði í gildi árið 2004 eru lagðar til grundvallar útreikningi framlögum aðildarríkjanna árið 1999 hefði framlag Íslands orðið um átta milljarðar króna. Breytingin yrði því hagstæð Íslandi eins og sjá má á töflunni hér að neðan.

Tekjur ESB 1999 miðað við reglur sem munu gilda 2004

Milljarðar ÍSK

	Verðj.gj. á landb.af. (75%)	Sykurgjald (75%)	Tollar (75%)	Virðisauki (0,5%)	Þjóðarframl. (0,7069%)	Þjóðarframl. Varasjóðir	Leiðr. fyrir Breta*	Samtals framl. til ESB	ÍSK á íbúa
Belgía	5,9	3,6	60,7	30,2	122,0	2,7	10,4	**235,6**	23.142
Danmörk	0,2	2,0	14,7	20,2	80,0	1,8	6,8	**125,8**	23.806
Þýskaland	10,6	16,7	164,7	304,6	1.022,3	22,5	50,9	**1.592,4**	19.405
Grikkland	0,4	1,0	8,4	18,6	60,6	1,3	5,2	**95,5**	9.095
Spánn	1,8	2,4	38,7	85,1	277,3	6,1	23,7	**435,1**	11.065
Frakkland	4,3	16,4	68,3	200,8	693,5	15,3	59,3	**1.057,9**	18.050
Írland	0,4	0,6	10,8	11,5	37,6	0,8	3,2	**65,0**	17.766
Ítalía	7,9	6,1	64,0	132,3	562,8	12,4	48,1	**833,6**	14.482
Lúxemborg	0,0	0,0	1,2	2,9	9,4	0,2	0,8	**14,6**	34.368
Holland	9,4	4,0	85,1	56,4	183,7	4,1	15,7	**358,3**	23.453
Austurríki	1,4	1,7	11,7	30,3	102,9	2,3	8,8	**159,0**	19.697
Portúgal	2,2	0,1	7,8	16,4	53,4	1,2	4,6	**85,8**	8.622
Finnland	0,4	0,4	7,2	15,8	60,1	1,3	5,1	**90,4**	17.591
Svíþjóð	1,7	1,2	19,9	28,3	99,2	2,2	8,5	**160,9**	18.181
Bretland	11,8	3,8	141,8	195,0	635,4	14,0	-251,1	**750,7**	12.921
Samtals	**58,5**	**59,9**	**705,1**	**1.148,5**	**4.000,3**	**88,2**	**0,0**	**6.060,6**	16.249
Ísland	Inni í tollum	0,0	2,0	1,6	4,4	0,1		**8,1**	30.892



* Leiðrétting fyrir Breta er áætluð, en samkomulag er um að breytingar á reglum um framlag ríkja skerði ekki leiðréttinguna

2.1. Tollar og innflutningsgjöld

ESB er tollabandalag sem þýðir að engin tollskrá gildir í viðskiptum milli aðildarríkjanna. Um viðskipti við ríki utan þess gildir ein sameiginleg tollskrá. Aðildarríkin hafa komið sér saman um að tolltekjurnar renni óskiptar til fjármögnunar reksturs ESB að frádreginni 10% þóknun fyrir innheimtu. Nýleg samstaða innan ESB um breytingar á reiknireglunum hækkar hlutfall innheimtuþóknunar og gert er ráð fyrir að það verði 25% árið 2001. EES-samningurinn er ekki tollabandalag. Vísað er í umfjöllun um tollabandalagið hér í þessari skýrslu til nánari glöggvunar á þeim mun sem er á ákvæðum EES-samningsins um sameiginlegan markað og tollabandalagi.

Tollar og innflutningsgjöld aðildarríkjanna gáfu ESB u.þ.b. 21% af heildartekjum þess árið 1999 en munu gefa um 12% árið 2004 miðað við óbreyttar aðstæður.

Við aðild Íslands að ESB yrði ríkissjóður af um 2,4 milljarða króna tekjum sem hann hefur af innheimtum tollum samkvæmt gildandi tollskrá, eða 2 ma. kr. miðað við reglur sem munu að öllum líkindum gilda frá og með árinu 2001. Það þýðir ekki að 2,4 milljarðar rynnu úr íslensku hagkerfi til sjóða ESB, því tollskrá ESB er allt önnur en sú íslenska sem nú er í gildi og fæli hún í sér miklar breytingar á innflutningstollum til Íslands, þá sérstaklega hvað varðar viðskipti með landbúnaðarvörur milli Íslands og aðildarríkja ESB. Einnig má gera ráð fyrir að viðskiptin beindust í ríkara mæli að aðildarríkjum ESB.

Eins og sjá má í töflunni hér að framan eru innflutningstollar hlutfallslega mun hærri fjárhæð á Íslandi en í öðrum ESB ríkjum og þ.a.l. er framlag Íslands hlutfallslega hærra en annarra ríkja. Önnur mikilvæg ástæða fyrir háu framlagi á hvern íbúa í samanburði við ESB ríkin er hátt gengi íslensku krónunnar um þessar mundir.

Ríflega helmingur tolltekna ríkissjóðs, 1,3 milljarðar króna, er af innflutningi á afurðum sem falla undir 1.–24. kafla tollskrárinnar, þ.e. matvælum og öðrum afurðum úr jurta- og dýraríkinu. Þar af er áætlað að 600 milljónir króna komi til vegna innflutnings frá ESB og fellur sá tollur niður ef Ísland gerðist aðili að ESB. Reikna má með að gerðist Ísland aðili að ESB yrði mikil breyting á innflutningi á landbúnaðarvörum. Viðskipti yrðu stunduð án hindrana og engir tollar yrðu lagðir á við innflutning frá ESB. Íslensk fiskvinnslufyrirtæki fluttu inn sjávarafurðir til vinnslu frá ríkjum utan ESB fyrir tæplega 6 milljarða króna árið 1999. Ef Ísland gerðist aðili að ESB yrði lagður tollur á þennan innflutning til Íslands í samræmi við tollskrá ESB. Hann gæti skipt hundruðum milljóna króna en á móti gætum við flutt afurðirnar tollfrjálst inn á markaði ESB. EES-samningurinn gildir ekki um þessi viðskipti og fram til þessa hefur hár tollur á sjávarafurðir í innflutningi til ESB gert það að verkum að íslenskum framleiðendum hefur ekki þótt hagkvæmt að selja afurðir unnar úr innfluttu hráefni á Evrópumarkað í ríkum mæli. Það er því erfitt að áætla hversu há fjárhæð rynni til sjóða ESB sem kæmi til vegna innflutnings á vörum í 1. til 24. kafla tollskrárinnar. Þó má segja með nokkurri vissu að hún yrði á bilinu 300 milljónir króna til 1,3 milljarðar króna, en líklega nær neðri mörkunum, ef miðað er við 75% regluna.

Aðrar tolltekjur ríkisins, 1,2 milljarðar króna, koma til vegna innflutnings á iðnaðarvörum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Engir tollar eru innheimtir í viðskiptum við EES-ríkin með iðnaðarvörur. Ef tollskrá ESB hefði verið í gildi þegar þessi viðskipti fóru fram hefði tollurinn orðið u.þ.b. 2,4 milljarðar króna. Þar munar mestu um 10% toll í innflutningi á bifreiðum sem gæfi 1 milljarð króna í tolltekjur. Samkvæmt gildandi tollskrá er enginn tollur á innfluttar bifreiðar til Íslands. Þessi breyting þýddi að bifreiðar frá ríkjum utan ESB yrðu hlutfallslega dýrari en bifreiðar frá ESB. Íslendingar flytja hlutfallslega meira inn af bifreiðum frá löndum utan ESB en aðrar þjóðir í Evrópu, t.d. frá Japan og Bandaríkjum.

Annar mikilvægur þáttur í þessari aukningu tolltekna er 4% tollur á innflutt hráefni til álvinnslu í ESB. Íslensk álframleiðslufyrirtæki flytja megnið af sínu hráefni tollfrjálst inn frá löndum utan ESB, eða fyrir um 6 milljarða kr. árið 1999. Tæki Ísland upp tollskrá ESB yrði lagður 250 m.kr. tollur á þennan innflutning. Reikna mætti með að innflutningur á iðnaðarvörum kæmi í ríkara mæli frá ESB-ríkjum, væri Ísland aðili að ESB. Tolltekjur af iðnaðarvörum yrðu ekki hærri en 2,4 milljarðar króna og varla lægri en 1,4 milljarðar. Af þeirri fjárhæð rynni u.þ.b. 1–1,8 milljarðar króna til sjóða ESB miðað við 75% regluna.

Framkvæmdastjórn gefur út á hverju ári tollkvóta sem aflétta tollum af hráefni til frekari vinnslu innan ESB. Er það gert samkvæmt beiðni aðildarríkja og þörfum iðnaðar þeirra. Gera

má ráð fyrir einhverjum lækkunum tolla vegna þessa fyrir innflutning hráefnis til bæði fiskvinnslu og álvers.

Miðað við ofangreindar forsendur má áætla að með tollskrá ESB í gildi yrðu tolltekjurnar samtals um 1,7 til 3,1 milljarður. Þar af rynnu um 1,3 til 2,3 milljarðar króna til ESB ef miðað er við 75% regluna.

Innflutningsgjöld af landbúnaðarafurðum og sykurgjaldið, sem eru sérstakir tekjustofnar ESB, er hér taldið með tollum á Íslandi og þarf því ekki að tiltaka sérstaklega.

2.2. Virðisaukaskattur

Aðildarríkin greiddu árið 1999 1% af stofni til virðisaukaskatts. Aðildarríkin hafa komið sér saman um að lækka hlutfall af virðisauka í tveimur skrefum í 0,5% árið 2004. Stofninn er reiknaður út frá samræmdum reglum þar sem tekið er tillit til mismunandi undanþágna. Hann gaf um 38% af heildartekjum ESB árið 1999 en ef miðað er við reiknireglur sem munu gilda árið, 2004 gæfi hann 19%. Á Íslandi eru undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts meiri en annars staðar í Evrópu, sem gerir það að verkum að einungis er hægt að áætla hversu há þessi greiðsla Íslands yrði til ESB. Stofninn er lauslega áætlaður 330 milljarðar króna og 1% af þeirri tölu eru 3,3 milljarðar kr. Samkvæmt samræmdum reglum ESB getur stofninn aldrei orðið hærri en 50% af þjóðarframleiðslu eða 315 milljarðar kr. á Íslandi svo að framlag Íslands hefði verið skorið niður í 3,15 milljarða kr. Ef miðað er við reglurnar, sem munu gilda árið 2004 væri framlagið 1,6 milljarðar kr.

Fastir tekjustofnar ESB í formi tiltekins hlutfalls af tollum og virðisauka voru settir á til að tryggja sambandinu öruggar tekjur. Bretar töldu sig ekki koma vel út úr þeirri breytingu. Aðildarríki ESB stóðu í deilum um málið um nokkurra ára skeið og að lokum var samið um tiltekna leiðréttingu á framlagi Breta sem byggist á grunni virðisaukaskatts. Deilurnar snerust um fleiri þætti er varða fjármál ESB og var þetta pólitísk niðurstaða og tengdist hún fleiri þáttum sem ekki verður farið út í hér. Sum aðildarríkjanna telja að nú hafi aðstæður breyst og að það gefi tilefni til að endurskoða þessa leiðréttingu. Þegar virðisaukaskattshlutfallið er reiknað út er fyrst 1% af virðisauka fundið, frádráttur Breta er svo dreginn frá. Árið 1999 var hann 13,2% af heildinni. Framlag aðildarríkjanna er svo reiknað út sem 1%–0,132%, eða 0,868%. Frádrættinum er dreift á aðildarríkin eftir umsömdum reglum. Ekki liggur fyrir hversu stórt hlutfall Ísland ætti að greiða af frádrættinum. Ef gert er ráð fyrir að Ísland greiddi að meðaltali það sem aðildarríkin greiða til samans, í réttu hlutfalli af virðisauka, er rétt að miða við að Ísland greiddi samtals 1% af virðisaukanum. Af þessum sökum er engin fjárhæð í reitnum fyrir leiðréttinguna fyrir Breta þegar áætlað framlag Íslands er reiknað út.

2.3. Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu

Eftir að aðildarríkin hafa samið sín á milli um heildarfjárhæð fjárlaga ESB eru ofangreind bundin framlög dregin frá heildinni og afganginum er skipti milli aðildarríkjanna sem tilteknu hlutfalli af þjóðarframleiðslu. Hlutfallið er því breytilegt milli ára. Árið 1999 var það samtals 0,49% af þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna, sem skilaði 27% af heildartekjum ESB. Miðað við reglurnar sem munu gilda árið 2004 hefði þetta hlutfall verið 0,72%.

Ef Ísland hefði verið aðili að ESB árið 1999 hefði þessi hluti framlags Íslands numið 3,1 milljarði króna, eða 4,5 milljörðum króna miðað við þær reglur sem verða í gildi árið 2004.

2.4. Tekjur ESB – niðurstaða

Heildartekjur ESB frá aðildarríkjunum námu samtals 6.061 milljarði króna árið 1999, eða 81,9 milljörðum evra. Heildarútgjöld námu 85,6 milljörðum evra. Mismunurinn, 3,7 milljarð-

ar, er fjármagnaður af afgangi frá fyrra ári og ýmsum tilfallandi tekjum af starfsemi ESB. Ef Ísland hefði verið aðili að ESB á árinu 1999 má áætla að framlag þess hefði verið um 8,6 milljarðar kr. eða 116,2 milljónir Evra, sem eru 0,142% af heildarframlögum aðildarríkja til ESB.

Ísland greiðir nú þegar hluta af kostnaði við rekstur starfsemi ESB í tengslum við EES samninginn. Árið 1999 varði ESB 4,8 milljörðum evra í samstarfsverkefni og rannsóknir og þróun, sem er um 5,6% af heildarútgjöldum sambandsins. Ísland á fulla aðild að verkefnum sem kosta um 67% heildinni og greiddi Ísland 0,089% af heildarkostnaði við þau verkefni, þ.e. 2,8 milljón Evrur að viðbættum 214 þúsundum Evra í stjórnunarkostnað. Ísland greiddi því árið 1999 samtals rúmlega 220 milljónir króna til reksturs starfsemi ESB. Samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum ársins 1999 greiddi Ísland til stofnana EES samningsins og í þróunarsjóð EFTA-ríkjanna samtals 210 m.kr. Samtals greiðir Ísland því 430 milljónir króna vegna EES samningsins. Til viðbótar fellur til ýmis kostnaður vegna rekstrar, þýðinga, ferðakostnaðar við fundasókn o.fl. sem innan ESB er greitt úr sameiginlegum sjóðum.

Aðild að ESB gæti því kostað ríkissjóð u.þ.b. 8 milljarða króna (+/- 500 milljónir króna) umfram það sem Ísland greiðir í dag vegna EES samningsins, eða u.þ.b. 7,5 milljarða (+/- 500 milljónir króna) miðað við þær reglur sem verða í gildi árið 2004. Vikmörkin koma til vegna óvissu um fjárhæð tolltekna með upptöku samræmdrar tollskrár ESB.

3. Útgjöld

Heildarútgjöld ESB námu 85,6 milljörðum evra árið 1999. Þar af skiluðu sér aftur til aðildarríkjanna í formi styrkja til landbúnaðar, sjávarútvegs, uppbyggingar og byggðamála, rannsóknar og þróunar og ýmissa samstarfsverkefna, samtals 76,4 milljarðar evra, eða tæplega 90%. Hér á eftir er yfirlit yfir hvernig útgjöldunum er skipti niður á einstaka þætti fyrst með einfaldri mynd og svo er ítarlegt yfirlit yfir skiptingu útgjalda.



Útgjöld ESB 1999

	milljón Evrur	milljarðar kr.	Hlutfall
Samtals útgjöld	**85.559,5**	**6.331,4**	**100,00%**
Rekstur stofnana ESB	**4.504,1**	**333,3**	**5,26%**
Framkvæmdastjórn	2.923,0	216,3	3,42%
framlag Íslands til stjórnunar vegna þátttöku í samstarfsverkefnum	*0,2*	*0,0*	*0,00%*
Evrópuþingið	928,1	68,7	1,08%
Ráðherraráð ESB	336,7	24,9	0,39%
Dómstóll	121,7	9,0	0,14%
Endurskoðun	67,0	5,0	0,08%
Efnahags- og félagsmálanefnd og nefnd byggðamála	127,6	9,4	0,15%
Landbúnaður (viðskipti með fisk)	**40.940,0**	**3.029,6**	**47,85%**
Korn, ávextir, grænmeti og aðrar jurtaafurðir	27.187,0	2.011,8	31,78%
Dýraafurðir	9.666,0	715,3	11,30%
þar af mjólk	*2.581,0*	*191,0*	*3,02%*
þar af sauðfjárrækt og geitur	*1.755,0*	*129,9*	*2,05%*
þar af fiskur	*20,0*	*1,5*	*0,02%*
Önnur útgjöld	990,0	73,3	1,16%
Umhverfismál, greiðslur fyrir að bregða búi o.þ.h.	2.597,0	192,2	3,04%
Varasjóður vegna gengisáhættu (USD/Evra)	500,0	37,0	0,58%
Uppbygging, byggðastyrkir og sjávarútvegur	**30.658,4**	**2.268,7**	**35,83%**
Uppbygging í landbúnaði	3.775,0	279,4	4,41%
Uppbygging í sjávarútvegi	482,0	35,7	0,56%
Byggðastyrkir	12.703,6	940,1	14,85%
Félagslegir styrkir (umhverfismál og jafnrétti kynjanna)	7.246,3	536,2	8,47%
Frumkvæði framkvæmdastjórnar ESB við uppbyggingu	3.042,0	225,1	3,56%
þar af uppbygging í sjávarútvegi	*107,0*	*7,9*	*0,13%*
Önnur verkefni	326,0	24,1	0,38%
Samræming á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum	2.877,0	212,9	3,36%
Eftirlitsstörf í landbúnaði	131,7	9,7	0,15%
Önnur byggðamál	22,0	1,6	0,03%
Samgöngur	19,2	1,4	0,02%
Eftirlit með veiðum	33,6	2,5	0,04%
Samstarfsverkefni um menntamál og æskulýðstörf	**741,0**	**54,8**	**0,87%**
þar af verkefni sem Ísland tekur nú þegar þátt í	*482,5*	*35,7*	*0,56%*
Samstarfsverkefni um orku og umhverfismál	**198,4**	**14,7**	**0,23%**
þar af verkefni sem Ísland tekur nú þegar þátt í	*42,2*	*3,1*	*0,05%*
Samstarfsverkefni um neytendavernd og heilbrigðismál	**883,1**	**65,3**	**1,03%**
þar af verkefni sem Ísland tekur nú þegar þátt í	*92,1*	*6,8*	*0,11%*
Rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun	**2.990,2**	**221,3**	**3,49%**
þar af verkefni sem Ísland tekur nú þegar þátt í	*2.607,9*	*193,0*	*3,05%*
Alþjóðleg þróunaraðstoð og samstarf við þróunarríki	**4.275,3**	**316,4**	**5,00%**
þar af kaup á veiðiheimildum	*262,8*	*19,4*	*0,31%*
Sameiginleg utanríkis- og varnarmál	**23,0**	**1,7**	**0,03%**
Varasjóðir og tilfærslur	**346,0**	**25,6**	**0,40%**

3.1. Landbúnaður, uppbygging, byggðastyrkir og sjávarútvegur

Hvorki EFTA samstarfið né EES-samningurinn gera ráð fyrir samstarfi á þessu sviði. Eins og sjá má hér á undan runnu um 84% af útgjöldum ESB árið 1999 til landbúnaðar, sjávarútvegs og uppbyggingar- og byggðamála. Þetta eru útgjöld sem skila sér að fullu aftur inn í efnahag aðildarríkjanna með það að markmiði að jafna stöðu tiltekinna atvinnugreina á ólíkum svæðum og stuðla að jafnrétti þegna aðildarríkjanna til efnahagslegra lífsgæða og stuðla að jöfnum félagslegum aðstæðum.

Erfitt er að áætla nákvæmlega hve háar fjárhæðir rynnu til íslensks landbúnaðar, sjávarútvegs og afskekktra byggða og uppbyggingar á samgöngumannvirkjum, væri Ísland aðili að ESB. Þegar á heildina er litið stendur íslenska þjóðin nokkuð vel félagslega og efnahagslega sem dregur nokkuð úr væntingum um veglegar greiðslur úr sjóðum ESB og almennt er álitið að Ísland mundi greiða hærri fjárhæð inn í þessa sjóði en kæmi til baka eins og málin standa nú.

Þegar litið er á þá staðreynd að íslenskur efnahagur byggir að miklu leyti á atvinnugrein sem telst til jaðaratvinnugreina innan ESB, gefur það tilefni til að ætla að einhverjir fjármunir

rynnu til Íslands. Aðstæður á Íslandi þekkjast ekki annar staðar innan ESB. Hér fer saman efnahagsleg velmegun, mjög dreifð byggð, erfið veðurskilyrði fyrir landbúnað og samgöngur og efnahagurinn byggir á atvinnugrein sem skilgreind er sem jaðaratvinnugrein innan ESB og tilheyrir samtryggingakerfinu. Allir þættir aðrir en sú staðreynd að hér er efnahagsleg velmegun gæfu tilefni til veglegra greiðslna úr sjóðum ESB.

Ekki er hægt að byggja afstöðu til þess hvort aðild að ESB henti íslenskum aðstæðum á því hversu há fjárhæð kæmi úr sjóðum ESB. Afstaðan verður að byggja á því hvort samtryggingakerfið í heild henti íslenskum aðstæðum, þ.e. að Ísland vinni í samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir að uppbyggingu byggða og landbúnaðar, og stjórnun fiskveiða. Í kafla 20 er fjallað um markmið sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB og í kafla 21 er fjallað um sameiginlega fiskveiðistefnu ESB. Þar er reynt að leggja mat á hvernig íslenskar aðstæður falla að markmiðum ESB.

Eins og áður segir yrði framlag Íslands í sjóði ESB u.þ.b. 7,5 milljarðar króna (+/- 500 milljónir króna) væri það aðili að ESB, miðað við þær reglur sem verða í gildi árið 2004, og stór hluti af þeirri fjárhæð kæmi til baka í formi styrkja til landbúnaðar, sjávarútvegs og byggðamála. Erfitt er fyrir fólk almennt að leggja mat á slíkar fjárhæðir. Eina leiðin til þess er að skoða þær í samhengi við aðrar stærðir. Ein leið til að átta sig á því um hversu háar fjárhæðir er að ræða er að bera þær saman við útgjöld ríkissjóðs íslenska ríkisins til landbúnaðar og samgöngumála. Líklegt er að endurgreiðslurnar rynnu að mestu til þeirra mála auk sjávarútvegs.

Samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum ársins 1999 voru útgjöld ríkisjóðs til landbúnaðarmála á Íslandi áætlaðir tæpir 9 milljarðar kr. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu útgjaldanna á einstaka liði:

Útgjaldaliðir	**Milljarðar**
Aðalskrifstofa og ýmis verkefni	2
Rannsóknastofnanir skólar og aðrar undirstofnanir	14
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	35
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	22
Ýmsir sjóðir og aðrar greiðslur	16
Samtals	**89**

Útgjöld ríkissjóðs til samgöngumála voru áætluð 12,8 milljarðar kr. í fjárlögum og fjáraukalögum ársins 1999. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu útgjaldanna á einstaka liði:

Útgjaldaliðir	**Milljarðar**
Aðalskrifstofa og ýmis verkefni	5
Vegagerð (yfirstjórn, viðhald og vegagerð)	95
Siglingamál (hafnir o.fl.)	12
Flugmál (flugmálastjórn og rekstur flugvalla)	13
Póstur og fjarskipti	1
Ferðamál	2
Samtals	**128**

Hér hefur ekki verið tekið tillit til framlags sveitarfélaga en það kæmi til viðbótar við fyrrgreindar fjárhæðir.

3.2. Samstarfsverkefni um menntamál, orku og um hverfismál, neytendavernd og heilbrigðismál og rannsóknir og þróun

Samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum ESB árið 1999 var gert ráð fyrir að 4,8 milljarðar evra rynnu til verkefnanna, eða 5,6% af heildarútgjöldum ESB. Þar er eingöngu átt við kostnað sem greiddur er til verkefna sem unnin eru af aðilum frá tveimur eða fleiri aðildarríkjum í samstarfi. Allur stjórnunarkostnaður við verkefnin, t.d. kostnaður vegna starfsmanna sem vinna við fundarhöld, skrifa starfsreglur og úthluta fjármagni sem og ferðakostnaður fulltrúa aðildarríkjanna er gjaldfærður á rekstur framkvæmdastjórnarinnar.

Ísland tekur nú þegar fullan þátt í flestum þessara verkefna, eða verkefnum sem úthlutuðu 3,2 milljörðum evra til verkefna í aðildarríkjunum, þ.e. sem nam 3,8% af heildarútgjöldum ESB árið 1999. Þátttökugjald Íslands var 220 milljónir króna árið 1999. Frá gildistöku EES samningsins hefur framlag Íslands verið samtals rúmlega einn milljarður króna. Reynslan undanfarin ár hefur sýnt að Íslendingum hefur vegnað vel í þessu samstarfi og tekið þátt í mörgum samstarfsverkefnum undanfarin sex ár og fengið samtals rúmlega tvo milljarða króna í styrki frá sjóðum ESB.

Ekki er hægt að líta svo á að Ísland hafi „grætt" einn milljarð á samstarfinu þótt sú fjárhæð sé mismunurinn á framlagi Íslands og samtölu styrkja sem íslenskir aðilar hafa fengið. Staðreyndin er sú að ríkissjóður Íslands hefur greitt rúmlega einn milljarð króna í þessi verkefni á sex árum, auk mótframlags styrkþega. Ef ætlunin er að meta ávinninginn af samstarfinu þarf að fara yfir þau verkefni sem lagt hefur verið út í og meta hvaða ávinningi þau hafi skilað.

3.3. Rekstur stofnana

Stofnanir sem reknar eru í tengslum við EFTA samstarfið og EES-samninginn eru EFTA-skrifstofan, Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn. Ýtarlegan samanburð á starfsemi stofnana EES-samningsins og stofnana ESB er að finna í kafla um tveggja stoða kerfi EES.

Að rekstri EFTA-skrifstofunnar standa auk Íslands, Liechtenstein, Noregur og Sviss, en að stofnununum EFTA/EES standa aðeins Ísland, Liechtenstein og Noregur. Taflan hér að neðan lýsir fjölda starfsmanna hjá hverri stofnun, fjölda íbúa EFTA-ríkjanna á hvern starfsmann. Framlag Íslands til reksturs þessara stofnana var árið 1999 110 m.kr. og starfaði þar 31 Íslendingur.

Stofnun	Fjöldi ársverka	Íbúar EFTA-ríkja á ársverk	Kostn. við rekstur m. Evrur
EFTA-skrifstofan (fjögur EFTA-ríki)	80	147.375	121
Eftirlitsstofnun EFTA (þrjú EFTA/EES-ríki)	52	88.269	78
EFTA-dómstóllinn (þrjú EFTA/EES-ríki)	15	306.000	21
Samtals	**147**	**46.836**	**22**

Helstu stofnanir Evrópusambandsins eru framkvæmdastjórn, þingið, ráðherraráðið, dómstóll, endurskoðunardómstóll, efnahags- og félagsmálanefnd og landsvæðanefnd. Taflan hér að neðan lýsir fjölda starfsmanna hjá hverri stofnun, fjölda íbúa ESB á hvern starfsmanna og heildarkostnaði við rekstur stofnunarinnar.

Stofnun	Fjöldi ársverka	Íbúar ESB á ársverk	Kostn. við rekstur m. Evrur
Framkvæmdastjórn ESB	21.519	17.350	2.923
Evrópuþingið	4.102	91.000	928
Ráðherraráð ESB	2.621	143.500	337
Dómstóll ESB	961	388.000	212
Endurskoðunardómstóll	552	675.700	67
Efnahags- og félagsmálanefnd og landsvæðanefnd	737	506.100	127
Samtals	**30.492**	**12.230**	**4.504**

Eins og fram kemur í þessum samanburði eru mun færri íbúar í ESB um hvert ársverk í stofnunum sem sinna samstarfinu en hjá EFTA-ríkjunum. Það skýrist af því hversu mun víðtækara samstarfið er. Svo lesandinn geti gert sér grein fyrir hversu stórar stofnanirnar eru í samanburði við íslenskar aðstæður má segja að ef íslenska þjóðin ræki kerfi stofnana þar sem hvert ársverk hefði 12.230 íbúa á bak við sig, störfuðu þar um 23 starfsmenn.

Samkvæmt útreikningunum hér á undan mætti gera ráð fyrir því að Ísland greiddi 0,136% af rekstrarkostnaði ESB væri Ísland aðili að sambandinu. Það hlutfall af rekstrarkostnaði stofnana ESB eru 6,1 milljón evra eða um 450 milljónir króna.

3.4 Alþjóðleg þróunaraðstoð og samstarf við þróunarríki; sameiginleg utanríkis- og varnarmál, varasjóðir og tilfærslur

Rúmlega 5% af útgjöldum ESB renna í ofangreind verkefni eða um 4,6 milljarðar evra, um 340 milljarðar króna. Hluti af þessari fjárhæð fer í kaup á fiskveiðiheimildum í lögsögu ríkja utan ESB, eða 19,4 milljarðar króna. Ef tekið er mið af því hlutfalli sem Ísland greiddi líklega af rekstrarkostnaði ESB yrði framlag Íslands um 460 m.kr. Til samanburðar má nefna að kostnaður ríkissjóðs af rekstri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands er 294 m.kr. samkvæmt fjárlögum ársins 2000 og framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 164 m.kr., eða samtals 458 m.kr.[1]

3.5. Evrópski fjárfestingabankinn

Evrópski fjárfestingabankinn var stofnaður árið 1958 með það að markmiði að fjármagna framkvæmdir og aðgerðir sem tengjast því að ná fram helstu markmiðum ESB. Stærstur hluti lánanna er veittur til uppbyggingar á fátækustu svæðum Evrópu. Lán til uppbyggingar samgöngu- og fjarskiptamannvirkja hafa verið mest áberandi. Ef Ísland gengi í ESB þyrfti það að greiða stofnframlag fyrstu árin eftir aðild. Fjárhæðin er samningsatriði. Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 1995 er þessi fjárhæð áætluð 140 m.kr. Þá var tekið mið af umsömdum framlögum í aðildarsamningum Svíþjóðar, Finnlands og Austurríkis. Ef reiknað er með að fjárhæðin hækki í réttu hlutfalli við vöxt þjóðarframleiðslu, má gera ráð fyrir að framlag Íslands fyrstu árin eftir inngöngu yrði rúmlega 200 m.kr. Ísland hefur takmarkaðan aðgang að lánum úr Evrópska fjárfestingabankanum.

[1] Þess má geta að Svíar áætla að um 10% af þróunaraðstoð sé nú greitt í gegnum sameiginlega sjóði ESB.

3.6. Útgjöld – niðurstaða

Segja má að niðurstöðu þessa kafla sé að finna í upphafi hans, þ.e. þar sem farið er yfir skiptingu útgjalda ESB á einstaka liði. Í öðrum köflum skýrslunnar er spurningum svarað um hvernig íslenskum landbúnaði og dreifðum byggðum reiddi af, gerðist Ísland aðili að ESB.

Evrópusambandið er samstarf þjóða Evrópu sem hefur margvísleg markmið. Mestu fjármagni er varið í að tryggja fjölbreytt hlutverk landbúnaðar og fæðuöryggi í álfunni, og að stuðla að jöfnum lífsskilyrðum fyrir þegna hennar, jafnt í dreifbýli sem stórborgum. Aðildarríkin hafa komið sér saman um að þær fjárhæðir sem Evrópusamstarfið velti megi ekki vera hærri, en sem nemur 1,27% af samanlagðri þjóðarframleiðslu þeirra allra. Árið 1999 var hlutfallið 1,1%. Um er að ræða samtryggingarkerfi margra þjóða á takmörkuðum sviðum. Stærstu útgjaldaliðir hins opinbera í aðildarríkjum ESB eru að mestu fyrir utan þetta samstarf, þ.e. liðir eins og heilbrigðisþjónusta, varnarmál, menntun og félagsleg aðstoð.

Ef við Íslendingar gætum reiknað það út með einhverjum hætti að hærri fjárhæð kæmi til baka úr sjóðum ESB en sú fjárhæð sem ríkissjóður greiddi þar inn, væri það einungis vísbending um slaka stöðu íslensks samfélags í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir. Það getur ekki verið markmiðið. Spurningin er hvort íslenska þjóðin þurfi og vilji kaupa sér þá tryggingu að með samstarfi við Evrópuþjóðir verði ávallt reynt að stuðla að því að lífsgæði á Íslandi verði í samræmi við lífsgæði annars staðar í Evrópu. Önnur mikilvæg spurning hlýtur að vakna, þ.e. hvort þjóðin fallist á réttmæti markmiða samstarfsins um að stjórnvöld eigi að stuðla að jöfnuði í svo miklum mæli og verja til þess svo miklu fé.

Efnahagsleg lífsgæði eru meiri hér á landi en þau eru að meðaltali innan ESB. Það eitt veldur því að framlag Íslands yrði hærra en sú fjárhæð sem kæmi aftur inn í íslenskt efnahagslíf úr sjóðum ESB. Ef gengið er út frá þeim forsendum, sem gefnar eru hér á undan, gæti framlagið orðið á bilinu 7 til 8 milljarðar og hugsanlega gætu fimm milljarðar ratað til baka í formi styrkja til landbúnaðar, sjávarútvegs og byggðamála. Ólíklegt væri þó að Íslendingar mundu sækjast eftir styrkjum til sjávarútvegs þannig að hugsanlegar endurgreiðslur yrðu sem því næmi lægri en þeir fimm milljarðar sem áður nefndi. Í því sambandi þarf að hafa í huga skaðsemi styrkja í sjávarútvegi sem Íslendingar verða að forðast. Hugsanlegar endurgreiðslur gætu því lækkað sem því nemur. Stækki ESB til austurs er ljóst að staða efnaðra aðildarríkja ESB mundi versna þar sem þau ríki sem sótt hafa um aðild standa flest ekki vel efnahagslega, eða þar til þau hafa rétt úr kútnum.

Aðild Íslands að ESB hefði alltaf einhver áhrif á stöðu ríkissjóðs. Ljóst er að réttur ríkissjóðs til að ráðstafa 8 milljörðum króna af þeim tekjum sem hann hefur til nú, yrði færður í hendur stofnana ESB. Hluta af þeirri fjárhæð yrði varið til landbúnaðar, sjávarútvegs og byggðamála á Íslandi, sem hlyti að leiða af sér að núverandi framlag ríkissjóðs til þessara mála lækkaði. Það kæmi í hlut íslenskra stjórnvalda að ákveða með hvaða hætti íslenskur landbúnaður og dreifð byggð landsins yrði aðlöguð nýjum aðstæðum og réðu þær ákvarðanir miklu um hvaða áhrif aðild hefði á afkomu ríkissjóðs. Breytingar á tollskránni og áhrif þeirra á vöruviðskipti hefði líklega áhrif á afkomu ríkissjóðs, en erfitt er að meta með einhverri vissu hversu víðtæk þau yrðu.

980. Svar [268. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um virkjanir og umhverfismat.

1. *Hvaða framkvæmdir við virkjanir, jafnt gufuafls- sem vatnsaflsvirkjanir, hafa hafist frá árinu 1993? Hverjir eru eigendur þessara virkjana og hverjir munu reka þær?*

Landsvirkjun lauk á árinu 1996 við hækkun Blöndustíflu um fjóra metra og jók með því miðlun Blöndustöðvar úr 220 Gl í 400 Gl.

Hinn 4. desember 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW ásamt tilheyrandi flutningslínum og aðveitustöðvum. Á árinu 1996 byrjaði fyrirtækið að skipta út vatnshjólum í aflvélum virkjunarinnar o.fl. og jókst við það afl stöðvarinnar úr 210 MW í 270 MW.

Með leyfi dags. 4. desember 1991 heimilaði iðnaðarráðherra Landsvirkjun að ljúka fimmta áfanga Kvíslaveitu. Framkvæmdirnar hófust vorið 1996 og var þeim lokið á árinu 1997.

Árið 1996 hóf Landsvirkjun uppsetningu á vél 2 (30 MW) í Kröfluvirkjun. Uppsetningu vélarinnar lauk á árinu 1998, en gufuöflun var framhaldið á árinu 1999 og lýkur á þessu ári.

Hinn 11. febrúar 1997 gaf iðnaðarráðherra út leyfi til Landsvirkjunar til að gera 385 Gl miðlun við Syðri-Hágöngu. Verkinu lauk seint á árinu 1998.

Hinn 12. mars 1997 gaf iðnaðarráðherra út virkjunarleyfi til Landsvirkjunar fyrir allt að 125 MW virkjun við Sultartanga og hófust framkvæmdir í apríl sama ár. Fyrri aflvél virkjunarinnar (60 MW) var tekin í notkun haustið 1999 og síðari vélin í byrjun febrúar 2000. Framkvæmdum lýkur á þessu ári.

Hinn 8. júní 1999 gaf iðnaðarráðherra úr virkjunarleyfi til Landsvirkjunar fyrir allt að 110 MW virkjun við Vatnsfell. Framkvæmdir við virkjunina hófust á árinu 1999 og gert er ráð fyrir að aflvél virkjunarinnar verði tekin í notkun á árinu 2001 og framkvæmdum verði að fullu lokið í ársbyrjun 2002.

Á sl. árum hefur Landsvirkjun unnið að viðhaldi og endurbótum á virkjunum við Sogið.

Landsvirkjun á og rekur framangreindar virkjanir.

Hinn 16. júní 1997 gaf iðnaðarráðherra út virkjunarleyfi til Hitaveitu Reykjavíkur (nú Orkuveita Reykjavíkur) til að reisa og reka jarðvarmavirkjun að Nesjavöllum til raforkuvinnslu með allt að 60 MW afli. Framkvæmdum var að fullu lokið á árinu 1999. Orkuveita Reykjavíkur á og rekur Nesjavallavirkjun.

Hinn 10. september 1999 gaf iðnaðarráðherra út virkjunarleyfi til Hitaveitu Suðurnesja til að reisa og reka jarðvarmavirkjun við Svartsengi til raforkuvinnslu í orkuveri 5 með allt að 30 MW afli. Rekstur hófst í nóvember 1999 og lýkur framkvæmdum að fullu á þessu ári.

Á fyrri hluta þessa árs þegar heitavatnshluti orkuvers 5 verður tekinn í rekstur er gert ráð fyrir að hætt verði rekstri tveggja 1 MW véla þannig að aflaukning er í raun 28 MW. Hitaveita Suðurnesja á og rekur orkuverið í Svartsengi.

Hinn 19. júlí 1999 gaf iðnaðarráðherra út virkjunarleyfi til Orkuveitu Húsavíkur til að reisa og reka jarðvarmavirkjun að Hveravöllum í Reykjahverfi til raforkuvinnslu með allt að 2 MW afli.

2. *Hver er orkuvinnslugeta virkjananna, hverrar fyrir sig?*

Virkjun	Uppsett afl (MW)	Orkugeta (GWst. á ári)
Hækkun Blöndustíflu		160
Aflaukning í Búrfellsvirkjun og fimmti áfangi Kvíslaveitu	60	380
Stækkun Kröfluvirkjunar	30	240
Hágöngumiðlun		200
Sultartangavirkjun	120	880
Vatnsfellsvirkjun	90	430
Nesjavallavirkjun	60	480
Aflaukning í Svartsengi	28	224
Orkuveita Húsavíkur	2	12

3. *Hverjar þessara virkjanaframkvæmda fóru ekki í umhverfismat og á hvaða lagagrundvelli var það ákveðið?*

Í 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, segir að vatnsorkuvirkjanir með uppsett afl 10 MW eða meira eða vatnsmiðlanir þar sem meira en 3 km² lands fara undir vatn vegna stíflumannvirkja og/eða breytinga á árfarvegi séu háðar umhverfismati. Í 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. sömu laga segir að jarðvarmavirkjanir með varmaafl 25 MW eða meira að hráorku eða 10 MW uppsett afl eða meira og önnur varmaorkuver með 10 MW uppsett afl eða meira séu háð umhverfismati. Í ákvæði til bráðabirgða II við lögin segir að framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í bréfi umhverfisráðuneytis til Landsvirkjunar, dags. 12. júlí 1995, um mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar Blöndulóns, aukningar í Búrfellsstöð og fimmta áfanga Kvíslaveitu, kemur fram að framkvæmdirnar séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum ef þær styðjast við leyfi sem hafa verið gefin út fyrir 1. maí 1994. Í ljósi þessa fóru stækkun Blöndulóns, aukning í Búrfellsstöð, fimmti áfangi Kvíslaveitu og Kröfluvirkjun ekki í mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdir við Nesjavallavirkjun fóru ekki í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993. Í bréfi umhverfisráðuneytis til Hitaveitu Reykjavíkur frá 6. september 1996 segir: „Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að sú viðbót við raforkuvinnslu sem fjallað er um í erindi yðar sem er að framleiða allt að 70–80 MW af raforku í tengslum við framleiðslu hitaorku, sbr. lög nr. 60/1981 og lög nr. 74/1990, falli ekki undir lög nr. 63/1993 þar sem leyfi til framleiðslunnar hafi legið fyrir áður en þau lög öðluðust gildi."

Framkvæmdir á vegum Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi vegna orkuvers 5 fóru ekki í mat á umhverfisáhrifum. Í bréfi umhverfisráðuneytis til Hitaveitu Suðurnesja, dags. 7. október 1997, segir m.a. að ráðuneytið sé þeirrar skoðunar að sú framkvæmd sé eðlileg endurnýjun orkuvers en ekki nýbygging og falli því ekki undir lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, enda sé gert ráð fyrir slíkum framkvæmdum í lögum um stofnunina nr. 100/1974 og áður en lög nr. 63/1993 öðluðust gildi 1. maí 1994.

Ráðuneytið leitaði álits umhverfisráðuneytis á því hvort meta þyrfti umhverfisáhrif framkvæmda Orkuveitu Húsavíkur. Í svarbréfi umhverfisráðuneytis segir að framkvæmdin falli ekki undir 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og að ráðuneytið sjái ekki ástæðu til að beita heimild 6. gr. laganna. Framkvæmdin fór því ekki í mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdir Landsvirkjunar við Hágöngumiðlun, Sultartangavirkjun og Vatnsfellsvirkjun fóru í mat á umhverfisáhrifum á grundvelli laga nr. 63/1993.

981. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Tómas H. Heiðar, Benedikt Ásgeirsson og Einar Gunnarsson frá utanríkisráðuneytinu, Guðmund Kjærnested, Stefán Kjærnested og Lúðvík Örn Steinarsson frá Atlantsskipum ehf., Þórð Sverrisson og Jóhann Þór Jónsson frá Eimskipafélagi Íslands og Jónas Garðarsson og Erling R. Guðmundsson frá Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Umsagnir og gögn bárust nefndinni frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, Budweiser-umboðinu, Atlantsskipum ehf. og Eimskipafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekið verði með heildstæðum hætti á ýmsum málum sem tengjast varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, einkum viðskiptum íslenskra aðila við varnarliðið. Miðað er að því að festa í sessi þá þróun sem orðið hefur á síðustu árum í verktöku fyrir varnarliðið og setja lagareglur um það umhverfi. Enn fremur er lagt til, í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútímalegra stjórnarhátta, að treystur verði lagagrunnur fyrir stjórnsýsluna á varnarsvæðunum. Þá er í frumvarpinu að finna skýr og ótvíræð ákvæði um starfsemi kaupskrárnefndar varnarsvæða og ákvæði um heimildir utanríkisráðherra til að takmarka aðgang að varnarsvæðunum sem hingað til hafa einungis verið byggðar á ákvæðum loftferðalaga. Þá er og að finna ákvæði um undanþágu varnarliðsins frá skattskyldu sem ætlað er að skýra óvissu sem verið hefur í framkvæmd og sett er traustari lagastoð fyrir skattfrelsi Ratsjárstofnunar. Með því er ekki verið að víkka út eða breyta á annan hátt núverandi undanþágu stofnunarinnar frá greiðslu skatta og gjalda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að h-liður 1. gr. frumvarpsins verði felldur brott þar sem orðasambandið sem þar er skilgreint er einungis að finna í ákvæði til bráðabirgða II sem lagt er til að verði umorðað, sbr. 4. tölul. Þá er lögð til breyting á 8. gr. til samræmis við framangreindar breytingar.
2. Lögð er til sú breyting á 1. mgr. 10. gr. að í stað orðsins almannaregla komi allsherjarregla sem er þekkt hugtak. Ákvæði um brot gegn allsherjarreglu er að finna í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, en vísan til allsherjarreglu er annars að finna í fjölda lagaákvæða, meðal annars í 63. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er lagt til að fellt verði brott úr 10. gr. laganúmer loftferðalaga.
3. Lagt er til að fellt verði brott númer laga um virðisaukaskatt í 4. málsl. 11. gr. en númerið er að finna í 1. málsl. greinarinnar.
4. Loks er lagt til að ákvæði til bráðabirgða II verði umorðað þannig að merking þess verði skýr. Í ákvæðinu er kveðið á um að áður en samningar við varnarliðið, sem getið er um í lögunum og gerðir hafa verið fyrir gildistöku þeirra og ekki sætt forvalsmeðferð, komi til framlengingar sé heimilt, að tillögu forvalsnefndar, að ákveða að fram skuli fara forval og hæfir aðilar tilnefndir skv. III. kafla laganna. Sé þessi heimild nýtt gildi ákvæði 4. gr., svo og önnur ákvæði laganna eftir því sem við á. Meginreglan er því sú að forval þurfi ekki að fara fram áður en til framlengingar samninga kemur. Rétt er þó talið að kveða á um þessa heimild í ákvæði til bráðabirgða þar sem nokkrir þjónustusamningar eru í gildi án þess að forval hafi farið fram fyrir samningsgerðina og því ekki tryggt að

þjónustuaðilar uppfylli nauðsynleg skilyrði tilnefningar samkvæmt varnarsamningnum og afleiddum samningum. Heimildin verður þó ekki nýtt nema að tillögu forvalsnefndar.

Alþingi, 10. apríl 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm. Jón Kristjánsson. Jónína Bjartmarz.

Lára Margrét Ragnarsdóttir. Einar K. Guðfinnsson.

982. Breytingartillögur [405. mál]

við frv. til l. um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar (TIO, JónK, JBjart, LMR, EKG).

1. Við 1. gr. H-liður falli brott.
2. Við 8. gr. Í stað orðanna „ákvæði k-liðar 1. gr.“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: ákvæði j-liðar 1. gr.
3. Við 10. gr.
   a. Laganúmerið „nr. 60/1998“ í fyrri málslið 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „ef almannaregla krefst þess“ í síðari málslið 1. mgr. komi: ef allsherjarregla krefst þess.
4. Við 11. gr. Laganúmerið „nr. 50/1988“ í 4. málsl. falli brott.
5. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:
   Áður en samningar við varnarliðið, sem getið er um í lögum þessum og gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna og ekki sætt forvalsmeðferð, koma til framlengingar er heimilt, að tillögu forvalsnefndar, að ákveða að fram skuli fara forval og hæfir aðilar tilnefndir skv. III. kafla laganna. Sé þessi heimild nýtt gilda ákvæði 4. gr., svo og önnur ákvæði laganna eftir því sem við á.

983. Breytingartillaga [405. mál]

við frv. til l. um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Á eftir 3. tölul. fyrri málsgreinar k-liðar 1. gr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Eiga eða leigja skip sem sigla undir íslenskum fána, mönnuð íslenskri áhöfn, ef fyrirtækið hefur sjóflutninga með höndum.

984. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Meginefni frumvarpsins er að festa í lög reglur um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, m.a. þess sem lýtur að verktöku fyrir varnarliðið, starfssamningum, verksamningum og kaupum á vöru og þjónustu, svo og um umferð um varnarsvæðið, undanþágu varnarliðsins frá sköttum og gjöldum o.s.frv. 1. minni hluti nefndarinnar gerir ekki ágreining um þau atriði enda er verið að lögfesta viðteknar venjur og samstarfssamninga. Þó er vakin athygli á því að í k-lið 1. gr. frumvarpsins eru íslenskum fyrirtækjum sett mun strangari skilyrði fyrir leyfi til þess að teljast slík en almennar reglur segja fyrir um. Vafi er á hvort ástæða sé til þess að setja jafnströng skilyrði og þarna eru sett í almennu rekstrarumhverfi þar sem stöðugt meiri áhersla er lögð á frjálsa samkeppni og verkútboð.

Ákvæði til bráðabirgða II orkar hins vegar tvímælis svo ekki sé meira sagt. Þar er gert ráð fyrir að forvalsnefnd sé heimilað að stöðva framlengingu þegar gerðra samninga við verktaka þótt báðir samningsaðilar óski eftir framlengingunni og gert sé ráð fyrir henni í verksamningum þeirra á milli að því tilskildu að forval hafi ekki farið fram áður en frá upphaflegum samningum var gengið. Ákveði forvalsnefnd að stöðva framlengingu samnings samkvæmt þessari heimild skal hún auglýsa forval og er þá skilyrði fyrir því að fyrri viðsemjandi komi til greina að hann uppfylli þær ströngu kröfur sem gerðar eru til þess að fyrirtæki geti talist vera íslenskt skv. k-lið 1. gr.

Augljóslega er hér verið að grípa inn í samningsgerð um flutninga fyrir varnarliðið á vegum fyrirtækisins Atlantsskip sem er fyrirtæki skráð á Íslandi og hlaut þann samning sem lægsti íslenski tilboðshafinn. Samningurinn var gerður til tveggja ára en ákvæði eru um að heimilt sé að framlengja hann um eitt ár í senn um þrjú ár til viðbótar þannig að heildartími samningsins um flutninga fyrirtækisins fyrir varnarliðið gæti numið fimm árum frá gildistöku hans. Samningurinn kemur til fyrstu framlengingar 31. október nk. Verði bráðabirgðaákvæði II lögfest og taki það gildi þegar í stað eins og frumvarpið gerir ráð fyrir er auðsætt að tilgangurinn er sá að stöðva framlengingu samningsins og efna til forvals þar sem fyrirtækið Atlantsskip ætti litla möguleika á að ná að uppfylla hin ströngu skilyrði k-liðar 1. gr. og væri þá fyrir fram úrskurðað úr leik.

Vissulega má deila um hvort fyrirtækið hafi í raun verið íslenskt fyrirtæki — þ.e. fyrirtæki í íslenskri eigu og undir íslenskri stjórn — þegar samningurinn við það var upphaflega gerður og hvort með þeim samningi hafi verið brotið það samkomulag sem gert hafði verið á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda um fyrirkomulag flutninga á sjó fyrir varnarliðið. Á það hefur verið látið reyna fyrir bandarískum dómstólum og er úrskurður áfrýjunarréttar þar sá að samningurinn brjóti ekki samkomulag stjórnvalda. Málaferlum er þó enn ekki lokið því að til stendur að fá málið tekið upp fyrir hæstarétti í Bandaríkjunum.

Á hitt verður þó að horfa að nærfellt tvö ár eru liðin frá því að samningurinn var gerður og hefur málið verið í uppnámi síðan. Þá hafa þær breytingar verið gerðar á eignarhaldi flutningafyrirtækisins að ekki verður annað séð en að það sé nú ótvírætt í íslenskri eigu. Einnig er á það að líta að hér er ekki um ríka fjárhagslega hagsmuni að ræða þar sem heildarflutningsgjöld þeirra farma sem hér um ræðir eru um 130 millj. kr. á ári en farmarnir eru fyrst og fremst búslóðir varnarliðsmanna, bifreiðar, matföng og vistir. Einhver samkeppni hefur þó orðið fyrir tilverknað félagsins í flutningum fyrir íslenska aðila milli Íslands og Bandaríkj-

anna, en þeir flutningar eru enn sem komið er óverulegir og geta vart talist ógna samkeppnisaðstöðu annarra íslenskra sjóflutningsfyrirtækja.

Þegar til þess er litið hve umfang þessara flutninga er lítið og hve litlir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi fyrir íslenskt fyrirtæki og enn fremur að æskilegt er að a.m.k. einhver samkeppni — þótt óveruleg sé — geti orðið á þessari flutningaleið til hagsbóta fyrir íslenska neytendur verður ekki séð hvað kallar á svo harkaleg viðbrögð íslenskra stjórnvalda sem í bráðabirgðaákvæðinu felast. Sé talin svo brýn nauðsyn á að gera miklu strangari kröfur um íslenskt eignarhald, íslenskt stjórnunarforræði og innlent starfslið þeirra fyrirtækja, skráðra á Íslandi, sem vinna að verktöku fyrir varnarliðið en til annarra fyrirtækja íslenskra hlýtur a.m.k. að teljast eðlilegt að gefa fyrirtækjum, sem gert hafa gilda verksamninga við varnarliðið með ákvæðum um heimild til framlengingar, eðlilegan umþóttunartíma til þess að laga rekstur sinn og starfsemi að þeim kröfum. Ákjósanlegast væri að sjálfsögðu að leyfa þeim að ljúka heildarsamningaferlinu með umsömdum framlengingarmöguleikum áður en ákvæði k-liðar 1. gr. yrði beitt. Ef ekki, ætti a.m.k. að gefa þeim tíma til þess að laga sig að nýju kröfunum þannig að ekkert standi í vegi fyrir því að af framlengingu geti orðið með eðlilegum hætti. Þetta er hins vegar ekki gert og ósk sem borin hefur verið fram af 1. minni hluta um að slíkur umþóttunartími verði gefinn hefur verið hafnað. Er málatilbúnaði meiri hlutans þannig bókstaflega stefnt gegn einu ákveðnu fyrirtæki, Atlantsskipum, og er það að áliti 1. minni hluta gróf mismunun.

Fyrsti minni hluti leggur því fram í sérstöku þingskjali breytingartillögu þess efnis að ákvæði til bráðabirgða II öðlist ekki gildi fyrr en við upphaf ársins 2001. Er hér um sjálfsagða málamiðlunartillögu að ræða sem gefur viðsemjendum, Atlantsskipum og varnarliðinu, kost á að framlengja samning sinn 31. október nk. um eitt ár til viðbótar ef þeir óska þess og gæfist fyrirtækinu þar með ráðrúm til þess að laga sig að þeim kröfum sem frumvarpið gerir til fyrirtækja sem teljast mega kalla sig íslensk. Verði þeirri málamiðlunartillögu hafnað er málið keyrt fram af kappi fremur en forsjá af hálfu stjórnarmeirihlutans og mun 1. minni hluti þá greiða atkvæði gegn bráðabirgðaákvæðinu.

Alþingi, 10. apríl 2000.

Sighvatur Björgvinsson, frsm. Jóhann Ársælsson.

985. Svar [498. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um Lífeyrissjóð bænda.

1. Hve margir sjóðfélagar fá nú greitt úr Lífeyrissjóði bænda?

Árið 1999 fengu alls 3.732 einstaklingar greiddan lífeyri úr sjóðnum. Að meðaltali fengu 3.516 greiddan lífeyri í hverjum mánuði. Í mars 2000 fengu 3.543 einstaklingar greiddan lífeyri. Hér á eftir fer sundurliðun á greiddum lífeyri 1998 og 1999. Sumir einstaklingar eru með lífeyri bæði samkvæmt áunnum réttindum og uppbótarlífeyri frá ríkissjóði (síðari taflan). Enn fremur eru sumir með tvenns konar lífeyri.

Greiddur lífeyrir samkvæmt áunnum réttindum skiptist þannig:

		1999		1998	
	Mars 2000	**Fjöldi**	**Fjárhæð**	**Fjöldi**	**Fjárhæð**
Ellilífeyrir	2.339	2.410	280.836.937	2.283	250.359.873
Makalífeyrir	695	717	37.725.320	676	34.049.335
Örorkulífeyrir	352	391	78.210.356	404	86.100.883
Barnalífeyrir	171	193	11.602.853	199	12.941.596
Samtals	**3.557**	**3.711**	**408.375.466**	**3.562**	**383.451.687**

Greiddur lífeyrir vegna bænda fæddra 1914 og fyrr og maka þeirra (lífeyrir út á búskapartíma, greiddur af ríkissjóði) skiptist þannig:

		1999		1998	
	Mars 2000	**Fjöldi**	**Fjárhæð**	**Fjöldi**	**Fjárhæð**
Ellilífeyrir	243	301	36.513.777	360	40.703.476
Makalífeyrir	465	526	54.612.580	546	56.649.250
Samtals	**708**	**827**	**91.126.357**	**906**	**97.352.726**

2. *Hve margir sjóðfélagar, sundurliðað eftir kyni, fá nú mánaðarlega greiddar:*
   0–10 þús. kr.,
   10–20 þús. kr.,
   20–30 þús. kr.,
   30–40 þús. kr.,
   40–50 þús. kr.,
   meira en 50 þús. kr.?

Lífeyrisþegar sem fá greitt vegna áunninna réttinda (uppbót vegna búskapartíma þeirra sem fæddir eru 1914 og fyrr talin með):

	Þús. kr.	**Karlar**	**Konur**	**Samtals**	**Meðaltalsgreiðsla**
Ellilífeyrir	0–10	483	585	1.068	5.052
	10–20	766	201	967	14.368
	20–30	259	23	282	23.677
	30–40[1]	22	0	22	31.704
				2.339	11.399
Makalífeyrir	0–10	30	448	478	4.734
	10–20	14	199	213	12.945
	20–30	1	2	3	23.733
	30–40	0	0	0	0
	40–50[1]	0	1	1	44.261
				695	7.389
Örorkulífeyrir	0–10	46	62	108	5.968
	10–20	49	61	110	15.095
	20–30	31	53	84	24.404
	30–40	23	17	40	34.710
	40–50[1]	6	4	10	42.902
				352	17.535

[1] Enginn fær meira.

Lífeyrisþegar sem fá eingöngu greiddan lífeyri vegna búskapartíma (þ.e. greitt af ríkissjóði):

	Þús. kr.	Karlar	Konur	Samtals	Meðaltalsgreiðsla
Ellilífeyrir	0–10	21	5	26	6.140
	10–20	49	12	61	14.478
	20–30[1]	5	0	5	21.023
				92	12.477
Makalífeyrir	0–10	0	82	82[2]	5.971
	10–20[1]	0	178	178	12.863
				260	10.689

[1] Enginn fær meira.

[2] Þar af fá sjö ekki greiðslu vegna skerðingarákvæða.

3. *Hvernig skiptast greiðslur úr sjóðnum til karla og kvenna, sundurliðað eftir búgreinum, þ.e. sauðfjárbúskap, mjólkurbúskap og öðrum greinum búskapar?*

Sjóðfélagar og iðgjöld sem þeir greiða í sjóðinn eru ekki merkt eftir búgreinum auk þess sem iðgjaldakerfi og lífeyriskerfi sjóðsins eru aðskilin. Því miður er því ekki unnt að svara þessari spurningu.

986. Svar [410. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um skatta, tolla og gjöld á barnavörur.

1. *Hvaða skattar, tollar og gjöld eru lögð af hálfu hins opinbera á eftirfarandi vörutegundir:*
   a. *ungbarnamat (mauk, grauta o.s.frv.),*
   b. *þurrmjólkurduft (t.d. SMA, sojamjólk og Nutramigen),*
   c. *bréfbleiur,*
   d. *barnabílstóla,*
   e. *barnavagna og kerrur,*
   f. *hluti til slysavarna barna á heimilum (öryggishlið, eldavélahlífar o.s.frv.)*
   g. *barnaföt,*
   h. *lyf, smyrsl og aðrar heilbrigðisvörur?*

Gjöld sem eru lögð á framangreindar vörur geta verið tollur, vörugjald, virðisaukaskattur og skilagjald. Tollur á iðnaðarvörur (vörur í köflum 25–97 í tollskrá) fellur brott ef innflutt vara er upprunnin í ríki sem Ísland hefur gert fríverslunarsamning við. Önnur gjöld leggjast hins vegar jafnt á allar vörur, óháð fríverslunarsamningum.

Rétt er að taka fram að í tollskrá er ekki alltaf greint á milli þess hvort vara sé sérstaklega ætluð fyrir börn eður ei.

Gjöld á framangreindar vörur, flokkaðar eftir tollskrárnúmerum, eru sem hér greinir:

a. Ungbarnamatur (mauk, grautar o.s.frv.):

	Tollur í %	Tollur kr./kg	Vörugjald kr./kg	VSK í %
1602.1001[1]	30	883	0	14
1602.1009[1]	30	530	0	14
1806.9022[2]	0	19	0	14
1901.1000	0	0	0	14
2005.1000	0	0	0	14
2007.1000	0	0	10	14

b. Þurrmjólkurduft (t.d. SMA, sojamjólk og Nutramigen):

	Tollur í %	Tollur kr./kg	Vörugjald kr./kg	VSK í %	Skilagjald kr./stk.
2106.9024	0	0	0	14	
2202.1021	0	0	0	14	
2202.1022	0	0	0	14	8,4
2202.1029	0	0	0	14	5,91
2202.9021	0	0	0	14	
2202.9022	0	0	0	14	8,4
2202.9029	0	0	0	14	5,91

c. Bréfbleiur:

	Tollur í %	VSK í %
4818.4001[3]	0/10	24,5

d. Barnabílstólar:

	Tollur í %	VSK í %
9401.2009[3]	0/10	24,5

e. Barnavagnar og kerrur:

	Tollur í %	VSK í %
8715.0000[3]	0/10	24,5

[1] Hér flokkast blönduð matvæli með hátt kjöthlutfall, eða yfir 60%.

[2] Ungbarnamatur sem fellur undir tollskrárnúmer 1806.9022 og er upprunninn frá aðildarríki EES-samningsins ber 18 kr./kg toll.

[3] Bréfbleiur, barnabílstólar, barnavagnar, kerrur, hlutir til slysavarna barna á heimilum, barnaföt, lyf, smyrsl og aðrar heilbrigðisvörur sem upprunnar eru í aðildarríkjum EES-samningsins, Tyrklandi, Tékklandi, Slóvakíu, Ísrael, Póllandi, Ungverjalandi, Rúmeníu, Búlgaríu, Slóveníu, Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Marokkó eru tollfrjálsar á grundvelli EES-samningsins og fríverslunarsamninga, en tollskyldar séu þær upprunnar annars staðar.

f. Hlutir til slysavarna barna á heimilum (öryggishlið, eldavélahlífar o.s.frv.):
Ekki er unnt að greina þessar vörur eftir tollskrárnúmerum þar sem þær eru flokkaðar eftir eðli þeirra og efni í hverju tilviki og flokkast þá með öðrum vörum úr sama efni eða svipaðrar gerðar.

g. Barnaföt:

	Tollur í %	VSK í %
6111.1001[1]	0/5	24,5
6111.1009[1]	0/15	24,5
6111.2001[1]	0/5	24,5
6111.2009[1]	0/15	24,5
6111.3001[1]	0/5	24,5
6111.3009[1]	0/15	24,5
6111.9001[1]	0/5	24,5
6111.9009[1]	0/15	24,5
6209.1001[1]	0/10	24,5
6209.1009[1]	0/15	24,5
6209.2001[1]	0/15	24,5
6209.2009[1]	0/15	24,5
6209.3001[1]	0/10	24,5
6209.3009[1]	0/10	24,5
6209.9001[1]	0/10	24,5
6209.9009[1]	0/15	24,5

h. Lyf, smyrsl og aðrar heilbrigðisvörur:

	Tollur í %	VSK í %
3304.3000[1]	0/10	24,5
3304.9100[1]	0/10	24,5
3304.9900[1]	0/10	24,5

[1] Bréfbleiur, barnabílstólar, barnavagnar, kerrur, hlutir til slysavarna barna á heimilum, barnaföt, lyf, smyrsl og aðrar heilbrigðisvörur sem upprunnar eru í aðildarríkjum EES-samningsins, Tyrklandi, Tékklandi, Slóvakíu, Ísrael, Póllandi, Ungverjalandi, Rúmeníu, Búlgaríu, Slóveníu, Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Marokkó eru tollfrjálsar á grundvelli EES-samningsins og fríverslunarsamninga, en tollskyldar séu þær upprunnar annars staðar.

2. *Hverjar voru tekjur ríkisins af þessum vörum sl. tíu ár, sundurliðað eftir vörutegundum?*

Eftirfarandi yfirlit yfir tekjur ríkissjóðs byggist á upplýsingum frá Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun og miðast við meðalverðlag ársins 1999. Yfirlitið sýnir tekjur ríkissjóðs síðastliðin átta ár af þeim vöruflokkum sem spurt er um í fyrsta lið. Yfirlitið nær ekki lengra aftur í tímann þar sem hætt er við að eldri upplýsingar gefi ekki rétta mynd þar sem umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á tollskránni. Yfirlitið gefur þó skýra mynd af þróun tekna ríkissjóðs af umræddum vöruflokkum.

Yfirlitið takmarkast við tekjur ríkissjóðs af tolli, vörugjaldi og þeim hluta virðisaukaskatts sem innheimtur er í tolli þar sem ekki er unnt að reikna út með sæmilegri vissu tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem lagður er á viðkomandi vörur á heildsölu- og smásölustigi.

Þegar vörur eru flokkaðar í tollskrá með óskyldum vörum er ekki unnt að gera grein fyrir tekjum ríkissjóðs af þeim.

a. Ungbarnamatur (mauk, grautar o.s.frv.):

Þessar vörutegundir falla í flokka með fæðu fyrir sjúklinga. Því er ekki unnt að veita upplýsingar um tekjur ríkissjóðs af þeim. Þó er einungis barnamatur í smásöluumbúðum í tollflokki 1901.1000. Tekjur ríkissjóðs af þeim flokki voru sem hér greinir:

Ár	Tollur, kr.	VSK, kr.	Samtals, kr.
1992	0	3.314.526	3.314.526
1993	0	3.540.332	3.540.332
1994	0	3.835.652	3.835.652
1995	0	3.525.948	3.525.948
1996	0	4.155.895	4.155.895
1997	0	4.217.901	4.217.901
1998	0	3.879.229	3.879.229
1999	0	4.685.016	4.685.016

b. Þurrmjólkurduft (mauk, grautar o.s.frv.):

Þessar vörutegundir falla í flokka með fæðu fyrir sjúklinga. Því er ekki unnt að veita upplýsingar um tekjur ríkissjóðs af vörum sem ætlaðar eru börnum sérstaklega.

c. Bréfbleiur:

Ár	Tollur, kr.	VSK, kr.	Samtals, kr.
1992	1.381.471	66.054.185	67.435.656
1993	379.774	72.366.657	72.746.432
1994	636.494	74.739.601	75.376.094
1995	333.524	71.805.304	72.138.828
1996	262.833	66.463.566	66.726.399
1997	7.939	53.988.462	53.996.400
1998	75.465	59.493.628	59.569.093
1999	128.774	65.458.604	65.587.378

d. Barnabílstólar:

Barnabílstólar eru flokkaðir í tollflokk með öðrum sætum til nota í ökutækjum. Því er ekki unnt að veita upplýsingar um tekjur ríkissjóðs af vörum sem ætlaðar eru börnum sérstaklega.

e. Barnavagnar og kerrur:

Ár	Tollur, kr.	VSK, kr.	Samtals, kr.
1992	278.164	6.481.624	6.759.788
1993	218.171	6.085.894	6.304.065
1994	308.284	6.916.654	7.224.938
1995	253.195	6.466.264	6.719.460
1996	415.881	7.338.830	7.754.711
1997	398.407	7.225.746	7.624.153
1998	499.791	8.726.317	9.226.108
1999	592.727	8.683.675	9.276.402

f. Hlutir til slysavarna barna á heimilum (öryggishlið, eldavélahlífar o.s.frv.):
Ekki er unnt að greina þessar vörur eftir tollskrárnúmerum þar sem flokkað er eftir eðli og efni vörunnar í hverju tilviki og flokkast hún þá með öðrum vörum úr sama efni eða svipaðrar gerðar. Af þeim sökum er ekki unnt að gera grein fyrir tekjum ríkissjóðs af vörum sem ætlaðar eru börnum sérstaklega.

g. Barnaföt:

Ár	Tollur, kr.	VSK, kr.	Samtals, kr.
1992	5.726.847	25.793.214	31.520.062
1993	4.629.083	21.407.922	26.037.005
1994	4.993.436	23.683.202	28.676.638
1995	4.191.547	22.623.664	26.815.211
1996	4.924.295	23.768.619	28.692.914
1997	4.895.051	28.737.731	33.632.782
1998	8.049.339	34.352.599	42.401.938
1999	7.888.282	31.411.772	39.300.055

h. Lyf, smyrsl og aðrar heilbrigðisvörur:
Í tollskrá er ekki gerður greinarmunur á því hvort lyf, smyrsl og aðrar heilbrigðisvörur eru ætlaðar börnum eða fullorðnum. Því er ekki unnt að gera grein fyrir tekjum ríkissjóðs af þessum vörum sem ætlaðar eru börnum sérstaklega.

3. *Hvernig er álagningu á þessar vörur háttað í eftirfarandi löndum, sundurliðað eftir vörutegundum: Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Bretlandi og Írlandi?*

Virðisaukaskattur.

Samkvæmt skýrslu OECD um neysluskatta frá árinu 1999 er virðisaukaskattur á umræddda voruflokka sem hér greinir:

a. Svíþjóð: 25% almennur virðisaukaskattur. Lyfseðilsskyld lyf eru undanþegin virðisaukaskatti og á mat er lagður 12% virðisaukaskattur.
b. Noregur: 23% almennur virðisaukaskattur.
c. Danmörk: 25% almennur virðisaukaskattur.
d. Bretland: 17,5% almennur virðisaukaskattur. Barnaföt, matur og lyfseðilsskyld lyf eru undanþegin virðisaukaskatti.
e. Írland: 21% almennur virðisaukaskattur. Barnaföt, barnaskór, lyf til inntöku (oral medicine) og matvæli eru undanþegin virðisaukaskatti.

Tollar.

Eftirfarandi töflur er byggðar á upplýsingum úr tollskrám Noregs og Evrópusambandsins.

Í sumum tilvikum eru tollar lægri á grundvelli fríverslunarsamnings eða tollkvóta. Þau tilvik eru hins vegar svo margbreytileg að erfitt er að gera einfalda grein fyrir þeim.

a. Ungbarnamatur (mauk, grautar o.s.frv.):

	ESB		Noregur	
	Tollur í %	Tollur EUR/kg	Tollur í %	Tollur NOK/kg
1602.1001	19,7			22,90 + verðjöfnunargjald
1602.1009	19,7			22,90 + verðjöfnunargjald
1806.9022	9,5	verðjöfnunargjald		22,58
eða	21,5	verðjöfnunargjald		22,58
1901.1000	8,7	verðjöfnunargjald		24,64 eða 15,09
2005.1000	19,1			34,92 + verðjöfnunargjald
2007.1000	26,0	0,045		14,96 + verðjöfnunargjald

b. Þurrmjólkurduft (t.d. SMA, sojamjólk og Nutramigen):

	ESB		Noregur	
	Tollur í %	Tollur EUR/kg	Tollur í %	Tollur NOK/kg
2106.9024	15,2	verðjöfnunargjald	19%	0,00 + verðjöfnunargjald
eða	10,3	verðjöfnunargjald		
2202.1021	11,4			0,30
2202.1022	11,4			0,30
2202.1029	11,4			0,30
2202.9021	11,4			2,50 + verðjöfnunargjald
eða eftir	6,9	0,148		3,59 + verðjöfnunargjald
mjólkur-	6,3	0,139		3,59 + verðjöfnunargjald
innihaldi	6,3	0,247		3,59 + verðjöfnunargjald
2202.9022	11,4			2,50 + verðjöfnunargjald
eða eftir	6,9	0,148		3,59 + verðjöfnunargjald
mjólkur-	6,3	0,139		3,59 + verðjöfnunargjald
innihaldi	6,3	0,247		3,59 + verðjöfnunargjald
2202.9029	11,4			2,50 + verðjöfnunargjald
eða eftir	6,9	0,148		3,59 + verðjöfnunargjald
mjólkur-	6,3	0,139		3,59 + verðjöfnunargjald
innihaldi	6,3	0,247		3,59 + verðjöfnunargjald

c. Bréfbleiur:

	Tollur í %	
	ESB	Noregur
4818.4001	5	0

d. Barnabílstólar:

	Tollur í %	
	ESB	Noregur
9401.2009	3,70	0

e. Barnavagnar og kerrur:

	Tollur í %	
	ESB	**Noregur**
8715.0000	2,70	4

f. Hlutir til slysavarna barna á heimilum (öryggishlið, eldavélahlífar o.s.frv.):

Ekki er unnt að greina þessa hluti eftir tollskrárnúmerum þar sem flokkun fer eftir eðli og efni vörunnar og flokkast þá með öðrum vörum úr sama efni eða svipaðrar gerðar.

g. Barnaföt:

		Tollur í %		
		ESB		**Noregur**
6111.1001		12,7		13,2
6111.1009	hanskar, lúffur og vettlingar	8,9		8,2
	annars	12,7		13,2
6111.2001		12,7		13,2
6111.2009	hanskar, lúffur og vettlingar	8,9		8,2
	annars	12,7		13,2
6111.3001		12,7		13,2
6111.3009	hanskar, lúffur og vettlingar	8,9		8,2
	annars	12,7		13,2
6111.9001		12,7		13,2
6111.9009	hanskar, lúffur og vettlingar	8,9		8,2
	annars	12,7		13,2
6209.1001		10,5		17,1
6209.1009		10,5	undirföt	8,1
			annað	18,2
6209.2001		10,5		17,1
6209.2009		10,5	undirföt	8,1
			annað	18,2
6209.3001		10,5		17,1
6209.3009		10,5	undirföt	8,1
			annað	18,2
6209.9001		10,5		17,1
6209.9009		10,5	undirföt	8,1
			annað	18,2

h. Lyf, smyrsl og aðrar heilbrigðisvörur:

	Tollur í %	
	ESB	**Noregur**
3304.3000	0	8,70
3304.9100	0	9,70
3304.9900	0	6,50

987. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar.

Afstaða 2. minni hluta, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er sú að ræða eigi við bandarísk stjórnvöld um það hvernig megi minnka umsvif erlends herliðs í landinu og undirbúa að erlendur her hverfi á brott. Nú er til umfjöllunar á þingi tillaga í þessa veru flutt af undirrituðum og Ögmundi Jónassyni.

Tillögugreinin hljóðar svo: „Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka undir forustu formanns, sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar, til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Stefnt skal að niðurstöðu áður en gildandi samkomulag við bandarísk stjórnvöld um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út. Nefndin skal að undangenginni athugun og könnunarviðræðum við bandarísk stjórnvöld skila áfangaskýrslu til Alþingis eigi síðar en í febrúarlok árið 2000 þannig að tími gefist til samninga um málið áður en uppsagnarákvæði núgildandi bókunar um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli verður virkt eða rennur út.“ (Þskj. 133, 120. mál.)

Eins og sjá má er stefna 2. minni hluta sú að stefna beri í allt aðra átt en þetta frumvarp boðar, sem er að setja í ótímabundinni löggjöf ákvæði um samskipti við erlenda herinn og ýmiss konar viðskipti við hann.

Annar minni hluti hyggst ekki blanda sér í þessi samskipti í þeim skilningi sem frumvarpið boðar og mun því ekki taka þátt í afgreiðslu málsins og sitja hjá.

Annar minni hluti kemst þó ekki hjá því að vekja athygli á óvenjulegum atriðum í frumvarpinu og meðferð þessa máls.

Ber þar fyrst að nefna að ákvæði til bráðabirgða II er mjög óvenjulegt og mun, ef samþykkt verður, geta valdið afturvirkni laganna í tilteknum skilningi. Hefði að mati 2. minni hluta verið eðlilegra að gildistaka laganna, lagaskilin eða a.m.k. gildistaka ákvæðis til bráðabirgða II yrði þannig að öruggt væri að í því fælist ekki afturvirkni. Lágmark væri að veita eðlilegan aðlögunartíma að breyttu lagalegu umhverfi gildandi samninga.

Í öðru lagi hefði verið eðlilegt að binda heimild til að hindra framlengingu gildandi samninga, sbr. aftur ákvæði til bráðabirgða II, við að viðkomandi uppfyllti ekki að undangengnum eðlilegum aðlögunartíma skilyrði nýju skilgreiningarinnar á íslensku fyrirtæki, sbr. k-lið 1. gr. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að flutningur frumvarpsins og íslenskir hagsmunir því tengdir eru sérstaklega rökstuddir með nauðsyn þess að tryggja að viðskiptin séu í íslenskum höndum. Þessi leið er ekki valin heldur er undangengið forval gert að úrslitaatriði, sem ekki var í mörgum tilvikum hluti af gildandi leikreglum þegar samningar voru gerðir.

Í þriðja lagi hefur láðst að tryggja af sömu nærfærni stöðu íslenskra sjómanna í orðskýringum frumvarpsins eins og gert er með aðra hagsmunaaðila.

Loks er ljóst að frumvarpið reyndist hroðvirknislega samið og ónákvæmt eins og breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar bera með sér. Það er þeim mun lakara sem hér er um að ræða lagasetningu sem grípur inn í framkvæmd á samningsbundnum samskiptum, milliríkjasamskiptum reyndar, tveggja aðila sem deilur og málaferli hafa staðið um.

Að öðru leyti en að framan greinir mun 2. minni hluti ekki blanda sér í þetta mál. Þeir sem stutt hafa og styðja enn áframhaldandi erlenda hersetu á Íslandi og hafa, eins og þetta mál m.a. dapurlega undirstrikar, gleymt fyrri svardögum um að hér skyldi þó aldrei verða erlend-

ur her á friðartímum verða áfram að bera ábyrgð á þeirri hinni sömu hersetu. Sá silkipappír sem þetta frumvarp er, utan um það fyrirkomulag sem útbúið hefur verið fyrir útvalda aðila til að græða á hersetunni, breytir litlu.

Alþingi, 10. apríl 2000.

Steingrímur J. Sigfússon.

988. Breytingartillaga [405. mál]

við frv. til l. um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar (SighB, JÁ).

Við ákvæði til bráðabirgða II bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði þetta öðlast gildi 1. janúar 2001.

989. Nefndarálit [299. mál]

um till. til þál. um flugmálaáætlun árin 2000–2003.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og Þorgeir Pálsson flugmálastjóra.

Við meðferð málsins í nefndinni urðu nokkrar umræður um slæma aðstöðu til eldsneytissölu á Egilsstaðaflugvelli. Hann er einn þriggja flugvalla í flokki nr. I, en flugvellir í þeim flokki eiga m.a. að geta þjónað sem varaflugvellir fyrir þotuumferð. Er því að mati nefndarinnar óviðunandi að eldsneytisaðstaða þar sé ófullnægjandi. Telur nefndin eðlilegt að í flugmálaáætlun séu gerðar tilteknar lágmarkskröfur um eldsneytisaðstöðu á flugvöllum og beinir því þeim tilmælum til samgönguráðherra að við næstu endurskoðun á áætluninni verði slíkar lágmarkskröfur látnar koma fram í skýringum við hvern flokk flugvalla.

Nefndin leggur til smávægilega breytingu á tillögunni varðandi Bakkaflugvöll. Leggur hún til að á árinu 2002 renni 20 millj. kr. til flugbrauta og hlaða og 10 millj. kr. til bygginga við flugvöllinn, en í áætluninni er gert ráð fyrir að 30 millj. kr. renni til flugbrauta og hlaða en ekkert til bygginga. Er því einungis um að ræða tilfærslu á fjármunum til flugvallarins en heildarútgjöld til hans verða þau sömu eftir sem áður.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við IV. Liður 4.12. orðist svo:

Bakkaflugvöllur				
1. Flugbrautir og hlöð	4,0	10,0	20,0	0,0
2. Byggingar	0,0	0,0	10,0	0,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
	4,0	**10,0**	**30,0**	**0,0**

Alþingi, 11. apríl 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Kristján L. Möller.	Lúðvík Bergvinsson.	Jón Bjarnason.

990. Nefndarálit [322. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti, Jakob Fal Garðarsson, aðstoðarmann samgönguráðherra, og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni. Umsagnir um málið bárust frá Vegagerðinni, Bændasamtökum Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Landssambandi hestamanna, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Með frumvarpinu er lagt til að reiðvegir verði skilgreindir sem sérstakur flokkur vega samkvæmt vegalögum og að samgönguráðherra geti tekið land eignarnámi til lagningar þeirra ef nauðsyn krefur. Þá er í frumvarpinu lagt til að Vegagerðinni verði heimilt að kosta að öllu leyti viðhald girðinga meðfram stofn- og tengivegum þar sem umferð er 500 bílar á dag eða meira yfir sumartímann.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi að hjólreiða- og göngustígar verði sérstaklega skilgreindir í lögunum og að sams konar heimild verði til eignarnáms til lagningar þeirra og til lagningar reiðvega. Leggur nefndin til að þar sem slíkir stígar eru í þéttbýli komi það í hlut viðkomandi sveitarfélags að greiða kostnað af þeim. Í öðru lagi leggur nefndin til að heimild Vegagerðarinnar til að kosta að öllu leyti viðhald girðinga meðfram stofn- og tengivegum miðist við vegi þar sem umferð er 300 bílar eða meira á dag yfir sumartímann, en ekki 500 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Leggur nefndin þó áherslu

á að lokið verði við girðingar þar sem umferð er 500 bílar eða meira áður en girt verður meðfram öðrum vegum nema sérstaklega standi á. Loks leggur nefndin til smávægilega orðalagsbreytingu á c-lið 4. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. apríl 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Kristján L. Möller.	Lúðvík Bergvinsson.	Jón Bjarnason.

991. Breytingartillögur [322. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 9. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Reiðvegir eru vegir sem einkum eru ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „og reiðvega“ komi: reiðvega og hjólreiða- og göngustíga.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „og reiðvegir“ komi: reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar.
4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðsins „gangstíga“ í 20. gr. laganna kemur: hjólreiða- og göngustíga.
5. Við 4. gr., er verði 5. gr.
   a. Í stað tölunnar „500“ í b-lið komi: 300.
   b. Í stað orðanna „ákveða með samkomulagi“ í c-lið komi: semja um.

992. Lög [370. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 972.

993. Lög [289. mál]

um breytingu á lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

(Afgreidd frá Alþingi 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 471.

994. Lög [239. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 904 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
38. gr. laganna hljóðar svo:
Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum og ekki liggur fyrir samkomulag milli aðila um skiptin skal framkvæma úttektir á jörðunum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda.
Úttektir skulu framkvæmdar af úttektarmönnum skv. 39. gr.

995. Frumvarp til laga [163. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum.

(Eftir 2. umr., 11. apríl.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring: *efndalok:* fullnaðaruppgjör viðskipta reikningsstofnana með rafbréf og fullar efndir á þeim, svo sem með greiðslujöfnun eða peningagreiðslu, sem lagðar eru til grundvallar við lokafærslu á reikning í verðbréfamiðstöð.

2. gr.

1. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Stjórn verðbréfamiðstöðvar skal veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum í verðbréfamiðstöð um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi sem þar er eignarskráð.

3. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Seðlabanka Íslands er samkvæmt samningi við reikningsstofnun heimil veðtrygging í rafbréfum

reikningsstofnunar til tryggingar á efndalokum er lúta að greiðsluuppgjöri í greiðslukerfum, sem viðurkennd eru af ráðherra skv. 3. gr. laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, nr. 90/1999, og skal skrá veðréttindin skv. IV. kafla laga þessara. Hafi reikningsstofnun ekki uppfyllt skyldur sínar innan þess frests sem ákveðinn er í gildandi reglum um viðskipti samkvæmt þessari grein er Seðlabankanum heimilt að innleysa þegar í stað þau rafbréf sem standa til tryggingar hlutaðeigandi efndalokum.

4. gr.

Í stað orðsins „hennar“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: þess.

5. gr.

Á eftir 32. gr. laganna kemur ný grein og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

Verðbréfamiðstöð er heimilt í aðildarsamningi, svo og reglum sem stjórn félagsins setur, að ákveða takmörkun eða lokun aðgangs að eignarskráningu þar vegna brota á aðildarsamningi eða reglum sem gilda um starfsemina. Telji stjórn verðbréfamiðstöðvar þess þörf getur hún í aðildarsamningi jafnframt kveðið á um refsiviðurlög í formi févítis standi reikningsstofnun ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt aðildarsamningi, enda varði brot ekki við 34. gr.

6. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða II í lögunum bætist nýr málsliður er orðast svo: Að uppfylltum skilyrðum um innköllun samkvæmt reglugerð og að lokinni yfirfærslu og eignarskráningu í verðbréfamiðstöð eru hin áþreifanlegu verðbréf ógild.

II. KAFLI
Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

7. gr.

Í stað orðanna „viðskiptabönkum og sparisjóðum“ í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. laganna kemur: viðskiptabönkum, sparisjóðum og verðbréfamiðstöðvum.

III. KAFLI
Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

8. gr.

22. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Hlutkesti.

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem sýslumaður hefur umsjón með.

Íbúðalánasjóður yfirfærir eldri flokka húsbréfa í áþreifanlegu formi í rafbréf samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997. Í auglýsingu skal tekið fram:

1. Hvaða húsbréfaflokka yfirfæra eigi hverju sinni.
2. Dagsetning yfirfærslu, svo og dagsetning fyrsta útdráttar húsbréfa í verðbréfamiðstöð og tilhögun á greiðslum síðari útdrátta þar.
3. Önnur atriði er varða yfirfærslu húsbréfa í verðbréfamiðstöð, svo sem réttarstöðu eigenda áþreifanlegra bréfa gagnvart útdrætti o.fl.

Að liðnum auglýstum fresti fara útgreiðslur á hlutkesti samkvæmt þessari grein einungis fram fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar. Rétthafi kröfu samkvæmt hinu áþreifanlega hús-

bréfi getur vitjað hennar hjá útgefanda eða reikningsstofnun sem útgefandi vísar til hafi skírteini ekki verið yfirfært til skráningar í verðbréfamiðstöð. Skal nánar kveðið á um framkvæmd hlutkestis og yfirfærslu samkvæmt þessari grein í reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

996. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við d-lið 2. mgr. bætist: og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
b. 3. mgr. fellur brott.
c. Á greinina kemur svofelld fyrirsögn: *Gjaldskyld ökutæki.*

2. gr.

Á 2. gr. laganna kemur svofelld fyrirsögn: *Fjárhæð gjaldsins.*

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. 5. mgr. fellur brott.
c. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

   Ef bifreiðir sem hafa verið undanþegnar bifreiðagjaldi skv. d-lið 4. gr. eru settar á skráningarmerki að nýju skal greiða bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu og hefst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis. Gjald vegna skráðra bifreiða sem skráningarmerki eru sett á að nýju fellur í eindaga við afhendingu skráningarmerkis.

   Við afskráningu bifreiða skal endurgreiða eða fella niður bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af því gjaldtímabili sem er að líða þegar afskráning fer fram.
d. Á greinina kemur svofelld fyrirsögn: *Gjalddagar, eindagar og gjaldskyldir aðilar.*

4. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 4. gr. og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Undanþága frá gjaldskyldu.

Eftirfarandi bifreiðir skulu undanþegnar bifreiðagjaldi:

a. Bifreiðir í eigu þeirra sem fá greiddan örorkustyrk, örorkulífeyri, bensínstyrk eða umönnunargreiðslur vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt eiga þeir öryrkjar sem notið hafa niðurfellingar skv. 1. málsl. rétt á niðurfellingu ef þeir hafa öðlast rétt til ellilífeyrisgreiðslna eða dveljast á stofnun, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Sama rétt eiga foreldrar langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð

eru utan heimilis ef réttur til umönnunargreiðslna héldist óskertur væri barnið heima. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds vegna þeirra sem fá greiddan örorkustyrk, örorkulífeyri eða bensínstyrk er bundinn því skilyrði að bóta- eða styrkhafi sé í ökutækjaskrá annaðhvort skráður eigandi bifreiðar eða umráðamaður bifreiðar samkvæmt eignarleigusamningi. Réttur til niðurfellingar bifreiðagjalds af bifreiðum í eigu þeirra sem fá umönnunargreiðslur vegna örorku barna nær til einnar bifreiðar og er bundinn því skilyrði að skráður eigandi bifreiðar samkvæmt ökutækjaskrá fari með forsjá barnsins. Óheimilt er að fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem eru yfir 3.500 kg að eigin þyngd og nýttar eru í atvinnurekstri. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngst. Fyrir álagningu bifreiðagjalds skal Tryggingastofnun ríkisins senda ríkisskattstjóra upplýsingar um bifreiðaeign þeirra sem fá slíkar greiðslur frá stofnuninni sem að framan greinir.

b. Bifreiðir í eigu björgunarsveita. Með björgunarsveit er átt við sjálfboðaliðasamtök sem hafa björgun mannslífa og verðmæta að aðalmarkmiði.
c. Bifreiðir sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs, talið frá og með árgerðarári þeirra.
d. Bifreiðir þegar skráningarmerki hafa verið afhent skráningaraðila til varðveislu. Undanþága þessi miðast við dagsetningu innlagnar skráningarmerkja. Jafnframt skal ríkisskattstjóri fella niður bifreiðagjald af ónýtum bifreiðum sem sannanlega hafa ekki verið í notkun á gjaldtímabilinu.
e. Bifreiðir sem tímabundið hafa verið fluttar úr landi. Framvísa ber útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna er verður 5. gr.:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.
   Óheimilt er að afhenda skráningarmerki sem afhent hafa verið skráningaraðila til varðveislu nema greitt hafi verið fyrir þann tíma sem eftir er af gjaldtímabilinu.
b. Á greinina kemur svofelld fyrirsögn: *Aðalskoðun og skráning.*

6. gr.

5. gr. laganna, er verður 6. gr., orðast svo ásamt fyrirsögn:

Umsjón álagningar, innheimtu og endurgreiðslu.

Fjármálaráðherra felur tilteknum skattstjóra eða ríkisskattstjóra álagningu bifreiðagjalds og aðra framkvæmd laganna. Innheimtu bifreiðagjalds annast tollstjórar og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðherra ákveður. Heimilt er að fela skoðunarstöðvum innheimtu bifreiðagjalds.

Endurgreiðslu bifreiðagjalds vegna afskráningar eða innlagnar skráningarmerkja annast tollstjórar.

Bifreiðagjald nýtur lögtaksréttar.

7. gr.

Á 6. gr. laganna, er verður 8. gr., kemur svofelld fyrirsögn: *Ýmis ákvæði.*

8. gr.

7. gr. laganna, auk fyrirsagnar, orðast svo:

Kæruleið.

Greiðanda bifreiðagjalds er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu bifreiðagjalds skv. 6. gr. innan þrjátíu daga frá því að gjaldið var ákvarðað.

Úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. má skjóta til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Um málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við lögin fellur brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000. Við gildistöku laganna fellur úr gildi reglugerð nr. 359/1998, um bifreiðagjald, sbr. reglugerð nr. 811/1998.

997. Frumvarp til laga [223. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. apríl.)

1. gr.

Á undan orðinu „námubifreiðar“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: belta- og.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. 1. mgr. B-liðar falla brott.
b. 2. mgr. B-liðar verður svohljóðandi:

Kílómetragjald ökutækja skv. 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildar-þyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildar-þyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	7,11	18.000–18.999	17,09
5.000–5.999	7,56	19.000–19.999	18,40
6.000–6.999	8,17	20.000–20.999	19,38
7.000–7.999	8,58	21.000–21.999	20,50
8.000–8.999	8,96	22.000–22.999	21,79
9.000–9.999	9,36	23.000–23.999	22,83
10.000–10.999	9,93	24.000–24.999	23,86
11.000–11.999	10,30	25.000–25.999	25,02
12.000–12.999	11,20	26.000–26.999	26,13

Leyfð heildar-þyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildar-þyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
13.000–13.999	12,00	27.000–27.999	27,30
14.000–14.999	12,93	28.000–28.999	28,46
15.000–15.999	13,92	29.000–29.999	29,62
16.000–16.999	15,03	30.000–30.999	30,78
17.000–17.999	16,12	31.000 og yfir	31,94

c. 3. mgr. B-liðar fellur brott.
d. 4. mgr. B-liðar fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „en eindagi síðasti dagur sama mánaðar“ í 2. málsl. 1. mgr. A-liðar kemur nýr málsliður er orðast svo: Eindagar skattsins eru 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
b. 5. málsl. 1. mgr. A-liðar fellur brott.
c. Orðin „í a.m.k. 15 daga samfellt“ í 1. málsl. 3. mgr. A-liðar falla brott.
d. Orðin „í jafnlangan tíma“ í 2. málsl. 3. mgr. A-liðar falla brott.
e. Í stað orðanna „er ríkisskattstjóra heimilt að“ í 3. málsl. 3. mgr. A-liðar kemur: skal ríkisskattstjóri.
f. Í stað orðanna „en eindagi síðasti dagur sama mánaðar“ í 1. málsl. 1. mgr. B-liðar kemur nýr málsliður er orðast svo: Eindagar skattsins eru 15. mars, 15. júlí og 15. nóvember ár hvert.
g. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar fellur brott.
h. 3. mgr. B-liðar fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „gjaldfallinn er“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: fallinn er í eindaga.
b. Orðin „og fast gjald þungaskatts skv. B-lið 4. gr. greitt til þess dags er eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hinn 11. júní 2000 skal lagt 33.333 kr. fast árgjald þungaskatts á bifreiðar sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, sbr. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laganna eins og þau eru fyrir gildistöku laga þessara.

Ný gjaldskrá B-liðar 4. gr. tekur gildi 11. júní 2000. Nýja gjaldið fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu þriðja álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 2000, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrrgreinds álestrartímabils.

Þeir sem sótt hafa um heimild til ríkisskattstjóra til að greiða gjald fyrir gjaldárið 2000 er tekur mið af 95.000 km akstri í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk 100.000 kr. fasts árgjalds, sbr. 4. mgr. B-liðar 4. gr., fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda rétti sínum til greiðslu áðurgreinds gjalds.

998. Frumvarp til laga [258. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. apríl.)

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða 5.000 kr.:

1. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi.
2. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar og sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, lyfjafræðinga, sérfræðileyfi lyfjafræðinga og leyfi til aðstoðarlyfjafræðinga.
3. Leyfi til sjúkraþjálfara, félagsráðgjafa, iðjuþjálfa, þroskaþjálfa, meinatækna, röntgentækna, matvælafræðinga og sálfræðinga.
4. Leyfi til sjóntækjafræðinga.
5. Leyfi til sjúkraliða.
6. Leyfi til matartækna.
7. Leyfi til lyfjatækna.
8. Leyfi til fótaaðgerðafræðinga.
9. Leyfi til hnykkja.
10. Leyfi til sjúkraflutningamanna.
11. Leyfi til næringarfræðinga og næringarráðgjafa.
12. Leyfi til læknaritara.
13. Leyfi til sjúkranuddara.
14. Leyfi til talmeinafræðinga.
15. Leyfi til tannfræðinga.
16. Leyfi til matarfræðinga.
17. Leyfi til náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu.
18. Leyfi til tanntækna.
19. Leyfi til grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.
20. Leyfi til bókasafnsfræðinga.
21. Leyfi til verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, húsgagna- og innanhússarkitekta, iðnfræðinga, landslagsarkitekta og skipulagsfræðinga.
22. Leyfi til viðskiptafræðinga og hagfræðinga.
23. Leyfi til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
24. Leyfi til dómtúlka og/eða skjalaþýðenda.
25. Leyfi til leigubifreiðaaksturs.
26. Leyfi til gerðar eignaskiptayfirlýsinga.

27. Löggilding endurskoðenda.
28. Löggilding manna um ævitíð.
29. Meistarabréf.
30. Sveinsbréf.
31. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A, B og C.
32. Vélstjórnarskírteini.
33. Flugnema- og svifflugmannsskírteini.
34. Einkaflugmannsskírteini.
35. Atvinnuflugmannsskírteini, I., II. og III. fl.
36. Flugvéltækna-, flugvélstjóra- og flugumferðarstjóraskírteini.
37. Skírteini til kvikmyndasýninga:
    a. Staðbundin skírteini.
    b. Sveinsskírteini.
    c. Meistaraskírteini.
38. Naglabyssuskírteini.
39. Skírteini fyrir suðumenn.

Fyrir endurnýjun framantalinna leyfa og skírteina skal greiða 1.000 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 3. og 4. tölul. orðast svo:
    3. Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 4. gr. laga nr. 113/1996, 100.000 kr.
    4. Leyfisbréf fyrir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 3. gr. laga nr. 123/1993, 100.000 kr.
b. Á eftir 8. tölul. koma fimm nýir töluliðir, svohljóðandi:
    9. Leyfisbréf fyrir verðbréfasjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 10/1993, 50.000 kr.
    10. Leyfisbréf fyrir kauphallir, sbr. 3. gr. laga nr. 34/1998, 100.000 kr.
    11. Leyfisbréf fyrir skipulega tilboðsmarkaði, sbr. 3. gr. og IX. kafla laga nr. 34/1998, 100.000 kr.
    12. Leyfisbréf fyrir verðbréfamiðstöðvar, sbr. 3. gr. laga nr. 131/1997, 100.000 kr.
    13. Leyfisbréf fyrir skaðatryggingafélög og líftryggingafélög, sbr. 26. gr. laga nr. 60/1994, 100.000 kr.
c. 11. og 14. tölul. falla brott.
d. Í stað orðanna „12. tölul.“ í 13. tölul., er verður 18. tölul., kemur: 17. tölul.
e. 15. tölul., er verður 20. tölul., orðast svo: Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað, leyfi fyrir næturklúbb, kaffihús og krá, 50.000 kr.
f. Í stað orðanna „15.–17. tölul.“ í 18. tölul., er verður 23. tölul., kemur: 20.–22. tölul.
g. Í stað orðanna „Iðju- og iðnaðarleyfi“ í 28. tölul., er verður 33. tölul., kemur: Iðnaðarleyfi.
h. Á eftir 28. tölul., er verður 33. tölul., koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
    34. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á lághitasvæðum, grunnvatns og hveraörvera, sbr. 4., 6. og 34. gr. laga nr. 57/1998, 25.000 kr.
    35. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á háhitasvæðum og jarðefna, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 57/1998, 100.000 kr.
    36. Leyfi til leitar og hagnýtingar á efnum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1990, 100.000 kr.

i. 36. tölul. fellur brott.
j. Við greinina bætast fimm nýir töluliðir, svohljóðandi:
45. Leyfi til reksturs miðlunar með leiguhúsnæði, sbr. 73. gr. laga nr. 36/1994, 5.000 kr.
46. Leyfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1997, 5.000 kr.
47. Skemmtanaleyfi vegna einstakra tilvika, 5.000 kr.
48. Leyfi til þess að efna til skyndihappdrættis, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1973, 5.000 kr.
49. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sbr. 10. gr. laga nr. 117/1994,
a. til tveggja ára, 5.000 kr.
b. til fimm ára, 5.000 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
a. 10. tölul. fellur brott.
b. Við greinina bætast sjö nýir töluliðir, svohljóðandi:
10. Skotvopnaleyfi, 3.000 kr.
11. Endurnýjun leyfis skv. 10. tölul., 3.000 kr.
12. Leyfi til reksturs skotvopnaleigu, 3.000 kr.
13. Leyfi til útflutnings skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda, 3.000 kr.
14. Skotvopnaleyfi til félags, stofnunar eða einstaklings ef slíkur aðili þarf nauðsynlega á því að halda vegna starfsemi sinnar, 3.000 kr.
15. Leyfi til félags sem hefur iðkun skotfimi að markmiði, 3.000 kr.
16. Leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota, 3.000 kr.

4. gr.

16. tölul. 13. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
a. Orðin „ökuskírteini 65 ára og eldri“ í 16. tölul. falla brott.
b. Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fyrir ökuskírteini 65 ára og eldri, 1.000 kr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

999. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá menntamálaráðuneyti Þórunni J. Hafstein, Hörð Einarsson og Karitas H. Gunnarsdóttur. Þá komu til fundar frá Ríkisútvarpinu Markús Örn Antonsson og Eyjólfur Valdimarsson, Kjartan Gunnarsson frá útvarpsréttarnefnd, Gústav Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun, Gestur Jónsson og Hreggviður Jónsson

frá Íslenska útvarpsfélaginu, Guðmundur Steingrímsson frá Gagnvirkri miðlun, Ari Kristinsson, Guðmundur Kristjánsson, Viðar Garðarsson og Friðrik Þór Friðriksson frá Framleiðendafélaginu og Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Sigvaldi Júlíusson og Jón Ásgeir Sigurðsson frá Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins.

Mál þetta var fyrst flutt á 123. löggjafarþingi og þá bárust nefndinni umsagnir frá Íslenska útvarpsfélaginu, Ríkisútvarpinu, Menningarsjóði útvarpsstöðva, Íslenska fjölmiðlafélaginu, Bandalagi íslenskra leikfélaga, Verslunarráði Íslands, Íslenskri málstöð, Kvikmyndaskoðun, umboðsmanni barna, Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, Rithöfundasambandi Íslands, Póst- og fjarskiptastofnun, Barnaverndarstofu, Saga-film, útvarpsréttarnefnd, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins. Málið er nú endurflutt með fáeinum breytingum og borist hafa umsagnir frá Fínum miðli ehf. og Ríkisútvarpinu – útvarpsráði.

Frumvarpið var samið á vegum menntamálaráðuneytisins og er nú endurflutt í ljósi athugasemda sem menntamálanefnd bárust á 123. löggjafarþingi. Með því er ætlunin að mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hjóðvarp. Af því leiðir að um Ríkisútvarpið munu gilda sérlög. Helsta tilefni endurskoðunar þessara laga nú er setning tilskipunar Evrópusambandsins 97/36/EB sem breytir sjónvarpstilskipun sambandsins 89/552/EBE. Sjónvarpstilskipunin tekur aðeins til sjónvarpsmála en ekki til þeirra þátta er varða hljóðvarp. Telja verður þó æskilegt að láta sömu reglur gilda samkvæmt útvarpslögum um sjónvarp og hljóðvarp eftir því sem við getur átt. Tvær grundvallarreglur tilskipunarinnar eru annars vegar frelsi sjónvarpsstöðva innan hvers aðildarríkis til þess að sjónvarpa til allra annarra aðildarríkja og hins vegar að sjónvarpsútsendingar eru heimilar um allt Evrópska efnahagssvæðið svo framarlega sem útsending er í samræmi við löggjöf útsendingarríkisins.

Mikið var rætt í nefndinni um það nýmæli tilskipunar 97/36/EB sem heimilar hverju aðildarríki EES að gera skrá um tiltekna þýðingarmikla viðburði sem senda skal út í dagskrá sem meginhluti almennings hefur aðgang að þó að sjónvarpsstöð sem selur sérstaklega aðgang að efni sínu hafi keypt einkarétt til sýningar frá þessum viðburðum. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er hugmyndin um upplýsingaþjóðfélagið. Í tilskipuninni er lögð á það áhersla að afar mikilvægt sé að aðildarríkin geti gert ráðstafanir til þess að vernda rétt borgaranna til upplýsingar og tryggja þeim víðtækan aðgang að sjónvarpssendingum frá innlendum og erlendum viðburðum sem hafi mikilsverða þýðingu fyrir viðkomandi þjóðfélag. Í dæmaskyni eru nefndir Ólympíuleikar og heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni landsliða í knattspyrnu. Það er skilningur nefndarinnar að þrjú skilyrði þurfi að uppfylla til beitingar þessari heimild, þ.e. í fyrsta lagi að um mjög þýðingarmikla viðburði sé að ræða, í öðru lagi að meginhluti þjóðarinnar, þ.e. a.m.k. 90%, hafi aðgang að viðburðunum í opinni dagskrá og í þriðja lagi að þetta sé án sérstaks endurgjalds. Heimild þessi verður ekki virk fyrr en umrædd skrá liggur fyrir. Nefndin leggur áherslu á að við undirbúning að gerð slíkrar skrár verði haft samráð við sjónvarpsstöðvar sem starfa hér á landi. Við beitingu þessa ákvæðis skal þess jafnframt gætt að raska ekki samkeppnisstöðu stöðvanna. Þá er það skilningur nefndarinnar að sjónvarpsstöð, sem hefur takmarkaða útbreiðslu og tryggir sér einkarétt á þeim viðburðum sem umrædd skrá tekur til, beri að bjóða réttindin þeim stöðvum sem hafa tilskilda útbreiðslu gegn sanngjörnu endurgjaldi.

Þetta nýmæli mun hafa einhver áhrif á tekjumöguleika sjónvarpsstöðva en þar kemur á móti að um þessa ákveðnu viðburði er vitað með löngum fyrirvara og þá er ótalinn möguleiki á auglýsingatekjum tengdum viðburðunum. Ef Íslendingar nýta sér ekki þetta heimildarákvæði sjónvarpstilskipunarinnar er raunhæf hætta á því að þeir fari á mis við sjónvarp frá mikilvægum innlendum og erlendum íþróttaviðburðum eins og reynslan hefur þegar sýnt

okkur þegar erlend fyrirtæki hafa boðið betur en íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa treyst sér til að bjóða í rétt til sýningar frá íslenskum íþróttaviðburðum. Af þessum ástæðum þykir ekki annað verjandi en að leggja til að fest verði í íslensk lög ákvæði sem gera kleift að tryggja Íslendingum aðgang að sjónvarpssendingum sem sjónvarpsstöðvar í EES-ríkjum hafa keypt rétt á og falla að öðru leyti undir viðkomandi heimildarákvæði í sjónvarpstilskipuninni.

Aðrar breytingar á íslenskri útvarpslöggjöf eru þær helstar að tekin eru upp nánari ákvæði en áður til verndar börnum gegn sjónvarpsefni sem ýmist er talið geta haft alvarleg skaðvænleg áhrif á þroska þeirra eða til þess fallið að hafa slík áhrif. Ákvæði þessi eiga að styrkja gildandi íslensk lög um þetta efni og vera til fyllingar ákvæðum samkeppnislaga. Þá er lagt til að menntamálaráðherra verði heimilað að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi. Stafræn tækni gefur mikla möguleika til betri nýtingar tíðnisviðsins en nú og er þannig m.a. meginforsenda þess að fleiri aðilar eigi þess kost að hefja raunverulega samkeppni. Þannig er miðað við að íslensk útvarpslöggjöf verði opin fyrir hvers konar tækniþróun og í frumvarpinu eru því sérstök ákvæði í VII. kafla um tengsl útvarpslaga og fjarskiptalaga, sérstaklega með hliðsjón af nýtingu ljósleiðaratækni í þágu sjónvarpssendinga.

Að lokum má geta þess að valdsvið útvarpsréttarnefndar er aukið frá því sem verið hefur. Ákvarðanir hennar eru fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði og sæta því ekki stjórnsýslukæru. Ávallt er þó hægt, eðli málsins samkvæmt, að bera slíkar úrlausnir undir dómstóla.

Við lögleiðingu þessa frumvarps verða núgildandi lagaákvæði um Ríkisútvarpið að sérlögum. Fram kom í viðræðum í nefndinni að nauðsynlegt er að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Nefndin leggur áherslu á að þessari vinnu verði hraðað.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á orðalagi síðari málsliðar g-liðar 1. gr. svo að skýrt komi fram að átt sé við réttindi og skyldur tengd fasteignakaupum.
2. Lögð er til breyting á 5. gr. til skýringar á starfssviði útvarpsréttarnefndar og íslenskra stjórnvalda. Hér á landi er það útvarpsréttarnefnd sem hefur fullnaðarúrlausn á stjórnsýslusviði en það kemur hins vegar í hlut ríkisstjórnarinnar að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, um þær ráðstafanir sem íslensk stjórnvöld hyggjast grípa til í samræmi við ákvæði greinarinnar, sbr. ummæli í greinargerð með frumvarpinu.
3. Lagðar eru til breytingar á 6. gr. Í fyrsta lagi er í c-lið 4. mgr. lagt til að jafnframt því sem útvarpsstöðvar geri útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er skuli þær einnig gera nefndinni grein fyrir fyrirhuguðum grundvallarbreytingum á áður kynntri dagskrá. Í öðru lagi er lögð til lagfæring á orðalagi 2. málsl. f-liðar 4. mgr. og að síðustu er lagt til að í 6. mgr. sé tekið sérstaklega fram að ákvarðanir útvarpsréttarnefndar séu fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutverk útvarpsréttarnefndar sé aukið mjög frá því sem áður var. Nauðsynlegt er að skýrt sé kveðið á um að ákvarðanir nefndarinnar séu fullnaðarúrlausnir.
4. Lögð er til breyting á fyrri málslið 1. mgr. 7. gr. Málsliðurinn verður þannig óbreyttur frá gildandi lögum og ekki verða hér gerðar strangari kröfur til útvarpsstöðva en gert er nú.
5. Lagðar eru til lagfæringar á orðalagi 1. málsl. 1. mgr. 8. gr., 11. gr., 21. gr. og 23. gr.
6. Lagðar eru til breytingar á 14. gr., um vernd barna gegn óheimilu efni, m.a. þannig að fylgt er nákvæmar orðalagi tilskipunar 89/552/EBE eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB. Ákvæðið felur þannig í sér skýrari viðmið til verndar börnum.

7. Lagt er til að orðinu „áskriftargjaldi“ sé bætt við upptalningu í 15. gr. Samkvæmt almennri málnotkun hefur orðið afnotagjald verið notað um afnot af Ríkisútvarpi, sjónvarpi en orðið áskriftargjald verið notað um áskrift að lokaðri dagskrá sem myndlykil þarf til að opna. Þessi breyting er einnig í samræmi við aðra orðnotkun frumvarpsins, sbr. ummæli í athugasemdum.
8. Lagt er til að 2. mgr. 35. gr. falli brott. Refsing verður einungis ákveðin með lögum og slík ákvæði þurfa að vera skýr og afdráttarlaus. Ef sett er reglugerð á grundvelli ákveðinna laga leiðir af eðli máls að um viðurlög við brotum gegn ákvæðum hennar fer samkvæmt viðurlagaákvæðum laganna, svo framarlega sem þau ákvæði reglugerðarinnar sem um ræðir teljast hafa fullnægjandi lagastoð. Því verður að telja 2. mgr. 35. gr. óþarfa í lagasetningu.
9. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein, 37. gr., þar sem breytingar eru gerðar á 31. og 32. gr. núgildandi útvarpslaga í samræmi við breyttar aðstæður.

   Í fyrsta lagi er lagt til að 1. mgr. 31. gr. falli brott þar sem ákvæðið var samið fyrir tíma Póst- og fjarskiptastofnunar, Landssímans hf. og nýrra fjarskiptalaga. Í öðru lagi er lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr. 31. gr. Miklar breytingar eru nú á fjarskiptamarkaðnum og þykir eðlilegast að Ríkisútvarpið hafi heimild til að semja við það eða þau fyrirtæki sem hagkvæmast þykir í stað þess að einskorða samninga við Póst- og símamálastofnunina. Hér getur verið um að ræða fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtæki í öðrum rekstri.

   Lagðar eru til þrjár breytingar á 32. gr. Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting á 1. málsl. þannig að í stað Póst- og símamálastofnunarinnar verði talað um fjarskiptafyrirtæki. Í ákvæðinu er Ríkisútvarpinu veitt sama heimild og Póst- og símamálastofnun hafði samkvæmt eldri fjarskiptalögum. Í 48. gr. núgildandi fjarskiptalaga, nr. 107/1999, er fjarskiptafyrirtækjum veitt þessi heimild. Því er framangreind breyting lögð til. Í öðru lagi er lögð til breyting í 3. málsl. á tilvísun í útvarpslög og í þriðja lagi er lögð til orðalagsbreyting í 5. málsl. þar sem eftirlitshlutverkið er nú hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Að síðustu vill nefndin taka fram að hún telur að frágangur málsgreina í frumvarpinu sé ekki í samræmi við þá meginreglu í frágangi frumvarpa að hafa málsgreinar ónúmeraðar. Ekki er rökstutt sérstaklega af hvaða ástæðu málsgreinar eru númeraðar og því verða númer málsgreina felld niður í lokafrágangi verði frumvarpið samþykkt.

Alþingi, 11. apríl 2000.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Kristinn H. Gunnarsson.	Vigdís Hauksdóttir.	Árni Johnsen.

1000. Breytingartillögur [207. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsliður g-liðar orðist svo: Fjarsala tekur hér einnig til fasteigna og þeirra réttinda og skyldna sem um slík kaup gilda.
2. Við 5. gr. C-liður orðist svo: útvarpsréttarnefnd hefur tilkynnt sjónvarpsstöðinni, og íslensk stjórnvöld hafa tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, skriflega um meint brot og þær ráðstafanir sem þau hyggjast grípa til ef um verður að ræða endurtekningu á broti.
3. Við 6. gr.
   a. C-liður 4. mgr. orðist svo: Útvarpsstöðvar skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er, svo og fyrirhugaðri grundvallarbreytingu á áður kynntri dagskrá.
   b. Í stað orðanna „eða leyfisskilmálar hafi verið brotin“ í 2. málsl. f-liðar 4. mgr. komi: eða leyfisskilmálar hafi verið brotnir.
   c. 6. mgr. orðist svo:
      Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar samkvæmt lögum þessum eru fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði og sæta ekki stjórnsýslukæru.
4. Við 7. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.
5. Við 8. gr. Í stað orðanna „sem sýnt er í sjónvarpsstöð“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sem sýnt er á sjónvarpsstöð.
6. Við 11. gr. Í stað orðanna „hafa rétt til andsvara í viðkomandi útvarpsstöð“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: hafa rétt til andsvara á viðkomandi útvarpsstöð.
7. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni.
   Dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna, sbr. 1. mgr., skal jafnframt einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði, er útsendingin nær til, muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út skal fara á undan því munnleg viðvörun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir.
   Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.
8. Við 15. gr. Á eftir orðinu afnotagjaldi komi: áskriftargjaldi.
9. Við 21. gr. Í stað orðanna „og raskar ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar“ í 1. mgr. komi: og raskar ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar.
10. Við 23. gr. Í stað orðanna „Rísi ágreiningur milli stöðva sem fullnægja útbreiðsluskilyrðinu og annarrar sjónvarpsstöðvar“ í upphafi fyrri málsliðar 4. mgr. komi: Rísi ágreiningur milli stöðvar sem fullnægir útbreiðsluskilyrðinu og annarrar sjónvarpsstöðvar.
11. Við 35. gr. 2. mgr. falli brott.
12. Á eftir 36. gr. kemur nýr kafli, XII. kafli, **Breytingar á öðrum lögum**, með einni grein, 37. gr., svohljóðandi:

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á *útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum*:

1. Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:
   a. 1. mgr. fellur brott.
   b. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunina“ í 2. mgr. kemur: aðra aðila.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunin“ í 1. málsl. kemur: fjarskiptafyrirtæki.
   b. Í stað tilvísunarinnar „sbr. 3. gr.“ í 3. málsl. kemur: sbr. ákvæði útvarpslaga.
   c. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunarinnar“ í 5. málsl. kemur: Póst- og fjarskiptastofnunarinnar.

1001. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Kristján Torfason, Karl Axelsson og Sif Guðjónsdóttur frá óbyggðanefnd, Ólaf Björnsson lögmann og Ágúst Þór Bragason, Bjarna Þór Einarsson og Elínu Líndal frá Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Umsagnir um málið bárust frá Bændasamtökum Íslands, Landvernd og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á gildandi lögum sem fela í meginatriðum í sér að nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins af hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd verði lagður á ríkissjóð og að gerðar verði breytingar á málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd. Í þessum tillögum felst m.a. að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins verði gert að lýsa kröfum á undan hagsmunaaðilum á viðkomandi svæði.

Við meðferð málsins hjá nefndinni kom fram ósk um það frá hagsmunaaðilum að gerðar yrðu breytingar á lögunum og sönnunarreglur settar um í hvaða tilvikum land teldist eignarland. Ræddi nefndin þetta sjónarmið nokkuð, einkum með hliðsjón af hlutverki óbyggðanefndar en samkvæmt lögunum er hún sjálfstæð stjórnsýslunefnd og er starfssvið hennar afmarkað í 7. gr. laganna. Þegar lögin voru sett var byggt á því að ekki yrðu settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teldist eignarland í merkingu laganna heldur réðist það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar væru fram í hverju einstöku tilviki. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að áfram verði byggt á því.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 11. gr. Í stað orðanna „6. gr.“ komi: 7. gr.

Hjálmar Jónsson og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Lúðvík Bergvinsson.	Vigdís Hauksdóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.
	Jónína Bjartmarz.	

1002. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur og Elínu Blöndal frá félagsmálaráðuneyti. Þá hafa umsagnir borist um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jafnréttisráði, fjölskylduráði, karlanefnd Jafnréttisráðs, Félagi einstæðra foreldra og Bandalagi háskólamanna.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að laga íslenska löggjöf að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa konum og körlum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Nauðsynlegt er að fá ákvæði um bann við uppsögnum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar inn í íslenskan rétt svo að unnt verði að fullgilda samþykktina, sem er frá árinu 1981, og fullnægja skyldum Íslands samkvæmt henni. Í íslenskum lögum er að finna örfáar undantekningar frá þeirri meginreglu vinnuréttar að atvinnurekandi þurfi ekki að tilgreina ástæður uppsagnar, en þær eru í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, í 7. gr. laga nr. 57/1987, um fæðingarorlof, og í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Verði ákvæði frumvarpsins að lögum er þar með komin ein undantekning til viðbótar frá meginreglunni sem fyrr var getið.

Við umfjöllun málsins komu nefndarmenn með fjölmargar athugasemdir um ýmis hugtök og skilgreiningar í frumvarpinu á borð við uppsögn, náin skyldmenni og búsetu á heimili. Nefndin leggur áherslu á að með frumvarpinu breytist ekki á nokkurn hátt hvað felst í hugtakinu uppsögn. Frumvarpið tryggir ekki að launþegi fái greidd laun í fjarveru frá starfi vegna fjölskylduábyrgðar. Um kaup og kjör gilda samningar á almennum vinnumarkaði og um laun í fjarveru frá starfi fer eftir kjarasamningum viðkomandi starfsmanns, en nauðsynlegt er að skilja að rétt til launa annars vegar og rétt til að halda starfi hins vegar.

Töluverðar umræður urðu einnig í nefndinni um hverjir teldust náin skyldmenni og hvort sanngjarnt væri að takmarka fjölskylduábyrgð starfsmanns við ósjálfráða börn hans. Nefndin lítur svo á að eftir 18 ára aldur verði afkomendur starfsmanns hvort eð er skilgreindir sem náin skyldmenni hans en ekki börn í skilningi frumvarpsins. Því mundi starfsmaður sem væri frá vinnu vegna skyldna sem hann bæri gagnvart fötluðu uppkomnu barni sínu til dæmis falla undir ákvæði frumvarpsins. Þó telur nefndin rétt að taka af öll tvímæli um þetta með því að

fella brott orðið „ósjálfráða“ í 2. mgr. 1. gr. og er breytingartillaga gerð um það. Jafnframt telur nefndin að með maka sé átt við sambúðarmaka jafnt sem eiginmann eða eiginkonu. Fram kom við meðferð málsins að hugtakið náið skyldmenni er í raun skilgreint út frá búsetu. Þarna gæti til dæmis verið átt við fjarskylda aldraða frænku sem byggi á heimili starfsmanns. Það verður að teljast nánast ógerlegt að skilgreina í lögum hverjir teljist vera náin skyldmenni þar sem fjölskyldubönd manna eru misjöfn. Hvað varðar skilyrðið um að barn, maki eða náið skyldmenni verði að búa á heimili starfsmanns telur nefndin að ekki sé hægt að skýra það of þröngt og lítur svo á að hér hljóti að vera átt við þá sem búa eða hafa að jafnaði haft búsetu á heimili starfsmanns. Þannig sé til dæmis ekki hægt að segja manni upp störfum vegna þess að hann sé frá vinnu vegna skyldna gagnvart nánum ættingja sem liggur á sjúkrahúsi eða fötluðu barni sem vistað er á sérstöku heimili. Nefndin velti því einnig fyrir sér hvaða önnur tilvik en veikindi og fötlun gætu komið til greina við beitingu ákvæðisins og lítur svo á að það verði að skýra þröngt þannig að um sé að ræða tilvik sem jafnað verði til veikinda eða fötlunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Orðið „ósjálfráða“ í 2. mgr. falli brott.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Jónína Bjartmarz.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Kristján L. Möller.
Vigdís Hauksdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	

1003. Fyrirspurn [615. mál]

til umhverfisráðherra um notkun íslenskra veðurhugtaka.

Frá Halldóri Blöndal.

Hyggst ráðherra fela Veðurstofu Íslands að nota íslensku hugtökin logn, hægur vindur, andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi, stinningskaldi, allhvass vindur, hvassviðri, stormur, rok, ofsaveður og fárviðri eins og við á í veðurlýsingum og veðurspám í ljósvaka- og prentmiðlum samhliða metrum á sekúndu þegar lýst er veðurhæð í samræmi við vilja meiri hluta Alþingis þegar greidd voru atkvæði um tillögugrein þingsályktunartillögu um notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands á fundi Alþingis 12. apríl sl.?

1004. Nefndarálit [484. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eggert J. Hilmarsson og Björn Rúnar Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Garðar Sverrisson og Helga Seljan frá Öryrkjabandalagi Íslands og Indriða H. Þorlákssyni ríkisskattstjóra.

Í frumvarpi þessu er lagt til að hækkun persónuafsláttar fylgi umsömdum almennum launahækkunum á vinnumarkaði á tímabilinu 2000–2003 í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þess efnis, dags. 10. mars 2000. Er gert ráð fyrir að hækkun persónuafsláttar og skattleysismarka sem lögð er til komi fram í áföngum frá og með 1. apríl á þessu ári til ársins 2003.

Þar sem einungis hluti vinnumarkaðarins hefur nú gert kjarasamninga til lengri tíma og endurskoða á þá 1. febrúar ár hvert með hliðsjón af launaþróun og þeim kjarasamningum sem á eftir koma er ljóst að almennar umsamdar launahækkanir geta orðið aðrar en liggja til grundvallar því sem kveðið er á um í frumvarpinu. Verði þróun almennra launahækkana frábrugðin þessum forsendum er ljóst að þróun persónuafsláttar hlýtur að koma til umfjöllunar Alþingis á ný.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram það sjónarmið fulltrúa Öryrkjabandalags Íslands að persónuafsláttur ætti að fylgja launavísitölu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Kristinn H. Gunnarsson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Hjálmar Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.

Ögmundur Jónasson.

1005. Breytingartillaga [223. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Í stað orðsins „þriðja“ í 2. málsl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: öðru.

1006. Frumvarp til laga [261. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

(Eftir 2. umr., 12. apríl.)

1. gr.

A-liður 13. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgara í ríkjum sem eiga aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, hafi þeir fengið dvalarleyfi eða afhent skráningaryfirvaldi norrænt flutningsvottorð. Hið sama gildir um maka Íslendinga eftir því sem við á.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þeir sem koma fram á næturklúbbum falla ekki undir þessa undanþágu.

Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu skv. 1. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1007. Frumvarp til laga [328. mál]

um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. apríl.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Útlendingur sem kemur til landsins skal, nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur, hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki.

Útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur. Þetta gildir ekki um útlending með dvalarleyfi útgefið af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Sama á einnig við um útlending með bráðabirgðadvalarleyfi útgefið af þátttökuríki í samstarfinu, enda hafi hann einnig ferðaskilríki útgefið af sama ríki.

Vegabréfsáritun útgefin af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu hefur gildi hér á landi ef það kemur fram í árituninni.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun þegar farið er um flugvöll.

Samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur má gefa út sérstök ferðaskilríki handa útlendingi sem ekki getur með öðrum hætti aflað sér vegabréfs eða annars kennivottorðs.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Einnig skal hver sá sem fer af landi brott gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Þetta gildir þó ekki um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra hefur ákveðið með auglýsingu. Með leyfi hlutaðeigandi lögreglustjóra má víkja frá þessu. Einnig er heimilt að fara yfir innri landamæri Schengen-svæðisins utan viðurkenndra landamærastöðva.

Í reglum sem dómsmálaráðherra setur skal nánar kveðið á um landamæraeftirlit og heimild til að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldu stjórnanda loftfars sem kemur til landsins eða fer þaðan, svo og stjórnanda skips sem siglir yfir mörk landhelginnar á leið til eða frá íslenskri höfn, til að láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn.

4. gr.

Við 4. gr. laganna, sbr. lög nr. 133/1993, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að semja við önnur ríki sem taka þátt í Schengen-samstarfinu um að sendiráð þeirra eða ræðismenn gefi út vegabréfsáritun.

5. gr.

2. og 3. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Útlendingum með dvalarleyfi útgefið af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu er óheimilt án sérstaks leyfis að dvelja hér lengur en þrjá mánuði. Sama á við um útlending með bráðabirgðadvalarleyfi útgefið af þátttökuríki í samstarfinu, enda hafi hann einnig ferðaskilríki útgefið af sama ríki.

Öðrum útlendingum en greinir í 1. og 2. mgr. er óheimilt án sérstaks leyfis að dvelja hér lengur en þrjá mánuði á sex mánaða tímabili frá þeim degi þegar þeir komu fyrst til landsins eða ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingar megi dvelja hér lengur ef um það hefur verið samið við önnur ríki.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
   8. Ef hann getur ekki framvísað gögnum til staðfestingar á tilgangi dvalar og aðstæðum meðan á dvöl stendur.
   9. Ef hann er skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði meinuð landganga.
   10. Ef hann telst geta ógnað allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskiptum ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. að því er varðar útlending sem hefur dvalarleyfi eða vegabréfsáritun útgefna af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

7. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Útlendingur sem færður er úr landi samkvæmt lögunum skal greiða kostnað af brottför sinni. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað af gæslu eða fylgd með honum úr landi þegar þörf er á slíkum ráðstöfunum vegna þess að útlendingurinn fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Krafan er aðfararhæf og hún getur að auki verið grundvöllur þess að útlendingi verði síðar meinuð landganga. Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendings til notkunar við brottför.

Nú er útlendingi, sem komið hefur til landsins með skipi eða loftfari, meinuð landganga skv. 10. gr. og skal þá eigandi farsins eða leigutaki, og á þeirra vegum stjórnandi þess eða umboðsmaður hér á landi, annaðhvort taka útlendinginn um borð á ný eða flytja hann úr landi á annan hátt eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Á sama hátt er þeim skylt að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað af fylgd með útlendingnum úr landi ef lögreglan telur þess þörf.

Kostnaður við að færa útlending úr landi sem ekki fæst greiddur skv. 1. eða 2. mgr. greiðist úr ríkissjóði.

Ábyrgð skv. 2. mgr. og 2. mgr. 3. gr. gildir ekki þegar farið er um innri landamæri Schengen-svæðisins.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað 4. og 5. tölul. 2. mgr. koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
4. Kemur til landsins eða fer úr landi utan landamærastöðva eða afgreiðslutíma þeirra.
5. Hjálpar útlendingi til að dvelja ólöglega hér á landi eða aðstoðar hann í hagnaðarskyni við að dvelja ólöglega í ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.
6. Hjálpar útlendingi við að koma ólöglega til landsins eða aðstoðar hann í hagnaðarskyni við að komast ólöglega til annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

b. 6. tölul. 2. mgr. verður 7. tölul.

c. Við bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svohljóðandi:
Nú er útlendingur fluttur til landsins án þess að hafa fullnægjandi ferðaskilríki og er þá heimilt að gera eiganda flutningsfars, leigutaka eða stjórnanda þess sekt. Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera honum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

d. 4. mgr. (er verður 5. mgr.) orðast svo:
Sá sem á hlutdeild í því að útlendingur kemst ólöglega inn í landið skal, auk refsiábyrgðar, skyldur til að greiða þann kostnað sem fellur á hið opinbera vegna ólöglegrar dvalar útlendingsins hér á landi og heimsendingar hans.

9. gr.

Við 19. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að veita erlendum stjórnvöldum upplýsingar um útlendinga vegna beiðni um dvalarleyfi, vegabréfsáritun eða hæli að því marki sem nauð-

synlegt er til að fullnægja skuldbindingum Íslands vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skulu veittar skv. 2. mgr. og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 25. mars 2001.

1008. Frumvarp til laga [405. mál]

um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

(Eftir 2. umr., 12. apríl.)

I. KAFLI
Orðskýringar og almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

a. *Varnarsamningurinn:* Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og viðbætir við hann um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 8. maí 1951 sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951.

b. *Afleiddir samningar:* Samningar milli Íslands og Bandaríkjanna sem byggðir eru á varnarsamningnum samkvæmt orðanna hljóðan eða eðli máls.

c. *Varnarliðið:* Liðsmenn í varnarstöð Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurflugvelli úr herliði Bandaríkjanna og starfslið sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi heldur dveljist þar vegna framkvæmdar varnarsamningsins, og skyldulið þeirra. Til varnarliðsins teljast einnig liðsmenn herafla annarra aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins sem uppfylla sömu skilyrði. Þá teljast til varnarliðsins í skilningi laga þessara einstakar samningsstofnanir herliðs Bandaríkjanna, hvort heldur sjóhers, landhers eða flughers, og aðrir aðilar er fara með gerð samninga fyrir bandarísk stjórnvöld vegna varnarliðsins og starfsemi því tengdri, hvort sem þau eru staðsett hér á landi eða í öðrum löndum.

d. *Verksamningar:* Samningar íslenskra aðila við varnarliðið um framkvæmdir á Íslandi í þágu varna landsins sem unnar eru á kostnað Bandaríkjanna og/eða Atlantshafsbandalagsins.

e. *Samningar um kaup á vöru:* Samningar við varnarliðið um kaup á vöru af hendi íslenskra aðila.

f. *Samningar um kaup á þjónustu:* Samningar við varnarliðið um kaup á þjónustu af hendi íslenskra aðila.

g. *Starfssamningar:* Vinnuréttarsamningar íslenskra aðila við varnarliðið.

h. *Forval:* Opið forval til vals hæfra bjóðenda eftir auglýsingu utanríkisráðuneytisins.

i. *Samningstilkynning:* Tilkynning varnarliðsins um lausa samninga á grundvelli varnarsamningsins eða afleiddra samninga.

j. *Íslensk fyrirtæki:* Fyrirtæki, óháð rekstrarfyrirkomulagi, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
   1. Eru skráð á Íslandi og starfrækja höfuðstöðvar sínar hér á landi.
   2. Eru landfræðilega staðsett á Íslandi og lúta íslenskri lögsögu.
   3. Fyrirsvarsmenn og lykilstarfsfólk fyrirtækjanna eru búsett á Íslandi.
   4. Önnur skilyrði sem leiðir af einstökum afleiddum samningum, eftir því sem við á.

   Heimilt er eftir eðli máls og í ljósi þeirra verkefna sem um ræðir í hverju tilviki að setja enn fremur skilyrði um að:
   1. Meiri hluti stjórnarmanna fyrirtækjanna sé búsettur á Íslandi.
   2. Allt að 50 af hundraði veltu fyrirtækjanna sé af starfsemi þeirra á Íslandi.
   3. Allt að 80 af hundraði starfsliðs fyrirtækjanna sé búsett á Íslandi.

k. *Tengdir aðilar:* Fyrirtæki eða einstaklingar sem falla undir eftirfarandi skilgreiningu:
   1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
   2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
   3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum, enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

l. *Íslenskir aðilar:* Íslensk fyrirtæki og einstaklingar.

m. *Tilnefning íslenskra aðila:* Tilkynning íslenskra stjórnvalda til varnarliðsins um þau íslensku fyrirtæki eða einstaklinga sem heimilt er að semja við skv. 2.–4. tölul. 6. gr. viðbætis við varnarsamninginn og ákvæðum afleiddra samninga.

n. *Varnarsvæði:* Landsvæði þau sem íslensk stjórnvöld hafa lagt til varna landsins og lýst hafa verið samningssvæði samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins og utanríkisráðherra fer með yfirstjórn á, sbr. ákvæði laga nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., og ákvæði 10. tölul. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Ekkert ákvæði laga þessara skal skýrt þannig að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenskum málefnum.

Ef brýnir öryggishagsmunir krefjast skal utanríkisráðherra heimilt að víkja frá málsmeðferðarreglum laga þessara.

3. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til allra samninga milli íslenskra aðila og varnarliðsins sem byggjast á ákvæðum varnarsamningsins og afleiddra samninga. Til samninga í þessum skilningi teljast allir samningar, hverju nafni sem nefnast, þar með taldir verksamningar, samningar um kaup á vöru, samningar um kaup á þjónustu og starfssamningar.

4. gr.

Meginreglur.

Utanríkisráðuneytið tekur á móti öllum samningstilkynningum varnarliðsins sem í felst beiðni um tilnefningu íslenskra aðila. Heimild íslenskra aðila til samninga við varnarliðið er bundin því skilyrði að þeir hljóti tilnefningu utanríkisráðuneytisins sem samningsaðilar, í samræmi við ákvæði gildandi milliríkjasamninga, sbr. nánar II. og III. kafla laga þessara. Utanríkisráðherra er þó heimilt í reglugerð að undanþiggja minni háttar samninga þessu skilyrði.

Samningar íslenskra aðila við varnarliðið, sem gerðir eru án undanfarandi tilnefningar, eru ógildir. Sama gildir ef forsendur tilnefningar bresta á samningstíma eða ef tilnefnd fyrirtæki brjóta gegn ákvæðum 3. mgr. 8. gr. Samningar íslenskra og erlendra aðila við varnarliðið sem stríða gegn ákvæðum varnarsamningsins eða afleiddra samninga eru enn fremur ógildir.

Utanríkisráðherra úrskurðar um gildi samninga skv. 2. mgr.

Óheimilt er að vinna verk, flytja inn eða selja vöru, eða selja þjónustu eða vinnu á grundvelli samninga sem utanríkisráðherra hefur úrskurðað ógilda skv. 3. mgr. Þá er óheimilt að tollafgreiða vöru eða hafa milligöngu um greiðslu til eða frá útlöndum fyrir vöru eða þjónustu sem innt er af hendi á grundvelli slíkra samninga.

II. KAFLI

Starfssamningar.

5. gr.

Starfsauglýsingar og mat umsókna.

Utanríkisráðuneytið auglýsir laus störf hjá varnarliðinu og tekur á móti umsóknum um þau, sbr. 4. tölul. 6. gr. viðbætis við varnarsamninginn. Ráðuneytið tilnefnir hæfa umsækjendur með hliðsjón af öryggishagsmunum.

6. gr.

Skipan og starfsemi kaupskrárnefndar.

Íslenskir starfsmenn varnarliðsins á Íslandi skulu búa við sambærileg starfskjör og aðrir íslenskir launamenn. Utanríkisráðherra skipar kaupskrárnefnd sem úrskurðar um ráðningarkjör, launakjör og vinnuskilyrði íslenskra starfsmanna varnarliðsins þar sem varnarliðið er ekki aðili að kjarasamningum.

Kaupskrárnefnd skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn. Einn skal skipaður að fenginni tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar að fenginni tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og formaður án tilnefningar. Úrskurðir kaupskrárnefndar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi, nema í þeim tilvikum þar sem utanríkisráðherra heimilar í reglugerð kæru til kærunefndar kaupskrárnefndar.

Utanríkisráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipan, starfshætti og viðmiðunarreglur kaupskrárnefndar og kærunefndar kaupskrárnefndar.

III. KAFLI
Verksamningar og samningar um kaup á vöru eða þjónustu.

7. gr.
Skipan og starfsemi forvalsnefndar.

Sérstök forvalsnefnd er utanríkisráðuneytinu til aðstoðar við meðferð annarra samninga en starfssamninga.

Forvalsnefnd skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fulltrúa utanríkisráðuneytisins sem formann nefndarinnar og tvo sérfróða menn á sviði útboða og samningsgerðar til viðbótar. Úrskurðum nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Utanríkisráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipan, starfshætti og viðmiðunarreglur forvalsnefndar.

8. gr.
Verklagsreglur við mat samninga.

Utanríkisráðuneytið metur samningstilkynningar varnarliðsins í samráði við forvalsnefnd með hliðsjón af öryggishagsmunum og tilgreinir þau skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla til að teljast íslensk fyrirtæki, sbr. ákvæði j-liðar 1. gr., þar með talin sértæk skilyrði sem leiða kann af einstökum afleiddum samningum. Ráðuneytið auglýsir opið forval íslenskra viðskiptaaðila með hæfilegum fyrirvara og á áberandi hátt þar sem fram koma almenn og sértæk skilyrði, nema ákvæði 9. gr. eigi við.

Að loknum forvalsfresti skal forvalsnefnd leggja mat á þá aðila sem tekið hafa þátt í forvalinu og velja hæfa aðila. Þeir skulu vera íslensk fyrirtæki, hafa viðhlítandi verkreynslu á samningssviðinu og tæknilega getu, tækjabúnað og nægilega fjárhagslega burði til að efna þann samning sem í boði er. Við mat á fyrirtækjum ber enn fremur að taka mið af íslenskum öryggishagsmunum og almennum öryggissjónarmiðum. Einnig skal ganga úr skugga um að fyrirtæki uppfylli sérstakar kröfur sem kann að leiða af einstökum afleiddum samningum. Utanríkisráðuneytið tilnefnir hæfa aðila samkvæmt ákvörðun forvalsnefndar til varnarliðsins.

Tilnefndum fyrirtækjum er óheimilt að hafa samráð um tilboðsgerð við önnur fyrirtæki, sbr. ákvæði 10. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Tengdum aðilum er óheimilt að taka þátt í sama útboði vegna samninga við varnarliðið.

Við framkvæmd forvals skal að öðru leyti byggt á verklagsreglum laga og reglugerða um opinber innkaup, eftir því sem við getur átt.

9. gr.
Undantekningar frá forvalsskyldu.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er utanríkisráðuneytinu heimilt, að fenginni umsögn forvalsnefndar, að víkja frá skyldunni um opið forval og tilnefna viðskiptaaðila án forvals þegar um sérstakar gerðir samninga er að ræða. Þetta gildir um eftirfarandi tilvik:

1. Þegar ljóst er að aðeins einn aðili uppfyllir nauðsynleg skilyrði.
2. Þegar um er að ræða samninga sem stafa af þeim lagaskyldum sem á sveitarfélög eru lagðar að íslenskum rétti og varnarliðinu ber að sinna fyrir hönd íbúa á varnarsvæðunum.
3. Þegar um er að ræða samninga sem lúta að verkframkvæmd eða þjónustu sem felur í sér aðgang að trúnaðarupplýsingum í ríkum mæli og öryggishagsmunir mæla gegn forvali.

Heimilt er utanríkisráðherra í reglugerð að kveða á um frekari undanþágur frá forvalsskyldu ef sérstakar ástæður mæla með því.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.
Aðgangur og umferð um varnarsvæði.

Aðgangur að varnarsvæðunum er þeim einum heimill sem þangað eiga lögmæt erindi og hafa gilda aðgangsheimild, útgefna af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði loftferðalaga. Heimilt er að takmarka eða synja um aðgangsheimild af öryggisástæðum eða ef allsherjarregla krefst þess.

Utanríkisráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um för manna inn og út af varnarsvæðunum og um dvöl manna á þeim. Brot á reglunum varða tímabundinni sviptingu aðgangsheimildar samkvæmt ákvörðun sýslumanns eða varanlegri við ítrekuð brot. Sérlega alvarleg brot varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

11. gr.
Undanþága varnarliðsins frá sköttum og gjöldum.

Varnarliðið skal undanþegið sköttum og gjöldum með þeim hætti sem greinir í 7. gr. viðbætis við varnarsamninginn, sbr. og 48. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Að fenginni staðfestingu utanríkisráðherra nær undanþága þessi einnig til erlendra fyrirtækja sem starfa einvörðungu innan varnarsvæðanna og reka þar starfsemi í þágu varnarliðsins. Þá skal starfsemi Ratsjárstofnunar undanþegin sköttum og gjöldum á sama hátt. Einstakir liðsmenn varnarliðsins og skyldulið njóta tekju- og eignarskattsfrelsis, sbr. 1. tölul. 7. gr. viðbætis við varnarsamninginn, en greiða óbeina skatta og gjöld eins og menn heimilisfastir á Íslandi, sbr. 1. tölul. 6. gr. viðbætisins, þó með þeim undanþágum sem leiðir af 8. gr. hans og endurgreiðsluheimild 43. gr. laga um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 60/1943, um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, og lög nr. 99/1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýst af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal utanríkisráðuneytinu heimilt að tilnefna verktaka til samninga við varnarliðið án forvals og með óbreyttum kjörum vegna verklegra framkvæmda sem greiddar eru af bandarískum stjórnvöldum, í samræmi við samninga Íslands og Bandaríkjanna þar að lútandi.

II.

Áður en samningar við varnarliðið, sem getið er um í lögum þessum og gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna og ekki sætt forvalsmeðferð, koma til framlengingar er heimilt, að tillögu forvalsnefndar, að ákveða að fram skuli fara forval og hæfir aðilar tilnefndir skv. III. kafla laganna. Sé þessi heimild nýtt gilda ákvæði 4. gr., svo og önnur ákvæði laganna eftir því sem við á.

1009. Lög [198. mál]

um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 231.

1010. Frumvarp til laga [359. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (vitnavernd, barnaklám o.fl.).

(Eftir 2. umr., 12. apríl.)

1. gr.

Á eftir orðinu „kjörbörn“ í 3. mgr. 25. gr. laganna kemur: barnabörn.

2. gr.

50. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1985, fellur brott.

3. gr.

Við 5. mgr. 57. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi dómfelldi ekki verið viðstaddur uppsögu héraðsdóms getur dómari falið lögreglu að kynna honum skilyrði og afleiðingar skilorðsrofa um leið og dómur er birtur.

4. gr.

Við 1. mgr. 70. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

9. Hvort hann hefur upplýst um aðild annarra að brotinu.

5. gr.

Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fyrningarfrestur vegna refsiábyrgðar lögaðila er 5 ár.

6. gr.

108. gr. laganna orðast svo:

Hver sem beitir annan mann eða nána vandamenn hans eða aðra honum tengda líkamlegu ofbeldi, ólögmætri nauðung eða hótun skv. 233. gr. vegna skýrslugjafar hans hjá lögreglu eða fyrir dómi skal sæta fangelsi allt að 6 árum eða sektum ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 210. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing þó orðið fangelsi allt að 2 árum.

b. 4. mgr., sbr. 1. gr. laga nr. 126/1996, orðast svo:
Hver sem flytur inn eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að flytja inn eða hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

8. gr.

2. mgr. 256. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 42/1985, fellur brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1011. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um starfsréttindi tannsmiða.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Írisi Bryndísi Guðnadóttur, Bryndísi Kristinsdóttur og Bjarna R. Jónsson frá Tannsmiðafélagi Íslands, Bolla Valgarðsson, Þóri Schiöth og Guðjón Kristleifsson frá Tannlæknafélagi Íslands, Sigurð Guðmundsson og Hólmfríði Guðmundsdóttur frá landlæknisembættinu, Reyni Jónsson frá Tryggingastofnun ríkisins og Peter Holbrook, Einar Ragnarsson og Elínu Sigurgeirsdóttur frá tannlæknadeild Háskóla Íslands. Jafnframt bárust gögn og umsagnir um málið frá iðnaðarráðuneyti, Tannlæknafélagi Íslands, landlæknisembættinu, Félagi íslenskra tannfræðinga, fulltrúum Háskóla Íslands og tannlæknadeildar Háskóla Íslands í stjórn Tannsmiðaskóla Íslands, fulltrúum Tannsmiðafélags Íslands og Félags íslenskra tannsmíðaverkstæðiseigenda í stjórn Tannsmiðaskóla Íslands, Tannsmiðafélagi Íslands, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Samtökum iðnaðarins, Samkeppnisstofnun, Landssambandi eldri borgara, Tryggingastofnun ríkisins og Félagi tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna. Þá var málið sent heilbrigðis- og trygginganefnd til umsagnar sem skilaði umsögn um heilbrigðisþátt þess (sjá fylgiskjal).

Í frumvarpinu er lagt til að tannsmiðum með meistararéttindi verði veittur réttur til að vinna sjálfstætt í iðngrein sinni án þess að þurfa að treysta á úthlutun verkefna frá tannlæknum. Í þessu skyni verður þeim gert skylt að sækja námskeið til starfsréttinda eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðherra. Gert er ráð fyrir að hér verði um að ræða 133 tíma námskeið sem taki alls um fjórar vikur. Fyrirhugað er að þar verði m.a. kennd grunnatriði í meinafræði munnhols, sem og mótataka og mátun. Í frumvarpinu segir jafnframt að iðnaðarráðherra geti skyldað þá tannsmiði með meistararéttindi sem öðlast starfsréttindi samkvæmt ákvæðum þess til að vinna ákveðinn hluta starfs síns í samráði við tannlækni. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að í iðnaðarráðuneytinu er fyrirhugað að takmarka rétt tannsmiða samkvæmt frumvarpinu með reglum þannig að ef einhverjar tennur eru í munnholi viðskiptavinar verður tannsmiður að hafa samráð við tannlækni við smíði tanngóms eða tannparts fyrir viðkomandi viðskiptavin.

Í frumvarpinu er það gert að skilyrði fyrir því að tannsmiðir með meistararéttindi geti starfað sjálfstætt að ekki séu sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka

viðskiptavinar. Mikið var rætt um sjúkdóma í munnholi, einkum krabbamein, við meðferð málsins í nefndinni og töluverðar umræður urðu um það hver ætti að meta hvort þessi skilyrði væru fyrir hendi. Bent var á að tannlausir einstaklingar sem kunna að greinast með sjúkdóma á borð við krabbamein í munnholi fara að jafnaði ekki til tannlæknis að eigin frumkvæði heldur leita aðstoðar tannsmiðs milliliðalaust. Niðurstaðan var sú að eðlilegt væri að gera þá kröfu að viðskiptavinur tannsmiðs framvísaði vottorði læknis um að munnhol hans væri heilbrigt og ósýkt áður en vinna tannsmiðsins gæti hafist, og gerir nefndin breytingartillögu þessa efnis við 1. gr. frumvarpsins. Nánari útfærsla á því hversu lengi slíkt vottorð mundi gilda væri síðan í höndum ráðuneytis, en til viðmiðunar má nefna að í Danmörku er krafist nýs vottorðs ef fleiri en sex mánuðir hafa liðið frá dagsetningu vottorðs þegar smíði tanngóms hefst.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tannsmiðir með meistararéttindi geti á eigin ábyrgð smíðað og gert við tanngóma og tannparta. Af hálfu Tannlæknafélags Íslands og tannlæknadeildar Háskóla Íslands voru verulegar athugasemdir gerðar við þá tilhögun að tannsmiðir gætu smíðað tannparta á eigin ábyrgð. Hefðbundnir tannpartar hafa stálgrind með krókum og festingum sem bindast aðliggjandi tönnum sem þarf að slípa til áður en smíðin sjálf getur hafist. Slík slípun er einungis framkvæmd af tannlækni. Jafnframt var á það bent að í Danmörku hafa klíniskir tannsmiðir eingöngu heimild til sjálfstæðrar vinnu á eigin ábyrgð við heilgómagerð, en ekki við tannpartagerð. Því gerir nefndin það að tillögu sinni að 1. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að við smíði tannparta þurfi tannsmiðir að starfa í samvinnu við tannlækni. Tannsmiðum verður þá ekki heimilt að vinna sjálfstætt að frumsmíði tannparta heldur verður heimild þeirra til sjálfstæðrar vinnu við tannparta takmörkuð við viðgerð þeirra. Nefndin telur hins vegar eðlilegt að tannsmiðir geti sjálfir annast töku móta og mátun við smíði heilgóma. Ef mótataka og mátun ættu skilyrðislaust að heyra undir tannlækni væri verulega vegið að tannsmiðum og starfsgrundvelli þeirra þar sem töluverðar líkur væru á að viðkomandi tannlæknir mundi þá bjóða upp á áframhaldandi þjónustu, þ.e. smíði tanngóms.

Talsvert hefur verið um það rætt hvort tannsmiðir eigi að flokkast sem heilbrigðisstétt eða sem iðnstétt eins og verið hefur. Tannsmíði er í eðli sínu iðngrein og tannsmiðir vilja sjálfir flokkast sem iðnstétt. Nefndin lítur svo á að eðlilegt sé að tannsmiðir teljist eftir sem áður til iðnstétta og bendir á að tekið er á snertifleti iðngreinarinnar við heilbrigðisstéttir með ákvæðum frumvarpsins um að tannsmiðir þurfi að sækja námskeið til að öðlast starfsréttindi og heimild til að setja reglur um að hluti af starfi þeirra skuli unninn í samvinnu við tannlækni. Jafnframt hafa tannsmiðir sjálfir lýst því yfir að þeir sjái enga meinbugi á því að heilbrigðisráðuneyti setji reglur um sóttvarnir og starfsaðstöðu þeirra tannsmiða sem lokið hafa fyrirhuguðu námskeiði til starfsréttinda. Til þess að taka af allan vafa um tengsl tannsmiða við heilbrigðisstéttir gerir nefndin breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að iðnaðarráðherra verði skylt að setja reglur um að hluti af starfi tannsmiða skuli unninn í samstarfi við tannlækni, sem og reglur um skilyrði starfsleyfa tannsmiða, m.a. um eftirlit landlæknis með tannsmiðum, og hafa við það samráð við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Nefndin lítur svo á að það muni leiða til aukinnar samkeppni milli tannlækna og tannsmiða verði tannsmiðum veitt aukin starfsréttindi. Samkeppnin mundi hafa í för með sér aukið hagræði og töluverðan sparnað fyrir ríkissjóð jafnt sem einstaklinga, einkum aldraða sem þurfa oft og tíðum að bera háan tannsmíðakostnað.

Til þessa hafa íslenskir tannsmiðir ekki borið faglega ábyrgð á verkum sínum heldur hafa þeir tannlæknar sem tannsmiðir hafa átt í samstarfi við verið ábyrgir fyrir vinnu þeirra. Með því að tannsmiðum verði veitt heimild til að starfa sjálfstætt er fagleg ábyrgð á öllum þáttum þeirrar vinnu lögð þeim á herðar. Nefndin lítur svo á að aukinni ábyrgð hljóti að fylgja vönd-

uð vinnubrögð og telur æskilegt að meistarar í tannsmíði geti að mestu leyti starfað sjálfstætt og á eigin ábyrgð að starfsgrein sinni. Nefndin bendir jafnframt á að með reglugerð og eftirliti iðnaðarráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði tannsmiðum búin sanngjörn og eðlileg starfsskilyrði.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Árni R. Árnason skrifar undir álitið með fyrirvara. Ásta R. Jóhannesdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara og mun leggja fram breytingartillögu í samræmi við meðfylgjandi álit heilbrigðis- og trygginganefndar.

Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2000.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Drífa Hjartardóttir.
Pétur H. Blöndal.	Árni Steinar Jóhannsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Árni R. Árnason, með fyrirvara.		Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Umsögn heilbrigðis- og trygginganefndar.
(7. apríl 2000.)

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um starfsréttindi tannsmiða, 210. mál, í samræmi við bréf iðnaðarnefndar frá 15. mars sl.

Nefndin fékk á sinn fund vegna málsins Bjarna Róbert Jónsson og Bryndísi Kristjánsdóttur frá Tannsmiðafélagi Íslands, Bolla Valgarðsson og Kristínu Heimisdóttur frá Tannlæknafélagi Íslands, Hrafn V. Tulinius frá Krabbameinsfélagi Íslands, Matthías Halldórsson og Hólmfríði Guðmundsdóttur frá landlæknisembættinu og Reyni Jónsson frá Tryggingastofnun ríkisins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tryggður verði réttur tannsmiða með meistararéttindi til að geta starfað sjálfstætt í grein sinni, sem er löggilt iðngrein, við smíði og viðgerðir á tanngómum og tannpörtum og þá unnið á eigin ábyrgð við töku móta og mátun til að geta sinnt starfi sínu.

Eftir viðræður við framangreinda aðila hefur nefndin komist að eftirfarandi niðurstöðum:

1. Lagt er til að starfsemi tannsmiða, sem öðlast hafa meistararéttindi, verði háð starfsleyfi frá heilbrigðisyfirvöldum. Umrædd starfsemi tannsmiða varðar heilbrigði fólks og því telur nefndin nauðsynlegt að skýr tenging verði við heilbrigðisstéttina. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að landlæknir hafi eftirlit með þessari starfsemi jafnframt annarri heilbrigðisstarfsemi og því geti tannsmiðir ekki alfarið heyrt undir iðnaðarlöggjöfina.

2. Lagt er til að heilbrigðisvottorð tannlæknis liggi fyrir áður en tannsmiðir hefjist handa við vinnu í munnholi sjúklings. Þannig væri það á ábyrgð tannlæknis að meta almennt ástand munnhols.
3. Lagt er til að tannsmiðir vinni ekki að gerð tannparta á eigin ábyrgð. Við tannpartagerð reynir, að mati nefndarinnar, á sérhæfða þekkingu sem tannlæknar einir hafa, svo sem á slípun tanna.
4. Að lokum er lögð til breyting á 3. málsl. 3. gr. frumvarpsins, í samræmi við 1. tölul. Málsliðurinn orðist svo: Iðnaðarráðherra skal, að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, setja reglur um að hluti af starfi tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækni og reglur um skilyrði starfsleyfis.

1012. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um starfsréttindi tannsmiða.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorði, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.
2. Við 3. gr. 3. málsl. orðist svo: Ráðherra skal, að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, setja reglur um að hluti af starfi tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækni og reglur um skilyrði starfsleyfis, m.a. eftirlit landlæknis.

1013. Breytingartillaga [484. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Í stað fjárhæðarinnar „319.056“ komi: 320.616.

1014. Fyrirspurn [616. mál]

til félagsmálaráðherra um umönnunargreiðslur og greiðslur til stuðningsfjölskyldna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvernig hafa greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna annars vegar og umönnunargreiðslur vegna fatlaðra og langveikra barna hins vegar þróast frá 1. janúar 1994 sem hlutfall af meðallaunum verkamanna samkvæmt gögnum kjarasamninga, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

1015. Fyrirspurn [617. mál]

til fjármálaráðherra um skattalega stöðu einstaklingsreksturs.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Er ætlun ráðherra að beita sér fyrir breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að einstaklingar með atvinnurekstur á eigin kennitölu geti fært reksturinn yfir á kennitölu lögaðila og miðað yfirfærslu eignanna við skattalegt bókfært verð atvinnurekstrar síns?

1016. Svar [459. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um barnabætur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs til barnabóta og barnabótaauka árlega frá og með árinu 1991, sundurgreint á eftirfarandi hátt:

a. barnabætur (ótekjutengdar) sem hlutfall og í millj. kr.,
b. barnabætur (tekjutengdar) sem hlutfall og í millj. kr.,
c. barnabætur alls í millj. kr.,
d. barnabætur alls sem hlutfall af vergri landsframleiðslu,
e. barnabætur alls á föstu verðlagi, samkvæmt vísitölu?

Barnabætur og barnabótaauki 1991–99.

Í milljónum kr.	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998[1]	1999[1]
Barnabætur:[2]									
Barnabætur	3.623	2.505	2.522	2.584	2.635	2.684	2.693	4.078	3,779
Barnabótaauki	1.197	1.786	1.817	1.884	1.959	2.102	1.878	–	–
Barnabætur alls	**4.819**	**4.291**	**4.339**	**4.468**	**4.594**	**4.786**	**4.571**	**4.078**	**3,779**
Hlutfallsleg skipting:									
Barnabætur	75%	58%	58%	58%	57%	56%	59%	100%	100%

Í milljónum kr.	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998[1]	1999[1]
Barnabótaauki	25%	42%	42%	42%	43%	44%	41%	0%	0%
Samtals	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**	**100%**
Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu:[3]									
Barnabætur	0,9%	0,6%	0,6%	0,6%	0,6%	0,6%	0,5%	0,7%	0,6%
Barnabótaauki	0,3%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,4%	0,0%	0,0%
Samtals	**1,2%**	**1,1%**	**1,1%**	**1,0%**	**1,0%**	**1,0%**	**0,9%**	**0,7%**	**0,6%**
Á verðlagi í árslok 1999[4]									
Barnabætur	4.410	2.941	2.844	2.871	2.879	2.868	2.826	4.208	3,779
Barnabótaauki	1.457	2.097	2.049	2.094	2.140	2.246	1.971	–	–
Barnabætur alls	**5.867**	**5.038**	**4.893**	**4.965**	**5.020**	**5.114**	**4.797**	**4.208**	**3,779**

[1] Árið 1998 voru barnabætur og barnabótaauki sameinuð og kallast nú barnabætur.
[2] Tölur um barnabætur eru byggðar á upplýsingum úr álagningarkerfi barnabóta aftur til 1992 en á ríkisreikningi fyrir árið 1991. Tölur um barnabótaauka eru byggðar á álagningaryfirliti einstaklinga aftur til 1991.
[3] Samkvæmt Þjóðhagsstofnun.
[4] Miðað við neysluverðsvísitölu Þjóðhagsstofnunar.

Árið 1991 var ákveðið að auka vægi tekjutengingar í barnabótakerfinu og árið 1997 var skrefið stigið til fulls með því að tekjutengja allar barnabætur. Jafnframt var þá ákveðið að allar barnabætur og afsláttarliðir í tekjuskattskerfinu skyldu hækka um 2,5% í ársbyrjun 1998, 1999 og 2000 í samræmi við áætlanir um verðlagsþróun. Með þessu var í reynd horfið til þess sem gilti þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp á árinu 1988, þ.e. að þessir liðir skyldu fylgja verðlagi.

Þetta atriði endurspeglast í heildargreiðslum barnabóta á árunum 1992–96 sem þróast nokkurn veginn í takt við verðlag. Frá árinu 1997 hefur heildargreiðsla barnabóta hins vegar lækkað enda þótt allar fjárhæðir í barnabótakerfinu hafi hækkað um rúmlega 5%. Þessi þróun endurspeglar þá miklu kaupmáttaraukningu sem orðið hefur í þjóðfélaginu á þessum tíma og áhrif tekjutengingarinnar við þær aðstæður.

1017. Frumvarp til laga [484. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. apríl.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „286.944“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 320.616.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skal:

a. persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda á launatímabilinu frá og með 1. apríl til 31. desember árið 2000 vera $^{9}/_{12}$ hlutar af 294.120 kr.; við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2001 vegna tekna og eigna árið 2000 skal persónuafsláttur vera 292.326 kr.;
b. persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2001 og við álagningu tekjuskatts

og eignarskatts árið 2002 vegna tekna og eigna árið 2001 vera 302.940 kr.;
c. persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2002 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2003 vegna tekna og eigna árið 2002 vera 312.024 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2001 vegna tekna og eigna árið 2000 og staðgreiðslu á því ári.

1018. Lög [484. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 1017.

1019. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Margréti Hauksdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá sýslumanninum í Reykjavík, Fasteignamati ríkisins, sýslumanninum í Hafnarfirði og sýslumanninum á Seyðisfirði.

Frumvarp þetta er einn þáttur í því að koma á Landskrá fasteigna, samhæfðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Samhliða því er til afgreiðslu í efnahags- og viðskiptanefnd frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976 (290. mál, þskj. 472), og frumvarp til laga um brunatryggingar, nr. 48/1994 (285. mál, þskj. 429).

Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um hvernig fasteign verður stofnuð í Landskrá fasteigna auk breytinga sem eru nauðsynlegar vegna Landskrárinnar.

Við meðferð málsins vöknuðu umræður um vernd persónuupplýsinga og aðgang að upplýsingum þeim sem Landskrá fasteigna mun hafa að geyma og voru nefndarmenn ekki allir á einu máli um hversu opinn aðgangur að þessum upplýsingum eigi að vera.

Núverandi framkvæmd gerir ráð fyrir að unnt sé að kaupa þinglýsingarvottorð fyrir sérhverja fasteign hjá þinglýsingarstjóra í umdæmi hans. Á þinglýsingarvottorði eru tilgreindir eigendur, veðhafar og fjárhæðir veðskulda. Hver sem er getur þannig keypt afrit kaupsamnings fasteignar en þar koma m.a. fram upplýsingar um kaupverð, greiðsluskilmála og fjármögnun kaupanda. Engin sérstök leynd eða trúnaður hvílir á framangreindum upplýsingum úr þinglýsingabók samkvæmt gildandi lögum. Upplýst var á fundum nefndarinnar með fulltrúum dómsmálaráðuneytis að ráðuneytið hefur með samningi heimilað tilteknum aðilum að selja beinlínuaðgang að tölvufærðum þinglýsingabókum sýslumannsembættanna í Hafnarfirði, á Ísafirði og í Reykjavík. Jafnframt var greint frá því að fyrst um sinn væri gert ráð fyrir

óbreyttu fyrirkomulagi á sölu beinlínuaðgangs að þinglýsingabókum og fasteignamatsskrá verði fyrrgreind frumvörp að lögum. Þá kom fram að á grundvelli 53. gr. þinglýsingalaga og að höfðu samráði við tölvunefnd hefur dómsmálaráðherra gefið út reglugerð um þinglýsingar, nr. 284/1996, ásamt síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 319/1997. Í 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar er lagt bann við eignaleit í tölvukerfi þinglýsinga eftir heiti eða kennitölu eiganda. Jafnframt kveður reglugerðin á um að dómsmálaráðherra veiti aðeins leyfi til beinlínuaðgangs að efni tölvufærðra þinglýsingabóka að fenginni jákvæðri umsögn tölvunefndar. Nefndin hefur fengið þær upplýsingar frá ráðuneytinu að þeir aðilar sem heimilaður hefur verið slíkur aðgangur séu aðilar í atvinnulífinu, einkum fasteignasölur, lögmannsstofur, fjármálastofnanir og tryggingafélög enda aðgengi að þessum upplýsingum mikilvægt fyrir hagsmuni atvinnulífsins.

Telur nefndin að hagræði verði af heildstæðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir. Skráning upplýsinga verður samræmdari og samhæfðari og áreiðanleiki upplýsinganna meiri.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 1. gr. Skv. d-lið skal vísa skjali sem afhent er til þinglýsingar frá ef ekki er getið um fastanúmer fasteignar. Að mati nefndarinnar er ekki þörf á að þetta eigi við um öll skjöl, t.d. umboð og veðleyfi. Nægjanlegt er að það eigi við í þeim tilvikum þegar skjal varðar bein eða óbein eignarréttindi að fasteign. Þá eru lagðar til breytingar á f-lið þannig að heimilt verði að vísa skjali frá þinglýsingu ef ekki er ótvírætt hvaða aðila skjal varðar. Tilgreining kennitölu verður væntanlega nægileg til að ljóst sé um hvern er að ræða.
2. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. Ekki er til staðar heimild í frumvarpinu til að nota eldra tölvukerfi þar til lokið hefur verið við þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna og leggur nefndin til að bætt verði úr því. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að allar bækur verði tölvufærðar í Landskrá fasteigna en svo verður ekki með skipabók, bifreiðabók og lausafjárbók. Leggur nefndin til breytingar sem miða að því að sömu reglur gildi áfram um þær.
3. Lagðar eru til breytingar á 6. gr. þannig að upplýsingar um yfirlýsingu rétthafa verði varðveittar í ferilskrá eignar svo að unnt sé að sjá hver óskaði aflýsingar.
4. Lagt er til að 8. gr. verði breytt og í stað „Landskrá fasteigna“ komi „tölvukerfi“ því að lagagreinin á við um fleiri eignir en fasteignir.
5. Í 13. gr. er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar á næsta ári. Fasteignabækur sýslumannanna í Reykjavík, Hafnarfirði og á Ísafirði eru tölvufærðar. Í dagbókum embættanna er ekki gert ráð fyrir að skjöl til aflýsingar séu færð í kerfið eins og gert er ráð fyrir í fyrri efnislið 1. gr. C- og d-liður síðari efnisliðar 1. gr. miðast jafnframt við Landskrá fasteigna. Nefndin leggur því til að ákvæðin komi ekki til framkvæmda að því er varðar tölvufærðar fasteignabækur í embættunum fyrr en þær bækur hafa verið tölvufærðar í Landskrá fasteigna en þó ekki síðar en 31. desember 2004.

Ólafur Örn Haraldsson og Sverrir Hermannsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. mars 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Jónína Bjartmarz.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Hjálmar Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.
	Katrín Fjeldsted.	

1020. Breytingartillögur [281. mál]

við frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verði á b-lið:
   a. B-liður orðist svo: fasteign er ekki skráð í þinglýsingabók nema um stofnskjal sé að ræða.
   b. D-liður orðist svo: skjal varðar bein eða óbein eignarréttindi að fasteign og ekki er getið fastanúmers hennar.
   c. F-liður orðist svo: ekki er ótvírætt við hvaða eign skjal á, hvaða aðila skjal varðar eða hvert efni þess er að öðru leyti.
2. Við 2. gr.
   a. Efnismálsgrein a-liðar orðist svo:
      Bækur þær er lúta að fasteignum skulu tölvufærðar í Landskrá fasteigna eftir nánari fyrirmælum ráðherra í reglugerð. Þar skal mælt fyrir um öryggisráðstafanir og vistun þinglýsingargagna. Þar til lokið hefur verið við þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna er þinglýsingarstjórum heimilt að nota eldri þinglýsingabækur, lausblaðabækur, spjöld eða eldra tölvukerfi. Aðrar bækur skulu vera lausblaðabækur, en heimilt er þó að hafa þær í spjaldskrárformi. Dómsmálaráðherra ákveður nánari tilhögun þeirra, hvort tölvutækni skuli beitt við skráningu þeirra upplýsinga sem þær hafa að geyma og hvort það skuli gert í sumum þinglýsingaumdæmum eða þeim öllum.
   b. B-liður orðist svo: Í stað orðanna „hverri fasteign“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: hverju; og orðið „fasteignar“ í 3. málsl. 4. mgr. fellur brott.
   c. Nýr liður, c-liður, bætist við og orðist svo: 5. mgr. fellur brott.
3. Við 6. gr. Á eftir orðunum „aflýst skjöl“ í 2. málsl. komi: og yfirlýsingu rétthafa.
4. Við 8. gr. Í stað orðanna „Landskrá fasteigna“ komi: tölvukerfi.
5. Við 12. gr. Á eftir orðinu „þinglýsingabók“ komi: um aflýsingu skjals.
6. Við 13. gr. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Ákvæði efnismálsliðar a-liðar 1. gr. og c- og d-liðar efnisgreinar 1. gr. laga þessara skulu þó ekki koma til framkvæmda að því er varðar tölvufærðar fasteignabækur í umdæmum sýslumanna í Hafnarfirði, á Ísafirði og í Reykjavík fyrr en þær bækur hafa verið tölvufærðar í Landskrá fasteigna. Ákvæðin skulu þó koma til framkvæmda eigi síðar en 31. desember 2004.

1021. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneyti, Jón Bernódusson, Sverri H. Konráðsson og Þórð Þórðarson frá Siglingastofnun Íslands, Guðberg Rúnarsson og Þorleif Valdimarsson frá Fiskifélagi Íslands, Benedikt Alfonsson frá Siglingaskólanum, Jónas Guðmundsson frá Snarfara og Egil Kolbeinsson frá Sigl-

ingasambandi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Landhelgisgæslu Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagi Íslands, Siglingastofnun Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, menntamálaráðuneyti, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Samtökum atvinnulífsins og Siglingasambandi Íslands.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að laga íslenskan rétt að alþjóðasamþykkt STCW frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna, sem tekur til áhafna flutninga- og farþegaskipa, en henni var breytt verulega árið 1995. Evrópusambandið hefur fullgilt samþykktina og sett tilskipanir um lágmarksþjálfun sjómanna, 94/58/EB, með breytingum í 98/35/EB. Þær eru hluti gerða sem taka verður inn í íslenska löggjöf á grundvelli EES-samningsins.

Frumvarp þetta fékk ítarlega umfjöllun í nefndinni og gerir hún tillögu um fjölmargar breytingar á því. Þá ákvað nefndin að leggja til breytingar á lögum nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, og lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, samhliða afgreiðslu þessa máls. Eru þær nauðsynlegar til að samræmi sé milli laganna. Leggur nefndin áherslu á að þau lög verði tekin til heildarendurskoðunar með það að markmiði að setja heildarlöggjöf um áhafnir allra íslenskra skipa. Þá verði réttindi til vélstjórnar skoðuð sérstaklega með hliðsjón af nýrri tækni í vélarrúmum skipa og því að hvaða leyti hún geti haft áhrif á mönnun skipa og lengd náms vélstjóra. Mælist nefndin til að þessari vinnu verði hraðað og að lagt verði fram frumvarp í upphafi næsta þings á grundvelli hennar.

Breytingarnar sem nefndin leggur til að verði gerðar á frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 1. gr. frumvarpsins verði breytt og gildissvið laganna afmarkað betur, þ.e. að þau taki til allra flutningaskipa, farþegaskipa og farþegabáta á íslenskri skipaskrá. Um skemmtibáta sem skráðir eru hér á landi gildi hins vegar aðeins 7. gr. laganna.
2. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á skýringum á orðunum skírteini og brúttótonn í 2. gr. Einnig er lagt til að skilgreining á námsstigi falli brott þar sem hennar er ekki lengur þörf vegna annarra breytinga sem lagðar eru til á frumvarpinu. Lagt er til að skýrt verði hvað felist í orðinu áritun. Þá er lagt til að næsti maður í vél á eftir yfirvélstjóra verði 2. vélstjóri, en ekki 1. vélstjóri. Er það í samræmi við alþjóðasamþykktina.
3. Lögð er til sams konar breyting á 4. gr. varðandi vélstjóra og 2. gr., þ.e. að næsti maður í vél á eftir yfirvélstjóra verði 2. vélstjóri.
4. Lagt er til að töflur í 5. gr. frumvarpsins verði felldar brott og miðað við að þær verði í reglugerð sem sett verði á grundvelli laganna. Nauðsynlegt er að sveigjanleiki verði á skipulagi námsins þannig að ekki þurfi að koma til lagabreytinga í hvert sinn sem fyrirkomulagi og skipan náms er breytt eða fært að breyttum kennsluháttum. Þá leggur nefndin til að réttindaheiti og starfssvið verði í samræmi við alþjóðakröfur.
5. Lagt er til að tafla í 6. gr. verði felld brott líkt og í 5. gr. þar sem eðlilegra er að hún sé birt í reglugerð.
6. Lagt er til að tafla í 7. gr. frumvarpsins verði einnig felld brott. Þess í stað verði í 7. gr. kveðið á um að kenna skuli samkvæmt námskrá sem menntamálaráðuneytið staðfestir að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands og í samræmi við fyrirkomulag sem nú gildir. Mikilvægt er að hægt verði að stunda námið víða um land á námskeiðum og í sjómannaskólum. Tekur nefndin undir sjónarmið sem koma fram um 7. gr. í greinargerð frumvarpsins um nauðsyn þess að þeir sem stjórna skráningarskyldum skemmtibátum hafi tiltekna kunnáttu og þekkingu sem staðfest verði með útgáfu skírteinis.

7. Lagt er til að ákvæði 9. gr. frumvarpsins um skipan sérstakrar undanþágunefndar verði fellt brott. Eðlilegra er að Siglingastofnun Íslands, sem er fagstofnun um siglingar á sjó, taki ákvarðanir um undanþágur til að starfa á sjó án tilskilinna réttinda fremur en fulltrúar þeirra sem hagsmuna eiga að gæta.
8. Lagt er til að 10. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að Siglingastofnun Íslands taki við hlutverki undanþágunefndar sem fjallað er um í 9. gr. frumvarpsins um að veita undanþágur þegar brýna nauðsyn ber til og menn með tilskilin réttindi vantar til starfa. Nefndin leggur áherslu á að ekki verði veittar undanþágur nema nauðsynlegt sé þar sem undanþáguveitingar geta leitt til þess að sjómenn sjái sér engan hag í því að leita sér frekari menntunar og réttinda. Í þessu efni verði að finna réttan meðalveg.
9. Lagt er til að þeir sem hafa réttindi til að vera skipstjórar á 30 rúmlesta skipum öðlist rétt til að verða skipstjórar á bátum sem eru 75 brúttótonn eða minni, en í frumvarpinu er miðað við 50 brúttótonn. Nefndin telur nauðsynlegt að allir lögmætir handhafar 30 rúmlesta skírteinis við gildistöku laganna haldi réttindum sínum óskertum. Við meðferð málsins kom fram að nauðsynlegt er að miða við 75 brúttótonna báta til að ná því markmiði.
10. Lagt er til að 13. gr. frumvarpsins verði felld brott og að í stað þess að mönnunarnefnd ákveði mönnun flutningaskipa verði það falið Siglingastofnun Íslands.
11. Lagt er til að 14. gr. frumvarpsins verði breytt vegna hins sama, þ.e. að Siglingastofnun ákveði öryggismönnun allra íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa og farþegabáta.
12. Lagt er til að bætt verði við frumvarpið nýrri grein um úrskurðarnefnd siglingamála sem hafi endanlegt ákvörðunarvald á stjórnsýslustigi. Verði unnt að skjóta til hennar ákvörðunum stjórnvalda samkvæmt lögunum, svo sem um útgáfu skírteina, áritana, veitingu undanþágna og mönnun skipa. Verði nefndin skipuð þremur mönnum.
13. Lagt er til að orðalagi 15. gr. verði breytt.
14. Lögð er til breyting á fyrirsögn 16. gr. þannig að hún verði í samræmi við efni hennar.
15. Lögð er til smávægileg breyting á orðalagi 17. gr.
16. Þá er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí nk. Nokkur tími mun því gefast til að kynna efni laganna og til útgáfu reglugerða.
17. Loks er lagt til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða. Er þar mælt fyrir um að þeir sem starfa á farþegabátum eða farþegaskipum skuli fyrir 1. júní 2001 sækja sérstakt námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu.

Jón Bjarnason skrifar undir álitið með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. apríl 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Kristján L. Möller.	Jón Bjarnason, með fyrirvara.

1022. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi taka til áhafna flutningaskipa, farþegaskipa og farþegabáta sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa. Um skemmtibáta sem skráðir eru hér á landi gildir 7. gr.
2. Við 2. gr.
   a. 7. tölul. orðist svo: *Áritun* er viðurkenning skírteina erlendra ríkisborgara til starfa á íslenskum skipum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
   b. 10. tölul. orðist svo: *Yfirmaður* er skipstjórnar- eða vélstjórnarmaður á stjórnunar- eða rekstrarsviði.
   c. 12. tölul. orðist svo: *2. vélstjóri* er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið og rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess í forföllum yfirvélstjóra.
   d. 15. tölul. orðist svo: *Skírteini* er staðfesting á réttindum sem gefin er út í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Skal í því tilgreina á hvaða ábyrgðarsviði handhafi þess má vinna, á skipi hvaða gerðar og stærðar og með hvaða vélarafli og vélbúnaði.
   e. 19. tölul. orðist svo: *Öryggismönnun* er ákvörðun Siglingastofnunar Íslands um lágmarksfjölda í áhöfn flutningaskipa, farþegaskipa og farþegabáta.
   f. Í stað orðanna „er mæling á“ í 20. tölul. komi: er mælieining fyrir.
   g. Í stað orðanna „og 1. vélstjóra“ í a-lið 21. tölul. komi: og 2. vélstjóra.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „1. vélstjóri“ í 5. mgr. komi: 2. vélstjóri.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Til að starfa um borð í flutninga- og farþegaskipum sem skipstjórnarmaður eða vélstjórnarmaður eða til að gegna öðrum stöðum þar sem krafist er skírteinis samkvæmt alþjóðasamþykktinni skal viðkomandi vera lögmætur handhafi viðeigandi skírteinis og uppfylla skilyrði 3. mgr. 4. gr. til að starfa á því ábyrgðarsviði sem skírteinið kveður á um, sbr. 21. tölul. 2. gr.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Til að starfa sem skipstjórnar- eða vélstjórnarmaður um borð í farþegabátum skal viðkomandi vera lögmætur handhafi viðeigandi skírteinis.
6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Sá sem annast skipstjórn um borð í skemmtibátum skal vera lögmætur handhafi skírteinis og uppfylla kröfur um menntun, þjálfun, öryggisfræðslu, próf, skírteini og heilbrigðiskröfur sem ráðherra kveður nánar á um í reglugerð.
   Þeir sem annast kennslu til réttinda á skemmtibát skulu kenna samkvæmt námskrá sem menntamálaráðuneytið setur að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands.
   Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skemmtibáta, þar á meðal um menntun og þjálfun skipstjóra, öryggisfræðslu, próf og skírteini og skilyrði þeirra.
7. 9. gr. falli brott.
8. Við 10. gr. (er verði 9. gr.).

a. Í stað orðsins „undanþágunefnd“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: Siglingastofnun Íslands.
b. Í stað orðanna „flutningaskipi eða farþegaskipi“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: skipi sem lög þessi gilda um.
c. Í stað orðsins „undanþágunefndar“ í síðari málslið 1. mgr. komi: Siglingastofnunar Íslands.
d. Í stað orðanna „næstu stöðu fyrir neðan“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: næstu lægri stöðu.
e. Í stað orðsins „undanþágunefndar“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Siglingastofnunar Íslands.

9. Við 11. gr. (er verði 10. gr.).
a. Í stað tölunnar „50“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: 75.
b. Síðari málsliður 2. mgr. falli brott.
c. 3. mgr. orðist svo:
Til að öðlast skírteini til að starfa á farþegaskipum eða farþegabátum samkvæmt lögum þessum skal viðkomandi gangast undir námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands.

10. 13. gr. falli brott.

11. Við 14. gr. (er verði 12. gr.).
a. 1. mgr. orðist svo:
Manna skal sérhvert íslenskt flutningaskip, farþegaskip og farþegabát á öruggan hátt svo að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar, farþega og skips. Flutningaskip, farþegaskip og farþegabáta skal manna þannig að unnt sé að fylgja öllum lögum og reglum um verndun umhverfis, einkum er varðar mengunarvarnir sjávar og lífríkis.
b. 3. mgr. orðist svo:
Siglingastofnun Íslands gefur út öryggismönnunarskírteini fyrir flutningaskip, farþegaskip og farþegabáta þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn, samsetningu áhafnar og skírteini fyrir einstakar stöður.
c. 4. mgr. falli brott.
d. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Öryggismönnun.*

12. Á eftir 14. gr. (er verði 12. gr.) komi ný grein sem orðist svo ásamt fyrirsögn:
Úrskurðarnefnd siglingamála.
Ákvarðanir samkvæmt lögum þessum um útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina, veitingu undanþágna og öryggismönnun skipa má kæra til úrskurðarnefndar siglingamála.
Í úrskurðarnefnd sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja almennum skilyrðum um hæfi dómara. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa þekkingu á skipstjórn og vélstjórn. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.
Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja vikna frá því að kæra barst og er hann endanlegur á stjórnsýslustigi. Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð og málskotsgjald getur ráðherra mælt fyrir í reglugerð.

13. Við 15. gr. (er verði 14. gr.). Greinin orðist svo:
Greiða skal fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina, veitingu undanþágna og útgáfu öryggismönnunarskírteina samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu þeirra. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

14. Við 16. gr. (er verði 15. gr.). Fyrirsögn greinarinnar verði: *Refsiákvæði o.fl.*

15. Við 17. gr. (er verði 16. gr.).
    a. Í stað orðanna „flutninga- og farþegaskipa“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: flutningaskipa, farþegaskipa og farþegabáta.
    b. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.
    c. 2. mgr. orðist svo:
    Samgönguráðherra er heimilt, í samráði við menntamálaráðherra, að setja reglur um menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa.
16. Við 18. gr. (er verði 17. gr.). 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000.
17. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Allir sem starfa á farþegaskipum eða farþegabátum skulu eigi síðar en 1. júní 2001 sækja námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands.

1023. Frumvarp til laga [618. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Inngangsmálsliður 1. mgr. orðast svo: Siglingastofnun Íslands er heimilt.
b. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: stofnunin.
c. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

8. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi til vélstjórnar er Siglingastofnun Íslands heimilt að veita manni sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur vélskóla, sem starfa á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

Ákvarðanir samkvæmt lögum þessum um mönnun skipa og undanþágur má kæra til úrskurðarnefndar siglingamála.

Í úrskurðarnefnd sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja almennum skilyrðum um hæfi dómara.

Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa þekkingu á skipstjórn og vélstjórn. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja vikna frá því kæra barst og er hann endanlegur á stjórnsýslustigi. Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð og málskotsgjald getur ráðherra mælt fyrir í reglugerð.

4. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Um undanþágur.**

5. gr.

Í stað orðanna „nefndar um undanþágur“ í B-lið ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Siglingastofnunar Íslands.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum. Markmiðið með breytingunum er fyrst og fremst að gæta samræmis við afgreiðslu nefndarinnar á 189. máli, áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta.

Með frumvarpinu er lagt til að undanþágunefnd og mönnunarnefnd fiskiskipa verði lagðar niður og verkefni þeirra fengin Siglingastofnun Íslands. Þá er lagt til að sett verði á fót úrskurðarnefnd siglingamála sem hægt verði að skjóta til ákvörðunum Siglingastofnunar samkvæmt lögunum.

Nefndin telur mikilvægt að sett verði heildarlöggjöf um áhafnir allra íslenskra skipa. Verði réttindi til vélstjórnar skoðuð sérstaklega með hliðsjón af nýrri tækni í vélarrúmum skipa og því að hvaða leyti það geti haft áhrif á mönnun skipa og lengd náms vélstjóra. Mælist nefndin til að heildarendurskoðun á lögunum verði hraðað og að lagt verði fram frumvarp í upphafi næsta þings á grundvelli hennar.

1024. Frumvarp til laga [619. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „30 rúmlestir“ í 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 75 brúttótonn.

2. gr.

Í stað orðanna „30 rúmlestir“ í 1. málsl. 8. gr. laganna kemur: 75 brúttótonn.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Inngangsmálsliður 1. mgr. orðast svo: Siglingastofnun Íslands er heimilt.
b. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: stofnunin.
c. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

20. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

21. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi til skipstjórnar er Siglingastofnun Íslands heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir og renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur stýrimannaskóla, sem starfa á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

Ákvarðanir samkvæmt lögum þessum um mönnun skipa og undanþágur má kæra til úrskurðarnefndar siglingamála.

Í úrskurðarnefnd sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja almennum skilyrðum um hæfi dómara. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa þekkingu á skipstjórn og vélstjórn. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja vikna frá því kæra berst og er hann endanlegur á stjórnsýslustigi. Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð og málskotsgjald getur ráðherra mælt fyrir í reglugerð.

6. gr.

Fyrirsögn VII. kafla laganna verður: **Um undanþágur.**

7. gr.

Í stað orðanna „nefndar um undanþágur“ í B-lið ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: Siglingastofnunar Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu leggur nefndin til að gerðar verði breytingar á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum. Markmiðið með breytingunum er fyrst og fremst að gæta samræmis við afgreiðslu nefndarinnar á 189. máli, áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta.

Lagt er til að við upptöku brúttótonna í viðmiðun atvinnuréttinda verði miðað við 75 brúttótonn bæði hvað varðar fiskiskip og önnur skip. Þá er lagt til að undanþágunefnd og mönnunarnefnd fiskiskipa verði lagðar niður og verkefni þeirra fengin Siglingastofnun Íslands. Loks er lagt til að sett verði á fót úrskurðarnefnd siglingamála sem hægt verði að skjóta til ákvörðunum Siglingastofnunar samkvæmt lögunum.

Nefndin telur mikilvægt að sett verði heildarlöggjöf um áhafnir allra íslenskra skipa. Verði réttindi til vélstjórnar skoðuð sérstaklega með hliðsjón af nýrri tækni í vélarrúmum skipa og því að hvaða leyti það geti haft áhrif á mönnun skipa og lengd náms vélstjóra. Mælist nefndin til að heildarendurskoðun á lögunum verði hraðað og að lagt verði fram frumvarp í upphafi næsta þings á grundvelli hennar.

1025. Fyrirspurn [620. mál]

til utanríkisráðherra um starfsstöð bandarísku innflytjendastofnunarinnar hér á landi.

Frá Láru Margréti Ragnarsdóttur og Árna R. Árnasyni.

Hefur ráðherra fyrirætlanir um að leita eftir samningaviðræðum við Bandaríkin um að í Leifsstöð verði starfsstöð frá bandarísku innflytjendastofnuninni? Ef svo er, hverjar eru þær fyrirætlanir og hvenær væntir ráðherra að af samningaviðræðunum geti orðið? Ef svo er ekki, mun ráðherra taka málið til athugunar?

1026. Fyrirspurn [621. mál]

til landbúnaðarráðherra um skil á vottuðum landbúnaðarafurðum.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hversu margir bændur hafa skilað vottuðum afurðum (vistvænum og lífrænum) á árinu 1999? Svar óskast sundurgreint eftir:
   a. mjólkurafurðum,
   b. sauðfjárafurðum,
   c. matjurtaafurðum.
2. Hvert var skilaverð til bænda fyrir þessar afurðir?

Skriflegt svar óskast.

1027. Fyrirspurn [622. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning á fullunnu dilkakjöti.

Frá Drífu Hjartardóttur.

Hversu mikið var flutt út af fullunnu dilkakjöti á árunum 1995–99 og hvert var skilaverð til bænda fyrir þennan útflutning?

Skriflegt svar óskast.

1028. Svar [439. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um greiðslur til öldrunarstofnana.

1. *Hver var ástæða þess að árleg jöfnunargreiðsla vegna B-deildar LSR var fyrirvaralaust felld inn í daggjöld án skýringa í fjárlögum?*

Leitað var til fjármálaráðuneytis um svar við þessu, en málefni lífeyrisgreiðslna heyra undir það.

Við 3. umræðu fjárlaga árið 1998 var samþykkt 2.190 millj. kr. hækkun á framlögum til stofnana og viðfangsefna í A-hluta fjárlaga vegna þess að þeim er ætlað að greiða til A- og B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga iðgjald sem nemur 11,5% af öllum launum í stað 6% iðgjalds af dagvinnulaunum. Er gerð grein fyrir þessum breytingum á bls. 250 í fjárlögum ársins. Sundurliðun fjárhæðarinnar eftir stofnunum og verkefnum er sýnd í yfirliti á bls. 291–305. Þar kemur fram hver hækkunin er til einstakra hjúkrunarheimila.

2. *Hvernig skiptist hjúkrunardaggjaldið í beinan hjúkrunarkostnað á deildum og í annan kostnað? Er skiptingin eins hjá öllum stofnunum?*

Hinn 1. janúar 1996 gekk í gildi reglugerð um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum. Samkvæmt reglugerðinni ber öldrunarstofnunum reglulega að annast RAI-mat á einstaklingum sem þar dveljast. Nefnd skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vinnur nú að endurskoðun framlaga til hjúkrunarheimila. Í nefndinni sitja m.a. tveir fulltrúar öldrunarstofnana. Unnið er að gerð líkans sem verður notað til að greiða framlög til hjúkrunarheimila í samræmi við hjúkrunarþyngd samkvæmt RAI-hjúkrunarþyngdarstuðli. Þegar gerð líkansins lýkur verður farið að skipta daggjaldinu annars vegar í beinan hjúkrunarkostnað á deildum í samræmi við RAI-hjúkrunarþyngd og hins vegar í annan kostnað. Þannig verða heimilum sem hafa einstaklinga með mikla þörf fyrir umönnun, og þar með meiri kostnað við beina umönnun, greidd hærri daggjöld en heimilum með einstaklinga með minni umönnunarþörf samkvæmt RAI-hjúkrunarþyngdarstuðli. Með þessum breytingum skapast jafnræði á milli hjúkrunarheimila.

Í fjárlögum ársins 2000 var stigið fyrsta skrefið í þá átt að byggja framlög til hjúkrunarheimila á RAI-hjúkrunarþyngdarstuðli. Þá var tekin ákvörðun um að hafa sjö daggjaldataxta

á bilinu 8.428–10.250 kr. Tekið er mið af meðalhjúkrunarþyngd einstakra heimila árið 1998. Við útreikning fjárframlaga er miðað við sömu daggjaldataxta til stofnana á föstum fjárlögum og daggjaldastofnana.

3. *Hvernig verður leiðrétt sú 7–8% skekkja (miðað við árslok 1998) sem orðið hefur á grunni hjúkrunardaggjalds frá því að halladaggjöld voru lögð af árið 1990? Verður leiðréttingin reiknuð aftur í tímann?*

Að lokinni afgreiðslu fjárlaga ár hvert eru daggjaldataxtar ákveðnir miðað við samþykktar fjárveitingar á Alþingi. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki yfir að ráða öðrum fjárveitingum en þeim sem Alþingi samþykkir við afgreiðslu fjárlaga. Í kjölfar úttektar Ríkisendurskoðunar á stöðu stofnana sem gerð var á haustmánuðum 1999 var samþykkt 683 millj. kr. aukafjárveiting til hjúkrunarheimila í fjáraukalögum ársins 1999 til að greiða uppsafnaðan halla. Enn fremur var við afgreiðslu fjárlaga ársins 2000 samþykkt 554,3 millj. kr. hækkun á rekstrargrunni hjúkrunarheimila. Ekki eru aðrar leiðréttingar áformaðar til hjúkrunarheimila vegna uppgjörs fyrri ára.

4. *Hvenær verður jafnaður munur á greiðslum fyrir legudag á milli fjárlaga- og daggjaldastofnana í öldrunarþjónustu? Er þessi munur í samræmi við jafnræðisregluna? Verður þetta leiðrétt aftur í tímann?*

Í fjárlögum ársins 2000 var farið að miða við sömu daggjaldataxta við útreikning fjárframlaga til fjárlagastofnana og til daggjaldastofnana. Við ákvörðun taxtanna var tekið mið af hjúkrunarþyngd samkvæmt RAI-mati frá árinu 1998. Ekki er áformað að leiðrétta daggjaldataxtana aftur í tímann að öðru leyti en því sem gert var í fjáraukalögum ársins 1999.

5. *Hafa greiðslur verið skertar til stofnana í öldrunarþjónustu sem eru á fjárlögum ef þær vannýta rúmin sem þær fá greitt fyrir?*

Ekki hefur verið gripið til þess af hálfu heilbrigðisráðuneytisins að skerða greiðslur til hjúkrunarheimila á föstum fjárlögum vegna vannýtingar.

6. *Hver var meðalnýting rýma hjá daggjaldastofnunum annars vegar og stofnunum á föstum fjárlögum hins vegar 1997, 1998 og 1999? Hvernig var nýting rýma einstakra stofnana fyrrgreind ár?*

Vegið meðaltal á meðalnýtingu hjúkrunarrýma hjá daggjaldastofnunum annars vegar og hjá stofnunum á föstum fjárlögum hins vegar fyrir árin 1997, 1998 og 1999 er eftirfarandi:

	1997	1998	1999
Daggjaldastofnanir	99,1%	99,6%	98,5%
Stofnanir á föstum fjárlögum	97,9%	97,8%	97,6%

Eftirfarandi tafla sýnir meðalnýtingu hjúkrunarrýma á einstökum stofnunum árin 1997, 1998 og 1999:

	1997	1998	1999
Daggjaldastofnanir:			
Seljahlíð, Reykjavík	100,0%	99,9%	99,7%
Dalbær, Dalvík	100,0%	100,0%	99,7%
Hjallatún, Vík	98,4%	98,5%	100,0%

	1997	1998	1999
Höfði, Akranesi	99,1%	98,2%	98,5%
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	102,3%	98,4%	99,4%
Barmahlíð, Reykhólum	78,0%	95,0%	96,0%
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	98,2%	98,8%	98,2%
Fellaskjól, Grundarfirði	50,0%	75,0%	80,0%
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	87,0%	99,2%	94,3%
Jaðar, Ólafsvík	100,0%	100,0%	100,0%
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri[1]		109,8%	100,0%
Hrafnista, Reykjavík	100,4%	100,2%	100,0%
Hrafnista, Hafnarfirði	100,5%	100,4%	100,2%
Grund, Reykjavík	101,3%	99,1%	96,3%
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði[2]			96,5%
Kumbaravogur, Stokkseyri	98,6%	99,8%	98,6%
Stofnanir á föstum fjárlögum:			
Sólvangur, Hafnarfirði[3]	95,6%	94,3%	98,4%
Sundabúð, Vopnafirði	100,0%	88,0%	88,0%
Sunnuhlíð, Kópavogi	94,2%	95,4%	93,5%
Hjúkrunarheimilið Skjól	99,0%	98,3%	95,0%
Hjúkrunarheimilið Eir	99,4%	99,3%	98,1%
Garðvangur, Garði	97,4%	98,0%	97,9%
Hjúkrunarheimilið Skógarbær[4]	96,8%	98,8%	100,0%
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	99,2%	99,5%	99,5%
Lundur, Hellu	99,8%	99,9%	99,2%
Hulduhlíð, Eskifirði	97,0%	103,0%	97,0%
Hornbrekka, Ólafsfirði	97,9%	99,5%	97,2%
Naust, Þórshöfn	93,0%	99,0%	99,0%
Skjólgarður, Höfn	97,3%	97,3%	95,8%
Hjúkrunarheimilið Hlíð, Akureyri	98,5%	97,7%	99,7%

[1] Ekki fengust upplýsingar um nýtingarhlutfall á Klausturhólum frá 1997.
[2] Heilsársrekstur hófst í Ási á árinu 1999.
[3] Fækka þurfti rýmum í Sólvangi á árinu 1998 vegna endurbóta á húsnæði.
[4] Heilsársrekstur hófst í Skógarbæ á árinu 1999.

7. Hvenær og hvernig verða áfallnar lífeyrisskuldbindingar, sem eru eðlilegur rekstrarkostnaður eins og önnur launatengd gjöld, teknar inn í daggjöld?

Leitað var til fjármálaráðuneytis um svar við þessu, en málefni lífeyrisgreiðslna heyra undir það.

Frá og með árinu 1998 hefur í fjárlögum verið gert ráð fyrir að daggjaldastofnanir greiði lífeyrisskuldbindingar sem stofnast á viðkomandi uppgjörstímabili. Í fjárlögum árið 1998 og síðan voru iðgjöld atvinnurekenda hækkuð í 11,5% af heildarlaunum en voru áður 6% af dagvinnulaunum.

Við setningu laganna var áætlað að nýja iðgjaldið, sem er 15,5% af heildarlaunum að meðtöldu framlagi sjóðfélaga, dygði til að mæta nýjum lífeyrisskuldbindingum. Ef framlagið er ekki nógu hátt gerist það einkum hjá stofnunum þar sem sjóðfélagar greiða umfram meðaltal til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna og B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Endanlegt iðgjald er háð samsetningu launa og aldri sjóðfélaga. Áformað er að á þessu ári fari fram reikningslegt uppgjör á lífeyrisskuldbindingum einstakra stofnana frá árinu 1998 og að iðgjöld verði leiðrétt með tilliti til þess uppgjörs.

Lífeyrisskuldbindingar sem voru áfallnar í árslok 1997 og höfðu ekki verið gerðar upp, hvorki gagnvart viðkomandi stofnun né lífeyrissjóði, eru í sérstakri skoðun í fjármálaráðuneyti.

8. *Hvernig hafa ákvæði 39. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, um að hafa skuli náið samráð við daggjaldastofnanir um ákvörðun daggjalda verið uppfyllt?*

Það er mat ráðuneytisins að innsend gögn viðkomandi hjúkrunarheimilis séu grundvöllur náins samráðs. Þar má ætla að fram komi upplýsingar um rekstur stofnana og breytingar á tilteknum kostnaðarliðum. Í hvert sinn sem nýr daggjaldataxti er tilkynntur sendir ráðuneytið daggjaldastofnunum erindisbréf þar sem þess er óskað að því verði sendar sjúkrahússkýrslur á þriggja mánaða fresti þar sem helstu rekstrarniðurstöður viðkomandi heimila komi fram. Eftir afgreiðslu fjárlaga í upphafi hvers árs er hjúkrunarheimilum á föstum fjárlögum gert að senda inn rekstraráætlanir auk þess sem þau senda ráðuneytinu ársreikninga sl. árs.

9. *Hver er ástæða þess að Securitas fær 1.490 kr. hærra daggjald en elliheimilið Grund miðað við hjúkrunarþyngdarstuðulinn 0,89, sbr. viljayfirlýsingu heilbrigðisráðuneytisins og Securitas frá 14. janúar sl.?*

Samkvæmt daggjaldataxta ársins 2000 fá hjúkrunarheimili með hjúkrunarþyngdarstuðul 0,89 8.580 kr. í daggjald. Ef hjúkrunarþyngd heimilanna eykst hækkar daggjaldataxtinn á næsta fjárlagaári. Í viljayfirlýsingu heilbrigðisráðuneytis og Securitas frá 14. janúar sl. er greiðsla vegna rekstrar 11.880 kr. á legudag miðað við RAI-stuðul 1,05–1,20. Sé RAI-stuðull lægri en 1,05 er verðbreytt til lækkunar miðað við grunntölu 1,05.

Hjúkrunarheimilið við Sóltún mun verða frábrugðið þeim heimilum sem nú eru rekin, m.a. hvað varðar umönnunarþyngd og inntöku vistmanna. Gert er ráð fyrir að meðalhjúkrunarþyngd heimilisins samkvæmt RAI verði yfir 1,05, sem er mun meiri hjúkrunarþyngd en á öðrum hjúkrunarheimilum. Hjúkrunarþyngd heimilisins er á milli hjúkrunarþyngdar á öldrunarlækningadeildum sjúkrahúsa og hjúkrunarþyngdar á hjúkrunarheimilum sem nú eru í rekstri. Af þeim sökum er áætlað í upphafi að á hjúkrunarheimilinu við Sóltún verði fleiri starfsmenn en á öðrum hjúkrunarheimilum og þar af leiðandi verði rekstrarkostnaðurinn hærri.

Til að tryggja að þar vistist aðeins einstaklingar með mikla umönnunarþörf verða inntökuskilyrði á Sóltúni mun strangari en á öðrum heimilum. Teknir verða inn vistmenn í samræmi við tillögur sérstaks samráðshóps sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar. Hópurinn verður skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af öldrunarþjónustu sjúkrahúsanna, einum af öldrunardeild félagsþjónustu Reykjavíkur og einum frá nýja hjúkrunarheimilinu. Þeir einir koma til álita sem eiga gilt vistunarmat og eru á vistunarskrá. Þeir njóta forgangs sem eru í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými og bíða hjúkrunarheimilisvistar á sjúkrahúsum.

Rekstraraðilinn fær að velja úr sjö einstaklingum sem skulu hafa forgang að vistrými heimilisins þegar það losnar. Forgang skulu þeir hafa sem bíða á sjúkrahúsum.

1029. Nefndarálit [543. mál]

um frv. til l. um veiðieftirlitsgjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson, Jón B. Jónasson og Kristínu Haraldsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að öll ákvæði um gjald fyrir veiðieftirlit verði sameinuð í ein heildarlög til að samræma gjaldtökuna og gera hana skýrari.

Tillaga er gerð um nokkrar breytingar á gildandi gjaldtökuákvæðum. Lagt er til að grundvöllur veiðieftirlitsgjalds vegna úthlutaðra aflaheimilda verði lögfestur skýrar en nú er. Einnig að grunnfjárhæð gjaldsins, sem ákvörðuð hefur verið með reglugerð, verði lögfest, sem og útreikningsaðferð verðmætahlutfalla einstakra tegunda sem gjaldið miðast við. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar sem er ætlað að tryggja samræmda álagningu gjalds og loks að heimild til töku gjalds vegna fjareftirlits nái til slíks eftirlits jafnt innan lögsögu sem utan.

Auk framangreindra breytinga er, í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka breytingu gjalda til að sporna við þenslu í hagkerfinu, lagt til að vísitölubinding gjaldsins verði afnumin.

Ekki eru lagðar til breytingar á fjárhæð gjalda að öðru leyti en því að eðlilegt þykir að gjöld sem hafa verið uppfærð með reglugerð miðað við byggingarvísitölu uppfærist nú miðað við byggingarvísitölu í janúar 2000.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „íslenskum deilistofnum“ í fyrri málslið 2. mgr. 2. gr. komi: vegna íslenskra deilistofna.

Alþingi, 13. apríl 2000.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Árni R. Árnason.	Vilhjálmur Egilsson.
Guðjón A. Kristjánsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Jóhann Ársælsson.

1030. Nefndarálit [544. mál]

um frv. til l. um breyt. á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson, Jón B. Jónasson og Kristínu Haraldsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að skýrar verði kveðið á um grundvöll og fjárhæðir gjalda en gert er í núgildandi lögum. Er einnig til samræmingar lagt til að þróunarsjóðsgjald miðist við hvers konar aflaheimildir innan árs en eins og ákvæðið er orðað í núgildandi lögum miðast það ekki við aflahámark og krókaaflamark. Loks felur frumvarpið í sér minni háttar lagfæringar á orðalagi og tilvísunum. Ekki eru lagðar til breytingar á fjárhæð gjalda að öðru leyti en því að þau verði uppfærð miðað við breytingar á byggingarvísitölu í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið með reglugerð, samkvæmt heimild í gildandi lögum.

Auk framangreindra breytinga er, í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka breytingu gjalda til að sporna við þenslu í hagkerfinu, lagt til að vísitölubinding gjaldsins verði afnumin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 13. apríl 2000.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.	Árni R. Árnason.	Vilhjálmur Egilsson.
Guðjón A. Kristjánsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Jóhann Ársælsson.

1031. Nefndarálit [501. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Árnason og Ara Pál Kristinsson frá Íslenskri málnefnd, Jón Friðjónsson frá Háskóla Íslands og Þórunni J. Hafstein og Val Árnason frá menntamálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um Íslenska málnefnd er varða ráðningu forstöðumanns og rekstrargrundvöll stofnunarinnar. Þannig er lagt til að menntamálaráðherra skipi forstöðumann til fimm ára í senn í samræmi við meginreglu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og jafnframt er gert ráð fyrir að Íslensk málstöð verði sjálfstæð stofnun og ekki rekin í lögbundinni samvinnu við Háskóla Íslands.

Fram kom í máli forsvarsmanna Íslenskrar málnefndar og Háskóla Íslands að sátt ríkir um frumvarpið, enda er hér einungis um tæknilegar breytingar að ræða en ekki efnislegar, og jafnframt var lögð áherslu á áframhaldandi tengsl stofnananna.

Nefndin tekur undir framangreindan skilning gesta. Nefndin er sammála um að breyta þurfi orðalagi 2. gr. og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

4. gr. laganna, sbr. 121. gr. laga nr. 83/1997, orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Íslenskrar málstöðvar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa lokið meistaraprófi eða jafngildu prófi í íslenskri málfræði. Leita skal álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur um stöðu forstöðumanns áður en skipað er í stöðuna.

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Hann stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar og gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

Alþingi, 11. apríl 2000.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Kristinn H. Gunnarsson.	Vigdís Hauksdóttir.	Árni Johnsen.

1032. Nefndarálit [558. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um staðfesta samvist.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Drífu Pálsdóttur og Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er m.a. lögð til rýmkun skilyrða til að stofna til staðfestrar samvistar til samræmis við löggjöf annars staðar á Norðurlöndunum. Nefndin leggur jafnframt til viðbótarbreytingu á frumvarpinu. Samkvæmt gildandi lögum eiga ættleiðingarlög ekki við um einstaklinga í staðfestri samvist. Leggur nefndin til breytingu sem felst í því að einstaklingi í staðfestri samvist verði heimilt að ættleiða barn maka síns sem hann hefur forsjá fyrir (stjúpættleiðing). Með hugtakinu „barn“ er með tillögunni átt við bæði kynbarn og ættleitt barn makans að því undanskildu að ættleitt barn samvistarmakans frá öðru landi en Íslandi fellur ekki hér undir. Tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir að ættleiðingarlög gildi um ættleiðinguna að öðru leyti. Reglur þær sem koma fram í ættleiðingarlögum um skilyrði ættleiðingar, meðferð og úrlausn ættleiðingarmála og réttaráhrif gilda því um ættleiðingu einstaklings í staðfestri samvist á barni hins. Leggur nefndin áherslu á að við beitingu ákvæðisins verði hagsmunir barnsins ætíð hafðir í fyrirrúmi. Þannig skuli nánast undantekningarlaust leita samþykkis barnsins sé það orðið tólf ára, sbr. 1. mgr. 6. gr. ættleiðingarlaga. Sé barnið yngra en tólf ára skal með hliðsjón af aldri og þroska þess leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Þá skal meginreglan vera sú að leitað sé samþykkis hins kynforeldrisins á ættleiðingunni, sbr. 7. gr. ættleiðingarlaga, og að öðru leyti fylgja þeim sjónarmiðum sem byggt er á þegar ákvörðun er tekin um leyfi til ættleiðingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. mgr. 6. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón gilda ekki um staðfesta samvist. Þó getur einstaklingur í staðfestri samvist ættleitt barn hins sem hann hefur forsjá fyrir, nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi. Lög um tæknifrjóvgun gilda heldur ekki um staðfesta samvist.

Lagaákvæði sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans gilda ekki um staðfesta samvist.

Sverrir Hermannsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Lúðvík Bergvinsson.	Vigdís Hauksdóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.
	Jónína Bjartmarz.	

1033. Svar [597. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um lagalega stöðu byggðasamlaga.

1. *Hver er lagaleg staða byggðasamlaga?*

Um byggðasamlög eru lagaákvæði í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Lagaleg staða þeirra kemur þar fram. Rétt er að leggja áherslu á að einungis sveitarfélög geta átt aðild að byggðasamlagi en ekki ríki eða einkaaðilar. Í 5. mgr. 82. gr. laganna kemur fram að sveitarsjóðir beri einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þeir eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu. Um heimildir stjórnar byggðasamlags til að skuldbinda sveitarsjóði aðildarsveitarfélaganna skulu vera ákvæði í samningi aðildarsveitarfélaga um stofnun byggðasamlag.

2. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að sett verði lög um byggðasamlög í því skyni að skýra réttarstöðu starfsmanna þeirra og viðsemjenda í samskiptum við byggðasamlögin?*

Lagaákvæði um byggðasamlög hafa verið í sveitarstjórnarlögum frá því að lög nr. 8/1986 voru sett. Ekki hafa komið upp slík vandamál frá gildistöku þessara lagaákvæða að ástæða hafi þótt til að setja ítarlegri reglur um starfsemi byggðasamlaga í lög. Frá gildistöku lagaákvæðanna hafa engar óskir borist frá sveitarfélögum eða öðrum aðilum um breytingar á þeim.

1034. Svar [494. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um tóbaksvarnir á heilbrigðisstofnunum.

Tóbaksvarnanefnd var falið að taka saman svör við fyrirspurninni og eftirfarandi eru upplýsingar sem bárust frá heilbrigðisstofnunum. Taka skal fram að ekki bárust svör frá öllum stofnunum.

1. *Hvaða heilbrigðisstofnanir hafa sett sér reglur og markmið í tóbaksvörnum?*

Eftirfarandi heilbrigðisstofnanir hafa sett sér reglur og markmið í tóbaksvörnum:

Dalbær, heimili aldraðra.
Eir, hjúkrunarheimili.
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.
Heilbrigðisstofnunin Selfossi.
Heilbrigðisstofnun Austurlands (ekki þó á öllum starfsstöðvum).
Heilsugæslustöð Grundarfjarðar.
Heilsugæslustöðin Búðardal.
Heilsugæslan í Garðabæ.
Heilsugæslan Lágmúla.
Hjúkrunarheimilið Skógarbær.
Hjúkrunarheimilið Víðinesi.
Sjúkrahús Akraness.
Sólvangur, hjúkrunarheimili.
Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili.
Umönnunar- og hjúkrunarheimilið Skjól.

2. *Hvernig er ákvæðum 10. gr. tóbaksvarnalaga um takmörkun á tóbaksreykingum á heilbrigðisstofnunum framfylgt á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og dvalarheimilum?*
   a. *Hvaða stofnanir eru reyklausar, í þeim skilningi að starfsmenn reyki ekki í vinnutímanum og sjúklingar eða skjólstæðingar reyki ekki á meðan á innlögn stendur?*
   b. *Hvaða stofnanir leyfa reykingar utan húss eða í sérstökum herbergjum?*

a. Eftirfarandi stofnanir eru reyklausar samkvæmt framangreindri skilgreiningu, þó eru undantekningar á því, sbr. b-lið:

Dalbær, heimili aldraðra.
Dvalarheimilið Höfði.
Dvalarheimilið Seljahlíð.
Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól.
Eir, hjúkrunarheimili.
Garðvangur.
Heilbrigðisstofnun Austurlands.
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík.
Heilbrigðisstofnunin Húsavík.
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga.
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.
Heilbrigðisstofnunin Selfossi.
Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum.
Heilsugæsla Rangárþings.
Heilsugæslan í Garðabæ.
Heilsugæslan í Kópavogi.
Heilsugæslan í Reykjavík.
Heilsugæslan Lágmúla.
Heilsugæslustöðin Búðardal.
Heilsugæslustöðin Hveragerði.
Heilsugæslustöðin Sólvangi, Hafnarfirði.
Heilsugæslustöð Grundarfjarðar.
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn.
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir.

Hjúkrunarheimilið Skógarbær.
Hjúkrunarheimilið Víðinesi.
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum.
Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili.
Sjúkrahús Akraness.
Sólvangur, hjúkrunarheimili.
Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili.
Umönnunar- og hjúkrunarheimilið Skjól.

b. Eftirfarandi stofnanir leyfa reykingar utan húss eða í sérstökum herbergjum, nánari skýring innan sviga:

Dalbær, heimili aldraðra (íbúar á herbergjum sínum og starfsmenn á ákveðnum stað á lóð).
Dvalarheimilið Höfði (vistmenn á herbergjum sínum og í séraðstöðu á hjúkrunardeild).
Dvalarheimilið Seljahlíð (íbúar á herbergjum sínum).
Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól (vistmenn reykja á ákveðnum stað).
Eir, hjúkrunarheimili (reykherbergi fyrir íbúa).
Garðvangur (heimilisfólk í valinni vistarveru).
Heilbrigðisstofnun Austurlands (skjólstæðingar í sérstakri aðstöðu).
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi (vistmenn á dvalarheimili).
Heilbrigðisstofnunin Húsavík (skjólstæðingar sem ekki geta hætt reykingum).
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga (reykherbergi fyrir sjúklinga).
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ (afdrep fyrir sjúklinga).
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki (skjólstæðingar sem ekki geta hætt reykingum).
Heilbrigðisstofnunin Selfossi (starfsmenn utan dyra, sjúklingar í rými innan dyra).
Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum (sjúklingar í sérstöku herbergi).
Heilsugæslan í Reykjavík (samnýting húsnæðis með annarri starfsemi).
Heilsugæslan Lágmúla (utan húss, samnýting húsnæðis með annarri starfsemi).
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir (skjólstæðingar sem ekki geta hætt reykingum).
Hjúkrunarheimilið Skógarbær (vistmenn í sérstöku reykherbergi).
Hjúkrunarheimilið Víðinesi (vistmenn í sérstöku reykherbergi).
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum (vistmenn í reykherbergi og starfsmenn í kompu utan dyra).
Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili (vistmenn í vistarverum sínum).
Sjúkrahús Akraness (reykherbergi fyrir sjúklinga).
Sólvangur, hjúkrunarheimili (heimilisfólk/sjúklingar á stigapöllum).
Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili (íbúar á ákveðnum stað í húsinu).
Umönnunar- og hjúkrunarheimilið Skjól (aðstaða fyrir heimilisfólk).

3. *Á hvaða stofnunum hefur verið gert átak í tóbaksvörnum fyrir skjólstæðinga eða starfsmenn?*

Á eftirfarandi stofnunum hefur verið gert átak í tóbaksvörnum:

Dvalarheimilið Seljahlíð.
Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól.
Eir, hjúkrunarheimili.
Heilbrigðisstofnun Austurlands (ekki þó á öllum starfsstöðvum).
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.
Heilbrigðisstofnunin Húsavík.
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga.
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.
Heilsugæslustöð Grundarfjarðar.
Heilsugæslustöðin Sólvangi, Hafnarfirði.

Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir.
Hjúkrunarheimilið Skógarbær.
Hjúkrunarheimilið Víðinesi.
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum.
Sjúkrahús Akraness.
Sólvangur, hjúkrunarheimili.
Umönnunar- og hjúkrunarheimilið Skjól.

1035. Breytingartillaga [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „eignarréttinda“ í skýringu hugtaksins *eignarskráning* kemur: réttinda.
b. Við bætist eftirfarandi orðskýring: *efndalok:* fullnaðaruppgjör viðskipta reikningsstofnana með rafbréf og fullar efndir á þeim, svo sem með greiðslujöfnun eða peningagreiðslu, sem lagðar eru til grundvallar við lokafærslu á reikning í verðbréfamiðstöð.

1036. Lög [219. mál]

um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 996.

1037. Lög [286. mál]

um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 435.

1038. Lög [385. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 643.

1039. Lög [261. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1006.

1040. Lög [328. mál]

um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1007.

1041. Lög [407. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 665.

1042. Frumvarp til laga [176. mál]

um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, sbr. lög nr. 47 16. maí 1990.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Skal gjaldið nema 6,43 kr. án virðisauka-

skatts á hverja umbúðaeiningu og skal ráðherra hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá síðustu hækkun gjaldsins. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja umsýsluþóknun á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 3,00 kr. á umbúðir úr stáli, 2,20 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 1,60 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 1,60 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 0,32 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000.

1043. Frumvarp til laga [241. mál]

um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber.

Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1044. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir fyrri málslið 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um skjöl sem afhent eru til aflýsingar þar sem dagbók er haldin í tölvu.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Nú er afhent skjal til þinglýsingar og skal þá vísa því frá ef eitthvert af eftirtöldum atriðum á við:

   a. skjal er afhent í röngu umdæmi,
   b. fasteign er ekki skráð í þinglýsingabók nema um stofnskjal sé að ræða,
   c. stofnskjal landeignar er ekki forskráð í Landskrá fasteigna samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna,

d. skjal varðar bein eða óbein eignarréttindi að fasteign og ekki er getið fastanúmers hennar,
e. afmörkun lands eða lóðar er ekki í samræmi við 2. mgr. 20. gr.,
f. ekki er ótvírætt við hvaða eign skjal á, hvaða aðila skjal varðar eða hvert efni þess er að öðru leyti,
g. skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta eða annarra þeirra er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf,
h. skjal er aðeins afhent í einu eintaki eða samrit eða endurrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna, sbr. lög nr. 63/1988:

a. 2. mgr. orðast svo:

Bækur þær er lúta að fasteignum skulu tölvufærðar í Landskrá fasteigna eftir nánari fyrirmælum ráðherra í reglugerð. Þar skal mælt fyrir um öryggisráðstafanir og vistun þinglýsingargagna. Þar til lokið hefur verið við þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna er þinglýsingarstjórum heimilt að nota eldri þinglýsingabækur, lausblaðabækur, spjöld eða eldra tölvukerfi. Aðrar bækur skulu vera lausblaðabækur, en heimilt er þó að hafa þær í spjaldskrárformi. Dómsmálaráðherra ákveður nánari tilhögun þeirra, hvort tölvutækni skuli beitt við skráningu þeirra upplýsinga sem þær hafa að geyma og hvort það skuli gert í sumum þinglýsingaumdæmum eða þeim öllum.

b. Í stað orðanna „hverri fasteign“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: hverju; og orðið „fasteignar“ í 3. málsl. 4. mgr. fellur brott.
c. 5. mgr. fellur brott.

3. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við þinglýsingu í Landskrá fasteigna er stöðu skjals breytt úr „dagbókarfært“ í „þinglýst“.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef beiðni um aflýsingu er færð í dagbók skv. 1. mgr. 6. gr. skulu aflýst skjöl ekki numin úr skjalahylkjum.
b. 3. mgr. orðast svo:

Með reglugerð má ákveða að vistun skjala á tölvutæku formi komi í stað geymslu í skjalahylkjum skv. 1. mgr. Þann hátt má hafa á í sumum eða öllum þinglýsingaumdæmum eftir því sem aðstæður leyfa. Takmarka má vörslu skjala á þann veg við ákveðnar tegundir skjala.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989:

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst nema sjálft veðbréfið eða endurrit þess, með áritun um veðbreytinguna, sé sýnt eða afhent þinglýsingarstjóra svo að hann geti gengið úr skugga um að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.
b. 2. mgr. fellur brott.

6. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Aflýsing skjals í Landskrá fasteigna fer þannig fram að stöðu skjals er breytt úr „þinglýst“ í „aflýst“. Upplýsingar um aflýst skjöl og yfirlýsingu rétthafa skulu varðveittar í ferilskrá viðkomandi eignar í tölvukerfi. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á frumrit skjalsins og geta þess hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

7. gr.

Fyrsti málsliður 15. gr. laganna orðast svo: Skjali er þinglýst þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók eða fær stöðuna „þinglýst“ í tölvu, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá þeim degi er skjal var afhent til þinglýsingar, sbr. þó 2. mgr. 14. gr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar.

8. gr.

Lokamálsliður 17. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989, orðast svo: Að öðrum kosti dregur þinglýsingarstjóri strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók eða afmáir skjal í tölvukerfi, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna, sbr. lög nr. 85/1989:

a. 2. mgr. orðast svo:

Binda skal þinglýsingu stofnskjals fasteignar því skilyrði að þar komi fram:

a. heiti landeignar samkvæmt ákvörðun sveitarfélags,
b. landnúmer lóðar, eitt eða fleiri,
c. landnúmer þess lands sem lóð er tekin úr,
d. afmörkun lóðar á uppdrætti sem staðfestur hefur verið af skipulagsyfirvöldum,
e. fastanúmer hverrar fasteignar sem hefur beina tilvísun í þá skika sem henni tilheyra.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heimilt er að þinglýsa í einu stofnskjali myndun fleiri en einnar fasteignar.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að binda skuli þinglýsingu skjals er varðar landamerki eða lóðamörk því skilyrði að tilgreina skuli hnit skurðpunkta og markalínur samkvæmt viðurkenndu hnitakerfi, svo og mælikvarða uppdrátta af landi. Nú eru ekki fyrir hendi nægilega nákvæm hnitakerfi, og getur þá ráðherra í reglugerð mælt fyrir um form og efni uppdrátta.

10. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Vitundarvottar skulu geta kennitölu sinnar, eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs.

11. gr.

Við 2. mgr. 24. gr. laganna, sbr. lög nr. 90/1991, bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hafi veðandlag aðfarar- eða kyrrsetningargerðar ekki verið myndað í þinglýsingabók skal þinglýsingarstjóra heimilt að mynda eign til bráðabirgða í Landskrá fasteigna. Slík skráning til bráðabirgða kemur ekki í stað þinglýsingar stofnskjals skv. 20. gr.

12. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 39. gr. laganna orðast svo: Þinglýsing á staðfestingu rétthafa samkvæmt þinglýsingabók um aflýsingu skjals er þó fullnægjandi ef um er að ræða bréf sem gef-

in hafa verið út til ríkissjóðs, opinberra stofnana, banka, sparisjóða, lífeyrissjóða, tryggingafélaga eða verðbréfasjóða.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Ákvæði efnismálsliðar a-liðar 1. gr. og c- og d-liðar efnisgreinar b-liðar 1. gr. laga þessara skulu þó ekki koma til framkvæmda að því er varðar tölvufærðar fasteignabækur í umdæmum sýslumannanna í Hafnarfirði, á Ísafirði og í Reykjavík fyrr en þær bækur hafa verið tölvufærðar í Landskrá fasteigna. Ákvæðin skulu þó koma til framkvæmda eigi síðar en 31. desember 2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðuneytið hefur umsjón með yfirfærslu þinglýsingabóka fasteigna í Landskrá fasteigna í samvinnu við Fasteignamat ríkisins í því skyni að mynda þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna í samræmi við lög um skráningu og mat fasteigna. Um gerð þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna fer eftir ákvæðum laga þessara.

Áður en upplýsingar úr þinglýsingabók eru yfirfærðar í Landskrá fasteigna skal þinglýsingarstjóri bera saman lýsingu fasteignar eins og hún er í Landskrá fasteigna og þinglýsingabók. Komi fram misræmi þar skal þinglýsingarstjóri skrá um það athugasemdir í Landskrá fasteigna.

Sé fasteign í þinglýsingabók ekki auðkennd með fastanúmeri eða landnúmeri er þinglýsingarstjóra heimilt að nota auðkenni fasteignar í Landskrá fasteigna, enda leiki ekki vafi á að um sömu eign sé að ræða.

Við afmörkun landeignar í Landskrá fasteigna skal leggja til grundvallar lýsingu eignamarka í þinglýsingabók séu þau fyrir hendi, en ella skal miða við lýsingu í landamerkjaskrá. Séu upplýsingar um afmörkun landeignar ekki fyrir hendi, hvorki í þinglýsingabók né landamerkjaskrá, skal þinglýsingarstjóra heimilt að leggja til grundvallar afmörkun samkvæmt skrám sveitarfélags.

Dómsmálaráðherra setur að öðru leyti nánari reglur um hvernig skuli brugðist við misræmi í skráningu milli þinglýsingabóka og Landskrár fasteigna.

1045. Frumvarp til laga [543. mál]

um veiðieftirlitsgjald.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og veiðileyfa, sem veitt verða á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða, skal greiða 15.000 kr.

2. gr.

Fiskistofa skal innheimta veiðieftirlitsgjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er

kveða á um stjórn fiskveiða í samræmi við 2.–5. mgr. Gjaldið skal renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

Eigendur skipa skulu greiða 242 kr. fyrir hvert þorskígildistonn úthlutaðs eða landaðs afla, sbr. 3. mgr., vegna tegunda sem veiðast alfarið innan lögsögu Íslands og vegna íslenskra deilistofna en 300 kr. vegna tegunda sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands. Gjaldið skal þó aldrei vera lægra en 2.700 kr.

Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa á grundvelli aflahlutdeildar eða krókaaflahlutdeildar skal gjaldið miðast við hlutdeildarstöðu skips og ákvarðað heildaraflamagn þegar gjaldið er lagt á. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en greinir í 1. málsl. skal gjald miðast við landaðan afla skips í viðkomandi tegund samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Miða skal við landaðan afla krókabáta í þeim tegundum þar sem þeir eru ekki bundnir aflatakmörkunum en sæta ákvörðun um heildarafla.

Gjald samkvæmt þessari grein skal lagt á 1. desember ár hvert. Taki úthlutun veiðiheimilda gildi á tímabilinu 1. desember til 31. ágúst skal gjaldið þó lagt á og greitt fyrir fram við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðiheimildir. Gjaldið er ekki afturkræft þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar. Eindagi gjaldsins er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Sé tekin ákvörðun um að lækka leyfilegan heildarafla einstakra tegunda á tímabilinu 1. desember til 31. ágúst skal Fiskistofa greiða eiganda skips fjárhæð sem nemur grunnfjárhæð skv. 2. mgr. fyrir hvert þorskígildistonn sem aflaheimildir skipsins skerðast um.

Sjávarútvegsráðuneytið skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 1. og 2. málsl. 3. mgr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. málsl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar um er að ræða fisk sem seldur er ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk að undanskildum karfa skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

3. gr.

Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa skal eigandi þess skips sem flutt er frá greiða 1.800 kr.

4. gr.

Greiða skal fyrir veru eftirlitsmanna um borð í skipum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð í skipum sem stunda veiðar á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

Auk kostnaðar skv. 2. mgr. skulu útgerðir fullvinnsluskipa greiða 14.200 kr. vegna eftirlits fyrir hvern dag eða hluta dags sem eftirlitsmaður er um borð.

Hafi stjórnvöld, á grundvelli milliríkjasamnings eða með öðrum skuldbindandi hætti, samið um að eftirlit með veiðum fiskiskipa úr stofni sem alfarið veiðist utan lögsögu Íslands

skuli vera með þeim hætti að um borð í hverju fiskiskipi skuli starfa eftirlitsmaður skulu útgerðir skipa er veiðar stunda úr þeim stofni, auk kostnaðar skv. 2. mgr., greiða 15.000 kr. fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar. Verði samið um minna eftirlit, þannig að veiðieftirlitsmaður verði við eftirlitsstörf um borð í hluta skipa er stunda veiðar úr viðkomandi stofni, skal hvert skip greiða gjald, fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar, er nemur sama hlutfalli af daggjaldinu skv. 1. málsl. og umsömdu hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð. Skal gjaldið greitt af öllum skipum er veiðarnar stunda, án tillits til veru eftirlitsmanna um borð í einstökum skipum.

Gjald vegna eftirlitsmanna greiðist Fiskistofu mánaðarlega eftir á, fyrir eftirlit síðastliðins mánaðar.

5. gr.

Sé ákveðið að tiltekin skip skuli búin staðsetningar- og sendingarbúnaði sem veitir sjálfvirkt upplýsingar um staðsetningu þeirra til stöðvar í landi skulu viðkomandi útgerðir kosta nauðsynlegan búnað í skip sín og greiða kostnað við sjálfvirkar sendingar upplýsinga um staðsetningu.

6. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur kveðið nánar á um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 129 28. desember 1989, um veiðieftirlitsgjald.

1046. Nefndarálit [460. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Auðun Ágústsson frá Fiskistofu, Kristján Ragnarsson og Björn Jónsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Grétar Mar Jónsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Hilmar Baldursson frá Landssamtökum útgerðarmanna kvótalítilla skipa. Umsagnir um málið bárust frá Landssambandi smábátaeigenda, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Sjómannasambandi Íslands. Þá bárust fjölmargar umsagnir um málið frá sjómönnum.

Megintilgangur frumvarpsins er að fresta um eins árs skeið gildistöku nokkurra ákvæða varðandi veiðar smábáta sem taka áttu gildi 1. september nk. Helsta ástæða þess er að nú stendur yfir heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Ekki þykir heppilegt að taka upp nýja skipan við stjórn veiða smábáta meðan endurskoðunin stendur yfir.

Ljóst er að á þeim tíma sem liðinn er frá því að fyrrgreind ákvæði gengu í gildi, 15. janúar árið 1999, hafa ýmsir tekið ákvarðanir byggðar á lögunum og því að þau kæmu til framkvæmda 1. september nk. Þannig hafa allnokkrir ákveðið nýsmíði á bátum og stofnað til fjár-

hagslegra skuldbindinga með það í huga að hefja veiðar á þeim innan hins nýja krókaaflamarks frá 1. september nk. Meiri hlutinn leggur því til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem gera það mögulegt. Þá er í breytingartillögum meiri hlutans kveðið á um að horfið verði frá því að binda veiðileyfi með krókaaflamarki við 6 brúttótonna stærðarmörk. Þess í stað er veiðileyfi þeirra einvörðungu bundið við tegundir sem þeir hafa krókaaflamark í og tegundir sem sæta ekki takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Er þessi ákvörðun tekin í ljósi þess megintilgangs frumvarpsins að fresta gildistöku lagaákvæða er snerta fiskveiðistjórnun báta innan við 6 brúttótonn, en að öðru leyti er ekki um efnislega breytingu á stjórn fiskveiða að ræða.

Ástæða er til að árétta að einvörðungu er um að ræða frestun á gildistöku tiltekinna lagaákvæða. Brýnt er á hinn bóginn að um þennan hluta fiskveiðistjórnarinnar verði mótaðar heildstæðar reglur til lengri tíma, líkt og um aðra útgerð í landinu. Ljóst má vera að slíkt er ekki einasta þýðingarmikið vegna þeirra sem beina hagsmuni hafa af útgerð þessara báta, heldur ekki síður til þess að tryggja stjórnskipunarlega stöðu þessa útgerðarflokks til framtíðar.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að kveðið verði á um að hafi krókaaflahlutdeild í þorski á fiskveiðiárinu 1999/2000 verið flutt af báti sem veiðileyfi hefur með föstu hámarki í þorski til báts sem veiðileyfi hefur með þorskaflahámarki skuli úthluta þeim báti sem þorskaflahlutdeildin var flutt af veiðileyfi með þorskaflahámarki nema valið sé fyrir þann bát veiðileyfi með krókaaflamarki. Ef ekki væri kveðið á um þetta leiddi flutningur á þorskaflahlutdeildinni á fiskveiðiárinu 1999/2000 til þess að aflaheimildir í þorski mundu aukast á fiskveiðiárinu 2000/2001 á þeim báti sem aflahlutdeildina hefði fengið, án þess að þorskveiðiheimildir þess báts sem aflahlutdeildina lét mundu minnka þar sem hann hefur fast hámark á þorski á því fiskveiðiári. Fái hins vegar sá bátur sem krókaaflahlutdeildin var flutt af veiðileyfi með þorskaflahámarki eða krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 skerðast veiðiheimildir hans í þorski í samræmi við það magn sem af honum var flutt.
2. Lagt er til að horfið verði frá því að binda veiðileyfi með krókaaflamarki því skilyrði að viðkomandi bátur sé ekki 6 brúttótonn eða stærri. Í staðinn er lagt til að bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki verði einungis heimilt að stunda veiðar á þeim tegundum sem þeir hafa krókaaflamark í og tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Með þessu móti er komið í veg fyrir að krókabátar sem leyfi hafa til veiða með krókaaflamarki fái ríkari heimildir en aðrir bátar til að stunda veiðar á tilteknum tegundum. Þá er lagt til að allir bátar eigi kost á veiðileyfi með krókaaflamarki frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001. Er þetta gert til að koma til móts við þá sem gert höfðu ráðstafanir á grundvelli laga sem samþykkt voru um stjórn veiða smábáta í janúar og mars 1999. Í 2. málsl. greinarinnar er kveðið á um að þeir sem stundað hafa veiðar samkvæmt leyfum með föstu hámarki á þorskafla eða þorskaflahámarki skuli sækja um veiðileyfi með krókaaflamarki fyrir 15. maí 2000, en úthlutað krókaaflamark þeirra geti þó aldrei orðið hærra en sem leiðir af þeirri krókaaflahlutdeild sem bundin var viðkomandi skipi 1. apríl 2000. Þessi takmörkun er sett til að koma í veg fyrir að flutningur á krókaaflahlutdeildum milli skipa á fiskveiðiárinu 1999/2000 geti leitt til þess að óeðlilegar umframveiðiheimildir skapist hjá skipi sem veiðileyfi fær með krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001, án þess að veiðimöguleikar þeirra sem krókaaflahlutdeildin var flutt af skerðist. Loks er lagt til að heimilað verði, með ákveðnum skilyrðum, að flutt verði krókaaflahlutdeild af báti sem ekki hefur veiðileyfi með krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 til báts sem slíkt leyfi hefur. Er þetta sérstaklega gert til þess að

leysa mál þeirra aðila sem hafa til ráðstöfunar veiðiheimildir sem ekki eru tímabundið bundnar við báta í eigu þeirra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Vilhjálmur Egilsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Árni R. Árnason, með fyrirvara.

1047. Breytingartillögur [460. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (EKG, KHG, HjÁ, VE, ÁRÁ, GHall).

1. Við 2. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Hafi krókaaflahlutdeild í þorski verið flutt á fiskveiðiárinu 1999/2000 af báti sem krókaleyfi hefur með takmörkun á þorski skv. 6. og 8. mgr. til báts sem krókaleyfi hefur með þorskaflahámarki, sbr. 4. mgr., skal úthluta þeim báti sem þorskaflahlutdeildin var flutt af veiðileyfi með þorskaflahámarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 nema eigandi þess báts velji veiðileyfi með krókaaflamarki.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIV við lögin, sbr. ákvæði til bráðabirgða II við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 3. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:
   a. 7. mgr. orðast svo:
      Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki er aðeins heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum er þeir hafa krókaaflamark í og tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla.
   b. Við ákvæðið bætist ný málsgrein og orðast svo:
      Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin er Fiskistofu heimilt að veita bátum veiðileyfi með krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 að uppfylltum skilyrðum skv. 5. gr. laganna. Eigendum báta sem stunda veiðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin er heimilt að velja veiðileyfi með krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 sæki þeir um slíkt leyfi til Fiskistofu fyrir 15. maí 2000, en úthlutað krókaaflamark þeirra getur þó aldrei orðið hærra en sem leiðir af krókaaflahlutdeildum þeim sem bundnar voru á viðkomandi skipi 1. apríl 2000. Hafi aðili selt krókabát sinn án krókaaflahlutdeilda á tímabilinu frá 15. janúar 1999 til 1. apríl 2000 getur Fiskistofa heimilað flutning þeirra krókaaflahlutdeilda sem við bátinn voru bundnar til báts sem veiðileyfi fær með krókaaflamarki, enda leggi hann fram við Fiskistofu, eigi síðar en 15. maí 2000, samning um sölu bátsins, greinargerð um ráðstöfun krókaaflahlutdeilda og beiðni um flutning þeirra.

1048. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um lausafjárkaup.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Örlygsson, Atla Frey Guðmundsson, Tryggva Axelsson og Birgi Má Ragnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Erlend Gíslason frá Lögmannafélagi Íslands, Ólaf Helga Árnason frá Samtökum iðnaðarins, Jón Magnússon og Telmu Halldórsdóttur frá Neytendasamtökunum og Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Neytendasamtökunum og Lögmannafélagi Íslands. Þá tók nefndin til skoðunar umsagnir sem borist höfðu um málið þegar það var til umfjöllunar á 122. og 123. löggjafarþingi.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um lausafjárkaup sem komi í stað laga frá 1922 um sama efni. Byggist það í meginatriðum á tillögum samnorræns vinnuhóps til norrænna kaupalaga frá árinu 1984, en þó er í sumum tilvikum tekið tillit til sérístenskra aðstæðna. Þá hefur frumvarpið verið lagað að svokölluðum CISG-samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1980, um sölu á vöru milli ríkja, auk þess sem höfð var til hliðsjónar tilskipun Evrópusambandsins nr. 99/44/EB.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að reglur verslana um skilarétt eru mjög misjafnar og hefur það leitt til óþæginda fyrir kaupendur, sérstaklega eftir jól. Beinir nefndin því til viðskiptaráðherra að hann beiti sér fyrir að mótaðir verði viðskiptahættir sem feli í sér samræmdar reglur um skilarétt.

Nefndin leggur til allnokkrar breytingar á frumvarpinu. Flestar þeirra eru aðeins orðalagsbreytingar, en þó eru lagðar til eftirfarandi efnisbreytingar.

1. Lagt er til að í 8. gr. frumvarpsins verði tekið fram að sé söluhlutur ekki tryggður í flutningi beri seljanda að tilkynna kaupanda um það.
2. Til að taka af öll tvímæli er lagt til að í þeim tilvikum þar sem heimilað er að semja um að víkja frá efni laganna í neytendakaupum verði slíkur samningur að vera kaupanda í hag.
3. Lögð er til breyting á 25. gr. sem felur í sér að kaupandi geti rift kaupum meðan viðbótarfrestur er að líða ef ljóst er að seljandi muni ekki efna.
4. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 32. gr. að til að byggingarefni falli undir þann fimm ára tilkynningarfrest sem þar er kveðið á um verði því að vera ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti.
5. Lagt er til að tekið verði fram í 2. mgr. 48. gr. að auk greiðslu í reiðufé verði kaupanda heimilt að inna greiðslu af hendi með öðrum viðurkenndum greiðslumiðlum. Er þessi breyting lögð til vegna örrar þróunar greiðslumiðla.
6. Lagt er til að skýrar verði kveðið á um greiðsluskyldu skuldara í 71. gr.
7. Þá er loks lagt til að kveðið verði á um það í bráðabirgðaákvæði að frá gildistöku laganna og út árið 2005 skuli starfa kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem starfi bæði á grundvelli laga um lausafjárkaup og laga um þjónustukaup. Þar sem um er að ræða nýja heildarlöggjöf um lausafjárkaup telur nefndin að sú leið að aðilar að lausafjárkaupum geti leitað til óháðs stjórnvalds til að fá túlkun á lögunum ætti að gefast vel. Eru fjölmargar slíkar nefndir starfandi, m.a. kærunefnd húsaleigumála og kærunefnd fjöleignarhúsa, og hafa þær reynst vel. Lagt er til að einn nefndarmanna verði skipaður eftir til-

nefningu Neytendasamtakanna, annar eftir tilnefningu Verslunarráðs Íslands og þann þriðja skipi ráðherra án tilnefningar. Lagt er til að kostnaður af störfum kærunefndarinnar greiðist úr ríkissjóði en samkvæmt upplýsingum nefndarinnar verður hann að lágmarki 2–3 millj. kr. á ári.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Verði frumvarpið að lögum leggur nefndin áherslu á að viðskiptaráðuneytið kynni efni þeirra vel áður en þau taka gildi þar sem um er að ræða ný heildarlög sem varða bæði almenning og seljendur lausafjár miklu.

Að síðustu vill nefndin taka fram að hún telur að frágangur málsgreina í frumvarpinu sé ekki í samræmi við þá meginreglu í frágangi frumvarpa að hafa málsgreinar ónúmeraðar. Ekki er rökstutt sérstaklega af hvaða ástæðu málsgreinar eru númeraðar og því verða númer málsgreina felld niður og stafliðum breytt í töluliði í lokafrágangi verði frumvarpið samþykkt.

Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1049. Breytingartillögur [110. mál]

við frv. til l. um lausafjárkaup.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „og þar er um að ræða“ í 2. mgr. komi: sem felur í sér.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „Um sölu í atvinnustarfsemi er að ræða“ í 3. mgr. komi: Það telst sala í atvinnustarfsemi.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „sá vörulager“ í 1. mgr. komi: þær vörubirgðir.
4. Við 8. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er verði 1. málsl., svohljóðandi: Ef söluhlutur er ekki tryggður í flutningi skal seljandi tilkynna kaupanda það.
5. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „útgjöld“ í greininni og fyrirsögn hennar komi hvarvetna, í viðeigandi beygingarfalli: kostnaður.
   b. Í stað orðanna „Þegar um neytendakaup er að ræða og söluhlut“ í 2. mgr. komi: Ef söluhlut í neytendakaupum.

6. Við 18. gr. Í stað orðsins „Reglurnar“ í upphafi 1. mgr. komi: Reglur.
7. Við 19. gr. Í stað orðanna „er um galla að ræða“ í 1. mgr. komi: telst hann gallaður.
8. Við 22. gr. Við 2. málsl. 2. mgr. bætist: enda sé það kaupanda í hag.
9. Við 24. gr. Í stað orðanna „innan hæfilegs tíma“ í 1. málsl. komi: án ástæðulauss dráttar.
10. Við 25. gr. Við 3. mgr. bætist: eða ljóst er að hann muni ekki efna.
11. Við 27. gr. Í stað orðanna „sams konar óbeint tjón og nefnt er í“ í 4. mgr. komi: óbeint tjón skv.
12. Við 28. gr. Í stað orðanna „innan hæfilegs tíma“ komi: án ástæðulauss dráttar.
13. Við 30. gr. Við 2. málsl. 2. mgr. bætist: enda sé það kaupanda í hag.
14. Við 32. gr.
    a. Í stað orðanna „innan hæfilegs tíma“ í 1. mgr. komi: án ástæðulauss dráttar.
    b. 3. mgr. orðist svo:

       Við sölu á byggingarefni, sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að efninu var veitt viðtaka.
15. Við 34. gr.
    a. Í stað orðanna „nýja greiðslu“ í 1. mgr. komi: nýjan hlut.
    b. 3. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þá er ekki heldur unnt að krefjast nýrrar afhendingar ef hlutur var til staðar við kaup og hefur slíka eiginleika miðað við væntingar aðila að ekki er með sanngirni unnt að krefjast þess að hann verði bættur með öðrum hlut.
16. Við 36. gr. Í stað orðanna „áður en hæfilegur tími er liðinn frá því að hann fékk slíka vitneskju“ í 2. mgr. komi: án ástæðulauss dráttar.
17. Við 39. gr. Í stað orðanna „innan hæfilegs tíma“ í 2. mgr. komi: án ástæðulauss dráttar.
18. Við 41. gr. Við 4. mgr. bætist: enda sé það kaupanda í hag.
19. Við 42. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Réttur kaupanda til að halda eftir kaupverði.*
20. Við 48. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er verði 1. málsl. svohljóðandi: Auk greiðslu í reiðufé er kaupanda heimilt að inna greiðslu af hendi með öðrum viðurkenndum greiðsluaðferðum.
21. Fyrirsögn VI. kafla frumvarpsins verði: **Skyldur kaupanda. Kaupverð.**
22. Við 59. gr.
    a. Í stað orðanna „þegar um drátt á efndum af hálfu kaupanda er að ræða“ í a-lið komi: við drátt á efndum af hálfu kaupanda.
    b. Í stað orðanna „þegar um aðrar vanefndir er að ræða innan hæfilegs tíma“ í b-lið komi: við aðrar vanefndir án ástæðulauss dráttar.
23. Við 60. gr. Í stað orðanna „innan hæfilegs tíma“ í 1. og 2. mgr. komi: án ástæðulauss dráttar.
24. Við 66. gr. Í stað orðanna „í heild eða að hluta eyðilagst eða rýrnað“ í b-lið 1. mgr. komi: rýrnað, skemmst eða eyðilagst.
25. Við 71. gr. Við greinina bætist: þ.m.t. hvað varðar vaxtafót, upphafstíma vaxta og útreikning vaxta.
26. Við 79. gr. Við bætist: enda sé það kaupanda í hag.
27. Við 85. gr. Í stað orðanna „innan hæfilegs tíma“ í 1. mgr. komi: án ástæðulauss dráttar.
28. Við 99. gr. 1. mgr. orðist svo:

    Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.
29. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

    Viðskiptaráðherra skipar kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem starfa skal frá gildistöku laganna og út árið 2005. Nefndarmenn skulu vera þrír. Ráðherra skipar einn

nefndarmanna eftir tilnefningu Neytendasamtakanna, annan eftir tilnefningu Verslunarráðs Íslands og þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Hann skal fullnægja skilyrðum til að vera dómari.

Kostnaður af störfum kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa greiðist úr ríkissjóði.

Greini aðila að lausafjárkaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Viðskiptaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um valdsvið og verkefni kærunefndar, málsmeðferðarreglur fyrir nefndinni og störf hennar að öðru leyti.

1050. Breytingartillögur [110. mál]

við frv. til l. um lausafjárkaup.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur.

1. Við 2. mgr. 11. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé ekki samið um hver skuli greiða sendingarkostnaðinn ber seljanda að greiða hann.
2. Fyrri málsliður 2. mgr. 40. gr. falli brott.
3. Við 67. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Inngangsmálsliður 2. mgr. orðist svo: Með óbeinu tjóni er m.a. átt við.
   b. 4. mgr. falli brott.

1051. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um þjónustukaup.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Örlygsson, Atla Frey Guðmundsson, Tryggva Axelsson og Birgi Má Ragnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Erlend Gíslason frá Lögmannafélagi Íslands, Ólaf Helga Árnason frá Samtökum iðnaðarins, Jón Magnússon og Telmu Halldórsdóttur frá Neytendasamtökunum og Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, Neytendasamtökunum, Samtökum iðnaðarins og Lögmannafélagi Íslands. Þá tók nefndin til skoðunar umsagnir sem borist höfðu um málið þegar það var til umfjöllunar á 122. og 123. löggjafarþingi.

Með frumvarpinu er lagt til að löfest verði heildarlög um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni. Tekur það mið af lögum sem sett hafa verið um þetta efni annars staðar á Norðurlöndunum auk þess sem danskt frumvarp frá árinu 1988 var haft til hliðsjónar

við samningu þess. Er með frumvarpinu stefnt að því að bæta úr brýnni þörf á lagareglum til að greiða úr réttarágreiningi sem kann að rísa vegna kaupa á þjónustu.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Flestar þeirra eru einungis orðalagsbreytingar, en nefndin leggur þó til eftirtaldar efnisbreytingar:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að tekið skuli fram að ef til riftunar samnings kemur geti seljandi aðeins krafist greiðslu fyrir ógallaða vinnu og þannig tekinn af allur vafi um að neytanda sé ekki skylt að greiða fyrir gallaða vinnu.
2. Lagt er til að kveðið verði á um það í bráðabirgðaákvæði að frá gildistöku laganna og út árið 2005 skuli starfa kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem starfi á grundvelli laga um þjónustukaup og laga um lausafjárkaup. Þar sem um er að ræða nýja heildarlöggjöf um þjónustukaup telur nefndin að sú leið að aðilar að þjónustukaupum geti leitað til óháðs stjórnvalds til að fá túlkun á lögunum ætti að gefast vel. Eru fjölmargar slíkar nefndir starfandi, m.a. kærunefnd húsaleigumála og kærunefnd fjöleignarhúsa og hafa þær reynst vel. Lagt er til að nefndin verði þannig skipuð að einn nefndarmanna verði skipaður eftir tilnefningu Neytendasamtakanna, annar eftir tilnefningu Verslunarráðs Íslands og þann þriðja skipi ráðherra án tilnefningar. Lagt er til að kostnaður af störfum kærunefndarinnar greiðist úr ríkissjóði en samkvæmt upplýsingum nefndarinnar verður hann að lágmarki 2–3 millj. kr. á ári.
3. Þá er lagt til að gildistökuákvæði laganna verði breytt á þá leið að lögin öðlist gildi 1. júní 2001 til samræmis við frumvarp til laga um lausafjárkaup.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1052. Breytingartillögur [111. mál]

við frv. til l. um þjónustukaup.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.
2. Við 9. gr. Í stað orðanna „til hans á ný“ í 5. tölul. 1. mgr. komi: aftur til hans.
3. Við 19. gr. Í stað orðanna „verður áhættan þar með hans“ komi: flyst áhættan til hans.
4. Við 22. gr. Á eftir orðinu „Fyrir“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: ógallaða.

5. Við 23. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Seljandi þjónustu á kröfu með sama hætti og neytandi að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari grein.
6. Fyrirsögn V. kafla frumvarpsins orðist svo: **Afhendingardráttur seljanda þjónustu.**
7. Við 36. gr. Í stað orðsins „Skyldur“ í 3. mgr. komi: Greiðsluskylda.
8. 39. gr. falli brott.
9. Við 40. gr. (er verði 39. gr.) Í stað orðsins „ritsíma“ komi: símskeyti.
10. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.
11. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Viðskiptaráðherra skipar kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem starfa skal frá gildistöku laganna og út árið 2005. Nefndarmenn skulu vera þrír. Ráðherra skipar einn nefndarmanna eftir tilnefningu Neytendasamtakanna, annan eftir tilnefningu Verslunarráðs Íslands og þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Hann skal fullnægja skilyrðum til að vera dómari.
    Kostnaður af störfum kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa greiðist úr ríkissjóði.
    Greini aðila að þjónustukaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.
    Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.
    Viðskiptaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um valdsvið og verkefni kærunefndar, málsmeðferðarreglur fyrir nefndinni og störf hennar að öðru leyti.

1053. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas Njál Möller og Hermann Jónasson frá fjármálaráðuneyti, Magnús M. Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, Jón G. Kristjánsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar, Má Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands, Ástu Þórarinsdóttur, Pál Gunnar Pálsson og Guðbjörgu Bjarnadóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Jóhannes Siggeirsson og Hallgrím Gunnarsson frá Sameinaða lífeyrissjóðnum, Árna Guðmundsson frá Lífeyrissjóði sjómanna, Þorgeir Eyjólfsson frá Lífeyrissjóði verslunarmanna, Hrafn Magnússon frá Landssamtökum lífeyrissjóða og Karl Benediktsson frá Lífeyrissjóðnum Framsýn. Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar, Alþýðusambandi Íslands, Lífeyrissjóði sjómanna, Sameinaða lífeyrissjóðnum, Lífeyrissjóði verslunarmanna, Samtökum fjármálafyrirtækja, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Fjármálaeftirlitinu, Lífeyrissjóðnum Framsýn og Seðlabanka Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga verði rýmkaðar. Í fyrsta lagi verði heimild þeirra til að fjárfesta í skráðum skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila, hlutabréfum fyrirtækja og öðrum verðbréfum verði hækkuð úr 35% í 50%. Í öðru lagi verði heimild þeirra til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum hækkuð úr 40% af hreinni eign sjóðanna í 50% og í þriðja lagi verði heimild þeirra til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum látin ná jafnt til verðbréfa sem gefin eru út af innlendum og erlendum aðilum en ekki einungis innlendum eins og nú er. Að auki er lagt til í frumvarpinu að gerðar verði auknar kröfur um hæfni stjórnenda lífeyrissjóða.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að tvær nýjar greinar bætist við frumvarpið. Í þeirri fyrri kemur fram að lífeyrissjóðir skuli senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfs árs fresti og skuli fylgja því áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum. Með þessari breytingu er stuðlað að því að sjóðfélagar geti betur gætt réttar síns og gripið til viðeigandi ráðstafana ef iðgjöld skila sér ekki til lífeyrissjóðs. Í þeirri síðari er lagt til að kveðið verði á um heimild til eingreiðslu lágrar fjárhæðar í samþykktum lífeyrissjóða en ekki í reglugerð eins og nú er. Er það eðlilegt þar sem lífeyrissjóðum er í sjálfsvald sett hvort þeir nýta sér heimildina.
2. Lögð er til einföld orðalagsbreyting á 3. gr. frumvarpsins.
3. Lagt er til að ákvæði í 4. gr. frumvarpsins bætist við 34. gr. laganna en komi ekki í stað 33. gr. þeirra eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Með því gilda áfram ákvæði laganna um gerðardóm.
4. Lögð er til leiðrétting á tilvísun í 29. gr. laganna.
5. Lagðar eru til breytingar á 6. gr. Aðalbreytingin er að felld verði úr greininni sundurliðun á því hvað skuli mæla fyrir um í reglum um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða þannig að á hverjum tíma megi setja reglur sem þjóni best markmiðum sjóðanna. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði falið að setja reglurnar, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji þær. Fjármálaeftirlitið setur m.a. reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og er því eðlilegt að það setji einnig þessar reglur.
6. Lagt er til að fallið verði frá þeirri kröfu að lífeyrissjóðirnir leggi fram fjárfestingarkröfu fyrir komandi ár með ársreikningum sínum en látið nægja að þeir leggi fram fjárfestingarstefnu þá sem starfað er eftir. Er með því tryggt að þeir þættir sem mikilvægir eru við mat á stöðu hvers lífeyrissjóðs séu öllum aðgengilegir. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitið setji reglur um form og efni skýrslugjafar en ekki fjármálaráðherra eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
7. Loks er lagt til að rýmkuð verði heimild sjóða sem hyggjast einvörðungu veita lífeyri vegna áunninna réttinda til að gera afmarkaðar breytingar á réttindaákvæðum samþykkta sjóðanna ef þær hafa óveruleg áhrif á réttindi einstakra sjóðfélaga eða sjóðfélagahópa. Við mat á því hvort breytingar hafi veruleg áhrif á fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs skal litið til áhrifa breytinganna á lífeyrisgreiðslur til einstakra hópa sjóðfélaga.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Gunnar Birgisson.

Ögmundur Jónasson.

1054. Breytingartillögur [260. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, KHG, HjÁ, SAÞ, PHB, GunnB, ÖJ).

1. Við frumvarpið bætist tvær nýjar greinar er verði 1. og 2. gr., svohljóðandi:
   a. (1. gr.)
      Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr., svohljóðandi:
      Lífeyrissjóðir skulu senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfs árs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum.
   b. (2. gr.)
      Í stað orðsins „reglugerð“ í 5. mgr. 19. gr. laganna kemur: samþykktum.
2. Við 3. gr. (er verði 5. gr.). Í stað orðsins „lífeyrissjóða“ komi: lífeyrissjóðs.
3. Við 4. gr. (er verði 6. gr.). Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „sbr. 2. tölul. 2. mgr. 29. gr.“ í 1. mgr. kemur: sbr. 2. tölul. 3. mgr. 29. gr.
   b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:
      Lífeyrissjóður skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem hæfur er til að sinna eignastýringu verðbréfasafna sjóðsins á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu.
      Lífeyrissjóður sem býður upp á tvo eða fleiri valmöguleika varðandi ávöxtun lífeyrisiðgjalda eða ávinnslu lífeyrisréttinda skal hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem hæft er til að sinna ráðgjöf í þeim efnum. Gæta skal þess að ráðgjöf sé sett fram á hlutlægan og faglegan hátt og taki mið af hagsmunum hvers sjóðfélaga. Lífeyrissjóður skal enn fremur láta útbúa skriflegt kynningarefni þar sem gerð er grein fyrir kostum og göllum einstakra valkosta miðað við mismunandi forsendur. Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi lífeyrissjóða skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu lífeyrissjóðanna.

4. Við 6. gr. (er verði 8. gr.).
   a. 3. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Lífeyrissjóðir skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.
   b. 2. efnismgr. orðist svo:
      Fjármálaeftirlitið skal setja reglur um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og hvernig henni skuli skilað til eftirlitsins.
5. Við 8. gr. (er verði 10. gr.). Efnismálsgreinin orðist svo:
   Með ársreikningum lífeyrissjóða skal fylgja sú fjárfestingarstefna sem starfað er eftir. Jafnframt skal fylgja úttekt á ávöxtun eignasafna síðasta árs. Fjármálaeftirlitið skal setja nánari reglur um form og efni þessara skýrslna.
6. 10. gr. verði 11. gr.
7. Við bætist ný grein er verði 12. gr., svohljóðandi:
   Í stað síðari málsliðar 53. gr. laganna koma fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Um réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris úr sjóðum sem starfa samkvæmt greininni fer eftir reglugerðum hlutaðeigandi sjóða sem í gildi voru við gildistöku laga þessara. Þó skal heimilt að breyta ákvæðum um réttindi sjóðfélaga til samræmis við samkomulag sem samtök launþega og vinnuveitenda gera með sér, enda fari slík breyting hvorki í bága við III. kafla laganna né teljist ganga á ólögmætan hátt á áunninn rétt einstakra sjóðfélaga innbyrðis eða annarra sem réttinda njóta, eða hafa teljandi fjárhagsleg áhrif þegar litið er til eigna sjóðsins og lífeyrisskuldbindinga. Við það mat skal m.a. litið til umsagnar tryggingafræðings viðkomandi sjóðs sem fylgja skal ósk um breytingar. Breytingar á réttindaákvæðum skulu koma fram í staðfestum samþykktum fyrir viðkomandi sjóði. Að öðru leyti skulu lög þessi gilda um hlutaðeigandi sjóði eftir því sem við getur átt.

1055. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunatryggingar, nr. 48/1994.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ingibergsson, Jón Vilberg Guðjónsson og Margréti Hauksdóttur frá samráðshópi ráðuneyta um Landskrá fasteigna, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sigurð Helga Guðjónsson frá Húseigendafélaginu, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Eyjólf Bjarnason frá Samtökum iðnaðarins, Vilborgu Júlíusdóttur frá Þjóðhagsstofnun, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands og Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Fasteignamati ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Kópavogsbæ, Samtökum atvinnulífsins, Íbúðalánasjóði, Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Húseigendafélaginu og Fasteignamati ríkisins.

Frumvarpið er eitt af þremur frumvörpum sem miða að því að myndað verði gagna- og upplýsingakerfi um allar fasteignir í landinu sem nefnist Landskrá fasteigna. Hin málin eru 290. mál, skráning og mat fasteigna (þskj. 472), og 281. mál, þinglýsingalög (þskj. 421).

Með frumvarpi þessu er lögð til hækkun á umsýslugjaldi sem rennur til Fasteignamats ríkisins úr 0,025 ‰ af brunabótamati fasteignar í 0,1‰, en gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við Landskrána.

Miklar umræður urðu í nefndinni um réttmæti þess að innheimta umrætt gjald af eigendum fasteigna þar sem Landskráin er mjög mikilvæg fyrir þjóðfélagið almennt.

Með hliðsjón af því leggur meiri hlutinn til að umsýslugjaldið verði óbreytt út þetta ár, hækki síðan í 0,1‰ á árunum 2001–2004, en falli þá niður. Komi það því í hlut eigenda fasteigna að leggja til fjármuni til að koma Landskránni á fót, en eftir það verði henni markaður annar tekjustofn.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.

Ögmundur Jónasson,
með fyrirvara.

1056. Breytingartillögur [285. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um brunatryggingar, nr. 48/1994.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, KHG, HjÁ, SAÞ, PHB, GunnB, ÖJ).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   6. gr. laganna fellur brott.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Til þess að standa straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að uppfæra og halda Landskrá fasteigna skulu húseigendur greiða til þess sérstakt umsýslugjald á árunum 2000–2004. Skal gjald þetta nema 0,025‰ (prómillum) af brunabótamati hverrar húseignar árið 2000, en á árunum 2001–2004 skal gjaldið nema 0,1‰ (prómilli) af brunabótamati hverrar húseignar. Skal vátryggingafélag innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila umsýslugjaldi til Fasteignamats ríkisins eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga.

1057. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunatryggingar, nr. 48/1994.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp fjármálaráðherra felur í sér að fasteignaeigendur verði látnir bera kostnaðinn við að koma á einu samhæfðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Lagt er til að svonefnt umsýslugjald sem nú rennur til Fasteignamats ríkisins hækki úr 0,025‰ í 0,1‰ af brunabótamati hverrar húseignar. Minni hlutinn leggst gegn þessum skatti á fasteignaeigendur, líkt og flestir umsagnaraðilar.

Gjöld á fasteignaeigendur.

Hækkun umsýslugjalds Fasteignamats ríkisins úr 50 millj. kr. í 200 millj. kr. sem frumvarpið gerir ráð fyrir er 8–9% heildarhækkun á gjöldum húseigenda sem grundvallast á brunabótamati. Brunabótamat fasteigna er notað sem gjaldstofn í ýmsum tilgangi og nema gjöld sem lögð eru á húseigendur samkvæmt því nú um 1.600–1.800 millj. kr.

Einnig er vert að minna á gjöld sem lögð eru á fasteignaeigendur á grundvelli aukatekjulaga nú þegar ríkisstjórnin hyggst auka á skattbyrði fasteignaeigenda.

a. Við fasteignakaup eru greiddar 1.200 kr. fyrir þinglýsingu skjala, auk gjalds fyrir frágang skjala. Jafnframt hefur ríkissjóður 2,8 milljarða kr. í tekjur af stimpilgjaldi.
b. Vegna vanskila eru lögð margs konar gjöld á fasteignaeigendur. Við fjárnám ber ríkissjóði 1% fjárhæðarinnar sem fjárnáms er krafist fyrir, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þó aldrei minna en 3.500 kr. eða meira en 11.500 kr. Vegna nauðungarsölu skal greiða ríkissjóði 1% fjárhæðarinnar sem er krafist fullnustu á, að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Þegar lögð er fram beiðni um nauðungarsölu fasteignar eða eignar sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal þetta gjald aldrei vera lægra en 10.300 kr. eða hærra en 11.500 kr. Þegar fasteign er seld á uppboði greiðist 1% söluverðs í ríkissjóð sem sölulaun.

Ef vanskilamál fer fyrir dómstóla koma til dómsmálagjöld. Þá nemur eignarskattur um 2,6 milljörðum kr. og erðafjárskattur um 450 millj. kr. Til viðbótar koma svo fasteignagjöld sveitarfélaga. Lauslega má því áætla að ríkissjóður hafi ekki undir 8 milljörðum kr. í tekjur á ári af fasteignaeigendum.

Af framangreindu er ljóst að gjöld og skattar sem ríkið leggur á fasteignaeigendur eru nú þegar gífurlegir.

Skattinum mótmælt.

Gert er ráð fyrir að áætlaður rekstrar- og stofnkostnaður við uppsetningu gagna- og upplýsingakerfis um allar fasteignir í landinu sem ber heitið Landskrá fasteigna kosti á fjórum árum um 615 millj. kr., eða um 150 millj. kr. á hverju ári. Þegar Landskráin verður tilbúin er gert ráð fyrir 100 millj. kr. árlegum rekstrarkostnaði.

Flestir umsagnaraðilar töldu það orka tvímælis að húseigendum væri einum gert að greiða kostnaðinn af stofnun Landskrár fasteigna en eigendur lóða, jarða, hlunninda og ítaka hvers konar sem virt eru til fasteignamats yrðu hins vegar undanþegnir þessu gjaldi.

Sparnaður og notendagjöld.

Einnig kom fram að færa mætti rök fyrir því að Landskráin hefði svo almennt gildi í þjóðfélaginu að eðlilegt væri að fjármagna hana með skatttekjum ríkissjóðs fremur en að hækka umsýslugjaldið. Má í því sambandi benda á að í yfirliti sem lagt var fram í nefndinni og fylgir með þessu áliti sem fylgiskjal kemur fram að helstu notendur upplýsinga úr gagna- og upplýsingakerfi Landskrár fasteigna yrðu margir tugir aðila, bæði í opinberri stjórnsýslu og á einkamarkaði.

Þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað liggur ekkert fyrir um sparnað og hagræðingu þessarar breytingar. Ekkert mat hefur því verið lagt á sparnað fjölmargra aðila við þessa breytingu en sjálfstæðir skráarhaldarar fasteignaupplýsinga hafa hingað til verið, auk Fasteignamats ríkisins, þinglýsingarstjórar, byggingarfulltrúar, álagningardeildir sveitarfélaga, Hagstofa Íslands, þjóðskrá, tryggingafélög o.fl. Hægt hefði verið að greiða fyrir Landskrána með sparnaði ýmissa opinberra aðila ásamt notendagjöldum þeirra sem koma til með að nýta sér þjónustu hennar. Einnig hefði ekki verið óeðlilegt að líta á stofnkostnaðinn sem fjárfestingu sem ríkissjóður hefði síðan fengið endurgreiddan með notendagjöldum.

Niðurstaða.

Minni hlutinn mótmælir því að enn eina ferðina sé verið að leggja auknar byrðar á fasteignaeigendur og láta þá eina standa undir fjárfestingu sem hefur víðtækt þjóðfélagslegt gildi og nýtist fjölda aðila í opinberri stjórnsýslu og á einkamarkaði.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.

Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal.

Fasteignamat ríkisins,
Landskrá fasteigna.

Helstu flokkar notenda upplýsinga úr gagna- og upplýsingakerfinu Landskrá fasteigna:

1. Rétthafar:
   a. Eigendur — upplýsingar um eigin fasteign í gegnum vefútgáfu Landskrár með veflykli ríkisskattstjóra.
   b. Veðhafar.
   c. Landeigendur.
2. Fasteignaviðskipti:
   a. Væntanlegir kaupendur.
   b. Seljendur.
   c. Fasteignasölur.
   d. Íbúðalánasjóður.
   e. Lífeyrissjóðir.
   f. Aðrar fjármálastofnanir.

3. Lánastarfsemi:
   a. Lántaki.
   b. Fjármálastofnanir, þ.m.t. allar stofnanir háðar eftirliti Fjármálaeftirlitsins.
4. Opinber stjórnsýsla:
   a. Ráðuneyti.
   b. Skipulagsyfirvöld:
      i. Sveitarstjórnir.
      ii. Byggingarnefndir sveitarfélaga.
      iii. Byggingarfulltrúar.
   c. Manntal:
      i. Sveitarstjórnir.
      ii. Hagstofa Íslands.
5. Hönnun, bygging, rekstur og eftirlit fasteigna:
   a. Hönnuðir, arkitekta- og verkfræðistofur.
   b. Byggingaraðilar.
   c. Leigusalar.
   d. Framkvæmdasýslan.
   e. Fasteignir ríkissjóðs.
   f. Öryggisgæslufyrirtæki.
6. Stofnun, breyting og afmörkun fasteigna:
   a. Eignaskiptalýsendur.
   b. Vottaðir landmælingamenn.
   c. Óbyggðanefnd.
7. Skráningaraðilar fasteigna:
   a. Sveitarstjórnir/byggingarfulltrúar.
   b. Fasteignamat ríkisins.
   c. Sýslumenn.
   d. Landmælingar Íslands (gerð landeignaskrár).
8. Álagning opinberra gjalda:
   a. Yfirskattanefnd.
   b. Ríkisskattstjóri.
   c. Skattstjórar.
   d. Gjaldadeildir sveitarfélaga.
9. Innheimta opinberra gjalda:
   a. Sýslumenn.
   b. Tollstjórinn í Reykjavík.
   c. Gjaldadeildir sveitarfélaga.
10. Innheimtustarfsemi:
    a. Lögmannsstofur.
    b. Innheimtufyrirtæki.
11. Hagtölur:
    a. Þjóðhagsstofnun.
    b. Hagstofa Íslands.
    c. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
    d. Fjölmiðlar.

12. Löggæsla og skatteftirlit:
    a. Ríkisendurskoðandi.
    b. Skattrannsóknarstjóri.
    c. Ríkislögreglustjórinn — efnahagsbrotadeild.
    d. Lögreglustjórar.
13. Lánshæfismat:
    a. Lánstraust hf.
    b. Standard and Poor's.

1058. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ingibergsson, Jón Vilberg Guðjónsson og Margréti Hauksdóttur frá samráðshópi ráðuneyta um Landskrá fasteigna, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sigurð Helga Guðjónsson frá Húseigendafélaginu, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Eyjólf Bjarnason frá Samtökum iðnaðarins, Vilborgu Júlíusdóttur frá Þjóðhagsstofnun, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands og Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Fasteignamati ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Kópavogsbæ, Skipulagsstofnun, Íbúðalánasjóði, Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga Húseigendafélaginu og Fasteignamati ríkisins.

Frumvarpið er eitt af þremur frumvörpum sem miða að því að myndað verði gagna- og upplýsingakerfi um allar fasteignir í landinu sem nefnist Landskrá fasteigna. Hin málin varðandi þetta efni eru 285. mál, brunatrygginar (þskj. 429), og 281. mál, þinglýsingalög (þskj. 421).

Tilgangur þessa frumvarps er að samræma verklag skráningaraðila við skráningu fasteigna í samhæfðri tölvuvinnslu og leggja fyrsta grunn að skráningu eignamarka lands á tölvutæku formi.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um hver skyldi bera kostnað við úttekt tölvunefndar á Landskrá fasteigna. Leggur nefndin áherslu á að allur kostnaður við hana verði greiddur af Fasteignamati ríksins. Þá lýsti Haukur Ingibergsson, forstjóri Fasteignamats ríkisins, því yfir, er hann kom á fund nefndarinnar vegna málsins, að hann teldi ljóst að umræddur kostnaður yrði greiddur af Fasteignamati ríkisins.

Nefndin telur að hér sé um brýnt verkefni að ræða og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1059. Breytingartillaga [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur.

Við 7. gr.

a. Í stað orðsins „níu“ í inngangsmálsgrein komi: tíu.

b. Við bætist nýr stafliður er verði j-liður (19. gr.), svohljóðandi:

Fasteignamat ríkisins skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja vernd persónuupplýsinga í Landskrá fasteigna. Lýsing á þeim öryggisráðstöfunum og öryggisreglum sem fyrirhugað er að innleiða skal lögð fyrir tölvunefnd. Að lokinni umfjöllun tölvunefndar skal laga öryggisráðstafanir og öryggiskröfur að þeim kröfum sem tölvunefnd setur um vernd persónuupplýsinga.

Fasteignamat ríkisins ber ábyrgð á því að öryggisráðstafanir séu ávallt í samræmi við kröfur tölvunefndar.

Tölvunefnd getur hvenær sem er endurmetið kröfur sínar í ljósi nýrrar tækni, reynslu eða breyttra viðhorfa til öryggismála.

Kostnaður af úttekt tölvunefndar á öryggi kerfisins skal greiddur af Fasteignamati ríkisins.

1060. Nefndarálit [421. mál]

um frv. til l. um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Neytendasamtökunum, Samkeppnisstofnun og Verslunarráði Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að taka upp í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar 97/7/EB, um fjarsölu, en í henni er að finna margvíslegar lágmarksreglur sem miða að því að veita neytendum vernd með tilliti til fjarsölu á vöru og þjónustu.

Fjarsölusamningar eru gerðir með aðstoð eins eða fleiri fjarskiptamiðla án þess að neytandi og seljandi hittist. Eðlilegt er að við slíkar kringumstæður sé neytendum veitt aukin réttarvernd, svo sem víðtækari réttur til upplýsinga af hálfu seljanda og réttur til að falla frá samningi ef varan uppfyllir ekki við skoðun og móttöku þær forsendur sem hann lagði til grundvallar við kaupin og gat vænst að hún uppfyllti samkvæmt upplýsingum frá seljanda.

Í frumvarpinu eru ákvæði gildandi laga um húsgöngusölu en þau voru sett árið 1992 þegar Íslandi bar skylda til samkvæmt EES-samningnum að setja í íslensk lög ákvæði tilskipunar ráðsins 85/577/EB, um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva. Er hagræði af því bæði fyrir neytendur og seljendur að þeir hafi ávallt gott yfirlit yfir reglur sem gilda og að slíkum reglum sé skipað innan sama lagabálks sé þess nokkur kostur.

Nefndin vekur athygli á að misræmi er milli 5. tölul. 3. gr. frumvarpsins og skýringa við hann í greinargerð. Samkvæmt töluliðnum ná ákvæði laganna ekki til samninga um notkun á almenningssímum en í athugasemdum við frumvarpið segir að samningar sem gerðir eru með notkun almenningssíma séu undanþegnir ákvæðum laganna. Textinn eins og hann birtist í frumvarpinu er réttur, þ.e. ákvæði laganna ná ekki til samninga um notkun á almenningssímum.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu en aðeins ein þeirra er efnisleg. Er lagt til að 4. tölul. 10. gr. falli brott og með því nái réttur neytanda til að falla frá húsgöngueða fjarsölusamningi til fjarsölusamninga um áskrift að dagblöðum og tímaritum. Aðrar breytingar sem lagðar eru til eru einungis orðalagsbreytingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1061. Breytingartillögur [421. mál]

við frv. til l. um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 1. tölul. orðist svo: *Neytandi* er í lögum þessum einstaklingur sem er kaupandi í viðskiptum sem lög þessi taka til í tilgangi sem er óviðkomandi starfi hans.
2. Við 3. gr. 1. tölul. orðist svo: Samninga um smíði, byggingu eða önnur réttindi í sambandi við fasteignir. Lögin taka þó til leigusamninga.

3. Við 9. gr. Í stað orðanna „fimm dögum“ komi: frá og með sjötta degi.
4. Við 10. gr. 4. tölul. falli brott.

1062. Nefndarálit [489. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 133/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Birgi Má Ragnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Þuríði Einarsdóttur frá Póstmannafélagi Íslands og Einar Þorsteinsson frá Íslandspósti hf. Umsagnir um málið bárust frá Sambandi íslenskra bankamanna, Póstmannafélagi Íslands, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda og Fjármálaeftirlitinu. Þá barst nefndinni sameiginleg umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka og Sambands íslenskra sparisjóða.

Með frumvarpinu er lagt til að viðskiptabönkum og sparisjóðum verði heimilað að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hafa til að veita slíka þjónustu. Er það mikilvægt þar sem samvinna um slíka þjónustu leiðir til þess að unnt verður að veita hana víðar en ella.

Við meðferð málsins urðu nokkrar umræður um fækkun starfsmanna póstsins vegna þessara breytinga. Leggur nefndin áherslu á að þar sem fjölga þarf starfsfólki í bönkunum til að sinna póstþjónustunni verði starfsmenn póstsins látnir hafa forgang til starfanna eftir því sem kostur er.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara

1063. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um lagaskil á sviði samningaréttar.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Guðjón Rúnarsson og Sigríði Á.

Andersen frá Verslunarráði Íslands og Telmu Halldórsdóttur frá Neytendasamtökunum. Umsagnir um málið bárust frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Verslunarráði Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Félagi löggiltra endurskoðenda, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samskipum hf., Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi háskólamanna og Lögmannafélagi Íslands.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta úr brýnni nauðsyn á því að í lögum sé að finna skýrar reglur um hvaða lög eigi að leggja til grundvallar í viðskiptum tveggja aðila sem ekki eru búsettir í sama ríki. Er það byggt á samningi um lagaskil á sviði samningaréttar sem aðildarríki Evrópusambandsins undirrituðu 19. júní 1980, svonefndum Rómarsamningi.

Nefndin ræddi sérstaklega 6. gr. frumvarpsins um vinnusamninga og hvort eðlilegt væri að setja einhver tímamörk á hugtakið „tímabundið“ í a-lið 2. mgr. Ákvað nefndin eftir ítarlega skoðun að leggja það ekki til, þar sem rétt er að dómstólar taki ákvörðun um það á grundvelli málsatvika hverju sinni. Þá er þetta hugtak ekki tímabundið í neinu af ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Nefndin leggur þó áherslu á að hugtakið verði að jafnaði ekki látið ná til lengri tíma en tveggja mánaða.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til smávægileg orðalagsbreyting á 2. mgr. 1. gr.
2. Lagt er til að orðalagi 3. mgr. 3. gr. verði breytt til betra samræmis við texta Rómarsamningsins um sama efni.
3. Lögð er til lagfæring á orðalagi 3. og 4. málsl. 2. mgr. 4. gr.
4. Lagt er til að í b-lið 4. mgr. 5. gr. komi orðið „býr“ í stað orðanna „á heima“. Er þessari breytingu ætlað að gera skýrara að ekki er gerð krafa um að neytandi eigi lögheimili í því landi þar sem hann er búsettur. Þá er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 5. gr. þar sem fram komi að ákvæði greinarinnar eigi við um samning um kaup á ferð þegar gisting er innifalin í kaupverði. Ákvæði þessa efnis er í Rómarsamningnum sem frumvarpið byggist á og telur nefndin rétt að ákvæðið verði í frumvarpinu.
5. Lagðar eru til breytingar á uppsetningu og orðalagi 6. gr. frumvarpsins.
6. Þá eru lagðar til lagfæringar á orðalagi 9. gr. frumvarpsins.
7. Lögð er til breyting á c-lið 10. gr. Ástæða hennar er að bætur vegna vanefnda, sem þar er fjallað um, eru ekki alltaf byggðar á settum lögum heldur eru þær alloft byggðar á öðrum réttarheimildum, svo sem dómafordæmum og óskráðum meginreglum laga. Er lagt til að orðalagi greinarinnar verði breytt til samræmis við það.
8. Lagt er til að orðalag 12. gr. verði lagfært til samræmis við texta Rómarsamningsins um sama efni.
9. Lögð er til lagfæring á orðalagi 14. gr.
10. Þá er lögð til lagfæring á orðalagi 17. gr.
11. Loks eru lagðar til breytingar á 18. gr. sem gera hana skýrari og markvissari.

Að síðustu vill nefndin taka fram að hún telur að frágangur málsgreina í frumvarpinu sé ekki í samræmi við þá meginreglu í frágangi frumvarpa að hafa málsgreinar ónúmeraðar. Ekki er rökstutt sérstaklega af hvaða ástæðu málsgreinar eru númeraðar og því verða númer málsgreina felld niður í lokafrágangi verði frumvarpið samþykkt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1064. Breytingartillögur [70. mál]

við frv. til l. um lagaskil á sviði samningaréttar.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „félag“ í f-lið 2. mgr. komi: félög.
2. Við 3. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Hafi aðilar samið um að beita erlendum lögum, hvort sem ágreining á að bera undir erlendan dómstól eða ekki, en öll atvik og kringumstæður við gerð samnings tengjast aðeins einu landi, er þrátt fyrir samninginn heimilt að beita ófrávíkjanlegum reglum þess lands sem samningurinn tengist.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „í tengslum við framkvæmd atvinnu eða í tengslum við atvinnurekstur“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: í tengslum við atvinnu eða atvinnurekstur.
   b. Orðið „þeirri“ í 4. málsl. 2. mgr. falli brott.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „á heima“ í b-lið 4. mgr. komi: býr.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. eiga ákvæði þessarar greinar við um samning um kaup á ferð þegar gisting er innifalin í kaupverði.
5. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „réttarstöðu“ í 1. mgr. komi: verndar.
   b. Í stað 2. mgr. komi tvær málsgreinar, svohljóðandi:
      Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skulu eftirfarandi lög gilda um vinnusamninga sem ekki hafa ákvæði að geyma um lagaval:
      a. lög þess lands þar sem launþegi starfar að jafnaði, enda þótt honum hafi tímabundið verið falin störf í öðru landi, eða
      b. ef launþegi starfar að jafnaði ekki í neinu tilteknu landi gilda lög þess lands þar sem sú starfsstöð er sem réð hann til starfa.

      Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við ef annað leiðir af aðstæðum í heild eða samningurinn hefur meiri tengsl við annað land en það sem a- og b-liðir vísa til. Í því tilviki gilda lög þess lands.

6. Við 9. gr.
   a. Í stað orðsins „framkvæmir“ í 3. mgr. kemur: gerir.
   b. Á undan orðunum „þess lands“ í lok 4. mgr. komi: laga.
7. Við 10. gr. Í stað orðanna „ákvarðaðar lögum samkvæmt“ í c-lið 1. mgr. komi: ákvarðaðar samkvæmt lagareglum.
8. Við 12. gr.
   a. Á eftir orðunum „þriðja manni“ í 1. mgr. komi: (skuldara).
   b. Í stað orðanna „þriðja manns“ og „þriðja manni“ í 2. mgr. komi: skuldara.
9. Við 14. gr. Í stað orðanna „í lögum þeim sem 9. gr. vísar til“ komi: samkvæmt lögum þeim sem vísað er til í 9. gr.
10. Við 17. gr. Í stað orðanna „hafa verið“ komi: eru.
11. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

    Sérreglur um lagaskil í öðrum lögum eða reglum, sem lögfestar eru hér á landi vegna skuldbindinga sem felast í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða öðrum alþjóðasamningum, skulu ganga framar ákvæðum laga þessara að svo miklu leyti sem þær fá ekki samrýmst þeim.

1065. Frumvarp til laga [623. mál]

um fæðingar- og foreldraorlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til réttinda foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingar- og foreldraorlofs. Þau eiga við um foreldra sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi.

Lög þessi taka einnig til réttinda foreldra utan vinnumarkaðar og í námi til fæðingarstyrks.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður.

Þá er lögum þessum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

3. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn fæðingar- og foreldraorlofsmála samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Fæðingarorlofssjóður.

Fæðingarorlofssjóður skal annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi skv. 13. gr. Þó er heimilt að semja um að vinnuveitandi annist þessar greiðslur, enda fái hann endurgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði. Greiðslur til foreldra, sbr. 2. mgr. 1. gr., greiðast úr ríkissjóði.

Fæðingarorlofssjóður skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði félagsmálaráðherra.

Fæðingarorlofssjóður skal fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins.

Félagsmálaráðherra skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal sjóðurinn árlega gera fjárhagsáætlun sem félagsmálaráðherra leggur fyrir fjármálaráðherra við undirbúning fjárlaga.

Reikningar Fæðingarorlofssjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaðinu.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

5. gr.

Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála og jafnmarga til vara. Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal einn skipaður án tilnefningar. Hæstiréttur tilnefnir tvo og skal annar þeirra uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og vera formaður nefndarinnar en hinn skal vera læknir og varaformaður hennar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Hlutverk úrskurðarnefndar er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga þessara.

Úrskurðir nefndarinnar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds.

Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Kæra skal berast nefndinni skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæra telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund.

Nefndin skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig áður en nefndin úrskurðar í því, enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrri henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Tryggingastofnun ríkisins skal láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar sem nefndin telur þörf á að afla frá stofnuninni.

Nefndarmönnum er bannað að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni berst mál.

III. KAFLI
Orðskýringar.
7. gr.

Fæðingar- og foreldraorlof samkvæmt lögum þessum er leyfi frá launuðum störfum sem stofnast til við:

a. fæðingu,
b. frumættleiðingu barns yngra en átta ára eða
c. töku barns yngra en átta ára í varanlegt fóstur.

Starfsmaður er í lögum þessum hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði. Þó á hugtakið starfsmaður í VII. kafla við um alla sem vinna launuð störf í annarra þjónustu.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur er sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi.

Í lögum þessum telst kona nýlega hafa alið barn þegar barnið er 14 vikna eða yngra.

IV. KAFLI
Fæðingarorlof.
8. gr.
Réttur foreldra á vinnumarkaði.

Foreldrar, sbr. 1. mgr. 1. gr., eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði, hvort um sig, vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt því með sér. Réttur til fæðingarorlofs fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns. Þó er konu heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði.

Kona skal vera í fæðingarorlofi að minnsta kosti fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns.

Við ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur er miðað við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annarra landa getur fæðingarorlof hafist við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt.

Réttur foreldris til fæðingarorlofs er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar taka fæðingarorlofs hefst, sbr. þó 6. mgr.

Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarorlofs liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir.

Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 18 mánaða aldri færist sá réttur til fæðingarorlofs sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris.

9. gr.
Tilkynning um fæðingarorlof.

Þegar starfsmaður hyggst nýta sér rétt til fæðingarorlofs skal hann tilkynna það vinnuveitanda eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi átta vikum fyrir fyrirhugaðan fæðingardag barns. Vilji kona breyta áður tilkynntum upphafsdegi fæðingarorlofs, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber henni

að tilkynna það vinnuveitanda þremur vikum fyrir hinn nýja fyrirhugaða upphafsdag fæðingarorlofs.

Tilkynning um töku fæðingarorlofs skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Skal jafnframt tilgreina fyrirhugaða skiptingu sameiginlegs fæðingarolofs milli foreldra barns. Þá skal vinnuveitandi árita tilkynninguna um móttökudagsetningu og afhenda starfsmanninum afrit hennar. Vinnuveitandi getur krafist sönnunar á að foreldri fari með forsjá barnsins eða að fyrir liggi samþykki þess foreldris sem fer með forsjána telji hann þess þörf.

10. gr.

Tilhögun fæðingarorlofs.

Starfsmaður skal eiga rétt á að taka fæðingarorlof í einu lagi.

Með samkomulagi við vinnuveitanda er starfsmanni þó heimilt að haga fæðingarorlofi á þann veg að það skiptist niður á fleiri tímabil og/eða það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli, sbr. þó 3. mgr. 8. gr. Þó má aldrei taka fæðingarorlof skemur en viku í senn. Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun fæðingarorlofs samkvæmt þessu ákvæði.

Óski starfsmaður eftir að haga fæðingarorlofi skv. 2. mgr. en vinnuveitandi getur ekki fallist á óskir hans skal vinnuveitandi að höfðu samráði við starfsmann leggja til aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar, sbr. 2. mgr. 9. gr. Skal það gert skriflega og ástæður tilgreindar fyrir breyttri tilhögun.

Ef samkomulag næst ekki milli starfsmanns og vinnuveitanda um töku fæðingarorlofs starfsmanns á starfsmaður ávallt rétt á að taka fæðingarorlof sitt í einu lagi frá þeim upphafsdegi sem starfsmaður ákveður.

11. gr.

Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

Ef öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti er í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar. Ef því verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi fela konunni önnur verkefni en að öðrum kosti veita henni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal fara eftir nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur.

Þær breytingar, sem teljast nauðsynlegar á vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma konu, sbr. 1. mgr., skulu ekki hafa áhrif á launakjör hennar til lækkunar eða önnur starfstengd réttindi.

Ef veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum samkvæmt ákvæði þessu á hún rétt á greiðslum, sbr. 13. gr.

12. gr.

Réttur til fæðingarorlofs vegna andvanafæðingar og fósturláts.

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi í allt að þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi í allt að tvo mánuði.

13. gr.

Réttur foreldra til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eftir að hafa verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Taka skal til greina starfstíma foreldris í öðrum EES-ríkjum hafi foreldri unnið hér á landi í a.m.k. einn mánuð á síðustu sex mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi foreldris skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til sjálfstætt starfandi foreldris skal nema 80% af reiknuðu endurgjaldi sem greitt hefur verið tryggingagjald af fyrir sama tímabil.

Greiðsla í fæðingarorlofi til foreldris í 25–49% starfi í hverjum mánuði skal þó aldrei vera lægri en sem nemur 54.021 kr. á mánuði og greiðsla til foreldris í 50–100% starfi í hverjum mánuði skal aldrei vera lægri en sem nemur 74.867 kr. á mánuði.

Fjárhæð lágmarksgreiðslna kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta greiðslufjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

Greiðslur í fæðingarorlofi skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Réttur foreldris til greiðslna í fæðingarorlofi er bundinn því að foreldri uppfylli skilyrði um rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, svo sem um mat á starfshlutfalli sjálfstætt starfandi og þeirra sem eru undanþegnir greiðslu tryggingagjalds lögum samkvæmt.

14. gr.

Uppsöfnun og vernd réttinda.

Meðan á fæðingarorlofi stendur greiðir foreldri að lágmarki 4% af fæðingarorlofsgreiðslu í lífeyrissjóð og Fæðingarorlofssjóður að lágmarki 6%. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð og greiðir þá Fæðingarorlofssjóður lögbundið framlag á móti.

Fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu jafnframt gilda um leyfi sem veitt er þungaðri konu skv. 11. gr.

15. gr.

Umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins.

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal sækja um greiðslu í fæðingarorlofi til Tryggingastofnunar ríkisins sex vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Vilji kona hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber henni að tilkynna það Tryggingastofnun þremur vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag fæðingarorlofs,

Umsóknin skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Skal jafnframt tilgreina fyrirhugaða skiptingu sameiginlegs fæðingarorlofs milli foreldra barns. Umsóknin skal undirrituð af tilvonandi móður og föður, enda fari þau bæði með forsjá barnsins. Skal forsjárlaust foreldri undirrita umsókn uppfylli það skilyrði 6. mgr. 8. gr. Gildir hið sama þótt annað foreldri sé utan vinnumarkaðar eða í námi, sbr. 2. mgr. 1. gr. Vinnuveitendur beggja foreldra, ef það á við, skulu árita umsóknina til staðfestingar á tilhögun fæðingarorlofs.

Útreikningar á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi skulu byggjast á upplýsingum sem Tryggingastofnun ríkisins aflar um tekjur starfsmanns eða sjálfstætt starfandi foreldris úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Telji foreldri upplýsingar úr viðkomandi skrá ekki réttar skal það leggja fram gögn því til staðfestingar.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

V. KAFLI
Undanþágutilvik.

16. gr.
Fjölburafæðingar.

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

Um greiðslur fer skv. 13. gr.

17. gr.
Veikindi barns eða móður.

Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjóra mánuði.

Einnig er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Heimilt er að framlengja fæðingarorlof móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu.

Sé þungaðri konu nauðsynlegt af heilsufarsástæðum að leggja niður launuð störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns skal hún eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi þann tíma en þó aldrei lengur en tvo mánuði. Beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns fellur heimild til lengingar samkvæmt þessu ákvæði niður frá þeim tíma. Ráðherra skal setja í reglugerð nánari skilyrði um framkvæmd þessa ákvæðis.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi skv. 1.–4. mgr. með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði. Ákvörðun tryggingayfirlæknis er heimilt að kæra til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála, sbr. 5. gr.

Umsókn um lengingu fæðingarorlofs skv. 4. mgr. skal fylgja staðfesting vinnuveitanda. Í þeirri staðfestingu skal koma fram hvenær launagreiðslur féllu niður.

Um greiðslur fer skv. 13. gr.

VI. KAFLI
Foreldrar utan vinnumarkaðar og í námi.

18. gr.
Fæðingarstyrkur til foreldris utan vinnumarkaðar.

Foreldrar utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði til viðbótar sem annað foreldri getur fengið í heild eða foreldrar skipt honum með sér. Réttur til fæðingarstyrks fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

Fæðingarstyrkur skal vera 33.157 kr. á mánuði. Að jafnaði skal foreldri eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingardag.

Vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annarra landa getur greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt.

Réttur foreldris til fæðingarstyrks er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar greiðsla fæðingarstyrks hefst.

Greiðslur fæðingarstyrks til foreldris skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Ef annað foreldrið notar hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

19. gr.
Fæðingarstyrkur til foreldra í fullu námi.

Foreldrar í fullu námi eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði, hvort um sig, vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði til viðbótar sem annað foreldri getur fengið í heild eða foreldrar skipt honum með sér. Réttur til fæðingarstyrks fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

Fæðingarstyrkur til foreldris í fullu námi skal vera 74.867 kr. á mánuði. Að jafnaði skal foreldri eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingardag.

Vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annarra landa getur greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt.

Réttur foreldris til fæðingarstyrks er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar greiðsla fæðingarstyrks hefst.

Greiðslur fæðingarstyrks til foreldris skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Ef annað foreldrið tekur hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

20. gr.

Réttur til greiðslu fæðingarstyrks vegna andvanafæðingar og fósturláts.

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eiga foreldrar sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í allt að tvo mánuði.

Ef annað foreldrið tekur fæðingarorlof skv. 12. gr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

21. gr.

Fjölburafæðingar.

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt.

Ef annað foreldrið tekur fæðingarorlof skv. 16. gr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

22. gr.

Veikindi barns eða móður.

Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarstyrks um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjóra mánuði.

Einnig er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarstyrks um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Heimilt er að framlengja rétt til fæðingarstyrks til móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu.

Rökstyðja skal þörf fyrir framlengingu á rétti til fæðingarstyrks skv. 1.–3. mgr. með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg. Ákvörðun tryggingayfirlæknis er heimilt að kæra til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála, sbr. 5. gr.

Ef annað foreldrið tekur fæðingarorlof skv. 17. gr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

23. gr.

Umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins.

Foreldri, sbr. 2. mgr. 1. gr., skal sækja um fæðingarstyrk til Tryggingastofnunar ríkisins þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns, sbr. þó 15. gr.

Umsóknin skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag greiðslu fæðingarstyrks til foreldris og lengd greiðslutímabils. Skal jafnframt tilgreina fyrirhugaða skiptingu sameiginlegs fæðingarorlofs milli foreldra barns. Umsóknin skal undirrituð af tilvonandi móður og föður, enda fari þau bæði með forsjá barnsins. Gildir hið sama þótt annað foreldrið sé á vinnumarkaði, sbr. 1. mgr. 1. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um tilhögun á afgreiðslu Tryggingastofnunar.

VII. KAFLI
Foreldraorlof.

24. gr.
Réttur foreldra til töku foreldraorlofs.

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal eiga rétt á foreldraorlofi í 13 vikur til að annast barn sitt.

Réttur til foreldraorlofs stofnast við fæðingu barns. Við ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur er miðað við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldri þarf að sækja barnið til annarra landa getur foreldraorlof hafist við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt.

Réttur til foreldraorlofs fellur niður er barnið nær átta ára aldri.

Hvort foreldri um sig á sjálfstæðan rétt til foreldraorlofs sem er ekki framseljanlegur.

Foreldraorlofi fylgir ekki réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofssjóði.

25. gr.
Skipulag foreldraorlofs.

Foreldri skal eiga rétt á að taka foreldraorlof í einu lagi.

Með samkomulagi við vinnuveitanda er starfsmanni þó heimilt að haga foreldraorlofi með öðrum hætti, t.d. þannig að orlofið skiptist niður á fleiri tímabil og/eða það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun foreldraorlofs.

Starfsmanni er óheimilt nema með sérstöku samþykki vinnuveitanda að taka lengra foreldraorlof en 13 vikur á hverju 12 mánaða tímabili.

26. gr.
Tilkynning um foreldraorlof.

Starfsmaður öðlast rétt til foreldraorlofs eftir að hafa starfað samfellt í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda.

Starfsmaður sem hyggst nýta sér rétt til foreldraorlofs skal tilkynna það vinnuveitanda eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi sex vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag orlofs. Tilkynning um töku foreldraorlofs skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Skal vinnuveitandi árita tilkynninguna um móttökudagsetningu og afhenda starfsmanninum afrit hennar.

Vinnuveitandi skal skrá töku foreldraorlofs þannig að starfsmaður geti fengið vottorð um fjölda tekinna foreldraorlofsdaga óski hann þess.

27. gr.
Frestun eða aðrar breytingar á tilhögun foreldraorlofs.

Geti vinnuveitandi ekki fallist á óskir starfsmanns um tilhögun foreldraorlofs skal hann að höfðu samráði við starfsmann tilkynna um aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar, sbr. 2. mgr. 26. gr. Skal það gert skriflega, ástæður tilgreindar og ef um frestun er að ræða skal tekið fram hve lengi frestunin varir.

Frestun er eingöngu heimil þegar fyrir hendi eru sérstakar aðstæður í rekstri fyrirtækis/stofnunar sem gera slíkt nauðsynlegt. Svo er t.d. ef um er að ræða árstíðabundin störf, ef ekki tekst að finna hæfan staðgengil, ef umtalsverður hluti starfsmanna sækir um foreldraorlof á

sama tíma eða viðkomandi starfsmaður gegnir lykilhlutverki í æðstu stjórn fyrirtækis eða stofnunar.

Vinnuveitanda er aldrei heimilt að fresta foreldraorlofi lengur en í sex mánuði frá þeim tíma sem foreldraorlof átti að hefjast samkvæmt óskum starfsmanns nema með samþykki hans.

Óheimilt er að fresta foreldraorlofi sem er í beinu framhaldi af fæðingarorlofi eða ef barn veikist svo að nærvera foreldris er nauðsynleg. Einnig er frestun óheimil hafi vinnuveitandi fallist á orlofstökuna eða liðinn er frestur skv. 1. mgr. án svars frá vinnuveitanda.

Verði ákvörðun vinnuveitanda um frestun foreldraorlofs til þess að starfsmaður nær ekki að ljúka foreldraorlofi áður en barn hans nær átta ára aldri framlengist sá tími sem heimilt er að taka foreldraorlof á til þess dags er barn nær níu ára aldri.

28. gr.

Vernd uppsafnaðra réttinda.

Þau réttindi sem starfsmaður hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér á upphafsdegi foreldraorlofs skulu haldast óbreytt til loka orlofsins. Við lok orlofsins skulu þessi réttindi gilda, sem og breytingar sem kunna að hafa orðið á grundvelli laga eða kjarasamninga.

VIII. KAFLI
Sameiginleg ákvæði.

29. gr.

Réttur til starfs.

Ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda helst óbreytt í fæðingar- og foreldraorlofi.

Starfsmaður skal eiga rétt á að hverfa aftur að starfi sínu að loknu fæðingar- eða foreldraorlofi. Sé þess ekki kostur skal hann eiga rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning.

30. gr.

Vernd gegn uppsögnum.

Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum vegna þess að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs skv. 9. eða 26. gr. eða er í fæðingar- eða foreldraorlofi nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsagnir þungaðrar konu og konu sem nýlega hefur alið barn.

31. gr.

Skaðabótaskylda.

Brjóti vinnuveitandi gegn ákvæðum laga þessara varðar það skaðabótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

32. gr.

Brottfall réttinda foreldra.

Réttur foreldra, sbr. 1. mgr. 1. gr., til fæðingar- og foreldraorlofs fellur niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs. Sama gildir um rétt foreldra, sbr. 2. mgr. 1. gr., til greiðslu fæðingarstyrks.

Í tilvikum skv. 1. mgr. skulu kynforeldrar, sbr. 1. mgr. 1. gr., eiga sameiginlegan rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofi eftir fæðingu barns. Þá eiga foreldrar, sbr. 2. mgr. 1. gr., sameiginlega rétt á greiðslu fæðingarstyrks í tvo mánuði eftir fæðingu barns.

Ef annað foreldrið tekur hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs skv. 2. mgr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

33. gr.

Ósamrýmanleg réttindi.

Foreldri í fæðingar- og foreldraorlofi á ekki rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Foreldri sem nýtur greiðslna í fæðingarorlofi á ekki rétt til umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð vegna sama barns eða sömu fæðingar. Sama gildir um greiðslur sjúkradagpeninga og lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Greiðslur frá öðrum ríkjum vegna sömu fæðingar og fyrir sama tímabil koma til frádráttar við greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. og greiðslu fæðingarstyrks skv. 18. og 19. gr.

34. gr.

Milliríkjasamningar.

Við framkvæmd laga þessara skal tekið tillit til milliríkjasamninga á sviði almannatrygginga og félagsmála sem Ísland er aðili að.

35. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

IX. KAFLI
Gildistaka.

36. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði um fæðingarorlof koma til framkvæmda 1. janúar 2001 og falla þá jafnframt úr gildi lög um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum. Ákvæði um fæðingarorlof taka til barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2001 eða síðar.

Þrátt fyrir orðalag 8. gr. skal sjálfstæður réttur föður til fæðingarorlofs vera einn mánuður frá og með 1. janúar 2001, tveir mánuðir frá og með 1. janúar 2002 og þrír mánuðir frá og með 1. janúar 2003.

Ákvæði um foreldraorlof veita foreldrum barna sem fædd eru, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 1998 eða síðar rétt til töku foreldraorlofs.

X. KAFLI
Breytingar á öðrum lögum.

37. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á *lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum:*

a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
   1. Í stað hlutfallstölunnar 1,15 í 1. mgr. kemur: 0,8.

2. Í stað hlutfallstölunnar 3,99 í 3. mgr. kemur: 4,34.

b. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Tekjum af almennu tryggingagjaldi skal ráðstafað sem hér segir:
1. Vinnueftirlit ríkisins fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,08% af gjaldstofni skv. III. kafla. Þetta hlutfall skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur í samráði við stjórn stofnunarinnar fyrir eitt ár í senn.
2. Staðlaráð fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,007% af gjaldstofni skv. III. kafla.
3. Icepro fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,001% af gjaldstofni skv. III. kafla.
4. Fæðingarorlofssjóður fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,85% af gjaldstofni skv. III. kafla.
5. Tekjur af almennu tryggingagjaldi umfram það sem ákveðið er í 1.–4. tölul. renni til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga eftir reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð.

38. gr.

Þegar ákvæði laganna um fæðingarorlof koma til framkvæmda verða eftirfarandi breytingar á *lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum:*

a. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:
Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, tekjutryggingar, örorkustyrkja og barnalífeyris.

b. 15.–16. gr. a laganna falla brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í samvinnu félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis með hliðsjón af framkomnum tillögum Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Gerð frumvarpsins fól meðal annars í sér endurskoðun á núgildandi lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum, einkum með tilliti til fyrirhugaðrar lengingar fæðingarorlofs og jöfnunar á rétti mæðra og feðra til töku þess.

Með aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaði hafa komið fram breytt viðhorf til hlutverka og verkaskiptingar kvenna og karla í samfélaginu. Forsenda þess að karlar og konur geti tekið jafnan þátt í launavinnu sem og öðrum störfum utan heimilis er að þau skipti með sér umönnun barna sinna. Reynslan hefur enn fremur verið sú að margir feður hafa farið á mis við samvistir við börn sín en í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 1995 kom fram að velflestir karlkyns þátttakenda töldu að almennur áhugi ríkti meðal karla á að samræma atvinnuþátttöku og uppeldi barna. Af þessum ástæðum hafa komið fram auknar kröfur um að móður og föður verði sköpuð sömu tækifæri til að sinna bæði fjölskyldu og starfi utan heimilis. Einn af þeim þáttum sem stuðla að samspili fjölskyldu- og atvinnulífs er sá að konur og karlar eigi jafnan rétt til fæðingarorlofs auk þess að eiga kost á sérstöku foreldraorlofi frá vinnu til að vera með börnum sínum. Var að því markmiði stefnt við gerð þessa frumvarps en jafnframt er þá verið að tryggja börnum samvistir við báða foreldra.

Frumvarpi þessu er því meðal annars ætlað að auðvelda útivinnandi foreldrum, bæði mæðrum og feðrum, að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og fjölskyldulífi. Þá er tekið undir ályktun ráðs Evrópusambandsins frá 6. desember 1994 þar sem karlar eru hvattir til að axla ábyrgð á umönnun barna og í fjölskyldulífi til jafns við konur. Þar er jafnframt viðurkennt að forsenda árangursríkrar stefnu í jafnréttismálum sé samþætt

heildarstefna þar sem gert er ráð fyrir að vinnutími verði betur skipulagður og sveigjanlegri auk þess sem fólki verði gert auðveldara að fara aftur út á vinnumarkaðinn. Vakin er athygli á mikilvægu hlutverki aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði.

Ráð Evrópusambandsins hefur ítrekað hvatt aðildarríki til að eiga frumkvæði að aukinni samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, t.d. með setningu ýmissa tilskipanna. Er frumvarpi þessu meðal annars ætlað að innleiða tilskipun ráðsins, nr. 96/34/EB, sem er staðfesting Evrópubandalagsins á rammasamningi um foreldraorlof sem gerður var milli Samtaka evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE), Evrópusamtaka fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) og Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC), dags. 14. desember 1995. Það er gert í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 42, frá 26. mars 1999.

Í rammasamningnum, sem er viðauki við tilskipunina, er að finna lágmarksákvæði um rétt starfsmanna til foreldraorlofs sem stofnast til við fæðingu og frumættleiðingu. Í núgildandi barnaverndarlögum, nr. 58/1992, með síðari breytingum, er kveðið á um ráðstöfun barna í fóstur og þótti því eðlilegt að rétturinn til foreldraorlofs næði einnig til þeirra er taka börn í varanlegt fóstur. Réttur til foreldraorlofs er óháður réttinum til fæðingarorlofs. Aðildarríkjunum er veitt ákveðið svigrúm við ákvörðun um hver skilyrði foreldraorlofs skuli vera. Þeim er þó óheimilt að draga úr almennri vernd sem starfsmenn kunna þegar að njóta á því sviði er samningurinn tekur til með lögfestingu tilskipunarinnar.

Í tilskipuninni er tekið fram að aðildarríkin geti falið aðilum vinnumarkaðarins að komast að samkomulagi um framkvæmd hennar, enda hafi þeir sameiginlega farið fram á að svo verði gert. Tilraun var gerð til að ná slíku samkomulagi hér á landi milli stærstu samtaka atvinnurekenda og launafólks en án árangurs.

Frumvarpið hefur að geyma ítarleg ákvæði um skilyrði fyrir töku fæðingar- og foreldraorlofs sem heimilt er að taka í einu lagi eða starfsmaður hagi því eftir nánara samkomulagi við vinnuveitanda sinn. Er því meðal annars mögulegt að starfsmaður gegni hlutastarfi meðan á orlofi stendur. Orlofsrétturinn er einstaklingsbundinn og er framsal hans óheimilt að undanskildum þremur mánuðum af fæðingarorlofi sem foreldrar geta skipt með sér. Tilgangur þessarar takmörkunar á framsali er meðal annars að stuðla að jafnari stöðu kynjanna innan samfélagsins.

Lögð er á það áhersla að samningssambandi vinnuveitanda og starfsmanns verði viðhaldið á orlofstímanum hvort sem foreldri er í fæðingar- eða foreldraorlofi. Þá er tekið fram í frumvarpinu að þau réttindi sem starfsmaður hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér á upphafsdegi fæðingar- eða foreldraorlofs skuli haldast óbreytt til loka orlofsins. Sömuleiðis er starfsmanni tryggður sá réttur að hverfa aftur til starfa að loknu fæðingar- eða foreldraorlofi. Enn fremur er sérstakt ákvæði sem verndar starfsmenn er vilja njóta réttar síns samkvæmt frumvarpi þessu gegn uppsögnum af hálfu vinnuveitanda nema gildar ástæður séu fyrir uppsögninni. Skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni.

Til þess að fyrirbyggja að ágreiningur komi upp milli vinnuveitanda og starfsmanns sem hyggst taka fæðingar- eða foreldraorlof eru í frumvarpinu settar ákveðnar formreglur um samskipti þessara aðila. Oft á tíðum kann aðilum t.d. að veitast erfitt að sanna að gagnaðila hafi borist tilkynning skv. 9. eða 26. gr. Er því í frumvarpinu kveðið á um að tilkynningar skuli ávallt vera skriflegar og hvaða atriði eigi að koma þar fram.

Í frumvarpinu er kveðið á um réttindi foreldra utan vinnumarkaðar eða í námi til fæðingarstyrks. Gerð er tillaga um að bæði móðir og faðir sem eru í þessari stöðu eigi rétt á fæðingarstyrk en ekki einungis móðir líkt og er í núgildandi kerfi. Þá er lögð áhersla á að litið verði heildstætt á þessi tvö kerfi, þ.e. rétt til fæðingarorlofs og rétt til fæðingarstyrks, ef foreldrar falla hvor undir sitt kerfið þannig að taki annað foreldrið hluta af sameiginlegum rétti

foreldra til fæðingarorlofs og njóti greiðslna samkvæmt frumvarpinu styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

Gildistaka þessara laga leiðir óhjákvæmilega til breytinga á öðrum gildandi lögum. Er meðal annars nauðsynleg breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, en í þeim lögum er kveðið á um greiðslur í fæðingarorlofi í núgildandi kerfi. Þá þarf jafnframt að breyta lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum, þar sem lagt er til í frumvarpi þessu að greiðslur í fæðingarorlofi til foreldra á vinnumarkaði skuli vera fjármagnaðar með hluta af tryggingagjaldi. Hvað varðar lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, nr. 70/1996, með síðari breytingum, gætu þurft að koma til lagabreytingar síðar þar sem þau lög gera ráð fyrir annars konar greiðslufyrirkomulagi í fæðingarorlofi en gert er ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, fellur brott þegar samkomulag hefur náðst milli aðila. Að öðrum kosti getur verið þörf á lagabreytingu.

Helstu nýmæli frumvarps þessa eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að konur og karlar eigi jafnan rétt til fæðingarorlofs, hvort heldur er á almennum eða opinberum vinnumarkaði. Þá er gerð tillaga um að foreldrar sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi eigi sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Gert er ráð fyrir að þessi réttur verði ekki framseljanlegur. Auk þessa eigi foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér. Markmiðið með þessari lögbundnu skiptingu milli foreldra er meðal annars að stuðla að jafnri foreldraábyrgð sem og jafnri stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Er um tímabundna aðgerð að ræða sem einkum er gerð til að bæta hag karla þar sem reynslan hefur sýnt að í núgildandi kerfi hafa konur aðallega nýtt réttinn til fæðingarorlofs þrátt fyrir að foreldrar eigi þann rétt sameiginlegan. Er það því mat höfunda frumvarpsins að lögbinda þurfi fyrirkomulag í samskiptum foreldra með þessum hætti meðan réttur feðra til fæðingarorlofs festist í sessi. Þegar reynsla er komin á jafna foreldraábyrgð og lögin hafa að fullu öðlast gildi verður tekið til endurskoðunar hvort lögbinda þurfi áfram skiptingu orlofsins milli foreldra. Verði endurskoðun gerð í ljósi athuganna á hvernig foreldrar hafi skipt hinum sameiginlega rétti milli sín og feður nýtt sjálfstæðan rétt sinn.
2. Lagðar eru til breytingar á greiðslufyrirkomulagi til foreldra á vinnumarkaði og lagt er til að stofnaður verði sérstakur Fæðingarorlofssjóður sem annist greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi. Ákveðin skilyrði eru fyrir réttinum til greiðslu í fæðingarorlofi en mánaðarleg greiðsla í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna eða reiknaðs endurgjalds. Skal miða við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir fæðingarmánuð barns. Lagt er til að greiðsla í fæðingarorlofi foreldris sem er í 25–49% starfi verði aldrei lægri en 54.021 kr. og að greiðsla til foreldris í 50–100% starfi verði aldrei vera lægri en sem nemur 74.867 kr. á mánuði.
3. Gert er ráð fyrir verulegum sveigjanleika í töku fæðingarorlofs. Þannig eigi foreldrar þess kost að taka fæðingarorlof í einu lagi á sama hátt og samkvæmt gildandi lögum. Kjósi foreldrar heldur að taka það á fleiri tímabilum eða í hlutastarfi er það heimilt að fengnu samþykki vinnuveitanda. Þó má aldrei taka fæðingarorlof skemur en viku í senn. Geti vinnuveitandi ekki fallist á óskir starfsmanns skulu þeir reyna að ná samkomulagi um aðra tilhögun. Takist það ekki á starfsmaður jafnan rétt á að taka fæðingarorlof sitt

í einu lagi. Réttur til fæðingarorlofs fellur sjálfkrafa niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

4. Sérstakt ákvæði er um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum. Ef sýnt þykir að öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti er í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar á þann hátt sem nauðsynlegt þykir. Enn fremur er lagt til að þungaðri konu verði tryggður réttur til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í leyfi frá störfum sökum þess að breytingum á vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar verði ekki við komið vegna tæknilegra eða annarra gildra ástæðna.
5. Lagt er til að foreldri á vinnumarkaði skuli eiga rétt til 13 vikna foreldraorlofs til að annast barn sitt. Réttur til foreldraorlofs er nýmæli hér á landi. Um er að ræða sjálfstæðan rétt hvors foreldris og er hann ekki framseljanlegur. Orlofið skal tekið áður en barnið nær átta ára aldri. Þá er starfsmanni heimilt að taka foreldraorlofið í einu lagi eða haga því með öðrum hætti með samkomulagi við vinnuveitanda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að veita eingöngu foreldrum sem eru þátttakendur á innlendum vinnumarkaði rétt til fæðingar- og foreldraorlofs. Í því sambandi er bæði átt við foreldra sem eru starfsmenn hjá öðrum aðila og þá sem eru sjálfstætt starfandi. Hugtökin „starfsmenn“ og „sjálfstætt starfandi“ eru skilgreind í 7. gr. frumvarpsins.

Þetta er ekki breyting frá gildandi fæðingarorlofslögum, nr. 57/1987, með síðari breytingum. Í 2. gr. þeirra laga segir: „Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fæðingarorlofi í allt að sex mánuði ...“ Fallið var frá búsetuskilyrðum og er gert nægilegt að viðkomandi starfi á íslenskum vinnumarkaði. Er þetta einkum gert með tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þá er frumvarpinu bæði ætlað að gilda um starfsmenn á opinberum og almennum vinnumarkaði.

Lagt er til í frumvarpinu að gerð verði skýrari skil í framkvæmd milli fæðingarorlofsgreiðslna til foreldra sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi og þeirra sem standa fyrir utan vinnumarkaðinn eða eru í námi. Þeim foreldrum sem standa utan vinnumarkaðar eða eru í námi er tryggður réttur til greiðslu fæðingarstyrks á sama hátt og er í núgildandi kerfi.

Þá er gert ráð fyrir að þeir foreldrar sem eru í minna en 25% starfshlutfalli falli jafnframt undir sérkafla þessa frumvarps um foreldra utan vinnumarkaðar og í námi. Er það í samræmi við núgildandi fæðingarorlofskerfi en þar eiga foreldrar í minna en 25% starfi ekki rétt á fæðingardagpeningum heldur einungis fæðingarstyrk.

Um 2. gr.

Markmið frumvarps þessa er meðal annars að veita konum og körlum jafnan rétt til fæðingar- og foreldraorlofs í því augnamiði að tryggja barni samvistir bæði við móður og föður. Hefðbundin hlutverkaskipting kynjanna í íslensku samfélagi hefur verið sú að konan hefur annast heimili og börn en karlinn hefur unnið utan heimilis. Hefur slík skipan oft orðið til þess að karlinn hefur farið á mis við að vera með börnum sínum á uppvaxtarárum þeirra en bæði innlendar og erlendar rannsóknir sýna að feður hafa í auknum mæli gert kröfur til að njóta samvista með börnum sínum. Er ætlunin að koma til móts við þær óskir með því að veita feðrum og mæðrum jafnan rétt til fæðingar- og foreldraorlofs.

Þá hefur aukin atvinnuþátttaka kvenna leitt til breytinga á skipulagi hverdagslífs barnafólks í landinu, enda æ algengara að bæði konan og karlinn vinni utan heimilis. Ein af forsendum þess að karlar og konur geti tekið jafnan þátt í launavinnu er að þau eigi jafnan rétt til að sinna fjölskyldunni. Er það því jafnframt tilgangur þessa frumvarps að jafna rétt kvenna og karla til að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og fjölskyldulífi. Þetta er í samræmi við markmið frumvarps til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem er til umræðu á Alþingi en þar er lögð áhersla á samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þar er meðal annars kveðið á um að ráðstafanir atvinnurekenda skuli miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu vinnu og auðvelda foreldrum að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof.

Um 3. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra sem fer með vinnumarkaðsmál annist yfirstjórn fæðingar- og foreldraorlofsmála samkvæmt lögum þessum, enda byggist frumvarpið á vinnumarkaðstengdu kerfi.

Um 4. gr.

Lagt er til að sérstakur sjóður, Fæðingarorlofssjóður, verði stofnaður til að standa straum af kostnaði við greiðslur til foreldra á vinnumarkaði í fæðingarorlofi. Er það gert í samræmi við þær breytingar sem gerðar eru á greiðslufyrirkomulagi til foreldra er leggja niður launuð störf vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að Fæðingarorlofssjóður verði í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins sem sjái um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði félagsmálaráðherra. Er þetta gert í hagræðingarskyni þar sem talið er að kostnaðarauki yrði af því að setja á fót nýja stofnun eða skrifstofu til að annast þessar greiðslur. Lagt er til að foreldrar sem rétt eiga til greiðslna í fæðingarorlofi fái greitt beint úr Fæðingarorlofssjóði. Þó er það gert að tillögu að heimilt verði að semja um að vinnuveitandi annist þessar greiðslur. Á vinnuveitandi þá rétt á endurgreiðslu úr sjóðnum sem nemur þeim greiðslum sem starfsmaður átti rétt á meðan á fæðingarorlofi hans stóð.

Fæðingarorlofssjóður skal fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins. Lagt er til að tiltekinn hluti tryggingagjalds verði notaður til að fjármagna Fæðingarorlofssjóð. Er mælt fyrir um að hlutfallið af gjaldstofni skv. III. kafla laga um tryggingagjald sem rennur til almenns tryggingagjalds verði hækkað sem nemur lækkun á hlutfalli af gjaldstofni sem rennur til atvinnutryggingagjalds. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að tekjuafgangur Atvinnuleysistryggingasjóðs var verulegur síðastliðin tvö ár. Þessar breytingar á fyrirkomulagi greiðslna í fæðingarorlofi munu því ekki leiða til hækkunar á tryggingagjaldi.

Félagsmálaráðherra skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar. Þá er lagt til að sjóðurinn geri árlega fjárhagsáætlun sem félagsmálaráðherra leggur fyrir fjármálaráðherra við undirbúning fjárlaga. Er tilgangurinn sá að áætluð verði fyrirsjáanleg útgjöld sjóðsins á næsta fjárhagsári með hliðsjón af þeim fjölda fæðinga sem varð á þremur síðastliðnum árum. Reikningsár Fæðingarorlofssjóðs er almanaksárið.

Um 5. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi þrjá menn í úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála, einn án tilnefningar en Hæstiréttur tilnefni tvo. Vegna eðli þeirra mála sem upp

geta komið fyrir úrskurðarnefndinni þykir nauðsynlegt að annar þeirra sem Hæstiréttur tilnefnir sé læknir en hinn lögfræðingur. Er um sama skipulag að ræða og á úrskurðarnefnd almannatrygginga. Skipunartími nefndarinnar yrði þrjú ár í senn en heimilt er að endurskipa nefndarmenn að þeim tíma liðnum.

Gert er ráð fyrir að úrskurðarnefndin verði sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem úrskurði um ágreiningsmál sem upp kunna að rísa á grundvelli frumvarps þessa. Álit hennar verði ekki kæranleg til æðra stjórnvalds. Þetta fyrirkomulag kemur þó ekki í veg fyrir að aðilar geti lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti sætti þeir sig ekki við niðurstöður úrskurðarnefndarinnar.

Um 6. gr.

Ákvæðið fjallar um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd. Lagt er til að tekinn verði upp þriggja mánaða frestur frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Er það í samræmi við þann kærufrest sem veittur er í 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Jafnframt er gerð tillaga um að málsmeðferð fyrir nefndinni verði að jafnaði skrifleg en þó geti nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund.

Þá er ákvæðinu ætlað að tryggja andmælarétt aðila máls og að mál verði nægjanlega upplýst áður en úrskurðarnefnd kveður upp úrskurð. Að öðru leyti fer um málsmeðferðina samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga. Jafnframt er kveðið á um þagnarskyldu nefndarmanna þegar um er að ræða persónuupplýsingar sem leynt eiga að fara. Mikilvægt er að þagnarskyldan haldist eftir að nefndarmenn láta af störfum.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er skýrt nánar hvað átt er við með hugtökunum fæðingar- og foreldraorlof. Sú skilgreining á hugtökunum sem þar kemur fram er efnislega samhljóða skilgreiningu núgildandi laga um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum. Orðið meðganga er þó ekki tekið upp í a-lið 1. mgr. þar sem um almenna skilgreiningu er að ræða. Eðli málsins samkvæmt geta karlar ekki tekið fæðingarorlof vegna meðgöngu. Konur geta hins vegar hafið fæðingarorlof allt að mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag en litið er á þá heimild sem undantekningu frá meginreglunni. Þá er aldursmarkinu breytt í átta ár til samræmis við rammasamninginn um foreldraorlof.

Þá er starfsmaður skilgreindur sem hver sá er vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfi í hverjum mánuði. Þessi skilgreining er efnislega samhljóða skilgreiningu á starfsmanni í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum, sbr. 24. gr. þeirra laga. Þó þótti eðlilegt að takmarka þátttöku í svo vinnumarkaðstengdu kerfi við svo lágt starfsframlag í ljósi tilgangs kerfisins. Er það í samræmi við núgildandi fæðingarorlofskerfi en þar eiga foreldrar sem eru í minna en 25% starfi ekki rétt á fæðingardagpeningum.

Skilgreining á sjálfstætt starfandi einstaklingi er efnislega samhljóða skilgreiningu á hugtakinu í reglugerð um bótarétt sjálfstætt starfandi einstaklinga úr Atvinnuleysistryggingasjóði, nr. 740/1997, sem á sér stoð í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, með síðari breytingum.

Þá er tekið fram að kona telst nýlega hafa alið barn þegar barnið er 14 vikna eða yngra. Þessi skilgreining er gerð til samræmis við tilskipun ráðsins um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti, nr. 92/85/EBE. Tímamark skilgreiningarinnar miðast við þann

lágmarkstíma sem konur skulu eiga rétt til fæðingarorlofs samkvæmt tilskipuninni. Skilgreiningin er einkum til skýringar á ákvæði 30. gr. um vernd gegn uppsögnum.

Um 8. gr.

Lagt er til að foreldrar á innlendum vinnumarkaði, hvort sem er á hinum almenna eða opinbera, sem og sjálfstætt starfandi einstaklingar, eigi sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Áhersla er lögð á að þessi réttur verði ekki framseljanlegur en það er eitt af lykilþáttum þess að frumvarpið nái markmiðum sínum. Er tilgangur þessa meðal annars að hvetja karla til að gegna skyldum sínum gagnvart börnum sínum og fjölskyldulífi til jafns við konur. Á sama tíma er stuðlað að aukinni atvinnuþátttöku kvenna og báðum foreldrum gert auðveldara að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og einkalífi. Til viðbótar eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum sem þeir eiga kost á að hagræða milli sín að eigin vild. Getur annað foreldrið tekið leyfi frá störfum sem svarar til þriggja mánaða eða foreldrar skipt leyfinu með sér. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að foreldrar taki fæðingarorlof sitt á sama tíma kjósi þeir það frekar. Ef foreldrar hafa ekki tekið út rétt sinn til fæðingarorlofs er barnið nær 18 mánaða aldri fellur rétturinn sjálfkrafa niður.

Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns, sbr. 7. gr. Þó er konu heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Eru engin önnur skilyrði sett fyrir þessari heimild fyrir þungaðar konur en ekki verður litið á þetta sem mismunun þar sem það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar, sbr. 3. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991. Athygli er vakin á því að ef kona byrjar í fæðingarorlofi fyrir fæðingu barns telst sá tími til þeirra þriggja mánaða sem hún hefur sjálfstæðan rétt á eða þeirra þriggja mánaða sem foreldrar eiga sameiginlega rétt á.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu kvenna sem hafa nýlega alið barn til að vera í fæðingarorlofi að minnsta kosti fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu þess. Skal orlofið eigi hefjast síðar en við fæðingu barns. Ákvæðið byggist á 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðs Evrópusambandsins um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti, nr. 92/85/EBE. Þetta er þáttur í ráðstöfunum til verndar öryggi og heilbrigði starfsmanna en talið er að konur sem nýlega hafa alið börn þurfi að njóta hvíldar eftir fæðingu barns til að jafna sig líkamlega áður en störf eru hafin að nýju. Þessar tvær vikur eru hluti af þeim tíma sem konan á rétt á í fæðingarorlofi.

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 3. gr. laga um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að ef orlof hefst við upphaf ferðar telst sá tími annaðhvort hluti af sjálfstæðum rétti foreldris eða þeim þremur mánuðum sem foreldrar eiga sameiginlegan rétt á.

Meginregla frumvarpsins er að réttur foreldris sé bundinn við að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar taka fæðingarorlofs hefst, sbr. þó 6. mgr. Í þessu sambandi er litið til þess að mikilvægt er að gott samkomulag ríki milli foreldra og að skilningur sé á gildi sameiginlegra ákvarðana er varða barnið, einkum í ljósi þess hvað barnið er ungt á þessum tíma og því verulega háð foreldrum sínum. Þessar forsendur eru meðal annars hafðar til hliðsjónar þegar samningur um sameiginlegt forræði er staðfestur hjá yfirvöldum auk þess sem litið er til hags og þarfa barnsins. Vakin er athygli á því að maki eða sambúðarmaki kynforeldris á ekki rétt á fæðingarorlofi sam-

kvæmt frumvarpi þessu heldur er eingöngu átt við kynforeldra þegar um fæðingu er að ræða, ættleiðanda eða fósturforeldri.

Að vel athuguðu máli þótti ekki ástæða til að útiloka forsjárlausa foreldra frá rétti til fæðingarorlofs, enda liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir. Slíkt samþykki leiðir af inntaki forsjár en skv. 29. gr. barnalaga, nr. 20/1992, með síðari breytingum, felur forsjá barns í sér rétt og skyldu forsjáraðila til að ráða persónulegum högum barnsins. Þó ber að vekja athygli á að samkvæmt sama ákvæði ber foreldri, sem fer eitt með forsjá barns síns, að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema umgengni sé andstæð hag og þörfum barns að mati lögmælts stjórnvalds.

Sérstök undanþága á banni við framsali á fæðingarorlofi er gerð í 7. mgr. Á það við þær aðstæður þegar annað foreldrið andast áður en barn nær 18 mánaða aldri og það hefur ekki tekið út fæðingarorlof sitt. Færist þá sá réttur sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris. Það er skilyrði að hið látna foreldri hafi haft rétt til töku fæðingarorlofs, enda hafi það farið með forsjá barnsins. Hafi hið látna foreldri átt rétt til greiðslna í fæðingarorlofi skal miða við heildartekjur eftirlifandi foreldris skv. 13. gr.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að starfsmaður skuli tilkynna vinnuveitanda með a.m.k. átta vikna fyrirvara að hann ætli að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs. Þykir sá fyrirvari hæfilegur til þess að vinnuveitandi geti gert nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem að ráða staðgengil eða þjálfa annan starfsmann til að sinna verkefnum viðkomandi starfsmanns meðan á orlofinu stendur. Þó er gerð undanþága frá þessum tímafresti þegar kona óskar eftir að hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag. Styttist fresturinn þá í þrjár vikur. Ástæða undanþágunnar varðar öryggi og heilbrigði þungaðra kvenna.

Eðli málsins samkvæmt gilda ákvæði þessarar greinar ekki um tilkynningarfresti beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs. Telst þá fæðingarorlof móður, sbr. 3. mgr. 8. gr., hafið eigi síðar en á fæðingardegi. Fyrirhugað fæðingarorlof föður, sem og fæðingarorlof móður tveimur vikum eftir fæðingu, getur hliðrast til um þær vikur sem barn fæðist fyrir tímann óski foreldrar eftir því. Dæmi um þetta er að fæðist barn fjórum vikum fyrir tímann færist fyrirhugað fæðingarorlof fram um fjórar vikur. Sama á við ef barn fæðist eftir áætlaðan fæðingardag.

Til að auðvelda sönnun ef upp koma deilur um töku orlofs var talið nauðsynlegt að lögfesta ákveðnar formreglur í samskiptum aðila. Er því tekið fram í ákvæðinu að tilkynning skuli vera skrifleg og að þar skuli koma fram upphafsdagur, lengd og tilhögun orlofs. Þá er lagt til að fram komi fyrirhuguð skipting fæðingarorlofs milli foreldra barns til þess að ljóst liggi fyrir hvernig foreldrar hyggjast skipta hinum sameiginlega rétti sín á milli. Einnig er tekið fram að vinnuveitandi skuli árita tilkynninguna um hvaða dag hún er móttekin og afhenda starfsmanni síðan afrit hennar. Þá er tekið fram að vinnuveitandi geti krafist sönnunar á að foreldri fari með forsjá barnsins eða að fyrir liggi samþykki þess foreldris sem fer með forsjána telji hann þess þörf. Er það mat vinnuveitanda hvort hann telur þörf á að krefjast slíkrar sönnunar.

Um 10. gr.

Starfsmaður skal eiga rétt á að taka fæðingarorlof í einu lagi. Er þá átt við að foreldri geti tekið þá þrjá mánuði sem það á sjálfstæðan rétt til auk þess tíma sem það ætlar að taka af þeim mánuðum sem sameiginlegir eru. Þannig getur starfsmaður mest verið í sex mánuði í

fæðingarorlofi skipti foreldrar ekki með sér hinum þremur sameiginlegu mánuðum.

Í ákvæðinu er foreldrum þó gefinn kostur á að haga fæðingarorlofi á þann veg að það skiptist niður á fleiri tímabil en eitt og/eða það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Þessi sveigjanleiki er háður samkomulagi við vinnuveitanda sem er gert að leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun fæðingarorlofs. Er með þessu fyrirkomulagi reynt að auðvelda útivinnandi foreldrum, bæði mæðrum og feðrum, að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og fjölskyldulífi. Enn fremur eru vonir til að þetta hvetji karla til að taka fæðingarorlof og að þeir taki þannig virkari þátt í uppeldi barna sinna frá fyrstu tíð. Þá gefur þessi sveigjanleiki aukna möguleika vilji foreldri síður hverfa frá störfum í langan tíma en slíkt getur óneitanlega einnig verið í hag vinnuveitanda. Sú takmörkun er þó sett á þessa heimild að aldrei megi taka fæðingarorlof skemur en viku í senn. Hér er átt við að það fyrirkomulag sem foreldri kýs að velja og vinnuveitandi samþykkir má aldrei standa yfir skemur en viku í einu.

Sjái vinnuveitandi sér ekki fært að koma til móts við óskir starfsmanns ber honum að hafa samráð við starfsmanninn. Þeir skulu síðan reyna að koma sér saman um aðra tilhögun sem báðir geta sætt sig við. Vinnuveitanda ber ávallt að tilgreina skriflega þær ástæður sem liggja að baki breyttri tilhögun. Áhersla er lögð á að þessi sveigjanleiki komi ekki í veg fyrir að foreldri geti ávallt tekið fæðingarorlof sitt í einu lagi.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði ákveðin réttindi samkvæmt tilskipun nr. 92/85/EBE um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti. Þessar reglur koma nú fram í reglugerð nr. 679/1998, um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti. Sú reglugerð er sett með stoð í 73. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og með hliðsjón af framangreindri tilskipun. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla á efni tilskipunarinnar standi áfram í framangreindri reglugerð. Er þar meðal annars kveðið á um sérstakt mat á eðli hugsanlegrar hættu fyrir starfsmenn og um aðgerðir í kjölfar þess. Er með þessu átt við störf sem á grundvelli matsins eru talin leiða til þess að öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem nýlega hefur alið barn eða hefur barn á brjósti er í hættu. Í reglugerðinni er fjallað nánar um hvernig standa skuli að ákvörðun um hvort nægilegt sé að breyta vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma eða hvort frekari aðgerða þurfi við. Er meðal annars kveðið á um heimild vinnuveitanda til að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins áður en ákvörðun er tekin um breytta vinnutilhögun starfsmanns eða leyfi. Þá er Tryggingastofnun ríkisins og/eða hlutaðeigandi starfsmanni heimilt að óska eftir því við Vinnueftirlit ríkisins að það endurskoði ákvörðun vinnuveitanda.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þær breytingar á vinnuskilyrðum konu, sbr. 1. mgr., sem teljast nauðsynlegar skuli ekki hafa áhrif á launakjör hennar til lækkunar eða önnur starfstengd réttindi. Ákvæðið er efnislega samhljóða niðurlagi 6. gr. gildandi laga um fæðingarorlof. Það ákvæði tekur þó aðeins til þungaðra kvenna en hér er lagt til í samræmi við ákvæði tilskipunar nr. 92/85/EBE að sömu réttindi gildi fyrir konur sem hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

Í 3. mgr. er lagt til að þunguð kona eigi rétt á greiðslum líkt og hún væri í fæðingarorlofi þyki nauðsynlegt að veita henni leyfi frá störfum svo sem mælt fyrir um í 1. mgr. Hér er um að ræða verulega réttarbót frá þeim reglum sem nú gilda um greiðslur til þungaðra kvenna sem verða að fara í leyfi frá störfum verði ekki komið við breytingum á starfsháttum eða til-

færslum í starfi. Samkvæmt þeim reglum sem nú gilda, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 679/1998, getur barnshafandi kona sem verður að fara í leyfi af öryggisástæðum sótt um greiðslur skv. 15. og gr. 16. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Samkvæmt þeim ákvæðum á barnshafandi kona rétt á fæðingarstyrk og fæðingardagpeningum í hámark 60 daga ef henni er nauðsynlegt að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns. Til viðbótar er heimilt samkvæmt þessum reglum að hefja greiðslu fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði.

Heimildin til greiðslu skv. 3. mgr. er takmörkuð við þungaðar konur. Ástæðan er sú að kona sem hefur nýlega alið barn eða er með barn á brjósti á sjálfstæðan rétt samkvæmt frumvarpi þessu til þriggja mánaða fæðingarorlofs með greiðslum auk sameiginlegs réttar til þriggja mánaða til viðbótar með föður barnsins og nýtur þá greiðslna skv. 13. gr. Þó er vakin athygli á að jafnan er heimilt að veita konu sem er með barn á brjósti leyfi frá störfum, skv. 1. mgr., í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði verði ekki við komið að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar. Vari leyfið lengur en sá tími sem konan á rétt til og ætlar að taka í fæðingarorlof gerir frumvarpið ekki ráð fyrir sérstökum greiðslum á þeim grundvelli.

Um 12. gr.

Ákvæðið á sér fyrirmynd í 3. mgr. 15. gr. og l-lið 16. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Sú breyting er þó lögð til að foreldrar eigi sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi vegna andvanafæðingar eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu. Eðli málsins samkvæmt eiga tilkynningarfrestir sem gert er ráð fyrir í 9. gr. frumvarpsins vegna töku fæðingarorlofs ekki við um þau tilvik sem ákvæði þetta nær til. Einungis er heimilt að taka orlofið út næstu þrjá mánuði eftir andvanafæðingu eða tvo mánuði eftir fósturlát.

Um 13. gr.

Lögð er til veruleg breyting á því greiðslufyrirkomulagi sem í gildi er samkvæmt núgildandi lögum en greiðslur í fæðingarorlofi í núverandi kerfi fara eftir 15. og 16. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993, með síðari breytingum, ásamt reglugerðum sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur sett með stoð í þeim lögum. Fæðingarorlofsgreiðslur í núgildandi kerfi eru tvenns konar. Annars vegar er um að ræða fæðingarstyrk sem greiðist móður við hverja fæðingu barns óháð því hvort hún er á vinnumarkaði eður ei, sbr. 1. mgr. 15. gr. almannatryggingalaga. Hins vegar kveða almannatryggingalögin á um fæðingardagpeninga en rétt til þeirra eiga aðeins foreldrar sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi. Þó taka ákvæðin ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum þann tíma er óskert laun eru greidd.

Í frumvarpi þessu er hins vegar lagt til að greiðslur í fæðingarorlofi miðist við ákveðið hlutfall af heildarlaunum hvors foreldris. Foreldrar öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eftir að hafa verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Skal ekki draga frá þann tíma sem starfsmaður hefur verið í orlofi eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunaður sé að hluta eða öllu leyti. Þá er tekið fram að taka skuli til greina vinnuframlag foreldris í EES-ríki þegar meta á starfstíma þess að því tilskildu að það hafi unnið a.m.k. mánuð á innlendum vinnumarkaði á síðustu sex mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs.

Mánaðarleg greiðsla til starfsmanns í fæðingarorlofi skal þá nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Er hér átt við almanaksmánuði. Hafi foreldri verið skemur en 14 mánuði á vinnumarkaði en lengur en sex mánuði skal miða við meðalheildarlaun þess yfir það tímabil sem foreldri hefur unnið að undanskildum tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Er þá að lágmarki unnt að miða við samfellt fjögurra mánaða vinnutímabil vinni foreldri í sex mánuði fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Að öðrum kosti fer um greiðslur foreldris eftir VI. kafla frumvarps þessa. Er gert ráð fyrir að kerfið eigi bæði við um starfsmenn á hinum opinbera og almenna vinnumarkaði. Þá er miðað við heildarlaun en til launa skulu teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Jafnframt skiptir ekki máli þótt foreldri hafi verið í vinnu hjá fleirum en einum vinnuveitanda á umræddu tímabili.

Frumvarpi þessu er einnig ætlað að ná til sjálfstætt starfandi einstaklinga en miða skal við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil og haft er til viðmiðunar þegar starfsmenn eiga í hlut. Mánaðarleg greiðsla til sjálfstætt starfandi foreldris skal því nema 80% af reiknuðu endurgjaldi sem greitt hefur verið tryggingagjald af fyrir sama tímabil.

Lagt er til að greiðsla í fæðingarorlofi foreldris sem er í 25–49% starfi í hverjum mánuði skuli þó aldrei vera lægri en sem nemur 54.021 kr. á mánuði og að greiðslur til foreldris í 50–100% starfi í hverjum mánuði verði aldrei lægri en 74.867 kr. á mánuði. Markmið þessa nýja kerfis er að röskun á tekjuinnkomu heimilanna verði sem minnst þegar foreldrar þurfa að leggja niður störf vegna tilkomu nýs fjölskyldumeðlims sem þarfnast umönnunar þeirra. Þess vegna er að því stefnt að foreldrar fái 80% af meðaltali heildarlauna óháð starfshlutfalli. Hins vegar er það jafnframt markmið að foreldrar öðlist ekki lakari rétt en þeir hefðu samkvæmt núgildandi kerfi. Af þeirri ástæðu er lagt til að lágmarksgreiðslur í hinu nýja kerfi miðist annars vegar við þær greiðslur sem foreldrar í 25–49% starfi í hverjum mánuði njóta réttar til í núgildandi kerfi og hins vegar greiðslu sem foreldrar í 50–100% starfi í hverjum mánuði eiga rétt á. Er með þessu móti tryggt að foreldrar fái jafnan a.m.k. þá fjárhæð sem þeir eiga rétt á í núgildandi kerfi.

Makar bænda sem ekki eru formlega skráðir sem aðilar að búrekstri og starfa heldur ekki utan búsins hafa ákveðna sérstöðu þar sem þeir eru hvorki skilgreindir sem starfsmenn hjá búinu né sjálfstætt starfandi atvinnurekendur. Samkvæmt lögum um lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, er þeim hins vegar skylt að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs bænda í samræmi við reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Vegna þessarar sérstöðu er nauðsynlegt að meðhöndla þá sérstaklega þar sem tekjuöflunarmöguleikum þeirra eru víða þröngar skorður settar. Verður því frá jafnréttissjónarmiði að meta vinnuframlag þeirra á búinu sem a.m.k. 50% starfshlutfall. Þessi sérstaða á hvorki við um þá maka sem vinna utan bús í 50% starfi eða hærra starfshlutfalli né heldur um þá sem eru formlegir aðilar að búrekstri.

Tryggt er að fjárhæð lágmarksgreiðslna komi til endurskoðunar á ári hverju við afgreiðslu fjárlaga. Við ákvörðun um hækkun þeirra er tekið tillit til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra veitt sérstök heimild, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, til að breyta greiðslufjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

Réttur foreldris til greiðslna í fæðingarorlofi er bundinn því að foreldri uppfylli skilyrði 5. eða 6. mgr. 8. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda við það ákvæði til frekari skýringa.

Um 14. gr.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja áframhaldandi uppsöfnun tiltekinna réttinda en lagt er til að meðan á fæðingarorlofi stendur greiði foreldri að lágmarki 4% af fæðingarorlofsgreiðslum í lífeyrissjóð og Fæðingarorlofssjóður að lágmarki 6%. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð og greiðir þá Fæðingarorlofssjóður lögbundið framlag á móti. Heimilt er að semja um auknar greiðslur í kjarasamningum.

Þá er lagt til að fæðingarorlof reiknist til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum. Þá reiknast fæðingarorlof til starfstíma við mat á rétti til starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða og er það gert með hliðsjón af því að menn kunna að semja um önnur réttindi síðar, svo sem námsleyfi.

Ákvæðið á einnig við um leyfi sem veitt er þungaðri konu skv. 11. gr., enda á hún rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á þeim tíma, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Um 15. gr.

Ákvæðið kveður á um hvernig foreldri skuli bera sig að við umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til Tryggingastofnunar ríkisins. Þar er lagt til að foreldri skuli sækja um greiðslu í fæðingarorlofi sex vikum fyrir áætlaðan fæðingardag. Sami frestur gildir þó svo að vinnuveitandi taki að sér að sækja um greiðslur fyrir starfsmann úr Fæðingarorlofssjóði, sbr. 1. mgr. 4. gr. Verður það að teljast hæfilegur tími fyrir Tryggingastofnun að reikna út þær fjárhæðir sem foreldrið á rétt á úr sjóðnum meðan á fæðingarorlofi varir. Undanþága er gerð gagnvart konum sem óska að hefja fæðingarorlof allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Þessi heimild er í samræmi við undanþágu um tilkynningarfrest til vinnuveitanda við sömu aðstæður. Ástæðan fyrir að styttri frestur er veittur í undanþágutilvikum er sú að ástand þungaðrar konu á síðustu mánuðum meðgöngu getur breyst með litlum fyrirvara en heimildin er tilkomin til verndar öryggi og heilbrigði þungaðra kvenna.

Ákveðin skilyrði eru sett um form umsóknar en lögð er áhersla á að foreldrar tilgreini fyrirhugaða skiptingu sameiginlegs fæðingarorlofs milli foreldra barns. Ástæða þessa er sú að ljóst verður að vera frá upphafi hvernig þeirri skiptingu verður háttað til að auðvelda útreikninga, sem og að hafa eftirlit með því að ekki verði teknir fleiri dagar en sem nemur þremur mánuðum í sameiginlegt fæðingarorlof. Jafnframt er ástæðan sú að skilyrði greiðslna er að foreldrar leggi niður launuð störf og þar sem greiðslan er hlutfall af heildartekjum einstaklings skiptir máli hvort foreldrið það er sem tekur orlofið í reynd.

Til að ganga úr skugga um að báðir foreldrar séu samþykkir skiptingu sameiginlega fæðingarorlofsins er það skilyrði sett að tilvonandi móðir og faðir undirriti umsóknina, enda munu þau bæði fara með forsjá barnsins. Sama gildir þótt annað foreldrið sé utan vinnumarkaðar eða í námi þar sem foreldrar eiga jafnan þrjá mánuði sameiginlega í fæðingarorlof enda þótt annað þeirra fái greitt úr Fæðingarorlofssjóði en hitt eigi rétt á fæðingarstyrk samkvæmt VI. kafla frumvarps þessa. Ef fyrirséð er að eingöngu annað foreldrið muni fara með forsjá barnsins og það samþykkir ekki umgengni forsjárlausa foreldrisins við barnið þann tíma sem það foreldri ætti annars rétt á í fæðingarorlof getur það foreldri tekið út sex mánaða fæðingarorlof og er þá einungis krafist undirskriftar þess foreldris sem mun fara með forsjána. Samþykki hins vegar foreldrið með forsjána umgengni foreldris án forsjár við barnið og síðarnefnda foreldrið hyggst taka fæðingarorlof skulu bæði móðir og faðir undirrita umsóknina. Þá er krafist áritunar vinnuveitanda til staðfestingar á að hann hafi samþykkt áætlaða töku fæðingarorlofs starfsmanns.

Með ákvæðinu er Tryggingastofnun veitt heimild til að afla upplýsinga hjá skattyfirvöldum um tekjur foreldra sem sækja um greiðslur í fæðingarorlofi. Er um að ræða aðgang að staðgreiðslu- og tryggingagjaldsskrá. Þykir þetta fyrirkomulag til þess fallið að flýta fyrir afgreiðslu mála hjá Tryggingastofnun auk þess sem það sparar foreldrum ákveðna fyrirhöfn að safna saman launamiðum fyrir 12 mánaða tímabil. Telji foreldrar þær upplýsingar rangar er Tryggingastofnun byggir útreikninga sína á er þeim gefinn kostur á að leggja fram gögn því til staðfestingar.

Um 16. gr.

Ákvæðið á sér fyrirmynd í 5. mgr. 15. gr. og h-lið 16. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Sú breyting er þó lögð til að um sameiginlegan rétt foreldra verði að ræða í samræmi við markmið frumvarpsins. Á framlenging fæðingarorlofs samkvæmt ákvæði þessu við um fæðingu fjölbura, þegar ættleiðendur ættleiða fleiri en eitt barn í einu eða taka fleiri en eitt barn í varanlegt fóstur á sama tíma. Um greiðslur á þeim tíma sem framlengingin varir fer samkvæmt ákvæði 13. gr.

Um 17. gr.

Þetta ákvæði á sér fyrirmynd í 15. gr. og 16. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Sú breyting er þó lögð til að sá réttur foreldra til fæðingarorlofs sem heimilt er að framlengja í þeim tilfellum þegar um alvarleg veikindi barns er að ræða skuli vera foreldrum sameiginlegur. Heimilt er að framlengja fæðingarorlof móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar sjálfrar sem eru í tengslum við fæðinguna. Er við það miðað að veikindi móður sem rekja megi til fæðingar valdi því að hún geti ekki annast barn sitt.

Samkvæmt 4. mgr. á þunguð kona rétt á að leggja niður launuð störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag teljist það nauðsynlegt af heilsufarsástæðum. Þetta er í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga en skilyrðin fyrir réttindunum voru nánar útfærð í reglugerð um greiðslur í fæðingarorlofi, nr. 296/1998, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 127/1999. Er gert ráð fyrir að áfram verði kveðið á um þessi réttindi í reglugerð en þó er talið rétt að kveðið sé á um í lögum að með umsókn um lengingu fæðingarorlofs skv. 4. mgr. skuli fylgja staðfesting vinnuveitanda, sbr. 6. mgr. Með heilsufarsástæðum í 4. mgr. er átt við sjúkdóma sem upp koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni og sjúkdóma, tímabundna og langvarandi, sem versna á meðgöngu og valda óvinnufærni. Þar fellur einnig undir fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni, sbr. nú 9. gr. reglugerðar nr. 296/1998 með síðari breytingum. Réttindi til lengingar fæðingarorlofs af heilsufarsástæðum falla niður beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns, enda skal hið hefðbundna fæðingarorlof hefjast eigi síðar en á fæðingardegi, sbr. 3. mgr. 8. gr.

Rökstyðja skal þörf fyrir framlengingu á fæðingarorlofi samkvæmt þessu ákvæði með vottorði læknis en það er lagt í hendur tryggingayfirlæknis að meta hvort lenging fæðingarorlofs verði talin nauðsynleg. Önnur veikindi foreldra eða barna lengja ekki fæðingarorlof. Um greiðslur á þeim tíma sem framlengingin varir fer samkvæmt ákvæði 13. gr.

Um 18. gr.

Lagt er til að foreldrar sem standa utan vinnumarkaðar eða eru í minna en 25% starfi eigi sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Áhersla er lögð á að þessi réttur verði ekki fram-

seljanlegur. Til frekari skýringa vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins. Til viðbótar eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði sem þeir eiga kost á að hagræða milli sín að eigin vild. Er hér miðað við að báðir foreldrar séu utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi. Þegar t.d. annað foreldrið er utan vinnumarkaðar en hitt er á vinnumarkaði á fyrrnefnda foreldrið rétt á fæðingarstyrk samkvæmt ákvæði þessu en það síðarnefnda á rétt á fæðingarorlofi skv. 8. gr. frumvarpsins. Fer um skiptingu sameiginlega réttarins skv. 6. mgr. þessarar greinar.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið leiði ekki til skerðingar frá núgildandi fæðingarorlofskerfi á greiðslum til foreldra sem eru utan vinnumarkaðar eða þeirra sem eru í minna en 25% starfi. Lagt er til að fæðingarstyrkur verði 33.157 kr. á mánuði en það er sama fjárhæð og þessir aðilar hafa samkvæmt gildandi kerfi. Gert er að skilyrði fyrir rétti til fæðingarstyrks að foreldri eigi lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hafi átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingardag barns. Í ákvæði þessu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga, nr. 21/1990. Skilyrðið um lögheimili hér á landi er í samræmi við það búsetuskilyrði sem sett er fyrir rétti til almannatrygginga, þ.e. að einstaklingur teljist tryggður hér á landi samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

3. mgr. á sér fyrirmynd í 15. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að hefjist greiðslur við upphaf ferðar telst sá tími til þeirra þriggja mánaða sem foreldri hefur sjálfstæðan rétt til eða þeirra þriggja mánaða sem foreldrar eiga rétt á sameiginlega.

Réttur foreldris er bundinn við að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar greiðsla fæðingarstyrks hefst. Þetta er nýmæli og er í samræmi við ákvæði 5. mgr. 8. gr. Vísast til athugasemda við ákvæði 8. gr. til frekari skýringa.

Lagt er til að greiðslur skulu inntar af hendi mánaðarlega og hefjast þær næstu mánaðamót eftir að barn fæðist. Er þá greitt fyrir fæðingarmánuð barnsins óháð því hvaða mánaðardag barn fæddist. Miðast því upphaf þess tímabils sem fæðingarstyrkur greiðist fyrir við fyrsta dag fæðingarmánuð barns nema foreldri ákveði að greiðslur skuli hefjast síðar.

Þá er lagt til að litið sé heildstætt á réttindi foreldra þrátt fyrir að annað þeirra sé utan vinnumarkaðar eða sé í minna en 25% starfi og hitt foreldrið starfi á vinnumarkaði. Er því gert ráð fyrir að foreldrar fái greitt hvort úr sínu kerfi í því hlutfalli sem þau ákveða. Dæmi um þetta er að foreldrar komast að samkomulagi um að það foreldri sem er á vinnumarkaði taki fæðingarorlof í sex vikur og njóti greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði þann tíma. Á þá foreldri sem er utan vinnumarkaðar rétt á greiðslu fæðingarstyrks fyrir þann tíma sem eftir er að hinum sameiginlega þriggja mánaða rétti. Er þó vakin athygli á því að réttur foreldris á vinnumarkaði til greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði er háður því að foreldri leggi niður launuð störf á meðan.

Um 19. gr.

Lagt er til að foreldrar sem eru í fullu námi eigi rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Áhersla er lögð á að þessi réttur verði ekki framseljanlegur. Vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins til frekari skýringa. Til viðbótar eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði sem þeir eiga kost á að hagræða milli sín að eigin vild. Er hér miðað við að báðir foreldrar séu í námi. Falli foreldrar undir mismunandi kerfi nýtur hvort um sig réttar samkvæmt sínu kerfi en um skiptingu sameiginlega réttarins fer skv. 6. mgr.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið leiði ekki til skerðingar frá núgildandi fæðingarorlofskerfi á greiðslum til foreldra sem eru í fullu námi. Lagt er til að fæðingarstyrkur verði 74.867 kr. á mánuði en það er sama fjárhæð og þessir aðilar hafa samkvæmt gildandi kerfi.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir heimild til að setja reglugerð en þar væri meðal annars unnt að kveða á um greiðslur til námsmanna sem ekki eru í fullu námi til að þeir haldi rétti sínum eins og hann er samkvæmt gildandi reglum. Að öðru leyti vísast til athugsemda við ákvæði 18. gr. til frekari skýringa.

Um 20. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. mgr. 15. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Sú breyting er þó lögð til að foreldrar eigi sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk vegna andvanafæðingar eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu.

Þá er lagt til að litið sé heildstætt á réttindi foreldra samkvæmt ákvæði þessu og ákvæði 12. gr. um rétt til fæðingarorlofs í sömu tilvikum. Taki annað foreldrið þannig hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur. Er þó vakin athygli á því að réttur foreldris á vinnumarkaði til greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði er háður því að foreldri leggi niður launuð störf á meðan.

Um 21. gr.

Ákvæðið á sér fyrirmynd í 5. mgr. 15. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Sú breyting er þó lögð til að um sameiginlegan rétt foreldra verði að ræða í samræmi við markmið frumvarpsins. Aukin réttur til fæðingarstyrks samkvæmt ákvæði þessu á við um fæðingu fjölbura, þegar ættleiðendur ættleiða fleiri en eitt barn í einu eða taka fleiri en eitt barn í varanlegt fóstur á sama tíma.

Þá er lagt til að litið sé heildstætt á réttindi foreldra samkvæmt ákvæði þessu og ákvæði 16. gr. um framlengingu á rétti til fæðingarorlofs vegna fjölburafæðinga. Taki annað foreldrið hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur. Er þó vakin athygli á því að réttur foreldris á vinnumarkaði til greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði er háður því að foreldri leggi niður launuð störf á meðan.

Um 22. gr.

Þetta ákvæði á sér fyrirmynd í 15. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Sú breyting er þó lögð til að réttur foreldra til fæðingarstyrks samkvæmt ákvæði þessu þegar um veikindi barns er að ræða verði foreldrum sameiginlegur. Heimilt er að framlengja rétt móður til fæðingarstyrks um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar sjálfrar sem eru í tengslum við fæðinguna. Er við það miðað að veikindi móður sem rekja megi til fæðingar valdi því að hún geti ekki annast barn sitt.

Rökstyðja skal þörf fyrir framlengingu á rétti til fæðingarstyrks samkvæmt þessu ákvæði með vottorði læknis en það er lagt í hendur tryggingayfirlæknis að meta hvort lenging þess réttar verði talin nauðsynleg. Önnur veikindi foreldra eða barna auka ekki á réttinn til fæðingarstyrks.

Þá er lagt til að litið sé heildstætt á réttindi foreldra samkvæmt ákvæði þessu og ákvæði 17. gr. um framlengingu á rétti til fæðingarorlofs vegna sömu tilvika. Taki þannig annað foreldrið hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs og nýtur greiðslna úr Fæð-

ingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur. Er þó vakin athygli á því að réttur foreldris á vinnumarkaði til greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði er háður því að foreldri leggi niður launuð störf á meðan.

Um 23. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 15. gr. frumvarpsins sem kveður á um hvernig foreldrar á vinnumarkaði skuli bera sig að við umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Lagt er til í ákvæði þessu að foreldri skuli sækja um fæðingarstyrk þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Hér er um styttri fresta að ræða en í 15. gr. en ekki þótti ástæða að hafa frestinn jafnlangan þar sem fæðingarstyrkur er jafnan ákveðin fjárhæð. Sé annað foreldrið á vinnumarkaði en hitt ekki og fellur þar með undir 18. eða 19. gr. frumvarpsins þurfa foreldrar að tilgreina fyrirhugaða skiptingu á hinum sameiginlega þriggja mánaða rétti þrátt fyrir styttri frest samkvæmt þessu ákvæði. Getur þá foreldri sem nýtur réttar til fæðingarstyrks sótt um styrkinn á sama tíma og foreldri á vinnumarkaði sækir um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 15. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

Lagt til að foreldri eigi rétt á foreldraorlofi að hámarki í 13 vikur. Er þá gert ráð fyrir að heimilt verði að taka foreldraorlof allt þar til barnið nær átta ára aldri, sbr. 3. mgr. Miðað er við það aldursmark í rammasamningnum um foreldraorlof sem verið er að innleiða með frumvarpi þessu. Í þessu sambandi er miðað við átta ára afmælisdag barnsins. Á þá hvort foreldri rétt á 13 vikum fyrir hvert barna sinna yngra en átta ára.

Tekið er fram í 1. mgr. að foreldraorlof sé ætlað til umönnunar barns starfsmanns. Í því getur falist að forsjárlaust foreldri geti sótt um leyfi vilji það sinna umgengni við barn sitt um lengri tíma. Þótti ekki ástæða til að skilyrða rétt foreldris án forsjár til foreldraorlofs við samþykki þess foreldris sem fer með forsjána á sama hátt og fæðingarorlof. Ástæðan er meðal annars sú að heimilt er að taka foreldraorlof skemur en eina viku. Væri því taka foreldraorlofs forsjárlauss foreldris vel samræmanleg þeim umgengnisrétti sem það á rétt á. Þó ber að skýra þetta ákvæði til samræmis við ákvæði barnalaga, nr. 20/1992, með síðari breytingum, um inntak forsjár- og umgengnisréttar.

Foreldraorlofið getur almennt fyrst hafist eftir fæðingu barns. Heimild er í rammasamningnum um að sérstakt tillit sé tekið til aðstæðna vegna ættleiðingar. Upphaf foreldraorlofs vegna ættleiðingar barns miðast við þann tíma er barnið kemur inn á heimilið. Ef foreldri þarf að sækja barnið til útlanda getur foreldraorlofið hafist við upphaf ferðar. Er þetta til samræmis við ákvæði um fæðingarorlof. Í núgildandi barnaverndarlögum, nr. 58/1992, með síðari breytingum, er sérstaklega kveðið á um ráðstöfun barna í fóstur. Eðli málsins samkvæmt þótti ástæða til að fósturforeldrar sem taka barn í varanlegt fóstur nytu sama réttar til foreldraorlofs og aðrir foreldrar.

Tekið er fram í 4. mgr. að réttur til foreldraorlofs er ekki framseljanlegur. Til frekari skýringa vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins.

Ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að starfsmaður haldi launum meðan á foreldraorlofi stendur. Hins vegar er lögð á það áhersla að samningssamband milli vinnuveitanda og starfsmanns haldist á þeim tíma sem foreldraorlofið stendur yfir. Ekki koma til aðrar greiðslur frá ríki eða sveitarfélögum og á starfsmaður í foreldraorlofi ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, enda ekki til reiðu fyrir vinnumarkaðinn.

Um 25. gr.

Ákvæði 1. mgr. kveður á um að starfsmaður skuli eiga rétt á að taka foreldraorlof í einu lagi. Þá er gert ráð fyrir í 2. mgr. að starfsmanni og vinnuveitanda hans verði heimilt að komast að samkomulagi um hvernig orlofinu skuli háttað á sama hátt og foreldrar geta samið um fyrirkomulag fæðingarorlofs. Þá er áréttað í 3. mgr. þessarar greinar að vinnuveitandi skuli leitast við að koma til móts við óskir foreldra um tilhögun foreldraorlofs.

Í 4. mgr. er sett takmörkun við lengd foreldraorlofs á 12 mánaða tímabili. Er ákvæðinu ætlað að ná til þeirra tilvika þegar starfsmaður á rétt á lengra foreldraorlofi en 13 vikum vegna þess að hann á fleiri en eitt barn undir átta ára aldri. Getur hann samkvæmt ákvæðinu ekki tekið lengra foreldraorlof en 13 vikur á 12 mánaða tímabili nema til komi sérstakt samþykki vinnuveitanda.

Um 26. gr.

Lagt er til að starfsmaður öðlist rétt til foreldraorlofs eftir að hafa starfað samfellt í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda. Er þó ekkert því til fyrirstöðu að hann geti gefið vinnuveitanda sínum tilkynningu um töku foreldraorlofs eftir að hafa unnið hjá sama vinnuveitanda í tæpa fimm mánuði. Þykja sex mánuðir hæfilegur tími sem lágmarksstarfstími sem starfsmaður skal vinna hjá sama vinnuveitanda áður en hann getur tekið leyfi frá störfum til að sinna barni sínu.

Í 2. mgr. er lagt til að starfsmaður tilkynni vinnuveitanda með a.m.k. sex vikna fyrirvara að hann ætli að nýta sér rétt sinn til foreldraorlofs. Þykir sá fyrirvari hæfilegur til þess að vinnuveitandi geti gert nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem að ráða staðgengil eða þjálfa annan starfsmann til að sinna þeim verkefnum sem viðkomandi starfsmaður hefur annast meðan á orlofinu stendur.

Til að auðvelda sönnun ef upp koma deilur um töku orlofs var talið nauðsynlegt að lögfesta ákveðnar formreglur í samskiptum vinnuveitanda og starfsmanns. Er því tekið fram í ákvæðinu að tilkynning skuli vera skrifleg og að þar skuli koma fram upphafsdagur, lengd og tilhögun orlofs. Einnig er tekið fram að vinnuveitandi skuli árita á tilkynninguna hvaða dag hún er móttekin og afhenda starfsmanni síðan afrit hennar.

Sú skylda er lögð á vinnuveitanda að hann skrái töku foreldraorlofs starfsmanns þannig að starfsmaður geti fengið vottorð um fjölda tekinna foreldraorlofsdaga óski hann þess. Þetta verður að teljast nauðsynlegt bæði fyrir vinnuveitanda og starfsmann. Vinnuveitandi þarf að halda utan um þá fæðingarorlofsdaga sem starfsmaður hefur tekið í starfi hjá honum þar sem starfsmaður á einungis rétt á 13 vikna foreldraorlofi fyrir hvert barna sinna. Af sömu ástæðum þarf starfsmaður að geta sýnt nýjum vinnuveitanda fram á hversu marga daga hann á eftir af orlofi sínu. Er þetta einkum mikilvægt í ljósi þess að taka foreldraorlofs getur dreifst yfir átta ára tímabil.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er að finna reglur um með hvaða hætti vinnuveitanda er heimilt að ákveða breytta tilhögun foreldraorlofs. Er tekið fram að um slíka ákvörðun skuli hafa samráð við starfsmann en vinnuveitanda ber að tilkynna formlega um aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar starfsmanns. Er það gert til að auðvelda sönnun ef upp koma deilur síðar. Þá ber vinnuveitanda að tilgreina skriflega þær ástæður er liggja að baki breyttri tilhögun og ef um frestun er að ræða skal taka fram hve lengi frestunin varir. Í flestum tilvikum verður vinnuveitandi að tilkynna ákveðna dagsetningu hvað þetta varðar en einnig er mögulegt að

tilgreina að foreldraorlofi þurfi að fresta þar til ákveðnu verkefni eða álagstíma er lokið, sbr. þó takmarkanir 3. mgr.

Lagt er til að frestunarheimildinni verði eingöngu beitt þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi í rekstri fyrirtækis eða stofnunar sem gera slíkt nauðsynlegt eða óhjákvæmilegt. Taldar eru upp í greininni aðstæður sem teljast munu gildar en sú upptalning telst ekki tæmandi. Á það meðal annars við ef álagstími fer í hönd er starfsmaður hugðist taka orlof sitt eða vinnuveitanda hefur ekki lánast að finna hæfan staðgengil ef þess er þörf. Í síðarnefnda tilvikinu verður þó að gera kröfur um að vinnuveitandi hafi reynt í tíma að leita eftir hæfum starfskrafti. Þegar starfsmaður gegnir lykilhlutverki við stjórnun fyrirtækis getur einnig þurft lengri frest til að mæta tímabundnu brotthvarfi hans en þann sex vikna frest sem krafist er að starfsmaður gefi vinnuveitanda áður en foreldraorlof skal hefjast.

Í 3. mgr. eru enn fremur lagðar til tímatakmarkanir á heimild vinnuveitanda til að fresta foreldraorlofi. Er þar gert ráð fyrir að frestunin geti aldrei varað lengur en í sex mánuði frá fyrirhuguðum upphafsdegi foreldraorlofs nema til komi samþykki starfsmanns. Ákvæðið ber að skýra með hliðsjón af 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að vinnuveitandi skuli leitast við að taka tillit til óska starfsmanns um tilhögun foreldraorlofs. Þótti í þessu samhengi hálft ár hæfilegur hámarkstími til frestunar foreldraorlofs. Má þar benda á að vinnuveitanda ætti að vera kleift að finna hæfan staðgengil á þessum tíma og jafnframt verður að teljast líklegt að álagstímar flestra fyrirtækja eða stofnana vari ekki mikið lengur en í hálft ár. Vinnuveitandi hefur þó jafnan heimild í frumvarpinu að ná samkomulagi við starfsmann um lengri frest en til þess verður einnig að líta að hálft ár er mikill breytingatími í lífi ungs barns.

Í 4. mgr. eru talin upp atvik sem leitt geta til þess að vinnuveitanda verði óheimilt að fresta foreldraorlofi. Eru talin upp tvö tilvik sem orðið geta til þess að frestun verði almennt óheimil, þ.e. ef barn veikist eða foreldraorlof er tekið í beinu framhaldi af fæðingarorlofi. Þykir eðlilegt að takmarka heimild vinnuveitanda til frestunar foreldraorlofs þegar um veikindi barns er að ræða þar sem barn þarfnast þá nærveru foreldris sem og í ljósi tilgangs foreldraorlofs. Á seinna tilvikið sér fyrirmynd úr dönskum lögum um foreldraorlof en margar ástæður geta legið að baki því að foreldri kjósi að taka orlofið í beinu framhaldi af fæðingarorlofi. Má þar helst nefna að erfitt getur verið að fá gæslu fyrir svo ungt barn. Einnig er skýrt tekið fram að ef vinnuveitandi fer ekki að þeim formreglum sem raktar eru í 1. mgr. þessa ákvæðis kann hann að glata rétti til frestunar og að vinnuveitanda er óheimilt að afturkalla þegar veitt samþykki sitt.

Ákvæði 5. mgr. tekur til þeirra tilvika þegar starfsmaður hefur geymt rétt sinn til foreldraorlofs fram á áttunda aldursár barns síns. Til að fyrirbyggja að frestun af hálfu vinnuveitanda leiði til þess að rétturinn glatist er tekið fram að frestun við þessar aðstæður leiði til framlengingar orlofsréttar um eitt ár, þ.e. til þess tíma þegar barnið verður níu ára gamalt.

Um 28. gr.

Ákvæðinu er ætlað að vernda starfsmann gegn því að glata þeim rétti sem hann hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér á upphafsdegi foreldraorlofs. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði rammasamningsins um foreldraorlof sem verið er að innleiða með frumvarpi þessu.

Um 29. gr.

Ákvæðinu er ætlað að taka af allan vafa um að ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda haldist óbreytt í fæðingar- og foreldraorlofi. Í þessu sambandi má benda á

ákvæði 14. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að starfstengd réttindi haldist á þessu tímabili.

Einnig eru tekin af öll tvímæli um rétt starfsmanns til að hverfa aftur að starfi sínu að loknu fæðingar- og foreldraorlofi. Í því felst þó ekki takmörkun á réttindum fyrirtækis eða stofnunar til að gera almennar rekstrarlegar breytingar sem kunna að hafa áhrif á stöðu starfsmannsins á svipaðan hátt og þær hafa áhrif á störf annarra starfsmanna. Slíkar breytingar á starfi starfsmannsins skulu ekki hafa áhrif á launakjör hans til lækkunar eða önnur starfstengd réttindi. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði rammasamningsins um foreldraorlof.

Um 30. gr.

Tilgangur þessa ákvæðis er að vernda starfsmenn sem lagt hafa fram skriflega tilkynningu um að þeir ætli að nýta sér rétt til töku fæðingar- eða foreldraorlofs eða eru í fæðingar- eða foreldraorlofi gegn uppsögn af hálfu vinnuveitanda. Ákveði vinnuveitandi að segja upp starfsmanni sem svo er ástatt um ber honum að tilgreina ástæður fyrir uppsögninni og rökstyðja þær skriflega. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að það hafi neikvæðar afleiðingar fyrir starfsmann að nýta sér rétt sinn samkvæmt frumvarpinu.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 7. gr. gildandi laga um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum. Jafnframt er ákvæðið í samræmi við rammasamninginn um foreldraorlof. Til þess að ákvæði þetta nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að vinnuveitanda verði gert skylt að láta skriflegan rökstuðning fylgja uppsögn í þeim tilvikum sem greinir í ákvæðinu.

Sömu skilyrði gilda um uppsagnir á þunguðum konum og konum sem nýlega hafa alið barn, sbr. 4. mgr. 7. gr., en samsvarandi ákvæði er í 10. gr. tilskipunar ráðsins um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti, nr. 92/85/EBE.

Um 31. gr.

Komi vinnuveitandi í veg fyrir að foreldri njóti þeirra réttinda sem það á rétt á samkvæmt frumvarpi þessu getur vinnuveitandi orðið skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Á þetta sérstaklega við bregðist vinnuveitandi þeirri skyldu að tryggja að fyrra starf starfsmanns eða sambærilegt starf í samræmi við ráðningarsamning standi honum til boða er hann snýr aftur til starfa að loknu fæðingar- eða foreldraorlofi. Sama gildir einnig segi hann starfsmanni upp störfum sem lagt hefur fram skriflega tilkynningu um að hann ætli að nýta sér rétt til töku fæðingar- eða foreldraorlofs eða er í fæðingar- eða foreldraorlofi án þess að málefnalegar ástæður liggi þar að baki.

Um 32. gr.

Ákvæðið á sér fyrirmynd í 15. gr. og 16. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, í sambandi við fæðingarorlof og fæðingarstyrk. Sú breyting er þó lögð til að lágmarksfæðingarorlof sem móðir hefur í gildandi lögum verði hluti af sameiginlegu orlofi foreldra. Sama á við um greiðslu fæðingarstyrks. Er það til samræmis við markmið frumvarpsins. Jafnframt er lagt til í frumvarpi þessu að foreldraorlof falli niður af sömu ástæðum eðli málsins samkvæmt. Þó verður ekki talin ástæða til að veita foreldrum lágmarkstíma í foreldraorlof þar sem það þjónar öðrum markmiðum en fæðingarorlof.

Í 2. mgr. er lagt til að foreldrar eigi rétt til töku fæðingarorlofs í allt að tvo mánuði eftir fæðingu barns og sama gildir um rétt foreldra til greiðslu fæðingarstyrks. Falli foreldrar undir

mismunandi kerfi nýtur hvort um sig greiðslu samkvæmt sínu kerfi en um skiptingu réttar samkvæmt ákvæði þessu fer eins og mælt er fyrir um í 3. mgr.

Um 33. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að fram komi til skýringar að foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, með síðari breytingum. Foreldri sem nýtur greiðslna í fæðingarorlofi á ekki rétt til umönnunargreiðslna vegna sama barns eða sömu fæðingar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum. Sama gildir um greiðslu sjúkradagpeninga og lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Greiðslur sem koma frá öðrum ríkjum koma til frádráttar þeim greiðslum sem foreldri á rétt úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. eða greiðslu fæðingarstyrks skv. 18. og 19. gr.

Um 34. gr.

Með ákvæðinu er einkum verið að vísa til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins). Þegar EES-samningurinn tók gildi á Íslandi voru þar greindar ESB-gerðir á sviði almannatrygginga og félagsmála sem taka bar upp í landsrétt EES-ríkjanna skv. 7. gr. EES-samningsins. Þar á meðal var reglugerð ráðsins frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, nr. 1408/71/EBE, með síðari breytingum, og reglugerð ráðsins frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar nr. 1408/71/EBE, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, nr. 574/72/EBE. Þessar reglugerðir eiga stoð í núgildandi almannatryggingalögum, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Er því með ákvæði þessu verið að tryggja að framkvæmd laga þessara verði í samræmi við ákvæði reglugerðanna, sem og annarra gerða á sviði almannatrygginga og félagsmála sem hafa orðið eða verða hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 35. gr.

Ákvæðið veitir félagsmálaráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Markmiðið með slíkri heimild er að kveðið verði skýrar á um réttinn til fæðingar- og foreldraorlofs auk réttarins til greiðslna í fæðingarorlofi og til fæðingarstyrks ef nauðsyn ber til við framkvæmd laganna.

Um 36. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Þó er gert að tillögu að ákvæði um fæðingarorlof komi til framkvæmda 1. janúar 2001 en það er talið lágmarksundirbúningstími fyrir framkvæmd hins nýja kerfis. Falla þá núgildandi lög um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingum, úr gildi 1. janúar 2001. Ákvæði um fæðingarorlof taka til barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2001 eða síðar. Foreldrar þessara barna öðlast því rétt til fæðingarorlofs samkvæmt hinu nýja kerfi. Foreldrar sem eru í fæðingarorlofi er hið nýja kerfi kemur til framkvæmda munu halda áfram í núverandi kerfi. Mæður, sem hafa nýtt sér rétt sinn samkvæmt núgildandi kerfi að hefja fæðingarorlof mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag en barn þeirra fæðist 1. janúar 2001 eða síðar, öðlast rétt til áframhaldandi fæðingarorlofs samkvæmt hinu nýja kerfi.

Lagt er til að lenging á sjálfstæðum rétti föður til töku fæðingarorlofs verði í áföngum þannig að hið nýja kerfi verði að fullu komið til framkvæmda á tveimur árum. Gert er ráð

fyrir að sjálfstæður réttur karla til fæðingarorlofs lengist í fyrsta áfanga um tvær vikur eða úr tveimur vikum í núgildandi kerfi í einn mánuð. Þó er vakin athygli á að frá og með 1. janúar 2001 eiga feður rétt til að taka fæðingarorlof af þeim hluta orlofsins sem ætlaður er foreldrum sameiginlega. Ári síðar lengist sjálfstæður réttur karla í tvo mánuði og 1. janúar 2003 verður rétturinn þrír mánuðir.

Enn fremur er gert ráð fyrir að foreldraorlof megi taka vegna barna sem fædd eru 1. janúar 1998 eða síðar. Ef horft er til nágrannalanda er ekki að sjá að einhver algild regla sé ráðandi varðandi gildistíma. Ástæða þess að lagt er til að framangreind dagsetning verði höfð sem viðmiðun er að um er að ræða síðustu áramótin áður en tilskipunin átti að taka gildi samkvæmt lokaákvæðum tilskipunarinnar innan aðildarríkja Evrópusambandsins. Jafnframt er litið til þess sanngirnissjónarmiðs að réttur til foreldraorlofs taki til foreldra barna sem fædd eru á sama almanaksári.

Um 37. gr.

Lagt er til að Fæðingarorlofssjóður verði fjármagnaður með ákveðnum hluta tryggingagjalds. Er það gert að tillögu að almenna tryggingagjaldið verði hækkað úr 3,99% í 4,34% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Sú hækkun jafngildir þeirri lækkun sem lagt er til að gerð verði á atvinnutryggingagjaldinu. Yrði atvinnutryggingagjald því lækkað úr 1,15% í 0,8% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að ráðstöfun almenna tryggingagjaldsins verði breytt þannig að 0,85% af því renni til Fæðingarorlofssjóðs, sem standa á undur fjármögnun hans. Gert er ráð fyrir að lækkun atvinnutryggingagjalds hafi í för með sér tekjuskerðingu hjá Atvinnuleysistryggingasjóði sem nemur um 1,2 milljörðum kr. á ársgrundvelli. Þrátt fyrir það skerðir það ekki bolmagn sjóðsins til að greiða atvinnuleysisbætur miðað við núverandi atvinnuástand, enda hafa tekjur sjóðsins verið töluvert umfram gjöld hans.

Hér er eingöngu um að ræða tilfærslu á fjármagni vegna upptöku Fæðingarorlofssjóðs og hefur því engin áhrif gagnvart launagreiðendum. Staðgreiðslu- og álagningarhlutfallið verður það sama eftir sem áður.

Um 38. gr.

Lagt er til að orðalag 1. mgr. 10. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, verði svohljóðandi: „Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, tekjutryggingar, örorkustyrkja og barnalífeyris.“ Ekki er um grundvallarbreytingu að ræða á orðalagi ákvæðisins heldur felur breytingin í sér að orðin „og bóta í fæðingarorlofi“ falla brott. Það er í samræmi við þær breytingar sem leiðir af frumvarpinu en þar er lagt til að bætur í fæðingarorlofi falli utan við almannatryggingakerfið.

Lagt er til að ákvæði 15.–16. gr. a sömu laga verði fellt brott en það leiðir af breytingum vegna hins nýja kerfis um fæðingar- og foreldraorlof sem lagt er til í frumvarpinu og lagabreytingum sem leiðir af því.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Tilgangurinn með frumvarpi um fæðingar- og foreldraorlof er að jafna rétt karla og kvenna til fæðingar- og foreldraorlofs og gera foreldrum kleift að samræma skyldur sínar í starfi og fjölskyldulífi. Frumvarpinu er ætlað að ná til starfsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Samkvæmt því eiga foreldrar sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þó er gert er ráð fyrir að sjálfstæður réttur feðra verði tryggður í áföngum þannig að árið 2001 hljóti þeir rétt til eins mánaðar, 2002 til tveggja mánaða og 2003 til þriggja mánaða. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldri getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér. Réttur til fæðingarorlofs fellur niður þegar barnið nær 18 mánaða aldri. Mánaðarleg greiðsla í fæðingarorlofi foreldris, sem er starfsmaður hjá öðrum aðila, skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Mánaðarleg greiðsla í fæðingarorlofi sjálfstætt starfandi foreldris skal nema 80% af reiknuðu endurgjaldi sem greitt hefur verið tryggingagjald af fyrir sama tímabil. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir lágmarksgreiðslum í tveimur þrepum. Um rétt foreldra utan vinnumarkaðar fer áfram eftir lögum um almannatryggingar. Í frumvarpinu er lagt til að sérstakur Fæðingarorlofssjóður verði stofnaður til að standa straum af kostnaði við greiðslur foreldra á vinnumarkaði í fæðingarorlofi. Lagt er til að Fæðingarorlofssjóður verði fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum. Áætluð heildarútgjöld frumvarpsins vegna fólks á vinnumarkaði árið 2001 er um 2 milljarðar kr., árið 2002 um 2,5 milljarðar kr. og árið 2003 um 3 milljarðar kr. Þá er miðað við að réttur til foreldraorlofs verði fullnýttur og að móðir taki valkvæðu mánuðina. Nokkurn fyrirvara verður að hafa á þessari áætlun þar sem óvíst er í hve miklum mæli feður nýta sér rétt sinn og viðbótarkostnað vegna afleysinga eða annarra úrræða til að leysa verkefni í fjarveru þeirra frá vinnu. Einnig er óvissa um tekjudreifingu foreldra þar sem gögn til útreiknings eru framreiknuð frá árinu 1996 til ársins 2000. Gert er ráð fyrir að framangreindur kostnaður vegna fólks á vinnumarkaði verði fjármagnaður með tryggingagjaldi. Eftir standa greiðslur til þeirra sem eru utan vinnumarkaðar og er kostnaður við þá áætlaður 600 m.kr. og greiðist beint úr ríkissjóði. Heildarútgjöld vegna núverandi fæðingarorlofskerfis eru áætluð 2,1 milljarður kr. á ári fyrir alla landsmenn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Áætlaður kostnaður við nefndina er 1 m.kr. á ári og greiðist úr ríkissjóði.

Í frumvarpinu er lagt til að foreldrar hafi rétt til að taka foreldraorlof frá launuðum störfum vegna fæðingar barns, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Orlofið er launalaust og skal það tekið áður en barnið nær átta ára aldri. Áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna foreldraorlofsins er 100–200 m.kr. á hverju ári, miðað við að 50–70% þeirra starfsmanna sem hafa rétt til foreldraorlofs nýti sér hann. Miðað er við að orlofið sé tekið á sjö ára tímabili og ekki er gert ráð fyrir að það sé tekið á fyrsta ári barnsins. Nokkurn fyrirvara verður að hafa á þessari áætlun þar sem óvíst er í hve miklum mæli foreldrar nýta sér

þennan rétt og hve mikil þörf verður fyrir afleysingar eða önnur úrræði til að leysa verkefni sem starfsfólk í foreldraorlofi hefur með höndum.

Tilgangurinn með breytingum á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, er að breyta samsetningu tryggingagjalds til að standa straum af kostnaði við Fæðingarorlofssjóð. Samkvæmt lögunum er tryggingagjaldið samsett úr tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi. Atvinnutryggingagjaldið er 1,15% af gjaldstofni og almennt tryggingagjald 3,99 af gjaldstofni. Í frumvarpinu er lagt til að atvinnutryggingagjaldið verði 0,8% og almenna tryggingagjaldið 4,34%. Jafnframt er í frumvarpinu gert ráð fyrir að við 3. gr. verði bætt nýjum lið um Fæðingarorlofssjóð sem fær sem sinn hlut 0,85% af gjaldstofni skv. III. kafla.

Tilgangurinn með breytingum á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, er að jafna rétt karla og kvenna utan vinnumarkaðar til fæðingarstyrks. Frumvarpið nær til foreldra sem eru heimavinnandi, í minna en 25% starfshlutfalli og námsmanna.

1066. Fyrirspurn [624. mál]

til félagsmálaráðherra um viðbótarlán Íbúðalánasjóðs.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver var fjöldi umsókna um viðbótarlán Íbúðalánasjóðs og heildarfjárhæð þeirra frá janúar 1999 til apríl 2000?
2. Hver var fjöldi veittra viðbótarlána, heildarfjárhæð þeirra og meðalfjárhæð á tímabilinu?
3. Hvert var meðalkaupverð íbúða sem veitt voru viðbótarlán út á?
4. Hver var meðalfjárhæð viðbótarlána sem hlutfall af meðalkaupverði íbúða sem veitt voru viðbótarlán út á?
5. Hver voru að meðaltali mánaðarlaun íbúðarkaupenda sem fengu viðbótarlán á tímabilinu?
6. Hver var að meðaltali mánaðarleg greiðslubyrði allra lána íbúðarkaupenda sem fengu viðbótarlán?
7. Hve margir lántakendur eru í vanskilum með viðbótarlán, þriggja mánaða eða eldri?

Svar óskast sundurgreint eftir mánuðum og sveitarfélögum.

Skriflegt svar óskast.

1067. Breytingartillaga [460. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Á fiskveiðiárinu 2000/2001 skal allt að 1,5% aflaheimilda af heildaraflamarki þorsks og ýsu úthlutað sérstaklega til aflamarksskipa sem voru minni en 200 brúttórúmlestir 1. september 1999. Skilyrði þess að aflamarksskip fái úthlutun er að skipið hafi 1. september 1999 haft minna aflamark en 80 þorskígildistonn. Úthlutunarréttur hækkar með fækkandi þorskígildistonnum aflamarks viðkomandi fiskiskips niður í 20 þorskígildistonn eða minna miðað við 1. september 1999. Jafnframt er skilyrði að fiskiskipið hafi leigt til sín á Kvótaþingi 40 þorskígildistonn eða meira fiskveiðiárið 1999/2000. Þá þarf aflamarksskip að hafa veitt 75% af aflamarki sínu í botnfiski fiskveiðiárið 1999/2000.

Aflaheimildir þessar verða ekki framseldar til annarra fiskiskipa og teljast ekki með þegar veiðiskip uppfyllir 50% veiðiskyldu hvers árs, sbr. ákvæði 12. gr. laga þessara. Heimildum þessum verður aðeins úthlutað til dagróðrabáta.

Hámarksúthlutun eftir stærðarflokkum fiskiskipa í brúttórúmlestum annars vegar og þorskígildishámarki hins vegar er sem hér segir:

Stærð skipa	Hámark þorskígildistonna			
	20 tonn eða minna	**20,1–40 tonn**	**40,1–60 tonn**	**60,1–80 tonn**
0–20 brl.	30 tonn	20 tonn	15 tonn	10 tonn
20,1–40 brl.	40 tonn	30 tonn	20 tonn	15 tonn
40,1–60 brl.	50 tonn	40 tonn	30 tonn	20 tonn
60,1–100 brl.	60 tonn	50 tonn	40 tonn	30 tonn
100,1–150 brl.	70 tonn	55 tonn	40 tonn	35 tonn
150,1–200 brl.	80 tonn	65 tonn	45 tonn	35 tonn

Fiskiskip sem er með meira en 80 þorskígildistonn fær ekki úthlutun.

Einnig skal þeim útgerðaraðilum, sem gera út fiskiskip minni en 20 brl. að stærð, uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. um að hafa leigt til sín 40 þorskígildistonn eða meira á fiskveiðiárinu 1999/2000 og höfðu minna aflamark 1. september 1999 en 15 þorskígildistonn, úthlutað allt að 15 tonnum í þorskígildum þorsks og ýsu. Þó skal þeim aldrei úthlutað meiru en aflamark þeirra var 1. september 1999 og aldrei meiru en nemur þeim afla sem þau veiddu og lönduðu á fiskveiðiárinu 1999/2000.

Ekki er gert að skilyrði að þessi skip hafi leigt til sín viðbótaraflaheimildir.

1068. Breytingartillaga [460. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Frá gildistöku þessa ákvæðis fellur niður úthlutun aflahlutdeildar til einstakra fiskiskipa í steinbít og ufsa. Ákvæðið gildir til loka fiskveiðiársins 2000/2001.

1069. Breytingartillögur [460. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað 1. og 2. málsl. 4. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Hver sóknardagur telst 24 klst. Hvern sóknardag má taka út í tveimur 12 klst. veiðiferðum talið frá upphafi veiðiferðar. Veiðiferð sem er lengri en 12 klst. telst heill sóknardagur.
2. Við 2. gr. Á eftir d-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Við 6. mgr. bætast fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sóknardag má taka út í tveimur 12 klst. veiðiferðum. Ákvæðið gildir einnig um 14. mgr. Fjöldi sóknardaga skal aukinn í hlutfalli við aukinn heildarafla þorsks sem og þorskaflahámark þessara báta. Ákvæðið á einnig við um 8. mgr.

1070. Nefndarálit [460. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Alþingi samþykkti þann hluta laganna um stjórn fiskveiða sem hér um ræðir í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 145/1998, í svokölluðu Valdimarsmáli. Stjórnvöld túlkuðu niðurstöðu dómsins á þann veg að úreldingarreglur á fiskiskipum væru í andstöðu við stjórnarskrá og afléttu þeim strax nema af þeim hluta flotans sem hér um ræðir. Smábátarnir skyldu búa áfram við úreldingarreglur af sama tagi og verið höfðu og skyldi svo vera til 1. september 2000. Var að sumu leyti hert á þessum reglum m.a. með reglu um að ef útgerðarmenn stækkuðu báta sína skyldu þeir úrelda þrefalda mælieiningu á móti stækkun. Með þessari lagasetningu var í raun gengið gegn túlkun stjórnvalda á fyrrnefndum dómi. Þeir lögmenn sem stjórnarmeirihlutinn hafði sér til ráðgjafar í þessu máli töldu Alþingi hafa það svigrúm til að koma til móts við dóm Hæstaréttar að brjóta mætti stjórnarskrána tímabundið meðan annarri skipan væri komið á. Af áliti þeirra mátti draga þá ályktun að hér væri hæfi-

legur tími valinn og verjanlegur í ljósi þeirrar aðstöðu sem stjórnvöld væru í. Nú er með þessu frumvarpi ætlunin að fresta gildistöku þeirra lagaákvæða sem varða umrædd brot á stjórnarskránni í ár til viðbótar með þeim rökum að yfir standi endurskoðun á stjórn fiskveiða. Fram hefur komið opinberlega sú skoðun sjávarútvegsráðherra að líklega verði ekki nægur tími til að ljúka umfjöllun um það mál á næsta þingi. Verður þá að telja líklegt miðað við þau rök sem færð hafa verið fram fyrir frestun gildistöku þessara laga að henni verði aftur frestað um ár og muni því þau ákvæði sem varða brot á stjórnarskránni ekki falla úr gildi fyrr en haustið 2002. Fari svo hafa lög sem eru samkvæmt dómi Hæstaréttar brot á stjórnarskránni verið í gildi í hátt á fjórða ár. Nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd fóru ítrekað fram á að fá fund með þeim lögfræðilegu ráðgjöfum sem kallaðir voru til við setningu þessara lagaákvæða til að fræðast um álit þeirra á því hve lengi teldist hæfilegt að brjóta stjórnarskrána eftir dóma Hæstaréttar en af einhverjum ástæðum vildu umræddir lögmenn ekki mæta til fundar við nefndina. Það er skoðun minni hlutans að þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð séu óvirðing við stjórnarskrá landsins og Hæstarétt og ekki sæmandi Alþingi.

Í 3. gr. frumvarpsins var lagt til að óheimilt yrði að stækka báta sem verða á krókaaflamarki upp fyrir 6 brúttótonn. Meiri hlutinn leggur nú til á þskj. 1047 að báta sem stunda veiðar með krókaaflamarki megi stækka ótakmarkað. Meðan ekki liggur fyrir stefnumörkun um stjórn fiskveiða er mjög óskynsamlegt að eyðileggja þann möguleika að láta annars konar reglur gilda um smábáta en um stærri skip, en það gerist verði þessi breytingartillaga meiri hlutans samþykkt. Minni hlutinn telur að vel komi til greina að hækka stærðarmörk smábáta upp fyrir 6 tonn en skynsamlegt sé þó að hafa ákveðin mörk til staðar þannig að smábátaflotinn sé skilgreindur og mögulegt að hafa aðrar reglur um veiðar hans en um aðra hluta flotans og mun því greiða atkvæði gegn breytingartillögu meiri hlutans við 3. gr. frumvarpsins.

Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 38 15 maí 1990 sem ef að lögum verður gerir þetta frestunarfrumvarp óþarft og getur ekki tekið þátt í því að óvirða stjórnarskrána. Þingflokkurinn mun því sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 2000.

Jóhann Ársælsson, frsm. Svanfríður Jónasdóttir.

1071. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið felur í sér þrjár meginbreytingar varðandi fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna sem allar hafa það að markmiði að rýmka heimildir þeirra til fjárfestinga. Lagt er til að heimild lífeyrissjóðanna til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum, þar með talið hlutabréfum, sem nú nær einungis til innlendra verðbréfa nái einnig til erlendra verðbréfa. Þá er lagt til að fjárfesting í óskráðum bréfum megi nema sem svarar 10% af hreinni eign lífeyrissjóða. Jafn-

framt er svigrúm þeirra til að fjárfesta í óskráðum bréfum enn frekar rýmkað með heimild til að flokka óskráð ríkistryggð bréf tengd húsnæðislánum Byggingarsjóðs ríkisins og Bygg ingarsjóðs verkamanna sem keypt voru á árunum 1972 og 1994 með skráðum verðbréfum. Þá er ætlunin að auka heimild lífeyrissjóðanna til að fjárfesta í skráðum skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila, hlutabréfum fyrirtækja og öðrum verðbréfum úr 35% í 50% og loks er lagt til að heimild sjóðanna til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum verði aukin úr 40% í 50% af hreinni eign sjóðanna.

Minni hlutinn gagnrýnir að ekki sé tekið tillit til sjónarmiða og aðvarana Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn telur að ekkert knýi á um það sérstaklega að rýmka nú heimildir lífeyrissjóðanna. Jafnframt telur Seðlabankinn að erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða stuðli til skamms tíma, að öðru óbreyttu, að hærra innlendu vaxtastigi og lægra gengi húsbréfa en ella. Varðandi heimild til áhættutöku í erlendum gjaldmiðlum telur Seðlabankinn það umhugsunarefni hversu langt á að ganga í að rýmka heimildir lífeyrissjóðanna til þess að taka áhættu í þessu efni. Gerði Seðlabankinn þá tillögu, til að koma til móts við þetta sjónarmið, að samhliða því að takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign lífeyrissjóða yrði kveðið á um að áhætta í einstökum myntum megi ekki fara upp fyrir ákveðið mark, t.d. 20–30%. Meiri hlutinn hafnaði þeirri tillögu.

Samkvæmt upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið útvegaði nefndinni um fjárfestingar og áhættustýringu lífeyrissjóðanna er einn lífeyrissjóður (með ábyrgð sveitarfélags) kominn yfir 35% hámarkið hvað varðar skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga. Meðaltal allra lífeyrissjóðanna er 4%. Þrír lífeyrissjóðir eru yfir 35% mörkunum hvað varðar skuldabréf og víxla lánastofnana en meðaltal allra lífeyrissjóðanna er 13%. Enginn lífeyrissjóður er yfir 35% mörkunum hvað varðar önnur verðbréf en meðaltalið er 6%. Tólf lífeyrissjóðir eru yfir 35% mörkunum hvað varðar hlutabréf, en meðaltalið er 34%. Gengisbundnar fjárfestingar lífeyrissjóða eru að meðaltali 25% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Þrír lífeyrissjóðir eru með hærra hlutfall gengisbundinna eigna en 40% hámarkið.

Fjármálaeftirlitið telur ekki tímabært að leggja mat á áhættustýringu sjóðanna í heild. Hins vegar er það mat þeirra, af samskiptum eftirlitsins við einstaka lífeyrissjóði, að stjórnendur þeirra hafi litið um of á fjárfestingarramma laganna við mótun fjárfestingarstefnu sinnar í stað þess að miða hana t.d. við samsetningu skuldbindinga sinna eða lífeyrisbyrði.

Þótt örfáir lífeyrissjóðir hafi nýtt sér svigrúm samkvæmt núgildandi lögum í hlutabréfakaupum virðist enn verulegt svigrúm til skuldabréfa- og verðbréfakaupa samkvæmt ákvæðum 36. gr. Verður það því að teljast vafasamt, eins og Fjármálaeftirlitið bendir á, að nauðsynlegt sé að rýmka heimildir sjóðanna til fjárfestinga eins og gert er ráð fyrir í d- og f-lið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Ljóst er að auknar heimildar til fjárfestinga í innlendum og erlendum verðbréfum og hlutabréfum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir hafa í för með sér verulega gengisáhættu fyrir lífeyrissjóðina og geta þrýst upp vöxtum til skemmri tíma litið.

Með frumvarpinu fá lífeyrissjóðirnir heimild til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum allt að 50% af hreinni eign sjóðanna sem er yfir 500 milljarðar kr., en eignir sjóðanna hafa vaxið á þremur árum frá árslokum 1996 til ársloka 1999 um nálægt 200 milljörðum kr. eða um 65%. Fjárfestingarstefna sjóðanna getur því haft gífurlega mikil áhrif á allt efnahagsumhverfið, svo sem vaxtastig og gengi, og er nauðsynlegt að eðlilegt eftirlit og leikreglur gildi um fjárfestingu sjóðanna, enda er einnig um skyldubundinn lífeyrissparnað að ræða. Eðlilegt væri t.d. áður en rýmkuð yrði heimild sjóðanna til fjárfestinga í innlendum og erlendum verðbréfum að Fjármálaeftirlitið legði mat á áhættustýringu sjóðanna í heild, en sjóðirnir virðast nú í auknum mæli beina fjármagni sínu á erlendan hlutabréfamarkað í stað innlenda markað-

arins. Eiga sjóðirnir nú mun meira í erlendum hlutabréfum en innlendum. Frá janúar til októberloka á sl. ári var eignaaukning þeirra í erlendum hlutabréfasjóðum um 107% og 49% aukning í erlendum hlutabréfum, en einungis um 26% í hlutabréfum og sjóðum innan lands. Fjárfesting þeirra í ríkisverðbréfum og fjárfestingarlánasjóðum eins og húsbréfum hefur á síðustu tveimur árum nánast staðið í stað og lítil sem engin aukning orðið. Hefur þetta átt sinn þátt í að þrýsta upp vöxtum.

Fjármálaeftirlitið bendir á í umsögn sinni að enn hafi ekki allir lífeyrissjóðir fengið starfsleyfi, en þeir höfðu frest til 1. júlí 1999 til að aðlaga starfsemi sína ákvæðum núgildandi laga frá 1997. Að mati Fjármálaeftirlitsins er vart komin reynsla á þau ákvæði laganna sem lúta að heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga. Því telur það vafasamt að tímabært sé að rýmka heimildir til fjárfestinga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Bendir það jafnframt á að rýmkunin taki til alls kyns verðbréfa sem uppfylli ekki skilyrði sem aðrar fjárfestingar lífeyrissjóðanna lúta. Einnig segir í umsögn Fjármálaeftirlitsins að fjárfestingar lífeyrissjóða í Evrópu árið 1997 í hlutabréfum og öðrum verðbréfum hafi í öllum tilvikum, nema hjá breskum, írskum og hollenskum lífeyrissjóðum, verið undir 35% eða sama og er í núgildandi lögum en nú á að hækka í 50% samkvæmt frumvarpinu.

Einnig er ástæða til að vekja athygli á því að Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga og banka verði undanþegnir 2. gr. laganna sem mælir fyrir um lágmarksstærð sjóðs, þ.e. að a.m.k. 800 sjóðfélagar skuli að jafnaði greiða iðgjald til lífeyrissjóðs ella skuli hann tryggja sig með öðrum hætti. Tilgangur með tilvitnuðu lagaákvæði er að tryggja lágmarksáhættudreifingu í rekstri lífeyrissjóðs. Bendir Fjármálaeftirlitið á að flestir lífeyrissjóðir sem hér um ræðir séu nú þegar með verulegan halla á skuldbindingum, þ.e. verulega vantar upp á að eignir standi undir lofuðum skuldbindingum. Leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á þá auknu áhættu sem felist í breytingu skv. 10. gr. frumvarpsins sem bætist ofan á þann halla sem fyrir er hjá umræddum lífeyrissjóðum. Af þessu tilefni bendir það einnig á að nauðsynlegt sé að huga að stöðu þeirra lífeyrissjóða sem starfræktir eru með ábyrgð sveitarfélaga. Um sé að ræða níu lífeyrissjóði í jafnmörgum sveitarfélögum sem standi misjafnlega vel fjárhagslega og kunni að lenda í erfiðleikum í framtíðinni þegar reynir enn frekar á umræddа ábyrgð.

Minni hlutinn telur það gagnrýnisvert að meiri hlutinn ætli að hunsa vel rökstuddar athugasemdir og aðvaranir Fjármálaeftirlitsins sem lögum samkvæmt fylgist með og hefur eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila eins og lífeyrissjóðanna og hefur því bestu þekkingu á og yfirsýn yfir þá áhættu sem felst í fjárfestingarstefnu þeirra.

Minni hlutinn bendir einnig á að Verðbréfaþing Íslands telur að þeir aðilar sem hafa hlotið leyfi stjórnvalda til að safna fjármunum almennings og ávaxta þá eigi að mestu leyti að halda sig við fjárfestingar sem lúta skilyrðum um upplýsingagjöf, sýnileika viðskipta, verðmyndun o.s.frv. Neytendaverndin sem stjórnvöld styðja við með margvíslegu regluverki veikist ef stofnanafjárfestunum sem hér um ræðir er heimilað að leggja fjármuni almennings í ríkum mæli í bréf sem ekki uppfylla fyrrnefnd skilyrði.

Með vísan til framangreinds vísar minni hlutinn allri ábyrgð á þessari lagasetningu á hendur stjórnvöldum.

Alþingi, 25. apríl 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir.

1072. Breytingartillaga [321. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Við 8. gr. A-liður orðist svo: 1. mgr. fellur brott og breytist röð málsgreina í samræmi við það.

1073. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um starfsréttindi tannsmiða og brtt. á þskj. 1012.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. tölul. brtt. á þskj. 1012. Í stað orðanna „m.a. eftirlit landlæknis“ komi: og skal landlæknir hafa eftirlit með þessum þáttum.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Við gildistöku laga þessara bætist nýr málsliður, 3. málsl., við 1. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, svohljóðandi: Hann hefur jafnframt eftirlit með þeim hluta af starfi sjálfstætt starfandi tannsmiða, sem öðlast hafa meistararéttindi, sem unninn skal í samstarfi við tannlækni.

1074. Breytingartillaga [210. mál]

við frv. til l. um starfsréttindi tannsmiða.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Þuríði Backman og Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt heilbrigðisvottorði tannlæknis, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.

1075. Svar [599. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um greiðslur til hjúkrunarheimila.

1. *Hverjar voru heildargreiðslur til reksturs hjúkrunarheimila/hjúkrunarrýma vegna aldraðra hjúkrunarsjúklinga árin 1998 og 1999 samkvæmt daggjöldum/föstum fjárlögum?*

Heildargreiðslur til reksturs hjúkrunarheimila vegna aldraðra hjúkrunarsjúklinga samkvæmt daggjöldum/föstum fjárlögum voru 4.324,9 millj. kr. árið 1998 og 5.123,1 millj. kr. árið 1999.

Auk þess eru greiddar fjárveitingar til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni vegna hjúkrunarrýma sem eru rekin í tengslum við annan rekstur, en þær fjárveitingar eru ekki aðgreindar frá öðrum rekstri stofnananna.

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu greiðslna til stofnana.

2. *Hverjar voru heildargreiðslur vegna vasapeninga aldraðra á hjúkrunarheimilum/hjúkrunarrýmum 1998 og 1999?*

Vasapeningar aldraðra í hjúkrunarrýmum greiddir af Tryggingastofnun ríkisins á árinu 1998 voru 95,4 millj. kr. og 134,3 millj. kr. árið 1999.

3. *Hvað greiddu aldraðir á hjúkrunarheimilum/hjúkrunarrýmum samkvæmt reglugerð nr. 47/1990 árin 1998 og 1999?*

Þátttaka í vistunarkostnaði samkvæmt reglugerð um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, nr. 47/1990, var 42 millj. kr. árið 1998 og 56,1 millj. kr. árið 1999.

4. *Hverjar eru heildargreiðslur vegna dvalarheimilisuppbótar aldraðra árin 1998 og 1999?*

Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna dvalarheimilisuppbótar aldraðra voru 649,3 millj. kr. árið 1998 og 666,9 millj. kr. árið 1999.

Heildargreiðslur til reksturs hjúkrunarheimila/hjúkrunarrýma vegna aldraðra hjúkrunarsjúklinga árin 1998 og 1999.

Stofnun	1998 millj. kr.	1999 millj. kr.
Sólvangur, Hafnarfirði	276,3	365,2
Sundabúð II, Vopnafirði	31,5	51,0
Sunnuhlíð, Kópavogi	151,6	186,3
Hjúkrunarheimilið Skjól	333,1	362,3
Hjúkrunarheimilið Eir	355,3	380,5
Garðvangur, Garði	119,3	141,3
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	236,6	305,5
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	185,9	222,8
Víðines	96,6	123,9
Seljahlíð, Reykjavík	72,8	75,7
Hornbrekka, Ólafsfirði	62,6	63,0

Stofnun	1998 millj. kr.	1999 millj. kr.
Dalbær, Dalvík	58,0	63,2
Hulduhlíð, Eskifirði	58,3	59,0
Hjallatún, Vík	26,2	27,5
Höfði, Akranesi	74,7	107,1
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	48,7	70,4
Barmahlíð, Reykhólum	30,1	31,4
Dvalarheimili aldraða, Borgarnesi	53,5	55,2
Fellaskjól, Grundarfirði	12,9	16,2
Naust, Þórshöfn	22,6	26,0
Dvalarheimili aldraða, Stykkishólmi	17,8	27,3
Jaðar, Ólafsvík	7,9	10,9
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	32,0	34,0
Lundur, Hellu	62,9	66,6
Hrafnista, Reykjavík	438,0	594,5
Hrafnista, Hafnarfirði	423,5	486,3
Grund, Reykjavík	496,4	482,9
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	102,8	181,1
Kumbaravogur, Stokkseyri	98,5	114,8
Fellsendi, Búðardal	30,7	37,8
D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	11,1	10,4
Reynslusveitarfélagið Akureyri	203,7	217,9
Reynslusveitarfélagið Höfn	93,0	116,5
Uppsalir, Fáskrúðsfirði		8,6
Pottur til daggjaldastofnana*		221,8
Pottur til hjúkrunarheimila á föstum fjárlögum*		20,0
Samtals	**4.324,9**	**5.123,1**

*Samþykkt á fjáraukalögum 1999 eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á stöðu stofnana. Fjárveitingum hefur ekki verið skipt niður á hjúkrunarheimilin.

1076. Svar [437. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um sérfræðinga og tækjakaup á heilbrigðisstofnunum.

1. *Hver er heildarfjöldi starfandi*
   a. sérfræðinga,
   b. lækna,
   á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni annars vegar og í Reykjavík hins vegar og hver var þróunin árin 1995–99, sundurliðað eftir árum og stofnunum?

Heildarfjöldi starfandi sérfræðinga og lækna á árunum 1995–99 kemur fram í töflu 1. Við lestur töflunnar skal eftirfarandi haft í huga:

- Afleysingar eru ekki meðtaldar, ef frá er talin heilsugæsla í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, en ekki tókst að aðgreina afleysingastöður frá föstum stöðum í launabókhaldi.
- Frá fjölda sérfræðinga á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur hefur verið dreginn fjöldi þeirra sérfræðinga sem ekki sinna beinni heilsugæslu í Reykjavík. Á þetta t.d. við um sérfræðing á lungna- og berkladeild sem veitir öllum landsmönnum þjónustu.
- Á höfuðborgarsvæðinu eru að auki sjálfstætt starfandi heimilislæknar með samning við Tryggingastofnun ríkisins.
- Læknar margra heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana hafa einnig starfsskyldu á sjúkrasviði sömu stofnunar. Frá því að kjaranefnd hóf að úrskurða um laun heilsugæslulækna er hluti launa heilsugæslulækna, sem einnig hafa starfsskyldu á sjúkrasviði, bókfærður á sjúkrasvið heilbrigðisstofnana. Þær stofnanir sem þetta á við eru sérstaklega merktar í töflunni.
- Oft hefur ekki tekist að manna stöður lækna til lengri eða skemmri tíma auk þess sem þær kunna að vera mannaðar til skamms tíma í senn og þá af læknum án sérfræðimenntunar eða með mismunandi sérfræðimenntun. Í yfirlitinu er þetta talið sem hluti stöðugildis eftir því hve stóran hluta ársins tókst ekki að manna.

Tafla 1. Fjöldi starfandi sérfræðinga og lækna á heilsugæslustöðvum 1995–99.

Heilsugæslustöðvar **Heilbrigðisstofnanir, heilsugæslusvið**		**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**
505 Heilsugæsla í Reykjavík[1)]	Læknar án sérfræðimenntunar	5,30	3,88	3,33	2,83	3,00
	Sérfræðingar í heimilislækningum	23,45	24,70	29,90	31,39	32,90
	Aðrir sérfræðingar					
510 Heilsuverndarstöðin	Læknar án sérfræðimenntunar					
í Reykjavík[1)2)]	Sérfræðingar í heimilislækningum					
	Aðrir sérfræðingar	6,85	6,82	6,63	5,11	7,42
515 Heilsugæslustöðin Lágmúla	Læknar án sérfræðimenntunar					
	Sérfræðingar í heimilislækningum	7,00	7,00	7,00	7,00	7,00
	Aðrir sérfræðingar	0,50	0,50	0,50	0,50	0,50
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	Læknar án sérfræðimenntunar					
	Sérfræðingar í heimilislækningum	3,00	3,00	2,30	2,00	2,00
	Aðrir sérfræðingar			0,70	1,00	1,00
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	Læknar án sérfræðimenntunar				0,75	0,75
	Sérfræðingar í heimilislækningum	2,00	2,00	1,50		0,25
	Aðrir sérfræðingar				0,25	
525 Heilsugæslustöðin	Læknar án sérfræðimenntunar					
Grundarfirði	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	Læknar án sérfræðimenntunar					
	Sérfræðingar í heimilislækningum	2,00	2,00	2,00	2,00	2,00
	Aðrir sérfræðingar					
551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	Læknar án sérfræðimenntunar				1,00	0,60
	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00	1,00		0,40
	Aðrir sérfræðingar					

Heilsugæslustöðvar Heilbrigðisstofnanir, heilsugæslusvið		1995	1996	1997	1998	1999
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
553 Reynslusveitarfélagið	Læknar án sérfræðimenntunar					
Akureyri	Sérfræðingar í heimilislækningum	7,00	7,00	7,00	8,00	8,00
	Aðrir sérfræðingar	3,00	3,00	3,00	3,00	3,00
558 Heilsugæslustöðin Norður-	Læknar án sérfræðimenntunar	2,00	1,00	1,33	1,67	1,00
Þingeyjarsýslu (Kópasker,	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Raufarhöfn, Þórshöfn)	Aðrir sérfræðingar					
561 Heilsugæslustöðin Vopnafirði	Læknar án sérfræðimenntunar	2,00	1,50	1,00	1,00	1,00
	Sérfræðingar í heimilislækningum					
	Aðrir sérfræðingar					
565 Heilsugæslustöðin Eskifirði	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00	2,00	0,50	
	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00		0,50	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
566 Heilsugæslustöðin	Læknar án sérfræðimenntunar			1,00	1,00	1,00
Fáskrúðsfirði	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00			
	Aðrir sérfræðingar					
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
	Sérfræðingar í heimilislækningum					
	Aðrir sérfræðingar					
568 Reynslusveitarfélagið	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Hornafjörður	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
571 Heilsugæslustöðin	Læknar án sérfræðimenntunar					
Kirkjubæjarklaustri	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
572 Heilsugæslustöðin Vík í	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Mýrdal	Sérfræðingar í heimilislækningum					
	Aðrir sérfræðingar					
574 Heilsugæslustöðin	Læknar án sérfræðimenntunar					
Rangárþingi	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
(Hvolsvöllur og Hella)	Aðrir sérfræðingar	2,00	2,00	2,00	2,00	2,00
576 Heilsugæslustöðin Laugarási	Læknar án sérfræðimenntunar					
	Sérfræðingar í heimilislækningum	2,00	2,00	2,00	2,00	2,00
	Aðrir sérfræðingar					
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
	Sérfræðingar í heimilislækningum					1,00
	Aðrir sérfræðingar					
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
	Sérfræðingar í heimilislækningum					
	Aðrir sérfræðingar					

Heilsugæslustöðvar Heilbrigðisstofnanir, heilsugæslusvið		1995	1996	1997	1998	1999
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	Læknar án sérfræðimenntunar					
	Sérfræðingar í heimilislækningum	7,00	7,00	7,00	7,17	8,84
	Aðrir sérfræðingar	0,50	0,50	0,50	0,50	0,50
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ	Læknar án sérfræðimenntunar					
	Sérfræðingar í heimilislækningum	3,50	3,50	3,50	3,67	4,50
	Aðrir sérfræðingar	0,22	0,22	0,22	0,22	0,22
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi	Læknar án sérfræðimenntunar					
	Sérfræðingar í heimilislækningum	4,00	4,00	4,00	4,00	6,00
	Aðrir sérfræðingar	3,45	3,45	3,45	3,45	2,45
585 Heilsugæslustöðin	Læknar án sérfræðimenntunar		0,30	0,10	0,88	0,30
Seltjarnarnesi[1)]	Sérfræðingar í heimilislækningum	8,33	7,64	8,36	8,21	8,53
	Aðrir sérfræðingar					
586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	Læknar án sérfræðimenntunar	2,23	1,90	2,10	1,60	1,90
	Sérfræðingar í heimilislækningum	2,00	2,45	2,45	3,00	3,00
	Aðrir sérfræðingar		0,05	0,35		
711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi,	Læknar án sérfræðimenntunar					
heilsugæslusvið	Sérfræðingar í heimilislækningum	3,00	3,00	3,00	3,00	3,00
	Aðrir sérfræðingar	0,32	0,32	0,32	0,32	0,32
715 St. Fransiskusspítali,	Læknar án sérfræðimenntunar				0,75	0,75
heilsugæslusvið[3)]	Sérfræðingar í heimilislækningum	2,00	2,00	2,00	1,00	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
721 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00	1,00	1,00	0,92
Patreksfirði, heilsugæslusvið[3)]	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00	0,17	1,00	0,67
	Aðrir sérfræðingar			0,83		
725 Heilbrigðisstofnunin Ísa-	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	2,00	2,00	2,00	2,00
fjarðarbæ, heilsugæslusvið[3)]	Sérfræðingar í heimilislækningum	2,00	1,00	1,00	1,00	1,00
(án Þingeyrar og Flateyrar)	Aðrir sérfræðingar	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
725 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00			
Ísafjarðarbæ, Þingeyri[3)]	Sérfræðingar í heimilislækningum			1,00	1,00	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
725 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00				
Ísafjarðarbæ, Flateyri[3)]	Sérfræðingar í heimilislækningum		1,00	1,00	1,00	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
731 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar					
Bolungarvík, heilsugæslusvið[3)]	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	0,83	0,83	1,00	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
735 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar					
Hólmavík, heilsugæslusvið[3)]	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
741 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar	0,25	1,00	1,00		0,25
Hvammstanga,	Sérfræðingar í heimilislækningum	1,75	1,00	1,00	2,00	1,75
heilsugæslusvið[3)]	Aðrir sérfræðingar					
745 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar					
Blöndusósi, heilsugæslusvið[3)]	Sérfræðingar í heimilislækningum	3,00	3,00	3,00	3,00	3,00
	Aðrir sérfræðingar					

Heilsugæslustöðvar Heilbrigðisstofnanir, heilsugæslusvið		1995	1996	1997	1998	1999
751 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar				1,00	
Sauðárkróki, heilsugæslusvið[3]	Sérfræðingar í heimilislækningum	3,00	3,00	3,00	3,00	4,00
	Aðrir sérfræðingar					
755 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar					
Siglufirði, heilsugæslusvið[3]	Sérfræðingar í heimilislækningum	2,00	2,00	2,00	2,00	2,00
	Aðrir sérfræðingar					
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík,	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00	0,50		
heilsugæslusvið[3]	Sérfræðingar í heimilislækningum	4,00	4,00	3,50	3,00	3,00
	Aðrir sérfræðingar					
765 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar			0,50	1,00	3,00
Egilsstöðum, heilsugæslusvið[3]	Sérfræðingar í heimilislækningum	4,00	4,00	3,50	3,00	1,00
	Aðrir sérfræðingar					
771 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar					
Seyðisfirði, heilsugæslusvið[3]	Sérfræðingar í heimilislækningum	2,00	2,00	2,00	1,50	1,50
	Aðrir sérfræðingar					
775 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar	0,50	0,50	0,50	0,50	0,50
Neskaupstað, heilsugæslusvið	Sérfræðingar í heimilislækningum					
	Aðrir sérfræðingar	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
781 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar	2,00	2,00	1,00	1,00	1,00
Vestmannaeyjum,	Sérfræðingar í heimilislækningum	2,00	2,00	3,00	3,00	3,00
heilsugæsluvið	Aðrir sérfræðingar					
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi,	Læknar án sérfræðimenntunar	1,00	1,00	1,00		
heilsugæslusvið[3]	Sérfræðingar í heimilislækningum	2,35	2,35	2,35	3,97	3,72
	Aðrir sérfræðingar	0,40	0,40	0,40	0,40	0,40
791 Heilbrigðisstofnunin	Læknar án sérfræðimenntunar	2,00	2,00	1,00	1,00	1,00
Suðurnesjum, heilsugæslusvið	Sérfræðingar í heimilislækningum	5,00	5,00	7,00	5,00	7,90
	Aðrir sérfræðingar	0,95	0,95	0,95	0,95	0,95

Athugasemdir:

[1] Ársverk, afleysing meðtalin.

[2] Sérfræðingar sem þjóna allri landsbyggð ekki meðtaldir, svo sem sérfræðingur á lungna- og berkladeild.

[3] Læknar hafa einnig starfsskyldu á sjúkrasviði, hluti launa þeirra er einnig bókfærður á sjúkrasvið.

2. *Hve miklu fé var varið á fjárlögum til tækjakaupa á*
   a. sjúkrahúsum,
   b. heilsugæslustofnunum,
   á landsbyggðinni annars vegar og í Reykjavík hins vegar árin 1995–99, sundurliðað eftir árum og stofnunum? Hve miklu fé er áætlað að verja til tækjakaupa á þessu ári?

Í töflum 2 og 3 koma fram allar úthlutanir til tækjakaupa á sjúkrahúsum og heilsugæslustofnunum á tímabilinu 1995–99. Miðað er við úthlutanir af eftirfarandi fjárlagaliðum:

- 08-381-6.60 Sjúkrahús og læknisbústaðir, tækjakaup, óskipt.
- 08-500-6.01 Heilsugæslustöðvar, almennt, tæki og búnaður.

Einnig er tekinn með sá hluti fjárlagaliðar *08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar*, sem fór til tækjakaupa á sjúkrahúsum á umræddum árum.

Tafla 2. Sérstök framlög til tækjakaupa 1995–99 af fjárlagaliðum 08-500 og 08-370.

Heilsugæslustöðvar – Heilsugæslusvið	1995	1996	1997	1998	1999	Samtals
505 Heilsugæsla í Reykjavík		2.000	4.420	2.000	4.010	12.430
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	6.360	500		1.400	7.000	15.260
511 Heilsugæslustöðin Lágmúla	2.155				800	2.955
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi		496		4.300	348	5.144
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	4.800		2.030		1.500	8.330
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði			1.000			1.000
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	200		3.900		350	4.450
551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði				300	540	840
552 Heilsugæslustöðin Dalvík	315	1.300		2.000	827	4.442
553 Heilsugæslustöðin Akureyri			1.500		3.250	4.750
568 Reynslusveitarfélagið Hornarfjörður	400			1.500		1.900
571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	450					450
574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi	800			3.600		4.400
576 Heilsugæslustöðin Laugarási			1.190			1.190
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði					960	960
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn				126		126
582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði				5.900		5.900
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ				1.961	1.456	3.417
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi		1.000		1.500		2.500
725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ		500			750	1.250
735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík			3.600			3.600
745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	340					340
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík				2.000		2.000
777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	3.500	8.665	6.080	4.974	512	23.731
781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	1.275					1.275
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi	2.652	1.000		191	425	4.268
791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	5.000					5.000
	28.247	**15.461**	**23.720**	**31.752**	**22.728**	**121.908**

Tafla 3. Sérstök framlög til tækjakaupa 1995–99 af fjárhagsliðum 08-381 og 08-370.

Sjúkrastofnanir – Sjúkrasvið	1995	1996	1997	1998	1999	Samtals
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	10.843	1.500	1.000	42.240	4.500	60.083
371 Ríkisspítalar	2.000	450	1.000		17.200	20.650
375 Sjúkrahús Reykjavíkur	1.000				22.400	23.400
400 St. Jósefsspítali		5.000	1.300			6.300
711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi	3.000	2.650	3.150	1.500	4.500	14.800
715 St. Fransiskusspítali Stykkishólmi			1.500		7.525	9.025
721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði				1.900	3.800	5.700
725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	1.300	3.500			1.200	6.000
731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík		400				400
735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík		500	340			840
741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga			950			950

Sjúkrastofnanir – Sjúkrasvið	1995	1996	1997	1998	1999	Samtals
745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi		1.350	1.300			2.650
751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	2.550	2.200		9.005		13.755
755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði						0
761 Heilbrigðisstofnunin Húsavík			1.000	1.200	2.995	5.195
777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	2.125	1.500	1.000	1.500	1.710	7.835
781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	4.425		935	1.100		6.460
785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi		2.420	1.920	3.500	2.400	10.240
791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum			1.400			1.400
	27.243	**21.470**	**16.795**	**61.945**	**68.230**	**195.683**

Í töflu 4 er sérstakt yfirlit yfir framlög til meiri háttar tækjakaupa á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur á árunum 1995–99.

Tafla 4. Sérstök framlög til tækjakaupa sjúkrahúsa 1995–99.

Sjúkrahús	1995	1996	1997	1998	1999	Samtals
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	10.000	10.000	10.000	10.000	35.000	75.000
371 Ríkisspítalar*	70.000	155.000	134.000	134.000	134.000	627.000
375 Sjúkrahús Reykjavíkur	35.000	85.000	85.000	55.000	65.000	325.000
	115.000	**250.000**	**229.000**	**199.000**	**234.000**	**1.027.000**

* Hluti stofnkostnaðarfjárveitingar fer til annars en tækjakaupa og hefur verið tekið tillit til þess hér.

Rétt er að benda á að á móti 85% framlagi ríkis kemur 15% framlag sveitarfélaga, að Ríkisspítölum frátöldum.

Auk þeirra sérstöku stofnkostnaðarliða sem ætlaðir eru til meiri háttar tækjakaupa, og gerð hefur verið grein fyrir úthlutun á hér að framan, er hluti rekstrarfjárveitingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva ætlaður til minni háttar eignakaupa. Á heilsugæslustöðvum og heilsugæslusviðum heilbrigðisstofnana er þessi fjárveiting á bilinu 0,2–0,3 millj. kr. eftir því hvort um er að ræða H1- eða H2-stöð. Á sjúkrasviðum heilbrigðisstofnana er þessi fjárveiting á bilinu 0,1–4,8 millj. kr. eftir umfangi starfseminnar. Á sjúkrahúsunum á Akureyri og í Reykjavík er fjárveiting til eignakaupa á bilinu 14,7–131,3 millj. kr. Þess ber að geta að stofnanir geta eftir sem áður varið meira fé til eignakaupa en skilgreind fjárveiting segir til um.

Á árinu 2000 er eftirfarandi til ráðstöfunar til meiri háttar tækjakaupa á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Úthlutun liggur ekki fyrir ef frá eru taldar sérstakar fjárveitingar til sjúkrahúsanna á Akureyri og í Reykjavík.

	Millj. kr.
08-381-6.60 Sjúkrahús og læknisbústaðir, tækjakaup, óskipt	17,4
08-500-6.01 Heilsugæslustöðvar, almennt, tæki og búnaður	25,0
08-358-6.01 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, tæki og búnaður	35,0
08-371-6.60 Ríkisspítalar, stjórnarnefnd, stofnkostnaður*	136,0
08-375-6.01 Sjúkrahús Reykjavíkur, tæki og búnaður	67,0

* Hluti stofnkostnaðarfjárveitingar fer til annars en tækjakaupa og hefur verið tekið tillit til þess hér.

Ekki er fyrirséð hvort og að hve miklu leyti hluti fjárveitingar til stofnframkvæmda vegna endurskipulagningar á fjárlagalið *08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi* fer til tækja

kaupa á árinu 2000. Einnig skal bent á að hluti rekstrarfjárveitingar einstakra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva er sérstaklega ætlaður til eignakaupa, sbr. það sem áður sagði.

3. *Er fyrirhugað að fjölga stöðugildum sérfræðinga á sviði lækninga og hjúkrunar á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að fjölga störfum á landsbyggðinni? Ef ekki, hver verður þáttur ráðuneytisins í styrkingu landsbyggðarinnar?*

Ráðuneytið fær árlega fjölda óska frá heilbrigðisstofnunum um land allt um auknar fjárveitingar, ýmist vegna aukinnar þarfar fyrir starfsfólk eða aukins rekstrarkostnaðar. Reynt hefur verið að koma til móts við þessar óskir eftir því sem fjárveitingar Alþingis hafa leyft hverju sinni. Tekist hefur að uppfylla flestar óskir heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, en vandi hefur fremur verið að manna stöðurnar, einkum þegar um mjög sérhæfð störf lækna eða hjúkrunarfræðinga hefur verið að ræða. Ráðuneytið mun áfram vinna að fjölgun stöðugilda á landsbyggðinni eftir því sem óskir stofnana og verkefni á hverjum stað gefa tilefni til.

1077. Svar [448. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller um niðurgreiðslu á rafhitun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða notendur raf- og hitaveitna hafa notið niðurgreiðslna af fjárlagaliðnum 11-399-1.15 (Niðurgreiðsla á rafhitun) undanfarin 10 ár og um hvaða upphæðir er að ræða í hverju tilviki, sundurliðað eftir veitum og fjölda notenda hverrar veitu, skipt eftir árum?

Svarið er byggt á upplýsingum sem Orkustofnun hefur tekið saman úr ársreikningum viðkomandi orkuveitna. Frá því að núverandi fyrirkomulag niðurgreiðslna á rafhitun var tekið upp árið 1982 hafa reikningar frá orkuveitunum til ráðuneytisins verið sendir Orkustofnun, sem hefur farið yfir þá reikningslega. Þessar upplýsingar hafa verið hafðar til hliðsjónar og notaðar í þeim tilvikum þar sem gögn úr ársskýrslum hafa verið ófullnægjandi.

Síðustu tíu ár hafa notendur átta raf- og hitaveitna notið niðurgreiðslna vegna rafhitunar. Rafmagnsveitur ríkisins tóku við rekstri Hitaveitu Hafnar og Rafveitu Siglufjarðar árið 1991 en Hitaveitu Seyðisfjarðar 1992. Nú njóta því notendur fimm orkuveitna niðurgreiðslna ríkisins á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins, Orkubúi Vestfjarða og Bæjarveitum Vestmannaeyja er raforka til beinnar hitunar niðurgreidd, svo og raforka sem notuð er á rafskautskatla í kyndistöðvum þessara veitna (R/O-veitur). Hjá Rafveitu Reyðarfjarðar er eingöngu niðurgreidd raforka til beinnar hitunar. Hjá Hitaveitu Rangæinga, sem nýtir jarðhita, er niðurgreidd raforka á rafskautsketil sem notaður er til að snerpa á jarðhitavatninu.

Yfirlit yfir hve háum upphæðum hefur verið varið árlega til niðurgreiðslu raforku hjá einstökum orkuveitum undanfarin tíu ár er sýnt í töflu 1 þar sem niðurgreiðslurnar eru tilgreindar í millj. kr. á verðlagi hvers árs. Tafla 2 sýnir sömu niðurgreiðslur umreiknaðar til verðlags 1999 miðað við vísitölu neysluverðs. Tölurnar í þessum töflum eru á mynd 1 og mynd 2.

Tafla 1. Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar (millj. kr.). Allar upphæðir eru á verðlagi hvers árs.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Rafmagnsveitur ríkisins	147,6	175,8	233,4	257,4	276,2	308,3	298,8	303,6	320,5	390,7
Orkubú Vestfjarða	44,5	60,4	76,8	78,0	87,5	100,3	96,6	101,9	104,9	128,7
Bæjarveitur Vestmannaeyja .	17,1	24,6	30,7	29,5	31,6	36,1	38,7	40,0	39,7	58,9
Rafveita Reyðarfjarðar	3,6	5,0	5,3	7,1	7,9	8,9	8,7	8,8	9,7	11,6
Rafveita Siglufjarðar	1,3	0,6								
Hitaveita Rangæinga	0,9	1,3	1,4	2,1	2,3	2,2	2,1	2,2	2,0	2,4
Hitaveita Seyðisfjarðar	3,7	4,8								
Hitaveita Hafnar	4,5									
Alls	**223,2**	**272,5**	**347,7**	**374,2**	**405,4**	**455,8**	**444,9**	**456,4**	**476,9**	**592,2**

Tafla 2. Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar (millj. kr.). Allar upphæðir eru umreiknaðar til verðlags 1999 m. v. vísitölu neysluverðs.

Vísitala neysluverðs	145,5	155,4	161,2	167,8	170,3	173,2	177,1	180,3	183,3	193,2
	1990	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**
Rafmagnsveitur ríkisins	196,0	218,6	279,8	296,4	313,3	343,9	326,0	325,3	337,8	390,7
Orkubú Vestfjarða	59,1	75,1	92,0	89,8	99,2	111,9	105,3	109,2	110,6	128,7
Bæjarveitur Vestmannaeyja .	22,7	30,6	36,8	34,0	35,9	40,2	42,2	42,8	41,8	58,9
Rafveita Reyðarfjarðar	4,7	6,2	6,4	8,2	8,9	10,0	9,5	9,4	10,2	11,6
Rafveita Siglufjarðar	1,8	0,7								
Hitaveita Rangæinga	1,2	1,7	1,7	2,5	2,6	2,4	2,3	2,3	2,1	2,4
Hitaveita Seyðisfjarðar	4,9	6,0								
Hitaveita Hafnar	6,0									
Alls	**296,3**	**338,7**	**416,7**	**430,8**	**459,9**	**508,4**	**485,4**	**489,0**	**502,6**	**592,2**

Mynd 1. Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar 1990–99.
Á verðlagi hvers árs.



Mynd 2. Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar 1990–99.
Umreiknað til verðlags 1999 miðað við vísitölu neysluverðs.



Um fjölda notenda hverrar orkuveitu skipt eftir árum og veitum liggja ekki fyrir áreiðanlegar upplýsingar. Orkustofnun hefur þó reynt að meta fjölda þeirra sem notið hafa niður-

greiðslna á umræddu tímabili hjá einstökum veitum. Þar er stuðst við upplýsingar sem liggja fyrir um fjölda íbúa sem njóta jarðhita auk heildaríbúafjölda á viðkomandi veitusvæðum og áætlaðs hlutfalls þeirra sem hita með olíu. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 3 og á mynd 3.

Tafla 3. Áætlaður fjöldi íbúa sem notið hefur niðurgreiðslna á raforku.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Rafmagnsveitur ríkisins ...	23.088	28.180	29.041	28.585	29.675	27.990	27.389	27.557	26.231	26.418
Orkubú Vestfjarða	8.991	8.952	8.886	8.809	8.670	8.263	8.124	7.918	7.878	7.606
Bæjarveitur Vestmannaeyja	4.914	4.921	4.858	4.871	4.876	4.793	4.737	4.630	4.584	4.575
Rafveita Reyðarfjarðar	721	740	736	712	685	693	692	676	660	644
Rafveita Siglufjarðar	248	99								
Hitaveita Rangæinga	1.245	1.301	1.307	1.327	1.348	1.343	1.330	1.330	1.331	1.332
Hitaveita Seyðisfjarðar	644	683								
Hitaveita Hafnar	1.040									
Alls	**40.890**	**44.876**	**44.828**	**44.303**	**45.255**	**43.082**	**42.271**	**42.110**	**40.683**	**40.574**

Mynd 3. Fjöldi íbúa sem notið hefur niðurgreiðslna á raforku 1990–99.



Í töflum 4 og 5 er sýnt hverjar niðurgreiðslurnar hafa verið í hlutfalli við íbúafjölda á umræddu tímabili, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar umreiknað til verðlags 1999. Sömu niðurstöður eru sýndar á myndum 4 og 5.

Tafla 4. Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar (kr/íbúa). Allar upphæðir eru á verðlagi hvers árs.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Rafmagnsveitur ríkisins ..	6.394	6.239	8.038	9.006	9.306	11.015	10.910	11.017	12.219	14.787
Orkubú Vestfjarða	4.947	6.743	8.640	8.851	10.086	12.138	11.885	12.865	13.318	16.926
Bæjarveitur Vestmannaeyja	3.475	4.996	6.327	6.060	6.487	7.528	8.171	8.632	8.660	12.865
Rafveita Reyðarfjarðar ...	4.951	6.712	7.232	9.974	11.483	12.906	12.579	13.011	14.723	17.985
Rafveita Siglufjarðar	5.397	5.620								
Hitaveita Rangæinga	744	1.020	1.080	1.610	1.697	1.618	1.611	1.649	1.503	1.778
Hitaveita Seyðisfjarðar ...	5.686	7.066								
Hitaveita Hafnar	4.326									
Meðaltal	**5.458**	**6.071**	**7.756**	**8.445**	**8.958**	**10.580**	**10.525**	**10.838**	**11.721**	**14.595**

Tafla 5. Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar (kr. á íbúa). Allar upphæðir eru umreiknaðar til verðlags 1999 miðað við vísitölu neysluverðs.

Vísitala neysluverðs	145,5	155,4	161,2	167,8	170,3	173,2	177,1	180,3	183,3	193,2
	1990	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**
Rafmagnsveitur ríkisins ..	8.491	7.757	9.633	10.369	10.557	12.287	11.902	11.805	12.879	14.787
Orkubú Vestfjarða	6.569	8.384	10.355	10.191	11.442	13.540	12.966	13.785	14.037	16.926
Bæjarveitur Vestmannaeyja	4.614	6.211	7.583	6.977	7.359	8.398	8.914	9.249	9.128	12.865
Rafveita Reyðarfjarðar ...	6.574	8.345	8.668	11.484	13.027	14.396	13.722	13.942	15.519	17.985
Rafveita Siglufjarðar	7.167	6.987								
Hitaveita Rangæinga	988	1.268	1.295	1.854	1.926	1.805	1.758	1.767	1.584	1.778
Hitaveita Seyðisfjarðar ...	7.550	8.785								
Hitaveita Hafnar	5.744									
Meðaltal	**7.247**	**7.548**	**9.295**	**9.724**	**10.163**	**11.802**	**11.482**	**11.614**	**12.354**	**14.595**

Mynd 4. Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar 1990–99 í hlutfalli við íbúafjölda.
Á verðlagi hvers árs.



Mynd 5. Niðurgreiðslur á raforku til húshitunar 1990–99 í hlutfalli við íbúafjölda.
Umreiknað til verðlags 1999 miðað við vísitölu neysluverðs.



1078. Nefndarálit [584. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Elínu Blöndal frá félagsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981.

Nefndin hefur haft til hliðsjónar við vinnu sína frumvarp til laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna sem verið hefur til umfjöllunar í félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 27. apríl 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	Vilhjálmur Egilsson.
Sighvatur Björgvinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	

1079. Nefndarálit [583. mál]

um till. til þál. um staðfestingu breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Gústaf Arnar og Hörð Halldórsson frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta breytingar á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem gerðar voru á 26. þingi aðila stofnunarinnar í maí á síðasta ári.

Gervitungl EUTELSAT veita svæðisbundna fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. flutning á sjónvarpsmerkjum. Rekstraraðilar hafa haft einkarétt á aðgangi að gervitunglunum og því að veita fjarskiptaþjónustu um þau. Á þingi aðila EUTELSAT í maí á síðasta ári var ákveðið að breyta rekstrarformi stofnunarinnar með breytingum á stofnsamningi hennar til að gera henni kleift að laga starfsemi sína að breyttum aðstæðum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 27. apríl 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	Vilhjálmur Egilsson.
Sighvatur Björgvinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	

1080. Nefndarálit [582. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti og Jakob Jakobsson frá Hafrannsóknastofnuninni.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á nokkrum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur, Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma.

Á fundi aðila í október á síðasta ári náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000. Heildaraflamarkið var ákveðið 1.240.000 lestir, en það var 1.300.000 lestir árið 1999.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 27. apríl 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	Vilhjálmur Egilsson.
Sighvatur Björgvinsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1081. Nefndarálit [581. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti og Jakob Jakobsson frá Hafrannsóknastofnuninni.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000. Í samningnum er meðal annars kveðið á um það nýmæli að færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðunum 1999/2000 og 2000/2001 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu á hvorri vertíð innan lögsögu

Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 27. apríl 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	Vilhjálmur Egilsson.
Sighvatur Björgvinsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	

1082. Nefndarálit [452. mál]

um frv. til l. um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson skrifstofustjóra og Bryndísi Kjartansdóttur frá utanríkisráðuneyti. Umsagnir bárust nefndinni frá Verslunarráði Íslands, Löggildingarstofunni og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Tilgangur frumvarpsins er að uppfylla samningsskuldbindingar Íslands varðandi skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu sem geta haft í för með sér óheimilar tæknilegar viðskiptahindranir. Samningar þeir sem hér um ræðir eru samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

Við yfirferð málsins í nefndinni var sérstaklega spurst fyrir um hvort reglur um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur breyti á einhvern hátt þeim reglum sem gilda um innflutning landbúnaðarvara. Upplýst var að EES-samningurinn nær ekki til landbúnaðarvara nema annað sé tekið fram, sbr. 8. gr. samningsins. Skilgreining tilskipunar 98/34/EB, sem m.a. er fyrirhugað að innleiða með frumvarpinu, tekur til landbúnaðarvara. Þar af leiðir að tilkynna verður sérstaklega um tæknilegar reglur sem fjalla um landbúnaðarvörur. Það að tilkynna ekki um tæknilega reglu sem varðar landbúnaðarvöru fæli í sér brot á samningsskuldbindingu á sviði upplýsingaskipta um tæknilegar reglur. Aftur á móti geta EFTA/EES-ríkin sem fá slíka reglu til umsagnar ekki beitt fyrir sig 11. gr. EES-samningsins sem bannar magntakmarkanir og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif þar sem 11. gr. gildir ekki um landbúnaðarvörur. Þær athugasemdir sem EES-ríkin geta gert við tæknilegar reglur um landbúnaðarvörur geta því einungis verið almenns eðlis og gætu ekki falið í sér að breyta þyrfti reglum sem gilda um innflutning landbúnaðarvara.

Þá var einnig upplýst að samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra felur í sér skilyrði fyrir setningu heilbrigðisreglna sem takmarka innflutning af heilbrigðisástæðum. Í samningnum er meðal annars bannað að setja heilbrigðisreglur sem geta valdið viðskiptahindrunum. Ekki má mismuna innfluttri og

innlendri vöru og leggja verður fram sannanir um að raunveruleg hætta stafi af innflutningi landbúnaðarvöru ef ætlunin er að banna innflutning. Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir nær einnig til landbúnaðarvara. Megintilgangur þess að skiptast á upplýsingum um tæknilegar reglur samkvæmt samningnum er að auka gagnsæi þeirra reglna sem ríki hyggjast setja. Jafnframt er aðilum í atvinnulífi þeirra ríkja sem aðild eiga að stofnuninni auðveldað að laga framleiðslu sína að þeim reglum sem gilda hér á landi hyggi þau á útflutning til Íslands. Reglur um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur hafa aftur á móti ekki áhrif á þær reglur sem gilda um innflutning landbúnaðarvara samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Þá var við meðferð málsins bent á að ósamræmi væri milli skilgreiningar á hugtakinu vörur í ákvæði 5. tölul. 2. gr. og umfjöllunar í greinargerð. Nefndin leggur því til að 5. tölul. verði breytt enda hefur komið í ljós að í ákvæðum þeirra samninga sem ætlunin er að innleiða með frumvarpinu er hugtakið vara skilgreint vítt og er reglum um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur í raun ætlað að ná til allra vörutegunda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. gr. í samræmi við heiti frumvarpsins og í stað orðsins upplýsingaskipti verði notað orðasambandið skipti á upplýsingum.
2. Lagt er til að hugtakið vara í 5. tölul. 2. gr. verði skilgreint nánar, sbr. framangreint.
3. Loks er lögð til smávægileg orðalagsbreyting á 2. mgr. 6. gr.

Alþingi, 27. apríl 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	Vilhjálmur Egilsson.
Sighvatur Björgvinsson.		Steingrímur J. Sigfússon.

1083. Breytingartillögur [452. mál]

við frv. til l. um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „upplýsingaskipti á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu sem haft geta“ í 1. mgr. komi: skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu sem geta haft.
2. Við 2. gr. 5. tölul. orðist svo: *Vörur:* Allar framleiðsluafurðir iðnaðar, allar landbúnaðar- og fiskafurðir.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „Þetta gildir“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: Ákvæði 1. mgr. gildir.

1084. Lög [359. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (vitnavernd, barnaklám o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1010.

1085. Lög [176. mál]

um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, sbr. lög nr. 47 16. maí 1990.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1042.

1086. Lög [241. mál]

um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1043.

1087. Lög [543. mál]

um veiðieftirlitsgjald.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 1045.

1088. Lög [544. mál]

um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 846.

1089. Lög [223. mál]

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 997 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Hinn 11. júní 2000 skal lagt 33.333 kr. fast árgjald þungaskatts á bifreiðar sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, sbr. 3. málsl. 1. mgr. B-liðar 4. gr. laganna eins og þau eru fyrir gildistöku laga þessara.

Ný gjaldskrá B-liðar 4. gr. tekur gildi 11. júní 2000. Nýja gjaldið fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu öðru álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 2000, sbr. 2. mgr. B-liðar 7. gr. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrrgreinds álestrartímabils.

Þeir sem sótt hafa um heimild til ríkisskattstjóra til að greiða gjald fyrir gjaldárið 2000 er tekur mið af 95.000 km akstri í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk 100.000 kr. fasts árgjalds, sbr. 4. mgr. B-liðar 4. gr., fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda rétti sínum til greiðslu áðurgreinds gjalds.

1090. Frumvarp til laga [625. mál]

um breyting á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist nýr stafliður, g-liður, svohljóðandi: til endurfjármögnunar á rekstrar- og fjárfestingarskuldum bænda.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Upphæð lána má vera allt að 65% kostnaðarverðs eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Upphæð lána til kaupa á jörðum má vera allt að 70% af matsverði eignar. Lán er heimilt að veita í áföngum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að rýmka heimildir Lánasjóðs landbúnaðarins til lánveitinga.

Með frumvarpinu er stefnt að því að lögfesta heimildir fyrir Lánasjóð landbúnaðarins til að veita bændum lán til endurfjármögnunar á rekstrar- og fjárfestingarskuldum bænda. Í 5.

gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, eins og þeim var breytt með lögum nr. 37/1986, var ákvæði sem ótvírætt heimilaði slíkt. Það ákvæði var sett til að létta bændum greiðslubyrði skulda sem þeir höfðu stofnað til við uppbyggingu og rekstur jarða. Sambærilegt ákvæði var ekki tekið upp í lög nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, er þau leystu af hólmi lög nr. 45/1971, en Lánasjóðurinn tók við réttindum og skyldum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Er litið svo á að Lánasjóður landbúnaðarins hafi ekki heimild til slíkra lánveitinga.

Í framkvæmd hefur komið í ljós að veruleg þörf er á slíku ákvæði þar sem fjölmargir bændur hafa farið þá leið að fjármagna framkvæmdir í búrekstri og kaup á vélum, bústofni og fóðri með skammtímalánum og sitja margir uppi með óhagstæð lán og mikla greiðslubyrði.

Frumvarpið felur einnig í sér rýmkun á heimild Lánasjóðs landbúnaðarins til lánveitinga að öðru leyti. Samkvæmt gildandi lögum mega lán Lánasjóðs landbúnaðarins nema allt að 60% kostnaðarverðs framkvæmda. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sú heimild hækki í 65%. Enn fremur er í frumvarpinu að finna heimild til að veita lán til jarðakaupa en þau mega nema allt að 70% af matsverði eigna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér að bætt er við lögin heimild fyrir Lánasjóð landbúnaðarins til að veita bændum lán til endurfjármögnunar á rekstrar- og fjárfestingarskuldum þeirra. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér að rýmkuð er heimild Lánasjóðs landbúnaðarins til að veita lán til framkvæmda. Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að veita lán til framkvæmda fyrir allt að 60% kostnaðarverðs. Gert er ráð fyrir að þessi viðmiðun hækki í 65% kostnaðarverðs. Einnig er í frumvarpinu ný heimild til að veita lán til jarðakaupa sem mega nema allt að 70% af matsverði eignar. Slík heimild er ekki í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að rýmka heimildir Lánasjóðs landbúnaðarins til lánveitinga.

Lántökur Lánasjóðs landbúnaðarins njóta ríkisábyrgðar og er sjóðurinn í C-hluta ríkissjóðs. Svo fremi sem áhætta á útlánatapi eykst ekki við rýmkaðar heimildir hefur frumvarpið ekki áhrif á ríkissjóð.

1091. Lög [163. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 995 með þessari breytingu:
1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „eignarréttinda“ í skýringu hugtaksins *eignarskráning* kemur: réttinda.
b. Við bætist eftirfarandi orðskýring: *efndalok:* fullnaðaruppgjör viðskipta reikningsstofnana með rafbréf og fullar efndir á þeim, svo sem með greiðslujöfnun eða peningagreiðslu, sem lagðar eru til grundvallar við lokafærslu á reikning í verðbréfamiðstöð

1092. Frumvarp til laga [460. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 28. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 1 14. janúar 1999 og 1. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:
a. Í stað ártalsins „2000“ í 1. mgr. kemur: 2001.
b. Í stað ártalsins „2000“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: 2001.
c. 5. málsl. 5. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin, sbr. ákvæði til bráðbirgða I við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 2. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:
a. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 1. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
b. 3. málsl. 4. mgr. orðast svo: Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir til þess næsta á eftir.
c. Í stað orðanna „á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000“ í 6. mgr. kemur: á hverju fiskveiðiári.
d. Í stað orðanna „hvoru fiskveiðiári“ í síðasta málslið 6. mgr. kemur: hverju fiskveiðiári.
e. Í stað orðanna „á hvoru fiskveiðiári 1998/1999 og 1999/2000“ í fyrri málslið 8. mgr. kemur: á hverju fiskveiðiári.
f. Í stað orðanna „hvoru fiskveiðiári“ í síðari málslið 8. mgr. kemur: hverju fiskveiðiári.
g. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 11. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
h. Í stað orðanna „á fiskveiðiárinu 1999/2000“ í 12. mgr. kemur: á fiskveiðiárunum 1999/2000 og 2000/2001.

i. Í stað orðanna „1998/1999 og 1999/2000“ í 2. málsl. 14. mgr. kemur: 1998/1999, 1999/2000 og 2000/2001.
j. Í stað orðanna „til upphafs fiskveiðiársins 2000/2001“ í 1. málsl. 15. mgr. kemur: til 1. september 2001.
k. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi krókaaflahlutdeild í þorski verið flutt á fiskveiðiárinu 1999/2000 af báti sem krókaleyfi hefur með takmörkun á þorski skv. 6. og 8. mgr. til báts sem krókaleyfi hefur með þorskaflahámarki, sbr. 4. mgr., skal úthluta þeim báti sem þorskaflahlutdeildin var flutt af veiðileyfi með þorskaflahámarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 nema eigandi þess báts velji veiðileyfi með krókaaflamarki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIV við lögin, sbr. ákvæði til bráðabirgða II við lög nr. 1 14. janúar 1999 og 3. gr. laga nr. 9 16. mars 1999:

a. 7. mgr. orðast svo:

Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki er aðeins heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum er þeir hafa krókaaflamark í og tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla.

b. Við ákvæðið bætist ný málsgrein og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin er Fiskistofu heimilt að veita bátum veiðileyfi með krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 að uppfylltum skilyrðum skv. 5. gr. laganna. Eigendum báta sem stunda veiðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin er heimilt að velja veiðileyfi með krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 sæki þeir um slíkt leyfi til Fiskistofu fyrir 15. maí 2000, en úthlutað króka-aflamark þeirra getur þó aldrei orðið hærra en sem leiðir af krókaaflahlutdeildum þeim sem bundnar voru á viðkomandi skipi 1. apríl 2000. Hafi aðili selt krókabát sinn án krókaaflahlutdeilda á tímabilinu frá 15. janúar 1999 til 1. apríl 2000 getur Fiskistofa heimilað flutning þeirra krókaaflahlutdeilda sem við bátinn voru bundnar til báts sem veiðileyfi fær með krókaaflamarki, enda leggi hann fram við Fiskistofu, eigi síðar en 15. maí 2000, samning um sölu bátsins, greinargerð um ráðstöfun krókaaflahlutdeilda og beiðni um flutning þeirra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1093. Frumvarp til laga [111. mál]

um þjónustukaup.

(Eftir 2. umr., 28. apríl.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir.

Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.

2. gr.

Lög þessi eiga ekki við um:

1. smíði á hlut þegar sá á að leggja til efnið sem hlutinn býr til og um er að ræða kaup í skilningi laga um lausafjárkaup,
2. samsetningar, smíði eða annars konar vinnu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í samningi hans og neytanda um kaup í skilningi laga um lausafjárkaup,
3. úrbætur á göllum sem seljandi gerir eða lætur gera á grundvelli laga um lausafjárkaup,
4. vinnu við eða geymslu á lifandi dýrum.

3. gr.

Eigi má með samningi víkja frá ákvæðum laga þessara neytanda í óhag.

II. KAFLI
Samningur um kaup þjónustu o.fl.

Efni og vinna verks.

4. gr.

Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.

Seljandi þjónustu leggur fram nauðsynleg efni og aðföng nema um annað sé sérstaklega samið.

Öryggi.

5. gr.

Seljandi þjónustu skal gæta þess að hún sé í samræmi við almennar reglur, staðla, reglur sem stjórnvöld setja, stjórnvaldsákvarðanir og lög sem gilda um veitta þjónustu í þeim tilgangi að vernda öryggi neytanda.

Leiðbeiningarskylda seljanda.

6. gr.

Seljanda þjónustu er skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir.

Verði seljanda ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en vinna er hafin eða að verð þjónustunnar muni verða verulega hærra en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir skal seljandi tilkynna neytanda um það og óska eftir fyrirmælum um hvort frekari vinna skuli af hendi leyst. Hafi seljandi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni, ekki óskað eftir fyrirmælum og ætla má að neytandi hefði hætt við samninginn að fengnum upplýsingum skulu greiðslur fyrir verkið miðast við að neytandi hefði dregið sig út úr samningnum á því stigi.

Hafi seljanda þjónustu ekki tekist að ná til neytanda eða hann hefur ekki fengið fyrirmæli frá neytanda innan sanngjarns frests er honum heimilt að hætta og leysa ekki frekari vinnu af hendi samkvæmt þjónustusamningnum. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sérstaka ástæðu til að ætla að neytandi vilji að lokið verði við verkið.

7. gr.

Seljandi getur þrátt fyrir ákvæði 6. gr. krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt.

Viðbótarverk.

8. gr.

Seljanda þjónustu ber að tilkynna neytanda ef í ljós kemur þegar verk er unnið að eðlilegt sé að vinna önnur verk samtímis vegna tengsla þeirra við aðalverk. Skal seljandi óska eftir fyrirmælum neytanda um viðbótarverk.

Náist ekki til neytanda eða seljandi þjónustu fær ekki fyrirmæli frá honum innan sanngjarns frests skal hann vinna viðbótarverkið ef:

1. viðbótarkostnaður vegna þess er óverulegur eða má teljast óverulegur miðað við verð þjónustu sem samið hefur verið um,
2. sérstakar ástæður mæla með því að neytandi vilji láta vinna viðbótarverkið í tengslum við kaup hans á þjónustunni,
3. ekki er unnt að fresta því vegna hættu sem af því getur stafað.

Hafi seljandi þjónustu unnið viðbótarverk í samræmi við ákvæði þessara laga ber honum greiðsla fyrir þau verk samkvæmt ákvæðum VII. kafla.

III. KAFLI
Galli á seldri þjónustu.

Galli.

9. gr.

Seld þjónusta telst gölluð ef:

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta víkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,
2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,
3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,

4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,
5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,
6. seld þjónusta víkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.

10. gr.

Neytandi getur borið fyrir sig galla á veittri þjónustu í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1.–4. og 6. tölul. 9. gr. þótt seljandi þjónustu hafi tekið að sér að vinna verk með fyrirvara sem ekki telst sanngjarn.

Úrbótaskylda seljanda.

11. gr.

Ef seld þjónusta er gölluð getur neytandinn krafist þess að seljandi hennar bæti úr göllunum nema það valdi seljanda þjónustunnar óhæfilega miklum kostnaði eða verulegu óhagræði.

Hafi neytandi rétt til að krefjast úrbóta skv. 1. mgr. og seljandi þjónustu bætir ekki úr galla innan hæfilegs frests er neytanda heimilt að láta bæta úr gallanum á kostnað seljanda þjónustunnar enda sé unnt að bæta úr án óhóflegs kostnaðar og til frádráttar komi sú greiðsla sem neytanda ber að greiða hefði seljandi sjálfur bætt úr hinni seldu þjónustu, sbr. 12. gr.

Neytanda er heimilt að halda eftir greiðslu þar til úrbætur hafa farið fram. Teljist gallinn óverulegur getur neytandinn aðeins haldið eftir fjárhæð sem nemur því sem kostar að bæta úr gallanum.

12. gr.

Bæti seljandi úr galla á þjónustu sem hann hefur innt af hendi er eingöngu heimilt að krefja neytanda um greiðslu fyrir þjónustu sem honum hefði borið að greiða ef hún hefði í upphafi verið innt af hendi rétt og gallalaus.

Afsláttur.

13. gr.

Sé veitt þjónusta gölluð getur neytandinn krafist afsláttar frá verði þjónustunnar sem svarar til gallans.

Riftun.

14. gr.

Ef seld þjónusta er gölluð og vinnu sem hefur verið unnin er verulega áfátt miðað við tilgang verksins og þjónustu sem fyrirhugað var að kaupa getur neytandinn rift samningnum.

Ef hluta verksins er lokið og gera má ráð fyrir að því verði ekki lokið að fullu án þess að það verði verulega gallað er neytanda heimilt að rifta samningnum um kaup á þjónustunni að þeim hluta sem ólokið er. Séu skilyrði 1. mgr. jafnframt fyrir hendi getur neytandinn einnig rift kaupum á þjónustu sem veitt hefur verið.

Ákvæði 22. gr. eiga við um uppgjör milli aðila eftir því sem við getur átt.

Skaðabætur.

15. gr.

Verði neytandi fyrir tjóni vegna gallaðrar þjónustu á hann rétt til skaðabóta nema seljandi þjónustunnar sýni fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans. Neytandi á einnig rétt til skaðabóta ef á hina seldu þjónustu skortir eitthvað sem telja má að áskilið sé.

Þessi grein á ekki við um bætur vegna líkams- og eignatjóns sem neytandi kann að verða fyrir.

Úrbótaréttur seljanda þjónustu.

16. gr.

Tilkynni neytandi um galla og bjóðist seljandi þjónustunnar til að bæta úr honum getur neytandi ekki krafist afsláttar frá verði né heldur rift samningi um kaup á þjónustunni enda sé bætt úr galla innan sanngjarns frests og án kostnaðar eða verulegs óhagræðis fyrir neytandann. Þetta gildir nema neytandi hafi sérstakar ástæður til þess að hafna að seljandi þjónustunnar taki að sér að bæta úr gallanum. Ákvæði 12. gr. eiga við eftir því sem við getur átt.

Tilkynningarskylda neytanda.

17. gr.

Vilji neytandi bera fyrir sig galla á keyptri þjónustu skal hann tilkynna seljanda það innan sanngjarns frests eftir að neytandinn vissi eða mátti hafa verið ljóst að hún væri gölluð. Hafi neytandi ekki gætt þess glatar hann rétti sínum til að bera fyrir sig gallann.

Ef neytandi kvartar ekki innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi þjónustu hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Þessi grein á ekki við ef seljandi þjónustu hefur brotið gegn almennum viðskiptaháttum eða á annan hátt sýnt af sér vítavert gáleysi.

18. gr.

Tilkynningu skv. 17. gr. er hægt að beina til fyrri söluaðila sem í tengslum við verk sem unnið er samkvæmt samningi hefur tekið að sér að bæta úr göllum sem kunna að verða á því.

IV. KAFLI
Áhætta af verki flyst frá seljanda til neytanda.

19. gr.

Seljandi þjónustu ber áhættu af tjóni, eða rýrnun, sem verður áður en hann skilar af sér verki nema hann sýni fram á að tjónið sé vegna atvika sem ekki eru á hans valdi. Heimilt er að semja um að seljandinn skili af sér verkinu í áföngum ef telja má að samningurinn sé sanngjarn með hliðsjón af framkvæmd og eðli verksins eða öðrum aðstæðum.

Þegar keypt þjónusta varðar hlut sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu telst seljandi hafa skilað af sér verkinu þegar sá hlutur er kominn aftur í vörslu neytanda. Í öðrum tilvikum telst seljandi hafa skilað af sér verki þegar telja má að allri vinnu sé lokið.

Þegar vinnu er að fullu lokið en verki hefur ekki verið skilað á réttum tíma vegna aðstæðna sem varða neytanda flyst áhættan til hans, sbr. þó 4. mgr.

Komi gallar í ljós við afhendingu verksins og neytandi krefst þess að bætt verði úr, sbr. ákvæði 11. gr., eða seljandi þjónustu býðst til að bæta úr á grundvelli 16. gr. verður áhættan neytandans eftir að úrbætur hafa farið fram og verki hefur verið skilað.

V. KAFLI
Afhendingardráttur seljanda þjónustu.

20. gr.

Seldri þjónustu skal vera lokið á þeim tíma sem samið hefur verið um. Bregðist það vegna atvika sem neytandi ber ekki áhættu af er um drátt á því að ræða.

Hafi seljandi þjónustu ekki tekið fram í samningi hvenær henni skuli vera lokið eða það hefur ekki á annan hátt verið ákveðið telst dráttur vera til staðar ef seljandi þjónustu skilar ekki af sér verki innan sanngjarns frests eftir að krafa um það kemur fram.

Að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt getur seljandi þjónustu áskilið sér frest til að inna hana af hendi vegna óviðráðanlegra atvika. Í því tilviki gilda ekki ákvæði 2. mgr. Seljandi þjónustu getur aðeins borið fyrir sig slík atvik ef hann hefur innan sanngjarns frests eftir að slík atvik komu upp tilkynnt neytanda um þau og hvaða áhrif þau hafi.

Riftun.

21. gr.

Verði dráttur á að þjónustu ljúki getur neytandi rift samningi ef:

1. dráttúrinn skiptir hann verulegu máli og seljanda þjónustu mátti vera það ljóst,
2. seljandi þjónustu leysir hana ekki af hendi innan umsamins frests eða innan sanngjarns frests eftir að krafa hefur komið fram um afhendingu.

Sé verk hafið getur neytandi aðeins rift samningi fyrir þann hluta verksins sem ólokið er. Neytandi getur þó krafist riftunar á verkinu öllu hafi tilgangurinn með því minnkað verulega vegna þess dráttar sem orðið hefur.

22. gr.

Komi til riftunar samnings skulu aðilar skila því sem þeir hafa fengið afhent að svo miklu leyti sem það er unnt og gert verður án verulegs óhagræðis. Fyrir ógallaða vinnu sem seljandi hefur leyst af hendi á hann rétt til greiðslu.

Komi til riftunar samnings að hluta getur seljandi þjónustu krafist greiðslu fyrir þann hluta verksins sem hefur verið unninn. Greiðsla getur þó aldrei orðið hærri en nemur heildarverði þjónustunnar samkvæmt samningi við neytanda að frádregnu almennu verði þeirrar þjónustu sem ólokið er.

Neytanda er heimilt að halda eftir því sem honum hefur verið skilað til að tryggja endurgreiðslu á því sem hann hefur greitt eða greiðslu á skaðabótum sem hann á rétt til.

Skaðabætur.

23. gr.

Neytandi getur krafist skaðabóta fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna dráttar sem verður á að þjónustu ljúki, nema seljandi hennar sýni fram á að dráttúrinn sé ekki af hans völdum.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um tjón sem neytandi verður fyrir vegna þess að seljandi þjónustu virðir ekki tímamörk sem samið hefur verið um og valdið hefur neytanda verulegum óþægindum.

Seljandi þjónustu á kröfu með sama hætti og neytandi að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari grein.

24. gr.

Vilji neytandi bera fyrir sig að dráttur hafi orðið á að seld þjónusta væri af hendi leyst skal hann tilkynna seljanda hennar um það innan sanngjarns frests. Hafi hann ekki gætt þess glat-

ar hann rétti sínum til að rifta samningnum eða krefjast skaðabóta. Sama gildir ef neytandi vill bera fyrir sig ákvæði 2. mgr. 23. gr.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um rétt til riftunar á samningi þegar engin vinna hefur verið unnin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef seljandi þjónustunnar hefur brotið gegn góðum viðskiptaháttum eða á annan hátt sýnt af sér vítavert gáleysi.

VI. KAFLI
Tjón á eignum neytanda.

25. gr.

Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.

26. gr.

Hafi hlutur sem vinna á við verið afhentur seljanda þjónustu ber hann áhættu af því ef hlutnum er stolið eða hann skemmist af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Þetta gildir þó ekki ef hlutur hefur ekki verið afhentur neytanda á réttum tíma vegna ástæðna sem varða hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda með sama hætti um efni sem nota á til að vinna verk sem neytandi hefur falið seljanda þjónustu.

27. gr.

Sé hlutur sem vinna á við mun meira virði en seljandi þjónustu má gera ráð fyrir ber neytanda að gera seljanda þjónustu grein fyrir því. Sama gildir ef við geymslu eða meðferð hlutarins ber að sýna sérstaka varkárni. Hafi neytandi vanrækt upplýsingaskyldu sína er heimilt að takmarka eða fella niður bótaskyldu seljanda þjónustu skv. 25. og 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. gilda með sama hætti um skyldu neytanda til að gefa upplýsingar um efni sem nota á til verksins og neytandinn hefur afhent seljanda þjónustunnar.

VII. KAFLI
Verðið.

28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.

29. gr.

Hafi seljandi þjónustu látið neytanda verðáætlun í té má verðið ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun.

30. gr.

Þrátt fyrir að seljandi þjónustu hafi gert tilboð eða verðáætlun ber honum viðbótargreiðsla hafi verð hækkað vegna kringumstæðna sem hann gat ekki séð fyrir.

31. gr.

Hafi seljandi þjónustu áskilið sér fyrirvara um verð og í ljós kemur að það muni hækka verulega eða atvik verða sem nefnd hafa verið í 30. gr. skal seljandi tilkynna neytanda það án tafar og óska eftir fyrirmælum um verkið.

Fullnægi seljandi þjónustu ekki tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. getur hann ekki gert kröfu um fullt verð eða krafist viðbótargreiðslu, sbr. þó ákvæði 7. gr.

32. gr.

Í tilgreindu verði skulu innifalin öll opinber gjöld nema neytandi hafi sannanlega haft vitneskju um að þau væru það ekki.

33. gr.

Seljanda þjónustu sem að beiðni neytanda hefur tekið að sér undirbúningsvinnu í þeim tilgangi að skilgreina hve vinna væri mikil eða verð þjónustu sem inna skal af hendi er heimilt að krefjast greiðslu fyrir hana.

34. gr.

Hafi ekki verið samið um verð getur neytandi krafist þess að seljandi geri honum sundurliðaðan reikning fyrir hinni seldu þjónustu þannig að hann geti séð með hvaða hætti heildarverð þjónustunnar er reiknað út.

Neytanda ber ekki skylda til að greiða seljanda fyrir þjónustu fyrr en hann hefur fengið reikning sem er í samræmi við ákvæði 1. mgr. og gildandi opinber fyrirmæli um gerð reikninga.

VIII. KAFLI
Réttur neytanda til að afpanta verk.

35. gr.

Neytanda er heimilt að afpanta þjónustu sem hann hefur óskað eftir og óska eftir að frekari vinnu verði hætt þótt verk sé hafið.

36. gr.

Seljanda þjónustu er heimilt að krefjast greiðslu fyrir vinnu sem innt hefur verið af hendi þótt neytandi afpanti þjónustu, sbr. 35. gr., svo og fyrir þá vinnu sem nauðsynlegt er að ljúka þrátt fyrir afpöntun. Fjárhæð endurgjalds ber að ákveða með tilliti til heildarverðs fyrir þjónustuna og að öðru leyti með hliðsjón af 28. gr.

Auk endurgjalds skv. 1. mgr. getur seljandi þjónustu krafist skaðabóta fyrir afleitt tjón enda sýni hann fram á það. Þetta á ekki við ef neytandi afpantar þjónustu vegna tilkynningar seljanda þjónustu á grundvelli 2. mgr. 6. gr., 3. mgr. 20. gr. eða 1. mgr. 31. gr.

Greiðsluskylda neytanda skv. 1. og 2. mgr. getur ekki orðið meiri en sem nemur heildarverði þess verks sem samið hefur verið um.

IX. KAFLI
Hlutir sem neytandi sækir ekki.

37. gr.

Hafi hlutur verið afhentur seljanda þjónustu og hann ekki verið sóttur á réttum tíma vegna aðstæðna sem varða neytanda skal seljandi þjónustu annast hlutinn á kostnað neytanda.

Seljanda þjónustu ber að vara neytanda við því með sannanlegum hætti til hverra ráðstafana hann muni grípa. Sé söluandvirði hlutar hærra en krafa seljanda á hendur neytanda ber honum að endurgreiða neytanda án tafar þann mismun.

38. gr.

Hlut, sem afhentur er seljanda þjónustu og neytanda ber að sækja, er heimilt að selja á kostnað neytanda ef:

1. þrír mánuðir eða meira eru liðnir frá því að vinnu við hlutinn var lokið og unnt var að afhenda hann í samræmi við samning aðila enda hafi neytandi ekki á nokkurn hátt gert ráðstafanir til að sækja hann,
2. salan fer fram á tryggilegan hátt.

Ef ekki er unnt að selja hlut eða augljóst er að kostnaður vegna sölu er meiri en nemur söluverði hans er seljanda þjónustu heimilt að fleygja hlut enda sé fullnægt skilyrðum 1. tölul. 1. mgr.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

39. gr.

Hafi tilkynning sem nefnd er í ákvæðum þessara laga verið afhent til flutnings með símskeyti, pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum sem gilt þykir að nota missir tilkynnandi engan rétt við það að tilkynningunni seinkar eða hún kemst ekki til skila.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptaráðherra skipar kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem starfa skal frá gildistöku laganna og út árið 2005. Nefndarmenn skulu vera þrír. Ráðherra skipar einn nefndarmanna eftir tilnefningu Neytendasamtakanna, annan eftir tilnefningu Verslunarráðs Íslands og þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Hann skal fullnægja skilyrðum til að vera dómari.

Kostnaður af störfum kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa greiðist úr ríkissjóði.

Greini aðila að þjónustukaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Auk þessara laga er tekið á hugsanlegri erfðamengun af völdum erfðabreyttra lífvera í villtri náttúru í samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Nýverið var gengið frá bókun um lífvernd (Protocol on Biosafety) á grundvelli 15. gr. samningsins sem fjallar um notkun, flutning, dreifingu og aðgerðir til að draga úr hættu af völdum erfðabreytta lífvera, matvæla og fóðurs og verður bókunin lögð fram til undirritunar á aðildarríkjaþingi samningsins í Nairobi í Kenýa 24. maí nk.

Í ráðuneytinu er nú verið að fara yfir kosti, galla og þýðingu aðildar að bókuninni.

1102. Nefndarálit [587. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar Snorra Gunnarsson, sendiherra Íslands í Brussel, og Stefán H. Jóhannesson og Einar Gunnarsson frá utanríkisráðuneyti. Þá hélt nefndin sérstakan fund um EES-mál í mars síðastliðnum, ásamt Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á nokkrum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ákvarðanir þessar kalla á lagabreytingar hér á landi og voru teknar af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu með vísan til 103. gr. EES-samningsins.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð við staðfestingu þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna að nokkuð mismunandi er á hvaða hátt það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, svo og að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar.

Meiri hlutinn telur rétt að færa almenna meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara, til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að leitað verði eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Á þeim sex árum sem liðin eru frá því að EES-samningurinn tók gildi hefur Ís-

land beitt þessum fyrirvara alls 38 sinnum. Slíks samþykkis verði leitað í formi þingsályktunartillögu en viðeigandi ráðuneyti muni samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 27. apríl 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	Vilhjálmur Egilsson.

Sighvatur Björgvinsson.

1103. Nefndarálit [467. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen og Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Arnar Guðmundsson frá Lögregluskóla ríkisins, Jónas Magnússon frá Landssambandi lögreglumanna og Þóri Oddsson vararíkislögreglustjóra. Umsagnir um málið bárust frá Landssambandi lögreglumanna, Lögregluskóla ríkisins og ríkislögreglustjóra.

Með frumvarpinu er lögð til rýmkun á inntökuskilyrðum í Lögregluskóla ríkisins auk þess sem lagðar eru til breytingar á skipulagi náms í skólanum. Er markmiðið með breytingunni m.a. að fjölga faglærðum lögreglumönnum en ófaglærðum hefur fjölgað nokkuð í lögreglunni á síðustu árum. Þá kom fram í máli gesta sem komu á fund nefndarinnar vegna frumvarpsins að ákvæði gildandi laga um inntökuskilyrði í Lögregluskólann væru býsna ströng. Þau tilvik hefðu komið upp að þurft hefði að vísa mjög hæfum umsækjendum frá vegna strangra skilyrða, t.d. um aldur umsækjenda, og því væru veigamikil rök fyrir því að rýmka þau.

Breytingar á skipulagi náms í skólanum fela einkum í sér breytingar á starfsþjálfun nemenda. Telja stjórnendur Lögregluskólans æskilegra að námið verði heildstæðara en að þeirra mati er starfsþjálfunin nú of löng. Tillögur frumvarpsins miða að því að stytta starfsþjálfunina þannig að lögreglunámið taki eitt ár jafnframt því sem gert er ráð fyrir að eftirlit skólans með nemendum í starfsþjálfuninni verði meira en nú er.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Árni Steinar Jóhannsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Sverrir Hermannsson.	Hjálmar Jónsson.
Ólafur Örn Haraldsson.	Katrín Fjeldsted.	Jónína Bjartmarz.

1104. Breytingartillaga [501. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, með síðari breytingum.

Frá Tómasi Inga Olrich.

2. gr. orðist svo:

4. gr. laganna, sbr. 121. gr. laga nr. 83/1997, orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Íslenskrar málstöðvar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa lokið meistaraprófi eða jafngildu prófi í íslenskri málfræði. Leita skal álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur um stöðu forstöðumanns.

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Hann stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar og gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

1105. Skýrsla [627. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslysa fyrir árið 1999.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996, í samræmi við lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa, en þá var flugslysarannsóknardeild Flugmálastjórnar lögð niður, svo og starfsemi flugslysanefndar sem fyrst var skipuð árið 1968 samkvæmt þágildandi loftferðalögum.

Rannsóknarnefnd flugslysa er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1996.

Rannsóknarnefnd flugslysa annast rannsókn allra flugslysa, þ.m.t. alvarlegra flugatvika og flugumferðaratvika. Flugslysarannsóknir miða að því einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að auka öryggi í flugi.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Tillögurnar skal birta opinberlega. Flugmála-

yfirvöldum ber að sjá til þess að úrbótatillögur nefndarinnar séu teknar til formlegrar afgreiðslu hverju sinni.

Rannsóknarnefnd flugslysa heyrir stjórnsýslulega undir samgönguráðherra.

Nefndina skipa fimm menn:

- Skúli Jón Sigurðarson BA, formaður,
- Þorsteinn Þorsteinsson flugvélaverkfræðingur, varaformaður,
- Kristján Guðjónsson, lögfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins,
- Steinar Steinarsson, flugstjóri hjá Flugleiðum hf.,
- Sveinn Björnsson, flugmaður og framkvæmdastjóri Flugþjónustunnar ehf.

Þeir Skúli Jón Sigurðarson og Þorsteinn Þorsteinsson eru skipaðir ótímabundið og eru fastir starfsmenn nefndarinnar. Hinir þrír nefndarmennirnir eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Núgildandi skipun þeirra gildir til 1. júlí árið 2000.

Björn Þ. Guðmundsson prófessor lét að eigin ósk af störfum í nefndinni á 60 ára afmælisdegi sínum 13. júlí 1999 og Kristján Guðjónsson var skipaður í hans stað.

Skrifstofa og aðsetur rannsóknarnefndar flugslysa er í leiguhúsnæði á 2. hæð húss Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík við Flugvallarveg á Reykjavíkurflugvelli.

Kostnaðaryfirlit.

Í fjárlögum fyrir árið 1999 voru 17,9 millj. kr. ætlaðar til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa. Á aukafjárlögum voru veittar 3,4 millj. kr. til greiðslu skuldar vegna framkvæmda.

Fjárlög 1999	17,9 millj. kr.
Á aukafjárlögum 1999	3,4 millj. kr.
Skuld frá 1998	3,2 millj. kr.
Heildarkostnaður 1999	18,3 millj. kr.

Mismunurinn, - 0,2 millj. kr., færist til næsta árs.

Með lögum nr. 59/1996 var rannsóknarnefnd flugslysa gerð að sjálfstæðri stofnun. Húsnæði fyrir starfsemina var tekið á leigu árið 1997 í húsi Flugbjörgunarsveitarinnar á Reykjavíkurflugvelli. Leigusamningur var gerður til tíu ára.

Kostnaður við innréttingar húsnæðisins og frágang skrifstofu nefndarinnar árið 1997, samtals 5,3 millj. kr., var greiddur af fjárveitingum til starfsemi nefndarinnar. Eftirstöðvar í árslok 1998 að fjárhæð 3,2 millj. kr. voru yfirfærðar til 1999.

Á aukafjárlögum voru veittar 3,4 millj. kr. til rannsóknarnefndar flugslysa og framkvæmdaskuldin var greidd upp.

Yfirlit yfir flugslys 1999.

Árið 1999 skráði rannsóknarnefnd flugslysa samtals 113 atvik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið.

Af þessum atvikum tók rannsóknarnefnd flugslysa 41 atvik sem skilgreind voru sem *flugslys* eða *alvarleg flugatvik*[1] til formlegrar meðferðar og rannsóknar. Nefndin lauk rannsókn tólf þessara mála með útgáfu skýrslu, 28 málum var formlega lokið með bókun og tveimur málum sem tengdust hvort öðru var lokið með bókun og sérstöku bréfi til Flugmálastjórnar.

---

[1] *Alvarlegt flugatvik:* Atvik þar sem kringumstæður benda til þess að legið hafi við flugslysi.

Rannsókn eins flugslyss sem varð á íslenskri flugvél á Grænlandi árið 1999 lauk með útgáfu skýrslu danskrar rannsóknarnefndar og gaf rannsóknarnefnd flugslysa skýrsluna út.

Í ársbyrjun 1999 var rannsókn eins máls frá 1997 ólokið, en þar var um að ræða flugatvik sem varð í París 20. nóvember það ár. Rannsóknarnefnd flugslysa í Frakklandi hefur loks tilkynnt nefndinni að hún muni ekki gera skýrslu um atvikið. Rannsóknarnefnd flugslysa telur málið upplýst og lokaði því einnig.

Þá var í ársbyrjun ólokið rannsókn sjö atvika sem urðu árið 1998, en nefndin lauk rannsókn þeirra allra á árinu. Þar af var rannsókn þriggja mála lokið með rannsóknarskýrslu nefndarinnar og einu með skýrslu bresku rannsóknarnefndarinnar sem rannsóknarnefnd flugslysa gaf út og rannsókn þriggja mála var lokið með formlegri bókun rannsóknarnefndar flugslysa.

Í árslok 1999 átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka formlega rannsókn fimm atvika sem urðu í lok ársins og lauk þeim öllum á fyrstu vikum ársins 2000.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals þrettán tillögur til úrbóta í öryggisátt við rannsóknir sem hún lauk á árinu 1999, en í allmörgum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var öllum beint til Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 7. gr. laga nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa, er flugmálayfirvöldum skylt að sjá til þess að úrbótatillögur rannsóknarnefndar flugslysa séu teknar til formlegrar afgreiðslu.

Ekkert dauðaslys varð á árinu og ekki hefur orðið dauðaslys á íslenskum loftförum frá því að þyrluslys varð í Hamarsfirði 14. september 1997 og einn maður fórst. Síðast varð dauðaslys í flugi á Íslandi þegar þýsk einkaflugvél fórst með þremur mönnum við Hornafjörð 10. ágúst 1998.

Einn slasaðist í flugslysi á árinu, en það var flugmaður eins hreyfils flugvélar sem brotlenti henni, rétt eftir flugtak af flugvellinum á Tungubökkum við Leirvogsá í Mosfellsbæ, 22. apríl 1999.

Fullyrða má að hurð hafi nokkrum sinnum skollið nærri hælum þótt betur færi en efni stæðu til, svo sem þegar við lá að árekstur yrði á Kennedyflugvelli við New York 28. júní. Þar var B-757 flugvél Flugleiða hf. í flugtaksbruni þegar B-747 frá Air France, vöruflutningaflugvél með fjögurra manna áhöfn, ók án heimildar þvert yfir flugbrautina og skammt fyrir framan flugvél Flugleiða hf. Litlu munaði að annar vængur flugvélar Flugleiða rækist í flugvél Air France. Um borð í flugvél Flugleiða var 191 maður.

Töluvert eignatjón varð í mörgum tilvikanna sem urðu árið 1999. Ein flugvél eyðilagðist í flugslysinu við Tungubakkaflugvöll, en líklegt er að gert verði við önnur íslensk loftför sem skemmdust í flugslysum og flugatvikum á árinu.

Allmörg atvikanna vörðuðu erlendar flugvélar. Þrjú flugumferðaratvik urðu erlendis á árinu þar sem íslenskar flugvélar áttu hlut að máli. Eitt varð í Alsír, annað við Apenu og hið þriðja nálægt Róm. Í öllum tilvikunum var íslenska flugvélin á réttum ferli samkvæmt flugheimild þegar árekstrarvari hennar gaf flugstjóranum fyrirmæli um að breyta um hæð og/eða stefnu þar sem óeðlileg nálgun væri fyrirsjáanleg við aðra flugvél. Í öllum tilvikunum reyndist vera um mistök hjá flugumferðarstjórninni að ræða. Rannsókn þessara þriggja atvika fór fram hjá yfirvöldum í viðkomandi landi.

Ein erlend flugvél með tveimur mönnum á leið til landsins frá Skotlandi nauðlenti eldsneytislaus skammt undan Stokksnesi við Hornafjörð. Mannbjörg varð en flugvélin týndist. Þá fórst erlend flugvél með tveimur mönnum í aðflugi til Kulusuk á Grænlandi, eftir flug frá Reykjavík.

Hinn 6. desember 1999 setti samgönguráðuneytið reglugerð um rannsóknarnefnd flugslysa skv. 18. gr. laga nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa.

Flugslys og alvarleg flugatvik á íslenskum loftförum 1995–1999.
Manntjón og meiðsli flokkuð eftir tegund flugstarfsemi og gerð loftfara.

TEGUND FLUGSTARFSEMI	Fjöldi slysa og atvika						Fjöldi fólks um borð í loftfari								Utan loftfars		FJÖLDI ALLS
	Þungi		Gerð loftfars				Látnir			Meiddir			Ómeiddir				
	>5.700 kg	≤5.700 kg	Flugvél	Sviffluga	Þyrla	Annað	Áhöfn	Farþegar	Aðrir	Áhöfn	Farþegar	Aðrir	Áhöfn	Farþegar	Látnir	Meiddir	
Atvinnuflug																	
Áætlunarflug	4	1	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	20	255	0	0	275
Leiguflug	4	0	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	62	1.686	0	0	1.748
Þjónustuflug	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	2
Verkflug	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals																	
1999	*9*	*1*	*10*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*84*	*1.941*	*0*	*0*	*2.025*
1998	12	2	13	0	1	0	0	0	0	1	2	0	80	1.900	0	0	1.983
1997	8	5	12	0	1	0	1	0	0	1	0	0	52	367	0	0	421
1996	5	2	7	0	0	0	0	0	0	0	0	0	54	161	0	0	215
1995	1	5	6	0	0	0	1	0	0	0	0	0	10	42	0	0	53
Almennt flug (ekki atvinnuflug)																	
Einkaflug	0	11	11	0	0	0	0	0	0	1	0	0	10	2	0	0	13
Kennsluflug	0	3	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9	48	0	0	57
Svifftug	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Annað flug	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals																	
1999	*0*	*14*	*14*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*1*	*0*	*0*	*19*	*50*	*0*	*0*	*70*
1998	0	9	9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9	4	0	1	14
1997	0	9	9	0	0	0	1	1	0	1	0	0	8	2	0	0	13
1996	0	11	11	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11	12	0	0	23
1995	0	11	9	2	0	0	2	2	0	0	0	0	8	2	0	0	14
Allt flug samtals																	
1999	*9*	*15*	*24*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*0*	*1*	*0*	*0*	*103*	*1.991*	*0*	*0*	*2.095*
1998	12	11	22	0	1	0	0	0	0	1	2	0	89	1.904	0	1	1.997
1997	8	12	19	0	1	0	2	1	0	2	0	0	58	369	0	0	432
1996	5	13	18	0	0	0	0	0	0	0	0	0	65	173	0	0	238
1995	1	12	11	2	0	0	3	2	0	0	0	0	15	44	0	0	64

Flugslys og alvarleg flugatvik á íslenskum loftförum árin 1995–1999.
Flokkuð eftir áfanga flugslóðar og flugstarfsemi.

ÁFANGI FLUGSLÓÐAR	Reglur			Þungi			Flugstarfsemi							Flokkar			
							Atvinnuflug				Almannaflug						
	Blindflug	Sjónflug	>5.700 kg	5.700 kg – 2.000 kg	≤2.000 kg	Reglub.	Leiguflug	Þjónustufl.	Verkflug	Annað	Einkaflug	Kennslufl.	Annað	Flugvél	Þyrla	Sviffluga	Annað
Akstur á jörðu eða kyrrstæð		5	1		4	1					4			5			
Flugtaksbrun		3	1		2	1					1	1		3			
Fyrsta klifur	2	1	1	1	1	2					1						
Farflug	4	1	4		1		4				1			5			
Lækkun																	
Byrjunaraðflug		2	1		1	1						1		2			
Biðflug																	
Lokaaðflug																	
Lendingarbrun		6	1		5			1			4	1		6			
Annað/flugæfingar																	
Samtals																	
1999	*6*	*18*	*9*	*1*	*14*	*5*	*4*	*1*	*0*	*0*	*11*	*3*	*0*	*24*	*0*	*0*	*0*
1998	8	15	12	0	11	5	6	1	2	0	7	2	0	22	1	0	0
1997	6	14	7	3	10	3	2	3	3	0	7	2	0	19	1	0	0
1996	4	14	5	2	11	2	3	2	0	0	11	0	0	18	0	0	0
1995	1	12	1	0	12	1	0	0	0	1	5	4	2	11	0	2	0
Hlutfallsleg skipting																	
1999	*25*	*75*	*38*	*4*	*58*	*21*	*17*	*4*	*0*	*0*	*46*	*12*	*0*	*100*	*0*	*0*	*0*
1998	50	50	50	4	46	25	25	4	8	0	20	9	9	96	4	0	0
1997	30	70	35	15	50	15	10	15	15	0	35	10	10	95	5	0	0
1996	22	78	28	11	61	11	17	11	0	0	61	0	0	100	0	0	0
1995	8	92	8	0	92	8	0	0	0	8	38	31	15	85	0	15	0

1106. Nefndarálit [587. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Mál þetta er tvíþætt. Annars vegar felur það í sér nýja aðferð við að aflétta svonefndum stjórnskipulegum fyrirvörum sem hafa í vissum tilvikum verið settir af Íslands hálfu við gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar. Allmörgum ákvörðunum nefndarinnar sem teknar hafa verið á undanförnum mánuðum og missirum og Ísland hefur sett stjórnskipu-

legan fyrirvara við er nú safnað saman í eina þingsályktunartillögu. Þegar hún hefur verið samþykkt er ætlunin að tilkynna að stjórnskipulegir fyrirvarar á grundvelli 103. gr. EES-samningsins falli niður af Íslands hálfu. Hingað til hafa slíkir fyrirvarar staðið þar til Alþingi hefur samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar við innleiðingu ákvarðananna.

Minni hlutinn er þeirrar skoðunar, og er þar sammála meiri hlutanum, að þetta sé að mörgu leyti heppilegri aðferð og vænleg til frambúðar. Alþingi taki þannig jafnan til sérstakrar umfjöllunar, í framhaldi af því að ákvörðunin hefur verið tekin með stjórnskipulegum fyrirvara, hvort það fellst á að fyrirvaranum sé aflétt. Samhliða séu síðan undirbúnar og/eða gerðar nauðsynlegar lagabreytingar ef með þarf. Minni hlutinn hefur þó þann fyrirvara á að hann er ekki að skrifa upp á þessa aðferðarfræði sem hina einu réttu, fortakslaust um ókomin ár. Minni hlutinn telur þvert á móti nauðsynlegt að hafa áfram til skoðunar hvernig Alþingi getur á skilvirkastan hátt unnið að fullnustu sameiginlegra ákvarðana og fylgst með þróun mála og ákvörðunum á undirbúningsstigi. Má í því sambandi vísa til umræðna um hvernig Alþingi gæti eflt og skipulagt starf sitt að þessu leyti.

Hinn meginþáttur þessa máls varðar efni þeirra tilskipana sem tillagan fjallar um. Yfirleitt er um að ræða upptöku á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins sem teknar hafa verið eða settar á undanförnum árum og varða ýmis málefni. Þessar tilskipanir hafa síðan með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar verið gerðar að formlegum viðaukum eða bókunum við EES-samninginn og þannig öðlast stöðu þjóðréttarsamninga. Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við staðfestingu þessara ákvarðana fyrir Íslands hönd nema í einu tilviki. Þar er hins vegar um að ræða mjög mikilvægt mál sem því miður hefur verið gefinn allt of lítill gaumur að og fengið allt of litla athygli í umræðum á Alþingi og í þjóðfélaginu.

Tilskipun 96/92/EB, um innri markað fyrir raforku.

Hér er átt við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/99 um að taka upp tilskipun 96/92/EB, um innri markað fyrir raforku. Á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar 26. nóvember 1999 var samþykkt að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996, um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Ekki er ástæða til að rekja efni þessarar tilskipunar í löngu máli en ef litið er á meginmarkmið hennar skýrist það að nokkru leyti. Helstu markmiðin eru að:

1. gera raforkugeirann að hluta innri markaðar Evrópusambandsins í áföngum,
2. tryggja öryggi í afhendingu raforku,
3. auka samkeppni í framleiðslu á raforku,
4. gera fyrirtækjum kleift að eiga viðskipti með raforku milli landa á svæðinu.

Við þessa ákvörðun var settur stjórnskipulegur fyrirvari af hálfu Íslands á grundvelli 103. gr. EES-samningsins, enda ljóst að breyta þarf mörgum lagaákvæðum og gera grundvallarbreytingar á skipulagi raforkumála, framleiðslu og dreifingu áður en Ísland getur uppfyllt ákvæði tilskipunarinnar. Að þessum gagngeru breytingum fær Ísland, ásamt reyndar Liechtenstein, eingöngu tveggja ára aðlögunartíma frá og með þeim tíma þegar tilskipunin tekur gildi á svæðinu. Minni hlutinn telur að hér hafi afar óhönduglega verið að verki staðið af hálfu þeirra sem voru í forsvari fyrir Ísland og telur ekki skynsamlegt að Alþingi heimili að svo stöddu að falla frá stjórnskipulegum fyrirvara.

Minni hlutinn telur í fyrsta lagi að Ísland eigi, sem eyja og algerlega einangrað í þessu tilliti, ekkert erindi inn í þetta umhverfi sameiginlegs orkumarkaðar, þ.e. raforkumarkaðurinn á Íslandi er án nokkurra tengsla við raforkumarkaðinn á meginlandi Evrópu.

Í öðru lagi býr Ísland við mikla sérstöðu hvað orkumál varðar þar sem við framleiðum nánast alla raforku okkar úr innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum. Einnig er hér öll upp-

bygging og skipulag í orkumálum, bæði framleiðslu og dreifingu, mjög sérstakt og tekur að sjálfsögðu mið af sérstökum íslenskum aðstæðum.

Ísland hefur í þriðja lagi mikla sérstöðu hvað varðar landfræðilegar aðstæður. Hér býr mjög fámenn þjóð í mjög stóru en orkuríku landi. Ef litið er til meginmarkmiða tilskipunar Evrópusambandsins um innri markað fyrir raforku kemur í ljós að a.m.k. tvö af fjórum eiga alls ekki við á Íslandi, þ.e. að gera raforkugeirann að hluta að innri markaði Evrópusambandsins. Það markmið fellur um sjálft sig hvað Ísland snertir því að raforkumarkaðurinn hér er einangruð heild og ekki tengdur markaði annarra landa Evrópska efnahagssvæðisins. Sama gildir um fjórða markmiðið, að auðvelda fyrirtækjum í raforkugeiranum að eiga viðskipti milli landa á EES-svæðinu. Slíkt er ekki inni í myndinni í tilviki Íslands þar sem raforkumarkaðurinn er einangraður og verður væntanlega áfram um alllangt skeið. Því vakna spurningar um hvað vakti fyrir mönnum að leita ekki eftir því frá upphafi, sem augljós rök mæltu með, að Ísland fengi varanlega undanþágu frá því að falla undir þessa tilskipun. Sú leið var valin þegar Ísland af næsta augljósum ástæðum fékk undanþágu frá tilskipun um gagnsæi verðlagningar og gegnumflutning á jarðgasi á Evrópska efnahagssvæðinu. Frá byrjun hefði átt að leita eftir sambærilegri varanlegri undanþágu fyrir Ísland á innri markaði með raforku.

Víða í löndum Evrópska efnahagssvæðisins hafa áform um markaðsvæðingu í orkumálum valdið deilum og reyndar er sú tilskipun sem að lokum var samþykkt nokkur tilslökun eða málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða. Engu síður er ljóst að innleiðing hennar hefur í för með sér margháttaðar breytingar fyrir Ísland og skapar vandamál sem ekki er augljóst hvernig leyst verði. Skal þar sérstaklega nefna þá staðreynd að eignarhald á orkufyrirtækjum á Íslandi er nánast alfarið opinbert, þ.e. orkufyrirtæki eru í eigu ríkis og sveitarfélaga. Raforkudreifingarkerfið er af skiljanlegum ástæðum einfalt og sáralitlir möguleikar á samkeppni í raforkudreifingu virðast í sjónmáli. Dreifikerfið er óhemju víðfeðmt og kostnaðarsamt vegna stærðar landsins og reyndar einnig að nokkru leyti vegna veðráttu (tjón á dreifikerfinu). Enn er langt í land að fullnægjandi þjónusta standi öllum landsmönnum til boða. Nægir í því sambandi að nefna það hrikalega óréttlæti sem drjúgur hluti íbúa landsbyggðarinnar, eða a.m.k. hins eiginlega strjálbýlis, býr við, að hafa ekki þriggja fasa rafmagn.

Allur undirbúningur undir óumflýjanlegar breytingar á lögum og fyrirkomulagi raforkumála svo og skipulagi og rekstri fyrirtækja, eigi tilskipunin að ná fram að ganga, er mjög skammt á veg kominn. Eigi að gera þær breytingar á raforkumálum sem tilskipunin knýr á um á alveg eftir að ná samkomulagi um ýmsar mjög erfiðar pólitískar ákvarðanir sem óhjákvæmilegt virðist að taka. Lýtur það ekki aðeins að uppskiptingu fyrirtækja eins og Landsvirkjunar og breytingum á lögum og reglum heldur einnig skipulagi, uppbyggingu og hlutverki annarra fyrirtækja, Rafmagnsveitna ríkisins og orkufyrirtækja á vegum sveitarfélaganna, svo sem Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja o.fl. Einnig er mikil gerjun í einstökum landshlutum þar sem menn eru að skoða stöðu sína í þessum efnum. Fram hafa komið hugmyndir um að flytja höfuðstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins norður í land, stofna fleiri landshlutafyrirtæki og fleira mætti nefna í þessum dúr. Allt ber að sama brunni, okkur Íslendingum veitir ekki af fimm til tíu árum til að endurskipuleggja fyrirkomulag orkumála á okkar eigin forsendum.

Loks er rétt að minna á að einn megintilgangur tilskipunarinnar og markmið með henni er að innleiða samkeppni í orkugeiranum. Ef að líkum lætur er ætlunin að í kjölfarið fylgi einkavæðing opinberra fyrirtækja á þessu sviði. Einnig í því tilviki er mjög stórum spurningum með öllu ósvarað. Ber þar auðvitað hæst hvernig ætlunin er að tryggja jöfnun á raforkuverði í slíku samkeppnisumhverfi og í kjölfarið einkavæðingu fyrirtækja sem í eðli sínu eru í einokunar- eða fákeppnisstöðu. Er í því sambandi einnig rétt að minna á að reynslan af

einkavæðingu slíkrar einokunar- eða fákeppnisstarfsemi er sérstaklega slæm þegar í hlut eiga veitufyrirtæki ýmiss konar og er Bretland nærtækt og skýrt dæmi um það.

Niðurstaða.

Minni hlutinn telur með öllu ótímabært að ákveða nú, með því að Alþingi heimili að falla frá stjórnskipulegum fyrirvara í tengslum við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/99, að tilskipun Evrópubandalagsins um innri markað fyrir raforku verði felld inn í EES-samninginn. Það voru hrein og klár mistök að leita ekki eftir varanlegri undanþágu fyrir Íslands hönd. Með vísan til þess sem að framan greinir leggur minni hlutinn til að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/99 verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að taka málið upp á nýjan leik á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar. Leita ber þar eftir ótímabundinni undanþágu fyrir Ísland frá því að gerast aðili að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins með raforku. Standi sú tilhögun svo lengi sem íslenski raforkumarkaðurinn er einangraður og ótengdur við raforkumarkað annarra EES-landa. Til vara verði gerð sú krafa af Íslands hálfu að Íslendingum gefist mun lengri aðlögunartími að þessum breytingum, að lágmarki tólf til fimmtán ár.

Alþingi, 2. maí 2000.

Steingrímur J. Sigfússon.

1107. Frumvarp til laga [210. mál]

um starfsréttindi tannsmiða.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorði, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.

Ákvæði 1. mgr. hagga ekki rétti tannsmiða til annarra starfa í löggiltri iðngrein sinni. Þau hagga heldur ekki rétti tannlækna eða þeirra sem starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna til að vinna við töku móta og mátun né áunnum réttindum þeirra samkvæmt ákvæðum eldri laga.

2. gr.

Brot, sem framin eru af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Iðnaðarráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar skal hann kveða á um það með hvaða skilyrðum tannsmiðir skuli sækja námskeið til að geta öðlast starfsréttindi samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal, að höfðu samráði við heil-

brigðis- og tryggingamálaráðherra, setja reglur um að hluti af starfi tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækni og reglur um skilyrði starfsleyfis, og skal landlæknir hafa eftirlit með þessum þáttum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara bætist nýr málsliður, 3. málsl., við 1. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, svohljóðandi: Hann hefur jafnframt eftirlit með þeim hluta af starfi sjálfstætt starfandi tannsmiða, sem öðlast hafa meistararéttindi, sem unninn skal í samstarfi við tannlækni.

1108. Frumvarp til laga [628. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Friðrik Ottó Friðriksson, f. 12. desember 1973 á Íslandi.
2. Ingvar Þór Ólason, f. 24. október 1972 á Íslandi.
3. Jagusiak, Janina, f. 27. febrúar 1953 í Póllandi.
4. James, María Geirsdóttir, f. 27. nóvember 1947 á Íslandi.
5. Khodayar, Maryam, f. 5. október 1961 í Íran.
6. Ratan Hallgrímsson, f. 29. mars 1997 á Indlandi.
7. Santia Svanhvít Sigurjónsdóttir, f. 9. september 1966 í Bretlandi.
8. Thorisson, Jasmin, f. 6. júní 1984 í Svíþjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allsherjarnefnd bárust 26 umsóknir um ríkisborgararétt á 125. löggjafarþingi, sbr. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Nefndin vinnur nú að mótun nýrra starfsreglna um veitingu íslensks ríkisborgararéttar eftir að lögum um ríkisborgararétt var breytt síðla árs 1998. Lagt er til að átta einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

1109. Nefndarálit [527. mál]

um frv. til l. um yrkisrétt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Landgræðslu ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Líffræðistofnun Háskóla Íslands.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að unnt verði að sækja um og öðlast hugverkarétt á plöntukynbótum, svokallaðan yrkisrétt, en kveðið er á um hann í TRIPS-hluta samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem Ísland er aðili að. Með hugtakinu yrki er átt við nýtt afbrigði eða stofn af plöntutegund og með veitingu yrkisréttar mun rétthafi yrkis öðlast einkarétt til hagnýtingar þess í atvinnuskyni. Yrkisrétti svipar um margt til einkaleyfaréttar, en er frábrugðinn honum í nokkrum veigamiklum atriðum. Ekki þarf að lýsa þeim forsendum eða aðferðum sem liggja að baki yrki, eins og krafa er gerð um með lýsingu á uppfinningu í einkaleyfarétti, þar sem örðugt getur reynst að endurtaka ferli sem leiðir af sér nákvæmlega sama yrki. Í frumvarpinu er engu að síður gert ráð fyrir því að meðal forsendna yrkisréttar sé að yrkið sé nægilega einsleitt og stöðugt.

Nefndin telur að með lögfestingu reglna um yrkisrétt muni plöntukynbætur hér á landi eflast og framleiðsla og sala á fræi og plöntum til ræktunar aukast.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Einar Oddur Kristjánsson og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2000.

Hjálmar Jónsson, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Guðjón Guðmundsson.
Þuríður Backman.	Drífa Hjartardóttir.	Guðmundur Árni Stefánsson.

Kristinn H. Gunnarsson.

1110. Nefndarálit [325. mál]

um frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein og Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Lúðvík Geirsson og Hjálmar Jónsson frá Blaðamannafélagi Íslands, Hörð Bergmann frá Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna og Eirík Tómasson lagaprófessor.

Umsagnir bárust nefndinni frá Ríkisútvarpinu, Verslunarráði Íslands, Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, Blaðamannafélagi Íslands, Námsgagnastofnun, Fjölmiðlavaktinni ehf., Rithöfundasambandi Íslands og Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda.

Helsta markmið þeirra breytinga á höfundalögum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu er að laga íslenska höfundalöggjöf að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9 um lögverndun gagnagrunna. Þá er með frumvarpinu gerð tillaga um að samræma íslensk höfundalög að tilskipun ráðsins 92/100/EBE, um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarétti á sviði hugverkaréttar. Að lokum er í frumvarpinu gerð tillaga um breytingar á ákvæðum varðandi vernd tölvuforrita með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/250/EBE, um lögvernd fyrir tölvuforrit.

Gagnagrunnur er skilgreindur í tilskipun Evrópusambandsins sem safn sjálfstæðra verka, upplýsinga eða efnisatriða sem komið er fyrir með skipulegum eða kerfisbundnum hætti og eru aðgengileg með rafrænum aðferðum eða á annan hátt. Lögvernd gagnagrunna samkvæmt frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar lýtur hún að vernd höfunda gagnagrunnsins að fullnægðum almennum skilyrðum höfundaréttar um verkshæð. Þannig er þess krafist að fullnægt sé skilyrðum um frumleik og skapandi vinnu í vali og niðurröðun efnis í gagnagrunninn. Hins vegar lýtur lögverndin að vernd fjárfesta, þ.e. að tímabundnum einkarétti framleiðenda gagnagrunna til eintakagerðar í því skyni að tryggja þeim hæfilegt endurgjald fyrir afnot annarra aðila af efni gagnagrunna á verndartímabilinu sem er 15 ár. Ástæðan fyrir þessari vernd er sú að miklir fjárhagslegir hagsmunir eru tengdir því að byggja upp gagnagrunna.

Rétt er að taka fram að gagnagrunnur kann að geyma höfundaréttarlega varið efni sem að sjálfsögðu er verndað samkvæmt almennum rétti höfundaréttar.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til lagfæring orðalags í 1. málsl. 2. efnismgr. 1. gr.
2. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. Ör tækniþróun og framfarir í dreifingu á hugverkum geta haft í för með sér mikla röskun á réttindum höfunda, listflytjenda og framleiðenda. Er hér einkum átt við eintakagerð til einkanota. Í athugasemdum við lagafrumvarp um breytingu á höfundalögum, sem lagt var fram á 106. löggjafarþingi 1983–84, kom fram að vegna eintakagerðar til einkanota væri eðlilegt og reyndar sjálfsagt að rétthafar fengju bætt það tjón sem leiðir af þverrandi sölu hljóðrita af þeim sökum og auk þess greiðslur fyrir þau auknu afnot hugverka sem ný tækni hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér. Til þess að koma til móts við þessi sjónarmið var 11. gr. höfundalaga breytt með lögum nr. 78/1984, og lögfest gjald á auð bönd og/eða upptökutæki. Núna er komin til sögunnar stafræn eintakagerð til einkanota. Slíkar upptökur eru orðnar mjög góðar og segja má að eintak sem fjölfaldað hefur verið stafrænt sé mjög svipað að gæðum og frumeintakið. Af þessum sökum er nú lögð fram tillaga um breytingu á 11. gr. höfundalaga, þar sem lagt er til að rétthafar eigi rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku á verkum til einkanota á bönd, diska, plötur eða aðra hluti, í hvaða formi sem þeir eru, sem taka má upp á hljóð eða myndir með hliðrænum eða stafrænum hætti.
3. Lögð er til breyting á 3. gr. til frekari skýringar á því hverjum sé heimil gerð eintaka eftir tölvuforriti. Réttur notanda er ætíð afleiddur af rétti eiganda eintaks af tölvuforriti.
4. Lagt er til að 2. málsl. efnismálsgreinar b-liðar 4. gr. falli brott þar sem málsliðurinn hefur lítið notagildi og hefur jafnframt sætt gagnrýni.
5. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. þar sem m.a. er lagt til að Höfundaréttarsjóður myndlistarmanna eða annar sjóður sem kæmi í hans stað reikni sér hæfilegt endurgjald fyrir

innheimtu gjalds við endursölu á listaverkum í atvinnuskyni. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að ekki verði heimilt að áskilja hærra endurgjald en sem nemur kostnaði við innheimtuna á grundvelli traustra útreikninga á þeim kostnaðarliðum sem heimilt er að telja til innheimtukostnaðar. Hér fellur undir t.d. viðhald gagnagrunns um rétthafa og umboðsmenn, sem og endurseljendur listaverka í atvinnuskyni, vegna innheimtu og skila á gjaldi, miðlun upplýsinga til seljenda vegna gjaldtökunnar, bréfaskriftir í tengslum við innheimtu, kostnaður við innheimtuaðgerðir, innheimtuþóknun og endurskoðunar- og bókhaldskostnaður. Jafnframt er mælt fyrir um kröfurétt rétthafa listaverka á hendur framangreindum samtökum vegna innheimtunnar.

Þá er lagt til að við bætist ný málsgrein, er verði 4. mgr., þar sem lögð er til breyting á því fyrirkomulagi sem gilt hefur um innheimtu svonefnds fylgiréttargjalds sem leggst á söluverð við endusölu listaverka í atvinnuskyni og sölu listaverka á listmunauppboðum. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, sem byggt er á 25. gr. b höfundalaga og reglugerð nr. 244/1993, sér Myndlistarsjóður Íslands um innheimtu gjaldsins samkvæmt skilagreinum sem söluaðilum listaverka ber að skila ársfjórðungslega til sjóðsins. Nokkur vanhöld hafa verið á því að umræddar skilagreinar hafi borist sjóðnum en þær eru forsenda frekari innheimtu á vegum hans. Hefur þetta leitt til þess að aðeins hluti af innheimtu fylgiréttargjaldi er talinn skila sér til rétthafa. Af þessum sökum þykir nauðsynlegt að tekin verði upp hér á landi sambærileg lagaskylda söluaðila til afhendingar skilagreina og gildir samkvæmt dönsku höfundalögunum. Lagt er til að söluaðilum verði gert skylt að skila ársfjórðungslega skilagreinum um seld listaverk, staðfestum af löggiltum endurskoðanda. Til að tryggja rétta meðferð gjaldsins er jafnframt lagt til að söluaðila verði skylt að skila skilagreinum fyrir þau tímabil er engin listaverk hafa verið seld. Samhliða framangreindum breytingum er gert ráð fyrir því að samtök listamanna sem menntamálaráðherra viðurkennir sjái um innheimtu fylgiréttargjaldsins í stað Myndlistarsjóðs Íslands. Þá er gert ráð fyrir að í stað núgildandi reglugerðar um fylgiréttargjald og Myndlistarsjóð Íslands verði sett ný reglugerð á grundvelli 5. gr. frumvarpsins.

6. Lögð er til breyting á 11. gr. í samræmi við 5. gr. Vanræksla aðila sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni á að senda samtökum rétthafa skilagrein um seld listaverk mun varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Ákvæði þetta þykir nauðsynlegt til að tryggja að ávallt liggi fyrir réttar upplýsingar um skil seljanda á fylgiréttargjaldi til samtaka myndlistarmanna.
7. Lögð er til breyting á 15. gr., um verndartíma gagnagrunna, til að eyða því tómarúmi sem myndast hefði frá 1. janúar 2000 til gildistöku laganna og til að tryggja að ekki sé skertur verndartími þeirra gagnagrunna sem gerðir hafa verið frá 1. janúar 1983 til gildistöku laganna þannig að sú vernd haldist til 1. janúar 2016.
8. Að lokum er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða þar sem nánar er mælt fyrir um niðurlagningu Myndlistarsjóðs Íslands, sbr. athugasemdir við 5. tölulið hér að framan. Þannig er lagt til að menntamálaráðherra skipi skilanefnd sem í eiga sæti þrír menn. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu samtaka myndlistarmanna en

tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Nefndin skal hafa lokið störfum innan sex mánaða frá gildistöku laganna.

Alþingi, 11. apríl 2000.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Kristinn H. Gunnarsson.	Vigdís Hauksdóttir.	Árni Johnsen.

1111. Breytingartillögur [325. mál]

við frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „rafrænum“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: hætti.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
   a. Á eftir 4. tölul. 2. mgr. kemur nýr töluliður sem orðast svo: eftirgerðar véllæsilegra eintaka gagnagrunns.
   b. Í stað 3. og 4. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:
      Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra til einkanota á bönd, diska, plötur eða aðra þá hluti, í hvaða formi sem er, sem taka má upp á hljóð og/eða myndir með hliðrænum eða stafrænum hætti. Enn fremur skal greiða endurgjald af tækjum sem einkum eru ætluð til slíkrar upptöku. Gjöld þessi skulu greidd hvort sem um innlenda eða innflutta framleiðslu er að ræða og hvílir skylda til að svara gjöldunum á innflytjendum og framleiðendum.
      Gjöld skv. 3. mgr. skulu nema:
      1. Af tækjum skal endurgjaldið vera 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða.
      2. Af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til upptöku hljóðs eingöngu skal gjaldið nema 35 kr.
      3. Af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til upptöku mynda, eftir atvikum ásamt hljóði, skal gjaldið nema 100 kr.
      4. Gjöld skv. 2. og 3. tölul. eru miðuð við að lengd flutningstíma sé allt að 180 mínútur fyrir hluti til hljóðupptöku og allt að 240 mínútur fyrir hluti til myndupptöku. Sé flutningstími lengri hækkar gjaldið hlutfallslega sem því nemur.
      Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjöld skv. 3. og 4. mgr., þar á meðal af hvaða hlutum og tækjum gjöldin skuli greidd. Lækka má fjárhæðir, sem greindar eru í 4. mgr., af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum ef ætla má að einungis hluti þeirra sé ætlaður til upptöku skv. 3. mgr.

Samtök höfundaréttarfélaga, þar með talin félög listflytjenda og framleiðenda, sjá um innheimtu á gjöldum skv. 3. mgr. og ráðstafa þeim. Samtökunum er heimilt að fela tollyfirvöldum innheimtu á gjöldum þeim sem innflytjendur skulu standa skil á. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og eru þær háðar staðfestingu þess. Í samþykktunum skal meðal annars ákveða skiptingu tekna með aðildarfélögum og þar má einnig mæla fyrir um framlög til styrktar útgáfu hljóð- og myndrita.

3. Við 3. gr. Í stað orðanna „Þeim sem hefur rétt til að nota tölvuforrit“ í fyrri málslið efnismálsgreinarinnar komi: Eiganda eða lögmætum notanda eintaks af tölvuforriti.
4. Við 4. gr. 2. málsl. efnismálsgreinar b-liðar falli brott.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 3. mgr. 25. gr. b laganna koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Réttur höfundar skv. 1. mgr. er óframseljanlegur og helst meðan höfundaréttur hans er í gildi, sbr. 43. gr. Höfundaréttarsjóður myndlistarmanna eða annar sjóður sem kæmi í hans stað annast innheimtu gjalda skv. 1. mgr., svo og skil á þeim til höfunda að frádregnu hæfilegu endurgjaldi vegna innheimtunnar. Að höfundi látnum fellur rétturinn til skylduerfingja, en sé þeim ekki til að dreifa rennur gjaldið til Höfundaréttarsjóðs myndlistarmanna eða annars sjóðs sem kæmi í hans stað. Krafa rétthafa á hendur samtökunum er gjaldkræf innan þriggja ára frá lokum þess árs er endursala fór fram. Fyrning kröfu rofnar við skriflega greiðsluáskorun frá rétthafa.

Aðili sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni skal ársfjórðungslega senda skilagrein um sölu listaverka á næstliðnu tímabili, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, til samtaka þeirra sem getið er í 3. mgr. Skylt er að senda skilagrein fyrir þau tímabil er engin sala fer fram hjá seljanda. Menntamálaráðherra skal að fengnum tillögum samtaka rétthafa skv. 3. mgr. setja nánari reglur um form skilagreina og innheimtu gjaldsins.

6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Á eftir 1. tölul. 2. mgr. kemur nýr töluliður er orðast svo: Vanræksla aðila sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni á að senda samtökum rétthafa skilagrein um seld listaverk skv. 4. mgr. 25. gr. b.
b. 3. tölul. 2. mgr., er verður 4. tölul., orðast svo: Brot á 1. mgr. 45. gr. og 3. mgr. sömu greinar, sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. mgr. 28. gr. og fyrirmæli sem getur í 2. mgr. 31. gr.

7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

61. gr. laganna kemur í stað 63. gr. og við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vernd gagnagrunna skv. 50. gr. sem gerðir eru á tímabilinu frá 1. janúar 1983 til gildistöku laganna helst til 1. janúar 2016.

8. Á eftir 16. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Frá og með gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra undirbúa niðurlagningu Myndlistarsjóðs Íslands með skipun sérstakrar skilanefndar. Skal skilanefnd um niðurlagningu Myndlistarsjóðs Íslands skipuð einum fulltrúa samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna og tveimur án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Uppgjöri skilanefndar á fjárreiðum Myndlistarsjóðs Íslands skal lokið innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

1112. Frumvarp til laga [629. mál]

um breytingu á fjarskiptalögum, nr. 107/1999.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁJ, HjÁ, ÞKG, GHall, ArnbS, JónK).

1. gr.

3. mgr. 44. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skömmu fyrir jólahlé þingsins voru samþykkt ný fjarskiptalög. Í þeim voru fjölmörg nýmæli og var eitt þeirra að sá aðila að símtali sem vildi hljóðrita símtalið skyldi í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um þá fyrirætlan.

Fljótlega eftir að lögin voru samþykkt kom fram gagnrýni á þetta ákvæði laganna og ákvað nefndin því að taka það til skoðunar, sérstaklega með tilliti til tilskipunar 97/66/EB, um vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum, sem vísað hefur verið í til stuðnings umræddu ákvæði. Fékk nefndin við þá umfjöllun á sinn fund Gústav Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun, Hjálmar Jónsson og Þór Jónsson frá Blaðamannafélagi Íslands, Sigurð Líndal lagaprófessor, Pál Hreinsson og Sigrúnu Jóhannesdóttir frá tölvunefnd og Jón Kalmansson og Salvöru Nordal frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að ekki er tekið fram berum orðum í tilskipun 97/66/EB að regla sú sem nú er í 3. mgr. 44. gr. sé nauðsynleg. Telur meiri hlutinn að því verði að taka til skoðunar markmið tilskipunarinnar eins og þau birtast í inngangi hennar og henni sjálfri. Í 16. tölul. inngangs hennar segir að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir heimildarlausan aðgang (access) að tjáskiptum í því skyni að tryggja trúnað tjáskipta í gegnum síma eða aðra fjarskiptaþjónustu. Í 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar sjálfrar er lagt fyrir aðildarríkin að tryggja að landsrétti trúnað tjáskipta í gegnum síma og aðra fjarskiptaþjónustu fyrir almenning. Er aðildarríkjunum sérstaklega falið að banna hlustun, hlerun (tapping), geymslu og aðrar tegundir inngrips (interception) eða eftirlits (surveillance) með tjáskiptum af hálfu annarra en notenda og án þeirra samþykkis. Tilskipuninni er því beint gegn því að þriðji aðili, sem ekki er þátttakandi í símtali, hafi aðgang að símtali eða hljóðriti það. Í tilskipuninni er hins vegar ekkert fjallað um hugsanlega hljóðritun aðila að símtali. Notkun orðanna „listening“ „tapping“ „interception“ og „surveillance“ í inngangi tilskipunarinnar bendir hins vegar ótvírætt til þess að einungis sé átt við þriðja aðila, þ.e. aðila sem ekki er þátttakandi í símtali.

Með vísan til framangreinds telur meiri hluti nefndarinnar að eðilegt sé að fella umrætt ákvæði brott. Ákvæði annarra laga um vernd persónubundinna réttinda fela að mati hans í sér nægilega vernd þeirra. Má í því sambandi nefna 229. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt henni skal sá sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi er réttlæti verknaðinn, sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

1113. Breytingartillaga [110. mál]

við frv. til l. um lausafjárkaup.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Í stað orðanna „lögum nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu“ í síðari málslið 16. gr. komi: lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

1114. Breytingartillaga [111. mál]

við frv. til l. um þjónustukaup.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Fyrirsögn V. kafla orðist svo: **Dragi seljandi að ljúka þjónustu.**

1115. Breytingartillögur [421. mál]

við frv. til l. um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

1. Fyrirsögn I. kafla verði: **Gildissvið og skilgreiningar.**
2. Á undan 5. gr. komi ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: II. KAFLI, **Upplýsingaskylda seljanda.**
3. Í stað orðanna „fimm dögum“ í 2. mgr. 6. gr. komi: frá og með sjötta degi.
4. Á undan 8. gr. komi ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: III. KAFLI, **Réttur neytanda til að falla frá samningi o.fl.**

1116. Breytingartillögur [260. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á undan 29. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:
   Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs. Heimild til að sitja félagsfund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra. Stjórn lífeyrissjóðs boðar til félagsfund-

ar. Henni ber að boða félagsfund innan viku ef sjóðfélagar með $\frac{1}{10}$ atkvæðavægis eða endurskoðendur sjóðsins krefjast þess skriflega og greina frá fundarefni. Til félagsfundar skal boðað með dagskrá í auglýsingu í fjölmiðlum með minnst fjögurra vikna og mest sjö vikna fyrirvara.

Atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fer eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum þeirra eftir nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Sjóðfélagi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt á félagsfundi. Slíkt umboð gildir aldrei lengur en tvö ár og það má afturkalla hvenær sem er.

Aðili sem ber beina ábyrgð á skuldbindingum lífeyrissjóðs eða ábyrgð á breytilegu iðgjaldi til hans skal þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. fara með meiri hluta atkvæða á félagsfundi sjóðsins og við stjórnarkjör skv. 5. mgr. samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins.

Ársfund skal halda árlega í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Í fundarboði skal auglýst eftir framboðum til stjórnar og gefa tveggja vikna framboðsfrest. Á ársfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar, ársreikninga, tryggingafræðilega úttekt, fjárfestingarstefnu, laun stjórnar og tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal kjósa með beinum hætti á aðalfundi eða með almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu fyrir aðalfund ef kosning á aðalfundi er óframkvæmanleg.

2. Á eftir 4. gr. er verði 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

30. gr. laganna fellur brott.

Greinargerð.

Hér er lagt til að um félagsfundi lífeyrissjóða gildi svipaðar reglur og um hluthafafundi hlutafélaga. Reglur um atkvæðavægi eru þó vandmeðfarnar vegna þess hagsmunaáreksturs sem óhjákvæmilega verður milli eldri og yngri sjóðfélaga við val á forsendum sem notaðar eru við tryggingafræðilega úttekt, sérstaklega við mat á þeirri ávöxtun sem vænst er að sjóðurinn muni ná næstu áratugi. Staða sjóðsins batnar verulega ef reiknað er með hárri ávöxtun og þá er að öðru óbreyttu hægt að hækka lífeyri til þeirra sem nú taka lífeyri. Það verða því hagsmunir eldri sjóðfélaga að reikna með hárri ávöxtun. Hins vegar þarf að skerða lífeyri líðandi stundar ef reiknað er með lágri ávöxtun en við það verður sjóðurinn sterkari en ella í fjarlægri framtíð, þegar yngri sjóðfélagar hefja töku lífeyris.

Atkvæðavægi eldri sjóðfélaga verður mjög mikið ef miðað er við áunnin réttindi eða inneign. Þeir hefðu því hugsanlega of sterk ítök með þeim hætti. Ef miðað er við höfðatölu fá þeir sem eiga mjög lítil réttindi, t.d. vegna hlutastarfs, of sterk ítök. Þeir geta auk þess átt atkvæðisrétt í tveimur eða þremur sjóðum samtímis. Þetta má hindra með því að miða við þann rétt sem sjóðfélaginn kemur til með að ávinna sér um starfsævina (framreiknaður réttur), en þá er hugsanlegt að yngri sjóðfélagar fái of mikil ítök miðað við hagsmuni þeirra. Lausnin gæti falist í því að miða við blöndu af áunnum og framreiknuðum réttindum.

Þegar aðili, t.d. ríkissjóður, ber ábyrgð á lífeyrissjóði, beina eða óbeina, er eðlilegt að hann hafi öll tök á stjórn sjóðsins og breytingum á samþykktum því að hann á allt undir því að skynsamlega sé staðið að rekstri sjóðsins.

Nauðsynlegt getur verið að grípa til póstatkvæðagreiðslu ef aðstæður eru þannig að sjóðfélagar geta ekki kosið beinni kosningu á félagsfundi. Það getur átt við ef lífeyrissjóðurinn er mjög fjölmennur eða ef sjóðfélagar eru mjög dreifðir, t.d. sjómenn.

Eðlilegt verður að telja að ákvæði um félagsfund komi á undan ákvæðum um stjórn, sem kosin er á félagsfundi. Því er lagt til að ákvæði um félagsfund komi í stað 30. gr. en verði jafnframt á undan 29. gr.

1117. Breytingartillaga [260. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við bætist tvær nýjar greinar er verði 1. og 2. gr., svohljóðandi:

a. (1. gr.)

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lífeyrissjóður er eign sjóðfélaga sinna. Innstæða eða réttindi samkvæmt samningi um tryggingavernd eru eign rétthafa.

b. (2. gr.)

Á eftir orðinu „sjóðfélaga“ í fyrri málslið 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: verðmæti áunninna réttinda hans hjá sjóðnum.

Greinargerð.

Ekki hefur verið ljóst hverjir eru eigendur lífeyrissjóða. Sjóðfélagar eiga réttindi hjá sjóðnum en hver fer með forræði þeirra eigna sem standa á móti réttindunum? Ef farið væri eftir iðgjaldinu, sem yfirleitt skiptist í 4% iðgjald launþega og 6% iðgjald launagreiðanda, mætti draga þá ályktun að launþegar ættu 40% af eignum sjóðanna og launagreiðendur 60%. Þessi ályktun er líka í samræmi við upphafið að stofnun lífeyrissjóða almennt, en þeim var ætlað að taka við húsbóndaábyrgð vinnuveitenda. Þessi siðferðilega ábyrgð er ævaforn og felst í því að bónda bar að sjá hjúi sínu farborða eftir langa þjónustu ef vinnuþrek þess dvínaði sökum elli eða örorku. Uppbygging velferðarkerfis með almannatryggingar sem þungamiðju hefur flutt framfærsluábyrgðina frá atvinnurekanda til ríkis og sveitarfélaga. Skylduaðild launþega að lífeyrissjóði með lagaboðum 1974 og 1980, sem og fyrirliggjandi frumvarp, undirstrikar enn frekar þennan flutning á húsbóndaábyrgð til ríkisins. Þar sem engin húsbóndaábyrgð er á framfærslu launþegans lengur er ekki hægt að rökstyðja að atvinnurekendur eigi hlut í lífeyrissjóðunum.

Skipting iðgjalds í 4% og 6% er hluti af kjarasamningum og í raun marklaus. Hækka mætti laun allra landsmanna um 6% iðgjaldshlut atvinnurekenda og mundu launþegar þá greiða 9,434% (=10%/1,06) af hækkuðu launum og báðir aðilar væru eins settir og fyrr.

Þegar launþegi lýkur starfi hjá atvinnurekanda af einhverri ástæðu á hann einn kröfu á lífeyrissjóðinn en ekki atvinnurekandinn. Það undirstrikar e.t.v. best þá skoðun að sjóðfélagarnir eigi lífeyrissjóðinn en ekki aðrir, enda er talað um hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris.

Stjórnir lífeyrissjóða hafa yfirleitt verið skipaðar til helminga af samtökum atvinnurekenda og launþega, en sú skipan mála grundvallast á hinni gömlu hugmynd um húsbóndaábyrgð. Þá voru það hagsmunir atvinnurekenda að sjóðirnir væru vel reknir. Eftir að þessi hugmynd riðlaðist eru ekki forsendur fyrir aðild atvinnurekenda að stjórnum lífeyrissjóða. Því er hér lagt til að skýrt verði kveðið á um eignaraðildina í lagatextanum.

Einnig er lagt til að sérhverjum sjóðfélaga verði sendar upplýsingar um hversu stóran hlut hann „eigi“ í hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris og skal þá miða við tryggingafræðilegt mat á verðmæti áunninna réttinda. Þannig verði sjóðfélaginn betur meðvitaður um þessa eign sína. Að meðaltali eiga sjóðfélagar réttindi hjá lífeyrissjóðum að verðmæti yfir 2 millj. kr.

1118. Frumvarp til laga [630. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

Við 3. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að 1. málsl. skuli einnig eiga við um fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski eða heilfrysting rækju.

2. gr.

Í stað orðanna „eða vinnsluskipi“ í 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: vinnsluskipi eða frystiskipi, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 22. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem gera mögulegt að koma til móts við athugasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við þá framkvæmd hér á landi að heimila innflutning sjávarafurða frá frystiskipum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins óháð því hvort þau eru skráð á listum yfir viðurkennda framleiðendur, vinnsluskip og frystiskip. Slíkir listar eru birtir í viðaukum við ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um sérstök skilyrði fyrir innflutningi sjávarafurða frá tilteknum ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og byggjast á upplýsingum frá ríkjum um viðurkennda aðila. Framkvæmdastjórnin tekur slíkar ákvarðanir á grundvelli tilskipunar ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 91/493/EBE, um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu sjávarafurða, sbr. 8. tölul. í kafla 6.1. í kafla 1 í viðauka I við EES-samninginn, sbr. tilskipun ráðherraráðsins nr. 92/48/EBE, um hollustuhætti um borð í skipum, tilgreindum í grein 3 (1) (a) (i) í tilskipun 91/493, sbr. 9. tölul. í kafla 6.1. í kafla 1 í viðauka I við EES-samninginn, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1994. Í athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA segir að íhuguð verði formleg málsmeðferð ef núverandi framkvæmd verður ekki breytt. Túlkun stofnunarinnar á framangreindum tilskipunum og ákvörðunum þess efnis að einungis megi flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum frystiskipum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins er ekki óumdeild á Evrópska efnahagssvæðinu. Auk Íslands hafa Noregur, Danmörk og Bretland heimilað innflutning sjávarafurða frystiskipa frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins óháð viðurkenningu þeirra. Rússnesk frystiskip flytja inn frosinn þorsk til framangreindra ríkja auk Íslands. Því er mikilvægt fyrir Ísland að sömu reglur gildi í öllum ríkjunum um slíkan innflutning. Þar sem fyrir liggur að Eftirlitsstofnun EFTA íhugar formlega málsmeðferð á hendur Íslandi og vegna þess að nokkur óvissa ríkir um kröfur sem gerðar eru um viðurkenningu frystiskipa frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er æskilegt að unnt verði að breyta framkvæmdinni hér á landi þegar skylda Íslands í þessum efnum liggur skýrt fyrir og ljóst er að framkvæmd á Evrópska efnahagssvæðinu er samræmd. Því er lagt til í 1. gr. frumvarpsins að 3. mgr. 22. gr. laganna

verði breytt svo að ráðherra fái vald til að kveða á um það í reglugerð að gera skuli kröfu um viðurkenningu frystiskipa ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ráðherra geti gert kröfu um að einungis megi flytja inn sjávarafurðir frystiskipa ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins sem viðurkennt er að uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins um aðbúnað og hollustuhætti um borð í frystiskipum. Eins og greinir í almennum athugasemdum er æskilegt að unnt verði að breyta núverandi framkvæmd með skjótum hætti ef skýrt þykir að Íslandi beri að gera slíka kröfu og fyrir liggur að önnur ríki Evrópska efnahagssvæðisins gera slíkt hið sama. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur ákvarðanir um viðurkenningu ríkja. Hún heldur skrár yfir viðurkennda framleiðendur, vinnsluskip og frystiskip viðurkenndra ríkja sem byggjast á upplýsingum frá ríkjunum. Viðurkenning frystiskipa ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins til innflutnings á Evrópska efnahagssvæðið er háð því að skilyrði viðauka II við tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 92/48/EBE, um frystibúnað um borð, sé fullnægt.

Um 2. gr.

Breyting þessi er í samræmi við breytingu skv. 1. gr. um að ráðherra geti krafist þess að frystiskip ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins þurfi viðurkenningu til að flytja sjávarafurðir til landsins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu að þess verður krafist að frystiskip ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins sem vilja flytja sjávarafurðir inn í landið hafi hlotið viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og meðferð sjávarafurða sé í samræmi við kröfur á Evrópska efnahagssvæðinu. Þrátt fyrir að gildandi lög geri ekki kröfu um viðurkenningu frystiskipa er þess krafist að afla slíkra skipa sé landað á landamærastöð og sæti eftirliti þar. Framkvæmd eftirlitsins verður því óbreytt og að mati ráðuneytisins hefur frumvarpið ekki í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

1119. Svar [596. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um smíði nýrrar Hríseyjarferju og útboð á ferjusiglingum.

Í svari þessu er stuðst að mestu við upplýsingar sem borist hafa frá Vegagerðinni og svo Siglingastofnun Íslands hvað varðar spurninguna um hafnarmál sérstaklega.

1. *Hvenær var tekin ákvörðun um smíði nýrrar Hríseyjarferju?*
2. *Hverjar voru meginforsendur ákvörðunarinnar?*

Árið 1997 fór Vegagerðin þess á leit við ráðgjafarstofuna Útrás ehf. á Akureyri að gera úttekt á Hríseyjarferjunni Sævari. Tilgangurinn var að kanna almennt ástand skipsins og meta hversu vel það væri í stakk búið að gegna hlutverki sínu. Niðurstöður ráðgjafarstofunnar voru að ýmislegt varðandi ferjuna sjálfa, aðbúnað og aðstöðu fyrir farþega og áhöfn fullnægði ekki kröfum sem gerðar væru til skipa í farþegaflutningum. Ferjan Sævar er 44 brúttótonna stálbátur, smíðaður 1979. Hámarksfjöldi farþega er 48 (30 í sæti) en heimilt er að fjölga í 80 manns yfir sumartímann að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Vegna aldurs skipsins má búast við meira viðhaldi og rekstrarstöðvunum vegna viðgerða. Hávaði frá vélbúnaði er yfir viðmiðunarmörkum bæði í brú og farþegasal og til óþæginda fyrir farþega og áhöfn. Aðkoma farþega og gönguleið um skipið er óhentug og ekki er hægt að koma farþega í hjólastól um skipið né farþegum á sjúkrabörum inn í skipið með góðu móti. Snyrtiaðstaða um borð er í lágmarki og losun úrgangs ekki samkvæmt reglum og hefur skipið undanþágu hvað það varðar. Aðstaða fyrir farangur er ófullnægjandi og engin aðstaða er fyrir póst og ýmsa smávöru.

Í framhaldi af framangreindri úttekt voru skoðaðir möguleikar sem fyrir hendi voru, þ.e. að gera endurbætur á Sævari, kaupa notað skip eða láta smíða nýtt. Fyrir lá að kostnaður við endurbætur og stækkun Sævars var verulegur, en nauðsynlegt þótti einnig að koma fleiri farþegum fyrir vegna vaxandi ásóknar ferðamanna yfir sumartímann. Að athuguðu máli bar sú leið að kaupa notað skip ekki árangur og varð því niðurstaðan sú, að höfðu samráði við heimamenn, að láta smíða nýtt skip.

Samgönguráðherra lagði fyrir ríkisstjórn 7. nóvember 1997 tillögu um smíði nýrrar Hríseyjarferju. Ríkisstjórnin samþykkti tillögu ráðherrans og í framhaldi af því fól samgönguráðuneytið Vegagerðinni, með bréfi dags. 11. nóvember 1997, að sjá um smíði nýrrar ferju.

3. *Var hönnun og teikning skipsins boðin út? Ef ekki, hverjar voru ástæður þess?*

Hönnun skipsins var ekki boðin út. Ráðgjafarstofan Útrás ehf. á Akureyri hafði unnið skýrslu um ástand núverandi ferju ásamt tillögum til úrbóta. Einnig hafði stofan gert frumdrög að nýrri ferju þar sem leitast var við að uppfylla óskir um afköst og aðbúnað. Hönnuðirnir voru því orðnir vel kunnugir verkefninu og þótti því rétt að fela þeim hönnun skipsins.

4. *Hver var upphafleg áætlun um stærð skipsins, brúttótonn, farþegafjölda, lengd og djúpristu? Hver er stærð skipsins nú?*

Upphafleg áætlun um stærð skipsins gerði ráð fyrir að það væri 22,50 m langt, 6,00 m á breidd og risti um 1,80 m. Skipið skyldi rúma 70–80 farþega í sæti en hafa heimild fyrir 100 manns yfir sumartímann. Eftir ýmsar athuganir meðan á hönnun skipsins stóð, m.a. á stöðugleika þess, varð niðurstaðan að skipið skyldi vera 22,70 m langt, 6,70 m breitt, 149 brúttótonn og rista um 2,30 m. Farþegafjöldi er 70 manns í sæti og heimild fyrir 100 manns alls yfir sumartímann.

5. Hver hefur meðalfjöldi farþega með ferjunni verið á dag síðustu tvö ár?
Heildarfarþegafjöldi árið 1998 var 46.700 farþegar, þ.e. að meðaltali um 128 á dag. Árið 1999 var heildarfarþegafjöldinn 48.490 farþegar, eða um 133 farþegar á dag að meðaltali.

6. Hvað tekur ferjan sem nú er notuð marga farþega? Er hún talin ónothæf?
Sjá svar við 1. og 2. lið.

7. Er gert ráð fyrir að nýja Hríseyjarferjan sigli einnig til Grímseyjar?
Grímseyjaferjan Sæfari annast þjónustu við Grímsey og er ekki gert ráð fyrir að Sævar annist siglingar á þeirri leið.

8. Hvers vegna var valinn vélbúnaður án stýris í skipið?
Í skipinu eru tvær skrúfur með föstum skurði og eru þær drifnar af aðalvélum í gegnum vinkildrif. Skrúfunum má jafnframt snúa um lóðréttan ás og koma þær þannig í stað stýrisblöðku og stýrisvélar. Einnig er þverskrúfa í framskipi. Þessi gerð skrúfu- og stýrisbúnaðar er notuð víða erlendis og var valin til að gera stjórnhæfni skipsins sem mesta, enda siglir skipið á milli tveggja lítilla hafna og lætur 14–18 sinnum úr höfn daglega. Stóran hluta af notkunartíma skipsins er því stjórnað í þrengslum og því mikilvægt að stjórnhæfni þess sé eins mikil og kostur er.

9. Hver var áætlaður kostnaður við smíði skipsins og afhendingartími? Hver er kostnaðurinn nú orðinn og hvenær eru áætluð verklok?
Samkvæmt smíðasamningi frá 25. september 1998 var samið við Stálsmiðjuna hf. um 130.174.593 kr. Annar kostnaður, þ.e. undirbúnings-, hönnunar- og eftirlitskostnaður, var áætlaður um 15 millj. kr. Afhendingartími samkvæmt nefndum samningi átti að vera 15. júlí 1999. Smíðakostnaður, þ.e. greiðslur til Stálsmiðjunnar hf. (nú Ståltaks hf.), nemur nú 133.337.520 kr., en samkvæmt viðaukasamningi frá 1. febrúar 2000 verða heildargreiðslur til Ståltaks hf. 140.849.647 kr. Hefur þá verið tekið tillit til aukaverka og viðbótarkostnaðar vegna gallaðs skrúfubúnaðar, en til frádráttar komið 5.176.000 kr. vegna dráttar á afhendingu skipsins. Afhending þess skal samkvæmt viðaukasamningnum vera 15. júní 2000. Annar kostnaður, þ.e. undirbúnings-, hönnunar- og eftirlitskostnaður, nemur nú 19.721.316 kr.

10. Hver er áætlaður afhendingartími skipsins og hvað hafa tafir orðið miklar frá upphaflegum áætlunum? Hverjar eru meginástæður þessara tafa?
Svo sem áður var getið gerði smíðasamningur ráð fyrir afhendingartíma 15. júlí 1999 en samkvæmt viðaukasamningi skal afhending fara fram 15. júní 2000. Skrúfubúnaður sem keyptur var frá Mekanord í Danmörku reyndist gallaður og var honum að lokum skilað eftir ítrekaðar tilraunir við að koma honum í lag. Var þá pantaður búnaður frá Schottel í Hollandi en afgreiðslutími á þeim búnaði er þrír mánuðir.

11. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður nýju ferjunnar samanborið við eldri ferjur?
Rekstrarkostnaður nýju ferjunnar er áætlaður svipaður og nú, þ.e. 23–24 millj. kr. á ári miðað við verðlag 1999. Þó gætu hertar öryggiskröfur leitt til þess að fjölga þyrfti í áhöfn, úr tveimur í þrjá, a.m.k. á álagstímum, og mundi rekstrarkostnaður þá að sjálfsögðu aukast.

12. Hver var áætlaður kostnaður við hafnarmannvirki með tilkomu nýrrar ferju? Hver er kostnaðurinn nú?

Engar hafnarbætur hafa enn verið gerðar á Árskógssandi eða í Hrísey vegna tilkomu nýju ferjunnar. Hins vegar hefur hafnaraðstaða á Árskógssandi verið óviðunandi vegna ókyrrðar í höfninni og hafa farþegar stundum þurft að sæta lagi til að stökkva um borð vegna hreyfinga á skipinu. Engin aðstaða hefur verið fyrir hreyfihamlaða í hvorugri höfninni og hefur ekki verið unnt að koma farþegum í hjólastólum í skipið nema með því að bera þá um borð. Því verður ekki hjá því komist að gera úrbætur á höfnunum og tengjast þær úrbætur í sjálfu sér ekki nema að hluta tilkomu nýju ferjunnar en skipta miklu máli hvað varðar öryggi þessara ferjuhafna almennt og þá sérstaklega Árskógssands. Áætlaður kostnaður vegna endurbóta á Árskógssandi er 35 millj. kr. og 5 millj. kr. vegna endurbóta í Hrísey. Þessu til viðbótar má nefna að áætlaður kostnaður við að gera aðgengi fatlaðra sómasamlegt er 5–10 millj. kr.

13. Hvað líður útboðum á ferjusiglingum á öllum ferjuleiðum sem Vegagerð ríkisins hefur umsjón með?

Rekstur ferjuleiðarinnar Dalvík–Grímsey (Sæfari) var fyrst boðin út 1993 og aftur 1996. Gerður var samningur við Flutningamiðstöð Norðurlands sem gildir til 30. apríl 1999. Sá samningur hefur verið framlengdur um tvö ár, þ.e. til 30. apríl 2001, samkvæmt heimild í útboðsgögnum.

Ferjuleiðin Ísafjörður–Súðavík–Vigur–Æðey var boðin út í janúar sl. og þjónustusamningur til þriggja ára undirritaður 31. mars 2000 við Guðrúnu Kr. Kristjánsdóttur og Hafstein Ingólfsson á Ísafirði. Verið er að vinna útboðsgögn vegna ferjuleiðanna Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn (Herjólfur) og Stykkishólmur–Flatey–Brjánslækur (Baldur). Gert er ráð fyrir að útboð fari fram í júní eða júlí nk. og er miðað við að upphaf gildistíma nýrra samninga verði 1. janúar 2001. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær ferjuleiðin Hrísey–Árskógssandur (Sævar) verður boðin út, né um útboð ferjuleiðar til Mjóafjarðar (Anný).

1120. Svar [393. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Helgu A. Erlingsdóttur um hlutföll kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum opinberra aðila.

Ákveðið var að afla einungis upplýsinga um hlutfall kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta. Því eru ekki tilgreindar upplýsingar um hlutfall kynja á vegum einstakra sveitarfélaga né opinberra stofnana eða fyrirtækja.

1. Hver voru hlutföll milli kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins í upphafi þessa árs?

Skrifstofa jafnréttismála aflaði í byrjun þessa árs upplýsinga um fjölda kvenna og karla í opinberum nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ráðuneyta. Var miðað við þær nefndir sem voru að störfum um síðustu áramót.

Tafla 1. Heildarfjöldi kvenna og karla í opinberum nefndum, stjórnum og ráðum, auk hlutfalls kvenna þar af, skipt eftir ráðuneytum.

Ráðuneyti	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna 2000	Hlutfall kvenna 1990
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	236	50	186	21,2	6,5
Félagsmálaráðuneyti	370	137	233	37,0	22,5
Fjármálaráðuneyti	662	134	528	20,2	16,2
Forsætisráðuneyti	182	37	145	20,3	7,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	582	221	361	38,9	21,1
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	498	86	412	17,3	4,1
Landbúnaðarráðuneyti	307	31	276	10,1	5,6
Menntamálaráðuneyti	1.736	557	1.179	32,1	29,3
Samgönguráðuneyti	294	33	261	11,2	8,3
Sjávarútvegsráðuneyti	153	23	130	15,0	6,4
Umhverfisráðuneyti	316	67	249	21,2	5,5
Utanríkisráðuneyti	80	13	67	16,3	6,2
Samtals	5.416	1.389	4.027	25,6	16,6

Tafla 1 sýnir heildarfjölda kvenna og karla í opinberum nefndum, stjórnum og ráðum, skipt eftir ráðuneytum, en 25,6% þeirra eru konur. Hefur hlutur kvenna í hvers konar nefndarstörfum í Stjórnarráðinu því aukist um tæp 10% á tíu árum.

Hlutfall kvenna í þessum störfum hefur hækkað hjá öllum ráðuneytum á tímabilinu. Hlutur þeirra í nefndum, stjórnum og ráðum hefur fjórfaldast í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Í tveimur ráðuneytum, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og forsætisráðuneyti, hefur hlutur kvenna nær þrefaldast og er nú um og yfir 20%. Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti er hlutur kvenna þó mestur, eða um 38,9%, og hefur hlutfall kvenna nánast tvöfaldast þar frá árinu 1990. Sama er upp á teningnum hjá félagsmálaráðuneyti en þar hefur hlutfall kvenna hækkað úr 22,5% í 37,0% á tímabilinu. Hlutfall kvenna er áberandi lægst í landbúnaðarráðuneyti og samgönguráðuneyti, eða rúm 11%. Hlutur kvenna hefur þó tvöfaldast í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum landbúnaðarráðuneytis frá árinu 1990.

2. *Hverjir tilnefna í stjórnir, nefndir og ráð þegar um slíkt er að ræða? Hve margar konur og hve margir karlar eru tilnefnd eða skipuð og hversu margar eru nefndirnar? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum og því hvort um tilnefningar er að ræða eða ekki.*

Í töflum 2–11 má sjá fjölda þeirra kvenna og karla sem skipaður hefur verið í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ráðuneyta. Fyrir sérhvert ráðuneyti er sérstaklega greint milli nefndarmanna sem tilnefndir eru af Alþingi, hagsmunaaðilum, viðkomandi ráðherra og ráðuneyti eða öðrum ráðuneytum. Ákveðið var að tilgreina ekki sérstaklega einstaka hagsmunaaðila þar sem um mikinn fjölda er að ræða.

Athygli er vakin á að kallað var eftir gögnum úr hverju ráðuneyti fyrir sig og var misjafnt á hvern hátt þau voru unnin. Var reynt að samræma upplýsingarnar eftir megni. Hugsanlegt er að skörun sé milli tilnefninga einstaks ráðherra og ráðuneytis þar sem hvorki kom skýrt fram hver tilnefndi né var unnt að styðjast við lögmælta skipan nefndar.

Nefndarmenn sem teljast tilnefndir af óskilgreindum aðilum eru meðal annars þeir sem gegna embættum sem eru lögskipuð í nefndir auk þeirra sem Hæstiréttur tilnefnir í úrskurðanefndir eða álitsnefndir innan stjórnsýslunnar, svo sem úrskurðarnefnd almannatrygginga,

úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og kærunefnd jafnréttismála. Þegar embætti eru lögskipuð í nefndir þarf sá er gegnir tilteknu embætti að sitja í viðkomandi nefnd. Eðli málsins samkvæmt geta tilnefningaraðilar þá ekki haft áhrif á kynjahlutfall í þeim nefndum, stjórnum og ráðum. Hæstiréttur tilnefnir fulltrúa í fáeinar nefndir innan stjórnsýslunnar í ljósi þess hversu hlutlaus hann telst. Þótti ekki ástæða til að tilgreina tilnefningar hans sérstaklega.

Í eftirfarandi töflum kemur fram fjöldi kvenna og karla í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum einstakra ráðuneyta, auk hlutfalls kvenna, sundurliðað eftir tilnefningaraðilum.

Tafla 2. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	45	7	38	15,6
Hagsmunaaðilar	33	7	26	21,2
Ráðherra/án tilnefningar	7	2	5	28,6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	140	35	105	25,0
Önnur ráðuneyti	8	2	6	25,0
Óskilgreint	–	–	–	–
Samtals	233	53	180	22,7

Tafla 3. Félagsmálaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	2	1	1	50,0
Hagsmunaaðilar	252	91	161	36,1
Ráðherra/án tilnefningar	82	34	48	41,5
Félagsmálaráðuneyti	14	7	7	50,0
Önnur ráðuneyti	32	14	18	43,8
Óskilgreint	12	2	10	16,7
Samtals	394	149	245	37,8

Tafla 4. Fjármálaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	7	2	5	28,6
Hagsmunaaðilar	121	22	99	18,2
Ráðherra/án tilnefningar	35	11	24	31,4
Fjármálaráðuneyti	286	57	229	19,9
Önnur ráðuneyti	108	16	92	14,8
Óskilgreint	86	3	83	3,5
Samtals	643	111	532	17,3

Tafla 5. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	13	5	8	38,5
Hagsmunaaðilar	239	106	133	44,4
Ráðherra/án tilnefningar	65	23	42	35,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	137	43	94	31,4
Önnur ráðuneyti	26	13	13	50,0
Óskilgreint	9	5	4	55,6
Samtals	489	195	294	39,9

Tafla 6. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	50	15	35	30,0
Hagsmunaaðilar	296	50	246	16,9
Ráðherra/án tilnefningar	95	20	75	21,1
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	61	10	51	16,4
Önnur ráðuneyti	5	1	4	20,0
Óskilgreint	34	12	23	35,3
Samtals	542	108	434	19,9

Tafla 7. Landbúnaðarráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	0	0	0	0,0
Hagsmunaaðilar	73	2	71	2,7
Ráðherra/án tilnefningar	24	4	20	16,7
Landbúnaðarráðuneyti	113	12	101	10,6
Önnur ráðuneyti	21	2	19	9,5
Óskilgreint	5	0	5	0,0
Samtals	236	20	216	8,5

Tafla 8. Menntamálaráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	28	15	13	53,6
Hagsmunaaðilar	966	305	661	31,5
Ráðherra/án tilnefningar	502	161	341	32,1
Menntamálaráðuneyti	164	59	105	36,0
Önnur ráðuneyti	42	12	30	28,6
Óskilgreint	6	0	6	0,0
Samtals	1.708	552	1.156	32,3

Tafla 9. Samgönguráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	3	0	3	0,0
Hagsmunaaðilar	106	8	98	7,5
Ráðherra/án tilnefningar	112	13	99	11,6
Samgönguráðuneyti*	–	–	–	–
Önnur ráðuneyti*	–	–	–	–
Óskilgreint	–	–	–	–
Samtals	221	21	200	9,5

*Ekki fengust upplýsingar um tilnefningar frá þessum aðilum.

Tafla 10. Sjávarútvegsráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	0	0	0	0,0
Hagsmunaaðilar	99	10	89	10,1
Ráðherra/án tilnefningar	14	2	12	14,3
Sjávarútvegsráðuneyti	21	9	12	42,9
Önnur ráðuneyti	5	0	5	0,0
Óskilgreint	15	2	13	13,3
Samtals	154	23	131	14,9

Tafla 11. Umhverfisráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	0	0	0	0,0
Hagsmunaaðilar	160	27	133	16,9
Ráðherra/án tilnefningar	39	16	23	41,0
Umhverfisráðuneyti	52	9	43	17,3
Önnur ráðuneyti	26	4	22	15,4
Óskilgreint	10	1	9	10,0
Samtals	287	57	230	19,9

Tafla 12. Utanríkisráðuneyti.

Tilnefningaraðilar	Fjöldi	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna
Alþingi	6	3	3	50,0
Hagsmunaaðilar	15	1	14	6,7
Ráðherra/án tilnefningar	34	3	31	8,8
Utanríkisráðuneyti	17	4	13	23,5
Önnur ráðuneyti	5	1	4	20,0
Óskilgreint	4	0	4	0,0
Samtals	81	12	69	14,8

Þegar upplýsingar um skiptingu eftir tilnefningaraðilum í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneyta eru bornar saman við töflu 1 kemur fram smávægilegur munur milli hlutfallstalnanna. Líklegasta skýringin er sú að tölurnar í töflu 1 eru frá síðustu áramótum en gögnin sem notuð voru í athuguninni eru frá marsmánuði. Á þeim tíma sem liðið hefur frá áramótum hafa einstakar nefndir lokið störfum og nýjar verið settar á laggirnar sem að sjálfsögðu getur raskað kynjahlutföllunum um fáeina hundraðshluta.

Þegar litið er á tilnefningar í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneyta í heild kemur í ljós að hagsmunaaðilar tilnefna um 47% nefndarmanna. Af þeim 2.360 einstaklingum sem hagsmunaaðilar hafa tilnefnt eru 629 konur, eða um 26,7%. Hlutur kvenna er mestur hjá þeim hagsmunaaðilum sem tilnefna í nefndir, stjórnir og ráð á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, eða um 44%. Hlutfall kvenna er einnig hátt hjá hagsmunaaðilum sem tilnefna fyrir félagsmálaráðuneyti, um 36%, og fyrir menntamálaráðuneyti, um 32%. Áberandi lægst er hlutfall kvenna hjá þeim hagsmunaaðilum sem tilnefna í nefndir, ráð og stjórnir á vegum landbúnaðarráðuneytis, eða tæp 3%.

Ráðherrar skipa án tilnefningar um 20% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytanna en misjafnt er milli ráðuneyta hversu hátt hlutfall nefndaraðila ráðherra skipar. Þegar litið er á heildina hafa þeir skipað alls 289 konur án tilnefninga, eða tæp 29% þeirra sem þeir skipa sjálfir. Félagsmálaráðherra og umhverfisráðherra hafa verið ötulastir ráðherra við að skipa konur í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneyta sinna. Tæp 42% þeirra er félagsmálaráðherra hefur skipað án tilnefninga eru konur, en 41% þeirra sem eru í tilnefningarhópi umhverfisráðherra. Þá fylgja á eftir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra, en konur hafa verið yfir 30% þeirra sem þeir hafa skipað án tilnefninga. Utanríkisráðherra hefur lægst hlutfall kvenna í tilnefningarhópi sínum, eða tæp 9%. Athygli er vakin á því að þessar tölur fela ekki í sér fjölda þeirra sem ráðherrar tilnefna í stjórnir, nefndir og ráð á vegum annarra opinberra aðila en ráðuneyta þeirra hvers um sig.

Þegar tilnefningar ráðuneytanna eru skoðaðar í heild kemur í ljós að ráðuneytin tilnefna sjálf um 20% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á eigin vegum. Ráðuneytin tilnefna hins vegar einungis um tæp 6% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum annarra ráðuneyta. Ekki bárust upplýsingar frá samgönguráðuneyti um tilnefningar ráðuneytisins sjálfs. Þegar litið er á tilnefningar ráðuneyta í eigin nefndir, stjórnir og ráð í heild kemur í ljós að ráðuneytin tilnefna konur í um 24% tilvika, en misjafnt er milli ráðuneyta hversu hátt hlutfall nefndarmanna þau tilnefna sjálf. Félagsmálaráðuneytið hefur tilnefnt jafnmargar konur og karla í stjórnir, nefndir og ráð á eigin vegum. Athyglisvert er að hlutfall kvenna í tilnefningarhópi sjávarútvegsráðuneytis er mjög hátt, tæp 43%, í samanburði við það hlutfall kvenna sem er í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins. Landbúnaðarráðuneyti hefur tilnefnt lægsta hlutfall kvenna, eða um 11% þeirra sem það hefur tilnefnt í eigin stjórnir, nefndir og ráð.

Ekki liggja fyrir sams konar upplýsingar frá árinu 1990. Skrifstofa jafnréttismála hefur þó reglulega tekið saman upplýsingar um stöðu kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum hjá ráðuneytunum. Þessar upplýsingar koma m.a. fram í skýrslum félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála, í ársskýrslum Skrifstofu jafnréttismála og ýmsum öðrum gögnum sem eru aðgengileg á skrifstofunni. Eftirfarandi tafla sýnir helstu niðurstöður þessara úttekta.

Tafla 13. Hlutfall kvenna og karla í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta á árunum 1987, 1990, 1994, 1998 og 2000.

	1987	1990	1994	1998	2000
Hlutfall kvenna	9,5	16,6	20,8	21,8	25,6
Hlutfall karla	90,6	84,6	79,2	78,2	74,4

Eins og sjá má af töflu 13 hefur hlutur kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta sífellt verið að aukast þó að hægt miði. Mest var aukningin á árunum 1987–1994 en þá tvöfaldaðist hlutur kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum. Frá 1994 hefur hlutur kvenna aukist hægar, eða um 4%.

3. *Hve margar nefndir eru á vegum ríkis og sveitarfélaga sameiginlega, hverjir tilnefna í hverja þeirra og hver eru hlutföllin milli kynja?*

Engar nefndir starfa sameiginlega á vegum einstakra ráðuneyta og sveitarfélaga. Hins vegar tilnefna einstök sveitarfélög eða samtök þeirra fulltrúa í ýmsar stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneytanna. Var aflað upplýsinga um þær nefndir hjá ráðuneytunum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti: Samband íslenskra sveitafélaga tilnefnir fulltrúa í tvær nefndir á vegum ráðuneytisins. Er óskað tilnefninga þriggja aðila og eru það allt karlar.

Félagsmálaráðuneyti: Einstök sveitarfélög eða samtök þeirra eiga fulltrúa í 36 stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins, þar á meðal Samband íslenskra sveitarfélaga. Misjafnt er hversu marga fulltrúa þessir aðilar eiga í hverri stjórn, nefnd eða ráði en alls eru 70 aðilar tilnefndir. Þar af er 21 kona, eða 30%.

Fjármálaráðuneyti: Samband íslenskra sveitarfélaga á þrjá fulltrúa í nefndum á vegum ráðuneytisins, tvær konur og einn karl.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: Alls starfa 45 stjórnir, nefndir og ráð á vegum ráðuneytisins þar sem sveitarfélög eða samtök þeirra tilnefna fulltrúa sína. Ber þar helst að nefna stjórnir heilsugæslustöðva víðs vegar um landið. Sveitarfélögin og samtök þeirra eiga alls 122 fulltrúa í þessum stjórnum, nefndum og ráðum en þar af er 51 kona, eða um 42% þeirra sem þessir aðilar tilnefna.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: Fulltrúar sveitarfélaganna sitja í fjórum stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Ekki fylgdu upplýsingar um kynjahlutfall þessara fulltrúa.

Landbúnaðarráðuneyti: Samband íslenskra sveitarfélaga á tvo fulltrúa í jafnmörgum nefndum á vegum ráðuneytisins, og eru báðir karlar.

Menntamálaráðuneyti: Ýmis sveitarfélög auk samtaka þeirra eiga fulltrúa í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Ekki fengust upplýsingar um hversu margar stjórnir, nefndir og ráð er að ræða en alls eru tilnefndir 153 fulltrúar. Þar af eru konur 57, eða um 37%.

Samgönguráðuneyti: Samtök sveitarfélaga eiga fjóra fulltrúa í einni nefnd á vegum ráðuneytisins en þar á meðal er ein kona.

Umhverfisráðuneyti: Einstök sveitarfélög og samtök þeirra eiga 38 fulltrúa í 25 stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þar af eru sex konur, eða tæp 16% fulltrúa sveitarfélaga.

Utanríkisráðuneyti: Sveitarfélög eða samtök þeirra eiga ekki fulltrúa í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hlutfall kynja í tilnefningum ráðuneyta í nefndir, stjórnir og ráð á vegum sveitarfélaga. Til frekari fróðleiks um hlutfall kynjanna má geta þess að í skýrslu sem unnin var á vegum Skrifstofu jafnréttismála um úrslit sveitarstjórnarkosninganna árið 1994 með tilliti til stöðu kvenna kom fram að á kjörtímabilinu 1990–1994 voru konur 30% fulltrúa í nefndum, stjórnum og ráðum hjá stærstu sveitarfélögum landsins. Það hlutfall endurspeglar nokkuð vel hlutfall þeirra í sveitarstjórnum þessara sveitarfélaga en það var 31,5%. Á kjörtímabilinu 1994–1998 var sambærilegur hlutur kvenna í nefndum og ráðum sveitarstjórna 33,3%.

1121. Svar [474. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um komu útlendinga til Íslands.

1. *Hve margir útlendingar hafa gefið sig fram árlega við Útlendingaeftirlitið og sótt um hæli af pólitískum ástæðum eða af mannúðarástæðum síðustu fimm ár? Hvaða afgreiðslu hafa mál þeirra fengið? Svar óskast sundurliðað eftir árum og heimalöndum viðkomandi.*

Á síðustu fimm árum hefur fjöldi hælisleitenda verið sem hér segir:

Árið 1995 sóttu fjórir útlendingar um hæli hér á landi og var öllum veitt dvalarleyfi. Þrír voru frá Rúmeníu og einn frá Tyrklandi.

Árið 1996 sóttu fjórir um hæli hér. Einn var frá Írak (Kúrdi) og fékk hann dvalarleyfi, einn Gambíumaður var endursendur til Noregs og tveir Alsírbúar voru sendir aftur til Danmerkur en þeir komu þaðan.

Árið 1997 sóttu sex um hæli hér. Fimm fengu dvalarleyfi, fjórir Kosovo-Albanir frá Júgóslavíu og einn Líbani. Einn var endursendur til Danmerkur og var sá frá Marokkó.

Árið 1998 sóttu 24 um hæli. Ætlað ríkisfang þeirra var sem hér segir:

Ætlað ríkisfang	Fjöldi
Júgóslavía	10
Úkraína	3
Albanía	2
Túnis	1
Hvíta-Rússland	1
Líbía	1
Rússland	1
Makedónía	1
Kamerún	1
Víetnam	1
Alsír	1
Írak	1

Af þessum 24 fengu 14 dvalarleyfi. Fjórir þeirra voru frá Júgóslavíu, þrír frá Úkraínu, tveir frá Albaníu og einn frá hverju þessara ríkja: Makedóníu, Túnis, Hvíta-Rússlandi, Írak og Rússlandi.

Sex voru endursendir til nágrannaríkja, fjórir frá Júgóslavíu, einn frá Alsír og einn frá Líbíu. Voru þeir sendir til Danmerkur, Noregs, Þýskalands og Írlands.

Tveir hurfu á brott áður en kom til afgreiðslu, báðir Júgóslavar.

Tveir fengu endanlega synjun sem þó hefur enn ekki komið til framkvæmda. Þeir eru frá Víetnam og Kamerún.

Árið 1999 sóttu 25 um hæli. Ætlað ríkisfang þeirra var sem hér segir:

Ætlað ríkisfang	Fjöldi
Úkraína	11
Albanía	4
Írak	3
Hvíta-Rússland	1
Líbía	1
Króatía	1
Íran	1
Líbanon	1
Saír	1
Gana	1

Málum þessa fólks er ekki öllum lokið. Tíu hafa þó þegar farið af landi brott af sjálfsdáðum, tveir fengið dvalarleyfi, einum var veitt pólitískt hæli og sex var synjað um hæli. Hin málin bíða afgreiðslu.

Rétt er að ítreka að allir þeir sem voru sendir burt voru sendir til nágrannalanda Íslands þar sem talið var öruggt að þeir gætu sótt um hæli og að umsóknin fengi vandaða meðferð. Margir þeirra hafa raunar haft slíkar umsóknir til meðferðar ytra. Enginn þeirra sem hér um ræðir var sendur til síns heimalands. Flestir voru sendir til Norðurlandanna á grundvelli Norðurlandasamningsins um afnám vegabréfaskoðunar.

2. *Hve mörgum útlendingum hefur Útlendingaeftirlitið árlega snúið til baka við komu til landsins síðustu fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum og heimalöndum viðkomandi.*

Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, kveður lögreglustjóri upp úrskurð um synjun landgönguleyfis en ekki Útlendingaeftirlitið.

Á síðustu fimm árum hefur 84 einstaklingum verið snúið til baka frá Keflavíkurflugvelli. Sundurliðun eftir fjölda hvert ár sem hér segir:

Ár	Fjöldi
1995	1
1996	21
1997	6
1998	21
1999	35

Á árunum 1989–99 var alls 143 einstaklingum snúið til baka. Í þeim tilvikum voru skráðar eftirtaldar ástæður fyrir synjun landgönguleyfis:

Ástæða	Fjöldi
Án vegabréfsáritunar	50
Ónóg fjárráð	30
Vegabréf falsað/stolið	25
Án farmiða	24
Án skilríkja	7
Skilríki fölsuð/stolin	5
Án vegabréfs	4
Ekki skilgreint	5

Í einstökum tilvikum hafa fleiri en ein ástæða verið skráðar sem grundvöllur fyrir synjun um landgöngu.

3. *Eru þess dæmi að erlendum einstaklingum sem komið hafa löglega til landsins hafi verið vísað úr landi og bannað að koma aftur til Íslands eða til annarra Norðurlanda fyrir fullt og allt?*

Einstaklingum sem koma löglega til landsins verður því aðeins vísað brott að þeir hafi brotið gegn ákvæðum hegningarlaga, nr. 19/1940, eða öðrum sérrefsilögum og dómstóll hefur ákvarðað um brottvikningu skv. 13. gr. laga nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, eða Útlendingaeftirlitið á grundvelli 11. gr. sömu laga. Þess eru dæmi að kveðið hafi verið á um endurkomubann á þessum grunni.

1122. Nefndarálit [469. mál]

um frv. til l. um hópuppsagnir.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Eyþingi, Bandalagi háskólamanna, Sjómannasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að gera íslenska löggjöf um hópuppsagnir skýrari og laga hana að tilskipun 98/59/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir samkvæmt skuldbindingum Íslands við aðild að Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin lítur svo á að ákvæði frumvarpsins séu til bóta, einkum hvað varðar framkvæmd hópuppsagna, tilkynningarskyldu til svæðisvinnumiðlana og samráð við trúnaðarmenn stéttarfélaga.

Athugasemdir bárust um að áhafnir skipa eru í b-lið 2. gr. frumvarpsins undanskildar ákvæðum þess og ræddi nefndin nokkuð um ástæður þess. Sams konar ákvæði er að finna í gildandi lögum um hópuppsagnir og er þetta í samræmi við margar sérreglur um sjómenn, t.d. varðandi vinnutíma. Þá taka sérstök ákvæði sjómannalaga á réttindum og skyldum sjómanna. Að svo búnu taldi nefndin því ekki ástæðu til að hrófla við þessu ákvæði frumvarpsins.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis að orðið „öðru“ verði fellt brott úr 1. mgr. 4. gr. Ankannalegt er að tala um atvinnurekanda og annað fyrirtæki þar sem atvinnurekandi hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera persóna en ekki fyrirtæki í þeim skilningi sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 4. gr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Orðið „öðru“ í 1. mgr. falli brott.

Alþingi, 3. maí 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Ólafur Örn Haraldsson.	Kristján L. Möller.	Kristján Pálsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jónína Bjartmarz.	Steingrímur J. Sigfússon.

1123. Nefndarálit [545. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Félagi einstæðra foreldra, Tryggingastofnun ríkisins, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Ríkisendurskoðun, Innheimtustofnun sveitarfélaga og Félagi ábyrgra feðra.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að lögfesta þá tilhögun að fyrningarfrestur endurgreiðslna meðlagskrafna á hendur meðlagsskyldum foreldrum verði tíu ár. Sá skilningur hefur lengi verið við lýði hér á landi að meðlagskröfur fyrnist ekki. Í dómi Hæstaréttar frá 24. ágúst 1999 í máli nr. 254/1999 var því hafnað og talið að kröfur til endurgreiðslu meðlags fyrndust á fjórum árum. Til þess að unnt sé að koma að verulegu leyti í veg fyrir að Innheimtustofnun sveitarfélaga tapi kröfum vegna hins stutta fyrningarfrests sem kveðið er á um í dóminum er lagt til að fyrningarfrestur endurgreiðslna meðlagskrafna verði tíu ár, en það er í samræmi við almennan fyrningarfrest í lögum um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Kristján L. Möller.	Kristján Pálsson.	Drífa Hjartardóttir.
Jónína Bjartmarz.		Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

1124. Nefndarálit [523. mál]

um frv. til l. um orkunýtnikröfur.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Jóhann Ólafsson frá Löggildingarstofu, Önnu Birnu Halldórsdóttur frá Samkeppnisstofnun og Stefán Guðjónsson og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar. Umsagnir um málið bárust frá Orkustofnun, Löggildingarstofu og Landsvirkjun.

Frumvarpinu er ætlað að veita iðnaðarráðherra heimild til að kveða á um orkunýtnikröfur tiltekinna véla, tækja og búnaðar í því skyni að orka verði nýtt á skynsamlegan og hagkvæman hátt. Við setningu reglna um orkunýtnikröfur einstakra tækja er gert ráð fyrir að innleiddar verði tilskipanir Evrópusambandsins um orkumerkingar og orkunýtni ýmiss búnaðar. Þannig yrði skyldum Íslands á þessu sviði vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu fullnægt. Nefndin ræddi nokkuð það fyrirkomulag að veita ráðherra svo víðtæka heimild til setningar reglugerða eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þó að því fylgi nokkrir ókostir lítur nefndin svo á að slík reglugerðarheimild til handa ráðherra sé heppilegri leið en að innleiða þurfi hverja tilskipun sérstaklega með lögum.

Nefndin telur að með lögfestingu ákvæða frumvarpsins verði stigið mikilvægt skref í þá átt að auka orkusparnað, bæta nýtingu verðmæta og draga úr sóun á orku. Nefndin bendir jafnframt á að ekki er hægt að skilja frumvarpið svo að það taki eingöngu til véla, tækja og búnaðar sem nýti raforku, heldur einnig aðra orku, svo framarlega sem skilyrði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins séu uppfyllt.

Nefndin gerir breytingartillögu við 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins þess efnis að ekki megi banna markaðssetningu vöru sem hafi CE-samræmismerki. Hafi vara slíkt merki er gert ráð fyrir að hún uppfylli kröfur um orkunýtni nema annað sé sannað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Óheimilt er að banna markaðssetningu vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni og hefur CE-samræmismerki, enda uppfylli hún skilyrði annarra laga.

Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2000.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Drífa Hjartardóttir.	Árni Steinar Jóhannsson.
Árni R. Árnason.		Ásta R. Jóhannesdóttir.

1125. Nefndarálit [503. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Ólafsson og Ásu Gunnsteinsdóttur frá Umhyggju.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir að greiða óhjákvæmilegan dvalarkostnað annars foreldris við sjúkrahúsinnlögn barns yngra en 18 ára fjarri heimili. Ef um er að ræða erfiða meðferð við lífshættulegum sjúkdómi er heimilt að slík greiðsla nái til beggja foreldra barns undir 18 ára aldri.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Ásta Möller og Þuríður Backman voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2000.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.

Jón Kristjánsson.

1126. Svar [499. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um ríkisjarðir.

1. Hversu margar jarðir eru í eigu ríkisins?

Landbúnaðarráðuneytið hefur eingöngu upplýsingar um ríkisjarðir sem eru á forræði þess ráðuneytis og takmarkast svarið við það. Ríkisjarðir á forræði landbúnaðarráðuneytisins eru 516.

2. Hvernig skiptast þær eftir sýslum?

Ríkisjarðir á forræði landbúnaðarráðuneytisins skiptast þannig eftir sýslum:

Sýsla	**Fjöldi**
Gullbringusýsla	11
Kjósarsýsla	7
Borgarfjarðarsýsla	25
Mýrasýsla	7
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	20
Dalasýsla	12
Barðastrandarsýsla	27

Ísafjarðarsýslur	9
Strandasýsla	12
Vestur-Húnavatnssýsla	13
Austur-Húnavatnssýsla	8
Skagafjarðarsýsla	28
Eyjafjarðarsýsla	31
Suður-Þingeyjarsýsla	32
Norður-Þingeyjarsýsla	14
Norður-Múlasýsla	37
Suður-Múlasýsla	56
Austur-Skaftafellssýsla	21
Vestur-Skaftafellssýsla	40
Rangárvallasýsla	49
Árnessýsla	57
Samtals jarðir	**516**

3. *Hversu margar þeirra eru:*
   a. *nýttar af embættismönnum ríkisins,*
   b. *nýttar af bændum,*
   c. *nýttar af öðrum,*
   d. *í eyði?*

Nýting ríkisjarða á forræði landbúnaðarráðuneytisins er þannig:

	Fjöldi
a. Jarðir nýttar af undirstofnunum ráðuneytisins	40
b. Jarðir nýttar af bændum	319
c. Jarðir nýttar af öðrum, nytjaleigu o.fl.	72
d. Jarðir í eyði	85
Samtals jarðir	**516**

4. *Hversu margar ríkisjarðir voru seldar árin 1991–2000?*

Fjöldi seldra ríkisjarða á forræði landbúnaðarráðuneytisins á árunum 1991–2000 var sem hér segir (fjöldi seldra jarða 1993–97 er fenginn úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluenduskoðun á jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins frá október 1998):

Ár	**Fjöldi**
1991	4
1992	18
1993	4
1994	14
1995	10
1996	9
1997	18
1998	25
1999	15
2000	10
Samtals jarðir	**127**

5. Hversu margar jarðir keypti ríkið á sama tíma?

Fjöldi jarða sem landbúnaðarráðuneytið keypti á árunum 1991–2000 var sem hér segir (fjöldi keyptra jarða 1993–97 er fenginn úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun á jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins frá október 1998):

Ár	Fjöldi
1991	1
1992	0
1993	1
1994	0
1995	4
1996	4
1997	2
1998	4
1999	4
2000	1
Samtals jarðir	**21**

6. Hvert er áætlað heildarsöluverðmæti ríkisjarða á núgildandi verðlagi?

Landbúnaðarráðherra telur sér ekki fært að svara þessari spurningu. Söluverð hverrar einstakrar jarðar er háð mati hverju sinni á jörð, ræktun, mannvirkjum og hlunnindum sem kunna að fylgja einstökum jörðum en það mat byggist einnig að verulegu leyti á ástandi og viðhaldi þessara eigna. Einnig þykir rétt að benda á að í mörgum eða flestum tilvikum eiga ábúendur ríkisjarða stóran hluta mannvirkja á jörðunum og oft öll mannvirkin sem þeir hafa ýmist keypt við upphaf ábúðar eða byggt á ábúðartíma sínum. Kemur mat þeirra mannvirkja til frádráttar söluverði jarðanna. Þessi blandaða eignaraðild ríkisins og ábúenda á ríkisjörðum gerir áætlaðan útreikning á heildarsöluverðmæti ríkisjarða illframkvæmanlegan. Landbúnaðarráðherra telur slíkan útreikning í raun óframkvæmanlegan nema fram fari mat á hverri einstakri jörð með tilheyrandi kostnaði.

7. Er áætlað að selja ríkisjarðir, og þá hverjar?

Áætlað er að auglýsa til sölu með opinberri auglýsingu og selja eftirtaldar jarðir:

1. Dalir II, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
2. Eyjar II, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
3. Eystri-Torfastaðir II, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4. Hjalli, Reykdælahreppi, Suður-Múlasýslu.
5. Hrærekslækur, Hróarstungu, Norður-Múlasýslu.
6. Kirkjubær, Hróarstungu, Norður-Múlasýslu.
7. Kvoslækur, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.

Í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2000, nr. 124 28. desember 1999, eru heimildir til að selja eftirtaldar ríkisjarðir. Ekki hefur hins vegar verið tekin endanleg ákvörðun um hvort þær verða nýttar. Ef þessar heimildir verða nýttar verða jarðirnar auglýstar með opinberri auglýsingu fyrir milligöngu Ríkiskaupa og leitað verðtilboða í þær:

1. Blábjörg, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
2. Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
3. Framnes, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.
4. Geitafell, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
5. Gufudalur I og II, Ölfusi, Árnessýslu.

6. Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu.
7. Kotmúli, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
8. Lyngholt, Bæjarhreppi, Strandasýslu.
9. Minni-Ólafsvellir, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
10. Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
11. Reykjakot, Ölfusi, Árnessýslu.
12. Setberg, Dalabyggð, Dalasýslu.
13. Straumur, Dalabyggð, Dalasýslu.
14. Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.

Þá hafa nokkrir ábúendur ríkisjarða óskað eftir að kaupa ábýlisjarðir sínar á grundvelli 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ekki hefur hins vegar verið samið um verð, greiðsluskilmála o.fl. og því ekki endanlega ákveðið hvort af kaupum verður.

8. Hversu miklar tekjur hafði ríkissjóður af ríkisjörðum árið 1999?

Tekjur ríkissjóðs af ríkisjörðum á forræði landbúnaðarráðuneytisins voru 150.094.000 kr. árið 1999.

9. Hver voru gjöld ríkissjóðs af ríkisjörðum árið 1999?

Gjöld ríkissjóðs af ríkisjörðum á forræði landbúnaðarráðuneytisins voru 249.035.000 kr. árið 1999.

1127. Nefndarálit [586. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjálmar W. Hannesson skrifstofustjóra frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem gerð var 17. júlí 1998.

Jafnframt var til umræðu hjá nefndinni hvort ráðlegt væri að gera þær breytingar á skipan í Jafnréttisráð sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og hvort ekki bæri að fjölga þeim sem þar ættu sæti þannig að sjónarmið fleiri aðila ættu greiðan aðgang að ráðinu. Þannig taldi nefndin eðlilegt að Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands ættu einn fulltrúa hvort í ráðinu eins og verið hefur, en ekki sameiginlegan fulltrúa eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þá taldi nefndin ráðlegt að bæta við fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en gert er ráð fyrir að jafnréttisnefndir starfi áfram á vegum sveitarfélaganna. Á þeim vettvangi hefur verið unnið að jafnréttismálum og verður áfram. Einnig taldi nefndin eðlilegt að veita Jafnréttisráði tillögurétt til félagsmálaráðherra um aðgerðir í vinnumarkaðsmálum og viðtækari heimildir til að láta í ljós skoðanir á fleiri málum en eingöngu þeim sem tengdust vinnumarkaðinum, þannig að það gæti komið fram með tillögur og verið uppspretta nýrra hugmynda á fleiri sviðum samfélagsins. Breytingartillögur þess efnis eru gerðar við frumvarpið.

Í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti í starfsmannastefnu sinni. Í þessu sambandi bendir nefndin á hlutverk Jafnréttisstofu, eins og verkefnum hennar er lýst í 3. gr. frumvarpins, en með hliðsjón af því er eðlilegt að gera kröfu til þess að Jafnréttisstofa muni veita fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf við gerð jafnréttisáætlana. Jafnframt bendir nefndin á þann möguleika að Jafnréttisstofa taki árlega saman lista yfir þau fyrirtæki og stofnanir sem undir ákvæðið falla og tilkynnt hafa að jafnréttisáætlun hafi verið gerð. Slíkur listi væri aðgengilegur almenningi og fjölmiðlum og kynni að virka hvetjandi á atvinnurekendur og yfirmenn til að sinna skyldu sinni til að gera jafnréttisáætlun sem fyrst. Einnig ítrekar nefndin að við beitingu 2. mgr. 13. gr. verði ekki síst lögð áhersla á ákvæði 16. gr. um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Einnig komu fram athugasemdir hjá nefndarmönnum við að vandkvæði kynnu að vera á því að finna út hvað væru jafnverðmæt og sambærileg störf, eins og gert er ráð fyrir í ákvæði 14. gr.

Í 17. gr. frumvarpsins er fjallað um kynferðislega áreitni og skyldu til að gera ráðstafanir gegn henni. Hér er aftur bent á hlutverk Jafnréttisstofu og eðlilegt að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana geti leitað til hennar og fengið þar ráðgjöf um hvaða ráðstafanir hægt væri að gera til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni. Að sjálfsögðu gæti sá sem teldi sig hafa

orðið fyrir kynferðislegri áreitni einnig leitað til Jafnréttisstofu og fengið þar leiðbeiningar og ráðgjöf um hvaða leiðir væru færar til að bregðast við henni. Jafnframt bendir nefndin á að eðli málsins samkvæmt getur ákvæði 4. mgr. 17. gr. einungis átt við þar sem því verður við komið. Það getur til dæmis ekki átt við um lítil fyrirtæki þar sem einungis er um einn yfirmann og fáa starfsmenn að ræða.

Sömuleiðis fannst nefndarmönnum óeðlilegt að í 17. og 26. gr. frumvarpsins væru skólastjórnendur nefndir sem sérstakur hópur. Ástæða þess var sögð vera sú að skólastjórnendur hefðu ekki stöðu atvinnurekanda gagnvart nemendum sem heyrðu undir valdsvið þeirra. Nefndarmenn töldu þó réttara að tala hér um yfirmenn stofnana frekar en skólastjórnendur þar sem engin rök eru fyrir því að taka skólastjórnendur eina út úr hópi þeirra sem reka fyrirtæki og stjórna stofnunum. Breytingartillaga er því gerð þess efnis, sem og þess efnis að ákvæðið eigi einnig við í félagsstarfi og leggi sömu skyldur á herðar þeim sem ábyrgir eru fyrir því.

Nefndin leit svo á að óþarft væri að taka sérstaklega fram í 5. mgr. 19. gr. frumvarpsins að ákveðinn ráðherra bæri ábyrgð á málum sem heyrðu augljóslega undir ráðuneyti hans og taldi nægjanlegt að taka fram að menntamálaráðuneytið skyldi fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi, að jafnréttis kynja væri gætt í íþrótta- og tómstundastarfi og rannsóknum á sviði jafnréttismála. Í 5. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir því að Háskóli Íslands beri ábyrgð á framkvæmd rannsókna á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, sem og að menntamálaráðherra beri ábyrgð á fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum. Nefndarmenn gerðu athugasemdir við það að Háskóla Íslands væri einum falin ábyrgð á þessum málum, en hér á landi starfa nú þónokkrir skólar á háskólastigi. Einnig var á það bent að starfsmenn Háskóla Íslands sem ráðnir væru til kennslu-, vísinda- og fræðastarfa nytu akademísks frelsis við val á rannsóknarverkefnum. Þar sem styrkjafyrirkomulag er algengt í rannsóknarstarfi skýtur einnig skökku við að fela einni stofnun á háskólastigi umfram aðrar ábyrgð á rannsóknarvinnu í ákveðnum málaflokki. Breytingartillögur hvað þetta varðar eru gerðar við frumvarpið.

Nefndarmenn ræddu töluvert hvort eðlilegt væri að láta brot eða vanrækslu á að framfylgja einstökum ákvæðum frumvarpsins varða sektum, eins og gert er ráð fyrir í 29. gr. Þau brot á lögunum sem gert er ráð fyrir að varði sektum eru matskennd og erfitt getur verið að skera úr um hvort um brot hafi í raun og veru verið að ræða, auk þess sem nefndin telur að sá álitshnekkir sem fyrirtæki kunna að verða fyrir vegna brota á lögunum vegi þyngra en greiðsla sekta. Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að 29. gr. verði breytt á þann veg að hún hafi að geyma almenna heimild til álagningar sekta þannig að öll brot á lögunum geti varðað sektum. Mat á því hvenær það væri réttlætanlegt væri þá að sjálfsögðu í höndum dómara.

Nefndin leggur einnig til að bætt verði við frumvarpið heimild til handa félagsmálaráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Með slíkri reglugerð yrði m.a. unnt að kveða nánar á um starfsemi Jafnréttistofu.

Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er kveðið á um lagaskil, en ákvæðinu er ætlað að tryggja að starfsemi Jafnréttisstofu, Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála raskist sem minnst í tengslum við nýja löggjöf. Nefndin telur eðlilegt að nýtt Jafnréttisráð verði skipað um leið og lögin taka gildi og starfi fram að næstu alþingiskosningum, en gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að nýtt ráð sé skipað að loknum hverjum kosningum. Þar sem verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsemi Jafnréttisráðs telur nefndin rétt að kveða á um að núverandi framkvæmdastjóri þess skuli gegna starfinu áfram þar til nýr framkvæmdastjóri hefur verið skipaður. Breytingartillögur hvað þetta varðar eru gerðar við frumvarpið. Jafnframt

bendir nefndin á að eðlilegt sé að núverandi starfsfólk Jafnréttisráðs hafi rétt til starfa við hina nýju Jafnréttisstofu á grundvelli þeirrar reynslu og þekkingar sem það hefur öðlast með störfum sínum við ráðið.

Nefndin bendir á að í athugasemdum við frumvarpið er minnst á Rannsóknastofu í kynjafræðum. Hér hlýtur að vera átt við Rannsóknastofu í kvennafræðum sem starfrækt er við Háskóla Íslands.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Auk þeirra sem skýrt er frá hér að framan eru þær eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 2. gr. þess efnis að Jafnréttisstofa heyri undir yfirstjórn félagsmálaráðherra, en starfi ekki í umboði hans eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
2. Lagt er til að orðin „í umboði félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. falli brott þar sem fram kemur í 2. gr. að Jafnréttisstofa lýtur yfirstjórn félagsmálaráðherra.
3. Í 4. gr. er lagt til að talað verði um „launafólk“ frekar en „launþega“ í samræmi við breytta málvenju á sviði vinnumarkaðsmála og að 5. mgr. falli brott, en óþarft er að taka fram að aðilar hafi heimild til að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla.
4. Lagt er til að orðin „nema hún telji slíkt óþarft eða ónauðsynlegt“ í 2. mgr. 6. gr. falli brott þar sem sá fyrirvari er í ákvæðinu sjálfu.
5. Lagt er til að jafnréttisnefndir sveitarfélaga, sem kveðið er á um í 10. gr. frumvarpins, skuli hafa rétt til umsagnar eða hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna í þeim tilgangi að gera þær skilvirkari.
6. Gerð er tillaga um að jafnréttisfulltrúi, sem skipaður skal við hvert ráðuneyti skv. 11. gr. frumvarpsins, skuli árlega gefa Jafnréttisstofu skýrslu um jafnréttisstarf viðkomandi ráðuneytis.
7. Lagt er til að orðunum „force majeure“ verði bætt við 16. gr. til að hnykkja á því að með lokaákvæði hennar sé ekki átt við samnings- eða lögbundið leyfi til lengri tíma.
8. Gerð er tillaga um að orðunum „kennslutæki og kennslubækur“ í 19. gr. verði breytt í „kennslu- og námsgögn“ í samræmi við málvenju í menntamálum.

Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján L. Möller skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 3. maí 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Ólafur Örn Haraldsson.
Kristján Pálsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Drífa Hjartardóttir.
Jónína Bjartmarz.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	Kristján L. Möller, með fyrirvara.

1137. Breytingartillögur [272. mál]

við frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara nema annars sé sérstaklega getið. Jafnréttisstofa er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Hún annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Ráðherra ákveður aðsetur Jafnréttisstofu.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „Skrifstofa jafnréttismála“ í fyrirsögn greinarinnar og sömu orða hvarvetna í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Jafnréttisstofa.
   b. Orðin „í umboði félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. falli brott.
   c. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
      Þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða hagsmunir kæranda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þykir að fá úrlausn dómstóla getur Jafnréttisstofa höfðað mál til viðurkenningar á rétti kæranda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála skv. 4. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skilyrði fyrir málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „launþega“ í 3. mgr. komi: launafólks.
   b. 5. mgr. falli brott.
4. Við 6. gr. Orðin „nema hún telji slíkt óþarft eða ónauðsynlegt“ í lok 2. mgr. falli brott.
5. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félagsmálaráðherra níu manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmann tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndan af Háskóla Íslands, einn tilnefndan af Kvenfélagasambandi Íslands, einn tilnefndan af Kvenréttindafélagi Íslands, einn tilnefndan af Samtökum atvinnulífsins og einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
6. Við 8. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Ráðið skal gera tillögur til félagsmálaráðherra um aðgerðir á þessu sviði.
   b. Við 2. mgr. bætist: og getur jafnframt gert tillögur um úrbætur í jafnréttismálum á öðrum sviðum samfélagsins.
7. Við 10. gr. Við greinina bætist nýr málsliður sem orðist svo: Skulu nefndirnar hafa umsagnarrétt um eða umsjón með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna til fjögurra ára sem lagðar skulu fram eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.
8. Við 11. gr. Við greinina bætist: og þeirra stofnana sem undir ráðuneytið heyra. Jafnréttisfulltrúi skal árlega senda Jafnréttisstofu greinargerð um jafnréttisstarf þess ráðuneytis sem hann starfar fyrir.
9. Við 16. gr. Við greinina bætist: (force majeure).
10. Við 17. gr.
    a. Í stað orðsins „skólastjórnendur“ í 1. mgr. komi: yfirmenn stofnana og félagsstarfs.
    b. Á eftir orðinu „vinnustað“ í 1. mgr. komi: í stofnun, félagsstarfi.

c. Orðin „eða skólastjórnandi“ í 4. mgr. falli brott.

11. Við 19. gr.
    a. Í stað orðanna „kennslutæki og kennslubækur“ í 3. mgr. komi: kennslu- og námsgögn.
    b. 5. mgr. orðist svo:
    Menntamálaráðuneytið skal fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi og að jafnréttis kynja sé gætt í íþrótta- og tómstundastarfi. Einnig skal ráðuneytið fylgjast með rannsóknum á sviði jafnréttismála, sbr. 4. mgr.
12. Við 26. gr. Í stað orðanna „Skólastjórnandi skal gæta þess að nemandi“ í 2. mgr. komi: Yfirmaður stofnunar skal gæta þess að nemandi eða skjólstæðingur.
13. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
    Brot gegn lögum þessum geta varðað sektum sem renna í ríkissjóð.
14. Á undan 30. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
    Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.
15. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. 1. mgr. orðist svo:
    Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi Jafnréttisráðs og skal skipa nýtt Jafnréttisráð sem starfar fram að næstu alþingiskosningum.
    b. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
    Núverandi framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs skal gegna starfinu þar til félagsmálaráðherra hefur skipað framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu skv. 1. mgr. 3. gr.

1138. Breytingartillögur [272. mál]

við frv. til l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur og Kristjáni L. Möller.

1. Við 3. gr. Við 3. mgr. bætist tveir nýir liðir sem verði i- og j-liðir, svohljóðandi:
    i. leita sátta milli einstaklinga og hópa annars vegar og fyrirtækja eða einstaklinga hins vegar í ágreiningsmálum sem skrifstofunni berast og varða ákvæði laga þessara,
    j. veita kæranda aðstoð við meðferð máls hjá úrskurðarnefnd, óski hann þess.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Úrskurðarnefnd jafnréttismála.

Félagsmálaráðherra skipar úrskurðarnefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Ráðherra skipar einn án tilnefningar en Hæstiréttur tilnefnir tvo, formann og varaformann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Verkefni úrskurðarnefndar jafnréttismála er að taka til meðferðar, rannsaka og kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin, sbr. V. kafla þeirra.

Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal úrskurðarnefnd leita umsagnar frá heildarsamtökum launþega og viðsemjendum þeirra áður en úrskurður er kveðinn upp.

Niðurstöður úrskurðarnefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds.

Úrskurðarnefnd jafnréttismála skal gefa úrskurði sína út árlega.

Úrskurðarnefnd jafnréttismála ræður sér starfsfólk og greiðist kostnaður við starfsemi nefndarinnar úr ríkissjóði.

3. Við 5. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Úrskurðarnefnd getur að höfðu samráði við málshefjanda sent mál til sáttameðferðar hjá Jafnréttisstofu.
4. Á eftir 5. gr. komi ný grein og orðist svo ásamt fyrirsögn:
   Viðmið við mat á hæfni.
   Við mat á því hvort ákvæði 24. og 25. gr. laganna hafi verið brotin skal taka mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu og öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu.
5. Við 7. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félagsmálaráðherra ellefu manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmann tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af Bandalagi háskólamanna, einn tilnefndan af Háskóla Íslands, einn tilnefndan af Kvenfélagasambandi Íslands, einn tilnefndan af Kvenréttindafélagi Íslands, einn tilnefndan af Samtökum atvinnulífsins og einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fjármálaráðuneyti skipar einn nefndarmann og Jafnréttisstofa einn nefndarmann.
   b. Við 2. mgr. 1. málsl. falli brott.
6. Við 8. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnréttisráð skal standa fyrir málþingum og annarri opinni umræðu um jafnréttismál í samstarfi við Jafnréttisstofu og jafnréttisnefndir sveitarfélaganna.
7. Við 20. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:
   Þátttaka í ráðum og nefndum á vegum hins opinbera.
   Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga skal hlutfall kynja vera sem jafnast þar sem því verður við komið.
   Þar sem tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna tvo, konu og karl. Við skipun skal þess síðan gætt að skipting milli kynja sé sem jöfnust.
   Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. ef illmögulegt er að framfylgja þeim af sérstökum ástæðum. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.
   Ákvæði 2. og 3. mgr. fellur sjálfkrafa úr gildi að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara.

1139. Lög [489. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 771.

1140. Lög [290. mál]

um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 472.

1141. Lög [285. mál]

um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1098.

1142. Lög [281. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1044.

1143. Þingsályktun [581. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 883.

1144. Þingsályktun [582. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 884.

1145. Þingsályktun [583. mál]

um staðfestingu breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 885.

1146. Þingsályktun [584. mál]

um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 886.

1147. Frumvarp til laga [452. mál]

um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að uppfylla samningsskuldbindingar Íslands varðandi skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu sem geta haft í för með sér óheimilar tæknilegar viðskiptahindranir.

Samningar þeir sem hér um ræðir eru samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Tæknilegar viðskiptahindranir:* Hindranir í milliríkjaviðskiptum sem stafa af mismunandi tæknilegum reglum í einstökum ríkjum.
2. *Tæknilegar reglur:* Lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem fela í sér eða vísa beint eða óbeint til tæknilýsinga, tæknilegra krafna eða annarra krafna og eru íþyngjandi við markaðssetningu eða notkun vöru eða banna framleiðslu, innflutning, markaðssetningu eða notkun vöru. Til tæknilegra reglna í skilningi laganna teljast einnig frjálsir samningar sem stjórnvöld eru aðilar að og kveða á um að tæknilegum kröfum sé hlítt. Þá falla undir skilgreininguna tæknilegar kröfur eða aðrar kröfur sem tengjast ráðstöfunum í skatta- eða peningamálum og hafa áhrif á neyslu vara með því að hvatt er til

að tilteknum tæknilegum kröfum sé hlítt. Til tæknilegra reglna í skilningi laganna teljast hins vegar ekki tæknilegar kröfur eða aðrar kröfur sem settar eru við opinber útboð eða við önnur innkaup hins opinbera eða tæknilegar reglur sem tengjast almannatryggingakerfinu.

3. *Tæknilegar kröfur:* Kröfur sem skilgreina þá eiginleika sem vara skal uppfylla, til dæmis varðandi gæði, afköst, öryggi eða stærð, að meðtöldum kröfum um vörumerki, íðorð, tákn, prófun og prófunaraðferðir, umbúðir, merkingu og möguleika á að meta samhæfi. Til tæknilegra krafna teljast einnig kröfur varðandi framleiðsluferli og framleiðsluaðferðir.
4. *Aðrar kröfur:* Kröfur sem ekki eru tæknilegar kröfur en eru gerðar til vöru og hafa áhrif á feril hennar eftir að hún hefur verið sett á markað, svo sem skilyrði varðandi notkun, endurvinnslu, endurnýtingu eða vörslu, ef þessar kröfur geta haft afgerandi áhrif á samsetningu, eðli eða markaðssetningu vörunnar.
5. *Vörur:* Allar framleiðsluafurðir iðnaðar, allar landbúnaðar- og fiskafurðir.
6. *Tæknilegar reglur um fjarþjónustu:* Tæknilegar reglur um uppsetningu og starfrækslu fjarþjónustu, einkum ákvæði um þann sem veitir þjónustuna, þjónustuna sjálfa og viðtakanda hennar og eru íþyngjandi við markaðssetningu, uppsetningu eða notkun slíkrar þjónustu.
7. *Fjarþjónusta:* Þjónusta sem innt er af hendi gegn þóknun og veitt:
   a. úr fjarlægð, þ.e. án þess að aðilar séu staddir á sama stað á sama tíma,
   b. rafrænt, þ.e. þjónustan er send og móttekin með notkun rafbúnaðar sem ætlaður er til vinnslu og geymslu gagna og er algerlega send, flutt og móttekin um þráð eða þráðlaust, um ljósleiðara eða með öðrum rafsegulleiðum,
   c. að beiðni viðtakandans, þ.e. þjónustan er veitt þannig að gögn eru send að beiðni viðtakandans.

3. gr.

Almenn ákvæði.

Stjórnvöld skulu jafnan beita sér fyrir því að alþjóðlegar skuldbindingar um frjálst flæði vöru séu virtar. Þegar settar eru tæknilegar reglur um vöruviðskipti eða fjarþjónustu skal þess gætt að ekki skapist ónauðsynlegar hindranir í milliríkjaviðskiptum. Sama á við þegar settar eru reglur um aðferðir við mat á samræmi við tæknilegar kröfur og um gagnkvæmar viðurkenningar á prófunum og vottunum. Haga skal samningu tæknilegra reglna í samræmi við alþjóðlega og evrópska staðla, svo sem kostur er.

4. gr.

Hlutverk utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið tilkynnir alþjóðastofnunum um fyrirhugaða setningu tæknilegra reglna í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga. Ráðuneytið veitir ráðgjöf um samningu tæknilegra reglna, tekur á móti tilkynningum um fyrirhugaða setningu tæknilegra reglna erlendis frá og miðlar upplýsingum um efni þeirra. Ráðuneytinu er heimilt að fela öðrum stofnunum framkvæmd upplýsingamiðlunar af þessum toga með samningi.

5. gr.

Tilkynningarskylda stjórnvalda.

Sá sem útbýr drög að tæknilegum reglum skal tilkynna utanríkisráðuneytinu um fyrirhugaðar reglur þegar drögin eru efnislega fullbúin. Senda skal ráðuneytinu drögin ásamt stuttri

samantekt um efni þeirra. Ekki er þörf á tilkynningu til utanríkisráðuneytis um fyrirhugaða setningu tæknilegrar reglu sem:

a. eingöngu framkvæmir gerðir sem vísað er til í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar,
b. uppfyllir skuldbindingar vegna alþjóðlegra samninga þar sem stefnt er að því að samþykkja almennar tæknilegar reglugerðir á vettvangi EES-samningsins,
c. færir sér í nyt öryggisákvæði í bindandi gerðum EES-samningsins,
d. byggist á Rapex-tilkynningarkerfinu um hættulega vöru á markaði í samræmi við ákvæði laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu,
e. sett er í þeim tilgangi einum að fullnægja dómum sem EFTA-dómstóllinn fellir og dómum sem nefndir eru í 6. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 3. gr. samningsins um Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn,
f. sett er í þeim tilgangi einum að breyta tæknilegri reglu í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA með það í huga að ryðja viðskiptahindrunum úr vegi.

Þörf er á tilkynningu til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ef fyrirhuguð setning tæknilegrar reglu getur haft veruleg áhrif á viðskipti annars aðila að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Sama gildir um tæknilegar reglur sem ekki samræmast alþjóðastöðlum.

6. gr.

Frestun formlegrar setningar.

Fresta skal formlegri setningu tæknilegra reglna um vörur um þrjá mánuði frá þeim degi sem tilkynnt var um fyrirhugaða setningu reglnanna til alþjóðastofnana, sbr. 4. gr., en um fjóra mánuði þegar um er að ræða tæknilegar reglur um fjarþjónustu.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er vegna brýnna ástæðna sem tengjast verndun almannaheilbrigðis og -öryggis eða vernd dýra eða náttúru að grípa til setningar reglna með skömmum fyrirvara svo að ekki gefst færi til samráðs. Í þeim tilvikum ber í tilkynningu skv. 4. gr. að greina ástæður þess að ekki er unnt að fresta formlegri setningu reglnanna.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Utanríkisráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1148. Lög [501. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1097 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

4. gr. laganna, sbr. 121. gr. laga nr. 83/1997, orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Íslenskrar málstöðvar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa lokið meistaraprófi eða jafngildu prófi í íslenskri málfræði. Leita skal álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur um stöðu forstöðumanns.

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Hann stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar og gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

1149. Lög [110. mál]

um lausafjárkaup.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1095 með þessari breytingu:

16. gr. hljóðar svo:

Skil hlutar sem keyptur er með skilarétti.

Ef söluhlutur hefur verið keyptur eða afhentur til reynslu eða á annan hátt með rétti til að skila honum aftur ber kaupandi áhættuna samkvæmt ákvæðum þessa kafla þar til seljandinn hefur aftur veitt hlutnum viðtöku. Þetta gildir þó ekki þegar kaupandinn hefur rétt til að skila söluhlut samkvæmt ákvæðum í lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

1150. Lög [111. mál]

um þjónustukaup.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

Samhljóða þskj. 1093 með þessari breytingu:

Fyrirsögn V. kafla hljóðar svo:

Dragi seljandi að ljúka þjónustu.

1151. Lög [421. mál]

um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

(Afgreidd frá Alþingi 4. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi eiga við um samninga um sölu eða leigu á vöru og þjónustu til neytenda þegar seljandi hefur atvinnu af því að selja eða veita þjónustu með fjarsölu (*fjarsölusamninga*) eða húsgöngusölu (*húsgöngusölusamninga*), sbr. þó ákvæði 3. og 4. gr. um samninga sem eru undanþegnir ákvæðum laganna.

Neytandi getur ekki afsalað sér réttindum sem honum eru veitt samkvæmt lögum þessum.

2. gr.
Skilgreiningar.

1. *Neytandi* er í lögum þessum einstaklingur sem er kaupandi í viðskiptum sem lög þessi taka til í tilgangi sem er óviðkomandi starfi hans.
2. *Seljandi* er einstaklingur eða lögaðili sem vegna hlutaðeigandi viðskipta kemur fram í atvinnuskyni og gerir samninga við neytendur, svo og hver sá sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda.
3. *Húsgöngusala* er sala á vöru og þjónustu sem seljandi skipuleggur utan fastrar starfsstöðvar sinnar, svo sem á heimili neytanda eða vinnustað hans, og neytandi hefur hvorki óskað eftir né var kunnugt um að afhending vöru eða þjónustu væri hluti af sölu- eða þjónustustarfsemi seljanda, svo og annars konar farandsala.
4. *Húsgöngusölusamningur* er samningur seljanda og neytanda um kaup á vöru og þjónustu sem gerður er við húsgöngusölu.
5. *Fjarskiptaaðferð* er sérhver aðferð sem er nothæf til þess að stofna til samnings milli neytanda og seljanda án þess að þeir hittist.
6. *Fjarsala* er skipulögð sala á vöru og þjónustu þar sem notuð er ein, eða fleiri, fjarskiptaaðferð við gerð samnings.
7. *Fjarsölusamningur* er samningur seljanda og neytanda um kaup á vöru eða þjónustu sem gerður er með fjarskiptaaðferð.
8. *Símasala* er fjarsala þar sem neytandi gerir samning eða kauptilboð (pöntun) með samtali í síma eftir að hann hefur fengið upphringingu frá seljanda sem býður fram vöru eða þjónustu.

3. gr.
Undanþágur.

Ákvæði þessara laga taka ekki til:

1. Samninga um smíði, byggingu eða önnur réttindi í sambandi við fasteignir. Lögin taka þó til leigusamninga.
2. Samninga um kaup á verðbréfum, vátryggingum eða annars konar fjármálaþjónustu.
3. Samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis.
4. Sölu úr sjálfsölum.
5. Samninga um notkun á almenningssímum.

6. Uppboða á nýjum og notuðum lausafjármunum, enda séu slík uppboð opinber og verulegur hluti uppboðsþátttakenda staddur á uppboðsstaðnum.

4. gr.

Frekari undanþágur um húsgöngusölu.

Ákvæði laganna eiga ekki heldur við um eftirtalda húsgöngusölusamninga:

1. Samninga sem eru að verðmæti 4.000 kr. eða minna, en þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 60 evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
2. Samninga þar sem ráðgert er framhald á sambandi neytanda og umboðsmanns seljanda með tilliti til yfirstandandi viðskipta eða annarra viðskipta síðar.
3. Samninga um reglubundna afhendingu matvöru, drykkjarvöru eða annarrar vöru sem ætluð er til heimilisnota.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. eiga ákvæði um húsgöngusölusamninga við um samninga um að látin skuli í té vara og hún felld að fasteignum.

II. KAFLI

Upplýsingaskylda seljanda.

5. gr.

Skylda seljanda til að veita upplýsingar.

Neytandi á rétt á eftirfarandi upplýsingum innan hæfilegs frests áður en samningur, sem lög þessi taka til, er gerður:

1. Nafn og heimilisfang seljanda.
2. Helstu eiginleikar vöru eða þjónustu sem samningurinn fjallar um.
3. Verð vöru eða þjónustu, þar með talin öll opinber gjöld, svo og afhendingarkostnaður, ef það á við.
4. Fyrirkomulag á greiðslum, afhendingu og hvenær hún fer fram.
5. Réttur til að falla frá samningi, sbr. þó ákvæði 10. gr.
6. Kostnaður við að nota fjarskiptaaðferð þar sem hann er reiknaður á annan hátt en sem grunngjald.
7. Gildistími tilboðsins og tilboðsverðsins.
8. Lágmarksgildistími samningsins.

Upplýsingar sem getið er um í 1. mgr. skulu vera skýrar og greinargóðar og vera aðgengilegar neytanda.

Auk þess er seljanda í símasölu skylt að taka hverju sinni fram nafn sitt og skal neytanda þegar í upphafi samtalsins gerð grein fyrir því að samtalið fer fram í viðskiptalegum tilgangi.

Um húsgöngusölusamninga gilda ákvæði 1. og 2. mgr. eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Skriflegar staðfestingar á veittum upplýsingum.

Neytandi skal fá skriflega staðfestingu, eða við fjarsölu staðfestingu á öðrum varanlegum miðli sem er fáanlegur og aðgengilegur neytandanum, á upplýsingum sem taldar eru upp í 1.–6. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Neytandi á rétt á upplýsingum samkvæmt þessari grein innan hæfilegs frests áður en samningur er efndur og ekki síðar en við afhendingu. Ef um er að ræða þjónustu ber að veita upplýsingar þegar samningur er gerður en þó aldrei síðar en frá og með sjötta degi eftir gerð samnings. Neytandi á ávallt rétt á:

1. Skriflegum upplýsingum um skilyrði og önnur atriði sem máli skipta ef neytandi vill

notfæra sér rétt sinn til að falla frá samningi, sbr. 8. gr. Jafnframt ber að upplýsa neytanda ef hann hefur ekki slíkan rétt vegna undanþáguákvæða laga þessara, þ.m.t. þeirra tilvika sem getið er í 10. gr.
2. Upplýsingum um heimilisfang seljanda (þ.m.t. ríkisfang) þar sem tekið er við kvörtunum neytanda, svo að gilt sé.
3. Upplýsingum um ábyrgðir og þjónustu sem seljandi veitir eftir að kaup á vöru eða þjónustu hafa farið fram, ef það á við.
4. Upplýsingum um skilyrði fyrir uppsögn samnings ef um er að ræða ótímabundinn samning eða samning sem er til lengri tíma en eins árs.

Ákvæði 2. mgr. eiga þó ekki við um fjarskiptaþjónustu sem veitt er og afhent í eitt tiltekið skipti og rekstrarleyfishafi þeirrar þjónustu tekur gjald fyrir, svo sem símatorgsþjónustu. Neytanda ber þó ávallt að fá upplýsingar um heimilisfang seljanda, sbr. 2. tölul. 2. mgr.

Þegar húsgöngu- eða fjarsölu sem lög þessi taka til er beint að íslenskum neytendum, eða markaðssókn seljanda fer að öðru leyti fram á Íslandi og á íslensku, ber að veita neytanda upplýsingar samkvæmt ákvæðum laga þessara á íslensku.

Fullnægi seljandi ekki ákvæðum þessarar greinar um upplýsingar til neytanda innan þess frests sem getið er um í 2. mgr. er samningurinn ekki bindandi fyrir neytanda.

7. gr.

Undanþágur frá upplýsingaskyldu.

Ákvæði 5. gr. um upplýsingaskyldu gilda þó ekki um samninga er varða:
1. Sölu á matvælum og öðrum daglegum neysluvörum sem afhentar eru á heimili eða vinnustað neytandans.
2. Sölu á hótelgistingu, flutningastarfsemi, sölu veitinga eða aðra samsvarandi þjónustu sem samið er um að skuli veitt á fyrir fram umsömdum tíma eða tímabili og það komi skýrt fram í samningnum.
3. Sölu á frístundaþjónustu, svo sem samninga er varða sölu á aðgangi að íþrótta- og menningarviðburðum eða annars konar sambærilegri frístundaþjónustu sem samið er um að skuli veitt á fyrir fram umsömdum tíma eða tímabili og það komi skýrt fram í samningnum.

III. KAFLI

Réttur neytanda til að falla frá samningi o.fl.

8. gr.

Réttur til að falla frá samningi.

Húsgöngu- og fjarsölusamningur skuldbindur ekki neytanda fyrr en fjórtán dögum frá gerð hans og er neytanda heimilt að falla frá samningi innan þess frests án þess að tilgreina nokkra ástæðu eða greiðslu viðurlaga.

Hafi neytandi notfært sér rétt sinn skv. 1. mgr. er seljanda skylt að endurgreiða honum án nokkurs kostnaðar þær greiðslur sem hann hefur innt af hendi. Slík endurgreiðsla skal fara fram eins fljótt og kostur er og eigi síðar en eftir þrjátíu daga. Neytanda ber að skila eða endursenda seljanda vöruna. Eingöngu er heimilt að krefja neytanda um greiðslur vegna beins kostnaðar við að skila vörunni.

Hafi neytandi notfært sér rétt til að falla frá samningi samkvæmt þessari grein falla úr gildi allir lánssamningar sem hann hefur gert við seljanda eða þriðja aðila sem hefur milligöngu um að veita lán í tengslum við kaupin.

9. gr.

Frestur til þess að beita rétti til að falla frá samningi skv. 8. gr. telst frá þeim degi sem neytandi veitir vöru viðtöku eða, ef um er að ræða þjónustu, frá þeim degi sem samningur er gerður, þó aldrei síðar en frá og með sjötta degi eftir gerð hans, og seljandi hefur fullnægt upplýsingaskyldu sinni skv. 6. gr.

10. gr.

Undanþágur frá rétti til að falla frá samningi.

Ákvæði 8. gr. taka ekki til eftirtalinna samninga:

1. Samninga um þjónustu hafi neytandi samþykkt að hún sé veitt áður en frestur til að falla frá samningi skv. 8. gr. laga þessara er útrunninn.
2. Samninga um kaup á myndböndum, hljóðupptökum eða hugbúnaði hafi neytandi rofið innsigli seljanda.
3. Fjarsölusamninga þar sem neytandi hefur sérpantað vöruna eða hún hefur verið sniðin á annan hátt að persónulegum þörfum hans, eða ef eðli vörunnar er slíkt að hún mun skemmast eða verða útrunnin innan frestsins.
4. Fjarsölusamninga um þátttöku í happdrætti eða öðru löglegu spili.

11. gr.

Efndir samnings og afhending vöru.

Seljandi skal afgreiða pöntun neytanda innan þrjátíu daga frá því að hún er gerð. Efni seljandi ekki sinn þátt samningsins þar sem varan eða þjónustan er ófáanleg ber að tilkynna neytanda það þegar í stað. Hafi hann greitt kaupverð að fullu eða hluta skal það endurgreitt án tafar og eigi síðar en eftir þrjátíu daga. Seljanda er þó heimilt að láta neytanda í té vöru (þjónustu) sem telst að öllu leyti sambærileg að gæðum og verði, enda hafi hann tekið það fram áður en samningur við neytanda var gerður. Þegar svo stendur á ber seljandi þó allan kostnað ef neytandi skilar vöru á grundvelli réttar síns til að falla frá samningi og skal það sérstaklega tekið fram í skilmálum seljanda.

12. gr.

Greiðslur með korti.

Fyrirtæki sem gefa út greiðslukort skulu setja skýrar reglur um það hvernig neytandi getur óskað eftir afturköllun á greiðslu hafi greiðslukort hans verið misnotað við gerð fjarsölusamnings sem ákvæði þessara laga taka til. Jafnframt skal þar kveðið á um hvernig endurgreiða skuli neytanda vegna ólögmætrar misnotkunar á greiðslukorti hans.

13. gr.

Ágengar söluaðferðir.

Óheimilt er að senda neytanda vöru eða þjónustu sem greiða á fyrir hafi hann ekki pantað vöruna eða þjónustuna.

Þegjandi samþykki neytanda þegar söluaðferðum er beitt skv. 1. mgr. er ávallt ógilt.

14. gr.

Bann við notkun á tilteknum fjarskiptaaðferðum.

Óheimilt er að nota símbréf eða sjálfvirk upphringingatæki við sölustarfemi sem lög þessi taka til nema neytandi hafi sérstaklega veitt samþykki sitt fyrir notkun slíkra fjarskiptaaðferða.

Seljendum vöru og þjónustu sem lög þessi taka til ber, áður en bein markaðssókn er skipulögð, að kanna skrá Hagstofu Íslands yfir þá sem vilja ekki að nöfn þeirra séu notuð við markaðssetningu, sbr. ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Hafi neytandi óskað eftir því að vera færður í skrána er bein markaðssókn til hans óheimil.

Hafi neytandi ekki tilkynnt sig til skrár Hagstofu Íslands, sbr. 2. mgr., eða áskrifandi fjarskiptaþjónustu óskað eftir sérmerkingu í símaskrá í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga og seljandi sendir honum í beinni markaðssókn tölvupóst ber að gefa neytanda kost á að veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi notkun á þeirri fjarskiptaaðferð. Samþykki neytandi ekki sérstaklega áframhaldandi sendingar með tölvupósti eru þær framvegis óheimilar.

15. gr.

Réttarvernd neytenda.

Samtökum neytenda er heimilt að gæta hagsmuna neytenda innan sem utan dómstóla samkvæmt ákvæðum laga þessara.

16. gr.

Lagaval.

Hafi í samningi sem lög þessi taka til verið vísað til þess að um samninginn skuli gilda lög í ríki sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins skal slíkum lögum ekki beitt um samninga sem lög þessi taka til nema neytandinn njóti betri verndar samkvæmt þeim.

17. gr.

Eftirlit.

Samkeppnisstofnun hefur eftirlit með viðskiptaháttum samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Nýti neytandi sér rétt til að falla frá samningi er lög þessi taka til skal um réttaráhrif þess fara eftir lögum um lausafjárkaup, einkum með tilliti til endurgreiðslu vöru eða þjónustu sem látin var í té og skila á móttekinni vöru, nema annað sé ákveðið í lögum þessum.

IV. KAFLI
Gildistaka, viðurlög o.fl.

19. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000. Frá sama tíma að telja falla úr gildi lög nr. 96 4. desember 1992, um húsgöngu- og fjarsölu.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1994, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985, um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva, og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/1998, um að fella inn

í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997, um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga.

1152. Nefndarálit [623. mál]

um frv. til l. um fæðingar- og foreldraorlof.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur, Elínu Blöndal og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Ragnheiði Árnadóttur frá fjármálaráðuneyti, Halldór Grönvold og Þórunni Sveinbjörnsdóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Sambandi íslenskra kennara, Ara Edwald og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Sigríði Ásthildi Andersen frá Verslunarráði. Einnig bárust umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Verslunarráði.

Í frumvarpinu er að finna grundvallarbreytingu á reglum um fæðingarorlof, en fram til þessa hefur réttur til töku þess nánast eingöngu verið ætlaður konum, að frátöldum tveimur vikum sem körlum var gefinn kostur á með lögum nr. 147/1997 sem breyttu lögum nr. 57/1987, um fæðingarorlof. Þetta hefur leitt til þess að konur á barneignaraldri hafa að ýmsu leyti haft veikari stöðu á vinnumarkaðnum en karlar þar sem sú hætta var ávallt fyrir hendi að konan hyrfi frá störfum um nokkurra mánaða skeið vegna barneigna, jafnvel nokkrum sinnum yfir starfsævina. Af þessum orsökum hefur einnig farið mun minna fyrir hlutverki karla í uppeldi og umönnun barna. Konur hafa verið heima við og þegið greiðslur í fæðingarorlofi sem í flestum tilvikum eru mun lægri en þær tekjur sem viðkomandi kona hefur haft úti á vinnumarkaðnum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að foreldrar sem fara með forsjá barns eigi hvort um sig sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði en sameiginlegan rétt í þrjá mánuði til viðbótar. Nefndin lítur svo á að með frumvarpinu sé stigið stórt skref í þá átt að jafna möguleika kvenna og karla á að annast og njóta samvista við börn sín á fyrstu mánuðum ævi þeirra. Með því að veita körlum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs er jafnframt stigið mikilvægt skref í átt til jafnréttis. Þannig verða konum og körlum sköpuð sömu tækifæri að þessu leyti til að sinna bæði fjölskyldu og starfi utan heimilis, stuðlað verður að aukinni atvinnuþátttöku og -möguleikum kvenna, fjölskyldustefna sett í fyrirrúm og stuðlað að því að foreldrar taki til jafns ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Með ákvæðum frumvarpsins er því stigið verulegt skref í þá átt að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og konum og körlum auðveldað að samræma fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku.

Nefndin bendir á að í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að sú aðgerð að lögbinda skiptingu foreldra í fæðingarorlof sé tímabundin, en hún er álitin vera nauðsynleg um ákveðinn tíma til að festa rétt karla í sessi. Gert er ráð fyrir að þegar reynsla verði komin á fyrirkomulagið verði lögin endurskoðuð með þetta atriði í huga. Nefndin tekur undir þetta og telur nauðsynlegt að endurskoðun laganna fari fram þegar lögin hafa öðlast gildi að fullu árið 2003.

Gagnrýni kom fram varðandi það að með ákvæðum frumvarpsins væri réttur barna einstæðra foreldra skertur gagnvart rétti barna sem nytu beggja foreldra. Foreldrar hinna síðarnefndu hefðu möguleika á að taka fæðingarorlof í allt að níu mánuði, á meðan réttur einstæðra foreldra væri áfram takmarkaður við sex mánuði. Þetta gerist þó eingöngu í undantekningartilvikum, svo sem þegar forsjárforeldri neitar forsjárlausu foreldri um rétt sinn. Þannig stuðla lögin að því að barni einstæðs foreldris sé í flestum tilvikum tryggður jafnlangur réttur til samvista við foreldra á fyrstu mánuðum ævinnar og barni sambúðarforeldra. Nefndin lítur hins vegar svo á að brýnt sé að kanna betur stöðu einstæðra foreldra og beinir því til félagsmálaráðherra að kanna hvort ástæða sé til að setja í lög sérstök ákvæði um þetta atriði. Einnig væri rétt að kanna hvort í einstökum undantekningartilvikum væri unnt að veita þessum hópi rétt til lengra fæðingarorlofs. Jafnframt áréttar nefndin að þegar reynsla verður komin á hvort karlar nýti rétt sinn til fæðingarorlofs megi búast við að lögbundinni skiptingu þess tíma sem veittur er til fæðingarorlofs verði aflétt. Þá verður réttur forsjárforeldris sem ekki veitir forsjárlausu foreldri rétt til töku fæðingarorlofs jafngildur rétti sambúðarforeldra.

Töluvert var rætt í nefndinni hvort rétt væri að skilyrða töku fæðingarorlofs því að það væri nýtt áður en barn næði 18 mánaða aldri. Ýmis rök mæla með því að sveigjanleiki verði aukinn og þessi tími lengdur, en jafnframt var bent á það sjónarmið að það væri hagur barns að njóta sem mestra samvista við foreldra sína fyrstu mánuði ævinnar. Að svo búnu gerir nefndin því ekki tillögu til breytinga en bendir á að þetta atriði sé eitt þeirra sem athugað verði við endurskoðun laganna.

Með því að binda það í lög að foreldri í fæðingarorlofi fái 80% meðaltals heildarlauna í greiðslur í fæðingarorlofi má búast við að foreldrar hafi möguleika á að vera lengur heima hjá börnum sínum fyrst eftir fæðingu þeirra, sem og að tekjuháir einstaklingar sjái sér frekar fært að taka orlof frá vinnu til þess að sinna barni sínu. Staða kynjanna hvað varðar greiðslu fæðingarstyrks þegar foreldrar eru í námi eða utan vinnumarkaðar er einnig jöfnuð. Hvað varðar fjármögnun greiðslna í fæðingarorlofi bendir nefndin á að samkvæmt frumvarpinu verður Fæðingarorlofssjóður fjármagnaður með hluta af tryggingagjaldi og vöxtum af innstæðufé sjóðsins. Gert er ráð fyrir að sá hluti tryggingagjalds sem rennur til fæðingarorlofs lækki samsvarandi þann hluta tryggingagjalds sem rennur til atvinnuleysistrygginga. Athugasemdir komu fram um það hvort rétt væri að setja ákvæði þess efnis að tekjur foreldra mættu ekki fara yfir ákveðið hámark til þess að þeir nytu fullra greiðslna í fæðingarorlofi. Í þessu sambandi var minnst á misnotkun ákvæða frumvarpsins þannig að þeir sem ættu von á barni ykju vinnuframlag sitt í því skyni að auka tekjur svo að miðað yrði við hærri heildarlaun við útreikning orlofs. Nefndin bendir á áhrif tekjuskatta og missis ýmissa tekjutengdra bóta og tryggingagjalds á slíkar tilfærslur og lítur svo á að þessi hætta sé minni en ávinningurinn af því að hvetja karla, sem oft hafa hærri laun en konur, til töku fæðingarorlofs. Athugasemdir voru einnig gerðar við hvernig forsendur útreiknings fæðingarorlofs væru hugsaðar, en miðað er við meðaltal heildarlauna á 12 mánaða samfelldu tímabili sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Í frumvarpinu er skilgreint hvað teljist til launa, þ.e. hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Lítil ástæða er því til að ætla að ágreiningur verði um þetta atriði. Jafnframt bendir nefndin á að makar bænda sem ekki eru formlega skráðir sem aðilar að búrekstri og starfa ekki heldur utan búsins hafa ákveðna sérstöðu þar sem þeir eru hvorki skilgreindir sem starfsmenn hjá búinu né sjálfstætt starfandi atvinnurekendur.

Bent var á það í nefndinni að sparnaður yrði hjá sveitarfélögum og fjármálafyrirtækjum vegna greiðslu fæðingarorlofs. Einnig var bent á að sparnaður gæti orðið hjá sveitarfélögum

vegna reksturs leikskóla og greiðslna til dagmæðra og hjá foreldrum vegna leikskólagjalda og greiðslna til dagmæðra.

Ákvæði frumvarpsins um sjálfstæðan rétt hvors foreldris til foreldraorlofs eru til mikilla bóta að mati nefndarinnar sem lítur svo á að þau muni gera foreldrum hægara um vik að gera hlé á vinnu um lengri eða skemmri tíma til þess að sinna börnum sínum, njóta samvista við þau og taka virkari þátt í uppeldi þeirra. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að taka foreldraorlofs hefjist í beinu framhaldi af fæðingarorlofi foreldris, m.a. af þeirri ástæðu að erfitt getur verið að fá daggæslu fyrir ungt barn eða aðstæður eru þannig að foreldrar treysta sér ekki til að senda það strax í gæslu. Ákvæði um foreldraorlof taka einnig til barna sem fædd eru, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 1998 eða síðar. Sjálfstæður réttur stofnast fyrir hvert fætt barn, þó með þeim takmörkunum að ekki er hægt að taka út meira en einfalt foreldraorlof, 13 vikur, á hverju tólf mánaða tímabili. Nefndin vekur athygli á því að réttur til foreldraorlofs tryggir foreldrum ekki greiðslur frá vinnuveitanda í orlofi, heldur einungis rétt til starfs síns að því loknu. Nefndin bendir jafnframt á að til þess að auðvelda vinnuveitendum að halda utan um þann tíma sem starfsmenn eru fjarverandi vegna foreldraorlofs væri unnt að útbúa sérstakt eyðublað sem vinnuveitendur útfylltu jafnóðum og fylgdi starfsmanni á sama hátt og skattkort. Þá væri komið í veg fyrir ágreining og óvissu um réttindi við starfsskipti.

Þar sem frumvarpið tekur til allra á vinnumarkaði jafnar það muninn sem nú er á rétti opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa hjá einkafyrirtækjum. Í umsögn Samtaka atvinnulífsins kom fram að þetta væri brýnt, sem og það að eðlilegt væri að einn nefndarmaður í úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála væri skipaður í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Jafnframt var bent á að samkomulag við vinnuveitanda væri forsenda þess að fæðingarorlofi væri skipt niður á fleiri tímabil eða það tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Slíkt fyrirkomulag sem gæti verið beggja hagur væri undir því komið að því yrði við komið starfsins vegna.

Að mati Alþýðusambands Íslands tekur frumvarpið á mörgum atriðum sem snúa að réttindum foreldra á almennum vinnumarkaði, m.a. rétti þungaðra kvenna og mæðra með börn á brjósti. Alþýðusambandið hefur eins og Samtök atvinnulífsins nokkrar áhyggjur af stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs komi til samdráttar í efnahagslífinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 3. maí 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Ólafur Örn Haraldsson.	Kristján L. Möller.	Kristján Pálsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Drífa Hjartardóttir.	Jónína Bjartmarz.

1153. Svar [621. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um skil á vottuðum landbúnaðarafurðum.

1. *Hversu margir bændur hafa skilað vottuðum afurðum (vistvænum og lífrænum) á árinu 1999? Svar óskast sundurgreint eftir:*
   a. *mjólkurafurðum,*
   b. *sauðfjárafurðum,*
   c. *matjurtaafurðum.*

Árið 1999 höfðu 29 bændur fengið vottun lífrænnar framleiðslu matvæla og 388 vottun framleiðslu vistvænna matvæla (aðallega kindakjöts). Lífræna vottun höfðu tólf framleiðendur sauðfjárafurða, fjórtán framleiðendur matjurtaafurða og þrír mjólkurframleiðendur. Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um innlagt magn afurða.

2. *Hvert var skilaverð til bænda fyrir þessar afurðir?*

Skilaverð til bænda fyrir lífrænar og vistvænar afurðir er samkomulagsatriði milli viðkomandi framleiðanda og afurðastöðvar. Ekki eru tiltækar upplýsingar um skilaverð fyrir vistvænt vottað kindakjöt. Skilaverð fyrir útflutt lífrænt dilkakjöt var á bilinu 200–240 kr./kg árið 1999. Afurðastöðvar greiða 15% hærra verð fyrir lífræna mjólk en hefðbundna. Engra upplýsinga er aflað um skilaverð til bænda fyrir matjurtaafurðir.

1154. Svar [622. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um útflutning á fullunnu dilkakjöti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið var flutt út af fullunnu dilkakjöti á árunum 1995–99 og hvert var skilaverð til bænda fyrir þennan útflutning?

Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá opinberum aðilum um útflutning á fullunnu dilkakjöti einu og sér. Hins vegar liggja fyrir upplýsingar á umræddu tímabili um heildarútflutning á fullunnu kindakjöti samkvæmt skilgreiningu eftir tollskrárnúmerum. Sjá nánar meðfylgjandi töflur. Þá liggja ekki fyrir tölur um skilaverð til bænda fyrir þennan útflutning en upplýsingar liggja fyrir um fob-verðmæti útflutningsins sem deilt hefur verið niður á meðaltalseiningaverð, kr./kg.

Útflutningur á unnu kindakjöti 1995–1999.

Toll-flokkur	Kg	Fob-verðmæti	Meðalverð, kr./kg	Texti
1995				
02109021	3.646	996.542	273	Saltað og úrbeinað kindakjöt
02109029	2.625	808.635	308	Annað saltað kindakjöt
02109031	104	69.335	667	Beinlaust hangikjöt
02109039	82	55.859	681	Annað hangikjöt
Samtals	*6.457*	*1.930.371*	*299*	
1996				
02109021	2.333	595.029	255	Saltað og úrbeinað kindakjöt
02109029	17.149	5.243.416	306	Annað saltkjöt
02109031	1.568	841.157	536	Úrbeinað hangikjöt
16029011	974	662.002	680	Unnar kjötvörur, úr dilkakjöti, þ.m.t. framleiðsla úr hvers konar dýrablóði, sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
16029019	78	37.042	475	Aðrar unnar kjötvörur, úr dilkakjöti, þ.m.t. framleiðsla úr hvers konar dýrablóði
Samtals	*22.102*	*7.378.646*	*334*	
1997				
02109021	3.666	733.264	200	Saltað og úrbeinað kindakjöt
02109029	12.968	3.099.924	239	Annað saltkjöt
02109031	534	178.091	334	Úrbeinað hangikjöt
02109039	1.202	878.447	731	Annað hangikjöt
Samtals	*18.370*	*4.889.726*	*266*	
1998				
02109029	18.910	4.410.993	233	Annað saltkjöt
02109031	352	222.932	633	Úrbeinað hangikjöt
02109039	5.327	944.832	177	Annað hangikjöt
16029011	766	464.305	606	Unnar kjötvörur, úr dilkakjöti, þ.m.t. framleiðsla úr hvers konar dýrablóði, sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
Samtals	*25.355*	*6.043.062*	*238*	

Útflutningur á unnu kindakjöti 1995–1999.

Toll-flokkur	Kg	Fob-verðmæti	Meðalverð, kr./kg	Texti
1999				
02109029	12.066	2.757.133	229	Annað saltkjöt
02109031	87	62.725	721	Úrbeinað hangikjöt
02109039	8.395	1.441.093	172	Annað hangikjöt
16029011	424	168.846	398	Unnar kjötvörur, úr dilkakjöti, þ.m.t. framleiðsla úr hvers konar dýrablóði, sem í er > 60% kjöt o.þ.h.
16029019	1.436	1.251.905	872	Aðrar unnar kjötvörur, úr dilkakjöti, þ.m.t. framleiðsla úr hvers konar dýrablóði
Samtals	*22.408*	*5.681.702*	*254*	

1155. Svar [626. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um aflahlutdeildarkerfi við loðnuveiðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvenær var aflahlutdeild, þ.e. úthlutun á leyfðum hámarksafla skips, tekin upp í loðnuveiðum við Ísland?*
2. *Hvaða reglur giltu við upphaflegu úthlutunina?*
3. *Hvaða breytingar hafa verið gerðar á úthlutunarreglum síðan?*

Samkomulag var gert milli Íslands og Noregs í júní 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál. Í því var m.a. kveðið á um skiptingu landanna á leyfilegri heildarveiði úr loðnustofninum á hafsvæðinu milli Íslands, Grænlands og Jan Mayen. Ákveðið var að skipta hlut Íslands milli skipa sem þá stunduðu loðnuveiðar. Var 50% skipt jafnt milli skipanna en 50% á grundvelli burðargetu þeirra. Tók þetta fyrirkomulag við stjórn veiðanna gildi fyrir upphaf loðnuvertíðarinnar 1980/1981.

Fyrir loðnuvertíðina 1985/1986 lagði stjórn LÍÚ til að skiptingunni yrði breytt þannig að 67% hlutum yrði skipt jafnt en 33% á grundvelli burðargetu. Var orðið við því.

Ekki voru frekari breytingar gerðar á skipan þessara mála fyrir gildistöku laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, 1. janúar 1991. Með þeim var aflahlutdeild einstakra skipa í loðnu lögbundin. Segir í 1. mgr. ákvæðis IV til bráðabirgða við lögin: „Aflahlutdeild til veiða á loðnu, síld og humri skal úthlutað á grundvelli hlutdeildar viðkomandi skips í heildarúthlutun á því veiðitímabili eða vertíð er síðast lauk áður en lög þessi koma til framkvæmda.“ Ekki hafa verið gerðar breytingar á úthlutun aflahlutdeilda í loðnu frá gildistöku laganna.

1156. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um könnun á læsi fullorðinna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rannveigu G. Lund frá lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands, Ingibjörgu E. Guðmundsdóttur frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Fjölni Ásbjörnsson frá Iðnskólanum í Reykjavík, Guðna Kolbeinsson frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, Ólaf Finnbogason frá Vinnumálastofnun og Elvu Björk Benediktsdóttur frá Dyslexíufélaginu.

Tillaga þessi var áður flutt á 123. löggjafarþingi og þá bárust umsagnir frá Iðnskólanum í Reykjavík, lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Hinu húsinu – menningar- og upplýsingamiðstöð ungs fólks, Vinnuklúbbnum og Menningar- og fræðslusambandi alþýðu.

Með tillögunni er lagt til að menntamálaráðherra láti fara fram könnun á læsi Íslendinga. Lagt er til að könnunin verði gerð á árunum 2000 og 2001 og taki til aldurshópanna 18–67 ára. Þá verði við undirbúning og framkvæmd haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Fram kom í máli gesta og í umsögnum að mikil sátt ríkir um tillöguna og leggur nefndin til að hún verði **samþykkt** óbreytt.

Tómas Ingi Olrich var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2000.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Svanfríður Jónasdóttir.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Ólafur Örn Haraldsson.		Árni Johnsen.

1157. Nefndarálit [524. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Örlygsson, Svein Þorgrímsson, Guðjón Axel Guðjónsson og Eyvind Gunnarsson frá iðnaðarráðuneyti, Þorkel Helgason frá Orkustofnun, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins og Sigurð Helgason frá Björgun ehf. Umsagnir bárust um málið frá Orkustofnun, sjávarútvegsráðuneyti, umhverfisráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, Hafrannsóknastofnuninni, skrifstofu rektors Háskóla Íslands og Björgun ehf.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði um heimild iðnaðarráðherra til að ákveða eða gera samninga um endurgjald fyrir hagnýtingu auðlinda hafsbotnsins innan íslenskrar lögsögu.

Nefndin lítur svo á að sú heimild sem iðnaðarráðherra er fengin með ákvæðum frumvarpsins sé til þess fallin að koma á samræmi milli reglna um meðferð og nýtingu auðlinda Íslands, en í þjóðlendulögum, nr. 58/1998, er að finna ákvæði um heimild forsætisráðherra eða sveitarstjórnar eftir atvikum til að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir þá nýtingu réttinda sem heimiluð er samkvæmt lögunum.

Nefndin bendir á að með ákvæðum frumvarpsins er réttur þeirra sem nú hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni ekki skertur að neinu leyti. Þeim aðilum er frjálst að sækja um leyfi á ný og eðlilegt að það verði veitt að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í frumvarpinu.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Að hluta er um að ræða orðalagsbreytingar, en lagðar eru til eftirfarandi efnisbreytingar.

1. Lagt er til að netlög í stöðuvatni verði ekki skilgreind sérstaklega þar sem frumvarpið tekur eingöngu til hafsbotnins og því aðeins þörf á að skilgreina netlög í sjó.
2. Lagt er til að möguleikar til ráðstöfunar tekna af leyfum sem ráðherra veitir samkvæmt frumvarpinu verði þrengdir þannig að þeim skuli að jafnaði varið til hafsbotns- og landgrunnsrannsókna.

3. Tillaga er gerð um að bætt verði við 4. gr. laganna nýrri málsgrein þess efnis að við veitingu leyfa samkvæmt lögunum skuli gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.
4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem þegar hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni haldi þeim í tvö ár frá gildistöku laganna. Sanngirnisrök þykja mæla með því að þessi frestur verði framlengdur í fimm ár.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ásta R. Jóhannesdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2000.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Drífa Hjartardóttir.	Árni Steinar Jóhannsson.	Árni R. Árnason.

Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.

1158. Breytingartillögur [524. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og“ falli brott.
2. Við 3. gr. 2. málsl. efnismálsgreinar orðist svo: Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbotns- og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
3. Við bætist ný grein er verði 4. gr., svohljóðandi:
   Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.
4. Við 4. gr. (er verði 5. gr.). Í stað orðanna „þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um vinnsluleyfi“ í 2. efnismgr. komi: í umsókn um vinnsluleyfi.
5. Við 5. gr. (er verði 6. gr.). Í stað orðanna „skulu halda þeim leyfum í tvö ár“ í efnismálsgrein komi: skulu halda þeim í fimm ár.

1159. Nefndarálit [399. mál]

um frv. til. l. um breyt. á l. um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, nr. 27/1995.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti og Baldvin Jónsson frá Áformi – átaksverkefni. Umsagnir bárust um málið frá Búnaðarsambandi Suðurlands, Bændasamtökum Íslands, Ferðamálaráði Íslands, Fiskistofu, Samtökum verslunar og þjónustu, Útflutningsráði Íslands og Vottunarstofunni Túni hf., Áformi – átaksverkefni og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárveiting til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða verði framlengd til ársins 2002. Frá og með árinu 1995 hafa 25 millj. kr. runnið til þessa verkefnis árlega. Þessu fé hefur verið varið til margvíslegra rannsóknar- og tilraunaverkefna sem talin hafa verið í samræmi við markmið laganna.

Nefndin telur mikilvægt að styrkja og styðja við framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða og lítur svo á að það starf sem unnið hefur verið á vegum verkefnisins hafi verið til bóta hvað það varðar. Nefndin bendir á að setja þarf skýrari vinnureglur um starfsemi verkefnisins og notkun þess fjár sem það fær til umráða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2000.

Hjálmar Jónsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Einar Már Sigurðarson.
Drífa Hjartardóttir.	Guðmundur Árni Stefánsson.	Guðjón Guðmundsson.
Þuríður Backman, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.	

1160. Breytingartillaga [258. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Við 2. gr.

a. Í stað orðanna „og krá“ í e-lið komi: dansstað og krá.
b. Við bætist nýr stafliður er verði i-liður, svoljóðandi: Í stað orðanna „32. tölul. og b–e-liðum 33. tölul.“ í 34. tölul., er verður 42. tölul., kemur: 40. tölul. og b–e-liðum 41. tölul.

1161. Fyrirspurn [634. mál]

til sjávarútvegsráðherra um samstarf við skipstjóra um veiðar úr botnfiskstofnum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Hyggst ráðherra efna til víðtækara samstarfs við skipstjóra fiskiskipa um ákvarðanir um veiðar úr botnfiskstofnunum í ljósi vísbendinga um lélegt ástand þeirra og viðvarana skipstjórnarmanna frá síðasta vori?

Ef svo er, á hvaða stigi verður leitað til skipstjóranna?

1162. Nefndarálit [557. mál]

um frv. til l. um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund þau Kristínu L. Árnadóttur og Sigurð Þráinsson frá umhverfisráðuneyti og Kolbein Árnason frá sjávarútvegsráðuneyti. Umsagnir bárust frá Hafrannsóknastofnuninni, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins og Líffræðistofnun Háskólans.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja samningsskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist með því að gerast aðili að samningnum um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 3. janúar sl.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að meginefnisreglur samkvæmt samningnum um framkvæmd hans verði settar í reglugerð. Af þeirri ástæðu telur nefndin eðlilegt að ráðuneytunum verði ákveðinn frestur til að setja reglugerðirnar og leggur til þá breytingu við frumvarpið að í ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um að reglugerðirnar skuli setja innan sex mánaða frá gildistöku laganna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
Reglugerðir skv. 4. gr. skal setja innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Alþingi, 3. maí 2000.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm. Gunnar Birgisson. Kristján Pálsson.

Katrín Fjeldsted. Ásta Möller.

1163. Nefndarálit [312. mál]

um till. til þál. um skipan nefndar til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og telur mikilvægt að tillögur í þá veru sem felast í þingsályktunartillögunni verði mótaðar.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar.

Lúðvík Bergvinsson, Ólafur Örn Haraldsson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Hjálmar Jónsson.	Sverrir Hermannsson.	Katrín Fjeldsted.

1164. Frumvarp til laga [635. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sveitarstjórnir í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku skulu láta meta hættu á ofanflóðum.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Beiðni sveitarstjórnar um gerð hættumats skal berast umhverfisráðherra og skipar hann fjögurra manna nefnd sem stýrir gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi, hættumatsnefnd. Skulu tveir fulltrúar skipaðir samkvæmt tilnefningu frá sveitarstjórn, en ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar í nefndina og skal annar þeirra vera formaður og hafa oddaatkvæði falli atkvæði jöfn. Hættumatsnefnd ákveður í samráði við sveitarstjórn til hvaða svæða hættumat skuli ná. Hættumatsnefnd kynnir tillögur að endanlegu hættumati í samráði við sveitarstjórn þegar þær berast frá Veðurstofu Íslands og gengur frá hættumati til staðfestingar ráðherra. Ráðherra setur reglur um skipan og starf hættumatsnefndar.

c. 2. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo:

Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum ofanflóða að beiðni hættumatsnefndar og skal gerður um það samningur.

2. gr.

1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats, þ.m.t. kostnað við starfsemi hættumatsnefnda skv. 4. gr. og við gerð uppdrátta skv. 6. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að kveðið verði á um skipan og hlutverk hættumatsnefnda í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997. Í reglum um gerð og notkun hættumats, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, sem umhverfisráðherra skal setja á grundvelli 4. gr. laganna, skal nánar kveðið á um hlutverk og starf hættumatsnefnda. Rétt þykir að hættumatsnefndir hafi skýra stoð í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og er það markmiðið með frumvarpi þessu.

Samkvæmt frumvarpinu skulu sveitarstjórnir í viðkomandi sveitarfélagi hafa frumkvæði að því að láta meta hættu á ofanflóðum líkt og er í núgildandi lögum. Lagt er til að sveitarstjórn óski eftir því við umhverfisráðherra að hættumat verði gert. Hér er um breytingu að ræða frá núgildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að beiðni sveitarstjórnar skuli berast Veðurstofu Íslands. Lagt er til að umhverfisráðherra skipi hættumatsnefnd í framhaldi af beiðni sveitarstjórnar og er henni ætlað að stýra gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi. Hættumatsnefndum er ætlað stjórnsýsluhlutverk við gerð hættumats, sem felur í sér að hafa umsjón með vinnu við gerð þess og vera tengiliður sveitarstjórna og Veðurstofu Íslands vegna framkvæmdar við gerð þess. Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats samkvæmt gildandi lögum og skal hættumatsnefnd leggja fram beiðni til Veðurstofunnar um gerð hættumats og semja um nánari framkvæmd þess við stofnunina, svo sem um verktíma og kostnað. Lagt er til að hættumatsnefnd ákveði yfir hvaða svæði hættumat skuli taka, í samráði við sveitarstjórn. Þegar tillaga að hættumati berst frá Veðurstofu Íslands skal hættumatsnefnd kynna tillögu að endanlegu hættumati í samráði við viðkomandi sveitarstjórn. Að lokum er lagt til að hættumatsnefnd gangi frá hættumati til staðfestingar ráðherra.

Að síðustu er lagt til að kostnaður vegna starfsemi hættumatsnefnda verði greiddur af ofanflóðasjóði.

1165. Nefndarálit [559. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (nálgunarbann).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason og Björgu Thorarensen frá dómsmálaráðuneyti og Rúnu Jónsdóttur frá Stígamótum. Umsagnir um málið bárust frá Lögmannafélagi Íslands, Stígamótum, dómstólaráði, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Landssambandi lögreglumanna og ríkissaksóknara.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði til að vernda þá sem hafa orðið fyrir ofsóknum og ógnunum með því að leggja bann við að sá sem ofsækir eða ógnar komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með einhverju móti í samband við þann sem bannið verndar.

Nefndin ræddi nokkuð þá málsmeðferð sem lögð er til í frumvarpinu. Lagt er til að lögregla geri kröfu til dómara um nálgunarbann og í framhaldi af því ákveði dómari þinghald til að taka kröfuna fyrir og gefi út kvaðningu á hendur þeim sem krafan beinist að. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að þetta verði virkt úrræði þannig að það veiti þá vernd sem að er stefnt og að málsmeðferð gangi hratt fyrir sig hjá lögreglu og dómstólum en þó þannig að hagsmuna þess sem sæta á banninu verði ætíð gætt. Við umfjöllun málsins var rætt hvort ástæða væri til að veita þeim sem óskað hefur eftir því við lögreglu að úrræðinu verði beitt, en fær synjun, sjálfstæða heimild til að óska úrskurðar dómara um það. Niðurstaða nefndarinnar er að heppilegt sé að þessi mál séu í umsjá lögreglu. Telur nefndin að til þess að úrræðið veiti nægilega vernd geti komið til greina að lögregla geri kröfu um nálgunarbann þó að hún telji að um vafatilvik sé að ræða í þeim tilgangi að fá úrskurð dómara um hvort rétt sé að beita banninu. Þá bendir nefndin á að synjun lögreglu um að krefjast nálgunarbanns er kæranleg til dómsmálaráðuneytis. Nefndin leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að lögreglumenn séu vel upplýstir um þetta úrræði og beinir hún því til dómsmálaráðherra að sjá til þess að fjallað verði um það í tengslum við menntun og endurmenntun lögreglumanna eða að fram fari fræðsla um það með öðrum hætti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Ásta Möller, Sverrir Hermannsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Katrín Fjeldsted.
Ólafur Örn Haraldsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Hjálmar Jónsson.

1166. Nefndarálit [556. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Kristínu L. Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá sveitarstjórn Norður-Héraðs, byggðaráði Búðahrepps, Bændasamtökum Íslands, Skotveiðifélagi Íslands, Náttúrustofu Austurlands, Náttúruvernd ríkisins, bæjarstjórn Austur-Héraðs, Náttúrufræðistofnun Íslands, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, sveitarstjórn Fljótsdalshrepps, bæjarstjórn Fjarðabyggðar, veiðistjóraembættinu og Skúla Magnússyni.

Frumvarpið er að mestu leyti í samræmi við tillögur nefndar sem umhverfisráðherra skipaði í nóvember á síðasta ári til að endurskoða ákvæði laganna um hreindýraveiðar. Meðal þess sem lagt er til í frumvarpinu eru breytingar á skipan hreindýraráðs, að fjallað verði um hlutverk ráðsins í lögunum í stað reglugerðar, breytingar á ráðstöfun leyfisgjalds af veiðum hreindýra og breytingar á fyrirkomulagi veiðileyfa.

Við umfjöllun málsins í nefndinni komu fram athugasemdir við þá breytingu sem gerð er á tillögu hinnar ráðherraskipuðu nefndar og kemur fram í 7. efnismgr. 1. gr. um að veiðistjóri annist vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum í stað Náttúrustofu Austurlands. Hreindýrastofninn er staðbundinn stofn á starfssvæði Náttúrustofunnar sem jafnframt hefur það hlutverk að stuðla að almennum rannsóknum á náttúru landshlutans. Nefndin mælir með því að stofnuninni verði falið þetta verkefni í stað veiðistjóra eins og nefndin lagði til í upphafi og leggur til breytingu á frumvarpinu í samræmi við það. Nefndin leggur jafnframt til að í stað Náttúrustofu Austurlands tilnefni veiðistjóri fulltrúa í hreindýraráð þar sem hún telur ekki eðlilegt að aðili sem annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum geti einnig tilnefnt fulltrúa í ráðið. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að a.m.k. einn aðili í ráðinu hafi líffræðimenntun eins og lagt er til í frumvarpinu eða aðra svipaða menntun, t.d. dýralæknismenntun, og leggur til að sá fulltrúi sem veiðistjóri tilnefnir hafi slíkan bakgrunn.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „Náttúrustofa Austurlands einn og skal hann vera líffræðingur“ í 3. efnismgr. komi: veiðistjóri einn og skal hann vera líffræðingur eða með sambærilega menntun.
b. 7. efnismgr. orðist svo:
   Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðum, sbr. lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Af hverju felldu dýri skal greiða sérstakt gjald til þess að standa undir vöktun stofnsins og ákveður ráðherra upphæð gjaldsins, sbr. 2. mgr.

Össur Skarphéðinsson og Ísólfur Gylfi Pálmason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2000.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Ásta Möller.
Katrín Fjeldsted.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir.
	Gunnar Birgisson.	

1167. Nefndarálit [490. mál]

um frv. til l. um breyt. á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Vilborgu Þ. Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Georg Lárusson og Kristínu Völ-

undardóttur frá Útlendingaeftirlitinu og Harald Briem sóttvarnalækni frá landlæknisembættinu.

Umsagnir bárust frá Útlendingaeftirlitinu, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, landlækni, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Heilsugæslunni í Reykjavík, Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, yfirdýralækni, héraðslækninum í Reykjavík, Læknafélagi Íslands og Hollustuvernd ríkisins.

Frumvarp þetta var m.a. samið til að bregðast við tillögum nefndar sem umhverfisráðherra skipaði til að kanna framkvæmd mála vegna útbreiðslu kampýlóbakter. Tillögurnar felast fyrst og fremst í breytingum til að tryggja að gripið verði til samræmdra aðgerða þegar hætta er talin á útbreiðslu smitnæmra sjúkdóma sem ógnað geta heilsu manna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipi í þessum tilgangi sérstaka samstarfsnefnd sem hafi það hlutverk að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með aðgerðum svo að hægt sé að meta og uppræta smithættu. Samkvæmt frumvarpinu skal nefndin hafa aðgang að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og geti hún fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Hún tæki til starfa þegar neyðarástand skapaðist og hefði víðtækar heimildir til að tryggja markviss viðbrögð þegar grípa þarf til samræmdra aðgerða. Lagt er til að nefndin verði skipuð þremur mönnum, sóttvarnalækni, sem verði jafnframt formaður nefndarinnar, einum manni tilnefndum af Hollustuvernd ríkisins og öðrum tilnefndum af yfirdýralækni.

Þá er í frumvarpinu kveðið skýrar á um ábyrgð sóttvarnalæknis en í núgildandi lögum og um kostnað við framkvæmd sóttvarnalaga og greiðsluhlutdeild sjúklinga. Gert er ráð fyrir að heimilt verði með reglugerð að veita undanþágur frá greiðsluhlutdeild sjúklinga, sbr. 5. gr.

Samkvæmt 4. gr. verður heimilt að setja reglugerð um að fólk sem kemur til landsins skuli sæta læknisrannsókn ef tilmæli berast um það frá sóttvarnalækni og hann telur að slíkt sé nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu næmra sótta sem ógnað geta almannaheill. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu hefur skapast sú vinnuregla hjá Útlendingaeftirlitinu að krefja þá sem ekki eru af Evrópska efnahagssvæðinu og sækja um dvalarleyfi, hæli og/eða atvinnuleyfi hér um heilbrigðisvottorð áður en umsókn er yfirfarin. Þess hefur verið krafist að vottorðið sé nýlegt og gefið út af íslenskum lækni. Til þessa hefur Útlendingaeftirlitið stuðst við tilmæli og dreifibréf frá landlæknisembættinu í þessum málum. Engin skýr lagaheimild hefur verið fyrir slíkri kröfu. Nái framangreindar breytingar frumvarpsins fram að ganga mun Útlendingaeftirlitið framvegis starfa, með tilliti til sóttvarna, á grundvelli reglugerða sem settar verða með stoð í 14. gr. laganna. Í 4. gr. er ekki gerður greinarmunur á því hvort fólk kemur til landsins frá ríkjum innan eða utan EES. Nú þegar gilda hins vegar ákveðnar reglur um þá sem eru frá ríkjum innan EES, samkvæmt EES-samningnum og ESB-tilskipunum sem hafa verið teknar inn í samninginn. Af þeirri ástæðu miðast reglugerðarheimild þessi við þá sem koma frá ríkjum utan EES. Í nefndum reglugerðum verður kveðið á um hverjir þurfi að sæta læknisrannsókn og um hvers konar rannsóknir sé að ræða, byggt á upplýsingum um tiltekin lönd eða landsvæði og næmum sóttum sem þar hefur orðið vart.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. gr.
2. Lagt er til að við upptalningu í 2. gr. verði bætt orðinu „starfsemi“. Breytingin þykir vera til frekari skýringar á ákvæðinu en nauðsynlegt er að sóttvarnalæknir geti gripið inn í starfsemi sem getur stuðlað að dreifingu á ýmsum smitnæmum sjúkdómum. Hér undir geta t.d. fallið snyrtistofur, húðflúrstofur og læknastofur.
3. Jafnframt er gerð tillaga um að orðið „hópar“ í 4. gr. falli brott. Þegar frumvarpið var

lagt fram var ætlunin með því að tala um hópa sú að draga fram að umræddum reglugerðum væri ætlað að ná almennt til fólks sem kemur til landsins frá tilteknum löndum eða landsvæðum þar sem næmra sótta hefur orðið vart en ekki að beinast að tilteknum einstaklingum. Nefndin telur orðið „hópa“ í ákvæðinu geta valdið misskilningi um tilgang og markmið ákvæðisins og bjóða jafnframt upp á of þrönga túlkun og leggur því til framangreinda breytingu.

4. Lögð er til breyting á 18. gr. laganna, þannig að kveðið verði á um heimild ráðherra til setningar reglugerðar um læknisrannsókn eftir tilmælum sóttvarnalæknis skv. 14. gr. laganna.

Ásta Möller og Þuríður Backman voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2000.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Tómas Ingi Olrich.

Jón Kristjánsson.

1168. Breytingartillögur [490. mál]

við frv. til l. um breyt. á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 1. gr. Orðið „læknir“ í fyrri málslið efnismálsgreinar falli brott.
2. Við 2. gr. Á eftir orðinu „matvæli“ í 1. málsl. efnismálsgreinar komi: starfsemi.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „um að þeir hópar sem koma til landsins“ komi: um að þeir sem koma til landsins.
4. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir orðunum „opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr.“ í 1. málsl. 18. gr. laganna kemur: heimild til að kveða á um læknisrannsókn eftir tilmælum sóttvarnalæknis skv. 14. gr.

1169. Nefndarálit [585. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996.

Samningurinn gerir ráð fyrir alþjóðlegu eftirlitskerfi 321 stöðvar í 89 löndum víðs vegar um heiminn. Kerfið er tvískipt, aðalkerfi og varakerfi, og verða tvær framangreindra stöðva á Íslandi til mælinga á geislavirkni og jarðhræringum. Stöð til mælinga á geislavirkni sem tilheyrir aðalkerfinu verður á Rjúpnahæð en stöð til jarðskjálftamælinga, sem Veðurstofa Íslands mun hafa umsjón með, í nágrenni við Borgarnes og er henni ætlað að þjóna varakerfinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 3. maí 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Jónína Bjartmarz.	Steingrímur J. Sigfússon.
Sighvatur Björgvinsson.		Jóhann Ársælsson.

1170. Nefndarálit [461. mál]

um till. til þál. um ályktanir Vestnorræna ráðsins.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneyti, og Árna Johnsen, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna ráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins á Brjánsstöðum á Skeiðum 9.–12. ágúst 1999.

Alþingi, 4. maí 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Kristján Pálsson.	Jónína Bjartmarz.	Steingrímur J. Sigfússon.
Margrét Frímannsdóttir.		Jóhann Ársælsson.

1171. Svar [609. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um erfðafjárskatt.

1. *Hve háar upphæðir innheimtir ríkissjóður sem erfðafjárskatt miðað við eftirfarandi flokkun:*
   a. *börn og aðrir niðjar;*
   b. *foreldrar og niðjar þeirra;*
   c. *aðrir fjarskyldir og óskyldir?*

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds hefur ríkissjóður innheimt eftirfarandi upphæðir sem erfðafjárskatt á árunum 1990–99. Vakin er athygli á því að tölur fyrir árið 1999 eru samkvæmt bráðabirgðauppgjöri en aðrar tölur byggjast á ríkisreikningi.

Ár	Kr.
1999	598.635.700
1998	523.077.489
1997	478.681.813
1996	460.064.441
1995	389.087.128
1994	407.543.848
1993	291.291.068
1992	272.093.675
1991	325.018.453
1990	234.226.392

Upplýsingar um það hvernig þessar upphæðir skiptast eftir skyldleika erfingja við arfleifanda liggja ekki fyrir sundurliðaðar. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisendurskoðun gæti slík sundurliðun fyrir árið 1999 í fyrsta lagi legið fyrir í þingbyrjun næsta haust.

2. *Hver er kostnaður ríkissjóðs af skiptum dánarbúa á ársgrundvelli?*

Samkvæmt upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti liggja ekki fyrir tölur um kostnað ríkissjóðs af skiptum dánarbúa á ársgrundvelli.

Kostnaður við einkaskipti er greiddur af eignum dánarbúsins og er kostnaður ríkissjóðs við einkaskipti því fyrst og fremst fólginn í kostnaði við rekstur sýslumannsembætta sem taka á móti og yfirfara einkaskiptagerðir og erfðafjárskýrslur og sinna öðrum verkefnum varðandi dánarbú sem þeim eru falin í lögum nr. 20/1991, um skipti dánarbúa o.fl. Kostnaður við opinber skipti er einnig greiddur af eignum búsins en hafi sýslumaður krafist opinberra skipta og eignir búsins hrökkva ekki fyrir skiptakostnaði fellur kostnaður á ríkissjóð. Sýslumaður krefst hins vegar alla jafna ekki opinberra skipta nema ljóst sé að eignir búsins dugi fyrir skiptakostnaði. Ef tilkynnandi andláts lýsir því yfir við sýslumanns að andvirði eigna búsins nemi ekki meira en kostnaði af útför hins látna er skiptum þess þá þegar lokið án frekari aðgerða og búið lýst eignalaust.

1172. Svar [504. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um mengunarmörk.

1. *Hefur ráðherra kynnt sér dóma sem fallið hafa í Bandaríkjunum á síðustu árum í málum sem varða brot á mengunarmörkum?*

Ráðuneytið hefur aflað sér upplýsinga um þessi mál í Bandaríkjunum, en samkvæmt þeim voru brotamenn á síðasta ári dæmdir í samtals 208 daga fangelsi vegna brota á umhverfislöggjöfinni. Sektir námu alls 166,7 milljónum dollara. Umhverfisstofnun Bandaríkjanna, EPA, vísaði alls 403 málum til dómskerfisins á síðasta ári. Ekki er unnt á þessu stigi að veita upplýsingar um hvaða mál um var að ræða, né um dóma í einstökum málum.

2. *Hefur verið athugað hvort um ámóta brot sé að ræða hér á landi? Hafi það ekki verið gert, þrátt fyrir ábendingar, hver er ástæðan?*

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um ábendingar um að bera saman umhverfislagabrot hér á landi og í Bandaríkjunum og það hefur ekki verið kannað sérstaklega. Tiltölulega óalgengt er að um brot á umhverfislöggjöf sé fjallað í dómskerfinu hér. Málum hefur þó fjölgað að undanförnu, enda hafa viðurlög við brotum á umhverfislöggjöf verið hert verulega, auk þess sem almennum hegningarlögum hefur nýlega verið breytt þannig að þau ná til slíkra brota. Ábendingar, kröfur og þvingunaraðgerðir eftirlitsaðila skila í flestum tilfellum fullnægjandi árangri.

3. *Til hvaða aðgerða hefur verið gripið af hálfu ráðuneytisins til að minnka mengun frá skipum, bátum og bifreiðum?*

Aðgerðir til að draga úr mengun frá skipum og bátum felast m.a. í setningu reglugerða, gerð leiðbeininga fyrir áhafnir og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi um varnir gegn mengun hafsins. Alþjóðlegur samningur um varnir gegn mengun sjávar frá skipum, MARPOL 73/78, nær til allra skipa, báta og annarra fljótandi fara. Ísland hefur staðfest I., II., III. og V. viðauka samningsins um varnir gegn olíumengun frá skipum, varnir gegn mengun frá varningi sem fluttur er í lausu og varningi sem fluttur er í pökkuðu formi og varnir gegn sorpmengun frá skipum. VI. viðauki, um varnir gegn loftmengun frá skipum, er nýr og er enn unnið að staðfestingu hans.

Gerðar eru sambærilegar kröfur og í nágrannalöndunum til að takmarka mengun frá bifreiðum. Í mengunarvarnareglugerðum er að finna ákvæði um leyfilegt magn tiltekinna mengunarefna í útblæstri bifreiða, auk ýmissa ákvæða sem miða að því að lágmarka umhverfisáhrif vegna hávaða og úrgangsefna, þ.m.t. spilliefna, vegna bifreiðaumferðarinnar og tengdrar starfsemi. Einnig hafa verið settar reglugerðir sem takmarka innihald tiltekinna efna í eldsneyti sem hefur áhrif á samsetningu útblásturslofts bifreiða. Reglugerðirnar eru settar með stoð í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og með hliðsjón af viðeigandi tilskipunum Evrópusambandsins. Heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins sjá um að ákvæðum reglugerðanna sé framfylgt. Fylgst er með að ákvæðum um útblástursmörk sé fylgt með mælingum við reglulega skoðun ökutækja. Árið 1998 var sett reglugerð um flutning á hættulegum farmi sem gildir um flutning á vegum og utan vega. Árið 1995 var sett reglugerð um starfsþjálfum stjórnenda ökutækja sem flytja tiltekinn hættulegan farm. Útgáfa beggja þessara reglugerða og reglugerða um gerð og búnað ökutækja er á vegum dómsmálaráðuneytisins.

4. *Eru fyrirhugaðar aðgerðir í kjölfar þess að sýnt hefur verið fram á að svonefndir hvarfakútar auka mengun (sbr. Mbl. 6. febrúar 2000) við ákveðin skilyrði?*

Árangur af notkun hvarfakúta er góður. Hvarfakúturinn þarf hins vegar að hafa náð ákveðnu hitastigi áður en hreinsivirkni verður viðunandi. Þannig virkar hvarfakútur ekki sem skildi fyrr en útblástursloft hefur náð að hita hann nægilega. Lausnir á þessu vandamáli eru fyrir hendi, þ.e. upphitun hvarfakútsins og hreyfils vélarinnar fyrir gangsetningu. Umhverfisráðherra hefur lýst yfir stuðningi við notkun hreyfilhitara og geta þeir sem sett hafa upp slíkan búnað fengið afslátt hjá Orkuveitu Reykjavíkur af rafmagnsverði til notkunar hreyfilhitarans. Hvarfakútar eru tiltölulega viðkvæmir. Til þess að þeir virki vel og endist eins og til er ætlast þarf að stjórna brennslu eldsneytisins nákvæmlega. Það stuðlar einnig að betri nýtingu eldsneytisins og dregur þar með úr mengun.

1173. Svar [455. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Margrétar K. Sverrisdóttur um þóknun LÍÚ fyrir innheimtu vátryggingariðgjalds.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur LÍÚ fengið í þóknun árlega fyrir innheimtu vátryggingariðgjalds (lög nr. 17/1976) síðustu tíu ár?

Ráðuneytið leitaði til Landssambands íslenskra útvegsmanna um svör við fyrirspurninni. Í svari sambandsins kemur fram að það hefur ekki haft þóknun fyrir umræddda innheimtu síðustu 10 ár. Árin 1977–82 greiddu vátryggingafélögin þóknun vegna Vátryggingasjóðs fiskiskipa sem var ákveðið hlutfall af greiðslum úr sjóðnum til félaganna. Þóknunin var ákveðin í samkomulagi LÍÚ og vátryggingafélaganna vegna umsjónar sambandsins með sjóðnum samkvæmt lögum nr. 17/1976.

Umrædd ár var hlutfall þóknunar LÍÚ frá vátryggingafélögunum sem hér segir:

1977	1978	1979	1980	1981	1982
0,5%	0,5%	0,35%	0,35%	0,35%	0,25%

Árið 1983 féll þessi þóknun niður.

1174. Svar [606. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Péturs Bjarnasonar um sæðisstöðvar Ríkisútvarpsins.

Ráðuneytið leitaði til Ríkisútvarpsins um svör við fyrirspurninni. Svör þess fara hér á eftir.

1. *Hvað hefur verið gert til eflingar dagskrárgerð á landsbyggðinni á því ári sem liðið er frá samþykkt þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 í mars 1999 þar sem ríkisfjölmiðlum er ætlað að efla starfsemi á landsbyggðinni, m.a. með aukinni dagskrárgerð og útsendingum frá starfsstöðvum Ríkisútvarpsins þar? Hvað er fyrirhugað að gera á næstunni?*

Í árangursstjórnunarsamningi ráðuneytisins og Ríkisútvarpsins sem undirritaður var 30. desember sl. eru m.a. sett fram eftirfarandi markmið um árangur og mælikvarða fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins á samningstímanum, þ.e. til ársloka 2002:

„A) **Standa að öflugri fréttaþjónustu og fréttaöflun á Íslandi og erlendis.**
Árangurskrafa: Endurhaga og styrkja fréttaöflunarkerfi Ríkisútvarpsins frá því sem nú er.
Mælikvarðar: Fyrir árslok 2000 skal þessari vinnu lokið.

B) Styrkja dreifikerfi.
Árangurskrafa: Styrkja dreifikerfið og bæta móttökuskilyrði þannig að bilunum fækki og sendistyrkur og öryggi dreifingar verði meira á viðkvæmum svæðum. RÚV geri áætlun um nýtingu gervitungla til að flytja útvarps- og sjónvarpsefni.

Mælikvarðar: Á árinu 2000 er gert ráð fyrir skráningu kvartana og fjölda útfalla. Á samningstímanum er gert ráð fyrir að fækka slíkum tilfellum um 10% miðað við árið 2000.

C) **Efla fjölþætta íslenska dagskrárgerð í byggðum landsins í samræmi við byggðaáætlun.**

Árangurskrafa: Auka efni frá landsbyggðinni.

Mælikvarðar: Gert er ráð fyrir að efni frá landsbyggðinni aukist um 5% á samningstímanum.“

Unnið er samkvæmt þessum samningi og er ástæðulaust að ætla annað en að framangreindum markmiðum verði náð.

Hinn 1. júlí 1999 hófust svæðisbundnar útsendingar á Suðurlandi sem Útvarp Suðurland á Selfossi annast fyrir Ríkisútvarpið samkvæmt þjónustusamningi. Þá var einnig á síðasta ári hafið samstarf við héraðsblaðið Skessuhorn í Borgarnesi um fréttir og pistla af Vesturlandi sem fluttir eru í fréttum og fréttatengdum þáttum útvarpsins.

Hjá Ríkisútvarpinu er nú unnið að endurskipulagningu á starfsemi fréttastofa þess, auknu samstarfi og samhæfingu sem m.a. tekur til eflingar á fréttaritarakerfi úti um land og fréttastarfsemi landshlutastöðvanna í þágu sjónvarps og útvarps Ríkisútvarpsins í heild.

Að því er sjónvarpið varðar sérstaklega er gert ráð fyrir auknum dagskrárumsvifum þess á landsbyggðinni við undirbúning næstu vetrardagskrár. Í því sambandi verða möguleikar til samstarfs við fyrirtæki á þessu sviði í viðkomandi byggðarlögum kannaðir gaumgæfilega.

2. *Á að veita meira fé til svæðisstöðva Ríkisútvarpsins, sem eru farnar að þjóna bæði útvarpi og sjónvarpi, til að unnt sé að bæta tækjakost og mannafla? Ef svo er, hve mikið?*

Ríkisútvarpið hefur sjálft rekið þrjár landshlutastöðvar í meira en áratug. Allar landshlutaútsendingar fara fram á dreifikerfi Rásar 2 þannig að aðaldagskrá hennar er rofin tímabundið og svæðisbundið efni sent út í staðinn. Rekstrarkostnaður þessara þriggja stöðva var samtals um 70 millj. kr. á síðasta ári.

Á Akureyri eru tíu stöðugildi fyrir útvarp og sjónvarp. Starfsemin fer fram í eigin húsnæði Ríkisútvarpsins á staðnum. Starfsmenn Ríkisútvarpsins á Akureyri sjá um útsendingar kvölds og morgna virka daga í svæðisútvarpi, annast fréttaöflun og fréttaflutning fyrir fréttastofur útvarpsins og sjónvarpsins, og vinna ýmsa dagskrárþætti til flutnings á báðum rásum útvarpsins. Starf í þágu sjónvarpsins felst fyrst og fremst í fréttaöflun en einnig gerð stakra dagskrárþátta. Sérgreindur rekstrarkostnaður við starfsemina nyrðra nam 39,8 millj. kr. árið 1999.

Á Egilsstöðum eru 2,5 stöðugildi. Rekstrarkostnaður árið 1999 var 15,9 millj. kr. Starfsemin felst í svæðisútvarpssendingum þrisvar í viku, fréttaöflun fyrir útvarp og sjónvarp og þáttagerð fyrir báðar rásir útvarpsins. Fréttaöflun fyrir Sjónvarpið hefur verið mjög vaxandi þáttur í störfum svæðisstöðvarinnar á Austurlandi undanfarin missiri.

Hjá svæðisútvarpi Ríkisútvarpsins á Ísafirði eru þrjú stöðugildi. Starfsemin er í leiguhúsnæði. Þar er útsending í svæðisútvarpi Vestfjarða þrisvar í viku en auk þess er þar fréttaþjónusta fyrir útvarpið og efni unnið í þætti beggja rása útvarpsins. Rekstrarkostnaður svæðisútvarpsins á Vestfjörðum nam 14,2 millj. kr. árið 1999. Stefnt er að því að svæðisútvarpið á Vestfjörðum annist öflun sjónvarpsfrétta fyrir Ríkisútvarpið í auknum mæli.

Rekstur landshlutastöðvanna verður endurmetinn með tilliti til nýrra verkþátta, hugsanlegrar og eðlilegrar forgangsröðunar verkefna. Vert er að taka tillit til sjónarmiða sem æ oftar heyrast þess efnis að starfsemi landshlutastöðvanna eigi fyrst og fremst að miðast við fréttir og dagskrárefni sem flutt sé í aðaldagskrám Ríkisútvarpsins á landsvísu. Innri skipting rekstr-

arfjár milli deilda mun taka mið af forgangsverkefnum og almennum skilyrðum Ríkisútvarpsins á hverjum tíma.

3. *Verður veitt fé til að bæta aðstöðu svæðisútvarpsins á Ísafirði sem Vinnueftirlitið hefur nýlega úrskurðað óviðunandi? Ef svo er, hve mikið?*

Starfsemi Ríkisútvarpsins á Ísafirði hefur verið í sama leiguhúsnæði síðan hún hófst árið 1989. Starfsmannafjöldi og umsvif starfseminnar hafa lítið breyst þann tíma. Vinnueftirlit ríkisins endurmat kröfur um aðbúnað í húsnæðinu í lok janúar sl., en þær fela í sér allumfangsmiklar breytingar. Um þær hefur verið rætt við eiganda húsnæðisins og jafnframt verða kannaðir möguleikar á öðrum úrræðum í húsnæðismálum stöðvarinnar.

4. *Er ætlunin að útsendingar svæðisútvarps Vestfjarða nái á næstunni einnig til Strandasýslu, Barðastrandar og Reykhóla?*

Á næstunni mun endurvarpi dreifikerfis Rásar 2 fyrir Hólmavík tengjast svæðisútvarpi Vestfjarða þannig að íbúar við Steingrímsfjörð nái útsendingum þess. Barðaströnd og Reykhólum er þjónað af aðalsendi í Stykkishólmi og Strandasýslu aðallega frá aðalsendi á Hnjúkum við Blönduós. Tenging svæðisútvarpsins inn á hina staðbundnu senda fyrir Barðaströnd og bæi í Strandasýslu er því allflókið og kostnaðarsamt útfærsluatriði miðað við lítinn notendahóp. Aðrar brýnni aðgerðir í dreifikerfismálum Ríkisútvarpsins hafa verið látnar ganga fyrir, þ.e. bætt sjónvarps- og útvarpsskilyrði í byggðakjörnum á Vestfjörðum með ljósleiðaravæðingu og nýjum sendum. Þær sértæku aðgerðir kosta 20,7 millj. kr. á árununum 1999 og 2000.

1175. Svar [442. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um sölu og eftirlit með skoteldum.

1. *Hvernig er eftirliti með sölu, gæðum, öryggi og meðferð skotelda háttað hér á landi? Hvernig fer prófun skotelda fram?*

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með sölu skotelda og í fjölmennustu umdæmunum hafa nokkrir lögreglumenn ekki annan starfa á leyfðu sölutímabili en að líta til með skoteldasölu. Eftirlit með gæðum og öryggi er fyrst og fremst fólgið í gerðarviðurkenningu lögreglustjórans í Reykjavík sem er byggð á reynslu undanfarandi ára, lýsingu framleiðanda á vörunni og prófunum á nýjum tegundum.

Þegar lögreglan prófar skotelda er í flestum tilvikum fengin aðstoð frá sprengideild Landhelgisgæslunnar. Einnig hafa lögreglumenn verið viðstaddir prófanir með kunnáttumönnum innflutningsaðila. Slíkar prófanir hafa oft reynst vel með tilliti til slysavarna, enda koma nýjar tegundir skotelda fram á hverju ári.

2. *Hvernig er eftirliti með merkingum og leiðbeiningum á skoteldum háttað?*

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar um sölu og meðferð skotelda, nr. 536 19. desember 1988, er innflytjanda skylt að sjá um að allar tegundir skotelda sem hann flytur til landsins og selur séu með álímdum eða áprentuðum leiðbeiningum á íslensku. Þar á að vera stutt lýsing á eiginleikum skoteldanna og hvernig beri að nota þá svo að sem minnst hætta stafi af. Eftir þessu er litið við prófanir og skyndiskoðanir í vörugámum, á pökkunarstöðum og sölustöðum.

3. *Hvaða reglur gilda um efnisinnihald, púðurmagn, samsetningu, stærð, þyngd og hávaðamörk skotelda sem hafa má í sölu til almennings eða til notkunar við sýningar hér á landi? Hvaða kröfur aðrar þurfa skoteldar að uppfylla til að leyfi fáist til að selja þá?*

Engar skýrar reglur eru til um efnisinnihald, púðurmagn, samsetningu, stærð, þyngd og hávaðamörk aðrar en þær sem skapast hafa við reynslu undangengin ár. Um þessi atriði verða væntanlega skýrari reglur í nýrri reglugerð.

Við mat á því hvort tiltekin tegund skotelda skuli leyfð er litið til þess hver framleiðandinn er, hvort varan hefur fengið einhvers konar gæðavottun og eftir atvikum er varan prófuð. Sérstakar upplýsingar liggja fyrir um óvandaða og hættulega skotelda sem ekki er leyft að flytja inn.

4. *Hverjir höfðu leyfi til að selja skotelda í smásölu hér á landi fyrir síðustu áramót, skipt eftir verslunum, félagasamtökum, einstaklingum og öðrum?*

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, veita leyfi til smásölu skotelda og hafa um það gott samstarf við eldvarnaeftirlit og slökkviliðsstjóra. Þeir sem fá leyfi til smásölu mega ekki selja vörur frá öðrum en þeim sem hafa starfsleyfi ríkislögreglustjóra til að framleiða eða flytja inn skotelda til heildsölu. Eftirtaldir aðilar fengu smásöluleyfi fyrir síðustu áramót:

Umdæmi	**Leyfishafi**	**Sölustaðir**
Reykjavík	Björgunarsveitin Albert	1
	Björgunarsveitin Ingólfur	7
	Björgunarsveitin Kjölur	1
	Björgunarsveitin Kyndill	5
	Flugbjörgunarsveitin	4
	Handknattleiksdeild Fram	1
	Handknattleiksdeild Vals	1
	Hjálparsveit skáta	8
	KFUM og KFUK	1
	Kiwanisklúbburinn Esja	1
	Kiwanisklúbburinn Höfði	1
	Kiwanisklúbburinn Nes	2
	Knattspyrnudeild Fjölnis	2
	Knattspyrnudeild Fylkis	1
	Knattspyrnudeild ÍR	1
	Knattspyrnudeild Leiknis	1
	Knattspyrnudeild Víkings	1
	Knattspyrnufélagið Þróttur	1
	Austurröst ehf.*	1
	Ellingsen ehf.*	1
	Heildsölugallerí ehf.*	1
	KR-flugeldar ehf.*	3
	Netbúðir ehf.*	1
	Pústverkstæðið ehf.*	1
Akranes	Kiwanisklúbburinn Þyrill	
	Hjálparsveit skáta Akranesi	
	Verzlun Axels Sveinbjörnssonar*	

Umdæmi	Leyfishafi	Sölustaðir
Borgarnes	Björgunarsveitin Brák	
	Björgunarsveitin Ok	
	Björgunarsveitin Heiðar	
Stykkishólmur	Björgunarsveitin Berserkir	Stykkishólmi
	Björgunarsveitin Björg	Hellissandi
	Lionsklúbbur Ólafsvíkur	
	Björgunarsveitin Sæbjörg	Snæfellsnesi
	Björgunarsveitin Klakkur	Grundarfirði
Búðardalur	Björgunarsveitin Ósk	
Patreksfjörður	Björgunarsveitin Blakkur	Patreksfirði
	Björgunarsveitin Kópur	Bíldudal
	Björgunarsveitin Tálkni	Tálknafirði
	Björgunarsveit Reykhólahrepps	Reykhólum
Bolungarvík	Lionsklúbbur Bolungarvíkur	
Ísafjörður	Upplýsingar vantar	
Hólmavík	Björgunarsveitin Dagrenning	Hólmavík
	Björgunarsveitin Björg	Drangsnesi
	Björgunarsveitin Káraberg	Bæjarhreppi
Blönduós	Hjálparsveit skáta Blönduósi	
	Ungmennafélagið Hvöt	
	Slysavarnadeildin á Hvammstanga	
Sauðárkrókur	Björgunarsveitin Skagfirðingasveit	
	Flugbjörgunarsveitin Varmahlíð	
	Björgunarsveitin Grettir	
Siglufjörður	Kiwanisklúbburinn Skjöldur	
	Björgunarsveitin Strákar	
Akureyri	Björgunarsveitin Týr	Svalbarðsströnd
	D.P. heildverslun ehf.*	Akureyri
	Björgunarsveitin Ægir	Grenivík
	Björgunarsveitin Súlan	Akureyri
	Íþróttafélagið Þór	Akureyri
	Björgunarsveitin Jörundur	Hrísey
	Björgunarsveit Árskógsstrandar	
	Hjálparsveitin Dalbjörg	Eyjafjarðarsveit
	Björgunarsveitin Dalvík, Ungmennafélag Svarfdæla og Kiwanisklúbburinn Hrólfur	
Húsavík	Björgunarsveitin Stefán	
	Björgunarsveitin Þingey	
	Hjálparsveit skáta Aðaldal	
	Lionsklúbburinn Fontur	Þórshöfn
	Kiwanisklúbburinn Skjálfandi	
	Björgunarsveitin Pólstjarnan	
Seyðisfjörður	Björgunarsveitin Hérað	
	Björgunarsveitin Ísólfur	
Eskifjörður	Björgunarsveitin Gerpir	Neskaupstað
	Ungmennafélagið Austri, knattspyrnudeild	Eskifirði

Umdæmi	Leyfishafi	Sölustaðir
	Björgunarsveitin Brimrún	Eskifirði
	Björgunarsveitin Ársól	Reyðarfirði
	Björgunarsveitin Geisli	Fáskrúðsfirði
	Björgunarsveitin Björgólfur	Stöðvarfirði
	Björgunarsveitin Eining	Breiðdalsvík
	Slysavarnadeildin Bára	Djúpavogi
Höfn	Björgunarfélag Hornafjarðar	
Vík	Björgunarsveitin Víkverji	Vík
	Björgunarsveitin Kyndill	Kirkjubæjarklaustri
Hvolsvöllur	Björgunarsveitin Bróðurhöndin	Vestur-Eyjafjallahreppi
	Björgunarsveitin Dagrenning	Hvolsvelli
	Björgunarsveitin Austur-Landeyjum	
	Flugbjörgunarsveitin Hellu	
Vestmannaeyjar	Björgunarfélag Vestmannaeyja	
	Verslunin Eyjabúð	
Selfoss	Björgunarsveitin Ingunn	Laugarvatni
	Íþróttadeild Ungmennafélags Biskupstungna	
	Hjálparsveitin Snækollur	Flúðum
	Slysavarnadeild Gnúpverja	
	Kiwanisklúbburinn Ölver	Þorlákshöfn
	Björgunarsveit SVFÍ	Eyrarbakka
	Hjálparsveitin Tintron	Grímsnesi
	Knattspyrnudeild Ungmennafélags Selfoss	
	Björgunarfélagið Árborg	Selfossi
	Hjálparsveit skáta Hveragerði	
Keflavík	Björgunarsveitin Suðurnes	
	Björgunarsveitin Sigurvon	
	Björgunarsveitin Eldey	
	Björgunarsveitin Skyggnir	
	Knattspyrnudeild Keflavíkur	
	Kiwanisklúbburinn Hof	Garði
	Björgunarsveitin Þorbjörn	Grindavík
Hafnarfjörður	Björgunarsveitin Fiskaklettur	
	Hjálparsveit skáta Hafnarfirði	
	Hjálparsveit skáta Garðabæ	
	Handknattleiksdeild FH	
Kópavogur	Netbúðir ehf.*	
	Lionsklúbburinn Fjölnir	
	Handboltafélag Kópavogs (HK)	
	Hjálparsveit skáta Kópavogi	
	G. Haraldsson ehf.*	
	Trúfélagið Krossinn	
	Austurröst ehf.*	

* Fyrirtæki.

5. *Hvaða kröfur eru gerðar til söluaðila um merkingar, leiðbeiningar og annan öryggisbúnað vegna skotelda?*

Um öryggiskröfur við flutning skotelda, við birgðastöðvar og sölustaði hafa lögreglu- og slökkviliðsstjórar, eldvarna- og vinnueftirlit, auk leyfishafa, komið sér saman um tilteknar reglur um eldvarnir, öryggisþætti og merkingar á skoteldum. Í reglunum er þess m.a. krafist, að öryggis sé gætt við geymslu, sölu og aðra notkun skotelda, ekki hvað síst við afhendingu á sölustöðum.

Við smíði nýrrar reglugerðar um sölu og meðferð skotelda hefur verið litið til þeirra reglna sem mótast hafa í framkvæmd. Vinna við samningu reglugerðarinnar er nú á lokastigi og mun hún verða birt innan skamms.

Ef óskað er frekari upplýsinga um stöðu mála hjá tilteknum sýslumannsembættum getur ráðuneytið látið þær í té.

1176. Svar [441. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um skotelda.

1. *Hve mikið magn af skoteldum hefur verið framleitt á Íslandi eða flutt til landsins síðustu fimm ár, skipt eftir tegundum (ef unnt er) og árum?*

Framleiðsla.

Framleiðsla á skoteldum á Íslandi síðustu fimm ár hefur verið sem hér segir:

	Blys, stk.	Gos, stk.	Flugeldar, stk.	Samtals
1995 ..	77.672	720	300	78.692
1996 ..	76.020	800	800	77.620
1997 ..	90.930	960	530	92.420
1998 ..	90.670	1.120	250	92.040
1999 ..	123.605	0	0	123.605

Innflutningur.

Frá og með árinu 1995 til og með 1999 hafa verið flutt til landsins samtals 1.376.216 kg af skoteldum. Þar af eru flugeldar 1.159.018 kg, neyðarmerki viðurkennd af Siglingastofnun Íslands 27.400 kg, merkjablys, regnrakettur, þokublys og aðrar flugeldavörur samtals 189.798 kg.

Heildarmagn innflutnings eftir árum:

	Innflutningur, kg	Cif-verð, kr.
1995	146.904	66.015.492
1996	183.008	72.674.020
1997	215.812	85.208.257
1998	278.323	99.645.433
1999	552.169	158.827.003

2. *Hver eru framleiðslulönd innfluttra skotelda og hve mikið magn var flutt inn frá hverju landi á síðasta ári? Hvernig er eftirliti með hugsanlegum ólöglegum innflutningi á skoteldum háttað?*

Árið 1999 voru fluttir inn skoteldar eins og sést í töflunni hér á eftir:

Land	kg	Land	kg
Bandaríkin	4.645	Japan	170
Bretland	4.679	Kína	288.755
Danmörk	2.808	Noregur	1.000
Holland	740	Spánn	3.675
Hong Kong	202.168	Sviss	748
Indland	298	Tékkland	12.172
Ítalía	513	Þýskaland	25.635

Samkvæmt vopnalögum, nr. 16/1998, má enginn flytja inn skotelda nema með leyfi ríkislögreglustjórans og samkvæmt reglugerð um sölu og meðferð skotelda má ekki tollafgreiða skotelda nema vörureikningur hafi verið áritaður af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Þegar leitað er eftir áritun vörureikninga er gengið úr skugga um að starfsleyfi frá ríkislögreglustjóra liggi fyrir. Slík leyfi eru gefin fyrirtækjum og félagasamtökum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, m.a. eftir að úttekt hefur farið fram á birgðastöð og ábyrgðarmaður verið tilgreindur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, sem annast gerðarviðurkenningu á innfluttum skoteldum, heldur árlega fund með innflutningsaðilum þar sem farið er yfir hvaða skotelda skuli leyfa og er þá tekið mið af reynslu fyrri ára. Ef fyrirhugað er að flytja inn nýjar tegundir eru þær prófaðar áður en innflutningur er leyfður. Teknar eru prufur úr vörugámum og kannað hvort vörurnar eru í samræmi við vörureikninga. Þá hafa lögreglumenn farið á milli sölustaða og kannað hvað er á boðstólum. Gott samstarf hefur verið með lögreglu og tollgæslu og til stendur að fá menn frá tollgæslunni til að sitja hina árlegu fundi. Einnig hefur mjög góð samvinna verið með lögreglunni í Reykjavík og lögregluliðum á Akranesi, í Kópavogi, Keflavík og Hafnarfirði og slökkviliðum (eldvarnaeftirliti) á sömu stöðum.

3. *Eru til reglur um flokkun skotelda? Ef svo er, í hverju eru þær fólgnar?*

Ekki eru til nákvæmar reglur um flokkun skotelda, aðrar en þær sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefur ákveðið í samráði við innflytjendur og fleiri aðila. Í drögum að nýrri reglugerð um skotelda, sem er langt komin í vinnslu, er hins vegar gert ráð fyrir viðauka þar sem skoteldar eru flokkaðir.

Til þessa hafa mótast vinnureglur þar sem skoteldum hefur verið skipt í flokka, þ.e. tegundir sem bannað er að framleiða, flytja inn og selja, skotelda sem eingöngu eru ætlaðir til nota í neyð, skotelda sem aðeins eru leyfðir fyrir kunnáttumenn til nota við skoteldasýningar og skotelda til að selja almenningi. Í drögum að nýrri reglugerð er að finna mun ítarlegri flokkun og er þar nákvæmlega tilgreint hvaða tegundir má selja og til hvaða nota.

4. *Er sala einhverra tegunda eða flokka skotelda til almennings háð takmörkunum? Hvaða tegundir skotelda eru bannaðar á Íslandi?*

Takmarkanir eru á sölu skotelda samkvæmt vopnalögum til barna undir 16 ára aldri og öll sala á skoteldum til barna undir 12 ára aldri er bönnuð.

Í 5. gr. reglugerðar um sölu og meðferð skotelda, nr. 536/1988, er að finna upptalningu á skoteldum sem er bannað að flytja inn, svo sem „kínverja“, sprengikúlur og reyk- og lyktarsprengjur, svo og upptalningu á skoteldum sem aðeins er leyft að nota við skoteldasýningar, en í samráði við innflytjendur og fleiri hefur verið farið eftir reglum sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefur markað.

5. Hvernig er fræðslu til almennings um mögulega hættu af völdum skotelda háttað?

Ekki er hægt að segja að til sé markviss fræðsla um hættu af völdum skotelda. Þess skal þó getið að innflytjendur, læknar í slysamóttöku, lögregla, fjölmiðlafólk og slysavarnasamtök hafa lagt sitt af mörkum til að koma varnaðarorðum til almennings um hættu af skoteldum. Um síðustu áramót stóð dómsmálaráðuneytið, í samstarfi við Árvekni (átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga), Löggildingarstofu og Samband íslenskra tryggingafélaga fyrir fræðslu um meðhöndlun skotelda. Gefinn var út bæklingur í því skyni að minna landsmenn á þá hættu sem stafað getur af rangri og óvarlegri notkun skotelda.

Til greina kemur að mæla sérstaklega fyrir um skyldur innflutnings- og söluaðila til að annast upplýsingamiðlun til notenda skotelda og auka þar með ábyrgð þeirra frá því sem verið hefur.

6. Er fyrirhugað að hækka aldursmörk barna sem leyft er að kaupa skotelda?

Til að hækka aldursmörk þeirra sem mega kaupa skotelda þarf að breyta núgildandi vopnalögum, en tillögur um slíka lagabreytingu hafa ekki komið fram.

Annað.

Eins og fram kemur hér að framan hefur í framkvæmd verið farið eftir ýmsum reglum sem mótast hafa á undanförnum árum og samkomulag hefur orðið um hjá lögreglu og umsagnar- og hagsmunaaðilum. Allar miða þær að auknu öryggi í meðferð skotelda og í drögum að nýrri reglugerð um skotelda er leitast við að samræma og endurbæta þessar reglur. Við reglugerðarsmíðina hefur verið tekið mið af alþjóðlegum reglum og þeirri hefð sem hefur skapast hér á landi í meðferð skotelda. Drög að reglugerðinni hafa verið send fjölmörgum umsagnaraðilum sem hafa komið með margar góðar ábendingar sem flestar stuðla að auknu öryggi.

Ef óskað er frekari upplýsinga um stöðu mála hjá tilteknum sýslumannsembættum getur ráðuneytið látið þær í té.

1177. Svar [594. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Katrínar Fjeldsted um símnotkun og símkostnað landsmanna.

1. Hvernig hefur símkostnaður breyst hjá fyrirtækjum annars vegar og einstaklingum hins vegar síðustu tíu ár?

Ráðuneytið leitaði til Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands, Póst- og fjarskiptastofnunar og Landssíma Íslands hf. til að fá svar við fyrirspurninni. Fram kom að upplýsingar skorti og umfangsmikið starf þyrfti að fara fram til að afla gagna og vinna úr þeim viðhlítandi upplýsingar. Nauðsynleg gögn svo unnt væri að greina breytingar á símkostnaði hjá fyrirtækjum annars vegar og einstaklingum hins vegar síðastliðin tíu ár voru því ekki fáanleg.

2. *Hvaða breytingar hafa orðið hjá Reykvíkingum á notkun síma og kostnaði við hana síðustu tíu ár, sundurliðað eftir langlínusímtölum annars vegar og innanbæjarsímtölum hins vegar?*

Sömu svör voru gefin við þessum lið. Hvorki eru til upplýsingar um notkun síma eftir kjördæmum né um skiptingu símkostnaðar eftir langlínusímtölum og innanbæjarsímtölum. Eftir gildistöku laga nr. 143/1996, um fjarskipti, hefur landið verið eitt gjaldsvæði á sviði talsímaþjónustu. Notkun á grundvelli mismunandi kostnaðar innanbæjarsímtala og langlínusímtala hefur því ekki verið mæld.

3. *Hvernig hefur símkostnaður Reykvíkinga þróast á þessu tímabili miðað við vísitölu framfærslukostnaðar?*

Upplýsingar um símkostnað íbúa einstakra sveitarfélaga virðast ekki vera til. Það er því ekki hægt að svara þessari spurningu á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Hins vegar eru til upplýsingar um hluta símaþjónustu í heildarútgjöldum landsmanna í vísitölu neysluverðs en framfærsluvísitölu var breytt í vísitölu neysluverðs. Af gögnum sem bárust frá Hagstofu Íslands um símútgjöld sem hlutfall af vísitölu neysluverðs er ljóst að hlutur símaþjónustu í heildarútgjöldum hefur farið vaxandi á undanförnum tveimur árum, sbr. meðfylgjandi súlurit. Líklegar ástæður þessa eru aukin notkun farsíma og aukin notkun á internetinu.

Einnig bárust upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um yfirlit símkostnaðar í einkaneyslu 1990–99. Þessar upplýsingar gefa talsvert aðra mynd en upplýsingar Hagstofu Íslands um umfang símkostnaðar sem hlutfall einkaneyslu hér á landi. Tölurnar frá Þjóðhagsstofnun sýna að breyting hlutfalls símkostnaðar í einkaneyslu hefur verið mjög hagstæð neytendum undanfarin tíu ár eins og meðfylgjandi súlurit sýnir.

Hluti símaþjónustu í heildarútgjöldum vísitölu neysluverðs.





1178. Svar [598. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um alþjóðasamninga á sviði mannréttinda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða alþjóðasamningar á sviði mannréttinda, sem Ísland hefur undirritað, hafa ekki verið fullgiltir af Íslands hálfu og hver er ástæða þess?

Ísland er aðili að rúmlega þrjátíu alþjóðasamningum sem telja má á sviði mannréttinda.[1] Auk þess hefur Ísland undirritað eftirfarandi sjö alþjóðasamninga og bókanir á þessu sviði sem enn hafa ekki verið fullgilt af Íslands hálfu (fjöldi ríkja sem fullgilt hafa kemur fram í sviga):

5.5.1988 Additional Protocol to the European Social Charter, undirrituð 5. maí 1988 (8).

5.11.1992 European Charter for Regional or Minority Languages, undirritaður 7. maí 1999 (9).

1.2.1995 Framework Convention for the Protection of National Minorities, undirritaður 1. febrúar 1995 (31).

3.5.1996 European Social Charter (revised), undirritaður 4. nóvember 1998 (5).

4.4.1997 Convention for the Protection of Human Rights and Dignity of the Human Being with regard to the Application of Biology and Medicine: Convention on Human Rights and Biomedicine, undirritaður 4. apríl 1997 (6).

12.1.1998 Additional Protocol to the Convention for the Protection of Human Rights and Dignity of the Human Being with regard to the Application of Biology and Medicine, on the Prohibition of Cloning Human Beings, undirrituð 12. janúar 1998 (4).

6.10.1999 Optional Protocol to the Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women, undirrituð 10. desember 1999 (0).

Í undirritun alþjóðasamnings felst viljayfirlýsing um fullgildingu hans síðar. Í samræmi við það er stefnt að því að framangreindir samningar og bókanir verði fullgilt af Íslands hálfu að loknum nauðsynlegum undirbúningi, þar á meðal þinglegri meðferð ef við á.

Rétt er að hafa í huga að ýmsir alþjóðasamningar stuðla að mannréttindavernd þótt þeir teljist strangt til tekið ekki á sviði mannréttinda. Í því sambandi er skemmst að minnast Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn frá 17. júlí 1998 sem telja verður afar mikilvægt framlag til mannréttindaverndar og friðar í heiminum. Rómarsamþykktin var undirrituð fyrir Íslands hönd 26. ágúst 1998 og hefur í utanríkisráðuneytinu verið unnið ötullega að undirbúningi fullgildingar samþykktarinnar og lögð á það áhersla að Ísland verði í hópi fyrstu ríkja til að fullgilda hana. Með ályktun 8. maí 2000 heimilaði Alþingi fullgildingu samþykktarinnar.

---

[1] Ekki er einhlítt hvaða alþjóðasamningar teljast vera á sviði mannréttinda. Hér er leitast við að fylgja sömu flokkun samninga og notuð er hjá Sameinuðu þjóðunum annars vegar og Evrópuráðinu hins vegar.

1179. Svar [611. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar um kostnað ríkissjóðs við öflun markaða erlendis fyrir lambakjöt.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu miklu fé hefur verið varið úr ríkissjóði frá því að greiðsla útflutningsbóta hófst og til ársloka 1999 til þess að greiða fyrir sölu lambakjöts frá Íslandi og afla markaða erlendis? Svar óskast sundurliðað eftir fjárframlögum á núvirði til einstakra útgjaldaliða sem eru eftirfarandi: útflutningsbætur, þar á meðal umboðs- og sölulaun, geymslugjald og flutningsgjald, svo og fjárframlög sem sérstaklega hefur verið varið til markaðsöflunar, söluátaks, kynningarstarfa og sérstakra átaksverkefna í tengslum við markaðsöflun erlendis fyrir íslenskt lambakjöt.

Útflutningsbætur á landbúnaðarvörur voru greiddar úr ríkissjóði á árunum 1956–1992 og námu samtals um 57 milljörðum króna, uppreiknað með vísitölu neysluverðs til meðalverðlags ársins 1999. Meðfylgjandi er línurit sem sýnir greiðslur hvers árs. Byggt er á gögnum frá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands og ríkisreikningi. Ætla má að a.m.k. 80% af stuðningnum hafi verið vegna útflutnings á sauðfjárafurðum, eða um 45–46 milljarðar á verðlagi ársins 1999. Ekki liggur fyrir nákvæm sundurliðun á útflutningsbótunum á umræddu tímabili. Ekki reyndist unnt að vinna frekari sundurliðun fyrir allt tímabilið sem hér um ræðir innan þess frests sem þingsköp gera ráð fyrir.

Ríkissjóður veitti á árunum 1995–1999 25 millj. kr. á ári til Áforms, átaksverkefnis um vöruþróun og markaðsstarf vegna útflutnings íslenskra landbúnaðarafurða en það samsvarar alls um 130 millj. kr. á verðlagi ársins 1999. Í verkefninu hefur verið lögð megináhersla á útflutning á vistvænu lambakjöti.

Útflutningsbætur landbúnaðarvara í m.kr. á verðlagi 1999 skv. vísitölu neysluverðs



1180. Nefndarálit [553. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti, Sveinbjörn Eyjólfsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Ara Teitsson, Ernu Bjarnadóttur og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands og Þórólf Sveinsson og Snorra Sigurðsson frá Landssambandi kúabænda. Umsagnir bárust um málið frá landbúnaðarnefnd Vopnafjarðar, Þjóðhagsstofnun, Samtökum verslunar og þjónustu og meiri hluta og minni hluta stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Þá bárust nefndinni minnisblöð og erindi frá Bændasamtökum Íslands, landbúnaðarráðuneyti og Landssambandi kúabænda.

Frumvarpið byggist á samningi ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000. Til þess að markmið samningsins nái fram að ganga þarf að breyta tilteknum ákvæðum laga nr. 99/1993 og er frumvarpið lagt fram í því skyni.

Töluverðar umræður hafa verið í nefndinni um fyrirkomulag gæðastýringar sem gert er ráð fyrir í samningnum. Skv. 9. gr. frumvarpins skulu þeir sauðfjárframleiðendur sem á árunum 2003–2007 uppfylla skilyrði um gæðastýrða framleiðslu samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð eiga rétt til sérstakra álagsgreiðslna úr ríkissjóði. Álagsgreiðslurnar skulu greiddar af uppkaupaálagi og þeim fjármunum sem beingreiðslur lækka um fyrir tiltekna gæðaflokka dilkakjöts samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, en geta að hámarki numið 100 kr. á hvert kíló dilkakjöts.

Ekki er skilgreint nánar í frumvarpinu hvernig skilyrðum gæðastýrðrar framleiðslu verði háttað. Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að þar sem gert er ráð fyrir að ákveðnum hluta beingreiðslna verði varið til að greiða sérstakar álagsgreiðslur fyrir gæðastýrða framleiðslu þurfi að setja lög um þær reglur sem gilda skuli um úthlutun þeirra. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra taki ákvörðun um álagsgreiðslurnar að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, en hún er að hluta til skipuð fulltrúum framkvæmdarvaldsins. Hér er um að ræða verulega fjármuni sem nefndin telur óeðlilegt að hægt sé að úthluta til framleiðenda með stjórnvaldsfyrirmælum. Eitt af markmiðum samningsins er að sauðfjárrækt verði í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið. Hins vegar er enginn einhlítur mælikvarði fyrir hendi sem styðjast má við þegar landnýting er metin og ljóst að mikil vinna er fram undan við kortlagningu á gróðurjörðum. Með hliðsjón af þessu gerir meiri hluti nefndarinnar breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að ráðherra verði gert að leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. febrúar 2002 frumvarp til laga um álagsgreiðslur vegna gæðastýringarinnar, en gert er ráð fyrir að ákvæðin um gæðastýringuna verði virk árið 2003. Þannig er tryggt að sjálfri framkvæmd gæðastýringarinnar verði skipað með lögum.

Nefndin ræddi einnig nokkuð um heimild til framsals á greiðslumarki. Gert er ráð fyrir því í samningnum að framsal greiðslumarks milli lögbýla verði heimilt án takmarkana eigi síðar en 1. janúar 2004. Fram til þess tíma eða þar til ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi er flutningur greiðslumarks milli lögbýla aðeins heimill með sérstökum skilyrðum.

Markaður fyrir lífrænt ræktaðar og vottaðar vörur eykst stöðugt. Meiri hluti nefndarinnar bendir á að eitt af markmiðum samningsins er að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda. Með því að taka upp gæðastýrða framleiðslu er stigið skref í þá átt að hvetja til vistvænnar framleiðslu sem getur verið áfangi í framleiðslu lífrænna afurða.

Við meðferð málsins barst nefndinni beiðni um að breytt yrði ákvæði 20. gr. laganna um verðskerðingargjald af nautgripakjöti og það hækkað úr 400 kr. í 800 kr. Beiðni þessi á rætur að rekja til Landssambands kúabænda, en verðskerðingargjaldið er notað til ýmissa markaðsaðgerða á vegum samtakanna. Þar sem hér er um að ræða beiðni frá hagsmunasamtökum um innheimtu sérstaks gjalds sem gengur jafnt yfir alla félagsmenn telur meiri hluti nefndarinnar eðlilegt að gera breytingartillögu þessa efnis við frumvarpið.

Breytingartillaga er einnig gerð við 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins, en vegna mistaka við gerð þess voru ákvæði um útflutningsuppgjör að hluta annars efnis en til var ætlast. Gerir meiri hluti nefndarinnar breytingartillögu til leiðréttingar á þessu.

Þá er gerð breytingartillaga við 2. mgr. 40. gr. frumvarpsins. Hún er tvíþætt, annars vegar til leiðréttingar þar sem ekki kom skýrt fram að átt væri við jöfnunargreiðslur að hámarki 100 kr. **á kíló** á greiðslugrunn, eins og þó er gert ráð fyrir í samningnum. Hins vegar er gerð breytingartillaga þess efnis að ásetningur líflamba hjá þeim bændum sem eru að koma upp

bústofni eftir fjárleysi vegna niðurskurðar teljist til framleiðslu, þ.e. sá hluti ásetnings sem er umfram eðlilegt viðhald bústofnsins. Með því verða þeir bændur jafnsettir öðrum bændum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 2000.

Hjálmar Jónsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Drífa Hjartardóttir.
Jónína Bjartmarz.	Guðjón Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.

1181. Breytingartillögur [553. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (HjálmJ, KHG, DrH, GuðjG, JBjart, EOK).

1. Við bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:
   1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:
   Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts og nautgripakjöts til framleiðenda. Verðskerðingargjaldið skal vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 800 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 400 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.
2. Við 2. gr. 3. efnismgr. orðist svo:
   Allir sauðfjárframleiðendur skulu taka þátt í útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri vegna útflutningskvaðar fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandi tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru þó þeir framleiðendur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks enda liggi fyrir fullnægjandi staðfesting um ásetning. Eru þeir þá skuldbundnir til að leggja aðeins inn afurðir þess fjár. Þetta hlutfall skal taka breytingum í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts á innlendum markaði reiknað frá 7.000 tonna árlegri sölu. Þá getur landbúnaðarráðherra ákveðið að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands að kjöt af sauðfé sem slátrað er á ákveðnum tímabilum utan haustsláturtíðar verði undanþegið útflutningsuppgjöri.
3. Við 8. gr. 2. efnismgr. orðist svo:
   Jöfnunargreiðslur reiknast þannig að greidd verður jöfnun, að hámarki 100 kr. á kíló á greiðslugrunn, sem reiknast á eftirfarandi hátt: Finna skal það meðalinnlegg dilkakjöts tveggja ára af árunum 1997, 1998 og 1999 sem er umfram 18,2 kg á hvert ærgildi lögbýlisins eins og það var skráð við hver áramót þar á undan. Reikna skal 30% álag á framleiðslu júní- og júlímánaða og 12% álag á framleiðslu ágústmánaðar. Sala líflamba vegna fjárskipta skal talin til framleiðslu. Sama gildir um eigin ásetning líflamba vegna uppbyggingar bústofns eftir fjárleysi.

4. Við 9. gr.
   a. Orðin „samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð“ í 1. málsl. falli brott.
   b. 3. málsl. falli brott.
5. Við 10. gr. Orðið „álagsgreiðslur“ falli brott.
6. Við bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. febrúar 2002 frumvarp til laga um breytingu á IX. kafla laganna með nánari ákvæðum um álagsgreiðslur vegna gæðastýringar.

1182. Breytingartillaga [553. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við 6. gr.

a. 2. efnismgr. orðist svo:
   Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla með eftirtöldum skilyrðum: við sameiningu lögbýla; ef eigandi lögbýlis, sem hefur búið og stundað framleiðslu síðastliðin tvö ár, flytur á annað lögbýli; og ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á annað lögbýli.
b. 1. málsl. 4. efnismgr. orðist svo: Ríkissjóði er heimilt að kaupa upp 45.000 ærgildi greiðslumarks í sauðfé.

Greinargerð.

Flutningsmaður lítur svo á að gildistími samningsins sé í reynd sjö ára aðlögunartími fyrir bændur til þess að mæta að honum loknum mjög harðri samkeppni á matvörumarkaði. Svo virðist að helsta von sauðfjárbænda sé sú að fá hærra verð fyrir lífrænt ræktaðar og vottaðar framleiðsluvörur dilkakjöts í næstu framtíð. Hvetja þyrfti bændur, styðja þá og styrkja til þess að þróa búskap sinn að lífrænni ræktun sauðfjár. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla með skilgreindan framleiðsluferil sem tekur mið af umhverfisvernd og beitarþoli landsvæða ætti að auðvelda bændum aðlögun að lífrænum búskaparháttum á næstu árum. Þess vegna leggur flutningsmaður til að frjálsa framsalið verði ekki innleitt í sauðfjárbúskapinn og í raun verði látið á það reyna hvort hægt sé að ná þeim markmiðum með lífrænni ræktun sem nauðsynleg er ef bændur eiga að fá viðunandi verð fyrir dilkakjöt í framtíðinni.

Með því að innleiða frjálst framsal greiðslumarks er í raun verið að fara sömu leið og raskað hefur byggð með kvótabraski í sjávarútvegi, valdið þar miklum deilum og eignaupptöku á eigum fólks. Frjálslyndi flokkurinn hafnar slíku fyrirkomulagi sem stuðla mun að enn meira strjálbýli í sveitum landsins og hraða flutningi fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Afar vanhugsað er að efna til frjáls framsals án þess að gefa sauðfjárbændum kost á að nýta sér það aðlögunarferli sem samningur til sjö ára gefur þeim kost á. Lágmarkskrafa væri að meta áhrif samningsins að 4–5 árum liðnum áður en slík aðferð sem frjáls sala greiðslumarksins er verður sett af stað til byggðaröskunar í sveitum landsins.

1183. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Reyni Karlsson frá menntamálaráðuneyti, Sólveigu Ásgrímsdóttur frá Sálfræðingafélagi Íslands og Baldur Kristjánsson frá Kennaraháskóla Íslands.

Umsagnir bárust frá Ungmennafélagi Íslands, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, ríkissaksóknara, Ómari Ragnarssyni, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, landlækni, Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur og heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis. Einnig barst yfirlýsing frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir á Íslandi og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Frá árinu 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi, sbr. samnefnd bannlög nr. 92 27. desember 1956. Ólympískir hnefaleikar eru hins vegar viðurkennd íþróttagrein af alþjóðaólympíunefndinni og í þeirri íþrótt er keppt á Ólympíuleikum og í öllum vestrænum löndum. Það er því algjört einsdæmi að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að áfram standi óbreytt lög nr. 92/1956, sem banna hnefaleika í atvinnuskyni. Í því sambandi vill meiri hlutinn vekja athygli á yfirlýsingu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, dags. 3. maí sl., þar sem fram kemur að framkvæmdastjórn sambandsins hafi ekki í hyggju og sé því algjörlega andvíg að atvinnumannahnefaleikar verði leyfðir hér á landi, enda þótt ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir.

Að mati meiri hluta nefndarinnar verður að gera skýran greinarmun á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum því að reglur og öryggiskröfur greinanna eru mjög ólíkar. Þannig er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Fram kom í umræðum í nefndinni að strangar reglur hafa verið settar í Noregi og Svíþjóð um ólympíska hnefaleika, m.a. þannig að eftirlit með keppnum er mikið og læknir ávallt viðstaddur. Samkvæmt íþróttalögum, nr. 64/1998, er Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu. Meiri hlutinn telur því eðlilegt að sambandið setji reglur um þessa íþróttagrein með hliðsjón af framangreindum reglum. Þá kom fram í máli gesta að uppeldisleg rök eru einnig fyrir lögleiðingu íþróttarinnar þar sem sumir hópar þjóðfélagsins gætu haft gott af iðkun íþróttarinnar og þeim aga sem þar gildir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verið **samþykkt** óbreytt.

Tómas Ingi Olrich var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 2000.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.	Kristinn H. Gunnarsson, frsm.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.		Árni Johnsen.

Fylgiskjal.

Umsögn heilbrigðis- og trygginganefndar.

(13. apríl 2000.)

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika, 292. mál, í samræmi við bréf menntamálanefndar frá 25. febrúar sl.

Nefndin fékk á sinn fund vegna málsins Líneyju Rut Halldórsdóttur frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Grétar Guðmundsson frá Félagi heila- og taugalækna, Þuríði J. Jónsdóttur taugasálfræðing, Sigurbjörn Sveinsson frá Læknafélagi Íslands, Harald Sigurðsson frá Félagi íslenskra augnlækna, Ómar Ragnarsson, áhugamann um hnefaleika, Torfa Pálsson frá Glímusambandi Íslands og Ólaf Haraldsson Wallevik frá Karatesambandi Íslands. Þá horfði nefndin á myndband með nýlegri upptöku frá svokölluðum friðarleikum í áhugamannahnefaleikum. Kynnir var Ómar Ragnarsson.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ólympískir hnefaleikar, öðru nafni áhugamannahnefaleikar, verði lögleiddir, en áfram gildi bann við atvinnumannahnefaleikum, sbr. lög nr. 92/1956, sem banna hnefaleika í atvinnuskyni.

Meiri hluti nefndarinnar (JB, KF, JónK, ÁRJ, BH, ÞBack, TIO, LMR) er andvígur frumvarpi þessu. Meiri hlutinn telur jafnframt að heitið ólympískir hnefaleikar sé villandi. Um er að ræða hnefaleika sem stundaðir eru af áhugamönnum og annars staðar í heiminum er íþróttin að jafnaði kölluð áhugamannahnefaleikar (amateur boxing á ensku). Ekki er t.d. talað um ólympískt júdó þótt keppt sé í júdó á Ólympíuleikum. Þá vill meiri hlutinn taka fram að læknasamtök, t.d. í Bretlandi, hafa ákveðið að vinna gegn því að keppt sé í hnefaleikum á Ólympíuleikum.

Slysatíðni í hnefaleikum er há miðað við aðrar íþróttir, sem kemur ekki á óvart þar sem markmiðið er að koma höggi á andstæðinginn, með öðrum orðum að fara inn fyrir varnir hans og þar með meiða hann. Þar greinir á milli hnefaleika og þorra annarra íþróttagreina því að hnefaleikar, bæði í atvinnuskyni og sem áhugamannaíþrótt, eru árásaríþrótt en ekki sjálfsvarnaríþrótt eins og t.d. karate og júdó. Slysatíðni er há í nokkrum öðrum íþróttagreinum en þar gegnir öðru máli því að ekki er um ásetning að ræða heldur slys. Í hnefaleikum er markvisst reynt að koma höggi á andstæðinginn og fær keppandi stig fyrir högg á höfuð jafnt sem aðra líkamshluta. Einnig eru veitt stig fyrir rothögg.

Fram kom í máli sérfræðinga sem nefndin ræddi við að alvarlegustu áverkarnir sem hljótast í þessari íþrótt eru á miðtaugakerfi, þ.e. höfuð- og augnáverkar. Fyrir liggja vísindalegar sannanir um augnskaða í áhugamannahnefaleikum. Þá hefur verið sýnt fram á að enginn munur er á augnslysum í áhugamanna- eða atvinnumannahnefaleikum. Í austurrískri rannsókn sem framkvæmd var á árunum 1992–93 í Vínarborg voru bornir saman tveir hópar ungra manna. Annars vegar voru 25 einkennalausir áhugahnefaleikarar sem áttu að meðaltali 40 keppnir að baki og hins vegar 25 jafnaldrar sem ekki höfðu stundað hnefaleika. Niðurstaða rannsóknarinnar var að 19 áhugahnefaleikarar (76%) sýndu margvísleg merki um höggáverka á augum. Sambærilegur skaði fannst í einum einstaklingi í samanburðarhópi. Augnáverkar af þessum orsökum geta verið slæmir og leiða í mörgum tilvikum til varanlegrar sjónskerðingar.

Samkvæmt kenningum sérfræðinga er breyting á meðvitundarástandi vegna höfuðhöggs, þ.e. að vankast eða rotast, nú talin vísbending um heilaskaða. Hnefi getur farið á um 160 km hraða á klukkustund í höfuðið á andstæðingi. Breytir þar engu hvort um áhugamanna- eða

atvinnumannahnefaleika er að ræða. Það er þannig álit sérfræðinga að höfuðhlífar þær sem notaðar eru í áhugamannahnefaleikum verndi aðeins eyru og ytra borð höfuðs en veiti takmarkaða vörn fyrir heilann. Innri líffæri eru varin af beinum, húð, fitu og vöðvum en heilinn er aðeins varinn af höfuðkúpunni og tengist henni að innanverðu með háræðum og fínum taugum. Þegar boxari fær högg á höfuðið snýst það mjög snögglega og fer síðan í venjulega stöðu á mun hægari hraða. Þá hreyfast mismunandi svæði heilans á ólíkum hraða. Þetta veldur skemmdum, t.d. á yfirborði heilans sem slæst í innra lag höfuðkúpunnar, tauganet rifna, spenna milli heilavefjar og háræða getur valdið blæðingum, þrýstibylgjur geta valdið mismunandi blóðþrýstingi til hinna ýmsu hluta heilans og einnig geta myndast blóðkekkir í heilanum. Það er skoðun sérfræðinga að þung högg skipti ekki aðeins máli í þessu sambandi því að lítil högg valdi smám saman uppsöfnuðum vanda. Helstu erfiðleikarnir eru að áverkar á heila sjást ekki alltaf á myndum og því er erfitt að greina þá. Varanlegur heilaskaði getur t.d. komið fram í því að fínhreyfingar handanna skerðist. Talið er að ítrekaðir áverkar safnist saman og geti haft langtíma varanlegar alvarlegar afleiðingar. Þá er einnig margt sem bendir til þess að ítrekuð höfuðhögg geti m.a. aukið líkur á Parkinsons-sjúkdómi og Alzheimer-sjúkdómi.

Meiri hluti nefndarinnar telur árásaríþrótt þessa og markmið hennar, þ.e. að koma höggi á andstæðinginn, þar á meðal höfuð hans, hafa í för með sér mun meiri hættu á líkamstjóni en aðrar íþróttir sem stundaðar eru hér á landi og leggst því eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps.

Minni hluti nefndarinnar (ÁMöl) er samþykkur frumvarpi þessu og telur að gera þurfi skýran greinarmun á atvinnumannahnefaleikum og ólympískum/áhugamannahnefaleikum. Hinir síðarnefndu eru viðurkennd íþróttagrein og keppnisgrein á Ólympíuleikum. Ísland er eina landið í heiminum sem hefur bannað iðkun greinarinnar. Atvinnumannahnefaleikar eru á hinn bóginn einungis leyfðir í nokkrum löndum heims.

Reglur og öryggisbúnaður í þessum tveimur greinum íþrótta eru ólíkar. Í ólympískum hnefaleikum er leitast við að gæta fyllsta öryggis hnefaleikarans og taka reglur, t.d. lengd og fjöldi lota og búnaður, svo sem höfuðhlífar, klæðnaður og þykkt glófa, mið af því. Til grundvallar stigagjöf er lagt mat á leikni hnefaleikarans að fara inn fyrir varnir andstæðingsins, en ekki að slá andstæðinginn niður eða veita honum rothögg eins og í atvinnumannahnefaleikum.

Í fagtímaritum á sviði læknisfræði hafa birst rannsóknir um áhættuna við iðkun íþróttarinnar. Margar þeirra benda til þess að slys séu fátíð og að um óveruleg áhrif á heilsu manna sé að ræða. Aðrar rannsóknarniðurstöður gefa vísbendingar um hugsanlegan heilaskaða til lengri tíma litið, svo og augnskaða.

Þegar metið er hvort leyfa á ólympíska hnefaleika með tilliti til slysahættu verður að skoða áhættu af iðkun þeirra í samanburði við aðrar íþróttir. Rannsóknir á slysatíðni í íþróttum benda til þess að ólympískir hnefaleikar séu langt frá því að vera áhættusamasta íþróttin sem stunduð er og má nefna hesta- og bílaíþróttir og fjallaklifur til samanburðar. Ólíkt þessum íþróttum er t.d. ekki kunnugt um dauðaslys í ólympískum hnefaleikum.

Í umsögn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands segir að ólympískir hnefaleikar séu ekki skaðlegri en margar aðrar íþróttir ef litið er til meiðsla og slysa við íþróttaiðkun. Jafnframt segir í umsögninni að í landinu séu stundaðar ýmsar aðrar íþróttagreinar, svo sem tae kwondo, karate og júdó, sem allar fela í sér bardaga og átök milli tveggja keppenda líkt og í hnefaleikum. Í áliti heilbrigðisráðs ÍSÍ, sem undirritað er af Birgi Guðjónssyni lækni, kemur fram að ráðið styður að bann við ólympískum hnefaleikum verði afnumið.

Með vísun í framangreint og til jafnræðisreglunnar leggur minni hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt.

1184. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Verslunarráði Íslands, Þjóðhagsstofnun, fjármálaráðuneyti, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, sjávarútvegsráðuneyti, Landssamtökum útvegsmanna kvótalítilla skipa, Byggðastofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Sjómannasambandi Íslands, Fiskistofu, Landssambandi smábátaeigenda, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Áhugahópi um auðlindir í almannaþágu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Með frumvarpinu er stefnt að því að taka á því vandamáli sem fylgt hefur tegundatilfærslum undanfarin ár. Segir í greinargerð að útgerðir hafi í reynd búið sér til kvóta langt umfram leyfilegan úthlutaðan fiskikvóta af viðkomandi fisktegund með slíkum tilfærslum og hafi það t.d. leitt til þess að árum saman hafi verið meira veitt af karfa en úthlutað hefur verið af þeirri fisktegund.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og greinargerð með því og telur að tegundatilfærslur eins og þær hafa verið tíðkaðar gangi gegn markmiði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um vernd og uppbyggingu fiskstofna.

Nefndin leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og leggur áherslu á að það komi til sérstakrar athugunar við þá heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða sem nú stendur yfir.

Vilhjálmur Egilsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2000.

Kristinn H. Gunnarsson, varaform., frsm. | Drífa Hjartardóttir. | Hjálmar Árnason.

Árni R. Árnason. | Guðmundur Hallvarðsson. | Jóhann Ársælsson.

Svanfríður Jónasdóttir. | Guðjón A. Kristjánsson.

1185. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Ísafjarðarbæ, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, fjármálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Byggðastofnun, sjávarútvegsráðuneyti, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Vesturbyggð.

Í frumvarpinu er lagt til að undanþága Þróunarsjóðs sjávarútvegsins frá fasteignagjöldum verði afnumin.

Þegar undanþágureglan var lögfest var gert ráð fyrir að eignarhald Þróunarsjóðs væri ávallt til skamms tíma. Voru rökin fyrir undanþágunni þau að þar sem engin starfsemi færi fram í fasteignunum á meðan þær væru í eigu sjóðsins væri eðlilegt að þær nytu undanþágu frá fasteignagjöldum.

Um nokkurra ára skeið hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins átt húsnæði á tveimur stöðum á landinu, á Patreksfirði og Ísafirði. Vegna undanþágu fyrri málsliðar 16. gr. laganna hefur sjóðurinn ekki þurft að greiða fasteignagjöld til viðkomandi sveitarfélaga frá því að hann eignaðist húsin. Telja verður óeðlilegt og ekki í samræmi við upphaflegan tilgang fyrri málsliðar 16. gr. laganna að Þróunarsjóður geti átt fasteignir um langt skeið án þess að greiða af þeim lögboðin gjöld til viðkomandi sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Vilhjálmur Egilsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2000.

Kristinn H. Gunnarsson, varaform., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Hjálmar Árnason.
Drífa Hjartardóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.	Jóhann Ársælsson.
Svanfríður Jónasdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.	

1186. Tillaga til þingsályktunar [636. mál]

um varðveislu báta og skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu og byggðasögu. Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint.

Greinargerð.

Nefndin flytur þessa tillögu í framhaldi af umfjöllun um 102. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum (þskj. 104). Í því er lagt til að Þróunarsjóður sjávarútvegsins veiti byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa samkvæmt nánar skilgreindum reglum. Frumvarpið var flutt af þingmönnum allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi.

Nefndin er sammála þeim markmiðum sem frumvarpið er byggt á, en telur eðlilegt í ljósi umsagna sem bárust um málið að nánar verði skoðað hvernig best verði staðið að varðveislu báta og skipa. Þá telur nefndin brýnt að mótaðar verði reglur um fjármögnun og að varðveislugildi báta og skipa verði skilgreint. Leggur nefndin áherslu á að málinu verði lokið af hálfu ríkisstjórnarinnar á þessu ári.

1187. Breytingartillaga [210. mál]

við frv. til l. um starfsréttindi tannsmiða.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipa nefnd sem hefur það verkefni að endurskoða og kveða nánar á um menntun sjálfstætt starfandi tannsmiða með meistararéttindi og hvort skilgreina skuli þá sem heilbrigðisstétt sem lúti eftirliti landlæknis. Við störf sín skal nefndin hafa samráð við tannlæknadeild Háskóla Íslands og skal einn nefndarmanna tilnefndur af stjórn hennar. Nefndin skal skila skýrslu um störf sín og hugsanlegum tillögum um breytingar á núverandi fyrirkomulagi fyrir 1. janúar 2001.

1188. Breytingartillaga [210. mál]

við frv. til l. um starfsréttindi tannsmiða.

Frá Þuríði Backman.

Við 4. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Endurskoðun laganna fari fram innan tveggja ára.

Greinargerð.

Tannsmiðir með meistararéttindi hafa ekki haft heimild til að vinna sjálfstætt en samkvæmt frumvarpinu verður umtalsverð breyting á því. Vinna í munnholi er heilbrigðismál og sá þáttur á að vera á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Nokkur reynsla ætti að vera komin á breytt fyrirkomulag innan tveggja ára og endurskoðun að geta farið fram þá, með sérstakri áherslu á menntun og starfssvið sjálfstætt starfandi tannsmiða með meistaréttindi, þ.e. hvort þeir heyri áfram undir iðnaðarráðherra eða hafi samsvarandi nám og réttindi og danskir klínískir tannsmiðir og heyri undir heilbrigðisráðherra.

1189. Nefndarálit [190. mál]

um till. til þál. um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og telur mikilvægt að stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum verði hraðað, en upplýsingar liggja fyrir um að undirbúningur að stofnun slíkrar miðstöðvar sé þegar hafinn í félagsmálaráðuneyti.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar.

Alþingi, 8. maí 2000.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Kristján L. Möller.
Ólafur Örn Haraldsson.	Drífa Hjartardóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Kristján Pálsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Jónína Bjartmarz.

1190. Breytingartillaga [321. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Í framhaldi af gildistöku laga þessara verði framkvæmd laganna tekin til endurskoðunar og kröfugerð fjármálaráðherra endurmetin. Þá verði nefnd sú sem ráðherra hefur haft sér til aðstoðar í þessu máli leyst frá störfum. Fjármálaráðherra verði falið að móta nýjar verklagsreglur fyrir kröfugerð ríkisins til þjóðlendna. Honum til aðstoðar verði skipuð fimm manna nefnd eða starfshópur samkvæmt tilnefningum landbúnaðarráðherra, umhverfisráðherra, iðnaðarráðherra og félagsmálaráðherra. Fjármálaráðherra skipar formann eða verkstjóra starfshópsins.

Nýjar verklagsreglur skulu settar fyrir 1. október 2000 þannig að vinna geti þá haldið áfram á grundvelli laganna.

1191. Þingsályktun [587. mál]

um staðfestingu ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 889.

1192. Þingsályktun [586. mál]

um fullgildingu Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem samþykkt var 17. júlí 1998.

1193. Þingsályktun [299. mál]

um flugmálaáætlun árin 2000–2003.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 516 með þessari breytingu:
IV. Liður 4.12 hljóðar svo:

Bakkaflugvöllur				
1. Flugbrautir og hlöð	4,0	10,0	20,0	0,0
2. Byggingar	0,0	0,0	10,0	0,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	0,0	0,0	0,0
	4,0	**10,0**	**30,0**	**0,0**

1194. Frumvarp til laga [322. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Reiðvegir eru vegir sem einkum eru ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

2. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna almennra vega, einkavega, reiðvega og hjólreiða- og göngustíga, enda komi fullar bætur fyrir.

3. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Almennir vegir, einkavegir, reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar.**

4. gr.

Í stað orðsins „gangstíga“ í 20. gr. laganna kemur: hjólreiða- og göngustíga.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu, sbr. þó 4. mgr.
b. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:
   Vegagerðin getur að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag ákveðið að annast og kosta viðhald girðinga með einstökum vegarköflum á þjóðvegum þar sem umferð er 300 bílar á dag eða meira að meðaltali yfir sumarmánuði (SDU), enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð. Áður en Vegagerðin ákveður að taka við viðhaldi girðinga samkvæmt þessari grein skal hún tilkynna það viðkomandi sveitarfélagi og hlutaðeigandi landeigendum.
c. 4. mgr. verður 5. mgr. og orðast svo:
   Viðkomandi sveitarfélag annast viðhald girðinga sem reistar eru skv. 2. mgr. 37. gr. Þó er heimilt að semja um að veghaldari annist viðhaldið. Viðhaldskostnaður þeirra girðinga greiðist að jöfnu af viðkomandi sveitarfélagi og veghaldara nema sérstaklega sé um annað samið.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000.

1195. Frumvarp til laga [558. mál]

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87 12. júní 1996.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. 2. mgr. orðast svo:
   Staðfesting samvistar getur aðeins farið fram ef:
   a. báðir einstaklingarnir eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari sem hefur fasta búsetu hér á landi, eða
   b. báðir einstaklingarnir hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu samvistar þeirra.
2. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ríkisborgararéttur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt skv. a-lið 2. mgr. Dómsmálaráðherra getur ákveðið í reglugerð að ríkisborgararéttur í öðru landi þar sem í gildi eru lög um staðfesta samvist, sem eru hliðstæð lögum þessum, verði einnig lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón gilda ekki um staðfesta samvist. Þó getur einstaklingur í staðfestri samvist ættleitt barn hins sem hann hefur forsjá fyrir, nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi. Lög um tæknifrjóvgun gilda heldur ekki um staðfesta samvist.

Lagaákvæði sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans gilda ekki um staðfesta samvist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1196. Frumvarp til laga [325. mál]

um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. taka til gagnagrunna að því er tekur til niðurröðunar og samsetningar þeirra að fullnægðum almennum skilyrðum fyrir höfundaréttarlegri vernd. Ekki raskar sá réttur höfundarétti að verkum sem gagnagrunnurinn kann að geyma. Þá raskar hann eigi að heldur samhliða rétti framleiðenda skv. 50. gr.

Með gagnagrunni í skilningi laga þessara, sbr. 3. mgr. þessarar greinar og 50. gr., er átt við safn sjálfstæðra verka, upplýsinga eða annarra efnisatriða sem komið er fyrir með skipu-

legum eða kerfisbundnum hætti og eru aðgengileg með rafrænum hætti eða öðrum aðferðum. Tölvuforrit sem notað er við gerð eða rekstur gagnagrunns og aðgangur er veittur að með rafrænum hætti telst ekki til gagnagrunns í skilningi laga þessara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir 4. tölul. 2. mgr. kemur nýr töluliður sem orðast svo: eftirgerðar véllæsilegra eintaka gagnagrunns.

b. Í stað 3. og 4. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Höfundar verka, sem útvarpað hefur verið eða gefin hafa verið út á hljóðriti eða myndriti, eiga rétt á sérstöku endurgjaldi vegna upptöku verka þeirra til einkanota á bönd, diska, plötur eða aðra þá hluti, í hvaða formi sem er, sem taka má upp á hljóð og/eða myndir með hliðrænum eða stafrænum hætti. Enn fremur skal greiða endurgjald af tækjum sem einkum eru ætluð til slíkrar upptöku. Gjöld þessi skulu greidd hvort sem um innlenda eða innflutta framleiðslu er að ræða og hvílir skylda til að svara gjöldunum á innflytjendum og framleiðendum.

Gjöld skv. 3. mgr. skulu nema:

1. Af tækjum skal endurgjaldið vera 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða.
2. Af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til upptöku hljóðs eingöngu skal gjaldið nema 35 kr.
3. Af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til upptöku mynda, eftir atvikum ásamt hljóði, skal gjaldið nema 100 kr.
4. Gjöld skv. 2. og 3. tölul. eru miðuð við að lengd flutningstíma sé allt að 180 mínútur fyrir hluti til hljóðupptöku og allt að 240 mínútur fyrir hluti til myndupptöku. Sé flutningstími lengri hækkar gjaldið hlutfallslega sem því nemur.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjöld skv. 3. og 4. mgr., þar á meðal af hvaða hlutum og tækjum gjöldin skuli greidd. Lækka má fjárhæðir, sem greindar eru í 4. mgr., af böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum ef ætla má að einungis hluti þeirra sé ætlaður til upptöku skv. 3. mgr.

Samtök höfundaréttarfélaga, þar með talin félög listflytjenda og framleiðenda, sjá um innheimtu á gjöldum skv. 3. mgr. og ráðstafa þeim. Samtökunum er heimilt að fela tollyfirvöldum innheimtu á gjöldum þeim sem innflytjendur skulu standa skil á. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og eru þær háðar staðfestingu þess. Í samþykktunum skal meðal annars ákveða skiptingu tekna með aðildarfélögum og þar má einnig mæla fyrir um framlög til styrktar útgáfu hljóð- og myndrita.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. a laganna orðast svo:

Eiganda eða lögmætum notanda eintaks af tölvuforriti, sem út hefur verið gefið, er heimil, þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 11. gr., gerð eintaka eftir forritinu, þar á meðal til gerðar vara- og öryggiseintaka sem honum eru nauðsynleg vegna nýtingar þess. Slík eintök má ekki nota á annan hátt og réttur til nýtingar þeirra fellur niður ef eigandi ráðstafar frumeintaki sínu til annarra.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið og ekki er leiksviðsverk“ í 1. mgr. kemur: verks, sem út hefur verið gefið.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til leiksviðsverka eða kvikmyndaverka.

5. gr.

Í stað 3. mgr. 25. gr. b laganna koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Réttur höfundar skv. 1. mgr. er óframseljanlegur og helst meðan höfundaréttur hans er í gildi, sbr. 43. gr. Höfundaréttarsjóður myndlistarmanna eða annar sjóður sem kæmi í hans stað annast innheimtu gjalda skv. 1. mgr., svo og skil á þeim til höfunda að frádregnu hæfilegu endurgjaldi vegna innheimtunnar. Að höfundi látnum fellur rétturinn til skylduerfingja, en sé þeim ekki til að dreifa rennur gjaldið til Höfundaréttarsjóðs myndlistarmanna eða annars sjóðs sem kæmi í hans stað. Krafa rétthafa á hendur samtökunum er gjaldkræf innan þriggja ára frá lokum þess árs er endursala fór fram. Fyrning kröfu rofnar við skriflega greiðsluáskorun frá rétthafa.

Aðili, sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni, skal ársfjórðungslega senda skilagrein um sölu listaverka á næstliðnu tímabili, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, til samtaka þeirra sem getið er í 3. mgr. Skylt er að senda skilagrein fyrir þau tímabil er engin sala fer fram hjá seljanda. Menntamálaráðherra skal að fengnum tillögum samtaka rétthafa skv. 3. mgr. setja nánari reglur um form skilagreina og innheimtu gjaldsins.

6. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hafi höfundur kvikmyndaverks framselt rétt sinn til útleigu kvikmyndaverks, sbr. 1. mgr., á hann ætíð rétt til hæfilegrar þóknunar fyrir útleiguna og verður ekki fallið frá rétti þessum með samningum.

7. gr.

1. mgr. 42. gr. a laganna orðast svo:

Sá sem hefur rétt til að nota tölvuforrit hefur heimild til að gera þær breytingar á forritinu sem nauðsyn ber til vegna nýtingar þeirrar sem heimil er.

8. gr.

Á eftir 42. gr. b laganna kemur ný grein, 42. gr. c, er orðast svo:

Sá sem hefur rétt til að nota gagnagrunn, sbr. 50. gr., hefur heimild til aðgerða sem nauðsynlegar eru til aðgangs að efni gagnagrunnsins og venjulegrar nýtingar hans.

9. gr.

3. mgr. 45. gr. laganna orðast svo:

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu eftir því sem við á gilda ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr., 3. mgr. 41. gr. og 53. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

10. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Sá sem framleiðir skrár, töflur, eyðublöð, gagnagrunn eða svipuð verk sem hafa að geyma umtalsvert safn upplýsinga eða eru árangur verulegrar fjárfestingar hefur einkarétt til eintakagerðar eða birtingar verks í heild eða að verulegum hluta. Endurtekinn og kerfisbundinn útdráttur og/eða endurnýting óverulegs hluta af gagnagrunni er óheimil ef þær aðgerðir stríða gegn venjulegri nýtingu hans eða ganga með óeðlilegum hætti gegn réttmætum hagsmunum framleiðenda gagnagrunnsins.

Einkaréttur til þeirrar sérstöku verndar sem kveðið er á um í grein þessari helst í 15 ár frá næstu áramótum eftir að verkið varð til. Ef verkið er birt innan greinds verndartímabils skal verndin þó haldast í 15 ár frá næstu áramótum eftir að gagnagrunnurinn telst birtur almenningi.

Njóti verk eða verkshluti, sem fjallað er um í grein þessari, höfundaréttarverndar verður þeim rétti einnig beitt samhliða.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum II. kafla laga þessara.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Á eftir 1. tölul. 2. mgr. kemur nýr töluliður er orðast svo: Vanræksla aðila sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni á að senda samtökum rétthafa skilagrein um seld listaverk skv. 4. mgr. 25. gr. b.
b. 3. tölul. 2. mgr., er verður 4. tölul., orðast svo: Brot á 1. mgr. 45. gr. og 3. mgr. sömu greinar, sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. mgr. 28. gr. og fyrirmæli sem getur í 2. mgr. 31. gr.

12. gr.

1. málsl. 57. gr. laganna orðast svo: Takist ekki samningur um fjárhæð þóknunar skv. 14. gr., 15. gr. a, 16., 17., 20. og 21. gr., 23. gr. a, 25. gr., 45. gr. a og 47. gr. getur hvor aðili um sig lagt ágreiningsefnið undir úrskurð þriggja manna nefndar sem menntamálaráðherra skipar úr hópi fimm manna sem höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. tilnefnir.

13. gr.

Í stað orðanna „sbr. 2. mgr. 45. gr.“ í 2. mgr. 59. gr. laganna kemur: sbr. 3. mgr. 45. gr.

14. gr.

Á eftir 60. gr. laganna kemur ný grein, 60. gr. a, er orðast svo:

Ákvæði 50. gr. gilda um verk ríkisborgara eða manna búsettra í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

15. gr.

61. gr. laganna kemur í stað 63. gr. og við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Vernd gagnagrunna skv. 50. gr. sem gerðir eru á tímabilinu frá 1. janúar 1983 til gildistöku laganna helst til 1. janúar 2016.

16. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 61. gr. og orðast svo:

Ákvæði 45. gr. taka til:

1. Listflutnings íslenskra ríkisborgara, hvar sem hann hefur fram farið.

2. Listflutnings erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna sem hér segir:
   a. Ef listflutningur hefur farið fram hér á landi.
   b. Ef listflutningur hefur verið tekinn upp á hljóðrit sem verndar nýtur eftir ákvæðum 2. tölul. 3. mgr.
   c. Ef listflutningi, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, er útvarpað af útvarpsstofnun sem verndar nýtur eftir ákvæðum í 4. mgr.

Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem gerðar eru hér á landi eða í ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

Ákvæði 47. gr. taka til:

1. Listflutnings íslenskra ríkisborgara sem tekinn hefur verið upp á hljóðrit.
2. Hljóðrita, svo og listflutnings þess er þau hafa að geyma, ef framleiðandi hljóðrits er íslenskur ríkisborgari eða fyrirtæki sem hefur aðsetur hér á landi.

Ákvæði 48. gr. taka til útvarpsstofnana ef þær fullnægja öðru hvoru því skilyrði sem hér segir:

1. Að aðalstöðvar stofnunarinnar séu hér á landi.
2. Að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu hér á landi.

17. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Frá og með gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra undirbúa niðurlagningu Myndlistarsjóðs Íslands með skipun sérstakrar skilanefndar. Skal skilanefnd um niðurlagningu Myndlistarsjóðs Íslands skipuð einum fulltrúa samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna og tveimur án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Uppgjöri skilanefndar á fjárreiðum Myndlistarsjóðs Íslands skal lokið innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1197. Frumvarp til laga [469. mál]

um hópuppsagnir.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um hópuppsagnir atvinnurekanda á starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra þegar fjöldi starfsmanna sem sagt er upp á 30 daga tímabili er:

a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,

b. að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
c. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

Við útreikning á fjölda þeirra sem sagt er upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningarsamnings einstakra starfsmanna sem jafngilda hópuppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

2. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

a. hópuppsagnir sem koma til framkvæmda samkvæmt ráðningarsamningum sem gerðir eru til ákveðins tíma eða vegna sérstakra verkefna nema slíkar uppsagnir eigi sér stað áður en þeir samningar renna út eða verkefni lýkur,
b. áhafnir skipa.

3. gr.

Ákvæði 7. gr. og 1. mgr. 8. gr. gilda ekki þegar starfsemi fyrirtækis stöðvast vegna dómsúrskurðar. Þó skal atvinnurekandi senda svæðisvinnumiðlun tilkynningu skv. 7. gr. fari svæðisvinnumiðlun fram á það.

4. gr.

Ákvæði laga þessara gilda án tillits til þess hvort ákvörðun um hópuppsagnir er tekin af atvinnurekanda sjálfum eða fyrirtæki sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart honum.

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessum lögum getur atvinnurekandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

II. KAFLI
Upplýsingar og samráð.

5. gr.

Áformi atvinnurekandi hópuppsagnir skal hann svo fljótt sem auðið er hafa samráð við trúnaðarmann stéttarfélaga eða, ef ekki hefur verið kjörinn trúnaðarmaður, við annan fulltrúa starfsmanna, sem þeir hafa til þess valið, með það fyrir augum að ná samkomulagi.

Í samráði felst skylda atvinnurekanda til að kynna og ræða við trúnaðarmann eða fulltrúa starfsmanna, sbr. 1. mgr., um áformin, rökstyðja þau og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin af atvinnurekanda.

Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda flutning í önnur störf eða endurhæfingu starfsmanna sem áformað er að segja upp.

Ef sérstök nauðsyn krefur er trúnaðarmanni eða fulltrúa starfsmanna, sbr. 1. mgr., heimilt að kveðja til sérfræðinga sér til aðstoðar meðan á samráði stendur. Kostnaður af störfum sérfræðinga er atvinnurekanda óviðkomandi.

6. gr.

Atvinnurekandi skal vegna samráðs aðila skv. 5. gr. láta trúnaðarmanni eða fulltrúa starfsmanna, sbr. 1. mgr. 5. gr., í té allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar uppsagnir og að minnsta kosti tilgreina skriflega:

a. ástæður fyrirhugaðra uppsagna,
b. fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp og hvaða störfum þeir gegna,
c. hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna,
d. á hvaða tímabili fyrirhugaðar uppsagnir eiga að koma til framkvæmda,
e. viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp,
f. upplýsingar um sérstakar greiðslur til starfsmanna vegna uppsagna aðrar en þær sem kveðið er á um í lögum eða kjarasamningum og hvernig þessar greiðslur eru reiknaðar.

Atvinnurekandi skal senda svæðisvinnumiðlun afrit af þeim skriflegu upplýsingum sem um getur í a–e-lið 1. mgr.

III. KAFLI
Tilkynning til svæðisvinnumiðlunar.

7. gr.

Atvinnurekandi skal, að höfðu samráði skv. 5. og 6. gr., senda svæðisvinnumiðlun í því umdæmi þar sem viðkomandi starfsmenn vinna skriflega tilkynningu um fyrirhugaðar uppsagnir. Í tilkynningunni skulu koma fram allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar hópuppsagnir og um samráð skv. 5. og 6. gr., einkum ástæður uppsagnanna, hve mörgum starfsmönnum stendur til að segja upp, hve margir starfsmenn eru að jafnaði í vinnu og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að taka gildi.

Atvinnurekandi skal koma afriti af tilkynningu skv. 1. mgr. til fulltrúa starfsmanna.

Trúnaðarmaður eða fulltrúi starfsmanna, sbr. 1. mgr. 5. gr., getur komið á framfæri öllum athugasemdum starfsmanna við svæðisvinnumiðlun.

8. gr.

Uppsagnir samkvæmt lögum þessum taka fyrst gildi 30 dögum eftir að tilkynning um uppsagnir skv. 7. gr. berst svæðisvinnumiðlun.

Svæðisvinnumiðlun skal nota frestinn skv. 1. mgr. til að leita lausnar á þeim vanda sem fyrirhugaðar uppsagnir munu valda.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

9. gr.

Uppsagnarfrestur starfsmanna samkvæmt lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum breytist ekki þrátt fyrir ákvæði laga þessara, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 8. gr. að því er snertir þá starfsmenn sem eiga styttri uppsagnarfrest en 30 daga.

10. gr.

Trúnaðarmaður eða fulltrúi starfsmanna, sbr. 1. mgr. 5. gr., sérfræðingar skv. 4. mgr. 5. gr. og atvinnurekandi eða fulltrúar hans skulu gæta trúnaðar varðandi upplýsingar sem gefnar eru samkvæmt ákvæðum þessara laga.

11. gr.

Atvinnurekandi sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

12. gr.

Brot gegn 5.–7. gr. laga þessara geta varðað sektum sem renna í ríkissjóð.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

V. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 95/1992, um hópuppsagnir, ásamt síðari breytingum.

1198. Frumvarp til laga [523. mál]

um orkunýtnikröfur.

(Eftir 2. umr., 8. maí.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun og notkun orkunýtinna véla, tækja og annars búnaðar, í lögum þessum nefnd vara, með það að markmiði að orka verði notuð á skynsamlegan og hagkvæman hátt.

2. gr.

Lögin taka til nýrrar vöru sem nýtir orku.

Lögin taka ekki til farartækja eða notaðrar vöru.

3. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt með hliðsjón af tilgangi laga þessara að kveða á um í reglugerð hvaða kröfur um orkunýtni tiltekin vara þarf að uppfylla.

Eingöngu er heimilt að setja á markað vöru sem uppfyllir reglur um orkunýtni, sbr. 1. mgr. Óheimilt er að banna markaðssetningu vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni og hefur CE-samræmismerki, enda uppfylli hún skilyrði annarra laga.

Ráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð að innflutningur eða framleiðsla vöru til eigin nota skuli lúta sams konar reglum og mælt er fyrir um í 1. mgr.

4. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð hvaða merkingar og upplýsingar skuli fylgja vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni.

5. gr.

Framleiðandi, fulltrúi hans eða sá er markaðssetur vöru, hér eftir nefndur birgðasali, ber ábyrgð á að vörur hans uppfylli orkunýtnikröfur sem settar hafa verið. Birgðasali ber ábyrgð á að nauðsynlegar mælingar og prófanir á orkunýtni búnaðar fari fram svo að kannað verði hvort búnaður uppfyllir kröfur um orkunýtni sem ákveðnar hafa verið með reglugerð byggðri á 3. gr.

Óheimilt er að hefja sölu eða leigu á vöru þar til nauðsynlegar mælingar og prófanir hafa farið fram. Birgðasali ber allan kostnað við framangreindar mælingar og prófanir.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um hvaða aðferðir og staðla skal nota við mælingar og prófanir skv. 1. mgr.

6. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Yfireftirlit samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum Löggildingarstofu.

Við framkvæmd eftirlits með lögum þessum skal farið að lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, eftir því sem við á.

Birgðasalar og seljendur skulu miðla til eftirlitsaðila þeim upplýsingum skv. 5. gr. sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar lögum þessum.

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð slíkra brota fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1199. Breytingartillögur [557. mál]

við frv. til. l. um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttir og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „nema hvað sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða nytjastofna sjávar“ í 1. mgr. komi: Í málum sem snerta nytjastofna sjávar skal samþykki sjávarútvegsráðherra liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar.
   b. Í stað orðanna „hlutaðeigandi stjórnvalds“ í 2. mgr. komi: umhverfisráðherra.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „setja umhverfisráðherra og sjávarútvegsráðherra“ í 1. mgr. komi: setur umhverfisráðherra.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „hlutaðeigandi stjórnvaldi upplýsingar sem það“ í 1. mgr. komi: umhverfisráðherra upplýsingar sem hann.
   b. Í stað orðanna „Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra“ í 2. mgr. komi: Umhverfisráðherra er heimilt.

1200. Nefndarálit [502. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Stefán Skjaldarson og Benedikt Ásgeirsson frá utanríkisráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni frá Fríhöfninni, Íslenskum markaði, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Keflavíkurflugvelli, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, flugvallarstjóranum á Keflavíkurflugvelli, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Flugleiðum, flugráði og Flugmálastjórn. Þá lagði utanríkisráðuneytið fram ýmis gögn.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Stofnun hlutafélags um rekstur flugstöðvarinnar er ætlað að stuðla að því að tekjur flugstöðvarinnar standi undir fjárfestingum hennar og rekstri. Talið er að hlutafélag hafi meiri möguleika en ríkisstofnun á að laga sig að breyttum aðstæðum, enda býður rekstrarformið upp á meiri sveigjanleika en við verður komið í hefðbundnum ríkisrekstri. Til að styrkja fjárhagslegan grundvöll þeirrar uppbyggingar á aðstöðu til farþegaflugs sem nú fer fram á Keflavíkurflugvelli hefur verið ákveðið að fella rekstur Fríhafnarinnar undir starfsemi flugstöðvarinnar. Hlutafélaginu er síðan ætlað að yfirtaka starfsemi flugstöðvarinnar eins og hún verður eftir þá breytingu.

Við skoðun á umsögnum sem nefndinni bárust ræddu nefndarmenn sérstaklega ákvæði 14. gr. Þar er gert ráð fyrir að utanríkisráðherra sé heimilt að útfæra nánar ákvæði greinarinnar í reglugerð en í ákvæðinu segir að hlutafélaginu beri í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar á starfssviði og starfssvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem íslenska ríkið undirgengst og varða flugstöðina og starfsemina sem félagið yfirtekur. Jafnframt er tekið fram að félaginu sé skylt að fara að fyrirmælum stjórnvalda, sem og öðrum fyrirmælum er varða flugstöðina. Meiri hlutinn telur rétt að kveða á um eftirlitsskyldu stjórnvalda og að utanríkisráðherra verði skylt að setja reglugerð um ákvæði greinarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 11. gr.
2. Lagðar eru til þær breytingar á 14. gr. að annars vegar verði kveðið á um eftirlitsskyldu stjórnvalda og hins vegar að utanríkisráðherra verði gert skylt að setja reglugerð um ákvæði greinarinnar, sbr. framangreint.

Alþingi, 4. maí 2000.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm. | Jón Kristjánsson. | Árni R. Árnason.

Kristján Pálsson. | Jónína Bjartmarz.

1201. Breytingartillögur [502. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar (TIO, JónK, ÁRÁ, KPál, JBjart).

1. Við 11. gr. Í stað orðanna „Við niðurlagningu stofnunarinnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar“ komi: Þegar stofnunin Flugstöð Leifs Eiríkssonar verður lögð niður.
2. Við 14. gr.
   a. Í stað orðanna „Er félaginu skylt að fara að fyrirmælum stjórnvalda“ í 2. málsl. komi: Er félaginu skylt að sæta eftirliti og fara að fyrirmælum stjórnvalda.
   b. Í stað orðanna „Utanríkisráðherra er heimilt að“ í 3. málsl. komi: Utanríkisráðherra skal.

1202. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Haraldsdóttur og Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Skrifstofu jafnréttismála, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Útlendingaeftirlitinu, lögreglustjóranum í Reykjavík, dómsmálaráðuneytinu, borgarráði Reykjavíkurborgar og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar starfs viðræðunefndar sem hafði það hlutverk að sporna gegn starfsemi svonefndra „erótískra“ veitingastaða. Í því er lagt til að lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, verði breytt á þann veg að flokkum veitingastaða yrði fjölgað. Er markmiðið með því að sveitarstjórnir geti haft áhrif á hvar slík starfsemi fer fram með því að kveða á um það í skilmálum aðal- eða deiliskipulags hvar heimilt sé að reka slíka staði. Þá geti þau einnig sett nánari skilyrði um það skemmtanahald sem fram fer á nektardansstöðum, umfram þau skilyrði sem gilda um skemmtanahald á öðrum veitingastöðum.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Helsta efnisbreytingin er að nánar er kveðið á um hvers konar starfsemi falli undir hvern lið í flokkum veitingastaða í 2. gr. frumvarpsins. Er m.a. kveðið á um að ef aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni teljist veitingastaður næturklúbbur í skilningi frumvarpsins. Einnig er lagt til að nýr flokkur bætist við, dansstaðir. Er með því skilið á milli slíkra staða og næturklúbba. Þá er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að veitingastaðir sem falla undir nýja flokka skv. 2. gr. frumvarpsins skuli afla sér nýrra leyfa til reksturs fyrir 1. janúar 2001.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.		Kristján L. Möller.

1203. Breytingartillögur [406. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁJ, HjÁ, JónK, GHall, ArnbS, ÞKG, LB, KLM).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „3. mgr. 2. gr.“ í inngangsmálsgrein komi: 2. mgr. 2. gr.
   b. Í stað orðsins „takmarkaðri“ í a-lið efnismálsgreinar komi: ótakmarkaðri.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „þrír“ í inngangsmálsgrein komi: fjórir.
   b. G-liður orðist svo:
      Krá.
      Veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar.
   c. Við bætist nýr liður er verði h-liður og orðist svo:
      Dansstaður.
      Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi sem aðallega hefur opið seint að kvöldi og að næturlagi og aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og dans gesta.
   d. H-liður, er verði i-liður, orðist svo:
      Næturklúbbur.
      Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þeim veitingastöðum sem reka starfsemi sem falla undir nýja flokka skv. 2. gr. laga þessara er skylt að uppfylla skilyrði laganna og afla sér tilskilinna rekstrarleyfa fyrir 1. janúar 2001.

1204. Nefndarálit [250. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1998, um loftferðir.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti, Jakob Fal Garðarsson, aðstoðarmann samgönguráðherra, Þorgeir Pálsson flugmálastjóra, Ómar Benediktsson frá Íslandsflugi hf., Jón Karl Ólafsson frá Flugfélagi Íslands hf. og Hjalta Geir Guðnason og Hörð Sverrisson frá Félagi íslenskra einkaflugmanna. Umsagnir um málið bárust frá Félagi íslenskra einkaflugmanna, Íslandsflugi hf., Samtökum ferðaþjónustunnar, flugráði og Flugmálastjórn. Þá barst sameiginleg umsögn frá Flugleiðum hf. og Flugfélagi Íslands hf.

Með frumvarpi þessu er leitast við að styrkja gjaldtökuheimildir loftferðalaga. Þá er gert ráð fyrir því nýmæli að farið verði að innheimta sérstakt leiðarflugsgjald til Flugmálastjórnar til fjármögnunar flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur auk þess sem ákvæði í loftflutningskafla laganna eru lagfærð.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á þyngdarflokkum vegna eftirlitsgjalda í 1. og 3. gr. frumvarpsins. Með þeirri breytingu verða lægri eftirlitsgjöld fyrir vélar sem eru 5.701–6.700 kg en ella hefðu orðið.
2. Lagt er til að lendingargjöld verði greidd fyrir lendingar loftfara í innanlandsflugi með 2.000 kg hámarksflugtaksmassa, en ekki 1.500 kg eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
3. Þá er lagt til að mælt verði fyrir um lendingargjöld fyrir lendingu loftfara í millilandaflugi, en í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir lendingargjöldum í innanlandsflugi.
4. Lagt er til að vopnaleitargjald verði ekki einskorðað við Keflavíkurfluvöll, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, heldur verði það greitt á öllum flugvöllum þar sem það fer fram. Þá er lagt til að gjaldið renni til Flugmálastjórnar en ekki sýslumanns, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Lagt er til að fjárhæð gjaldsins verði fest í lög og verði 125 kr. fyrir hvern farþega eldri en tólf ára, 65 kr. fyrir farþega tveggja til tólf ára, en börn yngri en tveggja ára verði undanþegin gjaldskyldu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1205. Breytingartillögur [250. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1998, um loftferðir.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (ÁJ, HjÁ, JónK, GHall, ArnbS, ÞKG).

1. Við 1. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „2.701–5.700 kg“ í b-lið 1. efnismgr. komi: 2.701–6.700 kg.
   b. Í stað „5.701–50.000 kg“ í c-lið 1. efnismgr. komi: 6.701–50.000 kg.
2. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað tveggja fyrstu málsgreina a-liðar komi þrjár nýjar málsgreinar sem orðist svo:
      Í innanlandsflugi og millilandaflugi skulu lendingargjöld greidd af umráðendum loftfara til Flugmálastjórnar fyrir afnot loftfara af þeim flugvöllum þar sem flugupplýsingaþjónusta er veitt.
      Fyrir lendingu loftfars í innanlandsflugi með 2.000 kg hámarksflugtaksmassa eða meiri skal greiða 238 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg af massa þess fyrir hverja lendingu á flugvöllum sem veita flugupplýsingaþjónustu.
      Fyrir hverja lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur skal greiða gjald samsvarandi 7,05 Bandaríkjadölum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa þess, en samsvarandi 10 Bandaríkjadölum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa loftfars fyrir hverja lendingu í Reykjavík. Stæðisgjöld skulu innheimt samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá sem ráðherra setur.
   b. Í stað tveggja fyrstu málsgreina b-liðar komi þrjár nýjar málsgreinar sem orðist svo:
      Umráðandi loftfars skal greiða sérstakt gjald, vopnaleitargjald, þar sem slík leit fer fram, til Flugmálastjórnar Íslands. Gjaldið greiðist fyrir hvern mann sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa. Fjárhæð gjaldsins skal vera 125 kr. fyrir hvern farþega. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal þó greiða 65 kr.
      Undanþegin gjaldskyldu eru börn yngri en tveggja ára, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra landa og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.
      Vopnaleitargjald fyrir farþega sem ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og öllum loftförum sem ekki er flogið á áætlunarleiðum skal greiða fyrir brottför loftfars. Heimilt er að veita gjaldfrest til 15. dags næsta almanaksmánaðar eftir brottför.
3. Við 3. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „2.701–5.700 kg“ í b-lið 1. efnismgr. komi: 2.701–6.700 kg.
   b. Í stað „5.701–50.000 kg“ í c-lið 1. efnismgr. komi: 6.701–50.000 kg.

1206. Nefndarálit [570. mál]

um frv. til l. um bílaleigur.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Bifreiðastjórafélaginu Andvara, Samtökum ferðaþjónustunnar og Átaki, bílaleigu.

Frumvarpinu er ætlað að setja almennar reglur um rekstrarumhverfi bílaleiga. Þar er leitast við að setja starfsgreininni fastari skorður með því að gera meiri kröfur til þeirra sem fást við útleigu bifreiða og auka þannig öryggi viðskiptavinanna.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að gildissvið laganna verði þrengt til að taka af öll tvímæli um að þeim er ekki ætlað að ná til starfsemi kaupleigu- eða fjármögnunarfyrirtækja eða leigu í eigin þágu eða til tengdra aðila.
2. Lagt er til að skilgreining hugtaksins „bílaleiga“ í frumvarpinu verði breytt þannig að ekki verði einungis um að ræða leigu til almennings heldur einnig til fyrirtækja. Þá er lagt til að bætt verði við skilyrði um að bifreiðar verði að jafnaði ekki leigðar til lengri tíma en þriggja vikna.
3. Lagt er til að áður en samgönguráðuneyti veitir starfsleyfi skuli leitað umsagnar lögreglustjóra í því umdæmi sem bílaleiga mun hafa fasta starfsstöð.
4. Lagt er til að kveðið verði á um að skrá yfir leyfishafa sem samgönguráðuneytinu verður skylt að halda verði birt með aðgengilegum hætti. Til slíkrar birtingar gæti talist birting á heimasíðu Stjórnarráðsins sem uppfærð yrði reglulega.
5. Lagt er til að þeim einum verði heimilt að hafa orðið bílaleiga í nafni starfsemi sinnar sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögunum.
6. Lagt er til að föst starfsstöð bílaleigu skuli opin almenningi.
7. Lagðar eru til nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar í 4. gr. Þá er lagt er til að bætt verði við tilvísun til 4. gr. í lokamálsgrein 3. gr.
8. Lagt er til kveðið verði á um að starfsábyrgðartryggingu sé ætlað að bæta tjón vegna vanefnda á leigusamningi. Er henni ætlað að vernda leigutakann fyrir tjóni, þar á meðal rekstrartapi sem gæti hlotist af vanefndum á leigusamningi.
9. Lagt er til að stjórnarmenn sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og búsettir í einhverju þeirra verði undanþegnir búsetuskilyrði 1. tölul. 1. mgr.
10. Lagt er til að afrit af leyfisbréfum skuli vera í útibúum bílaleigna.
11. Lagt er til að bílaleigur skuli jafnt bjóða bifreiðar til leigu til almennings sem fyrirtækja.
12. Lagt er til að samgönguráðherra geti ákveðið í reglugerð að bifreiðar bílaleigna skuli merktar sérstaklega. Slík merking gæti t.d. stuðlað að bættu skatteftirliti með bílaleigum.
13. Lagt er til að samgönguráðherra geti kveðið á um að leigusamningar skuli vera í tilteknu formi.
14. Lagt er til að skylt verði að varðveita leigusamning í eitt ár frá undirritun hans. Er það gert vegna þess að slíkir samningar hafa í mörgum tilvikum reynst mikilvæg gögn við rannsókn opinberra mála.
15. Lögð er til orðalagsbreyting á 8. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að hún verði með fyrirsögn eins og aðrar greinar frumvarpsins.

16. Lagt er til að samgönguráðherra verði heimilt að afturkalla starfsleyfi bílaleigu ef umsækjandi hefur veitt rangar eða villandi upplýsingar til að fá leyfið eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna.
17. Loks er lagt til að felld verði brott 70. gr. umferðarlaga. Þar er fjallað um útleigu ökutækja án ökumanns í atvinnunskyni, en við lögfestingu frumvarps þessa verður greinin óþörf.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Kristján L. Möller.	Jón Bjarnason.

1207. Breytingartillögur [570. mál]

við frv. til l. um bílaleigur.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lögin taka þó ekki til starfsemi kaupleigu- eða fjármögnunarfyrirtækja eða leigu í eigin þágu eða til tengdra aðila.
2. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Bílaleiga er starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni þar sem almenningi eða fyrirtækjum er boðið til leigu skráningarskylt ökutæki um skemmri tíma, að jafnaði ekki lengri en þriggja vikna.
3. Við 3. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Á eftir orðunum „fimm ára í senn“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: að fenginni umsögn lögreglustjóra í því umdæmi sem bílaleiga mun hafa fasta starfsstöð.
   b. Á eftir orðinu „lögum þessum“ í 2. mgr. komi: og birta hana með aðgengilegum hætti.
   c. 3. mgr. orðist svo:
      Þeim einum er heimilt að hafa orðið bílaleiga í nafni starfsemi sinnar sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.
   d. Á eftir orðunum „rekin á fastri starfsstöð“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: sem opin skal almenningi.
   e. Á eftir orðunum „starfsábyrgðartryggingu sinni“ í síðari málsl. 5. mgr. komi: skv. 4. gr.
4. Við 4. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „Að hafa“ í 1., 2. og 4. tölul. 1. mgr. komi: Hafa.
   b. Í stað orðanna „Að vera“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: Vera.

c. Í stað orðanna „né lögum um sölu notaðra ökutækja“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: lögum um sölu notaðra ökutækja, né lögum þessum.
d. Í stað orðsins „viðskiptamönnum“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: leigutökum.
e. Í stað orðanna „með rekstri bílaleigu“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: vegna vanefndar á leigusamningi.
f. 2. málsl. 3. mgr. orðist svo: Þó er stjórnarmaður sem er ríkisborgari í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og búsettur í einhverju ríkja þess undanþeginn búsetuskilyrðum 1. tölul. 1. mgr.

5. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
a. 2. mgr. orðist svo:
Skylt er að leyfisbréf til starfseminnar liggi frammi á starfsstöð og afrit þess í útibúum.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Bílaleiga skal bjóða upp á bifreiðar til útleigu jafnt til almennings sem fyrirtækja. Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að bifreiðar bílaleigna skuli merktar sérstaklega.

6. Við 6. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
a. Í stað orðanna „endanlega sé gengið“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: gengið sé.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samgönguráðherra getur með reglugerð birt form leigusamnings og kveðið á um skyldu bílaleigna til að nota það.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Varðveita skal leigusamning í a.m.k. eitt ár frá undirritun hans.

7. Við 8. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
a. Greinin orðist svo:
Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um leigustarfsemina og framkvæmd laganna að öðru leyti.
b. Á greinina komi svohljóðandi fyrirsögn: *Reglugerð.*

8. Við 9. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
a. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:
Samgönguráðherra afturkallar starfsleyfi bílaleigu ef umsækjandi hefur veitt rangar eða villandi upplýsingar til að fá leyfið eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laga þessara.
b. Í stað orðsins „leyfis“ í 2. mgr., er verði 3. mgr., komi: slíks leyfis.
c. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Refsiákvæði o.fl.*

9. Við 10. gr. Greinin verði svohljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 70. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987.

1208. Nefndarálit [567. mál]

um frv. til l. um rannsókn sjóslysa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Sjómannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnun Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Almannavörnum ríkisins, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Landssambandi smábátaeigenda, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, rannsóknarnefnd sjóslysa og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heildarlög um rannsókn sjóslysa sem komi í stað ákvæða siglingalaga um það efni.

Í frumvarpinu eru nokkur nýmæli miðað við gildandi löggjöf. Lagt er til að sjóslysarannsóknir verði algjörlega sjálfstæðar og að því leyti hliðstæðar rannsóknum flugslysa en hingað til hefur frumrannsókn sjóslysa verið hjá lögreglu og í sjóprófum. Þá er kveðið á um að sönnun í opinberum málum verði ekki byggð á skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa. Er það gert til að trúnaður megi haldast milli rannsakanda og þeirra sem rannsóknin beinist að. Loks er lagt til að álit rannsóknarnefndarinnar verði notuð til að efla forvarnir og auka öryggi skipa og sjómanna.

Nefndin leggur til að tekið verði fram í frumvarpinu að einn nefndarmanna í rannsóknarnefndinni skuli vera formaður. Þá eru lagðar til tvær aðrar smávægilegar breytingar sem ekki eru efnislegar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Kristján L. Möller.	Jón Bjarnason.

1209. Breytingartillögur [567. mál]

við frv. til l. um rannsókn sjóslysa.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 3. gr. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: og skal einn þeirra vera formaður.
2. Við 5. gr. Í stað orðsins „slys“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sjóslys.

3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Nú verður sjóslys, sbr. 1., 2. og 5. gr., og ber þá skipstjóra, útgerðarmanni, Tilkynningarskyldu íslenskra skipa, Landhelgisgæslu, lögregluyfirvöldum eða öðrum sem verða þess áskynja skylda til að tilkynna og ganga úr skugga um án undandráttar að rannsóknarnefnd sjóslysa fái vitneskju um slysið.

Skipstjóra eða þeim er kemur í hans stað er skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa á mönnum sem verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Skráningar- og tilkynningarskyldan tekur m.a. til hvers konar vinnuslysa á sjó, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra atvika sem þýðingu kunna að hafa í því sambandi.

1210. Nefndarálit [568. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Sjómannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnun Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Landssambandi smábátaeigenda, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

Meginbreyting samkvæmt frumvarpinu er að ekki verður lengur skylda að halda sjópróf. Þá er í því mælt fyrir um ýmsar breytingar á lögunum til samræmis við breytingar sem orðið hafa á réttarfari. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða máli nr. 567, um rannsóknir sjóslysa, og eru flestar breytingarnar afleiðing af breytingum sem þar er gert ráð fyrir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 8. maí 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Kristján L. Möller.	Jón Bjarnason.

1211. Nefndarálit [569. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Siglingastofnun Íslands, Landssambandi smábátaeigenda og Siglingasambandi Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skipum styttri en 24 metrar sem notuð eru í atvinnuskyni verði skylt að tilkynna sig í sjálfvirka tilkynningarkerfinu sem nýlega var tekið í fulla notkun. Hins vegar verði skip sömu stærðar sem ekki eru notuð í atvinnuskyni undanþegin þeirri skyldu, en það eru fyrst og fremst skemmtibátar. Þá verði samgönguráðherra heimilt að ákveða að skip sem stunda veiðar nálægt landi verði undanþegin því að tilkynna sig í sjálfvirka tilkynningarkerfinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 8. maí 2000.

Árni Johnsen, *form., frsm.*	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Kristján L. Möller.	Jón Bjarnason.

1212. Nefndarálit [468. mál]

um frv. til l. um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Bændasamtökum Íslands, Íslandssíma hf. og Póst- og fjarskiptastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að lagt verði á jöfnunargjald vegna alþjónustu í samræmi við 15. gr. fjarskiptalaga, nr. 107/1999, en þar er kveðið á um að jöfnunargjald skuli ákveðið árlega með lögum. Er lagt til að jöfnunargjaldið fyrir árið 2000 verði 0,18% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja af almennri þjónustu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 8. maí 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Jón Kristjánsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Kristján L. Möller.	Jón Bjarnason.

1213. Nefndarálit [280. mál]

um frv. til l. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti, Pál Hreinsson og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá tölvunefnd, Erlend Gíslason frá Lögmannafélagi Íslands, Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Ingvar Kristinsson frá Sambandi íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, Jón Magnússon og Telmu Halldórsdóttur frá Neytendasamtökunum, Guðrúnu Agnarsdóttur og Hrafn Tulinius frá Krabbameinsfélagi Íslands, Hildi Helgadóttur og Lilju Þorsteinsdóttur frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Hallgrím Snorrason og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, Hjálmar Jónsson og Lúðvík Geirsson frá Blaðamannafélagi Íslands, Sigurð Guðmundsson landlækni og Matthías Halldórsson og Aðalheiði Sigursveinsdóttur frá embættinu, Vilmund Guðnason frá Hjartavernd, Sólveigu Ásgrímsdóttur frá Sálfræðingafélagi Íslands, Kára Stefánsson frá Íslenskri erfðagreiningu, Jóhannes M. Gunnarsson, Þorvald V. Guðmundsson, Lilju Þorsteinsdóttur, Torfa Magnússon og Baldur Johnsen frá Landspítala, Karl Andersen, Gunnar Matthíasson, Björn R. Lúðvíksson og Finnboga Jakobsson frá vísindasiðanefnd Sjúkrahúss Reykjavíkur, Tómas Zoëga, Örn Bjarnason og Ásdísi Rafnar frá Læknafélagi Íslands, Ingileif Jónsdóttur, Þorvarð Árnason og Karl Kristinsson frá vísindasiðanefnd.

Umsagnir bárust nefndinni frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, tölvunefnd, siðaráði landlæknis, Samtökum atvinnulífsins, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Hagstofu Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, vísindasiðanefnd Sjúkrahúss Reykjavíkur, Krabbameinsfélagi Íslands, Blaðamannafélagi Íslands, Mannvernd, Rannsóknarráði Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, vísindasiðanefnd, Læknafélagi Íslands og landlækni.

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í henni felst m.a. lögfesting á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins nr. 95/46, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja að sömu reglur gildi um persónuvernd í öllum aðildarríkjum ESB. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar á síðasta ári um að fella tilskipunina inn í EES-samninginn skal samræmingin jafnframt ná til lög-

gjafar á þessu sviði á Íslandi. Þá hafa alþjóðlegar reglur og samstarf, t.d. samningur Evrópuráðsins um vernd einstaklinga við vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá árinu 1981 og tilmæli Evrópuráðsins til aðildarríkjanna, haft áhrif á efni íslenskra réttarreglna á sviði persónuverndar og hefur verið höfð hliðsjón af þeim við samningu frumvarpsins.

Ýmsar breytingar eru lagðar til í frumvarpinu, m.a. eru réttindi hins skráða aukin, gert er ráð fyrir að sjálfstæð ríkisstofnun verði sett á stofn til að sinna eftirliti með framkvæmd laganna og lagðar eru til breytingar á framkvæmd eftirlitsins þannig að tilkynningarskylda komi að stórum hluta í stað leyfisskyldu.

Miklar umræður urðu í nefndinni um frumvarpið og barst henni nokkuð af athugasemdum við efni þess.

Töluvert var rætt um það breytta fyrirkomulag á eftirliti sem lagt er til í frumvarpinu sem byggist fyrst og fremst á því að tilkynningarskylda komi í stað leyfisskyldu. Gert er ráð fyrir að horfið verði frá því fyrirkomulagi sem gildir að meginstefnu til nú að fyrirhuguð vinnsla er kynnt tölvunefnd sem yfirfer leyfisumsóknir og afgreiðir leyfi. Þess í stað verður þeim sem hyggjast hefja rafræna vinnslu persónuupplýsinga skylt að tilkynna hinni nýju stofnun, Persónuvernd, um vinnsluna og skal það gert áður en hún hefst. Persónuvernd skal svo, þegar hún hefur móttekið tilkynninguna, grípa inn í undirbúning vinnslunnar eftir því sem hún telur þörf á með því að ákveða skilmála vinnslunnar eða gefa fyrirmæli um aðrar aðgerðir. Ljóst er að nýja fyrirkomulagið á eftir að mótast nokkuð í framkvæmd en útlínur þess eiga að vera nokkuð skýrar. Eins og það var kynnt fyrir nefndinni er ætlunin að hafa framkvæmd tilkynningarskyldunnar sem einfaldasta fyrir vinnsluaðila og kom fram að hugsanlega yrði hún sett á rafrænt form að einhverju leyti en gera má ráð fyrir að mikið verði um tilkynningar um vinnslu þegar lögin koma fyrst til framkvæmda. Breytt fyrirkomulag gerir ráð fyrir aukinni áherslu á skyldur ábyrgðaraðila og í frumvarpinu er lagt til að eftirlit verði aukið hjá þeim sem vinna með upplýsingarnar þannig að ábyrgðaraðilar viðhafi innra eftirlit í starfsemi sinni og geri reglulega skýrslur um það, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Telur nefndin að slíkt fyrirkomulag sé til þess fallið að auka ábyrgð ábyrgðaraðila á því að meðferð og vernd persónuupplýsinga sé í samræmi við lög og reglur. Þá getur það orðið til þess að auðvelda eftirlit Persónuverndar með viðkomandi þótt rétt sé að benda á mikilvægi þess að stofnunin sinni eftir sem áður alhliða eftirliti með ábyrgðaraðilum og að innra eftirlit komi ekki á neinn hátt í stað þess. Þá var bent á að við innra eftirlit ábyrgðaraðila gæti verið ástæða til að auka svokallað eftirfarandi eftirlit en í því felst t.d. að hægt er að fylgjast með hvort farið sé inn í upplýsingar án leyfis eða heimildar eða þær skoðaðar án þess að fyrir því sé ástæða og bregðast við. Að mati nefndarinnar mætti huga að því í tengslum við staðla og aðrar reglur sem Persónuvernd skal setja skv. 11. gr. frumvarpsins og bendir hún jafnframt á að áríðandi er að þeir verði tilbúnir sem fyrst enda mikilvægt að öryggisráðstafanir ábyrgðaraðila séu sem tryggastar.

Fram komu athugasemdir um að samkvæmt gildandi lögum teldust veruleg félagsleg vandamál til upplýsinga sem skilgreindar eru sem viðkvæmar persónuupplýsingar, en í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að svo sé. Skilgreining 8. tölul. 2. gr. byggist fyrst og fremst á 8. gr. tilskipunar ESB nr. 95/46 en þar kemur óbeint fram skilgreining á því hvaða persónuupplýsingar eru mönnum sérstaklega viðkvæmar. Veruleg félagsleg vandamál eru ekki tilgreind þar undir en hafa verður í huga að eitt af markmiðum tilskipunarinnar er að samræma þær efnisreglur sem gilda um vernd persónuupplýsinga á Evrópska efnahagssvæðinu. Vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt EES-samningnum verður að vera samræmi í þeim reglum sem gilda hér á landi og annars staðar á samningssvæðinu. Nefndin vill þó taka fram að þrátt fyrir að veruleg félagsleg vandamál séu ekki skil-

greind sérstaklega sem viðkvæmar persónuupplýsingar skv. 8. tölul. 2. gr. frumvarpsins eru slíkar upplýsingar verndaðar af lögunum skv. 7. gr. Í því felst t.d. að vinnslan verði að vera nauðsynleg svo að hún sé heimil. Þá er rétt að hafa í huga að veruleg félagsleg vandamál geta falist í skilgreiningu frumvarpsins á viðkvæmum persónuupplýsingum, t.d. í upplýsingum um heilsuhagi skv. c-lið 8. tölul. 2. gr.

Miklar umræður fóru fram um skilgreiningu frumvarpsins í 7. tölul. 2. gr. á samþykki. Ábendingar komu fram um að nota frekar orðasambandið upplýst samþykki og var það rökstutt með því að það hefði mjög ákveðna merkingu og hefði lengi verið notað um samþykki vegna þátttöku í vísindarannsóknum. Skilgreiningin sem notuð er í frumvarpinu á hins vegar fyrirmynd í tilskipun Evrópusambandsins og telur nefndin eðlilegt að sama skilgreining verði notuð þegar fjallað er um meðferð persónuupplýsinga. Reglur um meðferð þeirra spanna mjög vítt svið og að mati nefndarinnar er ekki eðlilegt að skilgreining á samþykki verði eingöngu byggð á því hvernig samþykki vegna þátttöku í vísindarannsókn er skilgreint. Nefndin bendir á að upplýst samþykki felist í skilgreiningunni á samþykki samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar er ljóst að aðrar tegundir samþykkis geta komið til, t.d. samkvæmt sérlögum, og ganga ákvæði slíkra laga þá framar ákvæðum frumvarpsins eða skýra verður þau til samræmis við ákvæði þess.

Þá lýstu margir umsagnaraðilar áhyggjum sínum af því hver yrði staða sjúkdómaskráa og gagnagrunna sem geyma heilbrigðisupplýsingar, t.d. Krabbameinsskrár. Slíkar skrár, þar sem geymdar eru upplýsingar um heilsuhagi sem teljast viðkvæmar persónuupplýsingar skv. 8. tölul. 2. gr., eru þess eðlis að alltaf þurfi sérstakt leyfi Persónuverndar skv. 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Lítur nefndin svo á að slík vinnsla verði heimiluð telji Persónuvernd, eftir að hafa metið það með málefnalegum hætti, að brýnir almannahagsmunir mæli með því og yrði leyfið veitt með þeim skilyrðum sem Persónuvernd telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Þá var einnig rætt nokkuð um hlutverk vísindasiðanefndar og siðanefnda heilbrigðisstofnana og hvernig það kemur til með að skarast við hlutverk Persónuverndar. Ljóst er að starfssvið þessara stofnana hafa skarast. Hins vegar vill nefndin minna á að fjallað er um hlutverk hinna fyrrnefndu í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og í reglugerð nr. 522/1999, um vísindarannsóknir á heilbrigðssviði, sem sett er samkvæmt lögunum. Skv. 4. mgr. 2. gr. laganna er vísindarannsókn rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Jafnframt er tekið fram að mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29. gr. á rannsókninni verði að hafa leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd hennar. Rétt er að leggja áherslu á að frumvarpinu er ekki ætlað að breyta þeim ákvæðum sem lög um réttindi sjúklinga og reglugerð með þeim setja. Vísindarannsókn sem krefst samþykkis Persónuverndar samkvæmt frumvarpinu og vísindasiðanefndar eða siðanefnda heilbrigðisstofnana samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga er ekki framkvæmd nema með samþykki beggja. Þannig er í raun um tvöfalt kerfi að ræða. Ef samþykki vísindasiðanefndar er áskilið við vísindarannsókn fer hún ekki fram ef það er ekki fyrir hendi.

Þá kom fram nokkur gagnrýni á að ekki væri fyrir hendi ákvæði um varðveisluskyldu gagna sem skráð eru og unnið með vegna vísindarannsókna. Nefndin lítur svo á að í frumvarpinu séu ekki gerðar breytingar á því hvernig gögn úr vísindarannsóknum eru varðveitt eða hversu lengi. Í 26. gr. frumvarpsins segir að þegar ekki sé lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skuli þeim eytt af ábyrgðaraðila. Er svo talið upp í dæmaskyni hvenær málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga geti verið fyrir hendi og m.a. nefnd fyrirmæli í lögum eða að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaf-

legan tilgang með söfnun þeirra. Ekki er þar um tæmandi talningu að ræða og telur nefndin að t.d. mat vísindasiðanefndar, sem byggt er á málefnalegum grunni á því hvort gögnum skuli eytt eða ekki, geti verið þar á meðal.

Nokkur umræða fór fram um aðgang Persónuverndar í eftirlitsstörfum sínum að húsnæði þar sem fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem heimiluð er skv. 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins. Var gerð athugasemd við að heimildin væri mjög víðtæk. Tekur nefndin undir þær athugasemdir og leggur áherslu á að henni verði beitt af varkárni og meðalhófs ætíð gætt. Hafa ber í huga að þessa heimild er að finna í gildandi lögum og hefur hún reynst þýðingarmikil í eftirlitsstarfi tölvunefndar. Auðvelt er að færa rök fyrir því að verði heimildin felld brott sé hætt við að eftirlit Persónuverndar verði ekki jafnvirkt því að mjög auðvelt er að þurrka upplýsingar út úr tölvukerfum. Þau tilvik geta komið upp að beita þurfi heimildinni við almennt eftirlit, t.d. ef grunur vaknar á staðnum, og þá er þessi heimild nauðsynleg til að geta gengið að óbreyttu ástandi.

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis með frumvarpinu er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður vegna Persónuverndar verði um 42 millj. kr. og að á fyrsta starfsári falli til kostnaður vegna stofnsetningar Persónuverndar að fjárhæð 12 millj. kr. Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2001 en í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að undirbúningur fyrir gildistöku laganna hefjist þegar eftir birtingu þeirra. Dómsmálaráðuneytið hefur í samráði við fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins metið kostnað sem fellur til á þessu ári vegna undirbúnings fyrir gildistöku laganna. Er hann talinn vera 29,6 millj. kr. en þar af er stofnkostnaður 12 millj. kr. Við það er miðað að húsnæði verði tekið á leigu 1. júní og þá verði ráðinn til starfa forstöðumaður. Alls er gert ráð fyrir að átta starfsmenn starfi við stofnunina og verða hinir sjö ráðnir í áföngum til áramóta. Annar rekstrarkostnaður en laun er að mestu í samræmi við kostnaðarmat fjármálaráðuneytis. Þó verður hann heldur lægri, m.a. er talið að ferðakostnaður verði lægri þar sem allir starfsmenn verða ekki komnir til starfa. Tölvunefnd mun starfa út þetta ár og fellur því til kostnaður við hana eins og áður, en hin nýja stjórn Persónuverndar mun starfa samhliða henni við undirbúning og stefnumörkun stofnunarinnar.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Í 1. gr. frumvarpsins er að finna markmiðslýsingu þess. Í athugasemdum með greininni kemur fram að hún tekur mið af 1. gr. tilskipunar ESB þar sem markmið hennar eru tilgreind. Aðeins annað af tveimur meginmarkmiðum tilskipunarinnar, að tryggja persónuvernd og friðhelgi einkalífs, er nefnt í 1. gr. frumvarpsins. Hitt meginmarkmið tilskipunarinnar er að tryggja frjálst flæði upplýsinga innan aðildarríkjanna í þeim tilgangi að ná fram markmiðum Evrópusambandsins um frjálsa vöru- og þjónustuflutninga. Nefndin telur rétt að bæði markmið tilskipunarinnar komi fram í 1. gr. og leggur til breytingu á greininni í samræmi við það.
2. Í athugasemdum við 1. tölul. 2. gr. kemur fram að verndarsvið frumvarpsins taki til upplýsinga um lifandi og látna menn. Enn fremur segir að upplýsingar um látna einstaklinga falli einkum undir það ef þær tengjast lifandi einstaklingum, svo sem upplýsingar um arfgenga sjúkdóma. Kemur fram að tölvunefnd hafi byggt á því í störfum sínum að látnir einstaklingar njóti friðhelgi um einkalíf sitt ekki síður en lifandi menn, t.d. að því er varðar aðgang að heilsufarsupplýsingum um látna menn í tengslum við framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Að mati nefndarinnar er tilgangur frumvarpsins að vernda persónuupplýsingar um alla einstaklinga, lifandi og látna, og leggur hún til að það komi fram í lagatextanum svo að enginn vafi leiki á því að verndin sé til staðar.

3. Nefndin ræddi það ósamræmi sem kemur fram í 1. tölul. 8. gr. og 1. tölul. 9. gr. frumvarpsins en skv. 8. gr., þar sem fjallað er um vinnslu almennra persónuupplýsinga, þarf að koma til ótvírætt samþykki hins skráða en skv. 9. gr., sem á við um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, þarf hinn skráði að samþykkja vinnsluna. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að gera ekki minni kröfur til samþykkis hins skráða við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga en þegar um vinnslu almennra persónuupplýsinga er að ræða. Í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór í nefndinni um skilgreiningu samþykkis, sbr. það sem fram hefur komið, leggur nefndin til að skerpt verði á skilgreiningu frumvarpsins á samþykki í 7. tölul. 2. gr. og í umfjöllun um samþykki í öðrum ákvæðum þess vísist til hennar. Leggur nefndin því til að við skilgreininguna bætist orðið „ótvírætt“ þannig að skilgreiningin orðist svo: „Sérstök ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.“ Orðið „ótvírætt“ í 1. tölul. 8. gr. fellur brott til samræmis við þá breytingu. Samþykki hins skráða verður þannig metið eins hvort sem í hlut á vinnsla almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga.
4. Þá leggur nefndin til að í 8. tölul. 2. gr. verði upplýsingar um lífsskoðanir taldar til viðkvæmra persónuupplýsinga og verndaðar á sama hátt og aðrar lífsskoðanir eins og stjórnmálaskoðanir trúar- og heimspekiskoðanir sem taldar eru sérstaklega upp í ákvæðinu.
5. Lagt er til að 3. mgr. 3. gr., þar sem ráðherra er veitt víðtæk reglugerðarheimild til að ákveða að tiltekin tegund rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga falli utan gildissviðs laganna, falli brott. Að mati nefndarinnar er nægilega kveðið á um undanþágur frá gildissviði laganna í 2. mgr. 3. gr. og telur hún að um of víðtæka reglugerðarheimild sé að ræða í 3. mgr.
6. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. Ákvæðið er byggt á 9. gr. tilskipunar ESB þar sem heimiluð er undanþága frá ákvæðum laga vegna skörunar við reglur sem gilda um tjáningarfrelsi þegar fjölmiðlun, listir eða bókmenntir eiga í hlut þar sem þær greinar eru taldar njóta ákveðinnar sérstöðu. Þó skuli byggt á þeirri meginreglu að lögin gildi um öll atriði. Fram kom gagnrýni á að gerður væri greinarmunur á fréttamennsku og öðrum þáttum fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Bent var á að hann ætti sér ekki stoð í tilskipun ESB og að ákvæði frumvarpsins væri mun þrengra en ákvæði tilskipunarinnar. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og leggur til að orðalag 2. málsl. 5. gr. verði rýmkað þannig að undanþágan nái ekki einungis til þeirra tilvika þegar persónuupplýsingar eru unnar í þágu fréttamennsku heldur einnig þegar þær eru unnar vegna bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi. Í slíkum tilvikum gildi aðeins, auk þeirra ákvæða sem nefnd eru í 2. málsl. 5. gr. frumvarpsins, ákvæði 4., 12., 13., 24. og 28. gr. þess.
7. Nefndin leggur til breytingar á 7. gr. til að taka af tvímæli um að allra þeirra þátta sem taldir eru upp í greininni sé gætt við meðferð persónuupplýsinga. Einnig er gerð smávægileg orðalagsbreyting.
8. Auk þeirrar breytingar sem gerð er á 1. tölul. 8. gr., og fjallað er um í 3. lið, er gerð breyting á 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar til að taka af allan vafa um að eitthvert þeirra atriða sem fjallað er um í 1. mgr. þurfi að vera fyrir hendi, þau þurfi ekki öll að vera fyrir hendi.
9. Nokkrar breytingar eru lagðar til á 9. gr. Lagðar eru til sams konar orðalagsbreytingar á 1. málsl. 1. mgr. og á 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. til að gera ákvæðið skýrara. Þá leggur

nefndin til breytingar á 5. tölul. en í frumvarpinu er talað um „hagsmunasamtök“ en það hugtak kemur ekki fyrir í tilskipuninni. Þar er hins vegar í d-lið 8. gr., sem er sambærilegur við 5. tölul. 9. gr. frumvarpsins, fjallað um samtök sem hafa „stéttarfélagsleg markmið“ sem verður að telja þrengra en orðnotkun frumvarpsins. Í tilskipuninni er í sömu grein jafnframt gert að skilyrði að samtökin starfi ekki í hagnaðarskyni. Þessi áskilnaður er ekki gerður í frumvarpinu en að mati nefndarinnar er þar um mikilvæga takmörkun að ræða. Er því lagt til að 5. tölul. verði orðaður að nýju í samræmi við þessar athugasemdir. Nefndin leggur einnig til breytingar á 9. tölul. í þeim tilgangi að þrengja heimildina. Þá leggur nefndin til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 9. gr. Með þeirri fyrri er lagt til að Persónuvernd setji, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur um hvernig velja megi og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkis þess er óskað. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að um þetta verði settar reglur og að Persónuvernd verði falið það hlutverk. Með hliðsjón af því hlutverki sem vísindasiðanefnd er falið í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og reglugerð settri samkvæmt þeim, nr. 552/1999, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, telur nefndin æskilegt að haft verði samráð við vísindasiðanefnd um setningu reglnanna með því að fengin sé umsögn hennar áður en þær verða settar. Með seinni málsgreininni er lagt til að Persónuvernd leysi úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar teljist viðkvæmar eða ekki. Að mati nefndarinnar er hugsanlegt að upp eigi eftir að koma tilvik þar sem deila megi um hvort persónuupplýsingar teljist vera viðkvæmar eða almennar. Leggur hún til að Persónuvernd verði falið að skera úr í slíkum tilvikum.

10. Lagðar eru til breytingar á 19. gr. þar sem ráðherra er heimilað með reglugerð að setja skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða. Leggur nefndin til að Persónuvernd setji reglur um beitingu upplýsingaréttarins og að ráðherra staðfesti þær.
11. Nefndin leggur til að í stað orðsins „persónumynstur“ í 23. gr. frumvarpsins verði notað orðið „persónusnið“. Breytingin felur ekki í sér efnisbreytingu en nefndinni var bent á að Íslensk málnefnd mælti frekar með notkun orðsins persónusnið í þessu samhengi.
12. Þá leggur nefndin til breytingu á 28. gr. Greinin er byggð á tilskipun ESB og felur í sér rétt til að láta taka sig af öllum sölulistum, t.d. úthringilistum og útsendingarlistum. Nefndin leggur til að í stað þess að ábyrgðaraðilum verði gert skylt að bera skrá sína saman við bannskrá Hagstofu Íslands a.m.k. tvisvar á ári verði þeim gert skylt að uppfæra hana mánaðarlega. Verði samanburðurinn einungis gerður tvisvar á ári getur einstaklingur þurft að bíða í allt að sex mánuði eftir því að vera tekinn af slíkum skrám. Að mati nefndarinnar er það of langur tími. Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. getur Persónuvernd veitt undanþágu frá þessari skyldu og lítur nefndin svo á að í undanþágunni felist að stofnunin geti veitt undanþágu frá skyldunni til að bera skrána saman við skrá Hagstofunnar og undanþágu frá því að uppfæra skrána mánaðarlega. Aðilar sem nota skrárnar sjaldan, t.d. einu sinni eða tvisvar á ári gætu þannig fengið undanþágu þannig að skráin yrði uppfærð áður en hún yrði notuð. Nefndin vill leggja áherslu á að undanþágum frá skyldunni til að bera skrána saman við skrá Hagstofunnar verði stillt í hóf svo að óskir einstaklinga um að verða teknir af skrá fyrir markpóst og marksímtöl séu virtar. Þá leggur nefndin til breytingu á 3. mgr. svo að Persónuvernd verði heimilað að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir takmörkunum skv. 1. mgr. Með hliðstæðum rannsóknum er t.d. átt við neyslu- og markaðskannanir Hagstofunnar og aðrar kannanir sem eru grundvöllur að vísitöluútreikningum og byggjast á lagaákvæðum eða leiðir af opinberri starfsemi. Við mat Persónuverndar á því hvort viðkomandi rannsókn

skuli ná til einstaklinga á bannskrá verður að taka mið af því hvort niðurstöður rannsóknarinnar mundu sýna mjög skakka mynd ef þeir væru ekki teknir með í rannsóknina.

13. Lagðar eru til breytingar á 3. mgr. 31. gr. þar sem Persónuvernd er heimilað að undanþiggja vissar tegundir vinnslu tilkynningarskyldu. Þar sem meginreglan er að öll vinnsla persónuupplýsinga er tilkynningarskyld telur nefndin að aðeins verði vikið frá tilkynningarskyldunni í undantekningartilvikum og aðeins þegar í hlut eiga almennar upplýsingar. Vinnsla með viðkvæmar persónuupplýsingar skal þannig í öllum tilvikum háð tilkynningarskyldu. Nefndin telur hins vegar að gild rök geti verið fyrir að ákveðnar tegundir vinnslu almennra upplýsinga verði undanþegnar tilkynningarskyldu. Má sem dæmi nefna skráningu í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita sem heimil er samkvæmt gildandi lögum. Þar er um að ræða skráningu sem er í þágu almannahagsmuna og öllum til góða. Ef ekki yrði heimilt að veita undanþágu í slíku tilviki gæti það haft þær afleiðingar að söfnun og skráning í þágu ættfræðirannsókna yrði mun erfiðari en nú er.
14. Nefndin leggur til breytingar á 33. gr. sem byggðar eru á 20. gr. tilskipunar ESB. Leggur hún til að þegar um er að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila geti Persónuvernd ákveðið að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en stofnunin hefur athugað hana og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu. Gildandi eftirlitskerfi er byggt á leyfisveitingum fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Eins og komið hefur fram byggist frumvarpið á því að í stað leyfisveitinga verði byggt á tilkynningarskyldu vinnsluaðila. Telur nefndin að nauðsynlegt sé að tengja saman þessi ólíku kerfi á þennan hátt þannig að telji stofnunin þörf á því geti hún stöðvað vinnslu persónuupplýsinga þar til hún hefur kannað vinnsluna og gefið út leyfi fyrir henni. Lítur nefndin svo á að vinnsla sem ekki verður leyfisskyld þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda verði hugsanlega leyfisskyld til að byrja með.
15. Þá eru lagðar til breytingar við 36. gr. Við umfjöllun málsins komu fram athugasemdir við að ráðherra skipi stjórn Persónuverndar án tilnefningar. Það sjónarmið kom fram að mikilvægt væri að eftirlitsaðili á borð við Persónuvernd nyti nægilegs trausts. Því væri mikilvægt að stjórn hennar væri skipuð faglega og að sátt ríkti um hana. Vill nefndin koma til móts við þessi sjónarmið og leggur til að tveir af fimm aðilum í stjórn Persónuverndar verði tilnefndir, annar af Hæstarétti og hinn af Skýrslutæknifélagi Íslands, en þess má geta að samkvæmt gildandi lögum tilnefnir Skýrslutæknifélagið einn í tölvunefnd. Hina þrjá stjórnarmenn Persónuverndar skipar ráðherra án tilnefningar, þar á meðal formann og varaformann, og skulu þeir vera lögfræðingar.
16. Í frumvarpinu eru engin ákvæði um refsiábyrgð lögaðila en slíkt ákvæði er í gildandi lögum. Í athugasemdum við 42. gr. frumvarpsins er tekið fram að ekki sé þörf á jafnítarlegu refsiákvæði og þar enda fari um slík atriði samkvæmt almennum ákvæðum refsilöggjafar á hverjum tíma. Þrátt fyrir þetta er að mati nefndarinnar rétt að taka það sérstaklega fram í 42. gr. að brot í starfsemi lögaðila varði hann refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga enda er fjallað um refsiábyrgð einstaklinga í 42. gr.
17. Þá leggur nefndin til að bætt verði við 45. gr. reglugerðarheimild vegna skuldbindinga Íslands vegna Schengen-samkomulagsins. Er lagt til að ráðherra mæli í reglugerð, að fenginni umsögn Persónuverndar, nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynn-

inga. Jafnframt skal mæla fyrir um í hvaða tilvikum og á hvaða hátt hinn skráði eigi rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

18. Nefndin leggur til að gildistaka laganna miðist við næstu áramót. Jafnframt er bætt við breytingum á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og nýsamþykktum lögum um Schengen-upplýsingakerfið, nr. 16/2000, þar sem láðst hefur í frumvarpinu að gera ráð fyrir þeim breytingum þannig að þar sem talað er um „tölvunefnd“ í lögunum komi „Persónuvernd“.
19. Að síðustu leggur nefndin til breytingar á ákvæði til bráðabirgða. Gert er ráð fyrir að hin nýja stofnun Persónuvernd taki formlega til starfa um næstu áramót að því undanskildu að hún skal sinna eftirliti með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi verði í samræmi við lög nr. 16/2000 frá samþykkt frumvarpsins. Leggur nefndin til breytingu á ákvæðinu til samræmis við það.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Ásta Möller og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Hjálmar Jónsson.	Sverrir Hermannsson.	Katrín Fjeldsted.
	Lúðvík Bergvinsson.	

1214. Breytingartillögur [280. mál]

við frv. til l. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Við 1. mgr bætist: og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Við 2. gr.
   a. 1. tölul. orðist svo: *Persónuupplýsingar:* Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
   b. Á undan orðunum „yfirlýsing sem einstaklingur“ í 7. tölul. komi: ótvíræð.
   c. Í stað orðanna „og trúar- eða heimspekiskoðanir“ í a-lið 8. tölul. komi: svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.
3. Við 3. gr. 3. mgr. fellur brott.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

5. Við 7. gr.
   a. 1. málsl. orðist svo: Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt.
   b. Framan við 1.–5. tölul. bætist: að þær séu.
   c. Á undan orðunum „frekari vinnsla“ í 2. tölul. komi: en.
6. Við 8. gr.
   a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi.
   b. Orðið „ótvírætt“ í 1. tölul. 1. mgr. falli brott.
7. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er því aðeins heimil að“ í 1. mgr. komi: Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema einhver af eftirfarandi þáttum eigi við.
   b. 5. tölul. 1. mgr. orðist svo: vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða.
   c. Við 9. tölul. 1. mgr. bætist: enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.
   d. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

      Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkis þess er óskað.

      Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.
8. Við 19. gr. 6. mgr. orðist svo:

   Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.
9. Við 23. gr. Í stað orðsins „persónumynstra“ og „persónumynstur“ í fyrirsögn greinarinnar og í 1. mgr. komi: persónusniða, og: persónusnið.
10. Við 28. gr.
    a. Í stað orðanna „a.m.k. tvisvar á ári“ í 1. mgr. komi: á mánaðarfresti.
    b. Við lokamálslið 1. mgr. bætist: í sérstökum tilvikum.
    c. 3. mgr. orðist svo:

       Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir samkvæmt nánari fyrirmælum Persónuverndar. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir takmörkunum skv. 1. mgr., enda þyki ljóst að slík takmörkun geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.
11. Við 31. gr. Í stað 1. málsl. 3. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Persónuvernd getur ákveðið að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar

tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar.

12. Við 33. gr. Greinin orðist svo:

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

13. Við 36. gr. 3. mgr. orðist svo:

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

14. Við 42. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

15. Við 45. gr. Á undan 3. mgr. kemur ný málsgrein er orðist svo:

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð mæla nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

16. Við 46. gr.

a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

3. Í stað orðsins „Tölvunefnd“ í 3. mgr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, kemur: Persónuvernd.

6. Í stað orðsins „tölvunefnd“ í 18. og 19. gr. laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000, kemur í viðeigandi falli: Persónuvernd.

17. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar. Eftir að forstjóri hefur verið skipaður ræður hann eftir þörfum annað starfsfólk til að annast undirbúning að gildistöku laganna og sinna stjórnsýslu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. skal Persónuvernd þegar er stjórn hennar hefur verið skipuð taka að sér eftirlit með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi sé í samræmi við lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

1215. Nefndarálit [564. mál]

um frv. til l. um breyt. á upplýsingalögum, nr. 50/1996 o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti. Umsagnir bárust frá Blaðamannafélagi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Megintilgangur frumvarpsins er að halda í þau lagaskil sem gildissvið laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum, hefur dregið milli þeirra og upplýsingalaga, nr. 50/1996, þegar ný lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga leysa fyrrnefndu lögin af hólmi. Gildissvið laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga hefur almennt verið bundið við persónuupplýsingar sem kerfisbundið eru færðar í skrá. Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gerir hins vegar ekki þann greinarmun á varðveisluformi upplýsinga sem það tekur til. Í 1. gr. frumvarps þessa er því lagt til að sams konar lagaskilaregla verði tekin í upplýsingalögin og leitt hefur af gildissviði laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Af því leiðir að frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga ætti yfirleitt einungis að ganga upplýsingalögunum framar þegar 18. gr. frumvarpsins á við um upplýsingarétt aðila. Skýr skil þarna á milli hafa þó fyrst og fremst þýðingu við ákvörðun um á hvaða lagagrundvelli beri að leysa úr beiðni um aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Efnisreglur laganna ættu hins vegar að leiða til svipaðrar niðurstöðu, enda er litið svo til að þeir hagsmunir sem takmörkunum þeirra er ætlað að vernda séu yfirleitt hinir sömu.

Aðrar breytingar samkvæmt frumvarpinu miða að því að bæta starfsskilyrði úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem starfrækt er samkvæmt V. kafla upplýsingalaga, og að gera lítils háttar lagfæringu á stjórnsýslulögum.

Við umfjöllun málsins hjá nefndinni komu fram athugasemdir frá forsætisráðuneyti, þar sem frumvarpið var samið, um að æskilegt væri að gerðar yrðu breytingar á frumvarpinu og eftir að hafa skoðað málið leggur nefndin til breytingar á ákvæðum þess til samræmis við þær athugasemdir.

Lagt er til að frestur til að höfða mál til ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál fyrir dómstólum verði lengdur um eina viku þegar dómari synjar um að veita málinu flýtimeðferð skv. XIX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Kemur það til af því að heimild úrskurðarnefndar til að fresta réttaráhrifum úrskurðar í því skyni að hann verði borinn undir dómstóla ber lögum samkvæmt að binda því skilyrði að óskað sé flýtimeðferðar slíks máls fyrir dómstólum. Dómstólar meta eftir sem áður sjálfir hvort mál sé þess eðlis að það fullnægi lögmæltum skilyrðum til að því sé veitt slík meðferð. Meti dómari það ekki svo hefur í framkvæmd risið um það vafi hvort sjö daga frestur skv. 18. gr. upplýsingalaga til að bera mál undir dómstóla hafi rofnað við það að óskað sé slíkrar meðferðar eða hvort hann haldi áfram að líða þar til mál er höfðað með útgáfu stefnu. Til að taka af allan vafa um þetta er lagt til að tekið verði í lögin sérstakt ákvæði um að nýr frestur byrji að líða ef dómari synjar um flýtimeðferð. Með því að stefnu þarf jafnframt að undirbúa með nokkuð öðrum hætti, ef svo ber undir, þykir jafnframt rétt að veita í því skyni aðra sjö daga.

Þá er lagt til að vísun til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga í 17. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, falli brott. Í þessari grein er stjórnvaldi heimilað að takmarka aðgang aðila máls að gögnum þess ef hagsmunir hans þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari einkahags-

munum, þar á meðal ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga standa því í vegi. Þessi breyting stuðlar einnig að því að skýra lagaskil á milli stjórnsýslulaga og laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, eftir atvikum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þegar þau leysa hin fyrrnefndu af hólmi, enda verður þeim ekki beitt samhliða, sbr. 2. mgr. 44. gr. frumvarps til síðastnefndu laganna. Beri á annað borð að leysa úr beiðni aðila máls um aðgang að gögnum þess á grundvelli stjórnsýslulaga verða takmarkanir á aðgangi hans ekki metnar á öðrum lagagrundvelli. Vísun til annarra laga í þessu ákvæði stjórnsýslulaganna á því ekki við enda þótt þau geti eftir sem áður verið inntaki þeirra hagsmuna, sem takmörkunarákvæði stjórnsýslulaga er ætlað að vernda, til skýringar.

Þá er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins til samræmis við frumvarp til laga um persónuupplýsingar og meðferð persónuupplýsinga sem lagt er til að öðlist gildi 1. janúar á næsta ári samkvæmt breytingu sem nefndin hefur lagt til á því frumvarpi. Með þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á 1. og 6. gr. upplýsingalaga til samræmis við fyrrgreint frumvarp og er breytingin sem nefndin leggur til hér gerð til samræmis við það frumvarp.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Ásta Möller og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Hjálmar Jónsson.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Katrín Fjeldsted.	Sverrir Hermannsson.

Lúðvík Bergvinsson.

1216. Breytingartillögur [564. mál]

við frv. til l. um breyt. á upplýsingalögum, nr. 50/1996, o.fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verða á 18. gr. laganna:
   a. Lokamálsliður fellur brott.
   b. Við bætist ný málgrein er hljóðar svo:
      Skal frestun á réttaráhrifum bundin því skilyrði að stjórnvald beri málið undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa úrskurðar og óski eftir að það hljóti flýtimeðferð. Nú er beiðni um flýtimeðferð synjað og skal þá mál höfðað innan sjö daga frá því að beiðni um það er synjað.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Orðin „þar á meðal ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga standa í vegi fyrir aðgangi að gögnunum“ í 17. gr. laganna falla brott.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 1. gr. laganna ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2001.

1217. Útvarpslög. [207. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1133 með þessari breytingu:

19. gr. hljóðar svo:

Sérákvæði um fjarsöluþætti.

Um fjarsöluþætti í dagskrám sem ekki eru eingöngu helgaðar fjarsölu gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Þeir skulu standa yfir í að minnsta kosti 15 mínútur órofið.
2. Slíkir þættir mega ekki vera fleiri en átta á degi hverjum. Heildarlengd þeirra má ekki vera meiri en þrjár klukkustundir á dag. Þeir skulu vera skýrt auðkenndir sem fjarsöluþættir með hljóðmerkjum og sjónrænt.

Öll ákvæði laga þessara gilda eftir því sem við á og að breyttu breytanda um sjónvarpsdagskrár sem eingöngu eru helgaðar fjarsölu. Auglýsingar eru leyfðar í slíkum dagskrám innan þeirra daglegu marka sem tiltekin eru í 18. gr., þó þannig að a- og b-liðir eiga ekki við.

Ákvæði laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga skulu gilda um fjarsölu samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

1218. Lög [452. mál]

um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1147.

1219. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og á l. nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason og Birgi Má Ragnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Pál G. Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands og Helenu Hilm-

arsdóttur frá Verðbréfaþingi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Verðbréfaþingi Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Samtökum fjármálafyrirtækja og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Með frumvarpinu er stefnt að því að mæta örri þróun í verðbréfaviðskiptum. Meðal helstu breytinga má nefna að gerðar eru auknar menntunarkröfur til starfsmanna fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti, aðskilnaður einstakra starfssviða fyrirtækja er gerður skýrari, auk þess sem mælt er fyrir um ítarlegri verklagsreglur um eigin viðskipti fyritækja, eigenda þeirra, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra. Þá er lagt til að krafa um starfsábyrgðartryggingu verði látin ná til verðbréfamiðlara en ekki verðbréfafyrirtækja eins og nú er og loks að ákvæði verði sett um samningsbundið uppgjör tiltekinna afleiðusamninga í tengslum við stöðu þeirra við gjaldþrot, nauðasamninga og greiðslustöðvun.

Miklar umræður urðu í nefndinni um hvort unnt væri að setja í lögin heimild til handa ráðherra til að setja reglugerð um viðskipti fruminnherja. Varð niðurstaða meiri hlutans sú að leggja ekki til slíka breytingu á frumvarpinu. Telur meiri hlutinn að þær hömlur á viðskipti tiltekinna aðila sem óhjákvæmilega felast í slíkum reglum verði að eiga sér skýra lagastoð. Þá ákvað meiri hlutinn að leggja til að 7. gr. frumvarpsins um almenn útboð verði felld brott. Telur hann einnig óeðlilegt að ráðherra verði falið að setja reglugerð um þau atriði sem þar eru rakin, þau séu þess eðlis að nauðsynlegt sé að kveða á um þau í lögum. Beinir meiri hlutinn þeim tilmælum til viðskiptaráðherra að hann hlutist til um að samið verði frumvarp sem feli í sér helstu efnisreglur um þessi tvö mikilvægu svið ásamt reglum um lokuð útboð. Leggur meiri hlutinn áherslu á að slíkt frumvarp verði lagt fram strax í upphafi næsta löggjafarþings. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að reglugerð um þessi svið hefði ekki orðið tilbúin fyrr en í haust og því ætti þessi tillaga meiri hlutans ekki að leiða til þess að reglurnar verði síðar á ferðinni en ella hefði orðið.

Aðrar breytingar sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lögð er til smávægileg leiðrétting í 1. gr. frumvarpsins.
2. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á orðskýringum í 2. gr. frumvarpsins. Ekki er um efnisbreytingar að ræða.
3. Lagt er til að heimilt verði að veita undanþágu frá einstökum hlutum prófs í verðbréfaviðskiptum eða prófi í heild hafi viðkomandi lokið jafngildu námi. Þá er lagt til að heiti prófsins verði próf í verðbréfaviðskiptum frekar en próf í verðbréfamiðlun, enda er miðlun verðbréfa einungis einn þáttur verðbréfaviðskipta.
4. Lagt er til að ný grein komi í stað 7. gr. Með henni er aukin ábyrgð fyrirtækja í verðbréfaþjónustu varðandi bann við milligöngu þar sem grunur er um brot á reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga og kveðið á um skyldu fyrirtækja í verðbréfaþjónustu til að tilkynna það Fjármálaeftirlitinu ef grunur vaknar um að viðskipti grundvallist á trúnaðarupplýsingum eða um er að ræða sýndarviðskipti.
5. Lagðar eru til tvær breytingar á 8. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að orðin „sem því eru falin til sölu“ í fyrri efnismálsgrein falli brott þar sem ekki er ástæða til að takmarka gildissvið greinarinnar við eigin viðskipti með verðbréf sem fyrirtæki eru falin til sölu. Eðlilegra er að reglurnar taki til allra eigin viðskipta fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Þá er lagt til að í stað orðanna „staðfesti þau“ í 6. tölul. fyrri efnismálsgreinar 8. gr. komi orðin „hafi eftirlit með þeim“. Er það gert þar sem ógjörningur er fyrir stjórn fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að fara yfir hver einstök eigin viðskipti fyrirtækisins og viðskipti eigenda, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra.

6. Lögð er til leiðrétting á 9. gr., þ.e. að í stað orðsins „bankaeftirlitið“ komi „Fjármálaeftirlitið“.
7. Loks er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins. Lagt er til að aðlögun að 5. gr. um menntunarkröfur verði til 1. janúar 2002 í stað 1. júlí 2001.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.

1220. Breytingartillögur [420. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og á l. nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, KHG, HjÁ, SAÞ, PHB, GunnB).

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „samningsbundið uppgjör“ komi: afleiðusamninga.
2. Við 2. gr. B-liður orðist svo: Við greinina bætast sex nýir töluliðir, svohljóðandi:
   17. *Afleiðusamningur:* Samningur þar sem uppgjörsákvæði byggist á breytingu einhvers þáttar, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfaverðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Andvirði slíks samnings er háð breytingu þessara viðmiðunarþátta á tilteknu tímabili.
   18. *Framvirkur vaxtasamningur:* Afleiðusamningur sem kveður á um vaxtaviðmiðun á ákveðnu tímabili og reiknast vextir af fyrir fram ákveðinni grunnfjárhæð sem ekki kemur til greiðslu. Samningurinn er gerður upp á fyrir fram ákveðnum uppgjörsdegi.
   19. *Valréttarsamningur:* Afleiðusamningur sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa (kaupréttur) eða selja (söluréttur) tiltekna eign (andlag samnings) á fyrir fram ákveðnu verði (valréttargengi) á tilteknu tímamarki eða innan tiltekins tíma. Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, útgefandinn, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttarins við upphaf samningstímans.
   20. *Framvirkur samningur:* Afleiðusamningur sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrir fram ákveðnum tíma.
   21. *Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningur:* Afleiðusamningur sem kveður á um að samningsaðilar greiði vexti hvor til annars af tiltekinni viðmiðunarfjárhæð í sama gjaldmiðli eða greiði vexti og höfuðstól hvor til annars hvor í sínum gjaldmiðli á samningstímanum.
   22. *Samningsbundið uppgjör afleiðusamninga:* Samningur á milli tveggja eða fleiri aðila sem eiga kröfu hver á annan um að í stað þess að gera upp hverja kröfu fyrir sig sér-

staklega skuli láta kröfurnar jafnast hverja á móti annarri og aðeins mismunurinn (jaðargreiðsla) komi til greiðslu.

3. Við 5. gr. Fyrri efnismálsgrein orðist svo:
   Starfsmenn fyrirtækis í verðbréfaþjónustu, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf skv. 8. og 9. gr., skulu hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Í reglugerð skal kveða á um prófkröfur og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild ef aðili hefur lokið jafngildu námi.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verða á 18. gr. laganna:
   a. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir varðandi vitneskju eða grun um að viðskipti brjóti gegn 30. gr.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Vakni grunur skv. 1. mgr. skal fyrirtækið þegar í stað tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.
5. Við 8. gr.
   a. Orðin „sem því eru falin til sölu“ í fyrri efnismálsgrein falli brott.
   b. Í stað orðanna „staðfesti þau“ í 6. tölul. fyrri efnismálsgreinar komi: hafi eftirlit með þeim.
6. Við 9. gr. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ komi: Fjármálaeftirlitið.
7. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa lagað starfsemi sína að 5. gr. laga þessara fyrir 1. janúar 2002.

1221. Nefndarálit [547. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eggert J. Hilmarsson, Ragnheiði Snorradóttur og Björn R. Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Indriða H. Þorlákssson og Steinþór Haraldsson frá ríkisskattstjóra, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, Helenu Hilmarsdóttur frá Verðbréfaþingi Íslands, Hrafn Magnússon og Ólaf Nilsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Rannveigu Sigurðardóttur og Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna og Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Verðbréfaþingi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Fjármálaeftirlitinu og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Lagðar eru til breytingar er lúta að skattlagningu tekna af hlutabréfakaupum samkvæmt kauprétti starfsmanna. Þá eru lagðar til breytingar á skattalegri meðferð lífeyrisiðgjalda og breyting á skattfrádrætti vegna hlutabréfakaupa að því er varðar erlend hlutabréf og loks eru

lagðar til breytingar sem lúta að framkvæmd laganna, þar á meðal varðandi túlkun og framkvæmd tvísköttunarsamninga.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi efnisbreytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að 1. gr. frumvarpsins falli brott. Með því er horfið frá því að framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda teljist til skattskyldra tekna. Þykir meiri hlutanum það óeðlilegt þar sem umræddir fjármunir verða ekki tekjur í hendi launþegans fyrr en hann tekur þá út í formi lífeyrisgreiðslna.
2. Lagt er til að ný grein komi í stað 1. gr. frumvarpsins sem feli í sér breytingu á skattalegri meðferð barnsmeðlaga. Er gert ráð fyrir að ekki einungis lágmarksmeðlag samkvæmt lögum um almannatryggingar verði undanþegið tekjuskatti heldur einnig aukameðlag sem úrskurðað hefur verið af sýslumanni eða meðlagsgreiðslur á grundvelli samkomulags foreldra sem staðfest hefur verið af sýslumanni, en þó að ákveðnu hámarki sem nemur tvöföldum barnalífeyri skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.
3. Lögð er til sú breyting á 2. gr. frumvarpsins að með gangverði bréfa sem notað er til að reikna út skattskyldar tekjur af hlutabréfakaupum samkvæmt kauprétti, ásamt kaupverði bréfanna, sé ekki einungis átt við skráð gengi í kauphöll heldur einnig á skipulegum tilboðsmarkaði, þar sem möguleiki er að skrá félög sem ekki fullnægja skilyrðum til að vera skráð í kauphöll.
4. Lagt er til að ákvæði frumvarpsins um kaupréttarsamninga nái jafnt til hlutafélaga sem einkahlutafélaga. Umrædd ákvæði nái einnig til hluta þar sem ekki eru gefin út hlutabréf í einkahlutafélögum.
5. Lagt er til að kaup á hlutabréfum samkvæmt kaupréttarsamningi gefi ekki rétt til frádráttar frá tekjum af fjárfestingu í atvinnurekstri þar sem skattlagning kaupréttar mun verða sú sama og á aðrar fjármagnstekjur, 10%.
6. Lagt er til að launagreiðendur geti áfram lagt inn iðgjaldagreiðslur í einu lagi til að afla lífeyrisréttinda fyrir starfsmann sem hann á rétt á hafi hann safnað reglulega án þess að það myndi tekjur hjá launþeganum. Ef framlagið er hærra en hin reiknuðu réttindi ber hins vegar að tekjufæra það í hendi launþegans. Forsendur fyrir útreikningi réttindanna eru settar fram í ákvæðinu. Þar er gert ráð fyrir að miðað skuli við meðallaun síðustu fimm ára, að viðkomandi fái greiddan ellilífeyri frá 65 ára aldri og að hann haldi áfram að greiða í sjóðinn til 65 ára aldurs frá þeim tímapunkti sem lagt er inn í sjóðinn, miðað við meðallaun síðustu fimm ára.
7. Lagt er til að horfið verði frá því að launþega verði heimilt að draga frá skattskyldum tekjum allt að 20% af iðgjaldsstofni til öflunar lífeyrisréttinda. Er það afleiðing af þeirri breytingu að horfið er frá því að tekjufæra framlag launagreiðanda hjá launþega. Þess í stað verði launþega eða sjálfstætt starfandi manni heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum allt að 4% af iðgjaldsstofni séreignarsparnaðar í stað 2% nú. Óbreytt er að launþega verður heimilt að draga 4% frá tekjum af framlagi í lífeyrissjóð vegna samtryggingar. Með breytingunni er ekki horfið frá því markmiði frumvarpsins að efla lífeyrissparnað landsmanna.
8. Lagt er til að erlend hlutafélög þurfi ekki að vera skráð á Verðbréfaþingi Íslands heldur í kauphöll á Evrópska efnahagssvæðinu. Er það gert til að fullnægja samningsskuldbindingum Íslands á grundvelli EES-samningsins.
9. Lagt er til að hnykkt verði á því að framlög lögaðila og sjálfstætt starfandi manna í lífeyrissjóði, sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, teljist til rekstrarkostnaðar.
10. Lagt er til að bætt verði bráðabirgðaákvæði við frumvarpið þar sem tekið er á laga-

skilum varðandi tilflutning á túlkun tvísköttunarsamninga frá ríkisskattsjóra til fjármála ráðherra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Gunnar Birgisson.

1222. Breytingartillögur [547. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, KHG, HjÁ, SAÞ, PHB, GunnB).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir orðunum „skv. 14. gr. sömu laga“ í 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna kemur: eða af meðlagsúrskurði sýslumanns eða samkomulagi um framfærslu barns sem staðfest hefur verið af sýslumanni, þó aldrei hærra en sem nemur fjárhæð tvöfalds barnalífeyris skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.
2. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „1. tölul. 7. gr.“ í 1. málsl. a-liðar (8. gr. A) komi: 1. tölul. A-liðar 7. gr.
   b. 3. málsl. a-liðar (8. gr. A) orðist svo: Með gangverði er átt við skráð markaðsverð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði þegar kaupréttur er nýttur.
   c. Í stað orðsins „hlutir“ í 4. málsl. a-liðar (8. gr. A) komi: hlutabréf.
   d. Á eftir orðinu „hlutabréfum“ í 1. tölul. l. mgr. b-liðar (8. gr. B) komi: eða hlutum.
   e. Á eftir orðinu „hlutabréfin“ í 5. tölul. 1. mgr. b-liðar (8. gr. B) komi: eða hlutina.
   f. Við b-lið (8. gr. B) bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Kaup á hlutabréfum samkvæmt þessari grein veita ekki rétt til frádráttar frá tekjum skv. 1. tölul. B-liðar 30. gr.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   5. tölul. 28. gr. laganna orðast svo: Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni skapa réttindi til greiðslu ellilífeyris umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við að ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 65 ára aldri. Við mat á réttindum til ellilífeyris skal miðað við að áfram sé greitt í lífeyrissjóð af meðallaunum síðustu fimm ára eftir því sem lög eða kjarasamningar mæla fyrir um. Hafi í kjarasamningum verið samið

um iðgjald í lífeyrissjóð eða það bundið í lögum skal það aldrei teljast til skattskyldra tekna.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna:
   a. Í stað hlutfallstölunnar „2%“ í 5. tölul. kemur: 4%.
   b. Í stað hlutfallstölunnar „2%“ í 6. tölul. kemur: 4%.
5. Við 5. gr. Á eftir a-lið greinarinnar komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „á Verðbréfaþingi Íslands“ í 3. og 5. mgr. komi: í kauphöll á Evrópska efnahagssvæðinu.
6. Við 6. gr. Á eftir orðunum „lífeyrisréttinda starfsmanna“ komi: í lífeyrissjóði sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
7. Við bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:
   Beiðni um bindandi álit, sbr. 12. gr. laga þessara, sem borist hefur ríkisskattstjóra til ákvörðunar á grundvelli laga um bindandi álit í skattamálum skal við gildistöku laga þessara sent fjármálaráðherra til ákvörðunar. Bindandi álit ríkisskattstjóra sem kært hefur verið eða kæranlegt er til yfirskattanefndar skv. 5. gr. laga nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, skal sæta úrlausn hjá yfirskattanefnd.

1223. Nefndarálit [500. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um álagningu gjalda á vörur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon, Tómas N. Möller og Halldór Þorkelsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Bændasamtökum Íslands, ríkistollstjóra, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunarinnar, Samtökum verslunar og þjónustu, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Verslunarráði Íslands og dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum ýmissa laga er kveða á um álagningu gjalda á vörur sem fluttar eru hingað til lands eða eru framleiddar hér á landi. Er um að ræða breytingar á ákvæðum tollalaga, laga um vörugjald, laga um gjald af áfengi, laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og laga um virðisaukaskatt. Með breytingunum er stefnt að því að kveða skýrar á um í hvaða tilvikum gjöld þau sem lögð eru á með fyrrgreindum lögum skuli felld niður eða lækkuð. Þá er í frumvarpinu lögð til sú breyting að í stað þess að úrskurðum tollstjóra um lækkun eða niðurfellingu gjalda verði skotið til ríkistollanefndar verði þeim skotið til ríkistollstjóra sem kveði upp fullnaðarúrskurð á stjórnsýslustigi. Loks er lagt til í frumvarpinu að tollgæslumönnum verði heimiluð notkun tiltekinna vopna við störf sín ef þörf krefur.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til tekið verði fram að vistir og aðrar nauðsynjar í fari verði aðeins tollfrjálsar í fari sem er í utanlandsferðum. Er sú orðnotkun í samræmi við orðnotkun í tollalögum.
2. Lagt er til að brúðkaupsgjafir verði tollfrjálsar þrátt fyrir að vera yfir 7.000 kr. að verðmæti, en þær eru gjarnan veglegri en aðrar gjafir.
3. Lagt er til að orðinu bifhjól verði bætt við 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. en það mun hafa fallið brott úr texta við vinnslu frumvarpsins.

4. Lögð er til skýrari framsetning á heimildum tollstjóra til að fella niður tolla.
5. Lagðar eru til leiðréttingar á tilvísunum í 11., 18. og 19. gr. frumvarpsins og að í nýrri frumvarpsgrein verði gerð leiðrétting á tilvísun í 85. gr. laganna.
6. Lagt er til að vörugjald af tiltekinni tegund morgunkorns verði fellt niður til samræmis við aðrar gerðir morgunkorns sem eru án vörugjalds.
7. Lagt er til að öll ökutæki sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita verði undanþegin vörugjaldi og virðisaukaskatti en ekki einungis bifreiðar og vélsleðar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
8. Lagt er til að aðeins óskattskyldir rannsóknaraðilar fái endurgreiddan virðisaukaskatt af rannsóknartækjum en ekki allir óskattskyldir aðilar.
9. Loks er lagt til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða þar sem fram komi að heimildir sem innflytjendur og framleiðendur hafi við gildistöku laganna til niðurfellingar tolls af hráefni, efnivöru og hlutum í innlendar framleiðsluvörur gildi til 31. október 2000. Á því tímamarki er stefnt að því að ráðgjafarnefnd hafi lokið tillögugerð sinni til landbúnaðarráðherra um framtíðarfyrirkomulag úthlutana tollkvóta viðkomandi hráefna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1224. Breytingartillögur [500. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um álagningu gjalda á vörur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðinu „fari“ í b-lið 1. tölul. 1. efnismgr. komi: sem er í utanlandsferðum.
   b. Við a-lið 8. tölul. 1. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Brúðkaupsgjafir skulu vera tollfrjálsar þótt þær séu meira en 7.000 kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða.
2. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðinu „bifreiðum“ í 1. mgr. 3. tölul. 1. efnismgr. komi: bifhjólum.
   b. 3. málsl. 8. tölul. 1. efnismgr. orðist svo: Niðurfelling tolls af hráefni eða efnivöru

samkvæmt þessum tölulið tekur ekki til vara sem magntollur (A1-tollur) er lagður á samkvæmt viðauka I við lög þessi.

3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   2. málsl. 2. mgr. 85. gr. laganna fellur brott.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „2.–12. tölul. 6. gr.“ í 1. efnismgr. komi: 2.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr.
5. Á eftir 9. gr., er verði 10. gr., komi ný grein, svohljóðandi:
   A-tollur tollskrárnúmersins 1904.1002 í viðauka I við lögin verði 0%.
6. Við 11. gr. Í stað orðanna „9.–12. tölul. 6. gr.“ komi: 9.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr.
7. Við 17. gr. Í stað orðanna „Bifreiðar og vélsleðar“ og „bifreið eða vélsleði“ komi: ökutæki.
8. Við 18. gr. Efnisgreinin orðist svo:
   Ákvæði 3. gr., 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. og 1.–6. og 11. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu ná til vörugjalds af ökutækjum samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.
9. Við 19. gr.
   a. Í stað orðanna „11. tölul. 6. gr.“ í 1. tölul. 1. efnismgr. komi: 11. tölul. 1. mgr. 6. gr.
   b. Í stað orðanna „Bifreiðar og vélsleðar“ og „bifreið eða vélsleði“ í 7. tölul. 1. efnismgr. komi: ökutæki.
10. Við 20. gr. Í stað orðsins „aðilar“ komi: rannsóknaraðilar.
11. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Heimildir sem innflytjendur og framleiðendur hafa við gildistöku laga þessara til niðurfellingar tolls af hráefni, efnivöru og hlutum í innlendar framleiðsluvörur skulu gilda til 31. október 2000. Eftir það tímamark skal tollur á hráefni, efnivöru og hlutum í innlendar framleiðsluvörur eingöngu felldur niður á grundvelli heimilda sem veittar eru í samræmi við ákvæði 2. gr. laga þessara.

1225. Nefndarálit [595. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Arason og Ernu Hjaltested frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, Íbúðalánasjóði og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Með frumvarpinu er lagt til að skuldbindingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna og tilteknar skuldbindingar Íbúðalánasjóðs verði undanþegnar ríkisábyrgðargjaldi.

Við meðferð málsins í nefndinni var tekið til sérstakrar skoðunar að gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að áfram verði greitt ríkisábyrgðargjald af sumum lántökum Íbúðalánasjóðs, svo sem lánum sem sjóðurinn tekur til að fjármagna viðbótarlán og lán vegna leiguíbúða. Kom fram að ef Íbúðalánasjóður þyrfti að greiða ríkisábyrgðargjald af þessum lántökum yrði sjóðurinn að hækka vexti þeirra lána. Nefndinni barst yfirlýsing frá Íbúðalánasjóðnum þar sem upplýst var að tekin hefði verið ákvörðun um að stofna varasjóð til að mæta hugsanlegum útlánatöpum fyrir þá lánaflokka sem ekki hafa nú þegar sérstakan varasjóð. Með hliðsjón

af því leggur nefndin til þá breytingu á frumvarpinu að allar skuldbindingar Íbúðalánasjóðs verði undanþegnar ríkisábyrgðargjaldi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingartillögu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1226. Breytingartillaga [595. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Lán sem áhættugjald skv. 4. gr. hefur verið greitt af, skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum í innlánsstofnunum, skuldbindingar vegna útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð, Seðlabanki Íslands, Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna eru undanþegin greiðslu ábyrgðargjalds skv. 6. gr.

1227. Nefndarálit [530. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Fjármálaeftirlitinu og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum til að ríkisstjórninni verði kleift að selja félagið ef viðunandi kauptilboð berst í það. Þá er í því lagt til að afnumin verði sérlög um bátaábyrgðarfélög og um leið skyldutrygging þilfarsbáta að 100,49 brúttórúmlestum.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að tekið verði fram að Samábyrgðin hf. taki við öllum skattalegum réttindum og skyldum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Er með því tekinn af allur vafi um það.

2. Lagt er til að 3. gr. frumvarpsins þar sem segir að viðskiptaráðherra sé heimilt að ákveða sölu á eignarhlut ríkissjóðs í félaginu falli brott, en á þessu atriði verði tekið í nýrri grein við frumvarpið, sbr. 4. tölul.
3. Þá er lagt til að tekið verði fram að starfsleyfi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum færist til Samábyrgðarinnar hf., en ekki „til hins nýja félags“ eins og segir í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Verður með því ljóst að ekki er um nýjan vátryggjanda að ræða.
4. Lagt er til að bætt verði grein við frumvarpið sem felur það í sér að viðskiptaráðherra verði heimilt að selja bátaábyrgðarfélögunum sameiginlega eignarhlut ríkisins í Samábyrgðinni hf. fyrir verð sem nemi að lágmarki 85% af reiknuðu upplausnarvirði félagsins eins og það er á stofndegi þess. Er með því komið til móts við það sjónarmið að bátaábyrgðarfélögin fái að njóta þess að þau voru áratugum saman skyldug til að tryggja hjá Samábyrgðinni. Þá er lagt til að hafi ráðherra ekki borist sameiginleg tilboð allra bátaábyrgðarfélaganna 1. september 2000 og samningaviðræðum ekki lokið fyrir 1. nóvember 2000 skuli ráðherra bjóða hlutaféð til sölu á almennum markaði eða leysa upp félagið.
5. Lagt er til að tekið verði fram að núgildandi lögmæltar húftryggingar fiskiskipa gildi út umsamið vátryggingatímabil og að vátryggingartakar skuli tilkynna vátryggjanda sínum í síðasta lagi mánuði fyrir lok vátryggingar hyggist þeir segja vátryggingunni upp. Er með breytingunni tekinn af vafi um þetta efni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1228. Breytingartillögur [530. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samábyrgðin hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.
2. Við 3. gr. Greinin falli brott.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „hins nýja félags“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: Samábyrgðarinnar hf.
4. Á eftir 5. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Berist sameiginlegt tilboð frá öllum bátaábyrgðarfélögunum í eignarhlut ríkisins í Samábyrgðinni hf. er viðskiptaráðherra heimilt að selja þeim sameiginlega eignarhlutinn fyrir verð er nemur að lágmarki 85% af reiknuðu upplausnarvirði félagsins eins og það er á stofndegi þess.

Hafi sameiginlegt tilboð allra bátaábyrgðarfélaganna ekki borist ráðherra fyrir 1. september 2000 og samningaviðræðum lokið fyrir 1. nóvember 2000 skal ráðherra bjóða hlutaféð til sölu á almennum markaði eða leysa upp félagið.

5. Við 6. gr. Við 2. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Núgildandi lögmæltar húftryggingar fiskiskipa gilda út umsamið vátryggingartímabil. Vátryggingartakar skulu tilkynna vátryggjanda sínum í síðasta lagi mánuði fyrir lok vátryggingarinnar hyggist þeir segja vátryggingunni upp.

1229. Nefndarálit [526. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti og Rúnar Guðmundsson frá Fjármálaeftirlitinu. Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði tilskipunar 1998/78/ESB, um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í fyrirtækjahópi á vátryggingasviði.

Tilskipunin kveður á um tvíþætt viðbótareftirlit, annars vegar að reikna skuli aðlagað gjaldþol fyrir fyrirtækjahópa sem einkum starfa að vátryggingum og taka tillit til skuldbindinga við tengda aðila og gjaldþols sem af þeim er krafist og hins vegar að hafa skuli eftirlit með viðskiptum vátryggingafélags við tengda aðila. Til fyllingar ákvæðum tilskipunarinnar eru í frumvarpinu ákvæði um innra eftirlit í vátryggingafélögum, en slík ákvæði hafa verið rýr í íslenskri löggjöf.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1230. Nefndarálit [550. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eggert J. Hilmarsson, Ragnheiði Snorradóttur og Björn R. Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Indriða H. Þorlákssyni og Steinþór Haraldsson frá ríkisskattstjóra, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, Helenu Hilmarsdóttir frá Verðbréfaþingi Íslands, Hrafn Magnússon og Ólaf Nilsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Rannveigu Sigurðardóttur og Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna og Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, Verðbréfaþingi Íslands, ríkisskattstjóra, Fjármálaeftirlitinu, Alþýðusambandi Íslands og Landssamtökum lífeyrissjóða.

Með frumvarpinu er lagt til að hlutfall tryggingagjalds, sem launagreiðendur eða menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi geta haldið eftir af gjaldstofni tryggingagjalds ef sá hluti er lagður fram sem mótframlag við iðgjaldshluta launamanns vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, verði hækkað úr 0,2% í 0,4%.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1231. Nefndarálit [548. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eggert J. Hilmarsson frá fjármálaráðuneyti og Sigurjón Högnason frá ríkisskattstjóra. Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt.

Í fyrsta lagi er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um skattskyldu mötuneyta í eigu ríkis og sveitarfélaga sem selja starfsfólki mat á verði undir framleiðslukostnaði. Þá er lagt til að við uppgjör virðisaukaskatts verði heimilað að taka tillit til rafræns afsláttar sem veittur er í verslunum þegar greitt er með kreditkorti. Lagt er til að frádráttarheimild vegna bifreiða til

fólksflutninga sem notaðar eru í virðisaukaskattsskyldum rekstri verði þrengd. Einnig að fjármálaráðherra geti sett reglur um rafræn skil á virðisaukaskatti. Þá er lagt til að dregið verði úr því misræmi sem er komið upp vegna þess að verslanir eru í auknum mæli farnar að selja tilbúinn mat sem fellur í 14% skattþrep í samkeppni við veitingahús sem selja mat og aðrar veitingar í 24,5% skattþrepi. Loks er lagt til að rekstrarleyfishöfum í fólksflutningum verði greiddur hluti virðisaukaskatts sem eftir stendur af verðmæti hópbifreiða sem seldar eru úr landi.

Nefndin tók sérstaklega til skoðunar refsiákvæði laganna, sem að mati nefndarinnar eru óeðlilega ströng. Leggur nefndin áherslu á að þau verði tekin til heildarendurskoðunar ásamt öðrum refsiákvæðum skattalaga.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Annars vegar er lagt til að mynt sem Seðlabanki Íslands gefur út af sérstöku tilefni skuli vera undanþegin virðisaukaskatti. Er sú breyting lögð til í framhaldi af ákvörðun nefndarinnar um að flytja frumvarp um heimild Seðlabankans til að gefa út slíka mynt og selja hana með álagi á ákvæðisverði. Hins vegar er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins. Er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí nk., að undanskilinni 1. gr. sem öðlist þegar gildi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

1232. Breytingartillögur [548. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 6. mgr. og orðast svo:
   Frumsala tilefnismyntar sem gefin er út af Seðlabanka Íslands er undanþegin skattskyldu enda þótt söluverð sé hærra en ákvæðisverði nemur.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000. Þó öðlast ákvæði 1. gr. þegar gildi.

1233. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon, Tómas N. Möller og Halldór Þorkelsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Verslunarráði Íslands, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunarinnar og Skotíþróttasambandi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að vörugjald verði fellt niður af nokkrum vörum og fjárhæð gjaldsins af öðrum verði breytt.

Meðal þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er að vörugjald á kakóduft og drykkjarvöruefni sem ætluð eru til framleiðslu á kakómalti verði hækkað úr 15 kr./kg í 60 kr./kg, til samræmis við vörugjald af öðrum vörum sem framleiddar eru úr kakói. Telur meiri hlutinn að það sé of hátt og leggur til að vörugjald af öllum þessum vörum verði 50 kr./kg. Þá leggur meiri hlutinn til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2000, en þá hefst nýtt uppgjörstímabil vörugjalds.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.

1234. Breytingartillögur [520. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, KHG, HjÁ, SAÞ, PHB, GunnB).

1. Við 1. gr. A-liður orðist svo:
   Af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans verður magngjald 50 kr./kg:

18050001	18063101	18069023
18050009	18063109	18069024
18061000	18063201	18069025
18062001	18063202	18069026
18062003	18063203	18069028
18062004	18063209	18069029
18062005	18069011	18069039

18062006	18069012
18062009	18069019

2. Við 2. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. maí 2000“ komi: 1. júlí 2000.

1235. Frumvarp til laga [637. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, og lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Breyting á lögum um gjaldmiðil Íslands nr. 22/1968, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Jafnframt er bankanum heimilt, með leyfi ráðherra, að slá sérstaka tilefnismynt samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Tilefnismynt sem bankinn gefur út skal vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði. Seðlabankanum er heimilt að ákveða að tilefnismynt sé seld með álagi á ákvæðisverð hennar. Ágóða af sölu tilefnismyntar skal varið til lista, menningar eða vísinda samkvæmt ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þessari öld hefur merkilegra atburða í sögu þjóðarinnar nokkrum sinnum verið minnst með útgáfu sérstakrar tilefnismyntar. Slík mynt var fyrst slegin árið 1930 til að minnast þúsund ára afmælis Alþingis og síðast fyrr á þessu ári í tilefni af þúsund ára kristni á Íslandi. Um útgáfu slíkrar tilefnismyntar hafa tvisvar verið sett sérstök lög, en eftir setningu laga nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, hefur þess háttar útgáfa stuðst við þau. Útgáfa myntar af þessu tagi þjónar í raun tvíþættum tilgangi. Auk minjagildis, sem slíkri mynt er umfram allt ætlað að hafa, hafa ýmis þjóðþrifamál notið góðs af þeim ágóða sem orðið hefur af sölu hennar. Frá stofnun Þjóðhátíðarsjóðs árið 1977 hafa slíkar tekjur runnið þangað og framlögum úr hún honum verið varið í samræmi við þann tilgang sjóðsins að styrkja verkefni sem til þess eru fallin að varðveita menningararfleifð þjóðarinnar.

Í samvinnu við bandarísk stjórnvöld hefur að undanförnu verið unnið að sameiginlegri minnispeningaútgáfu helgaðri Leifi Eiríkssyni og fundi Norður-Ameríku. Í því skyni er fyrirhugað að gefa síðar á þessu ári út tvær sams konar myntir, annars vegar með verðgildi í ís-

lenskum krónum og hins vegar í bandarískum dölum, og verja ágóða af sölu þeirra til að stofna sérstakan sjóð er veiti námsstyrki í tvíhliða stúdentaskiptum á milli landanna. Hefur Bandaríkjaþing þegar samþykkt sérstaka löggjöf í þessu skyni.

Svo sem fyrr segir hefur myntslátta af þessu tagi stuðst við gjaldmiðilslögin frá 1968. Af síðastgreindu tilefni þykir hins vegar við hæfi að leita nú eftir atbeina Alþingis til að styrkja slíka minnispeningaútgáfu enn frekar í sessi sem mikilvægan lið í að minnast sögulegra viðburða og stuðla að framfaramálum í þágu almannaheilla. Með frumvarpinu er lagt til að Seðlabanka Íslands verði útvegaðar skýrar heimildir til að selja mynt sem slegin er af slíku tilefni með álagi á ákvæðisverð hennar, enda er það forsenda þess að útgáfa hennar geti þjónað tvíþættum tilgangi sínum.

Við afgreiðslu máls nr. 548, um virðisaukaskatt, lagði nefndin til að frumsala myntar með slíku álagi verði undanþegin virðisaukaskatti, enda er ráðstöfun söluhagnaðar bundin við sams konar málefni og þegar njóta slíkrar undanþágu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, skal myntslátta Seðlabankans taka mið af eðlilegri þörf á skiptimynt á hverjum tíma. Hér er lagt til að í lögin verði tekin sérstök heimild til að slá auk þess hina sérstöku tilefnismynt. Með því að útgáfa slíkrar myntar stjórnast augljóslega af öðrum þörfum en skiptimynt þykir rétt að atbeina ráðherra þurfi til útgáfu hennar. Að öðru leyti er lagt til að ákvæði um tilefnismyntina verði í lögum um Seðlabankann, sbr. 2. gr. frumvarpins.

Um 2. gr.

Í 5. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eru áréttuð ákvæði gjaldmiðilslaganna um einkarétt bankans til seðla- og myntútgáfu. Hér er lagt til að við þessa grein laganna verði bætt sérstöku ákvæði um þá tilefnismynt sem bankinn gefur út. Samkvæmt því er lagt til að tilefnismyntin geti eins og gangmynt verið lögeyrir til allra greiðslna með því verðgildi sem á hana er letrað. Er því m.a. ætlað að tryggja söfnunargildi myntarinnar enda þótt henni sé umfram annað fyrst og fremst ætlað að hafa minjagildi. Til að útgáfa slíkrar myntar geti jafnframt þjónað því hlutverki að skapa tekjur til framfaramála er enn fremur lagt til að bankanum verði heimilað að selja slíka mynt yfir því verði sem fást mundi í skiptum fyrir hana sem gangmynt. Tekið skal fram að þessi heimild er bundin við tilefnismyntina þegar hún er seld sem slík, en tekur að sjálfsögðu ekki til þeirrar gangmyntar sem allir geta fengið sem lögeyri á fullu ákvæðisverði. Lagt er til að álagið verði reiknað sem tiltekið hlutfall af ákvæðisverði viðkomandi tilefnismyntar, en með því að verðlagning hennar hlýtur a.m.k. að einhverju marki að stjórnast af kostnaði af gerð myntarinnar, verðmæti þess málms sem hún er slegin úr, eftirspurn á markaði í samkeppni við aðra safnaramynt og verði sambærilegra mynta á heimsmarkaði þykir ekki unnt að festa nákvæmari leiðbeiningar um verðmyndun í lög þrátt fyrir einkarétt bankans til myntútgáfu af þessu tagi. Loks er lagt til að ráðstöfun söluhagnaðar verði samkvæmt ákvörðun ráðherra varið til þeirra málefna sem tilgreind eru í niðurlagi greinarinnar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1236. Nefndarálit [557. mál]

um frv. til l. um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að yfirstjórn mála samkvæmt lögunum sé í höndum tveggja ráðherra og er það rökstutt í greinargerð með tilvísun í reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Minni hlutinn telur að hér sé gengið fulllangt í skilgreiningu á verksviði ráðuneyta.

12. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„*Sjávarútvegsráðuneyti* fer með mál, er varða:

1. Sjávarútveg.
2. Friðun og nýtingu fiskimiða.
3. Hafrannsóknastofnunina og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
4. Mat sjávarafurða.
5. Fiskifélag Íslands, Fiskimálaráð, Síldarútvegsnefnd og Verðlagsráð sjávarútvegsins.
6. Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, Fiskimálasjóð, Fiskveiðasjóð Íslands, Styrktar- og lánasjóð fiskiskipa, Stofnfjársjóð fiskiskipa, Tryggingasjóð fiskiskipa og Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.
7. Síldarverksmiðjur ríkisins og Tunnuverksmiðjur ríkisins.“

Minni hlutinn telur reglugerðargreinina ekki krefjast þess að framkvæmd samningsins verði að hluta á hendi sjávarútvegsráðherra. Samkvæmt henni fer hann einungis með friðun og nýtingu fiskimiða. Hins vegar er í 13. gr. reglugerðarinnar fjallað um verksvið umhverfisráðuneytis og þar kemur fram að aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra og dýravernd heyra undir verksvið þess ráðuneytis:

„*Umhverfisráðuneyti* fer með mál er varða:

1. Náttúruvernd, friðunar- og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, útivist og aðstöðu til náttúruskoðunar, aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra, dýravernd og eflingu alhliða umhverfisverndar. Enn fremur þjóðgarða, aðra en Þingvallaþjóðgarð. Náttúruverndarráð og embætti veiðistjóra.
2. Varnir gegn mengun á landi, í lofti og legi, eyðingu og endurvinnslu hvers konar úrgangs frá byggð og atvinnuvegum, yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins.
3. Skipulags- og byggingarmál, brunavarnir, gerð landnýtingaráætlana og mál er varða landmælingar, skipulagsstjóra ríkisins, skipulagsstjórn, Brunamálastofnun ríkisins og Landmælingar Íslands.
4. Rannsóknir á sviði umhverfismála í samráði og samvinnu við aðra aðila, veðurspár, veðurathuganir og aðrar mælingar á ástandi lofthjúps jarðar og alþjóðlega samvinnu á því sviði, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands.
5. Varnir gegn ofanflóðum, sem eigi ber undir annað ráðuneyti lögum samkvæmt.
6. Fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála.
7. Frumkvæði að samræmingu á aðgerðum ráðuneyta, einstakra ríkisstofnana og sveitarfélaga í málaflokkum sem snerta framkvæmd umhverfismála, svo sem í löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.“

Í þessu sambandi telur minni hlutinn rétt að huga að því að þótt CITES-samningurinn sé í eðli sínu viðskiptasamningur er honum ætlað að stuðla að verndun dýra eða því að verndarákvæðum sé frekar framfylgt. Það að banna verslun með dýr í útrýmingarhættu hefur reynst vel í bárattunni gegn veiðum á þeim og í sumum tilfellum betur en friðunarráðstafanir. Í skilningi reglugerðarákvæðanna virðast málefni og markmið samningsins því fremur heyra undir umhverfisráðherra en sjávarútvegsráðherra. Minni hlutinn leggur það því til í sérstöku þingskjali. Er það í samræmi við umsagnir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndar ríkisins sem nefndinni bárust. Mun það einnig tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum og víðast í Evrópu (sbr. umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands).

Minni hlutinn telur einnig mikilvægt að einfalda og skýra framkvæmd samningsins og leggur því fram breytingartillögu, en leggur þó til að í málum sem snerta nytjastofna sjávar skuli umhverfisráðherra leita eftir samþykki sjávarútvegsráðherra áður en ákvarðanir eru teknar. Ábyrgð á framkvæmdinni verði þó aðeins umhverfisráðherra og þar með setning reglugerða vegna samningsins.

Alþingi, 3. maí 2000.

Kolbrún Halldórsdóttir, frsm. Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1237. Lög [258. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 998 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 3. og 4. tölul. orðast svo:
   3. Leyfisbréf fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 4. gr. laga nr. 113/1996, 100.000 kr.
   4. Leyfisbréf fyrir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 3. gr. laga nr. 123/1993, 100.000 kr.
b. Á eftir 8. tölul. koma fimm nýir töluliðir, svohljóðandi:
   9. Leyfisbréf fyrir verðbréfasjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 10/1993, 50.000 kr.
   10. Leyfisbréf fyrir kauphallir, sbr. 3. gr. laga nr. 34/1998, 100.000 kr.
   11. Leyfisbréf fyrir skipulega tilboðsmarkaði, sbr. 3. gr. og IX. kafla laga nr. 34/1998, 100.000 kr.
   12. Leyfisbréf fyrir verðbréfamiðstöðvar, sbr. 3. gr. laga nr. 131/1997, 100.000 kr.
   13. Leyfisbréf fyrir skaðatryggingafélög og líftryggingafélög, sbr. 26. gr. laga nr. 60/1994, 100.000 kr.
c. 11. og 14. tölul. falla brott.
d. Í stað orðanna „12. tölul.“ í 13. tölul., er verður 18. tölul., kemur: 17. tölul.

e. 15. tölul., er verður 20. tölul., orðast svo: Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað, leyfi fyrir næturklúbb, kaffihús, dansstað og krá, 50.000 kr.
f. Í stað orðanna „15.–17. tölul.“ í 18. tölul., er verður 23. tölul., kemur: 20.–22. tölul.
g. Í stað orðanna „Iðju- og iðnaðarleyfi“ í 28. tölul., er verður 33. tölul., kemur: Iðnaðarleyfi.
h. Á eftir 28. tölul., er verður 33. tölul., koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
   34. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á lághitasvæðum, grunnvatns og hveraörvera, sbr. 4., 6. og 34. gr. laga nr. 57/1998, 25.000 kr.
   35. Leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á háhitasvæðum og jarðefna, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 57/1998, 100.000 kr.
   36. Leyfi til leitar og hagnýtingar á efnum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1990, 100.000 kr.
i. Í stað orðanna „32. tölul. og b–e-liðum 33. tölul.“ í 34. tölul., er verður 42. tölul., kemur: 40. tölul. og b–e-liðum 41. tölul.
j. 36. tölul. fellur brott.
k. Við greinina bætast fimm nýir töluliðir, svohljóðandi:
   45. Leyfi til reksturs miðlunar með leiguhúsnæði, sbr. 73. gr. laga nr. 36/1994, 5.000 kr.
   46. Leyfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1997, 5.000 kr.
   47. Skemmtanaleyfi vegna einstakra tilvika, 5.000 kr.
   48. Leyfi til þess að efna til skyndihappdrættis, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1973, 5.000 kr.
   49. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sbr. 10. gr. laga nr. 117/1994,
   a. til tveggja ára, 5.000 kr.
   b. til fimm ára, 5.000 kr.

1238. Lög [260. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1099.

1239. Lög [322. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1194.

1240. Lög [558. mál]

um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87 12. júní 1996.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1195.

1241. Lög [467. mál]

um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 745.

1242. Lög [527. mál]

um yrkisrétt.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 828.

1243. Lög [325. mál]

um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1196.

1244. Lög [469. mál]

um hópuppsagnir.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1197.

1245. Lög [545. mál]

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 847.

1246. Lög [523. mál]

um orkunýtnikröfur.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 1198.

1247. Lög [503. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. maí.)

Samhljóða þskj. 798.

1248. Nefndarálit [24. mál]

um till. til þál. um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Fjármálaeftirlitinu, Verslunarráði Íslands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Verðbréfaþingi Íslands, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Seðlabanka Íslands og Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda.

Tillögugreinin gerir ráð fyrir að viðskiptaráðherra sjái um að allar stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaðinum setji sér sérstakar siðareglur í viðskiptum og verði þær lagðar fyrir viðskiptaráðherra til staðfestingar. Hliðsjón verði m.a. höfð af tilmælum framkvæmdastjórnar ESB frá 25. júlí 1977 um siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf (77/534/EBE) og almennt viðurkenndum meginreglum FIBV (Alþjóðasambands kauphalla) um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum frá 1992.

Nefndin telur ekki eðlilegt að viðskiptaráðherra hafi bein afskipti af því að fyrirtæki setji sér siðareglur eins og tillögugreinin gerir ráð fyrir. Hins vegar finnst nefndinni eðlilegt að kannað verði hvort fyrirtæki hafi sett sér slíkar siðareglur og í framhaldi af því verði hugað að því hvernig hægt verði að koma því við að þau fyrirtæki sem ekki hafi sett sér slíkar reglur geri það. Leggur nefndin því til að viðskiptaráðherra verið falið að kanna hvort fyrirtæki á fjármálamarkaði hafi sett sér siðareglur og skila Alþingi skýrslu um niðurstöður könnunarinnar. Leggur nefndin áherslu á að skýrslan verði lögð fram í upphafi næsta löggjafarþings.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að kanna hvort stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði hafi sett sér siðareglur í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar ESB frá 25. júlí 1977 um siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf (77/534/EBE) og almennt viðurkenndar meginreglur FIBV (Alþjóðasambands kauphalla) um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum frá 1992. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöðu könnunarinnar í upphafi haustþings.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1249. Nefndarálit [485. mál]

um frv. til l. um brunavarnir.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá umhverfisráðuneyti Magnús Jóhannesson og Sigríði Auði Arnardóttur, frá Brunamálastofnun Bergstein Gizurarson og Guðmund P. Bergsson, frá Slökkviliði Reykjavíkur Hrólf Jónsson, frá Kópavogsbæ Gísla Nordal byggingarfulltrúa, frá mengunardeild Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar Tryggva Þórðarson, frá Eldvarnaeftirliti Bjarna Kjartansson, frá Slökkviliði Hafnarfjarðarbæjar Helga Ívarsson, frá Brunavörnum Árnessýslu Kristján Einarsson og frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna Guðmund Vigni Óskarsson.

Umsagnir bárust nefndinni frá Brunavörnum Húnaþings vestra, Brunavörnum Austur-Húnavatnssýslu, Siglingastofnun Íslands, Slökkviliði Mývatns, Slökkviliði Skaftárhrepps, Slökkviliði Dalvíkur, Slökkviliði Fjarðabyggðar, Brunavörnum Austur-Skaftafellssýslu, Brunavörnum á Héraði, Slökkviliði Fáskrúðsfjarðar, Slökkviliði Stykkishólms, Samtökum

iðnaðarins, Brunavarnafélagi Öxarfjarðarhéraðs, Brunavörnum Borgarness og nágrennis, Brunamálastofnun ríkisins, Slökkviliði Keflavíkurflugvallar, Slökkviliði Grindavíkur, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Slökkviliði Drangsness, Félagi slökkviliðsstjóra á Íslandi, Brunavörnum Suðurnesja, Skipulagsstofnun, Hollustuvernd ríkisins, Flugmálastjórn, Slökkviliði Akureyrar, Brunamálaskólanum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Slökkviliði Vopnafjarðar, Almannavörnum ríkisins, byggingarfulltrúanum í Reykjavík, brunamálastjóra og Hrólfi Jónssyni slökkviliðsstjóra.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem umhverfisráðherra skipaði í lok desember 1998 til að endurskoða gildandi lög um brunavarnir og brunamál. Var henni m.a. sérstaklega falið að fjalla um skipulag brunavarna og brunamála í héraði, ábyrgð sveitarfélaga á málaflokknum, starfsemi Brunamálastofnunar Íslands og hlutverk hennar innan stjórnkerfisins og um málefni Brunamálaskólans.

Meðal helstu nýmæla sem lögð eru til í frumvarpinu er að hlutverk Brunamálastofnunar og sveitarfélaga á sviði bruna- og mengunarvarna er skýrt, lögð er áhersla á að sveitarfélög auki samvinnu á sviði eldvarnaeftirlits og í starfsemi slökkviliða og jafnframt er ákvæði um brunavarnaáætlanir og Brunamálaskólann sett í lög.

Við umfjöllun málsins komu fram athugasemdir frá ýmsum aðilum við að ekki væru ákvæði um farskóla Brunamálastofnunar í frumvarpinu. Farskólinn starfar þannig að hann heimsækir öll slökkvilið landsins reglulega og er hlutverk hans að þjálfa slökkviliðsmenn í reykköfun og slökkviliðsstörfum og gera úttekt á getu slökkviliðsmanna og tækjum slökkviliðanna. Nefndin tekur fram að hún lítur svo á að með ákvæðum frumvarpsins sé ekki verið að breyta þessu mikilvæga hlutverki farskólans. Leggur hún áherslu á að því verði áfram sinnt með óbreyttu sniði.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Nefndin leggur til að í stað orðanna „sérstakur slökkvibúnaður“ í 2. mgr. 11. gr. komi: fyrir sérstakan slökkvibúnað. Er þetta lagt til svo að ljóst sé að það er ekki hlutverk sveitarfélaganna að sjá til þess að sérstakur slökkvibúnaður sé fyrir hendi þar sem hans er krafist, heldur að sjá til þess að nægilegt vatn og vatnsþrýstingur sé fyrir slökkvibúnað.
2. Lagðar eru til breytingar á c-lið 1. mgr. 12. gr. Leggur nefndin til að fræðsluhlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga takmarkist við að leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi. Leggur nefndin til að fræðsluhlutverk eldvarnaeftirlits nái ekki til almennings enda sinni Brunamálastofnun almennu fræðsluhlutverki skv. c-lið 5. gr. frumvarpsins.
3. Nefndin leggur til breytingu á 13. gr. Leggur nefndin til að í stað þess að Brunamálastofnun samþykki brunavarnaáætlun sem slökkviliðsstjóri vinnur skv. 5. mgr. 16. gr. veiti hún umsögn um hana og sveitarstjórn samþykki hana.
4. Í 2. mgr. 15. gr. er fjallað um hæfisskilyrði sem þarf að uppfylla til að geta gegnt starfi slökkviliðsstjóra. Að mati nefndarinnar eru hæfisskilyrðin of þröng og leggur hún til breytingu sem felur í sér að einstaklingar með háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum geti sótt um starf slökkviliðsstjóra.
5. Nokkuð var gagnrýnt að skv. 1. mgr. 16. gr. skuli slökkviliðsstjóri hafa eftirlit með virkni brunahana í umdæmi sínu en brunahanar eru í eigu viðkomandi vatnsveitna sem eru í flestum tilvikum sveitarfélögin. Leggur nefndin til að eftirlit með virkni brunahana verði í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveitu. Nefndin leggur einnig til að bætt verði inn í 3. mgr. að mengunaróhöpp skuli tilkynna án tafar til heilbrigðiseftirlits.

Mikilvægt getur verið að bregðast hratt við slíkum óhöppum og því telur nefndin rétt að skerpa aðeins á orðalagi málsgreinarinnar. Þá leggur nefndin til að tekið verði fram í 4. mgr. að slökkviliðsstjóri skuli sjá um fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna í brunavörnum og viðbrögðum við mengunaróhöppum. Þar að auki eru lagðar til orðalagsbreytingar til að ekki fari milli mála að hlutverki hans á því sviði sé ekki ætlað að vera víðtækara.

6. Lögð er til breyting á 1. mgr. 17. gr. Við umfjöllun málsins var bent á að aðeins hluti slökkviliðsmanna á landsbyggðinni hefði það starf að aðalstarfi og í nokkrum tilvikum er slökkviliðsstjóri í hlutastarfi. Var nokkuð gagnrýnt að slökkviliðsmenn í hlutastarfi gætu ekki fengið löggildingu til starfa samkvæmt greininni. Að mati nefndarinnar er rétt að koma til móts við þessi sjónarmið og leggur nefndin til að slökkviliðsmenn sem starfað hafa við slökkvilið í hlutastarfi að lágmarki í fjögur ár og uppfylla skilyrði skv. 1. málsl. 1. mgr. geti sótt um og fengið löggildingu. Lítur nefndin svo á að hlutastarf slökkviliðsmanna taki m.a. til lögbundinnar æfingaskyldu í slökkviliði, sbr. 19. gr. frumvarpsins.
7. Þá leggur nefndin til að nýrri málsgrein verði bætt við 33. gr. Fram komu athugasemdir við að ekki væri gert ráð fyrir að valdmörk milli slökkviliðsstjóra og Brunamálastofnunar væru jafnskýr í frumvarpinu og þau eru í 1. mgr. 27. gr. gildandi laga. Þar er gert ráð fyrir að Brunamálastofnun geti, ef hún telur að ákvæði laganna séu brotin og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta samkvæmt lögunum, bent slökkviliðsstjóra á misbrestina og, ef ekki er bætt úr, hefur stofnunin rétt til að beita þeim heimildum sem slökkviliðsstjórum eru veittar með lögunum. Nefndin leggur til að þetta úrræði verði áfram í lögunum en leggur áherslu á að því verð beitt með varúð og að Brunamálastofnun grípi ekki inn í nema viðkomandi slökkviliðsstjóri sé augljóslega að vanrækja skyldur sínar.
8. Nefndin leggur einnig til breytingar á 34. gr. þar sem fjallað er um refsingar samkvæmt lögunum. Leggur hún til að brot gegn lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varði sektum en séu sakir miklar varði brot fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að ákvæði almennra hegningarlaga gildi að öðru leyti um brotin. Jafnframt leggur nefndin til að sé brot framið í starfsemi lögaðila megi gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga. Í 2. mgr. 34. gr. er lagt til að lögð sé hlutlæg ábyrgð á lögaðila en að mati nefndarinnar er það of íþyngjandi. Leggur hún því til að lögaðili beri aðeins ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögunum enda séu brot hans framin í starfi hans hjá lögaðilanum.
9. Nefndin leggur til að ný málsgrein bætist við 36. gr. þar sem fram komi að ef aðili vill kæra ákvörðun skv. VIII. kafla skal það gert innan mánaðar frá því að ákvörðunin er tilkynnt. Með hliðsjón af því að um er að ræða mál sem geta varðað líf og heilsu manna leggur nefndin til að settur verði tímafrestur á heimild til að kæra ákvörðun skv. VIII. kafla. Nefndin vill þó taka fram að kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.
10. Nefndin telur mikilvægt að góð sátt verði um framkvæmd laganna. Þar sem sveitarfélögum er að stórum hluta falin ábyrgð á framkvæmd laganna telur hún eðlilegt að samráð verði haft við Samband íslenskra sveitarfélaga við setningu reglugerða sem varða skyldur sveitarfélaga og er breyting þess eðlis lögð til í 39. gr.

Össur Skarphéðinsson og Ísólfur Gylfi Pálmason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2000.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.

Gunnar Birgisson.

1250. Breytingartillögur [485. mál]

við frv. til l. um brunavarnir.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 11. gr. Í stað orðanna „sérstakur slökkvibúnaður“ í 2. mgr. komi: fyrir sérstakan slökkvibúnað.
2. Við 12. gr. C-liður 1. mgr. orðist svo: leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi.
3. Við 13. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar.
4. Við 15. gr. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: eða hafa háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum.
5. Við 16. gr.
   a. Við síðari málslið 1. mgr. bætist: í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveitu.
   b. Á eftir orðunum „Slökkviliðsstjóri skal tilkynna“ í 3. mgr. komi: án tafar.
   c. 4. mgr. orðist svo:
      Slökkviliðsstjóra ber að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.
6. Við 17. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Slökkviliðsmenn sem sækja um löggildingu til að starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa lokið námi fyrir slökkviliðsmenn við Brunamálaskólann eða hlotið sambærilega menntun. Jafnframt skulu þeir hafa gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi að lágmarki í eitt ár samfellt eða starfað í hlutastarfi í slökkviliði að lágmarki í fjögur ár. Ráðherra veitir slíka löggildingu.
7. Við 33. gr.
   a. Við bætist ný málsgrein sem verði 1. mgr., svohljóðandi:
      Telji Brunamálastofnun að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skal Brunamálastofnun benda slökkviliðsstjóra á það sem bæta þarf úr. Brunamálastofnun hefur rétt til að beita sömu þvingunarúrræðum og slökkviliðsstjóri ef ekki er úr bætt.

b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Íhlutun Brunamálastofnunar og ráðherra.*

8. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
   Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum. Séu sakir miklar varða brot fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.
   Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot hans framin í starfi hans hjá lögaðilanum.
9. Við 36. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er að kæra ákvörðun sem tekin er á grundvelli VIII. kafla til ráðherra og skal það gert innan mánaðar frá því að hún var tilkynnt.
10. Við 39. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Við setningu reglugerða samkvæmt lögum þessum skal hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði sem varða skyldur sveitarfélaga.
11. Á eftir orðunum „að veita þeim sveitarfélögum“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða I komi: tímabundinn.

1251. Breytingartillaga [460. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 3. gr. Í stað dagsetningarinnar „15. maí 2000“ í 2. og 3. málsl. efnismálsgreinar bliðar komi: 15. júní 2000.

1252. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og á l. nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Ákvæði frumvarpsins taka fyrst og fremst til breytinga á menntunarkröfum sem gerðar eru til starfsmanna fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og hjá lánastofnunum, breytinga á starfsábyrgðartryggingu, uppgjörum afleiðusamninga og aðskilnaði einstakra starfssviða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og verklagsreglum því tengdum, eða svokölluðum kínamúrum.

Minni hlutinn tekur undir að það styrki vissulega betur eðlilega viðskiptahætti á verðbréfamarkaði að gera meiri menntunarkröfur til starfsmanna og leggja þær skyldur á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem felast í aðskilnaði einstakra starfssviða fyrirtækjanna og að settar séu skýrari verklagsreglur um eigin viðskipti þeirra. Hins vegar er ljóst að í frumvarpinu er ekki tekið á þeim vanda sem upp hefur komið og snertir m.a. innherjaviðskipti og meðferð trúnaðarupplýsinga, en hann hefur grafið undan trausti fólks á fjármálafyrirtækjum.

Rétt er að minna á að viðskiptaráðherra brást hart við þegar upplýst var um brot á verklagsreglum hjá sex fjármálafyrirtækjum um viðskipti starfsmanna og stjórnenda með verðbréf. Boðaði ráðherra breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti til að taka á þessum málum. Langur vegur er frá því að það sé gert í frumvarpi viðskiptaráðherra eða í þeim breytingartillögum sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar leggur fram. Meiri hluti nefndarinnar gefst upp á því verkefni og vísar málum sem þola enga bið aftur til viðskiptaráðherra.

Gagnrýnt hefur verið að stjórnendur eða starfsmenn fjármálafyrirtækja nýti sér með óeðlilegum hætti upplýsingar í eiginhagsmunaskyni sem aðrir hafa ekki aðgang að. Mikil hætta er á hagsmunaárekstrum innan verðbréfafyrirtækja sem bæði stýra eignasöfnum viðskiptavina og eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning. Einnig hafa verið gagnrýnd viðskipti starfsmanna með óskráð verðbréf og þátttaka þeirra í útboðum sem fyrirtækið hefur umsjón með. Nánast ekkert er á þessum málum tekið í frumvarpinu.

Fram hefur komið hjá Verðbréfaþingi að nauðsynlegt sé að setja skýrari ákvæði í lög og reglur um framkvæmd útboða, um viðskipti umsjónaraðila, innherja og starfsmanna með bréf í tengslum við útboð, svo og um viðskipti hlutafélaga með eigin bréf. Í umsögn Verðbréfaþings um frumvarpið eru síðan gerðar athugsemdir við IV. kafla laganna sem fjallar um meðferð trúnaðarupplýsinga. Þar kemur fram eftirfarandi: Að mati Verðbréfaþings er æskilegt að bæta við 27. gr. laganna heimild til ráðherra um að setja nánari reglur um framkvæmd viðskipta fruminnherja, m.a. um takmarkanir á viðskiptum, tilkynningar viðskipta innherja og birtingu þeirra, tilgreiningu aðila sem teljast til fruminnherja og birtingu lista yfir þá. Með fruminnherja er um að ræða aðila eins og stjórn, helstu stjórnendur og lykilstarfsmenn, endurskoðendur og ráðgjafa, svo sem lögfræðinga og starfsmenn verðbréfafyrirtækja.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins kom fram að eftirlitið teldi æskilegt að styrkt yrði ákvæði laga um verðbréfaviðskipti varðandi takmarkanir á viðskiptum, tilkynningar um viðskipti og birtingu þeirra, tilgreiningu aðila og birtingu lista yfir þá. Jafnframt lagði Fjármálaeftirlitið til að ábyrgð fyrirtækja í verðbréfaþjónustu yrði aukin varðandi bann við milligöngu þar sem grunur leikur á broti á reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Verslunarráð Íslands lagði einnig til að kveðið yrði skýrt á um að hver einstök viðskipti stjórnenda starfsmanna og maka væru, eftir því sem við ætti, samþykkt fyrir fram af viðkomandi yfirmanni. Það er mikilvægt til að ábyrgðin liggi ljós fyrir í þessu efni. Verslunarráðið hefur sent frá sér afar gagnlegar tillögur í skýrslu sem kynnt var nýverið, bæði varðandi innherjaviðskipti, tilkynningarskyldu þeirra, ákvæði um upplýsingagjöf vegna skýldrar eignar og birtingu uppgjöra. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur málið greinilega ekki það brýnt að á því þurfi að taka og vísar helstu athugasemdum Fjármálaeftirlitisins og Verðbréfaþings til viðskiptaráðherra.

Ákvæðin í frumvarpinu sem lúta að innherjaviðskiptum eru afar máttlaus. Í frumvarpinu er ekkert að finna um meðferð trúnaðarupplýsinga. Lítið er tekið á innherjaviðskiptum og vantar t.d. skilgreiningu á því hverjir eru innherjar. Einnig vantar skýrar verklagsreglur um aðgang starfsmanna sem búa yfir trúnaðarupplýsingum að kaupum á hlutabréfum í fyrirtækjum og hvort og þá hvernig þeir mega sjálfir koma að útboðum sem í gangi eru á hlutabréfum í fyrirtækjum sem þeir vinna hjá. Jafnframt þyrfti 7. gr. frumvarpsins að taka til lokaðra útboða, m.a. um það hvernig staðið skyldi að upplýsingum og kynningu slíkra bréfa. Einnig vantar ákvæði um upplýsingagjöf vegna skýldrar eignar og er skemmst að minnast þess þegar eignarhaldsfélag Orca-hópsins neitaði að gefa upplýsingar um hverjir væru eigendur félagsins. Ástæða hefði einnig verið til að taka á viðskiptum verðbréfafyrirtækjanna sjálfra fyrir eigin reikning en það kom m.a. fram í umfjöllun nefndarinnar um málið.

Spurning hefur vaknað um hvort það geti leitt til hagsmunaárekstra þegar verðbréfafyrirtæki eru sjálf í miklum viðskiptum fyrir eigin reikning og sjá jafnframt um ráðgjöf og stýra eignasafni viðskiptavinanna. Einnig hafa vaknað í þessu sambandi spurningar um hvaða áhrif slík viðskipti hafi á verðmyndun hlutabréfa. Þó að aðskilnaður einstakra starfssviða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu eigi að einhverju leyti að taka á þessu máli þarf að gera betur eins og lagt er til í breytingartillögum minni hlutans.

Allt sem hér hefur verið nefnt er mjög mikilvægt til að styrkja verðbréfamarkaðinn og auðvelda eftirlit með honum svo að hægt verði að eyða tortryggni og skapa traust á verðbréfamarkaðinum.

Frumvarpið í heild virðist litlu breyta um skýrari, heilbrigðari og eðlilegri leikreglur á fjármálamarkaðinum en hafa verið í gildi því að mikilvægum ákvæðum um innherjaviðskipti og meðferð trúnaðarupplýsinga er slegið á frest.

Minni hlutinn flytur því breytingartillögur við frumvarpið sem miða að því að auka traust á verðbréfamarkaðinum og tryggja meira og betra eftirlit og aðhald með fjármálafyrirtækjum. Breytingartillögur minni hlutans lúta að því að markvissari og skýrari reglur verði settar um innherjaviðskipti og meðferð trúnaðarupplýsinga sem stuðla mun að traustari og heilbrigðari verðbréfaviðskiptum.

Alþingi, 8. maí 2000.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Margrét Frímannsdóttir. Ögmundur Jónasson.

1253. Breytingartillögur [420. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og á l. nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, MF, ÖJ).

1. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á b-lið:
   a. Í stað orðsins „sex“ í inngangsmálsgrein komi: sjö.
   b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Lokað útboð:* Sala samkynja verðbréfa sem boðin eru afmörkuðum hópi einstaklinga til kaups í fyrsta sinn án almennrar og opinberrar auglýsingar eða kynningar sem jafna má til opinberrar auglýsingar.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Ráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, takmarkað heimildir verðbréfafyrirtækja til að eiga viðskipti fyrir eigin reikning.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   20. gr. laganna orðast svo:
   Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja skv. 8. gr. eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum.

Óheimilt er að bjóða almenningi til kaups verðbréf sem falla undir grein þessa, en hafa ekki verið boðin út í samræmi við ákvæði hennar.

Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveða nánar á um almennt útboð verðbréfa, svo sem um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs, tilkynningar um almennt útboð, reglur um fyrsta söludag almennra útboða og tilkynningar verðbréfafyrirtækja og annarra aðila sem hafa milligöngu um almennt útboð um heildarsölu verðbréfa í almennu útboði. Þá skal ráðherra, að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, setja reglugerð um lokuð útboð, m.a. um skilyrði fyrir þeim, aðdraganda og framkvæmd þeirra og um heimildir til viðskipta með verðbréf sem boðin eru í lokuðu útboði.

4. Við 8. gr. Við fyrri efnismálsgrein bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að hver einstök viðskipti stjórnenda, starfsmanna og maka séu, eftir því sem við á, samþykkt fyrir fram af viðkomandi yfirmanni.
5. Á eftir 10. gr. (er verði 11. gr.) komi ný grein svohljóðandi:

   Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar, m.a. um takmarkanir á viðskiptum, tilkynningar um viðskipti og birtingu þeirra, birtingu rekstraráætlana, tíðari uppgjör fyrirtækja eins og ársfjórðungsuppgjör, og tilgreiningu aðila og birtingu lista yfir þá. Þá er ráðherra heimilt að ákveða í reglugerð að tilteknir aðilar teljist fruminnherjar í fyrirtæki og að þeir geti ekki átt í viðskiptum með verðbréf sín fyrr en að liðnum allt að sex vikum frá birtingu afkomutalna þess.
6. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

   Lög þessi öðlast þegar gildi, að undanskilinni 7. gr. um almennt og lokað útboð verðbréfa sem tekur gildi 1. júlí 2000. Starfandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa lagað starfsemi sína að 5. gr. laga þessara fyrir 1. janúar 2001.

1254. Nefndarálit [8. mál]

um till. til þál. um skipan nefndar um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Verslunarráði Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Samtökum iðnaðarins.

Tillögugreinin gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem athugi hlutverk og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila og að slegið verði á frest öllum frekari áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og einkaframkvæmd þar til nefndin hefur skilað álitsgerð.

Nefndin leggur til breytingu á tillögugreininni. Leggur hún til að umræddri nefnd verði falið að gera samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd. Telur nefndin eðlilegt að við þá vinnu verði m.a. könnuð reynsla af einkavæðingu og einkaframkvæmd í almannaþjónustu hér á landi og í þeim ríkjum sem gengið hafa lengst í einkavæðingu, svo sem Bretlandi og Nýja-Sjálandi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í verði m.a. fulltrúar allra þingflokka, sem geri samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og fjalli um framtíðarkosti í þeim efnum.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1255. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir frá fyrri þingum.

Í frumvarpinu er lagt til að Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn bætist í hóp aðaltollhafna.

Undanfarin ár hefur mikilvægi Þorlákshafnar aukist sem almennrar vöruhafnar. Hefur þar verið reist frysti- og kæligeymsla auk aðstöðu fyrir tollvörugeymslu. Er því orðið mjög brýnt að Þorlákshöfn verði gerð að aðaltollhöfn. Þá er það einnig mikið hagsmunamál fyrir Höfn í Hornafirði að öðlast réttindi aðaltollhafnar. Íbúafjöldi þar hefur meira en tvöfaldast síðustu tvo áratugi og umsvif atvinnufyrirtækja eflst að sama skapi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 8. maí 2000.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Birgisson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1256. Nefndarálit [630. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu Haraldsdóttur og Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti og Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum sem gera ráðherra mögulegt að koma til móts við athugasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við þá framkvæmd hér á landi að heimila innflutning sjávarafurða frá frystiskipum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins óháð því hvort þau eru á skrám yfir viðurkennda framleiðendur, vinnsluskip og frystiskip. Auk Íslands hafa Noregur, Danmörk og Bretland heimilað innflutning sjávarafurða frystiskipa frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins óháð viðurkenningu þeirra en rússnesk frystiskip flytja inn frosinn þorsk til framangreindra ríkja auk Íslands.

Þar sem fyrir liggur að Eftirlitsstofnun EFTA íhugar formlega málsmeðferð á hendur Íslandi og vegna þess að nokkur óvissa ríkir um kröfur sem gerðar eru um viðurkenningu frystiskipa frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er æskilegt að unnt verði að breyta framkvæmdinni hér á landi þegar skylda Íslands í þessum efnum liggur skýrt fyrir og ljóst er að framkvæmd á Evrópska efnahagssvæðinu er samræmd.

Nefndin leggur áherslu á að ráðherra nýti heimildir sem felast í frumvarpinu þannig að það skaði ekki samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins við kaup á frosnu hráefni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 8. maí 2000.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Hjálmar Árnason.
Vilhjálmur Egilsson.	Guðmundur Hallvarðsson.	Árni R. Árnason.
Jóhann Ársælsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.

1257. Breytingartillaga [547. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, MF, ÖJ).

Á eftir 11. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar ákvæðis til bráðabirgða XXXVI skulu fjárhæðir í 5. mgr. A-liðar og 4. mgr. B-liðar 69. gr. laganna breytast þannig við ákvörðun barnabóta á árinu 2000 vegna barna á framfæri í árslok 1999 og vaxtabóta á árinu 2000 vegna vaxtagjalda á árinu 1999 að í stað 2,5% hækkunar milli áranna 1999 og 2000 hækki fjárhæðirnar um 15,1%. Þannig reiknaðar fjárhæðir taki síðan breytingum milli áranna 2000 og 2001 í samræmi við reglur c-liðar ákvæðis til bráðabirgða XXXVI.

1258. Breytingartillaga [250. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1998, um loftferðir.

Frá Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni og Jóni Bjarnasyni.

Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á a-lið greinarinnar:

a. 3.–5. mgr. falli brott.
b. Orðin „og veittrar leiðarflugsþjónustu“ í 6. mgr. falli brott.

1259. Nefndarálit [502. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Fyrsti minni hluti gerir að sjálfsögðu ekki athugasemdir við að tekið sé til skoðunar hvort heppilegt sé að breyta rekstrarformi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar við Keflavíkurflugvöll. Til greina kemur að einhverjir þættir rekstrarins ættu betur heima í ríkishlutafélagi en hefðbundnu ríkisfyrirtæki. Eins og jafnan við slíkar aðstæður ber þó fyrst að líta til þess hvers eðlis viðkomandi rekstur er, hvaða markmiðum hann eigi að þjóna og forðast fyrir fram ákveðnar skoðanir í þeim efnum. Enn fremur þarf að vera tryggt að ekki vaki annað fyrir mönnum en yfirlýstur tilgangur með slíkum breytingum.

1. Fyrsti minni hluti er þeirrar skoðunar að frumvarpið, sem kom fram seint á þessu þingi, sé engan veginn nógu vel undirbúið. Sem dæmi má nefna að ekki virðist hafa verið farið ofan í saumana á áhrifum þess m.a. með hliðsjón af ákvæðum samkeppnislaga, en sameina á í einu hlutafélagi allan rekstur ríkisins á svæðinu, byggingu, fríhafnarverslun o.fl. Í öðru lagi eru efnahagslegar forsendur sameiningarinnar og hins nýja hlutafélags mjög óljósar. Um er að ræða áætlaðar tölur, áætlaðan ársreikning og áætlaða efnahagsreikninga. Eins og dæmin sanna getur margt orkað tvímælis þegar eignir eru metnar sem stofnfé í efnahagsreikning væntanlegra hlutafélaga. Þá hafa einnig borist fréttir af áformuðum breytingum hjá stjórnvöldum eins og þeim að fella niður greiðslu áfengisgjalds í ríkissjóð o.fl. Í þriðja lagi er ýmislegt óljóst um tilhögun mála hvað varðar t.d. hlut hins nýja hlutafélags, ef af verður, í framtíðaráformum um framkvæmdir á svæðinu. Má í því sambandi minna á mikinn kostnað við að mæta þörfum og kröfum sem á Ísland leggjast með aðild að Schengen-samningnum. Flugrekendur og ferðaþjónustufyrirtæki

telja sig hafa loforð fyrir því að allur viðbótarkostnaður af aðild að Schengen greiðist úr ríkissjóði en ekki af ferðaþjónustunni. Einnig að þessu leyti er losaralega frá málum gengið.

2. Sums staðar er orðalag frumvarpsins óljóst og að því er virðist ekki nægjanlega til þess vandað. Hafa komið fram ábendingar um slíkt í nefndinni. Má þar sem dæmi taka orðalag 7. gr. þar sem fjallað er um tilgang hins nýja félags. Einnig hefur verið bent á að kveða þyrfti skýrar á um stöðu fyrirtækisins í samhengi við alþjóðlegar skuldbindingar á starfssviðinu, þ.e. allt sem lýtur að rekstri flugstöðva, flugumferð og farþegum. Athyglisvert er að hvergi er mælt sérstaklega fyrir um það meginmarkmið flugstöðvar að taka á móti eða sinna farþegum og tryggja umferð þeirra heldur virðast höfundar frumvarpsins fyrst og fremst hafa verið uppteknir af rekstrinum.
3. Fyrsti minni hluti telur að mun einfaldara hefði verið að fara þá leið að ákveða einfaldlega að hagnaður af rekstri fríhafnarinnar væri í aðalatriðum nýttur til að greiða niður skuldir flugstöðvarinnar. Efnislega felst það í frumvarpinu og virðist hlutafélagavæðing alls rekstrarins nokkuð krókótt og óbein leið að því einfalda markmiði að ráðstafa að miklu eða jafnvel öllu leyti hagnaði af starfsemi fríhafnarinnar til að greiða niður skuldir og standa straum af frekari fjárfestingum í flugstöðinni í Keflavík.
4. Fyrsti minni hluti tekur fram að fari svo, sem fordæmi eru fyrir, að hér sé markað upphafið að einkavæðingarferli sem endi í einkafákeppnis- eða einkaeinokunarrekstri er hann því algerlega andvígur. Undirstöðusamgöngumannvirki af þessu tagi á að vera í eigu opinberra aðila og rekið af þeim. Því miður hræða sporin í þessum efnum og svardagar um að ekki standi til að hefja einkavæðingu fyrirtækja þó að rekstrarformi verði breytt úr ríkisfyrirtæki í hlutafélag hafa oftar en einu sinni ekki reynst pappírsins virði. Má í því sambandi bæði minna á reynsluna af Landssímanum sem nú stendur til að hefja einkavæðingu á þrátt fyrir yfirlýsingar um að slíkt kæmi ekki til greina á sínum tíma og sambærilegar uppákomur við einkavæðingu fjármálastofnana. Hart er að engar yfirlýsingar af neinu tagi skuli hafa verið gefnar út um að ekki væri ætlunin með þessum formbreytingum að hefja eða undirbúa einkavæðingu rekstrarins. Augljós rök mæla með því að t.d. næstu 12–15 árin sem fjárfestingaráform og framkvæmdaáfangar í fyrirliggjandi áætlunum taka til verði ekki um neinar slíkar breytingar að ræða. Stjórnvöld gætu að sjálfsögðu lýst slíku yfir sem vilja sínum og stefnu. Því er ekki fyrir að fara. Þrátt fyrir að í 6. gr. segi að við stofnun hlutafélagsins skuli allt hlutafé þess vera í eigu ríkisins, sem af sjálfu leiðir, og að sala þess og ráðstöfun sé óheimil án samþykkis Alþingis hafa áður sést slíkar lagagreinar og reynst harla lítils virði þegar ráðherrar taka skyndiákvarðanir um að afhenda einkaaðilum eignir ríkisins og líta svo á það eitt sem hlutverk Alþingis að stimpla slíkar ákvarðanir.
5. Fyrsti minni hluti telur það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að utanríkisráðherra skipi einn alla stjórn fyrirtækisins, algerlega fráleita. Hér er um að ræða eina umtalsverða millilandaflugvöll landsins, miðpunkt í samgöngukerfi landsmanna og afar mikilvægan sem slíkan. Nær lagi væri að yfir starfseminni væri þingkjörin stjórn. Þetta tengist því einnig að stjórnsýsla í þessu tilviki er mjög ankannaleg þar sem hreint samgöngumannvirki eins og flugstöð er á forræði utanríkisráðherra en ekki samgönguráðherra. 1. minni hluti er þeirrar skoðunar að stefna beri að því að flugstöðin í Keflavík færist undir lögsögu samgönguráðherra eins og önnur samgöngumannvirki í landinu. Lágmark væri að samgönguráðherra ætti tvo fulltrúa í stjórn. Því væri strax til bóta ef fallist væri á að gera þær breytingar á frumvarpinu að annað tveggja kæmi til að yfir

flugstöðinni yrði þingkjörin stjórn eða að t.d. samgönguráðherra og samtök starfsmanna tilnefndu menn í stjórn sem utanríkisráðherra skipaði.

6. Fyrsti minni hluti er þeirrar skoðunar að nær væri að setja kraft í uppbyggingu á svæðinu og hefja aðgerðir til að nýta önnur tækifæri til atvinnuuppbyggingar í tengslum við flugstöðina. Þrátt fyrir að mikið hafi verið rætt um slíkt undanfarin ár hefur harla lítið gerst, a.m.k. fyrir tilstuðlan opinberra aðila, og ekki verður séð að frumvarpið boði miklar breytingar í þeim efnum.
7. Rétt er að nefna einn þátt enn sem flækir málin og gerir stöðu Flugstöðvarinnar og nágrennis sérstaka. Það er sú staðreynd að Bandaríkjamenn lögðu fram fjármuni til byggingarinnar (20 milljónir dala) og eiga ákveðna kvöð til afnota ef til ófriðartíma eða hættuástands kæmi. Þó ekki sé deilt um að íslenska ríkið sé samt sem áður eigandinn eiga Bandaríkjamenn á hinn bóginn búnað í kringum stöðina, kostuðu flughlöð o.s.frv. Þetta ber að hafa í huga.

Að lokum vill 1. minni hluti aftur leggja sérstaka áherslu á að þessar fyrirhuguðu breytingar virðast alls ekki hafa verið skoðaðar af nægjanlegri kostgæfni, t.d. uppsetning efnahagsreiknings og samkeppnismál. Augljóst er að það býður heim árekstrum að sameina í einu hlutafélagi bæði eignarhald og rekstur húsnæðis flugstöðvarinnar og tiltekinn verslunarrekstur í byggingunni, þ.e. fríhöfnina. Sami aðili mun því eiga húsnæðið, reka það og stunda þar verslunarrekstur í samkeppni við aðrar verslanir á svæðinu, en einnig leigja þeim húsnæði. Vandséð er að slíkt fyrirkomulag geti orðið annað en til vandræða og mun vænlegri kostur hefði verið að halda þá rekstrinum aðskildum í tveimur eða fleiri sjálfstæðum hlutafélögum með aðskilið bókhald og stjórn þannig að samkeppnisaðilar í byggingunni væru ekki settir í þá aðstöðu sem þarna virðist eiga að gera. Það er skoðun 1. minni hluta að mál þetta sé engan veginn nógu vel undirbúið og að á því séu verulegir gallar sem geri að verkum að hraðafgreiðsla þess á Alþingi sé ekki boðleg. Með vísan til þess sem að framan greinir leggur 1. minni hluti til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Til vara áskilur 1. minni hluti sér rétt til að flytja breytingartillögur til að sníða af málinu verstu gallana, komi það til 3. umræðu.

Alþingi, 5. maí 2000.

Steingrímur J. Sigfússon.

1260. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn telur mikilvægt að fram fari heildarendurskoðun á lögum um vörugjald en þessar lagabreytingar hafa verið rökstuddar með því að stefnt sé í samræmingarátt. Ýmsar breytingar sem frumvarpið felur í sér eru góðra gjalda verðar en þó ber að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs lækki alls um rúmlega 150 millj. kr. Þar munar mest um niðurfellingu á vörugjaldi af rafmagnsvörum, þ.e. ýmiss konar raftækjabúnaði sem nýttur er í iðnaði.

Ýmissa grasa kennir í þessu frumvarpi en samkvæmt því er vörugjald fellt niður af snakki, poppkorni, salthnetum, saltkexi og saltstöngum. Hins vegar er vörugjald af kakódufti hækkað og horfir það undarlega við í ljósi þess að hér er um að ræða vöru sem fremur verður flokkuð sem nauðsynjavara en þær vörutegundir sem að framan greinir, enda t.d. notað sem fæðubótarefni fyrir sjúklinga og aldraða.

Þá má nefna að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir lækkun á vörugjaldi af skotvopnum og öðrum vopnum, svo sem sverðum, byssustingjum og lensum. Minni hlutinn telur vandséð að það flokkist undir forgangsverkefni að auðvelda aðgang landsmanna að þessum tólum með sérstökum skattalækkunum.

Minni hlutinn telur að þessar breytingar eigi að bíða heildarendurskoðunar á lögum um vörugjald sem brýnt er að fram fari.

Alþingi, 9. maí 2000.

Ögmundur Jónasson, frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.

1261. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn er hlynntur því að í frumvarpinu séu veitingastaðir skilgreindir nánar og flokkaðir eftir þeirri starfsemi sem þar fer fram, svo sem í matsölustaði, kaffihús og dansstaði, þótt vandséð sé hvernig hægt verður að fylgja eftir slíkri flokkun. Minni hlutinn styður þess vegna þær breytingar sem settar eru fram í 1. og 2. gr. frumvarpsins að undanskildu því sem fram kemur í d-lið 2. gr. þar sem skilgreind er starfsemi næturklúbba. Með þeim lið er ekki annað séð en verið sé að festa í íslensk lög heimild til nektardanssýninga í atvinnuskyni.

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða hérlendis um starfsemi svonefndra nektardansstaða sem skotið hafa upp kollinum bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu. Mikilvægt er að takmarka eða koma í veg fyrir starfrækslu slíkra staða enda þykir líklegt að á þeim eða í tengslum við þá sé stundað vændi í einhverjum mæli, vísbendingar eru um að mannréttindi kvenna sem komið hafa til að starfa á slíkum stöðum séu brotin og að einhverjar þeirra komi hingað til lands á fölsuðum vegabréfum. Einnig skal vakin athygli á því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögur um breytingar á almennum hegningarlögum þar sem ákvæði er um að refsivert sé að gera sér nekt annarra að féþúfu.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er það samið í kjölfar starfs viðræðunefndar sem komið var á fót vorið 1999 og var ætlað *að sporna við* starfsemi svonefndra „erótískra“ veitingastaða. Með því ákvæði sem hér er hafnað er ekki verið að sporna við neinu heldur er þvert á móti á vissan hátt verið að lögleiða þá afar umdeildu atvinnustarfsemi sem fram fer á slíkum stöðum.

Minni hlutinn hafnar því að sett séu í íslensk lög ákvæði um að nota megi nekt í atvinnuskyni.

Alþingi, 9. maí 2000.

Jón Bjarnason.

1262. Frumvarp til laga [524. mál]

um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.

(Eftir 2. umr., 9. maí.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbotns- og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.

5. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tímalengd leyfis, staðarmörk vinnslusvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingarleyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öryggis- og umhverfisráðstafanir, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald.

Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim í fimm ár frá gildistöku laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1263. Nefndarálit [502. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar.

Ljóst er að skuldastaða Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar getur breyst verulega frá því sem áætlað er vegna umfangsmikilla byggingaframkvæmda og endurbóta sem standa yfir og fyrirhugaðar eru á næstu árum. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði hátt á fjórða milljarð króna og er þá aðeins um að ræða fyrsta áfanga framkvæmdanna. Svipaður kostnaður er áætlaður vegna framkvæmda næstu ára. Stofnframkvæmdir við flugstöðina árið 1987 fóru langt fram úr kostnaðaráætlunum og nam umframkostnaður a.m.k. 1 milljarði kr. Hlutafélag það sem frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnað verði um rekstur flugstöðvarinnar á að taka við öllum skuldbindingum vegna hennar, fyrirliggjandi skuldbindingum, hátt í 5 milljarða kr., og þeim sem gerðar verða við yfirstandandi og fyrirhugaðar framkvæmdir.

Annar minni hluti telur eðlilegt að ákvarðanir um rekstrarform Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar verði látnar bíða þess að endanlegur kostnaður við fyrsta áfanga framkvæmdanna liggi fyrir. Nauðsynlegt er að ljóst sé strax í upphafi hver fjárhagsleg umgjörð hugsanlegs hlutafélags verði og um leið möguleikar þess til að standa skil á áhvílandi skuldbindingum. Of margt er óljóst í þeim efnum og einnig hvað varðar stöðu starfsfólks eftir áformaða hlutafélagavæðingu flugstöðvarinnar.

Í ljósi þessa munu fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Alþingi, 8. maí 2000.

Margrét Frímannsdóttir, frsm. Jóhann Ársælsson.

1264. Breytingartillaga [500. mál]

við frv. til l. um breyt á l. um álagningu gjalda á vörur.

Frá Ögmundi Jónassyni, Margréti Frímannsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 13. gr. A-liður orðist svo: 2. tölul. 1. mgr. fellur brott.

1265. Skýrsla [638. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1999.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1999 áttu markaðir tekjustofnar til vegagerðar að gefa 9.011 m.kr. Upphafleg spá vegáætlunar gerði ráð fyrir 8.977 m.kr. eða 34 m.kr. minni tekjum, en það skýrist af endurgreiðslum km-gjalds þungaskatts til sérleyfishafa, sem var hætt á árinu 1999. Vegagerðin fékk hins vegar það verkefni að veita sérleyfishöfum viðbótarstyrki að sömu upphæð. Þegar tekið hafði verið tillit til lánahreyfinga milli vegasjóðs og ríkissjóðs auk umsýslugjalds sem greiðist í ríkissjóð, alls 464 m.kr., var niðurstöðutala vegáætlunar 8.547 m.kr.

Á árinu kom fram að tekjur af þungaskatti, einkum af föstu árgjaldi þungaskatts, myndu gefa meiri tekjur en áætlað var. Fjárveitingar voru því hækkaðar um 70 m.kr. með fjáraukalögum. Samkvæmt bráðabirgðatölum virðist innheimtan hafa verið öllu meiri en fjárveitingar á árinu gáfu til kynna eða 216 m.kr. Inneign vegasjóðs hjá ríkissjóði er því orðin 707 m.kr. ef tekið hefur verið tillit til inneignar frá árinu 1998 að upphæð 108 m.kr. og 383 m.kr. frá fyrri árum.

Með fjáraukalögum var auk þess veitt 500 m.kr. viðbótarframlag til nýbygginga vega. Þetta viðbótarfé er lán frá ríkissjóði sem á að endurgreiðast af mörkuðum tekjum árið 2006 eða síðar. Vegáætlun 1999 var því hækkuð um alls 570 m.kr. með fjáraukalögum og var því endanleg niðurstöðutala hennar 9.117 m.kr.

		Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Fjáraukalög m.kr.	Fjárveitingar m.kr.	Raun-tekjur m.kr.
1.1.	Markaðar tekjur:				
	1. Bensíngjald	5.572		5.485	5.345
	2. Þungaskattur, km-gjald	2.366		2.366	2.287
	3. Þungaskattur, árgjald	1.073	70	1.230	1.665
		9.011	70	9.081	9.297
1.2.	Umsýslugjald	-44		-44	-44
		8.967	70	9.037	9.253
1.3.	Viðbótarfé				
	1. Lán frá ríkissjóði		500	500	500
1.4.	Lánsfé:				
	1. Vegna Skeiðarársands	-100		-100	-100
	2. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40		-40	-40
	3. Vegna framkvæmdaátaks	-280		-280	-280
	Samtals:	8.547	570	9.117	9.333

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 1999 er um að ræða afborganir og vexti af lánum vegna ferjanna Herjólfs, Baldurs og Akraborgar, samtals 184,9 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt upplýsingum frá Skráningarstofunni hf. voru nýskráðar fólksbifreiðir 17.018 á árinu 1999 á móti 15.064 árið áður sem samsvarar 13% aukningu. Á sama tíma voru nýskráðar 118 hópferðabifreiðir sem er sami fjöldi og árið áður. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 1.854 á árinu 1999 en voru 1.544 árið áður og er aukningin þar 20%.

Áframhaldandi aukning er í innflutningi og nýskráningu bifreiða og í töflunni hér að neðan má sjá að bifreiðaeign landsmanna fer stöðugt vaxandi. Fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa er nú komin í 542 og hefur aldrei fyrr verið meiri.

	Bifreiða-eign 31.12.97	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.98	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.99
Fólksbifreiðir	132.468	5,97	140.372	7,86	151.409
Hópferðabifreiðir	1.483	4,11	1.544	4,99	1.621
Vöru-/sendibifreiðir	16.028	3,26	16.550	7,60	17.807
Samtals	149.979	5,66	158.466	7,81	170.837

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan á tekjuárinu nam u.þ.b. 190 milljón lítrum og er söluaukningin milli ára um 1,2%. Innheimtar tekjur af bensínsölunni, þ.e. bensíngjaldið, voru 5.345 m.kr. árið 1999. Það er 227 m.kr. minna en upphafleg tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir eða um 4,3% minni tekjur.

Það má því segja að aukningin í bifreiðaeign landsmanna skilar sér ekki nema að hluta til í aukinni bensínsölu. Ástæður má líklega rekja til þess að meðalakstur á bifreið fari minnkandi með aukinni bifreiðaeign og að nýjar bifreiðir eru með sparneytnari vélar en þær eldri. Aðalástæðan er samt sú að díselbifreiðum, einkum díselfólksbifreiðum, fjölgar hlutfallslega meira en bensínbifreiðum og hefur sú þróun verið undanfarin ár. Fjölgun bensínbifreiða á árinu var 6,4% á meðan díselbifreiðum fjölgaði um 17,0%. Bensínbifreiðir eru þó enn í miklum meirihluta á landinu og voru 85,3% af bifreiðaeign í árslok 1999, en til samanburðar var þetta hlutfall 88,9% í árslok 1994.

Bensíngjald var hækkað um 3,89% þann 1. júní 1999 og er bensíngjald af blýlausu bensíni nú 28,60 kr./l en 30,39 kr./l af blýbensíni en olíufélögin selja ekki lengur blýbensín á Íslandi.

Dagsetning	Bensíngjald kr./l	Hækkun %	Byggingar-vísitala stig	Bensíngjald mætti vera kr./l
01.06.99 Blýbensín	30,39	3,89	235,9	34,08
01.06.99 Blýlaust	28,60	3,89	235,9	31,16

Verð á bensíni hefur farið hækkandi á árinu. Í ársbyrjun 1999 kostaði lítrinn af 95 oct. bensíni 70,20 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Ári síðar eða í ársbyrjun 2000 var verðið hins vegar komi upp í 87,50 kr. sem er 24,6% hækkun á einu ári.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifr.	Verð á lítra 31.12. 92 oct.	95 oct.	98 oct.	Bensíngjald Venjulegt	Blýlaust
1989	166,2	1.314	49,2		54,1	19,39	17,74
1990	169,3	1.387	56,8		62,9	20,55	18,80
1991	175,7	1.451	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35
1992	180,1	1.479	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,2	1.492	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,2	1.536	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85
1995	179,6	1.515	67,7	70,0	73,5	26,41	24,85
1996	182,6	1.493		77,0	81,7 [1]	27,11	25,51
1997	183,8	1.437		77,2	81,9	28,30	26,60
1998	188,7	1.408		72,6	77,3	29,26	27,53
1999	189,7 [2]	1.342		86,3	91,0	30,39	28,60
janúar 2000				87,5	92,2	30,39	28,60

[1] Frá 1996 er 98 oct. bensín blýlaust
[2] Bráðabirgðatala

Eins og sjá má á töflunni fer meðaleyðsla á bensínbifreið enn minnkandi.

1.1.2.-3. Þungaskattur

Innheimtar tekjur af km-gjaldi námu alls 2.287 m.kr. Tekjuspá vegáætlunar hljóðaði upp á 2.366 m.kr. og var því frávik 79 m.kr. Innheimt árgjald þungaskatts var 1.665 m.kr. en tekjuspá vegáætlunar hafði einungis gert ráð fyrir 1.073 m.kr., þannig að tekjurnar af árgjaldinu reyndust miklu meiri en áætlað var. Þetta var orðið ljóst þegar á leið árið og fékk Vegagerðin lítinn hluta af þessari innheimtuaukningu sem viðbótarfjárveitingu á fjáraukalögum. Þessa aukningu í árgjaldi þungaskatts má skýra með auknum bifreiðainnflutningi og því að hlutdeild díselbifreiða í bifreiðeign landsmanna fer vaxandi. Einkum er þar um að ræða stærri fólksbifreiðir s.s. jeppa, en minni dísel-fólksbifreiðir eru enn ekki vænlegur kostur fyrir bifreiðaeigendur þrátt fyrir að neðstu flokkarnir í föstu árgjaldi þungaskatts hafi í raun verið lækkaðir undanfarið.

Gjaldskrár þungaskatts voru hækkaðar 1. janúar 1999 um 3,5% og um 2% 1. júní 1999.

Engar breytingar voru gerðar á lögum um fjáröflun til vegagerðar á árinu 1999 að frátöldum hækkunum á gjaldskrám. Á árinu 2000 eru hins vegar fyrirhugaðar breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar, þ.e. þungaskatti, km-gjaldi. Þetta kemur í kjölfar þess að samkeppnisstofnun úrskurðaði, að helstu breytingar sem gerðar voru árið 1998 á lögum um fjáröflun til vegagerðar brytu í bága við samkeppnislög, þ.e. 100 þúsund kr. árgjaldið á bifreiðir yfir 14 tonn og 95 þúsund km reglan.

1.2. UMSÝSLUGJALD

Umsýslugjald var 44 m.kr. árið 1999 eða 0,5% af mörkuðum tekjum og rennur það í ríkissjóð.

1.3. VIÐBÓTARFÉ

Framkvæmdaátak í vegagerð var ákveðið vorið 1999 af ríkisstjórn og skyldi verja 500 m.kr. árlega árin 1999-2002 til nýbygginga vega. Árið 1999 komu 500 m.kr. sem lánsfé en þær skulu endurgreiðast af mörkuðum tekjum síðar eða eftir árið 2006.

1.4. LÁNSFÉ

Á árinu 1999 var endurgreitt lán 100 m.kr., sem tekið var vegna endurbyggingar mannvirkja sem skemmdust í hamfarahlaupinu á Skeiðarársandi. Einnig voru endurgreiddar eftirstöðvar af láni, 280 m.kr., sem tekið var hjá ríkissjóði vegna framkvæmdaátaksins 1995-1998. Auk þess var greidd ein afborgun af láni, 40 m.kr., sem tekið var hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta vegtenginga við Hvalfjarðargöng.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Í töflu á næstu blaðsíðu er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 1999. Vegáætlun gerði ráð fyrir ráðstöfun 8.513 m.kr. en til viðbótar komu 570 m.kr. af fjáraukalögum og 34 m.kr. vegna breytingar á fyrirkomulagi endurgreiðslna á þungaskatti til sérleyfishafa. Alls voru því til ráðstöfunar 9.117 m.kr. Í fylgiskjali 4 er birtur ársreikningur Vegagerðarinnar fyrir 1999.

	(Fjárhæðir í m.kr.)	Vegáætlun 1999	Breyting 1999	Fjárveiting 1999
2.1.	**Stjórn og undirbúningur**	**355**	**34**	**389**
	1. Skrifstofukostnaður o.fl.	183	34	217
	2. Tæknilegur undirbúningur	172		172
2.2.	**Viðhald þjóðvega**			
	1. Almenn þjónusta	**1.001**		**1.001**
	1. Sameiginlegt	270		270
	2. Vegir og vegyfirborð	388		388
	3. Brýr og önnur vegamannvirki	53		53
	4. Vegmerkingar og vegbúnaður	290		290
	2. Vetrarþjónusta	**733**		**733**
	3. Viðhald	**1.548**	**70**	**1.618**
	1. Endurnýjun bundinna slitlaga	640		640
	2. Endurnýjun malarslitlaga	232		232
	3. Styrkingar og endurbætur	330		330
	4. Viðhald brúa og varnargarða	160		160
	5. Öryggisaðgerðir	72		72
	6. Vatnaskemmdir	114	70	184
	4. Þéttbýlisvegir	**382**		**382**
2.3.	**Til nýrra þjóðvega**			
	1. Stofnvegir	**3.348**	**500**	**3.848**
	1. Almenn verkefni	414		414
	2. Höfuðborgarsvæðið	896		896
	3. Stórverkefni	1.422		1.422
	4. Framkvæmdaátak	280		280
	5. Skeiðarársandur	233		233
	6. Þingvallahátíð	103		103
	7. Viðbótarfé		500	500
	2. Tengivegir	**392**		**392**
	3. Til brúagerða	**196**		**196**
	1. Brýr 10 m og lengri	175		175
	2. Smábrýr	21		21
	4. Ferðamannaleiðir	**80**		**80**
	5. Girðingar	**41**		**41**
2.4.	**Til safnvega**	**196**		**196**
2.5.	**Til landsvega**	**67**		**67**
2.6.	**Til styrkvega**	**26**		**26**
2.7.	**Til reiðvega**	**26**		**26**
2.8.	**Til tilrauna**	**78**		**78**
2.9.	**Til flóabáta**	**464**		**464**
	Samtals	8.933	604	9.537
	Greiðsla láns vegna Skeiðarársands	-100		-100
	Afborgun af láni vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40		-40
	Uppgreiðsla láns vegna framkvæmdaátaks	-280		-280
	Samtals	8.513	604	9.117

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 1999 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Við gerð vegáætlunar fyrir árin 1998-2002 var meðalvísitala vegagerðar fyrir árið 1999 áætluð 5885 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir 3,3% hækkun milli ára. Í reynd varð hún 5827 eða um 0,9% lægri en áætlað hafði verið.

Markaðir tekjustofnar til vegagerðar halda áfram að skila auknum tekjum og þá sér í lagi þungaskattur, árgjald. Innheimta markaðra tekna var árið 1999 9.297 m.kr., eða 286 m.kr. hærri upphæð en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar og fékk Vegagerðin 70 m.kr. af þeim á árinu samkvæmt fjáraukalögum. Það sem eftir stendur 216 m.kr. er innieign hjá ríkissjóði.

Árið 1999 runnu í ríkissjóð 44 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 500 m.kr. í framkvæmdaátak, sem er lánsfé. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 420 m.kr. á árinu og er því lántaka nettó 80 m.kr. árinu.

Vegagerðin fékk því alls til ráðstöfunar 9.117 m.kr. sem er töluvert hærri upphæð að raungildi en árið 1998.

Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var góð og engin vinnulán tekin á árinu.

Í súluritinu hér að neðan koma fram framlög til vegamála í m.kr. á verðlagi 1999 á árunum 1964 til 1999.



Hér að neðan má sjá framlög til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964 til 1999. Miðað er við endurskoðaðan grunn þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 338 um síðustu áramót í 330,8 stöðugildum en voru 339 árið 1998. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1999 var 374 en var 388 árið 1998. Heildarvinnuframlag á árinu 1999 reiknað í dagvinnustundum nam 474 mannárum og hafði lækkað úr 488 frá árinu 1998. Launagreiðslur voru 1.010 m.kr. á árinu 1999 og launatengd gjöld 156 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmann og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Sam-tals
Yfirstjórn, skrifstofa	19	5	5	4	4	3	3	2	45
Tæknilegur undirbúningur	46	8	8	7	7	6	9	5	96
Vegaeftirlit	9	0	0	0	0	0	0	0	9
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	9	0	0	0	0	0	1	1	11
Iðnlærðir verkstjórar	4	1	0	1	1	3	1	2	13
Verkstjórar	5	4	4	6	6	3	9	7	44
Iðnaðarmenn	5	1	0	4	3	1	5	2	21
Vélamenn	5	4	11	7	10	7	7	9	60
Verkamenn	3	2	2	11	3	2	5	3	31
Ráðskonur, matreiðslumenn	1	1	0	1	1	1	1	2	8
Fastir starfsmenn í desember 1999	106 [1]	26	30 [1]	41	35	26	41	33	338
Fastir starfsmenn í desember 1998	94	26	41	43	33	26	43	33	339
Fastir starfsmenn í desember 1997	92	31	39	45	36	26	45	36	350
Fastir starfsmenn í desember 1996	90	33	39	42	35	25	46	37	347
Fastir starfsmenn í desember 1995	86	34	39	43	37	26	46	35	346
Fastir starfsmenn í desember 1994	88	34	34	43	38	25	44	35	341
Fastir starfsmenn í desember 1993	86	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn í desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371

[1] Vegna skipulagsbreytinga færðust störf í yfirlitinu á milli Reykjaness og Reykjavíkur, en ekki er um að ræða breytingu á staðsetningu starfsstöðvar.

2.1.1. Skrifstofukostnaður o.fl.

Fjárveiting í vegáætlun fyrir árið 1999 var 217 m.kr. til þessa liðar en þar af voru 54 m.kr. í styrki til sérleyfishafa.

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannahald með bókasafni og útgáfustarfsemi undir sér. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegagerðarstarfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegáætlun var 172 m.kr.

Í Reykjavík eru tvö svið, tæknisvið og þróunarsvið, sem sinna tæknilegum undirbúningi. Hér á eftir verður fjallað sérstaklega um verkefni hvors sviðs.

Á tæknisviði eru brúadeild, veghönnunardeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Á tæknisviði eru gerðar verklýsingar, staðlar, reglur og leiðbeiningar um hönnun brúa og vega, viðhald og þjónustu. Þar fer fram hönnun brúa og vega og aðstoð við umdæmi í veghönnun. Þar er einnig unnið að jarðtæknilegri hönnun vega og brúa. Haldið er utanum alla skráningu í viðhaldi og þjónustu, vinnubrögð samræmd og fjárveitingum til viðhalds, þjónustu, landsvega, safnvega, styrkvega, smábrúa og girðinga skipt milli umdæma og þjónustusvæða. Á tæknisviði eru gerðar útboðsreglur og skilmálar fyrir útboð í nýbyggingum, viðhaldi og þjónustu og haldið utanum skráningu útboða og tilboða. Vegagerðin rekur fjóra vinnuflokka og sér tæknisvið um rekstur þeirra og verksölu þeirra til umdæma. Miðlun upplýsinga til vegfarenda og almennings er sífellt mikilvægari og er henni stjórnað frá miðstöð í samvinnu við umdæmin. Á undanförnum árum hefur mælitækjum í og við þjóðvegina fjölgað mikið, en þau gefa m.a. upplýsingar um umferð, hraða, ásþunga, veður og færð og frost í jörðu og er stefnt að því að allir þessir mælar verði sjálfvirkir og gefi upplýsingar strax til þeirra sem þurfa á þeim að halda. Haft er eftirlit með ásþunga bifreiða, þungaskatti og ökuritum. Einnig eru gefin út leyfi fyrir sérleyfishafa og haft eftirlit með þeim. Tölvuþjónusta er rekin fyrir miðstöðina, allar umdæmisskrifstofur og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Á tæknisviði er umsjón með innkaupum og rekstri vélakosts Vegagerðarinnar, þar með taldinn ferjurekstur, í samvinnu við umdæmin og rekin birgðastöð. Höfð er umsjón með nýbyggingum og viðhaldi fasteigna Vegagerðarinnar. Starfsmenn tæknisviðs vinna auk þess að ýmsum þróunar- og rannsóknarverkefnum í samvinnu við starfsmenn þróunarsviðs og umdæma.

Þróunarsvið nær yfir áætlanadeild, rannsóknadeild og umhverfisdeild. Unnið er að undirbúningi vegáætlunar, langtímaáætlunar og jarðgangaáætlunar ásamt annarri áætlanagerð. Unnið er úr umferðartalningum og slysaskýrslum og tillögur gerðar um úrbætur á hættulegum stöðum á vegakerfinu. Haldið er utanum gagnabanka og vegaskrá. Jarðfræðirannsóknir og námumál eru í umsjón þróunarsviðs. Einnig umsjón með tilraunafé ásamt innlendum og erlendum rannsókna- og þróunarverkefnum og þátttaka í þeim. Undirbúningur og umsjón með jarðgangaverkefnum. Á þróunarsviði er einnig umsjón með umhverfis- og skipulagsmálum Vegagerðarinnar.

Sé unnið við ákveðna framkvæmd sem hefur fjárveitingu í vegáætlun er kostnaður færður á verkið en ef vinnan tengist ekki ákveðnu verkefni færist kostnaður á tæknilegan undirbúning.

Á þróunarsviði er haldið við skrám um þjóðvegi og lengd þeirra, en samkvæmt vegalögum er þeim skipti í fjóra flokka, stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 1999.

Umdæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	618	990	510	751	2.869
Reykjanes	303	173	61	44	581
Vesturland	596	709	400	159	1.864
Vestfirðir	785	386	260	119	1.550
Norðurland vestra	409	631	359	184	1.583
Norðurland eystra	674	528	357	561	2.120
Austurland	919	481	362	352	2.114
Samtals	4.304	3.898	2.309	2.170	12.681

Á þróunarsviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birtar í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi. Í árslok 1999 voru stofn- og tengivegir með bundnu slitlagi 3.562 km og hafa því lengst um 123 km frá árinu áður. Frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum í samræmi við vegalög nr. 45/1994.



Á síðunum hér á eftir er miðað við umferð á stofn- og tengivegum árið 1998. Vakin er athygli á því að frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum. Umferð á þessum vegum er mun meiri en annars staðar á vegum landsins og er sú viðbót sýnd sérstaklega árið 1994.




Ársumferð 1998
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

Í eftirfarandi töflu er sýnd lengd stofn- og tengivega flokkuð eftir sumardagsumferð (júní-september). Gerður er greinarmunur á vegum með bundnu slitlagi og malarslitlagi. Einnig er sýndur fjöldi ekinna km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstri. Umferð er samkvæmt umferðartalningu 1998, en lengd vega miðað við ársbyrjun 1999.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1998													Ársumferð 1998			
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1.000	1.000-1.500	1.500-2.000	2.000-3.000	3.000-5.000	5.000-10.000	Yfir 10.000		% skipting		
		Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki 1999																
Umdæmi	Gerð slit-lags	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	Alls km	Eknir m.km	Í kjörd. %	Í landi %
Suðurland	Malar	251	174	227	107	24	12	0	0	0	0	0	0	0	795	23	10	1
	Bundið	37	26	77	73	153	144	115	81	13	43	14	37	0	813	198	90	13
	Samtals	288	200	304	180	177	156	115	81	13	43	14	37	0	1.608	221	100	14
Reykjanes	Malar	9	1	49	26	13	0	7	8	0	0	2	1	0	116	13	2	1
	Bundið	13	8	31	13	26	32	10	34	28	11	24	70	60	360	815	98	53
	Samtals	22	9	80	39	39	32	17	42	28	11	26	71	60	476	828	100	54
Vesturland	Malar	225	238	209	103	56	0	0	0	0	0	0	0	0	831	22	18	1
	Bundið	10	1	20	51	127	116	17	54	10	51	16	1	0	474	103	82	7
	Samtals	235	239	229	154	183	116	17	54	10	51	16	1	0	1.305	125	100	8
Vestfirðir	Malar	177	229	299	37	0	0	0	0	0	0	0	0	0	742	14	28	1
	Bundið	8	2	149	165	53	10	16	17	0	7	2	0	0	429	36	72	2
	Samtals	185	231	448	202	53	10	16	17	0	7	2	0	0	1.171	50	100	3
Norðurland	Malar	300	225	119	9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	653	11	13	1
vestra	Bundið	2	1	18	11	128	18	39	165	5	0	0	0	0	387	73	87	5
	Samtals	302	226	137	20	128	18	39	165	5	0	0	0	0	1.040	84	100	6
Norðurland	Malar	205	276	85	111	30	12	0	1	0	0	0	0	0	720	21	16	1
eystra	Bundið	5	9	31	65	99	99	13	92	48	7	7	4	3	482	113	84	8
	Samtals	210	285	116	176	129	111	13	93	48	7	7	4	3	1.202	134	100	9
Austurland	Malar	163	264	237	76	44	0	0	0	0	0	0	0	0	784	20	24	2
	Bundið	7	9	53	199	194	123	7	9	7	8	1	0	0	617	64	76	4
	Samtals	170	273	290	275	238	123	7	9	7	8	1	0	0	1.401	84	100	6
Samtals	Malar	1.330	1.407	1.225	469	167	24	7	9	0	0	2	1	0	4.641	124	8	8
	Bundið	82	56	379	577	780	542	217	452	111	127	64	112	63	3.562	1.402	92	92
	Alls	1.412	1.463	1.604	1.046	947	566	224	461	111	127	66	113	63	8.203	1.526	100	100

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Í vegáætlun 1999, með síðari breytingum, var fjárveiting til viðhalds þjóðvega 3.352 m.kr., og var henni varið til viðhalds og þjónustu á stofn- og tengivegum. Viðhaldi þjóðvega er skipt í almenna þjónustu, vetrarþjónustu, viðhald og þéttbýlisvegi. Sú breyting var gerð á vegalögum (nr. 45/1994), sem tóku gildi við samþykkt vegáætlunar 25. febrúar 1995 að vegir í kaupstöðum og kauptúnum voru felldir inn í þjóðvegakerfið og fjárveiting til viðhalds og þjónustu þeirra gerð að sérstökum lið undir viðhaldi þjóðvega. Fjárveiting til þéttbýlisvega var 382 m.kr. Við samanburð á þeim töflum og súluritum sem sýnd eru hér á eftir þarf að hafa í huga þá breytingu á vegalögum sem tók gildi á árinu 1995.

Markmið þjónustu og viðhalds er að stuðla að greiðum samgöngum og varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu. Samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 er þjóðvegum skipt í eftirfarandi flokka: stofnvegir, tengivegir, safnvegir og landsvegir. Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 1999, var um 8.202 km, og árið 1998 var umferð á þeim um 1.526 milljónir ekinna km (sjá töflu hér að framan). Umferð á safn- og landsvegum er mun minni og er ekki gerð regluleg umferðartalning á þeim.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds þjóðvega á árunum 1991-1999. Frá 1995 eru fjárveitingar til þéttbýlisvega taldar með fjárveitngum til viðhalds þjóðvega. Tölurnar eru á verðlagi ársins 1999.



Stólaritið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds þjóðvega í kr. á ekna 100 km á árunum 1991-1999. Frá 1995 eru fjárveitingar til þéttbýlisvega taldar með fjárveitngum til viðhalds þjóðvega. Umferðartalning er frá árinu 1998, en gert er ráð fyrir 3% aukningu umferðar milli áranna 1998 og 1999. Tölurnar eru á verðlagi ársins 1999.



2.2.1. Almenn þjónusta

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu er sú viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 1.001 m.kr. og var skipt í fjóra meginflokka þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, til vega og vegyfirborðs, til brúa og annarra vegamannvirkja og til vegmerkinga og vegbúnaðar.

Í stólparitinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við almenna þjónustu stofn og tengivega frá 1991. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 1999. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega í þéttbýli er talinn með kostnaði frá árinu 1995.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við almenna þjónustu stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1991-1999. Frá 1995 eru fjárveitingar til þéttbýlisvega taldar með fjárveitingum til þjónustu þjóðvega. Umferðartalning er frá árinu 1998, en gert er ráð fyrir 3% aukningu umferðar milli áranna 1998 og 1999. Tölurnar eru á verðlagi ársins 1999.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við almenna þjónustu 1999 skiptist milli hinna einstöku liða þjónustunnar og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar. Kostnaður við þjónustu þjóðvega í þéttbýli er ekki innifalinn í þessum tölum.

	Sameiginlegt þús. kr.	Vegir og vegyfirborð þús. kr.	Brýr og önnur vegamannvirki þús. kr.	Vegmerkingar og vegbúnaður þús. kr.	Samtals þús. kr.
Sameiginlegt		824		16.550	17.374
Suðurland	25.175	68.861	495	35.301	129.832
Reykjanes	37.162	32.153	854	89.358	159.527
Vesturland	34.129	69.859	601	25.127	129.716
Vestfirðir	48.029	57.222	7.399	21.232	133.882
Norðurland vestra	27.671	54.983	4.041	24.276	110.971
Norðurland eystra	33.319	71.314	5.985	27.305	137.923
Austurland	36.443	60.436	4.206	34.749	135.834
Samtals	241.928	415.652	23.581	273.898	955.059

2.2.1.1. Sameiginlegt

Fjárveiting til þessara verkefna var 270 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.1.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 388 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringar á vegöxlum, vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rykbyndingu malarvega 1999. Í töflunni kemur einnig fram lengd malarvega með mikla sumarumferð í hverju umdæmi, annars vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 200 bílar á dag og hins vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 300 bílar á dag.

	Rykbundnir km *)						malarvegir km	
Umdæmi	klór-kalsíum	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	Dustex	samtals	SDU> 200	SDU> 300
Suðurland	54	0	111	0	0	165	143	36
Reykjanes	48	0	45	49	4	146	57	31
Vesturland	47	429	150	0	0	626	159	56
Vestfirðir	0	0	409	239	0	648	37	0
Norðurland vestra ...	150	0	196	0	0	346	9	0
Norðurland eystra ...	28	133	318	0	0	479	154	43
Austurland	239	175	87	0	0	501	120	44
Samtals	566	737	1.316	288	4	2.911	679	210

*) Hér eru taldir þeir km vegar sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

2.2.1.3. Brýr og önnur vegamannvirki

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 53 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.

2.2.1.4. Vegmerkingar og vegbúnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 290 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

2.2.2. Vetrarþjónusta

Á undanförnum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarþjónustu er aftur á móti mjög háður veðurfari

Fjárveiting til vetrarþjónustu í vegáætlun var 733 m.kr. Halli frá fyrra ári var 77 m.kr. Skuld sem flyst til næsta árs er 200 m.kr.

Hér að neðan má sjá heildarkostnað við vetrarþjónustu á árunum 1991-1999 í súluriti. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1999. Kostnaður vegna vetrarþjónustu þjóðvega í þéttbýli er meðtalinn frá árinu 1995.



Eftirfarandi tafla sýnir hvernig kostnaður við vetrarþjónustu utan þéttbýlis skiptist milli umdæma á árinu 1999.

	Kostnaður þús. kr.
Sameiginlegt	62.867
Suðurland	59.716
Reykjanes	118.753
Vesturland	100.073
Vestfirðir	149.369
Norðurland vestra	87.115
Norðurland eystra	154.585
Austurland	123.462
Samtals	855.940

Á töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 1999.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostn. á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík – Hveragerði og Þrengslavegur	48	22,5	469
Holtavörðuheiði	37	6,8	184
Fróðárheiði	14	5,8	414
Steingrímsfjarðarheiði	47	9,9	211
Siglufjarðarvegur: Ketilás – Siglufjörður	25	10,0	400
Öxnadalsheiði	25	8,0	320
Dalvík – Ólafsfjörður	18	4,5	250
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	18,0	123
Vopnafjarðarheiði	51	10,0	196
Fjarðarheiði	24	8,7	363
Oddsskarð	23	10,9	474
Vegið meðaltal			251

Á töflunni hér á eftir má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 1999. Einnig kemur fram á hve mörgum dögum ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Vetrarþjónustudagar														
	Hlutfall af 365 dögum														
	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	%	
Fróðárheiði	0	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	85
Svínadalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	28
Kletthváls	24	28	31	21	0	0	0	0	0	1	1	7	113	31	20
Hálfdán	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	89
Dynjandisheiði	31	28	31	29	1	0	0	0	0	1	4	13	138	38	17
Hrafnseyrarheiði	27	28	31	27	0	0	0	0	0	1	8	16	138	38	34
Steingrímsfjarðarheiði	3	2	6	4	0	0	0	0	0	0	0	1	16	4	85
Holtavörðuheiði	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	99
Vatnsskarð nyrðra	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	60
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	1	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	1	80
Lágheiði	31	28	31	30	31	4	0	0	0	3	13	31	202	55	6
Öxnadalsheiði	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	120
Dalvík-Ólafsfjörður	1	3	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	1	102
Hólssandur	31	28	31	30	31	9	0	0	0	0	28	31	219	60	5
Öxarfjarðarheiði	31	28	31	30	31	19	0	0	0	2	26	31	229	63	6
Sandvíkurheiði	1	1	1	4	0	0	0	0	0	0	0	0	7	2	40
Vopnafjarðarheiði	5	3	8	4	0	0	0	0	0	0	0	0	20	5	54
Möðrudalsöræfi	7	3	6	2	0	0	0	0	0	0	0	0	18	5	69
Hellisheiði eystri	31	28	31	24	2	0	0	0	1	2	12	29	160	44	12
Vatnsskarð eystra	7	3	6	3	0	0	0	0	0	0	0	1	20	5	38
Fjarðarheiði	3	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	4	1	124
Oddsskarð	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	132
Breiðdalsheiði	6	6	9	3	0	0	0	0	0	0	0	3	27	7	54


Takmarkanir á ásþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins 1999.
25 d. oj.
18 d. oj.
33 d. oj.
32 d. oj.
15 d. 7 t.
22 d. oj.
16 d. 5 t.
25 d. oj.
14 d. 7 t.
32 d. oj.
12 d. 7 t.
32 d. oj.
11 d. 5 t.
20 d. oj.
13 d. 7 t.
25 d. 7 t.
20 d. 7 t.
23 d. oj.
31 d. 7 t.
5 d. 7 t.
30 d. 7 t.
32 d. oj.
4 d. 5 t.
3 d. 7 t.
12 d. 5 t.
44 d. 7 t.
29 d. 7 t.
43 d. 7 t.
43 d. 7 t.
22 d. 7 t.
38 d. 7 t.
7 d. 7 t.
35 d. 7 t.
32 d. 7 t.
39 d. 7 t.
44 d. 7 t.
7 d.1 oj.
16 d. 5 t.
29 d. 5 t.
49 d. 5 t.
22 d. 7 t.
33 d. 7 t.
33 d. 7 t.
33 d. 7 t.
28 d. 7 t.
6 d. 5 t.
26 d. 7 t.
31 d. 7 t.
42 d. 7 t.
28 d. 5 t.
42 d. 7 t.
42 d. 7 t.
23 d. 7 t.
47 d. 7 t.
40 d. 7 t.
26 d. 7 t.
8 d. 7 t.
32 d. 7 t.
37 d. 7 t.
41 d. 5 t.
3 d. 7 t.
42 d. 7 t.
5 d. 7 t.
7 d. 7 t.
25 d. 7 t.
6 d. 7 t.
30 d. 7
23 d. 7
36 d. 7
18 d. 7 t.
Vegur lokaður (v.l.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna ásþungi (5 t.).
7 tonna ásþungi (7 t.).
Kaflaskipting.
Kaflaskipting.
Vegna hættu á vegaskemmdum var ásþungi takmarkaður í 10 tonn á vegum í viðauka 1 skv. reglugerð nr. 528/1998, í 20 - 30 daga, nema á Suðvesturlandi.

2.2.3. Viðhald

Verkefni sem falla undir viðhald vega miða að því að varðveita verðmæti vegarins og hæfni hans til að bera þann umferðarþunga, sem honum er ætlaður. Fjárveiting af vegáætlun til viðhalds vega var 1.618 m.kr. og er henni skipt í sex meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, viðhald brúa og varnargarða, öryggisaðgerðir og vatnaskemmdir.

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega á árunum 1991-1999. Frá 1995 er kostnaður við viðhald þéttbýlisvega talinn með kostnaði við viðhald þjóðvega. Tölurnar eru á verðlagi 1999.



Stólaritið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1991-1999. Frá 1995 er kostnaður við viðhald þéttbýlisvega talinn með kostnaði við viðhald þjóðvega. Umferðartalning er frá árinu 1998, en gert er ráð fyrir 3% aukningu umferðar milli áranna 1998 og 1999. Tölurnar eru á verðlagi ársins 1999.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 1999 skiptist milli hinna einstöku liða viðhalds og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar. Kostnaður við viðhald þjóðvega í þéttbýli er ekki innifalinn í þessum tölum.

Umdæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga þús.kr.	Endurnýjun malar-slitlaga þús.kr.	Styrkingar og endurbætur þús.kr.	Viðhald brúa og varnargarða þús.kr.	Öryggis-aðgerðir þús.kr.	Vatna-skemmdir þús.kr.	Samtals þús.kr.
Sameiginlegt	5.760	0	0	7.863	6.090	822	20.535
Suðurland	63.614	27.449	73.221	14.712	33.844	12.755	225.595
Reykjanes	285.938	18.697	81.156	13.255	0	5.814	404.860
Vesturland	72.288	21.147	62.032	21.369	3.136	0	179.972
Vestfirðir	43.512	29.701	28.117	7.989	1.224	16.901	127.444
Norðurland vestra	52.922	15.856	47.135	18.163	1.092	38.801	173.969
Norðurland eystra	54.389	26.618	52.823	2.948	8.768	38.584	184.130
Austurland	107.239	13.285	64.493	54.476	2.575	11.311	253.379
Samtals	685.662	152.753	408.977	140.775	56.729	124.988	1.569.884

Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Í samræmi við hana var af viðhaldsfé greiddur viðhaldskostnaður girðinga að upphæð 19 m.kr.

2.2.3.1 Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 640 m.kr. Lagðir voru 485 km af bundnu slitlagi sem samsvarar um 13,6% af heildarlengd stofn- og tengivega með bundnu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik einungis notað á umferðarmestu vegina í nágrenni við þéttbýli. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og umdæmi eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

	Klæðing		Malbik		Alls	
Umdæmi	km	þús.m²	km	þús.m²	km	þús.m²
Suðurland	64,3	386	1,4	9	65,7	395
Reykjanes	10,6	64	44,2	265	54,8	329
Vesturland	98,1	589	0,0	0	98,1	589
Vestfirðir	44,6	268	0,0	0	44,6	268
Norðurland vestra	58,5	351	0,0	0	58,5	351
Norðurland eystra	52,9	317	0,0	0	52,9	317
Austurland	109,9	660	0,0	0	109,9	660
Samtals	438,9	2.635	45,6	274	484,5	2.909

Í þessum tölum eru ekki stakar viðgerðir og ræmur og einnig er sleppt klæðingu á axlir en töluvert var lagt á axlir á Suðurlandi og í Reykjanesi. Allar yfirlagnir hafa verið umreiknaðar í 6 m breið slitlög.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 232 m.kr. Lagt var malarslitlag á 527 km af malarvegum eða 11,4% af heildarlengd stofn- og tengivega með malarslitlagi. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

	Óunnið efni		Unnið efni		Mölburður alls	
Umdæmi	km	m³	km	m³	km	m³
Suðurland	22	5.415	20	9.538	42	14.953
Reykjanes	0	0	24	8.451	24	8.451
Vesturland	16	4.991	76	15.712	92	20.703
Vestfirðir	20	4.875	50	12.340	70	17.215
Norðurland vestra	0	0	85	14.053	85	14.053
Norðurland eystra	0	0	122	24.755	122	24.755
Austurland	5	1.129	87	27.132	92	28.261
Samtals	63	16.410	464	111.981	527	128.391

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 1999 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Fyrir malarslitlag m³	Fyrir bundið slitlag m³	Fyrir burðarlag m³	Samtals m³
Suðurland	21.148	8.851	35.128	65.127
Reykjanes	0	0	0	0
Vesturland	26.640	3.692	77.252	107.584
Vestfirðir	35.274	11.431	80.051	126.756
Norðurland vestra	24.706	5.147	24.158	54.011
Norðurland eystra	24.897	13.923	88.834	127.654
Austurland	42.902	24.946	33.615	101.463
Samtals	175.567	67.990	339.038	582.595

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 330 m.kr. Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er um 92% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbótum á þeim. Verulegu fjármagni er einnig varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar vega á árinu 1999.

	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með möl		Bundið burðarlag					
Umdæmi	km	m³	km	m³	km	m³	km	m³
Suðurland	9,9	22.898	3,0	2.010	32,1	38.946	45,0	63.854
Reykjanes	0,0	0	4,2	4.697	13,3	46.725	17,5	51.425
Vesturland	0,0	0	7,3	5.405	35,0	39.527	42,3	44.932
Vestfirðir	3,5	3.598	0,0	0	10,5	7.850	14,0	11.488
Norðurland vestra	0,0	0	4,1	2.569	23,5	38.521	26,7	41.090
Norðurland eystra	3,8	4.875	3,8	2.987	8,7	13.977	16,3	21.839
Austurland	8,7	5.950	5,5	2.365	32,0	38.154	46,2	46.469
Samtals	25,9	37.321	27,9	20.033	155,1	223.700	208,9	281.054

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða

Fjárveiting var 160 m.kr. Stærsta viðhaldsverkefnið var styrking á undirstöðum brúar á Skeiðará, en einnig var yfirbygging Skeiðarárbrúar og brúar á Súlu styrkt til að mæta kröfun um aukinn umferðarþunga. Haldið var áfram viðgerðum á stöplum Borgarfjarðarbrúar og er nú lokið viðgerðum á þeim tveim sem verst eru farnir. Viðhald Borgafjarðarbrúar og styrking á undirstöðum brúar á Skeiðará munu á næstu árum verða stærstu verkefni viðhalds brúa. Um 15 m.kr. var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr og 3 einbreiðar brýr voru endurnýjaðar með stálrörum. Alls var unnið við um 50 smá og stór verkefni víðs vegar um landið.

2.2.3.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveiting í vegáætlun var 72 m.kr. Sett voru stór stálrör í stað einbreiðra brúa á Hólsá og Deildará á Hringvegi í Mýrdal. Unnið var að undirbúningi þess að setja stórt stálræsi í stað einbreiðrar brúar á Hvammsá í Mýrdal, en framkvæmdir frestuðust til fyrri hluta árs 2000. Einnig var lagt til hluti fjármagns til þess að setja stálrör í stað einbreiðrar brúar á Gemlufallsá á Vestfjarðavegi. Til breikkana einbreiðra brúa var alls varið um 19 m.kr. Lagfærð voru vegamót Þrengslavegar og Þorlákshafnarvegar og nam kostnaður við það um 17 m.kr. Um 6 m.kr. var varið til kaupa og uppsetningar á hraðaljósamyndavélum og vinnu við athuganir á slysastöðum. Auk þess var unnið við nokkur smærri verkefni til að auka umferðaröryggi.

2.2.3.6 Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 114 m.kr., og auk þess 70 m.kr. af fjáraukalögum 1999. Til ráðstöfunar voru því 184 m.kr. Nokkur stór áföll urðu vegna vatnaskemmda.

Um miðjan júní voru miklar leysingar á Norðurlandi og ollu þær verulegu tjóni á vegum, sérstaklega á svæðinu vestan og austan Tröllaskaga. Kostnaður við viðgerðir á vegum vegna þessara vatnavaxta nam rúmum 16 m.kr. í Norðurlandsumdæmi vestra, fyrst og fremst í Skagafirði en einnig í Húnavatnssýslu. Í Norðurlandsumdæmi eystra urðu mestar skemmdir í Öxnadal, en einnig víðar í Eyjafirði. Kostnaður við viðgerðir nam um 8 m.kr. en endanlegum viðgerðum í Öxnadal er ekki lokið.

Aðfaranótt 19. júní féll mikil aurskriða úr Kóngsnefi á Siglufjarðarveg (76) og lokaðist vegurinn í tæpan sólarhring. Umferð fór í fyrstu um framhjáhlaup utan í skriðunni en mun lengri tíma tók að fjarlægja allt það efni sem runnið hafði á veginn og nágrenni hans. Kostnaður vegna þessa var um 15 m.kr.

Um mánaðamótin júlí-ágúst kom hlaup úr jökullóni við Brúarjökul og féll það í Kverká, Kreppu og þaðan í Jökulsá á Fjöllum. Miklar skemmdir urðu á vegum vegna þessa hlaups. Kreppa fór út úr farvegi sínum og sópaði burtu vegslóðinni kringum brúna (Austurleið F910). Jökulsá á Fjöllum rauf sundur Hringveg (1) við brúna hjá Grímsstöðum og Norðausturveg (85) við brúna yfir Jökulsá í Axarfirði. Norðan brúarinnar yfir Jökulsá í Axarfirði skiptist Jökulsá í Bakkahlaup sem fellur til norðvesturs og Sandá sem fellur til norðurs. Hlaupið tók af 40 m langa brú yfir Sandá á Austursandsvegi (866) og flaut timburgólfið af henni á haf út. Síðla hausts var hafist handa við endurbyggingu brúar á Sandá, en ekki tókst að ljúka því verki fyrir áramót. Kostnaður við lagfæringar vegna jökulhlaupsins varð um 33 m.kr. á árinu 1999, þar af um 31 m.kr. á Norðurlandi eystra. Áætlaður kostnaður við að ljúka endurbyggingu brúar á Sandá, lagfæringu Austursandsvegar og gerð grjótvarnar við Jökulsá í Axarfirði er um 13 m.kr.

Í miklu vatnsveðri í september urðu verulegar vatnaskemmdir á Austurlandi mest á Norðfjarðarvegi (92) á Hólmahálsi og á Hringvegi (1) í Breiðdal. Kostnaður vegna þessa varð um 6 m.kr.

Á Vestfjörðum var unnið við sjávarrofvarnir í Patreksfirði, og í Reykjanesumdæmi í Kollafirði og Hvalfirði. Á Suðurlandi urðu víða skemmdir vegna vatnavaxta. Annars staðar var um minni skemmdir að ræða.

2.2.4. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting var 382 m.kr. og var henni varið til að greiða viðhald og þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlisstaða. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við 56 sveitarfélög um að þau annist þjónustu á þjóðvegum innan þeirra og nokkur sveitarfélög annast einnig viðhald þjóðvega. Vegagerðin annaðist sjálf viðhald þjóðvega í öðrum sveitarfélögum og þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

2.3. NÝIR ÞJÓÐVEGIR

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda

2.3.0.1. Bráðabirgðalán

Eins og undanfarin ár standa bráðabirgðalán undir hluta af útgjöldum til nýframkvæmda hjá Vegagerðinni. Lausafjárstaða Vegagerðarinnar á síðari hluta ársins var hins vegar það góð að ekki þurfti að taka nein ný bráðabirgðalán á árinu 1999 en tímabundinni fjárvöntun þess í stað mætt með lánum milli verkefna. Hluti eldri bráðabirgðalána var hins vegar endurlánaður.

Bráðabirgðalán í árslok 1999 námu alls 156,7 m.kr. þar af endurlánuðu sveitarfélög 127,3 m.kr. en Landsvirkjun endurlánaði 29,4 m.kr.

Lán til stofnvega voru í árslok 2,8 m.kr., til tengivega 147,1 m.kr. og til safnvega 6,8 m.kr.

Bráðabirgðalán í árslok	1998 m.kr.	1999 m.kr.
Stofnvegir	70,9	2,8
Tengivegir	186,9	147,1
Safnvegir	14,0	6,8
Samtals	271,8	156,7

2.3.0.2 Fjárveitingar til nýrra þjóðvega

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega voru samkvæmt vegáætlun 4.057 m.kr. þar af voru notaðar 100 m.kr. til að greiða skuld við ríkissjóð vegna framkvæmda á Skeiðarársandi, 40 m.kr. til afborgunar af láni vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga og 280 m.kr. vegna uppgreiðslu láns við ríkissjóð vegna framkvæmdaátaks. Til framkvæmda voru því samkvæmt vegáætlun 3.637 m.kr. Í mars ákvað ríkisstjórnin viðbótarfé til nýrra þjóðvega og komu því til á fjáraukalögum 500 m.kr. til nýframkvæmda. Endanleg fjárhæð til framkvæmda var því 4.137 m.kr.

Á súluritinu hér til hliðar má sjá heildarframlag til nýbygginga þjóðvega á árunum 1964-1999. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1999.



2.3.1. Stofnvegir

Fjárveitingar til stofnvega samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 3.848 m.kr.

2.3.1.1. Almenn verkefni

Fjárveitingar til almennra verkefna voru 414 m.kr.. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fylgiskjali 2.

2.3.1.2. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu voru 896 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fylgiskjali 2.

2.3.1.3. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna voru 1.422 m.kr.. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fylgiskjali 2.

2.3.1.4. Framkvæmdaátak

Fjárveiting til framkvæmdaátaks var 280 m.kr. og var henni varið til endurgreiðslu láns við ríkissjóð vegna framkvæmdaátaks.

2.3.1.5. Skeiðarársandur

Fjárveiting til Skeiðarársands var 233 m.kr., þar af voru notaðar 100 m.kr. til endurgreiðslu skuldar við ríkissjóð frá árinu 1998. Til ráðstöfunar voru því 133 m.kr. og er gerð grein fyrir henni í fylgiskjali 2.

2.3.1.6. Þingvallahátíð

Fjárveiting til vega á hátíðarsvæði var 103 m.kr. og er gerð grein fyrir ráðstöfun þess fjár í fylgiskjali 2.

2.3.1.7. Viðbótarfé

Með fjáraukalögum var veitt 500 m.kr. viðbótarfé til nýbygginga þjóðvega. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fylgiskjali 2.

2.3.2. Tengivegir

Fjárveitingar til tengivega voru 392 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fylgiskjali 2.

2.3.3. Brýr

2.3.3.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 175 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í fylgiskjali 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fylgiskjali 2.

2.3.3.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 21 m.kr. og var henni skipt eins og sýnt er í fylgiskjali 1.

2.3.4. Ferðamannaleiðir

Fjárveiting til ferðamannaleiða var 80 m.kr. og auk þess 40 m.kr. í fjáraukalögum, sem Alþingi afgreiddi í desember 1998. Til ráðstöfunar voru því 120 m.kr. og var þeim skipt á verkefni eins og sýnt er í fylgiskjali 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fylgiskjali 2.

2.3.5. Girðingar

Fjárveiting til girðinga var 41 m.kr. Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 1999 og stöðu þessara mála í árslok.

Umdæmi	Óafgreitt 1.1.1999 Girðingar km	Óafgreitt 1.1.1999 Ristar stk.	Afgreitt 1999 Girðingar km	Afgreitt 1999 Ristar stk.	Nýjar kröfur Girðingar km	Nýjar kröfur Ristar stk.	Óafgreitt 1.1.'2000 Girðingar km	Óafgreitt 1.1.'2000 Ristar stk.
Suðurland	56	0	16	0	34	0	74	0
Reykjanes	0	0	0	0	0	2	0	2
Vesturland	92	0	28	0	21	0	85	0
Vestfirðir	5	0	10	0	9	2	4	2
Norðurland vestra	12	3	12	3	2	4	2	4
Norðurland eystra	114	8	28	3	30	2	116	7
Austurland	45	8	39	8	20	3	26	3
Samtals	324	19	133	14	116	13	307	18

Unnið var að uppgræðslu fyrir hluta af nýbyggingarfé og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir 1999 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

Umdæmi	Framkvæmdir 1999 Sáning ha.	Framkvæmdir 1999 Áburðardreifing ha.	Samtals ha.	Ósáð 1. jan. 2000 ha.
Suðurland	98	44	142	110
Reykjanes	10	12	22	22
Vesturland	60	59	119	460
Vestfirðir	65	38	103	35
Norðurland vestra	4	43	47	101
Norðurland eystra	164	122	286	447
Austurland	85	162	247	204
Samtals	486	480	966	1.379

2.4. SAFNVEGIR

Fjárveitingar til safnvega voru 196 m.kr og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

		Fjárveiting 1999 í þús.kr.
1.	Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu	8.719
2.	Héraðsnefnd Rangæinga	16.294
3.	Héraðsnefnd Árnesinga	19.792
4.	Héraðsnefnd Suðurnesja	1.136
5.	Reykjavík	1.940
6.	Héraðsnefnd Kjósarsýslu	2.198
7.	Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu	8.291
8.	Héraðsnefnd Mýrasýslu	10.086
9.	Vegasamlag Snæfellinga	8.055
10.	Héraðsnefnd Dalasýslu	6.351
11.	Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu	2.308
12.	Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu	4.936
13.	Vegasamlag Ísafjarðarsýslu	7.730
14.	Héraðsnefnd Strandasýslu	5.309
15.	Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu	7.576
16.	Héraðsnefnd Austur-Húnvavatnssýslu	6.904
17.	Héraðsnefnd Skagfirðinga	12.839
18.	Akrahreppur	3.020
19.	Héraðsnefnd Eyjafjarðar	13.002
20.	Héraðsnefnd Þingeyinga, Suður-Þingeyjarsýsla	11.997
21.	Héraðsnefnd Þingeyinga, Norður-Þingeyjarsýsla	8.343
22.	Héraðsnefnd Múlasýslna	24.031
23.	Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu	5.143
	Samtals	196.000

2.5. LANDSVEGIR

Fjárveiting til landsvega var 67 m.kr. og var henni skipt milli umdæma eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Umdæmi	fjárveiting í þús. kr
Suðurland	24.000
Reykjanes	500
Vesturland	10.500
Vestfirðir	4.200
Norðurland vestra	5.000
Norðurland eystra	10.500
Austurland	9.000
Óskipt	4.700
Geymt frá fyrra ári	-1.400
Samtals	67.000

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðurland

Fjárveiting til landsvega á Suðurlandi var 24 m.kr. Endurbyggður var 3,8 km langur kafli á Kjalvegi (F35) ofan við Gullfoss. Verktaki var Suðurverk hf., Hvolsvelli. Fjárveitingum var að öðru leyti varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Reykjanes

Fjárveiting til landsvega á Reykjanesi var 0,5 m.kr. var henni varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vesturland

Fjárveiting til landsvega á Vesturlandi var 10,5 m.kr. Unnið var að endurbótum og mölburði á Kaldadalsvegi (539), verktaki Vélaleiga Þorsteins Guðmundssonar, Húsafelli. Unnið var að lagfæringum á Arnarvatnsvegi (F578) milli Kalmannstungu og Surtshellis, verktakar Borgarverk ehf., Borgarnesi og Vélaleiga Þorsteins Guðmundssonar, Húsafelli. Einnig voru styrktir og lagfærðir kaflar á Jökulhálsleið (F570). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vestfirðir

Fjárveiting til landsvega á Vestfjörðum var 4,2 m.kr. Haldið var áfram endurbótum á Seljalandsvegi (637) að skíðasvæði Ísfirðinga. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland vestra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi vestra var 5 m.kr. Unnið var að endurbótum á Skarðsvegi (793) að skíðasvæði Siglfirðinga. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland eystra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi eystra var 10,5 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á Kjarnaveg (891). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Austurland

Fjárveiting til landsvega á Austurlandi var 9 m.kr. Unnið var að endurbótum á Loðmundarfjarðarvegi (F946). Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

2.6. STYRKVEGIR

Fjárveiting til styrkvega var 26 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli	4.000
Vegir yfir fjöll og heiðar	13.000
Annað	8.150
Geymt frá fyrra ári	-232
Óskipt	1.082
Samtals	26.000

2.7. REIÐVEGIR

Fjárveiting í vegáætlun var 26 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 10,8 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum en 15,2 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga.

			Fjárveiting 1998 í þús.kr.
1.	Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu		2.500
2.	Hestamannafélagið	Logi, Biskupstungum	2.500
3.	–	Sleipnir, Selfossi og nágrenni	300
4.	–	Trausti, Laugardal	3.500
5.	–	Háfeti, Þorlákshöfn	500
6.	–	Dreyri, Akranesi	1.500
7.	–	Stormur, Hending, Vestfjörðum	300
8.	–	Þytur, Vestur-Húnavatnssýslu	1.000
9.	–	Óðinn, Neisti, Austur-Húnavatnssýslu	400
10.	–	Stígandi, Skagafirði	1.300
11.	–	Hringur, Dalvík	900
12.	–	Gnýfari, Ólafsfirði	500
	Gerð reiðvega á Vesturlandi		3.700
	Gerð reiðvega á Norðurlandi vestra		2.100
	Gerð reiðvega á Norðurlandi eystra		1.500
	Gerð reiðvegar á Hómsheiði		1.600
	Gerð reiðvegar frá Kaldárseli að Heiðmerkurvegi		1.900
		Samtals:	26.000

2.8. TILRAUNIR

Samkvæmt vegalögum er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 1999 nam fjárveitingin 78 m.kr.

Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

- Steinefni, burðarlög og slitlög
  - Rannsóknir á efnisgæðum steinefna
  - Berggreining - endurbætur á aðferð
  - Viðloðunarpróf
  - Aflfræðilegir eiginleikar bikbundinna slitlaga
  - Aflfræðilegir eiginleikar bikbundinna burðarlaga
  - Óbundin steinefni í burðarlög
  - Áhrif þenjanlegra leirsteinda á frostþol og vatnsdrægni steinefna
  - Samanburður á rúmþyngd efna
  - Athugun á hagkvæmni nokkurra gerða af slitlagi og burðarlagi
  - Hellu- og steinlagnir í vega- og gatnagerð
  - Sementsfestun efra burðarlags
  - Þjöppun og þjöppunarmælingar
  - Notkun jarðdúka
  - Dýnamískt álagspróf á steinefni í burðarlög
  - Samevrópskt hönnunarlíkan fyrir veguppbyggingu
  - Samevrópskt verkefni varðandi niðurbrot steinefna
  - Samevrópskt verkefni um notkun falllóðsmælinga
  - Samevrópskt verkefni um áhrif „super single“ hjólbarða
  - Mjúkbik í klæðingar
  - Ending malbiks í tilraunaköflum
  - Viðnámsstuðlar á bundnum slitlögum
  - Drenmalbik
  - Malbik á fáfarna vegi
  - Viðhaldsaðferðir
  - Úttekt á stöðu nagladekkjamála
- Vegyfirborð
  - Yfirborðsmerkingar, sprautumössun
  - Samnorræn tilraun með vatnsmálningu
  - Tilraunir með notkun Dustex rykbindiefnis
  - Prófanir á efnum og búnaði við hálkuvarnir
- Brýr og steinsteypa
  - Steypurannsóknir
  - Steypa í sjó, hönnunarforsendur
  - Hönnun göngubrúa - sveiflur og sveifluáhrif
  - Jarðskjálftamælingar í brúm
  - Tæring málma - tæringarvarnir
  - Sýring í sementsbundnum efnum
  - Skynjarar í kápusteypu Borgarfjarðarbrúar
- Vatnafar, snjór og jöklar
  - Þróun Jökulsárlóns
  - Rannsóknir á flóðum vatnsfalla
  - Rekstur vatnshæðarmæla

- Aurburðarrannsóknir
- Grímsvatnahlaup; vatnsgeymir, upphaf og rennsli
- Grímsvatnagos 1998; könnun gosstöðva og áhrif á virkni svæðisins
- Þróun efnavöktunarkerfis til varnar mannvirkjum við flóð
- Framburður í Skeiðarárhlaupum
- Íssjármælingar á Skeiðarárjökli
- Breytingar á farvegi Gígjukvíslar
- Snjóverkfræði
- Skráning snjóflóða á vegum
- Skynjun og skráning snjóflóða með bylgjumælingum
- Kortagerð á Mýrdalssandi og úttekt á Kötluhlaupum

Samgöngu- og umferðarrannsóknir

- Flutningamagn á vegakerfinu
- Samgöngulíkan fyrir Ísland
- Áhrif reglugerða á flutningskostnað fyrirtækja
- Slysahættur vegna vöru- og fólksflutninga
- Gerðir hjólbarða og umferðaröryggi
- Aðvörunarbúnaður við einbreiðar brýr
- Sálrænir þættir í umferðarslysum ungra ökumanna

Umhverfisverkefni

- Mat á loftmengun
- Mat á hávaðamengun
- Sáningartilraunir
- Þróun námukerfis Vegagerðarinnar
- Námufrágangur
- Tilraunir með skjólbelti á Kjalarnesi
- Klæðingar með umhverfisvænna leysiefni
- Athugun á fergingu vegstæðis á mýri

Tæki og búnaður

- Rafgirðingar
- Harðkornadekk
- EE-hjólbarðanaglar
- Vigtunarbúnaður í vegum (umferðargreinir)
- Tölvustýrð ljósleiðaraskilti
- Búnaður til endurvinnslu á plaststikum í snjógirðingar

Ýmis verkefni

- Túlkun CPT borana
- Athugun á stæðni hárra fyllinga
- Erlent rannsóknarsamstarf
- Kynningar á rannsókna- og þróunarverkefnum.

Mörg þau verkefni sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingum og söfnun upplýsinga um ýmis atriði. Einna mest hefur undanfarin 5 ár verið umfang ýmiss konar rannsókna á steinefnum, burðarlögum og slitlögum, en þeim verkefnum hefur verið komið fyrir sem einu stóru hópverkefni (nefnist BUSL). Að því starfi koma einnig Reykjavíkurborg, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Háskóli Íslands. Því átaki lýkur árið 2000 og við tekur átak í rannsóknum varðandi umferðaröryggismál. Erlent samstarf um rannsóknir og tilraunir í vegagerð með ýmsum þjóðum í Evrópu hefur farið vaxandi.

2.9. FLÓABÁTAR

Fjárveiting í vegáætlun til þessa liðar árið 1999 var 464 m.kr. Heildarútgjöld voru hins vegar 534 m.kr. eða 70 m.kr. hærri en fjárveitingar. Mismunurinn er fjármagnaður með innistæðu frá fyrra ári, þar sem fjárveitingar til nýsmíði Hríseyjarferjunnar voru meiri á árinu 1998 en kostnaður sem féll til hennar og var því öfugt farið á árinu 1999, þ.e. kostnaður var meiri en fjárveitingar.

Árið 1999 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Stefna Vegagerðarinnar er að bjóða út allan ferjurekstur. Enn sem komið er hefur þó aðeins ein ferjuleið verið boðin út, þ.e. Grímseyjarferjan. Á næsta ári verður stefnt að a.m.k. tveimur útboðum á ferjurekstri.

Á árinu 1999 átti ferjuleiðin í Ísafjarðardjúpi einungis að fá rekstrarstyrk til að standa straum af farþega- og vöruflutningum til og frá eyjunum Vigur og Æðey, en fékk auk þess 11,1 m.kr. samkvæmt ákvörðun samgönguráðuneytisins. Þar að auki fékk Djúpbáturinn hf. 22 m.kr. á fjáraukalögum til lokauppgjörs á skuldum hans með þeim skilyrðum að rekstri ferjunnar Fagraness verði hætt. Sú upphæð kemur ekki fram með upptöldum rekstrarstyrkjum í töflunni hér fyrir neðan, þar sem hún er ekki hluti af ráðstöfun vegáætlunar enda þótt Vegagerðin hafi verið falið að annast uppgjörið.

Smíði nýrrar Hríseyjarferju var boðin út á árinu 1998 og átti henni að ljúka á árinu 1999. Ýmis vandamál hafa síðan komið upp en reiknað er með að skipið verði afhent í júní 2000. Á árinu voru greiðslur vegna nýsmíðinnar 117,3 m.kr.

Ríkið greiðir einnig afborganir og vexti af ferjulánum, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Á árinu 1999 voru þessi lán vegna 5 ferja. Skuldir þessar voru upphaflega allar við ríkisábyrgðasjóð, þá nær allar í erlendri mynt og stór hluti með breytilegum Libor vöxtum. Um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin greiðir áfram afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi er hluti af þessum greiðslum Vegagerðarinnar til ríkissjóðs færðar sem lækkun á framlagi til hennar.

Í töflunni hér fyrir neðan má lesa að Akranesferjan, m.s. Akraborg, fær ekki lengur rekstrarstyrk en greiddar eru afborganir og vextir af lánum sem tekin voru til kaupa á henni. Þannig mun það einnig vera árin 2000 og 2001 en þá lýkur greiðslum af þeim lánum.

Ferja	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrar-styrkur í m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur ...	87,1	100,5	0,4	188,0
Akranesferja, Akraborg	19,8	-1,7*	0,9	19,0
Breiðafjarðarferja, Baldur	78,0	52,8	0,2	131,0
Ísafjarðardjúpsferja, Fagranes* ...	6,6	17,7	0,0	24,3
Hríseyjarferja, Sævar	0,0	14,3	0,0	14,3
Hríseyjarferja nýsmíði	0,0	0,0	117,3	117,3
Grímseyjarferja, Sæfari	14,9	17,7	0,2	32,8
Mjóafjarðarferja, Anný	0,0	4,6	0,0	4,6
Norðurfjarðarflutningar	0,0	2,5	0,1	2,6
Sameiginlegt	0,0	0,0	0,1	0,1
..... Samtals	206,4	208,4	119,2	534,0

* Uppgjör frá skilanefnd.

Fylgiskjal 1

1. Til stofnvega

1.1. Almenn verkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
a2	um Laxá í Fljótshverfi	18
d5	vestan Selfoss	5
	tengingar vegna breikkunar brúa	5
30	Hrunamannavegur	
06-08	Flúðir – Biskupstungnabraut	31
	Reykjanesumdæmi	
42	Krýsuvíkurvegur	
03	Ísólfsskálavegur – Arnarfell	26
43	Grindavíkurvegur	
01	um Seltjörn og Gígháð	31
421	Vogavegur	
01	Reykjanesbraut – Vogar, lýsing	2
	Vesturlandsumdæmi	
54	Ólafsvíkurvegur	
10	Bjarnarfoss – Egilsskarð	10
60	Vestfjarðavegur	
07	Búðardalur – Klofningsvegur	49
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
47	jarðgöng	33
636	Hafnarvegur Ísafirði	
01	Djúpvegur – höfn	26
	Norðurlandsumdæmi vestra	
1	Hringvegur	
m2	við Engihlíð, snjóastaður	6
76	Siglufjarðarvegur	
06-07	Hofsós – Stafá	32
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá – Skagavegur	10
	Norðurlandsumdæmi eystra	
82	Ólafsfjarðarvegur	
11-12	sýslumörk – Saurbær	11
837	Hlíðarfjallsvegur	
01	um Borgarbraut	59

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
v9	Holt – Hólmsá	4
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	kofi – Efri-Stafur	46
–	Þéttbýlisstaðir Austurlandi	
	lagfæringar á þjóðvegum	10
	Samtals	414

1.2. Höfuðborgarsvæðið

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
1	Hringvegur	
f2	Suðurlandsvegur – Víkurvegur	57
f2	gatnamót við Nesbraut	26
41	Reykjanesbraut	
01	Ánanaust, breikkun	16
12	Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur	93
49	Nesbraut	
03	gatnamót við Skeiðarvog	430
419	Höfðabakki	
02	um Gullinbrú	124
432	Hallsvegur	
01	Fjallkonuvegur – Víkurvegur	41
450	Sundabraut, undirbúningur	41
–	Göngubrýr og undirgöng	52
–	Óráðstafað	16
	Samtals	896

1.3. Stórverkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
a2	um Djúpá	36
32	Þjórsárdalsvegur	
02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	26
35	Biskupstungnabraut	
07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	5
36	Þingvallavegur	
02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	88
37	Laugarvatnsvegur	
04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut	73
	Reykjanesumdæmi	
41	Reykjanesbraut	
15-18	breikkun	21
	Vesturlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
	Hvalfjarðartenging	82
57	Snæfellsnesvegur	
12	Búlandshöfði	238
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	76
44	Gemlufallsheiði	41
61	Djúpvegur	
21	Fellabök	31
25	Laufskálagil – Laugaból	36
29	Hörtná – Hagakot	68
62	Barðastrandarvegur	
03	Kross – Litlahlíð	52
	Norðurlandsumdæmi vestra	
76	Siglufjarðarvegur	
06-07	Hofsós – Stafá	73
	Norðurlandsumdæmi eystra	
83	Grenivíkurvegur	
02	Fagribær – Grýtubakki	93
85	Norðausturvegur	
11	Lindarbrekka – Uppsveitarvegur	52
24	um Svalbarðsá	21

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		Fjárveiting 1999
	Austurlandsumdæmi		
1	Hringvegur		
	tenging Norður- og Austurlands		155
t1	Skóghlíð – Urriðavatn		52
u5	um Fossárvík		16
u5	Fossárbrú		10
x1	Smyrlabjargaá – Staðará		52
96	Suðurfjarðavegur		
04	Vattarnesskriður		2
07	um Selá		13
–	Jarðgangarannsóknir		10
		Samtals	1.422

1.4. Framkvæmdaátak
Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		Fjárveiting 1999
	Greiðsla skuldar við ríkissjóð		280
		Samtals	280

1.5. Skeiðarársandur
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti		Fjárveiting 1999
1	Hringvegur		
	lagfæringar eftir hlaup í nóvember 1996		133
	greiðsla skuldar við ríkissjóð		100
		Samtals	233

1.6. Þingvallahátíð
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
	Vegir að hátíðarsvæði	103
	Samtals	103

1.7. Viðbótarfé

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
a2-a4	um Djúpá og Hörgsá	15
35	Biskupstungnabraut	
07	Heiði – Múli	49
	Vesturlandsumdæmi	
57	Snæfellsnesvegur	
09	Kolgrafarfjörður, rannsóknir	5
574	Útnesvegur	
01	um Öxl	20
60	Vestfjarðavegur	
02	um Bröttubrekku	56
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
31	Bjarkalundur – Flókalundur	10
61	Djúpvegur	
23	Sunndalsá – Þorskafjarðarvegur	15
26	Laugabólsá – Ísafjarðará	27
62	Barðastrandarvegur	
01	Vestfjarðavegur – Brjánslækur	26
03	Kross – Múli	26
	Norðurlandsumdæmi vestra	
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá – Skagavegur	35

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
	Norðurlandsumdæmi eystra	
85	Norðausturvegur	
06	Tjörnes	104
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
s7-s8	Skjöldólfsstaðir – Hofteigur	42
v1	Þvottá – Skriður	30
v2	Hvalnes – Víkurá	40
	Samtals	500

2. Tengivegir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
	Suðurlandsumdæmi	
26	Landvegur	
02	Hagabraut – Galtalækur	21
253	Gunnarshólmavegur	
01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	6
255	Akureyjarvegur	
01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	6
275	Ásvegur	
02	Háfshverfi – Þykkvibær	12
305	Villingaholtsvegur	
01	Voli – Urriðafossvegur	31
321	Skeiðháholtsvegur	
01	Skeiðavegur – Skeiðháholt	6
377	Reykjavegur Hveragerði	
01	Austurmörk – Garðyrkjuskóli	19
	Reykjanesumdæmi	
426	Bláalónsvegur	7
461	Meðalfellsvegur	
01	um Meðalfellsvatn	22
	Vesturlandsumdæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
03	Götuás – Kleppjárnsreykir	69
	Vestfjarðaumdæmi	
612	Örlygshafnarvegur	
01	Barðastrandarvegur – Örlygshöfn	10
617	Tálknafjarðarvegur	
03	um Sveinseyrarodda	3
645	Drangsnesvegur	
01	Strandavegur – Hella	29
	Norðurlandsumdæmi vestra	
711	Vatnsnesvegur	
06	Þorfinnsstaðir – Þverá	12
722	Vatnsdalsvegur	
01	Hnjúkur – Flaga	26
746	Tindastólsvegur	9

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
	Norðurlandsumdæmi eystra	
87	Kísilvegur	
04	Sýnishólar – Klambrasel	21
818	Hlíðarvegur	
01	Hringvegur – Ásláksstaðir	2
828	Veigastaðavegur	
01	Austurhlíð – Leifsstaðafit	3
833	Illugastaðavegur	
01	Hringvegur – Nes	20
848	Mývatnsvegur	
01	Neslandavík – Kísilvegur	13
	Austurlandsumdæmi	
94	Borgarfjarðarvegur	
07	á Vatnsskarði	40
931	Upphéraðsvegur	
04	Brekkugerði – Hengifossá	5
	Samtals	392

3. Til brúagerða

3.1. Brýr 10 m og lengri

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
1	Hringvegur	
a4	Hörgsá	26
–	Brákarsund, styrkvegur	11
62	Barðastrandarvegur	
02	Arnarbýlisá	12
03	Hagaá	10
83	Grenivíkurvegur	
02	Fnjóská hjá Laufási	44
837	Hlíðarfjallsvegur	
01	Glerá	31
92	Norðfjarðarvegur	
07	Eskifjarðará	41
	Samtals	175

3.2. Smábrýr

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
507	Mófellsstaðavegur	
01	Hreppsgil	3
60	Vestfjarðavegur	
43	Gemlufallsá	5
62	Barðastrandarvegur	
01	Þverá	3
748	Reykjastrandarvegur	
01	Hólakotsá	3
1	Hringvegur	
t7	Forviðará	5
v2	Víkurá	2
	Samtals	21

4. Ferðamannaleiðir

Fjárveitingu í vegáætlun 1999 til ferðamannaleiða að upphæð 80 m.kr. og 40 m.kr. af fjáraukalögum 1998 var skipt á verkefni í samráði við þingmenn kjördæma.

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1999
	Suðurlandskjördæmi	
2420	Skógavegur	7
3566	Skálholtskirkjuvegur	8
	Reykjaneskjördæmi	
426	Bláalónsvegur	15
	Reykjvíkurkjördæmi	
408	Heiðmerkurvegur	15
	Vesturlandskjördæmi	
586	Haukadalsvegur	5
589	Sælingsdalsvegur	10
	Vestfjarðakjördæmi	
612	Örlygshafnarvegur	6
643	Strandavegur	9
	Norðurlandskjördæmi vestra	
746	Tindastólsvegur	10
793	Skarðsvegur	1
F752	Skagafjarðarleið	1
F578	Arnarvatnsvegur	1
–	Óráðstafað	2
	Norðurlandskjördæmi eystra	
864	Hólsfjallavegur	11
–	göngubrú við Fosshól	4
	Austurlandskjördæmi	
939	Axarvegur	15
	Samtals	120

Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 1999

Greinargerð um nýbyggingu þjóðvega er nú sett fram á þann hátt að greint er frá kostnaðaráætlun verka, fjármögnun og kostnaði. Af ýmsum ástæðum seinkar framkvæmdum við nokkur verkefni en önnur ganga hraðar fyrir sig. Slíkum aðstæðum er mætt með því að lána fjármagn tímabundið milli verkefna. Í þessari greinargerð er almennt notað orðið bráðabirgðalán í þeim tilfellum. Í mars 1999 ákvað ríkisstjórn að leggja fram viðbótarfé til vegagerðar að upphæð 500 m.kr. á ári árin 1999-2002. Viðbótarfé fyrir árið 1999 var samþykkt af Alþingi með fjáraukalögum í desember. Í greinargerðinni er notað orðið viðbótarfé fyrir þessar fjárveitingar.

Suðurland

1 Hringvegur

a2 um Djúpá og Laxá í Fljótshverfi

Fjármögnun: m.kr.

Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	36
Almenn verkefni	18
Samtals	54

Skýringar: Framkvæmdum frestað vegna undirbúnings og mats á umhverfisáhrifum. Af fjárveitingum til Djúpár og Laxár voru 24 m.kr. lánaðar til breikkunar brúar á Kaldaklifsá en fjárveiting til þess verkefnis er í vegáætlun 2000.

a4 Hörgsá

Umfang verks: Nýbygging á 1,8 km löngum kafla og bygging 32 m langrar brúar í stað einbreiðrar brúar með lítið burðarþol.

Framkvæmdaform: Framleiðsla niðurrekstrarstaura, samningur.

Fjármögnun: m.kr.

Vegáætlun 1999	
Til brúargerðar	26
Viðbótarfé 1999	15
Samtals	41

Verkframvinda: Steyptir voru niðurrekstrarstaurar fyrir brúna.

Kostnaður: m.kr.

1999	2

Verktaki: Framleiðsla niðurrekstrarstaura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Skýringar: Framkvæmdum frestað þar sem mati á umhverfisáhrifum lauk ekki. 19 m.kr. voru lánaðar til bráðabirgða til að ljúka verkefni á Meðallandsvegi en fjárveiting til þess verkefnis er í vegáætlun 2000. Fjárveiting til vega- og brúargerðar um Hörgsá er í vegáætlun 2000.

b6 um Kaldaklifsá

Umfang verks: Breikkun á 39 m langri einbreiðri brú á Kaldaklifsá.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 31 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.

Vegáætlun 1999	
Almenn verkefni	5
Lán frá Djúpá	24
Samtals	29

Verkframvinda: Verki lauk í nóvember.

Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður: m.kr.

1999	29

Skýringar: Fjárveiting í vegáætlun er til tenginga vegna breikkunar brúa. Fjárveiting til breikkunar Kaldaklifsár er í vegáætlun 2000.

d5 vestan Selfoss

Umfang verks: Á árinu 1997 var sett upp götulýsing vestan brúar á Ölfusá og á árinu 1998 var sett upp gönguhandrið á Ölfusárbrú.

Fjármögnun: m.kr.

Skuld vegna framkvæmda	-8
Vegáætlun 1999	
Almenn verkefni	5
Samtals	-3

Verkframvinda: Verkið var unnið 1997 og 1998.

26 Landvegur
02 Hagabraut – Galtalækur
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 11,7 km löngum kafla milli Holtsmúla og Fellsmúla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 122 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-51
Vegáætlun 1999	
Tengivegir	21
Bráðabirgðalán	34
Samtals	4

Verkframvinda: Verkið var boðið út síðla árs og eru framkvæmdir ekki hafnar.
Verktaki: Vörubílstjórafélagið Fylkir, Rangárvallasýslu.

Kostnaður:	m.kr.
1999	4

Skýringar: Skuld er vegna framkvæmda sem unnar voru á árunum 1995-1997. Kostnaður 1999 er vegna lagfæringar á vegamótum Landvegar og Þjórsárdalsvegar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2000-2002.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur
06-08 Flúðir – Biskupstungnabraut
Umfang verks: Endurbygging á 7,3 km löngum kafla milli Flúða og Skipholts.
Framkvæmdaform: Útboð
Kostnaðaráætlun: 88 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Almenn verkefni	31

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september og eru verklok áætluð í júní 2000.
Verktaki: Suðurverk hf., Hvolsvelli.

Kostnaður:	m.kr.
1999	22

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000 og 2001.

32 Þjórsárdalsvegur
02 Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir
Umfang verks: Lagfærð var beygja neðan Sámsstaðamúla og tenging að Búrfellsstöð í framhaldi af vegaframkvæmdum Landsvirkjunar í Sámsstaðamúla. Að öðru leyti var fjárveitingum varið til greiðslu skulda vegna framkvæmda sem lauk 1997.
Framkvæmdaform: Samningur

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-73
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	26
Bráðabirgðalán	54
Samtals	7

Verkframvinda: Framkvæmdum lauk í september.
Verktaki: Suðurverk hf., Hvolsvelli

Kostnaður:	m.kr.
1999	7

Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2000-2001.

35 Biskupstungnabraut
07 Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-16
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	5
Viðbótarfé 1999	49
Samtals	38

Skýringar: Framkvæmdum frestað til ársins 2000, þar sem ekki er önnur fjárveiting til verksins fyrr en 2001 og þá hægt að tengja framkvæmdir þessara ára saman.

36 Þingvallavegur
02-03 Steingrímsstöð – Gjábakkavegur
Umfang verks: Endurbygging á 11,8 km löngum kafla milli Steingrímsstöðvar og þjóðgarðs.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	38
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	88
Samtals	126

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk að mestu í september 1999. Ólokið er frágangi á vegsvæði.

Verktaki: Ingileifur Jónsson, Svínavatni.
Kostnaður: m.kr.
1998 16
1999 98
Samtals 114
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

37 Laugarvatnsvegur
04 Reykjavegur – Biskupstungnabraut
Umfang verks: Nýbygging á 3,9 km löngum kafla og 18 m langri brú á Andalæk. Verkið er framhald verkáfanga á þessum kafla sem lauk 1997.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Bygging brúar, útboð. Smíði stálbita, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga 22
Vegáætlun 1997 9
Vegáætlun 1998 22
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 73
Samtals 126
Verkframvinda: Verk hófst 1997 og lauk 1999.
Verktaki: Vegagerð, Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi. Brúarsmíði, JÁ verktakar, Selfossi. Smíði stálbita, Vélsmiðja KÁ hf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
1997 2
1998 46
1999 33
Samtals 81

204 Meðallandsvegur
01 Ásgarður – Fossar
Umfang verks: Endurbygging á 5,6 km löngum kafla og hann lagður bundnu slitlagi.
Framkvæmdaform: Jarðvinna, útboð. Slitlag, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 10
Lán frá Hörgsá 1999 19
Samtals 29
Verkframvinda: Endurbyggingu vegar lauk 1998, en lagt á hann bundið slitlag 1999.
Verktaki: Jarðvinna, Framrás ehf., Vík. Slitlag, Slitlag ehf., Hellu.
Kostnaður: m.kr.
1998 17
1999 12
Samtals 29
Skýringar: Ákveðið var á verktímanum að lengja nýbygginguna, þar sem komið hafði fram aurbleyta í gamla veginum. Bráðabirgðalán til lagningar slitlags er af fjárveitingu til Hringvegar um Hörgsá. Fjárveiting er í vegáætlun árið 2000.

253 Gunnarshólmavegur
01 Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi
Umfang verks: Verki lauk 1996 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -11
Vegáætlun 1999
Tengivegir 6
Samtals ..... -5
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 1996.
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

255 Akureyjarvegur
01 Strandarhöfuð – Njálsbúð
Umfang verks: Verki lauk 1996 og var fjárveitingum varið til greiðslu skulda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -14
Vegáætlun 1999
Tengivegir 6
Samtals ..... -8
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 1996.
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

275 Ásvegur
01 Hringvegur – Ásmúli
Umfang verks: Endurbygging á 2,6 km löngum kafla frá Hringvegi að Skammalæk.

Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 5
Bráðabirgðalán 1999 8
Samtals 13
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk í júní 1999.
Verktaki: Sandsalan ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1998 5
1999 8
Samtals 13
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

02 Háfshverfi – Þykkvibær.
Umfang verks: Byggður var 2,7 km langur kafli frá Háfsósi að Þykkvabæ.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Tengivegir 12
Framlag Djúpárhrepps 1999 3
Samtals 15
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í apríl og lauk þeim í lok júní.
Verktaki: Jón og Tryggvi ehf., Hvolsvelli.
Kostnaður: m.kr.
1999 15

305 Villingaholtsvegur
01 Voli – Urriðafossvegur
Umfang verks: Hafnar voru framkvæmdir við byggingu 6,1 km langs vegar frá Vola að Kolsholti.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Tengivegir 31
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í september 1999 og eru áætluð verklok í júlí árið 2000.
Verktaki: Vörubílstjórafélagið Mjölnir í Árnessýslu.
Kostnaður: m.kr.
1999 14
Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 2000.

321 Skeiðháholtsvegur
01 Skeiðavegur – Skeiðháholtsvegur
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -6
Vegáætlun 1999
Tengivegir 6
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 1997.

365 Gjábakkavegur
Umfang verks: Mölburður og styrking á 16 km löngum kafla milli Laugarvatnsvegar og Þingvallavegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 21 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Þingvallahátíð 14
Verkframvinda: Verkið hófst síðla hausts og eru verklok áætluð í júní 2000.
Verktaki: Berglín ehf., Stykkishólmi.
Kostnaður: m.kr.
1999 4
Skýringar: Fjárveiting til Þingvallahátíðar er í vegáætlun 2000.

377 Reykjavegur
01 Austurmörk – garðyrkjuskóli
Umfang verks: Endurbygging á 0,8 km löngum kafla milli Austurmarkar og garðyrkjuskóla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Tengivegir 19
Bráðabirgðalán 1999 9
Samtals 28
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk í maí 1999.
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
1998 23
1999 5
Samtals 28
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

2420 Skógavegur

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Ferðamannaleiðir 7
Skýringar: Framkvæmdum var frestað til ársins 2000.

3566 Skálholtskirkjuvegur

Bílastæði við Skálholtskirkju
Umfang verks: Lagt var malbiksslitlag og steyptir kantsteinar á 3.800 m^2 bílastæði við Skálholtskirkju.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 8 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Ferðamannaleiðir 8
Verkframvinda: Verki lauk í júlí 1999.
Verktaki: Véltækni ehf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
1999 8

Reykjanes

360 Grafningsvegur efri

03 Nesjavellir – Þingvallavegur
Umfang verks: Grafningsvegur var styrktur og endurbættur með breikkun vegar og breyttri hæðarlegu. Vegurinn var lagður bundnu slitlagi á 12,4 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 112 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Þingvallahátíð 71
Bráðabirgðalán 1999 34
Samtals 105
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var lagt bundið slitlag haustið 1999. Lokafrágangi vegsvæðis lýkur vorið 2000.
Verktaki: Völur hf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1998 22
1999 83
Samtals 105
Skýringar: Fjárveiting til Þingvallahátíðar er í vegáætlun 2000.

363 Valhallarvegur

01 Öxará hjá Valhöll
Umfang verks: Byggð var 28 m löng brú á Öxará hjá Valhöll í stað eldri brúar frá 1930.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1997 26
Verkframvinda: Byggingu brúar var lokið 1998 og hún tengd. Frágangi var frestað til vors 1999.
Verktaki: Feðgar ehf., Hafnarfirði.
Kostnaður: m.kr.
1998 22
1999 3
Samtals 25

41 Reykjanesbraut

Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar 1999-2002 er gert ráð fyrir 228 m.kr. til breikkunar Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur.

15-18 breikkun
Umfang verks: Verkið er framhald fyrri framkvæmda til að auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut. Axlir á Reykjanesbraut breikkaðar og klæddar bundnu slitlagi á 14 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 60 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Flutt á Garðskagaveg ..... -7
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 21
Samtals 14
Verkframvinda: Verkið var boðið út í september en framkvæmdir ekki hafnar. Áætluð verklok eru í júlí 2000.
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.
Skýringar: Greidd var 7 m.kr. skuld vegna uppgjörs á Garðskagavegi frá árinu 1998.

42 Krýsuvíkurvegur
03 Ísólfsskálavegur – Arnarfell
Umfang verks: Endurbygging á 1,9 km löngum kafla með bundnu slitlagi frá slitlagsenda við Grænavatn í Krýsuvík að slitlagsenda við Arnarfell hið mikla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 37 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	2
Vegáætlun 1999	
Almenn verkefni	26
Samtals	28

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september, en framkvæmdir eru ekki hafnar. Áætluð verklok eru í júlí 2000.
Verktaki: JVJ hf., Hafnarfirði.
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2001.

43 Grindavíkurvegur
01 um Seltjörn og Gígháð.
Umfang verks: Axlir frá Reykjanesbraut að vegi að Seltjörn voru malbikaðar. Vegamót að Seltjörn voru lagfærð og gerð var frárein við vegamót Bláalónsvegar.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Almenn verkefni	31

Verkframvinda: Verkið var unnið haustið 1999.
Verktaki: Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas hf., Hafnarfirði og SEES ehf., Njarðvík.

Kostnaður:	m.kr.
1999	16

Skýringar: Fjárveiting til áframhaldandi endurbóta á Grindavíkurvegi er í vegáætlun 2000.

421 Vogavegur
01 Reykjanesbraut – Vogar, lýsing
Umfang verks: Á árinu 1998 var sett upp veglýsing á 1,4 km löngum kafla á Vogavegi og var fjárveiting notuð til greiðslu skuldar vegna þess verkefnis.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	5
Vegáætlun 1999	
Almenn verkefni	2
Samtals	7

Verkframvinda: Verki lauk 1998.
Verktaki: Hitaveita Suðurnesja.

Kostnaður:	m.kr.
1998	7

426 Bláalónsvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-11
Vegáætlun 1999	
Tengivegir	7
Ferðamannaleiðir	15
Samtals	11

Skýringar: Framkvæmdum var frestað. Fjárveiting er í vegáætlun 2000-2002.

431 Hafravatnsvegur
01 Sólheimar – Úlfarsfellsvegur
Umfang verks: Lagning 3,2 km vegarkafla með bundnu slitlagi frá Hofmannaflöt að vegamótum við Nesjavallaveg við Dalland.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 81 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	21

Kostnaður:	m.kr.
1999	4

Skýringar: Verkið var boðið út í september 1999 en samningum var frestað þar sem úrskurði skipulagsstjóra um mat á umhverfisáhrifum var áfrýjað og samningar um afhendingu lands undir veginn hafa dregist. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki í júní 2000. Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

461 Meðalfellsvegur
01 um Meðalfellsvatn
Umfang verks: Endurbætur og bundið slitlag á 2,4 km löngum kafla á Meðalfellsvegi frá Hjarðarholtsvegi að Flekkudalsvegi.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 5
Vegáætlun 1999
Tengivegir 22
Samtals 27
Verkframvinda: Verkið var boðið út síðla árs 1998 og var unnið á árinu 1999.
Verktaki: Fossvélar hf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
1999 18

52 Uxahryggjavegur
11 Kaldadalsvegur – vegrist á Smjörbrekku
Umfang verks: Vegurinn styrktur, endurmótaður og sett á hann malarslitlag.
Framkvæmdaform: Samningur
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Þingvallahátíð 9
Bráðabirgðalán 9
Samtals 18
Verkframvinda: Verkið var hafið haustið 1999 og eru áætluð verklok fyrir kristnitökuhátíð 2000.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 18
Skýringar: Fjárveiting til Þingvallahátíðar er í vegáætlun 2000.

Þingvallahátíð
vegir að hátíðarsvæði
Umfang verks: Verkið er boðið út í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða gerð vega, bílastæða og göngustíga á Þingvöllum og gerð reiðvegar með Þingvallavegi. Hins vegar eru mannvirki vegna gönguleiða þ.e. göngubrýr, tröppur og pallar úr timbri og stáli. Stór hluti mannvirkja verður fjarlægður að hátíð lokinni.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Þingvallanefnd 1998 4
Þingvallanefnd 1999 66
Bráðabirgðalán 1999 5
Samtals 75
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og eru áætluð verklok vorið 2000.
Verktaki: Völur hf., Reykjavík og GR verktakar, Garðabæ.
Kostnaður: m.kr.
1998 7
1999 68
Samtals: 75
Skýringar: Fjárveitingar eru utan vegáætlunar.

Höfuðborgarsvæðið

1 Hringvegur
Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar 1999-2002 er gert ráð fyrir 444 m.kr. til gatnamóta og breikkunar Hringvegar milli Nesbrautar og Mosfellsbæjar. Hér á eftir er gerð grein fyrir einstökum verkefnum á þeirri leið.

f2 Suðurlandsvegur – Víkurvegur
Umfang verks: Tveggja akreina vegur breikkaður í fjögurra akreina veg. Gerð undirgöng undir Hringveg fyrir götu sem tengir nýja byggð í Grafarholti við Stórhöfða. Í göngunum eru þrjár aðskildar brautir; bílvegur, reiðvegur og göngustígur.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 267 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Flutt af Nesbraut 1999 115
Vegáætlun 1999
Höfuðborgarsvæðið 57
Bráðabirgðalán 1999 41
Samtals 213
Verkframvinda: Verk hófst 1999 og lýkur sumarið 2000.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1999 213
Skýringar: Af eftirstöðvum fjárveitingar til mislægra gatnamóta Nesbrautar (Miklubrautar) og Skeiðarvogs voru 115 m.kr. fluttar á þetta verk. Fjárveiting er til verksins í vegáætlun árið 2000.

f2 gatnamót við Nesbraut
Umfang verks: Gerð mislægra gatnamóta á mótum Hringvegar og Nesbrautar.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Höfuðborgarsvæðið 26
Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

f3 í Mosfellsbæ
Umfang verks: Á árunum 1997-8 var lagður var nýr 2 km langur kafli Hringvegar í Mosfellsbæ, ásamt aðliggjandi vegum og vegamótum. Byggð voru tvö hringtorg, undirgöng og göngubrú.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Óráðstafað 28
Vegáætlun 1996 29
Vegáætlun 1998 222
Vegáætlun 1999
Göngubrýr 1999 35
Bráðabirgðalán 1999 29
Samtals 343
Verkframvinda: Verk hófst 1997 og var vegurinn opnaður 1998.
Verktaki: Völur hf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1997 54
1998 277
1999 12
Samtals: 343
Skýringar: Verkið varð dýrara vegna mun meiri jarðvegsskipta en áætlað var. Kostnaður á árinu 1999 er vegna veglýsingar og frágangs. Af óráðstöfuðum fjárveitingum til höfuðborgarsvæðisins 1997-1999 var 28 m.kr. ráðstafað til þessa verkefnis og 35 m.kr. af fjárveitingu til göngubrúa og undirganga á höfuðborgarsvæðinu 1999. Fjárveiting er til verksins í vegáætlun árin 2000 og 2002.

1 Hringvegur
f3-f4 Úlfarsfellsvegur – Þingvallavegur
Umfang verks: Breikkun axla Hringvegar milli Úlfarsfellsvegar og Þingvallavegar og lagt á þær bundið slitlag.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 25 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Lán af viðhaldsfé 1999 25
Verkframvinda: Verkið var boðið út í september og er lokið að öðru leyti en því að síðara lag klæðingar verður lagt vorið 2000.
Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
1999 25
Skýringar: Verkið verður fjármagnað af fjárveitingu til Þingvallahátíðar sem er í vegáætlun 2000.

41 Reykjanesbraut
Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar 1999-2002 er gert ráð fyrir 1.760 m.kr. til gatnamóta og breikkunar Reykjanesbrautar innan höfuðborgarsvæðisins. Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Reykjanesbrautar innan höfuðborgarsvæðisins.

01 Ánanaust breikkun
Umfang verks: Breikkun Reykjanesbrautar um Ánanaust.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1997 37
Vegáætlun 1999
Höfuðborgarsvæðið 16
Samtals 53
Verkframvinda: Verkið var unnið á vegum Reykjavíkurborgar á árinu 1998.
Kostnaður: m.kr.
1998 24
1999 14
Samtals 38
Skýringar: Eftirstöðvar fjárveitingar, 15 m.kr., voru fluttar á Reykjanesbraut (41), Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur.

12 Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur
Umfang verks: Verkið er framhald tveggja verkáfanga sem unnir voru á árunum 1997 og 1998. Á árinu 1999 var vegurinn breikkaður í fjórar akreinar á um 1,7 km löngum kafla og byggð mis-

læg gatnamót með brú yfir Fífuhvammsveg. Í veginn eru sett tvenn undirgöng fyrir gangandi umferð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 255 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða fyrri verkáfanga	53
Eftirstöðvar frá kafla 01	15
Vegáætlun 1999	
Höfuðborgarsvæðið	93
Bráðabirgðalán 1999	42
Samtals	203

Verkframvinda: Verk hófst 1999 og eru áætluð verklok áætluð sumarið 2000.
Verktaki: JVJ hf., Hafnarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
1999	203

Skýringar: Eftirstöðvar, 15 m.kr., frá Reykjanesbraut (41), um Ánanaust voru fluttar á þennan kafla á árinu 1999.

49 Nesbraut

Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar 1999-2002 er gert ráð fyrir 883 m.kr. til gatnamóta og breikkunar Nesbrautar (Miklabraut og Hringbraut í Reykjavík). Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Nesbrautar.

03 gatnamót við Skeiðarvog
Umfang verks: Á árinu 1998 var gerð bráðabirgðatenging við Miklubraut austan Skeiðarvogs, vegna mislægra gatnamóta Nesbrautar (Miklubrautar) og Skeiðarvogs. Í því verki voru undirgöng, vegfyllingar og burðarlög sem voru hluti af endanlegu mannvirki. Á árinu 1999 voru byggð mislæg gatnamót á mótum Nesbrautar og Skeiðarvogs ásamt tengingum.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða fyrri áfanga	21
Vegáætlun 1998	60
Vegáætlun 1999	
Höfuðborgarsvæðið	430
Samtals	511

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk 1999 að undanskildum frágangi utan akbrauta.
Verktaki: Bráðabirgðatengingar, Arnar Kristjánsson ehf., Reykjavík. Mislæg gatnamót, Völur hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr
1998	41
1999	316
Samtals	357

Skýringar: Af eftirstöðvum voru 115 m.kr. fluttar á Hringveg, Suðurlandsvegur – Víkurvegur. Verkið var unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg.

419 Höfðabakki

02 um Gullinbrú
Umfang verks: Verkið var boðið út í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða gerð vestri akbrautar Gullinbrúar á 1,7 km löngum kafla, frá Stórhöfða norður fyrir Hallsveg í Reykjavík ásamt gatnamótum, jarðvegsmönum og aðliggjandi göngustígum. Hins vegar er bygging 60 m langrar brúar fyrir vestari akbraut Gullinbrúar yfir Grafarvog, lagfæringar á núverandi brú og bygging göngubrúar yfir Grafarvog á milli brúnna og undir þeim.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Óráðstafað	14
Vegáætlun 1998	80
Vegáætlun 1999	
Höfuðborgarsvæðið	124
Göngubrýr og undirgöng	10
Bráðabirgðalán 1999	93
Samtals	321

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk 1999.
Verktaki: Vegagerð, Háfell ehf., Reykjavík, Á.N. verktakar hf., Reykjavík og Borgartak hf., Reykjavík. Brúargerð, Járnbending ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr
1998	149
1999	172
Samtals	321

Skýringar: Til verksins var ráðstafað 14 m.kr. af óráðstöfuðum fjárveitingum og 10 m.kr. af fjárveitingum til göngu-

brúa og undirganga á höfuðborgarsvæðinu 1999.

431 Hallsvegur

01 Fjallkonuvegur – Víkurvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Höfuðborgarsvæðið	41

Skýringar: Framkvæmdum var frestað til ársins 2000.

450 Sundabraut

Sundabraut , undirbúningur

Umfang verks: Unnið var að rannsóknum og forhönnun á mismunandi leiðum yfir Kleppsvík í samvinnu við Reykjavíkurborg. Aðalráðgjafi er Línuhönnun hf.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	20
Vegáætlun 1999	
Höfuðborgarsvæðið	41
Samtals	61

Kostnaður:	m.kr.
1998	39
1999	17
Samtals	56

Skýringar: Fjárveitingar til undirbúnings Sundabrautar eru í vegáætlun 2000-2002.

Göngubrýr og undirgöng

Umfang verks: Á undanförnum árum hefur verið unnið að byggingu göngubrúa og undirganga til að auðvelda gangandi og hjólandi umferð yfir stofnvegi innan höfuðborgarsvæðisins. Verkin hafa verið unnin í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög, sem hafa kostað gerð aðliggjandi göngustíga. Á árinu var boðin út bygging göngubrúar og stíga yfir Nesbraut (Miklubraut) við Grundargerði.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða fyrri áfanga	40
Vegáætlun 1999	
Höfuðborgarsvæðið	52
Samtals	92

Verkframvinda: Unnið var að stígagerð, undirstöðum brúar og smíði yfirbyggingar. Áætluð verklok eru í júní 2000.

Verktaki: Stígar og undirstöður, Heimir og Þorgeir ehf., Kópavogi. Smíði yfirbyggingar, Stálbær ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1999	17

Skýringar: Af fjárveitingum til göngubrúa og undirganga var 35 m.kr. ráðstafað til Hringvegar (f3) um Mosfellsbæ og 14 m.kr. til Höfðabakka (02) um Gullinbrú. Eftirstöðvar eru því 26 m.kr. Fjárveitingar eru til byggingar göngubrúa og undirganga í vegáætlun 2000-2002.

Óráðstafað

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða	25
Vegáætlun 1999	
Framkvæmdaátak	16
Samtals	41

Skýringar: Fjárveitingu var ráðstafað til Hringvegar (f3) um Mosfellsbæ og Höfðabakka um Gullinbrú.

Vesturland

1 Hringvegur

g0 göng – Akrafjallsvegur

Umfang verks: Á árunum 1997-1998 var byggður nýr Hringvegur frá Hvalfjarðarvegi að sunnan að Hvalfjarðargöngum og frá Hvalfjarðargöngum að norðan að Hvalfjarðarvegi ásamt nýjum Akrafjallsvegi að Akranesvegi. Á árunum 1996-1997 var unnið að endurbótum á Innrahólmsvegi og Innnesvegi. Fjárveitingar eru notaðar til frágangs vegsvæðis og greiðslu lána.

Fjármögnun:	m.kr.
Fjáraukalög 1997	10
Spölur ehf. (lán)	411
Lán ríkissjóðs	360
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	82
Bráðabirgðalán 1999	15
Samtals	878

Verkframvinda: Verk hófst 1996 og var vegurinn opnaður fyrir umferð sumarið 1998. Á árinu 1999 var unnið að upp-

græðslu og lagfæringum á vegamótum norðan Hvalfjarðar sem lokið verður árið 2000.

Kostnaður:	m.kr.
1996	148
1997	426
1998	287
1999	17
Samtals	878

Skýringar: Vegtengingar Hvalfjarðarganga eru fjármagnaðar af lánum Spalar ehf., sem endurgreiðast af veggjaldi og af láni sem ríkissjóður tók 1998. Á árinu 1999 voru endurgreiddar 40 m.kr. af láni ríkissjóðs og 13 m.kr. voru arðgreiðslur til hluthafa Spalar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 1999-2002 og á 2. og 3. tímabili langtímaáætlunar til endurgreiðslu lána ríkissjóðs.

50 Borgarfjarðarbraut

03 Götuás – Kleppjárnsreykir

Umfang verks: Endurbygging á 9,2 km löngum kafla frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum og 68 m langri brú á Flókadalsá. Bygging á 7,9 km löngum nýjum vegi frá Andakílsá að Hesti og endurbygging á 3,5 km löngum kafla frá Hesti að Hnakkatjarnarlæk ásamt endurbyggingu á 88 m langri brú á Grímsá.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Smíði stálbita í Flókadalsá og Grímsá, útboð. Bygging brúa, samningur.

Kostnaðaráætlun: 485 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	39
Vegáætlun 1997	30
Vegáætlun 1998	100
Vegáætlun 1999	
Tengivegir	69
Samtals	238

Verkframvinda: Framkvæmdir við kaflann frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum hófust síðla árs 1998 og var lagt á hann neðra lag klæðingar haustið 1999. Einnig var lokið við byggingu brúar yfir Flókadalsá sumarið 1999. Efra lagi klæðingar og frágangi vegsvæðis verður lokið fyrri hluta árs 2000. Haustið 1999 hófust framkvæmdir við kaflann milli Andakílsár og Hnakkatjarnarlæks og við undirstöður brúar yfir Grímsá. Byggingu brúar yfir Grímsá lýkur sumarið 2000 og vegagerð í september 2001.

Verktaki: Vegagerð Hnakkatjarnarlækur – Kleppjárnsreykir, LG vöruflutningar ehf., Borgarnesi. Vegagerð Andakílsá – Hnakkatjarnarlækur, Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni. Stálsmíði brúa yfir Flókadalsá og Grímsá, Formaco ehf., Reykjavík. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1996	3
1997	3
1998	9
1999	167
Samtals	182

Skýringar: Framkvæmdum var frestað 1996 og 1997 vegna ágreinings um vegstæði. Kostnaður þau ár er vegna hönnunar á svonefndri sáttaleið. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2000-2002.

52 Uxahryggjavegur

04 Þverfell – Kaldadalsvegur

Umfang verks: Um er að ræða styrkingu vegarins, endurmótun og yfirkeyrslu með unnu malarslitlagi. Auk þess er tilfærsla veglínu og nýr kafli um Uxavatn um 600 m langur.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Þingvallahátíð	9
Bráðabirgðalán	2
Samtals	11

Verkframvinda: Verkið var hafið haustið 1999 og eru áætluð verklok fyrir kristnitökuhátíð 2000.

Verktaki: Þróttur ehf., Akranesi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	11

54 Ólafsvíkurvegur
10 Bjarnarfoss – Egilsskarð
Umfang verks: Hafin endurbygging á Ólafsvíkurvegi á 3,4 km kafla frá Bjarnarfossi að Egilsskarði ásamt endurbyggingu 8,1 km kafla á Útnesvegi frá nýjum vegamótum Ólafsvíkurvegar við Fróðárheiði og að Kambsgili.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 203 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-6
Vegáætlun 1999	
Almenn verkefni	10
Bráðabirgðalán 1999	11
Samtals	15

Verkframvinda: Verkið hófst í desember 1999. Áætluð verklok eru í september 2001.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1999	15

Skýringar: Endurbygging Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar við Fróðárheiði var boðin út sameiginlega þar sem nokkur tilfærsla verður á vegunum þar sem þeir koma saman og nauðsynlegt var að verkin væru unnin samtímis. Lokið verður við hluta Útnesvegar með bundnu slitlagi á árinu 2000. Fjárveitingar til Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar um Öxl eru í vegáætlun 2000 og 2001.

56 Vatnaheiði
Umfang verks: Unnið var að undirbúningsrannsóknum vegna fyrirhugaðs vegar um Vatnaheiði. Unnið að rannsóknum á lífríki, fornleifum og veðurfari á Vatnaheiði og Kerlingarskarði og settar upp veðurstöðvar í því sambandi. Unnið við hönnun á leiðum um Vatnaheiði og Kerlingarskarð til samanburðar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.
Framkvæmdaform: Eigin vinna Vegagerðarinnar og samkvæmt samningum við ráðgjafa

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	
Almenn verkefni	10

Verkframvinda: Verkið fór í mat á umhverfisáhrifum vorið 1999 og síðan í frekara mat. Staðfesting umhverfisráðherra lá fyrir í lok desember 1999.

Kostnaður:	m.kr.
1998	4
1999	6
Samtals	10

Skýringar: Fjárveitingar eru til framkvæmda í vegáætlun 2000-2002 og á 2. tímabili langtímaáætlunar.

57 Snæfellsnesvegur
09 Kolgrafarfjörður
Umfang verks: Unnið að rannsóknum á lífríki, veðurfari og efnisnámum.
Framkvæmdaform: Eigin vinna Vegagerðarinnar og samkvæmt samningum við ráðgjafa

Fjármögnun:	m.kr.
Viðbótarfé 1999	5

Verkframvinda: Lokið var við frumrannsóknir til undirbúnings mats á umhverfisáhrifum.

Kostnaður:	m.kr.
1999	5

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

12 Búlandshöfði
Umfang verks: Bygging á 8,2 km löngum nýjum vegi frá býlinu Búlandshöfða um Búlandshöfða og Máfahlíðarrif að Brimilsvöllum.
Kostnaðaráætlun: 380 m.kr.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna framkvæmda	-34
Vegáætlun 1998	31
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	238
Bráðabirgðalán	70
Samtals	305

Verkframvinda: Verkið var hafið í október 1998. Að frumkvæði verktaka var tekin

ákvörðun að flýta verkinu og ljúka uppbyggingu vegarins með bundnu slitlagi á árinu 1999. Verklok eru áætluð á miðju sumri 2000.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	17
1999	288
Samtals	305

Skýringar: Skuldir vegna framkvæmda á Snæfellsnesvegi, Mýrar – Búland frá árinu 1997, 29 m.kr., og vegna Snæfellsnesvegar, um Berserkseyrará, 5 m.kr., eru fjármagnaðar af fjárveitingum til Búlandshöfða. Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 2000.

60 Vestfjarðavegur
Fjárveitingar til Vestfjarðavegar í Vesturlandskjördæmi eru í vegáætlun 1999-2002 og á 2. og 3. tímabili langtímaáætlunar. Einnig eru fjárveitingar árin 1999-2000 af viðbótarfé samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar í mars 1999. Hér á eftir verður gerð grein fyrir framkvæmdum á einstökum köflum Vestfjarðavegar.

01-02 um Bröttubrekku
Umfang verks: Fyrsti áfangi verksins er endurbygging á 5,6 km löngum vegi frá Brúnkollugili ofan Suðurár að Breiðabólstað.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 90 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Viðbótarfé 1999	56

Verkframvinda: Verkið hófst haustið 1999 og eru áætluð verklok 2000.
Verktaki: Tak ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	13

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2000-2002 til Vestfjarðavegar um Bröttubrekku og á 2. tímabili langtímaáætlunar.

07 Búðardalur – Klofningsvegur
Umfang verks: Framhald á verki sem hófst 1995. Á árinu 1999 var boðin út endurbygging á 6 km löngum kafla, frá Klofasteinum að Glerárskógum sem er síðasti áfanginn í endurnýjun kaflans Búðardalur – Klofningsvegur. Enn er þó eftir að breikka einbreiðar brýr.
Framkvæmdaform: Útboð 1995. Samningur 1997 og 1998. Útboð 1999.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1995	34
Vegáætlun 1996	14
Vegáætlun 1997	7
Viðhaldsfé 1997	3
Vegáætlun 1998	11
Vegáætlun 1999	
Almenn verkefni	49
Bráðabirgðalán 1999	7
Samtals	125

Verkframvinda: Verk hafið 1995, áætluð verklok 2000.
Verktaki: Útboð 1995, Borgarverk ehf., Borgarnesi. Samningur 1997 og 1998, Borgarverk ehf., Borgarnesi og Gilbert Elísson, Búðardal, um gerð reiðvegar. Einnig vann vinnuflokkur Vegagerðarinnar lítillega að öðrum hluta. Útboð 1999, Berglín ehf., Stykkishólmi.

Kostnaður:	m.kr.
1995	40
1996	6
1997	24
1998	5
1999	50
Samtals	125

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000 til greiðslu á bráðabirgðaláni og til að ljúka verkinu.

507 Mófellsstaðavegur
01 um Hreppsgil
Umfang verks: Setja stálrör í stað einbreiðrar brúar

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Smábrýr	3

Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

Brákarsund (531, styrkvegur)

Umfang verks: Gamla bogabrúin á Brákarsundi endurbyggð. Gerð var bráðabirgðafylling fyrir umferð á meðan á framkvæmdum stóð.
Framkvæmdaform: Bygging brúar, samningur. Bráðabirgðafylling, útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	49
Vegáætlun 1999	
Til brúargerðar	11
Bráðabirgðalán	9
Samtals	69

Verkframvinda: Verki lokið 1998, nema frágangi gatna að brú. Gert er ráð fyrir að lokið verði við malbikun að brúnni vorið 2000
Verktaki: Bráðabirgðafylling, Borgarverk ehf., Borgarnesi. Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	64
1999	5
Samtals	69

Skýringar: Ákveðið var við hönnun verksins að notast við bogann á gömlu brúnni. Við hreinsun hans kom í ljós að skemmdir voru meiri en áætlað var. Talið var skynsamlegt að auðvelda vinnuna með því að setja fyllingu undir brúna á meðan á framkvæmdum stæði sem síðan er fjarlægð ásamt annarri fyllingu í sundinu. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður verði um 13 m.kr. umfram fjárveitingu og þarf að sækja um fjárveitingu til greiðslu skuldarinnar við næstu endurskoðun vegáætlunar.

574 Útnesvegur

01-02 Ólafsvíkurvegur – Hella
Umfang verks: Endurbygging á 1,6 km löngum kafla Útnesvegar á milli Arnarstapa og Hellnavegar ásamt 2,2 km kafla á Hellnavegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 30 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Viðbótarfé 1999	20

Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 1999 en framkvæmdir ekki hafnar. Verklok eru áætluð í september 2000
Verktaki: Bjarni Vigfússon, Kálfárvöllum.
Skýringar: Gert er ráð fyrir að lokið verði við uppbyggingu vegarins með bundnu slitlagi sumarið 2000 og er fjárveiting í vegáætlun 2000 til að ljúka verkinu.

586 Haukadalsvegur

01 Vestfjarðavegur – Eiríksstaðir
Umfang verks: Vegur endurbættur og lagt bundið slitlag á tvo kafla, næst Eiríksstöðum og við Vestfjarðaveg.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Ferðamannaleiðir	5

Verkframvinda: Verkið var unnið að hluta á haustmánuðum 1999 en áætlað að því verði lokið í júlí 2000.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	3

Skýringar: Kostnaður umfram fjárveitingu verður fjármagnaður af viðhaldsfé.

589 Sælingsdalsvegur

01 Vestfjarðavegur – Laugar
Umfang verks: Vegur endurbættur, slitlag endurnýjað og breikkað.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 10 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Ferðamannaleiðir	10

Verkframvinda: Verklok eru áætluð vorið 2000.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	3

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur
10 og 21 Gilsfjörður
Umfang verks: Nýbygging á 9,2 km löngum vegi yfir Gilsfjörð og 65 m langri brú í norðanverðum firðinum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1993 16
Vegáætlun 1994 27
Vegáætlun 1995 65
Vegáætlun 1996 124
Vegáætlun 1997 181
Vegáætlun 1998 394
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 76
Bráðabirgðalán 1999 88
Samtals 971
Verkframvinda: Verk hófst í febrúar 1996 og voru verklok áætluð í júlí 1999. Lögn slitlags á veginn lauk 20. október 1998 og vígði samgönguráðherra veginn 30. október. Unnið var að frágangi til áramóta 1998-9 og var verki að fullu lokið snemma sumars 1999.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.
Kostnaður: m.kr.
1993 10
1994 2
1995 32
1996 248
1997 280
1998 361
1999 38
Samtals 971
Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun árin 2000-2002.

60 Vestfjarðavegur
Á 2. og 3. tímabili langtímaáætlunar er gert ráð fyrir 1.290 m.kr. til stórverkefnisins Vestfjarðavegur, Bjarkalundur – Flókalundur. Í mars 1999 ákvað ríkisstjórnin viðbótarfé til nýrra þjóðvega á árunum 1999-2002. Af þessu viðbótarfé eru 234 m.kr. til Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Flókalundar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum köflum verkefnisins.

29-31 Múli – Vattarfjörður
Umfang verks: Um er að ræða 24 km kafla sem leggja þarf frá grunni.
Fjármögnun: m.kr.
Viðbótarfé 1999 10
Verkframvinda: Unnið var að undirbúningi og sett upp veðurstöð til veðurathugana á Klettshálsi.
Kostnaður: m.kr.
1999 2

60 Vestfjarðavegur
44 Gemlufallsheiði
Umfang verks: Endurlögn á 5,1 km löngum kafla, ásamt því að stálhólkur var settur í Gemlufallsá í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags, samningur.
Kostnaðaráætlun: 61 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 41
Smábrýr 5
Lagt til af viðhaldsfé 5
Bráðabirgðalán 3
Samtals 54
Verkframvinda: Verk hófst 1999 og þessum kafla lýkur 2000 Eftir er að leggja slitlag á 1,8 km.
Verktaki: Vegagerð, Bergbrot ehf., Kópavogi. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 54
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun til Gemlufallsheiðar árið 2000.

60 Vestfjarðavegur
47 jarðgöng
Umfang verks: Skuld var á verkinu í upphafi árs 1998 vegna fyrri framkvæmda.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna framkvæmda ..... -33
Vegáætlun 1998 5
Vegáætlun 1999
Almenn verkefni 33
Bráðabirgðalán 1999 4
Samtals 9

Verkframvinda: Verk hófst árið 1991 og lauk að mestu 1996.
Kostnaður: m.kr.
1998 9
Skýringar: Skuld í lok ársins var 4 m.kr. Fjárveiting er til verksins í vegáætlun árið 2000.

61 Djúpvegur
21 Fellabök
Umfang verks: Nýlögn 3,2 km langs kafla frá Kálfanesflóa um Stakkamýri, yfir Ósá og upp á Fellabök. Settur sporöskjulagaður stálhólkur með steyptum vængjum í Ósá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 72 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 31
Bráðabirgðalán 1999 6
Samtals 37
Verkframvinda: Búið er að leggja veginn að miklu leyti og leggja hólkinn í ána, kaflinn var tekinn í notkun í haust, eftir er að leggja slitlag og ganga frá veginum að öðru leyti.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.
Kostnaður: m.kr.
1999 37
Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 2000.

23 Sunndalsá – Þorskafjarðarvegur
Umfang verks: Hækkun vegar á 1,0 km löngum kafla á Steingrímsfjarðarheiði nærri sæluhúsi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Viðbótafé 1999 15
Verkframvinda: Vegurinn var hækkaður og er þeim áfanga lokið.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.
Kostnaður: m.kr.
1999 15
Skýringar: Eftir er að leggja slitlag á kaflann en það verður gert síðar, líklega árið 2000.

61 Djúpvegur
Stórverkefninu Ísafjarðardjúp eru ætlaðar 548 m.kr. á 1. tímabili langtímaáætlunar og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins.

25-26 Laufskálagil – Ísafjarðará
Umfang verks: Hér er um að ræða 16,1 km langan kafla. Byggja á brýr á Múlaá, 30 m og Ísafjarðará, 32 m á lengd. Setja á stálhólka í Álftagrófará og Gjörvidalsá í stað einbreiðra brúa.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 304 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 36
Viðbótafé 1999 27
Samtals 63
Verkframvinda: Vegagerð var boðinn út á haustdögum en framkvæmdir ekki hafnar, nema steyptir hafa verið staurar undir brýr. Áætlað er að verkinu ljúki 2002. Verkinu hefur seinkað nokkuð vegna erfiðleika við umhverfismat, fyrst var úrskurður kærður, síðan felldur úr gildi og þurfti að byrja á byrjuninni með nýrri auglýsingu á mati á umhverfisáhrifum og var úrskurður aftur kærður og var úrskurður ekki kominn í árslok.
Verktaki: Vegagerð, Myllan ehf., Egilsstöðum. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 2
Skýringar: Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun 2000 og 2001.

29 Hörtná – Hagakot
Umfang verks: Hafin var vinna við lögn 6,9 km langs vegarkafla frá Digranesi að Laugardalsá á árinu 1998 og var honum lokið 1999 með bundnu slitlagi. Á árinu 1999 var hafin vinna við 4,3 km langan kafla frá Hörtná að Digranesi.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar fyrri áfanga	7
Vegáætlun 1998	65
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	68
Samtals	140

Verkframvinda: Verk hófst 1998, áætluð verklok 2000.

Verktaki: Vegagerð, Digranes – Hagakot, Jón og Magnús ehf., Ísafirði. Vegagerð, Hörtná – Digranes, Myllan ehf., Egilsstöðum. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	30
1999	64
Samtals	94

Skýringar: Af fjárveitingu til verkefnisins voru 23 m.kr. lánaðar til bráðabirgða til Barðastrandarvegar (62), Kross – Litlahlíð. Eftirstöðvar fyrri áfanga eru frá kaflanum, Hagakot – Ögur, sem lokið var 1998.

45 Hnífsdalur – Bolungarvík

Umfang verks: Á árinu 1998 voru grafnir snjóflóðaskápar í giljum 4,12 og 14 og lagfærður snjóflóðaskápur í gili 5. Á árinu 1999 voru settir upp netkassar til varnar grjóthruni frá gili 1 að gili 4 og sprengt í rásum á Ófæru með Stiga og víðar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	10
Bráðabirgðalán 1999	2
Samtals	12

Verkframvinda: Verkin voru unnin 1998 og 1999.

Verktaki: Snjóflóðaskápar 1998, Stakkafell ehf., Patreksfirði. Netkassar 1999, Stígur Arnórsson, Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
1998	7
1999	5
Samtals	12

Skýringar: Unnið er jafnt og þétt á endurbótum við veginn um Óshlíð til að minnka hættu vegna grjóthruns og snjóflóða. Nú er unnið samkvæmt áætlun nefndar frá júní 1997. Framhaldandi fjárveitingar eru til verksins. Reynt er að taka eðlilega áfanga árlega.

62 Barðastrandarvegur

Stórverkefninu Barðastrandarvegur eru ætlaðar 270 m.kr. á 1. tímabili langtímaáætlunar og verður hér gerð grein fyrir framkvæmum við einstaka kafla verkefnisins. Auk fjárveitinga af stórverkefnum eru nokkrar fjárveitingar af almennum verkefnum og af viðbótarfé samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar í mars 1999.

01 Vestfjarðavegur – Brjánslækur

Umfang verks: Endurbygging á 4,5 km löngum kafla og smíði stokks í Þverá í stað einbreiðrar brúar. Stokkurinn er 5 m breiður stálbogi á steyptum sökklum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 54 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Smábrýr	3
Viðbótarfé 1999	26
Samtals	29

Verkframvinda: Verkið hófst síðla sumars og er meðal annars búið að koma fyrir stokknum í Þverá. Verklok áætluð árið 2000.

Verktaki: Jón Hjaltalín, Grundarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
1999	18

Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun árið 2000.

03 Kross – Litlahlíð

Umfang verks: Lögn á 8,1 km löngum nýjum vegi frá Krossi að Litluhlíð ásamt byggingu 14 m langrar brúar á Arnarbýlisá og 10 m langrar brúar á Hagaá og lengingu stokks á Móru um 6 m. Jafnframt voru lagðir nýir safnvegir að Haga, Breiðalæk og Múla.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Brúargerð, samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 14
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 52
Til brúargerðar 22
Viðbótarfé 26
Bráðabirgðalán
frá Djúpvegi (61) 23
Samtals 137
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og voru brýrnar byggðar og hafin vinna við vegagerð í nóvember. Árið 1999 var vegurinn lagður, lagt á hann slitlag og gengið frá verkinu að mestu leyti. Eftir er að leggja seinna lag klæðingar á hluta vegarins og lagfæra sigkafla. Áætluð verklok eru árið 2000.
Verktaki: Vegagerð, Norðurtak hf., Sauðárkróki. Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1998 50
1999 87
Samtals 137
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun árið 2000.

612 Örlygshafnarvegur
Umfang verks: Markmiðið er að bæta leiðina sem sumarveg, fyrst og fremst með því að laga yfirborð vegarins.
Framkvæmdaform: Samningur og útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld fyrri áfanga ..... -2
Vegáætlun 1999
Tengivegir 10
Ferðamannaleiðir 6
Samtals 14
Verkframvinda: Mölborinn var 5 km langur kafli milli Skápadals og Hvalskers. Á 15 km kafla milli Hvalskers og Kollsvíkurvegar voru hreinsaðar rásir og fjölgað ræsum. Unnið malarslitlagsefni á tveimur stöðum, í Mosdal og við Látravatn samtals 8.200 m^3.
Verktaki: Efnisvinnsla, Tak ehf., Búðardal. Hreinsun rása, Sigurþór Þórisson. Mölburður vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 12
Skýringar: Af eftirstöðvum var 1 m.kr. flutt á Tálknafjarðarveg (617) um Sveinseyrarodda. Fjárveiting er í vegáætlun árið 2000.

617 Tálknafjarðarvegur um Sveinseyrarodda
Umfang verks: Sett upp götulýsing á 1 km kafla frá Hólsá að skóla.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 3 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Tengivegir 3
Frá Örlygshafnarvegi 1
Samtals 4
Verkframvinda: Lýsingin var sett upp haustið 1998.
Verktaki: Orkubú Vestfjarða.
Kostnaður: m.kr.
1999 4
Skýringar: OV lánaði fé 1998 til að flýta því um nokkra mánuði.

636 Hafnarvegur Ísafirði
Djúpvegur – Höfn
Umfang verks: Gengið var frá 200 m löngum kafla á Pollgötu (Hafnarvegi Ísafirði) og hún tengd til bráðabirgða inn á Skutulsfjarðarbraut (Djúpveg). Samkvæmt skipulagi á að koma hringtorg á vegamótunum. Einnig var endurgerð grjótvörn á nokkrum kafla á Djúpvegi.
Framkvæmdaform: Samningur
Kostnaðaráætlun: 26 m.kr
Fjármögnun: m.kr.
Skuld fyrri áfanga ..... -3
Vegáætlun 1999
Almenn verkefni 26
Bráðabirgðalán 2
Samtals 25
Verkframvinda: Áfanganum var lokið á árinu.
Verktaki: Afrek ehf., Flateyri.

Kostnaður: m.kr.
1999 25
Skýringar: Verkið var boðið út sem heild en öllum tilboðum hafnað þar sem kostnaður hefði orðið mun meiri en fjárveitingar og samið við verktaka um hluta verksins. Smáfjárveiting er á næsta ári en verulega fjármuni vantar til að gera hringtorgið.

643 Strandavegur
04-08 Bjarnarfjörður – Norðurfjörður
Umfang verks: Markmiðið er að lagfæra leiðina sem sumarveg og er því fyrst og fremst lögð áhersla á að bæta yfirborðið auk annarra smávægilegra lagfæringa.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Ferðamannaleiðir 9
Verkframvinda: Skarfadalsá – Búðará: Breikkun og hreinsun rása ásamt afréttingu og mölburði með óunnu efni á um 10 km löngum kafla. Lagfærður snjóastaður rétt utan við Naustavík í Reykjafirði. Árnes II – Norðurfjörður: Lagfæring snjóastaðar við Mela ásamt afréttingu og mölburði á um 7 km löngum kafla. Unnið malarslitlagsefni á tveimur stöðum, í Norðurfjarðarurðum og við Gjögur samtals 3.600 m^3.
Verktaki: Efnisvinnsla, Varðan ehf., Hólmavík. Mölburður, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 8
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000-2002.

645 Drangsnesvegur
01 Strandavegur – Hella
Umfang verks: Lögn á nýjum vegi frá Strandavegi í Hálsgötugili að Fiskinesi, 1,7 km og frá Kolsá að að Kleifum 1,8 km, samtals 3,5 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 27
Flutt af Djúpvegi (61), um Víðidalsá 3
Vegáætlun 1999
Tengivegir 29
Bráðabirgðalán 1999 4
Samtals 63
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk 1999.
Verktaki: Fylling ehf., Hólmavík.
Kostnaður: m.kr.
1997 1
1998 34
1999 28
Samtals 63
Skýringar: Boðin var út lögn beggja kaflanna 1998. Öðrum lauk að mestu 1998 eins og tilskilið var og hinum 1999.

Norðurland vestra
1 Hringvegur
m2 við Engihlíð, snjóastaður
Umfang verks: Fjarlægðir voru 4.000 m^3 efnis á um 300 m löngum kafla ofan vegar. Mesta dýpt í skeringu var 2 m.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 1 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Almenn verkefni 6
Verkframvinda: Verki lauk 1999.
Verktaki: Vegagerð, Fjörður sf., Skagafirði.
Kostnaður: m.kr.
1999 1
Skýringar: Kostnaður varð lægri vegna breyttrar verktilhögunar. Eftirstöðvar voru notaðar til að greiða skuld á kafla kafla m7 um Húseyjarkvísl en því verki lauk á árinu 1998.

74 Skagastrandarvegur
02 um Hafursstaðaá, Hallá og Hrafná
Umfang verks: Endurbygging og færsla Skagastrandarvegar um einbreiðar brýr á Hafursstaðaá, Hallá og Hrafná.

Framkvæmdaform: Brúargerð á Hallá, samningur.
Kostnaðaráætlun: 12 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 1999 14
Verkframvinda: Lokið var við byggingu á steyptum stokk yfir Hallá.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar
Kostnaður: m.kr.
1999 14
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

76 Siglufjarðarvegur
Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar er gert ráð fyrir 177 m.kr. til Siglufjarðarvegar af fjárveitingum til stórverkefna. Auk þess eru fjárveitingar til af almennum verkefnum 67 m.kr. í vegáætlun 1998-2000 og af framkvæmdaátaki í vegáætlun 1998 20 m.kr. Samtals eru því áætlaðar 264 m.kr. til verkefnisins. Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Siglufjarðarvegar.

06-07 Hofsós – Stafá
Umfang verks: Endurbygging á 20 km löngum vegarkafla frá Hofsósi að Stafá og bygging á nýrri 17 m langri brú á Hrolleifsdalsá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 198 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 38
Vegáætlun 1999
Almenn verkefni 32
Stórverkefni 73
Bráðabirgðalán 1999 70
Samtals 213
Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var lokið við 8,5 km langan kafla og byggingu brúar á Hrolleifsdalsá. Á árinu 1999 var lokið við 11,5 km langan kafla að undanskildu efra lagi klæðingar á 6 km frá Felli að Stafá.
Verktaki: Vegagerð, Fjörður sf., Sauðárkróki. Brúargerð, Óstak sf., Sauðárkróki Efnisvinnsla, Króksverk ehf., Sauðárkróki.
Kostnaður: m.kr.
1998 115
1999 98
Samtals 213
Skýringar: Skuld vegna framkvæmda á árinu 1998 og vegna uppgjörs við verktaka á árinu 1999 við kafla 09 Hraunadalur – Almenningsnöf að upphæð 11 m.kr. eru færðar sem kostnaður á þennan kafla á árinu 1999. Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

82 Ólafsfjarðarvegur
11-12 Sýslumörk – Saurbær
Umfang verks: Lokið var styrkingu á 8,5 km löngum kafli frá Lundi að Saurbæ.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 61 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Almenn verkefni 11
Lagt til af viðhaldsfé 16
Samtals 27
Verkframvinda: Verk hófst 1999 og áætluð verklok eru árið 2000.
Verktaki: Árni Helgason, Ólafsfirði.
Kostnaður: m.kr.
1999 29
Verkframvinda: Fjárveiting er í vegáætlun árið 2000.

711 Vatnsnesvegur
06 Þorfinnsstaðir – Þverá
Umfang verks: Endurbyggður var 4,4 km langur vegarkafli frá Þverá og rétt norður fyrir Þorfinnsstaði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 17 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Tengivegir 12
Flutt af Vatnsdalsvegi (722) 3
Samtals 15
Verkframvinda: Verk hófst 1999 og áætluð verklok eru árið 2000. Ólokið er lögn malarslitlags á allan kaflann og frágangi.
Verktaki: Jörfi hf., Hvanneyri.

Kostnaður: m.kr.
1999 13

722 Vatnsdalsvegur
01 Hnjúkur – Flaga
Umfang verks: Endurbyggður var 3,5 km langur vegarkafli rétt sunnan Hnjúks og að uppbyggðum vegi 0,5 km norðan við Flögu. Einnig var endurbyggður 0,4 km langur kafli við Ásbrekku og styrktir nokkrir kaflar í austanverðum Vatnsdal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 26 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Tengivegir 26
Verkframvinda: Verki lauk á árinu 1999.
Verktaki: Steingrímur Ingvarsson, Stóru-Giljá.
Kostnaður: m.kr.
1999 22
Skýringar: Fjárveiting að upphæð 3 m.kr. var flutt á Vatnsnesveg (711).

744 Þverárfjallsvegur
01-02 Þverá – Skagavegur
Umfang verks: Framkvæmdum var frestað
Kostnaðaráætlun: 300 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Almenn verkefni 10
Viðbótarfé 1999 35
Samtals 45
Skýringar: Framkvæmdum var frestað til ársins 2000 en lokið var við mat á umhverfisáhrifum. Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 2000-2002.

746 Tindastólsvegur
Umfang verks: Nýbygging 4,0 km kafla frá Skagavegi að skíðasvæði í Lambárbotnum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 55 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Inneign tengivega 7
Vegáætlun 1998 5
Vegáætlun 1999
Tengivegir 9
Ferðamannaleiðir 5
Samtals 26
Verkframvinda: Verkið hófst 1999 og áætluð verklok eru árið 2000.
Verktaki: Höttur sf., Hrútafirði.
Kostnaður: m.kr.
1999 27
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

748 Reykjastrandarvegur
01 Skagavegur – Hólakot
Umfang verks: Sett var stálrör í stað einbreiðrar brúar yfir Fagranesá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 3 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Smábrýr 3
Verkframvinda: Verki lauk 1999.
Verktaki: Fjörður sf., Sauðárkróki.
Kostnaður: m.kr.
1999 3
Skýringar: Áætlanir gerðu ráð fyrir að setja stálrör í stað einbreiðrar brúar yfir Hólakotsá, en þar sem ekki náðist samkomulag við landeigendur var stálrörið sett í stað brúar yfir Fagranesá.

793 Skarðsvegur
01 Flugvallarvegur – skíðasvæði
Umfang verks: Framkvæmdum var frestað.
Fjármögnun: m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga 3
Vegáætlun 1999
Ferðamannaleiðir 1
Samtals 4
Skýringar: Fjárveiting er til uppbyggingar Skarðsvegar í vegáætlun árið 2000.

F578 Arnarvatnsvegur
Umfang verks: Rásagröftur og hreinsun grjóts úr yfirborði vegar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Ferðamannaleiðir 1
Kostnaður: m.kr.
1999 1

F752 Skagafjarðarleið
Umfang verks: framkvæmdum var frestað.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Ferðamannaleiðir 1
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

Óráðstafað
Umfang verks: Fjárveiting var notuð til lagfæringa á ýmsum ferðamannaleiðum.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Ferðamannaleiðir 2
Kostnaður: m.kr.
1999 2

Norðurland eystra

1 Hringvegur
q7 Fosshóll – Aðaldalsvegur
Umfang verks: Lagt efra lag klæðingar og lokið við frágang, snyrtingar og girðingar á 9,7 km löngum kafla sem byggður var 1996-1998.
Framkvæmdaform: Nýbygging og neðra lag klæðingar, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 220 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 25
Vegáætlun 1997 100
Vegáætlun 1998 101
Flutt af öðrum verkefnum 1998 14
Samtals 240
Verkframvinda: Verk hófst 1996 og lauk 1999.
Verktaki: Nýbygging og neðra lag klæðingar, Háfell ehf., Reykjavík. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1996 48
1997 94
1998 98
1999 16
Samtals 256
Skýringar: Vegna ófyrirsjáanlegra aukaverka og erfiðari samninga við landeigendur en búist var við, fór kostnaður fram úr áætlunum. Fjárveitingar eru í vegáætlun til Hringvegar á Norðurlandi 2001 og 2002.

83 Grenivíkurvegur
02-03 Fagribær – Grýtubakki
Umfang verks: Nýbygging á 9,6 km löngum kafla milli Fagrabæjar og Grýtubakka og 144 m langrar tvíbreiðrar stálbogabrúar með steyptu gólfi, yfir Fnjóská hjá Laufási.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð, efra lag klæðingar vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaðaráætlun: 315 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 117
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 93
Til brúargerðar 44
Samtals 254
Verkframvinda: Lagt efra lag klæðingar, ekið í kanta og lokið við frágang, snyrtingar og girðingar á 3,9 km löngum kafla frá Grund að Grýtubakka sem byggður var 1998. Lokið var mestu við lagningu á 4,1 km löngum kafla frá Fagrabæ að Laufási og lagt á hann neðra lag klæðingar. Byrjað var á byggingu brúar í nóvember 1999. Lokið er steypu á bogaundirstöðum og samsetningu stálboga. Áætluð verklok 2000.
Verktaki: Vegagerð, Grund – Grýtubakki, Jarðverk ehf., Dalvík. Vegagerð, Fagribær – Grund, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Arnarfell ehf., Akureyri. Efra

lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	38
1999	140
Samtals	178

Skýringar: Eftir er að byggja 1,6 km langan kafla frá Laufási að Syðri Grund ásamt tengingu við Fnjóskadalsveg eystri og ljúka byggingu brúar á Fnjóská. Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

85 Norðausturvegur

Stórverkefninu Norðausturvegur eru ætlaðar 526 m.kr. á 1. tímabili langtímaáætlunar, 826 m.kr. á 2. tímabili og 1.331 m.kr. á 3. tímabili eða alls 2.683 m.kr. á árunum 1999-2010. Við ákvörðun ríkisstjórnar um viðbótarfé til vegagerðar á árunum 1999-2002 var ákveðið að 414 m.kr. rynnu til flýtingar framkvæmda á Norðausturvegi. Verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins.

06 Héðinshöfði – Hringver

Umfang verks: Nýbygging á 5,6 km löngum kafla frá Héðinshöfða að Hringveri.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 109 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Viðbótarfé 1999	104

Verkframvinda: Lokið að mestu við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1999	99

Skýringar: Eftir er frágangur vegsvæðis, vegrið og efra lag klæðingar.

11 Lindarbrekka – Uppsveitarvegur

Umfang verks: Nýbygging á 3,7 km löngum kafla frá Lyngási að Uppsveitarvegi (862) og lagt efra lag klæðingar á 5 km langan kafla frá Lindarbrekku að Lyngási, sem lokið var við á árinu 1998.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 40 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar fyrri áfanga	10
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	52
Samtals	62

Verkframvinda: Lokið var við lagningu á 3,7 km löngum kafla og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Vegagerð, R.S.N.Þ ehf., Höskuldarnesi. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	36

Skýringar: Eftir er að leggja efra lag klæðingar á 3,7 km langan kafla.

24 um Svalbarðsá

Umfang verks: Nýbygging á 3,2 km löngum kafla frá Sandá að Hölkná.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 26 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	21

Verkframvinda: Lokið var við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Iðufell ehf., Raufarhöfn.

Kostnaður:	m.kr.
1999	22

Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar. Framkvæmdum við kaflann um Svalbarðsá var frestað vegna frekari undirbúnings og mats á umhverfisáhrifum. Samkvæmt ákvörðun þingmanna Norðulandskjördæmis eystra var ráðist í framkvæmdir á kafla austan við Svalbarðsá. Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

87 Kísilvegur

04 Sýnishólar – Klambrasel

Umfang verks: Nýbygging á 2,7 km löngum kafla frá Klambraseli að Hvammavegi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 20 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Tengivegir	21

Verkframvinda: Lokið var við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Alverk ehf., Aðaldal.
Kostnaður: m.kr.
1999 15
Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar. Fjárveiting er til áframhaldandi framkvæmda í vegáætlun 2000-2002.

833 Illugastaðavegur
01 Hringvegur – Nes
Umfang verks: Nýbygging á 2,0 km löngum kafla frá Hringvegi og suður fyrir Nes í Fnjóskadal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 33 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Tengivegir 20
Bráðabirgðalán 13
Samtals 33
Verkframvinda: Lokið var við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Jarðverk ehf., Fnjóskadal.
Kostnaður: m.kr.
1999 33
Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar. Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

837 Hlíðarfjallsvegur
um Borgarbraut
Umfang verks: Nýbygging á 1,5 km löngum kafla frá Glerárgötu að Hlíðarbraut og bygging brúar á Glerá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 170 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Almenn verkefni 59
Til brúargerðar 31
Bráðabirgðalán 1999 88
Samtals 178
Verkframvinda: Verkið hófst 1998 og lauk 1999, nema frágangi gatnamóta við Glerárgötu.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.
Kostnaður: m.kr.
1998 22
1999 156
Samtals 178
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

818 Hlíðarvegur
01 Hringvegur – Áslaksstaðir
Umfang verks: Styrking, endurbætur og mölburður á 2,6 km löngum kafla frá Hringvegi að Áslaksstöðum.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 5 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Tengivegir 2
Lagt til af viðhaldsfé 3
Samtals 5
Verkframvinda: Verkið hófst í október og er því lokið.
Verktaki: Möl og sandur ehf., Akureyri.
Kostnaður: m.kr.
1999 5

828 Veigastaðavegur
01 Austurhlíð – Leifsstaðafit
Umfang verks: Endurbætur og lagfæringar á snjóastöðum á 2,0 km löngum kafla frá Ytri Varðgjá að Eyjafjarðarbraut eystri.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 4 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Tengivegir 3
Lagt til af viðhaldsfé 1
Samtals 4
Verkframvinda: Verkið hófst í ágúst og er því lokið.
Verktaki: Hjalti Þórsson og Eiríkur Rafnsson Eyjafjarðarsveit.
Kostnaður: m.kr.
1999 4

848 Mývatnsvegur

01 Neslandavík – Kísilvegur

Umfang verks: Lagt var efra lag klæðingar á 6,6 km langan kafla frá Stekkjarnesi að Kísilvegi sem byggður var 1998.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	45
Vegáætlun 1999	
Tengivegir	13
Bráðabirgðalán 1999	14
Samtals	72

Verkframvinda: Verki lauk 1998 nema seinna lagi klæðingar.

Verktaki: Vegagerð, Alverk ehf. og Þingvirki sf., Mývatnssveit. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1997	36
1998	30
1999	6
Samtals	72

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

864 Hólsfjallavegur

01 Hringvegur – Dældarás

Umfang verks: Lagfæring og endurbætur á vegi, hækkaðar lægðir og lagfærðar blindhæðir á um 15 km löngum kafla frá Syðra Norðmelsfjalli að Dettifossi.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Ferðamannaleiðir	6
Viðbótarfé 1999	5
Samtals	11

Verkframvinda: Lokið var við að hækka og lagfæra verstu staðina á þessum kafla.

Verktaki: Iðufell ehf., Raufarhöfn og R.S.N.Þ. ehf., Höskuldarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	11

Skýringar: Hætta þurfti framkvæmdum í haust vegna veðurs. Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

Þingey, göngubrú

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	3

Skýringar: Framkvæmdum var frestað vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag um staðsetningu brúarinnar.

Göngubrú við Fosshól

Umfang verks: Viðgerð og endurbætur á stálhlutum og gólfi gömlu brúarinnar á Skjálfandafljóti hjá Fosshóli sem byggð var 1930.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 17 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Ferðamannaleiðir	4
Viðhald brúa	4
Samtals	8

Verkframvinda: Lokið var við viðgerð á stálhlutum og brúargólfi á árinu.

Verktaki: Natan ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1999	8

Skýringar: Eftir er að gera við steypuhluta brúarinnar. Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

Austurland

1 Hringvegur

s1-s7 Biskupsháls – Skjöldólfsstaðir

Umfang verks: Nýbygging á 33 km löngum nýjum vegi frá Langadal að Ármótaseli. Verkið er hluti af verkefninu tenging Norður- og Austurlands.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 606 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	50
Vegáætlun 1997	22
Vegáætlun 1998	184
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	155
Samtals	411

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í lok ágúst 1998. Undirbyggingu er að mestu lokið frá Langadal að austurmörkum útboðs neðan Ármótasels. Um 2 km

langur kafli um Ármótasel og yfir Víðidalsá tekinn í notkun síðla árs 1998 og lagt neðra lag klæðingar síðsumars 1999. Áætluð verklok eru í september 2000.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
1998	156
1999	213
Samtals	369

Skýringar: Verkið var boðið út haustið 1997 en framkvæmdir frestuðust vegna frekara mats á umhverfisáhrifum. Áframhaldandi fjárveiting er til verksins árið 2000.

s7-s8 Skjöldólfsstaðir – Hofteigur
Umfang verks: Endur-og nýbygging á 12,5 km löngum kafla milli Skjöldólfsstaða og Hofteigs á Jökuldal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 160 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Viðbótarfé 1999	42

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 1999. Unnið við skeringar, fyllingar og ræsagerð. Áætluð verklok eru í júlí 2000.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1999	34

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

t1 Skóghlíð – Urriðavatn
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 8,8 km löngum kafla sem lokið var með klæðingu.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 135 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	33
Vegáætlun 1998	40
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	52
Samtals	125

Verkframvinda: Verk hófst 1997 og lauk 1998.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1997	61
1998	33
1999	11
Samtals	105

Skýringar: Kostnaður á árinu 1999 er vegna uppgjörs við verktaka og vegna girðinga. Kostnaður við framkvæmdina var mun lægri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Af eftirstöðvum eru 10 m.kr. færðar á Hringveg u5 um Fossárvík.

t7 Forviðará
Umfang verks: Setja stálrör í stað einbreiðrar brúar.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Smábrýr	5

Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

u5 um Fossárvík
Umfang verks: Nýbygging á 2,9 km löngum kafla um Fossárvík og ný 40 m löng brú á Fossá.
Framkvæmdaform: Vegagerð og brúarsmíði, útboð. Niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 112 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1997	26
Vegáætlun 1998	30
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	26
Flutt af kafla t1	10
Samtals	92

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var kaflinn tekinn í notkun um haustið. Efra lag klæðingar var lagt vorið 1999.
Verktaki: Vegagerð og brúarsmíði, S.G. vélar ehf., Djúpavogi. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	86
1999	6
Samtals	92

Skýringar: Af eftirstöðvum fjárveitinga af kafla t1 Skóghlíð – Urriðavatn voru 10 m.kr. fluttar á kaflann um Fossárvík.

v1 Þvottá – Skriður
Umfang verks: Endurbygging á 4,2 km löngum kafla og sett stórt stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Þvottá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 34 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Viðbótarfé 1999	30

Verkframvinda: Verk hófst 1999 og er lokið að öðru leyti en að efra lag klæðingar frestast til 2000.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	25

v2 Hvalnes – Víkurá
Umfang verks: Endurbygging á 5,56 km löngum kafla og sett tvö stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Víkurá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 46 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Smábrýr	2
Viðbótarfé 1999	40
Samtals	42

Verkframvinda: Verk hófst 1999 og er lokið að öðru leyti en að efra lag klæðingar frestast til 2000.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	42

v9 Holt – Hólmsá
Umfang verks: Á árinu 1998 var endurbyggður 5,6 km langur kafli og sett stálrör í stað tveggja einbreiðra brúa yfir Brunnhólsá og Lambleiksstaðakíl. Fjárveiting 1999 var notuð til greiðslu skulda.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	4
Lagt til af viðhaldsfé 1998	13
Vegáætlun 1999	
Almenn verkefni	4
Bráðabirgðalán 1999	20
Samtals	41

Verkframvinda: Verki lauk 1998.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	41

Skýringar: Framkvæmdum var flýtt vegna lélegs ástands vegarins. Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 2000.

x1 Smyrlabjargará – Staðará
Umfang verks: Endur- og nýbyggingu á 5,96 km löngum kafla milli Tröllaskarða og Staðarár.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 86 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	20
Vegáætlun 1999	
Stórverkefni	52
Samtals	72

Verkframvinda: Verk hófst sumarið 1999 og er gert ráð fyrir að því ljúki sumarið 2000.
Verktaki: SG, vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	31

Skýringar: Vorið 1999 féllst skipulagsstjóri á fyrri áfanga framkvæmdar milli Tröllaskarða og Staðarár en að ráðist skildi í frekara mat á umhverfisáhrifum á síðari áfanga milli Smyrlabjargarár og Tröllaskarða. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2001 og 2002.

Skeiðarársandur
Umfang verks: Verkið er fólgið í endurbyggingu mannvirkja á Skeiðarársandi eftir Grímsvatnahlaup í kjölfar eldgoss í Gjálp síðla árs 1996. Byggingu 336 m langrar brúar á Gígjukvísl og endurbyggingu á hluta Skeiðarár á 176 m löngum kafla ásamt 6,8 km löngum varnargörðum

og 11,3 km löngum vegi. Fjárveiting 1999 var notuð til greiðslu skulda.
Framkvæmdaform: Bráðabirgðaaðgerðir, samningar. Vegagerð, útboð. Brúargerð á Gígjukvísl, útboð. Stálsmíði fyrir Skeiðará, útboð. Endurbygging Skeiðarár, samningur. Niðurrekstur staura fyrir Gígjukvísl, samningur.
Kostnaðaráætlun: 1.000 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996 (viðhaldsfé)	150
Vegáætlun 1997	275
Viðlagatrygging 1997	350
Vegáætlun 1998	100
Vegáætlun 1999	
Skeiðarársandur	133
Samtals	1.008

Verkframvinda: Verkið hófst að loknu Grímsvatnahlaupi í nóvember 1996 og var Hringvegurinn þá tengdur til bráðabirgða. Á árinu 1997 var endurbyggður sá hluti brúar á Skeiðará sem eyðilagðist í hlaupinu og lokið við vegagerð á austurhluta Skeiðarársands. Haustið 1997 var byrjað á framkvæmdum við Gígjukvísl og þeim lokið síðla sumars 1998.
Verktaki: Bráðabirgðatenging, ýmsir verktakar og vinnuflokkar Vegagerðarinnar. Vegagerð á austurhluta Skeiðarársands, Arnarfell ehf., Akureyri. Vega- og brúargerð um Gígjukvísl, Ármannsfell hf., Reykjavík. Endurbygging brúar á Skeiðará og niðurrekstur staura við Gígjukvísl, vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1996	136
1997	485
1998	384
1999	6
Samtals	1.011

Skýringar: Kostnaður 1999 er vegna varnargarðs vestan Skeiðarár sem nauðsynlegt var að ráðast í vegna breytingar á útfalli árinnar. Fjárveiting til Skeiðarársands í vegáætlun 1999 var 233 m.kr. Þar af voru 100 m.kr. ætlaðar til greiðslu skuldar við ríkissjóð frá árinu 1998.

92 Norðfjarðarvegur
07 brú á Eskifjarðará
Umfang verks: Endurbygging á 0,5 km löngum kafla og byggð ný 32 m löng brú á Eskifjarðará í stað einbreiðrar brúar.
Framkvæmdaform: Vegagerð og brúarsmíði, útboð. Framleiðsla og niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 44 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	
Til brúargerðar	42

Verkframvinda: Verk hófst 1999 og er lokið.
Verktaki: Vegagerð og brúarsmíði, Myllan ehf., Egilsstöðum. Framleiðsla staura, Brúnás hf., Egilsstöðum. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	42

12 Neskaupstaður
Umfang verks: Lagfærin á beygju við á Neskaupstað á 0,4 km kafla.
Kostnaðaráætlun: 13 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	8

Skýringar: Verki var frestað 1998 vegna erfiðleika og óvissu um efnistöku en boðið út 1999. Eitt tilboð barst og var því hafnað þar sem það var talið of hátt.

93 Seyðisfjarðarvegur
03 kofi – Efri-Stafur
Umfang verks: Á árunum 1995-1998 var lokið nýbyggingu á 5,3 km löngum kafla, sett stór stálræsi í Vatnshæðará og Fjarðará. Fjárveitingu var varið til greiðslu skuldar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 123 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1995	31
Vegáætlun 1996	42
Vegáætlun 1998	16
Vegáætlun 1999	
Almenn verkefni	46
Samtals	135

Verkframvinda: Verk hófst 1996. Kaflanum lokið og hann tekinn í notkun árið 1997. Seinna lagi klæðingar lokið 1998.
Verktaki: Héraðsverk ehf.,Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1996	73
1997	57
1998	8
Samtals	138

94 Borgarfjarðarvegur

07 á Vatnsskarði
Umfang verks: Á árinu 1998 var unnið við endurbygging á 4 km löngum kafla á Vatnsskarði, frá nýbyggingarenda við Selfljót og upp í miðja brekku í austanverðu skarðinu. Árið 1999 var unnið við 4,7 km langan kafla úr austanverðu Vatnsskarði niður í neðstu brekkur í Njarðvík. Verkið er hluti af endurbyggingu Borgarfjarðarvegar um Vatnsskarð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 154 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna fyrri framkvæmda	-11
Vegáætlun 1997	18
Vegáætlun 1998	36
Vegáætlun 1999 Tengivegir	40
Bráðabirgðalán 1999	5
Samtals	88

Verkframvinda: Byrjað var á fyrri áfanga verksins 1998 og var honum lokið með malarslitlagi sumarið 1999. Síðari áfangi hófst haustið 1999 og eru áætluð verklok haustið 2000.
Verktaki: Fyrri áfangi, Njörður sf., Borgarfirði eystra. Síðari áfangi, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	34
1999	54
Samtals	88

Skýringar: Af fjárveitingu vegáætlunar 1997 voru 11 m.kr. notaðar til greiðslu skuldar vegna framkvæmda á verkinu um Selfljót, sem unnið var á árinu 1996. Fjárveiting er til endurbyggingar vegarins um Vatnsskarð í vegáætlun árið 2000.

96 Suðurfjarðavegur

04 Vattarnesskriður

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999 Stórverkefni	2

Skýringar: Framkvæmdum frestað vegna athugana á jarðgöngum.

07 um Selá
Umfang verks: Nýbygging á 1 km löngum kafla um Selá í Fáskrúðsfirði og sett stórt stálplöturæsi sem leysir af hólmi ónýta einbreiða brú.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 28 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Viðhald brúa 1997	2
Vegáætlun 1998	5
Vegáætlun 1999 Stórverkefni	13
Samtals	20

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var kaflinn tekinn í notkun. Lögð var klæðing á kaflann 1999.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	10
1999	14
Samtals	24

931 Upphéraðsvegur

04 Brekkugerði – Hengifossá
Umfang verks: Styrking og endurbætur á 1,4 km löngum kafla innan við Brekku og inn fyrir Hengifossá og nýbygging á 1,5 km löngum kafla um Brekku.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 23 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	18
Vegáætlun 1999 Tengivegir	5
Samtals	23

Verkframvinda: Styrkingu kaflans innan við Brekku lauk 1998. Kaflinn um

Brekku var boðinn út síðla árs og verður unninn á árinu 2000.
Verktaki: Styrking innan Brekku, Myllan ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1998 6
Skýringar: Framkvæmdum frestað 1996 vegna ágreinings um vegstæði um Brekku, en á árinu 1998 unninn sá hluti sem ekki var ágreiningur um. Ekki var gengið frá samninum um kaflann um Brekku fyrir árslok.

939 Axarvegur
01-02 Skriðdalur – Berufjörður
Umfang verks: Styrking og lagfæring á slóð á Öxi, 7 km langur kafli frá Hringvegi í Skriðdal og inn á Öxi annars vegar og hins vegar á 4 km langur kafli frá Hemru á Hringveg í Berufirði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 35 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999
Ferðamannaleiðir 15
Bráðabirgðalán 3
Samtals 18
Verkframvinda: Unnið var að fyllingum og burðarlögum og eru verklok áætluð í september 2000.
Verktaki: Hjarðarnesbræður ehf., Hornafirði.
Kostnaður: m.kr.
1999 18
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2000.

Þéttbýlisstaðir á Austurlandi
lagfæringar á þjóðvegum
Umfang verks: Undirbyggður var 0,4 km langur kafli á Djúpavogsvegi (98) og hann lagður bundnu slitlagi. Einnig var sett upp veglýsing á Suðurfjarðavegi (96) í þéttbýli á Fáskrúðsfirði.
Framkvæmdaform: Djúpivogur, útboð. Fáskrúðsfjörður, samningur.
Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga 2
Vegáætlun 1999
Almenn verkefni 10
Samtals 12
Verkframvinda: Verki lauk 1999.
Verktaki: Vegagerð, Dal-Björg ehf., Breiðdalsvík. Veglýsing, RARIK.
Kostnaður: m.kr.
1999
Djúpivogur 8
Fáskrúðsfjörður 2
Samtals 10
Skýringar: Djúpavogshreppur sá um undirbúning og útboð á framkvæmdum á Djúpavogi. Fjárveitingar eru til lagfæringa á þjóðvegum í þéttbýli á Austurlandi í vegáætlun 2000-2002.

Austurlandsgöng
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri árum 27
Skýringar: Fjárveitingar geymast og verða notaðar til rannsókna og undirbúnings jarðgangagerðar á Austurlandi.

Jarðgangarannsóknir
Umfang verks: Unnið var að rannsóknum og undirbúningi jarðagangaáætlunar.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 2
Vegáætlun 1999
Stórverkefni 10
Samtals 12
Kostnaður: m.kr.
1999 10
Skýringar: Fjárveitingar eru til jarðgangarannsókna í vegáætlun 2000-2002.

Fylgiskjal 3 Umhverfisstærðir

Landmótun við vegagerð

Í eftirfarandi töflu koma fram tölur um landmótun í vegagerð. Þær eru teknar saman í umdæmunum og byggja að mestu á útboðsgögnum en sá hluti telst nokkuð ábyggilegur. Nokkur ónákvæmni gæti í sumum tilfellum stafað frá skiptingu milli ára í stærri verkum.

	Færsla jarðefna			Mótun yfirborðs			
				Óraskað land		Raskað land	
Umdæmi	Fyllingar m^3	Burðarlög m^3	Slitlög m^3	Vegir m^2	Námur m^2	Vegir m^2	Námur m^2
Suðurland	232.505	244.272	13.796	0	0	488.879	59.857
Reykjanes	260.674	165.368	14.198	113.500	1.000	157.796	500
Vesturland	554.339	251.977	54.785	55.243	82.396	367.210	25.000
Vestfirðir	460.000	147.000	51.650	143.400	74.000	456.700	92.400
Norðurland vestra	229.820	214.241	54.220	438.172	185.000	124.200	20.000
Norðurland eystra	382.600	181.100	27.030	149.800	15.500	144.800	63.300
Austurland	1.035.980	306.660	89.670	443.300	423.000	164.400	133.400
Samtals	3.155.918	1.510.618	305.349	1.343.415	780.896	1.903.985	394.457

Notkun spilliefna í nýbyggingum og viðhaldi vega

Birgðadeild og framkvæmdadeild taka saman magntölur fyrir notkun á leysiefnum (white spirit) og viðloðunarefnum (aminum) í slitlög og styrkingar. Notkun leysiefna í klæðingar kemur fram í meðfylgjandi töflu. Þar má einnig sjá heildarnotkun af þunnbiki og hlutfall leysiefna í þunnbiki. En lækkun á þessu hlutfalli er árangur rannsókna síðustu ára.

Á árinu 1999 voru notuð 103 tonn af viðloðunarefnum, þar af um 17 tonn í styrkingar.

Ár	Þunnbik þús.l	Leysiefni þús.l	Hlutfall %
1991	6.281	817	13,0
1992	8.524	1.108	13,0
1993	9.506	1.236	13,0
1994	10.081	1.311	13,0
1995	8.690	1.130	13,0
1996	8.767	1.052	11,2
1997	8.042	909	11,3
1998	8.893	934	10,5
1999	10.269	1.017	9,9

Spilliefni í vegmálningu

Árleg notkun Vegagerðarinnar á hefðbundinni vegmálningu er 70-80 þús. lítrar. Hún inniheldur um 50% leysiefni. Unnið er að því að taka upp nýjar og vistvænni gerðir af yfirborðsmerkingu, þ.e. sprautumassa og plastmálningu.

Notkun sprautumassa er sífellt að aukast. Á síðasta ári var sprautumassi notaður á 1.000 km merktra vega á móti 1.800 km sem merktir voru með hefðbundinni málningu.

Þjónustudeild, í samvinnu við málningarflokk Vegagerðarinnar í Borgarnesi, hefur unnið að viðamikilli prófun á plastmálningu til vegmerkinga. Hefur hún reynst hún mjög vel. Plastmálningin er þó enn sem komið er töluvert dýrari en hefðbundin vegmálning.

Tæknilega sér er ekkert því til fyrirstöðu að hætta notkun leysiefnamálningar og skipta yfir á vistvænni málningu á næstu árum.

Þvottaefni fyrir vegstikur og skilti

Árleg notkun þvottaefnis með leysiefni (white spirit) til þvotta á vegskiltum og stikum er um 7 þús.l. Síðustu ár hefur verið gerð prófun á notkun vistvænni þvottaefna með góðum árangri. Er þess vænst að mikil aukning verði á notkun vistvænna efna á næstu árum.

Losun á CO_2 frá umferð á vegum

Losun á CO_2 frá umferð má reikna út frá mældri og áætlaðri notkun á eldsneyti. Sala á bensíni til umferðarinnar er skattstofn og heimildir um það magn teljast áreiðanlegar. Sala á díselolíu hefur verið áætluð m.a. út frá mældum og áætluðum akstri. Losun árið 1999 er metin miðað við tölur um bensínnotkun og áætlaða notkun á díselolíu.

Þróun í losun umferðarinnar síðustu ár má lesa af meðfylgjandi töflu.

Aukning milli áranna 1998 og 1999 er um 5 %.

Ár	Losun CO_2 þús. tonn
1988	552
1989	544
1990	551
1991	571
1992	588
1993	587
1994	597
1995	584
1996	592
1997	595
1998	606
1999	637

Lagning nýrra bundinna slitlaga

Á árinu 1999 var lagt bundið slitlag á samtals 150 km af þjóðvegum sem áður voru með malarslitlagi. Árlegur akstur á þessum vegarköflum er um 9 milljónir km.

Eldsneytissparnaður vegna slitlagsins er um 190 þús. lítrar á ári og minnkun á losun kolefnistvíildis tæp 500 tonn á ári.

Akstur smábíla hjá Vegagerðinni

Akstur smábíla í rekstri Vegagerðarinnar kemur fram á meðfylgjandi töflu.

Tölurnar eru úr bókhaldi fyrirtækisins og eru nokkuð áreiðanlegar hvað snertir stærsta liðinn sem er Vegagerðarbílar. Skráningu á akstri bílaleigubíla er ekki alltaf að finna á reikningum og hluti af greiddum akstri starfsmannabíla er eftir mati.

Ár	Bílaleigu-bílar þús.km	Starfsmanna-bílar þús.km	Vegagerðar-bílar þús.km	Einkaleigu-bílar þús.km	Samtals þús.km
1991	11	1.609	2.396	93	4.108
1992	44	1.630	2.440	99	4.173
1993	21	1.272	2.583	88	3.964
1994	30	884	3.094	77	4.085
1995	43	709	3.382	141	4.275
1996	19	677	3.343	104	4.143
1997	22	736	3.392	169	4.319
1998	19	723	3.017	162	3.921
1999	11	765	2.867	211	3.854

Ökuhraði

Vegagerðin hefur á undanförnum árum fylgst með ökuhraða á nokkrum vegarköflum. Mældur er hraði fólksbíla í km/klst. þar sem akstur er óþvingaður af annarri umferð. Reiknaður er meðalhraði allra bíla og „85%“ hraði, sem er sá hraði sem 85% af bílunum halda sig innan. Hækkun á milli áranna 1998 og 1999 er greinileg. Niðurstöðurnar koma fram í eftirfarandi töflu.

	Hringvegur í Þórustaðamýri 1-d6-01		Hringvegur á Hellisheiði 1-d8-04		Grindavíkurvegur við Svartsengi 43-01-04		Veturlandsvegur við Hvassafell 1-h1-04	
Ár	Meðaltal	85%	Meðaltal	85%	Meðaltal	85%	Meðaltal	85%
1983	78,4	87,6	84,9	95,0	–	–	–	–
1984	79,6	90,1	88,4	98,3	–	–	–	–
1985	82,6	93,6	86,3	98,6	83,8	96,3	–	–
1986	81,4	91,2	–	–	–	–	–	–
1987	–	–	87,9	97,7	–	–	–	–
1988	82,9	92,2	93,3	104,2	96,0	96,7	–	–
1989	91,1	101,1	94,1	103,9	–	–	–	–
1990	88,9	97,9	89,6	99,3	89,3	99,7	96,9	108,2
1991	86,5	95,9	93,0	102,5			90,8	101,3
1992	87,1	96,7	92,8	102,3	91,0	103,3	84,8	93,9
1993	88,9	95,3	93,0	102,3	92,1	101,4	91,6	102,0
1994	–	–	–	–	–	–	–	–
1995	–	–	–	–	–	–	–	–
1996	90,7	99,5	95,9	104,8	–	–	90,0	100,0
1997	–	–	–	–	–	–	–	–
1998	–	–	96,4	104,0	95,5	106,7	98,9	110,0
1999	99,1	103,2	96,7	104,6	–	–	99,7	109,6

Árið 1999 var mældur hraði á 9 stöðum á Hringvegi sem ekki hefur verið mælt á áður. Ætlunin er að mæla á þessum stöðum tvisvar eða oftar á ári í framtíðinni. Niðurstöðurnar koma fram í meðfylgjandi töflu. Sjá skýringar hér á undan.

Staður	Númer	Meðaltal	85%
Austan Heimalands	1-b8-02	92,8	101,7
Við Strönd	1-c2-05	92,7	102,4
Sunnan Blönduóss	1-k9-03	96,3	104,9
Í Langadal	1-m2-04	94,9	103,4
Í Blönduhlíð	1-m8-01	95,6	105,4
Í Öxnadal	1-p4-02	95,3	105,7
Við Stóru-Tjarnir	1-q5-03	93,4	103,3
Norðan Fellabæjar	1-t1-01	88,9	100,2
Í Skriðdal	1-t4-02	86,8	99,2

Notkun pappírs á skrifstofum

Notkun á ljósritunar- og tölvupappír hefur verið könnuð. Innkaup eru skráð í bókhaldi en birgðastaða er ekki skráð og getur mismunandi birgðastaða því skekkt nokkuð áætlun um ársnotkun.

Innkaup síðustu ára voru eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Ár	Pappír þús. blöð A4
1992	741
1993	786
1994	1.205
1995	740
1996	1.020
1997	968
1998	1.043
1999	1.055

Förgun rafeindatækja

Árleg förgun rafeindatækja hjá Vegagerðinni hefur verið áætluð af tölvudeild sem hér segir:

PC- tölvur 50 stk. þar af eru um 45 seldar. Leysiprentarar 2 stk. seldir. Litaprentarar 4 stk. til Sorpu. Ljósritunarvélar 1 stk. skipt út af umboði. Árið 1999 var förgunin með svipuðum hætti nema að engir leisiprentarar voru seldir

Fylgiskjal 4

Rekstrarreikningur Vegagerðarinnar 1999

		1999	Framlög 1999
Tekjur			
Framlög			
	Fjárlög	8.547.000.000	
	Fjáraukalög	570.000.000	
	Leiðrétt vegna afborgana ferja [2]	-184.900.000	
Framlög alls		**8.932.100.00**	
Sértekjur		**104.467.157**	
Afkoma umdæma og rekstrardeildar		**-97.472.502**	
Aðrar rekstrartekjur		**1.337.651**	
Skatttekjur innheimtar		**1.697.000**	
Tekjur alls		**8.942.129.306**	
Fært í ríkissjóð		**-1.697.000**	
Tekjur Vegagerðarinnar		**8.940.432.306**	
Gjöld			
1.01	Yfirstjórn	353.668.389	334.896.915
1.11	Styrkir til sérleyfishafa	47.968.775	54.000.000
5.05	Þjónusta	1.813.789.860	1.734.000.000
5.10	Viðhald	1.669.155.012	1.618.000.000
5.52	Þéttbýlisvegir	318.849.435	382.000.000
6.10	Nýframkvæmdir	3.576.124.065	4.137.000.000
6.21	Landsvegir	147.653.391	67.000.000
6.40	Tilraunir	83.626.851	78.000.000
6.43	Safnvegir	204.062.833	196.000.000
6.45	Styrkvegir	33.568.948	26.000.000
6.47	Reiðvegir	19.550.695	26.000.000
6.55	Ferjur og flóabátar	359.140.431	279.100.000
Gjöld alls		**8.627.158.685**	**8.931.996.915**
Rekstrarafgangur		**313.273.621**	

Athugasemdir:
Gert er ráð fyrir að eftirfarandi breytingar verði gerðar frá ríkisreikningi 1998 og fjárlögum 1999 þar sem um er að ræða hreyfingar milli ríkissjóðs og Vegagerðarinnar sem ekki eru færðar til gjalda í bókhaldi Vegagerðarinnar af þeim sökum:
1) Innistæða í ríkissjóði samkvæmt ríkisreikningi 1998 verði með lokafjárlögum lækkuð um 296.678.000 kr. Vegna ráðstöfunar á vegafé annars vegar 96.000 þ.kr. til greiðslu afborgana og vaxta af ferjulánum 1998, og hins vegar 200.678 þ.kr. til lokagreiðslu á láni Reykjavíkurborgar, einnig frá árinu 1998.
2) Millifærðar verði 184,9 m.kr. af framlögum 1999 vegna ráðstöfunar á vegafé til greiðslu afborgana og vaxta af ferjulánum 1999.

Efnahagsreikningur Vegagerðarinnar 31.12.1999

	Reikningur 1999	Reikningur 1998
EIGNIR		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	13.000.000	13.000.000
Langtímakröfur	3.454.001	2.116.350
Fastafjármunir alls	**16.454.001**	**15.116.350**
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	199.660.000	202.615.000
Inneign hjá ríkissjóði	29.783.585	343.055.500
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	69.871.981	115.863.550
Handbært fé	591.197.582	243.416.548
Veltufjármunir alls	**890.513.148**	**904.950.598**
Eignir samtals	**906.967.149**	**920.066.948**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	212.238.026	-447.724.964
Flutt úr B-hluta	0	290.433.000
Leiðrétting með lokafjárlögum 1999 [1]	-296.678.000	0
Tekjujöfnuður ársins	313.273.621	369.529.990
Höfuðstóll í árslok	**228.833.647**	**212.238.026**
Annað eigið fé		
Endurmatsreikningur	7.719.960	7.719.960
Framlag til eignamyndunar	211.594.000	211.594.000
Annað eigið fé samtals	**219.313.960**	**219.313.960**
Eigið fé í árslok	**448.147.607**	**431.551.986**
Skuldir		
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	**0**	**0**
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	0	0
Skammtímalántökur	156.729.745	271.810.524
Aðrar skammtímaskuldir	302.089.797	216.704.438
Skammtímaskuldir samtals	**458.819.542**	**488.514.962**
Skuldir samtals	**458.819.542**	**488.514.962**
Skuldir og eigið fé samtals	**906.967.149**	**920.066.948**

1266. Nefndarálit [547. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða m.a. breytingu á frestun á skattlagningu vegna iðgjalda til lífeyrissjóða, meðferð tekna af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti, skattfrelsi vegna kaupa á erlendum hlutabréfum, mat á erlendum hlutabréfum til eignarskattsstofns og túlkun og framkvæmd á tvísköttunarsamningum.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fengið umsagnir um það. Meðal annars barst ítarleg umsögn frá ríkisskattstjóra þar sem hann bendir á að ákvæði skattalaga um frádrátt iðgjalda til lífeyrissjóða hafi lengi verið ófullnægjandi, réttarástand óljóst og ósamræmi í framkvæmd og að skortur á skýrum reglum hafi leitt til misnotkunar og ágreinings. Ríkisskattstjóri gerir verulegar athugasemdir við ýmsar aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og dregur verulega í efa að rétt sé að ráðast í þær eins og fram kemur í ítarlegri umsögn hans sem fylgir með nefndaráliti þessu.

Það vekur athygli að lítið sem ekkert tillit er tekið til athugasemda sem bárust frá ríkisskattstjóra í breytingartillögum meiri hlutans.

Minni hlutinn er hlynntur þeim breytingum sem lagðar eru til varðandi aukið skattfrelsi lífeyrisiðgjalda. Um er að ræða að launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklingar fá auknar heimildir til að draga frá skattskyldum tekjum sínum greiðslur í lífeyrissparnað. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið að þessi breyting hvetji til aukins sparnaðar landsmanna. Minni hlutinn hlýtur þó að vekja athygli á því að ríkissjóður gæti tímabundið orðið fyrir umtalsverðum tekjumissi af þessum sökum.

Minni hlutinn lýsir eindreginni andstöðu við þá þætti frumvarpsins sem miða að auknum frádrætti vegna fjárfestinga í hlutabréfum og breytingu á skattalegri meðferð kaupréttar eða valréttarsamninga. Þær breytingar fela meðal annars í sér að að uppfylltum ákveðnum skilyrðum verði tekjur starfsmanna af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti ekki skattlagðar sem launatekjur með 38,37% skatthlutfalli heldur sem fjármagnstekjur með 10% skatthlutfalli.

Þessi breyting mun koma hluta starfsmanna hlutafélaga til góða en ekki öðru launafólki eða elli- og örorkulífeyrisþegum. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að hér sé aðeins um að ræða „vel menntað og sérhæft starfsfólk“. Því má draga í efa að þessi undanþága standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar eins og fram kemur í umsögn ASÍ.

Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að reglur um frádrátt vegna fjárfestinga í hlutabréfum verði rýmkaðar. Heimildin verði ekki lengur bundin því að fjárfest sé í innlendum hlutabréfum heldur nái hún einnig til fjárfestinga í erlendum hlutabréfum. Fyrir þessari breytingu eru færð þau rök að í gildandi lögum felist mismunun sem brjóti í bága við skuldbindingar okkar vegna EES-samningsins. Minni hlutinn tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í umsögn ASÍ og BSRB að ef um sé að ræða brot á ákvæðum EES-samningsins sé eðlilegra að afnema afsláttinn vegna hlutabréfakaupa í stað þess að leggja til þá útvíkkun sem frumvarpið felur í sér. Jafnframt er ástæða til að vara við því að um misnotkun geti orðið að ræða þegar skattaleg meðferð er mismunandi vegna launagreiðslna og aukinna ívilnana vegna kaupa á hlutabréfum.

Minni hlutinn fagnar því að meiri hluti nefndarinnar hefur lagt fram breytingartillögu sem

kemur til móts við frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar á þskj. 862 um að meðlagsgreiðslur umfram lágmarksmeðlög verði ekki skattlagðar. Fram til þessa hafa meðlög umfram lágmarksmeðlög verið skattskyld sem verður að teljast mjög ósanngjarnt. Í fyrsta lagi er það vegna þess að í hugum flestra er meðlag foreldris með barni ekki tekjur móttakanda heldur fremur ráðstöfun tekna meðlagsgreiðanda í þágu barnsins. Í öðru lagi má segja að um sé að ræða tvísköttun, þ.e. fyrst er greiddur skattur af tekjum meðlagsgreiðanda og síðan af meðlaginu þegar það er komið í hendur þess sem hefur forræði yfir barninu. Minni hlutinn vekur þó athygli á því að í þessu sambandi þyrfti einnig að gera breytingu á lögum sem tryggja að Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimti meðlagsgreiðslur umfram lágmarksmeðlag líkt og nú er gert varðandi lögboðið lágmarksmeðlag.

Minni hlutinn flytur einnig breytingartillögu við frumvarpið sem felur í sér að mikil hækkun á fasteignamati skerði ekki barna- og vaxtabætur. Ráðgjafarstofa heimilanna hefur vakið athygli á því að fasteignamat eigna á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað 1. desember 1999 um 18%, en hækkun á eignaviðmiðun skattalaga hækkar aðeins um 2,5% milli ára. Miðað við að eignarskattsstofn, þ.e. eignir að frádregnum skuldum, hækki um 10% milli áramótanna 1998–1999 og 1999–2000, gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að barnabætur skerðist um 15 millj. kr. og vaxtabætur um 70 millj. kr. Í breytingartillögu minni hlutans er gert ráð fyrir að eignarskattsstofn að frádregnum skuldum hækki um 15% milli ára sem ætla má að sé raunhæfara miðað við 18% hækkun á fasteignamati eigna.

Með vísan til framanritaðs er ljóst að minni hlutinn styður eingöngu eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins, þ.e. að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda verði aukið, en mun greiða atkvæði gegn þeim ákvæðum sem lúta að kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti og auknu skattfrelsi vegna kaups á erlendum hlutabréfum.

Alþingi, 9. maí 2000.

Margrét Frímannsdóttir, frsm. Jóhanna Sigurðardóttir. Ögmundur Jónasson.

Eftirfarandi fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:

I. Umsögn Alþýðusambands Íslands, 26. apríl 2000.
II. Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2. maí 2000.
III. Umsögn ríkisskattstjóra 27. apríl 2000.

1267. Nefndarálit [553. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra gerðu samninginn um framleiðslu sauðfjárafurða við Bændasamtök Íslands í mars síðastliðnum. Bændur hafa samþykkt samninginn

fyrir sitt leyti í allsherjaratkvæðagreiðslu, enda þótt skiptar skoðanir hafi verið meðal þeirra um ágæti hans.

Því er það svo að Alþingi stendur frammi fyrir orðnum hlut. Áðurnefndir ráðherrar hafa væntanlega gengið frá samningnum í þeirri fullvissu að þingmeirihluti stjórnarinnar mundi staðfesta hann þegar kæmi að formlegri afgreiðslu á Alþingi. Má ætla að þingflokkar stjórnarflokkanna hafi fengið málið til umfjöllunar áður en frá því var gengið og undir samninginn var ritað. Stjórnarandstaðan hafði hins vegar enga aðkomu að málinu. Fulltrúar Samfylkingarinnar í landbúnaðarnefnd spurðu eftir því ítrekað á yfirstandandi vetri hver væri staða þeirra viðræðna sem þá urðu milli samningsaðila. Efnisleg svör voru engin og fylgdust undirritaðir þingmenn því með þróun viðræðna í fjölmiðlum eins og aðrir landsmenn.

Í þessu ljósi hlýtur pólitísk ábyrgð málsins að vera ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans á Alþingi.

Alþingi stendur frammi fyrir orðnum hlut og ljóst er að allar breytingar á samningnum mundu setja hann í uppnám og í raun fella hann úr gildi. Svigrúm löggjafarvaldsins er því vægast sagt ákaflega takmarkað.

Með þessum samningi framselur Alþingi fjárveitingavald sitt að miklu leyti. Skuldbundnir eru tæpir 17 milljarðar kr. á næstu sjö árum. Það sem meira er, í ákvæðum samningsins er gert ráð fyrir að framkvæmdanefnd búvörusamninga hafi heimild til að færa fjármuni á milli einstakra verkefna sem tilgreind eru í samningnum breytist fjárþörf þeirra á samningstímanum, eða eins og segir í samningnum: „Samningsaðilar geta tekið ákvörðun um aðra skiptingu fjármuna milli verkefna og ára en í samningi þessum segir.“ Slíkt allsherjarframsal á fjárveitingavaldi vekur áleitnar spurningar.

Undirritaðir árétta því í ljósi aðdraganda málsins og hinnar formlegu hliðar þess að samningurinn sé á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og eigi að vera það.

Ljóst er að ýmis markmið sem tilgreind eru í samningnum eru á þann veg að vonir standa til að leiði til faglegri framleiðslustjórnunar í greininni. Ákvæði um álagsgreiðslur vegna gæðastýringar eru meðal annars til marks um það og framlög til fagmennsku í sauðfjárrækt sömuleiðis. Þjónustu- og þróunarkostnaður sem meðal annars á að nýta til hagræðingar og vöruþróunar og til að örva slátrun utan hefðbundins sláturtíma er líka nokkuð sem getur haft góð áhrif á þróun mála ef rétt er að verki staðið. Markmið um uppkaup á greiðslumarki lúta einnig þessum lögmálum.

Undirritaðir telja því mörg jákvæð teikn á lofti sem undirstrika þau kunnu sjónarmið Samfylkingarinnar að bæta þurfi framleiðsluferlið og starfsumhverfi bænda og skapa þeim þannig ný sóknarfæri á markaði. Það mundi jafnframt bæta erfiða stöðu þeirra og slaka afkomu á liðnum árum.

Hinu verður þó ekki litið fram hjá að framkvæmd samningsins er um margt opin. Það er alkunna að ýmis ákvæði samningsins frá 1995 náðu því miður ekki tilgangi sínum. Miklu skiptir hvernig framkvæmdanefnd samningsins tekst á við viðamikil verkefni sín. Árangurinn af samningnum stendur raunar og fellur með þeirri framkvæmd, en ekki þeim lagaramma sem Alþingi setur samningnum. Þar er aðkoma Alþingis engin, en framkvæmdarvaldið hefur þau völd og þá ábyrgð alfarið á hendi.

Að samanlögðu munu þingmenn Samfylkingarinnar í landbúnaðarnefnd því ekki leggjast gegn framgangi málsins en vísa ábyrgð á upphafi og efndum þess á hendur ríkisstjórnarmeirihlutanum. 1. minni hluti mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins í heild.

Við meðferð málsins náðist um það samkomulag í nefndinni að leggja til breytingartillögu um ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra leggi fram frumvarp til laga um framkvæmd álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Þar er mjög komið til móts

við áðurnefnd sjónarmið Samfylkingarinnar um aðkomu Alþingis að samningnum og munum við styðja þá tillögu.

Jafnframt styður 1. minni hluti tillögu meiri hlutans um breytingu á 1. mgr. 20. gr. laganna er varðar verðskerðingargjald af verði hrossakjöts og nautgripakjöts. Sú breyting er í raun alls ótengd búvörusamningnum og er tilkomin vegna óska Landssambands kúabænda og hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Alþingi, 8. maí 2000.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Guðmundur Árni Stefánsson.

1268. Breytingartillaga [553. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá Þuríði Backman.

Við 6. gr.

a. 2. efnismgr. orðist svo:

Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla fram til 1. janúar 2004 með eftirtöldum skilyrðum: við sameiningu lögbýla; ef eigandi lögbýlis, sem hefur búið og stundað framleiðslu síðastliðin tvö ár, flytur á annað lögbýli; og ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á annað lögbýli. Þegar ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi, sbr. 4. mgr., og áður en kemur til frjáls framsals greiðslumarks, skal gera úttekt á áhrifum uppkaupanna á búsetu og afkomu sauðfjárbænda. Frjálst framsal greiðslumarks verði heimilað með tilliti til niðurstöðu úttektarinnar. Framsal greiðslumarks skal taka gildi 1. janúar ár hvert og beingreiðslur greiðast framsalshafa frá sama tíma. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands framsal fyrir 15. janúar ár hvert vegna beingreiðslna fyrir viðkomandi ár.

b. Við bætist ný málsgrein, og orðast svo:

Verði þeir fjármunir ekki fullnýttir sem ætlaðir eru til greiðslu eða uppkaupa samkvæmt samningi þessum skal þeim varið til verkefna innan búgreinarinnar.

1269. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Að lokinni umfjöllun nefndarinnar hefur minni hlutinn komist að þeirri niðurstöðu að halda eigi fast við núgildandi bann við hnefaleikum. Þær ástæður sem minni hlutinn telur

vega þyngst eru vísbendingar um alvarlegt heilsutjón sem hlýst af iðkun hnefaleika, jafnt áhugamanna sem atvinnumanna, og vísbendingar um að skaðinn af iðkun þessara tveggja tegunda hnefaleika sé fyllilega sambærilegur eða alveg sá sami. Að sögn sérfræðinga sem komu á fund heilbrigðisnefndar eru sterkar vísbendingar um að svo sé. Er þar um að ræða alvarlega höfuðáverka, skaða á æðum sem geta rifnað, skaða vegna rifinna festinga, skaða sem hlýst af blæðingum, jafnt fyrir innan heila og utan, heilaskaða af völdum uppsafnaðra áhrifa höfuðhögga, taugaskaða, hreyfiskaða, augnskaða og vitrænan skaða. Þá eru einnig vísbendingar um tengsl hnefaleikaiðkunar og Alzheimer-sjúkdómsins. Augnskaðarannsóknir hafa einnig gefið tilefni til að ætla að höfuðhlífar í hnefaleikum áhugamanna veiti falskt öryggi og augnskaðar sem hljótast í áhugamannahnefaleikum séu þeir sömu og í atvinnumannahnefaleikum. En vegna skorts á langtímarannsóknum á meiðslum sem hljótast í hnefaleikum leikur á því vafi að um sömu áverka/áhrif sé að ræða og þess vegna spyr minni hluti nefndarinnar: Hver á að njóta vafans?

Það vegur líka þungt í afstöðu minni hlutans gegn lögleiðingu hnefaleika að hér er um árásaríþrótt að ræða. Markmið íþróttarinnar er að meiða andstæðinginn og því ofar sem höggin falla á líkamann því hærri stig gefur höggið, rothögg gefur líka stig í áhugamannahnefaleikum. Þannig má segja að meiðsl sem hljótast af iðkun hnefaleika séu ásetningur en ekki slys. Þar skilur á milli meiðsla sem hljótast af hnefaleikaiðkun og meiðsla sem hljótast af iðkun annarra íþrótta. Þegar leitað er á netinu að upplýsingum um skaðsemi áhugamannahnefaleika finnst nokkur fjöldi greina. Af 10 greinum sem Grétar Guðmundsson læknir, sem kom á fund heilbrigðisnefndar, fann á netinu var komist að þeirri niðurstöðu að um skaðlega íþrótt væri að ræða í sex en í fjórum var hinu gagnstæða haldið fram. Af þessum fjórum voru tvær eftir sama höfund.

Varðandi þau rök að í áhugamannahnefaleikum gildi reglur sem draga úr skaðsemi íþróttarinnar telur minni hlutinn frumvarpið sem hér er til umræðu ekki leggja neitt til málanna sem tryggt geti að reglur íþróttarinnar séu haldnar við iðkun og æfingar. Það er vitað að tæki til iðkunar hnefaleika eru notuð á Íslandi og nokkur hópur manna stundar greinina þrátt fyrir gildandi bann. Þess er skemmst að minnast að í nýútkomnu skólablaði Menntaskólans í Reykjavík er viðtal við unga menn sem stunda hnefaleika í leynum. Í grein blaðsins kemur glögglega í ljós að æfingarnar eru iðkaðar meira af kappi en forsjá og eftirlitið með því að reglum sé framfylgt virðist ekki vera neitt.

Minni hlutinn telur að verði slakað á í þessu sambandi og áhugamannahnefaleikar lögleiddir megi gera ráð fyrir að brautin fyrir atvinnumannahnefaleika sé þar með rudd og krafist verði lögleiðingar á þeim innan fárra ára. Það væri að mati minni hlutans stórslys.

Minni hlutinn lýsir sig að öðru leyti fullkomlega sammála áliti meiri hluta heilbrigðisnefndar Alþingis sem sent hefur verið menntamálanefnd og fylgir nefndaráliti meiri hlutans og vekur athygli á að einungis einn af níu nefndarmönnum heilbrigðisnefndar telur að lögleiða eigi áhugamannahnefaleika.

Alþingi, 9. maí 2000.

Kolbrún Halldórsdóttir, frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Ólafur Örn Haraldsson.

1270. Nefndarálit [522. mál]

um frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorkel Helgason stærðfræðing, Helga Bernódusson, aðstoðarskrifstofustjóra Alþingis, Ólaf W. Stefánsson frá dómsmálaráðuneyti og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er það samið af nefnd sem skipuð var af forsætisráðherra í október 1999 samkvæmt tilnefningum þingflokka stjórnarflokkanna og þingflokka utan ríkisstjórnar. Var nefndinni falið að semja frumvarp til nýrra heildarlaga um kosningar til Alþingis. Hlutverk hennar var að útfæra ákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar, eins og henni var breytt með stjórnarskipunarlögum nr. 77/1999, um kjördæmaskipan og úthlutun þingsæta ásamt öðrum breytingum á kosningakerfinu sem samkomulag um þessar breytingar gerði jafnframt ráð fyrir. Þá var henni falið að fjalla um áður framkomnar tillögur um breytingar á kosningalögum en á 123. löggjafarþingi var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um kosningar til Alþingis sem ekki varð útrætt. Þar var um að ræða tillögur nefndar sem fyrrverandi dómsmálaráðherra skipaði, samkvæmt tilnefningum allra þingflokka sem þá áttu sæti á Alþingi, til að endurskoða kosningalöggjöfina í heild. Enn fremur var nefndinni falið að ljúka endurskoðun kosningalaganna að öðru leyti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til breytingar á frumvarpinu. Breytingartillögurnar fela ekki í sér efnisbreytingar. Í fyrsta lagi þótti fara betur á að ákvæði 108. og 109. gr. um úthlutun jöfnunarsæti yrðu felld saman í eina grein og lýtur 3. tölul. tillagnanna að því atriði. Þá eru í 4. tölul. tekin saman ákvæði um röð jöfnunarmanna í kjördæmum og um fjölda varamanna sem áður voru í 107. gr. og 109. gr. Aðrar breytingar eru til samræmis við þessar breytingar (breyttar tilvísanir). Í 7. tölul. er orðalagsbreyting þar sem gamalt ákvæði úr kosningalögum er fært til nútímahorfs.

Við umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að æskilegt sé að ákvæðum frumvarpsins um úhlutun þingsæta sé jafnframt lýst stærðfræðilega á samræmdan hátt sem fjölmiðlar og eftir atvikum aðrir sem láta forrita tölvur til að lesa niðurstöður úr úrslitum kosninga geti stuðst við. Meiri hluti nefndarinnar tekur undir þessa ábendingu og telur mikilvægt að upplýsingar um framkvæmd laganna séu settar fram á samræmdan hátt að þessu leyti. Af því tilefni beinir hann því til landskjörstjórnar að setja þessi ákvæði fram á hlutlausan reiknifræðilegan hátt fyrir hverjar kosningar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Ólafur Örn Haraldsson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 2000.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.	Katrín Fjeldsted.	Lúðvík Bergvinsson.

1271. Breytingartillögur [522. mál]

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (ÞKG, GÖ, HjálmJ, JBjart, LB, KF).

1. Við 32. gr. Í stað „108. og 109. gr.“ í 2. mgr. komi: 108. gr.
2. Við 107. gr. 2. mgr. falli brott.
3. Við 108. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Úthlutun jöfnunarsæta.

Þau stjórnmálasamtök koma ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa a.m.k. fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

Til þess að finna hve mörg jöfnunarsæti koma í hlut stjórnmálasamtaka, sem fullnægja skilyrðum 1. mgr., og hvaða framboðslistar þeirra hafa hlotið jöfnunarsæti skal fyrst telja saman atkvæðatölur þeirra á landinu öllu og kjördæmissæti þeirra skv. 107. gr.

Síðan skal fara þannig að fyrir þessi samtök:

1. Deila skal í atkvæðatölur samtakanna með tölu kjördæmissæta þeirra, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o.s.frv. Útkomutölurnar nefnast landstölur samtakanna.
2. Taka skal saman skrá um þau tvö sæti hvers framboðslista sem næst komust því að fá úthlutun í kjördæmi skv. 107. gr. Við hvert þessara sæta skal skrá hlutfall útkomutölu sætisins skv. 1. tölul. 107. gr. af öllum gildum atkvæðum í kjördæminu.
3. Finna skal hæstu landstölu skv. 1. tölul. sem hefur ekki þegar verið felld niður. Hjá þeim stjórnmálasamtökum, sem eiga þá landstölu, skal finna hæstu hlutfallstölu lista skv. 2. tölul. og úthluta jöfnunarsæti til hans. Landstalan og hlutfallstalan skulu síðan báðar felldar niður.
4. Nú eru tvær eða fleiri lands- eða hlutfallstölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 3. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.
5. Þegar lokið hefur verið að úthluta jöfnunarsætum í hverju kjördæmi skv. 2. mgr. 8. gr. skulu hlutfallstölur allra lista í því kjördæmi felldar niður.
6. Hafi allar hlutfallstölur stjórnmálasamtaka verið numdar brott skal jafnframt fella niður allar landstölur þeirra.
7. Beita skal ákvæðum 3. tölul. svo oft sem þarf þar til lokið er úthlutun allra jöfnunarsæta, sbr. 2. mgr. 8. gr.

4. Við 109. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Jöfnunarmenn og varaþingmenn.

Frambjóðendur, sem hljóta jöfnunarsæti, teljast þingmenn þess kjördæmis þar sem þeir eru í framboði, í þeirri röð sem sætum er úthlutað eftir 108. gr.

Listi í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna skv. 107. eða 108. gr., hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna.

5. Við 110. gr. Í stað „107. og 109. gr.“ í 1. mgr. komi: 107. og 108. gr.
6. Við 113. gr. Í stað „108. og 109. gr.“ komi: 108. gr.
7. Við 114. gr. Í stað orðanna „Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans“ í 3. málsl. 5. mgr. komi: Sé umboðsmaður eigi mættur.
8. Við 122. gr. Í stað „107. og 110. gr.“ í 1. mgr. komi: 109. og 110. gr.
9. Við 129. gr. Í stað „107.–109. gr.“ í 2. mgr. komi: 107.–108. gr.

1272. Fyrirspurn [639. mál]

til samgönguráðherra um slys vegna búfjár á þjóðvegum landsins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hefur ráðherra í hyggju að grípa til aðgerða í ljósi þess að óhöppum og slysum vegna búfjár á þjóðvegum landsins virðist fara fjölgandi?

1273. Fyrirspurn [640. mál]

til landbúnaðarráðherra um óhöpp og slys vegna búfjár á þjóðvegum landsins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra í hyggju að grípa til aðgerða í ljósi þess að óhöppum og slysum vegna búfjár á þjóðvegum landsins virðist fara fjölgandi?
2. Hver er afstaða ráðherra til þess að koma á almennri vörsluskyldu stórgripa og banna lausagöngu þeirra við þjóðvegi?

1274. Fyrirspurn [641. mál]

til dómsmálaráðherra um slys vegna búfjár á þjóðvegum landsins.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hefur ráðherra í hyggju að grípa til aðgerða í ljósi þess að óhöppum og slysum vegna búfjár á þjóðvegum landsins virðist fara fjölgandi?

1275. Breytingartillaga [502. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Jóhanni Ársælssyni.

Við lokamálslið 12. gr. bætist: og skulu starfsmenn eiga einn fulltrúa í henni.

1276. Frumvarp til laga [272. mál]

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

(Eftir 2. umr., 9. maí.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið laganna.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. gæta jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins,
b. vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu,
c. gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf,
d. bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu,
e. efla fræðslu um jafnréttismál,
f. greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni,
g. efla rannsóknir í kynjafræðum.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

2. gr.
Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara nema annars sé sérstaklega getið. Jafnréttisstofa er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Hún annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Ráðherra ákveður staðsetningu Jafnréttisstofu.

3. gr.
Jafnréttisstofa.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til fimm ára í senn.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofunnar og ræður starfsfólk hennar.

Verkefni sem Jafnréttisstofa annast eru m.a. að:

a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf,
d. koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld,
e. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
f. fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
g. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,

h. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Þegar sérstaklega stendur á og ætla má að úrskurður dómstóla geti haft víðtæk áhrif í átt til jafnréttis eða hagsmunir kæranda eru metnir þess eðlis að mikilvægt þykir að fá úrlausn dómstóla getur Jafnréttisstofa höfðað mál til viðurkenningar á rétti kæranda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála skv. 4. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um skilyrði fyrir málshöfðunarheimild Jafnréttisstofu.

4. gr.

Kærunefnd jafnréttismála.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd jafnréttismála. Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar en Hæstiréttur tilnefnir tvo, formann og varaformann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndarmenn skulu vera lögfræðingar.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Niðurstöður kærunefndar sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds.

Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal kærunefnd leita umsagnar hjá heildarsamtökum launafólks og viðsemjendum þeirra áður en álit er gefið.

Nú telur kærunefnd jafnréttismála að ákvæði laga þessara séu brotin og skal hún þá beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila.

Kærunefnd jafnréttismála skal árlega gefa út álit sín.

Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf kærunefndar og skrifstofuhald.

5. gr.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála.

Einstaklingar og félagasamtök, í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna, sem telja að ákvæði laga þessara hafi verið brotin á sér, geta leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála. Kærunefnd getur enn fremur þegar sérstaklega stendur á tekið mál til meðferðar samkvæmt ábendingum annarra.

Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan eins árs frá því að ætlað brot á lögum þessum lá fyrir eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot. Sé leitað rökstuðnings á grundvelli ákvæða stjórnsýslulaga tekur fresturinn að líða þegar sá rökstuðningur liggur fyrir. Erindi telst nægjanlega snemma fram komið ef bréf sem hefur það að geyma hefur borist nefndinni eða verið póstlagt áður en fresturinn er liðinn.

Jafnréttisstofa getur þegar sérstaklega stendur á óskað eftir að kærunefnd taki erindi til umfjöllunar.

Málsmeðferð fyrir kærunefndinni skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund. Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum frá nefndinni.

6. gr.

Upplýsingaöflun kærunefndar jafnréttismála.

Kærunefnd jafnréttismála skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni máls áður en nefndin veitir álit sitt í því, enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Kærunefnd jafnréttismála getur, að kröfu gagnaðila, krafið aðila um gögn sem áhrif geta haft á úrlausn máls.

Kærunefnd jafnréttismála getur krafist frekari gagna frá málsaðilum telji hún málið ekki nægjanlega upplýst.

Eflögð eru fyrir kærunefnd gögn sem varða laun, önnur starfskjör eða réttindi einstaklinga skal tilkynna hlutaðeigandi að þessar upplýsingar hafi verið veittar nefndinni. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

7. gr.

Jafnréttisráð.

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félagsmálaráðherra níu manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmann tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndan af Háskóla Íslands, einn tilnefndan af Kvenfélagasambandi Íslands, einn tilnefndan af Kvenréttindafélagi Íslands, einn tilnefndan af Samtökum atvinnulífsins og einn tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Tilnefningaraðilar skulu tilnefna einn karl og eina konu til setu í Jafnréttisráði. Við skipun í ráðið skal þess gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast.

Kostnaður við starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald.

8. gr.

Hlutverk Jafnréttisráðs.

Jafnréttisráð skal stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaðinum. Ráðið skal gera tillögur til félagsmálaráðherra um aðgerðir á þessu sviði.

Jafnréttisráð er stjórnvöldum til ráðgjafar um jafnréttismál í vinnumarkaðsmálum og getur jafnframt gert tillögur um úrbætur í jafnréttismálum á öðrum sviðum samfélagsins.

9. gr.

Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Jafnréttisstofu. Í áætluninni skulu koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Samhliða framlagningu tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum og endurskoðun hennar tveimur árum síðar skal félagsmálaráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

10. gr.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa 3–5 manna jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Skulu nefndirnar hafa umsagnarrétt um eða umsjón með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna til fjögurra ára sem lagðar skulu fram eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

11. gr.

Jafnréttisfulltrúar.

Sérhvert ráðuneyti skal skipa jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins og þeirra stofnana sem undir ráðuneytið heyra. Jafnréttisfulltrúi skal árlega senda Jafnréttisstofu greinargerð um jafnréttisstarf þess ráðuneytis sem hann starfar fyrir.

12. gr.

Jafnréttisráðgjafar.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa sem vinnur tímabundið að jafnréttismálum á tilteknu sviði og/eða á tilteknu landsvæði.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur.

13. gr.

Vinnumarkaður.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Skal sérstaklega kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 14.–17. gr. laga þessara.

14. gr.

Launajafnrétti.

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með launum í lögum þessum er átt við almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun feli ekki í sér kynjamismunun.

Með kjörum í lögum þessum er, auk launa, átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár.

15. gr.

Laus störf, starfsþjálfun og endurmenntun.

Starf sem laust er skal standa opið jafnt konum og körlum.

Atvinnurekendur skulu tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings öðrum störfum.

16. gr.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs og fjölskylduaðstæðna starfsmanna, þar með talið að þeim sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna (force majeure).

17. gr.

Kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagsstarfs skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða í skólum.

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Ef yfirmaður er kærður vegna meintrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að ákvarða um vinnuskilyrði kæranda á meðan rannsókn málsins stendur yfir og skal næsti yfirmaður taka ákvarðanir er varða kæranda.

18. gr.

Auglýsingar.

Auglýsandi, og sá sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða striði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

19. gr.

Menntun og skólastarf.

Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Gæta skal þess sérstaklega að kennslu- og námsgögn séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

Menntamálaráðuneytið skal fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi og að jafnréttis kynja sé gætt í íþrótta- og tómstundastarfi. Einnig skal ráðuneytið fylgjast með rannsóknum á sviði jafnréttismála, sbr. 4. mgr.

20. gr.

Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera.

Í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir.

21. gr.

Greining á tölfræðiupplýsingum.

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

IV. KAFLI

Bann við mismunun á grundvelli kynferðis.

22. gr.

Almennt bann við mismunun.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði, hvort heldur bein eða óbein, er óheimil.

Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna eða karla til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna ekki ganga gegn lögum þessum. Þá teljast aðgerðir til að auka möguleika kvenna eða karla sérstaklega til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna ekki ganga gegn lögum þessum. Sama á við ef nauðsynlegt telst að ráða annað kynið vegna hlutlægra þátta er tengjast starfinu.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar.

23. gr.

Bann við mismunun í kjörum.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki sínu í launum og öðrum kjörum á grundvelli kynferðis þess.

Ef leiddar eru líkur að því að kona og karl sem starfa hjá sama atvinnurekanda njóti mismunandi launa eða annarra kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf skal atvinnurekandi sýna fram á, ef um mun er að ræða, að hann skýrist af öðrum þáttum en kynferði.

24. gr.

Bann við mismunun við ráðningu og í vinnuskilyrðum.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kynferðis. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu. Þetta ákvæði gildir ekki ef tilgangur auglýs

andans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni. Sama á við ef gild rök mæla með því að einungis sé auglýst eftir öðru kyninu.

Ef leiddar eru líkur að beinni eða óbeinni mismunun vegna kynferðis við ráðningu, setningu eða skipun í starf, stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður eða vinnuskilyrði skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

25. gr.

Bann við uppsögnum.

Atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli laga þessara.

Atvinnurekandi skal jafnframt gæta þess að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi, svo sem með tilliti til starfsöryggis, starfskjara eða mats á árangri, á grundvelli þess að hafa kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Ef leiddar eru líkur að því að gengið hafi verið gegn ákvæði þessu skal atvinnurekandi sýna fram á að uppsögn eða meint óréttlæti grundvallist ekki á leiðréttingarkröfu starfsmanns eða kæru um kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Þetta gildir ekki ef uppsögnin á sér stað meira en einu ári eftir að starfsmaðurinn setti fram leiðréttingarkröfu á grundvelli laga þessara.

26. gr.

Menntun.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Yfirmaður stofnunar skal gæta þess að nemandi eða skjólstæðingur sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

27. gr.

Bann við afsali réttar.

Óheimilt er að afsala sér þeim réttindum sem kveðið er á um í lögum þessum.

V. KAFLI

Viðurlög.

28. gr.

Bætur fyrir fjártjón og miska.

Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, bætur vegna miska.

29. gr.

Sektir.

Brot gegn lögum þessum geta varðað sektum sem renna í ríkissjóð.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

30. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi Jafnréttisráðs og skal skipa nýtt Jafnréttisráð sem starfar fram að næstu alþingiskosningum.

Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi kærunefndar jafnréttismála. Félagsmálaráðherra skal skipa kærunefnd jafnréttismála sem tekur við verkefnum fráfarandi nefndar. Við gildistöku laganna skal ráðherra skipa einn fulltrúa kærunefndar jafnréttismála, án tilnefningar, til þriggja ára. Hæstiréttur skal tilnefna tvo fulltrúa, formann til fjögurra ára og varaformann til tveggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Núverandi framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs skal gegna starfinu þar til félagsmálaráðherra hefur skipað framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu skv. 1. mgr. 3. gr.

1277. Þingsályktun [461. mál]

um ályktanir Vestnorræna ráðsins.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna ráðsins sem samþykktar voru á fundi ráðsins á Brjánsstöðum á Skeiðum 9.–12. ágúst 1999.

1278. Frumvarp til laga [490. mál]

um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

(Eftir 2. umr., 9. maí.)

1. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Við embætti landlæknis skal starfa sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum. Sóttvarnalæknir skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

2. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Telji sóttvarnalæknir hættu á að dýr, matvæli, starfsemi, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum sem ógna heilsu manna skal ráðherra skipa sérstaka samstarfsnefnd til að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu. Samstarfsnefndin skal skipuð þremur mönnum, sóttvarnalækni, sem jafnframt er formaður, einum tilnefndum af Hollustuvernd ríkisins og öðrum tilnefndum af yfirdýralækni. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimill aðgangur að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og getur fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin skal gefa öllum þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta smithættu. Að öðru leyti skal framkvæmd vera í samræmi við lög þessi og, eftir því sem við á, sérlög um einstaka eftirlitsaðila.

3. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Brjótist út hópsýking eða farsótt sem ógnar heilsu manna skal sóttvarnalæknir gera faraldsfræðilega rannsókn á uppruna smits og hefur í slíkum tilvikum sama rétt til aðgangs að gögnum og til skoðunar og kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr.

4. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Telji sóttvarnalæknir hættu á að næmar sóttir sem ógnað geta almannaheill berist til landsins getur hann beint tilmælum til ráðherra um að setja reglugerð um að þeir sem koma til landsins og talin er hætta á að beri með sér slíkar sóttir skuli sæta læknisrannsókn.

5. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður sem hlýst af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja lögum um almannatryggingar. Heimilt er þó með reglugerð að veita undanþágur frá greiðsluhlutdeild sjúklinga, svo sem þegar sjúklingar leita til göngudeilda smitsjúkdóma vegna greiningar og meðferðar tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, sjúklingar eru kvaddir til rannsókna til að leita að smiti og þegar fólki er gert að sæta læknisrannsókn.

6. gr.

Á eftir orðunum „opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr.“ í 1. málsl. 18. gr. laganna kemur: heimild til að kveða á um læknisrannsókn eftir tilmælum sóttvarnalæknis skv. 14. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

1279. Breytingartillögur [524. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Við 1. gr. Við bætist ný málsgrein sem verði 1. mgr., svohljóðandi:
   2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
   Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins.
2. Við 3. gr. Fyrri málsliður efnismálsgreinarinnar orðist svo: Leyfi skv. 1. mgr. skal einungis veitt að undangengnu útboði í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd útboða.

1280. Nefndarálit [386. mál]

um frv. til l. um mat á umhverfisáhrifum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Kristínu L. Árnadóttur frá umhverfisráðuneyti, Stefán Thors, Ásdísi Hlökk Theódórsdóttur og Elínu Smáradóttur frá Skipulagsstofnun, Þorkel Helgason og Hákon Aðalsteinsson frá Orkustofnun, Kolfinnu Jóhannesdóttur frá Náttúruverndarráði, Jón Helgason og Tryggva Felixson frá Landvernd, Ketil Sigurjónsson frá Umhverfisverndarsamtökum Íslands, Sigurð Líndal prófessor, Árna Finnsson og Hilmar J. Malmquist frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Sigurð S. Snorrason frá Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Eirík Bogason frá Samorku, Ragnheiði Ólafsdóttur frá Landsvirkjun, Guðjón Jónsson og Stefán G. Thors frá Verkfræðistofu VSÓ, fyrir umhverfisráð Samorku, Freystein Sigurðsson frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Þröst Eysteinsson frá Skógrækt ríkisins, Aðalheiði Jóhannsdóttur lögfræðing, Gunnlaugu Einarsdóttur og Þórólf Antonsson frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Hermann Sveinbjörnsson og Davíð Egilson frá Hollustuvernd ríkisins, Eddu Björnsdóttur og Sigurð Jónsson frá Landssamtökum skógareigenda, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, Svein Runólfsson og Úlf Björnsson frá Landgræðslu ríkisins og Víglund Þorsteinsson frá Samtökum atvinnulífsins.

Umsagnir bárust nefndinni frá Landmælingum Íslands, Vegagerðinni, Bændasamtökum Íslands, Aðalheiði Jóhannesdóttur, Umhverfisverndarsamtökum Íslands, Siglingastofnun Íslands, Landgræðslu ríkisins, Orkuveitu Húsavíkur, Hreini Hjartarsyni, Orkustofnun, Ferðamálaráði Íslands, Hitaveitu Suðurnesja, Samorku, Rafmagnsveitum ríkisins, Orkuveitu Reykjavíkur, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Náttúruverndarráði, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Landssamtökum skógareigenda, Skógrækt ríkisins, Arkitektafélagi Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Landsvirkjun, Hita- og vatnsveitu Akureyrar, Hollustuvernd ríkisins, Flugmálastjórn, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Skipulagsstofnun, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Héraðsskógum, Skógræktarfélagi Íslands, Skjólskógum, Náttúruvernd ríkisins, Samtökum atvinnulífsins,

Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Eyþingi, Orkubúi Vestfjarða, Suðurlandsskógum, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Náttúrufræðistofnun Íslands, Norðurlandsskógum, Félagi skógarbænda á Vesturlandi, Félagi skógarbænda á Suðurlandi, Skógrækt ríkisins, Félagi skógarbænda á Héraði, Verkfræðingafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Metani hf. og Samtökum iðnaðarins.

Með frumvarpinu er lögð til ný heildarlöggjöf um mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt felst í frumvarpinu lögfesting á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins 97/11. Tilskipunin breytir tilskipun ESB 85/337 en sú síðarnefnda var tekin upp í gildandi lög um mat á umhverfisáhrifum. Frumvarpið er samið af nefnd sem skipuð var af umhverfisráðherra í október 1997 til að endurskoða gildandi lög. Nefndin skilaði tillögu sinni í formi frumvarps til ráðherra í desember 1998. Í framhaldi af því voru gerðar breytingar á frumvarpinu í umhverfisráðuneytinu áður en það var lagt fram á Alþingi 22. febrúar sl.

Í frumvarpinu eru nokkur nýmæli og breytingar frá gildandi lögum. Má nefna að lagt er til að matsferlið verði einfaldað frá því sem nú er með því að gera ráð fyrir að framkvæmdaraðili leggi fram tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar. Að því loknu geri framkvæmdaraðili matsskýrslu sem sé í samræmi við matsáætlun Skipulagsstofnunar. Að síðustu úrskurðar Skipulagsstofnun um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Þá er gert ráð fyrir aukinni aðkomu almennings að matsferlinu. Í 1. viðauka við frumvarpið er upptalning á framkvæmdum sem eru matsskyldar samkvæmt frumvarpinu, í 2. viðauka eru tilgreindar þær framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. og í 3. viðauka eru tilgreind viðmið sem hafa skal til hliðsjónar við mat á því hvort framkvæmd sé matsskyld skv. 6. gr.

Nefndin vill minna á að í tilskipun Evrópusambandsins 97/11 er byggt á þeim meginreglum sem mótast hafa á síðustu árum og áratugum jafnt á alþjóðavettvangi og í framkvæmd ríkja, þ.e. varúðarreglunni, mengunarbótareglunni, reglunni um verndarsjónarmið og reglunni um að mengun sé upprætt við upptök. Þessar meginreglur koma ekki fram í sjálfu frumvarpinu þar sem efni reglnanna og orðalag þeirra er um margt óljóst og enn í mótun. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að fjallað er um meginreglur þessar í 73. gr. EES-samningsins og ber því að hafa þær í huga við framkvæmd laganna.

Nefndinni barst mikill fjöldi athugasemda við frumvarpið og miklar umræður urðu um það.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Nefndin leggur til breytingar á b-lið 1. gr. þannig að orðið „neikvætt“ falli brott og þess í stað kveði þessi liður markmiðsgreinar frumvarpsins á um að aukið verði samráð þeirra sem hafa hagsmuna að gæta eða annarra sem láta sig málið varða vegna framkvæmdar sem áhrif hefur á umhverfið. Að mati nefndarinnar er orðið „neikvætt“ of matskennt og ekki heppilegt í þessu samhengi.
2. Nefndin leggur til að gildissvið laganna nái einnig til lofthelgi landsins.
3. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á skilgreiningum sem koma fram í 3. gr. Hugtakið „framkvæmd“ er skilgreint í c-lið. Leggur nefndin til að orðið „veruleg“ falli brott enda eru breytingar á framkvæmdum skv. 1. og 2. viðauka tilkynningarskyldar skv. 2. viðauka. Skilgreiningin verði þannig miðuð við hvers konar nýframkvæmd eða breytingu á eldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir og fellur undir lögin. Þá er lögð til breyting á skilgreiningu d-liðar á leyfi til framkvæmda en lagt er til að orðið „endanlegt“ falli brott. Lítur nefndin svo á að með leyfi til framkvæmda sé átt við nauðsynleg leyfi

til framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir eftir að mat á umhverfisáhrifum hefur átt sér stað, svo sem framkvæmda- og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, virkjunarleyfi og önnur hliðstæð leyfi. Nefndin leggur einnig til breytingu á skilgreiningu f-liðar á matsáætlun en skilgreiningin er ekki í samræmi við 8. gr. frumvarpsins þar sem byggt er á því að framkvæmdaraðili leggi fram matsáætlun en ekki Skipulagsstofnun. Þá leggur nefndin til að orðinu „jarðmyndanir“ verði bætt inn í skilgreiningu á umhverfi í j-lið 3. gr. til samræmis við upptalningu í 2. mgr. 9. gr. Enn fremur leggur nefndin til að „umhverfisáhrif“ verði skilgreind sem „áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfi“ en með „umhverfi“ er vísað til skilgreiningar í j-lið 3. gr. Þá leggur nefndin til að orðið „neikvæð“ í skilgreiningu l-liðar á umtalsverðum umhverfisáhrifum falli brott enda telur hún að það séu of matskennd og umdeilanlegt geti verið hvað felst í því. Jafnframt er lagt til að bætt verði inn í skilgreininguna að ekki sé hægt að fyrirbyggja eða *bæta úr* með mótvægisaðgerðum. Nefndin ræddi hvort jafnframt væri rétt að fella brott orðið óafturkræf. Nefndin lítur hins vegar svo á að með þeirri skilgreiningu sé ekki verið að undanskilja ýmsar framkvæmdir, svo sem raflínur og stíflur, sem með einhverjum hætti væri hægt að taka til baka en hafa umtalsverð áhrif á umhverfið á meðan framkvæmdirnar standa og meðan mannvirki þeim tengd eru ekki fjarlægð.

4. Nefndin leggur til breytingar á 4. gr. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum nr. 106/1954 og telur nefndin eðlilegt að það komi fram í frumvarpinu. Þá leggur nefndin til að hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt frumvarpinu verði að veita leiðbeiningar en orðið „ráðgjöf“ verði fellt brott. Telur nefndin ekki rétt að stofnunin hafi með höndum ráðgjafarhlutverk. Einkaaðilar sinna því hlutverki og er það mat nefndarinnar að óeðlilegt sé að stofnunin standi í samkeppni á því sviði. Þá leggur nefndin til að niðurlagi 2. mgr. verði breytt þannig að fram komi að Skipulagsstofnun taki ákvörðun um hvort framkvæmd skv. 6. gr. skuli háð mati á umhverfisáhrifum en það er eitt af hlutverkum stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu og því rétt að það komi fram í 4. gr.
5. Nefndin leggur til breytingar á 2.–4. mgr. 5. gr. Lagt er til að ráðherra verði heimilt að ákveða að þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði geti hann að höfðu samráði við framkvæmdaraðila ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Leggur nefndin til að einnig verði leitað umsagnar Skipulagsstofnunar áður en ákvörðun ráðherra er tekin. Í 3. mgr. eru ráðherra veittar víðtækar heimildir til að ákveða að framkvæmd sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum og til að ákveða að framkvæmd fari fram með öðrum hætti en lögin ákveða. Að mati nefndarinnar er hér um of opna heimild til handa ráðherra að ræða. Samkvæmt tilskipun ESB 85/337 er aðildarríkjunum heimilt í undantekningartilvikum að veita undanþágur frá matsskyldu. Leggur nefndin til að heimildin sé þrengd þannig að ráðherra sé í sérstökum undantekningartilvikum heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar að ákveða að tiltekin framkvæmd eða hluti hennar, sem varði almannaheill og/eða öryggi landsins, sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt frumvarpinu. Í slíkum tilvikum skal ráðherra ákveða hvaða gögnum skuli safnað um umhverfisáhrif hennar og hvaða aðgang almenningur skuli hafa að þeim. Ástæður undanþágunnar skulu kynntar framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og almenningi. Ákvörðunin skal jafnframt tilkynnt sameiginlegu EES-nefndinni líkt og 3. mgr. 5. gr. kveður á um. Þá leggur nefndin til í nýrri málsgrein (sem verður 4. mgr.) að heimild ráðherra til að ákveða að mat á umhverfisáhrifum skv. 5. og 6. gr. fari fram með öðrum hætti en kveðið er á um í frumvarpinu verði þrengd verulega

frá því sem lagt er til þannig að hún verði aðeins heimil í sérstökum undantekningartilvikum og að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar. Skal málsmeðferð slíks mats vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. kafla frumvarpsins. Þá leggur nefndin til að 4. mgr. 5. gr. falli brott.

6. Nefndin leggur til breytingar á 6. gr. Annars vegar er um að ræða breytingu á 2. og 4. mgr. sem fela í sér að almenningi skuli veittar upplýsingar um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka skuli fara í mat samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar. Lítur nefndin svo á að það sé stofnunarinnar að ákveða hvernig ákvörðunin skuli kynnt almenningi. Hún getur t.d. ákveðið að auglýsa hana opinberlega í fjölmiðlum, auglýst hana á heimasíðu sinni o.s.frv. Hins vegar leggur nefndin til breytingu á 3. mgr. til að fram komi með skýrari hætti hvernig Skipulagsstofnun á að bregðast við í framhaldi af eftirgrennslan sinni.
7. Þá leggur nefndin til breytingar á 7. gr. Á meðan frumvarpið var til meðferðar hjá nefndinni var kveðinn upp í Hæstarétti 13. apríl sl. dómur í málinu Stjörnugrís hf. gegn íslenska ríkinu, nr. 15/2000. Málið snerist um ákvörðun umhverfisráðherra um að meta bæri umhverfisáhrif svínabús á grundvelli 6. gr. gildandi laga. Niðurstaða Hæstaréttar var að heimild 6. gr. laganna gæti haft í för með sér umtalsverða röskun á eignarráðum og atvinnufrelsi þess sem ætti í hlut og svo víðtækt og óheft framsal löggjafans á valdi sínu til framkvæmdarvaldsins stríddi gegn 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar og væri ólögmætt. Var ákvörðun umhverfisráðherra því dæmd ógild. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar skoðaði nefndin sérstaklega ákvæði 7. gr. frumvarpsins. Heimild ráðherra er enn til staðar samkvæmt greininni. Hins vegar eru ákveðin viðmið sett fyrir ákvörðun ráðherra sem koma fram í 3. viðauka frumvarpsins. Að mati nefndarinnar takmarka viðmiðin mjög heimild ráðherra og setja henni skorður. Nefndin leggur til að í stað þess að ráðherra taki um það ákvörðun að einstök framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum sé honum heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð og bæta framkvæmdum við 2. viðauka. Lítur hún svo á að þannig sé jafnræði betur tryggt og samræmi verði í því hvaða framkvæmdir teljist matsskyldar. Að auki leggur nefndin til breytingar til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins.
8. Nefndin leggur til orðalagsbreytingar og málfarslagfæringar á 8. gr. Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að þegar fyrirhuguð framkvæmd er háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum skuli framkvæmdaraðili gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi og kostur er. Við umfjöllun málsins ræddi nefndin hvort ástæða væri til að kveða skýrar að orði um hvenær tillaga að matsáætlun ætti að koma fram til Skipulagsstofnunar. Telur nefndin að ekki sé þörf á því en hafa megi til hliðsjónar að tillöguna skuli leggja fram þegar meginþættir framkvæmdar eru orðnir það ljósir að hægt sé að fá heildarmynd af umhverfisáhrifum hennar.
9. Nefndin leggur til breytingar á 9. gr. Leggur hún til að við 1. mgr. bætist að framkvæmdaraðila sé heimilt að kynna drög að matsskýrslu og óska eftir athugasemdum við hana áður en hann leggur hana fyrir Skipulagsstofnun. Ákveðið samráð hefst við gerð matsáætlunar og telur nefndin að heppilegt sé að framkvæmdaraðila verði gert kleift að kynna drög að matsskýrslu og óska eftir athugasemdum við hana á þessu stigi málsins þannig að umsagnaraðilar og aðrir geti komið að athugasemdum sínum og framkvæmdaraðili eftir atvikum brugðist við þeim. Samráð á þessu stigi málsins getur verið til þess fallið að auka skilvirkni matsins, minnka kostnað og spara tíma við matsvinnuna. Rétt er að benda á að verði þessi heimild nýtt getur hún haft í för með sér kostnaðarauka fyrir stofnanir sem hvað oftast eru beðnar um umsagnir. Þá leggur nefndin til að 2. mgr. verði

breytt þannig að uppsöfnuð og samvirk áhrif verði meðal þeirra sem tilgreind verða í matsskýrslu. Þá vill nefndin benda á að upptalning umhverfisliða í 2. mgr. er óþörf því að hún felst í skilgreiningu j-liðar 3. gr. á umhverfi. Leggur nefndin því til að í stað upptalningarinnar verði talað um umhverfi en með því er vísað til j-liðar 3. gr. Bent var á við umfjöllun um 9. gr., þar sem segir að ávallt skuli gera grein fyrir og bera saman helstu möguleika sem til greina koma við framkvæmd, að rétt væri að gera grein fyrir þeim möguleika að aðhafast ekkert, svokallaðri „núll"-lausn. Nefndin lítur svo á að í næstsíðasta málslið 2. mgr. 9. gr. felist sá möguleiki, þ.e. að einn þeirra möguleika sem koma til greina sé að aðhafast ekkert.

10. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á 11. gr. Einn megintilgangurinn með breytingum á gildandi lögum er að gera matið skilvirkara og að það verði unnið í einu ferli. Meðal annars í þeim tilgangi voru lögð til ákvæði um gerð matsáætlunar en henni er ætlað að mynda ramma eða umgjörð fyrir nauðsynlega undirbúningsvinnu matsskýrslu og byggjast á þeim grunnrannsóknum og forathugunum sem gerðar hafa verið fyrir viðkomandi framkvæmd. Að mati nefndarinnar eru ákvæði um ítarlegra mat til þess fallin að lengja óþarflega þann tíma sem mat á umhverfisáhrifum tekur. Nefndin er á þeirri skoðun að tímabært sé orðið að ætla að framkvæmdaraðilar vandi til verka við gerð matsskýrslna. Bendir nefndin á að Skipulagsstofnun hefur skv. 1. mgr. 10. gr. heimild til að hafna matsskýrslu telji hún að skýrslan sé ekki nægilega vel unnin eða ekki í samræmi við matsáætlun. Í tillögu nefndarinnar felst að í úrskurði Skipulagsstofnunar verði tekin ákvörðun um hvort fallist sé á framkvæmd, með eða án skilyrða, eða lagst gegn framkvæmdinni. Leggur hún því til að b-liður 2. mgr. og 3. mgr. sem hafa að geyma ákvæði um ítarlegra mat falli brott. Aðrar breytingar sem nefndin leggur til á ákvæðinu eru ekki efnislegar heldur lúta að málfarsbreytingum auk þess sem lagt er til að 7. mgr. skiptist í tvær málsgreinar.
11. Nefndin leggur til orðalagsbreytingar á 15. gr. til samræmis við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.
12. Að mati nefndarinnar vantar skýrt ákvæði um það í frumvarpið að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir framkvæmd skv. 6. gr. nema fyrir liggi úrskurður um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd sé ekki matsskyld. Leggur hún til að slíku ákvæði verði bætt við 16. gr. þar sem fjallað er um leyfi til framkvæmda.
13. Í 19. gr. frumvarpsins er lögð til opin reglugerðarheimild fyrir ráðherra. Leggur nefndin til að heimildin verði gerð skýrari og talin upp helstu atriði sem fjalla skal um í reglugerð varðandi framkvæmd laganna. Nefndin vill þó taka fram að ekki er um tæmandi talningu að ræða. Þá leggur nefndin til nýtt ákvæði til bráðabirgða við lögin þar sem lagt er til að reglugerð samkvæmt lögunum skuli sett eins fljótt og kostur er og að hún skuli hafa öðlast gildi eigi síðar en 1. október á þessu ári.
14. Þá leggur nefndin til breytingu á ákvæði til bráðabirgða III. Við umfjöllun málsins var mikið rætt um hvort ástæða væri til að sameina og samræma ákvörðunarferli mats við leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir. Bent var á af ýmsum aðilum að það gæti verið vel til þess fallið að einfalda matsferlið til muna. Þá var ræddur sá möguleiki að skipulagsáætlanir kæmu í auknum mæli í stað mats á umhverfisáhrifum en þannig getur opnast leið til að meta umhverfisáhrif framkvæmda mörg ár fram í tímann. Einnig var fjallað um hvort heppilegt gæti verið að færa ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en lagt er til í frumvarpinu. Nefndin lítur svo á að hér sé um þætti að ræða sem mikilvægt sé að taka afstöðu til sem fyrst. Því leggur hún til að lögin verði endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003.

15. Nefndin leggur til nokkrar breytingartillögur við 1. viðauka:
    a. Við 2. tölul. Nefndin leggur til að liðir i–iii verði sameinaðir í einn lið og að í stað „hráorku“ verði rætt um „varmaafl“ auk þess sem lagt er til, svo að samræmis sé gætt við önnur orkuver, að viðmið vegna jarðvarmavirkjana verði hækkuð í 50 MW. Þá er lagt til að vinnsluholur og rannsóknarholur á háhitasvæðum verði færðar í i-lið c-liðar 2. viðauka.
    b. Við 8. tölul. Lagt er til að lagning járnbrauta um langar vegalengdir verði matsskyld en lagning um styttri vegalengdir falli undir 2. viðauka sem tilkynningarskyldar framkvæmdir.
    c. Við 10. tölul. Nefndin leggur til nákvæmara orðalag í ii-lið.
    d. Við 12. tölul. Við umfjöllun málsins var bent á að í 1. viðauka við tilskipun 97/11 eru ákveðin stærðarmörk á urðunarstöðum sem eru matsskyldir. Telur nefndin ekki ástæðu til að krefjast mats á öllum urðunarstöðum án tillits til stærðar eða aðstæðna. Nefndin leggur hins vegar til strangari stærðarmörk en tilskipunin, þ.e. að í 1. viðauka verði ákvæði sem skyldar í mat alla urðunarstaði þar sem meira en 500 tonn eru urðuð á ári en aðrir urðunarstaðir verði tilgreindir í 2. viðauka. Er lögð til breyting á b-lið 16. tölul. 2. viðauka til samræmis við það. Allir förgunarstaðir spilliefna og tengd starfsemi eru þó samkvæmt tillögu nefndarinnar án stærðarmarka í 1. viðauka.
    e. Við 16. tölul. Lagt er til að orðin „í viðskiptaskyni“ falli brott.
    f. Við 17. tölul. Í tilskipuninni er miðað við rúmmál vatns. Leggur nefndin til að því viðmiði verði bætt inn í frumvarpið til samræmis við tilskipunina þannig að einnig verði miðað við að rúmtak vatns sé meira en 10 milljónir m^3.
    g. Við 18. tölul. Bent var á að sú þrenging sem lögð er til væri erfið í framkvæmd þar sem dæmi eru um grannar langar leiðslur sem ólíklegt er að hafi umtalsverð umhverfisáhrif þar sem þær eru plægðar í jörðina. Leggur nefndin til að einnig verði miðað við að þvermál leiðslu sé 50 sm eða meira.
    h. Við 21. tölul. 1. viðauka og a-lið 2. tölul. 2. viðauka. Leggur nefndin til að efnistaka sem fellur undir stærðarmörk þau sem gefin eru í töluliðunum með vinnslutíma sem nær yfir tíu ár eða meira verði ekki matsskyld. Telur hún að það verði of íþyngjandi fyrir aðila sem stunda litla efnistöku á löngum tíma.
16. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á 2. viðauka:
    a. Við 1. tölul. Nefndin leggur til hækkun á stærðarmörkum a- og d-liða og að auki að stærðarmörk við ruðning á náttúrulegum skógi verði felld brott svo að ruðningur verði alltaf tilkynningarskyldur. Þá leggur hún til að við f-lið bætist að stöðvar þar sem þauleldi alifugla og svína sem fer yfir ákveðin stærðarmörk verði tilkynningarskyldar.
    b. Við 2. tölul. Breytingar sem lagðar eru til á i-lið c-liðar (sem verður ii-liður) eru gerðar svo að borunarstaðir í næsta nágrenni við ölkeldur, laugar eða hveri verði einnig tilkynningarskyldir. Þá leggur nefndin til breytingar á stærðarmörkum iii-lið c-liðar (sem verður iv-liður) úr 5 milljónum m^3 í 2 milljónir m^3 í samræmi við auðlindalög. Nefndin leggur jafnframt til að í stað orðsins iðjuver í d-lið komi jarðvarmavirkjanir til samræmis við hugtakanotkun í frumvarpinu.
    c. Við 3. tölul. Nefndin leggur til að í stað orðsins hráorku í a-lið komi hráafl í samræmi við tillögu frá Samorku. Þá leggur nefndin til að sæstrengjum verði bætt við sem tilkynningarskyldri framkvæmd í b-lið. Einnig eru lagðar til breytingar á stærðarviðmiðum í h-lið þannig að í stað 500 kW komi 2 MW.

d. Nefndin leggur til að við a-lið 4. tölul., f-lið 5. tölul., b- og c-lið 7. tölul. verði bætt stærðarmörkum í samræmi við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
e. Við 10. tölul. Nefndin leggur til undanþágu í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB 97/11.
f. Við 11. tölul. Nefndin leggur til að snjóflóðavarnagarðar til varnar þéttbýli verði tilkynningarskyldir. Lítur hún svo á að ekki sé þörf á að tilkynna minni háttar garða til varnar einstökum húsum.

Katrín Fjeldsted skrifar undir álitið með fyrirvara við ákvæði til bráðabirgða I. Kolbrún Halldórsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara við ákvæði 3. mgr. 5. gr., 7. mgr. 11. gr. og bráðabirgðaákvæði I og leggja til að nýjum tölulið verði bætt við 1. viðauka og að breyting verði gerð á orðalagi í d-lið 1. tölul. 2. viðauka.

Össur Skarphéðinsson og Ísólfur Gylfi Pálmason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 2000.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Katrín Fjeldsted, með fyrirvara.	Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.	Ásta Möller.

Gunnar Birgisson.

1281. Breytingartillögur [386. mál]

við frv. til l. um mat á umhverfisáhrifum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. B-liður orðist svo: að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmdar sem áhrif hefur á umhverfið.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „í landhelgi“ komi: lofthelgi.
3. Við 3. gr.
   a. C-liður orðist svo: *Framkvæmd:* Hvers konar nýframkvæmd eða breyting á eldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir sem undir lög þessi falla.
   b. Orðið „Endanlegt“ í d-lið falli brott.
   c. F-liður orðist svo: *Matsáætlun:* Áætlun framkvæmdaraðila byggð á tillögu hans um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis leggja skuli áherslu í matsskýrslu og um kynningu og samráð við gerð matsskýrslu.
   d. Á eftir orðinu „jarðveg“ í j-lið komi: jarðmyndanir.
   e. K-liður orðist svo: *Umhverfisáhrif:* Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfi.

f. L-liður orðist svo: *Umtalsverð umhverfisáhrif*: Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisaðgerðum.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Yfirstjórn og framkvæmd.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

Skipulagsstofnun er ráðherra til ráðgjafar og annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og veitir leiðbeiningar samkvæmt þeim. Skipulagsstofnun úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir og tekur ákvörðun um hvort framkvæmd skv. 6. gr. skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

5. Við 5. gr. 2.–4. mgr. orðist svo:

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila, ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.

Heimilt er ráðherra í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákveða að tiltekin framkvæmd, eða hluti hennar, sem varðar almannaheill og/eða öryggi landsins sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra kveða á um hvaða gögnum skuli safnað um umhverfisáhrif hennar og aðgang almennings að þeim og kynna framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og almenningi ástæður fyrir undanþágunni. Ráðherra ber áður en undanþága er veitt að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendu hún er veitt og einnig að láta sameiginlegu EES-nefndinni í té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að.

Ráðherra getur heimilað í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og leyfisveitenda, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, eða hluta hennar, samkvæmt þessari grein og 6. gr. fari fram með öðrum hætti en kveðið er á um í lögum þessum. Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. kafla.

6. Við 6. gr.
   a. Lokamálsliður 2. mgr. orðist svo: Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni og kynna hana almenningi.
   b. Við 3. mgr. bætist: og taka ákvörðun um hvort hún eigi undir grein þessa.
   c. Við 4. mgr. bætist: og almenningi.

7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að mæla svo um í reglugerð að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati ef sýnt þykir að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmd sem varðar alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Við ákvörðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni.

8. Við 8. gr.
   a. 2. og 3. mgr. orðist svo:

Skipulagsstofnun skal taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna frá því að tillaga berst, að fenginni umsögn leyfisveitenda og eftir atvikum annarra aðila. Fallist Skipulagsstofnun ekki á tillögu að matsáætlun skal stofnunin

rökstyðja ákvörðun sína, gera grein fyrir því sem hún telur ábótavant og leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu tillögu að matsáætlun.

Fallist Skipulagsstofnun á tillögu að matsáætlun skal hún kynnt leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum.

b. Á eftir orðunum „síðari stigum“ í 4. mgr. kemur: sbr. 9. og 10. gr.

9. Við 9. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Heimilt er framkvæmdaraðila að kynna drög að matsskýrslu og óska eftir athugasemdum við hana.
   b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Í matsskýrslu skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kann að hafa á umhverfi.
10. Við 10. gr. Í stað orðanna „athugun stofnunarinnar“ í 6. mgr. komi: hina fyrirhuguðu framkvæmd og matsskýrslu.
11. Við 11. gr.
   a. Á eftir orðunum „með eða án skilyrða“ í a-lið 2. mgr. komi: eða.
   b. B-liður 2. mgr. falli brott.
   c. 3. mgr. falli brott.
   d. Á undan orðunum „niðurstöðu og hvaða“ í 4. mgr. komi: og.
   e. Á eftir orðunum „Skipulagsstofnun er heimilt“ í 5. mgr. komi: í úrskurði sínum.
   f. Í stað 7. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

      Hafi forsendur breyst vegna nýrra upplýsinga er Skipulagsstofnun heimilt að gera minni háttar breytingar á úrskurði sínum um mat á umhverfisáhrifum eftir birtingu hans hafi þær breytingar ekki verið fyrirsjáanlegar þegar úrskurður var birtur eða séu þær taldar til bóta og í samræmi við tilgang laganna. Skal breyting kynnt á sama hátt og úrskurður skv. 5. mgr. Ákvörðun Skipulagsstofnunar samkvæmt þessari málsgrein er kæranleg til ráðherra.

      Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögunum.
12. Við 15. gr. Í stað orðanna „starfsleyfisskylda framkvæmd“ í 2. mgr. komi: framkvæmd vegna starfsleyfisskylds atvinnureksturs.
13. Við 16. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

    Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmd skv. 6. gr. nema fyrir liggi úrskurður um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld.
14. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

    Umhverfisráðherra setur í reglugerð, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þar með talið um:
   a. tilkynningar um framkvæmdir skv. 2. viðauka,
   b. framsetningu matsáætlunar, matsskýrslu og gögn,
   c. samráðsferlið,
   d. annars konar mat,
   e. aðgang almennings að gögnum,
   f. kynningu á framkvæmd og úrskurðum,
   g. framlagningu frekari gagna,
   h. minni háttar breytingar á úrskurðum,
   i. samtengingu vinnu við mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfis,
   j. eftirlit.

15. Við ákvæði til bráðabirgða III. Ákvæðið orðist svo:
    Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat, sbr. 11.–13. gr., við leyfisveitingar fyrir einstökum framkvæmdum, í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en gert er í lögum þessum.
16. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum skv. 19. gr. skal sett eins fljótt og auðið er og skal hún hafa öðlast gildi eigi síðar en 1. október 2000.
17. Við 1. viðauka.
   Á Nesi: Svínafell, Hoffell og Setberg.

   Í Lóni: Stafafell og Brekka.
d. Norður-Hérað: Brú og Valþjófsstaður.
e. Fljótsdalshreppur: Engar upplýsingar bárust en þess ber að geta að Valþjófsstaður er í Fljótsdalshreppi.
f. Skútustaðahreppur: Reykjahlíð.
g. Bárðdælahreppur: Þar er talið að engin jörð eigi land að jökli.

Samkvæmt þessu eiga yfir fimmtíu jarðir land að Vatnajökli og hugsanlega eru landeigendur mun fleiri. Gerður er fyrirvari um mögulegar villur upptalningunni. Ljóst er að mikil vinna getur orðið við að meta hugsanleg réttindi manna á þjóðgarðssvæðinu og ná samkomulagi við rétthafa í kjölfarið, sbr. einnig umfjöllun í kafla 3.4.

3.4. Þjóðlendumál.

Eins og getið er um hér að framan liggur fjöldi eignarlanda að Vatnajökli og óvíst hvernig eignarhaldi er háttað á jöklinum sjálfum. Ekki hefur gefist tími til að kanna það nánar en greinir í kafla 3.3, sbr. einnig umfjöllun í kafla 6.1.

Í 51. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, segir: „Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda.“

Vatnajökulssvæðið hefur ekki verið tekið til meðferðar hjá óbyggðanefnd en fyrirsjáanlegt er að svo muni verða þótt tímasetning liggi ekki fyrir. Verkefni óbyggðanefndar er að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, sbr. 7. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Sökum þess hve naumur tími er til stefnu eigi að takast að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á árinu 2000 er ljóst að niðurstaða óbyggðanefndar mun ekki liggja fyrir í tæka tíð.

Þar til niðurstöður óbyggðanefndar um mörk eignarlanda og þjóðlendna á þessu svæði liggja fyrir virðist staðan vera þessi: Samningar um kaup á jörðum eða hluta þeirra geta komist í uppnám þegar niðurstaða óbyggðanefndar liggur fyrir. Ríkið gæti hafa keypt land sem óbyggðanefnd teldi nokkrum missirum síðar utan eignarlanda og því eign ríkisins á grundvelli þjóðlendulaganna. Í þessu sambandi ber þó að athuga að fjármálaráðuneytið gæti hagað kröfugerð sinni á svæðinu í samræmi við þá samninga sem ríkið hefði gert þar. Með því móti kæmi ekki upp ágreiningur um mörkin hjá óbyggðanefnd. Í slíkum tilfellum mundi reyna á sjálfstæða rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Hversu langt nefndin gengur í þeim efnum liggur ekki fyrir. Ekki er þó hægt að útiloka að kveðinn verði upp úrskurður um þjóðlendu á svæði sem ríkið hefði ekki gert kröfu til sem slíkrar.

Með vísan til framangreindra óvissuatriða verður að telja varlegast að leitað verði eftir samningum sem gera stofnun þjóðgarðs mögulega en kveða á um skýra fyrirvara, svo sem að uppgjör fari ekki fram fyrr en óbyggðanefnd hefur lokið störfum sínum á svæðinu (og málskotsfrestur liðinn), þ.e. að því marki sem viðkomandi réttindi eru háð óvissu.

Jafnframt yrði því beint til óbyggðanefndar að umrætt svæði yrði tekið til meðferðar hið fyrsta, sbr. 9. gr. þjóðlendulaga. Þess ber þó að geta í því sambandi að nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði samkvæmt ákvörðun nefndarinnar.

3.5. Frekari lögfræðileg álitaefni.

Málinu tengjast fleiri álitaefni af lögfræðilegum toga. Sé afmörkun þjóðgarðsins miðuð við jökulröndina og samningum við hugsanlega rétthafa hagað eftir því geta vaknað spurningar um eignarrétt þegar land ýmist kemur undan jökli eða fer undir jökul þegar jökullinn hopar eða skríður fram.

3.6. Staða náttúruverndarmála.

Þrjú friðlönd liggja að Vatnajökli, Lakagígar, Kringilsárrani og Lónsöræfi, og fjölmörg náttúrverndarsvæði á náttúruminjaskrá (sjá fylgiskjal III). Vatnajökull með eldvirkni sinni og jökulhlaupum og umhverfið allt hefur mikið verndargildi og mikla sérstöðu á heimsvísu. Með nýjum náttúruverndarlögum hefur gildi náttúruminjaskrár aukist og aðkoma náttúruverndarnefnda og Náttúruverndar ríkisins sem umsagnaraðila um byggingar og framkvæmdir á mestöllu svæðinu er tryggð. Unnið er að friðlýsingu Öræfajökuls ofan 1.100 m, en sú vinna er óháð hugmyndum um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

3.7. Skipulag.

Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálendis Íslands skiptist Vatnajökull í náttúruverndarsvæði og almenn verndarsvæði. Suður- og austurhlutar jökulsins eru skilgreindir sem náttúru-

verndarsvæði en vestur- og norðurhlutar falla undir skilgreininguna almenn verndarsvæði. Í greinargerð um miðhálendi Íslands, svæðisskipulag 2015, segir m.a. um náttúruverndarsvæði og almenn verndarsvæði:

„Náttúruverndarsvæðin ná yfir mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálendisins. Þau eru á einhvern hátt sérstæð eða einstæð vegna landslags, jarðmyndana, gróðurfars eða dýralífs. Svæðin ná yfir stórar landslagsheildir og óröskuð víðerni, svo sem stóra samfellda hluta gosbeltanna og víðfeðm votlendissvæði. Öll friðlýst svæði eru felld undir þennan flokk auk flestra svæða á náttúruminjaskrá. ...

Á náttúruverndarsvæðum er mikilvægt að settar verði ákveðnar reglur, sum verði friðlýst og í einhverjum tilvikum verði sett sérlög. Fyrir þau verði markaðar reglur varðandi hvers konar mannvirkjagerð, umferð og umgengni jafnt sumar sem vetur. ...

Almennu verndarsvæðin fela í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, þjóðminja, mikilvægustu lindasvæða. Enn fremur svæði með mikið útivistargildi, m.a. jaðarsvæði að byggð. Á almennum verndarsvæðum er í ríkara mæli uppbygging á ferðaþjónustu og vegagerð henni tengdri, en á náttúruverndarsvæðunum. ...

Á hluta almennu verndarsvæðanna verði mótaðar umgengnisreglur og/eða sett sérlög á sama hátt og á náttúruverndarsvæðunum."

Af framangreindu er ljóst að stofnun þjóðgarðs á Vatnajökli stangast ekki á við miðhálendisskipulagið heldur kæmi hún í eðlilegu framhaldi af þeirri skipulagsvinnu sem hefur verið unnin á miðhálendinu.

3.8. Niðurstaða um afmörkun.

Niðurstaða starfshóps um Vatnajökulsþjóðgarð er að sá skammi tími sem er til stefnu, afstaða sveitarstjórna og óvissa tengd mörkum þjóðlendna og eignarlanda mæli með því að Vatnajökulsþjóðgarður miðist við jökuljaðarinn einvörðungu, auk Skaftafellsþjóðgarðs. Með því móti verði meiri sátt um málið og eignarréttarleg vandamál viðráðanlegri. Þessi afmörkun fellur auk þess vel að skipulagi miðhálendisins, sbr. kafla 3.7.

Takist vel til með Vatnajökulsþjóðgarð á þessum grundvelli er að sjálfsögðu unnt að stækka svæðið síðar, svo sem með því að taka inn friðlönd og náttúruminjasvæði við jökulinn.

4. Reglur á þjóðgarðssvæðinu.

Verði einungis þjóðgarðssæðið afmarkað af jökuljaðrinum og Skaftafellsþjóðgarði þarf einungis að setja einfaldar reglur um svæðaskiptingu á jöklinum. Æskilegt er að beina umferð vélknúinna ökutækja þannig að tiltekin svæði verði helguð göngufólki. Starfshópurinn bendir á eftirfarandi svæðaskiptingu:

— Aðalakstursleiðin upp á jökulinn yrði upp Tungnárjökul, norðan Pálsfjalls og Háubungu að Grímsvötnum, leið sem hentar allt árið og er vinsælasti hluti Vatnajökuls fyrir umferð vélknúinna farartækja.
— Breiðamerkurjökull er hentugur staður til aksturs upp á jökul yfir vetrarmánuðina og meðan aðkoman að Skálafellsjökli er hættuleg. Skálfellsjökull er hins vegar hentugur fyrir umferð vélknúinna farartækja.
— Aðkoman að austan er fram hjá Snæfellsskála og upp á Brúarjökul og álíka góð aðkomuleið og Tungnárjökulsleiðin. Engin aðstaða er við jökuljaðarinn sem rýrir gildi svæðisins fyrir ferðaþjónustu.

— Kverkfjöll eru vinsæll staður fyrir göngufólk. Aðkomuna þarf að bæta til að auðvelda nýtingu svæðisins. Þar er einnig nokkur umferð vélknúinna farartækja, sérstaklega á veturna.
— Einnig er hægt að koma að jöklinum frá Kistufelli á Gæsavatnaleið inn á vestanverðan Dyngjujökul, en sú leið er lítið notuð vegna slæmrar aðkomu.
— Svæðið frá Skaftárjökli og austur að Breiðamerkurjökli hentar illa til umferðar vélknúinna farartækja og hefur verið lítið á það sem svæði göngufólks.

5. Rekstur Vatnajökulþjóðgarðs.

5.1. Tekjur og útgjöld.

Verði mörk Vatnajökulsþjóðgarðs látin ráðast af jökuljaðrinum og mörkum Skaftafellsþjóðgarðs er eðlilegast að allur rekstur verði svipaður og nú, þ.e. að stjórnmiðstöðin verði áfram í Skaftafelli. Ekki er talið að rekstrarkostnaður muni aukast að ráði en hann er nú um 11–15 millj. kr.

Hagræði væri af því að tengja stjórn og rekstur aðliggjandi þriggja friðlanda við rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs. Væru þau hins vegar tekin með í væntanlegan þjóðgarð yrði að koma til meira fé til að standa straum af rekstri þessara svæða þar sem kröfur til þjóðgarða (um aðstöðu fyrir ferðamenn, landvörslu o.fl.) eru mun meiri en gerðar eru til friðlanda.

5.2 Stjórn þjóðgarðsins.

Í umsögnum sveitarstjórnanna kemur fram það álit að með stofnun þjóðgarðs sé verið að færa stjórnsýsluna úr höndum heimamanna. Samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, er stjórn og rekstur þjóðgarða í höndum Náttúruverndar ríkisins. Ekki er heimild í lögunum til að færa stjórn þjóðgarða til heimamanna, sbr. 30. gr. laganna.

Starfshópurinn telur mikilvægt að sveitarfélögin komi að stjórn og rekstri þjóðgarðsins og bendir í því sambandi á 51. gr. laganna þar sem umhverfisráðherra er heimilað að stofna til ráðgjafarnefndar um stjórn og rekstur þjóðgarða með aðkomu hlutaðeigandi sveitarstjórna. Breyta þyrfti skipulagi Skaftafellsnefndar og fjölga þar fulltrúum en nú á Hornafjörður eitt sveitarfélaga fulltrúa þar.

6. Atriði sem þarf að kanna nánar.

Starfshópur um Vatnajökulsþjóðgarð var skipaður 24. nóvember 1999 og gert að skila tillögum sínum fyrir 15. mars 2000. Tíminn var því svo naumur að verkið varð ekki fullunnið. Það er álit starfshópsins að enn sé margvísleg undirbúningsvinna óunnin áður en stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs geti orðið að veruleika. Sama má marka af umsögnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka. Nauðsynlegt er að sú vinna verði í beinu framhaldi af áliti starfshópsins, henni hraðað og til hennar vandað.

Skulu hér talin nokkur mikilvæg atriði í þessu sambandi.

6.1. Réttindi og afstaða landeigenda.

Lögfræðileg athugun þar að fara fram á eignarréttindum við og hugsanlega á jöklinum með tilheyrandi gagnaöflun. Huga þarf að útfærslu samninga við mögulega rétthafa.

Starfshópurinn gerir það jafnframt að tillögu sinni að ráðherra beini því til óbyggðanefndar að hún taki Vatnajökulssvæðið til meðferðar hið fyrsta, sbr. 9. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998.

6.2. Efnahagslegur ávinningur.

Starfshópurinn hvetur til þess að Þjóðhagsstofnun eða Byggðastofnun verði falið að meta efnahagslegan ávinning af stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, m.a. með tilliti til starfsemi í ferðaþjónustu, landbúnaði og byggðaþróunar almennt.

6.3. Samráð við hagsmunaaðila.

Starfshópurinn telur mikilvægt að við frekari undirbúning verði haft ríkulegt samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög, landeigendur, aðila í ferðaþjónustu og samstarfsnefnd um svæðisskipulag miðhálendisins.

Í þessu sambandi ber þess að geta að ekki vannst tími til að bera hugmyndirnar sem voru reifaðar í 4. kafla varðandi umferð á jöklinum undir hagsmunaaðila.

6.4. Náttúrurannsóknir.

Starfshópurinn hvetur til þess að fleiri náttúrurannsóknir verði gerðar á og við jökulinn. Slíkar rannsóknir eru m.a. mikilvægar til þess að í framtíðinni verði unnt að meta hugmyndir um stækkun þjóðgarðsins, þar á meðal með tilliti til möguleika á borð við orkunýtingu og friðun náttúruverðmæta.

7. Niðurstaða.

Starfshópurinn telur mögulegt að taka ákvörðun um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á aldamótaárinu ef mörk þjóðgarðsins verða látin ráðast af jaðri jökulsins og mörkum Skaftafellsþjóðgarðs en bendir jafnframt á að mörg mál þurfi að leysa áður en til formlegrar stofnunar geti komið.

Fylgiskjal I.

Samantekt Náttúruverndar ríkisins vegna þingsályktunar um Vatnajökulsþjóðgarð.

1. Þjóðgarðar á Íslandi.

Í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sem tóku gildi 1. júlí 1999 kemur fram í 51. gr. að umhverfisráðherra getur að fengnum tillögum eða áliti lýst svæði þjóðgarð *enda sé það sérstætt um landslag eða lífríki eða á því hvíli söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.* Meginreglan er sú að þjóðgarðar eru stofnaðir á landi í ríkiseign en sú breyting hefur orðið á löggjöfinni að nú er, þegar sérstakar ástæður mæla með því, möguleiki á að stofna þjóðgarð á landsvæði sem ekki er í ríkiseign, en um það þarf að nást samkomulag milli ráðherra og landeigenda. Það er hlutverk Náttúruverndar ríkisins, eins og fram kemur í 52. gr. laganna, að gera tillögur um verndaráætlun og landnotkun innan þjóðgarða sem ráðherra síðan staðfestir.

Í byrjun árs aldamótaárið 2000 eru á Íslandi aðeins tveir þjóðgarðar friðlýstir samkvæmt lögum um náttúruvernd, en það eru þjóðgarðurinn í Skaftafelli sem stofnaður var árið 1967 og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum sem stofnaður var árið 1973. Í hugum flestra Íslendinga eru Þingvellir þjóðgarður en svæðið er friðlýst með sérlögum frá 1928 sem helgistaður allra Íslendinga og tók friðlýsingin gildi í ársbyrjun 1930.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að stofnun þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi í framhaldi af niðurstöðu nefndar sem Össur Skarphéðinsson, þáverandi umhverfisráðherra, skipaði 14. september 1994, en nefndin skilaði tillögum sínum 1. júlí 1997. Mörk fyrirhugaðs þjóðgarðs liggja frá Svalþúfu á sunnanverðu nesinu en þar eru landamerki jarðanna Dagverðarár og Malarrifs, austur fyrir Háahraun og upp í jökul og fylgja jökulhettunni en síðan niður austan Sjónarhóls, til vesturs norðan Klukku í norðanverðum Hreggnasa og með Móðulæk niður undir Írskubúðir þar sem mörkin sveigjast til norðausturs, inn fyrir Gufuskála. Margir eru þeirrar skoðunar að miðað við þessi mörk sé aðeins um hálfan þjóðgarð að ræða þar sem ekki er tekið tillit til landslags og aðeins hluti eldfjallsins, Snæfellsjökuls, sem setur svo sterkan svip á landið er innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs.

2. Þjóðgarðar í alþjóðlegu samhengi.

Upphaf og uppruni þjóðgarða á rætur að rekja til Bandaríkja Norður-Ameríku á 19. öld í kjölfar aukinnar nýtingar á víðernum landsins. Stofnuð voru samtök náttúruunnenda með það að markmiði að vernda svo til ósnortna náttúru Yellowstone-svæðisins, en 1872 var þar stofnaður þjóðgarður. Í nýlendum Breta í Kanada, Ástralíu og á Nýja Sjálandi voru stofnaðir nokkrir þjóðgarðar áður en 19. öldinni lauk. Það var A.E. Nordenskjold sem kynnti þjóðgarðahugmyndina í Evrópu og varð Svíþjóð fyrsta land álfunnar til að stofna þjóðgarð, en það var árið 1909. Það var fyrst með stofnun Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna, IUCN, árið 1948 að verulegur skriður komst á stofnun þjóðgarða en innan samtakanna var sett á fót sérstök þjóðgarðanefnd árið 1958.

Friðlýsing landsvæða á alþjóðavísu hefur að meira eða minna leyti byggst á flokkunarkerfi IUCN en flokkunarkerfið hefur verið í stöðugri þróun síðustu 30 ár. Niðurstaða IUCN-ráðstefnunnar í Caracas árið 1994 var að friðlýst svæði ættu að falla innan eftirfarandi skilgreiningar: *Svæði á landi og/eða sjó, sérstaklega mikilvægt til verndar og viðhalds líffræðilegs fjölbreytileika, náttúru- og menningarminja, og þar sem stjórnun og framkvæmdir innan þess eru í samræmi við lög þar að lútandi.* Þá kemur einnig fram að reglur og flokkar friðlýstra svæða geta verið margvíslegar en meginmarkmið skulu taka mið af vísindarannsóknum, verndun víðernis, verndun tegunda og erfðafræðilegum sérkennum, verndun sérstakra náttúru- og menningarminja, ferðaþjónustu og útivist, umhverfisfræðslu og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, svo og að viðhalda menningarminjum og einkennandi siðvenjum.

Í skilgreiningu IUCN er þjóðgarður svæði sem friðlýst er fyrst og fremst til að vernda vistkerfi, eitt eða fleiri, en einnig til þess að tryggja almenningi útivist í náttúrulegu umhverfi, en þar segir: *Natural area of land and/or sea, designated to (a) protect the ecological integrity of one or more ecosystems for present and future generations, (b) exclude explotation or occupation inimical to the purposes of designation of the area and (c) provide a foundation for spirutual, scientific, educational, recreational and visitor opportunities, all of which must be environmentally and culturally compatible. (1997 United Nations List of protected Areas. IUCN, Gland, Sviss, og Cambridge, Englandi. 1998).*

Land	IUCN-flokkun	Vernd náttúru-minja	Vernd landslags	Aðgengi almennings og fræðsla	Félags- og efnahagsleg þróun
Austurríki	V	❑	❑	❑	
England og Wales .	V	❑	❑	❑	○
Frakkland	II	❑	❑	❑	
Holland	II	❑	❑	❑	
Írland	II	❑	❑	❑	
Ísland	**II**	❑	❑	❑	
Ítalía	II	❑	❑	❑	
Kanada	II	❑	❑	❑	○
Svíþjóð	II	❑	❑	❑	
Þýskaland	II	❑	❑	❑	

1. tafla. Samanburður á markmiðum þjóðgarðsstofnunar nokkurra landa. Ferningarnir merkja meginástæðu fyrir stofnun þjóðgarðs en hringirnir merkja viðbótarástæðu. (Heimild: K. Bishop, M. Green og A. Phillips, 1998. Upplýsingar um Ísland er viðbót við upprunalega heimild.)

Þjóðgarðshugtakið (national park) er í dag notað fyrir friðlýst svæði sem hafa ólíka stjórnun. Aðgengi getur verið mismunandi, t.d. í Frakklandi þar sem takmarkanir eru litlar sem engar og í Sviss þar sem strangar reglur eru um aðgengi, svo sem um hvert má fara og hvenær. Annað dæmi eru þjóðgarðar sem stofnaðir eru vegna sérstakrar landslagsheildar, friðlýstir af viðkomandi ríki en að mestu í eigu fjölmargra einstaklinga. Framkvæmdir og umferðarréttur eru háð nokkuð ströngum reglum sem virkt eftirlit er með eins og dæmi eru um í Hollandi eða samkvæmt samkomulagi sem byggist á skipulagsuppdrætti eins og í Englandi og Wales. Að lokum má nefna að skipulag þjóðgarða með tilliti til útivistar er mismunandi t.d. á Ítalíu, í Englandi og Wales þar sem aðaláhersla er fyrst og fremst lögð á lengri eða skemmri gönguleiðir og náttúruskoðun eða Frakklandi þar sem einnig er að finna mikla uppbyggingu skíðamannvirkja fyrir útivist, ferðaþjónustu og íþróttir.

Stofnun þjóðgarða fyrr á árum miðaðist ekki við uppbyggingu viðkomandi dreifbýlis eða velsæld viðkomandi samfélags. Þjóðgarðar voru yfirleitt stofnaðir að frumkvæði vísindamanna og náttúruverndarsinna og þá miðað við að landsvæðið væri merkilegt á heimsvísu eða landsvísu frekar en að það hefði staðbundið gildi. Áhersla var lögð á að svæðið væri arfur allrar þjóðarinnar. Á síðari árum hefur verið nokkur breyting á þessu og sem dæmi má nefna að við vinnu að stofnun þjóðgarða í Loch Lomond og Trossacs og hálendissvæðinu Cairngorms í Skotlandi er markmiðið að þjóðgarðarnir skuli vera til hagsbóta fyrir íbúa þessara sérstöku svæða. Markmiðið er byggt á þrenningunni: fólk – vinna – svæði.

Aukin áhersla er á samvinnu við aðra um landnýtingu og starfsemi, svo sem innan landbúnaðar, smáiðnaðar og ferðaþjónustu, með það að markmiði að styrkja efnahag svæðisins og þar með talið þjóðgarðsins. Fyrri landnýting svæðisins getur verið meginástæða þess að svæðið er friðlýst. Í þessu sambandi má t.d. nefna svæði þar sem hefur verið stunduð hófleg beit þannig að blómgróður hefur notið sín, jafnvel mjög sjaldgæfar tegundir. Þegar beit hefur síðan verið hætt hefur einhver tegund sem beitin hélt niðri, t.d. burkni, sprottið sem aldrei fyrr og það leitt til einhæfs gróðurlendis í stað fjölbreytileika. Annað dæmi er frá Gettisburg-þjóðgarðinum í Bandaríkjunum en árið 1963 var orrustuvöllurinn, sem er meginástæða fyrir friðlýsingu svæðisins, friðaður eins og annað landsvæði innan þjóðgarðsins. Orrustan í

Gettisburg fór fram á ökrum en vegna friðunarinnar náðu furutegundir að vaxa á svæðinu. Það var síðan árið 1980 að stjórn þjóðgarðsins ákvað að koma svæðinu í fyrra horf með því að fella fururnar og annan trjágróður sem náði sér á strik eftir friðunina. Í þjóðgarðinum í Skaftafelli eru uppi hugmyndir um að halda við heimatúnunum með hóflegri beit, þ.e. framan við Hæðir, Sel og Bölta.

3. Útivist og umferð ferðafólks í Vatnajökulsþjóðgarði.

Þjóðgarðar víðs vegar um heim laða til sín gesti og í þessu sambandi hafa þjóðgarðsyfirvöld þurft að leggja í ýmsar framkvæmdir til þess að ferðamenn fái notið sérkenna svæðisins. Mikil áhersla hefur verið á umhverfisfræðslu og stígagerð. Frá því að þjóðgarðurinn í Skaftafelli var stofnaður hefur þjónusta við ferðamenn í næsta nágrenni aukist til muna, en þrátt fyrir það getur reynst erfitt að fá gistirými í nágrenni þjóðgarðsins á sumrin.

Brýnt er að strax við stofnun þjóðgarðs verði tekið mið af þörfum ferðaþjónustu sem þó skal vera í anda sjálfbærrar nýtingar. Skipuleggja þarf ferðaþjónustu jafnt innan þjóðgarðsins sem á jaðri hans og það þarf að gera í samstarfi við heimamenn. Í upplýsingamiðstöð Þjóðgarðsins í Skaftafelli veita landverðir upplýsingar um útsýnisferðir í nágrenninu og bóka í þær sé þess óskað. Góðar upplýsingar um hvað er í boði í sveitarfélaginu getur leitt til þess að ferðamaðurinn dvelji þar lengur en í upphafi var ætlað, en það er til hagsbóta fyrir sveitarfélagið.

Þegar ákveðið hefur verið að stofna Vatnajökulsþjóðgarð er brýnt að fulltrúar rekstraraðila ferðaþjónustu á svæðinu, sveitarstjórn og fulltrúar Náttúruverndar ríkisins vinni sameiginlega að skipulagi þjónustukjarna fyrir þjóðgarðinn. Helstu aðkomuleiðir inn að jaðri jökulsins eða á jökulinn eru í Skaftafelli, á Hnappavöllum, við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, við Skálafellsjökul, við Stafafell í Lóni, við Snæfell, Kverkfjöll í Kringilsárrana og Tungnaárjökul að vestan. Meðal þess sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir er að skipulagi verði komið á umferð á og við Vatnajökul. Taka þarf frá svæði fyrir hefðbundna útivist þar sem ferðamenn óska eftir því að njóta öræfakyrrðarinnar en einnig verður að taka tillit til umferðar vélknúinna farartækja sem þegar er fyrir hendi í tengslum við ferðaþjónustu.

Ef tekið er mið af skilgreiningu IUCN má ljóst vera að mörkin eru knöpp sem starfshópur umhverfisráðuneytisins um Vatnajökulsþjóðgarð hefur lagt til þar sem aðeins er gert ráð fyrir landsvæði framan við jökuljaðar innan þjóðgarðsins í Skaftafelli, en annars fylgja mörkin jökulhettunni. Aðilar í ferðaþjónustu sem rætt hefur verið við vegna tillögunnar eru almennt sammála um að mörk þjóðgarðsins ættu að liggja utar þannig að jökulhettan og landið næst jöklinum verði innan þjóðgarðsmarka. Aðstaða fyrir ferðamenn og þjónustumiðstöðvar þurfa að vera innan þjóðgarðsins en þær helstu eru í Þjóðgarðinum í Skaftafelli, við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, við Skálafellsjökul, í Lónsöræfum í Stafafellsfjöllum, við Maríutungur sunnan Snæfells, við Kverkfjöll, við Kistufell austan í Dyngjujökli og í Jökulheimum við Tungnaárjökul. (Starfshópur um Vatnajökulsþjóðgarð: Hugleiðingar um Vatnajökulsþjóðgarð og álit starfshópsins, 15. mars 2000).

Við undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er brýnt að könnuð verði öll landnotkun á jöklinum og við jaðar hans en á jöklinum eru m.a. stundaðar rannsóknir, ferðamennska og ferðaþjónusta. Við jaðar jökulsins er auk þess stundaður landbúnaður. Á undirbúningsstigi þarf einnig að vera mikið og gott samband við þá er eiga land að jökli, sveitarstjórnir og aðra notendur á svæðinu, ekki síst við ferðaþjónustuaðila, bæði stóra og smáa.

Nokkuð hefur verið rætt um hugsanlega árekstra ferðaþjónustuaðila, þeirra sem eru með gönguferðir annars vegar og hins vegar þeirra sem bjóða t.d. vélsleðaferðir. Í því sambandi hefur verið bent á þá möguleika (1) að takmarka fjölda farartækja upp á jökulinn, (2) að

heimila umferð ökutækja á ákveðnum svæðum eða (3) heimila umferð eftir sérstökum leiðum. Flestir eru þeirrar skoðunar að ekki þurfi að koma til árekstra mismunandi ferðahópa enda séu vélknúin farartæki fyrst og fremst á ákveðnum leiðum. Einnig hefur verið lagt til að takmörkuð verði umferð vélknúinna farartækja að Hvannadalshnúki yfir sumarmánuðina.

Bent hefur verið á að ferðaþjónusta er mest á jaðarsvæði jökulsins. Ferðafélag Íslands og deildir þess eiga skála við jökulinn austan- og norðanverðan en þeir eru í Lónsöræfum, Geithellnadal, við Kollumúlavatn, Geldingafell, Snæfell, í Kverkfjöllum og í Nýjadal. Heldur fjær liggja skálarnir í Drekagili, Herðubreiðarlindum, við Bræðrafell og Dyngjufell.



Skáli Ferðafélags Fljótsdalshéraðs í Snæfelli.
(Mynd: Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, www.egilsstadir.is/ferdafelag.)

Ferðaþjónusta sem nú þegar tengist Vatnajökli og nágrenni hans eru jeppaferðir, snjósleðaferðir, skíðaferðir, ísklifur og gönguferðir, svo eitthvað sé nefnt. Jöklaferðir hf. á Höfn sérhæfa sig í ævintýraferðum á Vatnajökul og er um styttri og lengri ferðir að ræða. Við Skálafellsjökul hefur fyrirtækið reist skálann Jöklasel í 840 m hæð og eru þar boðnar alhliða veitingar, sæti eru fyrir 80 manns og svefnpokapláss í kojum fyrir um 30 manns. Eins og nærri má geta er útsýnið þaðan stórkostlegt (www.eldhorn.is/glaciert).

Aðrir ferðaþjónustuaðilar, t.d. Íslenskir fjallaleiðsögumenn sem hafa aðstöðu í Skaftafelli yfir sumarmánuðina og Öræfaferðir sem gera út frá Hofsnesi í Öræfum, bjóða upp á margs konar ferðir á og við jökulinn. Fulltrúar fyrirtækjanna sem rætt var við eru á einu máli um að þátttaka í ferðum þeirra hefur aukist mikið á milli ára. Leggja fulltrúar ferðaþjónustunnar áherslu á að settar verði skýrar reglur um meðferð sorps, t.d. að óheimilt verði að skilja rusl eftir á jöklinum heldur beri ferðamönnum að taka það með sér til byggða.



Á Vatnajökli er margs konar ferðaþjónusta eins og myndir frá Öræfaferðum sýna.
(Myndir: Öræfaferðir, www.eldhorn.is/coast-mountains.)

Meðal þeirra sem stunda rannsóknir á jöklinum og í nágrenni hans er Raunvísindastofnun Háskólans og sem m.a. mælir þykkt jökulíssins með íssjá, en slíkar mælingar á jöklum landsins hafa verið stærsta einstaka verkefni stofnunarinnar á síðustu áratugum. Teiknuð eru nákvæm kort af jökulþykktinni og af landslagi undir jöklinum, svo og legu vatna- og ísaskila. Niðurstöður mælinganna veita margs konar fróðleik um landmótun og jarðfræði.



Raunvísindastofnun vinnur einnig að rannsóknum á jarðhita í Grímsvötnum í Vatnajökli og á orsökum og eðli Skeiðarárhlaupa. Komið hefur verið upp sjálfvirkri rannsóknastöð á Grímsfjalli vegna þessa verkefnis. Sem dæmi má nefna að umbrotin í Vatnajökli og afleiðingar þeirra hafa verið rannsökuð ítarlega fyrir sérstakra fjárveitingu frá Alþingi.

Einnig ber að nefna umfangsmiklar veðurathuganir sem hafa verið gerðar í sjálfvirkum veðurstöðvum á Vatnajökli undanfarin sumur, ásamt mælingum á afkomu jökulsins og hreyfingu í þeim tilgangi að lýsa breytingum á rúmmáli hans, afrennsli leysingarvatns til jökulánna, tengslum afkomu við veður, og viðbrögðum jöklanna við loftslagsbreytingum (www.hi.is).

Til þess að tryggja megi möguleika náttúruunnenda á útivist í öræfakyrrð og möguleika vísindamanna að stunda rannsóknir á jöklinum og innan fyrirhugaðs þjóðgarðs er nauðsynlegt að fulltrúar allra hafi tækifæri til að koma með ábendingar um reglur fyrir svæðið. Ætíð ber þó að hafa í huga að friðlýsing á að tryggja verndun þess sem er sérstakt bæði hvað varðar náttúru- og menningarminjar svo að núlifandi og komandi kynslóðir fái notið svæðisins.

4. Áhrif þjóðgarðs á samfélag.

Stofnun þjóðgarðs getur aukið verulega tekjur viðkomandi sveitarfélags. Árið 1997 var stofnaður í Austurríki þjóðgarðurinn Donau-Auen. Þá voru byggðar gestastofur og upplýsingamiðstöðvar, lagðir göngustígar og komið upp annarri aðstöðu fyrir væntanlega gesti. Áætlað hefur verið að framkvæmdirnar hafi skilað um 1,25 milljónum punda (GBP) til byggingariðnarins og skapað um 20–35 ný störf. Þá styrkir stofnun þjóðgarðsins störf (25–50) sem fyrir voru innan skógræktargeirans vegna þjónustu við ferðamenn.

Erfitt er að meta margföldunaráhrif þjóðgarðs á tekjur og tekjumöguleika viðkomandi sveitarfélags. Það er e.t.v. best gert með því að benda á ný störf innan þjóðgarðsins og utan, en þá er átt við starfsmenn þjóðgarðsins, verktaka sem vinna fyrir hann og ýmis þjónustustörf.

Fjöldi starfsmanna hvers þjóðgarðs ræðst af þeirri þjónustu sem í boði er og getur munurinn verið mikill milli landa og einnig milli þjóðgarða í sama landi. Í þýska þjóðgarðinum Bayerischer Wald starfa um 200 starfsmenn. Í þjóðgörðum í Austurríki starfa allt frá einum og upp í 50 starfsmenn og í sumum tilfellum er aðeins um sjálfboðaliðastarf að ræða. Árið 1994 voru 900 starfsmenn í 34 þjóðgörðum í Frakklandi. Í 11 þjóðgörðum í Englandi og Wales er fjöldi starfsmanna rétt yfir 1.100 manns. Þetta eru starfsmenn þjóðgarða en önnur störf skapast einnig í viðkomandi sveitarfélagi. Það hefur t.d. verið áætlað að fyrir áðurnefnd 900 störf innan franskra þjóðgarða skapist um 1.300–1.400 störf innan verktakageirans og um 2.800–3.200 störf innan þjónustugeirans.

Í þjóðgarðinum í Skaftafelli starfar einn þjóðgarðsvörður allt árið en auk þess starfa þar landverðir yfir sumarmánuðina og rekstrarárið 1999 voru vinnuvikur þar alls 61. Sú breyting varð þar þá að tjaldsvæðið ásamt annarri þjónustu var leigt út en áður sáu landverðir um innheimtu, eftirlit og umhirðu. Í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum starfar einnig einn þjóðgarðsvörður allt árið og eins og í Skaftafelli starfa þar landverðir yfir sumarmánuðina. Landverðir í Jökulsárgljúfrum sjá um tjaldsvæði innan þjóðgarðsins og voru vinnuvikur landvarða í þjóðgarðinum alls 114,5 sumarið 1999. Í framtíðinni stendur til að bjóða út rekstur tjaldsvæðisins og rekstur tengdan því. Öll verktakaþjónusta í þjóðgörðunum tveimur er að sjálfsögðu í höndum heimamanna.

Eitt af meginmarkmiðum með með því að stofna þjóðgarð er fræðsla og er það í samræmi við 1. gr. laga um náttúruvernd en þar segir: „Lögin eiga að auðvelda umgengni og kynni þjóðarinnar af náttúru landsins og menningarminjum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundveli sjálfbærrar þróunar.“ Markmið með umhverfisfræðslu á staðnum er að leiðbeina gestum svæðisins að „lesa landið“ þ.e. að átta sig á því sérstæða sem þar er að finna, hvort heldur stórt eða smátt. Á undanförnum árum hefur verið lögð aukin áhersla á óformlega umhverfisfræðslu og er hún gjarnan nefnd umhverfistúlkun. Í þjóðgörðunum og á friðlýstum svæðum þar sem landverðir starfa er í boði umhverfistúlkun sem fer þannig fram að landvörður fer í stutta gönguferð með gestum og skýrir það sem fyrir augu ber, hvernig viðkomandi fyrirbæri hefur myndast, mikilvægi þess, búsvæði ákveðinna tegunda og ef menningarminjar, t.d. rústir, eru á staðnum eru gestir fræddir um þær, hvaða hlutverki þær gengdu og hvenær, svo eitthvað sé nefnt. Umhverfistúlkun fer einnig fram í gestastofum. Í þjóðgarðinum í Skaftafelli var opnuð slík stofa, „Skaftafellsstofa“, í júlí 1999 og eru gestir ánægðir með þá fræðslu sem þar er að finna. Ótalin eru fræðsluskilti sem skýra það sem fyrir augu ber á viðkomandi stað. Til fræðsluskilta teljast einnig leiðbeiningarskilti ýmiss konar og er þar m.a. að finna ábendingar um hvar megi fara um og reglur um umgengni.



Fræðsluskilti Náttúruverndar ríkisins í Flatey á Breiðafirði.
(Mynd: Náttúruvernd ríkisins.)

Hafa ber í huga að fræðsla tryggir að náttúru- og menningarminjum er ekki spillt eða þeim tortímt sakir gáleysis eða þekkingarskorts þeirrar kynslóðar sem tímabundið hefur þær að láni frá komandi kynslóðum. Til þess að ná sem bestum árangri er æskilegt að strax við stofnun þjóðgarðs verði unnin sérstök áætlun um fræðslu um svæðið, innan þess og utan.

Mörk þjóðgarða hafa oftast verið miðuð við að ekki sé byggð innan þeirra, hvorki einstakir bóndabæir né þorp. Hér hefur einnig orðið breyting á. Það er helst í Bandaríkjunum og Kanada að takmörkuð byggð er innan þjóðgarðsmarka. Í seinni tíð hafa t.d. Kanadamenn flokkað þjóðgarða sína í svæði en innan svæðanna er heimiluð mismikil umferð og/eða mannvirkjagerð. Á einu svæðinu er t.d. að finna þorp, þar er aðalskrifstofa þjóðgarðsins og margvísleg þjónusta, svo eitthvað sé nefnt.

Land/þjóðgarður	Landsvæði, km²	Íbúafjöldi innan þjóðgarðsmarka	Árlegur rekstrar-kostnaður, GBP
Austurríki/Hohe Trauen NP	1.787	82.747	3.100.000
England/Peak National Park	1.437	37.400	7.700.000
Frakkland/Morvan PNR	2.258	34.405	250.000
Sviss/Unterengedin National Park ...	169	3.460	750.000
Þýskaland/Bayerischer Wald NP	2.068	u.þ.b. 20.000	6.500.000

2. tafla. Heildarrekstrarkostnaður á ári í nokkrum þjóðgörðum í Evrópu. Ekki eru sýnileg tengsl á milli stærðar svæðis, íbúafjölda eða fjölda gesta þegar rekstrarkostnaður svæðanna er borinn saman. (Heimild: M. Dower, H. Buller og M. Asamer-Handler, 1998.)

Hér á landi eru reglur innan friðlýstra svæða mjög ólíkar og nægir e.t.v. að benda á að í friðlandinu í Surtsey er umferð almennings bönnuð, enda er eyjan í raun rannsóknarstofa þar sem fylgst er með landnámi plantna og dýra. Í öðrum friðlöndum er umferðarréttur almennings tryggður og leitast er við að veita gestum sem besta þjónustu, t.d. hvað varðar umhverfisfræðslu og með lagningu göngustíga.

Í Frakklandi kemur fjármagn til reksturs þjóðgarða að mestu frá ríki og héraðsstjórn en í auknum mæli frá sjóðum Evrópubandalagsins. Áætlaður meðalkostnaður hvers þjóðgarðs (34 talsins) er um 10 milljónir franka, FRF, eða um 1 milljón GBP. Taflan hér á eftir sýnir fjárframlög til þjóðgarðanna, skipt niður eftir rekstrarkostnaði og stofnkostnaði, ásamt hlutfalli hvers og eins af heildarkostnaði.

Uppruni fjármagns	Rekstrarkostnaður í FRF	Stofnkostnaður í FRF	Heildarkostnaður í FRF	% af heildar-kostnaði
Umhverfisráðuneyti .	25.891.800	22.267.810	48.159.610	13,3
Önnur ráðuneyti	8.120.900	11.252.384	19.373.284	5,4
Héraðsstjórn	39.924.133	47.719.814	140.643.947	39,0
Sveitarstjórn	65.059.421	28.335.140	93.394.561	25,9
Evrópubandalagið ...	7.326.932	22.400.315	29.727.247	8,2
Þjóðgarðurinn af tekjum	27.786.094	1.921.202	29.707.296	8,2
Samtals	233.109.280	127.796.665	360.905.945	100,0

3. tafla. Fjárhagsáætlun 1995 fyrir 34 þjóðgarða í Frakklandi. Áætlunin sýnir m.a. að ⅓ hluti fjármagnsins kemur frá viðkomandi sveitarstjórn. (Heimild: M. Dower, H. Buller og M. Asamer-Handler, 1998.)

Í hvað fara svo allir þessir fjármunir? Í franska þjóðgarðinum Vercors hljóðaði fjárhagsáætlun ársins 1995 upp á 13 milljónir FRF. Taflan hér á eftir sýnir skiptingu eftir viðföngum.

Viðfang	Í milljónum FRF
Umhverfisfræðsla, skilti og umhverfistúlkun	3,8
Byggingarframkvæmdir	3,7
Verndun menningarminja	1,5
Verndun náttúruminja	1,5
Verndun friðlands innan þjóðgarðsins	1,3
Skipulagsvinna, skipting í svæði og undirbúningur framkvæmda	1,2

4. tafla. Stofnkostnaður 1995 í Vercorsþjóðgarðinum flokkað eftir viðfangi.

Til samanburðar er dæmi frá nokkrum þjóðgörðum í Bretlandi um skiptingu útlagðs kostnaðar eftir viðfangi.

	Snowdonia 1990/91	Peak 1990/91	Northumberland 1990/91
Útlagður kostnaður GBP	1.952.000	3.822.900	3.822.900
Viðfang:			
Verndun náttúru- og menningarminja	21,1%	31,79%	26,0%
Útivist	27,5%	24,12%	18,0%
Fræðsla og upplýsingar	18,7%	15,62%	29,0%
Yfirstjórn	25,0%	14,60%	22,0%
Skipulagsvinna	6,1%	11,45%	5,0%
Styrkir til sveitarfélags	1,6%	2,42%	

5. tafla. Hlutfallsleg skipting útlagðs kostnaðar fjárhagsárið 1990/91 í þremur þjóðgörðum í Bretlandi skipt eftir viðföngum.

6. Næstu skref.

Eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að stofna þjóðgarð er brýnt að starfsnefnd verði skipuð og þá með fulltrúum þeirra aðila sem skipa eiga í þjóðgarðsnefnd, þ.e. ráðgjafarnefnd skv. 51. gr. laga um náttúruvernd. Hlutverk ráðgjafanefndar er í fyrstu að beita sér fyrir deiliskipulagsgerð þeirra þjónustukjarna sem ákveðnir verða, gerð verndaráætlunar, skipulag og áætlun útivistar og ferðamöguleika og áætlun um umhverfisfræðslu, innan svæðisins fyrst og fremst en einnig í samstarfi við grunnskóla á svæðinu og æðri menntastofnanir í landinu.

Helstu heimildir:

Stefna í náttúruvernd, skýrsla Náttúruverndarráðs, fjölrit nr. 28, Reykjavík 1996.

1997 United Nations List of protected Areas. IUCN, Gland, Sviss og Cambridge, Englandi, 1998.

Nationalparksplan för Sverige, Naturvårdsverket, Stokkhólmur, 1989.

M. Dower, H. Buller & M. Asamer-Handler, 1998. The socio-economic benefits of National Parks: a review prepared for Scottish Natural Heritage, SNH Review No. 104.

K. Bishop, M. Green & A. Phillips, 1998. Models of National Parks, SNH Review No. 105.

Tillaga til þingsályktunar um þjóðgarða á miðhálendinu, flm. Hjörleifur Guttormsson, 16. mál 123. löggjafarþings 1998–99, þskj. 16, 16. mál.

Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Heimasíður:
www.eldhorn.is/coast-mountains
www.eldhorn.is/glaciert
www.hi.is

Viðauki 1.

Lög um friðun Þingvalla, 1928 nr. 59 7. maí.

1. gr.

Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Mörk hins friðhelga lands skulu vera sem hér segir:

a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
c. Að norðan: Frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá.
d. Að austan: Eystri bakki Hlíðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofannefndra marka skal, eftir því er Þingvallanefnd kveður á og fært kann að reynast, varið fyrir ágangi af sauðfé og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifist, skal vera algerlega friðað. Þó skal nefndin gera ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfénaði héraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar.

3. gr.

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta land, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarétt jarðanna eða jarðarhlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotaréttinn samkvæmt óvilhallra dómkvaddra manna mati. Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir íþyngingu fjallskila og rýrnun útsvara, enda náist ekki samningar.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki nást viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. gr.

Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

5. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefur fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skipti á þingi 1928.

6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um hið friðlýsta land og meðferð þess, en stjórnarráð staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fé upp í kostnað við friðunina.

[Þingvallanefnd ræður framkvæmdastjóra. Hann ræður annað starfslið.][1)]

[1)]L. 150/1996, 1. gr.

7. gr.

Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

[Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða sektum [eða fangelsi allt að 2 árum].[1)] Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.][2)]

[1)]L. 82/1998, 146. gr. [2)]L. 75/1982, 6. gr.

Viðauki 2.

Reglugerð um þjóðgarð í Skaftafelli, Stjórnartíðindi B, nr. 319/1984.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Þessi reglugerð er um þjóðgarðinn í Skaftafelli, Hofshreppi, Austur-Skaftafellssýslu, sem var stofnaður 15. september 1967.

Um þjóðgarðinn gilda ákvæði 25. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, ákvæði reglugerðar þessarar svo og ákvæði reglugerðar nr. 205/1973 um náttúruvernd, eftir því sem þau geta átt við.

II. KAFLI

Stjórn þjóðgarðsins.

2. gr.

[Náttúruvernd ríkisins] fer með stjórn þjóðgarðsins. Það getur falið sérstakri nefnd, er það kýs sér til ráðgjafar, að fara með málefni sem varða rekstur og mannvirkjagerð, en ákvarðanir hennar eru háðar samþykki [stofnunarinnar].

3. gr.

[Náttúruvernd ríkisins] ræður þjóðgarðsvörð til að fara með daglega stjórn í þjóðgarðinum, bæði gagnvart starfsmönnum hans, gestum og aðilum, sem annast þar rekstur.

[Náttúruvernd ríkisins] setur þjóðgarðsverði erindisbréf. Þjóðgarðsvörður skal vera búsettur í Skaftafelli.

III. KAFLI
Mörk þjóðgarðsins.

4. gr.

Mörk þjóðgarðsins eru þessi:

Að vestan ráða landamörk Núpsstaðar og Skaftafells, sem jafnframt eru sýslumörk V.- og A. Skaftafellssýslu, frá Súlutindum og suður að „sýslusteini“. Frá „sýslusteini“ liggja mörkin í beina línu í merki við Gömlutún, en þaðan til austurs í fremstu nöf Hafrafells og áfram í beina línu í landamörk Svínafells og Skaftafells á Svínafellsjökli. Mörkin fylgja síðan síðastnefndum landamörkum til norðurs. Á jökli að austan og norðan ráða vatnaskil. Mörkin eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti.

IV. KAFLI
Réttindi og skyldur gesta.

5. gr.

Þjóðgarðurinn er opinn gestum allt árið. Þjónusta á tjaldsvæðum er veitt 1. júní til 15. september ár hvert.

Gestum sem óska að dveljast í þjóðgarðinum utan þess tíma, sem hér segir í 1.mgr., ber að gera þjóðgarðsverði aðvart þegar þeir koma og hlíta fyrirmælum hans í hvívetna um allt, sem lýtur að dvöl þeirra.

Heimilt er þjóðgarðsverði að loka þjóðgarðinum fyrirvaralaust og gera mönnum að hverfa burt, ef að steðjar vá svo sem vegna sinu- eða skógarbruna, vegna hlaups í Skeiðará eða af öðrum slíkum orsökum. Sama gildir, ef þjóðgarðsvörður telur að dvöl manna geti spillt gróðri eða jarðmyndunum.

6. gr.

Gangandi fólki er heimil för um þjóðgarðinn. Ætlast er til að fylgt sé merktum gönguleiðum eftir því sem merkingum miðar áfram, en annars hefðbundnum gönguleiðum sem við verður komið eða þá fyrirmælum starfsmanna þjóðgarðsins.

7. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum.

Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpílátum, enda er óheimilt að fleyja úrgangi eða grafa hann.

Notkun skotvopna er bönnuð í þjóðgarðinum og óheimilt er að kveikja eld á víðavangi.

8. gr.

Gestir, sem koma í þjóðgarðinn og hafa með sér hunda eða önnur gæludýr, skulu koma þeim í geymslu á þeim stað eða stöðum, sem til slíks eru ætlaðir. För um þjóðgarðinn með þau er því aðeins heimil að sérstakt leyfi komi til.

9. gr.

Ferðamenn, sem óska að tjalda skulu gera það á merktum tjaldsvæðum. Á sama hátt skulu ferðamenn hafa tjaldvagna og hjólhýsi á þar til ætluðum svæðum.

10. gr.

För á hestum eða með hesta um þjóðgarðinn verður heimil, þegar merktar hafa verið sérstakar reiðslóðir og áningarstaðir. Utan þeirra er för á hestum óheimil.

11. gr.

Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum neðan við Skaftafellsbrekkur.

12. gr.

Skylt er gestum í þjóðgarðinum að hlíta fyrirmælum þjóðgarðsvarðar, annarra starfsmanna svo og löggæslumanna, hvað snertir umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

Nú brýtur maður ákvæði þessarar reglugerðar, og er þessum aðilum þá heimilt að vísa honum úr þjóðgarðinum.

V. KAFLI

Starfsemi í þjóðgarðinum.

13. gr.

Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimilt í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi [Náttúruverndar ríkisins]. Sama gildir um kvikmyndagerð.

Þeir aðilar, sem fengið hafa eða fá leyfi til veitingareksturs eða verslunar í þjóðgarðinum, skulu haga svo starfsemi sinni, að dvalargestum sé tryggð fullnægjandi þjónusta á þeim tíma, sem um ræðir í 1. mgr. 5. gr. Vínveitingar eru óheimilar, nema með leyfi lögreglustjóra og þjóðgarðsvarðar.

Nú kemur í ljós, að ekki er að dómi þjóðgarðsvarðar fullnægt ákvæðum 1. ml. 2. mgr. þessarar gr. og getur [Náttúruvernd ríkisins] þá sett reglur um hvernig umræddri þjónustustarfsemi skuli hagað.

14. gr.

Mannvirkjagerð, efnistaka og hvers konar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi [Náttúruverndar ríkisins].

15. gr.

Búskapur í þjóðgarðinum er háður samþykki [Náttúruverndar ríkisins], sem ákveður hvernig honum skuli hagað.

16. gr.

Náttúrufræðilegar rannsóknir í þjóðgarðinum eru háðar leyfi [Náttúruverndar ríkisins].

VI. KAFLI

Lokaákvæði.

17. gr.

[Náttúruvernd ríkisins] ræður starfsmenn að fengnum tillögum þjóðgarðsvarðar og setur þeim starfsreglur. Þeim skulu fengin sérstök auðkenni og skilríki, er sanni heimildir þeirra til framkvæmdar á reglugerð þessari og fyrirmælum þjóðgarðsvarðar.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 229/1968.

Menntamálaráðuneytið, 27. júní 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

Viðauki 3.

Reglugerð um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum nr. 359/1993.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum í Keldu[nes]hreppi sem stofnaður var með ákvörðun [Náttúruverndar ríkisins] þann 2. júní 1973, sbr. reglugerð nr. 216/1973, og stækkaður með ákvörðunum [Náttúruverndar ríkisins] þann 6. nóvember 1973 og 8. júní 1978.

Um þjóðgarðinn gilda jafnframt ákvæði laga um náttúruvernd nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum, og reglugerðar nr. 205/1973, ásamt síðari breytingum, eins og við geta átt.

Stjórn þjóðgarðsins.

2. gr.

[Náttúruvernd ríkisins] fer með stjórn þjóðgarðsins. [Náttúruvernd ríkisins] getur stofnað sérstaka ráðgjafarnefnd til þess að fjalla um málefni sem varða rekstur og mannvirkjagerð innan þjóðgarðsins.

3. gr.

[Náttúruvernd ríkisins] ræður þjóðgarðsvörð til að fara með daglega stjórn í þjóðgarðinum eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

[Náttúruvernd ríkisins] setur þjóðgarðsverði erindisbréf og skal hann búsettur í þjóðgarðinum nema önnur skipan verði talin heppilegri.

Mörk þjóðgarðsins.

4. gr.

Mörk þjóðgarðsins eru: Frá Dettifossi að sunnan og austan, beina stefnu vestur í hátind Eilífs. Frá Eilífi til norðurs í Lönguhlíð og ræður hlíðin merkjum út á móts við syðsta og vestasta horn Langavatnshöfða. Þaðan beina línu í Botnslæk við suðurbotn Ásbyrgis, þá með efri brún bjarga Ásbyrgis að vestan að skógræktargirðingu, með henni að austurbrún Eyjunnar og björgum út að þjóðvegi. Í austurátt með þjóðvegi að girðingu austan Ásbyrgisvegar og með henni að skógræktargiðingu og austur á björg Ásbyrgis. Þaðan með björgum svo sem þau taka, norður að þjóðvegi og með honum að Jökulsá. Austurmörk þjóðgarðsins fylgja miðlínu Jökulsár á Fjöllum.

Umgengni í þjóðgarðinum.

5. gr.

Skylt er að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Gestir garðsins skulu sýna hver öðrum tillitsemi. Öll óþarfa háreysti er bönnuð í þjóðgarðinum.

Bannað er að fleygja sorpi á víðavangi eða grafa það niður. Allt sorp skal flytja í sorpgeymslur.

Óheimilt er að vinna náttúruspjöll, t.d. spjöll á gróðri, trufla dýralíf að óþörfu, hrófla við jarðmyndunum, kveikja opinn eld í eða utan hlóða, eða aðhafast nokkuð það sem valdið getur spöllum í þjóðgarðinum. Sérstök aðgát skal viðhöfð þegar eldunartæki eru notuð.

Notkun skotvopna er óheimil í þjóðgarðinum.

6. gr.

Gangandi fólki er heimil för um þjóðgarðinn enda sé merktum gönguleiðum eða hefðbundnum leiðum fylgt. Umferð reiðhjóla er óheimil utan akvega og reiðhjólaleiða.

7. gr.

Bannað er að beita hestum innan þjóðgarðsins.

Öll umferð hesta um þjóðgarðinn er óheimil nema á merktum reiðslóðum og afmörkuðum áningarstöðum enda liggi leyfi þjóðgarðsvarðar (landvarðar) fyrir.

8. gr.

Umferð vélknúinna farartækja er einungis heimil á akvegum og í samræmi við merkingar enda séu vegir ekki ófærir vegna aurbleytu eða snjóa.

Allur óþarfa akstur vélsleða og fjórhjóla er bannaður í þjóðgarðinum.

9. gr.

Óheimilt er að tjalda, leggja tjaldvögnum eða gista í bifreiðum nema á merktum tjaldsvæðum. Þó getur þjoðgarðsvörður (landvörður) heimilað aðra tilhögun ef sérstaklega stendur á.

10. gr.

Ef óskað er eftir að dveljast í þjóðgarðinum utan hefðbundins ferðamannatíma skal gera þjóðgarðsverði (landverði) sérstaklega aðvart og hlíta fyrirmælum hans um allt sem lítur að dvöl í garðinum.

11. gr.

Ef sérstaklega stendur á er [Náttúruvernd ríkisins] heimilt að loka þjóðgarðinum eða einstökum akvegum í honum að öllu leyti eða hluta fyrir umferð almennings.

12. gr.

Óheimilt er að flytja plöntur, fræ og dýr í þjóðgarðinn.

Gestum þjóðgarðsins er óheimil dvöl í garðinum með hunda og önnur gæludýr án samráðs við starfsmenn þjóðgarðsins. Óheimilt er að láta dýrin ganga laus í þjóðgarðinum.

13. gr.

Gestum þjóðgarðsins er skylt að hlíta fyrirmælum þjóðgarðsvarðar, annarra starfsmanna þjóðgarðsins og lögreglu um umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

Nú er brotið á veigamiklum atriðum gegn reglugerð þessari og er þá heimilt að vísa viðkomandi úr þjóðgaðinum.

Starfsemi í þjóðgarðinum o.fl.
14. gr.

Öll atvinnustarfsemi, samkomuhald, kvikmyndagerð og rannsóknir í þjóðgarðinum er háð leyfi [Náttúruverndar ríkisins]. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask er óheimilt í þjóðgarðinum án leyfis [Náttúruverndar ríkisins].

Búskapur og húsdýrahald í þjóðgarðinum er háð samþykki [Náttúruverndar ríkisins].

Gildistaka o.fl.
15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum eða varðhaldi.

16. gr.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af [Náttúruvernd ríkisins] og sett samkvæmt lögum nr. 47/1971, ásamt síðari breytingum, staðfestist hér með og öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 216/1973.

Umhverfisráðuneytið, 27. ágúst 1993.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal II.

Friðlýst svæði og náttúruminjar í nágrenni Vatnajökuls.
Samantekt Náttúrurverndar ríkisins fyrir starfshóp umhverfisráðuneytisins um Vatnajökulsþjóðgarð.

Inngangur.

Staðfesting svæðisskipulags 2015 fyrir miðhálendi Íslands skilgreinir Vatnajökul og skriðjökla hans sem náttúruverndarsvæði skv. 6. tölul. 3. gr. laga um náttúruvernd. Að ganga skrefinu lengra og kalla Vatnajökul þjóðgarð strandar, að vilja manna óspurðum, formlega á því að eignarhald á hjarnjöklinum er ekki að fullu skýrt og ákveða þyrfti skipulag á vörslu svæðisins.

Nú háttar þannig til að miklu fleiri og stærri svæði eru á náttúruminjaskrá eða undir einhvers konar náttúruvernd á eystri hluta landsins en þeim vestari og sýnu stærstur er hlutur Suðausturlands (sjá lýsingu). Umhverfis Vatnajökul eru fimmtán svæði á náttúruminjaskrá áföst jöklinum. Esjufjallafriðland er reyndar inni á jöklinum, en af þessum fimmtán svæðum eru tvö friðlönd, einn þjóðgarður, eitt náttúruvætti og Mývatns- og Laxársvæðið sem friðað er samkvæmt sérstökum lögum. Undirbúningi að stofnun friðlands á Öræfajökli er svo til lokið. Innan tuttugu og fimm kílómetra fjarlægðar frá jökulröndinni umhverfis Vatnajökul eru nítján svæði til viðbótar á náttúruminjaskrá þar af eru þrjú friðlönd og þrjú náttúruvætti.

Um helmingur þess lands sem er innan tuttugu og fimm kílómetra fjarlægðar frá jaðri Vatnajökuls er á náttúruminjaskrá og/eða friðaður samkvæmt lögum um náttúruvernd. Þetta svæði mun stækka enn ef hverfisverndaráform Austur-Skaftfellinga verða að veruleika. Að öllu þessu upptöldu má segja að stærstur hluti þess svæðis sem afmarkast af 18° vestlægrar lengdar og 65° norðlægrar breiddar sé á náttúruminjaskrá og stærstur hluti þess er eða mun verða verndaður af lögum um náttúruvernd, sérlögum eða skipulagsákvörðunum.

Friðun lands umhverfis Vatnajökul snertir aðallega hagsmuni búfjárræktar, raforkuframleiðslu (miðlunarlón) og ferðamennsku. Markmið friðunar er að skila landi í jafngóðu eða betra ásigkomulagi til afkomenda okkar að teknu tilliti til náttúrulegra breytinga. Afturkræfar framkvæmdir stangast ekki á við þessi markmið. Burtséð frá miðlunarlónum sem falla undir óafturkræfar framkvæmdir er það nú einungis skipulagsatriði að samræma hagsmuni friðunar og búfjárræktar eða ferðamennsku.

Með hliðsjón af því að íslensk stjórnvöld hafa í samræmi við alþjóðlegar, evrópskar og norrænar skuldbindingar sínar bundið sjálfbæra þróun í lög og með hliðsjón af 30. gr. laga um náttúruvernd frá 1999 er ekkert formlega því til fyrirstöðu að ná samkomulagi við landeigendur hvar sem er á landinu um stofnun friðlanda. Samningur þarf að tryggja að landnotkun stuðli að sjálfbærri þróun og landeigendur fái umbun fyrir þá hagsmuni sem þeir afsala sér. Tryggja þarf að hvers konar starfsemi sem skaðað gæti náttúruna eða markmið sjálfbærrar þróunar valdi ekki skaða út fyrir lóðamörk starfsemi sinnar. Ef stofnaður væri Vatnajökulsþjóðgarður innan marka svæðisskipulags miðhálendisins 2015 væri mögulegt á fyrrnefndum forsendum að ganga til samninga við íbúa og stjórnvöld í sveitarfélögum sem liggja að Vatnajökli um stofnun friðlanda umhverfis jökulinn og kanna síðan frekar með hugsanleg kaup ríkisins á löndum, t.d. á Tungnafells- og Kverkfjallasvæðinu eða Breiðamerkur- og Skeiðarársandi. Við skoðun þessara möguleika er áberandi að lítið þarf til að Sveitarfélagið Hornafjörður verði allt að náttúruverndarsvæði.

Hagrænn ávinningur friðunar er ótvíræður fyrir landeigendur (arður) og stjórnvöld (sjálfbær þróun).

Þjóðgarðar og friðlönd hafa „landhelgi“, þ.e. grenndarréttur þjóðgarða og friðlýstra svæða er mikill. Afleiðing þess er að landnotkun á eignarlöndum nágranna er takmörkuð án þess að bætur komi fyrir. Eina leiðin til að ná ábata af þessum „landhelgisáhrifum“ er að selja landið, en vegna þeirra takmarkana sem í „áhrifunum“ felast er enginn kaupandi reiðubúinn til að greiða hærra verð en ríkið.

Önnur leið er sú að semja sig undir náttúruvernd, þ.e. afsala sér nýtingarrétti á mestum hluta eignarlands síns gegn því að mega standa að framkvæmdum og rekstri á hluta landsins að uppfylltum skilyrðum sjálfbærrar þróunar. Þannig geta menn haldið búsetu sinni og notið arðs af þeirri atvinnustarfsemi sem náttúruvernd skapar, stjórnvöld geta náð markmiðum sjálfbærrar þróunar og arði af þeirri verðmætasköpun sem takmörkun auðlindanýtingar laðar fram og nærsamfélagið jafnt sem alþjóðasamfélagið getur notið árangursins. Reynsla Evrópuþjóða sýnir að ferðaþjónusta á náttúruverndarsvæðum, oft kölluð „græn ferðaþjónusta“, er áhrifamikill þáttur í sjálfbærri þróun. Hún hefur áhrif á starfsemi á öðrum sviðum efnahagslífs eins og lífræna matvælaframleiðslu og framleiðslu og sölu vistvænnar vöru og þjónustu. Eins virðist ferðamennska á náttúruverndarsvæðum vera heppilegur vettvangur til að ná árangri í samstarfi ólíkra atvinnugreina. Aðalástæðan fyrir hvetjandi áhrifum „grænnar ferðaþjónustu“ er sú að forsenda hennar er að til staðar séu framúrskarandi náttúrugæði jafnframt miklum lífsgæðum. Lífsgæðin sem hér um ræðir byggjast á því að vara og þjónusta sem í boði er innan og/eða í næsta nágrenni náttúruverndarsvæða sé af þeim gæðum sem eru náttúrugæðunum til sóma.



Friðlönd og náttúruminjar í nágrenni við Vatnajökul.

Herðubreiðarfriðland. Gróðurvin á hálendinu. Hvannarbreiður og eyrarrós setja svip á gróðurlandið. Fjalla-Eyvindur og Halla bjuggu sér þar griðastað um tíma. *Friðlýst 1974.*

613. Kverkfjöll og Krepputunga. Svæðið milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu, allt suður í Vatnajökul. Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytilegum jarðmyndunum, jarðhiti í Hveradal og Hveragili. Íshellir í sporði Kverkjökuls. Kjörið land til útivistar og náttúruskoðunar. *Á náttúruminjaskrá.*

Hvannalindir í Krepputungu. Gróðurvin á hálendinu. Lindir spretta undan hraunrönd. Með fram lindunum og í nágrenni þeirra er allvíðáttumikið gróðursvæði. Hvannstóð er einkennandi fyrir gróðurfar en einnig má sjá víðirunna og mýrlendi. Mikill munur er á gróðurfari eftir árferði. Það er víðsýnt og fallegt í Hvannalindum en dálítið kuldalegt sem vænta má. 1880 fundu leitarmenn vel varðveitta útilegumannakofa. Óljóst er hverjir hafi þar búið en líklegt er talið að Fjalla-Eyvindur og Halla hafi hafst þar við um hríð. *Friðlýstar 1973.*

614. Fagridalur og Grágæsadalur á Brúaröræfum. Svæðið afmarkast af Kreppu að vestan, Grágæsahnjúk og hæstu hnjúkum rétt suðaustan Fagradals. Frá þeim bein lína í nafnlaust vatn nokkru norðan dalsins. Þaðan beint vestur í Kreppu. Gróskumiklar vinjar í u.þ.b. 60 m h.y.s. Auðugt smádýralíf og fagurt landslag. *Á náttúruminjaskrá.*

Kringilsárrani. Mikilvægt beitiland hreindýra. Sérstæð og gróin landspilda sem mörkuð er af hopi Brúarjökuls. Jökulminjar eru hér greinilegar og liggja svokallaðir hraukar yfir ranann þverann. Gróðursamfélagið er sérstætt, til að mynda eru þar sérkennilegar þyrpingar af hattsveppum. *Friðlýstur 1975.*

615. Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur. Frá Eyjabakkajökli fylgja mörkin 700 m hæðarlínu að Laugará, þaðan í Fremra-Kálfafell, um Tungusporð í Búrfellstopp og þaðan beina línu í ós Dysjarár og þvert yfir Jökulsá. Að vestan fylgja mörkin vestari barmi Jökulsár á Dal inn að Kringilsá og sameinast þar eystri mörkum Kringilsárranafriðlands. Vesturöræfi eru víðáttumikið og vel gróið hálendissvæði ásamt því að vera sumarland hreindýra. Mikilvægt beitiland heiðagæsa. Hafrahvammagljúfur er eitt hrikalegasta gljúfur landsins og eru gróðursælir hvammar með fram því. *Á náttúruminjaskrá.*

616. Eyjabakkar í Fljótsdalshreppi. Svæðið afmarkast að vestan af 700 m hæðarlínu í Snæfellshálsi, frá Eyjabakkajökli að Eyjabakkafossi og þaðan í suðvesturenda Folavatns. Frá Folavatni beina línu um Háöldur að mörkum friðlands í Lónsöræfum suður í jökul. Óvenjugrösugt votlendi í um 650 m h.y.s. með fjölda tjarna. Svipmikið landslag við rætur Snæfells, jökulgarðar með hraukum við Eyjafell. Beitiland hreindýra, heiðagæsa og álfta. *Á náttúruminjaskrá.*

Lónsöræfi í Stafafellsfjöllum. Upp frá Lóni, austan Vatnajökuls gengur fjallahringur, dalir og öræfi er nefnast Stafafellsfjöll. Þau skarta mikilli fjölbreytni í formum og litum sundurskorin af gljúfrum og giljum. Náttúran einstaklega litrík og mikið er um líparít, holufyllingar og fagra steina. Víða eru grónir balar og ekki ólíklegt að menn rekist á hreindýr á ferð sinni um öræfin. Stafafellslandið er stórkostlegt gönguland fyrir þá sem unna fögrum jarðmyndunum. *Friðlýst 1977.*

625. Hofsdalur, Tunga, Hofsá, Geithellnadalur og Þrándarjökull, Djúpavogshreppi. Hofsdalur innan Eyðikinnargils, Flugustaðadalur norðan Hofsár syðri (Sauðár) og Geithellnadalur innan Árness. Að vestan og norðan ráða vatnaskil. Til austurs ræður Hákonará, Nóngil og Eyðikinnargil. Hofsá ásamt 100 m breiðu belti beggja vegna árinnar allt fram í sjó. Gróðursælir dalir með vöxtulegu kjarri og skógarteigum kringdir litríkum og háum fjöllum. Margir fallegir fossar, einkum í Hofsá. Tilvalið svæði til útivistar í tengslum við Lónsöræfin. *Á náttúruminjaskrá.*

627. Þórisdalur, Bæjarhreppi. Land jarðarinnar Þórisdals í Lóni vestan þjóðvegar. Að sunnan fylgja mörk Laxá, síðan hreppamörkum að Lambatungujökli, en að norðan fylgja mörk Skyndidalsá og Jökulsá. Fjölbreytt og litríkt landslag. Dalsskógur í norðanverðum Laxárdal. Fjölsótt útivistarsvæði. *Á náttúruminjaskrá.*

Díma. Klapparhæð, á aurum Jökulsár í Lóni, með fjölbreyttum gróðri. *Friðlýst 1975.*

652. Álftafjörður í Djúpavogshreppi. Grunnsævi, fjörur, eyjar og rif á milli suðausturhorns Melrakkaness í norðri og Biskupshöfða í suðri. Í Álftafirði eru víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri. Mikið fuglalíf. *Á náttúruminjaskrá.*

626. Lónsfjörður og Hvalnes í Bæjarhreppi. Fjörur og grunnsævi í Lónsfirði öllum ásamt votlendi utan ræktaðs lands, milli fjarðar og Jökulsár auk jarðarinnar Hvalness í Lóni. Grunnur fjörður með þroskamiklum og sérstæðum botngróðri, sjávarfitjar og mýrlendi með tjörnum. Þýðingarmikill viðkomustaður farfugla. Sérkennilegt og fagurt landslag með hömrum úr djúpbergi við Hvalnes. *Á náttúruminjaskrá.*

628. Laxárdalur, Hornafjarðarbæ. Laxárdalur að meðtöldum malarkambi í dalsmynninu, að öðru leyti ráða vatnaskil til Laxár. Dalur með fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og vötn. Talsvert fuglalíf. *Á náttúruminjaskrá.*

653. Fjalllendið utan Skarðsdals, Hornafjarðarbæ, Bæjarhreppi. Fjalllendið utan við Skarðsdal. Fagurt fjallendi með margvíslegum bergtegundum. Í Vesturhorni finnst bæði granófýr og gabbró. *Á náttúruminjaskrá.*

629. Skarðsfjörður, Hornafjarðarbæ. Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð. *Á náttúruminjaskrá.*

Ósland. Eyja með landbrú við Höfn í Hornafirði. Leirur með miklu fuglalífi. Á Óslandi má sjá basaltafsteypur af trjám sem þar hafa lent í hrauni. *Friðlýst 1982.*

630. Baulutjörn, Hornafjarðarbæ. Baulutjörn á Mýrum. Óvenjulífrík tjörn, mikið fuglalíf. *Á náttúruminjaskrá.*

631. Umhverfi Hoffellsjökuls, Hornafjarðarbæ. Viðborðsdalur norðaustan undir Viðborðsfjalli og Sandmerkurheiði austur að línu úr Selhvammi um Svínafellsfjall í Miðfell. Til norðurs ráða vatnaskil inn að Goðaborg. Stórbrotið landslag umhverfis skriðjökul. Kjarrlendi,

jarðhitavottur er í Vandræðatungum. Jaðarlón framan við Svínafellsjökul, minjar um hopun jökuls. Djúpberg í Svínafellsfjalli og Geitafelli. *Á náttúruminjaskrá.*

654. Heinabergsfjöll, Hornafjarðarbæ. Svæðið á milli Heinabergsjökuls og Fláajökuls. Til austurs ræður lína frá enda Hafrafellsáss norðaustur um Heiðna að hæsta punkti Jökulfells. Stórbrotið landslag með sérkennilegum móbergstindum í Heinabergsfjöllum, jökullón og jarðhiti í Vatnsdal og birkikjarr í Heinabergsdal. *Á náttúruminjaskrá.*

632. Skálafellsjökull og fjalllendi í Suðursveit, Borgarhafnarhreppi. Mörk svæðisins eru frá Litlafelli í Hafrafell (í 1.008 m hæðarpunkti), þaðan í Kistugil, um Bæjarhlíðar og eftir Smyrlabjargará yfir Borgarhafnarheiði í Svínadal. Eftir Staðardal suður fyrir Hrafnagil og Kálfafellstind um Kálfafellsdal í Brókarjökul. Stórbrotið landslag, jarðmyndanir, svo sem jökulminjar og gabbróhnullungar. Í tindum og jökulskerjum vaxa fjallaplöntur í 1.100–1.300 m hæð. *Á náttúruminjaskrá.*

633. Steinadalur og Staðarfjall, Borgarhafnarhreppi. Steinadalur, Hvannadalur og Kálfafellsdalur vestan Steinavatna með aðliggjandi fjalllendi. Að suðaustan fylgja mörk þjóðvegi, frá Steinavötnum að Steinafjalli, en að öðru leyti ráða vatnaskil. Stórbrotið landslag með háum fjöllum, Þverártindsegg, hrikalegu gljúfri, þ.e. Klukkugili, og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli. *Á náttúruminjaskrá.*

Esjufjöll. Fjórir fjallsranar við norðanverðan Breiðamerkurjökul. Hæstur er Esja, 1.660 m y.s. Það er sérstætt hversu mikill gróður hefur fest þar rætur. Lágvaxinn víðir, lyng og grastegundir auk mosa. Þetta gróðursamfélag er upprunalegt og hefur fengið að þróast algerlega í friði fyrir ágangi manna og húsdýra. *Friðlýst 1978.*

635. Breiðamerkursandur, Jökulsárlón, jökulöldur við Kvíárjökul og Eystrihvammur, Borgarhafnarhreppi, Hofshreppi, Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, sandurinn milli Vestari-Kvíár og Fellsár, frá Breiðamerkurjökli til fjöru. Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul, þá Eystrihvammur allur ásamt stöðuvatni í botni hans. Jökulsárlón er þekktasta jaðarlón á landinu. Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul eru einhverjar stærstu og sérstæðustu jökulöldur á landinu. Eystrihvammur er kjarri vaxinn með tæru stöðuvatni. Mikill og sérstæður gróður, auðugt fuglalíf og selir. *Á náttúruminjaskrá.*

634. Hrollaugseyjar, Borgarhafnarhreppi. Þrjár smáeyjar. Eyjar í hlýjasta hluta sjávar við landið, en nálægt skörpum hitaskilum. Klettafjörur, nánast þær einu á mjög stóru svæði. *Á náttúruminjaskrá.*

Salthöfði og Salthöfðamýrar. Höfðinn er berggangur eða gígtappi sem til forna hefur verið sjávarhamrar. *Friðlýst 1977.*

Ingólfshöfði. Höfðinn stendur í sjó fram og er hömrum girtur. Höfðinn er þéttsetinn fugli. Stormsvala og sjósvala verpir í höfðanum. Hægt er að komast á höfðann eftir sandöldu í honum norðvestanmegin. Fyrrum var mikil fugla- og eggjataka og útræði frá höfðanum, verbúðarústir og örnefni minna á þá tíma. Róðrar lögðust niður eftir mannskaðaslys 1746.

Höfðinn ber nafn sitt af landnámsmanninum Ingólfi Arnarsyni. Hann kom hér að og eyddi sínum fyrsta vetri á nýja landinu. *Friðlýstur 1974.*

636. Hamrar milli Gljúfursár og Salthöfða, Hofshreppi. Hamrabelti ofan flugvallar við Fagurhólsmýri, frá Gljúfursá að Salthöfðafriðlandi. Sérkennilegir blágrýtishamrar, sérstætt náttúrufar. *Á náttúruminjaskrá.*

Háalda. Jökulalda mikil milli Sandfells og Hofs. Hlaupset sem varð til í jökulhlaupi við gos 1727 í Öræfajökli. Þetta fyrirbæri er dæmigert dauðíslandslag. Jökulkerið í öldunni er far eftir ísjaka. *Friðlýst 1975.*

637. Svínafellslögin, Hofshreppi. Sandsteinslög neðarlega í vestanverðu Svínafellsfjalli. Vatnasetlög með blaðförum frá hlýskeiði ísaldar. *Á náttúruminjaskrá.*

638. Stóralda, Hofshreppi. Forn, algróin jökulalda framan við Svínafellsjökul. *Á náttúruminjaskrá.*

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli. Skaftafell er óvenjugróskumikil gróðurvin umlukin mikilúðlegum jöklum og söndum. Veðursæld er mikil í Skaftafelli í skjóli hæsta fjalllendis Íslands, frá Færnesi í vestri til Öræfajökuls í austri. Logndagar eru yfir hundrað á ári. Veðráttan hefur sín áhrif á lífríki svæðisins, gróðursæld er mikil og hafa meira en tvö hundruð tegundir háplantna verið greindar. Skeiðarárhlaup hafa mótað búsetu í Skaftafelli og Öræfum. Skeiðarárhlaup eru reglubundin hamfaraflóð sem spretta fram undan Skeiðarárjökli. Þau eiga upptök sín í Grímsvötnum, mjög virkri eldstöð í Vatnajökli.

Þjónustumiðstöð var byggð í þjóðgarðinum 1974 þegar Skeiðará var brúuð. Þar er stórt tjaldsvæði, verslun, veitingahús og gestastofa. Gestastofan hlaut nafnið Skaftafellsstofa þegar hún var opnuð 1999. Skaftafellsstofa er bækistöð landvarða og fræðslumiðstöð fyrir gesti. Þar geta gestir nálgast upplýsingar um allt sem hægt er að skoða í Skaftafelli. Ráðlegt er að hefja dvöl sína með því að skoða sýningu í Skaftafellsstofu þar sem fræðast má um eðli jökla og eldfjalla, sögu Grímsvatnagosa og Skeiðarárhlaupa og áhrif þeirra á landmótun og ábúð í Skaftafelli. Einnig eru þar sýnd myndbönd um Skeiðarárhlaupið 1996 og gróður og dýralíf í þjóðgarðinum.

Frá þjónustumiðstöðinni liggja göngustígar um þjóðgarðinn. Búið er að merkja um 45 km af gönguleiðum á svæðinu. Gönguferðir í Skaftafelli eru frekar auðveldar og þarfnast ekki neins sérútbúnaðar. Landverðir bjóða upp á umhverfistúlkun, gönguferðir, barnastundir og fræðslustundir samkvæmt dagskrá sem auglýst er á staðnum.

Þjóðgarðurinn Skaftafell var stofnaður 1967. Þjóðgarðsvörður er Ragnar Frank Kristjánsson. Þjóðgarðurinn lýtur stjórn Náttúruverndar ríkisins.

701. Núpsstaður, Núpsstaðarskógar og Grænalón, Skaftárhreppi. Allt land Núpsstaðar frá stórstraumsfjörumörkum upp í jökul. Sérstætt svæði vegna náttúrufars og fegurðar. Söguminjar, gamlar byggingar. *Á náttúruminjaskrá.*

Dverghamrar. Sérkennilegir og fagurformaðir stuðlabergshamrar. Ofan á stuðlunum er víða svokallað kubbaberg. Þegar sjávarborð lá hærra við ísaldarlok hefur hafaldan sett mark sitt á lögun hamranna. *Friðlýstir 1987.*

Kirkjugólf. Lág stuðlabergsklöpp. Endi stuðlabergsdranganna sem snúa upp úr jörðu. *Friðlýst 1987.*

704. Grenlækur, Skaftárhreppi. Grenlækur ásamt Tröllshyl, Arnardrangshólma og Starar-flóði milli Grenlækjaróss og Þykkvabæjar. Víðáttumikil flæðiengi, tjarnir, lindir og lækir. Auðugt og óvenjulegt lífríki, mikið fuglalíf. *Á náttúruminjaskrá.*

705. Steinsmýrarflóð, Skaftárhreppi. Votlendið frá jaðri Eldhrauns norður og austur að söndum og suður að Eldvatni. Gulstararflóð og grunnt stöðuvatn. Mikið fuglalíf. *Á náttúruminjaskrá.*

Gervigígar í Álftaveri. Víðáttumiklar strýtu- og hólaþyrpingar. Tilgáta segir að sjóðheit gufa hafi mótað drýlin þegar hún leitaði upp úr skorpunni. *Friðlýstir 1975.*

703. Fjaðrárgljúfur, Skaftárhreppi. Tilkomumikið gljúfur í móbergi. *Á náttúruminjaskrá.*

759. Skálarheiði, Rauðhóll, Bunuhólar og Hálsagígir, Skaftárhreppi. Til austurs ræður lína sem hugsast dregin um Innra-Hrútafjall, Fremra-Hrútafjall og Holtsborg. Að öðru leyti afmarkast svæðið af línu úr 374 m hæðarpunkti í Hellnamýri í topp Kanafjalla og síðan eftir Lambshagaá til ármóta við Skaftá. Frá ármótum liggja mörkin í beina línu sem hugsast dregin um Árhól suður að þjóðvegi nr. 1 og fylgja síðan þjóðveginum til austurs að Dyngjum. Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi. Gjallgígaraðir frá nútíma. Rauðhóll er afar sérstakur rauður gjallgígur sem stendur um 80 m yfir umhverfið. Hálsagígir eru gjall- og klepragígar á um 3 km langri gígaröð frá nútíma. *Á náttúruminjaskrá.*

Lakagígar. Gígaröð á 25 km langri gossprungu vestan Vatnajökuls. Dregur nafn sitt af Laka, móbergsfjalli í miðri gígaröðinni. Lakagígar gusu 1783 í Skaftáreldum, einhverjum mestu hamförum sem sögur fara af. Eldhraun (Skaftáreldahraun) er stærsta hraun sem runnið hefur á sögulegum tíma. Í kjölfar gossins fylgdu hin ægilegu móðuharðindi. Gígarnir eru hin mesta furðusmíð og fagrir á að líta úr rauðu og svörtu gjalli og í seinni tíð að miklu leyti þaktir grámosaþembu. *Friðlýstir 1971.*

516/702. Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur). Jökullinn ásamt undirhlíðum, Tómasarhaga, Nýjadal og jarðhitasvæði í Vonarskarði. Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum. *Á náttúruminjaskrá.*

517. Gæsavötn við Gæsahnjúk. Vötn við suðurjaðar Ódáðahrauns vestur undir Gæsahnjúk og umhverfi þeirra. Lindavötn og hálendisvin, um 920 m h.y.s. *Á náttúruminjaskrá.*

518. Laufrönd og Neðribotnar. Gróðurlendi í vesturjaðri Ódáðahrauns milli Laufrandar og Hraunár sunnan frá Steinfelli norður fyrir Neðribotna. Gróðursælt umhverfi tjarna og lindavatna, 700–800 m h.y.s. Sérstætt fuglalíf. *Á náttúruminjaskrá.*

Askja. Sigdæld og eldstöðvar í Dyngjufjöllum. Botn Öskju er þakinn úfnum apalhraunum. Í suðausturhorninu er Öskjuvatn sem varð til við jarðfall í eldsumbrotum 1875. Öskjuvatn er dýpsta stöðuvatn landsins, rúmlega 200 m djúpt. Miklar eldstöðvar eru í Öskju og þeirra á meðal er gígurinn Víti. Vatnið í Víti er heitt og þar er vinsælt að fara í bað. Eldsumbrot í

Öskju hafa verið nokkur á sögulegum tíma og áttu þau m.a. sinn þátt í að hrekja fólk frá Austurlandi á síðustu öld. Síðast gaus Askja 1961 þegar Vikrahraun rann. Bandarískir geimfarar voru þjálfaðir þá þessu svæði vegna þess að landslagi þótti svipa til landslags á tunglinu. Stórbrotin og mikilfengleg náttúra Öskju verður ógleymanleg öllum þeim sem hana sækja heim og óhætt er að segja að hér sé einstakur staður á jörð. *Friðlýst 1978.*

Mývatn og Laxá. Mývatn er grunnt og vogskorið með gróskumiklum hólmum og eyjum. Lífríkasta vatn landsins og einstæð náttúruperla. Vatnið nýtur jafnframt sérstöðu á heimsmælikvarða. Vatnið dregur nafn sitt af mývargi sem gerir sumum lífið leitt en gegnir lykilhlutverki fyrir viðgang gróðurs og dýra. Hvergi í heiminum er að finna á einum stað slíkan fjölda andartegunda. Auk þess verpa nær allar fuglategundir landsins á þessum slóðum. Þörungagróður er líka um margt einstakur í vatninu og er hann undirstaða dýralífsins. Kísilþörungar eru t.d. óvenjufjölbreytilegir og hafa myndað 5–10 m þykkt lag af kísilþörungaeðju á botni vatnsins. Kúluskítur eru hnefastórir hnoðrar grænþörunga sem liggja á botninum og eru eitt af sérkennum vatnsins. Umhverfið skartar sköpunarverkum jarðelda og umbrota sem verða vegna landreks á þessum slóðum. Náttúrufegurð Mývatns dregur þangað fleiri ferðamenn yfir sumartímann en flestir aðrir staðir landsins. Við Mývatn er gestastofa þar sem ferðamenn geta sótt sér fróðleik um náttúrufar svæðisins. *Svæðið er verndað með sérlögum nr. 36/1974.* Hluti svæðisins, þ.e. Mývatnssveit og öll Laxá, hefur verið verndaður samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.

Fylgiskjal III.

Greinamunur á þjóðlendum og þjóðgörðum.

Minnisblað Sifjar Guðjónsdóttur lögfræðings óbyggðanefndar um greinarmun á þjóðlendum og þjóðgörðum.

1. Þjóðlendur.

Um þjóðlendur er fjallað í lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Í 1. gr. þeirra laga er hugtakið þjóðlenda skilgreint svo: „Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Í greinargerð með frumvarpi til laganna kemur fram sú hugsun að hugtakið taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Hugtakið eignarland er í sömu grein skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma“. Sömu skilgreiningar er að finna í 2. og 8. tölul. 3. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Greinarmunur þessara tveggja hugtaka endurspeglast í annars vegar eignarlöndum í eigu ríkisins (ríkisjörðum) og hins vegar þjóðlendum sem einnig eru ríkiseign en hafa mikla sérstöðu á grundvelli þjóðlendulaganna.

Meginefni þjóðlendulaganna er þríþætt:

1. Því er lýst yfir að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru þegar háð einkaeignarrétti t.d. á grundvelli laga eða venjuréttar. Til þjóðlendna stofnaðist við gildistöku þjóðlendulaganna 1. júlí 1998 en

þar sem óbyggðanefnd hefur ekki lokið vinnu sinni, og raunar ekki kveðið upp neinn úrskurð enn, liggur ekki fyrir hvar þær liggja.

2. Komið er á fót sérstakri stjórnsýslunefnd, óbyggðanefnd, sem skal hafa frumkvæði að því að skera skipulega úr um mörk eignarlanda og þjóðlendna, mörk afrétta innan þjóðlendna og önnur eignarréttindi innan þjóðlendna. Í lögunum er ekki að finna sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land skuli teljast eignarland heldur ræðst það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar eru fram í hverju einstöku tilviki.
3. Settar eru sérstakar reglur um stjórn og meðferð þjóðlendna, en ekki verði raskað við réttindum þeirra sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja.

Í þjóðlendulögunum eru engin sérákvæði um jökla og í greinargerð með frumvarpi til laganna segir svo í inngangskafla: „Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.“ Um jökla gilda því sömu reglur og um önnur svæði.

Forsætisráðherra fer með þau málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum, sbr. 2. mgr. 2. gr. þjóðlendulaga. Í þessu felst annars vegar skylda til að fara með þau verkefni sem annars kæmu í hlut landeiganda að fjalla um og hins vegar ákveðnar stjórnsýsluskyldur. Í þessu sambandi er um að ræða eftirfarandi verkaskiptingu milli forsætisráðherra og viðkomandi sveitarstjórna:

Nýting	**Leyfisveitandi**
Vatns- og jarðhitaréttindi. Námur og önnur jarðefni. Nauðsynleg afnot af landi í þessu sambandi.	Forsætisráðherra, nema mælt sé fyrir um annað í lögum (samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna til aðstoðar).
Önnur nýting lands og landsréttinda til skemmri tíma en eins árs.	Hlutaðeigandi sveitarstjórn.
Önnur nýting lands og landsréttinda til lengri tíma en eins árs.	Hlutaðeigandi sveitarstjórn og forsætisráðherra (samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna til aðstoðar).

Auk hinna sérstöku leyfa þarf að sjálfsögðu einnig að afla annarra lögmæltra leyfa til framkvæmda innan þjóðlendna, svo sem byggingarleyfa.

2. Þjóðgarðar.

Um þjóðgarða er fjallað í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Þjóðgarðar eru einn flokkur friðlýstra náttúruminja, sbr. a-lið 50. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Þjóðgarðar eru stofnaðir með þeim hætti að umhverfisráðherra lýsir tiltekið svæði þjóðgarð, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, enda uppfylli svæðið tiltekin skilyrði varðandi landslag, lífríki eða sögulega helgi, sbr. 1. mgr. 51. gr. þeirra laga.

Í lögum um náttúruvernd er mælt fyrir um þá meginreglu að landsvæði þjóðgarða skuli vera í ríkiseign. Unnt er að gera undantekningu ef sérstakar ástæður mæla með öðru og um það næst samkomulag milli ráðherra og landeigenda, sbr. 2. mgr. 51. gr. laganna. Ákvörðun umhverfisráðherra um að lýsa tiltekið svæði þjóðgarð felur ekki í sér að ríkið kasti eign sinni á svæðið. Áðurnefnd meginregla um að landsvæði þjóðgarða skuli vera í ríkiseign leiðir hins vegar til þess að stofnun þjóðgarðs getur hæglega leitt til kaupa eða eignarnáms á löndum, mannvirkjum eða réttindum, að sjálfsögðu með tilheyrandi bótum, sbr. 64. og 77. gr. laga um náttúruvernd.

Land undir þjóðgarð getur þannig verið:
1. Eignarland, ríkis eða annarra, að öllu leyti.
2. Þjóðlenda að öllu leyti.
3. Eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta.

Landsvæði sem gert er að þjóðgarði verður því ekki þjóðlenda fyrir vikið.

Stjórnsýsla í þjóðgörðum er undir yfirstjórn umhverfisráðherra (Náttúruvernd ríkisins). Sérreglur laga um náttúruvernd um stjórnsýslu þjóðgarða gilda framar reglum þjóðlendulaga um stjórnsýslu í þjóðlendum, sbr. 2. mgr. 2. gr. þjóðlendulaga og athugasemdir í greinargerð með því ákvæði. Þannig ber að greina skýrt á milli stjórnsýslu á svæðinu og eignarhalds á landinu.

3. Fyrirhugaður Vatnajökulsþjóðgarður.

Vatnajökulssvæðið hefur ekki verið tekið til meðferðar óbyggðanefndar en fyrirsjáanlegt er að svo mun verða. Nefndin hefur fjallað á óformlegan hátt um möguleika á því að taka Vatnajökul fyrir sem næsta svæði. Fram kom að slíkt væri ekki í samræmi við áætlanir nefndarinnar á þessu stigi. Hins vegar kynni þess að vera ekki mjög langt að bíða. Í þessu sambandi ber þess að geta að landið er tekið fyrir í hlutum, þar á meðal í stærri og minni landsvæðum umhverfis jökla.

Málsmeðferð óbyggðanefndar mun væntanlega verða svo sem hér segir:[1] Óbyggðanefnd beinir því til fjármálaráðuneytis að það leggi fram kröfur um hvort og þá hvar á tilteknu svæði séu þjóðlendur, að mati ráðuneytisins. Ráðuneytinu er veittur 3–6 mánaða frestur í þessu skyni. Þegar kröfur ráðuneytisins liggja fyrir eru þær auglýstar (ásamt korti) og þeim landeigendum og öðrum sem telja kröfugerð ríkisins ganga gegn rétti sínum gefinn 3–6 mánaða frestur til að koma sínum kröfum á framfæri. Að loknum þeim fresti fer fram málflutningur fyrir óbyggðanefnd og nefndin kveður upp úrskurð sinn í kjölfar hans.

Þar til niðurstöður óbyggðanefndar liggja fyrir virðist staðan vera þessi: Samningar um kaup á jörðum geta komist í uppnám þegar niðurstaða óbyggðanefndar liggur fyrir. Ríkið gæti hafa keypt land sem óbyggðanefnd, nokkrum missirum síðar, teldi utan eignarlanda og því eign ríkisins á grundvelli þjóðlendulaganna. Hið sama gildir um samninga um óbein eignarréttindi, svo sem leigu, svo og um eignarnám. Í þessu sambandi ber þó að athuga að fjármálaráðuneytið gæti hagað kröfugerð sinni í samræmi við þá samninga sem ríkið hefði gert á svæðinu. Með því móti yrði ekki uppi neinn ágreiningur aðila fyrir óbyggðanefnd um þessi mörk. Í slíkum tilfellum mundi reyna á sjálfstæða rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Hversu langt nefndin mun ganga í þeim efnum liggur ekki fyrir. Ekki er þó hægt að útiloka að farið verði út fyrir kröfur aðila að einhverju leyti. Þannig er t.d. hugsanlegt að kveðinn verði upp úrskurður um þjóðlendu á svæði sem ríkið gerði ekki kröfu til sem þjóðlendu.

Með hliðsjón af þeim óvissuatriðum sem hér hefur verið lýst, gæti verið varlegt að leita eftir samningum sem gera stofnun þjóðgarðs mögulega en kveða á um að uppgjör fari ekki fram fyrr en óbyggðanefnd hefur lokið umfjöllun sinni (og málskotsfrestur er liðinn), þ.e. að því marki sem viðkomandi réttindi eru óvissu háð. Hér er að sjálfsögðu byggt á þeirri forsendu að ekki sé unnt að bíða eftir niðurstöðu óbyggðanefndar í málinu.

---

[1] Miðað er við fyrirhugðar breytingar á þjóðlendulögum.

1301. Svar [472. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um vísindarannsóknir við Hólaskóla.

1. *Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til uppbyggingar vísindarannsóknaraðstöðu við Hólaskóla, Hólum í Hjaltadal, sl. áratug?*

Á síðasta áratug hefur starfsemi menntastofnana landbúnaðarins þróast mikið. Kennsla hefur breyst, kröfur til nemenda hafa aukist og mun meiri áhersla er lögð á rannsóknir í starfsemi skólanna. Í nýjum lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, er lögð sérstök áhersla á rannsóknar- og þróunarstarf skólanna. Lögin heimila Hólaskóla að vera með kennslu á háskólastigi. Unnið er að nýrri kennsluskrá fyrir allar brautir. Nú þegar er námið að hluta metið sem partur af BS-námi í háskólum hérlendis. Í samræmi við verkaskiptingu menntastofnana og árangursstjórnunarsamning Hólaskóla og landbúnaðarráðuneytisins, sinnir stofnunin kennslu og rannsóknum á sviði fiskeldis og vatnalíffræði, hrossarækt og hestamennsku og ferðamála í dreifbýli. Skólinn er miðstöð landbúnaðarráðuneytisins á þessum sviðum. Allt tengist þetta atvinnugreinum sem eru í örri þróun hérlendis. Á Hólum hefur mest borið á uppbyggingu rannsókna í fiskeldi, en rannsóknir í hrossarækt og hestamennsku hafa einnig aukist jafnt og þétt. Ferðamálabraut skólans er ung og þar er þróun rannsókna þegar hafin. Rannsóknir á Hólum eru unnar í samstarfi við atvinnulífið auk innlendra og erlendra Háskóla og rannsóknastofnana. Um er að ræða bæði grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Ein meginforsenda fyrir þróun rannsóknastarfsemi við Hólaskóla er að stofnunin hefur á skipa hæfu starfsfólki. Margir BS-nemar (alls 11) í Háskóla Íslands hafa á síðustu tíu árum unnið rannsóknarverkefni sín undir leiðsögn starfsmanna Hólaskóla. Leiðsögn nema (alls 11 á síðustu 10 árum) í framhaldsnámi (MS) hjá Hólaskóla fyrir Háskóla Íslands og erlenda háskóla hefur einnig tengst rannsóknarstarfi stofnunarinnar með mikilvægum hætti. Í fylgiskjölum I–IV eru nánari upplýsingar um þessi verkefni.

Við Hólaskóla hefur verið komið upp aðstöðu til rannsókna og kynbótastarfsemi í bleikjueldi í húsnæði sem leigt hefur verið af fiskeldisstöðinni Hólalax hf. frá 1989. Sú aðstaða hefur smám saman verið bætt með ýmsum hætti, en erfitt er að meta heildarkostnað af því. Þó má ætla að sú upphæð sem varið hefur verið til þess sé ekki meiri en 4 millj. kr. Mestur hluti af þessum kostnaði ásamt leigukostnaði hefur verið greiddur af rannsóknarstyrkjum, m.a. styrkjum frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins til bleikjukynbótanna.

Rannsóknaraðstaða fyrir dýralækni hrossasjúkdóma hefur verið sett upp og búin tækjum með styrkjum frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins og Bygginga- og tækjakaupasjóði Rannsóknarráðs Íslands (Rannís). Þessir styrkir námu 8,4 millj. kr. og nægðu þeir til þess að greiða allan kostnað.

Árið 1999 var komið upp rannsóknastofu í gamla mjólkurhúsinu í fjósinu á Hólum. Þessi aðstaða er aðallega notuð til kennslu og rannsókna á sviði fiskeldis og vatnavistfræði og er nýtt í samstarfi við Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar. Bygginga- og tækjakaupasjóður Rannís veitti styrk til tækjakaupa, en annar kostnaður nam um 1,4 millj. kr. (mótframlag skólans).

Nú er verið að koma á fót nýrri aðstöðu fyrir bleikjukynbætur sem tekin verður í notkun á komandi hausti (2000). Verið er að gera við gömlu fjárhúsin á Hólum og munu þau fá þetta nýja hlutverk. Undir liðnum stofnkostnaður var veitt á fjárlögum 1998–2000 samtals 30 millj. kr. til þessara framkvæmda samkvæmt samningi ráðuneytisins og Hólaskóla um bleikjukynbætur. Einnig hefur Framleiðnisjóður veitt 5 millj. kr. til verkefnisins.

Ýmis rannsóknartæki, sem keypt hafa verið til skólans voru greidd með rannsóknarstyrkjum.

Skrifstofuhúsnæði og tölvukostur til rannsókna samnýtist með nauðsynlegri aðstöðu vegna kennslu.

Sjá sundurliðun á kostnaðartölum í töflu í fylgiskjali V.

2. *Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til vísindarannsókna í fyrrnefndri aðstöðu á þessu tímabili?*

Heildarupphæð styrkja til rannsókna við Hólaskóla á sl. tíu árum nemur 159,2 millj. kr. Þar af eru innlendir styrkir alls 124,2 millj. kr., en erlendir styrkir 35 millj. kr. Heildarkostnaður við rannsóknir er þó hærri, stofnunin leggur fram mótframlag þegar styrkir koma frá rannsóknasjóðum. Gert er ráð fyrir að mótframlag skólans í slíkum tilfellum sé að meðaltali um 30–50% og er það að stærstum hluta fólgið í vinnu við umsóknir og framvinduskýrslur, stjórnun og aðstöðukostnaði. Þess ber að geta að frá árinu 1999 hefur bleikjukynbótaverkefnið alfarið verið fjármagnað af fjárlögum úr ríkissjóði.

Framlög til vísindarannsókna við Hólaskóla 1990–2000.

Framlög til vísindarannsókna við Hólaskóla 1990 - 2000

Samtölutafla, í þúsundum króna

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Heildar framlag
Hrossarækt	0	0	0	0	0	1.400	2.940	2.800	120	0	1.700	**8.960**
Ferðaþjónusta	0	0	0	0	0	0	0	0	0	900	2.500	**3.400**
Fiskeldi	0	5.000	6.194	13.901	10.535	13.011	8.653	14.991	15.081	28.115	26.074	**141.555**
Önnur rannsóknarv.	0	0	0	1.100	400	565	0	0	150	1.588	1.500	**5.303**
Samtals á svið	**0**	**5.000**	**6.194**	**15.001**	**10.935**	**14.976**	**11.593**	**17.791**	**15.351**	**30.603**	**31.774**	**159.218**

Nánari grein er gerð fyrir einstökum verkefnum og kostnaðarskiptingu þeirra í fylgiskjölum I–IV.

3. *Að hvaða rannsóknum hefur verið unnið og hver er árangur þeirra?*

Rannsóknastarf við Hólaskóla hefur vaxið hröðum skrefum síðastliðinn áratug í samræmi við stefnu landbúnaðarráðuneytisins. Unnið hefur verið að 16 rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði fiskeldis, átta á sviði hestamennsku og hrossaræktar og þremur á sviði ferðamála í dreifbýli (sjá nánari greinargerð um einstök verkefni í fylgiskjali II). Ýmsar stofnanir eru á Hólum sem koma að þessum rannsóknum (sjá í fylgiskjali III).

Bleikjueldi hefur verið í örum vexti hérlendis (um 800 tonn árið 1999) og þekking innan greinarinnar hefur stóraukist. Stærstu verkefni fiskeldisbrautar eru tengd ræktun og þróun markvissra kynbóta á eldisbleikju. Hólaskóli annast kynbætur á bleikju fyrir hönd landbúnaðarráðuneytis, en verkefninu er stjórnað af fulltrúum atvinnugreinarinnar, vísindamönnum og stjórnvöldum. Kynbótaverkefnið hefur skilað tveimur eldisstofnum með bættum eiginleikum sem nú eru notaðir í flestum eldisstöðvum á landinu og hefur markaðssetning á hinum kynbættu stofnum gengið mjög vel. Unnið er að ýmsum umfangsmiklum rannsóknarverkefnum tengdum bleikjueldi (sjá í fylgiskjali I). Þessi verkefni hafa skilað margvíslegum árangri, m.a. hvað snertir eldistækni, vatnsnýtingu, fóður og áhrif umhverfisþátta á vöxt og kynþroska. Auk þessa er unnið að rannsóknum á öðrum tegundum, t.d. vandamálum í fóstur-

þroska lúðu og þróun aðferða við eldi á hlýsjávarfiskinum barra í endurnýtingarkerfum. Allar þessar rannsóknir hafa verið gerðar í samstarfi við fiskeldisfyrirtæki, auk innlendra og erlendra rannsóknastofnana. Skólinn hefur líka sinnt grunnrannsóknum á lífríki íslenskra vatna. Þekkingunni hefur verið miðlað með ýmsum hætti, m.a. með beinu samstarfi við fiskeldisfyrirtæki. Einnig hafa niðurstöður rannsókna verið kynntar á ráðstefnum, skýrslum og greinum í innlendum og erlendum tímaritum (sjá í fylgiskjali IV). Skólinn veitir einnig ráðgjafarþjónustu fyrir fiskeldismenn. Allar þessar rannsóknirnar hafa tengst náið þróun kennslu á fiskeldisbraut skólans.

Hestamennska og hrossarækt er vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Hólaskóli er miðstöð landbúnaðarráðuneytis í rannsóknar- og þróunarstörfum varðandi íslenska hestinn. Þessar rannsóknir eru nú í örri þróun og hafa þær m.a. verið unnar í samstarfi við embætti dýralæknis hrossasjúkdóma að Hólum. Stærstu rannsóknar- og þróunarverkefnin hingað til eru á álagssjúkdómnum spatti og sumarexemi. Rannsóknirnar hafa skilað mikilvægum upplýsingum um eðli og arfgengi þessara sjúkdóma. Þróuð hefur verið aðferð við fósturvísaflutninga sem stendur nú atvinnugreininni til boða. Önnur verkefni hafa m.a. fjallað um frjósemi, fóðrun og þjálfunarlífeðlisfræði hrossa. Öll eru þessi verkefni unnin í nánu samstarfi við menn sem starfa við atvinnugreinina og innlendar og erlendar rannsóknastofnanir. Margvísleg ný verkefni eru nú á döfinni, m.a. varðandi atferli hrossa og tamningar.

Ferðaþjónusta er að verða ein mikilvægasta atvinnugrein Íslendinga. Hólaskóli er miðstöð landbúnaðarráðuneytis varðandi ferðamál í dreifbýli. Nýlega hófst kennsla á þessu sviði við Hólaskóla og margvíslegt rannsóknar- og þróunarstarf er í uppbyggingu. Helstu verkefni brautarinnar tengjast gæðamálum í ferðaþjónustu í dreifbýli, en þau eru unnin í samstarfi við Ferðaþjónustu bænda. Rannsóknir á menningartengdri ferðaþjónustu eru í bígerð, m.a. í samstarfi við Byggðasafn og Skjalasafn Skagfirðinga. Hér er um að ræða svið ferðamála sem er örum vexti og hefur mikla þýðingu fyrir dreifbýlið. Fyrirhugað er að efla rannsóknir á sviði byggðafræða við Hólaskóla.

Rannsóknum Hólaskóla er miðlað með ýmsum hætti til viðkomandi atvinnugreina og vísindasamfélagsins (sjá upplýsingar í fylgiskjölum I og II um einstök verkefni og lista yfir birt efni í fylgiskjali IV).

Rannsóknir Hólaskóla hafa verið nátengdar almennri akademískri þróun allra námsbrautanna við skólann. Þannig er nú í anda nýrra laga um búnaðarfæðslu unnið að þróun kennslu á háskólastigi sem felur í sér meiri kröfur á öllum sviðum, jafnt um hæfni starfsfólks sem og skipulag og uppbyggingu námsins. Námið er nú þegar samkvæmt samningum (sjá í fylgiskjali III um samstarf) að hluta metið inn í BS-nám við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskólann á Akureyri og stefnt er að auknu samstarfi við þessa skóla, Háskóla Íslands og aðra innlenda og erlenda skóla um slíkt mat. Náið samstarf hefur verið við Háskóla Íslands um leiðsögn BS-nema sem hafa unnið rannsóknarverkefni sín undir leiðsögn starfsmanna Hólaskóla. Alls hafa 11 nemar unnið slík verkefni á Hólum síðustu 10 ár. Leiðsögn nema í famhaldsnámi (MS) hjá Hólaskóla fyrir Háskóla Íslands og erlenda háskóla hefur einnig tengst rannsóknarstarfi stofnunarinnar. Alls hafa 11 nemar fengið slíka leiðsögn. Leiðsögn háskólanema hefur verið afar þýðingarmikil fyrir þróun háskólakennslu og rannsókna Hólaskóla. Sjá nánari upplýsingar um þessi verkefni í fylgiskjölum I og IV.

4. *Hver eru helstu verkefni sem unnið er að nú og hve miklum fjármunum er varið til hvers þeirra?*

Yfirlit yfir stærstu rannsóknar- og þróunarverkefni fiskeldisbrautar, í þús. kr.

Verkefni	*Styrkir árið 2000*	*Styrktaraðilar*
Kynbætur á eldisbleikju	14.700	Landbúnaðarráðuneyti
Þróun sjálfbærs bleikjueldis	800	Evrópusambandið
Nýir eldisstofnar bleikju	3.000	Evrópusambandið
Fiskeldi í lokuðum kerfum	3.7000	Evrópusambandið og Rannís
Vistfræði hornsíla	1.960	Rannís

Yfirlit yfir stærstu rannsóknar- og þróunarverkefni hrossabrautar, í þús. kr.

Verkefni	*Styrkir árið 2000*	*Styrktaraðilar*
Sumarexem í íslenskum hestum, arfgengi og greining *	1.500	Rannís, Framleiðnisjóður
Rannsókn á arfgengi aldurstengdrar áhættu á spatti í íslenskum hrossum	700	Framleiðnisjóður
Meinafræði smáliða hækils hjá ungum íslenskum hestum	1.000	Framleiðnisjóður

* Unnið með yfirdýralækni og Rannsóknastofnun HÍ í meinafræðum að Keldum.

Yfirlit yfir stærstu rannsóknar- og þróunarverkefni ferðamálabrautar í þús. kr.

Verkefni	**Styrkir árið 2000**	**Styrktaraðilar**
Efling gæða og þjónustu hjá Ferðaþjónustu bænda	2500	Landbúnaðarráðuneyti, Framleiðnisjóður

Sjá frekari upplýsingar í fylgiskjölum I og V.

5. *Hvernig er árangur metinn og af hverjum?*

Mat á árangri af rannsóknastarfsemi Hólaskóla er margvíslegt. Í gildi er árangursstjórnunarsamningur milli landbúnaðarráðuneytis og Hólaskóla. Samkvæmt þessum samningi, sem var undirritaður í júlí 1999, verður stofnunin að gera skýrar áætlanir um starfsemi sína og árlega skal fara fram innra árangursmat, svokallað gæðamat. Auk þess er landbúnaðarráðuneyti gerð reglulega grein fyrir rekstri og starfsemi skólans. Skólanefnd Hólaskóla tekur virkan þátt í stefnumótun og árangursmati á starfsemi skólans. Ýmsir aðrir fylgjast með framgangi rannsóknar- og þróunarstafsemi á Hólum og má þar nefna stjórn bleikjukynbótaverkefnisins og samráðshópa við ýmis önnur verkefni. Nær öll rannsóknarverkefnin eru styrkt af innlendum og erlendum sjóðum. Þessir sjóðir meta gæði og mikilvægi rannsóknaáætlana áður en þeir styrkja verkefni. Jafnframt fylgjast þeir náið með framgangi og árangri af rannsóknunum. Mikilvægur hluti rannsókna felst í því að koma niðurstöðum með skilvirkum hætti til atvinnulífsins og vísindasamfélagsins. Hvað þetta snertir er árangur Hólaskóla góður eins og sjá má í fylgiskjölum með upplýsingum um birt efni.

Fylgiskjal I.

Helstu rannsóknar- og þróunarverkefni Hólaskóla.

Fiskeldisbraut.

Heiti verkefnis: Samanburður á bleikjustofnum.
Tímabil: 1989–92.
Styrktaraðilar: Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Rannsóknarráð Íslands.

Í verkefninu voru bornir saman í eldi 15 bleikjustofnar með það að leiðarljósi að finna góða stofna til eldis í fiskeldistöðvum og kynbóta. Samstarfsaðilar voru Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hólalax, Búnaðarfélag Íslands og Veiðimálastofnun. Eiginleikar sem mest voru skoðaðir voru hrognastærð, afföll, þyngd (vöxtur), aldur við kynþroska og roðlitur. Breytileiki reyndist mikill í mikilvægustu eldiseiginleikunum og eru þeir stofnar sem best komu út nú uppistaðan í þeim efnivið sem alinn er í eldisstöðvum víða um land. Þessir sömu stofnar voru einnig valdir til frekari kynbóta.

Niðurstöður hafa verið kynntar á ráðunautafundum, í fjölriti RALA og í fyrirlestrum á ráðstefnum.

Heiti verkefnis: Rannsókn á erfðastuðlum bleikju.
Tímabil: 1990–93.
Styrktaraðilar: Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Í verkefninu voru metnir erfðastuðlar fyrir þyngd og kynþroskatíðni á mismunandi aldri og aðgreint eftir kynjum. Jafnframt var þetta verkefni skipulagt sem undanfari frekari kynbóta á bleikju. Niðurstöður verkefnisins bentu til að arfgengi fyrir þessa eiginleika væri mjög hátt og því mjög vænlegt að kynbæta eldisbleikju. Samstarfsaðili var fiskeldisstöðin Hólalax. Niðurstöður hafa verið birtar á ráðunautafundum og í fyrirlestrum á innlendum og erlendum ráðstefnum.

Heiti verkefnis: Samanburður á tvílitna og þrílitna bleikju í eldi.
Tímabil: 1991–94.
Styrktaraðilar: Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Í verkefninu voru bleikjuhrogn sett í hitalost til að gera þau þrílitna og fiskinn sem klektist úr þeim ófrjóan til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif kynþroska á holdgæði. Könnuð voru áhrif þessarar meðhöndlunar á þrif, vöxt og kynþroska. Niðurstöðurnar bentu til að aðferðin gæti verið hagnýt í stofnum sem yrðu kynþroska mjög snemma eða ef markaðurinn kallaði á svo stóran fisk að ala þyrfti hann á fjórða ár. Niðurstöður hafa verið kynntar í fyrirlestrum og á veggspjöldum á ráðstefnum.

Heiti verkefnis: Kynbætur á íslenskri eldisbleikju.
Tímabil: Hófst 1992.
Styrktaraðilar: Framleiðnisjóður landbúnaðarins 1992–97 og síðan landbúnaðarráðuneytið frá og með 1998. Árið 1998 var undirritaður sérstakur samningur Hólaskóla við landbúnaðarráðuneytið um kynbætur á bleikju.

Með þessum samningi er kynbótaverkefninu tryggt rekstarafé og því sett stjórnunarleg umgjörð. Kynbætur á eldisbleikju í samræmi við kynbótamarkmið og sala á kynbættum hrognum til innlendra eldisstöðva.

Samstarfsaðilar voru bleikjueldisstöðvarnar Silfurstjarnan hf., Íslandsbleikja ehf., Hólalax hf. og Háafell ehf. og kynbótanefnd verkefnisins. Árangur verkefnisins hefur verið kynntur á ráðstefnum og í Eldisfréttum.

Heiti verkefnis: Þróun aðferða til að stjórna vexti og kynþroska hjá bleikju.
Tímabil: 1992–96.
Styrktaraðilar: Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Rannsóknarráð Íslands.
Umfangsmikið verkefni þar sem rannsakaðir voru margvíslegir þættir sem hafa áhrif á vöxt og kynþroska bleikju með það að markmiði að auka og jafna vöxt og fyrirbyggja ótímabæran kynþroska.
Samstarfsaðilar voru Háskóli Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Veiðimálastofnun, Hólalax hf. og Lækur hf. Mörg rannsóknarverkefni háskólanema voru tengd þessu verkefni. Niðurstöður hafa verið birtar víða.

Heiti verkefnis: Yfirlitskönun á lífríki íslenskra vatna: samræmdur gagnagrunnur.
Tímabil: 1992–99.
Styrktaraðilar: Rannsóknarráð Íslands, umhverfisráðuneyti og Landvernd.
Langtímaverkefni sem miðar að því að rannsaka fjölbreytt lífríki íslenskra stöðuvatna og koma upplýsingum fyrir í gagnagrunni. Um 70 vötn hafa verið rannsökuð og upplýsingar skráðar í gagnagrunn. Hólaskóli kom að mótun verkefnisns og hefur tekið virkan þátt í framkvæmd þess. Skólinn hefur þróað vatnalífssýninu, unnið að námsefnisgerð í tengsum við niðurstöður verkefnisins auk fyrirlestra og annarra kyninga.
Samstarfsaðilar voru Háskóli Íslands, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Veiðimálastofnun.

Heiti verkefnis: Stoðrannsóknir við bleikjukynbætur.
Tímabil: 1996–99.
Styrktaraðilar: Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Rannsóknarráð Íslands.
Mat á arfgengi þyngdar, kynþroskatíðni, holdlit og fituhlutfalls bleikju. Rannsókn á roðlitaerfðum. Endurskoðun kynbótaáætlunar í ljósi fenginna niðurstaðna og heimildaryni.
Samstarfsaðilar eru Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Veiðimálastofnun, Stofnfiskur hf. og Búnaðarfélag Íslands. Niðurstöður hafa verið birtar í Eldisfréttum og unnið er að birtingu á lokaniðurstöðum verkefnisins.

Heiti verkefnis: Þróun sjálfbærs bleikjueldis.
Tímabil: 1996–2000.
Styrktaraðili: Evrópusambandið.
Verkefnið er víðfeðmt og tekur á ýmsum þáttum sem tengjast eldi og kynbótum á bleikju.
Samstarfsaðilar eru frá háskólum í Skotlandi, Svíþjóð og Írland, auk Háskóla Íslands og fiskeldisfyrirtækisins Hólalax. Einnig koma RALA og Stofnfiskur að ákveðnum verkhlutum. Í verkefninu voru þróaðar erfðafræðilegar aðferðir til þess að greina í sundur villta bleikjustofna. Þessum aðferðum var m.a. beitt til þess að bera saman bleikjustofna á Íslandi og hafa niðurstöðurnar varpað nýju ljósi á þróun og tegundamyndun fiska. Einnig hefur verið aflað upplýsinga um vöxt bleikju við mismunandi umhverfisaðstæður og erfðastjórnun á vexti bleikju. Niðurstöðurnar eru mikilvægur grundvöllur fyrir mótun kynbótastefnu á bleikju. Niðurstöður hafa verið kynntar á innlendum og erlendum ráðstefnum og í tímaritsgreinum.

Heiti verkefnis: COST 827.
Tímabil: 1996–2001.
Styrktaraðili: Evrópusambandið.
Hólaskóli tekur þátt í verkefni sem nefnist COST Action 826. Um er að ræða samstarfs- og skoðanaskiptavettvang við fyrirtæki og rannsóknastofnanir í Evrópu um rannsóknir á ýmsu sem tengist fóðrun og næringarþörf fiska. Hólaskóli tekur þátt í fundum vegna samstarfsins, auk annarra verkefna, t.d. er ráðgert að halda á Íslandi lokaráðstefnu verkefnisins, sem Hólaskóli mun standa að ásamt RALA og Háskóla Íslands.

Heiti verkefnis: Eldisbóndinn – aquafarmer.
Tímabil: 1996–99.
Styrktaraðili: Evrópusambandið.
Samstarfsverkefni með Iðntæknistofnun (verkefninsstjórn) og írskum og hollenskum aðilum um gerð námsefnis fyrir eldisbændur með bleikju og ál. Verkefninu er að mestu lokið og árangur þess er góður.

Heiti verkefnis: Strandeldisverkefni.
Tímabil: 1997–98.
Styrktaraðili: Rannís.
Hólaskóli tók þátt í stóru rannsóknarverkefni þar sem leitað var leiða til þess að draga úr vatnsþörf fiskeldisstöðva, svokölluðu Strandeldisverkefni. Þátttakendur voru fiskeldisstöðvar og rannsóknastofnanir. Hlutverk Hólaskóla í þessu verkefni er að rannsaka vatnsþörf í bleikjueldi ásamt fiskeldisstöðinni Silfurstjörnunni og Líffræðistofnun Háskóla Íslands. Í verkefninu hefur þegar verið sýnt fram á að draga má verulega úr vatnsnotkun í bleikjueldi og frekari tilraunir eru fyrirhugaðar. Niðurstöður verkefnisins hafa verið kynntar á innlendum og erlendum ráðstefnum og í blaðagreinum.

Heiti verkefnis: Eldi lúðu.
Tímabil: 1998–99.
Styrktaraðili: Evrópusambandið.
Frá árinu 1997 hefur Hólaskóli unnið með Fiskeldi Eyjafjarðar að verkefni sem fjallar um áhrif hormónastjórnunar á gæði fisklirfa í eldi. Þáttur Hólaskóla var að greina þroska- og útlitseinkenni snemma í þroskaferlinu, frá klaki og fram að því að seiðin hafa myndbreyst.

Heiti verkefnis: EUREKA.
Tímabil: Hófst 1998.
Styrktaraðili: Rannís.
Hólaskóli, fiskeldisstöðin Máki, fiskeldisstöðin Silfurstjarnan, hugbúnaðarfyrirtækið Origo og Háskóli Íslands, taka þátt í fjölþjóðlegu verkefni sem hlotið hefur svokallaða Eureka-viðurkenningu frá Evrópusambandsinu. Einungis eitt annað íslenskt verkefni hefur hlotið slíka viðurkenningu. Verkefnið tengist og styður við Mistral-Mar verkefnið og er unnið í samstarfi við fyrirtæki og rannsóknastofnanir í Frakklandi. Viðfangsefnin eru fjölþætt, en tengjast öll á einn eða annan hátt eldi bleikju og barra. Fyrstu niðurstöður verkefnisins munu liggja fyrir innan tveggja ára.

Heiti verkefnis: Nýir eldisstofnar bleikju.
Tímabil: 1998–2000.
Styrktaraðili: Evrópusambandið.
Samtals	**12.225**	**9.078.792.570**	**742.642**

Tafla 5. Meðlagsgreiðendur, síðast greitt.

Síðasta greiðsla	Fjöldi	Skuldastaða	Meðalskuld
0000	1.299	1.208.687.433	930.475
1985	5	9.128.232	1.825.646
1986	30	71.452.487	2.381.750
1987	45	146.519.992	3.256.000
1988	56	140.608.212	2.510.861
1989	55	145.472.932	2.644.962
1990	88	194.572.579	2.211.052
1991	108	270.537.676	2.504.978
1992	128	332.090.499	2.594.457
1993	113	227.865.531	2.016.509
1994	111	259.527.891	2.338.089
1995	203	429.190.811	2.114.240
1996	212	388.120.104	1.830.755
1997	290	572.037.940	1.972.545
1998	414	601.293.229	1.452.399
1999	1.237	1.104.695.637	893.044
2000	7.830	2.976.991.385	380.203
Samtals	**12.224**	**9.078.792.570**	**742.702**

Áform ráðherra.

Samkvæmt frumvarpi um fæðingar og foreldraorlof er gert ráð fyrir að forræðislaust foreldri geti notið fæðingarorlofs, enda komi til skriflegt samþykki þess foreldris sem forræðið hefur.

Endurskoðun Barnalaga stendur yfir. Ástæða er til að taka fram að það er réttur barns að hafa umgengni við báða foreldra, óháð forræði.

1303. Skýrsla [643. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd flugmálaáætlunar 1999.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD

1.1 Flugmálaáætlun.

Samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árið 1999 eru áætlaðar heildartekjur vegna flugmálaáætlunar ársins 598 millj. kr. sem eingöngu verða til af flugvallagjaldi í utan- og innanlandsflugi.

Gjöld samkvæmt flugmálaáætlun ársins 1999 eru jafnframt 598 millj. kr. og skiptast á eftirfarandi hátt:

	Millj. kr.
Til rekstrar	113
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	55
Reykjavíkurflugvöllur	105
Aðrir flugvellir o.fl.	325
Samtals	598

Tekjur. Heildartekjur ársins 1999 urðu 619 millj. kr. sem er 21 millj. kr. umfram áætlun, eða 3,5%.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna þróun tekna flugmálaáætlunar árin 1995–99:

Tafla 1. Þróun tekna flugmálaáætlunar 1995–99 (þús. kr.).

	1995	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**
Flugvallagjald, utanlandsflug	353.044	439.759	435.991	495.370	546.979
Flugvallagjald, innanlandsflug	54.904	60.443	62.332	69.332	71.631
Eldsneytisskattur	42.978	52.792	51.793	16.927	0
Samtals	450.926	552.994	550.116	581.629	618.610

Mynd 1 Tekjur flugmálaáætlunar 1995-1999 (þús. kr.)



Gjöld. Útgjöld vegna flugmálaáætlunar ársins 1999 voru eftirfarandi:

Tafla 2. Útgjöld flugmálaáætlunar 1999 (millj. kr.).

Verkefni	Áætlun	Útgjöld	Breyting
Til rekstrar	113	113	0,0%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	55	55	0,0%
Reykjavík	105	87	-17,1%
Aðrir flugvellir o.fl.	325	370	13,8%
Samtals	598	625	4,5%

1.2 Flugmálastjórn.

Samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árið 1999 eru heildartekjur Flugmálastjórnar áætlaðar 956 millj. kr. og eru heildarútgjöld áætluð jafnhá. Þar sem upphæðin samkvæmt þingsályktuninni er á verðlagi ársins 1997 og þannig ekki sambærileg við rauntekjur og kostnað verður gerð grein fyrir rekstri Flugmálastjórnar samkvæmt ársreikningi 1999.

Tekjur. Eftirfarandi tafla sýnir tekjur Flugmálastjórnar fyrir árið 1999 og samanburð við fyrra ár:

Tafla 3. Tekjur Flugmálastjórnar 1998 og 1999 (þús. kr.).

Tekjur	1999	1998	Breyting
Þjónustutekjur	337.352	307.962	9,5%
Lendingargjöld	94.178	80.860	16,5%
Leigutekjur flugvélar	35.986	49.125	-26,7%
Fjármunatekjur	21.062	17.307	21,7%
Aðrar tekjur	42.880	82.066	-47,7%
Framlag af flugmálaáætlun	113.000	167.000	-32,3%
Framlag úr ríkissjóði	587.700	509.500	15,3%
Samtals	1.232.158	1.213.820	1,5%

Eins og fram kemur í töflunni varð 1,5% tekjuaukning frá árinu 1998 til 1999. Framlag af flugmálaáætlun til rekstrar Flugmálastjórnar lækkar um 32,3% vegna aukinna fjárveitinga

af flugmálaáætlun til framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli. Þess í stað hækka framlög úr ríkissjóði um 15,3%.

Gjöld. Útgjöld Flugmálastjórnar árið 1999 urðu 1.225 millj. kr. og höfðu hækkað um 4,5% frá 1998.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á gjöldum Flugmálastjórnar árin 1998 og 1999:

Tafla 4. Gjöld Flugmálastjórnar 1998 og 1999 (þús. kr.).

	1999	**1998**	**Breyting**
Laun og launatengd gjöld	742.116	700.940	5,9%
Önnur rekstrargjöld	482.941	470.954	2,5%
Samtals	1.225.057	1.171.894	4,5%

Gjöld Flugmálastjórnar eru sundurliðuð samkvæmt uppsetningu í þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árið 1999 á eftirfarandi hátt:

	Millj. kr.
Rekstur flugvalla	602
Annar rekstur	565
Hlutdeild Flugmálastjórnar vegna Alþjóðaflugþjónustu	35
Hlutdeild Landssímans og Veðurstofu vegna Alþjóðaflugþjónustu	23
Samtals	1.225

1.2.1 Rekstur flugvalla.

Heildarútgjöld flugvalla voru árið 1999 602 millj. kr. og urðu tekjur 138 millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir tekjur og gjöld flugvallanna árið 1999, sundurliðað eftir rekstrarsviðum Flugmálastjórnar:

Tafla 5. Rekstur flugvalla, sundurliðun eftir rekstrarsviðum (þús. kr.).

Rekstrarsvið	**Gjöld**	**Tekjur**	**Mismunur**
Reykjavíkurflugvöllur	121.243	74.884	46.359
Flugvallasvið	269.192	63.603	205.589
Flugleiðsögusvið	41.821	0	41.821
Flugumferðarsvið	169.730	0	169.730
Samtals	601.986	138.487	463.499

Eins og taflan sýnir eru gjöld umfram tekjur í rekstri flugvallanna 463 millj. kr. Þar inn í eru ekki reiknaðar afskriftir og vextir af stofnkostnaði ýmissa mannvirkja.

Sem hlutfall af gjöldum eru tekjur flugvallanna aðeins 23%. Meðaltal framlegðar á hvern farþega sem fór um áætlunarflugvellina og aðra þjónustuflugvelli árið 1999 er 484 kr.

1.2.1.1 Reykjavíkurflugvöllur.

Rekstur Reykjavíkurflugvallar gekk mjög vel árið 1999 þegar á heildina er litið. Heildarútgjöld voru 8 millj. kr. umfram rekstraráætlun, eða 3,7%. Hins vegar urðu tekjur flugvallarins 7,8 millj. kr. umfram áætlun sem varð til þess að í heild urðu útgjöld 0,1% hærri en áætl-

anir gerðu ráð fyrir. Sá rekstrarþáttur sem helst fór úr böndunum á árinu var rekstur aðflugsþjónustunnar, þ.e. flugturninn, en útgjöld fóru 8,5 millj. kr. fram úr áætlun, eða 9,9%. Þá fór rekstur slökkviþjónustu einnig nokkuð fram úr áætlun, eða 3,7 millj. kr. sem er 6,6%. Ýmsir aðrir rekstrarþættir voru undir áætlun sem gerir heildarniðurstöðu ársins viðunandi.

Launakostnaður var um 75% af heildarrekstrarútgjöldum flugvallarins og önnur rekstrargjöld þar af leiðandi 25%.

Tafla 6. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Laun	166.123	162.933	3.190	2,0
Önnur rekstrargjöld	56.572	51.843	4.729	9,1
Samtals	222.695	214.776	7.919	3,7

Eins og sést í töflu 6 fóru launaútgjöld 2,0% fram úr áætlun og önnur rekstrargjöld 9,1%. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun gjalda og tekna eftir verkefnum:

Tafla 7. Sundurliðun rekstrar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	34.374	37.521	-3.147	-8,4
Snjómokstur	11.574	10.599	975	9,2
Slökkviþjónusta	60.332	56.600	3.732	6,6
Vélaverkstæði	8.715	8.403	312	3,7
Trésmíðaverkstæði	6.249	7.210	-961	-13,3
Flugturn/aðflug	94.281	85.783	8.498	9,9
Ljósabúnaður	2.077	2.100	-23	-1,1
Flugleiðsögubúnaður	4.870	5.560	-690	-12,4
Flugprófanir	223	1.000	-777	-77,7
Samtals	222.695	214.776	7.919	3,7
Tekjur				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	69.402	61.596	7.806	12,7
Slökkviþjónusta	51	500	-449	-89,8
Vélaverkstæði	971	1.000	-29	-2,9
Trésmíðaverkstæði	4.460	4.000	460	11,5
Samtals	74.884	67.096	7.788	11,6
Gjöld umfram tekjur	147.811	147.680	131	0,1
Hlutfall tekna af gjöldum	33,6%			
Framlegð á hvern farþega	326 kr.			

Eins og fram kemur í töflunni eru gjöld umfram tekjur 147,8 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum er 33,6% og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu er 326 kr.

1.2.1.2 Akureyrarflugvöllur.

Akureyrarflugvöllur var rekinn á árinu með 1,1 millj. kr. undir rekstraráætlun þegar tekið hefur verið tillit til gjalda og tekna, eða 1,7% sem er mjög gott. Heildarrekstrarútgjöld fóru 4,4% fram úr rekstraráætlun en tekjur urðu 23,3% yfir áætlun, eða 4,8 millj. kr.

Launagjöld urðu 56,2 millj. kr. sem eru 63,6% af heildarútgjöldunum. Önnur rekstrargjöld eru 32,2 millj. kr. og fóru 7,6% fram úr áætlun.

Tafla 8. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Laun	56.226	54.759	1.467	2,7
Önnur rekstrargjöld	32.233	29.970	2.263	7,6
Samtals	88.459	84.729	3.730	4,4

Laun fóru 2,7% fram úr áætlun sem er nokkuð yfir meðaltali launakostnaðar hjá Flugmálastjórn á árinu 1999.

Tafla 9. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	53.588	50.419	3.169	6,3
Flugturn/aðflug	29.009	30.000	-991	-3,3
Ljósabúnaður	1.003	250	753	301,2
Flugleiðsögubúnaður	4.137	3.560	577	16,2
Flugprófanir	722	500	222	44,4
Samtals	88.459	84.729	3.730	4,4
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	16.487	16.835	-348	-2,1
Seld þjónusta	2.883	1.350	1.533	113,6
Leigutekjur	6.126	2.500	3.626	145,0
Samtals	25.496	20.685	4.811	23,3
Gjöld umfram tekjur	62.963	64.044	-1.081	-1,7
Hlutfall tekna af gjöldum	28,8%			
Framlegð á hvern farþega	324 kr.			

Eins og þarna sést eru gjöld umfram tekjur 63 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum er 28,8%. Framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu er 324 kr.

1.2.1.3 Vestmannaeyjaflugvöllur.

Rekstrarkostnaður Vestmannaeyjaflugvallar fór nokkuð fram úr áætlun á árinu, eða um 7 millj. kr. sem eru 16,2%. Tekjur urðu 1,8 millj. kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir þannig að í heild eru 5,2 millj. kr. umfram rekstraráætlun, eða 14,8%. Helstu skýringar á umframeyðslunni er meiri kostnaður við gæslu á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, en stöðugt hefur verið

bætt við gæslu á flugvellinum þjóðhátíðardagana á undanförnum árum. Þá var ráðist í framkvæmdir við flugstöðina sem höfðu í för með sér nokkurn aukakostnað í rekstri flugvallarins.

Launagjöld urðu 31 millj. kr. og fóru 10,4% fram úr áætlun sem er langt yfir meðaltali. Önnur rekstrargjöld urðu 19 millj. kr. og fóru 27,1% fram úr áætlun.

Tafla 10. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	Áætlun	Mismunur	%
Laun	31.273	28.332	2.941	10,4
Önnur rekstrargjöld	19.303	15.190	4.113	27,1
Samtals	50.576	43.522	7.054	16,2

Hlutfall launa af heildarrekstrarkostnaði flugvallarins er 61,8% en launakostnaður á árinu varð mun hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Tafla 11. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	22.714	20.539	2.175	10,6
Flugturn/aðflug	24.641	21.143	3.498	16,5
Ljósabúnaður	557	240	317	132,1
Flugleiðsögubúnaður	2.410	1.230	1.180	95,9
Flugprófanir	254	370	-116	-31,4
Samtals	50.576	43.522	7.054	16,2
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	7.803	5.500	2.303	41,9
Seld þjónusta	931	700	231	33,0
Leigutekjur	1.624	2.300	-676	-29,4
Samtals	10.358	8.500	1.858	21,9
Gjöld umfram tekjur	40.218	35.022	5.196	14,8
Hlutfall tekna af gjöldum	20,5%			
Framlegð á hvern farþega	452 kr.			

Eins og taflan sýnir eru gjöld umfram tekjur 40,2 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum er 20,5% og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu er 452 kr.

1.2.1.4 Egilsstaðaflugvöllur.

Rekstur Egilsstaðaflugvallar gekk mjög vel árið 1999. Heildarrekstrarútgjöld urðu tæplega 50 millj. kr. og sem næst því sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur urðu nokkru hærri en áætlað var þannig að þegar á heildina er litið er rekstrarkostnaður við flugvöllinn 2 millj. kr. lægri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir, eða 4,7%.

Á Egilsstaðaflugvelli er veitt þjónusta allan sólarhringinn í flugturni auk brautar- og slökkviþjónustu þar sem flugvöllurinn gegnir þýðingarmiklu hlutverki sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug.

Tafla 12. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	Áætlun	Mismunur	%
Laun	33.852	34.076	-224	-0,7
Önnur rekstrargjöld	15.822	16.239	-417	-2,6
Samtals	49.674	50.315	-641	-1,3

Hlutfall launa af heildarrekstrarútgjöldum var 68,1% árið 1999. Eins og sést voru laun og önnur rekstrargjöld 1,3% undir áætlun.

Tafla 13. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	33.304	33.851	-547	-1,6
Flugturn/aðflug	13.673	14.500	-827	-5,7
Ljósabúnaður	87	170	-83	-48,8
Flugleiðsögubúnaður	1.416	1.040	376	36,2
Flugprófanir	1.194	754	440	58,4
Samtals	49.674	50.315	-641	-1,3
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	6.636	5.480	1.156	21,1
Seld þjónusta	198	200	-2	-1,0
Leigutekjur	1.330	1.100	230	20,9
Samtals	8.164	6.780	1.384	20,4
Gjöld umfram tekjur	41.510	43.535	-2.025	-4,7
Hlutfall tekna af gjöldum	16,4%			
Framlegð á hvern farþega	540 kr.			

Eins og fram kemur í töflunni eru gjöld umfram tekjur 41,5 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum er 16,4%. Framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu er 540 kr.

1.2.1.5 Ísafjarðarflugvöllur.

Heildarrekstrarkostnaður Ísafjarðarflugvallar var árið 1999 42,8 millj. kr. og fór 4 millj. kr. fram úr rekstraráætlun, eða 10,9%. Tekjur urðu örlitlu hærri en áætlunin. Í heildina er umframkostnaður 3,8 millj. kr. meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem eru 11,9%. Helstu rekstrarþættir sem fóru fram úr áætlun eru rekstur flugvallar, þ.e. flugbrauta og bygginga, sem nemur 3,1 millj. kr., eða 12,3%, og flugleiðsögubúnaður, um 3 millj. kr. sem var vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á veðurmælibúnaði sem ekki var hægt að sjá fyrir og var þar af leiðandi ekki á rekstraráætlun ársins.

Launakostnaður Ísafjarðarflugvallar varð 19,7 millj. kr. árið 1999 sem er 5,1% undir rekstraráætlun. Önnur rekstrargjöld urðu 23,1 millj. kr. sem er 29,4% umfram áætlun, eða 5,2 millj. kr.

Tafla 14. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	Áætlun	Mismunur	%
Laun	19.677	20.740	-1.063	-5,1
Önnur rekstrargjöld	23.124	17.870	5.254	29,4
Samtals	42.801	38.610	4.191	10,9

Eins og sést í töflunni er launakostnaður lægri en annar rekstrarkostnaður, eða 46% af heildarrekstrarútgjöldum sem er mun lægra hlutfall en á öðrum flugvöllum.

Tafla 15. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	28.488	25.360	3.128	12,3
Flugturn/aðflug	8.126	9.000	-874	-9,7
Ljósabúnaður	707	1.200	-493	-41,1
Flugleiðsögubúnaður	5.449	2.450	2.999	122,4
Flugprófanir	31	600	-569	-94,8
Samtals	42.801	38.610	4.191	10,9
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	4.416	4.600	-184	-4,0
Seld þjónusta	891	700	191	27,3
Leigutekjur	1.778	1.400	378	27,0
Samtals	7.085	6.700	385	5,7
Gjöld umfram tekjur	35.716	31.910	3.806	11,9
Hlutfall tekna af gjöldum	16,6%			
Framlegð á hvern farþega	659 kr.			

Eins og fram kemur í töflunni eru gjöld umfram tekjur 35,7 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum er 16,6% og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu er 659 kr.

1.2.1.6 Hornafjarðarflugvöllur.

Rekstur Hornafjarðarflugvallar gekk vel árið 1999. Heildarrekstrarkostnaður varð 5,7% undir rekstraráætlun og tekjur urðu 12,6% hærri en áætlunin gerði ráð fyrir. Þegar litið er á heildarniðurstöðu gjalda og tekna er rekstrarkostnaður 1,3 millj. kr. lægri en áætlunin gerði ráð fyrir, eða 11,1% lægri.

Launakostnaður fór nokkuð fram úr áætlun, eða um 5,5%. Hins vegar urðu önnur rekstrargjöld mun lægri en áætlunin, eða um 20%.

Tafla 16. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	Áætlun	Mismunur	%
Laun	9.059	8.584	475	5,5
Önnur rekstrargjöld	5.434	6.791	-1.357	-20,0
Samtals	14.493	15.375	-882	-5,7

Eins og fram kemur í töflunni eru laun 62,5% af heildarrekstrarútgjöldum flugvallarins. Rekstrarniðurstaðan á árinu er fyllilega viðunandi.

Tafla 17. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	13.080	13.870	-790	-5,7
Ljósabúnaður	463	450	13	2,9
Flugleiðsögubúnaður	950	705	245	34,8
Flugprófanir	0	350	-350	-100,0
Samtals	14.493	15.375	-882	-5,7
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	2.110	2.100	10	0,5
Seld þjónusta	1.090	1.000	90	9,0
Leigutekjur	741	400	341	85,3
Samtals	3.941	3.500	441	12,6
Gjöld umfram tekjur	10.552	11.875	-1.323	-11,1
Hlutfall tekna af gjöldum	27,2%			
Framlegð á hvern farþega	532 kr.			

Eins og fram kemur í töflunni eru gjöld umfram tekjur 10,5 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum er 27,2%, sem er verulega hátt hlutfall miðað við stærð og umfang flugvallarins. Framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu er 532 kr.

1.2.1.7 Húsavíkurflugvöllur.

Rekstrarkostnaður Húsavíkurflugvallar varð mun hærri árið 1999 en rekstraráætlun gerði ráð fyrir, eða um 33%. Tekjur flugvallarins voru tiltölulega lágar þar sem í áætlunarflugi var svo til eingöngu flogið litlum flugvélum sem greiða mun lægri lendingargjöld en t.d. Fokker 50 og ATR 42. Húsavíkurflugvöllur er nokkuð snjóþungur og er stór hluti kostnaðar við reksturinn vegna snjómoksturs. Á flugvellinum eru frekar gömul snjómoksturstæki og var nokkuð um óvæntar bilanir á síðasta ári og því urðu önnur rekstrargjöld nokkru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Launakostnaður flugvallarins var nokkuð í jafnvægi á árinu en annar rekstrarkostnaður fór verulega úr böndunum og varð 51,5% hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Tafla 18. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Laun	5.351	5.206	145	2,8
Önnur rekstrargjöld	13.136	8.673	4.463	51,5
Samtals	18.487	13.879	4.608	33,2

Hlutfall launa af heildarútgjöldum var 28,9% árið 1999. Þess ber að geta að önnur rekstrargjöld eru mun hærri á Húsavíkurflugvelli en sambærilegum flugvöllum eins og Hornafjarðar- og Sauðárkróksflugvöllum.

Tafla 19. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	14.107	11.856	2.251	19,0
Ljósabúnaður	353	320	33	10,3
Flugleiðsögubúnaður	3.188	1.253	1.935	154,4
Flugprófanir	839	450	389	86,4
Samtals	18.487	13.879	4.608	33,2
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	958	1.100	-142	-12,9
Seld þjónusta	748	170	578	340,0
Leigutekjur	161	400	-239	-59,8
Samtals	1.867	1.670	197	11,8
Gjöld umfram tekjur	16.620	12.209	4.411	36,1
Hlutfall tekna af gjöldum	10,1%			
Framlegð á hvern farþega	1.281 kr.			

Eins og fram kemur í töflunni eru gjöld umfram tekjur 16,6 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum var 10,1% og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn árið 1999 var 1.281 kr.

1.2.1.8 Sauðárkróksflugvöllur.

Heildarrekstrarkostnaður Sauðárkróksflugvallar árið 1999 varð 12,9 millj. kr. og fór 10,9% fram úr rekstraráætlun, eða 1,3 millj. kr. Tekjur urðu nokkru hærri en áætlun gerði ráð fyrir, en áætlunarflug um flugvöllinn er eins og á Húsavíkurflugvelli flogið litlum flugvélum sem skila lægri tekjum af lendingargjöldum. Samtals er umframkostnaður 0,9 millj. kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir, eða 8,8%.

Launakostnaður varð 3,2% hærri en áætlun gerði ráð fyrir og önnur rekstrargjöld 17,6% hærri, eða 1,1 millj. kr.

Tafla 20. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Laun	5.646	5.470	176	3,2
Önnur rekstrargjöld	7.294	6.200	1.094	17,6
Samtals	12.940	11.670	1.270	10,9

Hlutfall launakostnaðar af heildarútgjöldum ársins varð 43,6% og önnur rekstrargjöld eru þar af leiðandi 56,4%.

Tafla 21. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	10.153	9.066	1.087	12,0
Ljósabúnaður	127	4	123	3.075,0
Flugleiðsögubúnaður	1.920	2.100	-180	-8,6
Flugprófanir	740	500	240	48,0
Samtals	12.940	11.670	1.270	10,9
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	1.449	1.000	449	44,9
Seld þjónusta	268	300	-32	-10,7
Leigutekjur	49	100	-51	-51,0
Samtals	1.766	1.400	366	26,1
Gjöld umfram tekjur	11.174	10.270	904	8,8
Hlutfall tekna af gjöldum	13,6%			
Framlegð á hvern farþega	759 kr.			

Eins og sést í töflunni eru gjöld umfram tekjur 11,2 millj. kr., sem er nokkru lægra en á Húsavíkurflugvelli, en þessir flugvellir eru mjög sambærilegir að stærð og umfangi. Hlutfall tekna af gjöldum var 13,6%. Framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu var 759 kr.

1.2.1.9 Bíldudalsflugvöllur.

Rekstur Bíldudalsflugvallar gekk mjög vel árið 1999. Rekstrarútgjöld í heild urðu 17,1% undir áætlun, eða 1,6 millj. kr. Tekjur urðu samkvæmt áætlun en áætlunarflug til Bíldudals er flogið litlum flugvélum.

Launagjöld voru 13,8% undir áætlun og önnur rekstrargjöld 19,5% undir rekstraráætlun.

Tafla 22. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Laun	3.356	3.896	-540	-13,9
Önnur rekstrargjöld	4.358	5.405	-1.047	-19,4
Samtals	7.714	9.301	-1.587	-17,1

Eins og fram kemur í töflu 22 var hlutfall launakostnaðar af heildarútgjöldum 43,5%.

Tafla 23. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	7.119	7.881	-762	-9,7
Ljósabúnaður	139	20	119	595,0
Flugleiðsögubúnaður	456	1.200	-744	-62,0
Flugprófanir	0	200	-200	-100,0
Samtals	7.714	9.301	-1.587	-17,1
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	860	750	110	14,7
Seld þjónusta	48	100	-52	-52,0
Leigutekjur	0	0	0	
Samtals	908	850	58	6,8
Gjöld umfram tekjur	6.806	8.451	-1.645	-19,5
Hlutfall tekna af gjöldum	11,8%			
Framlegð á hvern farþega	901 kr.			

Tafla 23 sýnir að gjöld umfram tekjur urðu 6,8 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum var 11,8% og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu 1999 var 901 kr.

1.2.1.10 Grímseyjarflugvöllur.

Rekstrarútgjöld Grímseyjarflugvallar voru árið 1999 mun hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Önnur rekstrargjöld fóru úr böndunum og urðu 54,5% hærri en áætlunin. Skýringuna er að finna í óvæntum viðhaldskostnaði á ljósa- og aðflugsbúnaði flugvallarins. Þegar á heildina er litið var kostnaður af rekstri flugvallarins 19,8% hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður varð 5,2% lægri en áætlað var.

Tafla 24. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Laun	3.096	3.267	-171	-5,2
Önnur rekstrargjöld	3.480	2.252	1.228	54,5
Samtals	6.576	5.519	1.057	19,2

Hlutfall launa af heildarútgjöldum á árinu var 47,1%. Rekstrarniðurstaða flugvallarins hefði verið viðunandi ef kostnaður af óvæntu viðhaldi ljósa- og aðflugsbúnaðar hefði ekki komið til.

Tafla 25. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	5.018	5.144	-126	-2,4
Ljósabúnaður	777	25	752	3.008,0
Flugleiðsögubúnaður	681	350	331	94,6
Flugprófanir	100	0	100	
Samtals	6.576	5.519	1.057	19,2
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	343	200	143	71,5
Seld þjónusta	228	190	38	20,0
Leigutekjur	100	200	-100	-50,0
Samtals	671	590	81	13,7
Gjöld umfram tekjur	5.905	4.929	976	19,8
Hlutfall tekna af gjöldum	10,2%			
Framlegð á hvern farþega	1.536 kr.			

Eins og fram kemur í töflunni voru gjöld umfram tekjur 5,9 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum var 10,2% og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu 1999 var 1.536 kr.

1.2.1.11 Siglufjarðarflugvöllur.

Rekstrarkostnaður flugvallarins fór verulega úr böndunum árið 1999 þegar á heildina er litið, eða 29,4% fram úr áætlun. Tekjur flugvallarins eru mjög litlar, enda tíðni flugs til Siglufjarðar ekki há og flogið litlum vélum. Tekjurnar urðu örlitlu hærri en áætlunin gerði ráð fyrir.

Launakostnaður varð 3,7% hærri en áætlað var en hins vegar fóru önnur rekstrargjöld úr böndunum, eða 1,6 millj. kr. fram úr áætlun sem er 58,1%.

Tafla 26. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Laun	3.263	3.146	117	3,7
Önnur rekstrargjöld	4.415	2.792	1.623	58,1
Samtals	7.678	5.938	1.740	29,3

Hlutfall launa af rekstrargjöldum var 42,5% árið 1999. Önnur rekstrargjöld eru þar af leiðandi 57,5%.

Eins og sést í töflu 27 eru gjöld umfram tekjur 7,3 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum er aðeins 4,7% og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu er 2.590 kr.

Tafla 27. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	7.546	5.803	1.743	30,0
Ljósabúnaður	0	0	0	
Flugleiðsögubúnaður	132	135	-3	-2,2
Flugprófanir	0	0	0	
Samtals	7.678	5.938	1.740	29,3
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	344	250	94	37,6
Seld þjónusta	17	35	-18	-51,4
Leigutekjur	0	0	0	
Samtals	361	285	76	26,7
Gjöld umfram tekjur	7.317	5.653	1.664	29,4
Hlutfall tekna af gjöldum	4,7%			
Framlegð á hvern farþega	2.590 kr.			

1.2.1.12 Þórshafnarflugvöllur.

Heildarrekstrarútgjöld Þórshafnarflugvallar urðu 8,1 millj. kr. árið 1999 og fóru 2,2 millj. kr. fram úr áætlun, eða 36,6%. Tekjur urðu nokkru hærri en áætlað var, en þar sem tekjur flugvallarins eru mjög lágar varð lítil breyting á rekstrarkostnaði og þegar á heildina er litið fóru rekstrarútgjöldin 33,9% fram úr áætlun.

Laun fóru 5,2% fram úr áætlun og annar rekstrarkostnaður fór úr böndunum og varð 57,5% hærri en gert var ráð fyrir.

Tafla 28. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Laun	2.491	2.368	123	5,2
Önnur rekstrargjöld	5.614	3.565	2.049	57,5
Samtals	8.105	5.933	2.172	36,6

Hlutfall launa af rekstrarútgjöldum var 44,4% og eru því önnur rekstrargjöld 55,6% af útgjöldunum.

Eins og fram kemur í töflu 29 eru gjöld umfram tekjur 7,7 millj kr. og var framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu 4.016 kr.

Tafla 29. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	7.629	5.633	1.996	35,4
Ljósabúnaður	54	180	-126	-70,0
Flugleiðsögubúnaður	41	20	21	105,0
Flugprófanir	381	100	281	281,0
Samtals	8.105	5.933	2.172	36,6
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	397	200	197	98,5
Seld þjónusta	30	0	30	
Leigutekjur	0	0	0	
Samtals	427	200	227	113,5
Gjöld umfram tekjur	7.678	5.733	1.945	33,9
Hlutfall tekna af gjöldum	5,3%			
Framlegð á hvern farþega	4.016 kr.			

1.2.1.13 Vopnafjarðarflugvöllur.

Rekstrarkostnaður Vopnafjarðarflugvallar varð 7,7 millj. kr. árið 1999 og fór 16,3% fram úr áætlun. Tekjur urðu nokkru hærri en gert var ráð fyrir en þegar á heildina er litið fór rekstur flugvallarins 14,5% fram úr rekstraráætlun.

Launakostnaður fór verulega úr böndunum á árinu og var 26,6% hærri en áætlað var. Önnur rekstrargjöld fóru 7,3% fram úr áætlun.

Tafla 30. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Laun	3.910	3.089	821	26,6
Önnur rekstrargjöld	3.805	3.545	260	7,3
Samtals	7.715	6.634	1.081	16,3

Hlutfall launa af rekstrarútgjöldum var 50,7% árið 1999 og urðu önnur rekstrargjöld því 49,3% af heildarútgjöldunum.

Eins og fram kemur í töflu 31 voru gjöld umfram tekjur 7,1 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum var 8,5% og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu var 2.430 kr.

Tafla 31. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	6.280	5.894	386	6,5
Ljósabúnaður	505	130	375	288,5
Flugleiðsögubúnaður	714	570	144	25,3
Flugprófanir	216	40	176	440,0
Samtals	7.715	6.634	1.081	16,3
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	495	400	95	23,8
Seld þjónusta	163	70	93	132,9
Leigutekjur	0	0	0	
Samtals	658	470	188	40,0
Gjöld umfram tekjur	7.057	6.164	893	14,5
Hlutfall tekna af gjöldum	8,5%			
Framlegð á hvern farþega	2.430 kr.			

1.2.1.14 Þingeyrarflugvöllur.

Þingeyrarflugvöllur þjónar í dag sem varaflugvöllur fyrir Ísafjörð, en ekki er lengur reglubundið áætlunarflug til Þingeyrar. Heildarkostnaður við rekstur flugvallarins árið 1999 varð 7,1 millj. kr. sem er 12,3% minna en rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Tekjur urðu nokkru hærri en áætlað var og þegar á heildina er litið varð rekstrarafkoma flugvallarins á árinu 14,9% betri en reiknað var með, sem er fyllilega viðunandi.

Tafla 32. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	7.101	8.110	-1.009	-12,4
Ljósabúnaður	0	0	0	
Flugleiðsögubúnaður	11	0	11	
Flugprófanir	0	0	0	
Samtals	7.112	8.110	-998	-12,3
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	245	150	95	63,3
Seld þjónusta	0	0	0	
Leigutekjur	347	300	47	15,7
Samtals	592	450	142	31,6
Gjöld umfram tekjur	6.520	7.660	-1.140	-14,9
Hlutfall tekna af gjöldum	8,3%			
Framlegð á hvern farþega	2.575 kr.			

Eins og taflan sýnir voru gjöld 6,5 millj. kr. umfram tekjur árið 1999. Hlutfall tekna af gjöldum var 8,3% og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu 2.575 kr.

Tafla 33. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	Áætlun	Mismunur	%
Laun	4.416	5.045	-629	-12,5
Önnur rekstrargjöld	2.696	3.065	-369	-12,0
Samtals	7.112	8.110	-998	-12,3

Hlutfall launa af rekstrarkostnaði ársins var 62,1% og önnur rekstrargjöld því 37,9%.

1.2.1.15 Gjögursflugvöllur.

Rekstur Gjögursflugvallar gekk nokkuð vel árið 1999 þegar á heildina er litið. Heildarútgjöld urðu 4,9 millj. kr., sem er 6,6% umfram áætlun, en tekjur urðu mun hærri en áætlunin gerði ráð fyrir, eða 54%. Þannig er heildarniðurstaða rekstrarins á árinu 0,1% umfram áætlun, sem er fyllilega viðunandi.

Tafla 34. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	4.649	4.499	150	3,3
Ljósabúnaður	171	0	171	
Flugleiðsögubúnaður	94	50	44	88,0
Flugprófanir	0	62	-62	-100,0
Samtals	4.914	4.611	303	6,6
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	183	150	33	22,0
Seld þjónusta	253	0	253	
Leigutekjur	411	400	11	2,8
Samtals	847	550	297	54,0
Gjöld umfram tekjur	4.067	4.061	6	0,1
Hlutfall tekna af gjöldum	17,2%			
Framlegð á hvern farþega	8.266 kr.			

Eins og sést í töflunni voru gjöld umfram tekjur 4,1 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum var 17,2%, sem er nokkuð hátt hlutfall hjá flugvelli af þessari stærð og umfangi. Skýringin er að Vegagerðin og hreppurinn kaupa snjómokstursþjónustu af flugvellinum. Framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu var 8.266 kr., sem er hæsta framlegð með farþega í áætlunarflugi innan lands, en um flugvöllinn fóru aðeins 492 farþegar á árinu.

Launakostnaður varð 8,7% lægri en áætlunin gerði ráð fyrir og önnur rekstrargjöld urðu 17,9% hærri en reiknað var með.

Tafla 35. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	Áætlun	Mismunur	%
Laun	1.798	1.969	-171	-8,7
Önnur rekstrargjöld	3.116	2.642	474	17,9
Samtals	4.914	4.611	303	6,6

Hlutfall launa af rekstrarútgjöldum ársins var 36,6% og önnur rekstrargjöld því 63,4%.

1.2.1.16 Patreksfjarðarflugvöllur.

Rekstrarkostnaður Patreksfjarðarflugvallar árið 1999 varð 10,8 millj. kr., sem er 5,7% umfram áætlun að teknu tilliti til tekna sem voru heldur lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Launakostnaður var 2,6% lægri en rekstraráætlun gerði ráð fyrir en hins vegar urðu önnur rekstrargjöld 9% hærri en áætlað var, eða 0,7 millj. kr.

Tafla 36. Sundurliðun, laun og önnur rekstrargjöld (þús. kr.).

	Staða í árslok	Áætlun	Mismunur	%
Laun	2.921	2.999	-78	-2,6
Önnur rekstrargjöld	8.198	7.520	678	9,0
Samtals	11.119	10.519	600	5,7

Hlutfall launa af rekstrarútgjöldum var 26,3% á árinu 1999 og voru önnur rekstrargjöld því 73,7% af heildarútgjöldunum.

Tafla 37. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	9.497	9.389	108	1,2
Ljósabúnaður	302	20	282	
Flugleiðsögubúnaður	1.166	1.000	166	16,6
Flugprófanir	154	110	44	40,0
Samtals	11.119	10.519	600	5,7
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	218	250	-32	-12,8
Seld þjónusta	56	100	-44	
Leigutekjur	0	0	0	
Samtals	274	350	-76	-21,7
Gjöld umfram tekjur	10.845	10.169	676	6,6
Hlutfall tekna af gjöldum	2,5%			
Framlegð á hvern farþega	7.187 kr.			

Eins og fram kemur í töflu 37 voru gjöld umfram tekjur 10,8 millj. kr. Hlutfall tekna af gjöldum var 2,5% og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn árið 1999 7.187 kr.

1.2.1.17 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.

Meginuppistaðan í rekstri svokallaðra annarra flugvalla og lendingarstaða eru flugvellir sem nú er flokkaðir sem þjónustuflugvellir en höfðu áður verið áætlunarflugvellir, t.d. við Blönduós, Breiðdalsvík, Hólmavík, Raufarhöfn og Stykkishólm.

Rekstrarkostnaður þessara flugvalla var samtals 27 millj. kr. að teknu tilliti til tekna sem voru sáralitlar, enda er hlutfall tekna af gjöldum aðeins 0,7%.

Eftirfarandi tafla sýnir samanlagðan rekstrarkostnað árið 1999 og samanburð við samanlagðar áætlanir:

Tafla 38. Sundurliðun rekstrarkostnaðar eftir verkefnum (þús. kr.).

Gjöld				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvalla	25.196	21.889	3.307	15,1
Ljósabúnaður	133	195	-62	
Flugleiðsögubúnaður	1.683	1.812	-129	-7,1
Flugprófanir	194	157	37	23,6
Samtals	27.206	24.053	3.153	13,1
Tekjur				
Tekjustofn	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Lendingargjöld	52	90	-38	-42,2
Seld þjónusta	133	30	103	
Leigutekjur	5	0	5	
Samtals	190	120	70	58,3
Gjöld umfram tekjur	27.016	23.933	3.083	12,9
Hlutfall tekna af gjöldum	0,7%			

Eins og sést í töflu 38 varð rekstrarkostnaður þessara flugvalla árið 1999 12,9% hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

1.2.2 Annar rekstur.

Annar rekstur Flugmálastjórnar en rekstur flugvalla er flugöryggissvið, flugleiðsögusvið, flugumferðarsvið og yfirstjórn. Undir yfirstjórn heyrir fjárvarsla og bókhald, alþjóðamál og skrifstofa flugmálastjóra.

Árið 1999 gekk þessi rekstur nokkuð vel. Áætlanir stóðust og að teknu tilliti til tekna ársins varð kostnaðurinn 11,3% undir áætlunum, eða 29,4 millj. kr.

Þegar tekið hefur verið mið af tekjum var afkoma yfirstjórnar 22,7 millj. kr. undir rekstraráætlun, flugöryggissvið var 4 millj. kr. undir áætluninni, rekstur flugleiðsögusviðs fór 11,4 millj. kr. fram úr áætlun og flugumferðarsvið var 10,7 millj. kr. undir rekstraráætlun.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á rekstrarkostnaði og áætluðum kostnaði ýmissa rekstrarsviða árið 1999:

Tafla 39. Annar rekstur, skipting tekna og gjalda eftir rekstrarsviðum (þús. kr.).

Gjöld				
Rekstrarsvið	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Yfirstjórn	123.327	144.210	-20.883	-14,5
Flugöryggissvið	79.215	67.600	11.615	17,2
Flugleiðsögusvið*	186.712	184.718	1.994	1,1
Flugumferðarsvið*	175.959	186.214	-10.255	-5,5
Alþjóðaflugþjónustan	57.857	61.300	-3.443	-5,6
Samtals	623.070	644.042	-20.972	-3,3
Tekjur				
Verkefni	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Yfirstjórn	111.816	110.000	1.816	1,7
Flugöryggissvið	79.180	63.600	15.580	24,5
Flugleiðsögusvið*	121.587	131.000	-9.413	-7,2
Flugumferðarsvið*	80.414	80.000	414	0,5
Alþjóðaflugþjónustan	0	0	0	
Samtals	392.997	384.600	8.397	2,2
Gjöld umfram tekjur	230.073	259.442	-29.369	-11,3
Hlutfall tekna af gjöldum	63,1%			

* Kostnaður við rekstur ljósa- og aðflugsbúnaðar, flugprófana og flugturna sem færður hefur verið undir flugvelli en fellur undir þessi rekstrarsvið er hér dreginn frá.

Eftirfarandi tafla sýnir afkomu A-hluta Flugmálastjórnar í heild árið 1999:

Tafla 40. Niðurstaða rekstrar A-hluta Flugmálastjórnar árið 1999 (þús. kr.).

Rekstrarsvið	**Staða í árslok**	**Áætlun**	**Mismunur**	**%**
Gjöld				
Rekstur flugvalla	601.987	561.454	40.533	7,2
Annar rekstur	623.070	644.042	-20.972	-3,3
Samtals	1.225.057	1.205.496	19.561	1,6
Tekjur				
Rekstur flugvalla	138.487	120.196	18.291	15,2
Annar rekstur	392.997	384.600	8.397	2,2
Samtals	531.484	504.796	26.688	5,3
Gjöld umfram tekjur	693.573	700.700	-7.127	-1,0

Eins og sést í töflunni er afkoma A-hluta Flugmálastjórnar jákvæð, þ.e. 7,1 millj kr. undir rekstraráætlun.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Árið 1999 urðu útgjöld vegna flugmálaáætlunar þannig að til framkvæmda á innanlandsflugvöllum var varið 354 millj. kr., eða um 57%. Til rekstrar flugvalla fóru 167 millj. kr., eða um 18%. Flugstöð Leifs Eiríkssonar fékk 55 millj kr. af áætluninni, eða 9%. Til flugumferðar- og flugleiðsögubúnaðar var varið 24 millj kr., eða um 4%, og til tækjakaupa 58 millj. kr., eða 9% þess sem var til ráðstöfunar. 21 millj. kr. var svo varið í ýmis önnur verkefni, eins og til annarra flugvalla og lendingarstaða, og í stjórnunarkostnað.

Eftirfarandi töflur sýna útgjöld flugmálaáætlunar eftir verkefnaflokkum annars vegar og umdæmum hins vegar:

Tafla 41. Skipting útgjalda eftir verkefnaflokkum (millj. kr.).

Verkefnaflokkar	Til framkvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Hlutfall
Flugbrautir og hlöð	140,2	154,7	24,7%
Byggingar	133,8	138,4	22,1%
Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	66,3	60,9	9,7%
Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	100,7	24,2	3,9%
Annar kostnaður	90,0	78,9	12,6%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	55,0	55,0	8,8%
Til rekstrar flugvalla	113,0	113,0	18,1%
	699,0	625,1	100,0%

Tafla 42. Skipting útgjalda eftir umdæmum (millj. kr.).

Umdæmi og verkefni	Til framkvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Hlutfall
Umdæmi 1, Suður- og Vesturland	87,2	113,5	18,2%
Umdæmi 2, Vestfirðir	31,9	70,2	11,2%
Umdæmi 3, Norðurland	69,3	54,0	8,6%
Umdæmi 4, Austurland	30,6	29,8	4,8%
Reykjavík	121,3	86,5	13,8%
Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	100,7	24,2	3,9%
Annar kostnaður	90,0	78,9	12,6%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	55,0	55,0	8,8%
Til rekstrar flugvalla	113,0	113,0	18,1%
	699,0	625,1	100,0%

III. FLOKKUN FLUGVALLA OG ÞRÓUN FLUTNINGA

3.1 Flokkun flugvalla.

Áætlunarflugvellir eru flokkaðir samkvæmt núgildandi þingsályktun um flugmálaáætlun eftir því hve miklir flutningar eru um þá, þ.e. samanlagður meðalþungi farþega og farangurs, ásamt vörum og pósti. Áætlunarflugvellirnir eru flokkaðir á eftirfarandi hátt:

Tafla 43. Flokkun áætlunarflugvalla.

Áætlunarflugvellir I	Áætlunarflugvellir II	Áætlunarflugvellir III
Reykjavík	Bíldudalur	Mývatn
Akureyri	Siglufjörður	Hólmavík
Vestmannaeyjar	Patreksfjörður	Raufarhöfn
Egilsstaðir	Vopnafjörður	Gjögur
Ísafjörður	Grímsey	Kópasker
Hornafjörður		Þingeyri
Húsavík		Þórshöfn
Sauðárkrókur		

Frá því að núgildandi þingsályktun um flugmálaáætlun var samþykkt á Alþingi hefur áætlunarflugi verið hætt til Hólmavíkur, Kópaskers og Raufarhafnar (miðað er við árslok 1999). Við endurskoðun á flugmálaáætlun hefur sú regla gilt að flugvellir sem hætt hefur verið áætlunarflugi til séu flokkaðir undir þjónustuflugvelli.

Flugvellir sem ekki er flogið áætlunarflug til falla undir flokkinn Aðrir flugvellir og lendingarstaðir sem síðan skiptist í fimm undirflokka:

Tafla 44. Undirflokkar annarra flugvalla og lendingarstaða.

Undirflokkar	Fjöldi
A. Þjónustuflugvellir	13
B. Aðrir flugvellir	15
C. Sportflugvellir	5
D. Lendingarstaðir	20
E. Lendingarstaðir í eigu og umsjá annarra en Flugmálastjórnar	8
Samtals	61

Þá eru flugvellir enn fremur flokkaðir eftir staðli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samkvæmt viðauka 14. Þar er miðað við brautarlengdir og flugvélagerðir eins og sést í eftirfarandi töflu:

Tafla 45. Flugvellir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum í viðauka 14.

Viðmiðun 1		Viðmiðun 2		
Flokkur	**Flugbrautarlengd**	**Flokkur**	**Vænghaf**	**Breidd milli aðalhjóla**
1	Styttri en 800 m	A	Styttra en 15 m	Styttri en 4,5 m
2	800 m að 1200 m	B	15 m að 24 m	4,5 m að 6 m
3	1200 m að 1800 m	C	24 m að 36 m	6 m að 9 m
4	1800 m og lengri	D	36 m að 52 m	9 m að 14 m
		E	52 m að 65 m	9 m að 14 m

3.2 Þróun flutninga.

Farþegaflutningar hafa þróast þannig á undanförnum árum að flutningarnir hafa flust frá minni flugvöllum og yfir á þá stærri þar sem hærri tíðni flugs hefur haft mest að segja. Vöru- og póstflutningar hafa dregist mjög mikið saman undanfarin ár og virðast enn vera á undanhaldi.

Eftirfarandi mynd sýnir þróun farþegaflugs 1990–99 (Keflavíkurflugvöllur ekki meðtalinn, Bakkaflugvöllur er meðtalinn frá árinu 1998):

Mynd 2 Heildarfarþegaflutningar 1990-1999



Eins og myndin sýnir hafa farþegaflutningar í innanlandsflugi aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

3.2.1 Reykjavík.

Reykjavíkurflugvöllur gegnir mjög mikilvægu hlutverki í flugsamgöngukerfinu innan lands þar sem um og yfir 90% þeirra sem fljúga í innanlandsflugi fara um völlinn. Þar eru þrjár flugbrautir, 1.749 m, 1.453 m, og 960 m langar. Samkvæmt alþjóðlega staðlinum sem fyrr var getið flokkast flugbrautirnar í 3D, 3C og 2C.

Farþegum sem fara um Reykjavíkurflugvöll hefur fjölgað úr 306.000 árið 1990 í 453.000 á síðasta ári, eða um 48% sem er að jafnaði tæplega 15.000 farþegar á ári undanfarin 10 ár.

Vöru- og póstflutningar hafa hins vegar dregist nokkuð saman eins og sést á mynd 4.

Mynd 3 Reykjavík, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	306.62	293.86	326.03	288.97	342.96	356.12	372.24	415.35	440.58	452.91

Mynd 4 Reykjavík, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	2.061	2.028	2.326	2.258	1.247	1.768

3.2.2 Akureyri.

Á Akureyrarflugvelli er ein 1.940 m löng malbikuð flugbraut sem er í flokki 4D. Flugvöllurinn gegnir að nokkru hlutverki sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug. Þá er enn fremur dálítið leiguflug erlendis frá til Akureyrar og í stöku tilfellum beint leiguflug til annarra landa.

Undanfarin 10 ár hefur farþegum um flugvöllinn fjölgað úr 121.000 í 194.000 sem er 60% fjölgun.

Vöru- og póstflutningar hafa minnkað nokkuð undanfarin ár eins og sést á mynd 6.

Mynd 5 Akureyri, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	120.877	115.804	130.158	115.827	133.276	144.274	142.602	156.109	181.234	194.404

Mynd 6 Akureyri, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	877	892	738	553	584	658

3.2.3 Vestmannaeyjar.

Á Vestmannaeyjaflugvelli eru tvær 1.200 m flugbrautir með bundnu slitlagi. Flugbrautirnar flokkast í 3C, en þess ber að geta að öryggissvæði standast ekki tilmæli í viðauka 14 (ICAO Annex 14).

Farþegaflutningar um flugvöllinn hafa verið nokkuð jafnir undanfarin ár, eða um 80.000 farþegar árlega. Mjög mikil fjölgun var í farþegaflutningum 1980–1990 en síðan þá hafa flutningarnir verið nokkuð jafnir.

Vöru- og póstflutningar hafa einnig verið nokkuð jafnir eins og mynd 8 sýnir.

Mynd 7 Vestmannaeyjar, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	71.962	81.588	82.845	78.599	85.950	75.536	79.406	70.080	83.660	89.013

Mynd 8 Vestmannaeyjar, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	188	181	181	152	154	183

3.2.4 Egilsstaðir.

Nýja flugbrautin á Egilsstaðaflugvelli er 2.000 m löng og er því í flokki 4D. Flugvöllurinn gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki sem varaflugvöllur í millilandaflugi. Undanfarin ár hefur verið reynt að bæta slökkvi- og snjóhreinsibúnað vallarins til að hann geti betur sinnt hlutverki sínu sem varaflugvöllur.

Farþegum sem fara um flugvöllinn hefur fjölgað mjög mikið undanfarin ár, eða úr 51.000 farþegum árið 1990 í 77.000 farþega á síðasta ári sem er 51% fjölgun. Frá árinu 1996 hefur farþegum fjölgað mest en þá lagðist af áætlunarflug til Norðfjarðar.

Vöru- og póstflutningar hafa dregist saman undanfarin ár, eða úr 593 tonnum árið 1994 í 261 tonn sl. ár.

Mynd 9 Egilsstaðir, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	50.900	48.180	52.261	53.648	54.839	56.865	57.921	69.912	72.652	76.910

Mynd 10 Egilsstaðir, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	593	442	276	229	221	261

3.2.5 Ísafjörður.

Á Ísafjarðarflugvelli er ein 1.400 m löng flugbraut með bundnu slitlagi. Flugbrautin fellur í flokk 3C og vantar nánast öll öryggissvæði við flugbrautina. Þá eru aðflugsskilyrði mjög slæm vegna hindrana í landslagi, en reynt hefur verið að bæta úr því með auknum ljósabúnaði.

Farþegaflutningar um flugvöllinn hafa sveiflast nokkuð sl. ár. Flutningarnir náðu hámarki árið 1997 þegar rúmlega 60.000 farþegar fóru um völlinn en síðan hefur farþegum fækkað aðeins.

Vöru- og póstflutningar hafa dregist verulega mikið saman á undanförnum árum, eða úr 459 tonnum árið 1994 í 207 tonn árið 1999.

Mynd 11 Ísafjörður, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	41.407	43.506	50.019	44.535	52.262	55.465	58.876	60.480	56.301	54.171

Mynd 12 Ísafjörður, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	459	416	337	188	177	207

3.2.6 Hornafjörður.

Flugbrautin á Hornafjarðarflugvelli er 1.500 m löng og flokkast þá í 3C. Á brautinni er bundið slitlag, þ.e. klæðning, og var Hornafjarðarflugvöllur fyrsti flugvöllurinn hér á landi þar sem slíkt slitlag var notað á flugbraut.

Farþegaflutningar um Hornafjarðarflugvöll hafa aukist nokkuð undanfarin ár með fjölgun ferðamanna á svæðinu. Þeir náðu hámarki árið 1996, en hafa minnkað nokkuð síðan.

Vöru- og póstflutningar minnkuðu mikið árin1994–99 eins og mynd 13 sýnir.

Mynd 13 Hornafjörður, vöru- og póstflutningar 1994-1999



Mynd 14 Hornafjörður, farþegaflutningar 1990-1999



3.2.7 Húsavík.

Á Húsavíkurflugvelli er ein 1.600 m löng flugbraut með bundnu slitlagi og flokkast hún því í flokk 3C.

Farþegaflutningar um Húsavíkurflugvöll hafa verið nokkuð jafnir og stöðugir undanfarin ár, eða 17.000–18.000 farþegar að meðaltali á ári. Árið 1999 var eingöngu flogið áætlunarflug á litlum vélum, sem virðist hafa þau áhrif að farþegum hefur fækkað allverulega, eða um 30%. Þá má einnig gera ráð fyrir að farþegar sem áður fóru um flugvöllinn noti Akureyrarflugvöll í auknum mæli vegna hærri tíðni ferða.

Vöru- og póstflutningar hafa minnkað mjög undanfarin ár eins og mynd 16 sýnir.

Mynd 15 Húsavík, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	18.510	18.941	17.782	16.366	16.732	17.376	17.077	17.733	18.449	12.971

Mynd 16 Húsavík, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	67	50	39	39	28	16

3.2.8 Sauðárkrókur.

Flugbrautin á Sauðárkróksflugvelli er 2.000 m löng og er í flokki 4C. Á flugbrautinni er bundið slitlag.

Farþegaflutningar um flugvöllinn hafa verið jafnir og stöðugir undanfarin ár, að meðaltali um 15.000 farþegar á ári, að undanskildu árinu 1997. Þá ríkti hörð samkeppni á flugleiðinni og tæplega 19.000 farþegar fóru um völlinn.

Mjög mikið hefur dregið úr vöru- og póstflutningum frá árinu 1996 eins og mynd 18 sýnir.

Mynd 17 Sauðárkrókur, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	14.626	14.879	14.417	15.508	14.908	15.963	15.105	18.954	16.721	14.726

Mynd 18 Sauðárkrókur, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	160	163	152	103	45	42

3.2.9 Bíldudalur.

Á Bíldudalsflugvelli er 900 m löng flugbraut með bundnu slitlagi og er hún í flokki 2B.

Farþegum sem fóru um flugvöllinn fjölgaði mjög mikið frá árinu 1996, en þá fjölgaði áætlunarflugferðum til Bíldudals sem leiddi til þess að farþegar til og frá Patreksfirði notuðu Bíldudalsflugvöll í auknum mæli. Flutningarnir hafa aðeins dregist saman sl. tvö ár frá því að áætlunarflug hófst aftur til Patreksfjarðar.

Vöru- og póstflutningar til Bíldudals hafa aukist jafnt og þétt sl. ár eins og sjá má á mynd 20.

Mynd 19 Bíldudalur, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	5.080	5.489	5.017	5.099	5.490	8.451	11.080	10.684	8.304	7.553

Mynd 20 Bíldudalur, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	117	110	123	141	162	157

3.2.10 Grímsey.

Í Grímsey er ein 1.100 m löng flugbraut með malarslitlagi og er hún í flokki 2B.

Farþegaflutningar um Grímseyjarflugvöll hafa verið nokkuð jafnir og stöðugir undanfarin ár, milli 3.000 og 4.000 farþegar á ári.

Vöru- og póstflutningar hafa aðeins dregist saman undanfarin ár að undanskildu síðasta ári, en þá jukust þeir lítils háttar.

Mynd 21 Grímsey, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	3.638	3.608	3.327	3.606	3.668	3.788	3.694	3.651	2.975	3.845

Mynd 22 Grímsey, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	46	42	41	33	32	35

3.2.11 Siglufjörður.

Flugbrautin á Siglufirði er 1.100 m löng með bundnu slitlagi og er í flokki 2B.

Frá árinu 1991 hefur fjöldi farþega sveiflast á bilinu 2.600 til 3.500 á ári. Nýtingarhlutfall Siglufjarðarflugvallar er mjög lágt vegna erfiðra veður- og aðflugsskilyrða og er þá mjög oft lent á Sauðárkróki og farþegum ekið á milli.

Vöru- og póstflutningar hafa dregist mjög mikið saman undanfarin ár eins og mynd 24 sýnir.

Mynd 23 Siglufjörður, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	5.574	3.505	3.272	2.673	2.298	2.747	2.635	3.055	3.487	2.825

Mynd 24 Siglufjörður, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	32	30	26	20	15	13

3.2.12 Þórshöfn.

Á Þórshöfn er ný 1.200 m löng flugbraut með bundnu slitlagi. Flugbrautin er í flokki 3C. Þá er einnig á Sauðanesi eldri malarbraut, 1.000 m löng, sem hefur þjónað sem þverbraut og er í flokki 2B.

Farþegar sem farið hafa um Þórshafnarflugvöll hafa að jafnaði verið um 2.000 á ári undanfarin ár.

Vöru- og póstflutningar hafa dregist mikið saman eins og sést á mynd 26.

Mynd 25 Þórshöfn, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	1.836	1.972	1.783	1.692	1.834	1.984	1.987	2.018	2.016	1.912

Mynd 26 Þórshöfn, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	59	47	44	40	14	15

3.2.13 Vopnafjörður.

Á Vopnafirði er ein 900 m löng flugbraut með bundnu slitlagi. Flugbrautin er í flokki 2B.

Farþegaflutningar um flugvöllinn hafa heldur dregist saman undanfarin ár. Árið 1990 fóru 3.800 farþegar um Vopnafjarðarflugvöll, en síðasta ár voru þeir 2.900. Með mikið bættum vegi yfir Hellisheiði má gera ráð fyrir að ekið sé milli Vopnafjarðar og Héraðs og notað flug frá Egilsstaðaflugvelli sem er tíðara.

Vöru- og póstflutningar hafa verið nokkuð jafnir og stöðugir undanfarin ár eins og mynd 28 sýnir.

Mynd 27 Vopnafjörður, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	3.822	3.740	3.252	3.342	3.653	3.516	3.187	3.257	2.789	2.904

Mynd 28 Vopnafjörður, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	109	104	90	89	100	105

3.2.14 Þingeyri.

Á Þingeyri er 1.000 m löng flugbraut með malarslitlagi sem er í flokki 2C. Reglubundnu áætlunarflugi til Þingeyrar var hætt árið 1996, en síðan hefur flugvöllurinn verið varaþjónustuflugvöllur fyrir Ísafjörð.

Áður en áætlunarflugi var hætt til Þingeyrar voru farþegaflutningar nokkuð stöðugir, um og yfir 3.000 farþegar á ári. Nú sveiflast þeir eftir veðri og vindum á Ísafirði.

Eins og sést á mynd 30 eru vöru- og póstflutningar mjög litlir.

Mynd 29 Þingeyri, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	5.867	3.090	3.102	2.951	2.754	3.521	3.108	1.175	1.843	2.532

Mynd 30 Þingeyri, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	41	37	26	6	7	12

3.2.15 Gjögur.

Flugbrautin á Gjögri er 900 m löng með malarslitlagi og er í flokki 2B.

Farþegaflutningar um Gjögursflugvöll hafa dregist nokkuð saman undanfarin ár, aðallega frá 1995 og veldur þar mestu fólksfækkun í héraðinu.

Vöru- og póstflutningar hafa aukist mikið undanfarin tvö ár eins og sjá má á mynd 32.

Mynd 31 Gjögur, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	765	818	699	740	786	793	646	697	587	492

Mynd 32 Gjögur, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	19	21	19	22	35	34

3.2.16 Patreksfjörður.

Flugbrautin á Patreksfirði er 1.400 m löng með bundnu slitlagi og er í flokki 3C.

Undanfarin ár hefur ríkt þónokkur samkeppni í flugi til Patreksfjarðar og Bíldudals eins og sjá má þegar bornar eru saman myndir 19 og 33. Greinilega hefur flug til Bíldudals vinninginn, enda var áætlunarflugi til Patreksfjarðar hætt 1997. Það hófst aftur skömmu seinna á litlum flugvélum. Eins og mynd 33 sýnir hafa flutningarnir farið stöðugt minnkandi frá 1992.

Vöru- og póstflutningum með flugi til og frá Patreksfirði er nánast hætt eins og sést á mynd 34.

Mynd 33 Patreksfjörður, farþegaflutningar 1990-1999



	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Farþegar	6.182	4.983	7.172	5.858	5.719	5.098	5.096	2.274	1.817	1.509

Mynd 34 Patreksfjörður, vöru- og póstflutningar 1994-1999



	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Tonn	147	126	84	21	7	5

3.2.17 Þjónustuflugvellir.

Mjög litlir farþegaflutningar eru skráðir á þjónustuflugvöllunum, nema Bakkaflugvelli en skráning þar hófst 1998. Þá fóru 17.049 farþegar um flugvöllinn og 16.990 á síðasta ári. Flutningarnir eru svo til eingöngu milli lands og Vestmannaeyja.

IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

Framkvæmdir á flugvöllunum skiptast í þrjá eftirfarandi verkefnaflokka:

Tafla 46. Verkefnaflokkar og verkefni.

Verkefnaflokkar	Verkefni
1. Flugbrautir og hlöð	Uppbygging flugbrauta, bundið slitlag, öryggissvæði, flughlað, bílastæði og lóð.
2. Byggingar	Flugstöð, farþegaskýli, tækja- og sandgeymsla.
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	Flugvallarlýsing og raforkukerfi.

Í flestum stærri verkefnum skiptist fjárveiting til einstakra verkefna á fleiri en eitt ár og þar af leiðandi verður framkvæmdatíminn í flestum tilfellum lengri en árið. Uppbygging áætlunarflugvallanna er mjög mislangt á veg komin. Enn eru notaðar í áætlunarflugi þrjár flugbrautir með malarslitlagi eingöngu, en það eru Gjögurs-, Grímseyjar- og Þingeyrarflugvellir. Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að því að bæta og setja upp nýjan ljósabúnað á mjög mörgum flugvöllum.

Árið 1999 var unnið að 27 verkefnum auk tækjakaupa og var lokið við 13 þeirra.

Tafla 47 sýnir stöðu hvers verkefnaflokks árið 1999. Í fremsta dálki er flugmálaáætlun ársins 1999 samkvæmt þingsályktun. Næst eru þær breytingar sem orðið hafa frá fyrra ári, hvort um er að ræða inneign eða skuld á viðkomandi verkefnaflokki, eða aðrar tilfærslur. Í þriðja dálkinum kemur svo fram hversu mikið fé er til ráðstöfunar í einstakar framkvæmdir 1999. Fjórði dálkurinn sýnir framkvæmdakostnað ársins samkvæmt bókhaldi í árslok. Þá kemur fram greiðslustaða hvers verkefnaflokks í árslok 1999. Hafa ber í huga að verkefnum er oft ekki lokið í árslok og færast því fjármunir yfir á næsta ár og einnig að gerðar eru ýmsar skuldbindingar sem ekki koma til greiðslu fyrr en árið eftir.

Tafla 47. Greiðslustaða verkefnaflokka í árslok 1999.

Verkefnaflokkar	Flugmála-áætlun	Breyting	Til fram-kvæmda	Fram-kvæmda-kostnaður	Greiðslu-staða í árslok
Flugbrautir og hlöð	129	11,2	140,2	154,7	-14,5
Byggingar	84	49,8	133,8	138,4	-4,6
Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	52	14,3	66,3	60,9	5,4
Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	73	27,7	100,7	24,2	76,5
Annar kostnaður	92	-2,0	90,0	78,9	11,1
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	55	0,0	55,0	55,0	0,0
Til rekstrar flugvalla	113	0,0	113,0	113,0	0,0
Samtals	598	101,0	699,0	625,1	73,9

4.1 Reykjavík.

Flugbrautir og hlöð. Lokið var undirbúningi við endurbætur flugbrauta og flughlaða á Reykjavíkurflugvelli á árinu, þ.e. hönnun, gerð útboðsgagna og frummatsskýrslu.

Fyrsti áfangi verksins, endurbætur flugbrautanna, var boðinn út á árinu og samið við lægstbjóðanda, sem var Ístak hf. Framkvæmdir hófust um haustið við fráveitukerfi vallarins meðfram flugbraut 14-32 og voru þær langt komnar um áramótin.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Flugbrautarljós á braut 14-32 voru flutt til og lagfærð á árinu.

Heildarkostnaður við verkefnið á árinu var 86,5 millj. kr.

4.2 Akureyri.

Flugbrautir og hlöð. Gerðar voru lagfæringar á malbiki flugbrautarinnar. Kostnaður varð 3,1 millj. kr.

Byggingar. Á Akureyrarflugvelli var unnið að undirbúningi og hönnun þriðja áfanga stækkunar og endurbóta flugstöðvarinnar, þ.e. miðhluta hússins, og var lokið við hann á árinu. Framkvæmt var fyrir 6,9 millj. kr.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Unnið var að endurnýjun flugbrautarljósa. Ráðgert er að endurnýja kant-, enda- og aðflugshallaljós. Endurbyggða ljósakerfið verður samkvæmt CAT-1 aðflugsstaðli. Í árslok var búið að koma fyrir ljósaundirstöðum og ljúka við röralögn þannig að jarðvinnu er að mestu lokið. Eftir er uppsetning ljósanna. Framkvæmt var fyrir 13,6 millj. kr. á árinu.

4.3 Vestmannaeyjar.

Byggingar. Lokið var við stækkun og endurbætur við flugstöðina í Vestmannaeyjum á árinu. Framkvæmt var fyrir 82,6 millj. kr. Kostnaður við framkvæmdina er orðinn 91,0 millj. kr. og hefur farið verulega fram úr kostnaðaráætlun hönnuða.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Lokið var við fyrsta áfanga endurnýjunar flugbrautarljósa á Vestmannaeyjaflugvelli. Samhliða var lokið við lagningu stofnlagnakerfis um flugvöllinn. Heildarkostnaður var 28,0 millj. kr.

Vararafstöð Vestmannaeyjaflugvallar var endurnýjuð. Rafstöðin sem þjónaði Reykjavíkurflugvelli áður er 100 KVA að stærð og þjónar öllum búnaði í flugturni, tækjageymslu og tækjahúsi á Sæfelli, að undanskildum hitakerfum. Heildarkostnaður var 2,6 millj. kr.

Hafist var handa við endurbætur á flugturninum í Vestmannaeyjum. Ráðgert er að endurnýja turnhvelfingu og klæða húsið að utan. Samhliða verða allir gluggar og hurðir endurnýjaðar. Lokið var við að klæða húsið að utan og er turnhvelfingin tilbúin, en vegna aðstæðna í Vestmannaeyjum var ekki unnt að ljúka verkinu. Framkvæmdakostnaður á árinu var 6,0 millj. kr.

4.4 Egilsstaðir.

Byggingar. Lokið var við síðasta áfanga stækkunar og endurbóta á flugstöðinni á Egilsstaðaflugvelli. Verkið var boðið út og var samið við lægstbjóðanda. Þar með er endurbótum og stækkun flugstöðvarinnar á Egilsstöðum að fullu lokið. Framkvæmt var fyrir 14,2 millj. kr. á árinu.

4.5 Ísafjörður.

Flugbrautir og hlöð. Á árinu var sett nýtt yfirlag klæðningar á flugbrautina. Verkið var boðið út í tvennu lagi, annars vegar efnisvinnsla og hins vegar útlögn klæðningar. Samið var við lægstbjóðendur í báðum tilfellum, við Tak ehf. um efnisvinnslu og Klæðningu hf. um útlögn. Kostnaður við verkið var samtals 31,3 millj. kr.

Byggingar. Nauðsynlegt reyndist að endurnýja þakdúk á flugstöðinni á Ísafjarðarflugvelli. Verkið var unnið á miðju sumri. Heildarkostnaður varð 4,8 millj. kr.

4.6 Hornafjörður.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Hafist var handa við uppsetningu aðflugsljósa úr norðri. Um áramót var jarðvinnu lokið og áætlað að taka ljósin í notkun á fyrsta ársfjórðungi 2000. Framkvæmdakostnaður varð 2,5 millj. kr. á árinu.

Þá var gengið frá kaupum á sjálfvirkri veðurstöð sem sett verður upp í Langhólmanesi við Hornafjarðarflugvöll. Stöðin gerir sjálfvirkt hefðbundnar veðurathuganir, þ.m.t. mælir hún skýjahæð, skyggni, úrkomu, rakastig og loftþrýsting. Upplýsingar frá stöðinni eru veittar gegnum radíó og síma. Framkvæmdakostnaður var 4,5 millj. kr.

4.7 Húsavík.

Byggingar. Lokið var við byggingu tækjageymslu á Húsavíkurflugvelli. Kostnaður varð 14,9 millj. kr. og heildarkostnaður við tækjageymsluna er því 37,3 millj. kr.

4.8 Sauðárkrókur.

Engar framkvæmdir voru á Sauðárkróksflugvelli árið 1999.

4.9 Bíldudalur.

Engar framkvæmdir voru á Bíldudalsflugvelli árið 1999.

4.10 Grímsey.

Byggingar. Lokið var byggingu nýrrar flugstöðvar í Grímsey. Flugstöðin var stækkuð frá upphaflegum áætlunum þar sem samningar við Íslandspóst tókust um samnýtingu húsnæðisins. Heildarkostnaður varð 15,3 millj. kr. og hækkaði nokkuð frá því sem áður hafði verið gert ráð fyrir, vegna samnýtingarinnar.

4.11 Siglufjörður.

Engar framkvæmdir voru á Siglufjarðarflugvelli árið 1999.

4.12 Þórshöfn.

Engar framkvæmdir voru á Þórshafnarflugvelli árið 1999.

4.13 Vopnafjörður.

Engar framkvæmdir voru á Vopnafjarðarflugvelli árið 1999.

4.14 Hólmavík.

Engar framkvæmdir voru á Hólmavíkurflugvelli árið 1999.

4.15 Þingeyri.

Flugbrautir og hlöð. Á Þingeyrarflugvelli var unnið að endurbótum á flugbrautinni. Jarðvegsskipti voru gerð á neðra og efra burðarlagi og sett nýtt malarslitlag. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda, sem var Norðurtak ehf. Heildarkostnaður varð 33,8 millj. kr.

4.16 Gjögur.

Engar framkvæmdir voru á Gjögursflugvelli árið 1999.

4.17 Mývatn.

Engar framkvæmdir voru á Mývatnsflugvelli árið 1999.

4.18 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður.

Upplýsingakerfi. Árið 1999 var valinn nýr búnaður til útgáfu upplýsingabókar flugmanna og til hönnunar og teikningar aðflugsferla. Búnaðurinn sem varð fyrir valinu er frá breska fyrirtækinu SERCO. Ekki tókst að ganga frá undirritun samninga fyrir áramót þannig að allur kostnaður fellur á árið 2000. Kostnaður árið 1999 var 0,2 millj. kr.

GPS/WAAS/NAAN/ADS/Aðflugsbúnaður. Unnið var að hönnun og prófun á GPS-grunnaðflugi. Nú liggur fyrir aðflug um 50% flugvalla en kortagerð er nokkuð á eftir. Dregið var úr verkhraða þar sem ljóst er að flugrekendur hafa ekki tækjavæðst eins hratt og búist var við. Heildarframkvæmdakostnaður var 10,7 millj. kr.

Veðurupplýsingakerfi. Unnið er að vali á úrvinnslukerfi fyrir veðurmælibúnað á flugvöllum. Fyrir valinu varð búnaður frá finnska fyrirtækinu VAISALA. Fyrsta kerfið kemur til landsins árið 2000 þannig að mestur hluti kostnaðarins fellur á það ár. Framkvæmdakostnaður árið 1999 var 0,1 millj. kr.

Flugprófanabúnaður. Unnið var áfram að endurnýjun flugprófanabúnaðar. Aðallega er stefnt að bættri úrvinnslu gagna. Heildarkostnaður ársins 1999 var 1,9 millj. kr.

Rannsóknarverkefni. Á árinu var áfram unnið að mælingum og úrvinnslu hljóðmælinga umhverfis Reykjavíkurflugvöll. Nú eru hljóðmælar við aðflugsleiðir inn á tvær flugbrautir. Heildarkostnaður var 2,0 millj. kr.

Ýmis búnaður. Þessi liður er nýttur til ýmissa tilfallandi verkefna. Á árinu 1999 var hann meðal annars nýttur til endurnýjunar símstöðvarinnar á Akureyrarflugvelli, lagfæringar á helgunarsvæði aðflugsstefnusendis á Húsavíkurflugvelli o.fl. Heildarkostnaður var 3,2 millj. kr.

Fylgiskjal I.

Sundurliðun framkvæmda 1999 (millj. kr.).

Staður Verkefnaflokkur	Flugmála-áætlun	Breyting	Til fram-kvæmda	Fram-kvæmda-kostnaður	Greiðslu-staða í árslok
4.1 Reykjavík					
1. Flugbrautir og hlöð	95	8,6	103,6	78,8	24,8
2. Byggingar	10		10,0	0,0	10,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0	7,7	7,7	7,7	0,0
4.2 Akureyri					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	3,1	-3,1
2. Byggingar	27	4,5	31,5	6,9	24,6
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	10	3,6	13,6	13,6	0,0
4.3 Vestmannaeyjar					
2. Byggingar	25	40,8	65,8	82,6	-16,8
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	20	1,4	21,4	30,9	-9,5

Staður Verkefnaflokkur	Flugmála-áætlun	Breyting	Til fram-kvæmda	Fram-kvæmda-kostnaður	Greiðslu-staða í árslok
4.4 Egilsstaðir					
1. Flugbrautir og hlöð	4	-4,0	0,0	4,7	-4,7
2. Byggingar	15	-0,1	14,9	14,2	0,7
4.5 Ísafjörður					
1. Flugbrautir og hlöð	0		0,0	31,3	-31,3
2. Byggingar	0		0,0	4,8	-4,8
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0	1,7	1,7	0,2	1,5
4.6 Hornafjörður					
1. Flugbrautir og hlöð	5	-0,5	4,5	2,1	2,4
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	5	5,8	10,8	8,3	2,5
4.7 Húsavík					
2. Byggingar	7	-2,1	4,9	14,9	-10,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	10	0,8	10,8	0,0	10,8
4.8 Sauðárkrókur	0		0,0	0,0	
4.9 Bíldudalur					
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2	-1,7	0,3	0,1	0,2
4.10 Grímsey					
2. Byggingar	0	6,7	6,7	15,0	-8,3
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0		0,0	0,1	-0,1
4.11 Siglufjörður	0		0,0	0,0	
4.12 Þórshöfn	0		0,0		
1. Flugbrautir og hlöð	10	-8,2	1,8	0,4	1,4
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	5	-5,3	0,0	0,0	
4.13 Vopnafjörður					
1. Flugbrautir og hlöð	0	0,4	0,4	0,5	-0,1
4.14 Hólmavík	0		0,0	0,0	
4.15 Þingeyri					
1. Flugbrautir og hlöð	15	14,9	29,9	33,8	-3,9
4.16 Gjögur	0		0,0	0,0	
4.17 Mývatn	0		0,0	0,0	
4.18 Flugumferðar- og flug-leiðsögubúnaður	73	27,7	100,7	24,2	76,5
4.19 Annar kostnaður	92	-2,0	90,0	78,9	11,1
4.20 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	55		55,0	55,0	
4.21 Til rekstrar flugvalla	113		113,0	113,0	
	598	100,7	699,0	625,1	74,0

Fylgiskjal II.

Eftirfarandi tafla og súlurit sýna fjárveitingar til flugmálaframkvæmda frá því að fyrsta þingsályktun um flugmálaáætlun var samþykkt árið 1988.

Fjárveitingar til flugmálaframkvæmda 1988 - 1999 (þús. kr.)

Framreiknað til núvirðis samkv. byggingarvísitölu. (apríl 2000, sem er 239,4)

Ár:	Fjárhæð	Núvirði
1988	281.500	601.728
1989	272.000	459.904
1990	325.000	456.826
1991	349.000	455.339
1992	374.000	474.979
1993	393.000	495.682
1994	395.000	481.773
1995	355.000	416.801
1996	332.000	378.795
1997	400.000	428.266
1998	415.000	430.278
1999	485.000	492.197
Samtals:	**4.376.500**	**5.572.568**



Fylgiskjal III.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig fjárveitingar til einstakra flugvalla skiptast 1988–99. Eins og fram kemur hafa fjárveitingar til Egilsstaðaflugvallar verið mestar á þessum árum, eða sem svarar 28,1% af heildarfjárveitingunum.

Fjárveitingar til flugvallaframkvæmda 1988–99 (þús. kr.).
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (239,4 í apríl 2000).

Staður	1988–91	1992–95	1996–99	Samtals	Hlutfall
Reykjavík	216.576	60.100	196.779	473.455	10,7%
Akureyri	115.272	122.353	217.908	455.533	10,3%
Vestmannaeyjar	117.047	83.750	93.297	294.094	6,6%
Egilsstaðir	531.714	619.663	93.435	1.244.812	28,1%
Ísafjörður	89.453	51.052	112.319	252.824	5,7%
Hornafjörður	41.573	66.085	64.046	171.704	3,9%
Húsavík	43.210	123.926	67.883	235.019	5,3%
Sauðárkrókur	62.163	112.744	31.320	206.227	4,7%
Patreksfjörður	23.045	47.599	29.246	99.890	2,3%
Bíldudalur	20.770	59.401	19.927	100.098	2,3%
Grímsey	42.755	16.908	11.751	71.414	1,6%
Norðfjörður	42.301	8.581	0	50.882	1,1%
Vopnafjörður	22.590	0	32.119	54.709	1,2%
Siglufjörður	2.425	42.768	0	45.193	1,0%
Þórshöfn	80.811	72.371	34.435	187.617	4,2%
Hólmavík	53.672	14.373	0	68.045	1,5%
Gjögur	20.771	19.392	3.111	43.274	1,0%
Þingeyri	7.732	6.450	30.775	44.957	1,0%
Raufarhöfn	13.797	4.667	0	18.464	0,4%
Kópasker	23.044	1.269	0	24.313	0,5%
Flateyri	19.711	0	0	19.711	0,4%
Mývatn	0	7.090	21.262	28.352	0,6%
Bakkafjörður	1.212	0	0	1.212	0,0%
Borgarfjörður eystri	24.107	0	0	24.107	0,5%
Ólafsfjörður	2.730	0	0	2.730	0,1%
Breiðdalsvík	14.707	0	0	14.707	0,3%
Blönduós	15.069	0	0	15.069	0,3%
Stykkishólmur	5.458	1.269	0	6.727	0,2%
Rif	35.477	5.080	0	40.557	0,9%
Aðrir flugvellir	65.347	24.582	44.313	134.242	3,0%
Samtals	1.754.539	1.571.473	1.103.926	4.429.938	100,0%

Fylgiskjal IV.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjárveitingar til einstakra flugvalla 1988–99 ásamt heildarfarþegaflutningum um flugvellina á sama tíma.

Framkvæmdir á flugvöllum 1988–99 (þús. kr.).
Fjöldi farþega sem fóru um flugvellina 1988–99.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (239,4 í apríl 2000).

Staður	Fjárhæð	Farþegar	Framlegð á hvern farþega
Reykjavík	473.455	4.168.545	114
Akureyri	455.533	1.664.973	274
Vestmannaeyjar	294.094	920.849	319
Egilsstaðir	1.244.812	671.439	1.854
Ísafjörður	252.824	611.853	413
Hornafjörður	171.704	202.856	846
Húsavík	235.019	172.005	1.366
Sauðárkrókur	206.227	150.965	1.366
Patreksfjörður	99.890	58.333	1.712
Bíldudalur	100.098	73.381	1.364
Grímsey	71.414	42.828	1.667
Norðfjörður	50.882	31.087	1.637
Vopnafjörður	54.709	41.863	1.307
Siglufjörður	45.193	42.436	1.065
Þórshöfn	187.617	23.695	7.918
Hólmavík	68.045	10.056	6.767
Gjögur	43.274	8.397	5.154
Þingeyri	44.957	28.563	1.574
Raufarhöfn	18.464	9.162	2.015
Kópasker	24.313	4.468	5.442
Flateyri	19.711	30.741	641
Mývatn	28.352	28.439	997
Bakkafjörður	1.212	776	1.562
Borgarfjörður eystri	24.107	1.491	16.168
Ólafsfjörður	2.730	6.012	454
Breiðdalsvík	14.707	3.068	4.794
Blönduós	15.069	11.247	1.340
Stykkishólmur	6.727	6.647	1.012
Rif	40.557	14.024	2.892
Samtals	4.295.696	9.040.199	475

1304. Nefndarálit [401. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, Elínu Norðmann, Vilborgu Þ. Hauksdóttur og Ingolf Petersen frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Sigrúnu Guðmundsdóttur og Valdísi Haraldsdóttur frá Lyfjatæknifélagi Íslands, Finnboga Rút Hálfdánarson, Hjördísi Claessen, Örn Guðmundsson og Ingunni Björnsdóttur frá Lyfjafræðingafélagi Íslands, Guðbjörgu Alfreðsdóttur og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar, Sigurð Jónsson, Jón Grétar Ingvarsson, Inga Guðjónsson og Karl Wernersson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Guðrúnu Eyjólfsdóttur frá Lyfjaeftirliti ríkisins og Rannveigu Guðmundsdóttur frá lyfjanefnd ríkisins.

Umsagnir bárust um málið frá landlæknisembættinu, læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélagi Íslands, héraðslækni Reykjaneshéraðs, lyfjanefnd ríkisins, héraðslækninum í Reykjavík, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Lyfjatæknafélagi Íslands, Lyfjaeftirliti ríkisins, Samtökum verslunar og þjónustu, héraðslækninum í Norðurlandshéraði eystra, Samtökum verslunarinnar, lyfjafræðideild Háskóla Íslands, Samkeppnisstofnun, Verslunarráði Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkurnarfræðinga, héraðslækni Norðurlands, Bændasamtökum Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands, yfirdýralækni, Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar, Tryggingastofnun ríkisins og Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins verði sameinuð í eina stofnun. Hinni nýju stofnun eru auk þess ætluð ný verkefni við umsjón með skráningu og eftirlit með verkunum og aukaverkunum lyfja. Þá er jafnframt með frumvarpinu brugðist við ábendingum sem komið hafa fram um atriði sem kveða þarf á um í lyfjalögum, m.a. vegna gildistöku tilskipana Evrópusambandsins sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn. Þar er aðallega um að ræða breytingar á skilgreiningu lyfjahugtaksins og flokkun lyfja, brottfellingu heimildar til að skrá lyf tímabundið og breytingu á ákvæðum um lyfjaauglýsingar og lyfjaheildsölu og málsmeðferðarreglur vegna umsókna. Einnig hefur verið tekið tillit til reglugerða og tilskipana Evrópusambandsins sem fjalla um Lyfjamálastofnun Evrópu, en Íslendingar fengu aðild að henni með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 28. maí 1999. Auk þessa þykir að fenginni reynslu af framkvæmd lyfjalaga nauðsynlegt að gera nokkrar aðrar breytingar. Í því sambandi má nefna að reglum um álagningu lyfjaeftirlitsgjalds er breytt frá því sem nú er og er gert ráð fyrir að hún verði í formi skattlagningar en ekki þjónustugjalda. Lagt er til að gjald þetta verði nú ákvarðað með hliðsjón af umfangi starfsemi en þó er ákveðið lágmarksgjald. Nýlegur dómur Hæstaréttar, nr. 50/1998, taldi gjaldtökuna ekki fullnægja kröfum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995, og dæmdi hana ólögmæta. Því þykir nauðsynlegt að gera umræddar breytingar. Þá er gert ráð fyrir að sérstök nefnd taki ákvörðun um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við ný lyf. Loks skal nefnt að kveðið er á um eignarhlutdeild lækna, tannlækna og dýralækna, svo og maka þeirra og barna undir 18 ára aldri, í lyfsölu, í lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu megi ekki vera svo stór að það hafi teljandi áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til orðalagsbreyting á nafngift stofnunarinnar þar sem hið nýja orð þykir betra og nægilega lýsandi fyrir þá starfsemi sem um er að ræða.
2. Lagt er til að við 2. gr. bætist ákvæði um menntun og þekkingu forstjóra Lyfjastofnunar.
3. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 3. og 4. efnismgr. 3. gr., svo og lagfæring orðalags á 7. efnismgr., þar sem eftirlitsgjald það sem stofnunin leggur árlega á eftirlitsskylda aðila skal eðlilega aðeins standa undir kostnaði við eftirlit stofnunarinnar en ekki rekstur hennar.
4. Lagt er til að við 5. gr. bætist ný málsgrein um hjúkrunar- og lækningahluti. Ætlunin var þegar frumvarp þetta var lagt fram að ákvæðið færðist í annað frumvarp en þær breytingar hafa ekki náð fram að ganga og því er framangreint lagt til svo að ákvæðið falli ekki brott úr lögum.
5. Lögð er til lagfæring orðalags í 6. gr.
6. Lögð er til sú breyting á 20. gr. að ráðherra verði heimilt í reglugerð að veita undanþágu frá því banni að makar lækna, tannlækna og dýralækna megi ekki vera eigendur að svo stórum hluta í lyfsölu, í lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu að það hafi teljandi áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra. Nefndin telur ákvæðið geta sett hjúskap framangreindra aðila óþarfa skorður og því verði undanþáguheimild frá þessu ákvæði að vera til staðar við sérstakar aðstæður.
7. Lögð er til breyting á 22. gr. þar sem telja verður að ákvæðið verði til frekari bóta ef heildstæðar upplýsingar fást um öll lyf án takmarkana en ekki aðeins þau lyf sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir hlut í. Sú yrði raunin ef Tryggingastofnun ríkisins fengi rafrænar upplýsingar um afgreiðslu allra lyfja.
8. Lögð er til breyting á 28. gr. vegna ábendingar Eftirlitsstofnunar EFTA um að ákvarðanir nefnda þurfi að vera rökstuddar og þannig fellur orðalag greinanna betur að tilskipun 89/105/EBE.
9. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 29. gr. Um er að ræða orðalagsbreytingu á 1. málsl. 1. efnismgr. og lagfæringu á lagatilvísun í 2. málsl. 1. efnismgr. Þá er lögð til breyting á 2. efnismgr. til frekari skýringar, sbr. athugasemdir í greinargerð, og að lokum er lögð til sambærileg breyting á 3. málsl. 3. efnismgr. og gerð er á 28. gr. laganna, sbr. 7. lið hér að framan.
10. Lögð er til nauðsynleg breyting á gildistökuákvæði. Auk þess er lagt til að áskilnaður skv. 22. gr. um afhendingu upplýsinga á rafrænu formi komi ekki til framkvæmda fyrr en að liðnum tólf mánuðum frá gildistöku laganna og þannig verði tryggð nægileg aðlögun hvað þetta varðar.

Alþingi, 9. maí 2000.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Tómas Ingi Olrich.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ásta Möller.	Jón Kristjánsson.
Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Þuríður Backman, með fyrirvara.

1305. Breytingartillögur [401. mál]

við frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Lyfjamálastofnun“ í 1. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi falli: Lyfjastofnun.
2. Við 2. gr. Á eftir 1. málsl. 2. efnismgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Forstjóri skal hafa háskólapróf og þekkingu á starfssviði stofnunarinnar.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „svo og 2. tölul. 1. mgr.“ í fyrri málslið 3. efnismgr. komi: og kostnaði skv. 2. tölul. 1. mgr.
   b. Á eftir orðunum „sem veitt hefur verið markaðsleyfi“ í 4. efnismgr. komi: fyrir.
   c. Í stað orðsins „rekstur“ í 1. málsl. 7. efnismgr. komi: eftirlit.
4. Við 5. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðherra setur reglugerð með skilgreiningu og nánari ákvæðum um hjúkrunar- og lækningahluti (medical devices) í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.
5. Við 6. gr. Orðið „ef“ í upphafi f-liðar 4. efnismgr. falli brott.
6. Við 20. gr. 4. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa málsgrein, m.a. um undanþágu frá banni þessu hvað maka varðar þar sem öðru verður ekki við komið.
7. Við 22. gr. Orðin „er almannatryggingar taka þátt í að greiða“ í efnismálslið falli brott.
8. Við 28. gr. Í stað orðanna „Skal ákvörðun lyfjaverðsnefndar“ í 3. málsl. 1. efnismgr. komi: Skal rökstudd ákvörðun lyfjaverðsnefndar.
9. Við 29. gr.
   a. Á eftir orðinu „markaðsleyfi“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: fyrir.
   b. Í stað orðanna „skv. 3. mgr. 7. gr.“ í 2. málsl. 1. efnismgr. komi: skv. 7. mgr. 7. gr.
   c. Við 2. efnismgr. bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Nefndin skal skipuð fagmönnum á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála.
   d. Í stað orðanna „Skal ákvörðun þá liggja fyrir“ í 3. málsl. 3. efnismgr. komi: Skal rökstudd ákvörðun þá liggja fyrir.
10. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast þegar gildi. Áskilnaður skv. 22. gr. um afhendingu upplýsinga á rafrænu formi kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en að liðnum tólf mánuðum frá gildistöku laga þessara.

1306. Nefndarálit [535. mál]

um frv. til l. um sjúklingatryggingu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Þ. Hauksdóttur, Guðríði Þorsteinsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Sig-

mar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Unu Björk Ómarsdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Umsagnir bárust um málið frá Félagi íslenskra landsbyggðarlækna, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Öryrkjabandalagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Lögmannafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Kírópraktorafélagi Íslands, Umhyggju, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Krabbameinsfélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Krafti – stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að færa íslenskar reglur um sjúklingatryggingu nær reglum annarra norrænna ríkja um slíkt efni og auka þannig bótarétt sjúklinga sem bíða heilsutjón af áföllum við læknismeðferð o.fl. Tilgangur fyrirhugaðra breytinga er að tryggja tjónþola víðtækari rétt en hann á samkvæmt almennum skaðabótareglum og jafnframt að auðvelda honum að ná fram rétti sínum. Skaðabótareglur veita ekki nærri alltaf bótarétt vegna heilsutjóns sem hlýst af læknisaðgerð eða annarri meðferð innan heilbrigðiskerfisins. Í frumvarpinu er lagt til að fetað verði í fótspor Svía og Finna og látnar gilda um alla heilbrigðisþjónustu. Þetta þýðir að ef frumvarpið verður að lögum öðlast þeir bótarétt sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni sem hlotið hefur löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Einnig öðlast þeir sjúklingar bótarétt sem vistast á erlendu sjúkrahúsi á vegum Tryggingastofnunar ríkisins vegna svokallaðra siglinganefndarmála að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki. Talið er að sjúklingatrygging verði að ná til fleiri tjónsatvika en þeirra sem leiða til bótaskyldu eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Þá er jafnframt ljóst að yfirleitt er ástæðulaust að trygging af þessu tagi greiði bætur fyrir tjón sem er óhjákvæmileg afleiðing sjúkdómsins sem átti að lækna og meðferðar við honum.

Fram kom í umræðum í nefndinni að þeir sem stunda lyfsölu, þ.e. þeir sem eiga eða reka apótek, beri ábyrgð samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð á sölu og dreifingu lyfja samkvæmt lyfseðli. Litið er svo á að afhending lyfs samkvæmt lyfseðli sé ekki liður í rannsókn og meðferð sjúklings skv. 1. gr. frumvarpsins. Afhending lyfs samkvæmt lyfseðli fellur því utan gildissviðs frumvarpsins. Þetta gildir einnig um lyfsölu á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 2. mgr. 2. gr. sem fjallar um nánar tilgreindar reglugerðarheimildir ráðherra falli brott þar sem ákvæðið þykir óþarft. Þessar heimildir eiga sér fyrirmynd í dönskum lögum um sjúklingatryggingu sem tóku gildi 1. júlí 1992. Ekki hafa verið settar reglugerðir á grundvelli þessara heimilda í Danmörku. Danska heilbrigðisráðuneytið gaf út leiðbeiningar vegna laganna 25. júní 1992. Í þeim eru skýringar á því hvernig m.a. beri að túlka ákvæði 2. gr. laganna sem er sambærileg við 2. gr. frumvarpsins. Í ljósi þessarar reynslu í Danmörku er því lögð til framangreind breyting.
2. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. Annars vegar er lagt til að orðið „lánskjaravísitala“ komi í stað orðsins „neysluverðsvísitala“ í 3. málsl. 2. mgr. Fjárhæðir samkvæmt skaðabótalögum fylgja lánskjaravísitölu og því er framangreind tillaga gerð. Hins vegar er lagt til að 4. málsl. 2. mgr. falli brott. Með því að heimildir til takmarkana sem í þessu felast falla brott er ætlunin að tryggt sé að þeir sem ekki eiga rétt til launa samkvæmt kjarasamningi njóti bóta fyrir tímabundna örorku frá upphafi tekjutaps sökum óvinnu-

færni. Þegar tjónþoli nýtur launa samkvæmt kjarasamningi eru þau dregin frá bótum samkvæmt skaðabótalögum.

3. Lögð er til breyting á 2. málsl. 11. gr. til skýringar. Rétt þótti að taka sérstaklega fram að undanþága frá vátryggingaskyldu skv. 10. gr. á aðeins við um þá sjúkraflutninga sem ríkið annast.
4. Lögð er til breyting á 12. og 15. gr. til samræmis við orðnotkun í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
5. Lögð er til sú breyting á 14. gr. að ráðherra skuli setja reglugerð um málsmeðferð sem og starfsemi sjúklingatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins.
6. Lögð er til orðalagsbreyting á 17. gr.
7. Þá er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein sem kveður á um upplýsingaskyldu Tryggingastofnunar ríkisins í tilefni laganna. Nefndin leggur áherslu á að staðið verði vel að slíkum kynningarmálum.
8. Að lokum er lagt til að við 21. gr. bætist nýr málsliður sem kveður á um endurskoðun á lögum þessum innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Ákvæðið þykir nauðsynlegt þar sem um nýja sérhæfða löggjöf er að ræða.

Alþingi, 9. maí 2000.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Tómas Ingi Olrich.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Ásta Möller.	Jón Kristjánsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Þuríður Backman.	Bryndís Hlöðversdóttir.

1307. Breytingartillögur [535. mál]

við frv. til l. um sjúklingatryggingu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 2. gr. 2. mgr. falli brott.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „neysluverðsvísitölu“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: lánskjaravísitölu.
   b. 4. málsl. 2. mgr. falli brott.
3. Við 11. gr. 2. málsl. orðist svo: Sama gildir um Tryggingastofnun ríkisins og þá sem annast sjúkraflutninga á vegum ríkisins.
4. Við 12. gr. Í stað orðanna „skulu gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál“ í 2. mgr. komi: skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar.
5. Við 14. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ráðherra setur reglugerð um starfsemi og málsmeðferð sjúklingatrygginga hjá Tryggingastofnun ríkisins.
6. Við 15. gr. Í stað orðanna „skulu gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál“ í 3. mgr. komi: skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar.

7. Við 17. gr. Í stað orðanna „um meðferð vátryggingafélaga á bótakröfum“ í 2. málsl. komi: um málsmeðferð vátryggingafélaga á bótakröfum.
8. Á eftir 17. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Upplýsingaskylda Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að kynna fyrir almenningi ákvæði laga þessara um sjúklingatryggingu. Í þeim upplýsingum skal m.a. koma fram að sé um að ræða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skuli beina kröfu til vátryggingafélaga.

9. Við 21. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Endurskoða skal lög þessi innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.

1308. Nefndarálit [534. mál]

um frv. til l. um lífsýnasöfn.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, Vilborgu Þ. Hauksdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Sigurð Guðmundsson landlækni, Pál Hreinsson og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá tölvunefnd, Ingileifi Jónsdóttur frá vísindasiðanefnd, Tómas Zoëga, Örn Bjarnason og Ásdísi Rafnar frá Læknafélagi Íslands, Jón Gunnlaug Jónasson frá rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði og Kára Stefánsson frá Íslenskri erfðagreiningu.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 123. löggjafarþingi og þá bárust nefndinni umsagnir frá tannlæknadeild Háskóla Íslands, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, tölvunefnd, héraðslækni Reykjaneshéraðs, Ríkisspítölum, Krabbameinsfélagi Íslands, Hjartavernd, læknaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur, læknaráði Landspítalans, vísindasiðanefnd, læknadeild Háskóla Íslands, héraðslækninum í Reykjavík, héraðslækni Suðurlandshéraðs, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Læknafélagi Íslands, siðaráði landlæknis, Mannvernd, Neytendasamtökunum, Félagi íslenskra meinafræðinga og rannsóknadeild Landspítalans í meinefnafræði.

Frumvarpið er nú endurflutt með nokkrum breytingum og borist hafa umsagnir frá rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Alþýðusambandi Íslands, héraðslækni Reykjaneshéraðs, héraðslækninum í Reykjavík, landlæknisembættinu, læknaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur, Félagi íslenskra meinafræðinga, erfðafræðinefnd Háskóla Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, héraðslækninum í Norðurlandshéraði eystra, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélagi Íslands, Landssambandi sjúkrahúsa á Íslandi, Krabbameinsfélagi Íslands, tölvunefnd, Landspítalanum, siðaráði landlæknis og vísindasiðanefnd.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er meginmarkmið löggjafar á þessu sviði að styrkja starfsemi þeirra lífsýnasafna sem hér eru til og jafnframt að skapa umgjörð um ný lífsýnasöfn, hvetja til vísinda- og þjónusturannsókna, styrkja samstarf fagaðila hér á landi og samstarf íslenskra vísindamanna við erlenda stéttarbræður þeirra íslenskri heilbrigðisþjónustu og vísindastarfi til heilla. Þá er í frumvarpinu sérstaklega reynt að tryggja að varsla, meðferð og nýting lífsýna úr mönnum verði með þeim hætti að virðing og réttindi þegnanna séu tryggð og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill.

Meginatriði frumvarpsins varða eignarrétt að lífsýnum, samþykki lífsýnisgjafa og persónuvernd. Vegna eðlis lífsýna og þess hvernig til lífsýnasafna er stofnað geta þau hvorki né mega lúta lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi. Leyfishafi lífsýnasafns telst því ekki eigandi lífsýnanna en fær þess í stað ákveðinn umráða- og ráðstöfunarrétt yfir þeim eins og nánar er kveðið á um í frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu verður lífsýni einungis vistað í lífsýnasafni með samþykki lífsýnisgjafa. Samþykki hans getur annaðhvort verið ætlað eða upplýst, óþvingað samþykki, sbr. skilgreiningar í frumvarpinu. Ólíkar reglur gilda um afturköllun þessara tveggja tegunda samþykkis. Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað upplýst, óþvingað samþykki sitt og skal þá lífsýni sem aflað var til vörslu í lífsýnasafni vegna vísindarannsókna eytt. Hafi lífsýnum verið safnað vegna þjónusturannsókna eða meðferðar má ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýnið verði vistað í lífsýnasafni. Við afturköllun þess samþykkis skal lífsýnið hins vegar geymt til notkunar í þágu lífsýnisgjafa og má þá ekki nota það til vísindarannsókna nema með sérstöku leyfi hans. Vegna skilgreiningar frumvarpsins á upplýstu, óþvinguðu samþykki skv. 5. tölul. 3. gr. telur nefndin rétt að benda á að um samþykki fyrir hönd barna og ósjálfráða einstaklinga gilda ákvæði lögræðislaga og laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á.

Þá er í frumvarpinu lögð á það áhersla að tryggja öryggi persónuupplýsinga í íslenskum lífsýnasöfnum þar sem áhætta af starfrækslu þessara safna felst aðallega í hugsanlegri misnotkun á upplýsingum eða niðurstöðum rannsókna á lífsýnum.

Ákvæðum frumvarpsins er m.a. ætlað að ákvarða þær öryggiskröfur sem gerðar verða um geymslu lífsýna í lífsýnasöfnum. Um þær öryggiskröfur sem gera ber til varðveislu lífsýna sem notuð verða til þjónusturannsókna og heimilt er að geyma í allt að fimm ár, sbr. 2. mgr. 2. gr., gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Svo sem fram kemur í 6. tölul. hér á eftir er ljóst að lög um lífsýnasöfn yrðu talin sérlög gagnvart lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Síðarnefndu lögin eru þó viðtækari og telja verður að þau gildi þar sem lögum um lífsýnasöfn sleppir. Þá er efnismunur á upplýstu samþykki skv. 5. tölul. 3. gr. og 7. gr. frumvarpsins og 10. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, um samþykki fyrir þátttöku í vísindarannsókn og skal því við framkvæmd samkvæmt lögum um lífsýnasöfn jafnframt fara eftir 10. gr. laga um réttindi sjúklinga þegar um vísindarannsóknir er að ræða.

Í tengslum við 1. og 9. gr. frumvarpsins skal að lokum á það bent að til að tryggja persónuvernd hefur því verið haldið fram að þörf sé á að setja bannreglur í lög um notkun lífsýna á tveimur sviðum. Annars vegar hefur verið bent á að þörf sé á að banna vátryggingafélögum að áskilja erfðafræðilegar upplýsingar þegar tekin er afstaða til þess hvort manni verði seld líftrygging, sbr. lög í Sviþjóð og Austurríki. Hins vegar hefur verið bent á að þörf sé á að vernda launþega fyrir óskum atvinnurekenda um upplýsingagjöf um erfðafræðilegar upplýsingar, sbr. lög í Danmörku, þ.e. Lov nr. 286 af 24. april 1996 om brug af helbredsoplysninger på arbejdsmarkedet.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 1. gr. Orðalag 1. gr. frumvarpsins er ekki eins ítarlegt og umfjöllun í greinargerð um ákvæðið gefur til kynna. Því er lagt til að hið stefnumarkandi orðalag greinargerðarinnar verði tekið upp í sjálfan lagatextann.
2. Lögð er til breyting á 8. tölul. 3. gr. til samræmis við aðra orðnotkun frumvarpsins, sbr. 2. mgr. 15. gr.
3. Lagt er til að orðið „tölvunefndar“ falli brott úr upptalningu 4. gr. Í 4. gr. er mælt svo

fyrir að ráðherra skuli veita leyfi til að stofna og starfrækja lífsýnasöfn að fenginni umsögn landlæknis, tölvunefndar og vísindasiðanefndar. Í athugasemdum við frumvarpið segir að umsögn tölvunefndar sé nauðsynleg, m.a. til að vernd persónuupplýsinga verði sem öruggust hjá safninu. Af ákvæðinu er alls ekki ljóst hvernig tölvunefnd, hér eftir Persónuvernd, sbr. 5. tölul., á að geta tryggt persónuvernd með því einu að veita umsögn né að það geti verið hlutverk hennar að veita umsögn um umsóknir og hverjir fái leyfi. Það verður að vera á valdi ráðherra og á hans ábyrgð hverjir fá slíkt leyfi. Á hinn bóginn er ljóst að þeir sem á annað borð fá leyfi þurfa að fara að ákveðnum öryggisreglum eða stöðlum við vörslu og meðferð lífsýna til að tryggja persónuvernd. Að skilgreina slíkar reglur er eðlilegt hlutverk Persónuverndar þegar litið er til 11. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Af þeim sökum er lögð til framangreind breyting en þess í stað bætt nýjum tölulið um öryggismat og öryggisráðstafanir við söfnun og meðferð lífsýna við 5. gr. frumvarpsins.

4. Lagðar eru til tvær breytingar á 5. gr. Annars vegar er lagt til í 1. málsl. 7. tölul. að ábyrgðarmaður lífsýnasafns skuli vera læknir og hafa stundað sjálfstæð rannsóknar- og þróunarstörf á sviði heilbrigðisvísinda í stað þess að hafa stundað framangreint innan heilbrigðisþjónustunnar, sbr. þó 2. málsl. 7. tölul. Þar sem ábyrgðarmaður skal m.a. veita aðgang að lífsýnum til frekari greiningar sjúkdóma þykir eðlilegt að gera kröfu til þess að ábyrgðarmaður safns sem orðið hefur til vegna þjónusturannsókna, svo sem Dungalssafnið, sé læknir. Þegar um er að ræða safn þar sem safnað er til notkunar í vísindarannsóknum þykir hins vegar eðlilegt að vísindamenn sem ekki eru læknar, t.d. sérfræðingar sem stundað hafa sjálfstæð rannsóknar- og þróunarstörf á sviði heilbrigðisvísinda, geti verið ábyrgðarmenn slíkra safna. Þá þótti orðalagið „innan heilbrigðisþjónustunnar“ þröngt og villandi. Að lokum er lagt til að við bætist nýr málsliður um að öryggismat og öryggisráðstafanir við söfnun og meðferð lífsýna séu í samræmi við reglur sem persónuvernd setur um öryggi lífsýna, sbr. skýringar við 3. tölul. hér að framan.
5. Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hefur nafngift tölvunefndar verið breytt í Persónuvernd.
6. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 7. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að 2. málsl. 1. mgr. sé í samræmi við 5. tölul. 3. gr. og því verði samþykki einnig að vera skriflegt. Í öðru lagi er lagt til að við 1. mgr. bætist nýr málsliður þar sem fram kemur að gætt skuli ákvæða 20. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar sem við á. Í 1. mgr. 7. gr. er fjallað um upplýsingar eða fræðslu sem veita skal áður en lífsýna er aflað með upplýstu samþykki. Upplýsingar þessar eru ekki eins ítarlegar og veita á þegar persónuupplýsinga er aflað með upplýstu samþykki, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ljóst er að lög um lífsýnasöfn yrðu talin sérlög gagnvart lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og mundu hin fyrrnefndu því ganga þeim síðarnefndu framar að því leyti sem þar er að finna aðrar efnisreglur. Á hinn bóginn eru lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga mun víðtækari og hafa fleiri efnisreglur. Þau lög hljóta því að gilda þar sem lögum um lífsýnasöfn sleppir. Í þriðja lagi er um að ræða lagfæringu á lagatilvísun. Þá er lagt til að við 2. mgr. bætist nýr málsliður þar sem sérstaklega er tekið fram að efni sem unnið hefur verið úr lífsýni við framkvæmd rannsóknar eða niðurstöðum rannsóknar sem þegar hefur verið framkvæmd skuli ekki eytt við afturköllun á upplýstu, óþvinguðu samþykki. Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að gera greinarmun á lífsýni sem tekið er úr einstaklingi og efni sem unnið er úr lífsýni eða niðurstöður rannsókna úr lífsýni þegar tekin er afstaða til eyðingar lífsýnis vegna afturköllunar samþykkis. Niðurstöður rannsókna á lífsýnum geta gefið líf-

fræðilegar upplýsingar um lífsýnisgjafa en þær upplýsingar byggjast ekki síður á framkvæmd rannsóknarinnar en lífsýninu sjálfu og oftast jafnframt á niðurstöðum rannsókna á öðrum lífsýnum. Nefndin leggur áherslu á að afturköllun samþykkis geti aldrei orðið afturvirk og niðurstöðum rannsókna sem þegar hafa verið framkvæmdar verði því ekki eytt, enda er það einn af grundvallarþáttum rannsókna að hægt sé að sannreyna niðurstöður. Aðrar breytingar á 4. mgr. lúta að lagaheimild fyrir því að landlæknir haldi svokallaða úrsagnaskrá yfir þá lífsýnagjafa sem afturkalla ætlað samþykki fyrir því að sýni þeirra verði vistuð í lífsýnasafni. Umræddar upplýsingar eru viðkvæmar persónuupplýsingar og því þarf framangreind lagaheimild að vera til staðar, sbr. að öðru leyti 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998.

7. Lagðar eru til breytingar á 9. gr. Lagt er til að 2. og 3. málsl. 1. mgr. verði að 2. mgr. þar sem um er að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. málsl. 1. mgr. Lögð er til orðalagsbreyting í 2. mgr., sem verður 3. mgr., til frekari skýringar. Einnig er um að ræða orðalagsbreytingu í 3. mgr., sem verður 4. mgr., og að lokum er í 4. mgr., sem verður 5. mgr., kveðið á um skyldu ráðherra til að setja með reglugerð frekari ákvæði um notkun lífsýna að fengnum tillögum landlæknis, vísindasiðanefndar og Persónuverndar. Nefndin tekur fram að með skyldu ráðherra til setningar þessarar reglugerðar er ekki verið að opna fyrir frekari heimildir honum til handa frá þeirri tæmandi talningu tilvika um notkun sem fram koma í ákvæðinu. Hins vegar er með þessu verið að tryggja málefnalega hagsmuni þannig að safnstjórnir hafi ekki geðþóttaákvarðanir á þessu sviði.
8. Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu í upphafi fyrri málsliðar 2. mgr. 10. gr. Þá er lögð til breyting á 3. mgr. þess efnis að heimild til að senda lífsýni utan til sjúkdómsgreiningar og gæðaeftirlits verði rýmkuð. Skv. 3. mgr. er ekki heimilt að flytja lífsýnasafn eða hluta þess úr landi nema að fengnu samþykki vísindasiðanefndar og Persónuverndar. Eins og fram kemur í 2. mgr. 2. gr. tekur frumvarpið ekki til tímabundinnar vörslu lífsýna sem safnað er til þjónusturannsókna þannig að yfirleitt eru sýni sem senda þarf utan til sjúkdómsgreininga ekki komin í lífsýnasafn. Nefndin bendir á að þurfi að senda sýni sem komið er í lífsýnasafn utan vegna sjúkdómsgreiningar eða gæðaeftirlits sé óeðlilegt að leita þurfi samþykkis vísindasiðanefndar og Persónuverndar enda sé um að ræða þjónustu við sjúkling og oft sé mikilvægt að tefja ekki slíka greiningu að óþörfu. Annar flutningur úr landi, svo sem til vísindarannsókna, yrði hins vegar háður samþykki framangreindra aðila.
9. Lögð er til sú breyting á 12. gr. að 2. mgr. greinarinnar færist í 13. gr. frumvarpsins og verði 2. mgr. þeirrar greinar. Þá er jafnframt lagt til að við 12. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., þar sem í frumvarpið vantaði ákvæði um eftirlit Persónuverndar og innra eftirlit á lífsýnasöfnum. Samkvæmt reglum stjórnsýslunnar eru það rekstraraðilar sjálfir sem sjá um innra eftirlit en það er hins vegar opinberra aðila að fylgja því eftir að slíkt sé gert.
10. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. mgr. 13. gr. og einnig á 2. mgr. sem verður 3. mgr.
11. Lagðar eru til breytingar á 16. gr. um reglugerðarheimild ráðherra. Nefndin telur nauðsynlegt að frekari reglur verði settar um hvernig standa skuli að því að veita þeim sem lífsýni eru tekin úr vegna þjónusturannsókna upplýsingar um að lífsýnin kunni að verða vistuð í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. og um heimild þeirra til að lýsa sig mótfallna því. Einnig telur nefndin að setja þurfi nánari reglur um hvernig tryggja skuli að ákvörðun lífsýnisgjafa um að sýni hans verði ekki vistað í lífsýnasafni til notkunar í vísindarannsóknum verði virt og jafnframt hvernig persónuverndar hans verði gætt. Þá telur

nefndin nauðsynlegt að ráðherra kveði nánar á um heimild landlæknis til að halda úrsagnaskrá skv. 4. mgr. 7. gr. um þá sem afturkalla ætlað samþykki. Loks telur nefndin nauðsynlegt að settar verði reglur til að tryggja að safnstjórnir gæti samræmis og jafnræðis við veitingu aðgangs að lífsýnasöfnum til vísindarannsókna. Það á sérstaklega við þegar um er að ræða lífsýnasöfn sem orðið hafa til á heilbrigðisstofnunum hins opinbera eða stofnunum sem kostaðar eru af almannafé. Sé um að ræða lífsýni sem safnað er af einkaaðila til notkunar í vísindarannsóknum gegnir hins vegar öðru máli.

12. Þá er lagt til að 17. gr., sem fjallar um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, falli brott, þar sem ekki er þörf á að breyta þeim lögum að svo stöddu.
13. Að lokum er lagt til að 2. málsl. 2. tölul. í ákvæði til bráðabirgða falli brott þar sem ákvæðið þykir óþarft. Sömu reglur gilda um lífsýni úr lifandi mönnum sem látnum og ósk einstaklings um afturköllun ætlaðs samþykkis verður að sjálfsögðu einnig virt eftir andlát hans.

Alþingi, 9. maí 2000.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Tómas Ingi Olrich.
Ásta Möller.	Jón Kristjánsson.	Lára Margrét Ragnarsdóttir, með fyrirvara.
Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Þuríður Backman, með fyrirvara.

1309. Breytingartillögur [534. mál]

við frv. til l. um lífsýnasöfn.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Aldrei skal setja hagsmuni vísinda og samfélags ofar hagsmunum lífsýnisgjafa. Óheimilt er að mismuna lífsýnisgjafa á grundvelli upplýsinga sem fengnar eru úr lífsýni hans.
2. Við 3. gr. Í stað orðsins „stofnun“ í 8. tölul. efnismálsgreinar komi: lögaðili.
3. Við 4. gr. Orðið „tölvunefndar“ í lok greinarinnar falli brott.
4. Við 5. gr.
   a. 7. tölul. 1. mgr. orðist svo: Ábyrgðarmaður lífsýnasafns skal vera læknir og hafa stundað sjálfstæð rannsóknar- og þróunarstörf á sviði heilbrigðisvísinda. Sé um að ræða lífsýnasafn þar sem eingöngu eru lífsýni sem safnað er til notkunar í vísindarannsóknum er þó ekki gerð krafa um að ábyrgðarmaður sé læknir.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að öryggismat og öryggisráðstafanir við söfnun og meðferð lífsýna séu í samræmi við reglur sem Persónuvernd setur um öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum.

5. Við 6. gr. Í stað orðsins „tölvunefnd“ í greininni og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi falli nema annað sé tekið fram: Persónuvernd.
6. Við 7. gr.
Á tímabilinu sem spurt er um hafa verið í gildi tvær reglugerðir um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Umönnunarbætur voru greiddar samkvæmt reglugerð nr. 150/1992, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna. Frá 1. september 1997 hafa verið greiddar umönnunargreiðslur samkvæmt reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna. Í töflunni er sýnd þróun hámarksgreiðslna samkvæmt þessum reglugerðum og hlutfall þeirra af meðallaunum verkafólks í dagvinnu.

1367. Frumvarp til laga [644. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. gr.

67. gr. laganna breytist þannig:

a. 3. tölul. orðast svo: Úrskurði um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og réttarfarssektir skv. 60. og 63. gr.

b. Við greinina bætist nýr töluliður sem orðast svo: Ákvörðun um að gera aðila að greiða sektir skv. 65. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram með hliðsjón af ákvæði 1. tölul. 2. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt ákvæðinu skal sérhver sem dómstóll finnur sekan um afbrot eiga rétt á að láta æðri dóm endurskoða sakfellinguna eða refsinguna.

Í 1. mgr. 65. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur kemur fram að Félagsdómur geti dæmt aðila til að greiða sektir. Þetta er síðan áréttað í 70. gr. þar sem segir að brot á lögunum varði sektum. Samkvæmt 67. gr. laganna eru dómar Félagsdóms endanlegir og verður almennt ekki áfrýjað.

Hinn 7. september 1999 tók Mannréttindadómstóll Evrópu þá ákvörðun að kærumál Siglfirðings ehf. gegn íslenska ríkinu væri tækt til efnismeðferðar fyrir dómstólnum. Mannréttindadómstóllinn lagði jafnframt til að aðilar leituðu sátta í málinu. Kæruefnið í máli þessu lýtur að því að samkvæmt íslenskum lögum er ekki unnt að áfrýja dómi Félagsdóms frá 10. júní 1996 þar sem kærandi í málinu var dæmdur til að greiða 500 þús. kr. sekt í ríkissjóð á grundvelli 65. og 70. gr. laga nr. 80/1938. Í ljósi þessa óskaði dómsmálaráðuneytið eftir áliti réttarfarsnefndar og refsiréttarnefndar um hvort nauðsynlegt væri að gera breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur til samræmis við ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu. Í niðurstöðum beggja nefndanna kemur fram að þær telja vafasamt að núverandi skipan, þ.e. að Félagsdómur ákvarði sektir sem lúta ekki meðferð refsimála og ekki er unnt að áfrýja, standist ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og lögðu til breytingar á ákvæðum laganna.

Í frumvarpinu sem er lagt fram að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið er lagt til að heimilt verði að kæra sektarákvörðun Félagsdóms til Hæstaréttar. Með því móti helst valdsvið Félagsdóms óbreytt og getur dómurinn dæmt aðila til greiðslu sekta að kröfu gagnaðilans. Ætlunin með frumvarpinu er að tryggja að skuldbindingum Íslands samkvæmt ákvæði 2. gr. 7. samningsviðauka mannréttindasáttmála Evrópu verði fylgt auk þess sem þessar lagabreytingar kunna að stuðla að því að sátt náist í framangreindu kærumáli fyrir Mannréttindadómstólnum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að málsaðila verði heimilt að kæra sektarákvörðun Félagsdóms til Hæstaréttar. Samkvæmt ákvæði 1. tölul. 2. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, skal sérhver sem dómstóll finnur sekan um afbrot eiga rétt á að láta æðri dóm endurskoða sakfellinguna eða refsingu.

Ekki verður séð að frumvarpið muni hafa teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

1368. Svar [438. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um úthlutun ferliverkaeininga.

1. *Hvaða reglur gilda við úthlutun ferliverkaeininga til heilbrigðisstofnana? Er tekið tillit til íbúafjölda og fjölda ferðamanna á því svæði sem viðkomandi stofnun nær yfir? Er tekið tillit til fjarlægðar frá Reykjavík og samgangna?*

Um ferliverk fer samkvæmt reglugerð nr. 340/1992. Með ferliverkum er átt átt við læknismeðferð sem sjúklingum er veitt á læknastofum eða sjúkrahúsum og ekki krefst innlagnar á sjúkradeild nema í undantekningartilvikum. Úthlutun ferliverkaeininga fór fyrst fram árið 1998 þegar gerðir voru samningar við ákveðnar heilbrigðisstofnanir. Um leið var fjármagn flutt frá Tryggingastofnun ríkisins til þessara stofnana og gert ráð fyrir að ákveðinn fjöldi ferliverka í ýmsum sérgreinum yrði unninn þar árið 1998. Til grundvallar úthlutuninni lá einingayfirlit frá 1997 þar sem fram kom hvað Tryggingastofnun hafði greitt læknum á viðkomandi stofnun. Þetta gaf yfirlit yfir staðsetningu og fjölda verka sem áður voru unnin af sérfræðingum á stofnunum. Stofnanirnar gerðu síðan samninga við starfsmenn sína um að vinna ákveðin verk. Sumir læknar kusu að vinna þessi verk á föstum launum, aðrir eftir svokölluðum ferliverkasamningum. Ákveðinn aðlögunartími var síðan gefinn svo að læknar gátu endurskipulagt hvar verkin væru unnin og stofnanirnar gátu breytt áherslum milli sérgreina.

Við úthlutunina var tekið tillit til fjölda verka sem læknar stofnananna höfðu áður unnið, jafnt við heimamenn sem ferðamenn. Að þessu leyti var því tekið tillit til fjölda ferðamanna en ekki var tekið beint tillit til fjarlægðar frá Reykjavík.

2. *Er einhver munur á úthlutun ferliverkaeininga til lækna á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni og lækna á samningi hjá Tryggingastofnun eða lækna á stofnunum á höfuðborgarsvæðinu? Ef svo er, í hverju felst sá munur?*

Úthlutun ferliverkaeininga er til heilbrigðisstofnananna sjálfra, ekki til einstakra lækna sem þar starfa. Eins og fram kemur í svari við 1. lið byggðist úthlutunin á samanlögðum fjölda verka þeirra lækna sem á stofnunum störfuðu þegar skipulaginu var komið á. Fjölgun ferliverkaeininga hjá heilbrigðisstofnunum fer því fram þannig að þær sækja um fleiri einingar eins og hver önnur aukin útgjöld og fylgja slíkar beiðnir öðrum óskum ráðuneytisins um auknar fjárveitingar við afgreiðslu fjárlaga. Því er ekki um að ræða úthlutun ferliverkaeininga til einstakra lækna. Hins vegar var í samkomulagi milli ráðuneytisins og Læknafélags Reykjavíkur frá 1998 gert ráð fyrir ákveðnum aðlögunartíma þannig að læknar gætu flutt verk sem þeir höfðu sannanlega unnið áður á sjúkrahúsinu yfir á samning Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur.

Engum ferliverkum er því úthlutað beint til lækna á heilbrigðisstofnunum, hvorki á höfuðborgarsvæðinu né á landsbyggðinni. Tryggingastofnun ríkisins er hins vegar með samninga við lækna sem starfa á eigin stofum, en þeir byggjast ekki á ferliverkaúthlutunum.

3. *Hvernig skiptust ferliverkaeiningar milli heilbrigðisstofnana árin 1998 og 1999? Hver var úthlutaður fjöldi ferliverkaeininga árin 1998 og 1999 á hvern einstakan sérfræðing á samningi við Tryggingastofnun ríkisins?*

Í töflu 1 kemur fram fjöldi ferliverka sem voru yfirfærð á stofnanir á síðari hluta ársins 1998 og árið 1999. Ferliverkaeiningum er ekki úthlutað til sérfræðinga samkvæmt samningi

Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur. Reikningar einstakra lækna í einingum koma hins vegar fram í töflu 2.

Tafla 1. Ferliverk á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum.

	Einingar 1998	Einingar 1999
Ríkisspítalar	276.010	552.021
Sjúkrahús Reykjavíkur	404.271	808.542
Fjórðungsjúkrahúsið á Akureyri	252.673	505.345
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	266.678	533.356
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	131.824	263.647
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	145.934	291.867
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	28.017	56.034
St. Fransiskuspítalinn Stykkishólmi	10.672	21.344
Heilbrigðisstofnunin Ísafirði	30.373	60.745
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	13.313	26.625
Heilbrigðisstofnunin Húsavík	19.523	39.045
Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað	20.997	41.994
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	12.775	25.550
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	13.313	26.625
Reykjalundur	16.620	33.240
Samtals	1.642.990	3.285.980

Tafla 2. Yfirlit yfir brúttóeiningar á hvern einstakan sérfræðing árið 1999, sundurliðað eftir sérgreinum.

Sérgrein	Læknir nr.	Brúttóeiningar
Augnlæknar		
01	1	68.761,00
01	2	68.491,00
01	3	67.935,00
01	4	66.143,50
01	5	64.808,50
01	6	62.562,00
01	7	58.671,50
01	8	58.103,00
01	9	57.379,00
01	10	56.162,50
01	11	54.819,00
01	12	50.354,00
01	13	49.266,00
01	14	46.497,00
01	15	46.132,00
01	16	45.074,00
01	17	38.403,00
01	18	37.901,00
01	19	37.765,00
01	20	31.328,00
01	21	29.302,00
01	22	28.675,00
01	23	27.582,00
01	24	19.583,00
01	25	15.800,00
01	26	13.884,00
01	27	11.081,00
01	28	4.135,00
		1.216.598,00

Sérgrein	Læknir nr.	Brúttóeiningar
Barnalæknar		
02	1	63.816,00
02	2	55.618,00
02	3	52.778,50
02	4	51.155,50
02	5	42.752,00
02	6	39.564,50
02	7	38.216,00
02	8	36.899,50
02	9	36.033,00
02	10	34.992,50
02	11	34.412,50
02	12	34.066,00
02	13	32.376,00
02	14	32.119,50
02	15	27.886,00
02	16	25.636,50
02	17	23.678,50
02	18	20.044,50
02	19	19.788,50
02	20	19.607,50
02	21	18.968,50
02	22	18.650,50
02	23	13.543,50
02	24	10.927,50
02	25	10.719,00
02	26	7.196,00
02	27	5.779,50
02	28	741,50
		807.967,00
Bæklunarlæknar		
03	1	203.300,00
03	2	92.245,50
03	3	87.290,00
03	4	81.557,50
03	5	81.242,50
03	6	76.290,50
03	7	58.656,00
03	8	51.191,50
03	9	48.448,00
03	10	42.777,00
03	11	23.501,00
03	12	21.764,50
03	13	17.593,00
03	14	17.038,50
03	15	16.300,50
03	16	10.580,00
03	17	8.235,00
03	18	7.884,00
03	19	6.454,00
03	20	1.354,00
03	21	380,00
		964.040,00
Geðlæknar		
04	1	78.344,00
04	2	66.115,00
04	3	55.004,00
04	4	41.759,00
04	5	40.712,00
04	6	40.040,00
04	7	36.575,00
04	8	35.170,00
04	9	34.132,00
04	10	31.188,00
04	11	30.112,00
04	12	29.470,50
04	13	26.372,00
04	14	25.218,00
04	15	25.178,00
04	16	25.160,00
04	17	20.522,00
04	18	17.383,00
04	19	17.140,00
04	20	17.028,00
04	21	17.000,00
04	22	16.915,00
04	23	16.810,00
04	24	16.139,00
04	25	15.715,00
04	26	15.385,00
04	27	11.855,00
04	28	11.805,00
04	29	11.705,00
04	30	10.790,00
04	31	10.445,00
04	32	8.768,00
04	33	8.479,00
04	34	7.766,00
04	35	6.660,00
04	36	5.290,00
04	37	4.910,00
04	38	2.980,00

Sérgrein	Læknir nr.	Brúttóeiningar
04	39	2.270,00
04	40	175,00
		894.484,50
Háls-, nef- og eyrnalæknar		
06	1	119.700,00
06	2	114.808,50
06	3	98.143,00
06	4	89.329,00
06	5	76.612,50
06	6	66.051,00
06	7	57.672,50
06	8	49.742,00
06	9	48.792,00
06	10	41.549,50
06	11	33.294,00
06	12	30.238,00
06	13	29.391,00
06	14	11.980,00
06	15	8.340,00
06	16	5.880,00
06	17	5.809,50
06	18	1.813,00
		889.145,50
Húðlæknar		
07	1	88.480,00
07	2	73.575,50
07	3	64.417,00
07	4	58.006,50
07	5	50.444,50
07	6	50.269,00
07	7	49.038,00
07	8	46.626,00
07	9	36.839,50
07	10	30.773,50
07	11	24.821,50
07	12	24.489,00
		597.780,00
Kvensjúkdómalæknar		
08	1	79.101,50
08	2	66.854,00
08	3	62.776,50
08	4	57.797,50
08	5	57.018,50
08	6	41.738,50
08	7	40.985,50
08	8	40.030,50
08	9	38.524,50
08	10	34.424,10
08	11	30.082,50
08	12	28.373,50
08	13	25.300,00
08	14	23.961,50
08	15	21.343,50
08	16	20.748,50
08	17	20.475,00
08	18	20.287,50
08	19	18.925,50
08	20	15.268,00
08	21	12.131,00
08	22	8.250,00
08	23	6.265,00
08	24	5.594,50
08	25	5.245,00
08	26	3.249,00
08	27	2.375,00
08	28	227,50
		787.353,60
Lyflæknar		
09	1	73.580,00
09	2	62.584,00
09	3	57.524,50
09	4	51.694,50
09	5	46.968,00
09	6	45.971,50
09	7	45.580,50
09	8	45.119,00
09	9	43.244,00
09	10	39.154,00
09	11	36.203,00
09	12	35.670,50
09	13	35.408,00
09	14	32.071,00
09	15	31.492,50
09	16	31.040,50
09	17	29.915,00
09	18	29.746,00
09	19	29.708,50
09	20	28.351,00
09	21	27.949,00
09	22	27.648,50
09	23	27.507,00
09	24	26.205,00

Sérgrein	Læknir nr.	Brúttóeiningar
09	25	24.408,00
09	26	24.313,50
09	27	23.591,00
09	28	21.559,00
09	29	21.537,50
09	30	20.682,00
09	31	20.627,00
09	32	19.894,50
09	33	18.734,00
09	34	16.817,00
09	35	15.991,00
09	36	14.927,50
09	37	14.342,50
09	38	14.307,00
09	39	13.372,50
09	40	13.169,00
09	41	13.087,00
09	42	12.543,00
09	43	12.483,50
09	44	12.298,50
09	45	12.252,00
09	46	12.223,50
09	47	11.876,50
09	48	11.563,50
09	49	10.653,50
09	50	10.053,00
09	51	9.188,50
09	52	9.048,00
09	53	8.254,00
09	54	7.816,50
09	55	7.780,50
09	56	6.011,00
09	57	5.896,00
09	58	5.749,50
09	59	5.635,50
09	60	5.512,50
09	61	5.036,00
09	62	4.652,50
09	63	4.329,00
09	64	4.095,00
09	65	4.086,50
09	66	3.736,50
09	67	3.254,50
09	68	2.138,50
09	69	1.118,50
09	70	694,50
09	71	110,50
		1.461.786,50
Skurðlæknar		
13	1	84.309,75
13	2	70.162,00
13	3	55.819,00
13	4	51.381,00
13	5	40.886,25
13	6	38.000,25
13	7	32.471,00
13	8	26.202,25
13	9	21.318,75
13	10	21.224,00
13	11	18.456,00
13	12	16.259,25
13	13	15.092,00
13	14	8.443,00
13	15	5.292,00
13	16	4.144,00
13	17	2.209,00
13	18	1.565,00
13	19	1.384,00
		514.618,50
Svæfingarlæknar		
14	1	171.159,25
14	2	158.699,50
14	3	134.688,25
14	4	122.293,50
14	5	104.830,60
14	6	97.206,00
14	7	76.623,00
14	8	64.243,00
14	9	40.087,25
14	10	35.590,50
14	11	14.514,50
14	12	12.092,50
14	13	6.321,50
14	14	5.025,50
14	15	4.969,00
14	16	2.097,00
14	17	1.356,00
14	18	1.161,75
		1.052.958,60
Krabbameinslæknar		
15	1	24.290,00
15	2	19.198,00

Sérgrein	Læknir nr.	Brúttóeiningar
15	3	11.648,00
15	4	11.513,00
15	5	8.062,00
15	6	5.771,00
15	7	3.628,00
15	8	1.296,00
15	9	465,00
		85.871,00
Taugalæknar		
16	1	116.326,50
16	2	32.386,50
16	3	18.021,00
16	4	11.587,50
16	5	11.163,00
16	6	8.785,00
16	7	5.769,00
16	8	5.361,00
		209.399,50
Þvagfæralæknar		
18	1	64.930,00
18	2	58.862,00
18	3	42.574,50
18	4	32.870,00
18	5	32.003,00
18	6	29.957,50
18	7	20.813,00
		282.010,00
Öldrunarlæknar		
19	1	7.374,00
19	2	5.045,00
		12.419,00
Lýtalæknar		
20	1	96.812,50
20	2	38.229,00
20	3	37.864,50
20	4	35.566,75
20	5	18.983,50
		227.456,25
Samtals brúttóeiningar		**10.003.887,95**

4. *Hvaða takmörk (lágmark eða hámark) eru fyrir þeim einingafjölda sem hver og einn læknir getur fengið úthlutað?*

Ekki eru nein takmörk á einingafjölda til einstakra sérfræðinga í samningum Tryggingastofnunar og Læknafélags Reykjavíkur fyrir hönd sérfræðinga. Hins vegar veita læknar vaxandi magnafslátt eftir einingafjölda hvers missiris.

5. *Hvert er meðaltal úthlutaðra ferliverkaeininga á mánuði á einstakling? Hver var mesti fjöldi eininga sem einstaklingur fékk greitt fyrir á mánuði árið 1999 og hvað þýðir það í greiddum launum?*

Meðaltal úthlutaðra ferliverkaeininga á ekki við um samninga Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur fyrir hönd sérfræðinga, sbr. svar við 4. lið.

Flestar einingar sem Tryggingastofnun ríkisins greiddi einstaklingi að meðaltali á mánuði árið 1999 voru samtals 15.675 að frádregnum afslætti. Það gerir samtals 2.586.444 kr. á mánuði en 165 kr. voru greiddar fyrir einingu á árinu. Um er að ræða bæklunarskurðlækni með umtalsverðan skurðstofurekstur. Þar af reiknast launahluti 721.000 kr. að meðaltali á mánuði.

6. *Hversu margir sérfræðingar á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar, sem gegna stöðu hjá stofnunum ríkisins, fá að jafnaði greitt frá Tryggingastofnun ríkisins á mánuði:*
   a. *yfir 1 millj. kr.,*
   b. *yfir 1,5 millj. kr.,*
   c. *yfir 2 millj. kr.?*

Tafla 3. Sérfræðingar sem gegna stöðu hjá stofnunum ríkisins.

	Landsbyggðin		Höfuðborgarsvæðið	
	Fjöldi miðað við		Fjöldi miðað við	
	fullt starf	hlutastarf 25–80%	fullt starf	hlutastarf 13,11–98,74%
Sjúklingshluti innifalinn				
a. 1–1,5 millj. kr. á mánuði	0	0	2	11
b. 1,5–2 millj. kr. á mánuði	0	0	0	1
c. yfir 2 millj. kr. á mánuði	0	0	0	0
Sjúklingshluti frádreginn				
a. 1–1,5 millj. kr. á mánuði	0	0	0	2
b. 1,5–2 millj. kr. á mánuði	0	0	0	0
c. yfir 2 millj. kr. á mánuði	0	0	0	0

7. *Hversu margir læknar sem ekki gegna stöðu hjá stofnunum ríkisins fá að jafnaði greitt frá Tryggingastofnun ríkisins á mánuði:*
   a. yfir 1 millj. kr.,
   b. yfir 1,5 millj. kr.,
   c. yfir 2 millj. kr.?

Tafla 4. Sérfræðingar sem ekki gegna stöðu hjá stofnunum ríkisins.

	Landsbyggðin	Höfuðborgarsvæðið
Sjúklingshluti innifalinn		
a. 1–1,5 millj. kr. á mánuði	0	5
b. 1,5–2 millj. kr. á mánuði	0	2
c. yfir 2 millj. kr. á mánuði	0	3
Sjúklingshluti frádreginn		
a. 1–1,5 millj. kr. á mánuði	0	4
b. 1,5–2 millj. kr. á mánuði	0	3
c. yfir 2 millj. kr. á mánuði	0	0

1369. Svar [610. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Birgissonar um bað- og snyrtiaðstöðu á hjúkrunarheimilum.

1. *Hverjar eru reglur heilbrigðisráðuneytisins um bað- og snyrtiaðstöðu fyrir vistrými á hjúkrunarheimilum, þ.e. um:*
   a. stærð,
   b. frágang?

Ekki hafa verið settir staðlar um bað- og snyrtiaðstöðu fyrir vistrými á hjúkrunarheimilum. Hjúkrunarheimili á Íslandi eru byggð á löngum tíma og vissulega hafa viðhorf til aðstöðu breyst talsvert á undanförnum áratugum. Þannig eru nýbyggingar og endurbætur hannaðar öðruvísi, meðal annars að þessu leyti, en gert var fyrr á árum, enda er um heilbrigð-

isstofnanir að ræða sem lúta strangari kröfum en almennt gerist um stærð rýma, aðgengi og frágang.

Þegar um er að ræða nýbyggingar eða endurbætur hefur Framkvæmdasjóður aldraðra í flestum tilvikum tekið þátt í kostnaði. Stjórn sjóðsins hefur farið yfir teikningar auk þess að fá fagfólk sér og framkvæmdaraðilum til ráðgjafar eftir því sem þörf hefur verið hverju sinni, meðal annars með hliðsjón af væntanlegri umönnunarþyngd vistmanna. Þannig hafa verið mótaðar ákveðnar viðmiðunarreglur um þá aðstöðu sem talin er nauðsynleg á hjúkrunarheimilum. Árið 1994 voru þær gefnar út af ráðuneytinu í bæklingi um málstærðir á hjúkrunarheimilum aldraðra. Í þessum viðmiðunum er gert ráð fyrir að salerni og handlaug séu fyrir hvert herbergi og æskilegt að einnig sé sérstök baðaðstaða en það fer eftir því hvort um mikla umönnunarþyngd er að ræða. Einnig er í áðurnefndum málstærðum gert ráð fyrir einni snyrtingu fyrir tvær samliggjandi eins manns sjúkrastofur.

Á síðustu árum hafa kröfur um aðbúnað sífellt verið að aukast og þannig hafa komið fram kröfur um hærra hlutfall einstaklingsherbegja á hjúkrunardeildum ásamt kröfu um að snyrtiaðstaða sé með hverri sjúkrastofu, með salerni, handlaug og sturtu, hvort heldur um er að ræða eins eða tveggja manna stofu.

Í útboði um einkaframkvæmd á hjúkrunarheimili í Sóltúni voru gerðar meiri kröfur en í framangreindum bæklingi, meðal annars vegna þess að gert er ráð fyrir að vistmenn þar hafi meiri þörf fyrir umönnun en almennt gerist á hjúkrunarheimilum í dag. Því var gerð krafa um salerni, handlaug og sturtu í hvert herbergi.

Ekki eru til formlegar reglur um frágang bað- og snyrtiaðstöðu, en þar sem um sjúkrastofnanir er að ræða eru gerðar strangari kröfur um frágang en almennt þekkist, meðal annars með tilliti til aðgengis og ræstingar.

2. *Er leyfilegt að hafa sameiginlega bað- og snyrtiaðstöðu fyrir tvö eða fleiri aðliggjandi hjúkrunarrými?*

Þess eru dæmi að eitt snyrtiherbergi sé ætlað fyrir fleiri en eitt hjúkrunarrými, enda er húsnæði hjúkrunarheimila í ýmsum tilvikum komið nokkuð til ára sinna. Ekki hefur verið gerð krafa um að hvert hjúkrunarrými hafi sérstaka snyrtingu. Þar sem vistmenn þurfa oft mikla hjúkrun hefur á síðari árum verið leitast við að skipuleggja nýbyggingar og endurbætur þannig að snyrtiherbergi sé ekki fyrir fleiri en tvö aðliggjandi hjúkrunarrými og á hverri deild séu einhver rými með sérstöku snyrtiherbergi þar sem unnt geti verið að sinna þörfum þeirra veikustu eða einstaklingum með sérstakar þarfir.

1370. Svar [600. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um úrbætur í öryggismálum sjómanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hafa þær átján tillögur sem nefnd um úrbætur í öryggismálum sjómanna lagði til með bréfi til fyrrverandi samgönguráðherra, dags. 5. júní 1998, verið teknar til meðferðar í ráðuneytinu?*
2. *Hvernig er fyrirhugað að fylgja eftir tillögum nefndarinnar?*

Hinn 30. maí 1997 skipaði samgönguráðherra nefnd fimm alþingismanna er hafði það verkefni að gera áætlun um hvernig fækka mætti sjóslysum með úrbótum í öryggismálum sjómanna og forvarnaaðgerðum. Skyldi nefndin jafnframt gera tillögur um fjármögnun slíkrar áætlunar. Í nefndinni sátu eftirtaldir: Stefán Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Gísli S. Einarsson, Kristinn H. Gunnarsson og Guðmundur Hallvarðsson, sem skipaður var formaður nefndarinnar. Ritari nefndarinnar var Hálfdán Henrysson, starfsmaður Siglingastofnunar Íslands, tilnefndur af samgönguráðuneyti.

Hinn 5. júní 1998 lauk nefndin störfum. Í skýrslu nefndarinnar eru talin upp um átján atriði, sem vinna beri að í öryggismálum sjómanna og leitt geti til fækkunar slysa. Þessi atriði eru eftirfarandi:

1. Í reglum um vinnuöryggi á fiskiskipum og kaupskipum eru engin ákvæði um eftirlit með slitálagi víra, burðarþoli lása og keðja, blökkum, tromlum og hvers konar öðrum búnaði sem notaður er til hífinga. Engar kröfur eru gerðar til manna um þekkingu á stjórnun krana eða togvinda, hvað þá að ætlast sé til kunnáttu þeirra er gefa stjórnendum slíkra tækja bendingar um tilteknar aðgerðir. Þetta atriði er hér nefnt fyrst þar sem það er meginorsök slysa sem verða á sjó. Krana eða lyftara á bryggju má enginn stjórna nema hafa lokið tilteknu námskeiði á vegum Vinnueftirlits ríkisins og geta gefið og skilið bendingar, t.d. við hífingu. Séu tækin flutt um borð í skip er engrar þekkingar krafist.

   Siglingastofnun vinnur jafnt og þétt að því að fara yfir lög og reglur um öryggismál sjómanna og gera tillögur um úrbætur. Stuttu eftir að nefnd um úrbætur í öryggismálum sjómanna skilaði skýrslu sinni til samgönguráðherra voru gefnar út tvær reglugerðir á þessu sviði, þ.e. reglugerð nr. 785/1998, um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum, og reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.

   Siglingastofnun vinnur um þessar mundir að nánari útfærslu á einstökum ákvæðum reglugerðanna. Við setningu þessara reglugerða var tekið mið af ofangreindri tillögu nefndar um úrbætur í öryggismálum sjómanna.

   Siglingastofnun hefur hert eftirlit með fyrrnefndum búnaði. Útbúið hefur verið sérstakt skoðunarblað þar sem þessi búnaður er yfirfarinn samkvæmt gátlista.
2. Með ólíkindum má teljast að engrar tiltekinnar menntunar skuli krafist af þeim sem skila teikningum af nýsmíði eða breytingum skipa til Siglingastofnunar.

   Nefnd fjallar nú um þetta atriði og hefur hún ekki lokið störfum.
3. Skoða þarf innra skipulag, starfshætti og skilvirkni eftirlits og fyrirbyggjandi starfsemi Siglingastofnunar Íslands. Óeðlilegt er að í svo fjölþættri þjónustu og eftirlitsstarfsemi við íslensk og erlend skip sem fram fer af hálfu stofnunarinnar sé aðeins forstjóri ábyrgur inn á við, út á við og gagnvart ráðherra. Tími er kominn til að gerð sé óháð úttekt á starfsemi og starfsháttum Siglingastofnunar Íslands með tilliti til samruna Siglingamálastofnunar ríkisins og Vita- og hafnamálastofnunar og breytts alþjóðlegs umhverfis.

   Skipulag Siglingastofnunar er í sífelldri mótun og nú er unnið að sérstöku verkefni er lýtur að stefnumótun og gæðakerfi stofnunarinnar. Þessari vinnu miðar vel áfram.
4. Herða þarf viðurlög við því að stjórnendur vélaverkstæða, skipasmiða og dráttarbrauta hefji vinnu við breytingar á skipi áður en samþykki Siglingastofnunar liggur fyrir.
5. Í matsal hvers skips skal koma fyrir haffærisskírteini ásamt athugasemdum ef einhverjar eru. Skal skírteinið vera á áberandi stað sem áhöfn hefur greiðan aðgang að.
6. Á hættusvæðum um borð í skipum, ofan og neðan þilja, skal mála á þiljur varúðarviðvaranir um slysahættu.

7. Leggja þarf þá skyldu á skipstjórnarmenn að skrá öll slys um borð, svo og þau atvik þegar liggur við slysi, og senda þá þegar til útgerðar og rannsóknarnefndar sjóslysa. Þar komi m.a. fram vinnutímaönn þess slasaða.

   Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um rannsókn sjóslysa þar sem fjallað er um þetta atriði. Frumvarpið verður væntanlega samþykkt á þessu þingi.
8. Verði alvarlegt slys um borð í skipi skal rannsóknarnefnd sjóslysa heimilt að stöðva skipið meðan rannsókn slyssins fer fram.

   Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um rannsókn sjóslysa þar sem fjallað er um þetta atriði.
9. Útgerð ber ábyrgð á að fulltrúi hennar sjái svo um að verði slys um borð séu strax gerðar viðhlítandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig og hann fari yfir öryggismál um borð ásamt allri áhöfninni.
10. Rannsóknarnefnd sjóslysa skal halda sérstaka skrá yfir hvar slys verða og fjöldi þeirra verði skráður á viðkomandi skip. Verði tvö slys eða fleiri um borð í skipi á ári er rannsóknarnefnd sjóslysa skylt að grípa til sérstakra ráðstafana um borð í viðkomandi skipi og fara yfir öryggismál þess með áhöfn og fulltrúa útgerðar.
11. Allir þeir sem afla sér menntunar í skipstjórnar- og vélfræðum skulu fá markvissa kennslu í verkstjórn og vinnuhagræðingu og í skýrslugerð vegna tilkynningar um slys.
12. Starfsemi rannsóknarnefndar sjóslysa verði verulega breytt og um hana sett lög sambærileg lögum um rannsóknarnefnd flugslysa. Verði meginhersla í starfi nefndarinnar lögð á að upplýsa orsök slysa og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum. Kunnáttumönnum verði skipað í nefndina án þátttöku hagsmunaaðila og starfsmönnum hennar fjölgað. Skýrsla rannsóknarnefndar sjóslysa komi út t.d. á sex mánaða fresti en jafnframt verði lokaniðurstöður um sjóslys gefnar út jafnóðum og þær liggja fyrir til að nýta megi þær til forvarnastarfa.

   Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um rannsókn sjóslysa þar sem tekið er mið af þeim sjónarmiðum sem hér koma fram.
13. Til að fá sem gleggsta mynd af atburðarás og aðdraganda að slysi á sjó og með hliðsjón af óeðlilegri slysatíðni meðal sjómanna telur nefndin rétt að hugað sé að bótarétti og slysatryggingum sjómanna. Má ætla að núverandi ástand leiði til misjafnlega nákvæmrar skráningar á slysum og óupplýst séu mál sem annars kynnu að leiða til varúðarráðstafana og úrbóta.
14. Nefndinni þykir rétt að endurskoðun fari fram á starfsemi Slysavarnaskóla sjómanna með tilkomu Akraborgar. Við hana má m.a. huga að nýliðafræðslu, eldvörnum og hugsanlegri lagasetningu um skyldu sjómanna til endurmenntunar við skólann á fimm ára fresti.

   Starfsemi Slysavarnaskóla sjómanna er sífellt til skoðunar, en skólinn annast öryggisfræðslu sjómanna. Ráðuneytið hefur óskað eftir því við Siglingastofnun Íslands að stofnunin geri drög að þjónustusamningi við Slysavarnafélagið Landsbjörg um rekstur Slysavarnaskóla sjómanna til næstu fimm ára.
15. Þung viðurlög verði við því ef skráðar öryggis- og björgunaræfingar eru ekki haldnar.

   Í framhaldi af úttekt sem ráðuneytið lét nýverið gera á framkvæmd öryggismála í farþegaferjum kom í ljós að framkvæmd öryggis- og björgunaræfinga er mjög ábótavant. Ráðuneytið hefur óskað eftir tillögum Siglingastofnunar um þetta efni og ljóst er að taka þarf upp skilvirkt eftirlit með því að öryggis- og björgunaræfingar í íslenskum skipum séu haldnar.

16. Hrint verði í framkvæmd samræmdri slysaskráningu á sjómönnum.
    Eins og fram hefur komið er stefnt að því að samræmt skráningarkerfi slysa verði tekið upp um næstu áramót. Landlæknir verður ábyrgðarmaður slysaskrár Íslands og umsjónarmaður hennar.
17. Þá telur nefndin löngu tímabært að gjörbreyta formi sjóprófa, þar sem m.a. verði gerð sú breyting að fimm kunnáttumenn skipi sérstakan sjódóm er rannsaki og kalli til viðkomandi aðila ef um alvarleg sjóslys er að ræða. Gildir þá einu um heimahöfn viðkomandi skips.
    Í frumvarpi til laga um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum, sem lagt hefur verið fram á Alþingi samhliða frumvarpi til laga um rannsókn sjóslysa er lagt til að fyrirkomulagi sjóprófa verði breytt með því að kveða á um að ekki verði lengur skylda að halda sjópróf heldur skuli sjópróf aðeins haldin ef nánar tilgreindir aðilar óska eftir því.
18. Til fjármögnunar á auknu umfangi rannsóknarnefndar sjóslysa og Slysavarnaskóla sjómanna, svo og sérstaks sjódóms komi tvennt til:
    a. sérstakt gjald úr tryggingasjóði fiskiskipa,
    b. sérstök greiðsla af hverju brúttótonni íslenskra skipa, svo og þeirra skipa undir erlendum fána sem eru í eigu eða leigu íslenskra útgerða og alfarið eða að hluta til eru mönnuð íslenskum sjómönnum.
    Ekki hefur verið tekin afstaða til þessa atriðis af hálfu ráðuneytisins.

Ráðuneytið hefur sett af stað vinnu við gerð langtímaáætlunar í öryggismálum sjómanna. Reynt verður að horfa fram í tímann til að sjá fyrir hvaða kröfur þarf að gera. Þriggja manna verkefnisstjórn, sem hélt sinn fyrsta fund 6. mars 2000, mun halda utan um verkið og er hún skipuð fulltrúum frá samgönguráðuneyti, Siglingastofnun Íslands og Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Sérstakur starfsmaður hefur verið ráðinn til verksins til að safna gögnum, vinna úr tillögum, gera rannsóknir og greina upplýsingar. Verkefni verða metin og þeim forgangsraðað eftir mikilvægi og umfangi. Á þessum grundvelli verða markmið sett og framkvæmdaáætlun gerð til ársins 2005.

Öryggisáætlunin verður unnin í nánu samstarfi við hagsmunaaðila og mun siglingaráð, sem skipað er fulltrúum þeirra hagsmunaaðila sem að siglingamálum koma, leggja meginlínurnar í áætluninni. Miðað er við að þingsályktunartillaga verði lögð fram á Alþingi og þegar hún hefur verið samþykkt þar komi öryggisáætlunin til framkvæmda. Verkefnisstjórn muni síðan fylgjast með framgangi áætlunar, fylgja málum eftir og endurskoða hana ef þörf krefur.

Á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands, www.sigling.is/oryggi2000, er kynning á verkefninu og er öllum sem láta sig öryggismál sjómanna varða gefinn kostur á að koma eigin sjónarmiðum á framfæri. Verkefnisstjórnin óskar eftir að innsendar tillögur um áherslu- og forgangsverkefni séu flokkaðar sérstaklega eftir forskrift sem sýnd er á heimasíðunni og að þær séu sendar með tölvupósti á netfangið: oryggi2000@sigling.is

Allir áhugasamir eru hvattir til að hugleiða og skrá niður hvernig þeir vilja sjá öryggismál á sjó þróast næstu árin, ásamt því að tjá sig um viðhorf, áherslur og tillögur um vægi brýnustu verkefna sem ráðast þarf í. Stefnur og markmið í öryggismálum sem sett verða mótast af þeim svörum sem berast, ásamt annarri undirbúningsvinnu sem verkefnisstjórnin vinnur að.

Við mótun langtímaáætlunar verður sérstaklega horft til þeirra atriða sem spurt var um og tillagna sem fram komu hjá nefnd um úrbætur í öryggismálum sjómanna.

Hásetafræðsla.

Bréf hefur borist frá Siglingastofnun Íslands, dags. 8. október 1998, í framhaldi af bréfi ráðuneytisins, dags. 23. júní 1998, um að Siglingastofnun skili öryggisfræðslunefnd tillögum sínum um fyrirkomulag hásetafræðslu fyrir 1. september sl.

Í bréfi Siglingastofnunar kemur fram vísun til starfa STCW-nefndar og þeirra tillagna hennar í áfangaskýrslu frá 9. september 1998 þar sem lagt er til að starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina geri tillögur til menntamálaráðherra að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands um námskrár, í samræmi við kröfur alþjóðasamninga, fyrir háseta sem starfa á íslenskum skipum.

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla og þar eiga sæti fulltrúar útgerða og hagsmunasamtaka sjómanna.

Með bréfi, dags. 16. febrúar 2000, fól ráðuneytið Siglingastofnun Íslands að vinna að gerð langtímaáætlunar um öryggismál sjómanna í samráði við hagsmunaaðila og siglingaráð. Sérstök verkefnisstjórn var skipuð fyrir þetta verkefni og sitja í henni fulltrúar ráðuneytisins, Siglingastofnunar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Nú er unnið að gagnasöfnun fyrir áætlunina og mun skýrsla þingmannanefndarinnar frá 5. júní 1998 að sjálfsögðu verða meðal annarra gagna. Stefnt er að því að ljúka áætluninni á komandi hausti.

1371. Breytingartillögur [405. mál]

við frv. til l. um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

Frá utanríkisráðherra.

1. Við 10. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Íslenskum starfsmönnum og öðrum sem eru ekki á ábyrgð varnarliðsins er heimill aðgangur að varnarsvæðunum ef þeir eiga þangað lögmæt erindi og hafa gilda aðgangsheimild, útgefna af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, í samræmi við ákvæði laga þessara og ákvæði loftferðalaga.
2. Við ákvæði til bráðabirgða I bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laga þessara taka ákvæði þeirra um samninga við varnarliðið, aðra en starfssamninga, ekki gildi fyrr en 1. maí 2001.

1372. Nefndarálit [629. mál]

um frv. til l. um breyt. á fjarskiptalögum, nr. 107/1999.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á ný. Var málið flutt af meiri hluta nefndarinnar, en því var engu síður vísað aftur til nefndarinnar eftir 1. umræðu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** og vísar í því sambandi til rökstuðnings í greinargerð við frumvarpið.

Alþingi, 10. maí 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Jón Kristjánsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1373. Nefndarálit [296. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og Helga Hallgrímsson, Jón Rögnvaldsson og Hrein Haraldsson frá Vegagerðinni.

Starfshættir við afgreiðslu tillögunnar hafa verið hefðbundnir. Þingmenn kjördæma hafa unnið að skiptingu framkvæmdafjár til almennra verkefna á stofnbrautum, svo og til tengivega, auk þess sem þeir hafa yfirfarið tillögur um stórverkefni sem snerta viðkomandi kjördæmi.

Sú endurskoðun á vegáætlun sem nú fer fram er hin fyrsta frá því að samþykkt var langtímaáætlun í vegagerð á Alþingi vorið 1998. Sú áætlun tók til áranna 1999–2010 að báðum árum meðtöldum og var henni skipt í þrjú tímabil sem hvert var til fjögurra ára. Hið fyrsta tók yfir árin 1999–2002 og hið næsta árin 2003–2006. Til að vegáætlun fylgdi þessari skiptingu tók gildandi vegáætlun til fimm ára, þ.e. 1998–2002. Tillagan sem hér liggur fyrir nær einnig til fimm ára, 2000–2004. Við endurskoðunina nú bætast árin 2003 og 2004, þ.e. fyrri helmingur annars tímabils langtímaáætlunarinnar. Við næstu endurskoðun vegáætlunar, veturinn 2001–2002, verður langtímaáætlunin einnig endurskoðuð.

Tölur í tillögunni eru allar á sama verðlagi, þ.e. áætluðu verðlagi ársins í ár. Við meðferð í samgöngunefnd eru tölur fyrir árin 2001–2004 hækkaðar til áætlaðs verðlags 2001, en tölur ársins í ár eru óbreyttar. Hækkun til 2001 er áætluð um 4,5% og er það í samræmi við forsendur við vinnu að fjárlögum næsta árs.

Fyrir þessu þingi liggur tillaga til þingsályktunar um jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004. Nefndin hefur fjallað um hana og leggur til að hún verði samþykkt. Jafnframt leggur nefndin til að hún verði felld inn í vegáætlunina. Þá leggur nefndin til að inn í vegáætlun verði einnig tekin vegagerð sem nauðsynleg er á Austurlandi í tengslum við fyrirhugaða álverksmiðju á Reyðarfirði og virkjanir tengdar henni.

Á tekjuhlið áætlunarinnar eru gerðar þrjár breytingar. Tekinn er inn nýr liður, Sérstök fjáröflun, til að standa undir kostnaði við þá útgjaldaliði sem taldir eru hér á undan. Þessi fjáröflun er 324 millj. kr. í ár og 750 millj. kr. 2001 en hækkar seinni árin. Þessa fjár verður m.a. aflað með sölu ríkiseigna, en einnig er gert ráð fyrir beinum framlögum og lánsfé frá aðilum

að orku- og iðjuverum á Austurlandi. Önnur breyting á tekjuhliðinni er sú að liðurinn Geymt í ríkissjóði (126 millj. kr. árið 2000) er felldur niður. Loks eru tekjur af leyfisgjöldum flutninga taldar sem sérstakur liður og hækka niðurstöðutölur tekna og gjalda um 3 milljarða kr. Gjaldamegin er þessi upphæð færð undir liðinn Umferðareftirlit og þjónusta.

Á gjaldahlið áætlunarinnar eru breytingarnar að mestu leyti tengdar þeim nýju verkefnum sem áður er getið. Þannig bætast við þrír nýir liðir í nýjum þjóðvegum, þ.e. liðirnir Jarðgangaáætlun, Orku- og iðjuvegir á Austurlandi og Sérstök verkefni. Fjárveitingar eru til rannsókna og annars undirbúnings jarðgangagerðar 2000 og 2001 og síðan til framkvæmda 2002 og áfram. Byrjað verður á orku- og iðjuvegum í ár og þeim lokið 2003. Engin fjárveiting er til sérstakra verkefna í ár en fjárveiting árið 2001 verður 200 millj. kr. og hækkar síðan seinni árin. Sundabraut er meðal sérstakra verkefna og til hennar eru veittar 50 millj. kr. hvort ár 2003 og 2004 auk þess sem hún fær fjárveitingu undir liðnum Höfuðborgarsvæðið 2000–2002. Þar er um þessar mundir unnið að mati á umhverfisáhrifum og öðrum undirbúningi og er fjármagn fyrir hendi til þeirra verka. Miðað er við að fjár til framkvæmda verði aflað við næstu endurskoðun vegáætlunar eftir tvö ár og að þá komi sérstök fjáröflun til verksins.

Sundurliðun útgjalda er með hefðbundnum hætti. Skipting fjár til almennra verkefna á stofnvegum er óbreytt frá því sem var, þ.e. öll kjördæmi utan höfuðborgarsvæðisins fá þar jafnan hlut. Tengivegafé er skipt eftir sömu reglu og áður, en reglan tekur tillit til umferðar, ástands veganna og kostnaðar við byggingu þeirra. Verður því að endurreikna skiptinguna á nokkurra ára fresti og hefur það verið gert nú. Breytingar eru ekki stórvægilegar og er miðað við að hin nýju hlutföll taki gildi 2003.

Við meðferð tillögunnar kom í ljós að aðkallandi er að ráðast í ýmis verkefni sem ekki rúmast innan hefðbundins ramma vegáætlunar. Þau stærstu eru á höfuðborgarsvæðinu, en einnig er um að ræða verkefni á landsbyggðinni. Leggur nefndin til breytingar sem fela í sér að ráðist verður í umrædd verkefni. Leggur nefndin einnig til að styrkur til sérleyfishafa verði hækkaður vegna slæmrar stöðu þeirra. Þá leggur nefndin áherslu á að almenningssamgöngur á landsbyggðinni verði teknar til sérstakrar skoðunnar á næstunni.

Nefndin fjallaði sérstaklega um skiptingu fjár til stórverkefna. Sú skipting tekur í ríkum mæli mið af langtímaáætlun. Vegna viðbótarfjár árin 1999–2002 sem ákveðið var af hálfu ríkisstjórnar að veita til vegagerðar á síðasta ári og fjárveitinga til sérstakra verkefna samkvæmt breytingartillögum nú ganga stórverkefnin raunar mun hraðar en langtímaáætlun gerði ráð fyrir.

Meðal stórverkefna er tvöföldun Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Miðað við fjárveitingar getur útboð á fyrsta áfanga verksins farið fram árið 2002 og stefnt er að því að stórum hluta þess, þ.e. tvöföldun milli Straumsvíkur og Keflavíkur, verði lokið 2006.

Níu milljarða kr. viðbótarfé er ætlað í mörg brýn verkefni í uppbyggingu vegakerfis landsins á árunum 2000–2004. Þar er um að ræða uppbyggingu Reykjanesbrautar í gegnum Hafnarfjörð, breikkun vegarins milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, byggingu Suðurstrandarvegar milli Þorlákshafnar og Grindavíkur, byggingu orku- og iðjuvega á Austurlandi, byggingu gatnamóta á höfuðborgarsvæðinu, lagningu vegar yfir Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi, vegabætur við Ísafjarðardjúp og í Barðastrandarsýslu og vegabætur um Uxahryggi og að Dettifossi. Þá er lagt til að fé verði veitt í undirbúning Sundabrautar í Reykjavík og við það miðað að viðbótarfé komi til við endurskoðun vegáætlunar að tveimur árum liðnum. Jafnframt er lagt til að veita viðbótarfé sem nemur 100 millj. kr. til almennra framkvæmda í hverju landsbyggðarkjördæma fyrir sig.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að fresta framkvæmdum fyrir 585 millj. kr. árið 2000 til ársins 2001. Tillögur nefndarinnar að því hvaða verkefnum verði frestað eru birtar í breytingartillögunum og eru fjárveitingar til verkefna sem fresta á að hluta til eða öllu leyti merktar með stjörnu í sundurliðun fjárveitinga. Sérstök samantekt um frestanirnar er í lok liðar 2.5.1 í breytingartillögum nefndarinnar og kemur þar fram sú upphæð sem er frestað hverju sinni. *Eru nýir verkefnaflokkar sundurliðaðir með hliðstæðum hætti og hinir hefðbundnu.*

Nokkrar minni háttar breytingar eru lagðar til á flokkun vega. Þær eru í samræmi við vegalög og leiðir af breyttri búsetu eða annarri aðstöðu.

Til að auðvelda samanburð vegáætlunar við fjárlög og samræma hana við aðrar áætlanir innan samgönguráðuneytisins er í breytingartillögum sýnd sérstök uppsetning á tekjum og gjöldum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. maí 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Hjálmar Árnason.	Kristján L. Möller, með fyrirvara.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Jón Bjarnason, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.	Jón Kristjánsson.

1374. Breytingartillögur [296. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Frá samgöngunefnd.

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN*
(Fjárhæðir í m.kr.)

	2000	2001	2002	2003	2004
1.1. Markaðar tekjur:					
1. Bensíngjald	5.683	6.026	6.111	6.190	6.270
2. Þungaskattur, km-gjald	2.258	2.417	2.452	2.483	2.515
3. Þungaskattur, árgjald	1.707	1.810	1.835	1.859	1.883
4. Leyfisgjöld flutninga	3	3	3	3	3
	9.651	**10.256**	**10.401**	**10.535**	**10.671**
1.2. Umsýslugjald 0,5%	-48	-51	-52	-52	-53
	9.603	**10.205**	**10.349**	**10.483**	**10.618**

1.3. Viðbótarfé	500	500	500		
1.4 Sérstök fjáröflun	324	750	2.300	2.850	2.650
	10.427	**11.455**	**13.149**	**13.333**	**13.268**
1.5. Lánsfé:					
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40	-40	-40	-40
1.6. Frestun framkvæmda	-585	585			
Samtals	**9.802**	**12.000**	**13.109**	**13.293**	**13.228**

* Tölur ársins 2000 eru á verðlagi þessa árs (vísitala vegagerðar 6060), en tölur áranna 2001–2004 eru hækkaðar til áætlaðs verðlags 2001. Hækkun verðlags er áætluð 4,5% (vísitala vegagerðar 6330) og er það í samræmi við forsendur við vinnu við fjárlagagerð 2001.

2. Í stað *II. Skipting útgjalda* komi:

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	2000	2001	2002	2003	2004
2.1. Stjórn og undirbúningur:	**363**	**390**	**401**	**411**	**411**
1. Yfirstjórn og skrifstofa	146	154	155	157	157
2. Tæknilegur undirbúningur	110	122	130	134	134
3. Umferðareftirlit og þjónusta	107	114	116	120	120
2.2. Almenn þjónusta:	**1.303**	**1.387**	**1.417**	**1.450**	**1.483**
1. Þjónustusvæði	283	302	306	312	319
2. Vegir og vegyfirborð	374	390	388	388	388
3. Brýr og veggöng	56	62	65	68	72
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	339	366	391	413	432
5. Þéttbýlisvegir	251	267	267	269	272
2.3. Vetrarþjónusta	**765**	**810**	**822**	**867**	**888**
2.4. Viðhald þjóðvega:	**1.789**	**2.031**	**2.082**	**2.094**	**2.136**
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	790	856	872	877	887
2. Endurnýjun malarslitlaga	230	240	240	240	240
3. Styrkingar og endurbætur	408	538	558	560	587
4. Brýr, varnargarðar og veggöng	165	178	183	188	193
5. Öryggisaðgerðir	79	94	104	104	104
6. Vatnaskemmdir	117	125	125	125	125
2.5. Til nýrra þjóðvega:	**5.156**	**5.629**	**7.197**	**7.263**	**7.068**
1. Stofnvegir					
1. Almenn verkefni	479	500	500	500	500
2. Höfuðborgarsvæðið	1.116	1.187	1.187	1.187	1.187
3. Stórverkefni	1.759	1.876	1.876	1.876	1.876
4. Viðbótarfé	500	500	500		
5. Þingvallahátíð	106				
	3.960	4.063	4.063	3.563	3.563
2. Tengivegir	436	466	477	491	496
3. Til brúargerðar					
1. Brýr 10 m og lengri	211	242	242	242	242
2. Smábrýr	23	24	24	24	24
	234	266	266	266	266
4. Ferðamannaleiðir	82	86	86	86	86
5. Girðingar	44	48	55	57	57

6. Jarðgangaáætlun	100	200	1.450	1.450	1.450
7. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi	300	300	300	100	
8. Sérstök verkefni		200	500	1.250	1.150
2.6. Til safnvega	**223**	**272**	**282**	**282**	**282**
2.7. Til landsvega	**78**	**115**	**125**	**136**	**146**
2.8. Til styrkvega	**32**	**54**	**54**	**57**	**57**
2.9. Til reiðvega	**32**	**39**	**39**	**42**	**42**
2.10. Til tilrauna	**94**	**101**	**103**	**104**	**107**
2.11. Til flóabáta og sérleyfa	**592**	**627**	**627**	**627**	**648**
Samtals	**10.427**	**11.455**	**13.149**	**13.333**	**13.268**
Lán vegna Hvalfjarðar	**-40**	**-40**	**-40**	**-40**	**-40**
Frestun framkvæmda	**-585**	**585**			
Samtals	**9.802**	**12.000**	**13.109**	**13.293**	**13.228**

Fjárlagauppsetning vegáætlunar 2000–2004.
Tekjur.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	2000	2001	2002	2003	2004
TEKJUR OG FRAMLÖG					
Markaðar tekjur					
Bensíngjald	5.683	6.026	6.111	6.190	6.270
Þungaskattur km-gjald	2.258	2.417	2.452	2.483	2.515
Þungaskattur árgjald	1.707	1.810	1.835	1.859	1.883
Leyfisgjöld vegna landflutninga	3	3	3	3	3
Samtals	**9.651**	**10.256**	**10.401**	**10.535**	**10.671**
Frestun framkvæmda	-585	585			
Umsýslugjald til ríkissjóðs	-48	-51	-52	-52	-53
Markaðar tekjur til ráðstöfunar	**9.018**	**10.790**	**10.349**	**10.483**	**10.618**
Framlag úr ríkissjóði	**500**	**500**	**500**		
GREITT ÚR RÍKISSJÓÐI SAMTALS	**9.518**	**11.290**	**10.849**	**10.483**	**10.618**
Sérstök fjáröflun	**324**	**750**	**2.300**	**2.850**	**2.650**
TEKJUR OG FRAMLÖG ALLS	**9.842**	**12.040**	**13.149**	**13.333**	**13.268**
Viðskiptahreyfingar					
Afborganir lána til ríkissjóðs:					
vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40	-40	-40	-40
vegna ferja	-178	-254	-263	-268	-296
Viðskiptahreyfingar samtals	**-218**	**-294**	**-303**	**-308**	**-336**
TIL RÁÐSTÖFUNAR ALLS	**9.624**	**11.746**	**12.846**	**13.025**	**12.932**

Fjárlagauppsetning vegáætlunar 2000–2004.
Gjöld.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	2000	2001	2002	2003	2004
GJÖLD					
Rekstur					
1.01 Stjórn og undirbúningur	**360**	**387**	**398**	**408**	**408**
1. Yfirstjórn og skrifstofa	146	154	155	157	157
2. Tæknilegur undirbúningur	110	122	130	134	134
3.Umferðareftirlit og þjónusta	104	111	113	117	117
1.11 Styrkir til ferja	**488**	**518**	**518**	**518**	**539**
Afborgun ferjulána til ríkissjóðs	**-178**	**-254**	**-263**	**-268**	**-296**
1.21 Styrkir til sérleyfishafa	**104**	**109**	**109**	**109**	**109**
1.31 Umsjón fólksflutninga	**3**	**3**	**3**	**3**	**3**
Rekstur samtals	**777**	**763**	**765**	**770**	**763**
Viðhald					
5.05 Þjónusta	**2.068**	**2.197**	**2.239**	**2.317**	**2.371**
1. Þjónustusvæði	283	302	306	312	319
2. Vegir og vegyfirborð	374	390	388	388	388
3. Brýr og veggöng	56	62	65	68	72
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	339	366	391	413	432
5. Þéttbýlisvegir	251	267	267	269	272
6. Vetrarþjónusta	765	810	822	867	888
5.10 Viðhald	**1.789**	**2.031**	**2.082**	**2.094**	**2.136**
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	790	856	872	877	887
2. Endurnýjun malarslitlaga	230	240	240	240	240
3. Styrkingar og endurbætur	408	538	558	560	587
4. Brýr, varnargarðar og veggöng	165	178	183	188	193
5. Öryggisaðgerðir	79	94	104	104	104
6. Vatnaskemmdir	117	125	125	125	125
Viðhald samtals	**3.857**	**4.228**	**4.321**	**4.411**	**4.507**
Stofnkostnaður					
6.10 Nýframkvæmdir	**4.531**	**6.174**	**7.157**	**7.223**	**7.028**
1. Stofnvegir					
1. Almenn verkefni	479	500	500	500	500
2. Höfuðborgarsvæðið	1.116	1.187	1.187	1.187	1.187
3. Stórverkefni	1.759	1.876	1.876	1.876	1.876
Afborgun Hvalfjarðarláns	-40	-40	-40	-40	-40
4. Viðbótarfé	500	500	500		
5. Þingvallahátíð	106				
Frestun framkvæmda	-585	585			
2. Tengivegir	436	466	477	491	496
3. Til brúargerðar					
1. Brýr 10 m og lengri	211	242	242	242	242
2. Smábrýr	23	24	24	24	24
4. Ferðamannaleiðir	82	86	86	86	86
5. Girðingar	44	48	55	57	57
6. Jarðgangaáætlun	100	200	1.450	1.450	1.450
7. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi	300	300	300	100	
8. Sérstök verkefni		200	500	1.250	1.150
6.21 Landsvegir	**78**	**115**	**125**	**136**	**146**
6.40 Tilraunir	**94**	**101**	**103**	**104**	**107**
6.43 Safnvegir	**223**	**272**	**282**	**282**	**282**

6.45 Styrkvegir	**32**	**54**	**54**	**57**	**57**
6.47 Reiðvegir	**32**	**39**	**39**	**42**	**42**
Stofnkostnaður samtals	**4.990**	**6.755**	**7.760**	**7.844**	**7.662**
GJÖLD ALLS	**9.624**	**11.746**	**12.846**	**13.025**	**12.932**

3. Við *II. Skipting útgjalda* bætist:

SUNDURLIÐUN

2.5. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnvegir.

1.1. Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
1	Hringvegur					
a6	Um Skaftá			23		
b3	Um Vík	21				
c3	Um Hellu		33			
d3	Austan Selfoss	23				
d5	Vestan Selfoss		22			31
d8	Um Þrengslavegamót	4				
30	Hrunamannavegur					
06-08	Flúðir – Biskupstungnabraut	21	17		45	16
35	Biskupstungnabraut					
04	Um Brúará					4
37	Laugarvatnsvegur					
03	Um Brúará				5	
359	Bræðratunguvegur					
01	Um Hvítá			49		
42	Krýsuvíkurvegur					
11-13	Sýslumörk – Þorlákshafnarvegur				21	21
1	Hringvegur					
e1	Lagfæringar	37		37		37
36	Þingvallavegur					
12	Veglýsing um Helgafellsmela				10	
43	Grindavíkurvegur					
01	Um Seltjörn og Gígháeð	31				
45	Garðskagavegur					
04	Í Sandgerði			10		
47	Hvalfjarðarvegur					
04	Lagfæringar		10			
417	Bláfjallavegur					
02	Bláfjöll – Krýsuvíkurvegur				21	13
426	Bláalónsvegur					
	Bláalónið – Grindavík		10			
427	Ísólfsskálavegur					
04	Grindavík - Ísólfsskáli		51	24	41	21
1	Hringvegur					
g6	Borgarnes	10		16	34	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
50	Borgarfjarðarbraut					
02-03	Vatnshamraleið	4	10			
54	Snæfellsnesvegur					
10	Bjarnarfoss – Egilsskarð	39	61			
10	Sæluhús – Valavatn			16	16	
518	Hálsasveitarvegur					
02	Reykholtsdalur – Norðurreykir					42
531	Borgarbraut					
01	Brákarsund	6			6	
574	Útnesvegur					
06	Lýsing við Hellissand og Rif			3		
60	Vestfjarðavegur					
01	Hringvegur – Banaflatir			9	16	
02-03	Breiðabólsstaður – Snæfellsnesvegur			28		29
07	Búðardalur – Klofningsvegur	10				
60	Vestfjarðavegur					
23	Reykhólasveit				10	
43	Dýrafjörður, breikkun		10			
44	Gemlufallsheiði, breikkun	38				
47	Jarðgöng	5				
61	Djúpvegur					
01	Við Brú í Hrútafirði, lýsing		6			
09	Kollafjörður		27	31		
10	Um Hvalvík, slysastaður		16			
10	Hvalsárhöfði				15	
24	Lágidalur					16
38	Súðavíkurhlíð	5				21
45	Hnífsdalur – Bolungarvík	15		40	9	21
62	Barðastrandarvegur					
03	Hlíð – Kleifaheiði					13
63	Bíldudalsvegur					
02	Miklidalur, breikkun		13			
67	Hólmavíkurvegur					
01	Djúpvegur – Hólmavík				21	
636	Hafnarvegur Ísafirði					
01	Djúpvegur – höfn	5			16	
1	Hringvegur					
k8	Um Gljúfurá		7			
74	Skagastrandarvegur					
02	Við Hafursstaðaá, Hallá og Hrafná	29			20	
76	Siglufjarðarvegur					
04	Um Grafará	9				
13	Gránugata, Siglufirði					21
744	Þverárfjallsvegur					
01	Skúfur – Þverá				41	22
01-02	Þverá – Skagavegur	30*	64	72		
04	Strandvegur, Sauðárkróki				10	12
	Þéttbýlisstaðir Norðurlandi vestra					
	Lagfæringar á þjóðvegum					17

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
1		Hringvegur					
	p4	Krossastaðir – Ólafsfjarðarvegur		67	15		
	p6	Akureyri	4				
		Akureyri og aðrir þéttbýlisstaðir				22	25
82		Ólafsfjarðarvegur					
	04	Dalvík	3				
		Jarðgöng					31
85		Norðausturvegur					
		Austursandsvegur – Svalbarðsá					15
87		Kísilvegur					
	04	Hvammavegur – Klambrasel	10		56		
837		Hlíðarfjallsvegur					
	01	Um Borgarbraut	19				
845		Aðaldalsvegur					
	01	Hringvegur – Lindahlíð	33	4		50	
1		Hringvegur					
	t5	Um Stóra-Sandfell	21				
	u0	Kleifarstekkur – Heydalir		25	36		
	v9	Holt – Hólmsá	19				
85		Norðausturvegur					
	34-35	Hölkná – Miðheiðarhryggur			18	61	23
	41-43	Teigur – Brunahvammsháls					18
92		Norðfjarðarvegur					
	10	Um Norðfjarðará		20	7		
93		Seyðisfjarðarvegur					
	01	Um Eyvindará	18	14			
96		Suðurfjarðavegur					
	07	Um Selá		3			
917		Hlíðarvegur					
	01	Hjá Fossvöllum					21
		Þéttbýlisstaðir Austurlandi					
		Lagfæringar á þjóðvegum	10	10	10	10	10
		Samtals	479	500	500	500	500

* Sjá skrá um frestun framkvæmda (á eftir lið 1.5).

1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
1	Hringvegur					
e3	Lagfæring á gjá	10				
e3	Gatnamót við Nesbraut			104	188	
f2	Nesbraut – Víkurvegur	96				
f2	Gatnamót við Víkurveg	220*	104			
f3	Gatnamót við Skarhólabraut				36	
f3	Í Mosfellsbæ	42		16		
40	Hafnarfjarðarvegur					
01	Breikkun í Fossvogi					21
02	Rampi og skuld við Kópavog		50			
02	Aðrein frá Digranesi					10
41	Reykjanesbraut					
03	Laugarnesvegur – Dalbraut					151
11	Gatnamót við Stekkjarbakka					331
11	Gatnamót við Breiðholtsbraut	211*	568	78		
12	Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur	116				
12	Fífuhvammsvegur – Arnarnesvegur				345	146
14	Í Hafnarfirði		209	359	90	
49	Nesbraut					
03	Grensásv. – Kringlumbraut breikkun	54				
03	Miklabraut					209
04	Færsla Hringbrautar		84	303	157	63
408	Heiðmerkurvegur					
01	Um Vífilsstaðahlíð	12				
411	Arnarnesvegur					
03	Hafnarfjarðarvegur – Bæjarbraut					16
05	Reykjanesbraut – Leirdalur					75
415	Álftanesvegur					
04	Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur.			164	233	
419	Höfðabakki					
02	Nesbraut – Hallsvegur (um Gullinbrú)	105				
431	Hafravatnsvegur					
01	Hringvegur – Úlfarsfellsvegur	54				
432	Hallsvegur					
01	Hringvegur – Höfðabakki	39*				
450	Sundabraut, undirbúningur	41	54	53		
470	Fjarðarbraut					
02	Um Ásbraut	11	8			
	Göngubrýr og undirgöng	53	56	56	55	55
	Umferðarstýring				10	16
	Smærri verk og óráðstafað	52*	54	54	73	94
	Samtals	1.116	1.187	1.187	1.187	1.187

* Sjá skrá um frestun framkvæmda (á eftir lið 1.5).

1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Þjórsá						
1	Hringvegur					
c8	Um Þjórsá		223	209	28	
Gilsfjörður						
60	Vestfjarðavegur					
21	Gilsfjörður	15	21	16	21	15
Búlandshöfði						
54	Snæfellsnesvegur					
12	Búlandshöfði	145				
Hvalfjarðartengingar						
1	Hringvegur					
	Hvalfjarðartengingar	75	63	63	63	63
Ísafjarðardjúp						
61	Djúpvegur					
25-26	Laufskálagil – Ísafjarðará	96	165			
29	Hörtná – Hagakot	10				
31	Gilseyri – Kleifaós		19	110		
32	Kleifaós – Hvítanes			71	76	
33	Hvítanes – Hestfjarðará					98
Tenging Norðurland – Austurland						
1	Hringvegur					
r4-r5	Austaribrekka – Jökulsá	83	148			
s1-s2	Biskupsháls – Vegaskarð			45	143	
s2	Um Vegaskarð				84	
s2-s4	Vegaskarð – Langidalur					105
s5	Langidalur – Ármótasel	127				
s6-s7	Ármótasel – Skjöldólfsstaðir		40	23	5	120
Hringvegur á Mývatnsheiði						
1	Hringvegur					
q9	Mývatnsheiði			100	125	
Hringvegur á Austurlandi						
1	Hringvegur					
s8-s9	Hofteigur – Hrólfsstaðir	10	61	144		
t5-t7	Skriðdalur				21	
t9-u0	Ásunnarstaðir – Kleifarstekkur		60	57		
u4	Um Skálaklif			37		
u4	Hvannabrekka – innan Lindarbrekku				79	
u4	Brú hjá Hvannabrekku					52
u5	Um Fossárvík	11				
u9	Melrakkanes – Blábjörg			35	9	
v1+v5	Þvottár- og Hvalnesskr. og Almsk.				50	65
v4	Jökulsá í Lóni			38		
x1	Smyrlabjargaá – Staðará		21	46		
Vatnaheiði, Kerlingarskarðsvegur						
56	Vatnaheiði	157*	149	10		
Snæfellsnesvegur um Kolgrafarfjörð						
54	Snæfellsnesvegur					
15	Kolgrafarfjörður				223	211

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Vestfjarðavegur, Brattabrekka – Svínadalur						
60	Vestfjarðavegur					
01	Dalafjall, Hringvegur – Banaflatir			190	21	31
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur – Flókalundur						
60	Vestfjarðavegur					
29-31	Bjarkarlundur – Flókalundur				146	167
Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður						
62	Barðastrandarvegur					
01	Vestfjarðavegur – Brjánslækur	20	27			
03	Kross – Múli	34				
04	Kleifaheiði		62	83	37	
Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði						
60	Vestfjarðavegur					
44	Gemlufallsheiði – Bjarnadalur				51	
Djúpvegur, Steingrímsfjarðarheiði og Fellabök						
61	Djúpvegur					
21	Fellabök	40				
22-23	Staðardalur – Steingrímsfjarðarh.	39	49			
Siglufjarðarvegur						
76	Siglufjarðarvegur					
06	Um Hofsá (brú)	10			21	
06-07	Hofsós – Stafá	74				
Grenivíkurvegur						
83	Grenivíkurvegur					
02	Fagribær – Grýtubakki	88				
Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn						
85	Norðausturvegur					
06-09	Tjörnes	16	165	162	265	44
12	Skinnastaður – Austursandsvegur		65			
	Austursandsvegur – Svalbarðsá					161
24	Um Svalbarðsá	108*		5		
Norðausturvegur, Hringvegur – Vopnafjörður						
85	Norðausturvegur					
43-44	Brunahvammsháls – Hringvegur	63	68			
Suðurfjarðavegur						
96	Suðurfjarðavegur					
01	Handarhald – Götuhjalli		10			
11	Kambaskriður	100*	73			
Lágheiði						
82	Ólafsfjarðarvegur					
09	Lágheiði	23				54
Bræðratunguvegur						
359	Bræðratunguvegur					
01	Um Hvítá				52	157
Biskupstungnabraut						
35	Biskupstungnabraut					
07	Bræðratunguv. – Laugarvatnsv.	23	46			
08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss			89	36	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Þjórsárdalsvegur						
32	Þjórsárdalsvegur					
02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	27	10		17	
Þingvallavegur						
36	Þingvallavegur					
02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	18				
Hálsasveitarvegur að Húsafelli						
518	Hálsasveitarvegur					
02-03	Reykholtsdalur – Húsafell			44		
Djúpá, Hörgsá						
1	Hringvegur					
a2	Um Djúpá og Laxá	85*				
a4	Um Hörgsá	5				
Eyvindará						
93	Seyðisfjarðarvegur					
01	Eyvindarárbrú	74	31			
Hólmsá á Mýrum						
1	Hringvegur					
x0	Hólmsá á Mýrum		83			
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík						
41	Reykjanesbraut					
15-18	Breikkun	22	67	134	209	142
Hringvegur um Stafholtstungur						
1	Hringvegur					
h0	Borgarfjarðarbraut – Grafarkot					68
Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði						
1	Hringvegur					
n0-n1	Norðurárdalur				21	209
Breikkun brúa á Suðurlandi						
1	Hringvegur					
b2	Kerlingardalsá	14	48			
b5	Klifandi					104
b6	Skógá	35	10			
b6	Kaldaklifsá	31				
c0	Þverá		10			
Breikkun brúa á Vesturlandi						
1	Hringvegur					
h4	Norðurá í Heiðarsporði			65		
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra						
1	Hringvegur					
k1	Síká				63	
k6	Víðidalsá	71				
k8	Gljúfurá		72			
k8	Vatnsdalsá			90		
Samgöngurannsóknir		10	10	10	10	10
	Samtals	1.759	1.876	1.876	1.876	1.876

* Sjá skrá um frestun framkvæmda (á eftir lið 1.5).

1.4. Viðbótarfé.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
1		Hringvegur					
	a4	Um Hörgsá	-5				
	b2	Um Kerlingardalsá	46	-46			
	b6	Um Skógá	10	-10			
	c0	Þverá		80			
359		Bræðratunguvegur					
	01	Um Hvítá			30		
42		Krýsuvíkurvegur (Suðurstrandarvegur)	13	40	34		
518		Hálsasveitarvegur			54		
574		Útnesvegur					
	01-02	Snæfellsnesvegur – Hellnar	21				
60		Vestfjarðavegur					
	01-02	Brattabrekka	54	78	23		
	10	Gilsfjörður	7	3	5		
60		Vestfjarðavegur					
	21	Gilsfjörður	8	2	5		
	25-34	Bjarkarlundur – Flókalundur	45	50	129		
	44	Gemlufallsheiði			5		
61		Djúpvegur					
	09	Kollafjörður		22			
	22-23	Staðardalur – Steingrímsfjarðarheiði	2	8			
	23	Sunndalsá – Þorskafjarðarvegur		-15			
	26	Laugaból – Ísafjarðará		-27			
62		Barðastrandarvegur					
	01	Vestfjarðavegur – Brjánslækur		-26			
	04	Kleifaheiði	50*	90	-34		
744		Þverárfjallsvegur					
	01-02	Skagastrandarvegur – Skagavegur	35	35	35		
85		Norðausturvegur					
	06-09	Tjörnes	103	104	103		
1		Hringvegur					
	s7-s8	Skjöldólfsstaðir – Hofteigur	78				
	u4	Búðaá – Skálaá		20			
	u4	Skálaklif – Hvannabrekka		30	10		
	u5	Innan Lindarbrekku		7			
	u7	Valtýskambur – Sandbrekka		18	62		
	u9	Melrakkanes – Blábjörg		15	18		
	v2	Hvalnes – Víkurá			-29		
85		Norðausturvegur					
	34-35	Hölkná – Miðheiðarhryggur			50		
	40	Deildarlækur – Teigur	33	22			
		Samtals	500	500	500		

* Sjá skrá um frestun framkvæmda (á eftir lið 1.5).

1.5. Þingvallahátíð.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
	Vegir að hátíðarsvæði	106				
	Samtals	106				

*Frestun framkvæmda.

Eftirfarandi framkvæmdum ársins 2000 er frestað til 2001.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
1.1. Almenn verkefni						
744	Þverárfjallsvegur					
01-02	Þverá – Skagavegur	-20	20			
1.2. Höfuðborgarsvæðið						
1	Hringvegur					
f2	Gatnamót við Víkurveg	-200	200			
41	Reykjanesbraut					
11	Gatnamót við Breiðholtsbraut	-190	190			
432	Hallsvegur					
01	Hringvegur – Höfðabakki	-39	39			
	Smærri verk og óráðstafað	-36	36			
1.3. Stórverkefni						
1	Hringvegur					
a2	Um Djúpá og Laxá	-20	20			
56	Vatnaheiði	-20	20			
85	Norðausturvegur					
24	Um Svalbarðsá	-20	20			
96	Suðurfjarðavegur					
11	Kambaskriður	-20	20			
1.4. Viðbótarfé						
62	Barðastrandarvegur					
04	Kleifaheiði	-20	20			
	Samtals	-585	585			

2. Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur					
02	Hrafntóftir – Ásvegur		17	17		11
26	Landvegur					
02	Holtsmúli – Fellsmúli	21	23	36	35	22
204	Meðallandsvegur					
01	Ásgarður – Fossar	10			9	21
218	Dyrhólavegur					
01-02	Hringvegur – Dyrhólar				9	9
242	Raufarfellsvegur					
01	Hringvegur – Hringvegur					11
252	Landeyjavegur					
01	Gunnarshólmavegir – Hólmavegur					21
253	Gunnarshólmavegur					
01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	5				
254	Hólmavegur					
01	Landeyjavegur – flugvöllur	10	22			
255	Akureyjarvegur					
01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	5				
271	Árbæjarvegur					
01	Hringvegur – Bjallavegur				13	
275	Ásvegur					
01	Hringvegur – Ásmúli		5			
33	Gaulverjabæjarvegur					
01	Önundarholtsv. – Skipar		33	36		
305	Villingaholtsvegur					
01	Voli – Urriðafossvegur	28			21	
310	Votmúlavegur					
01	Eyrarbakkavegur – Gaulverjabæjarvegur			5	6	
324	Vorsabæjarvegur					
01	Um Vorsabæ			8		
329	Mástunguvegur					
01	Skyggnir – Laxárdalur			5		
340	Auðsholtsvegur					
01	Um Syðra-Langholt					16
354	Sólheimavegur					
01	Biskupstungnabraut – Sólheimar	23	21		47	31
374	Hvammsvegur					
01	Sogn – Hringvegur			17		
377	Reykjavegur Hveragerði					
01	Austurmörk – Garðyrkjuskóli	11				
42	Krýsuvíkurvegur					
02	Vatnsskarð – Ísólfsskálavegur		13			
48	Kjósarskarðsvegur					
01-11	Hvalfjarðarvegur – Þingvallavegur	29	23	36	38	
425	Nesvegur					
02	Reykjanesviti – Grindavík					39

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
461		Meðalfellsvegur					
	01	Um Meðalfellsvatn	4				
50		Borgarfjarðarbraut					
	02-03	Vatnshamraleið	16	60	42	52	
505		Melasveitarvegur			27		
508		Skorradalsvegur					
	01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut				11	
	02	Snjóastaðir			2		
513		Bæjarsveitarvegur				21	
518		Hálsasveitarvegur					
	01	Lýsing við Reykholt			2		
	02	Reykholtsdalur – Norðurreykir					21
523		Hvítársíðuvegur			4		
530		Ferjubakkavegur			3		
574		Útnesvegur					
	01	Um Öxl	59	21			
	01	Um Kamb					14
	01	Um Klifhraun					42
5240		Bifrastarvegur					
	01	Lýsing við Bifröst			2		
5714		Lýsuhólsvegur					8
607		Reykhólasveitarvegur					
	01	Seljanes – Barmar	37	31			
612		Örlygshafnarvegur					
	01	Barðastrandarvegur – Örlygshöfn			21		
619		Ketildalavegur					
	03	Bíldudalur – Feitsdalur	10				
624		Ingjaldssandsvegur					
	01	Vestfjarðavegur – Núpur		19			
629		Syðradalsvegur					
	01	Djúpvegur – Geirastaðir			8		
645		Drangsnesvegur					
	01	Reykjarnes – Drangsnes			22	50	51
711		Vatnsnesvegur					
	02	Skarð – Bergsstaðir			13		
	04	Tjarnará – Þórsá				24	
714		Fitjavegur					
	02	Finnmörk – Miðfjarðarvegur				17	
722		Vatnsdalsvegur					
	01	Gilsstaðir – Undirfell		32			
	04	Hvammur – Hringvegur			33		49
731		Svínvetningabraut					
	01	Hringvegur – hesthúsabyggð, lýsing	4				
733		Blöndudalsvegur					
	01	Um Blöndudalshóla		2			
745		Skagavegur					
	01-03	Skagaströnd – Hafnaá				5	5
751		Efribyggðarvegur					
	01	Skagafjarðarvegur – Vatnsá	20				

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
752		Skagafjarðarvegur					
	03	Hverhólar – Jökulsá		18			
753		Vindheimavegur					
	01	Hringvegur – Skagafjarðarvegur			11		
754		Héraðsdalsvegur					
	01	Um Stapa		4			
764		Hegranesvegur					
	01	Hróarsdalur – Keldudalur	7				
	02	Um Hegrabjarg	4				
793		Skarðsvegur					
	01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	18				
7681		Víðimýrarvegur				5	
7691		Löngumýrarvegur				5	
		Óráðstafað á Norðurlandi vestra				3	5
87		Kísilvegur					
	04	Grímsstaðaheiði – Hvammavegur		30			
805		Svarfaðardalsvegur					
	01	Húsabakkaskóli – Tunguvegur			72		
807		Skíðadalsvegur					
	01	Ólafsfjarðarvegur – Brautarhóll					31
	01	Um Skíðadals- og Svarfaðardalsá		25			
813		Möðruvallavegur					
	01	Möðruvellir – Hörgárdalsvegur				10	
815		Hörgárdalsvegur					
	01	Brakandi – Ólafsfjarðarvegur				10	
828		Veigastaðavegur					
	01	Halland – Veigastaðir					4
829		Eyjafjarðarbraut eystri					
	02	Litlihamar – Rútsstaðir				40	13
833		Illugastaðavegur					
	01	Hringvegur – Nes	11	5			
835		Fnjóskadalsvegur eystri		5			4
837		Hlíðarfjallsvegur					
	01	Um Borgarbraut	41				
842		Bárðardalsvegur vestri					
	01	Við Hvarf og Hlíðskóga		4			9
848		Mývatnsvegur					
	01	Neslandavík – Kísilvegur	13				
849		Baldursheimsvegur					
	01	Gautlönd – Baldursheimur				4	
8984		Hvammsvegur					3
94		Borgarfjarðarvegur					
	07	Á Vatnsskarði	35			12	
	08	Njarðvíkurskriður					31
97		Breiðdalsvíkurvegur					
	01	Hringvegur – Breiðdalsvík		14			
925		Hróarstunguvegur					
	02	Hallfreðarstaðir – Þórisvatn			18		
	03	Hjá Litla-Steinsvaði	15	5			

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
931	Upphéraðsvegur					
01	Fellabær – Setberg		12	5	44	25
939	Axarvegur					
01-02	Skriðdalur – Berufjörður			22		
951	Vestdalseyrarvegur					
01	Stál – Farfuglaheimili		8			
02	Um Vestdalseyri		7			
954	Helgustaðavegur					
02	Um Stóru-Breiðuvík		7			
	Göngubrú á Jökulsá í Lóni			10		
	Samtals	436	466	477	491	496

3. Til brúargerðar.

1. Brýr, 10 m og lengri.

	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Hörgsá (1)	42				
Glerá (837)	21				
Grímsá (50)	64				
Langá á Mýrum (54)	37				
Hallá (74)	13				
Seljadalsá (1)	24				
Kaldá (54)		31			
Núpá (54)		23			
Svarfaðardalsá (806)		47			
Hofsá (807)		20			
Norðfjarðará (92)		71			
Brýr á Hringvegi í Suðursveit (1)		27	31		
Skeiðará og Súla (1), styrking		8			
Skaftá (1)			89		
Elliðavatnsós (408)			13		
Ósá í Bolungarvík (61)			35		
Skíðadalsá (807)			50		
Fjórðungakvísl (F26)				27	
Brúará (37)				63	
Staðará (54)				36	
Laxá hjá Laxamýri (85)				73	
Laxá hjá Fossvöllum (917)				23	
Brúará (35)					69
Laugaá (35)					21
Hítará (54)					62
Hrúteyjarkvísl (1)					42
Hrafnkela (F910)					31
Óráðstafað	10	15	24	20	17
Samtals	211	242	242	242	242

4. Ferðamannaleiðir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
218		Dyrhólavegur				12	11
249		Þórsmerkurvegur	10	11	10		
408		Heiðmerkurvegur	10	11	11	11	10
426		Bláalónsvegur	10	10	11	11	12
508		Skorradalsvegur					
	01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut		11	11	10	
574		Útnesvegur					
	02	Arnarstapi – Hellnar	10				
5710		Arnarstapavegur					11
612		Örlygshafnarvegur					
	02-04	Flugvallarvegur – Látrabjarg	5		4	4	
643		Strandavegur					
	03-08	Drangsnesvegur – Norðurfjörður	6	11	6	7	10
717		Borgarvegur	2	2			
746		Tindastólsvegur	6				
793		Skarðsvegur	2		2		
F752		Skagafjarðarleið	1	3			
F578		Arnarvatnsvegur		5	7		
		Óráðstafað á Norðurlandi vestra			2	10	11
F26		Sprengisandsleið					4
F821		Eyjafjarðarleið					2
832		Vaðlaheiðarvegur		2	2		3
F862		Hólmatungnavegur			5	6	
864		Hólsfjallavegur	8				
869		Langanesvegur		4	2		
F894		Öskjuvatnsvegur og F88 Öskjuleið		5		4	
8716		Engidalsvegur (Engidalur – Stöng)			2		2
		Göngubrú við Fosshól	2				
939		Axarvegur	10	11			
		Óráðstafað á Austurlandi			11	11	10
		Samtals	82	86	86	86	86

6. Jarðgangaáætlun.

	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Siglufj. – Ólafsfj. og Reyðarfj. – Fáskrúðsfj.	100	200	1.400	1.400	1.400
Rannsóknir og undirbúningur jarðg. á Vestfj. og Austfj.			50	50	50
Samtals	100	200	1.450	1.450	1.450

7. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi.

	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Fljótsdalur	300	200	100		
Reyðarfjörður		100	200	100	
Samtals	300	300	300	100	

8. Sérstök verkefni.

	2000 m.kr.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Suðurstrandarvegur					
Suðurland				100	100
Reykjanes				100	100
Reykjanesbraut í Hafnarfirði		200	100	100	
Gatnamót á höfuðborgarsvæðinu				200	200
Hringvegur, breikkun frá Víkurvegi				200	200
Sundabraut				50	50
Kolgrafafjörður			100	100	100
Stórverkefni á Vestfjörðum				100	100
Jaðarbyggðir og ferðamannaleiðir					
Uxahryggjavegur frá Þingvöllum			40	40	40
Vegur að Dettifossi			50	50	50
Suðurland			35	35	35
Vesturland			35	35	35
Vestfirðir			35	35	35
Norðurland vestra			35	35	35
Norðurland eystra			35	35	35
Austurland			35	35	35
Samtals		200	500	1.250	1.150

4. Við III. FLOKKUN VEGA.
   a. Eftirtaldir vegir falli brott af skrá yfir stofn- og tengivegi eftir kjördæmum:
      452 Faxagata: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að ferjubryggju.
      626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
      758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi austan Jökulsár vestri að Byrgisskarði.
   b. Lýsing eftirtaldra vega orðist svo:
      254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls um Hólma að flugstöð við Bakkaflugvöll.
      412 Vífilsstaðavegur: Frá hafnarsvæði í Arnarnesvogi yfir Hafnarfjarðarveg sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
      453 Sundagarðar: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að athafnasvæði Eimskipa.
      454 Holtavegur: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að Holtabakka.

513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk um Bæ að Laugarholti.
514 Hvítárbakkavegur: Af Bæjarsveitarvegi að Hvítárbakka III.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals um Hjarðarholt að vegamótum við Spágilsstaði.
5040 Fellsendavegur: Af Hringvegi nálægt Klafastöðum um Stóru-Fellsöxl á Akrafjallsveg hjá Litlu-Fellsöxl.
5630 Kolbeinsstaðavegur: Af Snæfellsnesvegi um Lindartungu á Heydalsveg.
5660 Miðhraunsvegur: Af Snæfellsnesvegi að Miðhrauni.
5714 Lýsuhólsvegur: Af Snæfellsnesvegi að Lýsuhóli.

1375. Nefndarálit [571. mál]

um till. til þál. um jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og Helga Hallgrímsson, Jón Rögnvaldsson og Hrein Haraldsson frá Vegagerðinni.

Alþingi samþykkti þingsályktun í mars 1999 þess efnis að fela samgönguráðherra að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Vegagerðin fékk málið til vinnslu og skilaði hún jarðgangaáætlun í janúar sl. Í framhaldi af því var lögð fram tillaga sú sem hér er til afgreiðslu.

Það er niðurstaða samgöngunefndar að jarðgangagerð sé áhrifarík leið til samgöngubóta þar sem þeim verður ekki komið við með öðrum hætti þannig að viðunandi teljist. Með jarðgöngum má rjúfa vetrareinangrun, stækka atvinnu- og þjónustusvæði og tengja saman byggðarlög með þeim hætti að skilyrði skapist fyrir eflingu byggðar og hagstæða íbúaþróun.

Fyrstu verkefnin samkvæmt tillögunni eru jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar annars vegar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar. Þessum verkefnum er ekki raðað. Nefndin er sammála þessu verkefnavali og að mati hennar er eðlilegt að samgönguráðherra taki ákvörðun um tilhögun útboðs verkefnanna þegar rannsóknir eru komnar á það góðan rekspöl að allir helstu þættir framkvæmdanna liggi fyrir. Í því felst meðal annars að ákveða hvort bæði verkefnin verði boðin út í einu eða annað þeirra fyrst. Er reiknað með að rannsóknin taki tvö ár en þó líklega skemmri tíma á Austurlandi. Á árunum 2002–2004 er gert ráð fyrir að árlega verði 1.400 millj. kr. lagðar í þessi verkefni.

Samhliða framkvæmdum við þessi tvö verkefni verða hafnar rannsóknir til undirbúnings jarðgöngum á Vestfjörðum og Austfjörðum. Sérstaklega eru nefnd þrjú verkefni sem rannsaka á.

Nefndin leggur áherslu á að fjár til að standa straum af kostnaði við jarðgangagerð samkvæmt tillögunni verði aflað sérstaklega, m.a. með sölu ríkiseigna.

Vegáætlun er nú til endurskoðunar og leggur nefndin til að jarðgangaáætlun verði felld inn í hana. Verður jarðgangaáætlun því hluti vegáætlunar og kemur þar með til endurskoðunar á tveggja ára fresti.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 10. maí 2000.

Árni Johnsen, form., frsm.	Kristján L. Möller.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Hjálmar Árnason.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Jón Bjarnason, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.	Jón Kristjánsson.

1376. Skýrsla [124. mál]

umhverfisráðherra um framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar (samkvæmt beiðni).

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Með beiðni (á þskj. 144) frá Þórunni Sveinbjarnardóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að umhverfisráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd alþjóðlegra samninga sem íslenska ríkið er aðili að á sviði náttúruverndar.

Þeir alþjóðlegu samningar sem Ísland er aðili að á sviði náttúruverndar eru Ramsar-samþykktin um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, Bernar-samningurinn um verndun villtra plantnar og dýra og lífsvæði þeirra í Evrópu og samningurinn um líffræðilega fjölbreytni. Hér verður gerð grein fyrir þessum samningum, framkvæmd þeirra og helstu atriðum sem færð hafa verið í lög hér á landi til þess að styrkja framkvæmdina. Ísland hefur auk þess nýverið gerst aðili að einum samningi á sviði náttúruverndar til viðbótar, þ.e. samningnum um alþjóðlega verslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu eða CITES-samningnum.

Ramsar-samþykktin.

Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Convention on Wetlands of International Importance, especially as Waterfowl Habitat) öðlaðist gildi alþjóðlega árið 1975. Ísland staðfesti samþykktina 2. desember 1977 og tók hún gildi hér á landi 2. apríl 1978, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda 1/1978. Bókun við samþykktina (Protocol) frá 1982 var undirrituð án fyrirvara um fullgildingu 11. júní 1986 og öðlaðist gildi 1. október 1986, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda 10/1986. Breyting við hana sem gerð var 28. maí 1987 var staðfest 18. júní 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda 19/1993, og öðlaðist hún gildi hér á landi 1. maí 1994.

Markmið samþykktarinnar er að stuðla að verndun votlendis, einkum fyrir votlendisfugla og samkvæmt samningnum er hvert aðildarríki samþykktarinnar skuldbundið til þess að tilnefna a.m.k. eitt friðað votlendissvæði á skrá hennar yfir votlendi, sem hafa alþjóðlega þýð-

ingu fyrir fuglalíf. Við gildistöku samþykktarinnar var Mývatns- og Laxársvæðið tilkynnt á skrána en það svæði er mikilvægasta og fjölskrúðugasta fuglasvæði landsins og býr yfir miklum fjölda votlendisfugla, einkum anda. Þjórsárverum var bætt á skrána árið 1990 eftir að verin höfðu verið friðlýst og síðar var Grunnafjörður í Borgarfirði tilkynntur á skrána árið 1996 skömmu eftir að hann var friðlýstur. Grunnafjörður er mikilvægt viðkomusvæði farfugla á leiðinni að og frá varpstöðvum á vorin og haustin og stuðlar þannig að alþjóðlegri vernd flökkustofna. Auk þess hefur verið til athugunar að bæta Breiðafjarðarsvæðinu á skrá samþykktarinnar en samkvæmt skilgreinungu samningsins á votlendi getur það náð yfir sjávarsvæði allt niður á sex metra dýpi miðað við stórstraumsfjörumörk. Í Breiðafirði eru því umfangsmikil svæði sem gætu fallið undir skilgreiningu samningsins. Niðurstaða þeirrar athugunar liggur ekki fyrir.

Frá upphafi hefur umsjón og framkvæmd samþyktarinnar hér á landi verið í höndum náttúruverndaryfirvalda, fyrst í stað Náttúruverndarráðs og menntamálaráðuneytisins en síðan umhverfisráðuneytisins eftir stofnun þess og nú fer Náttúruvernd ríkisins með umsjón og framkvæmd hennar eftir að stofnunin tók við stjórnsýsluhlutverki Náttúruverndarráðs árið 1996. Ramsar-samþykktin kveður m.a. á um að aðildarríki skuli styrkja vernd votlendis og votlendisfugla með stofnun friðlanda, hvort sem þau eru sett á skrá samningsins eða ekki og í gegnum tíðina hafa yfirvöld, fyrst Náttúruverndarráð og síðan Náttúruvernd ríkisins reynt að stuðla að vernd votlendis með friðlýsingum og mörg votlendissvæði hafa auk þess verið sett á Náttúruminjaskrá í von um að unnt yrði að friðlýsa þau síðar. Með nýjum náttúruverndarlögum hefur framkvæmd samningsins verið styrkt til muna þar sem nú njóta votlendissvæði yfir ákveðinni stærð sérstakrar friðunar, sbr. 37. gr. laganna, og er sveitarstjórnum óheimilt að veita framkvæmda- eða byggingaleyfi fyrir framkvæmdum sem raskað geta þessum svæðum án þess að leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda.

Hvað varðar framkvæmd á Ramsar-svæðum þá hefur um árabil verið landvarsla, umsjón og eftirlit með verndun og framkvæmdum á Mývatns- og Laxársvæðinu og þar er hafin gerð verndaráætlunar fyrir svæðið en ekki er hægt að segja til um hvenær hún verður fullgerð þar sem fjárveitingar til verksins munu ráða miklu um verklok. Vinna við gerð sérstakra verndaráætlana fyrir Þjórsárver eða Grunnafjörð hefur ekki hafist og þau svæði hafa ekki notið neinnar umsjónar eða eftirlits.

Á fimmta aðildarríkjaþingi árið 1993 var samþykkt ályktun um skynsamlega nýtingu votlendissvæða þar sem aðildarríkin eru hvött til þess að nýta leiðbeiningarreglur samþykktarinnar á kerfisbundnari og markvissari hátt til þess að stuðla að betri framkvæmd samþykktarinnar og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða. Í reglunum er bent á leiðir til þess að styrkja framkvæmdina, svo sem um uppbyggingu stofnana, upplýsingaöflun, vöktun, rannsóknir, þjálfun starfsfólks, menntun og kynningarstarf. Ályktunin felur ekki í sér bindandi ákvæði eða kvaðir um ákveðnar framkvæmdir eða aðgerðir aðildarríkja. Náttúruvernd ríkisins hefur ekki til þessa haft bolmagn til þess að vinna áætlun um skynsamlega nýtingu votlendissvæða hér á landi. Það er hins vegar ljóst að við undirbúning að fyrstu náttúruverndaráætlun sem umhverfisráðherra á að leggja fyrir Alþingi árið 2002 verður sérstaklega fjallað um votlendissvæði, skynsamlega nýtingu þeirra og verndun.

Á aðildarríkjaþingum samþykktarinnar, en þau eru að jafnaði haldin á þriggja ára fresti, eru lagðar fram og samþykktar fjöldi ákvarðana (Resolutions) og tilmæla (Recommendations) sem beint er til skrifstofu samningsins, framkvæmdastjórnar, vísindanefndar eða aðildarríkja. Samþykktir aðildarríkjaþinga eru ekki þjóðréttarlega bindandi fyrir ríkin en þær leggja samt sem áður ákveðnar skuldbindingar á herðar viðkomandi ríki um framkvæmd þeirra. Helstu samþykktir sem varða framkvæmd samþykktarinnar og mikilvægar eru fyrir

stefnumótum á þessu sviði á næstunni eru m.a. samþykkt um viðmiðunargildi við mat á mikilvægi votlendissvæða, starfsáætlun fyrir 1997–2002 og ályktun um mat á umhverfisáhrifum, sbr. eftirfarandi:

- *Viðmiðunargildi við mat á mikilvægi votlendissvæða* (Criteria for Identifying Wetlands of International Importance).

  Reglur til þess að meta mikilvægi votlendissvæða voru samþykktar á fjórða aðildarþingi samningsins árið 1990. Árið 1996 var vísindanefnd samningsins falið að fara yfir og endurskoða reglurnar frá fjórða aðildarríkjaþingi. Tillögur vísindanefndarinnar voru til umfjöllunar á sjöunda aðildarfundi samningsins á Kosta Ríka í maí 1999 og samþykktar. Samkvæmt þeim er votlendissvæði m.a. álitið mikilvægt á heimsvísu ef það uppfyllir eftirfarandi viðmið:

  a. fóstrar reglulega plöntu- og eða dýrategundir á viðkvæmu stigi lífsferils eða veitir athvarf frá erfiðum skilirðum, eða
  b. fóstrar reglulega 20.000 votlendisfugla, eða
  c. þar sem upplýsingar eru tiltækar, fóstrar reglulega 1% af einstaklingum stofns einnar tegundar eða deilitegundar.

- *Starfsáætlun 1997–2002,* (Strategic Plan 1997–2002).

  Árið 1996 var samþykkt starfsáætlun fyrir tímabilið 1997–2002 og mælst til þess að aðildarlönd taki mið af henni í sinni stefnumörkun. Á sjöunda aðildarríkjafundi var síðan samþykkt stefnumótandi rammaáætlun og viðmiðanir fyrir framtíðarþróun Ramsarlistans yfir votlendi með alþjóðlega þýðingu. Þar er m.a. sett fram það markmið að árið 2005 verði Ramsar-svæðin orðin 2000, en þau eru nýlega orðin 1000. Þar eru aðildarþjóðir einnig hvattar til þess að nota rammaáætlunina og til þess að þróa kerfisbundnar aðferðir til þess að ákvarða svæði fyrir Ramsar-skrána. Í rammaáætluninni eru sett fram fjölmörg markmið og gerð ítarleg grein fyrir þýðingu og notkun viðmiðunargilda við mat á mikilvægi votlendissvæða. Til dæmis er greint frá því í útskýringum á viðmiðunargildi a hér að framan að þar séu m.a. fellisvæði andafugla, þ.m.t. gæsir, talin vera mikilvæg.

- *Mat á umhverfisáhrifum,* (Impact Assessment: Strategic, environmental and social. Resolution VII.16).

  Aðildarríkjaþing samþykkti árið1996 tilmæli þar sem ríki eru hvött til þess að samþætta umhverfissjónarmið er tengjast votlendi og undirbúnings- og ákvörðunarferli á greinilegan og sýnilegan hátt (recommendation 6.2). Á síðasta fundi Ramsar var auk þess samþykkt ályktun VII.16 þar sem aðildarlönd eru m.a. hvött til þess að styrkja viðleitni sína til þess að allar framkvæmdir, áætlanir, verkefni og stefnur sem geta haft áhrif á vistfærðilega eiginleika votlenda á Ramsar-skráni, eða geta haft neikvæð áhrif á önnur votlendi landsins, verði háð ítarlegu mati á áhrifum (10. tölul.).

Að lokum má geta þess að Náttúruvernd ríkisins tekur þátt í norrænni úttekt á votlendissvæðum á Norðurlöndunum og er niðurstöðu úr verkefninu að vænta síðar á þessu ári.

BERNAR-samningurinn.

Bernar-samningurinn er svæðisbundinn samningur og takmarkaður við lönd Evrópu og þau grannsvæði sem hafa sameiginlega dýrastofna með þeim. Samningurinn gekk í gildi árið 1982 en á Íslandi öðlaðist hann gildi 1993.

Samningurinn hefur það markmið að friða og vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra sem eru taldar í hættu og búsvæði þeirra. Tegundir sem samningurinn nær yfir eru tilgreindar í þremur viðaukum við samninginn. Í viðauka 1 er skrá yfir plöntur sem eru frið-

aðar samkvæmt samningnum en í viðaukum 2 og 3 eru listar yfir dýr sem samningurinn tekur til. Auk þess er í viðauka 4 listi yfir aðferðir sem óheimilt er að beita við dráp og veiðar á villtum dýrum samkvæmt samningnum.

Umsjón og framkvæmd Bernar-samningsins er í höndum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Framkvæmd samningsins hér á landi byggist á lögum um náttúruvernd og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ákvæði samningsins eru að mati ráðuneytisins nægjanlega tryggð í þessum lögum, sérstaklega eftir gildistöku nýju náttúruverndarlaganna en þar eru m.a. skýr ákvæði um búsvæðavernd, sbr. d-lið 50. gr. laganna sem fjallar um friðlýsingu tegunda, búsvæða og vistkerfa. Sambærileg ákvæði var ekki að finna í eldri náttúruverndarlögum og veitti því takmarkaðra svigrúm til þess að framfylgja þessum þætti samningsins. Jafnframt eru ákvæði í náttúruverndarlögunum sem gefa möguleika á að tryggja betur verndun íslenskrar náttúru gegn ósækilegum áhrifum af völdum útlendra tegunda, en skv. 41. grein laganna er heimilt að takmarka innflutning, ræktun og dreifingu útlendra lífvera hér á landi. Nú er verið að leggja lokahönd á vinnu við setningu reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plantna í þeim tilgangi að treysta verndun íslenskra gróðurlenda. Þá má nefna ákvæði um tínslu og nýtingu íslenskra jurta en lögin heimila takmörkun á nýtingu jurta í atvinnuskyni stafi hætta af slíkri nýtingu. Framkvæmd annarra ákvæða samningsins er einnig vel tryggð í umræddum lögum og viðkomandi reglugerð.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni öðlaðist gildi 29. desember 1993 en Ísland fullgilti samninginn 12. september 1994 og tók hann gildi hér á landi 11. desember 1994. Samningurinn var birtur í C-deild Stjórnartíðinda eins og venja er um alþjóðlega samninga. Kynning á samningnum hefur að öðru leyti farið fram á fundum og ráðstefnum þar sem fjallað hefur verið um málefni sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni og náttúruvernd og málefnum sem tengjast varðveislu og nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni. Þá hefur samráðsnefnd ráðuneyta um samninginn fjallað ítarlega um hann og umræða um efni hans og framkvæmd átt sér stað innan viðkomandi ráðuneyta.

Markmið samningsins eru vernd líffræðilegrar fjölbreyti, sjálfbær nýting efnisþátta hennar og sanngjörn og réttlát skipting þess hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda, þ.m.t. hæfilegur aðgangur að erfðaauðlindum og miðlun viðeigandi tækni að teknu tilliti til réttar yfir þessum auðlindum og til tækni, og hæfilegt fjármagn.

Við gildistöku samningsins um líffræðilega fjölbreytni hér á landi var samningurinn vistaður hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og var stofnuninni um leið falið að sjá um undirbúning og þátttöku í aðildarríkjaþingum samningsins, fundum vísindanefndar og framkvæmdina hér innan lands. Síðar kom í ljós, vegna eðlis samningsins og þess hversu víðtækt gildissvið hans er, að til þess að ná yfir öll áherslusvið hans í framkvæmd og í umfjöllun á aðildarríkjaþingum væri nauðsynlegt að fleiri ráðuneyti en umhverfisráðuneytið og stofnanir þess kæmu að honum. Því var tekin ákvörðun um það í byrjun árs 1998 að færa umsjón með samningnum frá Náttúrufræðistofnun til umhverfisráðuneytisins og var á sama tíma ákveðið að setja á laggirnar samráðsnefnd um samninginn með aðild utanríkisráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis auk umhverfisráðuneytis og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Samráðsnefnd um samninginn var skipuð í febrúar 1998 og hefur hún fjórþætt hlutverk en henni var falið:

- að gera tillögur til ráðuneytisins um þátttöku í þróun samningsins og áherslur íslenskra stjórnvalda í því sambandi,

- að fylgjast með umræðum og tillögugerð innan samningsins og gera tillögur um afstöðu íslenskra stjórnvalda til þeirra,
- að gera tillögur um nauðsynlega þátttöku í alþjóðlegu starfi sem tengist samningnum og
- að fara yfir ákvarðanir sem eru teknar innan samningsins og gera tillögur um framfylgd þeirra hér á landi.

Helstu almennu skuldbindingar um framkvæmd samningsins er að finna í 6.–14. greinum samningsins, en auk þess eru ýmis sértæk ákvæði í öðrum greinum. Ráðuneytið hefur verið að undirbúa gerð framkvæmdaáætlunar fyrir samninginn og mun á næstunni í samvinnu við samráðsnefndina hefja nánari útfærslu hennar.

Í umhverfisráðuneytinu hefur undanfarið verið farið ítarlega yfir samninginn til þess að skoða hvaða ákvæði kalla á sérstakar aðgerðir af hálfu stjórnvalda og til að leggja grunn að vinnslu framkvæmdaáætlunar fyrir samninginn þar sem sett verða markmið og gerðar tillögur um framkvæmd samningsins. Jafnframt því þarf að setja upp áætlun um vöktun og mat á árangri aðgerða til þess að hægt verði að endurmeta markmið og leiðir og framkvæmd samningsins í heild með tilliti til ákvæða samningsins.

Áætlunin þarf að byggja á vitneskju um stöðu líffræðilegrar fjölbreytni og þau ferli og ákvarðanir um aðgerðir sem kunna að hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni hér á landi. Augljóst er að næstu árin verður að leggja aukna áherslu á öflun upplýsinga og gagna um ástand náttúru landsins, líffræðilega fjölbreytni, ógnir sem að henni steðja, verndun hennar og nýtingu þar sem núverandi vitneskja er ekki fullnægjandi.

Við samningu frumvarpa til laga undanfarin misseri hefur ráðuneytið tekið mið af ákvæðum samningsins um líffræðilega fjölbreytni og unnið markvisst að því að styrkja grundvöll fyrir framkvæmd samningsins hér á landi og má þar m.a. nefna ný náttúruverndarlög sem tóku gildi 1. júlí sl. en þar er að finna ákvæði um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera, sbr. 41. gr. laganna, sem miðar að því að vernda líffræðilega fjölbreytni gegn óæskilegum áhrifum af framandi tegundum plantna og dýra í samræmi við h-lið 8. gr. samningsins. Einnig má nefna frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum sem er til umfjöllunar á Alþingi. Á næstunni verður sett reglugerð um innflutning og ræktun útlendra plöntutegunda og skipuð nefnd sérfræðinga til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þessi mál í samræmi við ákvæði 41. gr. náttúruverndarlaganna. Þá má nefna 37. gr. laganna sem fjallar um landslagsgerðir, svo sem tjarnir, stöðuvötn, mýrar, flóa sjávarfitjar og leirur, sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögunum og eru m.a. í samræmi við d-lið 8. gr. samningsins sem fjallar um vernd vistkerfa, náttúrulegra búsvæða og viðhald lífvænlegra tegundastofna í náttúrulegu umhverfi. Breyting hefur einnig verið gerð á friðlýsingarákvæðum náttúruverndarlaganna í þeim tilgangi að styrkja verndun og friðun lífvera, búsvæða og vistkerfa í 50. gr. laganna. Auk þess er mikilvægt að nefna ákvæði 65. gr. um gerð náttúruverndaráætlunar sem lögð skal fyrir Alþingi á fimm ára fresti og fyrst árið 2002, en slík áætlun er í fullu samræmi við b-lið 6. gr. samningsins þar sem kveðið er á um áætlanir og stefnumál hinna ýmsu geira þjóðfélagsins og samlögun þeirra að vernd og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga áform um samræmingu slíkra áætlana í tengslum við vinnu að rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem hófst á síðasta ári á vegum iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Auk framantalinna atriða í náttúruverndarlögunum er vert að minnast á ákvæði um nýtingu jurta í atvinnuskyni og heimildir til þess að setja ákvæði um hana, m.a. um upplýsingagjöf um tegundir og magn sem nýtt er.

Jafnframt hafa verið sett ákvæði í 34. gr. laga um nýtingu auðlinda í jörðu, nr. 57/1998, sem heyra undir iðnaðarráðuneytið, til þess að fullnægja til bráðabirgða ákvæðum samningsins, sbr. 15.–19. gr. hans, sem fjalla um aðgang að erfðaauðlindum, aðgang að og miðlun

tækni, upplýsingaskipti og meðferð líftækni og dreifingu hagnaðar af henni. Á vegum umhverfisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis er hafin vinna við endurskoðun þessa bráðabirgðaákvæðis, væntanlega með sjálfstæðri löggjöf um erfðaauðlindir, aðgang að þeim og skiptingu hagnaðar af nýtingu þeirra. Þar að auki taka lögin um erfðabreyttar lífverur og reglugerð um sama efni á ákveðnum þáttum samnings strax og að hluta til þeim atriðum sem nýsamþykkt bókun við samningin um lífvernd (Protocol on Biosafety) fjallar um. Bókunin var samþykkt á fundi samningsaðila í janúar sl. og verður lögð fram til undirritunar fyrir aðildarríki á fimmta aðildarríkjaþingi samningsins sem haldið er 15.–26. maí.

Fyrir utan nauðsynlega lagasetningu til þess að styrkja ákvæði samningsins í íslenskri löggjöf og framkvæmd hans hér á landi hafa stofnanir ráðuneytisins, sérstaklega Náttúrufræðistofnun Íslands, haft ákvæði samningsins að leiðarljósi við mótun stefnu og gerð starfsáætlana á undanförnum árum. Skuldbindingar sem í samningnum felast koma að mörgu leyti fram í verkefnavali stofnunarinnar og mótun verkefna. Sum þessara verkefna eru fjölþjóðleg og svæðisbundin en önnur eru lögboðin og reglubundin verkefni stofnana sem aðlöguð hafa verið breyttum áherslum og ákvæðum samningsins. Hér má nefna verkefni eins og CPAN-verkefnið sem er eitt af verkefnum innan CAFF Norðurskautssamstarfsins og miðar að því að meta kerfisbundið fyrirliggjandi upplýsingar um lífríki friðaðra svæða og meta þörf á friðun nýrra svæða til þess að tryggja næga vernd allra þátta flóru og fánu viðkomandi landa.

Áætlun um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og fjölbreytni landslags í Evrópu, Pan European Biological and Landscape Diversity Strategy.

Að síðustu þykir rétt að gera nokkra grein fyrir stöðu 20 ára framkvæmdaáætlunar um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og fjölbreytni landslags í Evrópu sem farið er fram á í beiðni um þessa skýrslu. Fulltrúi frá íslenskum stjórnvöldum sat fund umhverfisráðherra Evrópu í Soffíu þegar áætlunin var samþykkt árið 1995. Áætlunin er ekki bindandi og hefur ekki komið til framkvæmda hér á landi nema þættir hennar sem falla undir stjórnarnefnd Bernarsamningsins og taka til tegunda plantna og dýra sem taldar eru í hættu. Þar sem takmörkuðu fé er varið til málaflokksins hafa önnur verkefni á sviði náttúruverndar, sérstaklega lögbundin verkefni, haft forgang og því ekki orðið úr þátttöku í þessu verkefni.

1377. Skýrsla [645. mál]

dómsmálaráðherra um stöðu umferðaröryggismála í ársbyrjun 2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. Inngangur.

Skýrsla um stöðu umferðaröryggismála í ársbyrjun 2000 og hver verkefni og megináherslur verða í umferðaröryggisstarfinu á árinu 2000 er lögð fyrir Alþingi í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 28. febrúar 1996 um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun. Ályktunin hljóðar svo:

Alþingi ályktar að á næstu sex árum, eða fyrir lok ársins 2000, skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 20% miðað við meðaltal áranna 1982–1992. Þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, vátryggingafélaga og áhugahópa um umferðaröryggismál í samvinnu við ökumenn og samtök þeirra. Opinberir aðilar og fyrirtæki sem

starfa að umferðaröryggismálum og sveitarfélög með fleiri íbúa en 1.000 skili til dómsmálaráðuneytisins framkvæmdaáætlun eða tillögum er leiði til aukins umferðaröryggis. Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.

Til að sjá um framkvæmd umferðaröryggisáætlunarinnar og gera nýjar tillögur um verkefni og áherslur í umferðaröryggismálum skipaði dómsmálaráðherra í ágúst 1996 sérstakan vinnuhóp. Í vinnuhópnum, sem nefndur hefur verið umferðaröryggisnefndin, eiga sæti: Þórhallur Ólafsson formaður Umferðarráðs, formaður, Georg Kr. Lárusson forstjóri Útlendingaeftirlitsins og Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vegagerðarinnar. Með hópnum hafa starfað Jón Bjartmarz yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóranum og starfsmenn Umferðarráðs, þeir Óli H. Þórðarson framkvæmdastjóri, Sigurður Helgason upplýsingafulltrúi og Örn Þorvarðarson deildarsérfræðingur. Skipunartími nefndarinnar er til ársloka 2000.

Skýrsla sú sem hér liggur fyrir byggir á skýrslu umferðaröryggisnefndarinnar til dómsmálaráðherra um stöðu umferðaröryggismála í janúar 2000. Í skýrslunni er einkum fjallað um stöðu umferðaröryggismála eins og hún var í upphafi ársins, hvert stefnir og hvernig gengur að ná settum markmiðum. Þá er því lýst hvernig umferðaröryggisstarfinu var háttað á árinu 1999 og hver nefndin telji vera mikilvægustu verkefni ársins 2000.

Alþingi ályktaði að alvarlegum slysum og banaslysum í umferðinni skuli fækka fyrir árslok 2000 þannig að þau verði færri en 200 á ári í lok tímabilsins. Þrátt fyrir þetta markmið er það aðeins áfangi að þeirri framtíðarsýn að enginn láti lífið í umferðinni eða slasist alvarlega. Til að það takmark náist þarf nýja sýn og nýjar baráttuaðferðir og aðilar sem að umferðaröryggismálum koma þurfa að samræma betur störf sín og vinna markvisst að sameiginlegum verkefnum og markmiðum.

Nefndin leggur til að ný umferðaröryggisáætlun fyrir næstu fjögur ár (2001–2005) verði samin fyrir lok ársins 2000. Einnig verði gerð áætlun til lengri tíma, t.d. 12 ára, í samræmi við vegáætlun. Hún feli í sér bæði markmiðssetningu og framkvæmdaáætlun. Verkefnum verði forgangsraðað á grundvelli mats á arðsemi og árangri.

Eins og áður leggur nefndin megináherslu á fá en afmörkuð verkefni en þau eru valin með tilliti til reynslu síðastliðins árs þar sem slysatölur voru skoðaðar og orsakir slysanna greindar. Þær aðgerðir eru valdar sem líklegastar eru til að skila þeim árangri sem stefnt er að.

Nefndin leggur til að á árinu 2000 verði meginviðfangsefnin:

- **bílbelti og öryggisbúnaður,**
- **ólöglegur hraðakstur,**
- **ölvunarakstur,**
- **ungir ökumenn.**

Margir aðilar koma beint eða óbeint að umferðaröryggisstarfinu. Afar mikilvægt er að störf allra séu samræmd á markvissan hátt og að aðilar sameini krafta sína og stefni að sama marki. Náist víðtæk samstaða í þjóðfélaginu um framangreindar áherslur má búast við að árangur náist og að umferðarslysum fækki. Þrátt fyrir þessar megináherslur þarf að sjálfsögðu að vinna að öðrum þáttum í umferðaröryggisstarfinu af sama krafti og áður.

Mikilvægt er að umferðaröryggismál fái aukið pólitískt vægi í samfélaginu. Ljóst er að ekki næst árangur í umferðaröryggismálum ef ekki er fyrir hendi pólitískur metnaður bæði í sveitarstjórnum og á Alþingi.

2. Staða og markmið.

Á árinu 1999 lést 21 í umferðarslysum hér á landi. Það er tveimur fleiri en að meðaltali árin 1991–1998.



Mynd 1. Látnir og mikið slasaðir í þéttbýli og dreifbýli árið 1998. (Heimild: Umferðarráð; samkvæmt upplýsingum lögreglu.)



Mynd 2. Látnir og mikið slasaðir í þéttbýli og dreifbýli árið 1999. (Heimild: Umferðarráð; samkvæmt upplýsingum lögreglu.)

Eitt af þeim verkefnum sem umferðaröryggisnefndin hefur lagt áherslu á er að bæta skráningu á umferðarslysum og tryggja örugg skil á skýrslum til úrvinnslu. Frá og með árinu 1998 hafa allar skýrslur frá lögregluumdæmunum borist ríkislögreglustjóranum á tölvutæku formi, sem síðan hefur sent þær til Umferðarráðs til nánari skoðunar. Við samanburð á þeim skýrslum sem Umferðarráð fékk frá ríkislögreglustjóra og afritum af skýrslum sem bárust frá lögreglustjóraumdæmunum kom í ljós að mikið vantar á að öll afritin hafi borist Umferðarráði. Á árinu 1998 virðist sem 33 skýrslur um mikið slasaða hafi ekki borist Umferðarráði og á árinu 1999 46 skýrslur. Það má því leiða að því líkur að á árunum fyrir 1998 hafi fjöldi mikið slasaðra í umferðinni verið vanskráður um 15–25 %. Ógjörlegt er að segja til um hve mikið hefur verið vanskráð á árunum 1991 til 1997 og er því samanburður við árin 1991 til 1995 ekki gerlegur.

Þrátt fyrir þessa vanskráningu mun umferðaröryggisnefndin halda fast við það markmið að stefnt verði að því að alvarlega slasaðir og látnir verði færri en 200 á ári fyrir árslok 2000. Nefndin mun eingöngu taka mið af árunum 1998 og 1999 þar sem tölur um alvarlega slasaða og látna fyrir þann tíma eru ekki réttar og því ekki samanburðarhæfar. Á árinu 1998 slösuðust eða létust 264 í umferðarslysum og á árinu 1999 voru þeir 233. Með sömu fækkun á milli ára ætti markmiðið að nást.

Á undanförnum árum hefur einkabílum fjölgað mikið og akstur aukist. Þrátt fyrir það hefur alvarlega slösuðum fækkað. Það sem einkennir banaslys á árunum 1998 og 1999 er hversu mörg þeirra verða á þjóðvegum. Ökuhraði þar er mikill og er ljóst að vegirnir eru ekki gerðir fyrir þetta mikinn hraða, enda eru slys af völdum útafaksturs algengust. Það vekur sérstaka athygli eins og undanfarin ár hversu margir af þeim sem létust í umferðarslysum á síðasta ári voru án bílbeltis. Einnig átti ölvunarakstur þátt í mörgum slysum.



Mynd 3. Látnir í umferðarslysum í þéttbýli og dreifbýli 1998. (Heimild: Umferðarráð; samkvæmt upplýsingum lögreglu.)



Mynd 4. Látnir í umferðarslysum í þéttbýli og dreifbýli 1999. (Heimild: Umferðarráð; samkvæmt upplýsingum lögreglu.)



Mynd 5. Umferðarslys 1987–1999. Látnir í bifreiðum – notkun öryggisbúnaðar. (Heimild: Umferðarráð; samkvæmt upplýsingum lögreglu.)

Kostnaður vegna umferðarslysa hefur verið reiknaður út af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Umferðarslys kosta þjóðfélagið um 12–15 milljarða kr. á ári. Evrópusambandið metur tjón vegna hvers banaslyss í umferðinni á um 100 millj. kr. Sé miðað við það hafa banaslys á árinu 1999 kostað þjóðfélagið 2,1 milljarða kr. og 2,7 milljarða á árinu 1998.

Á undanförnum árum hafa Norðurlöndin lagt sérstaka áherslu á umferðaröryggismál. Þau hafa sett sér metnaðarfull markmið en hafa átt erfitt með að ná þeim. Til dæmis settu Svíar sér það markmið árið 1997 að fækka banaslysum úr um 600 niður í 400 á ári í lok ársins 2000. Á árinu 1999 voru banaslys í umferðinni í Svíþjóð um 540, þannig að ljóst er að það

markmið næst ekki. Svíar telja að ekki verði náð lengra með hefðbundnum aðferðum. Þess vegna hafa þeir á síðastliðnum þremur árum verið að þróa svokallaða núllsýn (null-vision). Hún hefur það að markmiði að engir slasist alvarlega eða látist í umferðinni í framtíðinni samkvæmt eftirfarandi hugmyndafræði: Vegfarendur noti öll þau öryggistæki sem samkvæmt lögum ber að nota. Vegfarendur hlíti þeim takmörkunum sem veghaldari setur, t.d. um hámarkshraða. Bifreiðaframleiðendur setji í bíla tæki sem hindra ólöglegt atferli svo sem akstur undir áhrifum áfengis og akstur án bílbeltis. Veghaldarar beri ábyrgð á að vegakerfið sé þannig úr garði gert að ökumaður sem gerir mistök, t.d. lendir í árekstri eða ekur út af, en hefur að öðru leyti farið eftir reglum slasist ekki alvarlega. Þingsályktun um núllsýnina var samþykkt í sænska þinginu 1997. Sams konar ályktun er nú til meðferðar í norska þinginu. Umferðaröryggisnefndin mun á árinu afla frekari upplýsinga um núllsýnina og reynslu Svía af henni og leggja tillögu fyrir dómsmálaráðherra í lok þessa árs. Til að dragast ekki aftur úr nágrannaþjóðunum þurfum við að fylgjast vel með hvað þar er að gerast í þessum málum. Staða okkar í umferðaröryggismálum er hluti af menningu okkar og lífsgæðum.



Mynd 6. Fjöldi látinna á hverjar 100 þúsund bifreiðir árin 1986–1999. (Heimild: Umferðarráð; samkvæmt upplýsingum lögreglu.)



Mynd 7. Látnir í umferðarslysum á Norðurlöndum á hverja 100 þúsund íbúa árin 1986–1999. (Heimild: Umferðarráð; samkvæmt. upplýsingum lögreglu.)

3. Aðgerðir og verkefni ársins 1999.

3.1. Meginviðfangsefni.

3.1.1. Bílbelti og notkun öryggisbúnaðar.

Fylgst hefur verið reglulega með notkun bílbelta og annars öryggisbúnaðar í bifreiðum. Í umferðarkönnun sem lögregla um land allt gerði fyrir Umferðarráð kom í ljós að um 95% ökumanna og farþega í framsæti nota bílbelti. Notkun bílbelta í aftursæti hefur aukist samkvæmt áðurnefndri könnun og er nú um 90%. Þá er notkun öryggisbúnaðar fyrir börn um 95% samkvæmt niðurstöðum í könnun lögreglu. Þegar aðrir aðilar, t.d. slysavarnafólk hafa gert slíkar kannanir er niðurstaðan talsvert önnur. Þannig má ætla að eftirlit og afskipti lögreglu skipti þarna nokkru máli og að notkunin sé í reynd talsvert minni. Talsvert færri voru sektaðir á árinu 1999 en árið á undan vegna þess að belti og annar öryggisbúnaður var ekki notaður. Má ætla að það stafi af almennari notkun öryggisbúnaðar en áður.

Árið 1998 reyndust 15 ökumenn eða farþegar af 23 sem létust í bílum ekki nota bílbelti. Af 14 ökumönnum eða farþegum í bílum á árinu 1999 voru 7 ekki með belti spennt. Leiða má að því sterkar líkur og er þá vitnað í skýrslu rannsóknarnefndar umferðarslysa að flestir þeirra sem ekki notuðu bílbelti og létust í umferðarslysum á árunum 1998 og 1999 hefðu lifað hefðu þeir notað bílbelti. Auka þarf notkun öryggisbelta og annars öryggisbúnaðar í bifreiðum enn frekar.

3.1.2. Umferðareftirlit á þjóðvegum.

Árið 1993 var rekstri sérstakra lögreglubifreiða sem eingöngu sinntu þjóðvegaeftirliti hætt. Slíku eftirliti hafði verið haldið uppi af embætti lögreglustjórans í Reykjavík áratugum saman. Yfir sumartímann voru sex lögreglubifreiðir í verkinu, en var fækkað í fjórar yfir vetrarmánuðina.

Lögreglustjóraembætti á Norður- og Suðurlandi hafa haft samstarf um umferðareftirlit á þjóðvegum og á hálendinu á undanförnum árum og var svo sumarið 1999. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir hjá vegfarendum, sem lögregla hafði margvísleg afskipti af.

Með stofnum umferðardeildar hjá embætti ríkislögreglustjóra árið 1998 hófst viðleitni til að auka á ný umferðareftirlit á þjóðvegum. Ríkislögreglustjórinn tók þátt í að skipuleggja samvinnu lögregluembættanna, sérstaklega um verslunarmannahelgina þegar lögreglubifreiðum var fjölgað til muna á þjóðvegunum. Reynslan af þeirri samvinnu sýnir að hún er líkleg til árangurs.

Með tilkomu umferðardeildar ríkislögreglustjóra fjölgaði kærum á landsvísu sem sýnir fram á fulla þörf á auknu eftirliti.

Í ljósi mjög alvarlegra umferðarslysa á þjóðvegum landsins er nauðsylegt að auka enn frekar umferðareftirlit utan þéttbýlis.

3.1.3. Of hraður akstur.

Vakning hefur átt sér stað í nokkrum sveitarfélögum um að minnka hámarkshraða í íbúðarhverfum í 30 km á klukkustund. Mörg hverfi í Reykjavík eru með þessum lágu hraðamörkum og sama er víða annars staðar.

Vegagerðin hefur á undanförnum árum fylgst með ökuhraða á nokkrum vegarköflum. Mældur er hraði fólksbíla þar sem akstur er óþvingaður af annarri umferð. Reiknaður er meðalhraði allra bíla, svokallaður 85% hraði, sem er sá hraði sem 85% af bílunum halda sig við. Niðurstöðurnar koma fram í eftirfarandi línuritum. Eins og þar sést hefur hraði aukist geig-

vænlega og sýna mælingarnar að þörf er á að auka umferðarlöggæslu. Vegagerðin mældi einnig hraða á níu öðrum stöðum á landinu, sbr. töflu nr. 1, og reyndist meðalhraði þar frá 87 km/klst. til 96 km/klst. Fimmtán prósent ökumanna aka á meiri hraða en 100 til 106 km/klst. sbr. áðurnefnda töflu. Þar sem hraði er þetta mikill er ekki við því að búast að slysum fækki á þjóðvegunum og er einn brýnasti þáttur umferðarlöggæslunnar að ná niður umferðarhraðanum. Skoða þyrfti hvort allt vegakerfið beri þann hámarkshraða sem nú er í gildi og hvort ekki sé réttlætanlegt að minnka heimilaðan hraða á tilteknum vegum og vegarköflum. Hafa verður í huga að sífellt fleiri ferðamenn, bæði íslenskir og erlendir sem aka um þjóðvegakerfið, þurfa meiri og betri upplýsingar um hvaða hraði hentar á vegunum þannig að akstur verði sem öruggastur.




Hringvegur á Hellisheiði
1 d8-03
120,0
115,0
110,0
105,0
100,0
95,0
90,0
85,0
80,0
75,0
70,0
km/klst
1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17
Ár
85%
Meðalhraði


Grindavíkurvegur við Svartsengi
43-01-04
120,0
115,0
110,0
105,0
100,0
95,0
90,0
85,0
80,0
75,0
70,0
km/klst
1985 1986 1987 1988 1989 1990 1991 1992 1993 1994 1995 1996 1997 1998
Ár
85%
Meðalhraði



Vegur:	Meðaltal	85%
1 b8-02 Hringvegur við Sauðhúsavelli	92,8	101,7
1 c2-05 Hringvegur rétt vestan afl. að Strönd	92,7	102,4
1 k9-03 Hringvegur sunnan Blönduóss	96,3	104,9
1 m2-04 Hringvegur í Langadal austan Blönduóss	94,9	103,4
1 m8-01 Hringvegur í Blönduhlíð	95,6	105,4
1 p4-02 Hringvegur í Öxnadal	95,3	105,7
1 q5-03 Hringvegur við Stóru Tjarnir	93,4	103,3
1 t1-01 Hringvegur norðan Fellabæjar	88,9	100,2
1 t4-02 Hringvegur í Skriðdal	86,8	99,2

Tafla 1. Hraðamælingar 1999

3.1.4. Ölvunarakstur.

Eftirlit lögreglunnar með ölvunarakstri hefur verið mikið á undanförnum árum. Þó er ljóst að á þjóðvegum hafa orðið alvarleg slys, þar á meðal banaslys, þar sem ökumenn voru ölvaðir við akstur.

Á árinu 1998 tók lögreglan í notkun sérstök mælitæki til að auðvelda sönnunarfærslu í málum vegna ölvunar við akstur. Þrátt fyrir vandaðan undirbúning höfðu mál ekki traustan framgang fyrir dómstólum sem leiddi til þess að ríkissaksóknari ákvað að fresta notkun tækjanna þar til ljós væri afstaða Hæstaréttar til þessarar nýju aðferðar. Sú afstaða liggur nú fyrir og hefur ríkissaksóknari lagt fyrir lögregluna að taka þennan tækjabúnað í notkun á ný. Reynsla lögreglu sýnir að notkun þessa búnaðar dregur úr ölvunarakstri. Þá verður allur málarekstur einnig mun skilvirkari.



Mynd 8. Fjöldi ölvaðra ökumanna sem aðild hafa átt að slysum með meiðslum. (Heimild: Umferðarráð, samkvæmt upplýsingum lögreglu.)

3.1.5. Ungir ökumenn.

Margt bendir til að námskeið og fræðslufundir sem tryggingafélög hafa staðið fyrir og aukin og markvissari ökukennsla hafi skilað nokkrum árangri. Reyndar þarf að hafa í huga að umferð hefur aukist töluvert, ökutækjum hefur fjölgað um nær 30% á fimm árum og því er aukin hætta á óhöppum og slysum. Þá liggur fyrir að þeir sem tóku ökupróf á árinu 1999 eru fyrsti heili árgangurinn sem hafði möguleika á að stunda æfingaakstur með leiðbeinanda í heilt ár og því er líklegt að hann hafi fengið meiri þjálfun fyrir próf en þeir sem tóku próf fyrr. Heldur fleiri ungmenni slösuðust á aldrinum 17 til 20 ára árið 1999 en árið á undan, en athygli vekur að heldur færri slösuðust alvarlega þá en 1998. Þeir voru 32 1998 en 25 1999. Slys í þessum aldurshópi verða nær öll meðal ökumanna eða farþega í bílum.

3.2. Lög og reglur.

Dómsmálaráðueyti gaf út reglugerð nr. 327 3. maí 1999 um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla. Samkvæmt reglugerðinni þurfa ökuskólar að hafa starfsleyfi og uppfylla ýmis nánari skilyrði varðandi reksturinn. Umferðarráð gefur út starfsleyfi og hefur með höndum eftirlit með starfsemi skólanna. Einnig er í reglugerðinni kveðið á um flokkaskiptingu löggildingar ökukennara og fyrirkomulag menntunar þeirra og endurmenntunar.

Ný reglugerð um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna var gefin út, nr. 631 29. september 1999, í stað eldri tímabundinna reglna.

3.3. Samvinnuverkefni.

Fulltrúar frá Vegagerðinni, ríkislögreglustjóranum, lögreglunni í Reykjavík, Umferðarráði og Reykjavíkurborg héldu reglulega samráðsfundi þar sem fjallað var um sameiginleg verkefni, skipst á upplýsingum, staðan metin og aðgerðir samræmdar. Vegagerðin keypti rauðljósamyndavél sem tekur myndir af bílum sem ekið er yfir á rauðu ljósi og mælir hraða þeirra. Vélin var afhent ríkislögreglustjóra til notkunar. Vegagerðin afhenti lögreglunni kort með umferðarslysastöðum teiknuðum inn á þau sem síðan voru send til lögregluumdæmanna til notkunar við umferðareftirlit.

3.4. Ríkislögreglustjórinn.

Umferðardeild hjá embætti ríkislögreglustjórans var efld í ársbyrjun 1999 með ráðningu tveggja lögreglumanna.

Hlutverk deildarinnar er að vera öðrum lögregluliðum til aðstoðar í umferðarmálum og er það hugsað sem viðbót við löggæslu heimamanna. Þá er henni ætlað að vinna að sem mestri samræmingu á vinnubrögðum lögreglu um allt land.

Deildin hefur yfir að ráða þremur bifreiðum, öndunarsýnabifreið og tveimur ómerktum lögreglubifreiðum sem eru útbúnar með hraðamyndavélum til að mynda ökutæki sem aka hraðar en lög leyfa.

Síðastliðið sumar var mest áhersla lögð á eftirlit á hringveginum og á hálendinu. Um verslunarmannahelgina var lögreglumönnum fjölgað um sex og var þeim skipt niður á landshluta.

Reynsla ársins 1999 sýnir að full þörf er fyrir vegalöggæslu til að koma í veg fyrir umferðarlagabrot sem leitt geta til alvarlegra slysa.

Mál	**Fjöldi**
Hraðamyndir	2.212
Radarmál	216
Önnur umferðarmál	70
Samtals	**2.498**

Tafla 2. Skipting umferðarlagabrota sem starfsmenn umferðardeildar ríkislögreglustjórans höfðu afskipti af á árinu 1999.

Aldur	**Karl**	**Kona**	**Alls**
15–20	1.686	411	2.097
21–25	1.853	496	2.349
26–30	1.176	298	1.474
31–35	874	259	1.133
36–40	775	236	1.011
41–45	686	209	895
46–50	577	149	726
51–55	398	126	524
56–60	235	52	287
61–65	154	32	186
66–70	130	22	152
71–75	73	21	94
76–80	42	14	56
81 og eldri	40	3	43
Samtals	**8.699**	**2.328**	**11.027**

Tafla 3. Yfirlit yfir ökumenn sem fengu punkta fyrir umferðarlagabrot á árinu 1999.

Samtals voru 48 sviptir ökuréttindum á grundvelli punktakerfisins á árinu 1999, 46 karlar og 2 konur, 32 þeirra voru 20 ára og yngri.

3.5. Vegagerðin.

Vegagerðin hefur unnið eftir eigin umferðaröryggisáætlun undanfarin þrjú ár. Mest áhersla hefur verið lögð á breikkun einbreiðra brúa og þá fyrst og fremst á hringveginum þar sem umferð er mest. Voru brýr breikkaðar og ræsi sett í stað einbreiðra brúa. Til umferðaröryggisaðgerða hafði Vegagerðin 72 milljónir kr. á árinu 1999 og var stórum hluta þeirrar upphæðar varið til lagfæringa á brúm.

Gerð hefur verið skýrsla um athugun á „svartblettum" í Reykjanesumdæmi og á Suðurlandi. Vegagerðin mun forgangsraða verkefnum með hliðsjón af arðsemi sem leiðir af fækkun slysa á fyrsta ári eftir framkvæmdir.

Vegagerðin hefur sett gæðastaðal um vetrarþjónustu, en samkvæmt honum eru gerðar meiri kröfur til hálkuvarna en áður.

Notkun löggæslumyndavéla til að taka myndir af bifreiðum sem ekið er yfir á rauðu ljósi hófst árið 1997. Vegagerðin keypti á árinu 1999 nýja myndavél sem auk þess að taka myndir af bifreiðum sem ekið er yfir á rauðu ljósi myndar einnig bifreiðir sem ekið er of hratt. Settir voru upp myndavélakassar á fernum gatnamótum til viðbótar við þau gatnamót þar sem kassar voru fyrir. Rauðljósamyndavélarnar eru í umsjón lögreglunnar í Reykjavík.

3.6. Sveitarfélög.

Nokkur sveitarfélög hafa gert umferðaröryggisáætlanir. Þær eru misviðamiklar, en geta má áætlana Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar og fleiri stórra sveitarfélaga. Í tengslum við sína áætlun hefur Hafnarfjarðarbær í samstarfi við skóla, leikskóla og lögreglu í bænum efnt til umferðarviku til að vekja athygli á þeim hættum sem fylgja umferðinni.

Sveitarfélög hafa leitast við að lagfæra svartbletti, gert ráðstafanir til að draga úr ökuhraða auk ýmissa annarra fyrirbyggjandi aðgerða.

Hringtorgum hefur fjölgað töluvert hér á landi, enda eru þau talin mjög hentug leið til að deila umferð og í þeim verða sjaldan slys á fólki. Er ástæða til að hvetja veghaldara til að nýta sér þá lausn í auknum mæli.

Með athugunum Vegagerðarinnar á svartblettum í einstökum landshlutum hefur verið leitað til sveitarfélaga um hvað gera beri til að auka umferðaröryggi þar sem t.d. þjóðvegur liggur um þéttbýli. Var þar lögð mest áhersla á að draga úr ökuhraða.

3.7. Umferðarráð.

Starfsemi Umferðarráðs á árinu 1999 var með svipuðum hætti og árin á undan. Í samræmi við umferðaröryggisáætlun var mikil áhersla lögð á notkun öryggisbúnaðar í bílum, bæði fyrir fullorðna og börn. Þá var talsverð áhersla lögð á að gera fólki grein fyrir þeirri hættu sem öryggispúði skapar fyrir börn í framsætum bifreiða.

Fræðsla fyrir börn á forskólaaldri var svipuð á árinu og mörg undanfarin ár. Aðsókn að umferðarskóla 5 og 6 ára barna var mjög góð og börnin sýndu góð viðbrögð við starfsemi Umferðarskólans Ungir vegfarendur og kom það fram í því hversu mörg börn sendu efni til að fá viðurkenningu frá skólanum.

Mikið starf hefur verið unnið við að fara yfir stöðu og þróun umferðarfræðslu í skólum og fengu forráðamenn skólamála og umferðarmála sendar tvær skýrslur á árinu, aðra um skipulag umferðarfræðslu í skólum og hina um námsefni fyrir umferðarfræðslu. Komin er til sögunnar ný námsgrein í grunnskólum, „lífsleikni", sem ætlað er m.a. að fjalla um umferðarmál og aðrar slysavarnir.

Umferðaröryggisfulltrúar sem ráðnir voru á vegum Umferðarráðs og Slysavarnafélags Íslands voru starfandi á sex svæðum á landinu. Umferðaröryggisfulltrúarnir komu mörgu góðu til leiðar og er mikill áhugi víða um land á að framhald verði á störfum þeirra.

Útvarp Umferðarráðs starfaði með svipuðum hætti og undanfarin ár. Útsendingar voru samtals 2.652 á árinu eða um 10 hvern virkan dag ársins. Áhersluatriði í útsendingum voru mjög fjölbreytt. Mest bar á umfjöllun um notkun öryggisbúnaðar í bílum, um ökuhraða, áfengi og akstur og notkun stefnuljósa, ásamt upplýsingum frá Vegagerðinni og fleirum um færð á vegum.

Ný reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, ásamt nýrri námskrá fyrir almenn ökuréttindi styrkir mjög starfsumhverfi ökukennslunnar í landinu og ætti að leiða til framfara og fækkunar slysa.

Málefni aldraðra og öryggi þeirra í umferðinni voru talsvert til umfjöllunar. Umferðarráð hélt málþing um það efni í samstarfi við samtök eldri borgara og var það mjög vel sótt.

3.8. Aðrir aðilar.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda.

Félagið kom að samstarfi ýmissa aðila við að koma búfénaði af vegsvæðum landsins. Þá var mikið fjallað um notkun öryggisbúnaðar barna og það að þau sitji í aftursæti bifreiða. Félagið átti aðild að starfi sem miðaði að því að tjónabifreiðir væru afskráðar þegar tilefni væri til og að auglýsingum í samstarfi við Landssamband íslenskra akstursíþróttamanna og Umferðarráð um bílbelti, öryggisbúnað barna, lausan farangur í bílum og stillingu sætis ökumanns.

Lögregluskóli ríkisins.

Skólinn hefur í starfsliði sínu kennara sem fengið hafa réttindi til að leiðbeina um notkun öndunarsýnamæla og hraðamyndavéla. Skólinn getur þannig í samráði við og í samræmi við óskir ríkislögreglustjóra menntað starfandi og verðandi lögreglumenn í notkun nýrra löggæslutækja.

Á árinu 1999 voru haldin námskeið í meðferð hraðamyndavéla og sambyggðra rauðljósa- og hraðamyndavéla. Alls sóttu 17 starfsmenn lögregluembætta slík námskeið í Lögregluskólanum.

Samband íslenskra tryggingafélaga og vátryggingafélögin.

Mörg undanfarin ár hefur Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT) lagt áherslu á öryggis- og forvarnamál í umferðinni. Innan SÍT starfar sérstakur hópur undir heitinu Fararheill sem undirbýr ýmis verkefni, annaðhvort á eigin vegum eða í samstarfi við aðra. Kostnaðinn bera þau félög sem þátt taka í samstarfinu.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. hafa staðið að námskeiðum fyrir bifreiðastjóra hjá ýmsum fyrirtækjum. Vátryggingafélag Íslands hf. hefur staðið fyrir umferðarmálafundum fyrir framhaldsskólanema í samstarfi við Félag framhaldsskólanema og einnig birt forvarnaauglýsingar í fjölmiðlum og í kvikmyndahúsum. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. héldu námskeið fyrir unga ökumenn á aldrinum 17–20 ára og höfðu verið haldin á annað hundrað námskeið í lok ársins 1999. Einnig hefur félagið boðið til sín stórum hluta ökunema á höfuðborgarsvæðinu og nemendum í 10. bekk grunnskóla og fá þeir hópar fræðslu um tryggingar og um umferðaröryggismál.

Ökukennarafélag Íslands.

Félagið tók á árinu 1999 þátt í vinnu við samningu reglugerðar um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla. Fulltrúar félagsins áttu einnig aðild að samningu námskrár fyrir almenn ökuréttindi sem tók gildi 1. febrúar árið 2000. Þá komu út á árinu tvær kennslubækur, önnur heitir Almennt ökunám eftir Arnald Árnason og fjallar um nám til almennra ökuréttinda (B-réttindi) og hin er fyrir bifhjólakennslu og er höfundur hennar Njáll Gunnlaugsson.

4. Aðgerðir og verkefni ársins 2000.

4.1. Meginviðfangsefni.

4.1.1. Bílbelti og öryggisbúnaður.

Staðreynd er að í umferðaróhöppum þar sem ökumenn eða farþegar nota ekki bílbelti eða annan öryggisbúnað verða slys alvarleg. Nefndin leggur til að eftirlit lögreglu með þessum þáttum verði aukið. Umferðarráð mun leggja áherslu á fræðslu um notkun bílbelta og annað er varðar öryggi ökumanna og farþega bifreiða.

4.1.2. Ólöglegur hraðakstur.

Aðalverkefni ársins 2000 í umferðarmálum hlýtur að vera að ná niður ökuhraða á þjóðvegum. Til að ná því marki verður að auka eftirlit lögreglu og bæta tækjabúnað hennar. Fjölga þarf hraðamyndavélum bæði í bifreiðum og á þeim svæðum þar sem hraðakstur er mikill. Má þar t.d. nefna Hvalfjarðargöngin. Umferðaröryggisnefndin leggur því mikla áherslu á að dómsmálaráðuneytið geri lögreglunni kleift að auka umferðarlöggæslu þannig að hún verði sýnilegri á þjóðvegunum. Umferðarráð mun vinna áfram að því að fræða almenning um hættur í umferðinni af völdum hraðaksturs.

4.1.3. Ölvunarakstur.

Allar hugsanlegar leiðir þarf að skoða til að draga úr ölvunarakstri. Nýta þarf betur þann tækjabúnað sem tiltækur er, svo sem öndunarmæla, og gera þarf störf lögreglunnar markvissari og sýnilegri. Enn fremur þarf lögregla í ríkari mæli að stöðva kerfisbundið ökutæki til að kanna ástand ökumanna og í því sambandi nota sérútbúna öndunarsýnabifreið. Hugsanlega þarf að samnýta lögreglumenn embætta í þessu skyni.

Öndunarsýnamælar verða teknir í notkun í maímánuði og er mikilvægt að samtímis verði haldið uppi miklum áróðri gegn ölvunarakstri eins og gert var í samvinnu við Umferðarráð þegar notkun búnaðarins hófst. Hluti af þessu er að Umferðarráð mun leggja áherslu á fræðslu og áróður um áhrif áfengis á akstursháefni fólks og afleiðingar slysa sem tengjast ölvunarakstri.

4.1.4. Ungir ökumenn.

Hlutdeild ungra ökumanna í umferðarslysum er mikil. Nýjar reglur um ökuskóla, ný námskrá og próf sem byggjast á henni verða án efa mikilvægur þáttur til að koma í veg fyrir slys meðal ungra ökumanna. Einnig þarf að auka fræðslu til almennings, þar á meðal forráðamanna ökunema um gildi góðrar kennslu og markvissrar þjálfunar. Tryggingafélög hafa unnið mikilvægt starf með umferðarmálafundum og námskeiðum fyrir ungt fólk og leggur umferðaröryggisnefndin áherslu á að því verði haldið áfram.

4.2. Lög og reglur.

Í skýrslu Evrópusambandsins frá árinu 1999 þar sem fjallað er um ökuhraða er mælt með að eigandi ökutækis verði gerður ábyrgur fyrir hraðabrotum sem framin eru í viðkomandi ökutæki. Skoða þarf möguleika á að fara sömu leið og varðandi stöðubrot, sem fæli í sér lögveðsrétt í því ökutæki sem brot hefur verið framið með. Þetta yrði fyrst og fremst hagnýtt í tengslum við mál þar sem löggæslumyndavélar hafa verið notaðar til sönnunar.

Umferðaröryggisnefndin telur að huga þurfi að einföldun málsmeðferðarreglna varðandi umferðarlagabrot. Í því ljósi þarf að skoða sérstaklega málsmeðferð og sönnunarstöðu fyrir dómstólum. Meðal annars er nauðsynlegt að skoða hvert sé vægi lögregluskýrslna og framburðar lögreglu.

Nefndin leggur til að innheimta sekta og fullnusta dóma fyrir umferðarlagabrot verði samræmd um allt land og að henni verði komið fyrir á einum stað. Þá telur nefndin að dómstólar sýni oft ekki nægan skilning á mikilvægi markvissrar meðferðar umferðarlagabrota og að oft gæti ósamræmis í dómum þeirra.

4.3. Samvinnuverkefni.

Áformað er að halda áfram samráðsfundum Vegagerðar, lögreglu, Umferðarráðs og Reykjavíkurborgar þar sem fjallað verður um sameiginleg verkefni og aðgerðir samræmdar. Áformað er að fulltrúar frá Vegagerðinni, ríkislögreglustjóranum og Umferðarráði heimsæki lögregluumdæmi og haldi fundi með viðkomandi lögreglustjórum og yfirlögregluþjónum. Tilgangur þessara funda verður að kynna lögregluembættunum áhersluatriði í umferðaröryggisstarfinu og samræma aðgerðir.

4.4. Ríkislögreglustjóri.

Ríkislögreglustjóri mun leggja áherslu á að umferðareftirlit verði aukið á þjóðvegum. Mun umferðardeildin leggja áherslu á að verða lögregluembættum til stuðnings með þann tækjakost sem deildin hefur yfir að ráða.

Ráðinn hefur verið einn lögreglumaður að deildinni til viðbótar þeim tveimur sem fyrir eru og ætti það að auka möguleika hennar. Áhersla verður lögð á þá þætti sem líklegir eru til að leiða af sér fækkun umferðarslysa, en það er hraðakstur, ölvunarakstur og notkun bílbelta og annars öryggisbúnaðar.

Þegar tekið verður í notkun nýtt fjarskiptakerfi, TETRA, í sameiginlegri fjarskiptamiðstöð lögreglu eykst möguleikinn á auknu samstarfi lögregluembættanna m.a. hvað varðar umferðareftirlit og þá þjónustu sem lögreglan veitir.

Mikil áhersla verður lögð á gott samstarf við Umferðarráð, Vegagerðina og sömuleiðis við fjölmiðla. Meiri viðbúnaður verður þegar vænta má mikillar umferðar á þjóðvegum, t.d. í tengslum við Kristnihátíð fyrstu helgina í júlí og um verslunarmannahelgina.

4.5. Vegagerðin.

Vegagerðin er að vinna að stefnumörkun stofnunarinnar fyrir umferðaröryggi á þjóðvegum og er gert ráð fyrir að því verki ljúki á árinu.

Vegagerðin mun á þessu ári endurskoða reglur sem miða að því að hönnunargögn verði yfirfarin af sérstökum umferðaröryggishópi til að tryggja að tekið sé tillit til umferðaröryggis við hönnun umferðarmannvirkja.

Gerðar verða athuganir á svartblettum á þjóðvegum á Vesturlandi og Vestfjörðum og á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsta árs arðsemi aðgerða verður síðan nýtt til að forgangsraða verkefnum.

Vegagerðin mun láta lögreglu í té kort yfir svartbletti til notkunar við skipulag löggæslu. Þá verður haldið áfram samráðsfundum Vegagerðarinnar, embættis ríkislögreglustjóra, Umferðarráðs, lögreglunnar í Reykjavík og gatnamálastjórans í Reykjavík í þeim tilgangi að samræma aðgerðir.

Hafin verður endurskoðun á umferðarmerkingum við þjóðvegi. Er gert ráð fyrir að breytingum á uppsetningu merkja verði lokið á næstu 3–4 árum.

4.6. Sveitarfélögin.

Umferðaröryggisnefndin hvetur sveitarstjórnir til þess að setja sér markmið í umferðaröryggismálum og endurskoða þau með reglulegu millibili.

4.7. Umferðarráð.

Umferðarráð mun á árinu 2000 eins og endranær leggja áherslu á að virkja sem flesta í umferðaröryggisstarfinu og eiga samstarf við fjölmarga aðila sem starfa á þeim vettvangi. Áfram verður lögð rík áhersla á að löggæsla og áróður vinni saman og skapi þau skilyrði sem að er stefnt.

Umferðaröryggisfulltrúar verða ráðnir yfir sumartímann, í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörgu eins og tvö undanfarin ár. Stefnt verður að því að auka samstarf þeirra við þá sem vinna á landsvísu til að áhersluþættir verði alls staðar þeir sömu.

Í samræmi við umferðaröryggisáætlun stjórnvalda verður mest áhersla lögð á meginviðfangsefni umferðaröryggisnefndarinnar. Útvarp Umferðarráðs mun starfa með svipuðum hætti og undanfarin ár, en meiri áhersla verður lögð á lifandi dagskrárgerð, einkum á þeim árstímum þegar minna er af beinum umferðarfréttum og færri umfjöllunarefni tiltæk. Því er einnig ætlað að hafa talsvert hlutverk í tengslum við umferð á Kristnihátíð á Þingvöllum í byrjun júlí.

Námskrá til almennra ökuréttinda tók gildi 1. febrúar 2000. Unnið verður í samstarfi við Ökukennarafélag Íslands að því að gera hana að virku tæki í kennslunni til að markmið hennar náist. Ökuprófum verður breytt til samræmis við hina nýju námskrá. Hafin er endurskoðun námskráa til annarra ökuréttinda til samræmis við grunnnámskrána fyrir almenn ökuréttindi. Þá verður umfjöllun um unga ökumenn eins mikil og kostur er og leitað nýrra leiða til að draga úr slysahættu í þeirra hópi.

Unnið verður áfram að því að efla umferðarfræðslu í skólum og leitast við að auka og styrkja tengslin við starfandi kennara. Skoðaðir verða nýir möguleikar í gerð námsefnis og má þar nefna notkun „netsins" fyrir gagnvirka fræðslu.

Gefið verður út fræðsluefni um notkun farsíma þar sem bent verður á þær hættur sem fylgja því að aka bíl og tala í síma á sama tíma. Leitað verður eftir samstarfi við símafyrirtæki í tengslum við það mál og áhersla lögð á notkun handfrjáls búnaðar.

Umferðarráð mun beita sér af alefli fyrir bættum merkingum við framkvæmdir á akbrautum. Miklar umræður fóru fram um það mál á árinu 1999 m.a. vegna óhappa og slysa. Í þessu skyni verður m.a. leitað eftir góðu samstarfi við Vegagerðina, Reykjavíkurborg, önnur sveitarfélög, verktaka og lögreglu. Meðal annars er fyrirhugað að halda fræðslufund um þetta efni á árinu.

Yfir sumartímann verður megináhersla lögð á umfjöllun um umferð um þjóðvegina. Miklu máli skiptir að sú umfjöllun verði í góðu samstarfi við lögreglumenn sem víðast á landinu.

4.8. Aðrir aðilar.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda.

Félagið mun beita sér fyrir bættri skoðun á stærri bifreiðum, að vörugjöld af öryggisbúnaði verði lækkuð og fræðslu um bil milli bíla og aðgerðir til að koma í veg fyrir aftanákeyrslur og áhrif ákveðinna umferðarmannvirkja á umferðaröryggi.

Lögregluskóli ríkisins.

Markmið Lögregluskólans verður sem fyrr að leggja rækt við kennslu í umferðarlögum og reglum, en það er stærsta bóklega námsgreinin í skólanum.

Nemendur vinna á vorönn rannsóknarverkefni um ákveðin atriði í umferðinni sem þeir skila í formi greinargerða. Rannsakað verður hvort hægt sé að mæla áhrif af umferðarlöggæslu með því að bera saman tiltekin umferðarlagabrot meðan löggæsla er venjubundin og þegar hún er aukin og borin voru saman viðurlög við tilteknum umferðarlagabrotum hér á landi og í nokkrum nágrannalöndum. Umferðarráði og ríkislögreglustjóra verða gefnar upplýsingar um niðurstöður rannsóknarinnar.

Akstursþjálfun lögreglumanna hefur verið í þróun og þjálfun verður aukin frá því sem áður var. Markmiðið er að gera lögreglumenn að betri ökumönnum almennt og hæfari í forgangsakstri. Á árinu verður akstursþjálfun í fyrsta skipti í samstarfi við umferðardeild ríkislögreglustjóra, sem lagði til starfsmenn og bifreiðir.

Haldið verður námskeið fyrir starfandi lögreglumenn um nýjar reglur ríkislögreglustjóra um stöðvun ökutækja.

Samband íslenskra tryggingafélaga og vátryggingafélögin.

Á árinu eru fyrirhuguð verkefni í samstarfi við ýmsa aðila, þar á meðal lækna og heilbrigðisstofnanir. Þá er einnig búist við að framhald verði á samstarfi við upplýsinga- og áróðursverkefni gegn ölvunarakstri eins og undanfarin ár.

Gert er ráð fyrir að Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. muni standa að fræðslufundum og námskeiðum fyrir unga ökumenn eins og undanfarin ár. Einnig verður framhald á námskeiðum fyrir atvinnubifreiðastjóra ýmissa fyrirtækja.

Ökukennarafélag Íslands.

Líklega verður undirbúningur að og vinna við gerð kennslusvæðis fyrir ökunema stærsta einstaka málið sem félagið mun starfa að á árinu. Er það von manna að það hafi í för með sér umtalsverðar framfarir á sviði kennslu í vetrarakstri. Einnig verður framhald á vinnu sem tengist námskrárgerð á dagskrá á árinu.

4.9. Tillögur umferðaröryggisnefndarinnar.

4.9.1. Tillaga um eftirlits- og þróunarsjóð lögreglunnar.

Löggæslu má skipta í tvennt, í almenna löggæslu og umferðarlöggæslu, en meginverkefni þar eru:

- eftirlit með hraðakstri með löggæslumyndavélum,
- eftirlit á gatnamótum með rauðljósa- og hraðamyndavélum,
- eftirlit með ölvun við akstur með öndunarsýnatækjum.

Til að tryggja sem best að þetta eftirlit verði virkt og að ekki vanti fjármagn, þarf að tryggja rekstrargrundvöll þess.

Í Hollandi og Frakklandi renna sektir vegna umferðalagabrota beint til umferðaröryggisstarfs. Hér mætti hugsa sér að sektir sem innheimtast vegna hraðaksturs, aksturs gegn rauðu ljósi og ölvunar við akstur renni í sérstakan sjóð, eftirlits- og þróunarsjóð lögreglunnar sem yrði í vörslu ríkislögreglustjóra. Sjóðinn mætti nota til að reka áðurnefnt eftirlit, til rannsókna, tækjakaupa og þróunar á sviði umferðaröryggis. Miklar tekjur af sektum þýða það að ökumenn brjóta mikið af sér og því þarf mikið eftirlit, en með fækkun brota kemur minna inn í sjóðinn enda má þá draga úr eftirliti þar sem brot eru þá færri.

4.9.2. Stjórnsýsla á sviði umferðaröryggismála.

Umferðaröryggismál heyra undir dómsmálaráðuneytið. Til að árangur náist í umferðaröryggisstarfinu þarf pólitíska forustu og frumkvæði bæði á Alþingi, í stjórnarráðinu og hjá sveitarfélögum. Gera þarf stjórnsýslu umferðaröryggismála skýrari þannig að verkaskipting einstakra ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga verði gleggri.

Umferðaröryggisnefndin telur nauðsynlegt að framkvæmdanefnd umferðaröryggisáætlunarinnar hafi traust umboð og breiðan bakgrunn. Skoða þarf hvort ekki sé eðlilegt að fulltrúar á Alþingi sitji þar, t.d. formenn samgöngu- og allsherjarnefnda. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja að unnið sé í samræmi við umferðaröryggisáætlun og að markmiðum Alþingis og stjórnvalda sé náð.

Tillaga að umferðaröryggisnefndum.

Umferðaröryggisnefndin hefur skoðað og lagt mat á skilvirkni þess starfs sem unnið hefur verið af þeim nefndum sem sinna umferðaröryggisstarfinu. Nefndin telur að framkvæmd starfsins sé ekki nægilega virk og leggur til að þau mál verði endurskoðuð. Hugsa mætti sér eftirfarandi tillögur:

Umferðaröryggisnefndin.

Nefndin undirbýr og leggur fyrir ráðherra tillögu að stefnu Alþingis í umferðaröryggismálum í byrjun hvers árs og metur hvernig til hefur tekist. Endurskoða þarf hlutverk nefndarinnar, skýra þarf umboð hennar og að hún fái m.a. eftirfarandi hlutverk:

- Að samræma aðgerðir aðila sem vinna að umferðaröryggismálum í samræmi við stefnu Alþingis. Nefndin haldi reglulega fundi og fari yfir stöðu mála.
- Að hafa eftirlit með því að þeir aðilar sem vinna að umferðaröryggisstarfi vinni samkvæmt stefnu stjórnvalda
- Nefndin fái vald til að kalla eftir upplýsingum frá þeim aðilum sem sinna umferðaröryggisstarfinu og geri í framhaldi af því athugasemdir ef þurfa þykir.
- Nefndin skili skýrslu til ráðherra í byrjun hvers árs þar sem hún gerir grein fyrir hvernig til hafi tekist.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Nefndin rannsakar umferðarslys og leggur fram tillögur, byggðar á niðurstöðu rannsóknarinnar, um aðgerðir sem miða að því að draga úr slysum og afleiðingum þeirra, sbr. reglugerð. Upplýsingarnar fari til þeirra sem starfa að forvörnum í umferðaröryggisstarfinu.

4.9.3. Tillaga að skilvirkari innheimtu sekta.

Umferðaröryggisnefndin leggur til að eigandi ökutækis verði gerður ábyrgur fyrir umferðarlagabrotum þegar myndavélar eru notaðar til sönnunar.

4.9.4. Brot fyrir of hraðan akstur.

Umferðaröryggisnefndin leggur til að sektarmörk verði endurskoðuð fyrir of hraðan akstur. Eins og nú er staðið að málum geta ökumenn ekið á bundnu slitlagi á 100 km hraða á klukkustund án þess að til sektar komi. Þetta hefur leitt af sér að meðalhraði á vegum með bundnu slitlagi nálgast nú að vera 100 km/klst., samkvæmt hraðamælingum sem Vegagerðin hefur gert á undanförnum árum.

Fylgiskjal I.

Verkefnalisti sem birtur var í athugasemdum við þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi 28. febrúar 1996 um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun.

1. Dómsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón umferðaröryggismála. Dómsmálaráðherra skipi starfshóp til að fjalla um verkaskiptingu milli dómsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis með það að markmiði að samnýta betur tækniþekkingu og tryggja skilvirkari framkvæmd umferðaröryggismála í landinu.
   Starfshópurinn hefur ekki verið skipaður. Óformlegar viðræður hafa átt sér stað.
2. Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal starfrækt á ný og rannsaki hún alvarlegustu umferðarslysin ásamt því að vera ráðgefandi fyrir Alþingi í sérstökum málum er varða umferðaröryggi.
   Nefndin tók til starfa 1. janúar 1999 samkvæmt reglugerð nr. 681/1998.
3. Stofnaður verði sjóður sem veiti fé til rannsóknarverkefna á umferðaröryggissviði. Sjóðurinn geti einnig stutt áhugaverðar aðgerðir ef sýnt þykir að þær stuðli að meira umferðaröryggi, t.d. hjá sveitarfélögum. Nú er innheimt umferðaröryggisgjald við aðalskoðun, nýskráningu og eigandaskipti hverrar bifreiðar að upphæð 100 krónur. Til að efla umferðaröryggisstarfið er lagt til að hækka gjaldið í 150 krónur. Umferðarráð nýti hluta þessarar fjárhæðar til að styrkja einstök umferðaröryggisverkefni sem áhugaverð eru. Ef ákveðið verður að heimila sérnúmeraplötur og á þær lagt sérstakt umferðaröryggisgjald sem renni til Umferðarráðs verði það fé einnig notað í sama tilgangi. Einnig er æskilegt að vátryggingafélög, Vegagerðin og fleiri aðilar leggi fé í sjóðinn.
   Umferðaröryggisgjaldið var hækkað í 200 krónur í ársbyrjun 1996. Á árunum 1997 og 1998 gat Umferðarráð sett talsvert fjármagn í þróunarverkefni, m.a. til tækjakaupa fyrir lögreglu (hraðamyndavélar, öndunarsýnatæki o.fl.) Árið 1999 reyndist þetta ekki unnt og þarf að verða breyting þar á, þannig að Umferðarráð geti á nýjan leik sinnt slíkum brýnum þróunarverkefnum.
4. Samvinna þeirra fjölmörgu aðila er að umferðaröryggismálum vinna er forsenda öflugs og árangursríks umferðaröryggisstarfs.
   Samvinna hefur verið aukin og árlega ráðist í nokkur samvinnuverkefni. Það starf þarf að vera í stöðugri endurskoðun.
5. Samræma skal skráningu umferðarslysa á landinu öllu. Umferðarráð samræmi skráningu lögreglu, sjúkrastofnanir sína skráningu og tryggingafélögin sína. Þessir þrír aðilar sameini síðan skrárnar í eina slysaskrá.
   Slysaskrá Íslands er að verða að veruleika og mun væntanlega taka til starfa á árinu 2000. Þeir aðilar sem nú frumskrá slys í landinu munu senda þau gögn til slysaskrárinn-

ar. Umferðarráð mun áfram annast úrvinnslu lögregluskýrslna og senda áfram í hina nýju skrá.

6. Opinberar stofnanir, sem að umferðaröryggismálum vinna, sendi skýrslu til dómsmálaráðuneytis fyrir lok hvers árs um fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði umferðaröryggismála. Sama gildi um sveitarfélög með fleiri en 1.000 íbúa.
Margir opinberir aðilar hafa þegar gert sínar eigin umferðaröryggisáætlanir. Skapa þarf lagagrundvöll til að skylda opinbera aðila til að gera umferðaröryggisáætlanir.
7. Samkvæmt forkönnun, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði til að meta kostnað þjóðfélagsins vegna umferðarslysa, reyndist heildarkostnaður vera um 8 milljarðar kr. Lagt er til að Háskólinn geri heildarúttekt á þjóðfélagskostnaði vegna umferðarslysa og skili skýrslu þar að lútandi í haust. Nauðsynlegt er að Háskólinn komi í ríkari mæli inn í umferðaröryggisrannsóknir.
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands samdi árið 1996 ítarlega skýrslu um kostnað vegna umferðarslysa. Reyndist þjóðfélagslegur kostnaður þá vera á bilinu 11–15 milljarðar kr.
8. Æskilegt er að kannað verði hvort niðurfelling skatta á sérstökum öryggisbúnaði bifreiða, t.d. loftpúðum, leiði til aukinnar notkunar og meira umferðaröryggis.
Fallið var frá þessum áformum vegna slæmrar reynslu Dana af slíku kerfi.
9. Rétt er að láta kanna hvort opinber gjöld standi í vegi fyrir að ökutæki séu búin bestu fáanlegu öryggistækjum.
Áfangar náðust 1996 og árið 2000 með breytingum á vörugjöldum af bifreiðum.
10. Auka þarf umferðarfræðslu, bæta ökunám og efla upplýsinga- og áróðursstarf.
Ný námskrá til almennra ökuréttinda tók gildi 1. febrúar 2000. Ætla má að hún muni hafa umtalsverð áhrif á ökukennslu og ökupróf.
11. Lögleiða þarf notkun hjólreiðahjálma innan nokkurra ára.
Reglugerð um skyldu barna til að nota hjólreiðahjálma tók gildi 1. október 1997 og gilti til tveggja ára. Reglugerðin var síðan framlengd ótímabundið 30. september 1999.
12. Samræma þarf reglur um allt ökunám og gera öllum ökuskólum skylt að starfa með starfsleyfi frá Umferðarráði.
Með reglugerð um ökuskírteini frá 1997 komu nýjar reglur um allt ökunám. Ný námskrá til almennra ökuréttinda var staðfest í árslok 1999 og tók gildi 1. febrúar 2000. Unnið er að endurskoðun annarra námskráa í framhaldi þessa. Með reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla og nýju námskránni varð að skyldu að allt ökunám skuli fara fram í ökuskólum.
13. Breyta þarf reglum um heimild til aksturs á léttum bifhjólum, dráttarvélum, vélsleðum og torfærutækjum.
Aldursákvæði um akstur vélsleða og torfærutækja voru hækkuð í árslok 1996. Nýjar reglur voru einnig settar með reglugerð um ökuskírteini frá 1997.
14. Gera þarf bóklegt ökunám fyrir alla flokka ökuréttinda að skyldu.
Nýjar reglur voru settar með reglugerð um ökuskírteini frá 1997.
15. Koma þarf upp ökugerðum sem víðast í tengslum við ökukennslu og önnur umferðaröryggismál.
Ríkisstjórnin samþykkti árið 1998 að gerast hluthafi í akstursíþróttasvæði á höfuðborgarsvæðinu. Óljóst er með þátttöku sveitarfélaga, en aðrir hluthafar eru reiðubúnir.
16. Sérstakur ökuréttindaflokkur verði tekinn upp fyrir bifreiðir með stóra eftirvagna.
Ný ákvæði voru sett með reglugerð um ökuskírteini frá 1997.
17. Samræma þarf reglur um ökutæki og búnað þeirra EES-reglugerðum og þar sem leyfi-

legt er að hafa strangari séríslenskar reglur sem stuðla að auknu umferðaröryggi skal það gert þar sem rök mæla með.
Í samræmi við ákvæði EES samningsins eru reglur um þetta efni samræmdar eftir því sem nýjar tilskipanir eru samþykktar. Eftir er að fá heimild til að kveða á um að dagljósabúnaður skuli vera í bifreiðum.

18. Vinna skal að því að bæta umferðarmannvirki með tilliti til aukins umferðaröryggis. Umferðaröryggi verði fastur þáttur í allri skipulagsvinnu sem tengist vega- og gatnakerfi og í umhverfismati.
Vegagerðin vinnur eftir sérstakri áætlun um fækkun einbreiðra brúa og lagfæringu umferðarmannvirkja með tilliti til umferðaröryggis, sem m.a. byggist á umferðaröryggismati. Vegagerðin hefur sett reglur um umferðaröryggismat við hönnun á nýjum umferðarmannvirkjum.
19. Auka þarf eftirlit og löggæslu. Þar ber sérstaklega að nefna áhrifamátt sjálfvirks umferðareftirlits með myndavélabúnaði og ber að stefna að uppsetningu slíks búnaðar.
Rauðljósamyndavélar voru teknar í notkun í febrúar 1997, en hraðamyndavélar í maí 1998. Verið er að fjölga þessum tækjum. Lögreglan hefur einnig tekið í notkun nýjan öndunarsýnabúnað til sönnunarfærslu í ölvunarakstursmálum.
20. Taka ber upp punktakerfi í tengslum við ökuferilsskrá sem fyrst.
Punktakerfið var tekið í notkun 1. janúar 1998 ásamt miðlægri ökuferilsskrá.
21. Stórefla ber rannsóknir á sviði umferðaröryggismála og nýta erlendar rannsóknir í umferðaröryggisstarfinu.
Ísland hefur mikil erlend samskipti á sviði umferðarmála. Það á aðild að „High Level Group" hjá Evrópusambandinu, alþjóðasamtökum umferðarráða (PRI), norrænu umferðaröryggisnefndinni auk fjölbreyttra annarra samskipta.
22. Gera þarf eiganda ökutækis ábyrgari vegna aðildar bifreiðar hans að umferðarlagabroti.
Skoða þarf lagagrundvöll og reynslu annarra þjóða. Er í athugun.

Fylgiskjal II.

Verkefnalisti 2000–2002.

1. Umferðaröryggisverkefnum þarf að raða með tilliti til arðsemi og forgangs.
2. Efla þarf sektainnheimtu og einfalda. Gera þarf meðferð og fullnustu umferðarlagasekta skilvirkari.
3. „Núllsýn" (null-vision). Aðlaga þarf sænsku umferðaröryggissýnina að íslenskum aðstæðum.
4. Eftirlit með notkun bílbelta, notkun myndavéla, fjölgun punkta, hækkun sekta, staða metin með vissu millibili.
5. Hraðakstur, áætlun um notkun myndavéla, staður og umfang, hækkun sekta, staða metin með vissu millibili.
6. Rauðljósamyndavélar, á fleiri gatnamót, áætlun um aðgerðir, staða metin með vissu millibili.
7. Markvissar aðgerðir til að fækka svartblettum, upplýsingar til lögreglu á myndrænu formi.
8. Fjölga þarf öndunarsýnamælum (Intoxilyzer 5000N) frá því sem nú er. Gera þarf að-

gerðaráætlun um notkun tækjanna. Æskilegt er að fjölgað verði um fimm tæki sem afhent yrðu lögregluembættum víða um land.
9. Auka samstarf þeirra sem skrá umferðarslys.
10. Endurskoða umferðarmerkingar.
11. Skipulag umferðaráróðurs taki mið af áðurnefndum markmiðum og samræming milli aðila.
12. Aldraðir og umferðaröryggi.
13. Aðgerðir til að koma í veg fyrir aftanákeyrslur, bil milli bíla, auka áróður og eftirlit til að nægilegt bil sé milli ökutækja.
14. Kaupa þarf laser-radarbúnað sem er að ryðja sér til rúms víða erlendis. Fylgja þarf eftir tækniframförum í löggæslumálum.
15. Árangursmat. Meta þarf árangur sérstakra lögregluaðgerða og upplýsinga og áróðursherferða.
16. Taka þarf upp verkefnastýrða löggæslu, ljúka þarf við gerð forrits til að verkefnastýra umferðarlöggæsluaðgerðum með svipuðum hætti og Ástralir og Englendingar gera.
17. Gera þarf tímaáætlun um helstu umferðaröryggisaðgerðir þannig að unnt sé að samræma þær á landsvísu.
18. Nýta þarf upplýsingar úr gagnagrunni lögreglu og annarra aðila til að beina löggæslu og áróðri að réttum þáttum og stöðum.
19. Umferðardeild ríkislögreglustjóra verði efld til þess að annast þjóðvegalöggæslu. Eftirlitið verði starfrækt með a.m.k. fjórum heilum stöðugildum og fjórum 50% stöðugildum til viðbótar frá vori til hausts.
20. Settur verði upp búnaður á akbrautir til að fá upplýsingar um hraða ökutækja og fjölda þeirra. Hann verði notaður af lögreglu til að afla upplýsinga fyrir skipulag umferðarlöggæslu.
21. Keyptir verði fleiri öndunarmælar, t.d. 10 S-D2 öndunarmælar til að gera fyrstu öndunarpróf á ökumönnum.
22. Kaupa þarf filmulesara, prentara og annað sem til þarf til að vinna úr filmum sem koma frá hraðamyndavélabifreiðum. Búnaður sem yrði hreyfanlegur og hægt að fara með út á land með hraðamyndavélabifreiðum og vinna málin strax á staðnum.
23. Setja þarf í reglur bann við notkun radarvara og annars sambærilegs búnaðar, sem varar við hraðamælingum lögreglu.

1378. Skýrsla [646. mál]

dómsmálaráðherra um áfengiskaupaaldur.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

1. Inngangur.

Í janúar 1999 setti dómsmálaráðherra, samkvæmt IV. ákvæði til bráðabirgða í áfengislögum nr. 75/1998, á laggirnar sex manna nefnd sem var falið það verkefni að kanna hvort æskilegt væri að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Hlutverk nefndarinnar var að kanna og gera grein fyrir viðfangsefni sínu á hlutlausan hátt, m.a. eftirfarandi:

1. Skilgreina kosti og galla breytinga á áfengiskaupaaldri.

2. Kanna reynslu annarra þjóða sem breytt hafa áfengiskaupaaldri.
3. Kanna hvernig efla þyrfti forvarna- og eftirlitsstarf til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga og hvernig standa þyrfti að undirbúningi.
4. Meta áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár.
5. Meta hvort rétt væri að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu verði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðar létt vín og bjór.
6. Meta hvort rétt væri að skoða samhliða slíkri breytingu að færa aldur til ökuleyfis úr 17 í 18 ár og að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0%.

1.1 Skipan nefndarinnar.

Í nefndina voru skipuð Kolbeinn Árnason, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður. Eftir fyrsta fund nefndarinnar kom í hans stað Sandra Baldvinsdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þá voru skipuð Jónína Bjartmarz, formaður, tilnefnd af Landssamtökunum Heimili og skóli, Jón F. Bjartmarz yfirlögregluþjónn, tilnefndur af ríkislögreglustjóra, Óttar Guðmundsson geðlæknir, tilnefndur af landlæknisembættinu, Þorgerður Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Birna Þórarinsdóttir, tilnefnd af félagi framhaldsskólanema. Eftir fyrsta fund nefndarinnar var skipuð í hennar stað Ingibjörg Guðbjartsdóttir.

1.2 Um störf nefndarinnar.

Nefndin hélt sinn fyrsta fund í febrúar 1999. Var þá ákveðið að leita til Ingu Dóru Sigfúsdóttur hjá Rannsóknum og greiningu en hún vann að samantekt rannsókna sem gerðar hafa verið um áfengisneyslu og drykkjuvenjur íslenskra unglinga. Greinargerð hennar barst nefndinni í nóvember 1999. Þann 3. nóvember 1999 tók við nýr formaður í nefndinni og var næsti fundur nefndarinnar boðaður 24. sama mánaðar.

Nefndin aflaði gagna víða að, bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Þá óskaði nefndin umsagnar ýmissa aðila um ýmis atriði sem nefndinni var falið að kanna.

Allsherjarnefnd var gerð grein fyrir störfum nefndarinnar og fékk drög skýrslunnar með bréfi 11. apríl 2000 og lokadrög skýrslunnar þann 28. sama mánaðar. Þá fór nefndin á fund allsherjarnefndar 2. maí 2000 og gerði nánari grein fyrir efni skýrslunnar.

Nefndin hélt samtals átta fundi og lauk störfum í maímánuði 2000 með þessari skýrslu.

Við vinnu sína hafði nefndin eftirtaldar forsendur til hliðsjónar:

1. Markmið með skilgreiningu áfengiskaupaaldurs í lögum er fyrst og fremst að draga úr misnotkun áfengis og skaðsemi af völdum áfengisneyslu. Markmiðið er ekki fyrst og fremst að ráða aldri neytendanna.
2. Sátt verður að ríkja í þjóðfélaginu um sett lög til að þeim sé fylgt.
3. Lögin þurfa að vera skýr og skiljanleg, bæði fyrir þá sem þau gilda um og þá sem ætlað er að fylgja þeim eftir.
4. Æskilegt er að lög um áfengiskaupaaldur séu í samræmi við önnur takmörk og réttindi sem gilda í landinu.

1.3 Almennar upplýsingar.

1.3.1 Gildandi lög og reglur.

Eftirfarandi ákvæði úr áfengislögum, nr. 75/1998, sem tóku gildi 1. júlí 1998, fjalla um meðferð og neyslu áfengis, leyfissviptingar og refsingar:

18. gr.

Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Ávallt þegar ástæða er til að ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri skal sá sem selur, veitir eða afhendir það láta hlutaðeigandi sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 20 á kvöldin og fram til lokunar staðarins, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framleiðslumenn skulu láta ungmenni er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 20 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

5. mgr. 19. gr.

Það varðar mann refsingu samkvæmt lögum þessum láti hann viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu. Sama gildir ef skip hans, bátur eða annað flutningstæki er með vitund og vilja hans notað til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis. Með sama hætti skal refsa þeim sem hefur áfengi í vörslu sinni sem látið hefur verið af hendi andstætt ákvæðum laga þessara.

25. gr.

Verði handhafi leyfis sem gefið er út samkvæmt lögum þessum uppvís að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla eða hann uppfyllir ekki skilyrði sem um reksturinn gilda skal veita honum skriflega áminningu. Áminningu vegna leyfa sem gefin eru út af sveitarstjórn veitir viðkomandi sveitarstjórn eða lögreglustjóri, en ríkislögreglustjóri veitir áminningu vegna leyfa er hann hefur gefið út. Áminning hefur gildi í tvö ár frá því að hún hefur verið birt leyfishafa.

Verði leyfishafi uppvís að frekari vanrækslu meðan áminning er enn í gildi skal það varða sviptingu leyfis um ákveðinn tíma. Sveitarstjórn ber að svipta leyfi telji lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi að skilyrði 1. málsl. 2. mgr. séu uppfyllt. Ef vanræksla er stórfelld eða ítrekuð skal lengd sviptingar ákveðin með hliðsjón af því.

26. gr.

Misbeiti veitingamaður sem leyfi hefur til áfengisveitinga leyfi sínu með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar áfengistegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli sem um áfengisveitingar gilda varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum.

Brot þjónustumanna og stjórnenda varðar einnig refsingu samkvæmt lögum þessum.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að sex árum. Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af lögbundnu áfengisgjaldi.

Innflutningur eða framleiðsla áfengis án leyfis varðar fangelsi auk sektar ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Sama gildir ef maður gerir sér að atvinnu ólöglega áfengissölu eða veitingar eða slíkt brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt.

Önnur lög:

2. og 3. mgr. 58. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992.

Börnum ...,[1)] innan 18 ára aldurs, er óheimill aðgangur og dvöl á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga, sbr. og 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969,[2)] nema í fylgd með foreldri, öðrum forsjáraðila eða maka. Þeim sem leyfi hefur til áfengisveitinga er skylt að sjá til þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlagðri leyfissviptingu.

[Börn],[1)] innan 18 ára aldurs, mega ekki starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi.

[1)] L. 160/1998, 32. gr. [2)] Nú l. 75/1998

Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Brot á áfengislögunum varða sektum eða fangelsi og eftir atvikum leyfissviptingu. Kaup og neysla áfengis þeirra sem yngri eru en 20 ára eru refsiverð.

1.3.2 Íslensk heilbrigðisáætlun til ársins 2005.

Í drögum að íslenskri heilbrigðisáætlun til ársins 2005 (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1999) er meðal markmiða að draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu ungs fólks um 25% og að áfengisneysla á hvern íbúa verði ekki meiri en 4,5 l af hreinum vínanda á íbúa, 15 ára og eldri. Þróunin í áfengisneyslu í landinu á undanförnum árum er sýnd á mynd 1.

Í samanburði við önnur lönd er heildarneysla áfengis á hvern íbúa hér á landi með því minnsta sem gerist. Mynd 2 sýnir samanburð milli Norðurlandanna. Í flestum öðrum Evrópulöndum er heildarneysla áfengis, reiknað í lítrum af hreinum vínanda, mun meiri, t.d. 12 l á hvert mannsbarn að meðaltali í Þýskalandi, 11,5 l í Frakklandi, 9 l í Belgíu og 7,3 lítrar í Bretlandi (Harkin, Anderson og Goos, 1997).



Mynd 1. Byggt á tölum frá Hagstofu Íslands (ekki er meðtalið áfengi sem ferðamenn eða áhafnir skipa og flugvéla flytja með sér inn í landið).



Mynd 2. Samanburður milli Norðurlandanna.

2. Kostir og gallar.

2.1 Rök með lækkun.

2.1.1 Sjálfræðisaldur.

Lögráða verða menn 18 ára. Lögráða maður er sjálfráða og fjárráða. Í því felst að sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli fyrir á annan veg. Þá ræður fjárráða maður einn fé sínu, nema lög mæli á annan veg.

Segja má að það sé þversagnarkennt að maður verði lögráða 18 ára og ráði þá einn öllum sínum málum, nema að hann getur ekki keypt og neytt áfengis. Sem dæmi má nefna að kosningarréttur og kjörgengi til Alþingis og sveitarstjórna er miðaður við 18 ára aldur. Þá má stofna til hjúskapar við 18 ára aldur.

Áfengiskaupaaldur er því ekki í samræmi við helstu persónuréttindi er menn öðlast við 18 ára aldur, svo sem hæfi til að ráða persónulegum högum, ráða fé sínu, stofna til fjárskuldbindinga, kjósa til Alþingis og sveitarstjórnar, stofna til hjónabands o.fl.

Stefnan hefur verið sú í gegnum tíðina að lækka aldur til að öðlast persónuréttindi, svo sem kosningarrétt, hjúskaparaldur o.fl. Áfengiskaupaaldur hefur hins vegar verið óbreyttur frá 1969. Þá var með lögum nr. 47/1969 aldursmarkið til neyslu áfengis fært úr 21 ári niður í 20 ár. Var sú breyting í samræmi við breytta löggjöf um kosningarrétt, kjörgengi, fjárræðisaldur og hjúskaparaldur. Síðan 1969 hefur kosningarréttur og kjörgengi, fjárræðisaldur og hjúskaparaldur hins vegar verið lækkaður í 18 ár, eins og fram hefur komið, en áfengiskaupaaldur ekki. Með lögræðislögum nr. 71/1997, sem tóku gildi þann 1. janúar 1998, var sjálfræðisaldur hækkaður til samræmis við fjárræðisaldur.

Lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 í 18 ár samræmist sjálfræðisaldri og öðrum þeim helstu persónuréttindum er menn öðlast við 18 ára aldur.

2.1.2 Samræmi við nágrannaþjóðir.

Á flestum Norðurlöndunum og í öðrum Evrópulöndum er áfengiskaupaaldur lægri en hérlendis.

Í Danmörku er verslunum óheimilt að selja áfengi yngri börnum en 15 ára. (Lov om ændring af lov om foranstaltninger mod alkoholmisbrug nr. 411/1998.) Þá er óheimilt að veita börnum yngri en 18 ára sterkt áfengi á veitingastöðum og öðrum stöðum sem hafa áfengisveitingaleyfi fyrir sterku víni. (Restaurationsloven nr. 256/1993.)

Í Svíþjóð er ekki leyfilegt að selja fólki yngra en 20 ára sterkt/brennt áfengi, léttvín og sterkan bjór út úr vínbúð. Á veitingastöðum mega þeir sem náð hafa 18 ára aldri neyta hvers kyns áfengra drykkja. Bjór í flokki I telst óáfengur og engin aldurstakmörk eru fyrir neyslu hans. (Alkohollag 1994/1738.)

Í Noregi er heimilt að selja og veita fólki 20 ára og eldra sterka/brennda drykki, en allt annað áfengi er heimilt að selja þeim sem náð hafa 18 ára aldri. (Lov om omsetning av alkoholdig drikk m.v. nr. 27/1989.)

Í Finnlandi er 20 ára aldurstakmark hvað varðar sterka drykki en 18 ára fyrir bjór og léttvín í vínbúðum. Á veitingastöðum gildir 18 ára aldurstakmark fyrir alla áfenga drykki.

Af öðrum löndum má nefna Írland, Lúxemborg, Bretland, Tyrkland, Lettland, Litháen, Rúmeníu, Rússland og Pólland sem hafa 18 ára áfengiskaupaaldur. Í Sviss, Hollandi og Þýskalandi er 18 ára aldurstakmark hvað varðar sterkt áfengi en 16 ára hvað varðar léttvín og bjór. Í Frakklandi, Spáni, Belgíu og Ítalíu er hins vegar 16 ára aldurstakmark til að kaupa allt áfengi.

Tafla 1. Löglegur áfengiskaupaaldur í nokkrum löndum.

	Léttöl	Bjór	Vín	Sterkt/brennt áfengi
Danmörk (lög frá 1998)	15	15	15	15 úr búð 18 á veitingast.
Finnland (lög frá 1969)	18 ?	18	18	20 úr vínbúð 18 á veitingast.
Ísland (lög frá 1998)	÷	20	20	20
Noregur	18	18	18	20
Svíþjóð (lög frá 1969)	≤3,5% ÷	20 sterkur 18 flokkur II	18	20 úr vínbúð 18 á veitingast.
Bandaríkin	÷	21	21	21
Nýja Sjáland (upplýsingar frá 1997)	÷	20 úr búð 18 á veitingastað með fylgd	20 úr búð 18 á veitingastað með fylgd	20 úr búð 18 á veitingastað með fylgd

Lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár, einkum hvað varðar léttvín og bjór, er í samræmi við löggjöf á Norðurlöndunum og öðrum nágrannaþjóðum.

2.1.3 Núverandi aldursmörk eru ekki virt.

Á Íslandi hafa um 20% unglinga 13 ára eða yngri orðið drukknir (Þórólfur Þórlindsson og félagar, 1998; Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999). Sömu rannsóknir hafa leitt í ljós að ríflega 60% íslenskra unglinga á aldrinum 15 til 16 ára hafa orðið drukknir og um 80% hafa neytt áfengis.

Af þessum rannsóknum má ætla að hlutfall unglinga sem neytt hafa áfengis 16–18 ára og 18–20 ára sé enn hærra. Segja má að 20 ára áfengiskaupaaldur sé ekki í samræmi við raunverulega neyslu áfengis þeirra sem eru yngri en 20 ára.

Með lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár væri verið að breyta lögum sem meiri hluti ungmenna fer ekki eftir og ekki hefur verið framfylgt.

2.1.4 Aðgangur að vínveitingahúsum.

Eins og fram kom í kafla 1.2 er börnum innan 18 ára aldurs óheimill aðgangur og dvöl á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema í fylgd með foreldri, öðrum forsjáraðila eða maka. Þeim sem leyfi hefur til áfengisveitinga er skylt að sjá til þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlagðri leyfissviptingu. Börn innan 18 ára aldurs mega ekki starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi.

Þrátt fyrir að ungmennum sem ekki hafa náð 20 ára aldri sé heimilaður aðgangur að vínveitingastöðum í vissum tilvikum og að uppfylltum fyrrgreindum skilyrðum er þeim óheimilt að kaupa og neyta þar áfengis. Þetta ósamræmi milli lágmarksaldurs til aðgangs að vínveitingastöðum og áfengiskaupaaldurs gerir eftirlit með því að ungmenni undir 20 ára aldri neyti þar ekki áfengis torvelt.

Erfitt er að framfylgja 20 ára áfengiskaupaaldri þegar ungmennum yngri en 20 ára er heimilaður aðgangur að vínveitingastöðum.

2.1.5 Há aldursmörk gera áfengi eftirsóknarvert.

Sumir halda því fram að það að halda aldursmörkum háum geri áfengi forvitnilegt og eftirsóknarvert í augum unglinga. Þekkt er að á mótunarárum sínum eru unglingar tilbúnari

en ella að taka áhættu og láta reyna á ýmis mörk sem samfélagið setur þeim. Í því ljósi verður ýmislegt sem er bannað spennandi, t.d. það að komast yfir áfengi.

Sumir foreldrar eru þeirrar skoðunar að hægt sé að kenna unglingum að umgangast áfengi þannig að neyslu þess fylgi ekki þessi spenna. Þeir benda á að með því að bjóða 18 ára unglingi vínglas með mat séu þeir hins vegar að brjóta lög og við það eru þeir ósáttir.

Hár áfengiskaupaaldur getur gert áfengi eftirsóknaverðara í augum ungmenna.

2.1.6 Samkeppni við önnur efni.

Þá eru þeir sem halda því fram að hátt verðlag á áfengi og hár áfengiskaupaaldur bjóði þeirri hættu heim að ólögleg vímuefni verði hlutfallslega aðgengileg fyrir unglinga undir löglegaldri til að nálgast og neyta. Ef unglingar geta ekki nálgast bjór eða annað áfengi nema eftir krókaleiðum en markaðssetning ólöglegra efna er mjög sterk aukast líkur á að þau reyni ólöglegu efnin.

Takmarkað aðgengi og hátt verðlag áfengis getur stuðlað að neyslu ólöglegra vímuefna.

2.1.7 Stuðningur foreldra.

Í viðræðum við foreldra unglinga kemur stundum fram að þeir treysta sér til að neita börnum sínum um áfengi fram að 18 ára aldri. Eftir það líta þeir á börnin sín sem fullorðna manneskju og finnst erfitt að fylgja lögum um 20 ára áfengiskaupaaldur. Margir bjóða börnum sínum t.d. vín með mat eftir 18 ára aldur og líta á það sem hluta af uppeldi að kenna þeim að umgangast vín. Þessir foreldrar telja að það sé betra að lækka áfengiskaupaaldurinn í 18 ár og standa staðfastlega við hann.

Sumum foreldrum finnst erfitt að neita börnum sínum um áfengi eftir 18 ára aldur.

2.1.8 Breyttir drykkjusiðir.

Með breytingum í frjálsræðisátt á íslensku áfengislöggjöfinni er æskilegt að leitast verði við að drykkjuvenjur þjóðarinnar breytist til hins betra. Þrátt fyrir litla heildarneyslu þjóðarinnar hafa drykkjuvenjur Íslendinga einkennst af ölvun. Lögleiðing bjórs, frjálsari afgreiðslutími vínveitingastaða og fjölgun útsölustaða eru aðgerðir sem hafa m.a. miðað að því að breyta drykkjusiðum í líkingu við það sem annars staðar gerist. Ungt fólk fetar gjarnan í fótspor fullorðinna. Með því að breyta áfengislöggjöfinni þannig að fólki 18 ára og eldra væri heimilt að kaupa bjór og léttvín en ekki sterkt áfengi væri verið að reyna að beina áfengisneyslunni í hættuminni farveg og hafa þannig áhrif á drykkjumynstrið.

Með lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár hvað varðar bjór og léttvín væri verið að reyna að breyta drykkjuvenjum til hins betra.

2.2 Rök á móti lækkun.

2.2.1 Markmið vímuvarna á Íslandi – vímulaus grunnskóli.

Á undanförnum árum hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða á sviði vímuvarna á Íslandi, ekki síst eftir samþykkt aðgerðaráætlunar núverandi ríkisstjórnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum (1996). Stefna ríkisstjórnarinnar er skýr. Þar er kveðið á um samhæfðar aðgerðir ríkis og sveitarfélaga með það fyrir augum að koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu barna og unglinga og draga úr áfengis- og tóbaksneyslu þeirra. Í sömu aðgerðaráætlun var meðal annars samþykkt að verja auknum fjármunum til forvarna, veita fé til stuðnings ungmennum í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna og áfengis, stofna áfengis- og vímuvarnaráð og efna til samstarfs ríkisins, Reykjavíkurborgar og Samtaka Evrópuborga gegn eiturlyfjum um áætlunina Ísland án eiturlyfja 2002.

Áfengis- og vímuvarnaráð tók til starfa 1. janúar 1999. Langtímamarkmið þess samkvæmt lögum er að uppræta fíkniefnaneyslu í landinu og draga stórlega úr áfengisneyslu, sérstaklega meðal unglinga (Stefna áfengis- og vímuvarnaráðs, 1999). Áætlunin Ísland án eiturlyfja hefur verið starfrækt frá árinu 1997. Meginmarkmið áætlunarinnar er að sameina krafta þjóðarinnar í baráttunni gegn ólöglegum fíkniefnum, efla forvarnir og skipuleggja verkefni og aðgerðir sem hafa þetta að leiðarljósi (áætlunin Ísland án eiturlyfja: Skýrsla verkefnisstjórnar 1998, 1999).

Áform um að lækka áfengiskaupaaldur samræmist ekki þeirri stefnumótun sem samþykkt var af ríkisstjórninni árið 1996 og aðilar sem sinna forvörnum hafa unnið eftir á undanförnum árum.

2.2.2 Reynsla annarra þjóða.

Fyrir liggja upplýsingar frá Bandaríkjunum og Kanada um áhrif þess að lækka og hækka áfengiskaupaaldur.

Upp úr 1970 lækkuðu mörg fylki Bandaríkjanna lágmarksaldur til áfengisneyslu úr 21 ári í 18, 19 eða 20 ár. Rannsóknir sem gerðar voru til að fylgjast með áhrifum þessara aðgerða sýndu að aukning varð á dauðaslysum í kjölfarið vegna ölvunaraksturs. Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir fóru fylkin smám saman að hækka áfengiskaupaaldurinn aftur upp í 21 ár. Það ýtti á eftir þeim að árið 1984 voru samþykkt alríkislög þar sem þess var krafist að fylkin settu 21 árs áfengiskaupaaldur árið 1986, ella mundu þau missa styrki frá Bandaríkjastjórn til þjóðvegagerðar. Árið 1988 höfðu öll 50 ríki Bandaríkjanna lögleitt 21 árs áfengiskaupaaldur. Að mati „The National Highway Traffic Safety Administration" í Bandaríkjunum kemur þessi hækkun á aldri til áfengiskaupa í veg fyrir dauða 1.000 ungmenna á ári. Ástæðan er sú að eftir að áfengiskaupaaldurinn var hækkaður minnkaði áfengisneyslan í aldurshópnum 18–20 ára og þar af leiðandi fækkaði dauðaslysum í umferðinni. (Medical News & Perspectives, 1998, 17. hefti, 260 tbl.; Public Health Reports, 1994: Lower Legal Blood Alcohol Limits for Young Drivers, 109. tbl.) Sjá einnig kafla 7.2.

Ef svipuð reynsla verður af breytingum á áfengiskaupaaldri á Íslandi og verið hefur í Bandaríkjunum má reikna með að lækkun áfengiskaupaaldurs muni kosta líf eins íslensks ungmennis á ári. Sé hlutfall slasaðra, öryrkja og látinna í umferðarslysum það sama hér og í Bandaríkjunum þýðir lækkunin að til viðbótar við afleiðingar annarra umferðarslysa mundu 60 ungmenni slasast og tvö verða öryrkjar, auk eins dauðsfalls. (Ólafur Hergill Oddsson: Breytum ekki áfengiskaupaaldri, Morgunblaðið, 17. mars 1998.) Tekið skal fram að forsendur í Bandaríkjunum og á Íslandi eru um margt ólíkar og allar breytingar á aldri þar í landi geta haft aðrar afleiðingar en hérlendis.

Reynsla Bandaríkjamanna af lækkun áfengiskaupaaldurs hefur verið slæm og hefur því verið hækkaður aftur.

2.2.3 Fylgni ölvunaraksturs og áfengiskaupaaldurs.

Hjá ökumönnum á aldrinum 17–20 ára verða flest og alvarlegustu ölvunarslysin. Þá er slysatíðni almennt hæst hjá ökumönnum þessa aldurshóps.

Hlutfall ölvaðra ökumanna í umferðarslysum á aldrinum 17–20 ára á árunum 1994–1998 er á bilinu 25 til 29%. (Umferðarráð, samkvæmt upplýsingum lögreglu.)

Samanborið við önnur Evrópulönd er tíðni ölvunarslysa í umferðinni hér á landi 24 á 100.000 íbúa, á Norðurlöndum 16 á 100.000 íbúa en 65 á 100.000 íbúa í löndum Evrópusambandsins. (Harkin, Anderson og Goos, 1997.)

Rannsóknir hafa verið gerðar í Bandaríkjunum um breytingu á áfengiskaupaaldri og ölvunarakstri. Sýna þær rannsóknir eins og eftirfarandi töflur sýna að sterk fylgni er milli áfengiskaupaaldurs og slysa. (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Skýrsla vinnuhóps um endurskoðun á áfengismörkum í blóði ökumanna: Hvernig má stemma stigu við ölvunarakstri? 1999.) Sjá einnig kafla 2.2.2 hér að framan.

Tafla 2. Hækkaður áfengiskaupaaldur úr 18 í 20 ár.

Tegund slysa	Hafa áhrif á	Besti árangur	Skekkjumörk
Öll slys	Viðkomandi aldurshóp	-18%	(+/- 10,0–13,0%)
Banaslys	Öll slys	-24,0%	(+/- 1,0–2,0%)
Slys með meiðslum	Öll slys	-31,0%	(+/- 1,0%)

Tafla 3. Lækkaður áfengiskaupaaldur úr 20 í 18 ár.

Tegund slysa	Hefur áhrif á	Besti árangur	Skekkjumörk
Öll slys	Viðkomandi aldurshóp	+18,0%	(+/- 10,0–13,0%)
Banaslys	Öll slys	+17,0%	(+/-13,0–15,0%)

Eins og töflurnar sýna leiddi hækkaður áfengiskaupaaldur í Bandaríkjunum úr 18 í 20 ár til þess að slysum fækkaði verulega. Samkvæmt rannsóknum þaðan má hins vegar búast við að alvarlegum slysum fjölgi um 18% verði áfengiskaupaaldur lækkaður.

Með lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár má búast við fjölgun alvarlegra bílslysa af völdum ungra ölvaðra ökumanna.

2.2.4 Auknar líkur á félagakaupum.

Nær helmingur þeirra einstaklinga sem neyta áfengis en eru undir áfengiskaupaaldri leitar á náðir vina og kunningja til að útvega sér áfengi eða í um 46% tilvika. Rúmlega 21% fær áfengi hjá foreldrum (18,8%), tæplega 13% kaupa sjálf áfengið og tæplega 9% leita til ættingja eða systkina til þess að útvega sér áfengi (12,6%). (Gallup 1996.) Af þessu er ljóst að félagakaup eru algengasta leið ungmenna til að útvega sér áfengi.

Í framhaldsskólum er aldur nemenda almennt á bilinu 16–20 ár. Unglingar á aldrinum 16–18 ára ganga því í skóla með þeim sem eru eldri og yrði því aðgangur þess aldurshóps greiðari að þeim sem geta útvegað áfengi. Verði þeim sem eru 18 ára og eldri heimilt að kaupa áfengi ykjust líkur á félagakaupum. Hætta er á að þessara áhrifa gæti einnig niður í grunnskóla þar sem þeir sem ná 18 ára aldursmarkinu hafa verið samtímis þeim sem eru í 10. bekk í skóla. Þannig yrði enn auðveldara fyrir unglinga í 10. bekk að útvega sér áfengi en nú er þar sem þeir sem verða tvítugir hafa ekki náð að vera samtíða þeim sem eru í efstu bekkjum grunnskóla í skóla.

Lækkun áfengiskaupaaldurs getur haft í för með sér að enn yngri aldurshópar eiga greiðari aðgang að áfengi.

2.2.5 Áhrif margra samtímabreytinga á áfengislöggjöfina.

Á 125. löggjafarþingi hefur verið lögð fram tillaga til þingsályktunar um endurskoðun reglna um sölu áfengis. Í tillögunni er ályktað að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd er vinni að endurskoðun reglna um sölu áfengis svo að heimila megi sölu á léttum vínum og

bjór í matvöruverslunum. Þá athugi nefndin hvort unnt sé og æskilegt að hafa áhrif á neysluvenjur Íslendinga með breyttri verðlagningu á áfengi og aðgengi að léttum vínum og bjór.

Ný reglugerð um smásölu og veitingar áfengis, nr. 177/1999, var gefin út 17. mars 1999. Í kjölfar þess var afgreiðslutími vínveitingastaða í mörgum sveitarfélögum gefinn frjáls. Enn er lítil reynsla komin á hvaða áhrif þessi breyting hefur haft á neyslumynstur áfengis.

Verði of mörgum þáttum breytt í einu sem áhrif hafa á áfengisneyslu, svo sem að lækka áfengiskaupaaldur og jafnframt að selja áfengi í matvöruverslunum eða lækka verð á áfengi, verður erfitt að leggja mat á raunveruleg áhrif einstakra breytinga.

Verði öðrum áhrifaþáttum breytt auk lækkunar áfengiskaupaaldurs verður erfitt að meta hvaða áhrif lækkun aldursmarka hefur.

2.2.6 Unglingar byrja að drekka enn fyrr en þeir gera nú.

Eins og fram kom í kafla 2.1.3 hafa rannsóknir leitt í ljós að hérlendis hafa um 20% unglinga 13 ára eða yngri orðið drukknir. Þá hafa ríflega 60% íslenskra unglinga á aldrinum 15 til 16 ára orðið drukknir og um 80% hafa neytt áfengis. (Þórólfur Þórlindsson og félagar, 1998; Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999.)

Niðurstöður innlendra og erlendra rannsókna benda til þess að því yngri sem unglingar eru þegar þeir byrja að neyta áfengis því meiri hætta sé á að þeir þurfi að glíma við alvarleg vandamál tengd neyslunni síðar á ævinni.

Unglingar sem hefja neyslu 13 ára eða yngri eru líklegri til þess að drekka bæði oftar og meira í hvert skipti í 10. bekk, en hinir sem hefja neyslu síðar.

Þá er neysla áfengis í mörgum tilvikum undanfari neyslu annarra efna. Þannig hafa rannsóknir leitt í ljós að því fyrr sem unglingar hefja áfengisneyslu því líklegri séu þeir til að hefja neyslu ólöglegra vímuefna. (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson, 1997; Jessor og Jessor, 1975.)

Lækkun áfengiskaupaaldurs getur haft í för með sér að unglingar byrja fyrr að drekka og vandamál tengd drykkju verða meiri.

2.2.7 Tengsl áfengiskaupaaldurs og sjálfsmorðstíðni.

Nýjar bandarískar rannsóknir benda til þess að tengsl séu milli löglegs áfengiskaupaaldurs og sjálfsmorðstíðni í aldursflokknum 18–20 ára, á árunum 1970–1990. Niðurstöðurnar sýna að tíðni sjálfsmorða var marktækt hærri (8%) meðal ungs fólks í fylkjum sem höfðu 18 ára aldurstakmark en í fylkjum með 21 árs aldurstakmark til áfengiskaupa. (American Journal of Public Health. 1999; 89: 1365–1368.) Rétt er að benda á að þessar rannsóknir sýna tengsl en ekki er ljóst hvort um orsakasamband er að ræða. Margt annað hefur áhrif, svo sem þjóðfélagslegar aðstæður eins og atvinnuleysi, skilnaðartíðni o.fl.

Áfengisnotkun er afgerandi áhættuþáttur þegar sjálfsvíg eru annars vegar. Ungt fólk sem ofnotar áfengi er oftast undir áhrifum áfengis þegar það fremur sjálfsvíg. Niðurstöður rannsókna hafa leitt í ljós sterk tengsl milli áfengis- og fíkniefnanotkunar og sjálfsvígshegðunar. Þannig má ætla að ef dregið er úr notkun þessara efna muni það leiða til þess að færri einstaklingar grípi til þess óyndisúrræðis að fyrirfara sér. (Skýrsla nefndar um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi, 1996. Menntamálaráðuneytið.)

Áætla má að lækkun áfengiskaupaaldurs gæti leitt til hærri tíðni sjálfsvíga ungs fólks.

3. Reynsla annarra þjóða.

Könnun sem gerð var á útbreiðslu vímuefna, sem lögð var fyrir skólanema í 10. bekk í 23 Evrópulöndum árið 1995, sýnir að í Tékklandi hafa hlutfallslega flestir unglingar einhvern

tíma neytt áfengis, eða 97%. Unglingar í Danmörku og Slóvakíu koma næst á eftir en 96% þeirra hafa neytt áfengis. Tæplega 80% íslenskra unglinga í 10. bekk hafa neytt áfengis. Ísland skipar sér í sæti meðal landa á borð við Portúgal, Færeyjar og Noreg, þar sem lægra hlutfall unglinga á þessum aldri hefur neytt áfengis samanborið við önnur lönd. Á Norðurlöndum hafa hlutfallslega fæstir neytt áfengis á Íslandi, í Noregi og í Færeyjum. Þar á eftir koma Finnland og Svíþjóð þar sem 89% unglinga hafa neytt áfengis. Danmörk sker sig úr að þessu leyti. Í heild er ljóst að þorri unglinga í þessum löndum hefur neytt áfengis. (Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, (1998). Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.)

Þegar skoðað er hlutfall þeirra sem hafa neytt áfengis og þeirra sem hafa orðið drukknir vekur athygli hve mikið röð landanna breytist. Þannig höfðu nær allir unglingar á þessum aldri neytt áfengis í Tékklandi og Slóvakíu en mun færri eða um og undir helmingi höfðu orðið drukknir síðustu 12 mánuði. Hins vegar höfðu 79% íslenskra unglinga neytt áfengis en 60% orðið drukknir síðustu 12 mánuði. Því er ljóst að umfang áfengisneyslu og drykkjuvenjur fara ekki alltaf saman. Í því sambandi er eftirtektarvert að Norðurlöndin, Bretland og Írland raðast efst á kvarðann þegar kannað er hlutfall nemanda sem hafa orðið drukknir síðustu 12 mánuði. Þetta gefur til kynna að ungmenni í þessum löndum, þ.e. á Norðurlöndunum (utan Noregs og Færeyja) og í Bretlandi, byrji að drekka sig ölvuð heldur yngri en jafnaldrar þeirra í öðrum Evrópulöndum.

Í þeim löndum þar sem drykkjusiðir einkennast af því að ungmennin verða full eru hlutfallslega flest ungmenni sem telja sig verða fyrir vandræðum af völdum neyslunnar. Sérstaklega er hátt hlutfall íslenskra unglinga sem hefur lent í vandræðum vegna eigin áfengisneyslu. Má þar nefna óæskilega kynlífsreynslu, slagsmál, þjófnað, meiðsl eða slys, útistöður við foreldra o.fl.

Ljóst er að umfang áfengisneyslu og drykkjuvenjur þurfa ekki nauðsynlega að fara saman. Þá gefa niðurstöður rannsókna einnig vísbendingu um drykkjusiði í þessum löndum. Þær gefa til kynna að drykkjusiðir ungmenna á Norðurlöndum og í Bretlandi einkennist í ríkum mæli af ölvun og vandræðahegðun en gengur og gerist í mörgum öðrum löndum Evrópu. Þar skipar Ísland sér í eitt af efstu sætunum.

Drykkjuvenjur eru aðrar hérlendis en í öðrum Evrópulöndum. Hér einkennast þær meira af ölvun og vandræðahegðun en í öðrum löndum. Samanburður við önnur lönd er því varhugaverður.

4. Forvarna- og eftirlitsstarf.

Verði áfengiskaupaaldur lækkaður úr 20 árum í 18 ár er afar mikilvægt að efla forvarna- og eftirlitsstarf.

Forvarnir á þessum vettvangi má í stórum dráttum flokka í aðgerðir til að draga úr framboði og aðgengi að áfengi annars vegar og hins vegar aðgerðir til að draga úr eftirspurn eftir áfengi.

Gildandi lög og reglur um innflutning, dreifingu, áfengiskaupaaldur, verðlag og markaðssetningu eru aðgerðir til að stýra aðgengi að áfengi.

Aðgerðir til að draga úr eftirspurn eftir áfengi eru aðallega fræðsla, áróður og ýmsar félagslegar aðgerðir sem beint er til einstaklinga eða hópa til að auka þekkingu, hafa áhrif á viðhorf eða bæta aðstæður hópa sem standa af einhverjum ástæðum verr að vígi en almennt gerist í þjóðfélaginu.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að takmarkaður árangur næst ef áherslan er aðeins á annan framangreindra þátta. Fræðsla verður að hafa stuðning af lögum og eftirliti til að bera árangur. Formlegt taumhald eitt sér, til að mynda öflug lög- og dómgæsla, nægir að sama skapi ekki til þess að ráða niðurlögum vandans. Niðurstöður rannsókna hérlendis benda til þess að huga þurfi betur að óformlegu taumhaldi í samfélaginu, sérstaklega því taumhaldi sem verður til í persónulegum samskiptum.

Árangur í forvarnastarfi krefst samstarfs margra. Mestu máli skiptir að sem flestir vinni saman, foreldrar, kennarar, starfsfólk heilsugæslu og þeir sem skipuleggja íþrótta- og tómstundastarf. Allir verða að leggjast á eitt eigi góður árangur að nást. Forvarnastarf er grasrótarstarf. Sérfræðingar og stjórnmálamenn geta vissulega hjálpað til og greitt fyrir því að árangur náist. Þegar upp er staðið liggur ábyrgðin þó hjá okkur; almenningi, foreldrum og öllum þeim sem vinna daglega með börnum og unglingum. Það er undir okkur komið hvort árangur næst. Til þess verðum við að forgangsraða og velja. Til þess að takast megi að draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu ungmenna verður að berjast á nokkrum vígstöðvum í senn. Öflugt forvarnastarf getur dregið úr fjölda þeirra ungmenna sem prófa lögleg og ólögleg vímuefni.

Hins vegar er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að takmarkaður árangur næst í þessari baráttu með slíkum aðgerðum eingöngu. Þá bendir reynslan erlendis til þess að formlegt taumhald eitt sér, til að mynda öflug lög- og dómgæsla, nægi ekki til þess að ráða niðurlögum vandans. Niðurstöður rannsókna hérlendis benda til þess að huga þurfi betur að óformlegu taumhaldi í samfélaginu, sérstaklega í því taumhaldi sem verður til í persónulegum samskiptum.

Öflugt forvarnastarf þarf að beinast að því að bæta félagslegt umhverfi ungmenna. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í forvarnastarfi. Rannsóknir sýna að unglingar sem verja litlum tíma með foreldrum sínum og fjölskyldu og unglingar sem fá lítið aðhald og eftirlit heima fyrir eru mun líklegri til þess að nota áfengi og önnur vímuefni en þeir unglingar sem verja meiri tíma með fjölskyldunni og eiga foreldra sem veita þeim aðhald. Virkja þarf foreldra og beina athygli þeirra að þeim þáttum í samskiptum fjölskyldunnar sem draga úr óæskilegum áhrifum jafningjahópsins. (Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, 1998. Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.) Til þess að foreldrar geti gegnt þessu mikilvæga hlutverki þurfa þjóðfélagslegar aðstæður að vera þannig að þeim sé kleift að verja meiri tíma með börnum sínum.

Ekki má horfa fram hjá mikilvægi skólans. Unglingar sem eru utanveltu í skólanum eru mun líklegri en aðrir til þess að neyta áfengis og annarra vímuefna. Líklegt er að fyrstu einkenni vímuefnaneyslu birtist í þáttum sem snúa að skólastarfi, svo sem sinnuleysi, skrópi og neikvæðum viðhorfum til skólans. Brýnt er að kennarar læri að þekkja þessi einkenni svo að þeir geti gripið sem fyrst inn í ferlið. Þá er brýnt að virkja sérstaklega námsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðinga. Á sama hátt er mikilvægt að hafa í huga að skipulag skólastarfs kann að hafa veruleg áhrif á vímuefnaneyslu ungs fólks. Sveigjanlegt skólastarf sem gefur kennurum tækifæri til þess að sinna vel þörfum ólíkra hópa kann að minnka líkur á því að nemendur hrekist úr skóla eða líði þar illa sem eykur hættuna á að þeir lendi á glapstigum.

Þá sýna rannsóknir fram á mikilvægi öflugs tómstundastarfs fyrir unglinga. Þær sýna sterkt samband milli vímuefnaneyslu unglinga annars vegar og þess hvernig þeir verja frístundum sínum hins vegar. Þeir unglingar sem taka þátt í íþróttum og öðru skipulögðu æskulýðsstarfi eru mun ólíklegri til þessa að neyta áfengis og annarra vímuefna en þeir unglingar sem ekki taka þátt í neinu slíku starfi. Því er mikilvægt að efla framboð á vel skipulögðu

tómstunda- og íþróttastarfi sem stuðlar að því að beina menningu unglinga og lífstíl í jákvæðan farveg.

Ef forvarnastarf á að skila árangri verður það að hefjast áður en börnin komast á hættualdur. Það er ekki vænlegt til árangurs að byrja síðar. Þannig þarf að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða gegn áfengisneyslu snemma. Þá er einnig brýnt að gera sér grein fyrir því að ekki er nægilegt að leitast við að hafa áhrif á viðhorf unglinganna eingöngu. Það verður að búa þeim heilbrigð lífsskilyrði – svo að hægt sé að hafa áhrif á atferli þeirra og lífstíl.

Af niðurstöðum erlendra og íslenskra rannsókna verður ráðið að barátta gegn ólöglegum vímuefnum komi að litlum notum nema áfengi sé tekið með í reikninginn. Þannig kunna tilraunir til að hafa áhrif á áfengisneyslu unglinga, 13 ára eða yngri, að vega þyngra í baráttunni við ólögleg vímuefni en það að fræða unglinga um skaðsemi efna eins og amfetamíns og hass. Þegar haft er í huga að neysla áfengis er í mörgum tilvikum undanfari neyslu annarra efna virðist ekki vænlegt til árangurs að draga skil milli áfengis og ólöglegra vímuefna. Niðurstöður rannsókna benda eindregið til þess, svo langt sem þær ná, að það sé eitt brýnasta verkefni forvarnastarfs að draga úr áfengisneyslu unglinga. (Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, 1998. Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.)

Auka þarf verulega eftirlit með vínveitingastöðum og koma á markvissu samstarfi við rekstraraðila þeirra. Gera þarf auknar kröfur til rekstraraðila, dyravarða og annars starfsfólks til þess að koma í veg fyrir að ungmennum sem ekki hafa aldur til sé hleypt inn á staðina og afstýra að þeim sé veitt áfengi. Þá er ljóst að dreifing á ólöglegum fíkniefnum á sér stað á ýmsum veitingastöðum. Því er brýnt að efla vínveitingahúsaeftirlit enn frekar frá því sem nú er.

Forvarna- og eftirlitsstarf þarf að efla. Verði áfengiskaupaaldur lækkaður þarf að efla forvarna- og eftirlitsstarf enn meir. Formlegt taumhald eitt og sér nægir ekki. Efla þarf einnig óformlegt taumhald svo að betri árangur nánist.

5. Áhrif lækkunar til lengri og skemmri tíma.

Hér að framan hefur verið fjallað um þau áhrif sem vænta má að lækkun áfengiskaupaaldurs muni hafa í för með sér.

Eins og fram kemur í kafla 2.2 má í fyrsta lagi búast við að alvarlegum bílslysum af völdum ungra ölvaðra ökumanna fjölgi. Í öðru lagi getur lækkun haft í för með sér að enn yngri aldurshópar eiga greiðari aðgang að áfengi. Í þriðja lagi getur lækkun áfengiskaupaaldurs haft í för með sér að unglingar byrja fyrr að drekka og vandamál tengd drykkju verða meiri. Í fjórða lagi má áætla að lækkun áfengiskaupaaldurs gæti leitt til hærri tíðni sjálfsvíga ungs fólks.

Nefndin telur örðugt að meta hvort og að hvaða leyti lækkun áfengiskaupaaldurs muni hafa jákvæð áhrif, einkum með tilliti til þess hvort lækkun geti breytt drykkjuvenjum hérlendis, þannig að neysla ungmenna einkennist síður af ölvun og vandræðahegðun. Sjá nánar kafla 6.3.

Verði ákveðið að lækka áfengiskaupaaldur þarf að gera ráðstafanir sem felast í ítarlegri könnun á áfengisneyslu fyrir og eftir lækkun. Í lok tímabilsins þarf að kanna hvaða áhrif lækkunin hefur haft á ýmsa þætti, svo sem neysluvenjur hafi breyst, hvers konar áfengi ungmenni drekki, áhrif á ölvunarakstur, hvort áfengissala hafi aukist og tengsl við uppeldisþætti, lífsstíl og önnur vímuefni. Slík könnun þyrfti að beinast að ungmennum í grunnskólum og framhaldsskólum, en neysla í grunnskólum hefur hingað til verið skoðuð mun betur en í framhaldsskólum.

Hins vegar er bent á að erfitt getur verið að meta áhrif lækkunar á einstaka þætti og má þar nefna að áhrif ölvunar tengist því hversu virkt eftirlit lögreglu er á hverjum tíma og að aukin aðsókn í áfengismeðferð getur verið tilkomin vegna aukinna meðferðarúrræða.

Verði áfengiskaupaaldur lækkaður er nauðsynlegt að auka forvarnir í víðtækum skilningi, auka eftirlit lögreglu og fylgja betur eftir viðurlögum við brotum á lögum um áfengiskaupaaldur en gert hefur verið hingað til. Sjá nánar kafla 4.

Áréttað er að verði of mörgum þáttum breytt í einu sem áhrif hafa á áfengisneyslu, svo sem að lækka áfengiskaupaaldur og jafnframt að selja áfengi í matvöruverslunum eða lækka verð á áfengi, verður erfitt að meta hvaða áhrif lækkun aldursmarka hefur til lengri og skemmri tíma.

6. Tímabundin lækkun áfengiskaupaaldurs.

6.1 Almennt.

Nefndin óskaði umsagnar áfengis- og vímuvarnaráðs til þess að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu verði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðar létt vín og bjór og þá með hliðsjón af því hvernig efla þyrfti forvarna- og eftirlitsstarf til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga eða hvort eingöngu verði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðar létt vín og bjór.

Áfengis- og vímuvarnaráð leggst gegn því að áfengiskaupaaldur verði lækkaður og telur að það sé andstætt markmiðum ríkisstjórnarinnar í vímuvörnum. Reynsla annarra þjóða af að lækka áfengiskaupaaldur sé sú að það leiði til meiri neyslu unglinga á áfengi og fleiri umferðarslysa af völdum ungra ölvaðra ökumanna.

Enn fremur óskaði nefndin umsagnar samtakanna Heimili og skóli um lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár. Stjórn samtakanna telur eftir að hafa farið yfir rök með og á móti breytingum á áfengiskaupaaldri að þau rök sem hvetji til óbreytts áfengiskaupaaldurs vegi þyngra. Að mati stjórnarinnar sé vert að taka á ný afstöðu til lækkunar áfengiskaupaaldurs eftir að markvisst hefur verið unnið að því að halda uppi öflugu forvarnastarfi og að hið opinbera sinni því lögboðna eftirliti með áfengi og áfengisneyslu sem áfengislög og reglur gera ráð fyrir.

Þá óskaði nefndin umsagnar samtakanna Barnaheilla. Í umsögn þeirra segir að stjórn Barnaheilla telji það ekki ráðlegt að lækka áfengiskaupaaldurinn úr 20 í 18 ár fyrst og fremst vegna þess að samtökin komi ekki auga á nein rök sem sýna fram á að slík breyting mundi auka á velferð ungmenna á þessum aldri. Er vísað til þess að reynslan bæði hérlendis og erlendis bendi í þá átt að rýmkun á reglum og auðveldara aðgengi að áfengi auki heildarneysluna og í kjölfar neysluaukningar vaxi vandamál tengd áfengisneyslu. Þá sé ekki algilt að unglingar öðlist réttindi og skyldur fullorðinna við 18 ára aldursmörkin. Jafnframt er vísað til þess að í forvarnastarf hafi farið mikill tími og fjármunir. Ekki síst vegna þess telja Barnaheill það óráðlegt nú að lækka aldursmörkin.

6.2 Almenn lækkun tímabundið í 18 ár.

Nefndin telur að verði áfengiskaupaaldur lækkaður almennt tímabundið úr 20 árum í 18 ár sé hætta á því að ekki verði aftur snúið og aldurinn ekki hækkaður á ný. Erfitt yrði að færa aldurinn til fyrra horfs og auknar líkur séu á að enn erfiðara yrði þá að framfylgja 20 ára áfengiskaupaaldri en nú. Þá verði neikvæð áhrif slíkrar lækkunar, sbr. kafla 2.1 hér að framan, ekki aftur tekin. Sjá einnig kafla 5.

6.3 Tímabundin lækkun aldurstakmarks til kaupa á léttvíni og bjór í 18 ár.

Nefndin leitaðist við að kanna hvort breytingar hafi orðið á áfengisneysluvenjum Íslendinga í kjölfar rýmkunar á áfengislöggjöf, einkum eftir tilkomu bjórsins 1989, fjölgun útsölustaða áfengis, veitingastaða o.fl., einkum í ljósi þess hvort þær breytingar hafi haft jákvæð áhrif með tilliti til þess að þær hafi leitt til betri neysluvenja og minni vandræða af völdum áfengisneyslu.

Vildi nefndin kanna hvort lækkun léttvíns og bjórs í 18 ár gæti hugsanlega haft jákvæð áhrif að því leyti að breyta neysluvenjum ungmenna til betri vegar með því að beina neyslu frá sterku áfengi til neyslu á léttu víni og bjór.

Á rannsóknarstofu geðdeildar Landspítalans var farið af stað með rannsóknarverkefni haustið 1988 sem miðaði að því að kanna áhrif lögleiðingar bjórsölu á áfengisneysluvenjur Íslendinga og viðhorf þeirra til áfengis. Ein af röksemdunum á móti lögleiðingu bjórsölu var að ef bjór yrði seldur hér drykki ungt fólk meira og byrjaði enn þá yngra að neyta áfengis en áður. (Ása Guðmundsdóttir. Bjór og ungt fólk. Áhrif, 1992.) Kannanirnar voru þrjár. Sú fyrsta var gerð um hálfu ári áður en farið var að selja áfengan bjór hér á landi. Önnur könnun var gerð ári síðar, eða þegar bjór hafði verið seldur í um hálft ár. Sú þriðja var síðan gerð haustið 1992, þremur og hálfu ári eftir að bjórsala var lögleidd.

Niðurstöður þeirra kannana sýndu að ekki varð aukning á heildarfjölda þeirra sem einhvern tíma hafa drukkið áfengi. Hins vegar hafði neysla þeirra unglinga sem drukku áfengi aukist, bæði hvað varðar neyslu bjórs og sterks áfengis. Þá varð aukning á því magni sem þeir drekka í hvert skipti og þeir fundu fyrir áfengisáhrifum oftar eftir að sala bjórs var leyfð en ári áður. Í heildina urðu ekki miklar breytingar á drykkjuvenjum fullorðinna með tilkomu bjórsins. Varðandi aukna heildarneyslu unglinga hefur verið bent á að sú aukna athygli sem áfengi fékk í fjölmiðlum og mikil umræða um bjórinn hafi dregið athygli unglinga í auknum mæli að áfengisneyslu og vakið áhuga þeirra. Enn fremur fjölgaði vínveitingastöðum og áfengisútsölum. Þá verður að hafa í huga að drykkjuvenjur eru oft ótrúlega lengi við lýði og verður því að líta til lengri tíma til að meta hvort neysluvenjur ungmenna hafi breyst til hins betra síðustu ár.

Rannsóknir sýna að frá árinu 1984 til ársins 1989 lækkaði hlutfall unglinga í 10. bekk sem sögðust hafa neytt áfengis, en eftir það hafi neysla áfengis aukist jafnt og þétt og árin 1992 og 1995 var hlutfallið svipað því sem verið hafði árið 1984. Hlutfall þeirra sem hafa haft nokkur kynni af áfengi breyttist lítið sem ekkert frá 1995–1999. Hins vegar fækkaði þeim sem segjast hafa orðið drukknir á síðustu 30 dögum. Benda rannsóknir til þess að hægt og sígandi dragi úr ölvunardrykkju ungmenna. Neysla unglinga á léttvíni og sterku víni hefur dregist umtalsvert saman á þessu tímabili. Mestur er samdrátturinn í neyslu á sterku áfengi. Er bjórdrykkja unglinga orðin hlutfallslega mun algengari en neysla þeirra á sterku áfengi. Árið 1995 var næsta fátítt að unglingar yrðu drukknir án þess að sterkt áfengi væri haft um hönd. Árið 1999 varð nokkru algengara að unglingar yrðu drukknir af bjórdrykkju einni saman, en sú breyting vegur ekki upp á móti áhrifunum af minni neyslu á sterku áfengi. (Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir. 1999. Þróun vímuefnaneyslu íslenskra unglinga: Yfirlit yfir niðurstöður íslenskra rannsókna á vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk grunnskóla 1995–1999. Reykjavík: Rannsóknir og greining fyrir áfengis- og vímuvarnaráð.)

Til að kanna frekar hvaða áhrif tilkoma bjórsins hefur haft og önnur rýmkun áfengislöggjafar og hvort neysluvenjur hafi breyst til hins betra óskaði nefndin umsagnar eftirfarandi aðila: lögreglustjórans í Reykjavík, dr. med. Brynjólfs Mogesens við Sjúkrahús Reykjavíkur, jafningjafræðslu framhaldsskólanema, SÁA og Bifreiðastjórafélagsins Frama. Bifreiðastjóra-

félagið Frami treysti sér ekki til að tjá sig um málefnið og ekki bárust umsagnir annarra en lögreglustjórans í Reykjavík.

Í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík er byggt á mati Karls Steinars Valssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns, Ragnheiðar Þórisdóttur félagsfræðings og Víðis Ragnarssonar félagsfræðings á því hvort áfengisneysluvenjur hafi breyst frá 1989. Kemur þar fram að ekki hafi reynst unnt að gera nákvæma úttekt á þeim breytingum sem orðið hafa enda nær ógerlegt að meta áhrif breyttra neysluvenja á breytingar í málafjölda lögreglu.

Áfengisveitingaleyfum innan umdæmis lögreglunnar í Reykjavík hefur fjölgað gífurlega eða úr 84 leyfum árið 1989 upp í tæplega 200 leyfi árið 1999. Af þessum stöðum séu flestir í og við miðbæ Reykjavíkur og hafi það haft víðtæk áhrif á skemmtanalíf á því svæði. Í stað stærri skemmtistaða áður séu staðirnir nú fleiri og smærri og meiri umferð á milli þeirra. Þá hafi einnig átt sér stað ýmsar breytingar sem hafi það að markmiði að sporna við hópasöfnun í miðborginni. Þannig hafi sumum handhöfum vín- og skemmtanaleyfa verið gefinn frjáls opnunartími, löggæsla í miðborginni hafi aukist gífurlega og nýjum aðferðum hafi verið beitt við löggæslu á þessu svæði.

Í ljósi þessara breytinga sé erfitt að leggja mat á raunveruleg áhrif einstakra breytinga á þá þróun sem átt hefur sér stað á síðasta áratug enda ljóst að engin ein breyting hafi mótað þá þróun sem átt hefur sér stað í skemmtana- og neyslumynstri innan umdæmisins. Þá sé vandasamt fyrir lögreglu að leggja mat á áhrif þessara breytinga á verkefna- og málafjölda. Þannig sé ekki alltaf ljóst hver tengsl milli áfengisneyslu og afbrota eru og því erfitt að meta þátt áfengis í þeim breytingum sem átt hafa sér stað í einstaka brotaflokkum. Tilraun hafi þó verið gerð til þess með því að skoða málafjölda í nokkrum brotaflokkum sem gjarnan tengjast áfengi eða annarri vímuefnaneyslu.

Jafnan séu nokkrar sveiflur í málafjölda á milli ára í öllum flokkum. Þó virðist ránum, þjófnuðum, fíkniefnabrotum og líkamsárásum hafa farið fjölgandi á tímabilinu en á sama tíma hafi málum er varða ölvun á almannafæri, heimilisófrið, ölvun við akstur og ólöglegan tilbúning áfengis farið fækkandi. Samkvæmt þessu virðist því þeim brotum sem tengjast áfengisneyslu einna skýrast hafa fækkað á tímabilinu á meðan brotum sem oft eru frekar tengd harðari efnum virðist hafa fjölgað. Erfitt sé að leggja mat á merkingu þessarar þróunar í ljósi breytinga á áfengislögum enda líklegt að aðrar samfélagsbreytingar hafi þarna sitt að segja.

Í samantekt umsagnarinnar segir að á þeim rúmlega áratugi sem liðinn sé síðan heimild var gefin fyrir sölu bjórs á Íslandi hafi margt breyst hvað varðar drykkjuvenjur og skemmtanalíf í íslensku samfélagi. Hvað varði slíkar samfélagslegar breytingar sé ávallt um flókið samspil ólíkra þátta að ræða. Á þessum tíma hafi skemmtanamenning í Reykjavík breyst mikið, vínveitingahúsum hafi fjölgað og opnunartími þeirra sé gjörbreyttur. Markvisst starf hafi einnig verið unnið til að breyta þróun skemmtanalífs í miðborg Reykjavíkur og hafi það starf jafnframt skilað breytingum sem haft hafi áhrif á það umhverfi sem hér um ræðir. Varðandi kosti og galla þess að lækka áfengiskaupaaldur úr 20 árum í 18 ár verði að skoða hvaða hóp sú stefna hefði áhrif á. Rannsóknir bendi til þess að við 18 ára aldur sé almenn drykkja ungmenna þegar hafin og því hefði breytingin sennilega lítil áhrif á það hvenær drykkja hefst. Hins vegar sé mögulegt að hún hefði breytingar í för með sér með hvaða leiðir unglingar nota til að ná sér í áfengi. Núna eigi unglingar auðvelt með að ná sér í áfengi og það séu aðrir aðilar en foreldrar sem kaupi áfengi fyrir unglinga. Einnig sé ljóst að meðal ungmenna er stór markaður fyrir ólöglega tilbúið áfengi. Ef litið sé til þróunar afbrota á þessum áratug í flokkum sem tengjast áfengisneyslu virðist brotum þar sem áfengi kemur

beint við sögu fara eitthvað fækkandi á tímabilinu. Þá sé átt við brot eins og ölvun á almannafæri, ölvun við akstur, heimilisófrið og ólöglegan tilbúning áfengis.

7. Hækkun ökuskírteinaaldurs og lækkun leyfilegs áfengismagns.

7.1 Almennt.

Ökuskírteini fyrir fólksbifreið/sendibifreið má veita þeim sem er fullra 17 ára, sbr. 16. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 501/1997.

Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, ásamt síðari breytingum, segir að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis. Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50%, en er minna en 1,20%, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega. Sé vínandamagn meira en 1,20%, telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

Nefndin óskaði umsagnar Umferðarráðs um það hvort rétt væri að skoða samhliða tímabundinni lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 í 18 ár að hækka aldurinn til ökuleyfis úr 17 í 18 ár og að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanna 17–20 ára í 0 prómill.

Í umsögn Umferðarráðs um það hvort rétt væri að skoða samhliða tímabundinni lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 í 18 ár og að hækka aldurinn til ökuleyfis úr 17 í 18 ár segir að álitaefnið hafi verið rætt á fundi í Umferðarráði og að skoðanir hafi verið skiptar. Hluti fulltrúa taldi rétt að hækka ökuprófsaldur án skilyrða í 18 ár, en margir voru þeirrar skoðunar að ekki lægi nógu skýrt fyrir að hækkun hefði í för með sér fækkun slysa meðal ungra ökumanna. Því væri ekki ástæða til að gera slíka breytingu sem byggðist meira á tilfinningum en staðreyndum. Þá hafi sú skoðun komið fram að ef fyrirhugað væri að breyta þessu þyrfti það að gerast á alllöngum tíma. Á fundinum hafi einnig komið fram ýmis sjónarmið um aðra valkosti og framkvæmd hugsanlegrar breytingar á aldursmörkum til almennra ökuréttinda.

Varðandi það hvort rétt væri að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði í 0 prómill hjá 17 til 20 ára ökumönnum hafi skoðanir einnig verið skiptar. Flestir fulltrúar hafi verið sammála um að gott gæti verið að breyta reglunum, en töldu hins vegar að sömu reglur ættu að gilda fyrir alla, óháð aldri. Vitnað hafi verið til reynslu annarra þjóða sem hafa lækkað mörkin hjá ungum ökumönnum, þar á meðal Austurríkis og Ástralíu, þar sem árangur hefur verið jákvæður og banaslysum þar sem ölvun kemur við sögu hafi fækkað. Einnig hafi verið vitnað til þeirrar staðreyndar að um helmingur 17–20 ára ökumanna hefur í könnun viðurkennt að hafa einu sinni eða oftar ekið undir áhrifum áfengis.

7.2 Ökuskírteinaaldur.

Með hliðsjón af þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið um áhrif lækkunar áfengiskaupaaldurs á fjölgun alvarlegra umferðarslysa, sbr. kafla 2.2.3., telur nefndin að mikilvægt sé að reynt verði eftir föngum að stemma stigu við voveiflegum afleiðingum ölvunaraksturs. Nefndin telur að ástæða sé til að endurskoða ökuleyfisaldurinn þar sem flest slys verða að völdum ungra óreyndra ökumanna.

Nefndin telur að skoða eigi að hækka ökuleyfisaldur úr 17 árum í 18 ár.

7.3 Leyfilegt áfengismagn í blóði.

Hjá ökumönnum á aldrinum 17–20 ára verða flest og alvarlegustu ölvunarslysin, eins og áður hefur komið fram. Þá er slysatíðni almennt hæst hjá ökumönnum þessa aldurshóps. Áfengi hefur fyrr áhrif á ungan ökumann, en þann sem eldri er og hefur m.a. áhrif á sjón, viðbragð og dómgreind.

Rannsóknir sem Transportökonomisk Institutt (TÖI) í Noregi hefur safnað sýna að við lækkun prómillmarka hjá ungum ökumönnum fækkar slysum almennt (tafla 4). (Skýrsla vinnuhóps um enduskoðun á áfengismörkum í blóði ökumanna: Hvernig má stemma stigu við ölvunarakstri?, 1999. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.)

Tafla 4. Lækkun prómillmarka fyrir unga ökumenn (mismikil eftir löndum).

Tegund slysa	Hafa áhrif á	Besti árangur	Skekkjumörk
Öll slys	Viðkomandi aldurshóp	-6,0%	(+/-3,0–4,0%)
Banaslys	Öll slys	+8,0%	(+/-39,0–30,0%)
Slys með meiðslum	Öll slys	-10,0%	(+/-5,0%)
Banaslys/meiðsl	Nótt/ölvunarakstur	-3,0%	(+/-4,0%)
Banaslys/meiðsl	Dagur	+5,0%	(+/-15,0–17,0%)

Taflan sýnir að við lækkun prómillmarka hjá ungum ökumönnum fækkar slysum almennt. Þess ber að gæta að óvissan hvað varðar banaslys er mikil og niðurstaðan því ómarktæk.

Ástralía og Svíþjóð hafa lækkað prómillmörkin á undanförnum árum. Lækkun í Ástralíu var úr 0,8 prómillum niður í 0,5 prómill og í 0 prómill fyrir unga ökumenn. Í Vestur-Ástralíu og Viktoríufylki í Ástralíu hafa prómillmörkin verið færð niður í 0 fyrir 18–24 ára ökumenn sem ásamt öðrum aðgerðum hefur fækkað slysum um 5,6% og slysum með meiðslum um 10%.

Í Svíþjóð var lækkunin úr 0,5 prómillum í 0,2 prómill fyrir alla ökumenn. Reynsla Svía er að lækkun slysatíðni er ekki eingöngu rakin til lækkunar áfengismarka heldur ekki síður til aukins lögregluefirlits og aukins áróðurs, en án herts lögregluefirlits og aukins áróðurs hefði lækkun áfengismarka líklega skilað litlum sem engum árangri.

Í öllum ríkjum Bandaríkjanna hafa frá 1. október 1998 gilt lög um 0 prómill fyrir unga ökumenn. Einnig hafa öll ríkin hækkað áfengiskaupaaldur upp í 21 ár.

Lækkun prómillmarka niður í 0 fyrir unga ökumenn á aldrinum 17–20 ára veldur samkvæmt rannsóknum verulegri fækkun ölvunarslysa. Að auki hefur slíkt bann uppeldislegt gildi þar sem ungur ökumaður verður fyrstu árin að aðskilja alveg akstur og áfengi og meiri líkur eru á að hann haldi því áfram þegar hann eldist. Gefin eru skýr skilaboð um að akstur og áfengi eigi ekki og megi aldrei fara saman. Lækkun prómillmarka þessa aldurshóps hefur sterkt uppeldislegt gildi og fela í sér skýr skilaboð um að akstur og áfengi megi aldrei fara saman.

Nefndin telur rétt að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0 prómill.

8. Lokaorð.

Ríkjandi lög um áfengiskaupaaldur í landinu eru ekki virt. Sumir vilja kenna því um að lögin séu úrelt og að virðingarleysið sýni best að breytinga sé þörf. Aðrir segja að lögunum sé ekki nægilega fylgt eftir af lögreglu og dómstólum og þess vegna gangi fólk eins langt og það getur.

Af framangreindu má ráða að rök séu bæði með og á móti lækkun áfengiskaupaaldurs. Rökin með lækkun felast aðallega í samanburði við aðrar þjóðir, gildandi lög um önnur réttindi í þjóðfélaginu og venjur landsmanna. Rök á móti byggjast hins vegar á markmiðum vímuvarna um viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu gagnvart unglingadrykkju.

Forvarnastarf í landinu hefur verið að breytast á undanförnum árum. Það hefur breyst úr því að vera fyrst og fremst fræðsla um skaðsemi áfengis og vímuefna í það að vera grasrótarstarf þar sem margir sem vinna að uppeldi barna og unglinga í þjóðfélaginu taka höndum saman um styrkja ungt fólk í lífinu. Tekið hefur verið fastar á útivistarreglum, áróðri beint til foreldra í ríkari mæli en áður og þeir kallaðir til ábyrgðar. Þó að um áratugur sé síðan þessara breytinga fór að gæta er lítil reynsla komin á hvaða árangri þær skila.

Í raun er erfitt að bera saman íslenskar og erlendar aðstæður í áfengismálum vegna þess að sérstaða Íslands er svo mikil. Heildarneysla áfengis á Íslandi er mjög lítil og einna minnst í Evrópu (drukknir lítrar/hver einstaklingur yfir 16 ára/árlega). Til skamms tíma voru einungis Tyrkir með minni heildarneyslu. Stjórnvöldum hefur tekist að halda heildarneyslunni svo lítilli með mjög róttækum stjórnunaraðgerðum, svo sem verðstýringu, takmörkuðu aðgengi að áfengi og auglýsingabanni. Allt frá bannárunum hefur verið rekin mjög aðhaldssöm stefna í áfengismálum sem hefur einkennst af háu verðlagi og takmörkuðu aðgengi. Frá árinu 1989 hefur þó margt breyst hvað þetta varðar. Bjór var leyfður eftir áratuga bann og útsölustöðum áfengis, verslunum, veitingahúsum og börum var fjölgað mjög verulega. Þrátt fyrir þessar breytingar jókst þó heildarneyslan ekki eins mikið og búist hafði verið við og er neyslan enn einna lægst hér samanborið við önnur Evrópulönd.

Eins og að framan greinir er gert ráð fyrir því í drögum að íslenskri heilbrigðisáætlun fram til ársins 2005 að draga verulega úr áfengisneyslu í landinu. Undanfarin ár hefur heildarneysla áfengis í landinu hins vegar verið að aukast. Einnig hefur komið fram að neysla áfengis er þrátt fyrir það mun meiri í flestum Evrópulöndum en hér á landi. Svo verður áfram jafnvel þó að Evrópulöndin nái sínum markmiðum um að draga úr neyslu. Ekki er víst að markmiðið 4,5 l af áfengis á hvern íbúa 15 ára og eldri sé raunhæft í þjóðfélagi nútímans.

Þingið afgreiddi enn fremur ítarlega tillögu um aðgerðir til að bæta starfsumhverfi smárra og meðalstórra fyrirtækja. Reynsla ýmissa ríkja sýnir að þau eru vænlegur kostur við að skapa atvinnu og fjölga störfum. Samkvæmt tillögunni er því beint til aðildarríkjanna að þau tileinki sér og beiti viðeigandi stefnu í peningamálum og atvinnumálum sem stuðli að vexti og viðgangi fyrirtækja af þessari stærð. Sérstök áhersla er lögð á dregið sé úr skrifræði og íþyngjandi sköttum og öðrum gjöldum.

Að venju starfaði á þinginu nefnd sem fjallaði um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum og tillögum ILO á sviði félags- og vinnumála. Þingnefndin fjallaði ítarlega um viðvarandi virðingarleysi ríkisstjórnar Burma (Myanmar) fyrir réttindum sem fólgin eru í alþjóðasamþykkt um félagafrelsi. Nefndin fékk sönnun fyrir því að í Súdan viðgengst þrælkunarvinna. Þingið samþykkti einróma að beina því til þessara tveggja ríkja að aðstæðum verði þegar í stað komið í það horf að þær séu í samræmi við hlutaðeigandi samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Fjallað var um vinnu barna en fyrir þinginu lá ítarleg skýrsla sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman. Samkvæmt skýrslunni er áætlað að um 250 milljónir barna í þróunarlöndunum á aldrinum 5–14 ára séu neydd til að vinna fullan vinnudag eða hluta úr degi. Mörg þeirra vinna við aðstæður sem hafa skaðleg áhrif á andlega og líkamleg heilsu þeirra. Gert er ráð fyrir að á 87. Alþjóðavinnumálaþinginu 1999 fari fram önnur umræða um þetta málefni og afgreidd verði samþykkt um afnám vinnu barna í sinni verstu mynd.

Þinginu heppnaðist ekki að ná samstöðu um afgreiðslu alþjóðasamþykktar og tillögu um verktöku einstaklinga eða launaverktöku. Mikill ágreiningur ríkti um málið einkum um gildssvið og skilgreiningar. Samkomulag tókst um að beina því til stjórnarnefndar að setja málið að nýju á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2002.

Af hagkvæmisástæðum er nokkur grein gerð fyrir starfi félagsmálaráðuneytisins við framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu í viðauka við skýrsluna. Þar er greint frá athugasemdum sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur gert við framkvæmd Íslands á skuldbindandi ákvæðum sáttmálans á árunum 1994–96.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 86. Alþjóðavinnumálaþingið og birt tillaga um aðgerðir til að fjölga störfum í smáum og meðalstórum fyrirtækjum sem þingið afgreiddi. Enn fremur er birt yfirlýsing Alþjóðavinnumálaþingsins um grundvallarréttindi í atvinnulífinu.

2. 86. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1998

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Alþjóðavinnumálaþingið var sett í 86. skipti í Þjóðabandalagshöllinni í Genf 2. júní 1998. Þingið var fjölsótt að venju og sóttu það að þessu sinni rúmlega 3.000 þingfulltrúar. Alls sendu 157 af 174 aðildarríkum ILO sendinefndir til þingsins. Ráðherrar fóru fyrir sendinefndum 127 aðildarríkja.

Forseti þingsins var kosinn Jean-Jacques Oechslin, ríkisstjórnarfulltrúi frá Frakklandi. Ochslin hefur verið lengur en nokkur annar fulltrúi í sendinefnd Frakklands á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Varaforsetar voru kosnir Alhaji Muhammed Mumuni, félags- og vinnumálaráðherra Ghana, sem fulltrúi ríkisstjórna á þinginu, Shri I. P. Anand, fulltrúi atvinnurekanda á Indlandi, og Sukesada Ito, fulltrúi launafólks í Japan.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Frá utanríkisráðuneyti: Benedikt Jónsson, sendiherra Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf. Varamenn voru: Haukur Ólafsson sendiráðunautur og Guðmundur B. Helgason sendiráðsritari. Fulltrúar atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúar launafólks: Ástráður Haraldsson, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Hervar Gunnarsson, varaforseti ASÍ.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Framkvæmd fjárhags- og framkvæmdaáætlunar.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Yfirlýsing um grundvallarréttindi.
5. Drög að alþjóðasamþykkt um afnám vinnuþrælkunar barna.
6. Aðgerðir til að fjölga störfum í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.
7. Verktakavinna launafólks (síðari umræða).
8. Tillögur til þingsályktunar.
9. Kjörbréf.

Fyrirkomulaginu sem tekið var upp á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1992 var haldið þetta þing. Í því felst að fulltrúar þeirra þriggja hópa, sem aðild eiga að þinginu, komu saman til óformlegra funda daginn fyrir formlega setningu Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í þingnefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, nefndar um verktakavinnu einstaklinga, nefndar sem fjallaði um drög að alþjóðasamþykkt um afnám misnotkunar barna í sinni verstu mynd, nefndar um atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, þingskapanefndar og nefndar um framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og fjárhagsnefnd.

Sérstakir heiðursgestir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, og Alþjóðavinnumálaþingsins voru dr. Rafel Caldera, forseti Venesúela, og frú Mary Robinson, framkvæmdastjóri mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

2.2. ÞINGSETNING OG ALMENNAR UMRÆÐUR

Þingsetning og almennar umræður á þessu 86. Alþjóðavinnumálaþingi voru með nokkuð öðrum hætti en undanfarin ár.

Yfirleitt er setning Alþjóðavinnumálaþingsins mjög hefðbundin og hefst með kosningu þingforseta og annarra starfsmanna þingsins. Í kjölfarið fylgja ræður talsmanna þeirra þriggja hópa sem eiga seturétt á þinginu, þ.e. fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Það var ekki laust við að þessi elsta sérstofnun Sameinuðu þjóðanna kastaði ellibelgnum þegar í þingsalinn gengu 500 börn á öllum aldri með söng og hljóðfæraslátt. Þau luku þar með heimsgöngu gegn vinnuþrælkun barna. Gangan var liður í því að vekja ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir til meðvitunar um það hversu vinnuþrælkun barna er útbreitt vandamál. Markmiðið með því að ljúka göngunni á þessari stundu og stað var að hvetja þingfulltrúa á Alþjóðavinnumálaþinginu til að afgreiða alþjóðasamþykkt um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd.

Hitt atriðið sem var óvenjulegt var að forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar lagði ekki fram að þessu sinni skýrslu um afmarkað efni á sviði vinnumála eins og venja er. Af þessu leiddi að ræðumenn við almennar umræður höfðu frjálsar hendur um efnisval í ræðum sínum. Enda fór það svo að viðfangsefni þeirra voru fjölbreytileg. Margir kusu að fjalla um skýrslu stjórnarnefndar um starfsemi stofnunarinnar á árunum 1996 og 1997. Flestir gerðu þó að umtalsefni drög sem lágu fyrir þinginu að yfirlýsingu um grundvallarreglur á sviði félags- og vinnumála. Samkvæmt yfirlýsingunni er litið svo á að af aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni leiði skyldu til að virða ákvæði í nokkrum grundvallarsamþykktum stofnunarinnar jafnvel þótt aðildarríki hafi ekki undirgengist skuldbindingar samkvæmt samþykktunum með fullgildingu þeirra. Þær skuldbindingar sem hér um ræðir eru að virða réttinn til gera kjarasamninga, afnám hvers konar nauðungarvinnu, skylda til virkra aðgerða til að afnema vinnu barna og aðgerðir til að koma á jöfnum rétti karla og kvenna á vinnumarkaði. Yfirgnæfandi

meiri hluti ræðumanna lýsti yfir ánægju með drögin og lét í ljós von um að víðtæk samstaða tækist um afgreiðslu þeirra. Ekki tóku allir í sama streng, enda fór það svo að yfirlýsingin náði fram að ganga með mjög tæpum meiri hluta eins og lýst er á öðrum stað í þessari skýrslu.

Greinilegt var að lok heimsgöngunnar gegn barnaþrælkun við þingsetninguna hafði mikil áhrif á ræðumenn. Margir þeirra fjölluðu um stöðu barna, einkum í þróunarlöndunum, og mikilvægi þess bæði fyrir þau sjálf og efnahagslega þróun ríkjanna að þau fái tækifæri til að afla sér menntunar og hljóti undirbúning fyrir þátttöku í atvinnulífinu sem geri þeim síðar á lífsleiðinni kleift að afla sér tekna til framfærslu og lífsviðurværis. Ræðumenn lögðu áherslu á að heilbrigð og vel menntuð þjóð væri forsenda framfara í efnahags- og félagsmálum. Þeir bentu á að það væri andstætt vonum um þróun þessara ríkja ef ný kynslóð fengi ekki tækifæri til að læra að lesa og skrifa og yrði farlama fyrir aldur fram vegna vinnuþrældóms og slæmra aðstæðna. Hafa yrði í huga að það væri ekki nægilegt að banna börnum þátttöku í atvinnulífinu. Þau yrðu að hafa aðra kosti. Ókeypis menntun fyrir öll börn sé ein leið til að koma í veg fyrir að þau sem búa við slæmar aðstæður lendi í enn vonlausari stöðu.

Ræðumenn luku yfirleitt máli sínu með því að færa forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, þakkir fyrir vel unnin störf í þágu ILO. Ljóst var að Hansenne mundi láta af störfum í febrúar 1999. Þetta var því síðasta vinnumálaþing hans sem forstjóra stofnunarinnar.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Í kjörbréfanefnd eiga einungis sæti þrír fulltrúar. Hún er þar með fámennasta nefnd þingsins. Á 86. Alþjóðavinnumálaþinginu áttu eftirtaldir sæti í nefndinni: Oumar Diop, ríkisstjórnarfulltrúi frá Senegal, formaður. Enn fremur sátu í nefndinni Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og Ulf Edström, fulltrúi launafólks í Svíþjóð.

Að venju komu fram kærur við val á fulltrúum í sendinefndum nokkurra ríkja. Oftast er kvartað undan því að ríkisstjórnir sendi ófullskipaðar sendinefndir, þ.e. að annaðhvort séu þær án fulltrúa atvinnurekanda eða fulltrúa launafólks. Stundum kemur fyrir að sendinefndirnar séu án fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Komi sú staða upp eru viðbrögðin þau að fulltrúar ríkisstjórnarinnar eru sviptir atkvæðisrétti.

Nefndin varð sammála um að telja öll fram komin kjörbréf gild. Þegar nefndin er sammála er niðurstaða hennar afgreidd án umræðu af allsherjarþinginu.

2.4. FJÁRMÁL

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiðir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina til tveggja ára í senn. 85. þingið samþykkti áætlun fyrir árin 1998–99. Fjallað er um fjármálin í sérstakri þingnefnd, fjárhagsnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna. Oft hefur verið stormasamt í nefndinni og hart tekist á um fjármálin. Það eru einkum Bandaríkjamenn sem hafa haldið uppi gagnrýni sem er skiljanlegt þar sem þeir greiða fjórðung af heildarárgjöldum aðildarríkjanna. Þeim er það mikið hagsmunamál að útgjöldum sé stillt í hóf. Í skýrslu um 85. þingið kom fram að friðsælt hafi verið í nefndinni árið 1997. Ástæðan var hagstætt gengi Bandaríkjadals gagnvart svissneska frankanum. Fjárhagsáætlunin fyrir árin 1996–97 var 579,5 milljónir Bandaríkjadala en tillagan fyrir árin 1998–99 hljóðaði upp á 481 milljón Bandaríkjadala. Mælt í svissneskum frönkum var um að ræða örlitla hækkun á fjárhagsáætluninni á milli ára (úr 672 milljónum svissneskra franka 1996–97 í 702 milljónir svissneskra franka 1998–99).

Þess skal getið að hlutdeild Íslands í árgjöldunum er 0,03%. Árgjald Íslands á árinu 1999 verður samkvæmt því um 101.500 svissneskir frankar.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta er fjölmennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 86. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu í nefndinni 214 fulltrúar með atkvæðisrétti eða nokkuð færri en á 85. þinginu, 105 fulltrúar ríkisstjórna, 26 fulltrúar atvinnurekenda og 83 fulltrúar launafólks. Auk þess sátu 153 áheyrnarfulltrúar fundi nefndarinnar. Samtals áttu 48 alþjóðasamtök áheyrnarfulltrúa í henni. Þannig sátu oft á tíðum rúmlega fjögur hundruð fulltrúar nefndafundi.

Formaður var kosinn van der Heijden, fulltrúi ríkisstjórnar Hollands. Varaformenn voru kosnir þeir sömu og undanfarin vinnumálaþing: Alfred Wisskirchen, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, og Willy Peirens, fulltrúi launafólks í Belgíu. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Gylfi Kristinsson, Ástráður Haraldsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Umræður í nefndinni byggja á skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna. Skýrsla sérfræðinganna til vinnumálaþingsins hefur vaxið mjög að umfangi síðustu árin. Í skýrslunni gerir sérfræðinganefndin almennt grein fyrir framvindu mála varðandi framkvæmd samþykkta og tillagna sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Stærsti hluti skýrslu sérfræðinganefndarinnar fjallar um framkvæmd einstakra aðildarríkja á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Einnig er að finna upplýsingar um það hvernig aðildarríkin uppfylla aðrar skuldbindingar, t.d. þá að kynna fyrir löggjafarsamkomu samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins og hvort alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf hafa borist skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta eins og áskilið er í stofnskrá ILO.

Störf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta hefjast á umræðum um almenna hluta skýrslu sérfræðinganna. Yfirleitt eru fulltrúar ríkisstjórna í meiri hluta ræðumanna sem taka þátt í þessum hluta nefndarstarfsins. Margir gera að umtalsefni skoðanaskipti sem hafa orðið um hlutverk annars vegar þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og hins vegar sérfræðinganefndar ILO. Einnig var fjallað um fjölda fullgildinga, skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og nokkur önnur atriði sem fram koma í almennum hluta skýrslunnar. Að afloknum umræðum um þessi atriði hófst athugun á framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Formaður sérfræðinganefndarinnar, William Douglas, var viðstaddur almennar umræður í nefndinni.

Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands í nefndinni hafði að þessu sinni orð fyrir fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda í almennum umræðum. Hann gerði að umtalsefni hlutverk sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og vakti athygli á því að hún nýtur mikils álits annarra alþjóðlegra og svæðisbundinna stofnana sem fjalla um mannréttindamál. Ástæðan væri m.a. skýrsla sérfræðinganefndarinnar sem hefði að aðalsmerki framsetningu sem byggði á umfjöllun sem væri hlutlæg. Hann færði sérfræðinganefndinni þakkir ríkisstjórna Norðurlandanna fyrir skýrsluna.

Fulltrúi Íslands fjallaði um þann þátt skýrslu sérfræðinganna þar sem minnt er á að 50 ár eru liðin frá afgreiðslu Alþjóðavinnumálaþingsins á einni af grundvallarsamþykktum ILO, þ.e. samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Hann tók undir með sérfræðingunum að það væri ótrúlegt en satt að 54 aðildarríki að Alþjóðavinnumálastofnuninni treystu sér ekki til að fullgilda samþykktina. Hann sagði ríkisstjórnir Norðurlandanna fagna öllum aðgerðum sem leiddu til fjölgunar á fullgildingum á þessari grundvallarsamþykkt ILO.

Í ræðu talsmanns Norðurlandanna var vakin athygli á áhrifum sem alþjóðasamþykkir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa haft á samþykktir og samninga annarra alþjóðastofnana eins og Evrópuráðsins og Evrópusambandsins. Hann lagði áherslu á að hliðstæð ákvæði í þessum samþykktum og samningum yrðu túlkuð með sama hætti og því væri mikilvægt að fulltrúi alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tæki virkan þátt í starfi annarra stofnana sem væru virkar á þessu sviði.

Fulltrúi Íslands lauk máli sínu með því að taka undir áhyggjur sérfræðinganefndarinnar yfir því að sífellt verður meiri dráttur á því að aðildarríkin sendi Alþjóðavinnumálastofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta innan tilskilinna tímamarka.

Stutt almenn umræða fór fram í nefndinni um skýrslu frá fjórðu sameiginlegu ráðstefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um framkvæmd tilmæla um stöðu kennara.

Einnig fór fram almenn umræða um sérstaka úttekt sérfræðinganefndar ILO á framkvæmd samþykktar nr. 159 og tilmæla 168 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra. Samtals hafa 58 af 174 aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fullgilt samþykktina, þar á meðal Ísland.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Að venju var mestum hluta af starfstíma nefndarinnar varið til að fjalla um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum og um athugasemdir sem sérfræðinganefndin gerir við framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða í samþykktum sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Athugasemdirnar eru í árlegri skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins sem lengist með hverju ári og var að þessu sinni röskar 500 blaðsíður. Þar sem athugasemdirnar eru mun fleiri en nokkur kostur er að taka til umfjöllunar á þinginu vinnur þingnefndin eftir skrá yfir mál sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um að tekin verði til athugunar í nefndinni. Venjulega tekst nefndinni að fjalla um 50 til 60 mál um þingtímann. Á seinni árum hefur málum verið skipt í tvo flokka. Annars vegar eru málefni sem rekja má til vanrækslu af hálfu aðildarríkjanna. Misbrestur á því að kynna löggjafarsamkomu nýjar alþjóðasamþykktir eða tillögur er dæmi um mál af þessu tagi. Tveimur þingdögum er varið til að fara yfir þessi mál. Hinn flokkinn fylla alvarleg brot aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Þessi mál eru tekin til efnislegrar umfjöllunar sem getur tekið nokkrar klukkustundir allt eftir efni og alvarleika. Brot á grundvallarsamþykktum ILO eru litin sérstaklega alvarlegum aukum, einkum ef um er að ræða brot á ákvæðum alþjóðasamþykkta nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi. Samtals var fulltrúum 27 aðildarríkja stefnt fyrir nefndina til að taka þátt í umræðum um meint brot á alþjóðasamþykktum og mættu fulltrúar 25 ríkja (sjö í Afríku, sjö í Ameríku, níu í Asíu og fjögurra í Evrópu. Ríkin tvö sem ekki sendu fulltrúa fyrir nefndina höfðu ekki sent sendinefnd til þingsins).

Stærsti hluti skýrslu sérfræðinganefndarinnar fjallar um neikvæða hluti, þ.e. vanrækslu aðildarríkjanna á að uppfylla skildbindingar samkvæmt stofnskrá og alþjóðasamþykktum. En þess er einnig gætt að geta þess sem vel gert þótt það taki minna rými. Í skýrslunni hefur verið venja að birta skrá yfir aðildarríki sem hafa sýnt í verki að þau hafa tekið tillit til ábendinga sérfræðinganna. Að þessu sinni voru á skránni 32 slík tilvik í 22 aðildarríkjum. Samtals hafa verið skráð 2.164 dæmi um umbætur sem aðildarríkin hafa gert á lögum eða lagaframkvæmd í framhaldi af athugasemdum sérfræðinganna frá því að byrjað var að halda slíka skrá árið 1964.

Sérstakar ábendingar.

Ýmsum viðurlögum er beitt í þingnefndinni til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum alþjóðasamþykkta sem þau hafa brotið. Alþjóðavinnumálastofnunin getur ekki þvingað aðildarríkin með valdi til að fara eftir ábendingum sínum. Þess í stað er höfðað til heiðurs hlutaðeigandi og skapað viðhorf meðal annarra aðildarríkja til verknaðarins. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta til allsherjarþings vinnumálaþingsins og á þinginu 1998 var tveggja ríkja getið, þ.e. Mayanmar (Burma) og Súdan.

Myanmar (Burma).

Ríkisstjórn Burma er að á góðri leið með að komast í hóp ríkisstjórna þeirra aðildarríkja sem eru hvað alræmdastar fyrir að fótum troða grundvallarmannréttindi. Þingnefndin hefur árum saman rætt framkvæmd Mayanmar á framkvæmd samþykktar nr. 87, um félagafrelsi. Í skýrslum sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins ár eftir ár kemur fram að ríkisstjórnin hafi ekki gripið til neinna aðgerða til að tryggja að ákvæði samþykktarinnar væru virt þrátt fyrir síendurtekin loforð um umbætur. Þvert á móti hefur ástandið farið síversnandi. Fulltrúi ríkisstjórnar Bretlands flutti ræðu í nafni ríkisstjórna 12 aðildarríkja um málið. Í þeim hópi voru ríkisstjórnir allra Norðurlandanna, Ítalíu, Kanada Hollands o.fl. Í ræðunni er fordæmt það algjöra virðingarleysi ríkisstjórnarinnar fyrir margendurteknum tilmælum sérfræðinganefndar ILO og Alþjóðavinnumálaþingsins um að fara ekki eftir skuldbindingum sem felast í alþjóðasamningum um mannréttindi, einkum í samþykkt 87 um félagafrelsi. Meðal þess sem breski fulltrúinn vakti athygli á var nýleg ályktun sem samþykkt hafði verið einróma af mannéttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. Í henni er vakin athygli á umfangsmikilli nauðungarvinnu og barnaþrælkun í landinu. Nefndin samþykkti einróma harðorða tillögu þar sem ríkisstjórn Mayanmar var eindregið hvött til að gera þegar í stað nauðsynlegar umbætur þannig að ákvæði samþykktar 87 væru að fullu virt, enn fremur að fulltrúum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verði veitt heimild til að heimsækja landið til að kanna aðstæður að eigin raun.

Súdan.

Málefni Súdan hafa um árabil verið reglulegt viðfangsefni Alþjóðavinnumálaþingsins. Það snýst um framkvæmd á samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu. Meðal þeirra sem tóku til máls við umræðuna var fulltrúi Bandaríkjanna sem talaði m.a. af hálfu Norðurlandanna, Bretlands, Frakklands og Þýskalands. Í ræðu hans kom fram að svo virtist sem margháttuð mannréttindabrot væru viðvarandi vandamál í Súdan. Þannig bærust ítrekaðar upplýsingar um illræmt þrælahald þrátt fyrir mótmæli ríkisstjórnarinnar. Hún væri hins vegar ófáanleg til að heimila alþjóðlegum sendinefndum að ferðast til þeirra svæða þar sem þrælahald væri talið algengast. Sagðar væru fréttir af ránum á konum og börnum sem haldið væri í gíslingu og notuð sem þjónustufólk á heimilum stjórnarliða. Í skýrslum kæmi einnig fram að þetta fólk væri misnotað kynferðislega. Ekki væri hægt að komast að hinu sanna nema ríkisstjórnin aflétti ferðabanni á alþjóðlegar rannsóknanefndir. Fulltrúi Bandaríkjanna hvatti ríkisstjórn Súdan til að afnema þegar í stað þrælahald í hvaða mynd sem það fyrirfyndist og grípa þegar til aðgerða til að bæta ástandið í landinu þannig að það uppfyllti þau skilyrði sem sett eru í alþjóðasamþykkt nr. 29.

Málefni Indónesíu.

Til viðbótar framangreindum málum voru athugasemdir sérfræðinganefndarinnar við framkvæmd 23 ríkja teknar til efnislegrar umræðu í þingnefndinni. Ástæða er til að gera grein fyrir umræðum um málefni Indónesíu.

Á 85. Alþjóðavinnumálaþinginu flutti fulltrúi ríkisstjórnar Íslands ræðu við umræður um framkvæmd Indónesíu á samþykkt nr. 98, um samningafrelsi, í nafni ríkisstjórna Norðurlandanna, Bretlands og Hollands. Í henni var vitnað til skýrslu sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Í skýrslunni kemur fram að sérfræðinganefndin hefur áhyggjur af auknum fjölda kærumála þar sem stjórnvöld Indónesíu eru sökuð um mjög gróf brot á grundvallarreglum á vinnumarkaði, einkum þeim sem lúta að réttindum stéttarfélaga til að annast hagsmunagæslu fyrir hönd félagsmanna. Í ræðunni er tekið undir þessar áhyggjur sérfræðinganefndarinnar og skorað á ríkisstjórn Indónesíu að færa aðstæður til betra horfs. Enn fremur er vakin athygli á máli verkalýðsleiðtogans Muchtar Pakpahan og því beint til ríkisstjórnarinnar að hún virði borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi hans og ekki síst stöðu hans sem verkalýðsleiðtoga. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar til 86. vinnumálaþingsins kom fram að ríkisstjórnin hafi gert ýmsar umbætur, m.a. lýsti fulltrúi ríkisstjórnarinnar því yfir í umræðum á allsherjarþinginu að Indónesía hafði ákveðið að fullgilda fjórar samþykktir, þ.e. samþykkt nr. 87, um félagafrelsi, nr. 105, um afnám nauðungarvinnu, nr. 111, um afnám misréttis og nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu. Að auki lýsti fulltrúinn yfir því að ríkisstjórnin hefði ákveðið að leysa Muchtar Pakpahan úr haldi. Að þessu tilefni hélt fulltrúi Íslands ræðu í nefndinni í nafni 16 ríkja (þ.e. Austurríkis, Bandaríkjanna, Belgíu, Bretlands, Danmerkur, Finnlands, Hollands, Íslands, Ítalíu, Japans, Kanada, Noregs, Portúgals, Sviþjóðar, Tyrklands og Þýskalands) þar sem fagnað var þessum jákvæðu tíðindum.

Breytingar hafa orðið á undanförum árum í nefndinni. Áður heyrði það til undantekninga að fulltrúar annarra ríkisstjórna blönduðu sér í umræður um framkvæmd einstakra ríkja á alþjóðasamþykktum. Yfirleitt voru þar ekki aðrir en fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sem létu í sér heyra við þau tækifæri. Þetta hefur breyst þannig að einkum fulltrúar vestrænna ríkisstjórna skipa sér saman um innlegg í þessum þætti nefndarstarfsins.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Í skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins koma ekki fram allar ábendingar eða athugasemdir sem hún gerir við framkvæmd aðildarríkjanna við fullgiltar alþjóðasamþykktir. Í kafla um framkvæmd samþykktar nr. 98 er að finna athugasemd sem snertir Ísland. Nefndin sendir aðildarríkjunum einnig bréflega ýmsar fyrirspurnir og ábendingar. Íslenskum stjórnvöldum bárust á árinu 1998 slíkar fyrirspurnir sem snertu framkvæmd nokkurra samþykkta.

Framkvæmd samþykktar nr. 98, um félagafrelsi.

Í skýrslunni til 86. Alþjóðavinnumálaþingsins kvarta sérfræðingarnir undan því að hafa ekki fengið í hendur skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktar nr. 98, um félagafrelsi. Þeir neyðist því til að birta aftur fyrri niðurstöðu sína sem er efnislega eftirfarandi:

Í skýrslunni segir að nefndin gefi gaum að skýrslu ríkisstjórnarinnar. Hún kveðst einnig veita athygli niðurstöðum nefndar um félagsfrelsi í máli nr. 1768 [299. skýrsla nefndarinnar sem samþykkt var á 263. fundi stjórnarnefndar ILO í júní 1995].

Nefndin vísar til fyrri athugasemda um nauðsyn þess að ríkisstjórnin forðist að grípa inn í kjarasamninga sem hafi verið gerðir með frjálsum samningaviðræðum aðila vinnumarkaðarins þar sem slíkt skerði rétt launafólks og atvinnurekenda til að semja um kjör og vinnu-

skilyrði. Fram kemur að skipun vinnuhóps um samskiptareglur á vinnumarkaði 4. október 1994 hafi vakið athygli nefndarinnar. Skipunin hafi að hluta til byggst á ábendingum sérfræðinganefndarinnar. Hlutverk vinnuhópsins sé að fara yfir samskiptareglur á vinnumarkaði og afla upplýsinga um slíkar reglur í nágrannalöndunum. Fyrir hópinn sé lagt að taka saman skýrslu um niðurstöðuna af athugun sinni. Ef í ljós kemur nauðsyn breytinga á íslenskri löggjöf er hópunum falið að setja fram tillögur um það efni. Sérfræðingarnir óska eftir að ríkisstjórnin veiti upplýsingar um niðurstöður af athugun vinnuhópsins, einkum ef settar verða fram tillögur um breytingar á samskiptareglum á vinnumarkaði.

Sérfræðinganefndin kveðst enn fremur gefa því gaum að með kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 1995 hafi verið gert þríhliða samkomulag með aðild ríkisstjórnarinnar líkt og áður hafi verið gert. Samningar hafi verið gerðir 21. febrúar 1995 á milli samtaka atvinnurekenda og launafólks til tveggja ára. Meginmarkmið samninganna sé að breyta launadreifingunni til hagsbóta fyrir hina lægstlaunuðu samtímis því að stefnt sé að því að halda heildarlaunabreytingum á svipuðu stigi og í nágrannalöndunum. Gert sé ráð fyrir að samningarnir feli í sér að launabreytingar verði 3,6% 1995 og 3,1% 1996. Ríkisstjórnin bendi á að samningarnir gildi til ársloka 1996 en þeir séu uppsegjanlegir frá 31. desember 1995 ef verðlagsþróun verður í verulegum mæli önnur en í helstu samkeppnislöndunum Íslands. Verði samningum sagt upp komi kauphækkanir á árinu 1996 ekki til framkvæmda.

Í þessu sambandi kveðst nefndin vilja minna ríkisstjórnina á það álit sitt að það sé andstætt grundvallarreglum samþykktar nr. 98 að afnema ákvæði í kjarasamningi á þeirri forsendu að það sé ekki í hátt við stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Sérfræðingarnir segjast treysta því að umsamdar launahækkanir í samningunum frá árinu 1995 komi til framkvæmda. Þeir óska þess að ríkisstjórnin veiti upplýsingar um framvindu mála í næstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar.

Þess skal getið að af ýmsum ástæðum reyndist ekki unnt að senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni skýrslu um framkvæmd samþykktar nr. 98 í tæka tíð þannig að sérfræðingunum gæfist færi á að kanna efni hennar fyrir 86. Alþjóðavinnumálaþingið. Skýrslan var send skrifstofunni vorið 1998.

Bréflega bárust íslenskum stjórnvöldum eftirfarandi athugasemdir í mars 1998:

Samþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.

Sérfræðingarnir vísa til upplýsinga í skýrslu Íslands um að mat á framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að koma á jafnrétti karla og kvenna á árunum 1994–97 fari fram á árinu 1998. Sérfræðinganefndin óskar eftir upplýsingum um niðurstöður matsins og um frekari aðgerðir til að hrinda ákvæðum áætlunarinnar í framkvæmd.

Nefndin gerir að umtalsefni norræna verkefnið Nord-Lilia og óskar eftir upplýsingum um frekari aðgerðir til að auka virðingu fyrir grundvallarreglum sem settar eru í samþykktinni sem miða að því að koma á jafnrétti karla og kvenna.

Loks óskar nefndin eftir að fá senda endurskoðaða þýðingu á stjórnarskránni sem hafi að geyma nýjan kafla um mannréttindamál.

Samþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Í bréfi alþjóðavinnumálaskrifstofunnar er að finna ítarlegar athugasemdir við framkvæmd samþykktar nr. 155 og spurningar um einstök atriði. Sérfræðingarnir óska eftir upplýsingum um þróun vinnuverndarmála á sviðum sem hafi verið undanþegin gildissviði samþykktarinnar, svo sem loftferðir, fiskveiðar og köfun. Þeir óska eftir upplýsingum um framvinduna að því er varðar að láta samþykktina taka til fleiri starfsgreina.

Nefndin óskar eftir eintökum af reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli 34. og 38. gr. laga nr. 46/1980.

Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um setningu reglugerðar um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

Hún óskar einnig eftir upplýsingum um leiðbeiningarreglur sem samdar hafa verið um flutning á hættulegum efnum.

Sérfræðingarnir vilja einnig fá skýringar á því hvaða verndar gegn uppsögnum eða öðrum aðgerðum þeir starfsmenn njóti sem neita að vinna við hættulegar aðstæður.

Nefndin óskar eftir ljósriti af lögum nr. 81/1988, sbr. lög nr. 70/1995, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Óskað er eftir ljósriti af reglugerð um persónuhlífar.

Loks óskar sérfræðinganefndin eftir upplýsingum um framkvæmd 18. gr. samþykktarinnar um skyldu atvinnurekenda til að bregðast við neyðartilvikum og slysum.

Samþykkt nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Í athugasemdunum kemur fram að sérfræðinganefndin veitir athygli upplýsingum í skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktarinnar, einkum setningu laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Nefndin vísar til 3. gr. samþykktarinnar og óskar eftir ítarlegum upplýsingum um aðgerðir til að finna vinnu fyrir fatlaða á almennum vinnumarkaði.

2.6. MÁLEFNI SMÁRRA OG MEÐALSTÓRRA FYRIRTÆKJA

Málefni smárra og meðalstórra fyrirtækja hafa tölvuvert verið til umfjöllunar á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Meðal annars hefur verið horft til þeirra sem góðs kosts í atvinnusköpun og fjölgun starfa.

Á 85. Alþjóðavinnumálaþinginu var atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum á dagskrá. Fjallað var um viðfangsefnið í einni af vinnunefndum þingsins. Verkefni hennar fólst í því að fara yfir skýrslu sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman og bar heitið: *General conditons to stimulate job creation in small and medium-sized enterprises.* Nefndinni var einkum falið að fjalla um niðurstöður skýrslnanna sem hafa að geyma tillögur sem samdar voru á grundvelli upplýsinga sem aflað hafði verið frá aðildarríkjunum. Samtök atvinnurekenda og launafólks höfðu tekið þátt í samningu tillagnanna. Markmiðið var að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi leiðbeiningarreglur, væntanlega tillögu, fyrir aðildarríkin um leiðir til að styrkja stöðu smárra og meðalstórra fyrirtækja og þar með skapa fleiri störf. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að næsta Alþjóðavinnumálaþing afgreiði tillögu um aðgerðir til að efla smá og meðalstór fyrirtæki. Í niðurstöðunum er að finna ábendingar um helstu þætti tillögunnar sem yrðu til frekari umræðu á næsta þingi.

Í samræmi við niðurstöðu 85. Alþjóðavinnumálaþingsins var umræðum um málefni smárra og meðalstórra fyrirtækja fram haldið á 86. þinginu í sérstakri þingnefnd. Nefndin kaus M. Pliszkiewicz, fulltrúa ríkisstjórnar Póllands sem formann. Varaformenn voru kosnir A. Jeetun, fulltrúi atvinnurekenda á Máritíus, og C. A. Appiah Agyei, fulltrúa launafólks frá Gana, sem varaformenn.

Nefndin hélt samtals 13 árangursríka fundi, enda var ríkjandi góður samstarfsandi. Hún afgreiddi til allsherjarþingsins tillögu um aðgerðir til að bæta starfsaðstæður smárra og meðalstórra fyrirtækja. Samkvæmt tillögunni eiga aðildarríki m.a. að beita sér fyrir eftirfarandi:

a. að tileinka sér og beita viðeigandi stefnu í fjármálum, peningamálum og atvinnumálum sem stuðlar að sem bestum aðstæðum í efnahagsmálum (sem einkum varða verðbólgu,

vaxtastig, gengi gjaldmiðla, skatta, atvinnustig og stöðugleika í samfélaginu);
b. að samþykkja og beita viðeigandi lagagreinum sem fyrst og fremst varða eignarrétt, sem nær m.a. til hugverka, staðsetningu fyrirtækja, framkvæmd samninga, sanngjarna samkeppni og viðeigandi löggjöf á sviði félagsmála og atvinnumála;
c. að gera sjálfstæða atvinnustarfsemi meira aðlaðandi með því að forðast stefnumörkun og lagasetningu sem kemur sér illa fyrir þá sem óska eftir að starfa sjálfstætt.

Tillagan var samþykkt einróma á allsherjarþinginu. Hún er birt sem fylgiskjal II með þessari skýrslu.

2.7. AFNÁM VINNUÞRÆLKUNAR BARNA

Sérstök þingnefnd fjallaði um vinnu barna. Á þinginu fór fram í nefndinni fyrri umræða um drög að samþykkt og tillögu um barnavinnu í sinni verstu mynd. Nefndin kaus A. Atsain, ríkisstjórnarfulltrúa frá Fílabeinsströndinni, sem formann. B. Botha, atvinnurekandafulltrúi frá Suður-Afríku, og L. Trotman, fulltrúi launafólks frá Barbados, voru kosnir varaformenn. H. Melkas, fulltrúi ríkisstjórnar Finnlands, var valinn til að flytja allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar.

Nefndin hélt samtals 18 fundi. Umræður í nefndinni byggðust á skýrslu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Child Labour. Í henni er að finna svör aðildarríkjanna við spurningaskrá sem þau og samtök aðila vinnumarkaðarins höfðu svarað árið 1997.

Starfið í nefndinni var nokkuð óvenjulegt ef litið er til annarra þingnefnda á Alþjóðavinnumálaþinginu. Segja má að ríkt hafi samstaða á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks. Ef til vill var ástæðan sú að í drögunum að samþykkt og tillögu er ábyrgðin á framkvæmd lögð fyrst og fremst á herðar stjórnvalda en ekki aðila vinnumarkaðarins. Í þessu felst, miðað við gildandi reglur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um atkvæðagreiðslu, að fulltrúar atvinnurekanda og launafólks ráða niðurstöðu án tillits til þess hvaða afstöðu meiri hluti fulltrúa ríkisstjórna hefur til mála. Fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkja þar sem vinna barna er algeng, t.d. Indlands og Pakistans, gagnrýndu nefndina fyrir að taka ekki nægilegt tillit til sjónarmiða ríkisstjórna. Fulltrúum vestrænna ríkja þótti þessi gagnrýni óréttmæt. Ríkisstjórnarfulltrúar hefðu sömu tækifæri og aðrir fulltrúar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í nefndinni. Í raun má segja að í nefndinni hafi ríkt meiri andstæður á milli ríkja á norðurhveli og suðurhveli en á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks sem er hið venjulega í málefnanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins.

Á þinginu var náið samráð á milli ríkisstjórnar vestrænna iðnríkja um framvindu mála í þingnefndinni. Í starfi nefndarinnar tóku einnig þátt fulltrúar Austur-Evrópuríkja. Samstarfið tók til nokkuð margra aðildarríkja og af máli fulltrúa ríkisstjórna Indlands og Pakistan mátti ráða að þeim þótti sinn málflutningur ekki hljóta undirtektir á þinginu. Samstarfshópurinn tók þessa kvörtun alvarlega og niðurstaðan varð sú að öllum ríkisstjórnum sem höfðu áhuga á málinu stóð til boða að taka þátt í daglegum fundum fulltrúa ríkisstjórna og leggja sitt af mörkum til umræðunnar.

Fulltrúi forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar flutti yfirlitsræðu um vinnu barna við upphaf almennrar umræðu í nefndinni og fylgdi úr hlaði skýrslum um efnið. Í máli hans kom fram að nú á tímum er vinna og þrælkun barna gífurlega umfangsmikið vandamál og snertir að minnsta kosti 250 milljónir barna. Milljónir þeirra vinna við mjög hættulegar aðstæður sem hafa alvarleg áhrif á heilsu þeirra, þroska og lífsskilyrði.

Talsmaður atvinnurekenda í nefndinni lýsti yfir stuðningi við samþykktina og tillöguna en lagði jafnframt áherslu á mikilvægi þess að textinn yrði knappur og skýr og markmiðin fá en raunhæf. Þannig væri stuðlað að því að sem flest ríki gætu undirgengist skuldbindingar

um að hrinda þeim í framkvæmd. Þetta væri forsenda þess að unnt yrði á skömmum tíma að uppræta vinnu barna í sinni verstu mynd einnig í þróunarlöndunum. Langtímamarkmiðið væri að koma almennt í veg fyrir vinnu barna og að öllum yrði gert kleift að njóta menntunar. Að þessu sinni væri mikilvægt að sameinast um að einbeita sér að samningu gerðar sem hefði að markmiði afnám barnavinnu í sinni verstu mynd.

Sömu sjónarmið komu fram hjá talsmanni fulltrúa launafólks. Hann lagði áherslu á stutta en markvissa samþykkt sem aðildarríki gætu fullgilt og tillögu sem hefði að markmiði að uppræta eins fljótt og hægt væri verstu tilvikin á þessu sviði. Einnig væri mikilvægt að fjölga sem mest fullgildingum á samþykkt ILO nr. 138 um lágmarksaldur til vinnu. Hún yrði áfram grundvallarsamþykkt um vinnu barna. Fulltrúi launafólks lagði áherslu á að vinna barna væri spurning um fátækt og að í hennar stað ætti að koma menntun og starfsþjálfun. Í því fælist skylda fyrir stjórnvöld og alþjóðastofnanir.

Fulltrúar ríkisstjórna tóku í öllum meginatriðum í sama streng og talsmenn aðila vinnumarkaðarins að því er varðar nauðsynina á að uppræta vinnuþrælkun barna. Nokkrir fulltrúar þróunarlanda sögðu þó ekki kost á með skjótum hætti að banna vinnu barna, jafnvel ekki í þeirri mynd sem fjallað væri um í drögum að samþykkt og tillögu. Þessir fulltrúar ítrekuðu þörfina fyrir aðstoð, einkum efnahagsaðstoð, og að efni samþykktarinnar ætti að takmarka við skyldu til að setja sér stefnu um afnám vinnu barna. Fulltrúar ríkisstjórna iðnríkja sögðu drögin skapa góðan umræðugrundvöll en nokkrir sögðu nauðsynlegt að gera orðalag skýrara og að meiri áherslu yrði að leggja á menntun.

Umræður í nefndinni voru á köflum erfiðar og tímafrekar, einkum hvað varðar inngangskafla samþykktarinnar. Þar var deilt um tilvísanir í aðra alþjóðasamninga, samþykktir og ályktanir um þetta efni. Í þeirri deilu tókust á þeir sem lögðu áherslu á stutta og hnitmiðaða samþykkt og fulltrúar sem aðhylltust ítarlegri texta. Niðurstaðan varð sú að nefna einungis ályktanir oddvitafundarins í Kaupmannahöfn um félagslega þróun og ályktanir kvennaþingsins í Beijing.

Fulltrúar þróunarlanda lögðu til að samþykktin og tillagan tæki til barna á aldrinum 15 til 16 ára í stað þess að miða við 18 ára aldur. Þessi tillaga var felld.

Hermennska barna var eitt af því sem mikið var rætt í nefndinni. Ekki var fjallað um þetta atriði í drögum að samþykkt og tillögu. Samkomulag náðist um að fresta umræðum um þetta málefni til annarrar umræðu sem fram fer á 87. Alþjóðavinnumálaþinginu 1999.

Tillagan fjallar í öllum höfuðatriðum um sömu hluti og drögin að alþjóðasamþykkt. Hún er þó mun ítarlegri. Eftir umfjöllun í nefndinni var ákveðið að flytja nokkur atriði í texta samþykktarinnar. Þess skal getið að markmið tillögu er að vera leiðbeinandi um framkvæmd samþykktarinnar.

2.8. VERKTAKA EINSTAKLINGA — LAUNAVERKTAKA

Í skýrslu um 85. Alþjóðavinnumálaþingið 1997 var gerð grein fyrir fyrri umræðu um drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um það sem nefnt hefur verið verktaka einstaklinga eða launaverktaka (contract labour). Í skýrslunni voru raktar umræður hérlendis og á Norðurlöndunum um þetta málefni. Í henni kom fram að verulegur ágreiningur var meðal þingfulltrúa sem engu síður samþykktu tillögu um að vísa því til annarrar umræðu á 86. þinginu.

Nefnd var sett að nýju í málið með það verkefni að afgreiða til allsherjarþingsins drög að alþjóðasamþykkt og tillögu. Sömu fulltrúar og árið áður voru valdir til forustu fyrir nefndinni, þ.e. L. Mishra, ríkisstjórnarfulltrúi frá Indlandi, var kosinn formaður, B. Noakes, fulltrúi atvinnurekenda í Ástralíu, og J. C. Parrot, fulltrúi launafólks í Kanada, voru valdir varaformenn. J. Saloheim frá Finnlandi var kosinn til að flytja allsherjarþinginu skýrslu nefnd-

arinnar. Í nefndinni sátu samtals 194 fulltrúar, þ.e. 83 fulltrúar ríkisstjórna, 49 fulltrúar atvinnurekenda og 62 fulltrúar launafólks.

Nefndin hóf störf 3. júní. Fyrir henni lágu ný drög að samþykkt og tillögu sem að hluta til var árangur nefndarstarfsins árið áður. Að öðrum þræði var hér um að ræða nýjan texta sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið í ljósi undirtekta sem drögin frá sumrinu áður höfðu fengið hjá aðildarríkjunum.

Í þessum nýja texta var m.a. að finna tillögu að almennu ákvæði um launaverktöku. Samkvæmt tillögu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skyldi samþykktin taka til einstaklings sem vinnur fyrir annan einstakling, verkkaupa, eða lögpersónu og er honum háður eða með einhverjum hætti undir hans stjórn og hægt sé að jafna stöðunni við ráðningarsamband eins og það er skilgreint samkvæmt lögum eða hefðum í hlutaðeigandi ríki, en einstaklingurinn er ekki launamaður hjá verkaupa eða fyrirtæki. Skrifstofan lagði enn fremur til að samdar yrðu leiðbeiningarreglur um það hvernig hægt væri að meta hvort um væri að ræða venjulegt ráðningarsamband eða verktöku. Ef gildissvið samþykktarinnar tekur til einstaklings, sem svo háttar um sem að framan greinir, á hann að njóta verndar og réttinda að því er varðar:

a. að ganga í félag og gera kjarasamning,
b. að njóta verndar gegn mismunun sem á rót að rekja til kynþáttar, litarháttar, kyns, trúar, stjórnmálaskoðana, ríkisfangs eða þjóðlegs uppruna,
c. lágmarksaldur til vinnu,
d. greiðslu á umsaminni þóknun fyrir unnið verk,
e. vinnuvernd,
f. bætur vegna skaða eða sjúkdóms sem rekja má til framkvæmda á umsömdu verki,
g. réttindi til almannatrygginga sem greiða skal með hliðsjón af starfsmönnum í verktöku.

Fyrsta viðfangsefni nefndarinnar var að taka afstöðu til tillagna alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Samandregið komst nefndin ekki lengra í starfi sínu en að ræða orðskýringar og gildissvið. Í ljós kom að á milli hinna þriggja hópa var óbrúanlegt bil í þessu máli. Af þessu leiddi að nefndinni tókst ekki að afgreiða til allsherjarþingsins alþjóðasamþykkt og tillögu um launaverktöku. Það er í fyrsta skipti síðan árið 1961 að slíkt gerist á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Talsmaður fulltrúa launafólks lýsti yfir miklum vonbrigðum með þessa niðurstöðu. Talsmaður atvinnurekenda var á öðru máli og taldi niðurstöðuna vera til vitnis um það að málið væri ekki á því stigi að það væri umræðuhæft á Alþjóðavinnumálaþinginu. Hann benti á erfiðleika í sambandi við notkun hugtaka, merkingarmun eftir tungumálum og vandamál við skilgreiningu á launaverktöku.

Eini árangur nefndarstarfsins var að leggja til við allsherjarþingið að samþykkt yrði ályktunartillaga um hugsanlega afgreiðslu alþjóðasamþykktar um vernd einstaklinga sem eru í þeirri stöðu að geta talist vera launaverktakar. Samkvæmt henni var alþjóðavinnumálaskrifstofunni falið að vinna áfram að frekari athugun á launaverktöku. Enn fremur var því beint til stjórnarnefndar ILO að setja málið að nýju á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2002.

2.9. YFIRLÝSING UM GRUNDVALLARRÉTTINDI Í ATVINNULÍFINU

Eitt af athyglisverðustu málum 86. Alþjóðavinnumálaþingsins voru drög að yfirlýsingu um grundvallarsamþykktir á sviði vinnumála. Fjallað var um drögin í einni af nefndum þingsins sem var mjög fjölsótt af fulltrúum allra hópanna þriggja sem eiga sæti á þinginu. Sendiherra Kanada, Mark Moher, var valinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru

kosnir William Brett, fulltrúi launafólks í Stóra-Bretlandi, og Tim Potter, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Í nefndinni var lögð rík áhersla á að ná samstöðu um texta yfirlýsingarinnar sem nyti einróma stuðnings á allsherjarþinginu. Það mundi skapa þrýsting á að eftir henni yrði farið í framtíðinni. Málið tók hins vegar nokkuð óvænta stefnu. Í stað væntinga um tiltölulega auðvelda afgreiðslu snerust umræður í nefndinni upp í deilur á milli iðnríkja og þróunarríkja. Í raun virtust allir fulltrúar sem tjáðu sig vera sammála um nauðsyn þess að Alþjóðvinnumálaþingið afgreiddi yfirlýsingu af þessu tagi. Hins vegar kom fram ótti hjá þingfulltrúum sem komu frá þróunarlöndunum um að hún yrði notuð sem skjól fyrir verslunarhindranir og verndarstefnu. Þeir börðust því ákveðið fyrir að fá tryggingu fyrir því að slíkt gerðist ekki og að yfirlýsingin yrði eins máttlaus og kostur væri. Forusturíki fyrir þessum hópi voru Indland, Pakistan, Mexíkó og Egyptaland. Hins vegar voru ríki í Afríku sunnan Súdan jákvæðari. Fulltrúar atvinnurekenda og launafólks lögðu sig fram um að leita samkomulags um texta sem hefði raunverulegt innihald og skipulag sem tryggði trúverðuga framkvæmd yfirlýsingarinnar.

Vinnan í nefndinni gekk mjög treglega. Andófshópurinn hélt langdregnar ræður með sífelldum endurtekningum og sýndi lítinn vilja til samkomulags. Nefndinni var ætlað að skila af sér föstudaginn 22. júní en á miðnætti þann dag hafði enn ekki verið lokið við að ræða margar mikilvægar greinar í yfirlýsingunni. Nefndarvinnan hélt áfram laugardaginn 23. júní. Rétt fyrir miðnætti fékk nefndarstarfið óvæntan endi þegar allir fulltrúar launafólks gengu á dyr í mótmælaskyni við lítinn samkomulagsvilja þróunarlandanna. Þrátt fyrir þennan atburð var nefndarstarfi fram haldið mánudaginn 25. júní. Fyrir nefndinni lágu ný drög að þeim greinum sem enn höfðu ekki verið afgreiddar. Eftir langvinn ræðuhöld varð ljóst um kvöldið að ekki yrði komist hjá atkvæðagreiðslu í nefndinni og voru greidd atkvæði um nokkrar breytingartillögur. Þær hlutu mjög takmarkaðan stuðning. Við lokaafgreiðslu textans í heild hlaut hann stuðning yfirgnæfandi meiri hluta nefndarmanna. Nokkrir sátu hjá en fulltrúar Egyptalands, Pakistans og Líbanons greiddu atkvæði á móti. Við þessa niðurstöðu héldu flestir að niðurstaða væri fengin. En annað kom í ljós.

Tillaga nefndarinnar að yfirlýsingu kom til afgreiðslu á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins síðasta þingdaginn. Fulltrúar ríkisstjórna í andstöðuhópnum óskuðu eftir að taka til máls og voru langorðir. Þegar umræðunni lauk nokkrum klukkustundum eftir boðuð þingslit höfðu allmargar sendinefndir horfið af vettvangi; áttu bókaða flugferð á tilteknum degi sem ekki var hægt að breyta nema með fyrirhöfn og aukakostnaði. Fulltrúi Egyptalands krafðist atkvæðagreiðslu með nafnakalli. Úrslit hennar voru þau að fylgjandi voru 273. Enginn var á móti en 43 sátu hjá. Samkvæmt reglum um atkvæðagreiðslur á Alþjóðavinnumálaþinginu þurfti tillagan að hljóta að lágmarki stuðning 264 þingfulltrúa til að ná fram að ganga þannig að ekki mátti miklu muna við atkvæðagreiðsluna.

Þrátt fyrir allt er niðurstaðan ásættanleg. Yfirlýsingin hefði að ýmsu leyti mátt vera skorinorðari en ekki var raunhæft að búast við að þróunarlöndin gætu fallist á ákveðnari texta. Mikilvægasta atriðið er að finna í 2. gr. Þar er því slegið föstu að af aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni og stofnskrá hennar leiði skyldu til að virða og hrinda í framkvæmd grundvallarréttindum sem eru fólgin í mikilvægustu samþykktum ILO. Þessi réttindi og skyldur eru:

Félagafrelsi og virk viðurkenning á réttinum til að gera kjarasamninga.

Afnám hvers konar nauðungarvinnu.

Raunverulegt afnám vinnu barna.

Afnám hvers kyns mismununar í atvinnulífinu.

Í viðauka með yfirlýsingunni er fjallað um eftirlit með framkvæmd yfirlýsingarinnar. Þessi texti er nokkru veikari en alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði upphaflega lagt til. Af honum leiðir að stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar eru veittar víðtækari heimildir til að setja reglur um eftirlitið. Í stjórnarnefndinni mun vera mikill meiri hluti fyrir eftirliti sem gerir kleift að varpa ljósi á þær ríkisstjórnir sem árum saman vanrækja skyldur sínar í þessu sambandi og taka þær til sérstakrar umfjöllunar á allsherjarþingi vinnumálaþingsins. Þetta verður gert með skýrslu sem alþjóðavinnumálaskrifstofan tekur árlega saman um framkvæmd aðildarríkjanna á einni eða fleiri af grundvallarsamþykktum ILO og gildir einu hvort ríkin hafa fullgilt samþykktina eða ekki. Búist er við að þetta muni auka þrýsting á aðildarríkin að fullgilda samþykktirnar sem hér um ræðir eða a.m.k. að þau fari eftir efni þeirra.

Yfirlýsingin og áréttingá eftirliti með framkvæmd hennar er birt með þessari skýrslu sem fylgiskjal I.

2.10. ÞINGSÁLYKANIR

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er heimilt að leggja fram tillögur til þingsályktunar fram á Alþjóðavinnumálaþinginu. Samkvæmt þingsköpum vinnumálaþingsins verða slíkar tillögur að hafa borist forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Fjallað er um þingsályktunartillögur í einni af fastanefndum þingsins, ályktunarnefnd (Resolutions Committee). Á árum kaldastríðsins og fyrir daga Óslóar-samkomulagsins á milli Ísraela og Palestínumanna var oft stormasamt í nefndinni. Á seinni árum hefur mjög dregið úr viðsjám á milli aðila að samstaða tókst um að stofna ályktunarnefnd annað hvert ár. Á árinu 1998 var að því komið að stofna til nefndar sem fjallaði um tillögur til þingsályktunar.

Að þessu sinni kaus nefndin sem formann ríkisstjórnarfulltrúa Kólumbíu, Carlos Castillo. Varaformenn voru kosnir Steve Marshall, fulltrúi atvinnurekenda á Nýja Sjálandi, og Patricia O' Donovan, fulltrúi launafólks á Írlandi.

Nefndin hafði til umfjöllunar samtals átta þingsályktunartillögur. Tvær voru síðar sameinaðar, þ.e. ályktanir sem fjölluðu um að minnast þess að 50 ár voru liðin frá því að Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi árið 1948 samþykkt nr. 87, um félagafrelsi.

Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar hefst starf hennar á almennri kynningu á fram komnum þingsályktunartillögum. Að henni lokinni fer fram leynileg atkvæðagreiðsla um það í hvaða röð nefndin fjallar efnislega um tillögurnar. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er mikilvæg vegna þess að tímans vegna kemst nefndin venjulega ekki yfir að afgreiða til allsherjarþingsins nema tvær til þrjá tillögur.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð eftirfarandi:

1. Atvinnumál ungs fólks (tillagan hlaut 80.561 vegið atkvæði).[1]
2. Lágmarkskröfur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði (76.947 vegin atkvæði).
3. Fimmtíu ára afmæli alþjóðasamþykktar nr. 87, um félagafrelsi (70.277 vegin atkvæði).
4. Dómstólar í deilum á vinnumarkaði og hliðstæðar stofnanir (65.832 vegin atkvæði).
5. Atvinnuleysi og staða þeirra sem eru utangarðs á heimsmarkaði (62.280 vegin atkvæði).

Fulltrúar atvinnurekenda höfðu lagt fram fyrstu tvær tillögurnar. Af því leiddi að fulltrúar

[1] Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnumálaþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda þingfulltrúa.

launafólks voru allt annað en ánægðir með niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar einkum, að því er varðaði tillöguna um lágmarkskröfur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Við umfjöllun um fyrstu tillöguna um atvinnumál ungs fólks komu fram um 90 breytingartillögur. Við umfjöllun um aðra tillöguna kom í ljós að fulltrúar launafólks höfðu ekki áhuga á að ræða hana. Talsmaður launafólks í nefndinni lagði fyrir fulltrúa atvinnurekenda spurningu um tilgang þess að leggja fram þingsályktunartillögu um „alþjóðavinnumálasamþykktir". Fram kom að þeir óskuðu ekki eftir að taka þátt í umræðum sem hefðu að markmiði að takmarka verksvið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Eftir almennar umræður um tillöguna um alþjóðavinnumálasamþykktir fór tími nefndarinnar í að ræða breytingartillögur við ályktun um atvinnumál ungs fólks. Afgreiðsla þeirra reyndist tímafrek og lýsti skorti á samstarfsvilja á milli þingfulltrúa í nefndinni. Þegar leið á seinni hluta nefndarstarfsins lögðu menn sig meira fram og nefndinni tókst að afgreiða allar breytingartillögur og aðaltillöguna til allsherjarþingsins. Aðrar tillögur voru ekki afgreiddar.

Samkvæmt tillögunni um atvinnumál ungs fólks er stjórnarnefnd ILO falið að hafa atvinnumál ungs fólks meðal forgangsverkefna við afgreiðslu starfs- og fjárhagsáætlunar ILO fyrir árin 2000–2001. Enn fremur er því beint til stjórnarnefndarinnar að hún setji við fyrsta tækifæri atvinnumál ungs fólks á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins.

Tillagan um atvinnumál ungs fólks var afgreidd nær einróma af allsherjarþingi vinnumálaþingsins.

2.11. ÖNNUR MÁLEFNI

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Alþjóðavinnumálaþingið er meðal umfangsmeiri alþjóðaþinga sem haldin eru. Í þessari skýrslu kemur fram að þingstörfum er fram haldið samtímis á allsherjarþingi og í fjölmörgum þingnefndum. Ljóst er að það er borin von fyrir litla sendinefnd eins og þá íslensku að geta fylgst með öllu sem fram fer. Þess vegna skiptir samstarf við aðra miklu máli. Þar vega þyngst vikulegir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlandanna. Á þeim fer fram kynning á stöðu málefna í einstökum nefndum og lögð á ráðin um sameiginlegt ræðuhald Norðurlandanna á allsherjarþinginu og í nefndum.

Annað atriði, sem er til þess fallið er létta sendinefndinni þingstörfin, er samráðsfundir fulltrúa vestrænna iðnríkja (IMEC). Þessir fundir eru haldnir daglega og á þeim er farið yfir þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni. Með þátttöku í þessum fundum má fá gott yfirlit yfir það sem er að gerast á þessu fjölmenna alþjóðaþingi. Fundirnir eru einnig góður vettvangur til að kynna tillögur sem fulltrúar einstakra ríkja ráðgera að flytja í þingnefndum. Á þeim er einnig fjallað um mál sem eru til umfjöllunar í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta, einkum ef þau snerta ríki sem eiga aðild að hópnum. Loks eru oft á tíðum teknin til umfjöllunar drög að ræðum sem fulltrúar einstakra ríkja hyggjast flytja annaðhvort í eigin nafni eða fyrir hönd fleiri ríkja eða hópsins í heild.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu, svo og áréttíng á framkvæmd.

Þar eð Alþjóðavinnumálastofnunin var stofnuð með það að leiðarljósi að félagslegt réttlæti væri nauðsynleg forsenda varanlegs friðar um allan heim;

þar eð hagvöxtur er nauðsynleg en þó ekki fullnægjandi forsenda réttlætis, félagslegra framfara og upprætingar fátæktar, en það staðfestir þörf þess að Alþjóðavinnumálastofnunin stuðli að fastmótaðri félagsmálastefnu, réttlæti og lýðræðislegum stofnunum;

þar eð Alþjóðavinnumálastofnunin ætti nú sem aldrei fyrr að grípa til allra tiltækra ráða á sviði stöðlunar, samvinnu á tæknisviði og rannsókna, einkum varðandi atvinnumál, starfsþjálfun og vinnuaðstæður til að tryggja að alþjóðleg stefna í efnahags- og félagsmálum styrki hvor aðra í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun á breiðum grundvelli;

þar eð Alþjóðavinnumálastofnunin ætti að huga sérstaklega að fólki með sérstakar félagslegar þarfir, einkum atvinnulausum og farandverkafólki, og hvetja til ráðstafana á alþjóðavettvangi, á afmörkuðum svæðum og á landsvísu sem stuðla að því að leysa vandamál þeirra og stuðla að virkri stefnumótun um atvinnusköpun;

þar eð tryggja verður grundvallarréttindi í atvinnulífinu í því skyni að viðhalda tengslum milli félagslegra framfara og hagvaxtar, þar eð slíkt gerir viðkomandi fólki kleift að krefjast með frjálsum hætti og á grundvelli jafnréttis sanngjarns hluta af þeim verðmætum sem það hefur hjálpað til að skapa og að fá að njóta sín sem best í lífinu;

þar eð Alþjóðavinnumálastofnunin er sú alþjóðastofnun sem samkvæmt stofnskrá sinni hefur það hlutverk að semja og fjalla um alþjóðlegar reglur á sviði vinnumála og nýtur alþjóðlegs stuðnings og viðurkenningar við að stuðla að grundvallarréttindum við vinnu;

þar eð brýnt er nú á tímum, þegar þjóðir heims eru að verða æ háðari hver annarri á sviði efnahagsmála, að staðfesta hið óbreytanlega eðli grundvallarréttinda sem fólgin eru í stofnskrá stofnunarinnar og stuðla að beitingu þeirra um allan heim;

1. minnist Alþjóðavinnumálaþingið þess:
   a. að með því að gerast aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni hafa aðildarríkin lýst stuðningi sínum við þær meginreglur og þau réttindi sem tilgreind eru í stofnskránni og í Fíladelfíuyfirlýsingunni og skuldbundið sig til að vinna að því að ná meginmarkmiðum stofnunarinnar að svo miklu leyti sem þeim er fært og í fullu samræmi við aðstæður þeirra;
   b. að slíkar meginreglur og réttindi hafa verið orðaðar og hafa þróast í formi sérstakra grundvallarréttinda með alþjóðasamþykktum sem njóta viðurkenningar bæði innan og utan stofnunarinnar;
2. lýsir Alþjóðavinnumálaþingið yfir því að öllum aðildarríkjum, jafnvel þótt þau hafi ekki fullgilt hlutaðeigandi alþjóðasamþykktir, er skylt sökum aðildar sinnar að stofnuninni að virða, stuðla að og beita í góðri trú og í samræmi við stofnskrá hennar meginreglum um þau grundvallarréttindi sem samþykktirnar fjalla um, þ.e.:
   a. félagafrelsi og virka viðurkenningu á réttinum til að gera almenna kjarasamninga;
   b. afnám hvers konar nauðungarvinnu;
   c. virkt afnám vinnu barna; og
   d. afnám misréttis við ráðningu til starfa og við vinnu;
3. viðurkennir Alþjóðavinnumálaþingið skyldu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að aðstoða aðildarríkin og mæta þannig viðurkenndum og yfirlýstum þörfum þeirra í því skyni að ná slíkum markmiðum með því að beita til fulls aðstöðu sinni í krafti stofnskrárinnar, aðgerða og fjárhagsstuðnings, svo og að hvetja aðrar alþjóðastofnanir, sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur skipuleg tengsl við skv. 12. gr. stofnskrárinnar, til þess að styðja slíkar aðgerðir:
   a. með því að bjóða fram tæknilega aðstoð og ráðgjafarþjónustu til þess að stuðla að staðfestingu og framkvæmd alþjóðasamþykkta sem liggja til grundvallar;
   b. með því að aðstoða þau aðildarríki sem hafa ekki enn aðstöðu til að fullgilda allar eða

sumar þessara samþykkta í viðleitni sinni til að virða, stuðla að og framkvæma þau meginmarkmið varðandi grundvallarréttindi sem samþykktirnar fjalla um; og

c. með því að aðstoða aðildarríkin í viðleitni sinni til að skapa aðstæður fyrir efnahagslegar og félagslegar framfarir;

4. tekur Alþjóðavinnumálaþingið þá ákvörðun, í því skyni að yfirlýsing þessi komi að sem mestum notum og verði áhrifarík og virk áréttingu, að sigla í kjölfarið í samræmi við þær aðgerðir sem tilgreindar eru í viðaukanum með þessari yfirlýsingu, en hann telst vera óaðskiljanlegur hluti hennar;

5. leggur Alþjóðavinnumálaþingið áherslu á að ekki skuli beita alþjóðlegum reglum á sviði vinnumála til að koma á viðskiptahindrunum og að ekki skuli beita neinu í þessari yfirlýsingu eða í áréttingu hennar eða neinu öðru í því skyni; auk þess ber ekki með neinum hætti að efast um hlutfallslega betri stöðu neins ríkis í yfirlýsingu þessari eða áréttingu á henni.

Viðauki.

ÁRÉTTING Á FRAMKVÆMD YFIRLÝSINGARINNAR

I. Almennt markmið.

1. Markmiðið með áréttingunni, sem lýst er hér á eftir, er að örva viðleitni aðildarríkja stofnunarinnar til að stuðla að þeim grundvallarréttindum sem er að finna í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Fíladelfíuyfirlýsingunni og staðfest eru með þessari yfirlýsingu.

2. Samkvæmt þessu markmiði, sem er eingöngu sett fram til hvatningar, stuðlar áréttingin að því að unnt verði að finna þau svið þar sem aðstoð stofnunarinnar gæti komið aðildarríkjunum að mestu gagni með tæknilegri samvinnu til þess að hjálpa þeim að hrinda þessum grundvallarréttindum í framkvæmd. Hér er ekki um ræða neitt sem kemur í stað skipulagðra eftirlitsaðgerða, né skyldi þetta trufla þá starfsemi; þar af leiðir að tilteknar aðstæður, sem eru á verksviði slíkra aðila, skulu ekki teknar til athugunar eða endurathugunar samkvæmt ákvæðum þessarar áréttingar.

3. Þær tvær hliðar þessarar áréttingar sem lýst er hér á eftir byggjast á núverandi aðgerðum: árleg áréttingu varðandi þær grundvallarsamþykktir sem hafa ekki verið staðfestar hafa aðeins í för með sér nokkra aðlögun að núverandi háttum við beitingu 19. gr., 5. mgr. e, í stofnskránni; og með alþjóðlegu skýrslunni næst bestur árangur af þeim aðgerðum sem framkvæmdar eru samkvæmt stofnskránni.

II. Árleg áréttingu varðandi grundvallarsamþykktir sem hafa ekki verið fullgiltar.

A. Markmið og gildissvið.

1. Markmiðið er að veita tækifæri til árlegrar endurskoðunar með einfaldari aðgerðum sem komi í stað endurskoðunar á fjögurra ára fresti sem stjórnarnefndin kom á 1995, en aðgerðirnar miðast við yfirlýsingu þeirra aðildarríkja sem hafa ekki enn staðfest allar grundvallarsamþykktir.

2. Áréttingin mun á hverju ári ná til þeirra fjögurra sviða grundvallarréttinda sem tilgreindar eru í yfirlýsingunni.

B. Hættir.

1. Áréttingin byggist á skýrslum þeim sem aðildarríkin eru beðin að skila skv. 19. gr., 5. mgr. e, í stofnskránni. Eyðublöðin fyrir skýrsluna verði útbúin með þeim hætti að spurt verði um upplýsingar frá ríkisstjórnum, sem hafa ekki staðfest eina eða fleiri grundvallarsamþykkt, um hvers konar breytingar sem kunna að hafa verið gerðar á lögum þeirra og venjum þar sem tekið er fullt tillit til 23. gr. stofnskrárinnar og venja.
2. Alþjóðavinnumálaskrifstofan tekur skýrslurnar saman og stjórnarnefndin fer yfir þær.
3. Alþjóðavinnumálaskrifstofan kann að leita aðstoðar sérfræðinganefndar, sem tilnefnd er sérstaklega í því skyni, til að semja inngang að þeim skýrslum sem teknar hafa verið saman í því skyni að vekja athygli á hvers konar þáttum sem kynnu að gefa tilefni til ítarlegri umræðna.
4. Kanna skyldi breytingar á núverandi starfsaðferðum stjórnarnefndarinnar í því skyni að veita þeim aðildarríkjum sem eiga ekki aðild að stjórnarnefndinni tækifæri til að koma á framfæri skýringum með eins viðeigandi hætti og unnt er, skýringum sem kynnu að reynast nauðsynlegar eða gagnlegar við umræður stjórnarnefndarinnar til viðbótar þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslum þeirra.

III. Alþjóðleg skýrsla.

A. Markmið og gildissvið.

1. Markmið skýrslu þessarar er að gefa virka alþjóðlega mynd af hverju sviði grundvallarréttinda á undanförnu fjögurra ára tímabili og vera grundvöllur mats á gagnsemi þeirrar aðstoðar sem stofnunin veitir og ákvörðunar um forgangsröðun á næsta tímabili í formi framkvæmdaáætlana um tæknilega aðstoð sem eru sérstaklega til þess ætlaðar að stuðla að innri og ytri aðstæðum sem eru nauðsynleg forsenda framkvæmda.
2. Skýrslan nær á hverju ári til eins hinna fjögurra flokka grundvallarréttinda, hvers eftir annan.

B. Hættir.

1. Forstjórinn ber ábyrgð gerð skýrslunnar á grundvelli opinberra upplýsinga eða upplýsinga sem safnað hefur verið og þær metnar samkvæmt venjum. Hvað varðar þau aðildarríki sem hafa ekki fullgilt grundvallarsamþykktirnar verður hún einkum byggð á niðurstöðum framangreindrar árlegrar áréttingar. Hvað varðar þau aðildarríki sem hafa fullgilt hlutaðeigandi alþjóðasamþykktir verður skýrslan einkum byggð á skýrslum þeim sem fjallað er um skv. 22. gr. stofnskrárinnar.
2. Skýrsla þessi verður lögð fyrir þingið til þríhliða viðræðna sem skýrsla forstjórans. Þingið kann að fjalla um skýrslu þessa á sérstökum fundi og ekki á sama tíma og skýrslur skv. 12. gr. starfsreglna sinna eða með öðrum viðeigandi hætti. Síðan kemur fljótlega til kasta stjórnarnefndarinnar að draga sínar ályktanir af þeirri umræðu varðandi þá forgangsröðun og framkvæmdaáætlanir um tæknilega samvinnu sem hleypa skal af stokkunum á næsta fjögurra ára tímabili.

IV. Samkomulag er um:

1. að lagðar skuli fram tillögur til breytinga á starfsreglum stjórnarnefndarinnar og þingsins, en það fellur í þeirra hlut að framkvæma framangreind ákvæði,
2. að þingið skuli, þegar að því kemur, endurskoða framkvæmd þessarar áréttingar samkvæmt fenginni reynslu til þess að meta hvort hún hafi náð því almenna markmiði sem tilgreint er í I. kafla með fullnægjandi hætti.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 189, um almennar aðstæður til að fjölga störfum í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Alþjóðavinnumálaþingið sem stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur kallað saman í Genf og hefur komið til 86. fundar síns 2. júní 1998,

viðurkennir þörf fyrir að stuðla að efnahagslegri, félagslegri og andlegri velferð og þróun einstaklinga, fjölskyldna, samfélaga og þjóða,

og gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að stuðla að atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum,

minnist ályktunar um að styðja við smá og meðalstór fyrirtæki, sem Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti í 72. þingsetu sinni 1986, svo og þær niðurstöður sem fram komu í ályktun um atvinnumálastefnu á alþjóðavísu sem þingið samþykkti í 83. þingsetu sinni 1996,

gefur gaum að því að smá og meðalstór fyrirtæki, sem mikilvægur þáttur í hagvexti og efnahagsþróun, eru í vaxandi mæli ábyrg fyrir sköpun meiri hluta atvinnutækifæra um allan heim og geta hjálpað til við að móta umhverfi fyrir nýjungar og sjálfstæðan atvinnurekstur,

gerir sér grein fyrir sérstöku mikilvægi arðbærra starfa, sjálfbærra starfa og gæðastarfa,

viðurkennir að smá og meðalstór fyrirtæki veita konum og öðrum hópum sem hafa löngum staðið höllum fæti tækifæri til þess við betri aðstæður að komast inn á vinnumarkaðinn í aðbær, sjálfbær og góð störf,

telur víst að með því að stuðla að virðingu fyrir samþykkt um nauðungarvinnu frá 1930, samþykkt um félagafrelsi og vernd réttar til að stofna félög frá 1948, samþykkt um rétt til að stofna félög og gera almenna kjarasamninga, samþykkt um sömu laun fyrir sömu vinnu frá 1951, samþykkt um afnám nauðungarvinnu frá 1957 og samþykkt um mismunun (við ráðningu og við vinnu) frá 1958 verði stuðlað að sköpun gæðastarfa í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og einkum með því að stuðla að virðingu fyrir samþykkt og tillögu um lágmarkslaun til vinnu frá 1973 verði aðildarríkjunum hjálpað í viðleitni þeirra til að útrýma vinnu barna,

og telur einnig víst að samþykkt nýrra ákvæða um atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, sem líta beri til ásamt:

a. viðeigandi ákvæðum annarra alþjóðasamþykkta og tillagna Alþjóðavinnumálaþingsins, eftir því sem við á, svo sem samþykkt og tillögu um atvinnumálastefnu frá 1964 og tillögu um atvinnumálastefnu (viðbótarákvæði) frá 1984, tillögu um samvinnufélög (í þróunarríkjum) frá 1966, samþykkt og tillögu um þróun mannauðs frá 1975 og samþykkt og tillögu um öryggi og heilbrigði við vinnu frá 1981; og
b. öðru frumkvæði Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hefur reynst vel við að stuðla að hlutverki smárra og meðalstórra fyrirtækja við sköpun sjálfbærra starfa og að hvetja til fullnægjandi og almennrar beitingar félagslegrar verndar, þ.m.t. verkefnisins Stofnið og bætið fyrirtæki ykkar og annarra verkefna, svo og að styðja við starf starfmenntamiðstöðvar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem stuðlar að þjálfun og aukinni færni,

muni veita aðildarríkjunum mikilvæga leiðsögn við hönnun og framkvæmd stefnu um atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum,

og þar eð Alþjóðavinnumálaþingið hefur ákveðið að samþykkja tiltekin tilmæli varðandi almennar aðstæður í því skyni að stuðla að atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, sem er fjórða málið á dagskrá þingsins,

og þar eð þingið hefur ákveðið að þessi tilmæli skuli vera í formi tillögu,

hefur þingið í dag, 18. júní 1998, samþykkt eftirfarandi tillögu sem nefna má tillögu um atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum 1998.

I. SKILGREINING, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

1. Aðildarríkin ættu, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, að skilgreina smá og meðalstór fyrirtæki með þeirri viðmiðun sem kann að vera talin viðeigandi, þannig að tekið sé tillit til félagslegra og efnahagslegra aðstæðna, en undirskilið er að slíkur sveigjanleiki ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin geti komið sér saman um almennar skilgreiningar varðandi gagnasöfnun og greiningu.
2. Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir sem eru viðeigandi miðað við þjóðfélagsaðstæður og í samræmi við venjur í þjóðfélaginu í því skyni að viðurkenna og stuðla að því grundvallarhlutverki sem smá og meðalstór fyrirtæki geta haft með höndum varðandi:
   a. það að stuðla að fullri og arðbærri atvinnu sem fólk kýs að stunda af fúsum og frjálsum vilja;
   b. betri aðgang að launuðum störfum og verðmætamyndun sem leiðir til arðbærra og sjálfbærra starfa;
   c. sjálfbæran hagvöxt og möguleika til að bregðast með sveigjanleika við breyttum aðstæðum;
   d. aukna atvinnuþátttöku jaðarhópa og þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu;
   e. aukinn sparnað og fjárfestingu innan lands;
   f. þjálfun og þróun mannauðs;
   g. jafnvægi í þróun afmarkaðra byggða og landsvæða;
   h. útvegun vöru og þjónustu sem hentar betur þörfum markaðarins á staðnum;
   i. aðgang að betri vinnu og vinnuumhverfi sem getur stuðlað að betra lífi, svo og að veita stórum hópi fólks félagslega vernd;
   j. það að örva til nýjunga, sjálfstæðs atvinnurekstrar og þróunar og rannsókna á sviði tækni;
   k. aðgang að mörkuðum innan lands og utan; og
   l. það að stuðla að góðum samskiptum atvinnurekenda og starfsmanna.
3. Í því skyni að stuðla að því grundvallarhlutverki smárra og meðalstórra fyrirtækja sem vikið er að í 2. mgr. skyldu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir, m.a. varðandi það að framfylgja lögum og reglugerðum, til að vernda hagsmuni starfsmanna slíkra fyrirtækja með því að sjá þeim fyrir þeirri grundvallarvernd sem fyrir hendi er samkvæmt öðrum viðkomandi lögum og reglugerðum.
4. Ákvæði þessarar tillögu eiga við um allar atvinnugreinar og allar tegundir smárra og meðalstórra fyrirtækja hvernig sem eignarhaldi er háttað (t.d. einkafyrirtæki, opinber fyrirtæki, samvinnufélög, sameignarfélög, fjölskyldufyrirtæki og fyrirtæki í eigu eins aðila).

II. STEFNUMÖRKUN OG LAGAGRUNNUR

5. Í því skyni að skapa aðstæður sem stuðla að vexti og viðgangi smárra og meðalstórra fyrirtækja ættu aðildarríkin:
   a. að tileinka sér og beita viðeigandi stefnu í fjármálum, peningamálum og atvinnumálum sem stuðla að sem bestum aðstæðum í efnahagsmálum (hvað varðar einkum verðbólgu, vaxtastig, gengi gjaldmiðla, skatta, atvinnustig og stöðugleika í samfélaginu);
   b. að samþykkja og beita viðeigandi lagagreinum hvað varðar einkum eignarrétt, sem nær

m.a. til hugverka, staðsetningu fyrirtækja, framkvæmd samninga, sanngjarna samkeppni og viðeigandi löggjöf á sviði félagsmála og atvinnumála;

c. að gera sjálfstæða atvinnustarfsemi meira aðlaðandi með því að forðast stefnumörkun og lagasetningu sem kemur sér illa fyrir þá sem óska eftir að starfa sjálfstætt.

6. Til viðbótar þeim ráðstöfunum sem vikið er að í 5. gr. ætti að koma á stefnumörkun sem stuðlar að rekstri virkra og samkeppnishæfra smárra og meðalstórra fyrirtækja sem eru fær um að veita arðbæra og sjálfbæra atvinnu við viðeigandi félagslegar aðstæður. Í því skyni ættu aðildarríkin að íhuga stefnumörkun sem:
   1. skapar aðstæður sem:
      a. veita öllum fyrirtækjum af hvaða stærð og gerð sem er:
         i. jöfn tækifæri hvað varðar einkum aðgang að lánum, erlendum gjaldeyri og innfluttum aðföngum; og
         ii. leggur á þau sanngjarna skatta;
      b. tryggja að ekki sé um neina mismunun að ræða við beitingu löggjafar á sviði atvinnumála svo að unnt sé að stuðla að betri störfum í smáum og meðalstórum fyrirtækjum;
      c. stuðla að því að smá og meðalstór fyrirtæki virði alþjóðlega vinnustaðla hvað varðar vinnu barna;
   2. afnema hömlur gegn þróun og vexti smárra og meðalstórra fyrirtækja sem stafa einkum af
      a. vandkvæðum við aðgang að lána- og fjármagnsmörkuðum;
      b. lítilli færni í tækni og stjórnun;
      c. ónógum upplýsingum;
      d. lítilli framleiðni og litlum gæðum;
      e. ónógu aðgengi að mörkuðum;
      f. ónógu aðgengi að nýrri tækni;
      g. skorti á flutningum og samgöngum;
      h. óviðeigandi, ófullnægjandi eða of íþyngjandi kröfum um skráningu, leyfisveitingu, skýrslugjöf eða aðrar kröfur um stjórnun, þ.m.t. kröfur sem hamla gegn ráðningu starfsmanna, án þess þó að spilla skilyrðum til vinnu, áhrifamætti vinnueftirlits eða eftirliti með vinnuaðstæður og skyldum málum;
      i. ónógum stuðningi við rannsóknir og þróun; og
      j. vandkvæðum við aðgang að aðföngum frá opinberum aðilum og einkaaðilum.
   3. er m.a. fólgin í sérstökum ráðstöfunum og frumkvæði í því skyni að veita hinum óformlega geira aðstoð og uppörvun við að verða hluti af hinum skipulagða geira.
7. Í því skyni að móta slíka stefnu skyldu aðildarríkin, þar sem það á við:
   1. safna gögnum á landsvísu um smá og meðalstór fyrirtæki, m.a. um fjölda starfsfólks og gæði vinnunnar, en gæta þess þó að slíkt valdi ekki óhóflegri stjórnunarbyrði fyrir smá og meðalstór fyrirtæki;
   2. framkvæma víðtæka endurskoðun á áhrifum núverandi stefnu og reglugerðum varðandi smá og meðalstór fyrirtæki, þar sem einkum yrði litið til áhrifa áætlana um aðlögun stærðar á atvinnusköpun;
   3. endurskoða löggjöf um atvinnumál og félagsmál í samráði við aðila vinnumarkaðarins til þess að komast að raun um hvort:
      a. slík löggjöf komi til móts við þarfir smárra og meðalstórra fyrirtækja og tryggi um leið viðeigandi vernd og vinnuaðstæður starfsmanna;

b. þörf sé fyrir auknar ráðstafanir vegna félagslegrar verndar, svo sem verkefni kostuð með frjálsum framlögum, samvinnuverkefni eða annað,
c. slík félagsleg vernd nær til starfsmanna í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og hvort fyrir hendi séu viðeigandi ákvæði til að tryggja að farið sé að reglum almannatrygginga varðandi lækishjálp og sjúkra-, atvinnuleysis-, ellilífeyris-, atvinnuslysa-, fjölskyldu-, mæðra-, örorku- og eftirlifendabætur.

8. Á tímum efnahagsþrenginga ættu stjórnvöld að leitast við að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra mikla og virka aðstoð.
9. Við mótun slíkrar stefnu:
   1. gætu aðildarríkin haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, auk annarra hlutaðeigandi og lögmætra aðila eins og þeim þykir viðeigandi;
   2. ættu aðildarríkin að taka tillit til annarrar stefnumörkunar, t.d. á sviði fjármála og peningamála, verslunar og iðnaðar, atvinnumála, launþegasamtaka, félagslegrar verndar, jafnréttis kynjanna,vinnueftirlits og heilbrigðismála og aukinnar færni með menntun og þjálfun;
   3. ættu aðildarríkin að koma á fót stofnunum til að endurskoða slíka stefnumörkun í samráði við aðila vinnumarkaðarins og endurnýja hana.

III. ÞRÓUN FRAMTAKSMENNINGAR

10. Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir í samráði við aðila vinnumarkaðarins til að skapa og styrkja framtaksmenningu þar sem áhersla sé lögð á frumkvæði, stofnun fyrirtækja, framleiðni, umhverfismál, gæði, gott samband starfsmanna og atvinnurekenda og viðeigandi og sanngjarnar félagslegar venjur. Í því skyni ættu aðildarríkin að íhuga:
    1. að stuðla að þróun framtakssemi og beita til þess menntakerfinu og þjálfun þeirra sem vantar vinnu, svo og hagvexti og efnahagsþróun, þar sem sérstök áhersla er lögð á mikilvægi góðra samskipta milli aðila vinnumarkaðarins og fjölbreytta starfs- og stjórnunarhæfni sem smá og meðalstór fyrirtæki hafa þörf á;
    2. að leitast við, með viðeigandi ráðum, að hvetja til jákvæðari afstöðu til áhættureksturs og gjaldþrota fyrirtækja með því að viðurkenna gildi slíks sem tækifæris til að draga lærdóma af, jafnframt því að viðurkenna áhrif slíks bæði á sjálfstæða atvinnurekendur og starfsmenn;
    3. að hvetja til stöðugrar símenntunar allra hópa starfsmanna og sjálfstæðra atvinnurekenda;
    4. að hanna og kynna fræðsluefni með fullri þátttöku hlutaðeigandi atvinnurekenda og starfsmanna í því skyni að:
       a. stuðla að virðingu fyrir lögum og reglum og réttindum starfsmanna, betra starfsumhverfi, meiri framleiðni og auknum gæðum vöru og þjónustu;
       b. styðja við fyrirmyndir á sviði sjálfstæðs atvinnurekstrar og verðlaunaverkefna þar sem fullt tillit sé tekið til þarfa kvenna, jaðarhópa og þeirra sem standa höllum fæti.

IV. ÞRÓUN VIRKRAR GRUNNGERÐAR

11. Í því skyni að stuðla að vaxandi atvinnusköpun og samkeppni smárra og meðalstórra fyrirtækja ætti að huga að því hvort fyrir hendi er hvers konar bein og óbein stuðningsþjónusta fyrir þau og starfsmenn þeirra og hversu aðgengileg hún er, t.d.:
    a. undirbúningur að stofnun fyrirtækis og hvernig á að stofna það og stuðla að framgangi þess;

b. gerð og þróun viðskiptaáætlana;
c. uppeldisstöðvar fyrirtækja;
d. upplýsingaþjónusta, m.a. ráðgjöf varðandi stefnu stjórnvalda;
e. þjónusta á sviði ráðgjafar og rannsókna;
f. aukin færni við stjórnun og störf;
g. stuðlað er að þjálfun í fyrirtækjum og þróun slíkrar starfsemi;
h. stuðningur við fræðslu um öryggi og heilbrigði við vinnu;
i. stuðlað er að aukinni lestrar-, skriftar- og reikningskunnáttu, tölvukunnáttu og grunnmenntun stjórnenda og starfsmanna;
j. aðgangur að orku, samskiptakerfum og vatns- og rafveitukerfum, húsnæði, flutningskerfum og flutningaleiðum á vegum hins opinbera eða fyrir tilstilli einkaaðila;
k. aðstoð við að skilja og beita löggjöf á sviði atvinnumála, þ.m.t. ákvæðum um réttindi starfsmanna, svo og við þróun mannauðs og aukið jafnrétti kynjanna;
l. aðstoð á sviði lögfræði, bókhalds og fjármálaþjónustu;
m. stuðningur við nýjungar og nýmæli;
n. ráðgjöf varðandi tækni;
o. ráðgjöf um virka beitingu upplýsinga- og fjarskiptatækni á sviði viðskipta;
p. aðgangur að fjármagnsmörkuðum, lánum og ábyrgðum;
q. ráðgjöf á sviði fjármála, lántöku og lánastýringar;
r. stuðlað að útflutningi og viðskiptatækifærum innan lands og utan;
s. markaðsrannsóknir og aðstoð við markaðssetningu;
t. aðstoð við hönnun vöru, þróun hennar og kynningu;
u. gæðaeftirlit, þ.m.t. gæðaprófun og -mælingar;
v. pökkunarþjónusta;
w. aðstoð á sviði umhverfismála.

12. Að því marki sem við verður komið ætti sú þjónusta sem tilgreind er í 11. gr. að vera hönnuð og veitt í því skyni að tryggja að hún komi að sem bestum notum og sé við hæfi með því að:
a. aðlaga þjónustuna að þörfum smárra og meðalstórra fyrirtækja, þannig að tekið sé tillit til ríkjandi efnahags-, félags- og menningarlegra aðstæðna, svo og mismunandi stærðar, atvinnugreina og þróunarstigs;
b. tryggja virka þátttöku smárra og meðalstórra fyrirtækja og aðila vinnumarkaðarins við að ákvarða hvaða þjónusta á að vera í boði;
c. fá opinbera geirann og einkageirann til þátttöku í að veita slíka þjónustu, t.d. samtök atvinnurekenda og stéttarfélög, hálfopinber samtök, sjálfstætt starfandi ráðgjafa, tæknigarða, uppeldisstofnanir fyrirtækja og smá og meðalstór fyrirtæki sjálf;
d. fjölga þjónustustöðum og hafa þau í eins miklum námunda við smá og meðalstór fyrirtæki og unnt er;
e. stuðla að greiðum aðgangi að samþættu úrvali virkrar þjónustu með því að hafa „allt á sama stað“ eða tilvísunarþjónustu;
f. vinna að því að þeir sem þjónustuna veita geti sjálfir staðið straum af kostnaði með því að endurheimta kostnað sinn á hóflegan hátt úr hendi smárra og meðalstórra fyrirtækja og annarra þannig að það hafi ekki áhrif á markaðinn fyrir slíka þjónustu og til að auka möguleika smárra og meðalstórra fyrirtækja til atvinnusköpunar;
g. tryggja að stjórnun slíkrar þjónustu sé fagleg og ábyrg;
h. koma á fót stofnunum sem fylgjast stöðugt með og meta slíka þjónustu þannig að hún sé í sífelldri endurnýjun.

13. Þjónustan ætti að vera þeim hætti að lögð sé áhersla á aukna framleiðni og aðra þætti sem stuðla að skilvirkni og að hjálpa smáum og meðalstórum fyrirtækjum til að vera samkeppnishæf á innlendum og erlendum mörkuðum og bæta vinnuvenjur og vinnuaðstæður.
14. Aðildarríkin ættu að auðvelda smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að fjármagni og lánum við viðunandi aðstæður. Í þessu sambandi:
    a. ætti að veita lánaþjónustu og aðra fjármálaþjónustu á venjulegum viðskiptakjörum eftir því sem við verður komið til þess að tryggja viðgang þeirra, nema ef um sérstaklega viðkvæma hópa sjálfstætt starfandi atvinnurekenda er að ræða;
    b. ætti að grípa til viðbótarráðstafana til að einfalda stjórnunaraðgerðir, draga úr viðskiptakostnaði og ryðja úr vegi vandkvæðum vegna ónógra trygginga, t.d. með stofnun einkarekinna lánastofnana og fjármálastofnana sem veita þróunarlán til að bjarga smáum og meðalstórum fjárvana fyrirtækjum;
    c. mætti hvetja smá og meðalstór fyrirtæki til að mynda með sér gagnkvæm tryggingarsamtök;
    d. ætti að hvetja til þess að komið verði á fót stofnunum sem veita áhættulán og öðrum stofnunum sem sérhæfa sig í að aðstoða smá og meðalstór fyrirtæki sem sýna frumkvæði.
15. Aðildarríkin ættu að íhuga að taka upp viðeigandi stefnu í því skyni að bæta alla þætti atvinnuþátttöku í smáum og meðalstórum fyrirtækjum með því að tryggja að verndandi löggjöf á sviði atvinnumála og félagsmála sé beitt án mismununar.
16. Auk þess ættu aðildarríkin:
    a. að auðvelda, þar sem því verður við komið, þróun samtaka og stofnana sem geta með virkum hætti stuðlað að viðgangi og samkeppnishæfni smárra og meðalstórra fyrirtækja; í því sambandi ætti að íhuga að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins;
    b. að íhuga viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að samvinnu milli smárra og meðalstórra fyrirtækja og stórra fyrirtækja; í því sambandi ætti að gera ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni hlutaðeigandi smárra og meðalstórra fyrirtækja og starfsmanna þeirra;
    c. að íhuga ráðstafanir til að stuðla að tengslum milli stórra og meðalstórra fyrirtækja í því skyni að hvetja til skipta á reynslu og deila með sér mannauði og áhættu; í þessu sambandi mætti hvetja smá og meðalstór fyrirtæki til að mynda með sér verkefnasamtök, netkerfi og samvinnufélög um framleiðslu og þjónustu þar sem tekið væri tillit til mikilvægs hlutverks samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga;
    d. að íhuga sérstakar ráðstafanir og hvatningu fyrir þá meðal tiltekinna hópa samfélagsins sem vilja starfa sjálfstætt, svo sem kvenna, þeirra sem hafa lengi verið atvinnulausir, þeirra sem hafa orðið fyrir barðinu á enduruppbyggingu fyrirtækja, takmarkandi ákvæðum í ráðningarsamningi eða mismunun, fatlaðra, þeirra sem hafa lokið herþjónustu, ungs fólks, þ.m.t. nýútskrifaðs fólks, eldri starfsmanna, þjóðernislegra minnihlutahópa, innfæddra og ættflokka; gera ætti gangskör að því að kanna hverjir þessir hópar eru og taka tillit til félagslegrar og efnahagslegrar forgangsröðunar og aðstæðna í hverju ríki;
    e. að íhuga sérstakar ráðstafanir til að bæta samskipti og tengsl milli stjórnarstofnana og smárra og meðalstórra fyrirtækja og aðila vinnumarkaðarins sem tengjast slíkum fyrirtækjum í því skyni að auka virkni stjórnvaldsaðgerða til atvinnusköpunar;
    f. að hvetja til stuðnings við sjálfstætt starfandi konur og viðurkenna mikilvægi kvenna

í atvinnulífinu með ráðstöfunum sem einkum beinast að konum sem eru þegar eða óska eftir að verða sjálfstætt starfandi.

V. HLUTVERK SAMTAKA ATVINNUREKENDA OG STÉTTARFÉLAGA

17. Samtök atvinnurekenda og stéttarfélög ættu að íhuga að styðja við þróun smárra og meðalstórra fyrirtækja með eftirfarandi hætti:
    a. að upplýsa stjórnvöld um hagsmunamál smárra og meðalstórra fyrirtækja eða starfsmanna þeirra eftir því sem við á;
    b. að veita beina stuðningsþjónustu, t.d. með þjálfun, ráðgjöf, greiðari aðgangi að lánum, markaðssetningu og ráðleggingum um samskipti á vinnumarkaði, og stuðla að tengslum við stærri fyrirtæki;
    c. hafa samvinnu við stofnanir á landsvísu, á tilteknum landsvæðum eða í sama byggðarlagi, svo og á milliríkjagrundvelli svæðisbundnar stofnanir sem veita aðstoð smáum og meðalstórum fyrirtækjum á sviðum eins og þjálfun, ráðgjöf, stofnun fyrirtækja og gæðaeftirliti;
    d. að taka þátt í ráðum, verkefnishópum og öðrum stofnunum á landsvísu, á tilteknum landsvæðum og í tilteknum byggðarlögum sem komið hefur verið á fót til að fjalla um mikilvæg efnahagsmál og félagsmál, þ.m.t. stefnumörkun og áætlanir sem hafa áhrif á smá og meðalstór fyrirtæki;
    e. að stuðla að og taka þátt í enduruppbyggingu sem leiðir til efnahagslegra og félagslegra framfara (t.d. með endurhæfingu og því að stuðla að sjálfstæðri atvinnustarfsemi) með viðeigandi félagslegum öryggisnetum;
    f. að taka þátt í að stuðla að skiptum á reynslu og koma á tengslum milli smárra og meðalstórra fyrirtækja;
    g. að taka þátt í að fylgjast með og greina félagsleg málefni og málefni sem snerta vinnumarkaðinn og hafa áhrif á smá og meðalstór fyrirtæki, t.d. hvað varðar ráðningarkjör, vinnuaðstæður, félagslega vernd og starfsþjálfun og stuðla að úrbótum eftir þörfum;
    h. að taka þátt í aðgerðum til að auka gæði og framleiðni, svo og að stuðla að beitingu siðareglna, jafnrétti kynjanna og afnámi misréttis;
    i. að gera kannanir á smáum og meðalstórum fyrirtækjum, safna tölfræðilegum gögnum og öðrum upplýsingum á þessu sviði, þ.m.t. tölfræðilegum gögnum sundurliðuðum eftir kynferði og aldri, og koma slíkum upplýsingum, svo og frásögnum af bestu reynslu, á framfæri við samtök atvinnurekenda og stéttarfélaga á landsvísu og á alþjóðavettvangi; og
    j. veita þjónustu og ráðgjöf um réttindi starfsmanna, atvinnumálalöggjöf og félagslega vernd starfsmanna í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.
18. Hvetja ætti smá og meðalstór fyrirtæki og starfsmenn þeirra til að hafa viðeigandi málsvara þannig að fullt tillit sé tekið til félagafrelsis. Í þessu sambandi ættu samtök atvinnurekenda og stéttarfélög að sjá til þess að samtök þeirra nái einnig til smárra og meðalstórra fyrirtækja.

VI. ALÞJÓÐLEG SAMVINNA

19. Hvetja ætti til viðeigandi alþjóðlegrar samvinnu á eftirtöldum sviðum:
    a. að koma á sameiginlegum starfsreglum við söfnun sambærilegra gagna í því skyni að stuðla að stefnumörkun;
    b. að skiptast á upplýsingum, sem væru sundurliðaðar eftir kyni, aldri og öðrum við-

eigandi breytum, um bestu reynslu hvað varðar stefnumörkun og áætlanir um atvinnusköpun og auka vinnugæði í smáum og meðalstórum fyrirtækjum;

c. að mynda tengsl milli innlendra og alþjóðlegra aðila og stofnana sem taka þátt í þróun smárra og meðalstórra fyrirtækja, þ.m.t. samtök atvinnurekenda og stéttarfélög, í því skyni að auðvelda:
   i. skipti á starfsmönnum, reynslu og hugmyndum;
   ii. skipti á kennsluefni, kennsluaðferðum og ítarefni;
   iii. að taka saman niðurstöður rannsókna og önnur megindleg og eigindleg gögn sem sundurliðuð eru eftir kynferði og aldri um smá og meðalstór fyrirtæki og þróun þeirra;
   iv. að stofna til alþjóðlegs samstarfs og samvinnu smárra og meðalstórra fyrirtækja, og notkun undirverktaka og annarra viðskiptatengsla;
   v. að stuðla að þróun nýrra tækifæra og beita nútímaupplýsingatækni til að skiptast á upplýsingum milli ríkisstjórna, samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga um þá reynslu sem fengist hefur varðandi stuðning við smá og meðalstór fyrirtæki;

d. með alþjóðlegum fundum og umræðuhópum um aðferðir til atvinnusköpunar með þróun smárra og meðalstórra fyrirtækja, þ.m.t. stuðningi við sjálfstætt starfandi konur; svipaðar aðferðir til atvinnusköpunar og að styðja við sjálfstæða atvinnustarfsemi koma að gagni fyrir jaðarhópa og þá sem standa höllum fæti;

e. kerfisbundnar rannsóknir á ýmsum sviðum og í ýmsum löndum á því hvaða þættir stuðla helst að góðum árangri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og mikilli atvinnusköpun við góðar vinnuaðstæður og viðeigandi félagslega vernd;

f. að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra aðgang að gagnasöfnum innan lands og utan, t.d. um atvinnutækifæri, markaðsupplýsingar, lög og reglugerðir, tækni og vörustaðla.

20. Aðildarríkin ættu að vekja athygli á efni þessarar tillögu meðal annarra alþjóðlegra aðila. Aðildarríkin ættu einnig að vera reiðubúin til samstarfs við slíka aðila þar sem það á við þegar þau meta og beita ákvæðum þessarar tillögu og taka tillit til mikilvægs hlutverks Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við að stuðla að atvinnusköpun í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Fylgiskjal III.

Skýrsla um starf nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 1998.

Á 61. Alþjóðavinnumálaþinginu, sem haldið var í Genf árið 1976, var afgreidd samþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Ísland fullgilti samþykktina árið 1981. Samþykktin endurspeglar það samstarf fulltrúa ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins sem fram fer innan Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og skapar henni sérstöðu meðal annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í anda samþykktar nr. 144 var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Á árinu 1998 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Ástráður Haraldsson, lögfræðingur ASÍ, fulltrúi Vinnuveitenda-

sambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins gegnir formennsku í nefndinni. Gylfi Kristinsson deildarstjóri gegndi henni til júlíloka er Elín Blöndal, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, tók við.

Verkefni nefndarinnar eru svipuð frá ári til árs, þ.e. að fara yfir drög að skýrslum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta, svara spurningaskrám sem skrifstofan sendir aðildarríkjunum þegar undirbúin eru drög að nýjum samþykktum og fjalla um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á alþjóðasamþykktum. Nefndin ræðir einnig framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1998 samtals 14 fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1998 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

Nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi.
Nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
Nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess.
Nr. 98, um félagafrelsi og réttinn til að semja sameiginlega.
Nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.
Nr. 108, um persónuskírteini sjómanna.
Nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.

b. Skýrsla um 85. Alþjóðavinnumálaþingið 1997.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1998 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 85. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var 1997. Það þing afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt nr. 181, um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur. Þingið lauk fyrri umræðu um drög að samþykkt og tillögu um launaverktöku.

Í viðauka við skýrsluna eru birtar athugasemdir óháðrar sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á árunum 1992–94 á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í 86. Alþjóðavinnumálaþinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1998 um dagskrármál 86. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var farið yfir drög að yfirlýsingu um grundvallarréttindi í

atvinnulífinu. Enn fremur var farið yfir skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings umræðum um helstu dagskrármál vinnumálaþingsins.

d. Fullgilding alþjóðasamþykkta..

Á árinu fjallaði nefndin um hugsanlega fullgildingu Íslands á eftirfarandi alþjóðasamþykktum:

Nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu.
Nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum.
Nr. 156, um starfsmenn með fjölskylduábyrgð.
Nr. 170, um öryggi við notkun efna við vinnu.
Nr. 173, um vernd launa við gjaldþrot.
Nr. 174, um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys.
Nr. 181, um einkareknar vinnumiðlunarskrifstofur.

Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Umfjöllun um aðild Íslands að félagsmálasáttmála Evrópu er meðal verkefna sem falin hafa verið ILO-nefndinni. Nefndin fjallaði um sáttmálann á samtals sjö fundum á árinu 1998. Helstu viðfangsefni nefndarinnar í sambandi við félagsmálasáttmálann voru samning skýrslu um framkvæmd nokkurra ákvæða sáttmálans, athugun á athugasemdum sérfræðinganefndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á sáttmálanum og könnun á hugsanlegri fullgildingu Íslands á endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmála Evrópu frá árinu 1996.

a. Skýrsla um framkvæmd félagsmálasáttmálans.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti á fundi sínum 17. september 1992 að breyta til reynslu fyrirkomulagi á skýrslugjöf um framkvæmd sáttmálans. Samkvæmt 21. gr. sáttmálans skulu aðildarríki taka saman á tveggja ára fresti skýrslu um framkvæmdina. Samkvæmt því hafa aðildarríkin tekið saman annað hvert ár skýrslu um framkvæmd allra fullgiltra ákvæða sáttmálans. Enn fremur hefur þeim verið skipt í tvo hópa og hafa ríkjahóparnir skipst á um að senda Evrópuráðinu skýrslur sínar. Þessu var breytt þannig að taka skal saman á hverju ári skýrslu um framkvæmd á tilteknum fjölda greina. Aðildarríkin hafa því í raun skilað skýrslu á tveimur árum um framkvæmd ákvæða sáttmálans. Síðar var ákveðið að létta aðildarríkjunum skýrslugjöfina með því að óska einungis eftir skýrslu fjórða hvert ár um tilteknar greinar sáttmálans. Af þessum breytingum hefur leitt að sérfræðinganefnd Evrópuráðsins hefur nú getað lagt samtímis mat á framkvæmd allra aðildarríkjanna á ákvæðum sáttmálans. Það hefur leitt til þess að betri samanburður fæst á framkvæmd ríkjanna á sáttmálanum.

Í samræmi við breyttar reglur um skýrslur um framkvæmd á félagsmálasáttmálanum óskaði Evrópuráðið eftir skýrslu um framkvæmd á eftirtöldum greinum sáttmálans:

2. gr., um réttinn til sanngjarnra vinnuskilyrða.
3. gr., um réttinn til öryggis við störf og heilsusamlegra vinnuskilyrða.
4. gr., um réttinn til sanngjarns kaups.
15. gr., um rétt líkamlegra eða andlegra fatlaðra til starfsþjálfunar, endurhæfingar og endurheimtar félagslegrar stöðu.

b. Athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

ILO-nefndin fjallaði á árinu um athugasemdir við framkvæmd Íslands á nokkrum ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu sem koma fram í skýrslu sérfræðinganefndar Evrópuráðsins

14-1 sem var gefin út í mars 1998. Athugasemdirnar eru birtar í heild sinni í viðauka með þessari skýrslu.

c. Hugsanleg fullgilding á endurskoðaðri gerð félagsmálasáttmálans.

Árið 1990 samþykktu evrópskir félagsmálaráðherrar tillögu Lalumiere, þáverandi framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, um endurskoðun á ákvæðum félagsmálasáttmálans. Í framhaldi af samþykkt tillögunnar var hafin endurskoðun sáttmálans af sérstakri nefnd á vegum Evrópuráðsins. Nefndin afgreiddi til ráðherranefndar Evrópuráðsins árið 1991 drög að bókun við félagsmálasáttmálann þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk sérfræðinganefndar Evrópuráðsins. Í henni er einnig kveðið skýrar á um verkefni nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkja sáttmálans. Að tillögu nefndarinnar samþykkti ráðherranefndin árið 1995 viðauka við sáttmálann sem veitir heildarsamtökum vinnumarkaðarins rétt til að kæra framkvæmd sáttmálans til Evrópuráðsins. Þriðja skjalið sem nefndin afgreiddi til ráðherranefndarinnar er ný gerð sáttmálans þar sem eldri ákvæði hafa verið færð í nútímalegra horf en jafnframt bætt við 11 nýjum efnisgreinum. ILO-nefndin fór á árinu yfir breytingar sem hafa verið gerðar frá eldri gerð sáttmálans og nýmæli sem hefur verið bætt við. Markmiðið hefur verið að kanna hugsanlega fullgildingu Íslands á þessari endurskoðuðu gerð félagsmálasáttmálans. Enn er þó eftir nokkur vinna við athugun á einstökum ákvæðum áður en nefndin getur skilað af sér tillögum um mögulega fullgildingu sáttmálans.

Fylgiskjal IV.

Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu 1945–98.

Samkvæmt 3. gr. 1. tölul. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal allsherjarþing fulltrúa aðildarríkjanna koma saman til fundar þegar þörf krefur, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Tekið er fram að þar eigi sæti fjórir fulltrúar frá hverju ríki. Tveir skulu vera fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar og annar hinna tveggja fulltrúi atvinnurekenda, en hinn fulltrúi launafólks. Hin síðari ár hefur Alþjóðavinnumálaþingið undantekningarlaust komið saman í Genf í Sviss. Þingið stóð í u.þ.b. þrjár vikur. Frá og með 81. þinginu 1994 var formlegur hluti þingsins styttur um fimm daga. Þess í stað hefur einum til tveimur dögum fyrir þingsetningu verið varið til óformlegra undirbúningsfunda. Á nokkra ára fresti eru haldin aukaþing sem hafa verið helguð málefnum skipverja.

Í 3. gr. 2. tölul. stofnskrárinnar kemur fram að hver fulltrúi getur haft með sér ráðgjafa en þeir mega ekki vera fleiri en tveir um hvert málefni sem er á dagskrá þingsins. Með fullgildingu stofnskrárinnar skuldbindur aðildarríki sig til þess að skipa fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd til þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu í samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, sbr. 3. gr. 5. tölul. Við skipun fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd Íslands hefur frá upphafi verið haft samráð við Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Vinnuveitendasamband Íslands (VSÍ). Embættismenn úr félagsmálaráðuneyti (félmrn.), samgönguráðuneyti (samgrn.) og utanríkisráðuneyti (utanrrn.) hafa verið fulltrúar ríkisstjórnarinnar í nefndinni.

Hér fer skrá yfir þátttöku af hálfu Íslands í Alþjóðavinnumálaþinginu. Skráin hefst árið 1945 þegar aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni var samþykkt á 27. þinginu í París og lýkur með upptalningu á þingfulltrúum sem sóttu 86. þingið 1998. Bent skal á að þótt hér sé um að ræða tæmandi skrá yfir íslenska þingfulltrúa gildir ekki það sama um félagsmála-

ráðherra. Einungis er getið þeirra ráðherra sem hafa sent fulltrúa til þingsins. Rétt er einnig að benda á að árið 1970 var stofnuð fastanefnd Íslands í Genf. Þeir fulltrúar utanríkisráðuneytisins sem hafa sótt þingið frá þeim tíma hafa í öllum tilvikum verið starfsmenn fastanefndarinnar. Loks er rétt að vekja athygli á því að nokkur undanfarin ár hafa fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skipt með sér þátttöku í þinginu þannig að varamaður hefur leyst aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans hefur verið liðinn.

Félagsmálaráðherra:	**Alþjóðavinnumálaþing:**	**Fulltrúar:**
Finnur Jónsson félagsmálaráðherra 17. sept. 1946 – 4. febrúar 1947	27. þing, París 1945 29. þing, Montreal 1946	Þórhallur Ásgeirsson (utanrrn.) Thor Thors (utanrrn.) Þórhallur Ásgeirsson (utanrrn.) Kjartan Thors (VSÍ) Pétur G. Guðmundsson (ASÍ)
Stefán Jóh. Stefánsson félagsmálaráðherra 1947–1949	30. þing, Genf 1947	Finnur Jónsson (félmrn.) Jónas Guðmundsson (félmrn.) Benedikt Gröndal (VSÍ) Björn Bjarnason (ASÍ)
	31. þing, San Francisco 1948	Jónas Guðmundsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.)
Ólafur Thors félagsmálaráðherra 1949–1950	32. þing, Genf 1949	Jónas Guðmundsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Sigurður Jónsson (VSÍ) Magnús Ástmarsson (ASÍ)
Steingrímur Steinþórsson félagsmálaráðherra 1950–1956	33. þing, Genf 1950	Jónas Guðmundsson (félmrn.) Haraldur Kröyer (utanrrn.)
	35. þing, Genf 1952	Jónas Guðmundsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Kjartan Thors (VSÍ) Magnús Ástmarsson (ASÍ)
	38. þing, Genf 1955	Hjálmar Vilhjálmsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Eyjólfur Jóhannsson (VSÍ) Eðvarð Sigurðsson (ASÍ)
Hannibal Valdimarsson félagsmálaráðherra 1956–1958	40. þing, Genf 1957	Hannibal Valdimarsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Kjartan Thors (VSÍ) Eðvarð Sigurðsson (ASÍ)
Eggert G. Þorsteinsson félagsmálaráðherra 1965–1970	50. þing, Genf 1966	Eggert G. Þorsteinsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Kjartan Thors (VSÍ)

		Björgvin Sigurðsson (VSÍ) Hannibal Valdimarsson (ASÍ) Snorri Jónsson (ASÍ)
Hannibal Valdimarsson félagsmálaráðherra 1971–1973	57. þing, Genf 1972	Hannibal Valdimarsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Einar Benediktsson (utanrrn.) Kristján Ragnarsson (VSÍ) Snorri Jónsson (ASÍ)
Björn Jónsson félagsmálaráðherra 1973–1974	59. þing, Genf 1974	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Einar Benediktsson (utanrrn.) Ólafur Jónsson (VSÍ) Snorri Jónsson (ASÍ)
Gunnar Thoroddsen félagsmálaráðherra 1974–1978	63. þing, Genf 1977	Gunnar Thoroddsen (félmrn.) Haraldur Kröyer (utanrrn.) Kornelíus Sigmundsson (utanrrn.)
Magnús H. Magnússon félagsmálaráðherra 1978–1980	64. þing, Genf 1978	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Haraldur Kröyer (utanrrn.) Jón H. Bergs (VSÍ) Snorri Jónsson (ASÍ) Ásmundur Stefánsson
	65. þing, Genf 1979	Haraldur Kröyer (utanrrn.) Tómas Karlsson (utanrrn.)
	66. þing, Genf 1980	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Tómas Karlsson (utanrrn.)
Svavar Gestsson félagsmálaráðherra 1980–1983	67. þing, Genf 1981	Svavar Gestsson (félmrn.) Jón S. Ólafsson (félmrn.) Hannes Jónsson (utanrrn.) Skúli Jónsson (VSÍ) Kristín Mäntilä (ASÍ)
	68. þing, Genf 1982	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Hannes Jónsson (utanrrn.) Kristín Mäntilä (ASÍ)
	69. þing, Genf 1983	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Hannes Jónsson (utanrrn.) Magnús Gunnarsson (VSÍ) Björn Björnsson (ASÍ)
Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra 1983–1987	70. þing, Genf 1984	Jón S. Ólafsson (félmrn.) Hannes Hafstein (utanrrn.) Kristján Þorbergsson (VSÍ) Lára V. Júlíusdóttir (ASÍ)
	71. þing, Genf 1985	Gylfi Kristinsson (félmrn.)

		Hannes Hafstein (utanrrn.)
		Kristján Þorbergsson (VSÍ)
		Lára V. Júlíusdóttir (ASÍ)
	72. þing, Genf 1986	Alexander Stefánsson (félmrn.)
		Hallgrímur Dalberg (félmrn.)
		Gylfi Kristinsson (félmrn.)
		Hannes Hafstein (utanrrn.)
		Kristján Þorbergsson (VSÍ)
		Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)
	73. þing, Genf 1987	Gylfi Kristinsson (félmrn.)
		Kristinn Árnason (utanrrn.)
		Kristján Þorbergsson (VSÍ)
		Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)
Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra 1987–1994	75. þing, Genf 1988	Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.)
		Hallgrímur Dalberg (félmrn.)
		Gylfi Kristinsson (félmrn.)
		Sverrir Haukur Gunnlaugsson (utanrrn.)
		Kristinn Árnason (utanrrn.)
		Jón H. Magnússon (VSÍ)
		Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)
	76. þing, Genf 1989	Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.)
		Gylfi Kristinsson (félmrn.)
		Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.)
		Sverrir Haukur Gunnlaugsson (utanrrn.)
		Kristinn Árnason (utanrrn.)
		Bjarnveig Eiríksdóttir (utanrrn.)
		Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)
		Jón H. Magnússon (VSÍ)
		Ásmundur Stefánsson (ASÍ)
		Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)
	77. þing, Genf 1990	Gylfi Kristinsson (félmrn.)
		Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.)
		Kjartan Jóhannsson (utanrrn.)
		Kristinn F. Árnason (utanrrn.)
		Stefán Jóhannesson (utanrrn.)
		Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)
		Jón H. Magnússon (VSÍ)
		Þráinn Hallgrímsson (ASÍ)
		Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)
	78. þing, Genf 1991	Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.)
		Gylfi Kristinsson (félmrn.)
		Kjartan Jóhannsson (utanrrn.)
		Kristinn F. Árnason (utanrrn.)
		Stefán Jóhannesson (utanrrn.)

		Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)
		Jón H. Magnússon (VSÍ)
		Guðmundur J. Guðmundsson (ASÍ)
		Þráinn Hallgrímsson (ASÍ)
	79. þing, Genf 1992	Gylfi Kristinsson (félmrn.)
		Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.)
		Kjartan Jóhannsson (utanrrn.)
		Kristinn F. Árnason (utanrrn.)
		Stefán Jóhannesson (utanrrn.)
		Margrét Viðar (utanrrn.)
		Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)
		Jón H. Magnússon (VSÍ)
		Þráinn Hallgrímsson (ASÍ)
		Þórunn Sveinbjörnsdóttir (ASÍ)
	80. þing, Genf 1993	Gylfi Kristinsson (félmrn.)
		Eyjólfur Sæmundsson (félmrn.)
		Kjartan Jóhannsson (utanrrn.)
		Lilja Ólafsdóttir (utanrrn.)
		Stefán Jóhannesson (utanrrn.)
		Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)
		Jón H. Magnússon (VSÍ)
		Benedikt Davíðsson (ASÍ)
		Bryndís Hlöðversdóttir (ASÍ)
	81. þing, Genf 1994	Jóhanna Sigurðardóttir (félmrn.)
		Berglind Ásgeirsdóttir (félmrn.)
		Gylfi Kristinsson (félmrn.)
		Kjartan Jóhannsson (utanrrn.)
		Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)
		Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)
		Jón H. Magnússon (VSÍ)
		Bryndís Hlöðversdóttir (ASÍ)
		Hervar Gunnarsson (ASÍ)
Páll Pétursson félagsmálaráðherra 1995–	82. þing, Genf 1995	Páll Pétursson (félmrn.)
		Gylfi Kristinsson (félmrn.)
		Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.)
		Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)
		Haukur Ólafsson (utanrrn.)
		Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)
		Jón H. Magnússon (VSÍ)
		Ástráður Haraldsson (ASÍ)
		Hervar Gunnarsson (ASÍ)
	83. þing, Genf 1995	Jósef H. Þorgeirsson (samgrn.)
		Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.)
		Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)
		Haukur Ólafsson (utanrrn.)
		Jón H. Magnússon (VSÍ)

	Borgþór S. Kjærnested (Sjómannafélag Reykjavíkur)
84. þing, Genf 1996	Páll Pétursson (félmrn.)
	Gylfi Kristinsson (félmrn.)
	Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.)
	Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)
	Haukur Ólafsson (utanrrn.)
	Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)
	Jón H. Magnússon (VSÍ)
	Ástráður Haraldsson (ASÍ)
	Hervar Gunnarsson (ASÍ)
85. þing, Genf 1997	Gylfi Kristinsson (félmrn.)
	Gunnar Snorri Gunnarsson (utanrrn.)
	Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)
	Haukur Ólafsson (utanrrn.)
	Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)
	Jón H. Magnússon (VSÍ)
	Ástráður Haraldsson (ASÍ)
	Hervar Gunnarsson (ASÍ)
86. þing, Genf 1998	Gylfi Kristinsson (félmrn.)
	Benedikt Jónsson (utanrrn.)
	Guðmundur B. Helgason (utanrrn.)
	Haukur Ólafsson (utanrrn.)
	Hrafnhildur Stefánsdóttir (VSÍ)
	Jón H. Magnússon (VSÍ)
	Ástráður Haraldsson (ASÍ)
	Hervar Gunnarsson (ASÍ)

VIÐAUKI

Athugasemdir nefndar óháðra sérfræðinga við framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1992–94.

Hér eru birtar athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins hefur gert við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1994–96. Athugasemdirnar eru birtar í skýrslu sérfræðinganefndarinnar European Social Charter, Committee of Independent Experts of the European Social Charter, Conclusions XIV-1, Strasbourg 1998. Það skal tekið fram athugasemdir sérfræðinganefndarinnar eru ekki tilfærðar orðrétt heldur er um að ræða efnislega samantekt nema annað sé tekið fram. Tilvitnuð ákvæði sáttmálans eru einnig stytt.

Rétt er að geta þess að ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti á 497. fundi í september 1993 að breyta framkvæmd á ákvæðum um skýrslur aðildarríkja félagsmálasáttmálans. Áður var óskað eftir skýrslu frá aðildarríkjunum á tveggja ára fresti um framkvæmd allra greina sem þau voru skuldbundin til að framfylgja. Nú ber aðildarríkjunum að gefa skýrslu árlega um framkvæmd tiltekinna ákvæða. Af þessu leiðir að umsögn sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd á öllum ákvæðum sáttmálans dreifist á nokkur ár. Hér er því gerð grein fyrir umsögn um framkvæmd Íslands á nokkrum ákvæðum félagsmálasáttmálans sem birtist í

framangreindri skýrslu sérfræðinganna. Af þessu leiðir að það yfirlit yfir athugasemdir sérfræðinganefndarinnar sem hér er birt er ekki sambærilegt við hliðstæð yfirlit sem áður hafa verið birt í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis.

1. gr.

1. mgr., um að allir menn skuli eiga þess kost að vinna fyrir sér í starfi sem þeir hafa sjálfir valið.

* Sérfræðinganefndin getur þess að á Íslandi mældist örlítil minnkun atvinnuleysis á viðmiðunartímabilinu. Samkvæmt hagtölum í skýrslunni nam atvinnuleysið 4,7% 1994 og 4,3% 1996. Atvinnuleysi meðal kvenna var 5,8% 1996 og 3,2% meðal karla. Atvinnuleysi ungmenna er rösklega tvöfalt meira en atvinnuleysi almennt, en langtímaatvinnulausir (þeir sem höfðu verið atvinnulausir í meira en sex mánuði) voru 28,4% af öllum atvinnulausum 1995. Af þeim mjög svo ítarlegu tölfræðilegu upplýsingum sem ríkisstjórnin lagði fram ræður nefndin einnig að um er að ræða verulegan mismun á atvinnuleysisstigi eftir árstímum, svo og að hlutastörf eru algeng, og það vekur athygli að u.þ.b. helmingur útivinnandi kvenna er í hlutastörfum.

Samkvæmt skýrslu Íslands er markmið efnahagsstefnunnar að móta aðstæður fyrir stöðugan hagvöxt og aukna atvinnu og að lækka erlendar skuldir án þess að stefna stöðugleika í hættu. Nefndin kveðst hafa aðra heimild[2] um það að Íslendingar hafi notið hagvaxtar þrjú ár í röð frá 1994. Hagvöxturinn kom fram í auknu atvinnustigi 1995 og 1996 og þeirri staðreynd að hlutfallslega mikil atvinnuþátttaka hefur haldið áfram (88,1% 1996).

Í skýrslu Íslands segir að ekki hafi orðið nein marktæk breyting á atvinnumálastefnu 1995–1996 og í henni eru nefndar ýmsar ráðstafanir á vinnumarkaðnum á viðmiðunartímabilinu, svo sem ráðstafanir til atvinnusköpunar, starfsþjálfun og herferð til að örva atvinnuþátttöku kvenna. Nefndin veitir því athygli að hin nýstofnaða Vinnumálastofnun ákvað í september 1997 að hefja könnun á þeim ráðstöfunum sem gerðar höfðu verið til að fjölga kvennastörfum og óskar nefndin eftir því að fá upplýsingar um þá könnun í næstu skýrslu. Nefndin óskar einnig eftir nánari upplýsingum um aðrar ráðstafanir á vinnumarkaði, einkum fjölda þeirra sem nutu góðs af, svo og áætluð áhrif á atvinnuþátttöku.

Fram kemur að nefndin gefur gaum að umsögn ríkisstjórnarinnar um athugasemdir Bandalags háskólamanna (BHM). Ríkisstjórnin fullyrðir að tekist hafi að draga mjög úr verðbólgu án þess að valda auknu atvinnuleysi. Ríkisstjórnin leggur enn fremur áherslu á að atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra manna sé mjög lítið, þ.e. 0,7% árið 1995, og hún hefur ekki fundið neina sönnun fyrir því að of mikil menntun valdi vanda á íslenskum vinnumarkaði.

Loks veitir kveðst nefndin veita því athygli að verulega var dregið úr opinberum fjárframlögum varðandi atvinnumálastefnu í fjárlögum 1996 — úr 1,27% af vergri landsframleiðslu 1995 í 0,9% 1996 — og að framlög til virkra aðgerða voru nær helmingi minni. Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu komi fram skýring á þessari þróun.

2. mgr., um að réttur verkafólks til að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér sé verndaður á raunhæfan hátt.

* Nefndin gefur gaum að upplýsingum í skýrslu Íslands og svörum við þeim spurningum sem spurt var í fyrri niðurstöðum.

---

[2] Efnahagsyfirlit Efnahags- og framfarastofnunarinnar: Ísland, 1997.

1. Afnám hvers konar mismununar til starfa.

Nefndin gefur gaum að því að í 65. gr. Stjórnarskrár Íslands, sem breytt var með lögum nr. 97/1975, er ákvæði þess efnis að allir séu jafnir fyrir lögum og skuli njóta mannréttinda án tillits til kynþáttar, litarháttar, fjárhagsstöðu, ætternis eða stöðu sem skilgreind er með öðrum hætti. Einnig er tekið fram að konur og karlar skuldi njóta jafnréttis í öllu tilliti.

Hvað varðar *mismunun á grundvelli kynferðis* er í skýrslu Íslands að finna upplýsingar um yfirstandandi framkvæmd fjögurra ára áætlunar í jafnréttismálum (1993–97). Jafnréttisráð hefur gefið út áfangaskýrslu um framkvæmd áætlunarinnar fyrstu tvö árin þar sem fjallað er um þau verkefni sem hin ýmsu ráðuneyti hafa haft frumkvæði að. Verkefnin eru af ýmsum toga, svo sem launamunur, starfsþjálfun kvenna, kynferðisleg áreitni, jafnrétti kynjanna í menntakerfinu og jafnrétti í starfsmannamálum. Nefndin óskar eftir því að fá upplýsingar um árangur af framkvæmd þessarar áætlunar.

Í skýrslunni er einnig að finna ítarlegar upplýsingar um norræna verkefnið Nord-Lilia um jafnrétti kynjanna í menntakerfinu. Markmið verkefnisins voru að örva til þróunar inntaks og aðferðafræða í kennaramenntun á Norðurlöndum og stuðla að þróun norræns samstarfsnets í því skyni að koma til hjálpar við skipti á reynslusögum og dreifingu hugmynda á þessu sviði. Nefndin veitir því athygli að verkefni þetta hefur haft mikil áhrif á starfið á Íslandi og hún spyr hvaða sértækar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að fylgja verkefninu eftir.

Nefnd sérfræðinganna viðurkennir að stjórnarskrárbreytingin, sem getið var hér að framan, skýrir lagaákvæði um *aðrar tegundir mismununar* en minnist þess jafnframt að í fyrri niðurstöðum sínum óskaði hún eftir upplýsingum um hvaða ráðstafanir hefðu verið gerðar í reynd í því skyni að hvetja til jafnréttis til starfa án mismununar á grundvelli kynþáttar, þjóðernis eða félagslegs uppruna og stjórnmálaskoðana. Þar eð nefndinni hafa ekki borist sérstakar upplýsingar varðandi þetta endurtekur hún beiðni sína.

Varðandi vernd fyrir mismunun á grundvelli aðildar að stéttarfélagi vísar nefndin til niðurstöðu sinnar í 5. gr.

Fram kemur að nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að Ísland fullnægi ákvæðum samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

2. Bann við nauðungarvinnu.

Nefndin hefur ekki fundið neinar upplýsingar í skýrslunni um bann við nauðungarvinnu og óskar því eftir staðfestingu á því að ekki hafi orðið neinar breytingar sem geta skal um í skýrslunni. Hvað sem því viðvíkur ítrekar nefndin jákvæða niðurstöðu sína.

3. mgr., um ókeypis vinnumiðlun fyrir allt verkafólk.

* Fram kemur hjá sérfræðinganefndinni að í skýrslu Íslands komi fram að engar breytingar hafi orðið á viðmiðunartímabilinu. Hins vegar voru gerðar róttækar breytingar með lögum nr. 13/1997, um ráðstafanir á vinnumarkaði, sem samþykkt voru 13. mars 1997 (utan viðmiðunartímabilsins).

Nefndin minnist þess að hún hefur hvað eftir annað óskað eftir hagtölum um vinnumiðlun opinberra og einkarekinna vinnumiðlunarskrifstofa og þar eð henni hafa ekki enn borist slík gögn frestaði hún að skýra frá niðurstöðu sinni í fyrri eftirlitslotu (Niðurstöður XIII-3, bls. 83). Fulltrúi Íslands í nefnd fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna sagði að erfitt væri að fá umbeðnar upplýsingar vegna þess að vinnumiðlunarþjónusta væri rekin á vegum sveitarfélaganna.[3]

---

[3] 13. skýrsla (III), bls. 40.

Þrátt fyrir það vonast nefndin til þess að framkvæmd hinna nýju laga um ráðstafanir á vinnumarkaði geri ríkisstjórn Íslands kleift að fá aðgang að nauðsynlegum upplýsingum í framtíðinni.

Af þessum sökum ákvað nefndin enn á ný að fresta birtingu niðurstöðu sinnar.

5. gr.

Greinin fjallar um réttinn til að stofna félög.

* Nefndin kveðst gefa gaum að upplýsingum í skýrslu Íslands. Orðrétt segir í skýrslu sérfræðinga Evrópuráðsins:

„Stofnun stéttarfélaga.

Ástandið hefur alltaf verið talið viðunandi hvað varðar hina ýmsu þætti við stofnun stéttarfélaga, svo sem rétt stéttarfélaga til að velja sér félaga og fulltrúa, skipuleggja stjórn sína og starfsemi og rétt þeirra til að tengjast stofnunum á landsvísu eða alþjóðavettvangi.

Réttur til að ganga í eða ganga ekki í stéttarfélag.

Ástandið hefur alltaf talist viðunandi hvað varðar rétt til að ganga í stéttarfélög, sem er tryggður í Stjórnarskrá Íslands (74. gr., sjá hér á eftir) og lögum nr. 80/1938 (1. kafla), um stéttarfélög og vinnudeilur. Hins vegar óskar nefndin eftir því að fá í hendur nýjar upplýsingar, einkum um ástandið í reynd, í næstu skýrslu um 5. gr.

Varðandi rétt til að standa utan stéttarfélags er skýrt frá því í skýrslunni að með lögum nr. 97/1995 hafi verið gerðar breytingar á stjórnarskrá Íslands frá 1944, en helstu breytingarnar fjölluðu um mannréttindamál, m.a. hinn neikvæða rétt til að stofna félög, sem er nú tryggður með ákvæðum 74. gr. stjórnarskrárinnar (nr. 33/1944) skv. breytingu í 12. gr. framangreindra laga.

Viðkomandi hlutar hinnar nýju 74.[4] gr. hljóða sem hér segir:

„Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra."

Í skýrslu Íslands segir að bent hafi verið á í greinargerð með breytingum á stjórnarskránni að „engin ákvæði eru þess efnis að aðeins megi ráða til starfa félaga í stéttarfélagi, en slík ákvæði er að finna í miklum meiri hluta kjarasamninga milli stéttarfélaga og atvinnurekenda eða um lög eða reglur um kjarasamninga um greiðslu stéttarfélagsgjalda og önnur ákvæði um slíkt." Samkvæmt skýrslunni lætur þingnefndin þess getið um stjórnarskrárbreytinguna við framlagningu frumvarpsins að staða þessara ákvæða „kunni að vera óljós".

---

[4] Fyrri 74. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:
„Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi ..."

Í skýrslu Íslands segir enn fremur að samkvæmt orðanna hljóðan í fyrstu setningu 2. mgr. stjórnarskrárinnar sé ekki heimilt með lögum eða stjórnvaldsákvörðun að skylda neinn til að ganga í félag. Þar af leiðandi gildir þetta ákvæði ekki um skuldbindingar á grundvelli frjálsra samninga, þ.m.t. kjarasamninga. Varðandi stéttarfélög og aðild að þeim segir í skýrslu Íslands: „Tekið er fram að samkvæmt gildandi lögum er launafólki ekki skylt að ganga í stéttarfélag. Gert er ráð fyrir því í lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, að launafólk geti staðið utan stéttarfélaga.“ Nefndin gengur út frá því að í skýrslu Íslands sé hér vikið aftur að undirbúningsvinnu (*travaux preparatoires*). Nefndin gefur gaum að því að í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eru ekki ákvæði um rétt til að ganga ekki í stéttarfélag, en í þeim er a.m.k. tvisvar getið um starfsmenn utan stéttarfélaga (3. og 7. gr.).

Í lokaorðum skýrslu Íslands segir að í 2. mgr. hins nýja ákvæðis stjórnarskrárinnar sé ekki fjallað um aðstæður sem eiga við um stéttarfélög og í henni felist því ekki nein breyting á reglum um aðild að stéttarfélögum. Í henni segir að ákvæði um bann við ráðningu fólks utan stéttarfélaga í kjarasamningum, þar sem segir að félagar viðkomandi stéttarfélags skuli njóta forgangs til vinnu á félagssvæði þess, feli ekki í sér skyldu til að ganga í félag af þeirri tegund sem vikið er að í fyrstu setningu 2. mgr.

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem er að finna í skýrslunni sýnist nefndinni að þær breytingar sem gerðar hafa verið á stjórnarskrá Íslands feli ekki í sér vernd hins neikvæða félagafrelsis að nægilegu marki til að komast hjá þeirri skyldu að ganga í stéttarfélag sem byggist á ákvæðum í almennum kjarasamningum þess efnis að aðeins félagar í stéttarfélagi skuli ráðnir til starfa eða gangi fyrir um störf. Nefndin minnist þess að „frelsi til að ganga í stéttarfélög, sem tryggt er með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, hlýtur að fela í sér að ekki sé fyrir hendi neins konar skylda til að ganga í eða vera félagi í stéttarfélagi“. Eins og nefndin hefur vakið athygli á við ýmis tækifæri eru ákvæði í 5. gr. þar sem mælt er fyrir um vernd slíks frelsis í landslögum, annaðhvort með lagasetningu eða fordæmisrétti (Niðurstöður XI-1, bls. 72).

Enn fremur segir nefndin að hin neikvæða hlið réttar til að stofna félag, sem sett var í stjórnarskrána, er takmörkuð að því marki að hún veitir löggjafanum möguleika til að gera undantekningar. Nefndin bendir á að í sáttmálanum er ekki að finna ákvæði sem heimila takmörkun réttar til að stofna félög nema þau falli innan takmarka 31. gr., en spyr þó við hvaða aðstæður eftirfarandi setning eigi við: „ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra“.

Hvað varðar aðstæður í raun segir í skýrslunni að ákvæði þess efnis að aðeins skuli ráða til starfa félaga í stéttarfélagi hafið verið að finna í sumum almennum kjarasamningum sem gerðir voru á viðmiðunartímabilinu. Skýrslan bendir einnig til þess að síðan stjórnarskrárbreytingin var gerð hafi almenn ákvæði um forgang komið í stað ákvæða þess efnis aðeins sé heimilt að ráða til starfa félaga í stéttarfélagi í flestum almennum kjarasamningum. Nefndin telur að ákvæði þess efnis að aðeins megi ráða til starfa félaga í stéttarfélagi eða að þeir skuli njóta forgangs séu í grundvallaratriðum brot á sáttmálanum.

Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu sé að finna ítarlegar upplýsingar um tilvist ákvæða í almennum kjarasamningum þess efnis að aðeins sé heimilt að ráða til starfa félaga í stéttarfélögum eða að þeir skuli njóta forgangs, þ.e. hve margir almennir kjarasamningar sem innihalda slík ákvæði séu enn við lýði eftir gerð nýrra [kjara]samninga 1997, til hve margra starfsmanna þeir nái og hvaða atvinnugreinar komi þar helst við sögu. Nefndin óskar einnig eftir því að fá ítarlegar upplýsingar um hvað nákvæmlega segir í þessum ákvæðum.

Starfsemi stéttarfélaga.

Um ástand mála varðandi gerð almennra kjarasamninga vísar nefndin til niðurstaðna sinna í 1. mgr. 6. gr.

Nefndin óskar eftir því að fá upplýsingar í næstu skýrslu um aðgang fulltrúa stéttarfélaga að vinnustöðum og um fundafrelsi (spurning B á skýrslueyðublaði).

Nefndin minnist þess að í lögum nr. 80/1980, um stéttarfélög og vinnudeilur, er að finna ákvæði sem ætlað er að vernda starfsmenn og fulltrúa þeirra fyrir uppsögn og öðrum hefndarráðstöfunum sökum aðildar að stéttarfélagi eða starfsemi þess (4. og 11. gr.).

Einstaklingsréttur (Scope ratione personae).

Ástandið hefur alltaf verið talið viðunandi að þessu leyti. Hins vegar óskar nefndin eftir því að fá í hendur nýjar upplýsingar um rétt opinberra starfsmanna og lögreglumanna til að stofna félög, svo og um framkvæmd ákvæða 5. gr. hvað varðar þegna annarra aðildarríkja.

Niðurstaða.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að ástand mála hvað varðar lög og framkvæmd á Íslandi varðandi hið neikvæða félagafrelsi samrýmist ekki ákvæðum 5. gr. sáttmálans.

Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu verði veitt svar við almennri spurningu hennar um rétt til að koma fram fyrir hönd annars (representativity) sem beint hefur verið til allra aðildarríkja (bls. 43–45).“

6. gr.

1. mgr., um að stuðla að samráði starfsmanna og atvinnurekanda.

* Umsögn nefndar óháðra sérfræðinga Evrópuráðsins um framkvæmd þessa ákvæðis er eftirfarandi: „Nefndin er þeirrar skoðunar að upplýsingar í skýrslu Íslands í þessu ákvæði eigi helst við um 2., 3. og 4. mgr. 6. gr. Nefndin staðfestir fyrri jákvæða niðurstöðu sína, en óskar um leið eftir nýjum upplýsingum í næstu skýrslu um samráð í einkageiranum á landsvísu og innan einstakra fyrirtækja, svo og í opinbera geiranum.“

2. mgr., um að stuðlað sé að frjálsum samningaumleitunum milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga til að ákvarða laun og vinnuskilyrði með heildarsamningum.

* Um framkvæmd þessa ákvæðis segir svo: „Nefndin veitir því athygli í skýrslu Íslands að með lögum nr. 75/1996 voru gerðar breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur að fengnum tillögum vinnuhóps með aðild fulltrúa ríkisvalds og samtaka atvinnurekenda og launafólks. Í 5. gr. laganna er m.a. að finna eftirtaldar breytingar:

— Umboð samninganefnda er útskýrt. Samninganefnd eða fulltrúi, sem kemur fram fyrir hönd aðila við gerð almenns kjarasamnings, skal hafa til að bera hæfni til að semja tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita samninga fyrir hönd stéttarfélagsins eða sambandsins sem í hlut á. Samninganefndinni er heimilt að veita sameiginlegri samninganefnd margra stéttarfélaga eða sambanda umboð til samningsgerðar. Henni er einnig heimilt að krefjast sameiginlegrar atkvæðagreiðslu félaga í hlutaðeigandi stéttarfélögum samkvæmt ákvörðun sinni á hverjum tíma eða því sem um kann að hafa verið samið í almennum kjarasamningum.
— Í hinum nýju lögum er útskýrt hvenær almennir kjarasamningar öðlast gildi. Þegar þar til skipaðir fulltrúar aðila hafa undirritað samning um kaup og kjör er meginreglan sú að hann öðlist gildi frá undirritun, nema honum sé hafnað með meiri hluta greiddra atkvæða í leynilegri atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. 20% þeirra sem eru á kjörskrá eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun. Ef fram fer leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félaga um samning telst niðurstaða hennar gild hver sem þátttakan er.

— Með lögunum hafa verið staðfestar reglur um tilhögun uppkasta að almennum kjarasamningum milli margra stéttarfélaga hjá sama fyrirtæki. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að fram fari sameiginleg atkvæðagreiðsla. Ef samningur nær aðeins til nokkurs hluta félaga í stéttarfélagi eða starfsmanna fyrirtækis er heimilt að hafa ákvæði í honum þess efnis að aðeins þeir hafi atkvæðisrétt.

Í skýrslunni er vakin athygli á því að verkalýðshreyfingin var ekki sátt við efni frumvarpsins um framangreindar breytingar. Svo virðist sem ákvæðin um umboð samninganefnda og leynilega atkvæðagreiðslu um almenna kjarasamninga og vinnustöðvun hafi verið gagnrýnd sérstaklega sem afskipti af innri málefnum hreyfingarinnar. Í skýrslunni er lögð áhersla á það í þessu sambandi að framangreindar reglur eigi ekki aðeins við um samtök launafólks, heldur einnig um samtök atvinnurekenda, og að báðum aðilum hefur reynst nauðsynlegt að breyta lögum sínum til þess að aðlagast þessum breytingum. Tilgangurinn með breytingunum var að koma á jafnræði milli samtaka aðila vinnumarkaðarins. Áður en nefndin kemst að niðurstöðu um það hvort hin breyttu lög koma heim og saman við 2. mgr. 6. gr. sáttmálans óskar hún eftir því að fá í næstu skýrslu upplýsingar um hvernig framkvæmdin var í raun við gerð almennra kjarasamninga 1997.

Í fyrri niðurstöðu nefndarinnar áréttaði hún beiðni sína í Niðurstöðum XIII-1 (bls. 145) um staðfestingu á því að bráðabirgðalögin hefðu verið felld úr gildi í samræmi við skýlaus ákvæði kjarasamnings milli ríkisstjórnarinnar og Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR). Í skýrslunni kemur fram að bráðabirgðalögin, nr. 89/1990, sem síðar voru samþykkt sem lög nr. 4/1991, um launagreiðslur, hafi fallið úr gildi 26. febrúar 1993 þegar fjarmálaráðuneytið gerði samning við öll stéttarfélög innan BHMR um framlengingu kjarasamninganna.

Nefndin hefur óskað eftir ítarlegum upplýsingum um úrskurð sem gerðardómur skipaður af Hæstarétti Íslands (skv. 2. gr. laga nr. 15/1993) kvað upp 9. ágúst 1993 þar eð enginn samningur um kaup og vinnuskilyrði skipverja á *Herjólfi* var gerður fyrir 1. júní 1993. Til að bregðast við því bætti ríkisstjórnin við skýrslu sína niðurstöðu nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi um kvörtun sem Alþýðusamband Íslands (ASÍ) lagði fram um þetta mál (mál nr. 1768).[5]

Nefndin gefur gaum að því að málið snýst um samþykkt laga á Alþingi þar sem lagt var bann við verkfalli og verkbanni á ferjunni *Herjólfi* og hafði að geyma ákvæði um stofnun sérstaks gerðardóms til að ákveða laun skipverja. Nefndin gefur einnig gaum að því að verkfall var boðað 3. febrúar 1993 og að lögin voru samþykkt sjö vikum síðar, 23. mars 1993. Á meðan á verkfallinu stóð lá ferjan bundin við bryggju. Stjórn Herjólfs hf. gerði sérstakan samning við sérhvert hinna fimm mismunandi stéttarfélaga skipverja. Í þessu tilviki voru félagar í Stýrimannafélagi Íslands í verkfalli þar eð þeir kröfðust þess að laun þeirra yrðu hækkuð í tilteknu hlutfalli við laun bátsmanns (félaga í Sjómannafélaginu Jötni). Nefndin gefur gaum að því að gerðardómurinn, sem skipaður var með framangreindum lögum, skyldi ákveða kaup og kjör allrar áhafnarinnar ef deiluaðilar hefðu ekki samið fyrir 1. júní 1993. Þar eð samningur hafði ekki verið gerður kvað gerðardómurinn upp úrskurð sinn 9. ágúst 1993 þess efnis að laun félaga í Sjómannafélaginu Jötni skyldu lækkuð um 10%.

Nefndin tekur undir þá skoðun nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi að lög nr. 15/1993 stangist á við meginregluna um sjálfstæði aðila að almennum kjarasamningum þar eð þau snertu stéttarfélag sem átti ekki beina aðild að vinnudeilunni. Nefndin telur

---

[5] Birt í 299. skýrslu nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi.

að hinn gagnrýndi kjarasamningur hafi brotið í bága við 2. mgr. 6. gr. og hefði talist grundvöllur neikvæðrar niðurstöðu varðandi það viðmiðunartímabil sem hér um ræðir. Nefndin fer þess á leit við ríkisstjórnina að hún forðist að samþykkja slík lög á ný og óskar eftir að fá nákvæmar og ítarlegar upplýsingar í skýrslum í framtíðinni um hvers konar sambærilega löggjöf sem kann að verða sett á hverju viðkomandi viðmiðunartímabili.

Hvað viðkemur því málefni sem nefnt var í þessu sambandi varðandi hæfni gerðardómsins vísar nefndin til niðurstöðu sinnar í 3. mgr. 6. gr. og hvað varðar það mál hvort verkfallsréttur hafi verið brotinn vísar nefndin til niðurstöðu sinna í 4. mgr. 6. gr.

Að því tilskildu að nefndin fái í hendur þær upplýsingar sem hún hefur óskað eftir um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur kemst hún að jákvæðri niðurstöðu varðandi viðmiðunartímabilið 1994–96."

3. mgr., um skipulag sáttafyrirkomulags og gerðardóma eftir samkomulagi við lausn vinnudeilna.

Í niðurstöðum sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd á þessu ákvæði segir svo: „Hvað varðar Ísland lítur nefndin svo á að með lögum nr. 75/1996, sem fólu í sér breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sé m.a. gert ráð fyrir því að sáttasemjari ríkisins grípi fyrr inn í málin. Hvenær sem er, eftir að viðræðuáætlun hefur verið gefin út, er aðilum heimilt að óska eftir milligöngu eða aðstoð sáttasemjara sem þá ber án tafar að leitast við að tryggja að tilraunir til samningsgerðar haldi áfram samkvæmt viðræðuáætluninni. Aðilum ber að veita sáttasemjara tækifæri til að fylgjast með vinnudeilum og tilraunum til samninga þegar hann óskar þess (24. gr.).

Enn fremur eru í lögunum nánari ákvæði um skilyrðin fyrir því að sáttasemjara sé unnt að leggja fram miðlunartillögur (28. gr.).[6]

Nefndin hefur veitt því athygli að sum ákvæði laganna eiga einnig við um opinbera starfsmenn sem lögin ná til varðandi samninga um kaup og kjör opinberra starfsmanna. Nefndin

---

[6] Fyrstu þrjár málsgreinar 28. gr. hljóða sem hér segir:

„Ef tvö eða fleiri stéttarfélög eða sambönd stéttarfélaga eiga aðild að deilu er sáttasemjara heimilt, í samráði við samninganefndirnar, að leggja fram miðlunartillögu sem nær til fleiri en eins deiluaðila eða þeirra allra.

Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða skal fara fram sameiginlega fyrir öll stéttarfélögin eða samböndin sem miðlunartillagan nær til, þannig að heildarfjöldi atkvæða ráði því hvort tillagan er samþykkt eða felld. Sáttasemjara er einnig heimilt að skipuleggja sameiginlega atkvæðagreiðslu, jafnvel þótt hann kunni að leggja fram fleiri en eina miðlunartillögu, svo fremi það sé gert á sama tíma. Í slíku tilviki skal reglan í 1. mgr. gilda.

Skilyrði fyrir því að sáttasemjara sé kleift að leggja fram eina eða fleiri miðlunartillögur samkvæmt þessari grein eru sem hér segir:

a. að viðræður hafi farið fram um þær kröfur sem settar hafa verið fram, þ.m.t. sérmál, eða að árangurslausar tilraunir hafi verið gerðar til að koma á viðræðum samkvæmt viðræðuáætlun,
b. að sá tími sem ákveðinn er í viðræðuáætluninni um viðræður aðila án aðildar sáttasemjara sé liðinn án þess að samningar hafi náðst,
c. að sáttasemjari hafi leitast við að miðla málum milli allra hlutaðeigandi samningsaðila og telji að ekkert útlit sé fyrir að samningar takist með þeim,
d. að samningar um kaup og kjör hafi verið opnir til endurskoðunar um nokkurn tíma, þannig að samningsaðilum hafi gefist tækifæri til að þrýsta á um samþykkt krafna sinna,
e. að aðilum að vinnudeilunni hafi gefist tækifæri til að tjá sig um hugmynd sáttasemjara um gerð sameiginlegrar miðlunartillögu, en hugmyndin hafi verið kynnt þeim beint eða á opinberum vettvangi."

óskar því eftir að fá í næstu skýrslu nýjar upplýsingar um sáttastörf í kjaradeilum opinberra starfsmanna.

Nefndin gefur gaum að niðurstöðu nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi í deilumáli (máli nr. 1768)[7] varðandi setningu laga á Alþingi (laga nr. 15 frá 23. mars 1993) sem kváðu á um bann við verkfalli og verkbanni á ferjunni *Herjólfi* og skipun sérstaks gerðardóms til að ákveða laun skipverja ef aðilar hefðu ekki náð samningi fyrir 1. júní 1993. Samkvæmt úrskurðinum veittu ákvæði í 3. gr. laganna gerðardóminum engan sveigjanleika í túlkun við störf sín þar eð þau kváðu á um að „við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt lögum þessum [skyldi] hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu".

Nefndin er þeirrar skoðunar að beiting gerðardóms án samþykkis aðila fái ekki staðist samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 6. gr. sáttmálans, nema aðgerðin takmarkist við þau mál sem tilgreind eru í 31. gr. Eins og nefndin segir í niðurstöðu sinni skv. 4. mgr. 6. gr. er ekki unnt að telja að sú hafi verið raunin við umræddar aðstæður.

Enn fremur er nefndin sammála nefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi um að gerðardómskerfið skuli njóta sjálfstæðis og að efnisleg niðurstaða gerðardóms skuli ekki ákveðin fyrir fram með lögum.

Þar af leiðandi telur nefndin að beiting lögbundins gerðardóms við þær aðstæður sem um ræðir sé brot á þeim rétti sem tryggður er í 4. mgr. 6. gr. Hún vekur hins vegar athygli á því að atvik þetta varð á fyrra viðmiðunartímabili (1992–93). Nefndin kemst því að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi fullnægt þessi ákvæði sáttmálans á viðmiðunartímabilinu 1994–96 en vekur athygli á beiðni sinni skv. 4. mgr. 6. gr. um nákvæmar og ítarlegar upplýsingar um hvers konar sambærileg mál í framtíðinni í skýrslum um viðeigandi viðmiðunartímabil."

4. mgr., um rétt verkafólks og vinnuveitenda á sameiginlegum aðgerðum þegar hagsmunaárekstrar verða.

* Umsögn nefndarinnar um framkvæmd þessa ákvæðis er eftirfarandi: „Nefndin gefur gaum að upplýsingum í skýrslu Íslands.

Sameiginlegar aðgerðir.

Í lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eru sérstök ákvæði þess efnis að stéttarfélögum, samtökum atvinnurekenda og sjálfstæðum atvinnurekendum sé heimilt að lýsa yfir verkföllum og verkbönnum í því skyni að stuðla að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til að vernda rétt sinn samkvæmt lögunum samkvæmt þeim skilyrðum og takmörkunum sem þar eru tilgreindar (14. gr.). Nefndin gefur gaum að því í skýrslunni að í lögum nr. 75/1996, um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, er að finna skilgreiningu á hugtakinu „vinnustöðvun" (19. gr.) sem á við um verkbönn atvinnurekenda og verkföll þar sem starfsmenn leggja niður venjubundin störf sín að nokkru eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu markmiði. Hugtakið á einnig við um sambærilegar aðgerðir atvinnurekenda eða starfsmanna sem líkja má við vinnustöðvun.

Samkvæmt skýrslunni verður að fullnægja tveimur skilyrðum til þess að af verkfalli geti orðið: Starfsmenn verða að hafa lagt niður venjubundin störf sín að öllu eða nokkru leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði.

---

[7] Birt í 299. skýrslu nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi.

Takmarkanir á verkfallsrétti.

Varðandi *skilyrði fyrir beitingu verkfallsréttar* telur nefndin að samkvæmt breyttum lögum um stéttarfélög og vinnudeilur (15. gr.) geti samtök atvinnurekenda eða stéttarfélag, sem hyggst hefja vinnustöðvun, því aðeins gert það ef slíkt hefur verið ákveðið í almennri og leynilegri atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. 20% félaga með atkvæðisrétt samkvæmt kjörskrá eða félagaskrá og að því tilskildu að tillagan njóti stuðnings meiri hluta greiddra atkvæða. Að öðrum kosti, ef fram fer leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félaga um samning, telst niðurstaða hennar gild hver sem þátttakan er.

Ef ætlunin er að vinnustöðvun nái aðeins til tiltekins hóps félaga í stéttarfélagi eða starfsmanna á tilteknum vinnustað er heimilt að takmarka atkvæðisrétt við þá sem vinnustöðvunin nær til. Í slíkum tilvikum verða 20% atkvæðisbærra starfsmanna að taka þátt í atkvæðisgreiðslunni og meiri hluti þeirra verður að styðja tillöguna um vinnustöðvun.

Til þess að ákvörðun um boðun vinnustöðvunar sé lögleg verða viðræður eða tilraun til viðræðna að hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir tilraunir sáttasemjara.

Ákvörðun um sameiginlegar aðgerðir í því skyni að knýja fram breytingu á eða ákvörðun um kaup og kjör skal tilkynnt sáttasemjara og þeim sem slík aðgerð beinist einkum gegn sjö sólarhringum áður en ætlunin er að hún hefjist.

Hvað varðar *takmarkanir samkvæmt almennum kjarasamningum eða aðrar takmarkanir* gefur nefndin gaum að því, m.a. í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, að verkföll eru ekki heimil í deilum varðandi málefni sem falla innan verksviðs Félagsdóms (17. gr.). Félagsdómur hefur það verksvið að fjalla um ágreiningsmál um meint brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eða tjón sem orðið hefur af völdum ólöglegrar vinnustöðvunar, svo og að fjalla um ágreining um brot á „verksamningum“ eða túlkun þeirra eða gildi. Enn fremur getur Félagsdómur fjallað um ágreining atvinnurekenda og launafólks ef aðilar eru sammála um að skjóta slíkum málum til hans (44. gr.).

Nefndin telur að framangreindar undantekningar frá verkfallsrétti teljist ekki brot á ákvæðum 4. mgr. 6. gr.

Hvað varðar einkageirann gefur nefndin gaum að því í skýrslunni að allar aðgerðir sem fullnægja þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 19. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeildur teljast verkföll, hvort sem stéttarfélag á þar hlut að máli eða ekki. Nefndin óskar eftir staðfestingu í næstu skýrslu á því að upptalningin í 14. gr. laganna (sjá hér að framan) útiloki ekki að hópur starfsmanna geti gert verkfall án stuðnings stéttarfélags.

Nefndin minnist þess að niðurstaðan hefur fram til þessa verið neikvæð þar eð *verkfallsréttur opinberra starfsmanna er takmarkaður* samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, við aðstæður þar sem verkfalli er ætlað að ná fram almennum kjarasamningi.

Samkvæmt skýrslunni er ástandið óbreytt, en flest ákvæði um opinbera starfsmenn hafa nú verið tekin til gagngerrar endurskoðunar og skipaði fjármálaráðherra nefnd í því skyni í ágúst 1995. Nefndin vonast til að endurskoðunin leiði til þess að ástandinu verði komið í það horf að það uppfylli skilyrði sáttmálans hvað þetta varðar.

Riftun starfssamnings.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu áður að ástandið hafi fullnægt ákvæði sáttmálans um rétt launafólks til verndar fyrir uppsögn sökum þátttöku í löglegu verkfalli (Niðurstöður X-1, bls. 75). Nefndin minnist þess að í 4. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur eru ákvæði sem banna atvinnurekendum eða fulltrúum þeirra að reyna að hafa áhrif á starfsmenn í sambandi við vinnudeilur með því að senda þeim uppsagnarbréf eða hóta að

senda þeim slíkt bréf eða með peningagreiðslum, loforðum um ávinning eða með því að neita að afhenda slíkar greiðslur.

Frádráttur frá launum starfsmanna í verkfalli.

Nefndin ítrekar beiðni sína um svar við almennri spurningu sem borin var fram í Niðurstöðu XIII-1 (bls. 153) um frádrætti frá launum í verkfalli.

Afskipti ríkisstjórnarinnar í því skyni að stöðva verkfall með lagasetningu eða lögbundnum gerðardómi.

Nefndin minnist þess að hún hefur áður gagnrýnt Ísland vegna lagasetningar til að stöðva verkföll (Niðurstöður XII, bls. 128). Nefndin vísar til banns við verkfalli stýrimanna á ferjunni *Herjólfi* með setningu laga nr. 15/1993 sem getið er í niðurstöðu í 2. mgr. 6. gr. Nefndin hefur gefur gaum að því í niðurstöðu nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi (mál nr. 1768) að ríkisstjórnin skírskotaði í raun til efnahagslegra ástæðna við að stöðva verkfallið og skylda aðila til að sæta gerðardómi ef þeir hefðu ekki náð samningi innan tiltekins tíma. Nefndin minnir ríkisstjórn Íslands á að beiting lögbundins gerðardóms til að stöðva verkfall brýtur í bága við ákvæði sáttmálans nema fullnægt sé skilyrðum í 31. gr. sem ekki var um að ræða í þessu tiltekna máli. Þar af leiðandi braut bann við verkfallinu í bága við ákvæði 4. mgr. 6. gr., enda þótt það hafi gerst utan viðmiðunartímabilsins.

Nefndin vonast til þess að ríkisstjórn Íslands forðist að framkvæma slíkar aðgerðir í framtíðinni en óskar eftir að fá nákvæmar og ítarlegar upplýsingar í skýrslunni um viðeigandi viðmiðunartímabil ef slíkt kemur fyrir. Nefndin leggur áherslu á að stjórnvöld verða að sýna fram á að skilyrðum 31. gr. sé fullnægt í hverju tilviki og áskilur sér rétt til að sannreyna hvort skilyrðum 31. gr. hafi verið fullnægt (Niðurstöður XI-1, bls. 89).

Niðurstaða.

Það er niðurstaða nefndarinnar að ástandið á Íslandi samræmist ekki þessu ákvæði sáttmálans þar eð réttur opinberra starfsmanna til að boða verkfall takmarkast enn við aðstæður þar sem verkfall miðast við gerð almenns kjarasamnings.“

12. gr.

1. mgr., um að almannatryggingum sé komið á eða þeim viðhaldið.

* Nefndin gefur gaum að því að Ísland hefur almannatryggingakerfi og samkvæmt því endurnýjar hún jákvæða niðurstöðu sína.

Nefndin óskar þess að næstu skýrslu fylgi eintak, á einu af hinum opinberu tungumálum Evrópuráðsins, af síðustu lagasetningu um almannatryggingar á Íslandi (lög nr. 117/1993), svo og nýjasta útgáfa annarra texta sem gilda um þá þætti almannatrygginga sem lögin ná ekki til.

2. mgr., um eflingu almannatrygginga þannig að þær jafnist á við það sem krafist er til fullgildingar alþjóðavinnumálasamþykkt nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.

* Nefndin gefur gaum að því að Ísland fullnægir enn þessu ákvæði og endurnýjar því jákvæða niðurstöðu sína.

3. mgr., um markvissa eflingu almannatrygginga.

„Þar eð nefndinni hafa ekki borist neinar upplýsingar þess efnis að ástandið á Íslandi hafi breyst á viðmiðunartímabilinu endurnýjar hún jákvæða niðurstöðu sína.

Nefndin harmar það hins vegar að í skýrslunni er ekki að finna nýjar upplýsingar sem hún þarfnast til að meta ástandið varðandi ákvæði 3. mgr. 12. gr. Í næstu skýrslu ættu því að

koma fram athugasemdir um breytingar á almannatryggingakerfinu, einkum hvað varðar þann hundraðshluta þjóðarinnar sem kerfið nær til og hve háar bæturnar eru.

Nefndin hefur aðrar heimildir um það en skýrsluna[8] að á árinu 1997, þ.e. utan viðmiðunartímabilsins, hafi orðið verulegar breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og atvinnuleysisbótakerfinu og óskar því eftir að í næstu skýrslu verði útskýrt í hverju þessar breytingar voru fólgnar með tilvísan — ef það á við — til spurninga sem spurt var í almennum athugasemdum um 3. mgr. 12. gr. í Niðurstöðum XIII-4 (bls. 143).“

4. mgr., um gerð gagnkvæmra eða fjölþjóðlegra samninga um tryggingabætur og aðgerðir til að koma í veg fyrir missi þeirra.

* Nefndin minnir ríkisstjórn Íslands á að ákvæði 4. mgr. 12. gr. sáttmálans skylda aðildarríkin til að:

— tryggja jafnan rétt varðandi almannatryggingar, þ.e. að takmarka ekki almannatryggingabætur við eigin þegna eða þegna tiltekinna aðildarríkja og — þótt sá möguleiki sé fyrir hendi að krefjast búsetu vegna iðgjaldafrírra bóta (viðauki við 4. mgr. 12. gr.) — að setja ekki aðeins þegnum annarra aðildarríkja nokkur viðbótarskilyrði eða skilyrði sem mundu samkvæmt eðli málsins gera þessum hópi erfiðara um vik að fullnægja;
— tryggja þegnum annarra aðildarríkja þau réttindi sem þeir hafa áunnið sér samkvæmt almannatryggingalögum í sínu eigin landi, einkum hvað varðar langtímabætur, burtséð frá því hvar þeir dveljast í aðildarríkjunum (samlagning bótaréttar);
— við veitingu og útreikning bóta, þar sem þess gerist þörf, að taka tillit til vátryggingartímabila og/eða vinnutímabila sem þegnar annarra aðildarríkja hafa lokið innan lögsagnarumdæmis annarra aðildarríkja með því að safna saman slíkum tímabilum (almennur inngangur að Niðurstöðum XIII, bls. 46 og áfram).

Nefndin gefur gaum að því að þessum kröfum er fullnægt hvað varðar þegna annarra aðildarríkja sem eiga aðild að Evrópusambandinu (ESB) og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) sem reglugerð Efnahagsbandalagsins nr. 1408/71 nær til.

Hvað viðkemur þegnum annarra ríkja sem eiga aðild að sáttmálanum minnist nefndin þess að Ísland tengist Kýpur og Tyrklandi með evrópsku bráðabirgðasamkomulagi um almannatryggingar, en enginn samningur um almannatryggingar er í gildi sem tengir Ísland við Möltu. Nefndin gefur gaum að því að löggjöf Íslands tryggir ekki, eða virðist ekki tryggja, að kröfum í 4. mgr. 12. gr. sé fullnægt varðandi þegna þessara þriggja ríkja;

— réttur til barnabóta fyrir öll börn undir sextán ára aldri (69. kafli laga nr. 75/1981, um tekjuskatt) er háður því skilyrði að börnin búi á Íslandi burtséð frá því hvert ríkisfang þeirra er;
— réttur til barnalífeyris, sem greiddur eru börnum undir átján ára aldri ef annað foreldri þeirra er látið eða nýtur örorkubóta (14. gr. almannatryggingalaga), er háður því, hvert sem ríkisfangið er, að barnið eða foreldrið búi á Íslandi og hafi verið búsett á Íslandi í þrjú ár áður en sótt er um bætur; nefndinni virðist því að bætur séu greiddar ef umsækjandi fullnægir þeim skilyrðum að búa á Íslandi og hafa búið þar í tiltekinn tíma, en nefndin óskar þess að fá þennan skilning sinn staðfestan í næstu skýrslu;
— vegna þess að samningur við Möltu er ekki fyrir hendi geta þegnar Möltu hvorki varðveitt þau réttindi sem þeir ávinna sér samkvæmt íslenskum lögum né varðveitt áunnin réttindi, t.d. með þeim hætti að safna saman loknum tímabilum innan lögsagnarumdæmis annarra aðildarríkja.

---

[8] Efnahagsyfirlit Efnahags- og framfarastofnunarinnar: Ísland, 1997.

Nefndin minnist þess að í 4. mgr. 12. gr. er ekki krafist gagnkvæmni, en skyldar aðildarríkin til að tryggja beitingu framangreindra meginreglna með samningi eða hvers konar öðrum hætti.

Hvað sem því líður gerir nefndin sér grein fyrir því að mjög fáir einstaklingar[9] eiga hér hlut að máli og að engir verulegir fólksflutningar eiga sér stað milli þessara ríkja og Íslands. Hún er því þeirrar skoðunar að Ísland ætti að eiga auðvelt með að fullnægja ákvæðum 4. mgr. 12. gr.:

— annaðhvort með því að setja í lög eða almennar reglugerðir ákvæði þess efnis að varðandi öll svæði sem 4. mgr. 12. gr. nær til skuli þegnar allra ríkja sem eiga aðild að sáttmálanum njóta sömu fyrirgreiðslu og íslenskir þegnar og þegnar Evrópusambandsríkja eða ríkja sem eiga aðild að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði;
— eða með því að skuldbinda sig til að afgreiða sérhvert mál sem nú er á döfinni eða verður það í framtíðinni í samræmi við kröfur í 4. mgr. 12. gr. með einhliða ráðstöfunum innan lands og með því að tilkynna það hlutaðeigandi mönnum.

Nefndin frestar því að birta niðurstöðu sína þangað til íslensk stjórnvöld hafa valið hvaða leið skuli farin og heitið því að farið skuli að ákvæðum 4. mgr. 12. gr. í þeim fáu tilvikum sem upp kunna að koma.

13. gr.

1. mgr., um að sérhverjum manni sem hefur ónóg fjárráð og getur ekki aflað þeirra af eigin rammleik verði veitt næg aðstoð.

* Hvað varðar *félagslega aðstoð* gefur nefndin gaum að því í skýrslu Íslands að í mars 1996 voru öllum sveitarstjórnum gefin fyrirmæli þess efnis að útlendingar ættu rétt á félagslegri þjónustu. Í skýrslunni er staðfest að ekki er krafist tiltekins búsetutíma af þeim sem eru ekki íslenskir þegnar, heldur er það skilyrði sett að viðkomandi eigi lögheimili á Íslandi, þ.e. að nafn hans sé skráð í þjóðskrá.

Í fyrri niðurstöðu sinni óskaði nefndin eftir frekari upplýsingum um niðurfellingu bóta til þeirra sem hafna því að leita eftir eða þiggja atvinnu. Í þessari skýrslu er getið um úrskurð úrskurðarnefndar félagsþjónustu þar sem tekið var fram að áfrýjandi hefði ekki gilda ástæðu fyrir að hafna hlutastarfi þar eð sú kvörtun hennar að boðin laun væru lægri en þau sem samið hefði verið um við hlutaðeigandi stéttarfélag átti ekki við rök að styðjast. Í slíkum tilvikum er sveitarstjórnum heimilt að lækka bætur. Í Reykjavík eru bætur lækkaðar um 50% þótt í skýrslunni sé tekið fram að fordæmisréttur úrskurðarnefndar félagsþjónustu heimilar í raun meiri lækkun. Nefndin óskar eftir að fá frekari upplýsingar um þennan fordæmisrétt í næstu skýrslu. Með sama hætti spyr nefndin um hve langan tíma bætur eru lækkaðar í slíkum tilvikum og hvaða ráðstafanir sveitarstjórnin gerir til að finna aðra lausn.

Í skýrslunni er að finna upplýsingar um samsetningu og völd úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Hæstiréttur Íslands skipar formann nefndarinnar sem skal vera löglærður. Samband íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytið skipa hina tvo nefndarmennina. Úrskurðarnefndin tekur við áfrýjunum gegn úrskurðum sveitarstjórna um framboð félagslegrar þjónustu og greiðslu bóta og er henni heimilt að ógilda slíka úrskurði. Úrskurðum hennar má skjóta til dómstóla. Nefndin spyr hvort slíkt málskot nái einnig til efnisatriða málsins (sjá Niðurstöður XIII-4, bls. 56).

---

[9] 1. janúar 1996 voru einn Möltubúi, einn Kýpverji og fjórir Tyrkir búsettir á Íslandi (heimild: Evrópuráðið, *Lýðfræðileg þróun í Evrópu að undanförnu*, 1996).

Samkvæmt skjali sem fylgdi skýrslunni[10] nutu 6.300 manns félagslegrar aðstoðar 1994. Bætur til framfæris námu rösklega 1% af öllum félagslegum útgjöldum sama ár. Nefndin vonast til að fá nýjar tölur í næstu skýrslu, svo og upplýsingar um bótafjárhæðir.

Hvað viðkemur *læknishjálp* segir í skýrslunni að allir umsækjendur verði að sæta sex mánaða biðtíma, hvort sem þeir eru íslenskir þegnar eða útlendingar. Nefndin minnist þess að samkvæmt þessu ákvæði sáttmálans er ekki heimilt að krefjast tiltekins búsetutíma af þeim sem hafa þörf fyrir læknishjálp (Niðurstöður XIII-4, bls. 61). Í skýrslunni segir að þeim sem ekki fullnægja skilyrðinu um biðtíma sé veitt ókeypis aðstoð í neyðartilvikum. Til þess að nefndin geti myndað sér skoðun á málinu óskar hún eftir því að í næstu skýrslu komi fram hvort þetta þýði að þeir sem eru hjálpar þurfi fái læknishjálp á einhverjum öðrum grundvelli áður en sex mánaða biðtímanum lýkur.

Nefndin frestar að birta niðurstöðu sína þangað til hún hefur fengið í hendur umbeðnar upplýsingar.

2. mgr., um aðgerðir til að hindra að fólk sem nýtur félagslegrar aðstoðar glati rétti til stjórnmálaafskipta eða missi félagsleg réttindi.

* Sérfræðinganefndin segir að í skýrslu Íslands sé staðfest að á Íslandi séu engin tengsl milli félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar annars vegar og pólitískra og félagslegra réttinda hins vegar. Nefndin endurnýjar jákvæða niðurstöðu sína.

3. mgr., um opinbera þjónustu, ráðleggingar eða félagslega aðstoð til að koma í veg fyrir skort.

* Nefndin kveðst harma að í skýrslu Íslands er ekki að finna neinar nýjar upplýsingar um þetta ákvæði. Nefndin vísar íslenskum stjórnvöldum á athugasemdir sínar um þetta ákvæði í Niðurstöðum XIII-4 (bls. 59–60) og óskar eftir því að í næstu skýrslu verði gefnar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru þar, einkum um fjölda, menntun og skyldur starfsmanna og þá fjármuni sem veittir eru til ráðgjafar og heimaþjónustu á Íslandi. Nefndin spyr einnig hvort viðunandi þjónustustig sé fyrir hendi á landsbyggðinni. Nefndin endurnýjar jákvæða niðurstöðu sína, en þó með fyrirvara.

4. mgr., um að ákvæðum í 1.,2. og 3. mgr. greinarinnar sé beitt jafnt gagnvart eigin þegnum og þegnum annarra samningsaðila sem löglega dvelja í löndum þeirra í samræmi við skuldbindingar þeirra í Evrópusamþykktinni um félagslega aðstoð og læknishjálp sem undirrituð var í París 11. desember 1953.

* Sérfræðinganefndin kveðst gefa gaum að því í skýrslu Íslands að félagsleg aðstoð er „í undantekningartilvikum" veitt bjargarlausum mönnum sem eru staddir í landinu með löglegum hætti en eiga ekki lögheimili á Íslandi. Til þess að nefndin geti gengið úr skugga um hvort þetta sé nægilegt í reynd, með vísan til 4. mgr. 13. gr. sáttmálans, óskar hún eftir því að í næstu skýrslu verði tilgreind dæmi um aðstæður þar sem félagsleg aðstoð hefur verið eða mundi verða veitt eða henni hafnað. Nefndin minnir ríkisstjórn Íslands á að hún sé skuldbundin til að hlíta þessu ákvæði um að veita þegnum annarra aðildarríkja neyðarhjálp, svo fremi þeir dvelji í landinu með löglegum hætti án þess að vera búsettir þar sem þeir hafa bráða þörf fyrir hjálp.

Í skýrslunni segir að gert sé ráð fyrir að útlendingar, sem ekki eru búsettir á Íslandi, greiði fyrir hvers konar þjónustu sem þeir fá. Hins vegar segir þar einnig að sjúkrahúsum og læknum sé skylt að taka sjúka til meðferðar burtséð frá því hvort þeir geti greitt fyrir hana eða ekki. Nefndin minnist þess að með þessu ákvæði er aðildarríkjunum gert skylt að tryggja

---

[10] Almannatryggingar á Norðurlöndum: umfang, kostnaður og fjármögnun 1994.

að slíkir menn njóti ókeypis neyðarhjálpar ef þeir geti ekki greitt fyrir hana. Til þess að nefndin geti gengið úr skugga um hvort ástandið á Íslandi sé efnislega í samræmi við þessa skuldbindingu óskar hún upplýsinga um:

— hvort skylda sjúkrahúsa og lækna til að taka sjúka til meðferðar burtséð frá greiðslugetu þeirra sé bundin í lög;
— hvort þessi regla eigi einnig við um menn sem eru staddir á Íslandi með löglegum hætti án þess að vera búsettir þar;
— hvort um sé að ræða að það hafi einhverjar afleiðingar fyrir slíka menn að njóta læknisaðstoðar sem þeir geta ekki greitt fyrir.

Hvað varðar nauðungarflutning til fyrra heimalands lýsir ríkisstjórnin yfir því að ekki sé vitað um neitt tilvik brottvísunar útlendings, sem hefur haft búsetu á Íslandi með lögmætum hætti, sökum fátæktar. Nefndin minnir íslensk stjórnvöld á að þetta ákvæði sáttmálans á við um þegna annarra ríkja, sem eiga aðild að sáttmálanum, sem eru staddir innan lögsagnarumdæmis ríkisins án þess að hafa þar búsetu og spyr hvort nokkrum slíkum mönnum hafi nokkurn tímann verið vísað úr landi vegna þess að þeir leituðu eftir félagslegri aðstoð eða læknishjálp.

Nefndin frestar birtingu niðurstöðu sinnar þangað til henni hafa borist umbeðnar upplýsingar.

16. gr. — Réttur fjölskyldu til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar.

* Nefndin kveðst gefa gaum að upplýsingum í skýrslu Íslands.

„Lagavernd fjölskyldunnar.

Hvað varðar reglur um *sameiginlegar eignir hjóna, jafnrétti maka og lausn fjölskyldudeilna* segir í skýrslunni að samkvæmt hjúskaparlögum, nr. 31/1993, beri að gefa hjónum, sem óska eftir skilnaði, tækifæri til að ná sáttum. Hjónum með börn undir lögaldri er skylt að reyna að ná sáttum. Sáttatilraun skal vera í höndum prests, eða sýslumanns eða dómara ef foreldrarnir eru ekki í trúfélagi eða tilheyra mismunandi trúfélögum. Í deilum um forsjá barna segir í barnalögum, nr. 20/1992, að skylt sé að hlíta sáttatilraun dómara eða fjölskylduráðgjafarstofu sem dómari mælir með. Í skýrslunni segir að skv. 16. gr. sveitarstjórnarlaga sé sveitarstjórnum skylt að koma á fót félagslegri þjónustu, einkum fjölskylduráðgjöf, sem geti veitt skjólstæðingum ráðgjöf um málefni á borð við barnauppeldi og hjónaskilnað. Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu verði gefnar upplýsingar um slíka þjónustu, einkum um lausn fjölskyldudeilna.

Nefndinni skilst af skýrslunni að hafi Alþingi samþykkt ályktun 13. maí 1997 þar sem því er beint til stjórnvalda að móta fjölskyldustefnu og gera ráðstafanir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Nefndin óskar eftir því að í næstu skýrslu verði gefnar upplýsingar um þróun mála á þessu sviði.

Efnahagsleg vernd fjölskyldunnar.

a. Barnabætur og aðrar bætur.

Nefndin gefur gaum að ítarlegum upplýsingum um fjárhæðir hinna ýmsu barnabóta. Fjárhæð barnabóta, sem greiddar eru vegna sérhvers barns á framfæri undir sextán ára aldri, er 9.272 krónur á ári fyrir fyrsta barn og 28.768 krónur fyrir hvert barn til viðbótar. Bætur eru hækkaðar um 30.176 krónur fyrir hvert barn undir 7 ára aldri. Fjölskyldur með eitt foreldri fá greiddar hærri fjárhæðir. Barnabótaaukar eru einnig greiddir foreldrum með tekjur undir tilteknu marki.

Þar eð nefndin hefur ekki undir höndum sambærilegar tölur fyrir fyrri viðmiðunartímabil er henni ekki kleift að meta þær breytingar sem orðið hafa á bótafjárhæðum á núverandi viðmiðunartímabili. Nefndin óskar því eftir að í næstu skýrslu verði gefnar nýjar upplýsingar um fjárhæð barnabóta í næstu eftirlitslotu og upplýst verði hvort sú fjárhæð nægi til að fullnægja þörfum fjölskyldunnar.

b. Jafn réttur.

Sem svar við spurningum nefndarinnar segir í skýrslunni að barnabætur séu greiddar svo fremi barnið sé búsett á Íslandi án tillits til þjóðernis þess.

Varðandi þetta mál vísar nefndin til athugasemda sinna og spurninga í 4. mgr. 12. gr.

c. Ákvæði um skatta.

Nefndin gefur gaum að því að stefnunni um eftirgjöf skatta var haldið áfram á viðmiðunartímabilinu. Nefndin spyr hvaða áhrif skattalegar aðgerðir hafi haft á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar.

d. Sérstök vernd fyrir fjölskyldur með eitt foreldri og lágtekjufjölskyldur.

Nefndin gefur gaum að sérstökum ráðstöfunum í fjármálum vegna fjölskyldna með eitt foreldri og lágtekjufjölskyldna, einkum hinni hagstæðari eftirgjöf skatta til handa fjölskyldum með eitt foreldri og veitingu barnabótaauka til handa börnum einstæðra foreldra eða foreldrum með tekjur undir tilteknum mörkum. Ákvæði eru um annars konar bætur: bótaauka fyrir heimili, auknar bætur fyrir ekkjur og ekkla með börn á framfæri, barnabætur til handa einstæðum foreldrum og sérstakan styrk vegna námskostnaðar.

Félagsleg vernd fjölskyldunnar.

a. Byggingar og aðgangur að húsnæði.

Í skýrslunni er að finna upplýsingar um fjárhagslega aðstoð vegna íbúðarkaupa, húsaleigustyrk, sem nemur 7.000 krónum, auk 4.500 króna fyrir fyrsta barn, 3.500 króna fyrir annað barn og 3.000 króna fyrir þriðja barn og hvert barn eftir það. Viðbót, sem samsvarar 12% af leigu frá 20.000 kr. til 40.000 króna, er einnig greidd.

b. Dagvistun barna.

Í skýrslunni er ekki að finna neinar upplýsingar um þetta svið. Nefndin óskar eftir að fá nýjar upplýsingar um þetta málefni í næstu skýrslu.

c. Stofnanir sem koma fram sem fulltrúar foreldra og veita félagsþjónustu.

Í skýrslunni er ekki að finna neinar upplýsingar um þetta svið. Nefndin óskar eftir að fá í hendur nýjar upplýsingar um þetta málefni í næstu skýrslu.

Niðurstaða.

Nefndin frestar því að birta niðurstöðu sína þangað til henni hafa borist ýmsar upplýsingar sem hún hefur óskað eftir, m.a. um veitingu fjölskyldubóta skv. 4. mgr. 12 gr.“

1383. Tillaga til þingsályktunar [648. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 11. maí 2000 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði það kvatt saman til fundar á ný eigi síðar en 30. júní 2000.

1384. Skýrsla [649. mál]

samgönguráðherra um störf úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. Almennt.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála var stofnuð á grundvelli 8. gr. laga nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun. Þar var ákveðið að ákvarðanir og úrskurði Póst- og fjarskiptastofnunar mætti kæra til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslustigi. Nefndin starfar nú á grundvelli 10. gr. laga nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun. Á árinu var sett reglugerð um starfsemi nefndarinnar, sbr. B-deild Stjórnartíðinda, nr. 378/1999. Reglugerðin skýrir nánar málsmeðferð við kæru ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar til úrskurðarnefndarinnar.

Úrskurðarnefndin nýtur ekki sérstakrar fjárlagaheimildar þar sem útgjöld vegna starfa hennar eru mjög ófyrirsjánleg, eðli málsins samkvæmt.

Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru til fjögurra ára af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Hinn 26. janúar 1998 skipaði samgönguráðherra úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála og varamenn þeirra. Talsverðar breytingar urðu á skipan nefndarinnar á árinu. Hinn 10. maí 1999 óskaði formaður nefndarinnar, Jón L. Arnalds, lausnar frá störfum en Ólafur Axelsson hrl. var skipaður formaður í hans stað 20. maí 1999. Guðjón Eyjólfsson endurskoðandi óskaði lausnar úr nefndinni 28. júlí og 30. ágúst var Heimir Haraldsson endurskoðandi skipaður í hans stað.

Hinn 30. júlí 1999 óskaði Hjörleifur Pálsson endurskoðandi lausnar sem varamaður í nefndinni og 30. ágúst var Sæmundur Valdimarsson endurskoðandi skipaður í hans stað, til 26. janúar 2002. Nú skipa úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála Ólafur Axelsson hrl., formaður, Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðjón Kárason verkfræðingur. Varamenn eru Ólafur Garðarsson hrl., Sæmundur Valdimarsson endurskoðandi og Þórarinn K. Ólafsson verkfræðingur

II. Störf nefndarinnar árið 1999.

Árið 1999 kvað nefndin upp tvo úrskurði í málum sem beint var til hennar.

Mál nr. 1/1999, Landssími Íslands hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun.

Með bréfi Tals hf., dags. 27. nóvember 1998, óskaði hlutafélagið eftir samtengingu vegna útlandasímtala í gegnum símstöð þess. Beiðni Tals fól í sér að farið var fram á það við

Landssíma Íslands hf. að sömu samtengigjöld giltu fyrir útlandasímtöl í gegnum útlandasímstöð Tals til og frá neti Landssímans og gilda fyrir útlandasímtöl sem fara í gegnum útlandasímstöð Landssímans til og frá neti Tals. Einnig var farið fram á að gagnkvæm ákvæði giltu um ábyrgð rekststraraðila um innheimtu fyrir notkun viðskiptavina á þjónustu hins rekstraraðilans og uppgjör á samtengingagjöldum. Með bréfi dags. 15. desember 1998 hafnaði Landssíminn beiðni Tals um innheimtu á útlandasímtölum sem fara um útlandasímstöð Tals hf. Lögmaður Tals hf. óskaðið því eftir íhlutun Póst- og fjarskiptastofnunar 21. desember 1998. Beiðnin til Póst- og fjarskiptastofnunar var tvíþætt:

a. ákveðið yrði nú þegar til bráðabirgða að Landssími Íslands hf. skyldi verða við beiðni Tals hf. frá 27. nóvember 1998 um samtengingu og innheimtu;
b. ákveðið yrði að undangenginni gagnaöflun og öflun sjónarmiða beggja aðila að Landssíma Íslands hf. yrði gert skylt að innheimta samkvæmt beiðni Tals hf. frá 27. nóvember 1998.

Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar sagði að samningur Tals hf. og Landssíma Íslands hf. um samtengigjöld fyrir útlandasímtöl á milli neta Tals hf. og Landssíma Íslands hf., skyldi einnig gilda fyrir útlandaþjónustu Tals hf.

Í framhaldi af bréfaskriftum Landssíma Íslands hf., Tals hf. og Póst- og fjarskiptastofnunar tók stofnunin svohljóðandi bráðabirgðaákvörðun 31. desember 1998: „Til þess að gætt verði jafnræðis á íslenskum markaði fyrir útlandasímaþjónustu skal samningur milli Tals hf. og Landssíma Íslands hf. um samtengingu hins almenna talsímanets Landssíma Íslands hf. við net Tals hf. sem unnið hefur verið eftir einnig gilda fyrir útlandasímaþjónustu Tals hf. Landssími Íslands hf. skal ekki opna fyrir nýja þjónustu til útlanda eða gera breytingar á núverandi útlandasímaþjónustu sinni fyrr en þessi ákvörðun hefur komið til framkvæmda."

Landssími Íslands hf. kærði bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar til úrskurðarnefndarinnar sem komst að þeirri niðurstöðu í úrskurði uppkveðnum 14. janúar 1999 að framangreinda ákvörðun Póst-og símamálastofnunar til bráðabirgða brysti lagastoð og var hún því felld úr gildi.

Mál nr. 2/1999, Landssími Íslands hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun.

Hinn 16. maí 1999 kvað Póst- og fjarskiptastofnun upp eftirfarandi úrskurð: Í fyrsta lagi að Landssími Íslands hf. innheimti hjá áskrifendum sínum gjöld Tals hf. fyrir símtöl sem þeir eiga til útlanda með því að velja forskeyti útlandaþjónustu Tals hf., 1010. Ákvæði samtengingarsamnings málsaðila um innheimtu og uppgjör og framkvæmd hans gildi fyrir útlandaþjónustu Tals hf. Í öðru lagi að ákvæði 1. liðar tækju gildi frá og með 1. ágúst 1999 þannig að frá þeim degi gæti Tal hf. boðið öllum áskrifendum Landssíma Íslands hf. útlandaþjónustu í trausti þess að innheimt verði fyrir hana. Í þriðja lagi að Tal hf. skyldi greiða Landssíma Íslands hf. allan útlagðan kostnað við gerð reikninga fyrir útlandaþjónustu Tals hf. Í fjórða lagi að aðilar skyldu semja sín á milli um áhættuþátt innheimtu símreikninga fyrir útlandaþjónustu Tals hf. og skal leggja til grundvallar að Tal hf. beri áhættu af vanskilum. Í fimmta lagi að ákvörðun þessi gilti að lágmarki þangað til áskrifendur í fastaneti Landssíma Íslands hf. ættu þess kost að fastbindast fyrir fram þeim þjónustuveitanda sem þeir vildu að annaðist útlandasímtöl þeirra.

Landssími Íslands hf. kærði til nefndarinnar þessa ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Í úrskurði uppkveðnum 22. september 1999 komst úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála að þeirri niðurstöðu að sú skylda sem ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar hefði í för með sér fyrir Landssíma Íslands hf., þ.e. að annast alla reikningagerð fyrir umrædda þjónustu Tals hf., væri íþyngjandi kvöð fyrir Landssíma Íslands hf., enda þótt greiðslur kæmu fyrir, sem

aðeins yrði lögð á samkvæmt skýrri lagaheimild. Slíka heimild væri ekki að finna í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 147/1996, né fjarskiptalögum, nr. 143/1996. Þá var það mat úrskurðarnefndarinnar að slík heimild verði ekki ráðin ótvírætt af þeim tilskipunum Evrópubandalagsins um samtengingu neta sem teknar hafi verið upp í EES-samninginn, þ.e. 97/33/EB og ONPCOM98-bis (RIO). Því var framangreind ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar felld úr gildi.

1385. Skýrsla [650. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1999.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1999 urðu sem hér segir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

	1999 millj. kr.	1998 millj. kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.191,9	624,5
Ferjubryggjur	4,7	4,0
Samtals	**1.196,6**	**628,5**

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað og sérstakur kafli um rannsóknir. Einnig er fjallað um framkvæmdir við landbrotsvarnir og sagt frá framkvæmdum í höfnum sem ekki hafa notið ríkisstyrks.

RÍKISSTYRKTAR HAFNARFRAMKVÆMDIR

Grundartangi.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar.)

Akranes.

Unnið var að endurbyggingu fremsta hluta grjótvarnar á Aðalhafnargarðinum á Akranesi. Samið var við Suðurverk hf. að undangengnu útboði, en tilboð þeirra var um 59% af kostnaðaráætlun. Verkið var boðið út ásamt sjóvörn í Krókalóni, þar sem hagkvæmt þótti að nýta bæði grjótnámuna og tækjabúnað til beggja verkanna samtímis. Um 3.300 m^3 af grjóti var endurraðað og um 7.200 m^3 voru unnir í námunni að Kirkjubóli. Verkinu lauk um mánaðamótin október/nóvember, en þá var eftir að ljúka jöfnun á plönum, sem samkomulag var um að yrði gert næsta vor.

Lokið var við lagnir á Faxabryggju. Verkið var unnið af bæjarveitum Akraness.

Framkvæmdakostnaður: 16,8 millj. kr.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir.

Snæfellsbær.

Arnarstapi: Viðlega upp með bryggjunni var dýpkuð. Grafinn burt sandur sem borist hafði að. Samið var við Bjarna Vigfússon um verkið og það unnið í lok mars.

Rifshöfn: Í janúar var samið við lægstbjóðanda, Bjarna Vigfússon, um endurbyggingu á efsta hluta Norðurgarðs. Jafnframt var samið við verktakann um að gera við tjón utarlega á Norðurgarðinum. Af ýmsum ástæðum tafðist verkið og var því ekki að fullu lokið um áramót. M.a. þurfti að gera hlé meðan athuguð var forn vör sem reyndist vera í garðstæðinu.

Á hafnaáætlun var gert ráð fyrir malbikun tengibrautar að trébryggju og breikkun þekju við stálþil, en tæki til malbikunar komu ekki til Snæfellsbæjar þetta árið og var þessum verkefnum því frestað.

Ólafsvík: Keypt var ný innsiglingarbauja frá Tideland gerð SB 138P. Landhelgisgæslan var fengin til að koma baujunni fyrir.

Frágangi við flotbryggju, sem sett var niður árið 1998, lauk snemma á árinu.

Í desember voru opnuð tilboð í verkið björgunarstigar og lagnir. Fól það í sér að endurnýja 18 stiga utan á Bátabryggjunni og leggja nýja vatnslögn. Sjö tilboð bárust. Lægsta boð kom frá Sandi og Stáli ehf., 104% af áætlun. Ekki var búið að semja við verktaka um áramót.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 12,4 millj. kr.

Grundarfjörður.

Á fjárlögum var veitt fé til að hefja undirbúning að lengingu Stórubryggju um 100 m. Unnið var að hönnun og undirbúningi verksins.

Framkvæmdakostnaður: 0,8 millj. kr.

Stykkishólmur.

Guðlaugur Einarsson frá Sauðárkróki lauk samningsverki frá síðasta ári við endurbyggingu Steinbryggjunnar. Steypt var ljósamastursh ús, gengið frá raflögn og sett upp lýsing á bryggjusvæðið. Auk þess voru björgunarstigar endurbættir á trébryggjum.

Í júní var boðin út styrking landgangs út á hafskipabryggjuna við Stykkið. Við hönnun verksins kom í ljós að það yrði töluvert kostnaðarsamara en gert var ráð fyrir í hafnaáætlun. Sú aðferð sem valin var fól í sér að hreinsa burt lausa og lélega steypu neðan af burðarbitum og brúargólfi. Síðan þurfti að sandblása og mála steypustyrktarjárn með epoxy og steypa 5–10 cm þykkt lag utan á undirbygginguna með sérstakri flotsteypu, svokallaðri „súlpaksteypu". Samið var um verkið við Skipavík hf. í Stykkishólmi sem átti lægsta tilboðið, rúmar 8,9 millj. kr. eða tæplega 90% af kostnaðaráætlun. Vinna hófst í september og var verkinu ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 14,3 millj. kr.

Dalabyggð.

Á árinu hófst undirbúningur að byggingu smábátahafnar í Búðardal. Hafnarsvæðið var mælt upp, hannaðir skjólgarðar og gerð útboðsgögn.

Framkvæmdakostnaður: 0,7 millj. kr.

Reykhólahöfn.

Engar framkvæmdir

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Samið var við Byggi ehf. á Patreksfirði um stækkun á þekju við ferjubryggjuna. Verkið var unnið í september. Steypt var um 100 m² þekja.

Patreksfjörður: Engar framkvæmdir.

Bíldudalur: Samið var við Lás ehf. á Bíldudal um að steypa upptökubraut fyrir smábáta. Þetta verk var á áætlun á síðasta ári, en var frestað. Verkið var unnið á tímabilinu ágúst–desember.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 3,6 millj. kr.

Tálknafjörður.

Samið var við Trésmiðjuna Eik ehf. á Tálknafirði um að steypa upptökubraut fyrir smábáta. Byrjað var á verkinu í september og því lokið um mánaðamótin nóvember–desember. Uppgröftur undan brautinni var notaður ásamt aðfluttu efni til að fylla upp í vikið vestur að skjólgarðinum við smábátahöfnina.

Gert var ráð fyrir því í hafnaáætlun að ganga frá lögnum og steypa hluta af þekjunni við stálþilið sem byggt var 1995. Ákveðið var að fresta þessari framkvæmd að því undanskildu að lokið var við að steypa upp rafmagnsbrunn og undirstöðu fyrir ljósastaur við þilið. Samið var um þessa verkþætti við Eik ehf. með upptökubrautina.

Framkvæmdakostnaður: 3,2 millj. kr.

Bolungarvík.

Boðin var út um miðjan maí 40 m löng flotbryggja ásamt landstöpli og landgangi fyrir bryggjuna. Samið var við Króla ehf. en það fyrirtæki bauð eitt í verkið. Bryggjan var sett niður 40 m frá gömlu flotbryggjunni sunnan Lækjarbryggju. Verkinu lauk í júlí.

Framkvæmdakostnaður: 8,0 millj. kr.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri: Engar framkvæmdir.

Flateyri: Á síðasta ári var hafinn undirbúningur að endurbyggingu Hafnarkants. Efni í þilið var keypt frá ARBED, 181 tonn af gerðinni AZ18 og 42 tonn af festingaefni frá Anker Schroeder. Þilið er 70 m langt, nær 25 m fram fyrir gamla þilið og endi er 25 m breiður. Hönnunardýpi er 8 m. Í apríl var boðinn út rekstur stálþils, fylling og steyptur kantur. Samið var við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf. Vinna við þilið hófst um miðjan júní. Um miðjan nóvember var rekstri lokið, búið að fylla og steypa rúmlega helming kantsins. Þá var ákveðið að gera hlé fram yfir áramót þar sem komið hafði í ljós lítils háttar sig á enda þilsins.

Suðureyri: Á hafnaáætlun var endurröðun og styrking grjótvarnar við Brjótinn og á Norðurgarði. Verkinu var frestað, en unnið var á árinu við grjótrannsókn, hönnun og annan undirbúning.

Ísafjörður: Haldið var áfram framkvæmdum við lengingu austurkants Sundabakka. Norðurtak ehf. lauk við fyrirstöðugarð vegna uppfyllingar í febrúar. Í apríl voru opnuð tilboð í rekstur þilsins, fyllingu og kantsteypu. Samið var við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson Sauðárkróki. Hóf hann framkvæmdir í júní og lauk samningsverkinu í október. Efni í fyllingu við þilið var að mestu tekið úr námu í Seljadal á Óshlíð en nokkuð af sprengdum kjarna var sótt í námuna í Dagverðardal.

Í apríl var boðin út dýpkun framan við nýja þilið í Sundahöfn, í Rennunni og við Suðurtanga. Samið var við lægstbjóðanda, Björgun ehf. Vinna með sanddæluskipinu Perlu hófst

í maí, en tvisvar var gert hlé á verkinu og lauk því ekki að fullu fyrr en í nóvember. Í ljós kom að á nokkrum stöðum í Rennunni, utan við flugvallarendann, var grjót í botni sem Perlan réði ekki við að dæla. Gerður var samningur við Hagtak ehf. um að fara yfir svæðið með gröfupramma og dýpka á þeim stöðum þar sem Perlan náði ekki að dýpka. Alls voru dýpkaðir 96.600 m³, þar af gróf Hagtak um 2.300 m³.

Framkvæmdakostnaður: 127,9 millj. kr.

Súðavík.

Heimild fékkst til að flýta dýpkun hafnar sem samkvæmt hafnaáætlun átti að koma til framkvæmda á árinu 2000. Samið var við Hagtak ehf. um að dýpka í 7 m rúmlega 6.800 m² svæði framan við Harðviðarbryggjuna og út í hafnarmynnið. Verkið var unnið í október. Fjarlægðir voru um 5.700 m³ af efni.

Framkvæmdakostnaður: 10,6 millj. kr.

Norðurfjörður.

Engar framkvæmdir.

Drangsnes.

Unnið var við dýpkun innsiglingar og innan hafnar í Kokkálsvíkurhöfn. Verkið var boðið út með dýpkun á Vopnafirði. Samið var við Dýpkun sf. um dýpkanir á báðum stöðum að undangengnu útboði. Framkvæmdatími var 3.–22. september. Sprengd var klöpp á um 840 m² svæði og dýpkað. Minnsta dýpi í innsiglingunni er nú 3,5 m. Klöpp reyndist ná yfir stærra svæði en talið var og mjög lítið hægt að dýpka án þess að sprengja.

Framkvæmdakostnaður: 16,7 millj. kr.

Hólmavík.

Á hafnaáætlun var fyrirhuguð lenging viðlegubryggju á Norðurgarði um 20 m. Heimamenn ákváðu að fresta þeirri framkvæmd. Í staðinn var veitt heimild til að dýpka lítils háttar við flotbryggjuna og steypa upptökubraut fyrir smábáta. Samið var við Fyllingu ehf. á Hólmavík um dýpkunina og luku þeir verkinu í maí. Ekki var byrjað á upptökubrautinni fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj. kr.

Húnaþing vestra.

Hvammstangi: Engar framkvæmdir.

Blönduós.

Engar framkvæmdir.

Skagaströnd.

Innsiglingarmerkið á Brúnkollu var sett upp í byrjun ágúst. Þetta er 4,5 m hár stólpi boltaður niður í klöppina. Blikkljós á toppinn sýnir grænt leiftur á 3 sek. bili. Skerið stendur aðeins um 0,4 m uppúr á stórstraumsfjöru. Til að koma merkinu fyrir þurfti því að sæta lagi þegar stórstreymt var og sléttur sjór.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 1,4 millj. kr.

Skagafjörður.

Sauðárkrókur: Frestað var gerð tengibrautar milli Hafnargarðs og Sandeyrar.

Í október var boðin út dýpkun í innsiglingu og á snúningssvæði. Fjarlægja þurfti sand sem borist hafði inn fyrir Norðurgarðinn og einnig var markmið með framkvæmdinni að auka aðeins dýpi og rýmka snúningssvæði. Aðeins eitt tilboð barst, frá Björgun ehf. Verkið var unnið í nóvember. Fjarlægðir voru um 32.300 m^3 og 28.000 m^2 svæði var dýpkað í 7 m.

Hofsós: Engar framkvæmdir.

Haganesvík: Viðhaldsdýpkun, grafið var upp efni sem borist hafði að bryggjunni. Heimamenn sáu um framkvæmdina.

Framkvæmdakostnaður: 15,8 millj. kr.

Siglufjörður.

Í byrjun febrúar lauk Guðlaugur Einarsson ehf. við smíði 30 m trébryggju í Smábátadokkinni.

Í apríl var boðin út bygging skjólgarðs frá enda Brjótsins. Samið var við Suðurverk hf. og hófust framkvæmdir í byrjun júlí. Verkinu lauk 3. nóvember. Rúmlega 33.000 m^3 af grjóti og sprengdum kjarna fóru í garðinn. Efnið var tekið úr grjótnámunni við Selskál um 2 km norðan við bæinn.

Framkvæmdakostnaður: 38,1 millj. kr.

Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Ólafsfjörður: Heimilað var að flýta framkvæmd við styrkingu á ysta hluta Norðurgarðs sem var á hafnaáætlun árið 2002. Þetta var gert í kjölfar þess að veturinn 1998–1999 komu í ljós verulegar skemmdir á fremsta steinsteypukerinu. Hætta var talin á það liðaðist sundur og brim gæti þá kastað hluta þess inn í innsiglinguna. Við hönnun var valin sú útfærsla að ramma niður stálþil utan um fremsta kerið og 10 m fram fyrir endann. Grjótverja síðan utan með kerinu. Jafnframt skyldi fjarlægja trébryggju að innanverðu á Norðurgarðinum og setja grjótvarinn fláa í staðinn. Keypt voru 124 tonn af stálþili frá ARBED gerð AZ26 og 19 tonn af festingaefni frá Anker Schroeder. Hönnunardýpi við þilið er 8 m. Í ágúst var verkið boðið út. Verktökum var gefinn kostur á annarsvegar að ljúka við að reka þilið fyrir 1. október 1999 og hins vegar fyrir 1. júní 2000. Ákveðið var að semja við Gáma- og tækjaleigu Austurlands, en þeir buðu lægst miðað við síðari kostinn. Talin var of mikil áhætta að byrja á verkinu undir veturinn auk þess sem það hefði orðið töluvert dýrara. Til að hindra að vetrarbrimin yllu skaða sá verktakinn um að setja stórgrýti ofan á kerið fyrir haustið en framkvæmdinni var að öðru leyti frestað fram á næsta ár.

Dalvík: Unnið var að endurbyggingu stálþils á fremsta hluta Norðurgarðs. Um er að ræða u.þ.b. 53 m langt þil að enda garðsins og um 17 m fyrir endann. Keypt voru 171 tonn af stálþili frá ARBED gerð AZ26 og 43 tonn af festingaefni frá Anker Schroeder. Þilið var hannað fyrir 8 m dýpi. Rekstur þilsins, fylling og steyptur kantur var boðið út í ágúst. Samið var við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson ehf. Tilboð hans var 113% af áætlun. Framkvæmdir hófust um miðjan september. Í ljós kom, þegar farið var að reka þilið, að hlutar úr eldra þili lágu í botninum í þillínunni. Þetta olli verulegum kostnaðarauka og töfum. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Árskógssandur: Engar framkvæmdir.

Hrísey: Í júní var boðin út lenging Norðurgarðs. Samið var við lægstbjóðanda Eyjólf Þór Jónsson. Tilboð hans var 78% af áætlun. Framkvæmdir hófust í ágúst og lauk í byrjun nóvember. Norðurgarðurinn var lengdur um u.þ.b. 75 m og að auki byggður 30 m langur þver-

garður innan á hann til að skýla bátabryggjunni. Efnismagn í garðana var um 18.600 m³ af grjóti og sprengdum kjarna. Grjótnáma var í Duggarakletti suður af höfninni í um 2 km fjarlægð.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 72,8 millj. kr.

Grímsey.

Veitt var heimild til að flýta framkvæmdum við styrkingu grjótvarnar á hafnargarði, verk sem vinna átti á næsta ári samkvæmt hafnaáætlun. Samið var við Jarðverk á Dalvík um að vinna stórgrýti í námu á Árskógssandi, flytja það út í Grímsey og raða í garðinn á um 40 m kafla ofan við masturshús. Lokið var við um haustið að framleiða 112 steina og flytja á lager við Dalvíkurhöfn. Flutningi og útlögn var frestað fram á næsta ár.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 2,4 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Hjalteyri: Sandur sem borist hafði að bryggjunni var grafinn upp. Heimamenn sáu um framkvæmdina.

Akureyri: Í febrúar var samið um dýpkun í Fiskihöfn við Sandgrevstur pf. frá Fuglafirði í Færeyjum, en útboð á verkinu fór fram skömmu fyrir áramót. Verktaki byrjaði dælingu 15. febrúar. Tíðarfar var erfitt framan af og tafði fyrir, en í byrjun júlí var lokið við að dýpka Fiskihöfnina, alls 83.360 m³. Þar sem afgangur var af þeim fjármunum sem ætlaðir voru í dýpkunina var heimilað að semja við verktakann um að dýpka líka svæði utan við Löndunarbryggju ÚA. Í byrjun ágúst hafði verktakinn lokið við að dýpka þar 15.900 m³. Heildarmagn í dýpkun var því um 99.260 m³. Tæplega 82.000 m³ var dælt á land á fyllingarsvæðið við Krossanes, um 9.000 m³ voru settir á lager við þilið í Fiskihöfninni og 8.000 m³ af efni voru losaðir í sjó.

Unnið var að fyrri áfanga Vesturbakka í Fiskihöfn. Keypt var stálþil og festingaefni frá British steel. Þilið er af gerðinni Larssen LX25, hannað fyrir 9 m dýpi og lengd þilveggjar með fullu dýpi er um 120 m. Í ágúst var boðinn út þilrekstur, fylling og kantsteypa. Samið var við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleigu Austurlands. Verktaki hóf framkvæmdir í september. Verkinu lauk ekki fyrir áramót.

Svalbarðseyri: Engar framkvæmdir.

Grenivík: Engar framkvæmdir.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 75,1 millj. kr.

Húsavík.

Sett voru upp ný leiðarmerki til að merkja innsiglingarrennuna inn að Norðurgarði.

Heimilað var að flýta framkvæmdum við smábátaaðstöðu sem var á hafnaáætlun árið 2002. Samið var við Króla ehf. um kaup á flotbryggju 3 × 30 m. Bryggjan var sett niður við uppfyllingu sem gerð var framan við Stéttina miðja vegu milli Suðurgarðs og smábátahafnar. Samið var við Pétur Skarphéðinsson á Húsavík um gerð uppfyllingarinnar, en hann átti lægsta tilboð í það verk. Framkvæmdir við smábátaaðstöðuna hófust í júní og var lokið um miðjan júlí.

Framkvæmdakostnaður: 10,6 millj. kr.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Á hafnaáætlun var gert ráð fyrir kaupum og uppsetningu á 15 m flotbryggju fyrir smábáta. Heimamenn tóku þá ákvörðun að fresta flotbryggjunni. Í staðinn fengu þeir heimild til að nýta hluta af fjárveitingunni í lítils háttar dýpkun á svæði fyrir smábáta.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj. kr.

Raufarhöfn.

Í febrúar lauk Iðufell ehf. við að rífa Fiskavíkurbryggjuna, en samningur um það verk var gerður í lok síðasta árs.

Grjótgarður í stað Fiskavíkurbryggju var annað verk sem samið var um við Iðufell á síðasta ári. Framkvæmdir hófust í febrúar og lauk í maí. Garðurinn er um 60 m langur og fóru í hann 4.470 m³ af kjarna og grjóti. Kjarnaefni var tekið úr námu í Hólshrauni, en grjót var unnið í Klifnámu.

Í mars var boðin út Löndunarbryggja, rekstur á þili og steyptur kantur. Samið var við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleigu Austurlands ehf. Áður var búið að semja við Iðufell um gerð uppfyllingar að stálþilinu. Í uppfyllinguna fóru rúmlega 17.800 m³ af efni úr Hólshrauni og 900 m³ af grjóti úr Klifnámu. Stálþil, 129 tonn af gerðinni AZ 18, var keypt frá ARBED og 40 tonn af festingaefni frá Anker Schroeder. Bryggjan er 50 m löng með hönnunardýpi 8 m, 16 m gaflar eru við hvorn enda. Vinna við þilrekstur hófst í maí og verkinu lauk að mestu í september. Ekki náðist að ljúka frágangi á þybbum fyrir áramót. Bíða þurfti eftir stórstraumsfjöru til að hægt væri að sjóða neðri festingar í þilið.

Framkvæmdakostnaður: 41,8 millj. kr.

Þórshöfn.

Skömmu fyrir áramót var lokið við byggingu Suðurgarðs. Garðurinn er um 390 m langur og fóru í hann 33.270 m³ af grjóti og sprengdum kjarna.

Í júní var byrjað að lengja Norðurgarðinn og lauk verkinu fyrir áramót, að því undanskildu að eftir er að ganga frá garðsendaljósi. Garðurinn var lengdur um rúmlega 50 m og fóru í það 24.140 m³ af grjóti og sprengdum kjarna. Verktakar við Norður- og Suðurgarð voru Hjarðarnesbræður ehf. Verksamningur við þá var gerður árið 1997.

Framkvæmdakostnaður: 22,6 millj. kr.

Bakkafjörður.

Boðin var út vatnslögn á hafnarsvæði og samið við lægstbjóðanda, Iðufell ehf. á Raufarhöfn. Lögð var ný vatnslögn að upptökubraut og fram á Sjafnarbryggju og endurnýjuð var lögn fram á Löndunarbryggju.

Framkvæmdakostnaður: 2,4 millj. kr.

Vopnafjörður.

Unnið var að lýsingu og raflögn við smábátahöfnina. Samið var um þetta verk við Árna Magnússon rafvirkja á Vopnafirði. Settir voru upp fimm ljósastaurar við flotbryggju og með fram aðkomuleið og tveir tenglastólpar voru settir á flotbryggjuna. Verkið var unnið á tímabilinu ágúst–nóvember.

Í apríl var boðin út dýpkun að fyrirhugaðri löndunarbryggju. Samið var við Dýpkun sf. en tilboð þeirra var 96% af áætlun. Verkið var hannað samkvæmt niðurstöðum úr líkantilraunum sem gerðar voru af höfninni en þær leiddu til breytinga frá þeirri frumáætlun sem hafnaáætlun byggði á. Kostnaður við dýpkunina var því verulega umfram það sem þar var

búið að gera ráð fyrir. Sprengt var 2.910 m² svæði framan við bryggjustæðið og dýpkað í 8 m. 50 m breið innsiglingarrenna að bryggju var dýpkuð í 7 m. Magn efnis sem kom úr dýpkuninni var tæplega 30.000 m³.

Jafnframt dýpkuninni var samið við Dýpkun sf. um að sprengja rás fyrir þil Löndunarbryggju.

Framkvæmdakostnaður: 97,4 millj. kr.

Borgarfjörður eystri.

Engar framkvæmdir.

Seyðisfjörður.

Á hafnaáætlun var gert ráð fyrir að setja upp stormpolla við Fjarðarhöfn. Vegna breytinga sem fram undan eru í ferjumálum hjá Smyril Line var ákveðið að fara ekki í þá framkvæmd. Heimild fékkst til að flýta framkvæmd dýpkunar sem áætluð var á næsta ári. Dýpka á lítils háttar meðfram trébryggjum sunnan fjarðar, m.a. við SR-bryggju. Samið var um verkið við Kranabílinn hf. á Seyðisfirði í desember en ekki var byrjað á því fyrir áramót.

Fjármagnskostnaður: 0,6 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Neskaupstaður: Engar framkvæmdir.

Eskifjörður: Áfram var unnið að byggingu hafskipabryggju austan Bæjarbryggju. Í febrúar var boðinn út rekstur þils, fylling og steyptur kantur. Samið var við Guðlaug Einarsson ehf. sem bauð lægst, 75% af áætlun. Byrjað var á verkinu um miðjan apríl og í lok ágúst var búið að reka þilið og fylla að því. Þá var ákveðið af fresta fram á næsta vor að steypa kantinn þar sem verulegt sig var á þilinu.

Í júní var boðin út kantsteypa lagnir og þekja við lengingu Bræðslubryggjunnar. Aðeins komu tvö tilboð, 20–36% yfir áætlun og var þeim hafnað. Í september var verkið síðan boðið út að nýju. Sandur og stál ehf. á Sauðárkróki bauð þá lægst í verkið, 102% af áætlun. Samið var við það fyrirtæki og hófust framkvæmdir um miðjan október. Lokið var við að steypa kantinn og ganga frá lögnum fyrir áramót en þekjusteypu var frestað fram á vor.

Reyðarfjörður: Engar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 38,0 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Unnið var við frágang á Hafskipabryggjunni. Árið 1997 var steypt þekja, byggt ljósamastursshús og lögð ídráttarrör en eftir var að smíða töflu og leggja rafmagn að tenglaskápum. Ólafur Hjaltason rafvirki á Fáskrúðsfirði sá um að ljúka því verki. Starfsmenn hafnarinnar smíðuðu og settu upp þybbur á bryggjuna. Loks var grabbað upp farg sem sett var framan við bryggjuna 1997. Kranabíllinn hf. á Seyðisfirði annaðist verkið.

Framkvæmdakostnaður: 4,9 millj. kr.

Stöðvarfjörður.

Keypt var 20 m löng flotbryggja frá Króla ehf. og henni komið fyrir í nýju smábátahöfninni. Heimamenn sáu um smíði landstöpuls fyrir flotbryggjuna.

Framkvæmdakostnaður: 3,9 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Á áætlun var að ganga frá lögnum og þekju við stálþilsbryggjuna en þeim framkvæmdum var frestað enn um sinn.

Engar framkvæmdir.

Djúpivogur.

SG vélar á Djúpavogi luku við gerð uppsáturs fyrir smábáta. Samið var um þetta verk á síðasta ári.

Unnið var að mælingum og botnrannsókn fyrir væntanlega hafnargerð í Innri Gleðivík. Athuganir leiddu í ljós að aðstæður eru erfiðar, klöpp í botni og töluverð ölduhreyfing sem illmögulegt er að skýla fyrir. Ákveðið var að gera prófanir í líkani til að finna sem hagkvæmasta lausn og fá þá jafnframt fram við hvaða aðstæðum mætti búast. Líkantilraunir hófust um haustið og var þeim ekki lokið um áramót. Samhliða líkantilraunum var unnið að umhverfismati fyrir hafnargerðina, en framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum.

Framkvæmdakostnaður: 3,2 millj. kr.

Höfn í Hornafirði.

Lokið var endurbyggingu á 47 m langri trébryggju við vogarhús, verk sem samið var um við Svein Sighvatsson á síðasta ári.

Unnið var að venjubundinni viðhaldsdýpkun innan hafnar með dýpkunarskipi hafnarinnar, Soffíu. Samkvæmt reynslu þarf 12–15.000 m³ árlega viðhaldsdýpkun og er gert ráð fyrir því í hafnaáætlun. Í ár er búið að dæla rúmlega því magni, en úttektarmælingu var ekki lokið fyrir áramót.

Þinganesgarður milli Austurfjöru og Þinganesskerja var á áætlun en þar sem ekki náðist samkomulag við landeiganda um grjótnám þurfti að gera kröfu um eignarnám. Málið var ekki útkljáð fyrir áramót og framkvæmdum við garðinn því slegið á frest til næsta árs.

Framkvæmdakostnaður: 9,3 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Lokið var við að greiða hugbúnað og tæki fyrir upplýsingakerfið um veður og sjólag en uppsetningu búnaðar er enn ekki að fullu lokið.

Í apríl luku Borgarvirki ehf. og Bergbrot ehf. við grjóthleðslu meðfram smábátahöfninni innan Nausthamars. Lengd grjótfláans er um 150 m og fóru í hann rúmlega 3.000 m³ af grjóti sem sótt var í námuna við Urðarvita.

Skömmu fyrir áramót var samið við 2Þ ehf. um smíði á fjórum landstöplum fyrir flotbryggjur við smábátahöfnina en framkvæmd verksins var frestað fram á vor.

Um haustið var unnið að dýpkun í smábátahöfninni innan Nausthamarsbryggju með grafskipi Vestmannaeyjahafnar og voru u.þ.b. 3.500 m³ fjarlægðir. Ætlunin var að dýpka í 2 m á 20–30 m breiðu svæði meðfram grjótfláanum en í ljós kom að móbergshella var á hluta svæðisins sem grafskipið réði ekki við að dýpka. Þarf því að leita eftir öðru tæki til að ljúka dýpkuninni.

Annað verkefni sem grafskip Vestmannaeyjahafnar vann á árinu var að ljúka dýpkun við stálþil á Löngu. Alls voru fjarlægðir rúmlega 60.000 m³ á árunum 1994–1999.

Unnið var við frágang á nýja stálþilinu austan Friðarhafnarkants. Í febrúar luku Borgarvirki og Bergbrot við að hlaða um 15 m langan grjótfláa við suðurenda þilsins en samið var um það verk um leið og grjótfláann í smábátahöfninni. Í júní var boðin út 1.400 m² þekjusteypa og lagnir við kantinn. Tvö tilboð bárust, bæði yfir kostnaðaráætlun. Samið var við það

fyrirtæki sem átti lægra tilboðið, 2Þ ehf. Framkvæmdir hófust um miðjan júní og lauk skömmu fyrir áramót. Eftir er að ganga frá lýsingu á bryggjunni og raflögn.

Í apríl lauk Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf. samningsverki við endurbyggingu stálþils við Friðarhafnarkant. Í framhaldi af því var lögð vatnslögn í bryggjuna og lagnir fyrir ísafgreiðslu sem raskað var við endurbygginguna voru færðar í samt lag.

Unnið var að endurbyggingu Nausthamarsbryggju. Í mars voru gerðar ítarlegar botnrannsóknir umhverfis bryggjuna til að ganga úr skugga um mögulegt rekdýpi fyrir þil. Samtímis var borað meðfram þili í Friðarhöfn. Ákveðið var að byggja í fyrsta áfanga 60 m langt þil til austurs frá NA horni bryggjunnar. Þilið var hannað fyrir 9 m dýpi. Í október var gengið frá efnispöntun á 189 tonnum af stálþili frá ARBED, gerð AZ 26, og 60 tonnum af festingaefni frá Anker Schröeder. Í lok desember voru opnuð tilboð í rekstur þilsins, fyllingu og steyptan kant. Fimm tilboð bárust í verkið. Tvö tilboð voru um 95% af áætlun, frá Lárusi Einarssyni sf. og AVT verktökum ehf. Tilboð Lárusar var þó lítið eitt lægra. Ekki lá fyrir um áramót hvaða tilboði skyldi tekið.

Stöðugt berst meira efni úr nýja hrauninu inn í innsiglinguna og hleðst upp í tanga við svo nefnda Skansfjöru skammt utan við Hringaskersgarð. Var farið fram á heimild til að flýta dýpkun sem koma átti til framkvæmda árið 2002 samkvæmt hafnaáætlun. Leyfi fékkst fyrir verkinu og í nóvember var samið við Björgun ehf. um að dýpkunarskipið Perlan dældi úr Skansfjörunni. Í ljós kom að efnið var of gróft og samþjappað til að hægt væri að dæla því. Sagði Björgun sig fljótlega frá verkinu. Þá var aðeins búið að fjarlægja um 5.700 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 55,5 millj. kr.

Þorlákshöfn.

Í mars lauk Ræktunarsamband Flóa og Skeiða samningsverki við styrkingu brimvarnar á Suðurvarargarði.

Unnið var að dýpkun í höfninni. Samið var við GP krana ehf. og gröbbuðu þeir upp um 2.700 m^3 af efni meðfram bryggjum. Verkið var unnið um áramótin 1998–1999.

Framkvæmdakostnaður: 8,2 millj. kr.

Grindavík.

Í árslok 1998 fór fram forval á verktökum vegna síðari hluta dýpkunar á innsiglingunni að höfninni. Að því loknu var sjö verktökum gefinn kostur á að bjóða í verkið, þremur íslenskum og fjórum erlendum. Tilboð voru opnuð 4. febrúar og var lægsta tilboðið frá Skanska Dredging Ab í Svíþjóð, 87,8 % af kostnaðaráætlun (400.660.060 kr.). Í útboðsgögnum var heimilað að vinna verkið á tveim árum en verktakinn kaus að vinna það allt á einu sumri, þó að greitt yrði fyrir það á tveimur árum. Til verksins var notaður einn gröfufleki, borprammi og tveir efnisflutningaprammar. Samtals voru dýpkaðir um 35.130 m^2 eða um 200.000 m^3.

Í framhaldi af dýpkuninni voru leiðarmerki endurbætt með því að settir voru upp tveir staurar vestan rennunnar og nýtt innsiglingarmerki í landi. Ístak hf. sá um vinnu við staurana og fékk Árna Kópsson kafara í köfunarvinnu.

Við verklok var Skanska fengið til að dýpka innan hafnar, vestan við Eyjabakka, upp með austurenda Miðbakka og vestur með Svíragarði þar sem þverker var einnig fjarlægt. Þessar aðgerðir auðvelda mjög útskipun á afurðum frá fiskimjölsverksmiðju Fiskimjöls og lýsis í Grindavík. Við þessar breytingar reyndist nauðsynlegt að færa viðlegu fyrir smábáta, sem hafði verið innan við þverkerið, á nýja flotbryggju í smábátahöfn.

Framkvæmdakostnaður: 427,7 millj. kr.

Sandgerði.

Lokið var við dýpkun, sem hófst í október 1998. Heimild fékkst til að stækka verkið og urðu endanlegar magntölur þær að 4.300 m² voru dýpkaðir í 6 m og 1.000 m² í 7 m. Verkinu lauk í febrúar. Verktaki var Hagtak hf.

Framkvæmdakostnaður: 42,1 millj. kr.

Hafnasamlag Suðurnesja.

Garður: Skömmu eftir áramót var lokið við grjótvörn utan á bryggjuna, sem byrjað var á í september 1998. Verktaki við þessa framkvæmd var SEES ehf.

Reykjanesbær: Um miðjan febrúar lauk Hafnarverk ehf. samningsverki við uppsetningu björgunarstiga á bryggjur í Keflavík, Njarðvík, Garði og Vogum. Verkið hófst í ágúst 1998.

Vogar: Engar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 1,7 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar.)

Garðabær.

Engar framkvæmdir.

Kópavogur.

Engar framkvæmdir.

Reykjavík.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar.)

Óskipt fjárveiting.

Óskipt fjárveiting var notuð til að styrkja ýmsar minni háttar framkvæmdir, svo sem til lagfæringa á innsiglingamerkjum, setja stiga á bryggjur, lýsingu og önnur öryggismál. Almennt er miðað við að einstakar framkvæmdir kosti ekki meira en um 1,0 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 3,9 millj. kr.

HAFNARFRAMKVÆMDIR SEM EKKI ERU RÍKISSTYRKTAR

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum sem ekki njóta ríkisstyrkja. Oftast eru þetta viðhaldsverkefni, eða minni háttar nýbyggingar. Þó var unnið að nokkrum stærri verkefnum í höfnum á síðasta ári. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á framfæri.

Grundartangi.

Raftækjavinnustofu ÁÁ lauk samningsverki við raflagnir og lýsingu á nýju bryggjunni. Vinna við þetta verk hófst í desember 1998. Auk þess var unnið við frágang á þekju o.fl.

Framkvæmdakostnaður: 5,8 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Á árinu var haldið áfram með framkvæmdir við uppbyggingu hafnar utan Suðurgarðs, svokallaða Hvaleyrarhöfn. Lokið var við byggingu brimvarnargarðs, en framkvæmdir við hann hófust 1998. Verktaki var Ístak hf. Alls fóru um 600.000 m³ af efni í garðinn, þar af um 220.000 m³ uppdælt efni, sem Björgun hf. útvegaði. Grjót í garðinn var unnið í námu í Hamranesi.

Ístak sá einnig um smíði festinga fyrir flotkví og steypti festingu fyrir ekjubrú út í kvína. Stærri flotkvínni var svo komið fyrir í festingum í nóvember.

Sæþór hf. var verktaki við byggingu 200 m langs stálþilsbakka með 8 m dýpi. Þetta verk var boðið út 1998 og lauk framkvæmdum í júlí.

Að lokum var boðin út steypt þekja og lagnir á kantinn. Verktaki var Böðvar Sigurðsson hf.

Framkvæmdakostnaður: 556,0 millj. kr.

Reykjavík.

Helsta framkvæmd ársins var bygging olíubryggju í Örfirisey. Unnið var að því að ljúka dýpkun við bryggju og byggingu skjólgarðs og bryggju. Þessum verkum lauk á árinu 1999. Með þessari nýju hafnaraðstöðu sem formlega verður tekin í notkun vorið 2000 leggst af öll löndun olíu og bensíns um neðansjávarleiðslur fyrir þessa megin olíubirgðastöð landsins. Heildarkostnaður við byggingu mannvirkisins er um 550 millj. kr.

Aðrar helstu hafnarframkvæmdir á vegum Reykjavíkurhafnar á árinu var 1. áfangi í byggingu Skarfagarðs, en skjólgarðurinn er forsenda hafnargerðar á Klettasvæði og skýlir um leið ytri hluta Sundahafnar. Hafnar voru undirbúningsframkvæmdir að lengingu Kleppsbakka fyrir farmstöð Eimskips í Vatnagörðum. Efnisskipt var undir væntanlegum bakka og hafnar landfyllingar. Önnur hafnargerðarverk voru lenging Vogabakka til suðurs, en keypt var stálþil og stagefni og hafist handa við byggingu bakkans. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum við bakkann um mitt ár 2000. Þessari nýju viðbót við Vogabakka er bæði ætlað að þjóna nýrri aðstöðu fyrir innflutning byggingarvöru innst í Kleppsvík og eins er bakkinn forsenda fyrir að hægt sé að ráðast í lengingu Vogabakka til norðurs fyrir farmstöð Samskipa. Hafnar voru undirbúningsframkvæmdir við lengingu Vogabakka til norðurs. Verkefni ársins voru efnisskipti undir væntanlegum bakka, dýpkanir á snúningssvæði og fyrstu áfangar í fyllingu baklands bakkans.

Aðrar framkvæmdir á vegum Reykjavíkurhafnar á árinu voru ýmis verkefni við þróun hafnarlands og landgerð bæði í Gömlu höfninni og eins í Sundahöfn. Byggð var ný bækistöð Reykjavíkurhafnar við Fiskislóð á árinu.

Framkvæmdakostnaður var 624,5 millj. kr.

FERJUBRYGGJUR

Unnið var að endurbótum á bryggju í Flatey á Breiðafirði. Í september var boðið út verk sem fólst í að steypa upp og fylla að landvegg, setja nýja þybbuklæðningu og endurnýja dekk að hluta. Tvö tilboð bárust, bæði yfir kostnaðaráætlun. Skipavík hf. í Stykkishólmi átti lægra tilboðið, 107% af áætlun. Lokið var við að steypa upp landvegginn um áramót og fylla að honum að hluta til. Gert er ráð fyrir að ljúka verkinu með vorinu.

Í Vigur og Æðey var unnið að lítils háttar viðhaldi.

Hafin var undirbúningur að viðgerð á bryggju í Mjóafirði.

Framkvæmdakostnaður: 4,7 millj. kr.

SJÓVARNARGARÐAR

Því sem eftir var af sjóvörn við Krókalón á Akranesi var skipt í tvo jafnstóra áfanga, sem áformað var að vinna árin 1999 og 2000. Fyrri áfanginn var boðinn út með endurbyggingu fremsta hluta grjótvarnarinnar á Aðalhafnargarðinum. Verktaki var Suðurverk hf. Vegna aðstæðna sem upp komu í grjótnámunni við Kirkjuból var samið við verktakann um að ljúka við báða áfanga sjóvarnarinnar og fullgera þar með varnir við Krókalónið.

Unnið var að sjóvörnum á Hellissandi og í Ólafsvík. Á Hellissandi var sett sjóvörn við Keflavíkurgötu, alls um 2.800 m³, en í Ólafsvík var sett grjótvörn neðan við Kassa, verslunarhús á fyllingu sjávarmegin við Ólafsbraut. Þar voru settir um 3.300 m³. Verktaki við þessar framkvæmdir var Bjarni Vigfússon frá Kálfárvöllum. Uppgjöri verksins lauk ekki á árinu. Við Eyjólfsplan í Flatey var gamall steyptur veggur endurbyggður.

Í Ísafjarðarbæ var unnið að viðgerð á garðinum meðfram Brimnesvegi. Samið var við Græði hf. á Flateyri um hækkun á garðinum og viðgerð á nokkrum stöðum þar sem hann hafði dregist niður.

Lokið var við sjóvörn við bæinn Litlu Ávík í Árneshreppi á Ströndum. Grjót var tínt úr skriðum innan við Kjörvog í Reykjarfirði.

Heimilað var að hefja framkvæmdir við sjóvarnir á Hólmavík. Byggja á sjóvörn á um 30 m kafla móts við Kópnesbraut nr. 19 og styrkja vörn sem komin er þaðan á um 350 m kafla að Rifshaus. Enn fremur á að styrkja vörn á um 25 m kafla við Fiskmarkaðshúsið Hafnarbraut. Í nóvember var samið við Fyllingu ehf. um þessar framkvæmdir en þeim lauk ekki á árinu.

Í Hrísey var sjóvörnin austur frá samkomuhúsinu að Vörum endurbyggð og bætt við þar sem á vantaði. Alls voru um 350 m teknir fyrir. Þetta verk var boðið út og unnið samhliða lengingu hafnargarðsins og var verktaki Eyjólfur Þ. Jónsson.

Á Hjalteyri í Arnarneshreppi í Eyjafirði var lögð sjóvörn á um 120 m kafla norðan við bryggjuna. Samið var við Jarðverk ehf. á Dalvík um verkið.

Á Grenivík var boðinn út um 150 m kafli norðan gömlu bryggjunnar. Samið var við Eyjólf Þ. Jónsson um þetta verk en því lauk ekki á árinu. Jarðverk lauk við kaflann sem boðinn var út árið áður.

Hjarðarnesbræður luku við framkvæmdir á Þórshöfn, en þetta verk var boðið út árið 1997. Byggð var ný sjóvörn á 210 m kafla og eldri sjóvörn lagfærð á um 110 m kafla.

Ekkert var unnið við sjóvarnir á Neskaupstað, en erfitt hefur reynst að útvega grjót til verksins. Fjárveiting bíður því fram á næsta ár.

Í Árborg var boðin út sjóvörn við Barnaskólann á Eyrarbakka og við Gamla Hraun. Samtals voru þetta um 5.100 m³ og var samið við Bergbrot hf. um verkið. Það hófst ekki fyrr en eftir áramót 1999/2000.

Í Gerðahreppi var samið við SEES hf. um gerð um 120 m langrar sjóvarnar við Gauksstaði. Enn fremur var grjótvörn við SVFÍ-hús lagfærð og bætt. Um 1.300 m³ af grjóti fóru í þetta verk.

Sjóvarnir í Njarðvík og við Voga á Vatnsleysuströnd voru boðnar út í einu lagi og samið við SEES hf. um verkið. Í Njarðvík voru um 2.000 m³ settir við norðan við hús Laugaþurrkunar (áður Brynjólfur hf.) á Hákotstanga og í Vogunum var sett sjóvörn við Akurgerði. Enn fremur var samið við verktakann um að verja sjóhús við Skjaldarkot í Brunnastaðahverfinu og var grjót sett á um 50 m kafla framan við húsið.

Í Bessastaðahreppi var samið við Suðurverk hf. um að styrkja sjóvarnargarða við Sjávargötu á um 200 m kafla.

Framkvæmdakostnaður: 49,3 millj. kr.

STARFSEMI SIGLINGASTOFNUNAR ÍSLANDS

Starfsemi Siglingastofnunar Íslands skiptist í þrjá meginþætti: Hafnamál, skipamál og vita- og leiðsögumál. Í þessari framkvæmdaskýrslu er fjallað ítarlega um hafnamálin, þ.e. eftirlit og umsjón Siglingastofnunar með ríkisstyrktum sjóvarnar- og hafnarframkvæmdum, rannsóknum og áætlanagerð fyrir uppbyggingu sjóvarna og hafna. Hér að neðan er fjallað í stuttu máli um helstu verkefni í skipamálum og vita- og leiðsögumálum og starfsemina árið 1999.

Sjúklingar sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða á annarri heilbrigðisstofnun erlendis, sbr. 35. gr. almannatryggingalaga, og verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á viðkomandi stofnun eiga rétt á bótum samkvæmt lögum þessum, að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki.

Þeir sem gangast undir læknisfræðilega tilraun sem ekki er liður í sjúkdómsgreiningu eða meðferð á sjúkdómi þess er í hlut á eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt lögum þessum nema annars sé getið sérstaklega.

Þeir sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt lögum þessum nema annars sé getið sérstaklega.

Tjónsatvik sem lögin taka til.

2. gr.

Bætur skal greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.
3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.
4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

3. gr.

Greiða skal bætur fyrir tjón sem hlýst af því að sjúkdómsgreining er ekki rétt í tilvikum sem nefnd eru í 1. eða 2. tölul. 2. gr. Þetta á hins vegar ekki við um atvik sem falla undir 3. og 4. tölul. 2. gr.

Slasist sjúklingur af öðrum orsökum en þeim sem greindar eru í 2. tölul. 2. gr. skal því aðeins greiða bætur að sjúklingur hafi verið í rannsókn eða meðferð hjá stofnun eða öðrum aðila sem lögin taka til og slysið hafi borið að þannig að telja verði að þeir beri bótaábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Bætur samkvæmt lögum þessum greiðast ekki ef rekja má tjón til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.

4. gr.

Bætur skal greiða einstaklingum sem nefndir eru í 3. og 4. mgr. 1. gr. ef þeir verða fyrir tjóni sem getur verið afleiðing læknisfræðilegrar tilraunar, brottnáms vefs eða annars þess háttar, nema allt bendi til þess að tjónið verði rakið til annars.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um tjón sem rekja má til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð, sbr. 3. mgr. 3. gr.

Ákvörðun bóta.

5. gr.

Um ákvörðun bótafjárhæðar samkvæmt lögum þessum fer eftir skaðabótalögum, sbr. þó 2. mgr. 10. gr.

Bætur skv. 1. mgr. greiðast ef virt tjón nemur 50 þús. kr. eða hærri fjárhæð. Hámark bótafjárhæðar fyrir einstakt tjónsatvik skal þó vera 5.000.000 kr. Fjárhæðir þessar breytast miðað við 1. janúar ár hvert í samræmi við lánskjaravísitölu.

Ákvæði 2. mgr. og reglugerðar sem kann að verða sett með heimild í henni taka ekki til tjóns sem um ræðir í 1. mgr. 4. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 1. gr.

Ekki skal greiða bætur eftir þessum lögum til að fullnægja endurkröfum.

Eigin sök.

6. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður bætur ef sjúklingur er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Skaðabótaréttur eftir almennum reglum.

7. gr.

Skaðabótakrafa verður ekki gerð á hendur neinum sem er bótaskyldur samkvæmt reglum skaðabótaréttar nema tjón hafi ekki fengist að fullu bætt skv. 5. gr. og þá einungis um það sem á vantar.

Endurkröfuréttur.

8. gr.

Beri bótaskyldur aðili skv. 9. gr., starfsmaður hans eða fyrrverandi starfsmaður bótaábyrgð gagnvart sjúklingi samkvæmt reglum skaðabótaréttar verður endurkrafa ekki gerð á hendur hinum skaðabótaskylda til greiðslu skv. 5. gr. nema hann hafi valdið tjóni af ásetningi.

Bótaskyldir aðilar.

9. gr.

Allir sem veita heilbrigðisþjónustu, innan stofnana sem utan, bera bótaábyrgð samkvæmt lögunum. Þeir eru:

a. heilsugæslustöðvar, hvort sem þær eru reknar af ríki, sveitarfélagi eða öðrum,
b. sjúkrahús, hvort sem þau eru rekin af ríki, sveitarfélagi eða öðrum,
c. aðrar heilbrigðisstofnanir, án tillits til þess hver ber ábyrgð á rekstri,
d. heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hafa hlotið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til starfans, án tillits til þess hvort þeir veita heilbrigðisþjónustu sem sjúklingur greiðir að fullu sjálfur eða sem greidd er af sjúkratryggingum samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins,
e. Tryggingastofnun ríkisins vegna sjúklinga sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða annarri heilbrigðisstofnun erlendis, sbr. 2. mgr. 1. gr., og
f. þeir sem annast sjúkraflutninga.

Vátryggingarskylda.
10. gr.

Bótaskyldir aðilar skv. 9. gr. skulu tryggðir með vátryggingu (sjúklingatryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. þó 11. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur reglugerð m.a. um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldu. Heimilt er ráðherra að binda starfsleyfi heilbrigðisstofnana sem ekki falla undir 11. gr. og heimild heilbrigðisstarfsmanna til að starfa sjálfstætt því að vátryggingarskyldu samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

Eigin áhætta.
11. gr.

Heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir sem ríkið á í heild eða að hluta eru undanþegin vátryggingarskyldu skv. 10. gr. Sama gildir um Tryggingastofnun ríkisins og þá sem annast sjúkraflutninga á vegum ríkisins. Þeim er þó heimilt að kaupa vátryggingu skv. 10. gr.

Meðferð bótamála hjá vátryggingafélögum.
12. gr.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá öðrum en þeim sem 11. gr. tekur til skal beina til vátryggingafélags hins bótaskylda.

Starfsmenn vátryggingafélaga sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

Meðferð bótamála þegar hinn bótaskyldi er undanþeginn vátryggingarskyldu.
13. gr.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá þeim sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 11. gr., skal beina til Tryggingastofnunar ríkisins.

Sjúklingatrygging Tryggingastofnunar ríkisins.
14. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast sjúklingatryggingu vegna þeirra sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 11. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi og málsmeðferð sjúklingatrygginga hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Málsmeðferð hjá Tryggingastofnun ríkisins.
15. gr.

Tryggingastofnun ríkisins aflar gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað skýrslna fyrir héraðsdómi þar sem skýrslugjafi býr. Stofnunin getur krafið heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, aðrar heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hlotið hafa löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, svo og þá sem annast sjúkraflutninga, um hvers konar gögn, þar á meðal sjúkraskýrslur sem hún telur máli skipta um meðferð máls samkvæmt lögunum.

Að gagnaöflun lokinni tekur Tryggingastofnun ríkisins afstöðu til bótaskyldu og ákveður fjárhæð bóta.

Starfsmenn stofnunarinnar sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

16. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir öllum hlutaðeigandi niðurstöðu sína í hverju máli. Niðurstöðu má skjóta til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Ársskýrsla um sjúklingatryggingu.

17. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal árlega taka saman skýrslu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um störf vegna sjúklingatryggingarinnar og þau mál sem hún afgreiðir. Jafnframt skal upplýsa í ársskýrslu stofnunarinnar, eftir því sem kostur er, um málsmeðferð vátryggingafélaga á bótakröfum vegna sjúklingatryggingar. Skýrslan skal vera aðgengileg almenningi.

Upplýsingaskylda Tryggingastofnunar ríkisins.

18. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að kynna fyrir almenningi ákvæði laga þessara um sjúklingatryggingu. Í þeim upplýsingum skal m.a. koma fram að sé um að ræða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skuli beina kröfu til vátryggingafélaga.

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Kröfur um bætur samkvæmt lögum þessum fyrnast þegar fjögur ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt.

Krafan fyrnist þó eigi síðar en þegar tíu ár eru liðin frá atvikinu sem hafði tjón í för með sér.

20. gr.

Brot gegn 1. mgr. 10. gr., sbr. þó 11. gr., varða sektum.

Brot gegn 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 15. gr. varða sektum eða fangelsi.

Sé refsivert brot framið í starfi hjá félagi, stofnun eða öðrum ópersónulegum aðila er hann ábyrgur fyrir greiðslu sektar.

21. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þar skal m.a. skilgreina frekar hvað fellur undir sjúkdómsmeðferð skv. 1. gr. og hvað telst læknisfræðileg tilraun skv. 3. mgr. sömu greinar.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 og taka til tjónsatvika sem verða eftir þann tíma. Endurskoða skal lög þessi innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.

Breytingar á öðrum lögum.

23. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirtaldar breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993:

a. F-liður 1. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.
b. Síðari málsliður lokamálsgreinar 29. gr. laganna fellur brott.
c. Í stað orðanna „og f-liðum“ í lokamálslið 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: lið.
d. D-liður 2. mgr. 43. gr. laganna fellur brott.
e. Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður sem orðast svo: Sjúklingar sem áttu rétt til bóta skv. f-lið 1. mgr. 24. gr. fyrir 1. janúar 2001 skulu halda rétti sínum skv. III. kafla laganna.

Ef krafa er gerð eftir 1. janúar 2001 vegna tjónsatviks sem varð fyrir þann tíma gilda ákvæði f-liðar 1. mgr. 24. gr. og d-liðar 2. mgr. 43. gr. almannatryggingalaga, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

24. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirtaldar breytingar á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993:

a. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
   Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3., 4. og 5. málsl. 4. mgr. 5. gr.
b. Á eftir 2. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skal einnig draga frá skaðabótakröfu.

1401. Breytingartillaga [535. mál]

við frv. til l. um sjúklingatryggingu.

Frá Jónínu Bjartmarz.

Við 5. gr. 3. mgr. orðist svo:
Ákvæði 2. mgr. taka ekki til tjóns sem um ræðir í 1. mgr. 4. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 1. gr.

1402. Frumvarp til laga [653. mál]

um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

(Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis og flutnings þess eftir leiðslukerfi í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Lögin taka einnig til hafstöðva nema annað sé ákveðið í lögum eða reglum settum með stoð í lögum þessum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Kolvetni merkir í lögum þessum jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Hafstöð merkir í lögum þessum:

1. Búnaður, svo sem pallar, leiðslukerfi og önnur mannvirki í efnahagslögsögu og landgrunni Íslands sem notuð eru í kolvetnisstarfsemi.
2. Hvers konar flutningstæki sem nýtt eru til kolvetnisstarfsemi.

Leit merkir í lögum þessum könnun á almennum skilyrðum til myndunar og varðveislu kolvetnis, afmörkun svæða þar sem slík skilyrði eru hagstæð og leit að kolvetnisauðlindum með mælingum úr lofti, á láði eða hafsbotni eða með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotnsins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna.

Rannsóknir merkja í lögum þessum:

1. Leit að kolvetni.
2. Mat á stærð, legu og vinnslueiginleikum kolvetnisgeymis með borun leitarholna og borholumælingum.

Vinnsla merkir í lögum þessum vinnsla kolvetnis úr kolvetnisgeymi, þ.m.t. borun vinnsluholna, dæling eða leiðsla kolvetnis til yfirborðs, niðurdæling kolvetnis og annarra efna, meðhöndlun og geymsla kolvetnis fyrir flutning, útskipun kolvetnis ásamt byggingu, uppsetningu, starfrækslu og lokun hafstöðvar ætlaðrar til slíkrar vinnslu.

II. KAFLI
Eignarréttur að kolvetni.

3. gr.

Íslenska ríkið er eigandi kolvetnis skv. 1. gr. Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis er háð leyfi iðnaðarráðherra í samræmi við ákvæði laga þessara.

III. KAFLI
Leit.

4. gr.

Leyfi til leitar.

Iðnaðarráðherra veitir leyfi til leitar að kolvetni með rannsóknir og vinnslu að markmiði.

5. gr.

Umsókn.

Í umsóknum um leyfi til leitar að kolvetni skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi umsækjanda eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðherra.

6. gr.

Tímalengd og skilyrði leyfis.

Leyfi til leitar að kolvetni skal veitt til þriggja ára í senn nema styttri leyfistími sé nefndur í leyfinu.

Leyfi til leitar að kolvetni veitir leyfishafa ekki rétt til borunar eftir kolvetni, vinnslu kolvetnis eða forgangsrétt til að fá slíkt leyfi síðar. Þó getur slíkt leyfi falið í sér heimild til bor-

unar í þeim tilgangi að afla upplýsinga um almenn skilyrði til myndunar og varðveislu kolvetnis.

Iðnaðarráðherra setur reglur um skilyrði fyrir veitingu leyfis til leitar að kolvetni, m.a. ákvæði um greiðslu kostnaðar af mati á umsækjendum og veitingu leyfa, upplýsinga- og tilkynningarskyldu um framkvæmd og niðurstöður leitar, afhendingu gagna og þagnarskyldu.

IV. KAFLI
Rannsóknir og vinnsla.

7. gr.
Rannsókna- og vinnsluleyfi.

Iðnaðarráðherra veitir leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum sem felur í sér einkarétt leyfishafa til rannsókna og vinnslu. Einungis má veita slíkt leyfi aðilum sem að mati iðnaðarráðherra hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast þessa starfsemi.

8. gr.
Auglýsing.

Að jafnaði skal auglýsa eftir umsækjendum áður en leyfi til rannsókna og vinnslu á kolvetni er veitt.

Auglýsing skal birt í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Í auglýsingunni skal tilgreina umsóknarfrest sem skal ekki vera skemmri en 90 dagar. Þá skal í auglýsingunni m.a. taka fram til hvaða svæðis leyfið tekur og skilyrði fyrir veitingu leyfisins að öðru leyti.

Við veitingu leyfis skal umsækjendum ekki mismunað og skal jafnræðis gætt. Leyfi skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerðar hafa verið opinberar. Iðnaðarráðherra er heimilt að hafna öllum umsóknum um leyfi sem berast í kjölfar auglýsingar.

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis án auglýsingar. Áður en slíkt leyfi er veitt skal gefa leyfishöfum á aðlægum svæðum tækifæri til að sækja um rannsókna- og vinnsluleyfi á viðkomandi svæði. Tilkynna skal um ákvörðun þessa í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Iðnaðarráðherra er heimilt að krefjast greiðslu kostnaðar vegna mats á umsækjendum og veitingar leyfis skv. 7. gr.

9. gr.
Umsókn.

Í umsóknum um rannsókna- og vinnsluleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi umsækjanda eftir nánari ákvörðun iðnaðarráðherra.

10. gr.
Tímalengd og skilyrði leyfis.

Leyfi til rannsókna skal veitt til allt að 12 ára og er heimilt að framlengja það til allt að tveggja ára í senn. Hámarkstími leyfis til rannsókna skal þó ekki vera lengri en 16 ár.

Að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir rannsóknum á leyfishafi forgangsrétt á framlengingu leyfisins til vinnslu kolvetnis í allt að 30 ár.

Leyfi til vinnslu skv. 2. mgr. skal a.m.k. taka til þess hluta svæðisins þar sem leyfishafi hyggst hefja vinnslu kolvetnis og hagkvæmur er til vinnslu að mati iðnaðarráðherra.

11. gr.

Efni rannsókna- og vinnsluleyfis.

Í rannsókna- og vinnsluleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Að samþykktir leyfishafa, ef um félag er að ræða, séu viðurkenndar af ráðherra.
2. Starfsstöð leyfishafa.
3. Tímalengd leyfisins. Sérstaklega skal kveðið á um hvenær starfsemi skuli í síðasta lagi hefjast og hvenær henni skuli lokið.
4. Staðarmörk þess svæðis sem leyfið nær til.
5. Skyldur er hvíla á leyfishafa varðandi rannsóknir.
6. Skyldu leyfishafa til að leggja fram framkvæmda- og vinnsluáætlun.
7. Til hvaða kolvetnisauðlinda leyfið tekur, ákvæði um magn og vinnsluhraða kolvetnis.
8. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa um rannsóknir og vinnslu, þ.m.t. skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.
9. Aðgang stjórnvalda að reikningum leyfishafa.
10. Þagnarskyldu leyfishafa að því er varðar upplýsingar skv. 8. og 9. tölul.
11. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
12. Kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaskyldu leyfishafa.
13. Greiðslu kostnaðar vegna mats á umsækjanda og veitingar leyfis.
14. Eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti.
15. Önnur gjöld, t.d. gjald í samræmi við stærð svæðisins sem leyfið nær til eða í samræmi við verðmæti þess kolvetnis sem unnið er.
16. Hvernig skuli ganga frá vinnslusvæði, mannvirkjum og búnaði að leyfistíma loknum.

12. gr.

Skyldur leyfishafa að loknum leyfistíma.

Iðnaðarráðherra er heimilt að kveða á um að skyldur samkvæmt rannsókna- og vinnsluleyfi haldist eftir að gildistíma leyfisins lýkur, afsal eða afturköllun leyfisins. Uppfylli leyfishafi ekki skyldur samkvæmt rannsókna- og vinnsluleyfi er iðnaðarráðherra heimilt að krefjast þess að leyfishafi greiði þann kostnað sem þarf til að inna skylduna af hendi, að hluta eða að fullu.

13. gr.

Aðgæsluskylda.

Við rannsóknir og vinnslu kolvetnis skal gæta fyllsta öryggis og þess að starfsemin sé í samræmi við góða alþjóðlega venju við svipaðar aðstæður. Starfsemin skal ekki leggja ónauðsynlega hættu eða tálmanir á samgöngur, fiskveiðar eða aðra starfsemi.

14. gr.

Boranir.

Boranir í jarðlög undir hafsbotni mega einungis hefjast að fengnu samþykki iðnaðarráðherra á búnaði, áætlun um borun og starfsfyrirkomulagi.

15. gr.

Hafstöðvar.

Bygging og uppsetning hafstöðvar og vinnsla kolvetnis getur einungis hafist að fengnu samþykki iðnaðarráðherra.

Vilji leyfishafi hefja slíka starfsemi skal hann leggja framkvæmda- og vinnsluáætlun fyrir iðnaðarráðherra til samþykktar.

Iðnaðarráðherra er heimilt að gera breytingar á áður samþykktri framkvæmda- og vinnsluáætlun til þess að tryggja að starfsemin sé örugg og hagkvæm eða ef hagsmunir hins opinbera krefjast þess.

16. gr.

Lokun hafstöðvar.

Lokun hafstöðvar, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, er háð samþykki iðnaðarráðherra. Leyfishafi skal leggja fram áætlun um lokun hafstöðvar fyrir iðnaðarráðherra til samþykktar þar sem m.a. skulu vera upplýsingar um hvernig staðið verður að lokun.

Við lokun hafstöðvarinnar skal hún að jafnaði fjarlægð í heild eða að hluta. Iðnaðarráðherra getur þó samþykkt áframhaldandi notkun hennar til rannsókna og vinnslu kolvetnis eða annars konar notkun.

Ef ástæða er til að ætla að leyfishafi hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða kostnað vegna lokunar hafstöðvar getur iðnaðarráðherra hvenær sem er farið fram á það við leyfishafa að hann sanni greiðslugetu sína eða láti af hendi nauðsynlegar tryggingar.

17. gr.

Leiðslubúnaður.

Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar til vinnslu og flutnings kolvetnis er háð leyfi iðnaðarráðherra. Í leyfi skal m.a. setja skilyrði um skipulag búnaðarins, afnot annarra af honum og greiðslur fyrir afnotin.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um staðbundinn leiðslubúnað sem tilheyrir hafstöð og einungis er notaður til vinnslu úr einni kolvetnisauðlind.

Nái leiðslubúnaður leyfishafa til landsvæðis eða landgrunns annars ríkis og samstarfssamningur um byggingu og starfrækslu leiðslukerfisins hefur verið gerður milli þess ríkis og íslenska ríkisins getur iðnaðarráðherra lagt þá skyldu á leyfishafa íslenska hluta leiðslubúnaðarins að taka þátt í samstarfinu og sett nánari skilyrði um þátttökuna.

18. gr.

Leiðslubúnaður erlends ríkis.

Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar á vegum annars ríkis til flutnings á kolvetni milli landa um landgrunn Íslands er háð leyfi iðnaðarráðherra.

19. gr.

Skipting kolvetnisauðlindar.

Nái kolvetnisauðlind inn á svæði þar sem tveir eða fleiri hafa rannsókna- og vinnsluleyfi er leyfishöfum skylt að gera með sér samstarfssamning um framkvæmd rannsókna og vinnslu úr auðlindinni. Samstarfssamningurinn er háður samþykki iðnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag milli leyfishafanna innan hæfilegs tíma er iðnaðarráðherra heimilt að kveða á um innihald hans.

Nái kolvetnisauðlind yfir í landgrunn annars ríkis og samstarfssamningur um framkvæmd rannsókna og vinnslu úr kolvetnisauðlindinni hefur verið gerður milli þess ríkis og íslenska ríkisins getur iðnaðarráðherra lagt þá skyldu á leyfishafa á landgrunni Íslands að taka þátt í samstarfinu og sett nánari skilyrði um þátttökuna.

20. gr.

Samnýting kolvetnisauðlinda.

Telji iðnaðarráðherra skynsamlegt að samnýta tvær eða fleiri kolvetnisauðlindir af hagkvæmnisástæðum getur hann, að höfðu samráði við leyfishafa, krafist þess að svo verði gert.

Iðnaðarráðherra er heimilt að skylda leyfishafa gegn endurgjaldi til að veita öðrum leyfishöfum aðgang að búnaði og flutningstækjum með slíka samnýtingu í huga. Nái leyfishafar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir afnotin skal það ákveðið af iðnaðarráðherra.

21. gr.

Mat á umhverfisáhrifum.

Við veitingu leyfis eða samþykkis fyrir starfsemi samkvæmt þessum kafla skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.

V. KAFLI
Vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir.

22. gr.

Öryggisráðstafanir.

Við kolvetnisstarfsemi skal gæta fyllsta öryggis og þess að starfsemin uppfylli þær kröfur sem almennt eru gerðar til kolvetnisstarfsemi á hverjum tíma, m.a. hvað varðar tæknibúnað og vinnuferli.

Leyfishafi og aðrir sem stunda kolvetnisstarfsemi skulu stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöð og að virkt eftirlit sé með því að vinnuumhverfi fullnægi gildandi lögum.

Leyfishafi skal sjá til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja eða draga úr afleiðingum tjóns, þar á meðal ráðstafanir sem miða að því að færa umhverfið í sitt fyrra horf.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur um hafstöðvar.

23. gr.

Sérstök öryggisbelti.

Sérstöku öryggisbelti skal komið á fót umhverfis hafstöðvar. Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um öryggisbelti í samræmi við alþjóðlegar venjur, þar á meðal um samgöngur og fiskveiðar á svæðinu, og getur hann lagt bann við umferð óviðkomandi skipa og loftfara um svæðið. Þá getur iðnaðarráðherra sett reglur af öryggisástæðum sem takmarka rétt skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað.

VI. KAFLI
Eftirlit og upplýsingagjöf.

24. gr.

Eftirlit.

Orkustofnun annast eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum ráðherra.

Iðnaðarráðherra er heimilt að krefjast greiðslu kostnaðar við eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt.

25. gr.

Upplýsingasöfnun.

Orkustofnun skal safna saman öllum upplýsingum um landgrunnið sem til verða við starfsemi samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Skýrsla leyfishafa.

Handhafi leitarleyfis eða rannsókna- og vinnsluleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður leitar, rannsókna og vinnslu, upplýsingar um eðli og umfang kolvetnisauðlindar, heildarmagn og mat á verðmæti þess kolvetnis sem hefur verið unnið og fleiri atriði samkvæmt ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi afhenda gögn og senda sýni af efnum óski Orkustofnun þess.

VII. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

27. gr.

Eignarnám.

Iðnaðarráðherra er heimilt að taka eignarnámi fasteignir til að starfsemi geti farið fram samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal farið eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms.

28. gr.

Skaðabætur.

Leyfishafar samkvæmt lögum þessum eru skaðabótaskyldir fyrir hvers konar tjón sem stafar af kolvetnisstarfsemi, þar á meðal umhverfispjöll, án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar.

Skaðabótaskyldan fellur niður ef sannað er að sá sem fyrir tjóni verður hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Bætur fyrir umhverfisspjöll má lækka eða fella niður þegar sannað þykir að tjónið stafaði af náttúruhamförum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum sem leyfishafa verður ekki kennt um.

29. gr.

Almennar reglur skaðabótaréttar.

Ákvæði 28. gr. takmarka að engu þann rétt til skaðabóta sem leiðir af almennum reglum.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

30. gr.

Framsal leyfis.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema að fengnu samþykki ráðherra.

31. gr.
Reglugerð.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.
Refsingar.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans.

33. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.
Inngangur.

Aðdragandi þessa frumvarps er sá að 13. maí 1997 samþykkti Alþingi svohljóðandi ályktun um olíuleit við Ísland:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa starfshóp með þátttöku vísindamanna er meti hvort rétt sé að hefja markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands. Hópurinn meti sérstaklega þau svæði á landgrunninu sem fyrirliggjandi rannsóknir benda til að líklegust séu til að geyma olíu eða gas.“

Iðnaðarráðherra skipaði 29. september 1997 starfshóp um olíuleit á landgrunni Íslands. Viðfangsefni starfshópsins var nánar skilgreint svo í bréfi ráðuneytisins:

„Hlutverk hópsins er í fyrsta lagi að yfirfara niðurstöður rannsókna á landgrunninu og meta á grundvelli þeirra hvort og þá hvaða svæði landgrunnsins kunni að geyma olíu og/eða jarðgas og gefa ráðuneytinu skýrslu um það. Ef líklegt er talið að einhver svæði landgrunnsins kunni að geyma olíu og/eða jarðgas er honum enn fremur falið:

1. *Að meta hvort ætla megi að tæknilegar og fjárhagslegar forsendur séu til olíuvinnslu á þessum svæðum.*
2. *Að gera tillögur um með hvaða hætti má efla rannsóknir á svæðum.*
3. *Að gera tillögur um kynningu á þessum svæðum til að efla áhuga innlendra og erlendra aðila á svæðunum.“*

Starfshópurinn skilaði áliti sínu 17. ágúst 1998 og var það birt í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins „Leit að olíu við Ísland og á nálægum hafsbotni“ sem út kom í október 1998. Í álitinu fjallaði starfshópurinn sérstaklega um líkur á að olíu eða gas væri að finna á landgrunni Íslands í setlögum fyrir Norðurlandi, en tók einnig fyrir tvö önnur svæði þar sem Íslendingar kunna að eiga rétt til slíkra auðlinda, Jan Mayen svæðið og Hatton-Rockall svæðið. Meginniðurstöður starfshópsins voru í stuttu máli þessar:

Í fyrsta lagi virðast engir tæknilegir þættir vera til staðar sem komið gætu í veg fyrir olíuvinnslu á landgrunni Íslands ef slíkar lindir fyndust í nægjanlegum mæli. Lauslegt mat bendir til að hagkvæmt yrði að vinna lindir stærri en 100-200 milljónir fata, magn sem rúmast gæti í einum rúmkílómetra af bergi. Gaslindir eru síður líklegar til að vera hagkvæmar.

Í öðru lagi eru nokkrar líkur á að almenn skilyrði fyrir olíu- eða gasmyndun séu fyrir

hendi í setlögum undan ströndum Norðurlands, eða 1 á móti 10 fyrir gas, en 1 á móti 40 fyrir olíu. Þessar líkur eru hins vegar minni en svo að þær freisti olíufyrirtækja að svo stöddu. Frekari rannsóknir gætu þó hugsanlega bætt þetta mat.

Í þriðja lagi er frumrannsóknum á Jan Mayen hrygg lokið, en þær voru framkvæmdar í samvinnu við norsk stjórnvöld. Svæðið er álitlegt til frekari olíuleitar en framhaldið mun ráðast af áhuga olíufyrirtækja. Jarðfræðilegar aðstæður gætu verið svipaðar og á vinnslusvæðum á landgrunni Noregs, en svæðið er afskekkt miðað við þau svæði sem nú eru í vinnslu. Þess vegna er ekki búist við því að olíufyrirtæki muni hefja leit á Jan Mayen hrygg fyrr en í fyrsta lagi eftir rúman áratug.

Í fjórða lagi er Hatton-Rockall svæðið einnig vænlegt til olíuleitar, einkum austurjaðar þess. Bretar og Írar hafa þegar veitt olíufyrirtækjum leyfi á þessu svæði innan 200 sjómílna efnahagslögsögu sinnar. Auk Íslands hafa Danmörk f.h. Færeyja, Bretland og Írland gert kröfu til svæðisins og er réttarstaða á svæðinu því óljós. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með framþróun olíuleitar og hafréttarmála á þessu svæði og gæta íslenskra hagsmuna.

Ljóst er af framangreindum niðurstöðum að leynast kunna verðmæt olíuefni undir hafsbotni einhvers staðar á þeim víðáttumiklu hafsvæðum þar sem Ísland á landgrunnsréttindi.

Iðnaðarráðherra skipaði hinn 17. febrúar 1999 samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál með fulltrúum frá Orkustofnun, iðnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Hlutverk nefndarinnar er einkum að gæta að gæta íslenskra hagsmuna á sviði olíu- og landgrunnsmála, m.a. að gera tillögu um stefnu sem skuli fylgt við veitingu rannsókna- og vinnsluleyfa á landgrunninu og taka þátt í mótun reglna um það efni. Auk þess skyldi samráðsnefndin samhæfa vinnubrögð íslenskra stjórnvalda vegna fyrirspurna olíuleitarfyrirtækja og annarra aðila um rannsóknar- og nýtingarleyfi innan efnahagslögsögunnar.

Erlend olíufyrirtæki hafa sýnt áhuga á olíuleit innan íslenskrar lögsögu. Viðræður samráðsnefndarinnar við þessa aðila og aðra tengda olíuleit hafa hins vegar leitt í ljós að forsenda þess að erlend fyrirtæki fáist til að fjármagna leit að olíu og gasi í íslenskri lögsögu er að hér verði sett lög um þessa starfsemi. Slík lög hafa verið sett í öllum nágrannaríkjum okkar.

Í ljósi fyrrgreindra atriða ákvað ráðuneytið að hefja smíði frumvarps til laga um leit og vinnslu á olíu og gasi. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf sem gildir um hliðstætt efni, þ.e. í Færeyjum, Grænlandi og Noregi. Þá hefur verið nauðsynlegt vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu að samræma ákvæði frumvarps þessa löggjöf Evrópusambandsins, en tilskipanir sem hliðsjón var höfð af eru tilskipun 90/531/EBE frá 17. september 1990 um reglur um innkaup fyrirtækja sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, flutningum og fjarskiptum, tilskipun 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup fyrirtækja sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti og loks tilskipun 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.

II.

Þörfin á löggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Ekki er til sérstök löggjöf á Íslandi er tekur til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Þörf á slíkri löggjöf er þó fyrir hendi, enda sýnir reynslan að erlend olíufyrirtæki veigra sér við að hefja leit, rannsóknir og vinnslu á kolvetni nema til sé slík löggjöf. Samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, hefur iðnaðarráðherra að vísu almenna heimild til að veita leyfi til hagnýtingar á auðlindum hafsbotnsins. Á grundvelli þeirra laga er ráðherra heimilt að veita leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis utan netlaga, en að öðru leyti hafa lögin ekki að geyma nein fyrirmæli um veitingu leyfa eða

tímalengd þeirra. Þess vegna verður að telja brýnt að réttarstaða leyfishafa sé skýr áður en þeir leggja í fjárfestingar á þessu sviði. Horfa ákvæði frumvarps þess, sem hér liggur fyrir, mjög í þá átt að skýra réttarstöðu þeirra sem sækja um leyfi til leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis á landgrunni Íslands.

Meginmarkmið frumvarpsins er að koma til móts við þessa þörf með því að setja rammalöggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Við samningu frumvarpsins þurfti að taka afstöðu til þess hvernig standa ætti að veitingu leyfa til leitar, rannsóknar og vinnslu kolvetnis. Löggjöf nágrannaríkjanna er að ýmsu leyti heppileg fyrirmynd eins og rakið er nánar hér á eftir. Þó verður að gera þann fyrirvara að aðstæður í þessum ríkjum eru að ýmsu leyti frábrugðnar aðstæðum á Íslandi. Þannig eru líkur á því að á landgrunni Íslands finnist kolvetni í nægjanlegu magni til að vinnsla þess sé efnahagslega hagkvæm, minni en í nágrannaríkjunum. Þess vegna er ekki ástæða til að hafa eins ítarlega löggjöf og þar er að finna. Markmiðið með frumvarpinu er því fyrst og fremst að setja rammalöggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis til þess að skýra réttarstöðu þeirra sem hyggjast stunda þessa starfsemi.

III.
Almennt um kolvetnisstarfsemi.

1. Almennt.

Mismunandi er hvernig einstök ríki haga kolvetnisstarfsemi sinni. Ástæður þessa eru margvíslegar. Í fyrsta lagi hafa fyrirmyndir um stjórn olíuvinnslu verið sóttar til vinnslu annarra náttúruauðlinda. Í öðru lagi má nefna að stjórnun olíuvinnslu hefur í tímanna rás orðið fyrir áhrifum nýrrar tækni, ólíkra hagkerfa og breytilegra stjórnarhátta. Í þriðja lagi skal það nefnt að mismunandi er frá einu ríki til annars hvernig landfræðilegri legu, þróunarstigi, stjórnmálahefð og hagkerfi er háttað. Loks má nefna að náttúruauðindir eru ólíkar hvað varðar staðsetningu, stærð o.fl.

Almennt má skipta fyrirkomulagi kolvetnisstarfsemi í tvo flokka. Annars vegar hlutdeildar- eða verktökufyrirkomulag (e. production sharing contract eða service contract) og hins vegar sérleyfisfyrirkomulag (e. concession model eða tax/royalty model). Að auki má nefna að í sumum ríkjum er olíuvinnsla eingöngu í höndum ríkisins, að jafnaði í formi olíufyrirtækis í eigu ríkisins. Á Vesturlöndum er algengast að ríkið veiti sérleyfi til olíuvinnslu, en í nokkrum ríkjum Evrópu er þó einnig um að ræða þátttöku ríkisins í gegnum olíufyrirtæki í ríkiseigu, sbr. t.d. Grænland, Danmörk og Noregur. Hér á eftir verður nánar gerð grein fyrir flokkun kolvetnisstarfsemi, en hafa ber í huga að flokkunin er engan veginn einhlít og mörkin milli einstakra flokka geta verið óljós.

2. Sérleyfi.

Með sérleyfi er átt við það að yfirvöld veita fyrirtæki leyfi til að nýta landsvæði í því augnamiði að leita að, rannsaka eða vinna kolvetni. Sögulega er sérleyfi hið upprunalega fyrirkomulag olíuvinnslu. Þegar um er að ræða sérleyfi eru yfirráð kolvetnisauðlinda í höndum ríkisins sem veitir olíufyrirtækjum leyfi til ákveðins tíma og með ákveðnum skilyrðum til þess að framleiða kolvetni á eigin kostnað og áhættu gegn greiðslu skatta og gjalda. Þegar þetta fyrirkomulag er viðhaft á fyrirtækið kolvetnið sem er framleitt. Á hinn bóginn geta stjórnvöld krafist þess að skattar og gjöld séu greidd að öllu leyti eða hluta í formi kolvetnis. Ríkið, sem eigandi auðlindanna, fær arð aðallega í formi skatta og gjalda, en einnig í vissum tilvikum sem hagnað af starfsemi olíufyrirtækis í ríkiseign. Sérleyfisfyrirkomulag kemur ekki í veg fyrir að rekin séu olíufyrirtæki í ríkiseigu sem geta tekið þátt í olíustarfsemi sem leyfishafar. Í þeim tilvikum þegar olíufyrirtæki í ríkiseigu gegnir verulegu hlutverki í sam-

vinnu við olíufyrirtæki í einkaeigu er um að ræða nokkurs konar sameiginlegt áhættuverkefni ríkisins og olíufyrirtækis.

3. Hlutdeildar- og verktökufyrirkomulag.

Þegar um er að ræða hlutdeildarfyrirkomulag er kolvetnisauðlindin, sem er eign ríkisins, hagnýtt undir eftirliti stjórnvalda en í samvinnu við olíufyrirtækin. Stjórnvöld verða eigendur þess kolvetnis sem unnið er, en olíufyrirtækin fá hluta þess í staðinn fyrir að leggja til áhættufjármagn, sérfræðiþekkingu og vinnu. Það eru svo olíufyrirtækin sem sjá um sölu kolvetnisins. Þetta fyrirkomulag hefur einkum þróast í ríkjum þriðja heimsins. Að baki fyrirkomulaginu liggur sú hugmynd að ríkið hafi sem mesta stjórn á auðlindunum og efnahagslegri þróun. Fyrirkomulagið þykir eðlilegt í þeim ríkjum sem hafa áætlunarbúskap, en þar eru ein helstu rökin fyrir þessu fyrirkomulagi þau að tryggja að kolvetnis sé aflað fyrir heimamarkað, einkum iðnað og e.t.v. á lægra verði en á heimsmarkaði.

Með verktökufyrirkomulagi er alþjóðlegt olíufyrirtæki að öllu leyti verktaki hjá stjórnvöldum. Taki olíufyrirtækið á sig jarðfræðilega eða fjárhagslega áhættu fær það sérstaka þóknun fyrir þá áhættu sem það tekur. Þóknunin er jafnan greidd sem hluti af því kolvetni sem unnið er. Verktökufyrirkomulag er algengt í ríkjum sem leggja áherslu á að stjórnvöld eða olíufyrirtæki í ríkiseigu beri ábyrgð á allri leit, rannsókn og vinnslu. Þegar svo stendur á eru alþjóðleg olíufyrirtæki undirverktakar olíufyrirtækis í ríkiseigu.

4. Ríkisrekstur.

Þegar um er að ræða óskoraðan ríkisrekstur sér ríkið alfarið um það að leita að, rannsaka, vinna og eftir atvikum dreifa kolvetni. Frávik frá ríkisrekstri er sameiginlegt áhættuverkefni ríksins og einkaaðila (e. joint-venture model). Þar gerir ríkisfyrirtæki samning um samvinnu við eitt eða fleiri olíufyrirtæki í einkaeign um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

5. Lokaorð.

Almennt er litið svo á að alþjóðleg olíufyrirtæki kjósi fremur að starfa samkvæmt sérleyfisfyrirkomulagi en hlutdeildarfyrirkomulagi. Á hinn bóginn kjósa sum ríki fremur að hafa framleiðsluna algerlega í eigin höndum, undir stjórn ríkisrekins olíufélags eða í samvinnu við alþjóðleg olíufyrirtæki með hlutdeildar- eða verktökufyrirkomulagi.

Í vissum tilvikum kann olíufyrirtæki fremur að kjósa samvinnu á grundvelli hlutdeildarfyrirkomulags í stað þess að fá sérleyfi. Ástæðan getur t.d. verið sú að olíufyrirtækið ber ekki nægilegt traust til réttarkerfis viðkomandi ríkis. Þegar svo stendur á er algengt að olíufyrirtæki kjósi fremur að semja við yfirvöld um að sérstakur óháður gerðardómur leysi úr ágreiningi sem upp kann að koma.

IV.
Hvaða fyrirkomulag hentar best á Íslandi?

Við mat á því hvaða fyrirkomulag geti hentað best á Íslandi er í fyrsta lagi til þess að líta að öll ríki við Norður-Atlantshaf styðjast á einn eða annan hátt við sérleyfisveitingar. Er því ekki óeðlilegt að miða við að sérleyfi verði veitt nema sérstök rök mæli gegn því.

Í öðru lagi má benda á að á Íslandi skortir sérþekkingu á leit, rannsóknum og vinnslu á kolvetni, bæði hjá einkaaðilum og hinu opinbera. Þá er ólíklegt að stjórnvöld muni hafa sérstakt frumkvæði að leit eða rannsókn kolvetnis nema á allra fyrstu stigum. Olíu- og gasleit er ákaflega kostnaðarsöm og fer kostnaður hraðvaxandi eftir því sem nær dregur vinnslu. Á hverju stigi leitarinnar verður að vega hugsanlegan ávinning á móti þeirri fjárhagslegu áhættu

sem felst í því að vinnanleg olía eða gas reynist ekki vera fyrir hendi. Olíufyrirtæki búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að framkvæma þetta mat og hafa fjárhagslegt bolmagn til að stunda olíu- og gasleit fyrir eigin reikning, enda er það kjarninn í starfsemi þeirra. Séu fyrirtæki í olíuiðnaði reiðubúin að kosta slíka leit er eðlilegt að íslensk stjórnvöld komi til móts við þau með því að búa þeim góð starfsskilyrði og tryggja að starfsemi þeirra samrýmist efnahagslegum markmiðum og nútímakröfum um umhverfisvernd og starfsöryggi. Eins og að framan er rakið er það markmið frumvarpsins að skýra réttarstöðu þeirra sem sækja um leyfi til leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis á landgrunni Íslands.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að fyrirkomulagið sem valið er tryggi að erlend olíufyrirtæki telji það raunhæfan kost að hefja kolvetnisleit á landgrunni Íslands. Eins og áður er rakið er almennt talið að olíufyrirtæki vilji fremur starfa á grundvelli sérleyfis en annars fyrirkomulags, enda byggist löggjöf nágrannaríkja Íslands á sérleyfisfyrirkomulagi.

Í fjórða lagi felur sérleyfisfyrirkomulag í sér að íslenska ríkið heldur eftir sem áður hefðbundnum eignarráðum yfir kolvetnisauðlindum á landgrunninu og getur því tryggt að greitt verði hæfilegt endurgjald fyrir afnotin.

V.
Erlend löggjöf.

1. Almennt.

Eins og áður er rakið hefur við samningu frumvarpsins verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Einkum hefur verið höfð hliðsjón af færeyskum, grænlenskum og norskum lögum. Í megindráttum er löggjöf þessara ríkja mjög svipuð, en sammerkt með þessum lögum er að lagt er til grundvallar að sérleyfi séu veitt til rannsókna og vinnslu kolvetnis. Hér á eftir fer stutt yfirlit um efni framangreindra laga.

2. Færeyjar.

Um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis í Færeyjum gilda lög nr. 31 frá 16. mars 1998, um kolvetnisstarfsemi. Efnisskipan laganna er þannig að í 1. kafla eru almenn ákvæði, í 2. kafla eru reglur um kolvetnisleit o.fl. og í 3. kafla eru ítarleg ákvæði um rannsóknir og vinnslu. Þá er fjallað um mat á umhverfisáhrifum í 4. kaflanum og 5. kafli fjallar um starfsumhverfi, öryggi og öryggisráðstafanir o.s.frv. í hafstöðvum. Í 6. kafla er fjallað um stjórnsýslu, eftirlit o.s.frv. af hálfu opinberra aðila og í 7. kafla eru reglur um skaðabætur og sérstakar reglur um bætur til sjómanna. Þá eru ýmis ákvæði í 8. kafla og loks eru í 9. kafla reglur um refsingar, gildistöku o.fl. Í færeysku lögunum kemur fram í 4. gr. að stjórnvöld geti veitt leyfi til leitar að kolvetnum með rannsóknir og vinnslu í huga, en leyfið er veitt til þriggja ára í senn, nema styttri leyfistími sé nefndur í leyfinu. Þá er sú meginregla lögð til grundvallar í 6. gr. laganna að stjórnvöldum er heimilt að veita einkarétt til rannsókna og vinnslu á kolvetni, en það skilyrði er sett að einungis megi veita slíkt leyfi til aðila sem teljast hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að stunda slíka starfsemi.

3. Grænland.

Á Grænlandi gilda auðlindalög, nr. 335 frá 6. júní 1991, með síðari breytingum, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Lögin taka til hvers kyns auðlinda í jörðu en í lögunum eru einnig sérstök ákvæði um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Í 1. kafla laganna eru ýmis almenn ákvæði. Í 2. kafla eru ákvæði um leit, en skv. 6. gr. er heimastjórninni heimilt að veita leyfi til leitar að náttúruauðlindum til allt að fimm ára. Í 3. kafla eru ákvæði um rannsóknir og vinnslu náttúruauðlinda. Í 7. gr. kemur m.a. fram að heimastjórnin geti á tilteknum

svæðum veitt sérleyfi til rannsókna og vinnslu náttúruauðlinda. Í 4. kafla eru sérstök ákvæði um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þar segir m.a. í 11. gr. að leyfi til rannsókna skuli veitt til allt að tíu ára eða, þegar sérstaklega stendur á, megi veita leyfi til allt að 16 ára. Hafi skilyrði leyfisins verið uppfyllt eigi leyfishafi rétt á framlengingu leyfisins til vinnslu kolvetnis í 30 ár. Leyfið gildir á þeim svæðum þar sem hagkvæmt er að vinna kolvetni og leyfishafi hyggst hefja vinnslu.

4. Noregur.

Lög nr. 72 frá 29. nóvember 1996, um kolvetnisstarfsemi (lov om petroleumsvirksomhet), mynda ramma um leyfisveitingar til kolvetnisstarfsemi í Noregi. Á grundvelli laganna voru settar reglugerðir með konunglegri tilskipun frá 27. júní 1997. Í lögunum er mælt fyrir um leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis o.fl. Lögin samrýmast tilskipun 94/22/EB, enda er Noregur aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Meginatriði þess kerfis sem gildir um leyfisveitingar eru helst þessi:

Í 1. mgr. 1. gr. laga um kolvetnisstarfsemi er kveðið á um eignarrétt norska ríkisins að kolvetnisauðlindum neðan sjávar. Samkvæmt þessu ákvæði stjórnar norska ríkið einnig nýtingu kolvetnisauðlinda.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. er fyrirtækjum heimilt að sækja um leyfi til leitar að kolvetni. Leyfið veitir hvorki einkarétt til leitar né forgangsrétt til frekari rannsókna eða vinnslu. Á tilteknum svæðum er stjórnvöldum skylt að opna fyrir aðgang að leit með því að veita leitarleyfi áður en til veitingar rannsókna- og vinnsluleyfa getur komið. Áður en leitin hefst þarf að hafa farið fram mat á umhverfisáhrifum auk mats á efnahagslegum og félagslegum áhrifum starfseminnar.

Að jafnaði eru rannsókna- og vinnsluleyfi veitt í kjölfar auglýsingar eftir umsóknum um leyfi. Leyfi skal einungis veita á grundvelli viðmiðana sem hafa verið gerðar opinberar. Þá skal við veitinguna gæta jafnræðis. Í auglýsingunni eru tiltekin skilyrði fyrir veitingu leyfis. Rannsókna- og vinnsluleyfi kveður ítarlega á um réttindi og skyldur olíufyrirtækisins gagnvart ríkinu og skilyrði fyrir leyfinu. Skv. 3. mgr. 3. gr. felur rannsókna- og vinnsluleyfi í sér einkarétt til þess að rannsaka og vinna kolvetni á tilteknu svæði.

Samkvæmt 9. mgr. 3. gr. eru rannsókna- og vinnsluleyfi í upphafi veitt til rannsókna í allt að tíu ár og verður skv. 8. mgr. 3. gr. að uppfylla sérstaka rannsóknarskyldu á þessu tímabili. Uppfylli leyfishafi þessa rannsóknarskyldu er meginreglan sú að honum er heimilt að stunda vinnslu kolvetnis í allt að 30 ár, að jafnaði á helmingi þess svæðis sem leyfið tekur til, en sérstakt svæðisgjald er innheimt fyrir hvern ferkílómetra.

Nái kolvetnisauðlind inn á svæði þar sem tveir eða fleiri hafa rannsókna- og vinnsluleyfi skal leita samkomulags um skynsamlega nýtingu auðlindarinnar og hvernig henni skuli skipt milli leyfishafa, sbr. 7. mgr. 4. gr.

VI.
Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) var tekin ákvörðun um að lögleiða í íslenskan rétt hluta af rétti Evrópusambandsins. Hér á eftir er yfirlit um helstu reglur EES sem varða leyfisveitingar í tengslum við leit, rannsóknir og vinnslu kolvetna. Þær tilskipanir sem leiða af aðild Íslands að EES-samningnum og höfð var hliðsjón af við samningu frumvarpsins eru þessar helstar:

1. *Tilskipun 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.*

Tilskipunin tók gildi 1. júlí 1995 og fjallar um leyfisveitingar, en hún hefur það að markmiði að koma á fót sameiginlegum innri markaði fyrir orku. Í inngangsorðum tilskipunarinnar er að því vikið að ríki Evrópusambandsins treysti að miklu leyti á innflutning til að anna eftirspurn á kolvetni. Er því talið ráðlegt að hvetja til leitar, rannsókna og vinnslu á þeim auðlindum sem til eru innan Evrópusambandsins. Meginefni tilskipunarinnar er í stuttu máli þetta:

Fjallað er um veitingu og notkun leyfa til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Megintilgangur hennar er að tryggja aðgang að þessari starfsemi án mismununar og með gagnsæjum hætti. Þá er reynt að tryggja að ekki séu sett önnur skilyrði fyrir aðgangi að kolvetnisstarfsemi en þau er varða tæknilegt eða fjárhagslegt bolmagn fyrirtækja og hvernig þau hyggjast standa að leit, rannsóknum og/eða vinnslu á því svæði sem um ræðir. Fram kemur í tilskipuninni að aðildarríkin hafi yfirráðarétt yfir kolvetnisauðlindum á sínu yfirráðasvæði, þar á meðal rétt til þess að ákveða hvaða svæði verði gerð aðgengileg til að stunda leit, rannsóknir eða vinnslu kolvetnis.

Tilskipunin hefur að geyma ákvæði um þær aðferðir sem beita skal við veitingu leyfa og kveður á um það hvaða viðmiðanir ríki skuli leggja til grundvallar því að leyfi sé veitt. Markmið með þessu er að tryggja aðgang að kolvetnisstarfsemi við aðstæður sem hvetja til aukinnar samkeppni á þessu sviði. Þetta er talið stuðla að því að leit, rannsóknir á og vinnsla úr kolvetnisauðlindum í aðildarríkjunum fari fram með sem hagkvæmustum hætti og flýta fyrir samruna hins innri orkumarkaðar. Þessi starfsemi á að vera opin öllum þeim sem hafa fullnægjandi tæknilega og fjárhagslega getu til að stunda hana. Þá er byggt á því í tilskipuninni að takmarka skuli það svæði sem leyfi nær til og gildistíma þess í því skyni að koma í veg fyrir að eitt fyrirtæki geti áskilið sér einkarétt á svæði þar sem hægt væri að stunda leit, rannsóknir og vinnslu með hagkvæmari hætti ef mörg fyrirtæki ættu þess kost að stunda kolvetnisstarfsemi á svæðinu.

Í 3. gr. eru ítarleg fyrirmæli um það hvernig veita skal leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Almennt skal veita leyfi annaðhvort í kjölfar opinberrar auglýsingar eftir umsóknum (e. public invitation) eða án undangenginnar auglýsingar eftir því sem þær berast (e. open door policy). Í sérstökum tilvikum er leyfishöfum á aðlægum svæðum veittur forgangsréttur til kolvetnisstarfsemi (e. neighbouring block). Loks er fyrirvari í ákvæðinu um að aðildarríkin eigi rétt á að hafna öllum umsóknum um leyfi svo fremi þau tryggi að þessi valkostur valdi því ekki að fyrirtækjum sé mismunað.

Í tilskipuninni eru ákvæði um þátttöku ríkisins í kolvetnisstarfsemi, hvort sem það er með beinum hætti eða í gegnum olíufyrirtæki í ríkiseigu. Ef stjórnvöld eða olíufyrirtæki í eigu ríkisins fara í samstarf við einkaaðila verður þátttakan að byggjast á meginreglum sem eru gagnsæjar, hlutlægar og mismuna ekki aðilum.

Loks skal þess getið að sá mikilvægi fyrirvari er gerður í 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar að aðildarríki má setja skilyrði og gera kröfur um hvernig starfsemin er stunduð ef unnt er að rökstyðja það með tilliti til þjóðaröryggis, almannaöryggis, almannaheilbrigðis, samgönguöryggis, umhverfisverndar, verndar lífrænna auðlinda og þjóðargersema sem hafa listrænt, sögulegt og fornleifafræðilegt gildi, öryggis mannvirkja og starfsmanna, skipulagðrar stjórnunar kolvetnisauðlinda, t.d. hversu hratt kolvetni er nýtt, eða þarfar á að tryggja skattatekjur.

2. *Tilskipun 93/38/EBE um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.*

Þessi tilskipun hefur sérstaka þýðingu fyrir olíuleit þar sem hún tekur til stjórnvalda jafnt sem opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem hafa sérstök réttindi eða einkarétt á því að rannsaka og vinna olíu og gas á ákveðnum svæðum.

VII.
Yfirlit um efni einstakra kafla frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins (1.–2. gr.) eru ákvæði um gildissvið og skilgreiningar, en lögin gilda í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands utan netlaga.

Í II. kafla frumvarpsins (3. gr.) er ákvæði um eignarrétt íslenska ríkisins að kolvetni í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi rétt og sett til áréttingar þeirri reglu sem fram kemur í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Í III. kafla (4.–6. gr.) er fjallað um umsókn um leyfi til kolvetnisleitar, leyfið sjálft og tímalengd þess.

Reglur IV. kafla frumvarpsins (7.–21. gr.) geyma ákvæði um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Fjallað er um leyfi og skilyrði leyfisveitingar, auglýsingu, umsókn um leyfi, tímalengd og skilyrði leyfis, efni leyfisins og skyldur leyfishafa að loknum leyfistíma, aðgæsluskyldu, boranir, hafstöðvar, leiðslubúnað, skiptingu og samnýtingu kolvetnisauðlinda. Loks er ákvæði sem áréttar að ávallt sé gætt laga um mat á umhverfisáhrifum áður en leyfi eða samþykki til framkvæmda er veitt.

Í V. kafla (22.–23. gr.) er fjallað um vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir við kolvetnisstarfsemi. Í VI. kafla (24.–26. gr.) eru fyrirmæli um eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga o.fl. Þá eru í VII. kafla (27.–29. gr.) eignarnáms- og bótaákvæði. Loks eru í VIII. kafla (30.–33. gr.) ýmis ákvæði, þ.e. meginregla um bann við framsali á leyfi samkvæmt lögunum, reglugerðarheimild til handa iðnaðarráðherra, refsiákvæði og gildistökuákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Ákveðin tengsl eru milli ákvæða I. kafla frumvarps þessa og ákvæða ýmissa annarra laga í íslenskum rétti. Í 1. gr. er mælt fyrir um landfræðilegt gildissvið laganna, en þar segir að lögin gildi í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands. Lögin gilda utan netlaga en innan netlaga gilda lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þá skal áréttað að ákvæði frumvarpsins ganga fyrir lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, sem nú taka til þeirrar starfsemi er frumvarpið varðar.

Það ræðst af ákvæðum annarra laga á hverjum tíma hver sé landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn Íslands, en núgildandi lög um þetta eru lög nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Á grundvelli þeirra laga hefur svo verið sett reglugerð nr. 196/1985 um afmörkun landgrunnsins í vestur, í suður og til austurs. Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að íslenska ríkið sé eigandi kolvetnis og einungis geti komið til leitar, rannsóknar og vinnslu þess með leyfi ráðherra í samræmi við ákvæði laganna. Hér er um að ræða efnislega sambærilega reglu og fram kemur í lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Er nauðsynlegt að gera í stuttu máli grein fyrir ákvæðum framangreindra laga en segja má að þessir lagabálkar séu í raun rammalöggjöf á þessu sviði.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn er land-

helgi Íslands, afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá grunnlínu sem dregin er milli nánar tiltekinna staða á ströndinni. Þau réttindi sem íslenska ríkið fer með í 12 sjómílna landhelgi eru fullveldisréttur, en í því felst að ríkið fer með fullan og óskoraðan ríkisyfirráðarétt. Nær fullveldisréttur Íslands til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni og fer framkvæmd hans eftir íslenskum lögum og ákvæðum alþjóðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Fullveldisréttur Íslands nær ekki eingöngu til landhelginnar heldur einnig til hafsbotnsins innan hennar, sbr. lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þar er svo fyrir mælt í 1. gr. að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Þá segir að hugtakið auðlind taki samkvæmt lögunum til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.

Í II. kafla laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, eru ákvæði um efnahagslögsöguna. Þar segir í 3. gr. að efnahagslögsaga Íslands sé svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómílur frá grunnlínu landhelginnar, sbr. þó 7. gr. sem varðar afmörkun svæða milli landa. Samkvæmt 4. gr. hefur Ísland innan efnahagslögsögunnar:

a. fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins, svo sem framleiðslu orku frá sjávarföllum, straumum og vindi,
b. lögsögu að því er varðar: i) byggingu mannvirkja og afnot af þeim, ii) vísindalegar rannsóknir og iii) verndun hafsins,
c. önnur réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðalögum.

Þá segir að framkvæmd réttinda og skyldna innan efnahagslögsögunnar skuli vera samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Er hér einkum átt við hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1982, en Ísland fullgilti sáttmálann 1985, sbr. augl. nr. 7/1985 í C-deild Stjórnartíðinda. Sáttmálinn öðlaðist gildi 16. nóvember 1994.

Í III. kafla laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, eru reglur um landgrunnið. Skv. 5. gr. nær landgrunn Íslands til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi sem eru framlenging landsvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. þó 7. gr. sem áður er getið. Skv. 6. gr. tekur fullveldisréttur Íslands yfir landgrunnið til rannsóknar og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum, sem þar eru, svo og á lífverum, sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á hafsbotni eða í honum eða geta ekki hreyft sig án snertingar við hafsbotninn. Þá segir að stjórnvöld setji reglur um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnsins. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur verið sett reglugerð nr. 196/1985 um afmörkun landgrunnsins, sem áður er getið. Með henni voru landgrunnsmörkin ákveðin til vesturs, í suður og til austurs langt út fyrir 200 sjómílna línuna en þetta er gert með hliðsjón af 76. gr. hafréttarsáttmálans. Þá eru í IV. kafla laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, ákvæði um afmörkun svæða milli landa.

V. kafli laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, hefur að geyma sérstök ákvæði um ráðstafanir gegn mengun. Eins og að framan er rakið segir í b-lið 4. gr. þeirra laga að Ísland fari innan efnahagslögsögunnar með lögsögu að því er varðar verndun hafsins en hér er átt við svokallaða mengunarlögsögu sem nánari ákvæði eru um í V. kafla.

Þar segir í 8. gr. að skylt sé að forðast allt sem mengað getur eða á annan hátt spillt hafinu. Íslensk stjórnvöld skuli samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að gera ráðstafanir til að vernda hafið gegn mengun og öðrum spjöllum. Á grundvelli þessa ákvæðis voru sett sérstök lög um varnir gegn mengun sjávar, þ.e. lög nr. 32/1986. Þar er mengunarlögsaga Íslands nánar skilgreind í 7. tölul. 3. gr. sem það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands. Í þessu felst það að mengunarlögsagan getur tekið til landgrunnssvæða sem liggja utan við 200 sjómílna efnahagslögsöguna. Lögin, sem eru meginréttarheimildin á þessu sviði, fjalla um varnir gegn mengun hafsins sem stafar af losun olíu, sorps og annarra skaðlegra efna, úrkast (varp) efna í hafið, ábyrgð á mengun, íhlutun og framkvæmd laganna.

Loks eru í VI. kafla eru mikilvæg ákvæði um vísindalegar rannsóknir, en þess er áður getið að skv. b-lið 4. gr. fer Ísland með lögsögu varðandi vísindalegar rannsóknir. Í 9. og 10. gr. eru ákvæði sem mæla nánar fyrir um það að vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands skuli háðar samþykki íslenskra stjórnvalda.

Af lagaákvæðum þeim sem að framan eru rakin er ljóst að íslenska ríkið er eigandi að og hefur fullan og óskoraðan rétt yfir öllum lífrænum og ólífrænum auðlindum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga svo langt sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Á þeim grundvelli er frumvarp þetta til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis lagt fram.

Um 1. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um gildissvið laganna. Annars vegar er mælt fyrir um efnislegt gildissvið laganna, þ.e. til hvaða starfsemi þau taka, en hins vegar er kveðið á um landfræðilegt gildissvið þeirra.

Í 1. málsl. ákvæðisins er mælt fyrir um það til hvaða starfsemi lögin taka. Þar kemur fram að lögin gildi um leit að kolvetni, rannsóknir og vinnslu og flutning þess eftir leiðslukerfi. Jafnframt gilda lögin um svokallaðar hafstöðvar sem skilgreindar eru í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er greint á milli leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis eins og fram kemur í greininni.

Nauðsyn leitar að kolvetni er mest á svæðum sem hafa ekki verið könnuð ítarlega og á það sérstaklega við um Ísland. Leit felur í sér það sem kalla mætti forkannanir (e. preliminary surveys), en markmið þeirra er að öðlast skilning á svæðisbundnum jarðfræðilegum aðstæðum, t.d. með jarðeðlisfræðilegum könnunum. Eins og að framan greinir í athugasemdum við I. kafla taka nú lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, til þess háttar kannana. Ef frumvarp þetta verður að lögum ganga reglur þess framar þeim ákvæðum laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn að því er varðar sérstaklega leit, rannsóknir og vinnslu kolvetna.

Með rannsóknum, eins og það hugtak er notað í III. kafla frumvarpsins, er átt við það þegar rannsakað er hvort olíu og/eða gas er að finna og ef svo er hvort vinna megi nægilegt magn til þess að nýting sé efnahagslega skynsamleg. Almennt eru jarðeðlisfræðilegar rannsóknir sem fram fara á þessu stigi mun ítarlegri, auk þess sem boraðar eru ein eða fleiri djúpar holur. Að jafnaði er rannsóknartímabil u.þ.b. fimm til tíu ár eða jafnvel lengra þegar ekki liggja fyrir miklar jarðfræðilegar upplýsingar.

Í 2. málsl. greinarinnar er kveðið á um landfræðilegt gildissvið laganna, en þau taka til landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunns. Eins og áður er rakið í athugasemdum við I. kafla tekur hið landfræðilega gildissvið frumvarpsins ávallt mið af þeim ákvæðum annarra laga sem skilgreina landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn Íslands, sbr. nú lög nr. 41/1979.

Utan gildissviðs frumvarpsins falla leit, rannsóknir og vinnsla á kolvatnsefnum sem finnast í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga, enda taka lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, til þeirrar starfsemi.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningu á nokkrum grundvallarhugtökum sem fyrir koma í frumvarpinu.

Í 1. mgr. er skilgreining á hugtakinu kolvetni. Miðað er við að um sé að ræða kolvetni sem finnst í jarðlögum undir hafsbotni, enda taka lögin einungis til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis á hafsbotni.

Í 2. mgr. er skilgreining á hugtakinu hafstöð. Miða verður við að hér sé m.a. um að ræða flutningstæki, svo sem bora, borpalla, vinnslu- og geymsluskip, íbúðarskip og annars konar skip á meðan þau eru ófæranleg og nýtt til kolvetnisstarfsemi. Þannig fellur utan ákvæðisins flutningur kolvetnis með skipi sem og mælingar rannsóknarskips á siglingu.

Í 3. mgr. er skilgreining á hugtakinu leit (e. prospecting). Rétt er að taka fram að þetta felur einnig í sér frekari úrvinnslu og túlkun gagna sem aflað er við leitina. Þá skal þess getið að leit getur einnig verið hluti af rannsóknum eins og hugtakið er skilgreint í lögunum. Meginmarkmiðið með leit er að afmarka þau svæði þar sem hagstætt getur talist að hefja ítarlegri leit á síðari stigum.

Í 4. mgr. er fjallað um hugtakið rannsóknir (e. exploration). Skv. 1. tölul. felur rannsókn í sér leit að kolvetni en hér er átt við þá ítarlegri leit sem fram fer á þeim svæðum sem afmörkuð hafa verið með leit skv. 3. mgr. þessarar greinar. Skv. 2. tölul. felur rannsókn í sér mat á stærð, legu og vinnslueiginleikum kolvetnisgeymis með borun leitarholna og borholumælingum. Hér er það sjálfur kolvetnisgeymirinn sem er kannaður, en þetta er miklu viðameiri framkvæmd en felst í leitinni.

Í 5. mgr. er ítarleg skilgreining á hugtakinu vinnsla (e. production). Hér er um að ræða vinnslustig sem tekur við af rannsóknum og felur í sér að kolvetni er leitt eða því dælt upp á yfirborðið.

Um II. kafla.

Kaflinn hefur að geyma ákvæði um eignarrétt íslenska ríkisins að kolvetni.

Um 3. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við gildandi rétt. Sjálfstæð þýðing hennar er því takmörkuð, en hún er sett til áréttingar gildandi lögum. Er hér annars vegar mælt fyrir um að íslenska ríkið sé eigandi kolvetnis skv. 1. gr. og hins vegar að einungis geti komið til leitar, rannsókna og vinnslu að fengnu leyfi iðnaðarráðherra. Fyrri málsliður er því í samræmi við 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Eins og áður er rakið segir þar að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki, en hugtakið auðlind samkvæmt lögunum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Þau lög taka því við þar sem lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sleppir, en samkvæmt þeim lögum eru auðlindir í sjávarbotni innan netlaga háðar einkaeignarrétti landeiganda.

Síðari málsliður greinarinnar er áréttíng á 2. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, sem mælir fyrir um það að enginn megi leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr. laganna, nema að fengnu

skriflegu leyfi iðnaðarráðherra. Þessa meginreglu, sem fram kemur í þessum fyrirmælum frumvarpsins, er einnig að finna í VI. kafla laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, sem hefur að geyma almenn fyrirmæli um það með hvaða hætti leyfi til vísindalegra rannsókna í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands verður veitt. Sérstaka þýðingu hefur ákvæði 2. mgr. 9. gr. þeirra laga sem mælir fyrir um það að hafna megi m.a. beiðni um rannsóknir innan efnahagslögsögunnar eða á landgrunninu ef hún: a) stendur í beinu sambandi við rannsókn eða hagnýtingu á lífrænum eða ólífrænum auðlindum, b) hefur í för með sér boranir á landgrunninu, notkun sprengiefna eða skaðlegra efna fyrir umhverfið eða c) leiðir til byggingar, starfrækslu eða notkunar mannvirkja.

Í III. og IV. kafla frumvarpsins eru nánari ákvæði um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þetta eru sérákvæði um leit, rannsóknir og nýtingu tiltekinna ólífrænna auðlinda hafsbotnsins, þ.e. kolvetnis, og ganga þau fyrir framangreindum ákvæðum laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, að svo miklu leyti sem ákvæði þessi kunna að stangast á.

Um III. kafla.

Kaflinn hefur að geyma reglur um kolvetnisleit o.fl.

Um 4. gr.

Samkvæmt 4. gr. veitir ráðherra leyfi til leitar að kolvetni með rannsóknir og vinnslu í huga. Þetta ákvæði er í samræmi við ákvæði laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, og laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, sem áður er getið, en þar er við það miðað að leyfisveitingar séu í höndum iðnaðarráðherra.

Markmiðið með því að veita leyfi til kolvetnisleitar er það að gefa fyrirtækjum, sem áhuga hafa á kolvetnisstarfsemi, kost á að gera forkannanir til þess að meta hvort grundvöllur sé fyrir því að hefja rannsóknastarfsemi. Auk þess er tilgangur kolvetnisleitar að afla upplýsinga um ástand tiltekinna svæða til þess að geta lagt mat á það hvort kolvetni sé að finna í vinnanlegum mæli.

Kolvetnisleit felur í sér rannsóknarvinnu í formi jarðfræðilegra, jarðeðlisfræðilegra og jarðefnafræðilegra rannsókna. Að jafnaði felur leyfi til leitar einungis í sér heimild til handa leyfishafa að framkvæma grunnar boranir, þ.e. með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotnsins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna, sbr. 3. mgr. 2. gr. Eftir atvikum geta slík leyfi þó einnig falið í sér rétt til dýpri borana í þeim tilgangi að afla upplýsinga um almenn skilyrði til myndunar og varðveislu kolvetnis.

Um 5. gr.

Hér kemur fram sú skylda sem hvílir á umsækjanda um leyfi til kolvetnisleitar að leggja fram upplýsingar um fyrirhugaðar rannsóknir. Eins og að framan er rakið hefur Ísland innan efnahagslögsögunnar lögsögu að því er varðar vísindalegar rannsóknir. Fram kemur í 10. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, að umsókn um leyfi til rannsókna í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands skuli fylgja nákvæmar upplýsingar um eðli og markmið rannsóknar og tiltekin önnur atriði varðandi rannsóknina. Er þetta áréttting á þeirri skyldu. Þá er rétt að minnast á að sams konar ákvæði er að finna í 16. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um 6. gr.

Við það er miðað í 1. mgr. að leyfi til kolvetnisleitar verði veitt til allt að þriggja ára í senn. Ráðherra er þó heimilt að kveða á um styttri leyfistíma enda verður að telja að í mörgum tilfellum sé nægilegt fyrir leyfishafa að fá styttri tíma til leitar.

Það er meginregla skv. 2. mgr. að leyfi til kolvetnisleitar felur ekki í sér forgangsrétt til handa leyfishafa til rannsókna eða vinnslu að lokinni leit. Slíkan rétt geta þeir aðilar einir öðlast sem fengið hafa rannsókna- og vinnsluleyfi skv. IV. kafla frumvarpsins. Helstu rökin fyrir þessu ákvæði eru þau að væri forgangsréttur tryggður þeim sem fá leyfi til kolvetnisleitar gæti það dregið úr áhuga olíufyrirtækja á að sækja um rannsókna- og vinnsluleyfi sem íslensk stjórnvöld kynnu síðar að auglýsa til umsóknar. Eins og greinir í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins felur leyfi til leitar að jafnaði einungis í sér heimild til handa leyfishafa til að framkvæma grunnar boranir, þ.e. með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotnins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna. Þó getur hugsast að svo ólíklegt sé að kolvetni finnist á ákveðnum svæðum að stjórnvöld semji svo um við aðila, sem fær leyfi til þess að leita að kolvetni, að hann njóti forgangsréttar þegar kemur að því að rannsaka og vinna kolvetni.

Í 3. mgr. er ráðherra tryggð heimild til þess að setja nánari reglur um veitingu leyfis til leitar að kolvetni. Í reglum þessum er m.a. gert ráð fyrir ákvæðum um greiðslu kostnaðar vegna mats á umsækjendum og veitingar leyfa, upplýsinga- og tilkynningaskyldu um framkvæmd og niðurstöður leitar, afhendingu gagna og þagnarskyldu. Ljóst þykir að nokkuð mikill kostnaður kann að hljótast af því að meta umsækjanda um leyfi. Þykir því rétt að stjórnvöld hafi heimild til þess að endurkrefja umsækjanda um þann kostnað sem hlýst af útgáfu leyfisins.

Um IV. kafla.

Hér er að finna ákvæði um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Fjallað er um leyfi og skilyrði leyfisveitingar, rannsóknir og vinnslu, leiðslukerfi og lokun hafstöðvar að lokinni rannsókn og vinnslu.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. felur í sér heimild ráðherra til að veita einkarétt til rannsókna og vinnslu á tilteknum svæðum. Eins og áður er rakið í almennum athugasemdum felst í þessu að fyrirtæki er veitt sérleyfi til þess að rannsaka og vinna kolvetni á tilteknum svæðum. Þessum einkarétti er svo hægt að skipta á milli fleiri umsækjenda samkvæmt nánara samkomulagi milli fyrirtækjanna og ráðherra. Þó er miðað við það að einn aðili beri ábyrgð á rekstrinum og starfseminni út á við gagnvart íslenska ríkinu. Þá er tekið fram að einungis megi veita slíkt leyfi aðilum sem að mati ráðherra hafa nægilega sérþekkingu og reynslu og fjárhagslegt bolmagn. Í þessu efni skal á það bent að í 5. gr. tilskipunar 94/22/EB er m.a. við það miðað að aðildarríkin geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að leyfi séu einungis veitt á grundvelli viðmiðana sem varða a) tæknilegt og fjárhagslegt bolmagn fyrirtækja og b) hvernig þau hyggjast standa að leit, rannsóknum og/eða vinnslu á svæðinu sem um ræðir.

Greinin gerir ráð fyrir því að rannsókna- og vinnsluleyfi skiptist í tvo hluta. Er annars vegar um að ræða réttinn til að rannsaka hvort kolvetni eru á tilteknum svæðum og hins vegar réttinn til þess að vinna kolvetni að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir rannsókn, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Helstu rökin fyrir því að veita sameiginlegt leyfi til rannsókna- og vinnslu kolvetna eru þau að ólíklegt má telja að olíufyrirtæki leggi í kostnaðarsamar rann-

sóknir, sem m.a. fela í sér djúpar rannsóknarborholur, nema þeim verði fyrir fram tryggður réttur til þess að framleiða og verða eigendur að því kolvetni sem er framleitt.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru reglur um það að auglýsa skuli eftir umsóknum um leyfi til rannsókna- og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum. Eins og að framan greinir í almennum athugasemdum er í 3. gr. tilskipunar 94/22/EB ákvæði um það hvernig auglýsa beri eftir umsóknum um rannsókna- og vinnsluleyfi.

Í 1. mgr. er við það miðað að tekið sé tillit til skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum eins og að framan greinir. Með orðalaginu „að jafnaði“ er tekið tillit til þess að vera kann að ráðherra veiti leyfi án þess að til sérstakrar auglýsingar komi eins og greinir í 4. mgr. þessarar greinar. Meginreglan er því sú að auglýst er eftir umsækjendum um leyfi til rannsókna- og vinnslu kolvetnis, en hugmyndin að baki þessari aðferð er sú að fá sem flest félög til þess að sækja um rannsókna- og vinnsluleyfi.

Samkvæmt 2. mgr. verður kveðið á um það í auglýsingu til hvaða svæða rannsókna- og vinnsluleyfi tekur. Við það er miðað að í auglýsingu verði gerð grein fyrir helstu skilmálum og skilyrðum fyrir veitingu leyfis. Einungis er unnt að geta skilmála almenns eðlis í auglýsingu. Ekki verður gengið frá endanlegum skilmálum leyfis fyrr en að loknum samningaviðræðum við þann sem fær rannsókna- og vinnsluleyfi á viðkomandi svæði.

Í 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til að hafna öllum umsóknum um leyfi sem borist hafa í kjölfar auglýsingar. Sambærilegt ákvæði er í 6. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB. Þar er þó sérstaklega áréttað að slík ákvörðun megi ekki fela í sér að fyrirtækjum sé mismunað.

Samkvæmt 4. mgr. er ráðherra heimilt, þrátt fyrir meginreglu 1. mgr., að veita leyfi án þess að auglýsa það þegar sérstaklega stendur á. Þannig er ráðherra heimilt að birta tilkynningu um að leyfi verði veitt öllum umsækjendum sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu leyfis án undangenginnar auglýsingar (e. open door policy). Eru þá leyfi veitt eftir því sem þau berast. Þegar svo stendur á þurfa umsækjendur ekki að bíða þess að tilkynnt verði um að leyfi verið veitt. Þetta gæti t.d. verið skynsamlegt þegar um er að ræða svæði þar sem ekki er talið líklegt að kolvetni finnist í vinnanlegu magni. Í þessu sambandi skal þess einnig getið að skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB mega aðildarríki veita leyfi án auglýsingar ef svæðið sem leitað er leyfis fyrir: a) er aðgengilegt til langs tíma; eða b) hefur áður sætt málsmeðferð þar sem auglýst hefur verið en hefur ekki leitt til þess að leyfi hafi verið veitt; eða c) hefur verið gefið eftir af fyrirtæki og fellur ekki sjálfkrafa undir a-lið. Þá þarf ekki að auglýsa eftir umsóknum um leyfi ef landfræðilegar ástæður eða framleiðsluástæður réttlæta veitingu leyfis fyrir svæði til leyfishafa aðlægs svæðis, en ákvæðið tryggir að leyfishafar annarra aðlægra svæða geti lagt inn umsóknir í þessum tilvikum innan hæfilegs tíma. Regla þessi er efnislega sambærileg 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB (e. neighbouring block policy).

Í 5. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að krefjast greiðslu kostnaðar vegna mats á umsækjendum og veitingar leyfa. Eins og rakið er í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins þykir ljóst að nokkuð mikill kostnaður kann að hljótast af því að meta umsækjendur. Sömu rök búa að baki heimild þessa ákvæðis um heimild stjórnvalda til þess að endurkrefja umsækjanda um kostnað sem hlýst af útgáfu leyfis til rannsókna og vinnslu kolvetnis.

Um 9. gr.

Þessi grein er sambærileg 5. gr. frumvarpsins. Um skýringar á ákvæðinu vísast til athugasemda sem fram koma í skýringum við þá grein.

Um 10. gr.

Samkvæmt 7. gr. fær leyfishafi einkarétt til að rannsaka og vinna kolvetni á tilteknu svæði. Eins og vikið er að í athugasemdum við þá grein er nauðsynlegt að veita sameiginlegt rannsókna- og vinnsluleyfi til þess að olíufyrirtæki leggi til það fé sem nauðsynlegt er til þess að rannsaka kolvetni á ákveðnum svæðum. Það skal hins vegar áréttað að rétturinn til þess að vinna kolvetni er að sjálfsögðu bundinn því skilyrði að það finnist í vinnanlegu magni á rannsóknartímanum. Við það er miðað að leyfið skiptist í tvo hluta skv. 1. og 2. mgr. Samkvæmt fyrri hluta leyfisins hefur leyfishafi heimild til þess að rannsaka kolvetni, en samkvæmt síðari hluta leyfisins hefur hann heimild til vinnslu kolvetnis. Síðari hluti leyfisins verður einungis virkur ef kolvetni finnst í vinnanlegu magni á því tímabili sem fyrri hluti leyfisins tekur til.

Í 1. mgr. er fjallað um fyrri hluta rannsókna- og vinnsluleyfis, þ.e. rannsóknirnar. Fram kemur að leyfi til rannsókna skuli veitt til allt að 12 ára og er heimilt að framlengja það um tvö ár í senn en þó ekki lengur en til 16 ára. Ætla má að ekki verði algengt að leyfi verði veitt til rannsókna til 12 ára í upphafi, en þó verður að hafa í huga að aðstæður til olíuleitar geta verið erfiðar hér við land vegna veðurfars. Framlenging á leyfi kemur til greina þegar sérstaklega stendur á, t.d. ef leyfishafi sýnir með fullnægjandi hætti fram á að ókleift hafi verið að rannsaka til hlítar hvort kolvetni sé í vinnanlegu magni á því svæði sem leyfið tekur til.

Í 2. mgr. er kveðið á um síðari hluta rannsókna- og vinnsluleyfis, þ.e. vinnslu kolvetnis. Eins og áður er rakið á leyfishafi forgangsrétt til vinnslu kolvetnis að loknu rannsóknartímabilinu. Sá forgangsréttur er þó undir því kominn að leyfishafi hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett eru fyrir rannsóknum skv. 1. mgr. þessarar greinar. Eins og fram kemur í greininni er þó ekki heimilt að veita vinnsluleyfi til lengri tíma en 30 ára.

Samkvæmt 3. mgr. verður að miða við það að rétturinn til vinnslu kolvetnis nái a.m.k. til þess svæðis sem leyfishafi hefur rannsakað og hyggst hefja vinnslu á kolvetni. Í nágrannalöndunum hefur þó tíðkast að leyfishafa sé veittur réttur til þess að vinna kolvetni á stærra svæði en rannsóknarleyfið tók til. Þetta fer þó eftir orðalagi rannsókna- og vinnsluleyfisins. Það er þó lagt í vald ráðherra að leggja endanlegt mat á það hvort svæði sem leyfishafi hyggst hefja vinnslu kolvetnis á sé hagkvæmur kostur.

Um 11. gr.

Hér eru tilgreind þau efnisatriði sem ávallt þarf að taka afstöðu til í rannsókna- og vinnsluleyfi. Upptalningin er ekki tæmandi heldur tekur hún mið af helstu almennum atriðum sem ávallt þurfa að vera til staðar í slíku leyfi. Að öðru leyti verður að meta það í hverju tilviki fyrir sig hvað eigi að koma fram í rannsókna- og vinnsluleyfi.

Um 12. gr.

Markmið 1. málsl. ákvæðisins er að tryggja að áður en leyfi lýkur, án tillits til þess hvaða ástæður liggja því til grundvallar, sé endanlega gengið frá fjárhagslegum skuldbindingum leyfishafa, t.d. vegna greiðslu gjalda og skaðabóta vegna tjóns sem leyfishafi kann að vera ábyrgur fyrir.

Í 2. málsl. er svo mælt fyrir að sé starfsskyldum eða annars konar skyldum leyfishafa áfátt sé ráðherra heimilt að krefjast þess af leyfishafa að hann greiði þann kostnað, að hluta eða að fullu, sem þarf til að inna þá skyldu af hendi. Hafi stjórnvöld afturkallað leyfi er ástæðan oft sú að leyfishafi hefur vanrækt þær skyldur sem á hann hafa verið lagðar. Við þessar aðstæður kann því að reynast erfitt að fá leyfishafa til þess að fullnægja þeim skyldum sem

stjórnvöld telja nauðsynlegar. Þykir því hagkvæmast að stjórnvöld geti innt þessar skyldur af hendi og krafið leyfishafa um þann kostnað sem af þessu hefur hlotist.

Um 13. gr.

Í greininni segir að við rannsóknir og vinnslu skuli gæta fyllsta öryggis og þess að framkvæmdir séu í samræmi við góða alþjóðlega venju við svipaðar aðstæður. Rétt þykir að leggja sérstaka áherslu á að gæta skuli fyllsta öryggis við rannsóknir og vinnslu. Þá er miðað við að framkvæmdirnar samrýmist góðum alþjóðlegum venjum. Ástæðan er sú að við mat á því hvað telst fyllsta öryggi verður að miða við þau sjónarmið sem almennt eru lögð til grundvallar í olíuiðnaðinum varðandi öryggismálefni, tæknileg atriði o.fl.

Greinin leggur jafnframt þá skyldu á leyfishafa að hann stofni ekki til ónauðsynlegrar hættu eða leggi tálmanir á flutninga, flug, fiskveiðar eða aðra starfsemi. Meginmarkmiðið með þessu er að koma í veg fyrir að fiskveiðum verði raskað. Leggja verður sjálfstætt mat á það í hverju tilviki hvort líta megi svo á að starfsemi tálmi flutningum, flugi, fiskveiðum eða annarri starfsemi.

Ákvæðið felur í sér meginreglu og er fyrst og fremst beint að leyfishafa og eftir atvikum öðrum samningsaðilum. Ráðherra verður því ávallt að hafa í huga þau sjónarmið sem lögð eru til grundvallar í ákvæðinu þegar leyfi er veitt samkvæmt reglum frumvarpsins. Hér má nefna að þegar ráðherra tekur ákvörðun um hvort samþykkja skuli framkvæmda- og vinnsluáætlun, sbr. 2. mgr. 15. gr., verður hann að líta til fyrirmæla þessarar greinar.

Um 14. gr.

Boranir eru í eðli sínu hættulegar og geta stofnað öryggi manna í hættu og valdið tjóni á búnaði og mengun sjávar. Þykir því rétt að áskilja samþykki ráðherra fyrir hverri einstakri borun sem er framkvæmd.

Um 15. gr.

Einungis kemur til beitingar þessa ákvæðis ef leyfishafi hefur fundið nýtanlegar kolvetnisauðlindir og hyggst hefja vinnslu.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu leyfishafa til þess að leita samþykkis ráðherra áður en bygging hafstöðvar og vinnsla kolvetnis hefst. Þegar metið er hvort samþykkja skuli byggingu hafstöðvar skal taka tillit til þess hvort búnaður og starfshættir hæfi aðstæðum. Þá verður einnig að taka tillit til þeirra atriða sem kveðið er á um í 13. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu leyfishafa til þess að leggja fram framkvæmda- og vinnsluáætlun varðandi þær kolvetnisauðlindir sem leyfishafi hyggst hefja vinnslu á, en áætlunin er háð samþykki ráðherra. Ekki er sérstaklega vikið að því hvað eigi að koma fram í framkvæmda- og vinnsluáætlun heldur ræðst það af aðstæðum hverju sinni.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði sem sett er til öryggis þegar ný vitneskja fæst um kolvetnisauðlindir sem leiðir til þess að breyta verður um framkvæmda- og vinnsluáætlun til að koma í veg fyrir varanlegt tjón á kolvetnisauðlindinni.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um lokun hafstöðvar. Með lokun er átt við stöðvun á starfrækslu hafstöðvar, þ.m.t. stöðvun á viðhaldi, brottflutning hennar og niðurrif hennar í heild eða að hluta og hreinsun vinnslusvæðisins að niðurrifi loknu. Lokun getur einnig falið í sér áframhaldandi starfrækslu hafstöðvar samkvæmt nýju leyfi eða að hafin sé annars konar starfsemi í stöðinni. Markmiðið með greininni er að tryggja að leyfishafi hugi að lokun hafstöðvar þegar í upphafi

er hann leggur fram framkvæmda- og vinnsluáætlun. Þessu til stuðnings má nefna að fyrirmæli eru um það í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (IMO) frá 19. október 1989 að hafstöðvar eigi að vera hannaðar og byggðar með hliðsjón af niðurrifi á síðari stigum.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um leiðslukerfi til vinnslu og flutnings kolvetnis en gera má ráð fyrir að kolvetni verði flutt með þessum hætti af vinnslusvæðum. Almennt er talið að leiðslukerfi séu öruggur kostur í umhverfislegu tilliti miðað við að dæla kolvetni í olíuskip.

Í 1. málsl. 1. mgr. er kveðið á um það að leyfi ráðherra þurfi til byggingar og rekstrar leiðslukerfa til vinnslu og flutnings kolvetnis. Eðlilegt þykir að leyfi ráðherra þurfi fyrir þessum framkvæmdum þar sem þær geta raskað annars konar starfsemi, t.d. togveiðum eða lagningu sæstrengja. Á það skal bent að leiðslukerfi eru hafstöðvar í skilningi 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Skv. 2. málsl. 1. mgr. skal í leyfinu m.a. setja skilyrði um skipulag leiðslubúnaðarins, þar á meðal legu og stærð lagna, eignarhald á kerfinu, afnot annarra af því, greiðslur fyrir afnotin og greiðslur til ríkisins. Telja verður nauðsynlegt að sett verði skilyrði fyrir skipulagi leiðslubúnaðarins vegna þeirra ástæðna sem að framan eru raktar.

Ákvæði 2. mgr. undanþiggur staðbundinn leiðslubúnað sem er hluti hafstöðvar og notaður er til vinnslu úr einstakri kolvetnisauðlind. Hafstöðvum fylgir leiðslubúnaður sem nauðsynlegur er fyrir starfsemina en er ekki ætlaður til flutnings kolvetna af vinnslusvæðum til lands. Þykir því nauðsynlegt að undanskilja þennan búnað þeirri reglu 1. mgr. að leyfi ráðherra þurfi sérstaklega fyrir þessum leiðslubúnaði, enda verður tekið á þessu atriði í leyfi fyrir hafstöð.

Ákvæði 3. mgr. varðar þá stöðu þegar leiðslubúnaður leyfishafa nær til landsvæðis eða landgrunns annars ríkis og samstarfssamningur um byggingu og starfrækslu leiðslukerfisins er milli þess ríkis og íslenska ríkisins. Hér getur ráðherra lagt þá skyldu á leyfishafa íslenska hluta leiðslubúnaðarins að taka þátt í samstarfinu og sett nánari skilyrði um þátttökuna. Það eru fyrst og fremst hagkvæmnisrök sem búa að baki þessari reglu.

Um 18. gr.

Í greininni kemur fram að bygging og starfræksla leiðslubúnaðar á vegum annars ríkis til flutnings á kolvetni milli landa um landgrunn Íslands sé háð leyfi iðnaðarráðherra. Erfitt er að ímynda sér að til beitingar reglunnar geti komið á næstu árum. Engu að síður þykir rétt að kveða sérstaklega á um þetta atriði, en reglan á sér fyrirmynd í 79. gr. hafréttarsáttmálans. Þar kemur fram í 1. mgr. 79. gr. að öll ríki hafi rétt til þess að leggja rör og leiðslur á landgrunninu. Þessi réttur takmarkast þó af hagsmunum strandríkisins, sbr. einkum 2.–5. mgr. 79. gr. sáttmálans. Þannig hefur strandríkið rétt til þess að gera sanngjarnar ráðstafanir vegna rannsókna á landgrunninu, hagnýtingar náttúruauðlinda þess, eftirlits og varna gegn mengun úr leiðslum. Afmörkun leiðar til að leggja þessar leiðslur á landgrunninu er háð samþykki strandríkisins. Þá hefur strandríki lögsögu yfir leiðslum sem notaðar eru við rannsóknir eða nýtingu auðlinda landgrunns þess og við rekstur mannvirkja sem eru undir lögsögu þess. Loks kemur fram að ríki skuli jafnan taka tilhlýðilegt tillit til leiðslna sem þegar hafa verið lagðar þegar lagðar eru nýjar leiðslur á landgrunni strandríkis.

Um 19. gr.

Ákvæði 1. mgr. er ætlað að tryggja að kolvetnisauðlindir sem ná inn á svæði sem tveir eða fleiri leyfishafar hafa vinnsluleyfi á verði nýttar eins og um eitt svæði væri að ræða. Telja verður að samvinna sem þessi sé til þess fallin að lækka byggingar- og vinnslukostnað.

Almennt má gera ráð fyrir því að samstarfssamningar um rannsóknir og vinnslu séu mjög ítarlegir og hafi að geyma reglur um skiptingu kolvetnis milli aðila. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að slíkir samningar hafi hlotið samþykki ráðherra enda verður að telja nauðsynlegt að samningar sem þessir stangist ekki á við opinbera hagsmuni. Þá er ráðherra heimilt að kveða á um innihald samstarfssamnings ef aðilar komast ekki sjálfir að samkomulagi innan hæfilegs tíma. Veita verður aðilum sanngjarnt svigrúm til þess að komast sjálfir að samkomulagi um samstarfssamning. Það fer eftir eðli máls hverju sinni hvað er hæfilegur tími, en hér verður að miða við hagsmuni allra þeirra sem koma að máli, þ.e. hagsmuni aðilanna og hins opinbera. Hér verður að líta til þess að samkomulag verður að nást nægilega fljótt svo að hanna megi framleiðslutæki með tilliti til þess að samhæfa kolvetnisvinnsluna.

Ákvæði 2. mgr. tekur til þess tilviks þegar kolvetnisauðlind nær yfir í landgrunn annars ríkis og samstarfssamningur milli þess ríkis og íslenska ríkisins hefur verið gerður. Þegar svo háttar til krefst þessi staða einnig samhæfingar á rannsóknum og vinnslu kolvetnisauðlindarinnar svo að nýta megi hana með hagkvæmum hætti. Þykir rétt að ráðherra sé hér einnig veitt heimild til þess að samhæfa nýtingu auðlindarinnar og setja leyfishafa nánari skilyrði fyrir þátttöku.

Um 20. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að krefjast þess að tvær eða fleiri kolvetnisauðlindir verði samnýttar af hagkvæmnisástæðum eða öðrum ástæðum. Þetta ákvæði er til fyllingar reglu 19. gr. sem kveður á um skiptingu kolvetnisauðlindar af landfræðilegum ástæðum.

Samkvæmt 2. mgr. getur ráðherra skyldað leyfishafa til að veita öðrum leyfishöfum aðgang að búnaði í því skyni að samnýta kolvetnisauðlindir. Verður að sjálfsögðu að miða við að þessi ráðstöfun valdi leyfishafa ekki verulegum óþægindum eða raski.

Um 21. gr.

Frumvarpsgreinin felur fyrst og fremst í sér áréttingu á þeirri lagaskyldu sem felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þannig er ljóst að leyfi eða samþykki iðnaðarráðherra fyrir starfsemi samkvæmt lögunum er ávallt háð því að fram hafi farið mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þar að lútandi þegar við á.

Um V. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir við kolvetnisstarfsemi. Er í 22. gr. kveðið á um að gæta skuli fyllsta öryggis við kolvetnisstarfsemi, öryggis á vinnustað og að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón eða draga úr afleiðingum þess. Þá kveður 23. gr. á um sérstök öryggissvæði umhverfis hafstöðvar.

Um 22. gr.

Í greininni er almennt kveðið á um skyldur leyfishafa í tengslum við vinnuumhverfi og öryggisráðstafanir. Miða verður við að vinnuumhverfi þar sem kolvetnisstarfsemi fer fram taki ávallt mið af gildandi lögum.

Í 1. mgr. segir að við kolvetnisstarfsemi skuli gæta fyllsta öryggis. Þá skuli þess gætt að starfsemin uppfylli þær kröfur sem almennt eru gerðar til kolvetnisstarfsemi á hverjum tíma, m.a. hvað varðar tæknibúnað og vinnuferli.

Samkvæmt 2. mgr. skulu leyfishafi og aðrir þeir sem taka þátt í kolvetnisstarfsemi stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöð og að virkt eftirlit sé með því að

vinnuumhverfi þar fullnægi gildandi lögum. Þannig er í þessari grein vísað til gildandi laga um efnið á hverjum tíma, sbr. nú lög um hollustuhætti og mengunareftirlit og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í fyrrgreindu lögunum er m.a. að því vikið í 2. gr. að lögin taki til hvers konar starfsemi og framkvæmda í efnahagslögsögunni.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að leyfishafi geri nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja eða draga úr afleiðingum tjóns, þar á meðal ráðstafanir sem miða að því að færa umhverfið í sitt fyrra horf.

Loks kemur fram í 3. mgr. heimild til handa iðnaðarráðherra til að setja nánari reglur um hafstöðvar. Hér má nefna reglur sem settar eru til þess að tryggja öruggt og heilsusamlegt umhverfi við kolvetnisstarfsemi. Ástæða þykir til að hafa heimild til handa ráðherra til að setja sérreglur um vinnuaðstöðu á hafstöðvum þar sem gerðar eru strangari kröfur en almennt gilda um vinnuaðstöðu samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Um 23. gr.

Í 23. gr. koma fram reglur um sérstök öryggisbelti umhverfis hafstöðvar. Ákvæðið veitir iðnaðarráðherra heimild til þess að setja nánari reglur um þessi svæði í samræmi við alþjóðlegar venjur. Enn fremur getur ráðherra sett nánari reglur um takmarkanir á rétti skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað.

Almennt er talið nauðsynlegt að setja sérstök öryggisbelti umhverfis mannvirki og útbúnað sem notaður er til kolvetnisvinnslu vegna slysa- og mengunarhættu. Strandríkjum er heimilt að þjóðarétti að koma á fót sérstökum öryggisbeltum umhverfis tilbúnar eyjar, útbúnað og mannvirki. Þannig kemur fram í 4. mgr. 60. gr. hafréttarsáttmálans að í sérefnahagslögsögunni geti strandríki ef nauðsyn krefur ákveðið hæfilega stór öryggisbelti umhverfis þessar tilbúnu eyjar, útbúnað og mannvirki þar sem það getur gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi siglinga, útbúnaðarins og mannvirkjanna. Þá segir í 80. gr. sáttmálans að 60. gr. gildi um þessi mannvirki og útbúnað að breyttu breytanda á landgrunninu. Ekki er vafa undirorpið að hafstöðvar í skilningi hugtaksins í frumvarpi þessu falla undir tilvitnuð ákvæði hafréttarsáttmálans.

Í 5. mgr. 60. gr. hafréttarsáttmálans segir að strandríki skuli ákveða víðáttu öryggisbeltanna með hliðsjón af viðeigandi alþjóðareglum og skuli þau ekki ná lengra út en 500 metra þar í kring nema annað sé heimilað í almennt viðurkenndum alþjóðareglum eða felist í tillögu þar til bærrar alþjóðastofnunar. Í ljósi þess að víðátta öryggisbeltisins kann að taka breytingum samkvæmt alþjóðalögum er eðlilegt að ráðherra setji á hverjum tíma nánari reglur um beltið.

Í lokamálslið 23. gr. kemur fram sú regla að ráðherra geti sett reglur sem takmarka rétt skipa til að festa akkeri og stunda veiðar í nágrenni við leiðslubúnað. Hér er gengið skemur en í fyrri hluta ákvæðisins þar sem í þjóðaétti er almennt litið svo á að strandríki hafi ekki eins ríkar heimildir til þess að koma á fót öryggisbeltum í nágrenni við leiðslubúnað. Hins vegar verður að líta svo á að heimilt sé að setja reglur af öryggisástæðum.

Um VI. kafla.

Hér eru fyrirmæli um eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga o.fl. Hér er miðað við að Orkustofnun hafi stjórnsýsluverkefnum að gegna við framkvæmd laganna. Ákvæði þessi eiga sér að nokkru fyrirmynd í IX. kafla laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að Orkustofnun verði fengið það hlutverk að hafa eftirlit með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum samkvæmt þeim leyfum sem iðnaðarráðherra veitir.

Í 2. mgr. er heimild til að krefjast greiðslu kostnaðar vegna eftirlits með leitar-, rannsókna- og vinnslusvæðum kolvetnis þar sem leyfi hefur verið veitt. Ljóst má vera að þetta eftirlit Orkustofnunar getur falið í sér verulega útgjaldaaukningu. Til þess að mæta þessum kostnaði er sett heimild til handa ráðherra til að krefja leyfishafa um þann aukna kostnað sem leiðir af eftirliti þessu, sbr. 14. tölul. 11. gr.

Um 25. gr.

Rétt þykir að Orkustofnun viði að sér þekkingu og gögnum sem verða til um landgrunnið við kolvetnisstarfsemi. Telja verður að það sé lykilatriði við skynsamlega stjórnun kolvetnisstarfsemi að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir þessa starfsemi.

Um 26. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um upplýsingaskyldu handhafa leitar-, rannsókna- eða vinnsluleyfis. Er gert ráð fyrir almennri upplýsingaskyldu leyfishafa gagnvart Orkustofnun. Telja má eðlilegt að upplýsingar þessar verði sendar stofnuninni eigi sjaldnar en árlega. Þá er kveðið á um heimild Orkustofnunar til þess að óska eftir gögnum og sýnum af efnum. Þessi frumvarpsgrein tengist því hlutverki Orkustofnunar að viða að sér upplýsingum sem til verða við kolvetnisstarfsemi og nýst gætu stjórnsvöldum við skynsamlega stjórnun hennar.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru eignarnáms- og bótaákvæði. Í 27. gr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra. Þá er í 28. gr. að finna ákvæði um skaðabótaábyrgð vegna kolvetnisstarfsemi. Í 29. gr. er mælt fyrir um að réttur tjónþola til skaðabóta samkvæmt almennum reglum sé að engu leyti takmarkaður.

Um 27. gr.

Í ákvæði þessu kemur fram að iðnaðarráðherra sé heimilt að taka eignarnámi fasteignir til þess að kolvetnisstarfsemi geti farið fram. Bætur til handa eignarnámsþola verða ákveðnar með eignarnámsmati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 28. gr.

Þessi grein fjallar um skaðabótaábyrgð leyfishafa á tjóni sem rekja má til kolvetnisstarfsemi. Í greininni er aðeins fjallað um skilyrði fyrir skaðabótum, en um ákvörðun bótafjárhæðar fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

Í 1. mgr. kemur fram meginregla um skaðabótaábyrgð leyfishafa á tjóni sem rekja má til kolvetnisstarfsemi og er þar um hlutlæga reglu að ræða. Þannig þarf sá sem verður fyrir tjóni sem stafar að kolvetnisstarfsemi ekki að sanna að tjónið sé afleiðing saknæmrar háttsemi, en tjónþoli verður að sjálfsögðu að sýna fram á að almenn skilyrði hlutlægrar ábyrgðar séu fyrir hendi. Séu þessi skilyrði skaðabótaábyrgðar uppfyllt getur tjónþoli krafið leyfishafa um bætur, enda ber leyfishafi ábyrgðina út á við gagnvart tjónþola. Þannig skiptir t.d. ekki máli þótt verktaki sem starfar á vegum leyfishafa hafi valdið tjóninu. Leyfishafi getur aftur átt kröfu á hendur verktaka samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Helstu rökin sem búa

að baki reglunni um hlutlæga ábyrgð eru þau að um er að ræða starfsemi sem almennt má telja hættulega.

Meginregla 1. mgr. sætir sérstökum takmörkunum sem fram koma í 2. og 3. mgr. varðandi eigin sök tjónþola og óviðráðanleg atvik (vis major). Í 2. mgr. kemur fram að skaðabótaskylda falli niður ef sannað er að tjónþoli hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Í 3. mgr. er ákvæði um að lækka megi eða fella niður bætur ef umhverfistjón má rekja til óviðráðanlegra atvika sem leyfishafa verður ekki kennt um, t.d. náttúruhamfara. Sambærileg ákvæði tíðkast í löggjöf nágrannaríkjanna um sama efni og byggist á því að skaðabótagreiðslur vegna tjóns sem verður af kolvetnisstarfsemi geta verið verulega háar. Í þessu sambandi má einnig minnast á alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 14/1979. Þar er gert ráð fyrir að óviðráðanleg atvik eins og t.d. styrjöld eða náttúruhamfarir leysi rekstraraðila undan ábyrgð.

Um 29. gr.

Rétt þykir að árétta að ákvæði 28. gr. takmarkar að engu leyti rétt til skaðabóta sem tjónþoli kann að eiga samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Um VIII. kafla.

Svo sem heiti kaflans ber með sér geymir hann ákvæði af ýmsum toga, þ.m.t. refsi- og viðurlagaákvæði. Í 31. gr. er meginregla um bann við framsali á leyfi samkvæmt lögunum. Þá er í 32. gr. reglugerðarheimild til handa iðnaðarráðherra. Í 33. gr. eru refsiákvæði. Loks er gildistökuákvæði í 34. gr.

Um 30. gr.

Óeðlilegt þykir að leyfi sem hér eru til umfjöllunar geti gengið kaupum og sölum eða að þau sé hægt að setja til tryggingar fjárskuldbindingum. Tilgangurinn með því að áskilja leyfi ráðherra til þess að framselja leyfi er sá að fyrirtæki sem fær leyfið framselt fullnægi þeim skilyrðum sett eru að öðru leyti fyrir veitingu leyfis í frumvarpinu. Þetta ákvæði tekur ekki einungis til beins framsals á leyfi heldur einnig til framsals með óbeinum hætti, t.d. breytinga á eignarhaldi fyrirtækis sem fengið hefur leyfi til leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Í 1. málsl. kemur fram að brot gegn ákvæðum frumvarpsins varði sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Þá er heimild í 2. málsl. til að dæma jafnt lögaðila sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á ákvæðum frumvarpsins. Ákvæði 3. málsl. felur í sér hlutræna refsiábyrgð lögaðila þar sem það á við. Rökin fyrir þessum reglum eru einkum þau að ekki þykir eðlilegt að lögaðili sleppi þótt hinn brotlegi finnist ekki. Ýmis dæmi eru um ákvæði um refsiábyrgð án persónulegrar sakar í íslenskum rétti, en sem dæmi má nefna 35. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og 28. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Með frumvarpinu er settur rammi um leit, rannsóknir og vinnslu á kolvetni auk flutnings þess í landhelgi, efnahagslögsögu og á landgrunni Íslands. Einnig er kveðið á um eign íslenska ríkisins á kolvetni.

Gera má ráð fyrir einhverjum kostnaði iðnaðarráðuneytisins við leyfisveitingar til leitar að kolvetni og við mat á umsækjendum sbr. 6. og 7. gr. frumvarpsins. Í 8. gr. er kveðið á um heimild ráðuneytisins til að krefjast greiðslu kostnaðar vegna slíkra leyfisveitinga. Þá má gera ráð fyrir nokkrum kostnaði Orkustofnunar við eftirlit með leit og vinnslu kolvetnis og vegna öflunar sérþekkingar á því sviði. Í frumvarpinu er í 24. gr. gert ráð fyrir að heimilt verði að krefjast greiðslu kostnaðar vegna eftirlitsins. Í fjárlögum fyrir árið 2000 undir liðnum ýmis orkumál hefur verið gert ráð fyrir 2 m.kr. fyrir landgrunnsrannsóknir. Áætlað er að sá kostnaður auk notendagjalda komi til með að standa undir kostnaði við eftirlit, sérfræðiþekkingu og stjórnsýslu málaflokksins.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs verði það að lögum þar sem gert er ráð fyrir að auknum kostnaði iðnaðarráðuneytisins og Orkustofnunar verði mætt með þjónustugjöldum.

1403. Fyrirspurn [654. mál]

til samgönguráðherra um stærð fiskiskipaflotans.

Frá Einar Oddi Kristjánssyni.

1. Hver var heildarstærð fiskiskipaflotans árin 1980, 1985, 1990, 1995 og 1999, botnfiskveiðiflotans annars vegar og loðnuflotans (uppsjávarveiðiflotans) hins vegar?
2. Hvert var heildarvélarafl sama flota á fyrrgreindum árum?

1404. Fyrirspurn [655. mál]

til sjávarútvegsráðherra um heildarafla fiskiskipaflotans.

Frá Einar Oddi Kristjánssyni.

1. Hver var heildarbotnfiskafli fiskiskipaflotans annars vegar og loðnu- og síldarafli hins vegar árin 1980, 1985, 1990, 1995 og 1999?
2. Hver var heildarafli flotans á fjarlægum miðum sömu ár?

1405. Lög [210. mál]

um starfsréttindi tannsmiða.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1107.

1406. Frumvarp til laga [488. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

1. Við bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:

   Samruni samkvæmt lögum þessum telst hafa átt sér stað þegar:

   a. tvö eða fleiri fyrirtæki, sem áður störfuðu sjálfstætt, sameinast,
   b. fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,
8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi að Hraunborg.
8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi að Gautlöndum.
8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi að Grænavatni.
8720 Vogavegur: Af Hringvegi að Vogum.
8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi að Grímsstöðum IIb.
8735 Neslandavegur: Af Mývatnsvegi að Ytri-Neslöndum
8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi að Keldunesi.
8760 Nýhafnarvegur: Af Norðausturvegi að Reistarnesi.
8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi að Gunnarsstöðum.
8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi að Hallgilsstöðum.
8984 Hvammsvegur: Af Norðausturvegi að Hvammi.

Austurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Víðidal og Langadal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellna-

hrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.

85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal á Hringveg við Gestreiðarstaðaaxlir.

91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að verslunarhúsi.

92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð að Skólavegi á Neskaupstað.

93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði að ferjubryggju á Seyðisfirði.

94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkageröi.

96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Hringveg við Breiðdalsvík.

97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli um Breiðdalsvík á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.

98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi að höfn á Djúpavogi.

99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn að bryggju í Álaugarey.

912 Bakkafjarðarhöfn: Af Hafnarvegi innan Hafnarár að Bakkafjarðarhöfn.

913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Hámundarstöðum I.

914 Skógavegur: Af Norðausturvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá á Vesturárdalsveg innan Skógalóns.

915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.

916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.

917 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.

918 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni að höfn.

919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.

923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Aðalbóli.

924 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Hringveg í Dimmadal.

925 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Hringveg hjá Urriðavatni.

926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litlabakka að Galtastöðum ytri.

927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.

929 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni að Hafrafelli.

931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.

932 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum að býlunum.

934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.

935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Klúku.

937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Hringveg sunnan Jóku.

938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Hringveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Hjarðarhvoli.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum að mótum vegar að Ormsstöðum.
949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi að Þrándarstöðum.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu um Vestdalseyri að Sunnuholti.
952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri að Flísarhúsalæk.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði að höfn.
960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi um Hafnarbraut að höfn.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Hringveg hjá Ósi.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Hringvegi hjá Laxá að flugvelli.
983 Miðfellsvegur: Af Hoffellsvegi að Miðfelli.
984 Hoffellsvegur: Af Hringvegi vestan Hoffellsárbrúar, að vegamótum við Birkifell.
986 Rauðabergsvegur: Af Hringvegi austan Djúpár, að vegamótum að Rauðabergi II.
9120 Torfastaðavegur: Af Skógavegi nálægt Torfastöðum að Torfastöðum II.
9130 Ytrihlíðarvegur: Af Vesturárdalsvegi að Ytrihlíð I.
9160 Refstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi að Refstað I.
9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi að Akri.
9225 Hnefilsdalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri að Mælivöllum II.
9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hróarstunguvegi að Hallfreðarstöðum II.
9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi að Þorvaldsstöðum.
9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi að Finnsstöðum II.
9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi að Borg.
9727 Þinganesvegur: Af Hringvegi að Sauðanesvegi.
9739 Dilksnesvegur: Af Hafnarvegi að Framnesi.
9743 Hafnarnesvegur: Af Hafnarvegi að Hafnarnesi.
9746 Ártúnsvegur: Af Hringvegi að Hólum II.
9775 Bjarnanesvegur: Af Hringvegi að Miðskeri.
9787 Lindarbakkavegur: Af Hringvegi að Stórulág.
9842 Borgarhafnarvegur: Af Hringvegi að Lækjarhúsum I.

9853 Kálfafellsstaðarvegur: Af Hringvegi að Jaðri.
9860 Halavegur: Af Hringvegi að Hala II.
9870 Hnappavallavegur: Af Hringvegi að Hnappavöllum I.
9882 Hofsvegur: Af Hringvegi að Hofi I.
9887 Hofskotsvegur: Af Hofsvegi að Hofi II.
9892 Svínafellsvegur: Af Hringvegi að Suðurbæ.

3.2. Flokkun stofn- og tengivega skv. 3.1 í undirflokka.

3.2.1. Stofnvegir.

1 Hringvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur.
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri – Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Hringvegur – Bræðratunguvegur og
Laugarvatnsvegur – Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
359 Bræðratunguvegur.
365 Gjábakkavegur.
376 Breiðamörk:
Hringvegur – Skólamörk.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur.
Reykjanesbraut – Vatnsskarð og
Ísólfsskálavegur – Þorlákshafnarvegur.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut – Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut – Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Hvalfjarðarvegur.
49 Nesbraut.
409 Fossvogsbraut.

410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
413 Breiðholtsbraut.
414 Flugvallarvegur Reykjavík.
415 Álftanesvegur:
Reykjanesbraut – Túngata.
418 Bústaðavegur.
419 Höfðabakki.
421 Vogavegur.
423 Miðnesheiðarvegur.
424 Keflavíkurvegur.
427 Ísólfsskálavegur.
429 Sandgerðisvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur – Hringvegur.
432 Hallsvegur.
450 Sundabraut.
452 Faxagata.
453 Sundagarðar.
454 Holtagarðar.
470 Fjarðarbraut.
50 Borgarfjarðarbraut:
Uxahryggjavegur – Hringvegur.
51 Akrafjallsvegur.
52 Uxahryggjavegur:
Hvítárvallavegur – Borgarfjarðarbraut.
53 Hvítárvallavegur:
Hringvegur – Uxahryggjavegur.
54 Ólafsvíkurvegur.
55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
503 Innnesvegur:
Leynir við Akranes – Akranesvegur.
509 Akranesvegur.
531 Borgarbraut.
574 Útnesvegur:
Hellissandur – Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur.
67 Hólmavíkurvegur.

617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur – Lækjargata á Sveinseyri.
619 Ketildalavegur:
Bíldudalsvegur – Hafnarteigur.
622 Svalvogavegur:
Vestfjarðavegur – Hafnargata á Þingeyri.
636 Hafnarvegur Ísafirði.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
745 Skagavegur:
Þverárfjallsvegur – Sauðárkróksbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
819 Hafnarvegur Akureyri.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Hringvegur – Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Hringvegur – Miðbraut.
837 Hlíðarfjallsvegur.
845 Aðaldalsvegur.
859 Hafnarvegur Húsavík.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur.
92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.
952 Hánefsstaðavegur:
Seyðisfjarðarvegur – ytri vegamót Austurvegar.
954 Helgustaðavegur:
Norðfjarðarvegur – ytri vegamót Lambeyrarbrautar.

3.2.2. Tengivegir.

Aðrir vegir skv. 3.1 eru tengivegir.

3.3. Ferjuleiðir.

1. **Vestmannaeyjar – Þorlákshöfn.**
   Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. **Stykkishólmur – Flatey – Brjánslækur.**
   Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
3. **Ísafjörður – Æðey – Vigur.**
   Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
4. **Árskógsströnd – Hrísey.**
   Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
5. **Akureyri – Hrísey – Dalvík – Grímsey.**
   Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
6. **Neskaupstaður – Mjóifjörður.**
   Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

1410. Þingsályktun [571. mál]

um jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 873.

1411. Lög [534. mál]

um lífsýnasöfn.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1398.

1412. Lög [535. mál]

um sjúklingatryggingu.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1400 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Um ákvörðun bótafjárhæðar samkvæmt lögum þessum fer eftir skaðabótalögum, sbr. þó 2. mgr. 10. gr.

Bætur skv. 1. mgr. greiðast ef virt tjón nemur 50 þús. kr. eða hærri fjárhæð. Hámark bótafjárhæðar fyrir einstakt tjónsatvik skal þó vera 5.000.000 kr. Fjárhæðir þessar breytast miðað við 1. janúar ár hvert í samræmi við lánskjaravísitölu.

Ákvæði 2. mgr. taka ekki til tjóns sem um ræðir í 1. mgr. 4. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 1. gr.

Ekki skal greiða bætur eftir þessum lögum til að fullnægja endurkröfum.

1413. Lög [401. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1399.

1414. Þingsályktun [648. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1383.

1415. Frumvarp til laga [652. mál]

um afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands.

(Eftir 2. umr., 13. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um laun forseta Íslands, nr. 10/1990.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Orðin „og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Forsætisráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög þessi og önnur lög sem kunna að hafa áhrif á kjör forseta Íslands. Meðal annars skal nefndin fjalla um hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi á ákvörðun launa forseta Íslands þannig að annar aðili en Kjaradómur úrskurði um þau. Störf nefndarinnar skulu miðast við að nýtt fyrirkomulag geti eftir því sem við á tekið gildi eigi síðar en að loknu kjörtímabilinu 2000–2004, þ.e. 1. ágúst 2004.

II. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

3. gr.

1. tölul. 4. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

6. tölul. 28. gr. laganna orðast svo: Hlunnindi forseta Íslands vegna embættisbústaðar og rekstrar hans, risnu og bifreiða eða önnur hlunnindi sem embættinu fylgja.

III. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

5. gr.

1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum.

6. gr.

1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, með síðari breytingum.

7. gr.

Orðin „Forseti Íslands og maki hans“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

VI. KAFLI
Gildistaka.
8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2000.

1416. Lög [502. mál]

um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1379.

1417. Lög [386. mál]

um mat á umhverfisáhrifum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1380.

1418. Lög [488. mál]

um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1406.

1419. Lög [652. mál]

um afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1415.

1420. Svar [624. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um viðbótarlán Íbúðalánasjóðs.

1. *Hver var fjöldi umsókna um viðbótarlán Íbúðalánasjóðs og heildarfjárhæð þeirra frá janúar 1999 til apríl 2000?*

Einstaklingar eða fjölskyldur snúa sér til viðkomandi húsnæðisnefndar sem samþykkir eða synjar veitingu viðbótarláns. Til Íbúðalánasjóðs berast eingöngu umsóknir sem húsnæðisnefndir hafa samþykkt. Upplýsingar um fjölda umsókna um viðbótarlán liggja því ekki fyrir hjá Íbúðalánasjóði.

2. *Hver var fjöldi veittra viðbótarlána, heildarfjárhæð þeirra og meðalfjárhæð á tímabilinu?*

Fjöldi veittra viðbótarlána á tímabilinu var 1.556 og heildarfjárhæð þeirra 2.320.887.759 kr. Meðalfjárhæð var því 1.491.573 kr. Á fimm ára tímabili frá 1993 til 1997 voru veitt 622 lán til félagslegra eignaríbúða eða að meðaltali um 124 íbúðir á ári.

3. *Hvert var meðalkaupverð íbúða sem veitt voru viðbótarlán út á?*

Meðalkaupverð íbúða sem veitt voru viðbótarlán út á var 6.819.000 kr.

4. *Hver var meðalfjárhæð viðbótarlána sem hlutfall af meðalkaupverði íbúða sem veitt voru viðbótarlán út á?*

Meðalfjárhæð viðbótarlána sem hlutfall af meðalkaupverði íbúða var 21,9%.

5. *Hver voru að meðaltali mánaðarlaun íbúðarkaupenda sem fengu viðbótarlán á tímabilinu?*

Mánaðarlaun íbúðarkaupenda sem fengu viðbótarlán voru að meðaltali 216.000 kr.

6. *Hver var að meðaltali mánaðarleg greiðslubyrði allra lána íbúðarkaupenda sem fengu viðbótarlán?*

Upplýsingar um greiðslubyrði allra lána íbúðarkaupenda eru ekki aðgengilegar hjá Íbúðalánasjóði.

Upplýsingar um lán kaupenda eru í tveimur skrám, í greiðslumatsforriti sem unnið er af lánastofnunum og umsóknaskrá Íbúðalánasjóðs. Upplýsingar í greiðslumati byggjast ekki á samþykktu kauptilboði þannig að lántökur umsækjenda geta orðið allt aðrar en þar koma fram þegar upp er staðið. Í umsóknaskrá Íbúðalánasjóðs, sem byggist á samþykktum kauptilboðum, eru skráð ný fasteignaveðbréf, yfirtekin fasteignaveðbréf, ný og yfirtekin viðbótarlán og lán frá öðrum lánastofnunum með veði í eigninni. (Yfirleitt er hér um að ræða langtímalán, svo sem lífeyrissjóðslán o.þ.h.) Athugun leiðir í ljós að skráð lán í umsóknarskrá eru í flestum tilfellum 90% af kaupverði. Greiðslubyrði þeirra var um 34.000 kr. á mánuði, en þar dragast í flestum tilfellum frá vaxtabætur. Inn í myndina vantar þá hugsanlega lántökur vegna greiðslu á 10% af kaupverði, að hluta eða öllu leyti.

7. *Hve margir lántakendur eru í vanskilum með viðbótarlán, þriggja mánaða eða eldri?*

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir fjölda lána í vanskilum, þriggja mánaða og eldri, sundurgreind eftir mánuðum og sveitarfélögum. Miðað er við gjalddagann 1. janúar 2000. Í Reykja-

vík, svo að dæmi sé tekið, voru samtals 24 lántakendur í vanskilum. Þannig voru sjö lán í vanskilum frá og með gjalddaganum 1. janúar 2000, sex frá og með gjalddaganum 1. desember 1999 o.s.frv.

Sveitarfélag	**Fjöldi lántaka**	**Gjalddagar**
Reykjavík	1	01.06.1999
	1	01.07.1999
	2	01.08.1999
	2	01.09.1999
	1	01.10.1999
	4	01.11.1999
	6	01.12.2000
	7	01.01.2000
Samtals	24	
Kópavogur	1	01.01.2000
Seltjarnarnes	1	01.07.1999
Hafnarfjörður	1	01.09.1999
	0	01.10.1999
	1	01.11.1999
	1	01.12.2000
	2	01.01.2000
Samtals	5	
Mosfellsbær	1	01.01.2000
Grindavík	1	01.01.2000
Gerðahreppur	1	01.01.2000
Vatnsleysustrandarhreppur	1	01.01.2000
Ísafjörður	1	01.12.2000
Akureyri	1	01.10.1999
	0	01.11.1999
	0	01.12.2000
	3	01.01.2000
Samtals	4	
Seyðisfjörður	1	01.10.1999
Hornafjörður	1	01.01.2000
Þorlákshöfn, Ölfushreppur	1	01.01.2000
Samtals	**43**	

1421. Tillaga til þingsályktunar [656. mál]

um Kristnihátíðarsjóð.

Flm.: Sigríður A. Þórðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar, í tilefni þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi, að stofna sjóð, Kristnihátíðarsjóð, er njóti framlaga af fjárlögum næstu fimm ár, 100 millj. kr. á ári, og hafi að markmiði:

a. að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn;
b. að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

Alþingi kjósi sjóðnum stjórnarnefnd.

Stjórnarnefndin eigi samvinnu við menntamálaráðuneytið, kirkjumálaráðuneytið, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, Þjóðminjasafnið og háskólana í Reykjavík og á Akureyri, svo og frjáls félagasamtök, um viðfangsefni sjóðsins, skipti fé hans milli meginverkefna, skipi verkefnisstjórnir, hvora á sínu sviði, og staðfesti áætlanir þeirra.

Greinargerð.

Á þessu ári minnast Íslendingar þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var tekinn upp í landinu. Um þann atburð eru til ritaðar heimildir. Hann varð með þeim hætti, svo sem öllum er kunnugt, að sætt tókst með þingheimi á Alþingi árið 1000 um að Íslendingar skyldu verða kristnir.

Þetta var einstæður atburður í sögu Evrópu. Hér á landi urðu þessi umskipti á óvenju friðsaman hátt en fyrir kom að blóðug átök fylgdu trúskiptum. Eftir atburðina á Þingvöllum árið 1000 festi ritmenning hinnar alþjóðlegu kirkju rætur í landinu smám saman og varð því ein af forsendunum fyrir bókmenningu í landinu þegar líða tók á 11. öld og blómaskeiði sagnritunar nokkru síðar.

Alþingi hefur því ríka ástæðu til þess að minnast þessa atburðar veglega. Þingið kemur saman á Þingvöllum, hinum fornhelga þingstað, til hátíðarfundar 2. júlí nk. í tengslum við kristnihátíð sem þjóðkirkjan, stjórnvöld og Alþingi hafa sameinast um að undirbúa og skipuleggja.

Alþingi hefur, eftir endurreisn þess, komið saman til fundar á Þingvöllum fjórum sinnum, af ríkulegu tilefni hverju sinni, árið 1930 er 1000 ár voru liðin frá stofnun þess, 1944 er lýðveldi var stofnað, 1974 er minnst var 11 alda búsetu í landinu og 1994 er minnst var 50 ára afmælis lýðveldisins. Enn er stefnt til Þingvalla, nú í tilefni þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var leiddur í lög með sáttargerð Þorgeirs Ljósvetningagoða á Alþingi árið 1000.

Að venju hafa formenn þingflokka átt viðræður um efni þeirrar tillögu sem til afgreiðslu verður á hátíðarfundinum á Þingvöllum. Niðurstaða þeirra viðræðna er að Alþingi styðji í senn:

– sérstakt átak, í samvinnu við þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, stjórnvöld, stofnanir, skóla og félagasamtök, um að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og enn fremur að stuðla að umræðum með þjóðinni, í skólum, í fjölmiðlum og meðal alls

almennings, um lífsgildi þjóðarinnar, siðferði og framtíðarsýn við þessi tímamót; markmiðið er að stuðla að heilbrigðri og sterkri sjálfsmynd einstaklinga og þjóðar;
- fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, þ.e. á Þingvöllum, hinum gamla þingstað, svo og á biskupssetrunum gömlu, í Skálholti og á Hólum, og e.t.v. fleiri stöðum, t.d. við klaustrin, það þeirra sem áhugaverðast þykir, til að varpa megi skýrara ljósi á sögu þeirra staða sem miklu hafa skipt á kristnum tíma og raunar í sögu þjóðarinnar frá upphafi.

Lögð er áhersla á að verkefni sjóðsins verði fjölþætt, þar geti komið að skólar, stofnanir, söfnuðir, félagasamtök og einstaklingar, og að þess verði gætt að verkefnin dreifist um allt land. Stefnt verði að því að a.m.k. önnur tveggja verkefnisstjórna hafi aðsetur á landsbyggðinni.

Það verður verkefni stjórnarnefndar að leggja meginlínur í þessu starfi, ákveða skiptingu hins árlega fjárframlags milli aðalverkefna sjóðsins, sbr. a- og b-lið tillögugreinarinnar, og skipa verkefnisstjórnir. Mikilvægt er að til þeirra starfa veljist hæfir einstaklingar sem hafi trausta þekkingu og reynslu en auk þess góð tengsl við helstu stofnanir og fræðahópa á sínu sviði. Verkefnisstjórnunum er ætlað að vera faglegur vettvangur, hvorri á sínu sviði, þar sem gerðar verða tillögur um styrkveitingar, ýmist að eigin frumkvæði þeirra, í samvinnu við stofnanir eða eftir almennum umsóknum. Stjórnarnefnd gengur loks endanlega frá ákvörðunum sjóðsins.

Mikilvægt er að styrkveitingar úr Kristnihátíðarsjóði verði ekki til þess að skerða árleg framlög til verkefna á þeim sviðum sem sjóðurinn á að styðja, t.d. til fornleifarannsókna sem standa yfir hér á landi eða eru áformaðar með fé úr ríkissjóði, frá sveitarfélögum, rannsóknasjóðum eða öðrum, heldur komi fé sjóðsins sem viðbót til rannsókna þau fimm ár sem honum er ætlað að starfa.

Í haust verður lagt fyrir Alþingi frumvarp um Kristnihátíðarsjóð með nánari útfærslu á verkefnum hans. Þar verði m.a. ákvæði um að stjórnarnefndin geri Alþingi árlega grein fyrir störfum sínum og ráðstöfun fjár.

Með tillögu þessari verður í senn reynt að hlúa að menningararfi Íslendinga með því að auka og treysta þekkingu landsmanna á menningu sinni og sögu, en jafnframt horft til framtíðar með því að efla umræðu í landinu um framtíðarsýn þjóðarinnar og þau lífsgildi sem hún ætlar að hafa í fyrirrúmi á nýrri öld.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvoru verkefni fyrir sig.

TRÚARARFUR, SIÐFERÐI OG FRAMTÍÐARSÝN

Á þeirri öld sem nú er að ljúka hefur Íslendingum tekist að byggja upp öflugt velferðarsamfélag. Á þessum tíma hafa breytingar, m.a. í atvinnuháttum, óvíða verið meiri og hraðari; nýr hugsunarháttur og tækni hefur vikið til hliðar aldagömlum aðferðum við framleiðslu og verðmætasköpun. Þessar róttæku þjóðfélagsbreytingar hafa einnig náð til gildismats og lífssýnar Íslendinga. Svo dæmi sé tekið hefur aukin velferð og bættur efnahagur breytt afstöðu fólks til efnislegra verðmæta og þekking og tækni hafa m.a. breytt viðhorfum til náttúrunnar.

Þótt umtalsverðar breytingar hafi orðið á 20. öld á afstöðu Íslendinga til ýmissa gilda hafa þeir um leið byggt á ákveðnum menningarlegum, trúarlegum og siðferðilegum grunni sem ætla má að hafi verið kjölfesta þeirra í umróti þessara breytinga. Hér skiptir hinn kristni arfur þjóðarinnar miklu. Áhrif kristni á þjóðina er erfitt að meta til fulls; hún er samofin íslensku þjóðerni og sjálfsmynd, siðferðiskennd, gildismati og lífsafstöðu. Kristin trú og kristnar siðferðishugmyndir hafa með öðrum orðum að verulegu leyti mótað þá þætti í fari stórs hluta

Íslendinga sem dýpst liggja og ráða því að miklu leyti hvernig þeir haga lífi sínu og umgangast aðrar manneskjur og umhverfi sitt.

Því er við hæfi þegar Íslendingar minnast þúsund ára kristni í landinu að þeir hyggi að trúararfi sínum, siðferði, lífsgildum og framtíðarsýn. Landsmenn geta nýtt sér þessi tímamót sem sérstakt tilefni til að huga að þeim gildum sem þeir telja að skipti mestu í lífi sínu, til að þroska verðmætamat sitt og lífsafstöðu og til að efla umræður á nýrri öld um gildismat og framtíðarsýn Íslendinga. Fyrir þessu má m.a. færa eftirfarandi rök:

I. Ekki er sjálfgefið að lífsgildi okkar og lífssýn þróist í framtíðinni sjálfkrafa með þeim hætti sem við teljum nú að væri æskilegt. Þvert á móti má allt eins búast við að við glötum ýmsu sem við nú teljum dýrmætt ef við gefum því ekki gaum. Einstaklingar og þjóðir þurfa með öðrum orðum að leggja *rækt* við gildismat sitt og lífssýn, bæði með því að hlúa að menningarlegum rótum sínum og með því að yfirvega af víðsýni nýjar hugmyndir og aðstæður. Á þann hátt geta þau í senn varðveitt það besta úr hinum menningarlega og hugmyndalega arfi og skilað honum áfram til komandi kynslóða, ef til vill í bættri mynd. Raunar eru þung rök fyrir því að ein af meginskyldum þjóðar á hverjum tíma sé að stuðla að því að þegnarnir yfirvegi skipulega hvernig lífi þeir vilja lifa og hvert þeir vilja að samfélagið stefni. Fátt er betur til þess fallið að styðja að velfarnaði einstaklinga og samfélags til lengri tíma litið.

II. Örar breytingar á ýmsum öðrum sviðum mannlífsins kalla á það að trúarhugmyndir, en einkum þó siðferðishugmyndir, séu sífellt til umræðu og endurmats. Í þekkingarsamfélagi nýrrar aldar verða einstaklingar og samfélag að bregðast við einstökum uppgötvunum og tækninýjungum, með lagasetningu og siðferðilegri rökræðu. Jafnframt verður æ brýnna að almenningur, stjórnmálamenn og vísindamenn séu í stöðugum opinberum samræðum um þróun vísinda og tækni og ábyrgð vísindamanna. Sú spurning verður með öðrum orðum æ mikilvægari, eftir því sem vísindi og tækni móta líf okkar á afdrifaríkari hátt, hvernig við getum notað þekkingu á þessum sviðum í þágu mannsins en forðast þá vá að maðurinn verði þræll vísindanna.

III. Vísbendingar eru um að á nýrri öld muni fólk í velmegunarlöndum á borð við Ísland leggja vaxandi áherslu á andleg og siðferðileg gæði, auk hinna efnislegu gæða. Sjá má merki um þetta í vaxandi áhuga á náttúruvernd, útivist, menntun og persónulegum þroska, og mikil gróska er í listsköpun hvers konar og trúariðkun. Jafnframt mun samfélag framtíðarinnar leggja æ meiri metnað í að stuðla að því að hver einstaklingur hafi raunverulegt frelsi til að móta eigið gildismat og lífsstíl. Það mun reyna enn frekar en nú að stuðla að sjálfstæðu gildismati og sjálfstrausti ungs fólks, t.d. með fjölskyldu- og menntastefnu. Með því móti ýtir samfélagið undir það að ungt fólk verði fært um að standast ýmsan óheillavænlegan þrýsting frá umhverfinu, svo sem þann að hefja neyslu eiturlyfja. Þó er jafnvel enn meira um vert að þannig mun fjölbreytilegur þroski einstaklinganna verða settur í öndvegi.

IV. Ein meginröksemdin fyrir því að stuðla að fræðslu og umræðu um trúar- og siðferðisskoðanir er af lýðræðislegum toga. Sjálfstætt og gagnrýnið gildismat þegnanna er ein mikilvægasta forsenda þess að stjórnvöld fái nauðsynlegt aðhald við stjórnarathafnir. Skörp og yfirveguð siðferðisvitund borgaranna hamlar gegn því að valdhafar geti hrundið í framkvæmd ákvörðunum sem fara í bága við grundvallarréttindi eða hagsmuni borgaranna eða einstakra hópa þeirra. Enn fremur eru margar af mikilvægustu ákvörðunum sem taka þarf í samfélaginu að meira eða minna leyti siðferðilegar í eðli sínu. Farsæl stjórn samfélagsins er þess vegna undir því komin að bæði almenningur og stjórnmálamenn hafi getu og vilja til að

taka þátt í málefnalegri rökræðu um siðferðileg efni og að niðurstöður slíkra umræðna séu grundvöllur ákvarðana.

Þær röksemdir sem hér hafa verið nefndar hníga allar í þá átt að efla beri fræðslu, rannsóknir og umræður í íslensku samfélagi um trúarlegar og siðferðilegar hugmyndir. Íslendingar hafa vanrækt þennan þátt í menningu sinni og eru fyrir því margar ástæður. Eins og áður sagði hefur samfélagið tekið örum breytingum á 20. öld frá því að vera vanþróað landbúnaðarsamfélag yfir í háþróað tækni- og velferðarsamfélag. Því hafa ef til vill ekki fyrr en á allra síðustu áratugum skapast forsendur fyrir þeirri „umræðuhefð“ í trúarlegum og siðferðilegum efnum sem víða annars staðar hefur fengið að þróast um aldir. Nú eru hins vegar allar forsendur fyrir hendi til að slík hefð geti þroskast og dafnað. Að sú þróun verði hér á landi er ekki aðeins mögulegt heldur gera nýir tímar það beinlínis óhjákvæmilegt. Líf okkar hefur aldrei verið undirorpið eins miklum hraða og margbreytileika og nú og við þurfum að horfast í augu við afdrifaríkar ákvarðanir í einkalífi og opinberu lífi. Eigi þessar ákvarðanir að verða til heilla á komandi árum verða Íslendingar að leggja rækt við siðferðilega dómgreind og hæfni til að rökræða siðferðileg úrlausnarefni.

Eftirfarandi þættir eru meðal þeirra sem hafa má sérstaklega í huga varðandi fræðslu, umræðu og rannsóknir á trúararfi, siðferði og framtíðarsýn þjóðarinnar.

Fræðsla.

Tvenns konar meginverkefni geta fallið undir þennan þátt. Annars vegar eru mörg verkefni í skólastarfi á öllum stigum skólakerfisins. Hér býðst m.a. tækifæri til að styrkja gerð námsefnis á sviði siðfræði, en námsefni í þeirri grein hefur verið af skornum skammti. Það má ýmist gera með því að styrkja útgáfu frumsamins efnis eða þýðingu á vönduðu erlendu efni. Jafnframt gefst færi á að styðja við skóla sem taka vilja upp kennslu í siðfræði eða láta nemendur sína vinna sérstök verkefni um lífsgildi og framtíðarsýn þjóðarinnar á nýrri öld. Verðugt markmið er að stuðla að því að nemendum í grunn- og framhaldsskólum bjóðist hvarvetna kennsla í siðfræði og þjálfun í rökræðum um siðferðileg gildi og ákvarðanir. Í þessu augnamiði þarf að huga sérstaklega að því að efla menntun uppeldisstétta á þessu sviði, m.a. með auknu námsframboði og kennsluefni. Fleiri leiðir má fara til að efla umhugsun og samræður nemenda um lífsgildi og framtíðarsýn, svo sem að efna til ritgerðarsamkeppni meðal nemenda í grunnskólum landsins um valið efni eða halda ráðstefnu þar sem fulltrúar nemenda úr skólum víðs vegar um land kæmu saman til að ræða Ísland framtíðarinnar. Þá er einnig vert að benda á ýmsa spennandi möguleika til að tengja saman umræður um menningararf þjóðarinnar, trúararf hennar og lífsgildi. Hér mætti hugsa sér að styrkja verkefni þar sem nemendur ræða samband þessara þátta og hvaða áhrif það hafi á verðmætamat og lífssýn Íslendinga. Í þessu sambandi er einnig vert að nefna að þekking á kristnum trúarhugmyndum er forsenda fyrir skilningi á stórum hluta menningar- og listaarfs Vesturlanda síðustu árþúsund. Því mætti fræða nemendur í auknum mæli um trúarlegan bakgrunn og trúarlegar tilvísanir sem t.d. koma fram í bókmenntum, myndlist og kvikmyndum. Þá er brýnt að efla skilning nemenda á ólíkum menningarlegum, trúarlegum og siðferðilegum hugmyndum og lífsstíl. Fyrir þessu má færa mörg gild rök. Nú á dögum búa Íslendingar að líkindum yfir meiri fjölbreytileika í menningarlegum, trúarlegum og siðferðilegum efnum en nokkru sinni áður, enda hefur æ fleira fólk af erlendu bergi brotið sest hér að á undanförnum árum. Þetta kallar á margbreytilega trúar- og menningarfræðslu þar sem ólíkur bakgrunnur fólks er viðurkenndur og útskýrður fyrir nemendum. Slík fræðsla er til þess fallin að auðvelda aðlögun fólks af erlendum uppruna að íslensku samfélagi og auka skilning

nemenda á ólíkri menningu og lífsháttum. Síðast en ekki síst skerpir fræðsla af þessu tagi skilning nemenda á íslenskum menningar- og hugmyndaarfi og auðveldar lifandi rökræður meðal þeirra um trú og lífsgildi. Hins vegar eru margs konar verkefni á sviði almannafræðslu sem vert væri að styðja við. Hér má t.d. nefna gerð útvarps- og sjónvarpsþátta um siðferðileg álitamál í lífvísindum, svo sem á sviði erfðavísinda, en þar standa íslenskir vísindamenn framarlega eins og kunnugt er. Einnig mætti styðja við ýmiss konar námskeiðahald fyrir almenning um siðfræði og tengd efni. Þá er þarft að auka eins og kostur er fræðslu til verðandi foreldra um fjölskyldulíf og foreldrahlutverk. Minnt skal á að fjölskylda og heimili er sterkasti siðferðismótandinn og þar er lagður grunnur að andlegum og siðferðilegum þroska einstaklingsins. Í víðara samhengi er æskilegt að efla dómgreind og umhugsun fólks um eðli náinna mannlegra samskipta og flókin tilfinningabönd, skuldbindingar og ábyrgð sem þeim fylgja, ekki síst í fjölskyldulífi.

Umræður.

Ýmsar leiðir má fara til að hvetja til umræðu um lífsgildi og framtíðarsýn þjóðarinnar. Mikilvægt er að leita leiða til að virkja sem flesta í slíkum umræðum. Ein besta leiðin til þess er að stuðla að því að sem flestum aðferðum sé beitt til að ná til almennings og virkja hann í umræðum. Sjálfsagt er að nýta sér fjölmiðla í þeim efnum en áhrifavald þeirra er mikið. Einnig má nefna ráðstefnur eða ráðstefnuraðir þar sem tekin væru til umræðu ýmis siðferðileg umræðuefni eins og hugmyndir okkar um hið góða líf og hið góða samfélag, stefna okkar í uppeldis- og fjölskyldumálum, siðferðileg álitamál í líf- og tæknivísindum, afstaða okkar til náttúrunnar og svo framvegis. Í þessu sambandi má einnig benda á mikilvægi þess að efla umræður um lífsgildi og verðmætamat í atvinnulífinu, í fyrirtækjum og stofnunum, með þátttöku þeirra sem þar starfa og halda um stjórnvölinn. Þá mætti örva almennar umræður í samfélaginu með því að kalla saman borgara úr ýmsum stéttum og landshlutum, úr öllum stjórnmálaflokkum og á ýmsum aldri til að ræða hvernig bæta megi mannlífið á Íslandi á 21. öldinni. Síðast en ekki síst mætti búa til vandaða umræðuþætti í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum um lífsgildi og framtíðarsýn þjóðarinnar, auk þátta um einstök siðferðileg viðfangsefni.

Rannsóknir.

Tækifæri er til að efla margvíslegar rannsóknir á gildismati og lífssýn þjóðarinnar auk ýmissa siðfræðilegra rannsókna. Margt er enn órannsakað varðandi þessa þætti sem vert væri að styrkja rannsóknir á. Má þar t.d. nefna afstöðu almennings til siðferðilegra hugtaka eins og friðhelgi einkalífs, siðferðilega þýðingu sjálfboðaliðsstarfa í lífi fólks og áhrif siðferðilegra verðmæta og gildismats á ákvarðanir í stjórnmálum. Þá er einnig vert að hleypa af stokkunum rannsóknarverkefnum af siðfræðilegum toga. Mörg mikilvæg verkefni eru óunnin á þessu sviði, t.d. í tengslum við hraða þróun í erfðavísindum. Í kjölfar slíkrar vísindabyltingar vakna stórar siðferðilegar spurningar sem almenningur, vísindamenn jafnt sem aðrir, þarf að takast á við. Þjóðfélag sem ætlar sér að vera í fararbroddi í rannsóknum á komandi árum verður að efla rannsóknir og umræður í samfélaginu um siðferðilegar og félagslegar afleiðingar þessarar nýju þekkingar og um æskilega og óæskilega nýtingu hennar.

FORNLEIFARANNSÓKNIR

Söguþekking og skýr vitund þjóðarinnar um fortíð sína er háð því að á hverjum tíma séu gerðar öflugar rannsóknir á sem flestum sviðum. Fræðimenn telja líklegt að markvissar fornleifarannsóknir séu líklegastar til þess að skila nýrri þekkingu á elstu sögu þjóðarinnar.

Fornleifarannsóknir á Íslandi hafa verið færri og minni að umfangi en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þess vegna er brýnt að gera átak í rannsóknum og skráningu fornleifa og móta stefnu um sérstaklega valin verkefni og fyrirkomulag rannsókna. Styrkja þarf rannsóknir sem leiða til varanlegrar uppbyggingar íslenskrar fornleifafræði sem vísinda- og atvinnugreinar. Markmiðið er að auka þekkingu og skilning á íslenskum menningararfi og þjóðarsögu en jafnframt að stuðla að eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu, bættri minjavörslu og auknu samstarfi, auk bættrar þjálfunar fræðimanna.

Samstarf vísindamanna.

Mikilvægt er í þessu sambandi að góð samvinna takist milli Þjóðminjasafnsins, annarra rannsóknastofnana og fræðimanna og menntastofnana í landinu. Á þann veg verða rannsóknir og fræðimennska almennt efldar og sérfræðingum á sviði menningarsögu fjölgað. Átak það sem hér er gerð tillaga um gæti því styrkt fræðigreinina verulega til lengri tíma litið. Með því móti mætti byggja á sérkennum menningar okkar og sögu við að efla fornleifafræði á Íslandi.

Þjóðminjasafn Íslands annast af opinberri hálfu rannsóknir og vörslu fornleifa, sbr. lög nr. 88/1989. Hlutverk þess er einnig að auka og miðla þekkingu á menningararfi þjóðarinnar, en jafnframt fást önnur söfn og stofnanir við fornleifarannsóknir, auk sjálfstætt starfandi fræðimanna. Mikilvægt er því að sem breiðast samstarf verði um rannsóknirnar meðal fornleifafræðinga.

Fornleifafræði er sjálfstæð fræðigrein, en fornleifarannsóknir eru jafnframt þverfaglegar þar sem margir sérfræðingar vinna sameiginlega að verkefnum. Við fornleifarannsóknir á helstu minjastöðum þjóðarinnar er því nauðsynlegt að efna til samstarfs ýmissa fræði- og vísindamanna og ljóst að leita þarf bæði til innlendra og erlendra fræðimanna og stofnana. Slíkt samstarf er líka til þess fallið að efla rannsóknir hér á landi og stuðla að framförum á sviði íslenskrar fornleifafræði.

Íslenskum fornleifafræðingum hefur fjölgað mjög á seinni árum og menntun þeirra og reynsla að sama skapi aukist. Sá hópur getur lyft grettistaki ef stutt er myndarlega við bakið á honum. Á Íslandi starfa fornleifafræðingar við Þjóðminjasafnið og á minjasöfnum um landið en auk þess við sjálfstæðar stofnanir eða eru sjálfstætt starfandi. Því er mikilvægt að sem flestir sérfræðingar komi að því átaki í fornleifarannsóknum sem hér er gerð tillaga um. Slíkt samstarf gæti orðið mikilvæg lyftistöng fyrir allt rannsóknarstarf hér á landi og styrkt íslenskt fræðastarf verulega í erlendu samstarfi.

Efling fornleifafræðirannsókna og kennslu.

Íslenskir fornleifafræðingar hafa þurft að sækja menntun sína til útlanda en síðan aðlagað fræðimennsku sína íslenskum verkefnum með rannsóknum hér á landi. Vonir standa þó til þess að átak á sviði fornleifarannsókna, í samstarfi íslenskra og erlendra vísindamanna, gæti orðið til þess að ýta við því að háskólanám í fornleifafræði, sem margir telja tímabært, komist á. Þótt miklu hafi verið áorkað í íslenskri fornleifafræði á 20. öld hafa flestar rannsóknir staðið stutt og mörg stærri rannsóknarverkefni hafa orðið endaslepp vegna fjárskorts og skorts á hæfum vísindamönnum. Íslenskir fornleifafræðingar hafa þó lært af þessari reynslu, og hafa á síðasta áratug verið unnin viðamikil þverfagleg rannsóknarverkefni með þátttöku alþjóðlegs hóps vísindamanna í Reykholti í Borgarfirði og á Hofstöðum í Mývatnssveit. Báðar rannsóknirnar njóta vaxandi viðurkenningar í alþjóðlegu vísindasamfélagi og reynslan af þeim sýnir að fornleifarannsóknir þurfa að vera umfangsmiklar og standa í langan tíma ef fullur árangur á að nást af starfinu. Fleiri stór langtímaverkefni munu því verða mikil lyftistöng fyrir vísindagrein sem lengst af hefur barist í bökkum og ekki getað boðið

nemendum og ungum fræðimönnum upp á vinnu við rannsóknir nema stuttan tíma í senn. Fornleifarannsóknir á helstu minjastöðum í landinu yrðu afar mikilvægt tækifæri til að byggja upp þekkingu og reynslu og fjölga sérfræðingum í fornleifafræði á Íslandi. Þannig yrði unnt að mennta fleira ungt fólk sérstaklega í íslenskri fornleifafræði. Má í raun segja að viðamiklar fornleifarannsóknir séu forsenda árangursríkrar háskólakennslu. Fornleifarannsóknirnar gætu þannig leitt til mikillar grósku í fræðastarfi á sviði íslenskrar menningarsögu.

Nútímafornleifafræði fjallar einnig um sögulega stöðu manna í náttúrunni, samspil menningar og náttúru, og því verður nám í fornleifafræði að vera tengt náttúruvísindum. Kennsla og rannsóknir tengdar sérstöðu íslenskrar menningarsögu og náttúru eru því áhugaverðar.

Menningartengd ferðamennska.

Menningarminjar á Íslandi eru að margra mati vannýtt auðlind. Um allt land bera verðmætar minjar, hús og fornleifar vitni um langa og fjölþætta sögu. Má í því sambandi nefna byggingararf okkar og þróun húsagerðar í landinu, fornleifar á fornum verslunarstöðum og þingstöðum, kirkjusögulegar minjar, klausturstaði og bæjarleifar. Áhugi Íslendinga og ekki síst erlendra ferðamanna er ótvíræður á sögulegum minjum ekki síður en náttúruminjum. Þess vegna þarf að gera átak í kynningu slíkra minjastaða, aðkomu ferðamanna að þeim og sögu þeirra, auk viðhalds og rannsókna á þeim.

Þýðingarmikið er að velja staði til rannsókna með það fyrir augum að þeir séu dreifðir um landið allt. Þannig má sjá fyrir sér að fornleifarannsóknir gætu varpað ljósi á sögu hvers landshluta. Þá er þess að geta að aukið fjármagn til rannsókna á menningararfi okkar yrði mikilvæg lyftistöng fyrir menningartengda ferðamennsku. Kannanir sýna að meiri hluti erlendra ferðamanna nefnir sögu landsins og bókmenntir sem fyrstu eða aðra ástæðu þess að þeir ákváðu að koma til Íslands. Eins og nú er ástatt finnur þessi hópur fátt til að svala forvitni sinni. Reynslan sýnir líka að forvitnilegir minjastaðir hafa aukið áhuga ferðamanna á því að heimsækja slíka staði í öllum landshlutum. Þeir geta dregið fram sérkenni og sögu byggðarlaga og styrkt þau með tilliti til þjónustu við íslenska og erlenda ferðamenn. Fornleifar og rannsóknir á þeim þykja mörgum afar forvitnilegar og án alls vafa mun afrakstur þeirra verða til þess að efla ferðaþjónustu enn frekar á þeim stöðum þar sem rannsóknir munu fara fram. Rannsóknirnar sjálfar draga oft að fjölda áhugasamra ferðamanna meðan þær standa yfir.

Þá er mikilvægt að fylgja rannsóknum eftir með úrvinnslu og útgáfu á niðurstöðum þeirra. Niðurstöðum rannsókna þarf að miðla til almennings og ferðamanna. Má sjá fyrir sér útgáfu, sýningar og ekki síst betri merkingar minjastaða í landinu. Slíkt væri vel til þess fallið að efla menningartengda ferðamennsku og bæta söguvitund og sjálfsmynd þjóðarinnar.

Rannsóknarstaðir.

Íslendingar hafa lengst af litið til bókmenntaarfsins sem aðalheimildar um fortíð sína, m.a. af því að aðrar heimildir, þ.m.t. byggingaleifar, hafa verið lítt sýnilegar í landslaginu. Mikilvægt er því að efla rannsóknir sem gætu aukið á fjölbreytileikann á þessu sviði.

Þrír staðir, öðrum fremur, hafa komið við sögu á þeim tíu öldum sem liðnar eru frá því að kristinn siður var lögtekinn í landinu, þ.e. Þingvellir og biskupsstólarnir í Skálholti og á Hólum. Fleiri áhugaverða staði um landið væri vert að rannsaka. Hér eru nokkrir þeir helstu nefndir:

Þingvellir. Lengi hefur staðið til að gera fornleifarannsóknir á Þingvöllum en lítið orðið úr enn sem komið er, einkum sökum fjárskorts. Er þess að vænta að slíkar rannsóknir geti skilað mikilli þekkingu á þjóðarsögunni, þeim þætti hennar sem þar gerðist.

Talsverðar rannsóknir voru gerðar á þingbúðum á Þingvöllum á 19. öld en á þeirri 20. var lítið gert fyrr en rannsóknir fóru fram við Þingvallakirkju 1999. Mjög brýnt er að skrá fornleifar á þingstaðnum og í landi Þingvalla, og mörgum mikilvægum spurningum mætti svara með uppgreftri á ýmsum stöðum.

Skálholt. Fyrir tæpri hálfri öld fór fram merkileg rannsókn á kirkjugrunnum í Skálholti, en mikið svæði er þar enn ókannað. Fyrir u.þ.b. áratug fóru fram könnunarrannsóknir á bæjarstæðinu í Skálholti. Varðveisluskilyrði fornleifa í Skálholti þykja nokkuð góð og ljóst er að mikils má vænta af frekari rannsóknum þar. Þjóðminjasafnið gerði þar rannsóknir á sínum tíma og varðveitir ýmis gögn þar að lútandi. Um staðinn eru til góðar úttektir, af honum eru til teikningar frá 18. öld og til viðbótar er staðarkort frá sama tíma. Þar er því von um áhugaverðan samanburð ritheimilda, teikninga og niðurstaðna fornleifauppgraftar.

Mælingar Fornleifastofnunar á jarðvegi sumarið 1999 benda til þess að rústir séu óraskaðar undir yfirborði. Skálholtsstaður hefur látið skrá fornleifar í landi Skálholts og hefur einnig látið gera áætlun um rannsóknir á bæjarstæðinu.

Hólar í Hjaltadal. Engar verulegar rannsóknir hafa enn farið fram á Hólum í Hjaltadal og þar mun ekki hafa verið byggt að ráði yfir eldri leifar. Til er rissuppdráttur af Hólastað frá seinni öldum og varðveisla á staðarúttektum virðist nokkuð góð.

Klaustur. Þá er þess að geta að klausturstaðirnir gömlu þykja margir hverjir mjög áhugaverðir til fornleifarannsókna. Heppilegast væri að gera úttekt á öllum klausturstöðunum með tilliti til varðveisluskilyrða og þess hversu miklar leifar eru eftir á hverjum stað og stefna svo að því að velja einn stað til ítarlegrar rannsóknar.

Aðrir staðir. Margir aðrir staðir á landinu þykja líka mjög fýsilegir til fornleifarannsókna, kirkjustaðir, verslunarstaðir, miðaldabæir, forn eyðibýli, verstöðvar, heiðnar grafir, sel, þingstaðir og fleiri staðir þar sem eru m.a. minjar frá upphafi byggðar í landinu, en ekki er ástæða til að telja þá hér. Misjafnt er hins vegar hversu mikið rask hefur orðið á þeim stöðum og hversu mikið er til af heimildum um þá. Er eðlilegt að stjórnarnefnd fari yfir þá og kanni hvort unnt sé að stofna til rannsókna þar á starfstíma sjóðsins.

1422. Tillaga til þingsályktunar [657. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 2. júlí 2000 til septemberloka.

1423. Þingsályktun [657. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 30. júní.)

Samhljóða þskj. 1422.

1424. Þingsályktun [656. mál]

um Kristnihátíðarsjóð.

(Afgreidd frá Alþingi að Lögbergi á Þingvöllum 2. júlí 2000.)

Samhljóða þskj. 1421.